Alþingi 1974

Sameinað þing, 1. fundur.

Þriðjudaginn 29. okt.

Þingsetning.

Árið 1974, þriðjudaginn 29. okt., var nítugasta og sjötta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sjötugasta og sjöunda aðalþing í röðinni, en hundraðasta og ellefta samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni, er hófst kl. 1.30 miðdegis. Séra Þórir Stephensen steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 10. landsk. þm.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm.
5. Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
7. Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv.
8. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv.
9. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
10. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
11. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl.
12. Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm.
13. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
14. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
15. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
16. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm.
17. Gunnar Thoroddsen, 2. þm. Reykv.
18. Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf.
19. Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv.
20. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austf.
21. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
22. Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm.
23. Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.
24. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
25. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
26. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
27. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
28. Jón Helgason, 4. þm. Sunnl.
29. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm.
30. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
31. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
32. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
33. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.
34. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
35. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf.
36. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
37. Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm.
38. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
39. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
40. Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn.
41. Ólafur G. Einarsson, 5. þm. Reykn.
42. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
43. Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v.
44. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
46. Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v.
47. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
48. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm.
49. Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm.
50. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
51. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
52. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
53. Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.
54. Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm.
55. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austf.
56. Tómas Árnason, 4. þm. Austf.
57. Vilhjálmur Hjálmarsson, 1. þm. Austf.
58. Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf.
59. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Sunnl.
60. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Ókomnir til þings voru:

1. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl.
2. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
3. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm.
4. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
5. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
6. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
7. Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm.

Eftirtaldir varaþingmenn voru á fundinum:

1. Geirþrúður H. Bernhöft, 6. (vara)þm. Reykv.
2. Gunnar Sveinsson, 4. (vara)þm. Reykn.
3. Halldór Blöndal, 4. (vara)þm. Norðurl. e.
4. Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. (vara)þm.
5. Þór Vigfússon, 5. (vara)þm. Sunnl.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Kristján Eldjárn, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Hinn 11. þ.m. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 29. október 1974.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til

Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 11. október 1974.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 29. október 1974.“

Samkvæmt bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Ég býð yður öll velkomin til þings og læt þá ósk og von í ljós, að öll störf Alþingis megi takast giftusamlega og verða landi og lýð til blessunar. Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast fósturjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Geir Hallgrímsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, Guðlaug Gíslason, 3. þm. Sunnl., að ganga til forsetastóls.

Forseti Íslands tók sér sæti í þingsalnum, en aldursforseti gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Björns Ólafssonar.

Aldursforseti (Guðlaugur Gíslason): Áður en gengið verður til dagskrár, vil ég minnast látins fyrrv. þingmanns.

Björn Ólafsson fyrrv. ráðherra og alþm. andaðist í Borgarspítalanum í Reykjavík 11. okt. s. l. eftir langvarandi sjúkleika, 78 ára að aldri.

Björn Ólafsson var fæddur á Akranesi 26. nóv. 1895. Foreldrar hans voru Guðmundur útvegsbóndi þar Ólafsson bónda í Einarsnesi í Borgarhreppi Guðmundssonar og síðari kona hans, Ingibjörg Ólafsdóttir bónda á Bárustöðum í Andakíl Jónssonar. Á sjötta aldursári missti hann föður sinn og fluttist ári síðar með móður sinni til Reykjavíkur. Á árunum 1908—1916 starfaði hann við póstþjónustuna í Reykjavík, var síðasta árið forstöðumaður bögglapóststofunnar. Verslunarfulltrúi í Reykjavík var hann 1916—1918 og síðan stórkaupmaður og iðnrekandi að aðalstarfi. Hann var fjármála- og viðskiptamálaráðherra í utanþingsráðuneyti Björns Þórðarsonar 1942—1944, gegndi sömu störfum í ráðuneyti Ólafs Thors 1949—1950 og var menntamála- og viðskiptamálaráðherra í ráðuneyti Steingríms Steinþórssonar 1950—1953. Alþingismaður Reykvíkinga var hann 1948—1959, sat á þeim árum á 12 þingum alls, en áður hafði hann átt sæti á þrem þingum sem ráðherra í utanþingsstjórninni.

Jafnframt þeim aðalstörfum, sem hér hafa verið rakin, gegndi Björn Ólafsson ýmsum trúnaðarstörfum á vegum ríkisins. Hann átti sæti í innflutnings- og gjaldeyrisnefnd 1930—1937, var í samninganefnd um verslunarviðskipti við Bretland 1939, við Bandaríkin 1941 og við Sovétríkin 1947. Hann var kosinn árið 1940 í milliþn. um gjaldeyrisverslun og innflutningshömlur, 1941 og 1942 í gjaldeyrisvarasjóðsnefnd og 1954 í togaranefnd. Í júlí 1954 var hann skipaður í endurskoðunarnefnd laga um lax- og silungsveiði og í janúar 1960 í endurskoðunarnefnd skattalaga og var formaður þeirrar nefndar. Á árinu 1955 var hann kosinn í orkunefnd. Í bankaráði Útvegsbankans átti hann sæti 1957—1968 og var formaður bankaráðsins 1965—1968

Björn Ólafsson átti sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur árin 1922—1928. Hann var í stjórn Verslunarráðs Íslands og Félags íslenskra stórkaupmanna í mörg ár. Aðalhvatamaður var hann að stofnun Ferðafélags Íslands árið 1927, var varaforseti í fyrstu stjórn þess og síðar forseti þess á árunum 1929—1934. Hann var stofnandi Bálfarafélagsins og formaður þess um skeið.

Björn Ólafsson stundaði ekki skólanám nema þrjá vetur í barnaskóla. Hann fór ungur að vinna fyrir sér og hóf sjálfstæðan atvinnurekstur rúmlega tvítugur að aldri. Hann var sjálfmenntaður með ágætum, og starfshæfni hans og starfsreynsla öfluðu honum sívaxandi trausts, eins og æviferill hans ber glöggt vitni. Fyrirtæki hans á sviði verslunar og iðnaðar stóðu jafnan á traustum grunni og efldust jafnt og þétt. Störfum að félagsmálum sinnti hann af heilum hug, og þar sem hann á annað borð lagði hönd á plóginn, var ekki slegið slöku við. Skýrast dæmi um það traust, sem hann naut til ábyrgðarstarfa, er val hans í ríkisstjórn, þegar leitað var út fyrir þingsali við val ráðherra á tímum heimsstyrjaldar og mikils vanda í viðskipta- og verðlagsmálum.

Björn Ólafsson var baráttumaður fyrir einstaklingsfrelsi og frjálsri verslun á Íslandi. Hann var um langt skeið einn af eigendum dagblaðsins Vísis, skrifaði mikið í blaðið og átti þar vettvang til baráttu fyrir þjóðmálaskoðunum sínum. Oft stóð styr um athafnir hans og framkvæmdir, eins og jafnan verður um slíka menn. Hann hélt fast við stefnu sína, var heilsteyptur í hvívetna, einarður og ákveðinn, djarfur og stórhuga.

Ég vil biðja þingheim að minnast Björns Ólafssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum. — Síðan gekk forseti Íslands út úr þingsalnum.]

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti (Guðlaugur Gíslason): Forseta hafa borist eftirtalin bréf:

„Forseti sameinaðs Alþingis.

Þar sem ég verð fjarverandi á næstunni í opinberum erindagjörðum, óska ég þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, frú Geirþrúður Bernhöft, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,

Jóhann Hafstein.“

Frá Samtökum frjálslyndra og vinstri manna:

„Forseti sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Þar sem Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., er staddur erlendis í opinberum erindum á Alls-

herjarþingi Sameinuðu þjóðanna og getur því ekki sinnt þingstörfum á næstu vikum, óska ég þess fyrir hönd þingflokks Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að varamaður hans, Ólafur Ragnar Grímsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.“

„Til forseta sameinaðs Alþingis.
Samkvæmt beiðni Lárusar Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e., sem nú er erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að 1. varamaður hans, Halldór Blöndal kennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þorv. Garðar Kristjánsson,
ritari þingflokks Sjálfstfl.“

„Til forseta sameinaðs Alþingis.
Þar sem Jón Skaftason, 4. þm. Reykn., dvelst erlendis á þingi Sameinuðu þjóðanna og getur því ekki sinnt þingmannsstörfum næstu vikur, leyfi ég mér, samkvæmt beiðni hans, að fara fram á, að 1. varamaður Framsfl. í Reykn., Gunnar Sveinsson kaupfélagsstjóri í Keflavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.
Jafnframt er þess óskað, að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Formaður þingflokks Framsfl.,

Þórarinn Þórarinsson.“

„Til forseta sameinaðs Alþingis.
Þar sem Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl., dvelst nú erlendis á þingi Sameinuðu þjóðanna og getur því ekki sinnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér, samkvæmt beiðni hans, að fara fram á, að 1. varamaður Alþb. í Suðurl., Þór Vigfússon menntaskólakennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.
Jafnframt er þess óskað, að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Formaður þingflokks Alþb.,

Ragnar Arnalds.“

Ég vil leyfa mér að biðja kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf þeirra þm., sem ekki hafa áður átt sæti á Alþingi, og verður gefinn frestur í 10—15 mínútur, meðan á rannsókn kjörbréfa stendur. — [Fundarhlé.]

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv., og Jón Helgason, 4. þm. Sunnl.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen fjmrh.): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar þau 4 kjörbréf, sem getið var um hér áður af hæstv. aldursforseta: Kjörbréf Gunnars Sveinssonar, kaupfélagsstjóra í Keflavík, 1. varaþm. Framsfl. í Reykn., en Jón Skaftason alþm. situr nú þing Sameinuðu þjóðanna. Kjörbréf Halldórs Blöndals kennara á Akureyri, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. e., en Lárus Jónsson alþm. er erlendis í opinberum erindum. Kjörbréf Ólafs Ragnars Grímssonar prófessors, 1. varaþm. landsk. þm. Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, en Magnús T. Ólafsson alþm. er einnig erlendis í opinberum erindum. Kjörbréf Þórs Vigfússonar menntaskólakennara, 1. varaþm. G-listans í Suðurlandskjördæmi, en Garðar Sigurðsson alþm. er einnig fjarstaddur. Kjörbréfanefnd mælir með samþykkt kjörbréfanna allra og að kosning þessara þingmanna verði metin gild.

ATKVGR.

Kjörbréf Þórs Vigfússonar samþ. með 54 shlj. atkv.
Kjörbréf Ólafs Ragnars Grímssonar samþ. með 54 shlj. atkv.
Kjörbréf Gunnars Sveinssonar samþ. með 54 shlj. atkv.
Kjörbréf Halldórs Blöndals samþ. með 54 shlj. atkv.

Aldursforseti (Guðlaugur Gíslason): Ég vil bjóða þessa þingmenn velkomna til starfa, en þeir munu nú undirrita drengskaparheit.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrána, en þeir voru þessir: Gunnar Sveinsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Þór Vigfússon.

Fundi frestað.
Fimmtudaginn 31. okt., kl. 2 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., með 43 atkv., en 13 seðlar voru auðir.
Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. þm. það traust, er þeir hafa sýnt mér.

Forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var
Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., með 43 atkv., en 12 seðlar voru auðir.
Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu
Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., með 42 atkv., en 13 seðlar voru auðir.
Þessu næst voru kjörnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var JHelg, en á B-lista LárJ. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Jón Helgason, 4. þm. Sunnl., og
Lárus Jónsson, 4. þm. Norðl. e.

Efri deild, 1. fundur.

Fimmtudaginn 31. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fundurinn var settur af aldursforseta, Jóni Árnasyni, 2. þm. Vesturl.
Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv.
2. Axel Jónsson, 10. landsk. þm.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm.
5. Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv.
6. Geir Gunnarsson, 11. landsk. þm.
7. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
8. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austf.
9. Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm.
10. Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.
11. Jón Árnason, 2. þm. Vesturl.
12. Jón Helgason, 4. þm. Sunnl.
13. Jón Árm. Héðinsson, 1. landsk. þm.
14. Jón G. Sólnes, 2. þm. Norðurl. e.
15. Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn.
16. Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v.
17. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
18. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
19. Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut
Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf., með 14 atkv., en 4 seðlar voru auðir.
Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut:
Eggert G. Þorsteinsson, 4. landsk. þm., með 18 atkv., en 1 seðill var auður.
Annar varaforseti var kosinn
Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., með 13 atkv., en 6 seðlar voru auðir.
Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var StG, á B-lista IT. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Steinþór Gestsson, 6. þm. Sunnl., og
Ingi Tryggvason, 6. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna, og fór sætahlutunin á þessa leið:
6. sæti hlaut Jón Helgason,
7. — — Halldór Ásgrímsson,
8. — — Eggert G. Þorsteinsson,
9. — — Oddur Ólafsson,
10. — — Jón Árnason,
11. — — Steingrímur Hermannsson,
12. — — Geir Gunnarsosn,
13. — — Jón G. Sólnes,
14. — — Ragnar Arnalds,
15. sæti hlaut Albert Guðmundsson,
16. — — Axel Jónsson,
17. — — Helgi F. Seljan,
18. — — Stefán Jónsson,
19. — — Jón Árm. Héðinsson,
20. — — Ásgeir Bjarnason.

Neðri deild, 1. fundur.

Fimmtudaginn 31. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fundurinn var settur af aldursforseta, Guðlaugi Gíslasyni, 3. þm. Sunnl.
Deildina skipuðu þessir þm.:

1. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm.
2. Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv.
3. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv.
4. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v.
5. Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl.
6. Garðar Sigurðsson, 5. þm. Sunnl.
7. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn.
8. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
9. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm.
10. Gunnar Thoroddsen, 2. þm. Reykv.
11. Gunnlaugur Finnsson, 4. þm. Vestf.
12. Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv.
13. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
14. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
15. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
16. Jóhann Hafstein, 6. þm. Reykv.
17. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
18. Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl.
19. Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.
20. Lárus Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
21. Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf.
22. Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv.
23. Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm.
24. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
25. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
26. Ólafur G. Einarsson, 5. þm. Reykn.
27. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v.
28. Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v
29. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pétur Sigurðsson, 8. þm. Reykv.
31. Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv.
32. Sighvatur Björgvinsson, 8. landsk. þm.
33. Sigurlaug Bjarnadóttir, 9. landsk. þm.
34. Stefán Valgeirsson, 3. þm. Norðurl. e.
35. Svava Jakobsdóttir, 5. landsk. þm.
36. Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austf.
37. Tómas Árnason, 4. þm. Austf.
38. Vilhjálmur Hjálmarsson, 1. þm. Austf.
39. Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Sunnl.
40. Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv.

Í stað Garðars Sigurðssonar, 5. þm. Sunnl., var á fundinum Þór Vigfússon, í stað Jóhanns Hafsteins Geirþrúður H. Bernhöft, í stað Jóns Skaftasonar Gunnar Sveinsson, í stað Lárusar Jónssonar Halldór Blöndal og í stað Magnúsar T. Ólafssonar Ólafur Ragnar Grímsson.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Ragnhildur Helgadóttir, 5. þm. Reykv., með 28 atkv., en 8 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., með 30 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., með 26 atkv., en 10 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var GHG, á B-lista PP. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm., og **Páll Pétursson**, 3. þm. Norðurl. v.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

10. sæti hlaut Sigurlaug Bjarnadóttir,
11. — — Gils Guðmundsson,
12. — — Garðar Sigurðsson,
13. — — Ingólfur Jónsson,
14. — — Gunnlaugur Finnsson,
15. — — Ingvar Gíslason,
16. — — Þórarinn Sigurjónsson,
17. — — Pálmi Jónsson,
18. — — Tómas Árnason,
19. — — Þórarinn Þórarinsson,
20. — — Benedikt Gröndal,
21. — — Friðjón Þórðarson,
22. — — Sverrir Hermannsson,
23. — — Svava Jakobsdóttir,
24. — — Jón Skaftason,
25. — — Magnús Kjartansson,
26. — — Magnús T. Ólafsson,
27. — — Pétur Sigurðsson,
28. — — Sighvatur Björgvinsson,
29. — — Eðvarð Sigurðsson,
30. — — Ólafur G. Einarsson,
31. — — Jónas Árnason,
32. — — Guðlaugur Gíslason,
33. — — Jóhann Hafstein,
34. — — Lárus Jónsson,
35. — — Karvel Pálmason,
36. — — Lúðvík Jósepsson,
37. — — Stefán Valgeirsson,
38. — — Eyjólfur K. Jónsson,
39. — — Ellert B. Schram,
40. — — Gylfi Þ. Gíslason.

Sameinað þing, 2. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hafa borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 1. nóv. 1974.

Tómas Árnason, 4. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurl., Vilhjálmur Sigurbjörnsson framkvæmdastjóri á Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Þá er annað bréf:

„Reykjavík, 1. nóv. 1974.

Sverrir Hermannsson, 3. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurl., Pétur Blöndal framkvæmdastjóri á Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Rannsaka þarf kjörbréf þeirra nýju manna, sem taka sæti á Alþingi, og vil ég biðja kjörbréfanefnd Alþingis að taka kjörbréfin til athugunar. Gef ég 10 mín. fundarhlé, á meðan kjörbréf verða rannsökuð.

Fundi er frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um tvö kjörbréf, annars vegar Péturs Blöndals framkvæmdastjóra á Seyðisfirði sem 1. varam. Sjálfstfl. í Austurl. og hins vegar kjörbréf Vilhjálms Sigurbjörnssonar framkvæmdastjóra á Egilsstöðum sem 1. varaþm. Framsfl. í Austurl. Kjörbréfanefnd hefur ekkert séð athugavert við kjörbréfin, og hún mælir með, að þau séu tekin gild, og mælir með kosningu þeirra Péturs Blöndals og Vilhjálms Sigurbjörnssonar.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 51 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég býð hv. þm. velkomna til starfa á Alþingi. Annar hv. þm., Vilhjálmur Sigurbjörnsson, hefur ekki undirritað drengskaparheit, og bið ég hann að undirrita drengskaparheit.

Drengskaparheit unnið.

Vilhjálmur Sigurbjörnsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Vilhjálmur Sigurbjörnsson hefur undirritað drengskaparheit, og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi og sömuleiðis Pétur Blöndal.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Það hefur komið fram ósk um, að frestað verði kosningu í fjvn., en það ber að gera samkv. þingsköpum. Þarf afbrigða við til að megi fresta þeirri kosningu.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun á kosningu fjvn. samþ. með 50 shlj. atkv.

Við kosningu nefnda komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Jóhann Hafstein (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Gils Guðmundsson (C),
Tómas Árnason (B),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (D).

Varamenn:
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Jón Skaftason (B),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Magnús Kjartansson (C),
Steingrímur Hermannsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Benedikt Gröndal (D).

2. Atvinnumálanefnd.

Guðmundur H. Garðarsson (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Jón G. Sólnes (A),
Gils Guðmundsson (C),
Páll Pétursson (B),
Sverrir Hermannsson (A),
Karvel Pálmason (D).

3. Allsherjarnefnd.

Lárus Jónsson (A),
Jón Skaftason (B),
Ólafur G. Einarsson (A),
Jónas Árnason (C),
Jón Helgason (B),
Ellert B. Schram (A),
Magnús T. Ólafsson (D).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Sverrir Hermannsson (A),
Ingvar Gíslason (B),
Friðjón Þórðarson (A),
Helgi F. Seljan (C),
Gunnlaugur Finnsson (B),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Eggert G. Þorsteinsson (D).

Efri deild, 2. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Albert Guðmundsson (A),
Jón Helgason (B),
Jón G. Sólnes (A),
Ragnar Arnalds (C),
Halldór Ásgrímsson (B),
Axel Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (D).

2. Samgöngunefnd.

Jón Árnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Stefán Jónsson (C),
Steinþór Gestsson (A),
Jón Helgason (B),
Jón G. Sólnes (A),
Eggert G. Þorsteinsson (D).

3. Landbúnaðarnefnd.

Steinþór Gestsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Helgi F. Seljan (C),
Jón Árnason (A),
Ingi Tryggvason (B),
Axel Jónsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (D).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Jón Árnason (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Stefán Jónsson (C),
Oddur Ólafsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Jón G. Sólnes (A),
Jón Árm. Héðinsson (D).

5. Iðnaðarnefnd.

Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Jón G. Sólnes (A),

Stefán Jónsson (C),
Ingi Tryggvason (B),
Albert Guðmundsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (D).

6. Félagsmálanefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A).
Steingrímur Hermannsson (B),
Axel Jónsson (A),
Helgi F. Seljan (C),
Jón Helgason (B),
Steinþór Gestsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (D).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Oddur Ólafsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Steinþór Gestsson (A),
Helgi F. Seljan (C),
Halldór Ásgrímsson (B),
Albert Guðmundsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (D).

8. Menntamálanefnd.
Þorv. Garðar Kristjánsson (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Ragnar Arnalds (C),
Axel Jónsson (A),
Ingi Tryggvason (B),
Steinþór Gestsson (A),
Jón Árm. Héðinsson (D).

9. Allsherjarnefnd.
Oddur Ólafsson (A),
Ingi Tryggvason (B),
Jón G. Sólnes (A),
Geir Gunnarsson (C),
Halldór Ásgrímsson (B),
Axel Jónsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (D).

Neðri deild, 2. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir samkv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram hverju sinni fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Ólafur G. Einarsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Lúðvík Jósepsson (C),
Lárus Jónsson (A),
Tómas Árnason (B),
Gylfi Þ. Gíslason (D).

2. Samgöngunefnd.
Friðjón Þórðarson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Sverrir Hermannsson (A),
Garðar Sigurðsson (C),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Páll Pétursson (B),
Karvel Pálmason (D).

3. Landbúnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Ingólfur Jónsson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Friðjón Þórðarson (A),
Þórarinn Sigurjónsson (B),
Benedikt Gröndal (D).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Pétur Sigurðsson (A),
Jón Skaftason (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Garðar Sigurðsson (C),
Sverrir Hermannsson (A),
Tómas Árnason (B),
Sighvatur Björgvinsson (D).

5. Iðnaðarnefnd.
Ingólfur Jónsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Lárus Jónsson (A),
Magnús Kjartansson (C),
Pétur Sigurðsson (A),
Ingvar Gíslason (B),
Benedikt Gröndal (D).

6. Félagsmálanefnd.
Ólafur G. Einarsson (A),
Stefán Valgeirsson (B),
Ellert B. Schram (A),
Eðvarð Sigurðsson (C),
Jóhann Hafstein (A),
Gunnlaugur Finnsson (B),
Magnús T. Ólafsson (D).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Jón Skaftason (B),
Guðmundur H. Garðarsson (A),
Magnús Kjartansson (C),
Jóhann Hafstein (A),
Þórarinn Sigurjónsson (B),
Karvel Pálmason (D).

8. Menntamálanefnd.
Ellert B. Schram (A),
Ingvar Gíslason (B),
Sigurlaug Bjarnadóttir (A),
Svava Jakobsdóttir (C),
Eyjólfur K. Jónsson (A),
Gunnlaugur Finnsson (B),
Magnús T. Ólafsson (D).

9. Allsherjarnefnd.
Ellert B. Schram (A),
Páll Pétursson (B),
Ingólfur Jónsson (A),
Svava Jakobsdóttir (C),
Friðjón Þórðarson (A),
Gunnlaugur Finnsson (B),
Sighvatur Björgvinsson (D).

Endurprentað blað.

Sameinað þing, 3. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., að loknum deildafundum.

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram fjórir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jóhann Hafstein (A),
Jón Skaftason (B),
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Magnús Kjartansson (C),
Ásgeir Bjarnason (B),
Gylfi Þ. Gíslason (D).

Varamenn:
Sverrir Hermannsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Axel Jónsson (A),
Gils Guðmundsson (C),
Jón Helgason (B),
Eggert G. Þorsteinsson (D).

Kosning endurskoðanda reikninga Landsbanka Íslands í stað Baldurs Óskarssonar, sem hefur sagt af sér, til 29. mars 1975.

Fram kom einn listi með einu nafni. Skv. því lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Jón Helgason ritstjóri.

Efri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 10). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í aths. við lagafrv. það, sem hér er á dagskrá, kemur fram, að fjvn. var fyrst kjörin í Sþ. árið 1934 í kjölfar breytinga, sem gerðar höfðu verið á sjórnarskrá og þingsköpum á árinu 1933. Var þá ákveðið, að n. skyldi skipuð 9 mönnum. Á þeim fjórum áratugum, sem liðnir eru síðan, hafa verkefni n. stóraukist, og mörg undanfarin ár hafa nm. orðið að skipta með sér verkum við athugun einstakra málaflokka. Þykir því eðlilegt að fjölga í nefndinni. Er í þessu frv. gerð till. um í 1. gr., að fjvn. skuli skipuð 9—11 mönnum samkv. ákvörðun Alþingis.

Það hafa átt sér stað samráð með þingflokkum varðandi þetta frv., og það eru enn fremur rök fyrir flutningi þess, að með fjölgun í n. er tryggt, að allir þingflokkar fái fulltrúa í n. Hins vegar hafa umræður og samráð þingflokka leitt til þess nú, eftir að frv. var prentað, að aths. hafa komið fram um það, að tala nm. sé ekki ákveðin, en fari eftir ákvörðun Alþingis hverju sinni, og hefur verið lögð áhersla á, að hér væri sett ákveðin tala. Um leið og ég mæli fyrir samþykkt þessa frv., þykir mér rétt, til þess að fullt samkomulag sé um afgreiðslu þess, að flytja jafnframt skriflega brtt. við frv., þannig að á 1. gr. sé sú breyt. gerð, að í stað „9—11 mönnum samkv. ákvörðun Alþingis“ komi: 10 mönnum.

Ég vænti þess, að um þetta frv. geti verið algjör samstaða, þannig að óþarfi sé að vísa því til n., og mælist til þess, að hv. þdm. geti fallist á hraða afgreiðslu þess, jafnvel svo hraða, að frv. gengi til Nd. nú í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., að loknum 3. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 10). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 15) samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 15 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., að loknum 4. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 16). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 3. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., að loknum fundi í Ed.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér er á dagskrá, er flutt eftir að samráð hefur verið haft við alla þingflokka um þær breyt., sem frv. gerir ráð fyrir á þingsköpum Alþingis.

Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir, að fjvn. yrði skipuð 9—11 mönnum samkvæmt ákvörðun Alþingis. Aths. hafa komið fram um það að hafa ekki óákveðna tölu að þessu leyti, og varð því að samkomulagi, að í Ed. yrði gerð breyt. á frv., þannig að 1. gr. orðaðist svo: 1. fjárveitinganefnd, skipuð 10 mönnum.

Í aths. við þetta lagafrv. kemur fram, að fjvn. var fyrst kjörin í Sþ. árið 1934 í kjölfar breyt., sem gerðar voru á stjskr. og þingsköpum árið áður. Þá var ákveðið, að n. skyldi skipuð 9 mönnum. Á þeim fjórum áratugum, sem liðnir eru síðan, hafa verkefni n. stóraukist, og mörg undanfarin ár hafa nm. orðið að skipta með sér verkum við athugun einstakra málaflokka. Þykir því eðlilegt að heimila fjölgun í n. Þessu til viðbótar má geta þess, að með fyrirhugaðri fjölgun mun öllum þingflokkum vera tryggður fulltrúi í fjvn.

Þar sem samkomulag er á milli þingflokka um efni þessara breyt., er það von mín og ósk, að hv. þdm. hraði afgreiðslu þessa frv. Ég sé ekki ástæðu í þessari deild frekar en í Ed. að gera till. um, að frv. fari til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., að loknum 3. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 16). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Mánudaginn 4. nóv., að loknum 4. fundi.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 16). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 19).

Sameinað þing, 4. fundur.

Þriðjudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Kosning fjárveitinganefndar.

Við kosningu nefndarinnar komu fram fjórir listar, með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og varð nefndin svo skipuð:

Jón Árnason (A),
Ingvar Gíslason (B),
Geir Gunnarsson (C),
Steinþór Gestsson (A),
Þórarinn Sigurjónsson (B),
Pálmi Jónsson (A),
Karvel Pálmason (C),
Lárus Jónsson (A),
Gunnlaugur Finnsson (B),
Jón Árm. Héðinsson (D).

Sameinað þing, 5. fundur.

Þriðjudaginn 5. nóv., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana. — Útvarpsumræða.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umræðan skiptist í tvær umferðir, þannig að í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka en forsrh. 20 mín. hver. Í síðari umferð hefur hver þingflokkur 10 mín. til umráða. Röð flokkanna verður þessi: Sjálfstfl., SF, Framsfl., Alþb. og Alþfl. Ræðumenn auk forsrh. verða þessir: Af hálfu Sjálfstfl. talar Gunnar Thoroddsen iðnrh. í síðari umferð. Af hálfu SF talar Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf., í fyrri umferð og Ólafur Ragnar Grímsson, 3. landsk. þm., í síðari umferð. Fyrir Framsfl. talar Halldór E. Sigurðsson landbrh. í fyrri umferð og Einar Ágústsson utanrrh. í síðari umferð. Af hálfu Alþb. talar í fyrri umferð Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf., og Þór Vigfússon, 5. þm. Sunnl., í þeirri síðari. Loks talar fyrir Alþfl. Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., í fyrri umferð og í síðari umferð Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm. — Hefst þá umræðan og tekur hæstv. forsrh., Geir Hallgrímsson, til máls.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Athygli íslendinga beinist nú öðru fremur að hættumerkjum á sviði efnahagsmála. Verðbólgan, sem lengi hefur verið förunautur okkar, er komin á nýtt og óþekkt stig. Örar kaup- og verðlagsbreytingar hafa ruglað verðskyn almennings og komið glundroða á fjármál einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera.

Er núv. ríkisstj. var mynduð 28. ágúst s. l., biðu hennar því mörg verkefni á sviði efnahagsmála, sem kröfðust tafarlausrar úrlausnar. Að dómi ríkisstj. var óhjákvæmilegt að beita þegar samræmdum aðgerðum til lausnar á þeim vanda, sem við var að etja. Ljóst var, að þróun efnahagsmála hafði tekið afar hættulega stefnu og í húfi var að tryggð yrðu góð lífskjör. Forsenda þess er efnahagsjafnvægi bæði innanlands og í utanríkisverslun.

Við undirbúning efnahagsráðstafananna var fyrst og fremst tvennt haft í huga: að allar aðgerðir skertu sem minnst kjör hinna lægst launuðu og kæmu í veg fyrir atvinnuleysi. Það lá hins vegar í augum uppi, að ekki var unnt að auka kaupmátt launa um fimmtung eða fjórðung á ári, þegar horfur eru á, að raunverulegar þjóðartekjur á mann minnki vegna skertra viðskiptakjara við útlönd. Þess vegna var talið nauðsynlegt að rjúfa um sinn sjálfvirka vísitölutengingu verðlags og launa.

Sé gerð tilraun til að draga saman kaupmáttaráhrif þeirra ráðstafana, sem gripið hefur verið til, og þeirrar verðþróunar, sem nú er fyrirsjáanleg, er niðurstaðan sú, að stefnt er að svipuðum kaupmætti launa og var á árinu 1972 og 1973 fyrir launþega í heild og ívið meiri kaupmætti fyrir þá, sem lægst hafa launin. Takist okkur að ná þessu marki hlýtur það að teljast góður árangur.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 liggur nú frammi og mun fjmrh. fjalla um það í fjárlagaræðu sinni. Frv. endurspeglar því miður þann geigvænlega verðbólguvöxt, sem orðið hefur síðan fjárlög yfirstandandi árs voru samþykkt. Enda þótt ekki hafi tekist að marka djúp spor í fjármálastefnu ríkisins á þeim skamma tíma, sem gefist hefur til að móta fjárlagafrv., fellur það *engu að síður inn í heildarramma efnahagsaðgerða ríkisstj.* og mun stuðla að auknu efnahagsjafnvægi. Viðnám gegn útþenslu ríkisbúskaparins og aðhaldssemi í opinberum framkvæmdum mun styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Í frv. er gert ráð fyrir, að 250 millj. kr. af yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum verði greidd á árinu 1975, en áætlað er að skuldin nemi 1 000 millj. kr. nú um áramótin. Enn fremur er gert ráð fyrir 500 millj. kr. endurgreiðslu úr ríkissjóði vegna fyrstu spariskírteinanna, sem útgefin voru 1964. Þessar greiðslur létta bæði skuldabyrði ríkissjóðs og spyrna öfluglega gegn efnahagsþenslunni. Þá er gert ráð fyrir 500 millj. kr. tekjuskattslækkun eða samsvarandi hækkun fjölskyldubóta og enn fremur öðrum 500 millj. kr. til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum.

Árangur efnahagsaðgerðanna verður takmarkaður á þessu ári, enda langt á árið liðið. Fari sem horfir, er gert ráð fyrir um 12 500 millj. kr. viðskiptahalla, en það er 9½% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 2 615 millj. kr. halla á s. l. ári, sem var um 3% af þjóðarframleiðslu. Þegar reiknað hefur verið með hinni óvenjumiklu notkun erlends lánsfjár á árinu, verður heildargreiðslujöfnuðurinn við útlönd óhagstæður um nálægt 6 500 millj. kr. miðað við núgildandi gengi. Verður þá gjaldeyriseign nettó aðeins um 2 000 millj. kr. um næstu áramót, en það jafngildir hálfs mánaðar gjaldeyrisnotkun.

Horfur fyrir árið 1975 eru óráðnari en oftast áður, m. a. vegna þeirrar óvissu, sem nú ríkir um framvindu efnahagsmála í umheiminum. Fyrstu drög að þjóðhagsspá fyrir árið 1975, sem jafnframt eru meginforsenda fjárlagafrv., benda til 1½—2% aukningar þjóðarframleiðslu. Jafnframt er gert ráð fyrir nokkurri hömlun eftirspurnar vegna greiðslustöðunnar við útlönd og sem hluta heildaraðgerða gegn verðbólgu. Með því væri einnig dregið úr þenslu á vinnumarkaðinum án þess að stefna fullri atvinnu í hættu.

Spár gera ráð fyrir, að verðbólga muni fara minnkandi á næsta ári þrátt fyrir heldur örari verðbreytingar á síðasta ársfjórðungi þessa árs, m. a. af völdum gengislækkunarinnar og skattbreytinganna í sept. Strax á fyrsta ársfjórðungi *næsta árs er gert ráð fyrir að draga úr verðbólgunni* og skv. forsendum verðlagsspánna er búist við minna en 15% verðbólgu á ársgrunni undir lok ársins 1975. Með efnahagsaðgerðum ríkisstj. er þannig að því stefnt að ná verðbólgunni niður á stig nágrannaþjóða okkar eftir lok næsta árs.

Líkur eru á verulegum viðskiptahalla, 9 000—9 500 millj. kr. eða sem næmi um 5% af þjóðarframleiðslu. Greiðslujöfnuður við útlönd verður væntanlega óhagstæður um 1 500—2 000 millj. kr., samanborið við um 6 500 millj. kr. greiðsluhalla *á sambærilegu gengi á þessu ári.* Hér ber að athuga, að spárnar eru varfærnislegar og gæti jöfnuður í greiðslum við útlönd því náðst á næsta ári, sem má telja viðunandi bata á svo skömmum tíma. Hins vegar sýna þessar tölur, að horfur um stöðu þjóðarbúsins út á við eru enn tvísýnar, ekki síst þegar litið er til þess óvissuástands sem ríkir í efnahagsmálum umheimsins, veikrar gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar og erfiðleika á erlendum lánsfjármörkuðum.

Meginmarkmið efnahagsstefnunnar fyrir árið 1975 er að draga verulega úr hraða verðbólgunnar og tryggja sæmilegan jöfnuð í viðskiptum við útlönd, án þess að gripið sé til of harkalegra samdráttaraðgerða, sem tefla atvinnuöryggi og þar með lífskjörum almennings í tvísýnu. Full atvinna er meginforsenda efnahagsstefnunnar. Til þess að ná árangri, sem eitthvað varir, er nauðsynlegt að beita samræmdum aðhaldsaðgerðum, einkum á sviði peninga- og lánamála og á sviði ríkisfjármála, markvisst og í langan tíma.

Það er stefna stjórnarinnar að treysta grundvöll íslensks atvinnulífs, skapa betra jafnvægi og meira atvinnuöryggi, svo að unnt verði að tryggja vaxandi velmegun samfara réttlæti í tekjuskiptingu og aðstöðu manna.

Þessi stefna byggist á tveimur höfuðþáttum. Annar þátturinn felst í umbótum á sjálfu efnahagskerfinu, sem miða að meiri hagkvæmni í rekstri þess og auknu félagslegu réttlæti. Hinn þátturinn felst í því að hlúa að nýjum atvinnugreinum, efla þær, sem fyrir eru, og gera stórátak í byggðamálum.

Fylgja þarf áfram fríverslunarstefnu í utanríkisviðskiptum. Óhindraður aðgangur að helstu markaðssvæðum heims er forsenda aukinnar fjölbreytni og stöðugleika í útflutningsframleiðslu bæði í lefðbundnum og nýjum greinum, en efling útflutnings og öruggra utanríkisviðskipta er undirstaða hagsældar í landinu.

Eitt af því, sem magnar verðsveiflur, er til landsins berast, er án efa núverandi kerfi kaupgreiðsluvísitölu. Vísitölugreiðslur á kaup hafa raunar tíðkast lengi hér á landi, þótt með nokkuð mismunandi hætti hafi verið. Það er viðurkennt, að þær veita launþegum nokkra tryggingu fyrir afkomu þeirra og mynda meiri ró á vinnumarkaði en ella hefði orðið. Á hinn bóginn hafa þær oft á tíðum átt drjúgan þátt í að magna verðbólgu og þannig grafið undan heilbrigðum rekstri þjóðarbúsins og stefnt hagsmunum launþega sjálfra í voða. Ber hér einkum þrennt til: Í fyrsta lagi hafa miklar hækkanir grunnkaups óhjákvæmilega leitt til verðhækkana, sem svo vegna áhrifa vísitölukerfisins hafa leitt til nýrra launahækkana og enn frekari verðhækkana. Í öðru lagi fela verðhækkanir á innfluttum vörum í sér skerðingu á raunverulegum lífskjörum þjóðarinnar og engar launahækkanir innanlands geta því bætt þær. Í þriðja lagi er ekki unnt að vega áhrif tekjuöflunar ríkissjóðs með óbeinum sköttum upp með launahækkunum, ef sú aukning opinberrar þjónustu, framkvæmda eða félagslegrar aðstoðar, sem stefnt er að, á að geta átt sér stað. Ástæðulaust er einnig, að stjórnvöld séu knúin til að afla fjár með beinum sköttum, sem hafa ekki áhrif á vísitöluna, fremur en óbeinum sköttum, er ganga inn í vísitöluna. Á því tímabili, sem launajöfnunarbætur koma í stað kaupgreiðslu-vísitölu, verður að reyna að koma á endurbættu kerfi vísitölutrygginga. Að því mun ríkisstjórnin vinna í samráði við samtök launþega og vinnuveitenda. Stefna verður að því, að endurbætt vísitölukerfi feli í sér þá tryggingu fyrir launþega, einkum þá sem lægst eru launaðir, að kjör þeirra versni ekki á samningstímabili. Eftir því sem tök eru á, verður að komast hjá þeim skaðlegu verðbólguáhrifum, sem fylgt hafa vísitölukerfinu. Í þessu sambandi verður einnig að taka inn í myndina athugun á verðlagningu búvöru og tengsl hennar við vísitöluna.

Kjarasamningar hér á landi hafa verið gerðir til styttri tíma en yfirleitt tíðkast í nágrannalöndum. Einnig hefur skort mikið á, að kjarasamningar fylgdust að í tíma, og mikils misræmis hefur gætt í samningum einstakra starfshópa. Allt hefur þetta leitt til óróa á vinnumarkaði, stuðlað að verðbólguþróun og valdið misrétti á milli launþegahópa, ekki síst gagnvart þeim, sem lágt eru launaðir og veika aðstöðu hafa á vinnumarkaðinum. Það er brýnt úrlausnarefni samtaka launþega og vinnuveitenda að koma á starfsháttum í þessu efni, sem eru í betra samræmi við hagsmuni þeirra sjálfra og þjóðfélagsins alls en þeir starfshættir, sem tíðkast hafa. Samstarfsnefnd ASÍ og vinnuveitenda mun þegar hafa hafa rætt um endurbætur á þessu sviði, annars vegar einkum að því er varðar aðdraganda samningsgerðar, uppsagnarfresti og kröfugerðir og hins vegar vinnubrögð í tengslum við sáttatilraunir, stöðu og starf sáttasemjara, og mun ríkisstj. veita að sínu leyti atbeina til nauðsynlegra breytinga.

Ríkisstj. hyggst vinna að nýrri skipan kjaramála með umbótum í skatta- og tryggingamálum:

Í fyrsta lagi er áformað að leggja ekki tekjuskatt á almennar launatekjur. Þetta þýðir t. d., að hjón með tvö börn á framfæri greiddu að jafnaði ekki tekjuskatt af 1100 þús. kr. brúttótekjum þessa árs eða sem svarar til 830 þús. kr. nettótekna.

Í öðru lagi er stefnt að sameiningu tekjuskatts og helstu bóta almannatrygginga. Meginröksemdir fyrir samhæfingu og samræmingu tekjuskatts og tryggingabóta eru tvær. Annars vegar er með einu samfelldu kerfi auðveldara að ná með markvissum hætti þeim tekjujöfnunarmarkmiðum, sem að er stefnt. Hins vegar felur sameining í sér einföldun í framkvæmd, bæði fyrir almenning og hið opinbera, og gæti án efa leitt til samdráttar í ríkisbákninu. Hið nýja tekjujöfnunarkerfi mun tryggja þjóðfélagsþegnum lágmarkstekjur. Fyrsta skrefið í þessa átt, verður sameining fjölskyldubóta og tekjuskatts. Verður tekið til athugunar, hvort unnt er að framkvæma þá breytingu strax á þessum vetri.

Í fjárlagafrv. næsta árs er gert ráð fyrir 500 millj. kr. lækkun tekjuskatts vegna þessarar endurskoðunar skatta- og tryggingakerfis, sem kæmi til framkvæmda með því að hækka enn fjölskyldubætur, persónufrádrátt eða breyta skattstiga, eins og fram kom í viðræðum ríkisstj. við aðila vinnumarkaðarins. Í kjölfar þessa verður sameining tekjuskatts og ýmissa bóta lífeyristrygginga könnuð.

Helsta vandamálið við undirbúning hins nýja samræmda skatt- og tryggingakerfis er, hvernig haga skuli endurgreiðslum til þeirra, sem hafa lægri tekjur til skatts en hækkuðum persónufrádrætti nemur. Gagnrýni hefur komið fram vegna skattafsláttarkerfisins, sem tekið var upp við álagningu skatta á þessu ári, og þarf að ráða bót á þeim annmörkum. Ekki er rétt, að þeir, sem hafa lágar tekjur til skatts vegna afskrifta og annarra hliðstæðra ástæðna, njóti endurgreiðslna.

Í viðræðum við aðila vinnumarkaðarins hafa málefni lífeyrissjóða og lífeyrisþega verið ofarlega á dagskrá. Flestum er ljóst, að mikið misræmi er á milli stöðu lífeyrisþega eftir því, hvort sjóðir þeirra eru verðtryggðir eða ekki, og nauðsynlegt er að leiðrétta þetta misræmi að því marki sem unnt er svo og að samræma og tryggja kjör aldraðra og öryrkja.

Áður hefur verið til umræðu einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, en sú leið fæli í sér samsteypu núverandi ellitrygginga og meira en 100 lífeyrissjóða. En sjálfsstjórn lífeyrissjóðanna og óskir lífeyrisþega um bein tengsl við sjóði sína valda því, að þessi leið er tæpast æskileg. En nauðsynlegt er að setja rammalöggjöf um starfshætti lífeyrissjóðanna, einkum hvernig haga skuli ávöxtun og verðtryggingu lífeyris og útlána. Jafnframt kemur til greina að beita almennu tekjujöfnunarkerfi og lágmarkstekjutryggingu elli- og örorkulífeyrisþega til jöfnunar á stöðu þeirra.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er áhersla lögð á,

að jöfnun húsnæðiskostnaðar og aðstöðu við öflun húsnæðis verði þáttur í kjaramálum. Húsnæðiskostnaður fjölskyldna skiptir oft mestu máli um afkomu þeirra. Af þessum ástæðum er öll viðleitni til að jafna þennan kostnað jafnframt skref til raunhæfra kjarabóta. Á verðbólgutímum standa þær fjölskyldur höllum fæti, sem eiga eftir að koma þaki yfir höfuð sér. Og hinir, sem nýfluttir eru inn í eigið húsnæði, eiga yfirleitt í miklum erfiðleikum með að afla lánsfjár til að brúa síðasta bilið. Þótt verðbólgan sé talin auðvelda mörgum afborganir lána, þá torveldar hún fleirum að hefjast handa.

Auk öflugs almenns lánakerfis til íbúðabygginga hljóta ríki og sveitarfélög einnig að stuðla sérstaklega að því, að byggðar verði íbúðir til sölu til ungs fólks og tekjulágs með hagstæðum kjörum. Jafnframt verður starfsemi byggingarfélaga verkamanna studd. Og loks má minnast þess, að nokkur sveitarfélög, þar sem húsnæðisskortur ríkir, hafa byrjað byggingu leiguíbúða í samræmi við fyrirheit ríkisins um fjármögnun framkvæmdanna.

Ríkisstj. hefur átt margar viðræður við flest stærstu hagsmunasamtökin, sem talin eru til svonefndra aðila vinnumarkaðarins, og haft við þá náið samráð. Erfitt verður að finna slíku samráði fast form, sem ekki verður of þungt í vöfum, en ljóst er, að t. d. samstarfsnefnd ASÍ og vinnuveitenda er eðlilegur samráðsaðili. Enn fremur er athugandi, hvort sameiginlegir fundir með formönnum helstu hagsmunasamtaka og ráðherrum gætu ekki tryggt upplýsingamiðlun og nauðsynleg skoðanaskipti, er síðan gæfu tilefni til samráðs um úrlausn afmarkaðra vandamála.

Ríkisstj. hefur áhyggjur af vexti ríkisbáknsins og áformar að hafa öfluga stjórn á hvers konar opinberri starfsemi. Það sjónarmið mun sitja í fyrirrúmi, að ríkisútgjöld vaxi að jafnaði ekki hraðar en þjóðartekjur. Hafa verður þó hugfast, að stjórnvöld munu beita ríkisfjármálum í sveiflujöfnunarskyni, og geta því ríkisútgjöld aukist hraðar en þjóðartekjur, þegar illa árar, en hægar þegar árferði er gott. Leitast verður við að bæta áætlanir ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja og herða aðhald og auka eftirlit með útgjaldaáformum og útgjaldaþróun þeirra. Þá verður kannað, hvort verðlagning opinberrar þjónustu er raunhæf og hvaða leiðir séu vænlegastar til að tryggja öllum slíka þjónustu, sem á henni þurfa að halda, um leið og þess er gætt, að verðmæti fari ekki í súginn.

Áformaðar eru ýmsar endurbætur á tekjuöflun ríkisins. Stefnt er að einfaldari og ódýrari skattheimtu og hækkun skattstofna og afsláttarliða. Stefnt verður að staðgreiðslukerfi skatta og við það miðað, að skattgreiðslur fari fram, sem næst þeirri stundu, sem teknanna er aflað. Oft er þetta til hagræðingar bæði fyrir greiðanda og móttakanda, en einnig er um réttlætismál að ræða, þar sem með þessu móti næðist til skattgreiðenda, sem ella slyppu að einhverju eða öllu leyti við greiðslur. Loks er þess að geta, að áformað er að taka sem fyrst upp virðisaukaskatt í stað söluskatts.

Ríkisstj. hefur í hyggju að endurskipuleggja lánastarfsemina í landinu. Stefnt verður að því, að þróun lánsfjármarkaðarins verði stjórnað í ríkara mæli en hingað til með sveigjanlegri notkun vaxta og verðtryggingar. Áformað er, að fyrir árslok verði gerð áætlun um heildarskipan útlána fjárfestingarsjóða og fjármagnsöflun. Jafnframt stendur nú yfir enn frekari endurskoðun á útlánakjörum en þegar hefur verið gerð.

Mikilvægt er að draga skýrari línu en hingað til milli almennrar lánastarfsemi annars vegar, þar sem eðlilegast er að láta lánskjörin mótast af markaðsaðstæðum, og félagslegrar lánastarfsemi hins vegar, þar sem lánskjör yrðu opinskátt bætt með skatttekjum.

S. l. 35 ár hefur verið hér á landi verðlagseftirlit, sem falið hefur í sér bein afskipti af verðlagningu í verslun, iðnaði og þjónustu. Slíkt eftirlit tíðkaðist í flestum löndum á styrjaldarárunum, en var alls staðar afnumið á árunum eftir styrjöldina nema hér á landi, þar sem því hefur verið haldið áfram í lítt breyttri mynd fram á þennan dag. Þetta verðlagseftirlit hefur alls ekki megnað að halda verðbólgunni í skefjum, sem þó átti að heita höfuðmarkmið þess. Kerfið hefur því ekki þjónað þeim tilgangi, sem til var ætlast. Það er því jafnmikið hagsmunamál launþega, neytenda, iðnaðar og verslunar, að frá þessu kerfi sé horfið. Í stað þess verður að koma ný löggjöf um verðmyndun, viðskiptahætti og verðgæslu í líkingu við þá, sem tíðkast í öðrum löndum og stefnir til almenns eftirlits neytenda með viðskiptaháttum, örvunar heilbrigðrar samkeppni og eðlilegrar verðmyndunar. Slík löggjöf verður nú undirbúin í samráði við samtök launþega og neytenda annars vegar og samtök verslunar og iðnaðar hins vegar.

Þótt við íslendingar séum fáir og búum í víðáttumiklu landi viljum við byggja og nýta landið allt. Efling Byggðasjóðs er nauðsynleg forsenda þess, að stórátak verði unnið í málefnum strjálbýlisins. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1975 er gert ráð fyrir, að 2% af útgjöldum skv. því eða samtals 877 millj. kr. renni í Byggðasjóð. Auk þess hefur sjóðurinn svo yfir eigin fé að ráða.

Miklu varðar, að með stóreflingu Byggðasjóðs verði unnt að fjármagna framkvæmdir, er sérstaklega bæta samgöngur og stuðla að umbótum í félags-, heilbrigðis-, mennta- og atvinnumálum strjálbýlisins. Lánastarfsemi Byggðasjóðs hlýtur í verulegum mæli að beinast til eflingar atvinnurekstrar, en á ekki að fjármagna taprekstur, heldur búa svo í haginn strax í upphafi, að atvinnureksturinn úti á landsbyggðinni standi traustum fótum fjárhagslega og skili þjóðarbúinu fljótt arði.

Nauðsynlegt er að skapa skilyrði fyrir þjónustustöðvar í byggðakjörnum og flytja ákvarðanir, afgreiðslu og úrlausnir mála út á landsbyggðina í eins ríkum mæli og unnt er. Fljótvirkasta aðferðin til þess er, að sveitarfélögin fái aukin verkefni, sem ríkisvaldið hefur nú með höndum, og ákveða réttarstöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga með það í huga. Um leið og sveitarfélögum eru falin aukin verkefni, verður að endurskoða fjárhagslegan grundvöll þeirra til þess að tryggja sjálfstæði sveitarfélaga og framkvæmdagetu.

Hafin er endurskoðun löggjafar um Fram-

kvæmdastofnun ríkisins, og verður þar með mótuð heildarlöggjöf um málefni Byggðasjóðs og um almenna áætlanagerð.

Stórbrotin, en viðkvæm náttúra Íslands er einn dýrmætasti fjársjóður landsmanna. Beita þarf vísindalegum vinnubrögðum til að varðveita þessa eign, jafnframt því sem náttúruauðlindir landsins verði nýttar í þágu þjóðarinnar allrar.

Ríkisstj. leggur áherslu á aukinn hraða í virkjun íslenskra orkugjafa, bæði til iðnvæðingar og í því skyni að gera Íslendinga óháðari en ella innfluttri orku. Framkvæmdir til nýtingar innlendra orkulinda hljóta að hafa algjöran forgang. Viðræðum við orkuöflunaraðila um að hraða stórvirkjunum og áætlanagerð um virkjun vatns- og varmaorku landsins eru nú á byrjunarstigi.

Ýmsar framkvæmdir eru strax hafnar eða í undirbúningi, sem tryggja munu landshlutum, er eiga við orkuskort að búa, næga raforku.

Áformað er að koma upp hitaveitum, þar sem aðstæður leyfa, en tryggja annars staðar sem fyrst raforku til húshitunar. Í þessu sambandi er hafinn undirbúningur að stofnun og rekstri hitaveitu fyrir alla þéttbýliskjarna á Reykjanesi.

Skipulag, stjórn og eignaraðild orkuöflunar- og dreifingarfyrirtækja er nú í endurskoðun og er stefnt að auknum áhrifum strjálbýlisins og sveitarfélaga á stjórn slíkra fyrirtækja.

Hafréttarmálefni verða ofarlega á baugi á þessum vetri. Stefnan á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna er skýr. Meginatriði hennar felst í stuðningi við 12 mílna landhelgi og 200 mílna efnahagslögsögu. Íslendingar eru fylgjandi því, að alþjóðahafsbotnssvæðið lúti sterkri stjórn og millivegur verði farinn varðandi yfirráð strandríkja yfir hafsbotninum utan 200 mílna efnahagslögsögu. Þá eru Íslendingar fylgjandi samvinnu um verndun fiskstofna í hafinu utan lögsögu strandríkja og vilja að settar verði viðtækar og fastmótaðar reglur um varnir gegn mengun sjávar.

Náist ekki heildarsamkomulag á hafréttarráðstefnunni, er það mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að fá skjalfestan stuðning sem flestra ríkja við víðtæka lögsögu strandríkis. Sendinefnd Íslands á ráðstefnunni mundi þá vinna að því og á þann hátt styrkja grundvöllinn fyrir einhliða aðgerðir fari ráðstefnan út um þúfur.

Ríkisstj. lýsti því yfir í stefnuyfirlýsingu sinni, að hún ætlaði að fylgja fram ályktun Alþ. frá 15. febr. 1972 um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur. Samið hefur verið við breta. Mikill áhugi er af Íslendinga hálfu að leysa fiskveiðideiluna við vestur-þjóðverja. Embættismannanefnd hefur nú átt viðræður við fulltrúa vesturþýsku ríkisstj. og eru niðurstöður þeirra viðræðna nú til athugunar hjá ríkisstj. Verður öllum þingflokkum afhent frásögn af viðræðunum með tilheyrandi gögnum, og verður engin ákvörðun tekin án fulls samráðs við alla þingflokka.

Stefna ríkisstj. er sú að færa fiskveiðilögsögu Íslands út í 200 mílur á árinu 1975. Útfærslan krefst vandlegs undirbúnings. T. d. er enn óljóst um ýmis atriði varðandi markalínur milli landa eða eyja, sem óbyggðar eru, eins og Rockall, eða lítt byggðar, eins og Jan Mayen. Munu þessi mál skýrast á framhaldsfundi hafréttarráðstefnunnar í Genf, sem hefst 17. mars n. k.

Útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur á næsta ári er lokamarkið í þeirri viðleitni og stefnu Íslendinga, sem mörkuð var með landgrunnslögunum frá 1948, og lokasigur í baráttunni fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar.

Við framkvæmd utanríkisstefnu sinnar mun ríkisstj. leggja áherslu á þátttöku Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna, samstarf Norðurlanda, varnarsamstarf vestrænna ríkja, samstarf þjóða Evrópu og þátttöku Íslands í þeim aðgerðum, sem ætlað er að bæta sambúð austurs og vesturs. Þá styður ríkisstj. eindregið alla viðleitni til að vernda mannréttindi, auðlindir og umhverfi með alþjóðlegri samstöðu.

Þróun alþjóðamála í okkar heimshluta hefur undanfarin ár einkennst af viðleitni ríkjanna í austri og vestri til að minnka spennuna í samskiptum sínum og bæta sambúðina milli ólíkra stjórnkerfa. Árangur þessarar viðleitni er ekki kominn í ljós sem skyldi, þótt andrúmsloftið hafi breyst.

Við stöndum á þeim tímamótum nú, að verulega reynir á samstarfsvilja ríkjanna í austri og vestri. Samningaviðræðurnar hafa leitt í ljós hver ágreiningurinn er, en eftir er að jafna hann.

Markmið Atlantshafsbandalagsríkjanna í viðræðunum við ríkin í austri er skýrt. Þau vilja efla friðinn með því að draga úr spennunni. Leiðin að markmiðinu hefur einnig verið mótuð. Allur samdráttur herafla skal vera gagnkvæmur hjá báðum aðilum. Að öðrum kosti raskast ríkjandi jafnvægi, og það gæti leitt til hættuástands. Öll hlýtur okkur að dreyma um þá framtíð, að ekki verði lengur nauðsynlegt að tryggja friðinn með vopnum. Sú framtíðarsýn verður ekki að veruleika, ef við röskum því friðarkerfi, sem við nú búum við.

Í stefnuyfirlýsingu sinni lýsir ríkisstj. yfir stuðningi við aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þar segir jafnframt, að viðræðum við bandaríkjamenn um fyrirkomulag varnarmálanna skuli haldið áfram með það fyrir augum, að Keflavíkurstöðin geti gegnt hlutverki sínu í samræmi við öryggishagsmuni Íslands á hverjum tíma. Framhaldsviðræðurnar fóru fram í Washington 26. sept. s. l., og utanrrh. náði samkomulagi við bandaríkjastjórn um ýmsar breytingar á framkvæmd varnarsamningsins. Þetta samkomulag hefur nú verið formlega staðfest og endurskoðuninni skv. 7. gr. varnarsamningsins er þar með lokið.

Ákveðið hefur verið, að varnarliðsmönnum verði fækkað um 420 menn, en þeir hafa einkum verið bundnir við störf, sem ekki eru hernaðarlegs eðlis. Varnarliðið mun aðstoða við að þjálfa Íslendinga til að taka við þessum störfum. Þá hefur einnig verið ákveðið, að allir varnarliðsmenn verði búsettir á vallarsvæðinu, svo fljótt sem auðið er, og munu bandaríkjamenn byggja íbúðarhúsnæði í þessu skyni fyrir varnarliðsmenn á næstu þremur árum. Aðskilja skal almenna flugstarfsemi frá varnarstöðinni, og munu bandaríkjamenn taka þátt í þeim kostnaði, er af því hlýst, sem og almennum endurbótum á

Keflavíkurflugvelli. Verður þess að sjálfsögðu gætt, að framkvæmdirnar leiði ekki til óæskilegra þensluáhrifa.

Ríkisstj. mun hafa öryggismálin til stöðugrar athugunar og fagnar öllum umræðum um utanríkis- og varnarmál á Alþ. því að aldrei verður nægilega oft endurtekið, hve íslendingum er nauðsynlegt að halda uppi stöðugri athugun á öryggishagsmunum sínum og stöðu sinni í heiminum.

Ég vil ekki láta undir höfuð leggjast að minna á nauðsyn þess, að við eigum greiðan aðgang að evrópskum mörkuðum fyrir framleiðsluvörur okkar, svo að við séum ekki bundin of fáum viðskiptalöndum. Í því tilliti er brýnt, að viðskiptasamningur okkar við Efnahagsbandalagið öðlist fullt gildi, svo að sala sjávarafurða strandi ekki á tollmúrum þess.

Herra forseti. Stefnuræðan hefur að þessu sinni einkum fjallað um fjóra meginmálaflokka: efnahags- og kjaramál, eflingu atvinnulífsins í heild, hafréttarmálefni og utanríkismál með sérstöku tilliti til varnarmála. Verkefni ríkisstj. eru að sjálfsögðu mun fleiri. Kemur það m. a. fram á skrá þeirri, sem fylgir þessari ræðu, en þar er greint frá þeim lagafrv., sem einstök ráðuneyti hafa í undirbúningi og verða m. a. væntanlega lögð fyrir þetta þing.

Ásamt traustum efnahag er líkamlegt og andlegt atgervi þjóðarinnar forsenda allra framfara. Eigi þarf að fara mörgum orðum um nauðsyn þess, að heilsugæsla, hverju nafni sem nefnist, fullnægi kröfum tímans. Sú staðreynd blasir við, að allir íbúar landsins sitja ekki við sama borð í þeim efnum. Úr því þarf að bæta eftir föngum. Ljóst er, að vart verður unnt að veita jafnmikið fjármagn til þessara mála og æskilegast verður talið, og því þarf að nýta fjárveitingar sem best. Að því mun ríkisstj. vinna.

Sjálfstæði Íslands sækir afl sitt til íslenskrar menningar. Án eigin menningararfs og menningarlífs væri vegur íslendinga lítill í samfélagi þjóðanna. Vísindi og menntun eru hornsteinar nútímaþjóðfélags. Menntun hefur í senn gildi fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið. Áhersla verður m. a. sérstaklega lögð á tengsl skólastarfs og atvinnulífs, verk- og tæknimenntun og fræðslu fullorðinna.

Orð eru til alls fyrst. En stefna án viljafestu til að framkvæma hana má sín lítils. Nauðsynlegt er, að hver og einn leggi sitt af mörkum, svo að góð áform nái fram að ganga.

Við höfum lengi talað um böl verðbólgunnar og nauðsyn þess að bæta kjör hinna lakast settu. Nú er sá prófsteinn fyrir okkur lagður, hvort okkur sé alvara.

Auðvitað eru hagsmunaátök í þjóðfélagi okkar og ágreiningur um skiptingu þjóðartekna. En erum við menn til þess að komast hjá því, að átök verði að árekstrum? Getum við jafnað ágreining með friðsamlegum hætti? Höfum við biðlund til þess að ná viðspyrnu gegn verðbólgu? Ef ekki, þá er sjálfsagt að hætta að tala um böl verðbólgunnar og kjarabót til hinna lakast settu.

Miklir erfiðleikar í efnahagsmálum steðja nú að um heim allan. Íslendingar eiga einnig við sína erfiðleika að stríða. Sameinuð þjóð getur sigrast á slíkum erfiðleikum, en ekki sundruð þjóð. Árangur getur ekki náðst, ef stétt stendur gegn stétt, launþegar gegn fyrirtækjum, þéttbýli gegn strjálbýli, ríki gegn sveitarfélögum.

Ríkisstj. nýtur víðtæks stuðnings meðal þjóðarinnar og mikils meiri hluta á Alþ. Hún hefur ekki í huga að beita afli sínu til sundrungar. Ríkisstj. vill hvetja hagsmunasamtök í þjóðfélaginu og flokka í stjórn og stjórnarandstöðu til samstarfs, svo að við getum með sameinuðu átaki sigrast á þeim vanda, sem við okkur blasir. — Þökk fyrir áheyrnina.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Enn mun öllum í fersku minni, að í kosningabaráttunni s. l. sumar fengust frambjóðendur Framsfl. ekki til þess að gefa um það ótvíræðar yfirlýsingar, að þeir mundu að kosningum loknum beita sér fyrir áframhaldandi vinstri meiri hl. á Alþ. Því var haldið fram af talsmönnum Samtaka frjálslyndra og vinstri manna og málflutning í kosningabaráttunni, mundi nota fyrsta tækifæri til þess að stíga til hægri og mynda stjórn með Sjálfstfl. Öllum, sem hugleiddu málatilbúnað þeirra framsóknarmanna og málflutning í kosningabaráttunni, hlaut að vera þetta ljóst. En augljósasta sannindamerki um þennan tvískinnungsháttt þeirra framsóknarmanna var sá atburður, sem gerðist á miðstjórnarfundi Framsfl. á s. l. vori, þegar flokksforustan neitaði að samþ. till. um, að Framsfl. gengi til þeirra kosninga undir kjörorðinu „áfram vinstri stjórn".

Þó að niðurstöður kosninganna hafi ótvírætt bent til þess, að meiri hl. kjósenda hafi viljað áframhald vinstri meiri hl. í landinu, kom það fljótlega í ljós í þeim viðræðum, sem fram fóru undir forustu Ólafs Jóhannessonar um myndun vinstri stjórnar, að takmarkaður vilji virtist vera hjá forustumönnum Framsfl. til þess að bær viðræður fengju jákvæða niðurstöðu. Og augljóst var, að með þessum viðræðum virtist formaður Framsfl. fyrst og fremst vera að reyna að afla sér hagstæðra spila á hendur til þess að slíta þeim viðræðum án árangurs. En eins og hann sjálfur hefur upplýst, þá eru það að hans mati klókindi í spilamennsku forustunnar, sem eiga að ráða, en ekki vilji fólksins.

Því miður varð Alþfl. til þess formlega, en vonandi óviljandi, að Ólafur Jóhannesson fann smugu til þess að slíta viðræðunum og greip þannig feginshendi hinn langþráða reisupassa yfir til Sjálfstfl. Það fer því ekkert á milli mála, að undir hafti tvískinnungsháttar notaði framsóknarforustan atkv. vinstri manna til þess að komast yfir á höfuðból hægri aflanna í landinu.

Það virtist taka tiltölulega stuttan tíma hjá þessum tveimur mestu peningaöflum íslenskra stjórnmála að ákveða það, að stjórn skyldi mynduð. Hitt tók lengri tíma, að ríkast innbyrðis um embættin og stólana. Vart hefur nokkrum almennum kjósanda Framsfl. til hugar komið, að svo mikil yrði þjónustulund framsóknarforustunnar við Sjálfstfl. að Ólafur Jóhannesson krypi við fótskör formanns Sjálfstfl. og myndaði fyrir

hann ríkisstjórn. En enginn veit sína ævina fyrr en öll er.

Það kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti og verkaði eins og köld vatnsgusa á margan kjósanda Framsfl., þegar þau tíðindi spurðust, að mynduð hefði verið ríkisstj. þessara tveggja flokka undir forustu Geirs Hallgrímssonar. Haft er eftir einum af fyrrv. þm. Framsfl., sem var þó alla tíð talinn heldur hægrisinnaður, að hann hafi í upphrópun sagt: „Guð hjálpi honum Ólafi".

Menn biðu í talsverðri eftirvæntingu eftir því, hvert innihald yrði í stefnuyfirlýsingu þeirra fóstbræðra, hæstv. forsrh. og hæstv. dómsmrh. En lítt urðu menn fróðari þegar það plagg birtist. Í því var ekkert sem hönd á festi til glöggvunar hvað gera ætti, en þess þó getið, að í stefnuræðu forsrh., þeirri sem þið nú hafið heyrt, mundi nánari grein vera gerð fyrir stefnu ríkisstj. Ég held, að mörgum ykkar fari líkt og mér, að þið verðið litlu nær eftir en áður af lestri hæstv. forsrh. að því er varðar skýrt markaða stefnu ríkisstj.

Það má raunar segja um stefnuræðu forsrh., að hún sé athyglisverðust fyrir það, sem ekki er þar sagt. Það hlýtur að vekja athygli, að í ræðunni er vart minnst orði á þá málaflokka, sem heyra undir ráðh. Framsfl. Þar finnst vart stafkrókur um menntamál, landbúnaðarmál, samgöngumál, dómsmál, allt málaflokkar, sem heyra undir ráðherra Framsfl.

En það er minnst á verðlagsmál og þau heyra undir sjálfan formann Framsfl. Og hver er sá boðskapur, sem hæstv. viðskrh. útdeilir? Jú, hann er sá, að allt verðlagseftirlit í landinu skuli afnumið og í stað þess komi ný löggjöf um verðmyndun og viðskiptahætti. Sem sagt, allt verðlag gefið frjálst.

Ætli flestir, sem hlýddu á sjónvarpsþáttinn Kastljós föstudaginn 25. okt. s. l., þar sem sýnt var fram á, hversu verðlagseftirlitið er óvirkt, séu ekki á einu máli um, að frekar sé þörf að herða verðlagseftirlit en afnema það. En hér er auðvitað á ferðinni enn eitt dæmið sem sýnir, að það er Sjálfstfl., flokkur auðmagns og peninga, sem ræður lögum og lofum í ríkisstj. Framsfl. fær ekki bara að vera með, heldur verður að sitja og standa eins og stóri bróðir vill.

Ég sagði áðan, að viðskiptamálin væru eini málaflokkurinn, sem vikið væri að í stefnuræðunni, af þeim, sem heyrðu undir ráðh. Framsfl. Ég gleymdi víst gamanleiknum hjá hæstv utanrrh. um varnarmálin. Honum eru að sjálfsögðu gerð góð skil, en af hverju getið þið, hlustendur góðir, örugglega sagt ykkur sjálfir.

Ekki er einu orði að því vikið í ræðunni, að herða þurfi skattaeftirlit og með þeim hætti reyna að koma í veg fyrir skattsvik. Ekki er heldur orði að því vikið, að breyta þurfi hinum óeðlilega rúmu afskriftum og fyrningum, sem eru kannske hvað mesta meinsemdin í skattalöggjöfinni og gera það að verkum, að fjöldi stórfyrirtækja og einstaklinga er skattlaus ár eftir ár og launafólki þannig gert að greiða þeim mun meira. Vart var við slíkri breytingu að búast af hálfu Sjálfstfl., og í þessu sem öðru hefur framsóknarforustan verið bundin.

Eitt þeirra stórmála, sem verið hafa á dagskrá, eru húsnæðismálin. Einn veigamesti þrándur í götu þess, að fólksfjölgun geti átt sér stað úti á landsbyggðinni, er skortur á íbúðarhúsnæði. Og hver eru svo fyrirheit ríkisstj. í þeim efnum? Í kaflanum um húsnæðismál er að því vikið, að styðja eigi starfsemi byggingarfélaga verkamanna, sem hefur verið lögbundið í áraraðir, og svo er minnt á, að nokkur sveitarfélög hafi byrjað byggingu leiguíbúða í samræmi við fyrirheit fyrrv. ríkisstj. um fjármögnun þeirra. Mikil er sú reisn hjá hæstv. ríkisstj. í þessum veigamikla málaflokki, sem hvað brýnastur er fyrir landsbyggðina.

Ég sagði áður, að sú stefnuræða hæstv. ríkisstj., sem hér var flutt, væri hvað merkilegust fyrir það, sem ekki væri í henni sagt. Eitt virðist þó ljóst, og það er, að þeir stjórnarliðar virðast sammála um, að draga beri stórlega úr fjáveitingum hins opinbera til hinnar margháttuðu uppbyggingarstefnu, sem framkvæmd hefur verið s. l. þrjú ár. Og þó fagurt sé mælt af hálfu ríkisstj. um stórauknar tekjur til Byggðasjóðs, verður ekki annað séð en þeirri aukningu eigi að mæta með stórfelldum niðurskurði að því er varðar framkvæmdaliði fjárlaga. Slík tilfærsla breytir engu fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Þó að margt og kannske flest sé óljóst um stefnu ríkisstj. þrátt fyrir stefnuræðuna, þá hefur almenningur í landinu og þá fyrst og fremst launafólk orðið þess vart í reynd, hverjir það eru, sem ríkisstj. ætlar að láta bera byrðarnar.

Fyrsta verk ríkisstj. var að hækka um 20% allt búvöruverð í landinu. Á sama tíma var ákveðið að binda allt kaupgjald. En síðan það gerðist hefur slíkt flóð verðhækkana dunið yfir, að engin dæmi munu vera til um slíkt áður. Stórfelld gengisfelling var ákveðin, þrátt fyrir að lýsing Þjóðhagsstofnunar á efnahagsástandinu leiddi í ljós, að vandi atvinnuveganna var ekki almennur, heldur bundinn við ákveðnar greinar. Þá samþ. stjórnarliðið á sumarþinginu stórkostlega hækkun á bensínskatti og þungaskatti dísilbifreiða umfram það, sem þörf var á. Ríkisstj. beitti sér fyrir samþykkt frv. um verðjöfnunargjald á raforku, sem í reynd þýðir a. m. k. 13% hækkun rafmagnsverðs í landinu. Og síðan var þetta kórónað með því að hækka söluskatt um 2 stig algerlega að ástæðulausu. Hér er um að ræða svo gegndarlausar skattaálögur af hálfu ríkisstj. á allan almenning í landinu á sama tíma og kaupgjald er bundið, að engar líkur eru á, að launþegasamtökin geti til lengdar unað slíku, allra síst þegar ljóst er, að engin tilraun er gerð til þess að láta þá forréttindahópa, sem vegna sérstakrar aðstöðu hafa að mestu sjálfdæmi um kaup og kjör, bera sinn hlut hinna sameiginlegu byrða.

Þó að ríkisstj. hafi með útgáfu brbl. um greiðslu láglaunabóta reynt að klóra í bakkann, er ljóst, að um er að ræða stórfellda kauplækkun hjá launafólki. Það, sem þó er alvarlegast, er sú mikla kauplækkun, sem verður hjá hinum lægst launuðu. Þrátt fyrir þá staðreynd, að láglaunafólkið hefur enga möguleika til að taka á sig kjaraskerðingu, hefur ríkisstj. ákveðið að láta það bera verulegan hluta verðbólgunnar bótalaust. Þannig lækkar ríkisstj. í reynd jafnt kaup láglaunafólks sem annarra launamanna um þús-

undir króna á hverjum einasta mánuði. Talið er, að bein kauplækkun manns með um 35 þús. kr. í mánaðarlaun, sé um 11 þús. kr. þrjá síðustu mánuði þessa árs. Þessa kjaraskerðingu hjá þeim lægst launuðu hefði verið hægt að minnka verulega með því að koma í veg fyrir, að láglaunabætur gengju upp í gegnum allt launakerfið, jafnvel til uppmælingakerfisins, eins og nú virðist allt benda til að verði. Verði sú reyndin á og með hliðsjón af því, sem gerst hefur á árinu að því er varðar launamál, getur enginn búist við því, að láglaunafólk sætti sig við svo stórfellda kjaraskerðingu.

En meira hefur gerst. Brbl. um ráðstafanir í sjávarútvegi virðast að því er best verður séð staðfesta, að þegar Sjálfstfl. á aðild að ríkisstj., þá sé það föst regla að skerða kjör sjómanna stórlega. Ekki þarf nema horfa til viðreisnaráranna til að ganga úr skugga um þetta, en þá var um að ræða ekki bara einu sinni heldur oftar einhverjar mestu kjaraskerðingar, sem um getur á kjörum sjómanna. Þau brbl., sem nú hafa verið sett, eru mjög í sama anda. Nú er í reynd breytt umsömdum skiptakjörum sjómanna með því að auka stórlega greiðslur í stofnfjársjóð fiskiskipa af óskiptum afla, og er hér um að ræða hundruð millj. Í öðru lagi er með lögum þessum bundin hámarkshækkun fiskverðs og þar með stórlega skert verksvið Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Hér er einnig um að ræða svo alvarlegar aðgerðir til skerðingar á kjörum sjómanna, ekki síst gagnvart þeim, sem verst voru settir, að ólíklegt er, að sjómannasamtökin telji sig ekki knúin til aðgerða og andsvara gegn svo óréttlátum aðgerðum.

Öllu launafólki í landinu mun fyrir löngu orðið ljóst, að þótt seta núv. ríkisstj. sé stutt, þá er einskis góðs að vænta af hálfu ríkisstj. í samskiptum hennar við launastéttirnar. A. m. k. er ljóst, að byrjunin lofar ekki góðu.

Eitt er það mál, sem nú er ofarlega í hugum okkar flestra íslendinga, en það er sá orðrómur, sem gengið hefur um að hæstv. ríkisstj. sé í þann mund ef ekki búin að gera samkomulag við vestur-þjóðverja um veiðiheimildir innan 50 mílnanna, meira að segja heimildir til handa verksmiðjutogurum. Í stefnuræðu forsrh. er lítið um þetta rætt, annað en að fullyrt er, að mikill áhugi sé af hálfu íslendinga að leysa þá deilu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá upplýsingar hjá hæstv. ríkisstj. um hvað sé að gerast í þessu máli hefur það ekki tekist. Það er því full ástæða til að óska eftir því við hæstv. utanrrh., sem hér talar á eftir, að hann geri, þótt ekki væri nema með örfáum orðum, grein fyrir stöðunni í þessu máli. Þessari ósk er hér með komið á framfæri við hæstv. ráðh. Það er einnig full ástæða til að vara við samningum í landhelgismálinu undir þeim kringumstæðum, sem nú ríkja.

Á svipuðum tíma og við þm. fengum í hendur stefnuræðu forsrh. var útbýtt hér á Alþ. frv. til fjárlaga fyrir árið 1975. Það plagg sýnir kannske betur en nokkuð annað, hver stefna núv. hæstv. ríkisstj. er í reynd. Ætli nokkur sé búinn að gleyma þeirri harkalegu gagnrýni, sem fram kom af hálfu Sjálfstfl., þegar til umr. voru fjárlög vinstri stjórnarinnar. Þá mátti oft lesa í Morgunblaðinu þversíðufyrirsagnir um gengdarlaust bruðl og útþenslu ríkiskerfisins í fjármálum og þess getið, að aldrei fyrr hafi neitt álíka sést., fjárlög væru uppsprengd eyðslufjárlög. Ekki stóð heldur í þeim talsmönnum Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, núv. hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. sjútvrh., þegar þeir voru að fjargviðrast yfir þeim ósköpum, sem þeir töldu vera hin gífurlega háu fjárlög vinstri stjórnarinnar, og þá ekki síður þeirri óstjórnlegu hækkun, sem þeir töldu vera á fjárlagafrv. milli ára. Og hver var svo ástæðan fyrir þessari miklu hækkun fjárlaga frá tíð viðreisnarstjórnarinnar annars vegar og fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar hins vegar? Jú, hún var sú, að viðreisnarstjórnin hafði á sínum valdaferli vanrækt að veita fé til hinna margvíslegu samfélagslegu framkvæmda, samhjálpar, félagshyggju, og fjárveitingar til uppbyggingar úti á landsbyggðinni. Það var fyrst og fremst þetta, sem var þess valdandi, að fjárlög hækkuðu svo svo mjög í tíð vinstri stjórnarinnar. Það var þetta, sem talsmenn Sjálfstfl., talsmenn peningasjónarmiðsins fordæmdu hvað mest og áttu ekki nógu sterk orð til að lýsa vanþóknun sinni yfir.

En hvað gerist nú, þegar þessir blessaðir postular sparseminnar og réttlætisins eru sjálfir komnir í ráðherrastólinn? Hækkun fjárlagafrv. vinstri stjórnarinnar milli áranna 1973 og 1974 var 35%. En nú er hækkun þess fjárlagafrv., sem sparsemdarráðherrarnir leggja fram, 65% frá frv. til fjárlaga fyrir árið 1974, og nú eru það rekstrarútgjöldin, sem aðallega hækka. En um leið og 65% hækkun á sér stað frá frv. 1973, verður magnminnkun opinberra framkvæmda 10—15% að áliti ríkisstj. sjálfrar. Fjárlagafrv. ber greinilega með sér, að það eru hinar félagslegu framkvæmdir, sem verða fyrir niðurskurðarhníf hæstv. ríkisstj.

SF hafa gagnrýnt þá gífurlega auknu skattheimtu, sem núv. ríkisstj. hefur lagt á almenning í landinu, svo og þær kjaraskerðingaráðstafanir, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og framkvæmt. SF gerðu s. l. sumar till. um aðrar leiðir til lausnar þeim vanda, sem við blasti í efnahagsmálum. Þau töldu, að miðað við það ástand, sem ríkti í efnahagsmálum þjóðarinnar, bæri að grandskoða, hvort ekki væri raunhæfast og réttlátast að reyna nú niðurfærsluleiðina. Sú leið væri í alla staði sanngjarnari og réttlátari gagnvart launafólkinu í landinu en sú stórkostlega gengisfellingarstefna, sem núv. ríkisstj. valdi.

Það er athyglisvert, að bæði formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson, og formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, lýstu því yfir, að sú leið sem Samtökin bentu á að farin yrði, væri að þeirra mati sú raunhæfasta og réttlátasta miðað við aðstæður. Þó fór það svo, að enn hefur ekki fengist þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sérfræðileg úttekt á því, hver útkoma hefði orðið, ef sú leið hefði verið farin. Ekkert skal um það fullyrt á þessu stigi, hver ástæða er fyrir þeirri tregðu, sem á því virðist vera, en vart verður trúað, að það vefjist fyrir sérfræðingum ríkisstj. að gera slíka úttekt.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Að lokum þetta. Enn sem fyrr heyrist nú barlómur og ramakvein fulltrúa hinna ýmsu atvinnugreina í landinu. Ýmislegt bendir til þess, að núv. valdhafar ætli

í ríkum mæli að leysa vandann eingöngu á kostnað launafólks. Það er staðreynd, sem ekki verður vefengd, að úttekt Þjóðhagsstofnunar á afkomu atvinnuveganna leiddi í ljós, að ýmsar veigamiklar atvinnugreinar eru reknar með verulegum hagnaði. Einnig hefur verið upplýst, að ýmis fyrirtæki í frystiiðnaði skila hagnaði svo tugum millj. skiptir. Það er því full ástæða til, að hlutlaus úttekt verði gerð á raunverulegri fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækja í landinu. Þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar, hafa allar miðað að því að færa mikið fjármagn frá launþegum yfir til atvinnufyrirtækjanna og valda þannig stórkostelgri kjaraskerðingu hjá launafólki. Því er það réttlætiskrafa, að almenningur fái um það fulla vitneskju, hver er í reynd staða atvinnufyrirtækjanna. Með hliðsjón af því hafa þm. SF flutt hér á Alþ. till. til þál. um skipun nefndar til að gera slíka könnun og eigi sæti í henni einn fulltrúi frá hverjum þingflokki og auk þess einn fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, einn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn frá Iðnnemasambandi Íslands. Það er von okkar, að með slíkri rannsókn verði úr því skorið, hvort í reynd sé slíkt vandræðaástand sem látið er í veðri vaka.

Herra forseti. Síðustu þrjú árin hafa verið sannkallað blómaskeið að því er varðar alhliða uppbyggingu úti á landsbyggðinni. Hjá því fólki víðs vegar í hinum dreyfðu byggðum landsins, sem áður var fullt kvíða og svartsýni, hefur síðustu þrjú árin rofað til. Frá því að núv. ríkisstjórn tók við völdum hefur látlaust verið á því hamrað af hennar hálfu, að nú þurfi að draga úr og taka saman seglin, sem á mæltu máli þýðir niðurskurð verklegra framkvæmda. Þessi söngur hefur að vonum vakið ugg í brjóstum landsbyggðafólks. Sá uggur sýnist mér því miður ekki vera að ástæðulausu, þegar litið er til stefnuræðu forsrh. og þó fremur til fjárlagafrv. Þar er vissulega gert ráð fyrir miklum samdrætti á þessu sviði. Því miður hefur sú orðið reyndin, þegar beitt hefur niðurskurði verklegra framkvæmda, að þá hefur það alltaf bitnað harðast á framkvæmdum úti á landi. Engum kemur víst til hugar, að það breytist undir handleiðslu núv. valdhafa. Það er afdráttarlaus krafa fólks á landsbyggðinni, að þeirri uppbyggingarstefnu, sem framkvæmd hefur verið, verði haldið áfram. Nógu lengi var búið að setja þetta fólk hjá, þó að ekki verði nú tekið til við slíkt að nýju. Það verður því greinilega eitt af aðalverkefnum þm. hinna dreifðu byggða að knýja á núv. valdhafa til þess að halda áfram uppbyggingarstefnunni. Sú barátta verður að öllum líkindum hörð, en með ykkar tilstyrk, góðir tilheyrendur vona ég, að hún takist.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf., sem var að ljúka hér máli sínu, sagði, að síðustu árin hefðu verið blómaskeið fyrir landsbyggðina. Ég tek undir þetta, en vil minna þennan hv. þm. á það, að hann var reiðubúinn til þess að samþ. vantraust á ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar á s.l. vori. Honum ætti að vera nær að hugsa um sinn eigin flokk heldur en flokka annarra manna.

Efnahagsmálin verða höfuðverkefni þessa þings eins og endarnær. Í ræðu, er fyrrv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, flutti um s.l. áramót, varaði hann þjóðina við því, að staða hennar í efnahagsmálum færi nú versnandi vegna lakari viðskiptakjara, sem stöfuðu af verðhækkun á innfluttum vörum og verðlækkun á útfluttum vörum íslendinga. Hvatti hann þjóðina til varfærni í kröfugerð á hendur atvinnuevgunum, til þess að atvinnuöryggi og lífsafkomu hennar yrði ekki stefnt í hættu.

Þótt horfur um s.l. áramót væru ekki góðar, hefur þróunin þó orðið mun óhagstæðari á þessu ári en reiknað var með. Nú liggur það fyrir, að viðskiptakjör okkar hafa versnað um 10% á árinu, sem leiðir til þess, að þjóðartekjurnar rýrna um ½—1% frá fyrra ári, þó að þjóðarframleiðslan aukist um 3—4%. Ekki hefur það bætt úr skák, að veruleg sölutregða er og hefur verið í ýmsum sjávarafurðum. Það hefur aukið fjárhagserfiðleika atvinnufyrirtækjanna og valdið erfiðleikum í starfsemi lánastofnana ríkisins. Á þessu ári hefur hækkun á innflutningsverði orðið 48—49%, og er þá olíuhækkunin meðtalin. Á sú hækkun verulegan þátt í þeirri aukningu, sem hefur verið hér á landi á þessu ári.

Annar hvati að verðbólgu er sú launahækkun, sem samið var um í kjarasamningunum í febr. s.l., og afleiðingar þeirra. Þeir samningar leiddu ekki til launajöfnunar, eins og launþegasamtökin höfðu lýst yfir að stefnt yrði að með hækkun á launum þeirra lægst launuðu, eins og átti sér stað í samningum ríkisins við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, heldur leiddu þeir til frekari launaójöfnunar í hag hinna tekjuhærri frá því sem áður var. Að auki var svo farið yfir þau takmörk í launahækkunum, sem atvinnulíf þjóðarinnar þoldi.

Gegn þeim vanda í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem augljós var eftir gerð kjarasamninganna, brást fyrrv. forsrh. Ólafur Jóhannesson þannig við, að hann lagði fram í ríkisstj. drög að frv. um aðgerðir um viðnám gegn verðbólgu. Hann lagði sig allan fram um að ná samstöðu bæði innan ríkisstj. og utan hennar á Alþingi til að tryggja framgang þeirra úrræða, sem frv. gerði ráð fyrir. M.a. bauð hann upp á myndun þjóðstjórnar, sem ekki væri bundin við forustu hans, og kosningar í haust að lokinni þjóðhátíð. Svo mikils um vert taldi fyrrv. forsrh. að grípa til skjótra aðgerða gegn þessum efnahagsvanda.

Eins og alþjóð þekkir, náðist ekki slík samstaða og var afleiðing þess þingrof og kosningar 30. júní s.l. Áður en til kosninga var gengið kom fyrrv. ríkisstj. þó á með brbl. nokkrum þeirra efnahagsaðgerða, sem í frv. fólust, til þess að firra þjóðina áföllum, þar til starfhæf ríkisstj. yrði mynduð að loknum kosningum og gæti farið að fást við vandamál þjóðarinnar.

Núv. ríkisstj. hefur tekið upp flest úrræði, sem fyrrv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, lagði til, svo sem að fresta greiðslu á vísitölu, láglaunabótum handa þeim, sem verst eru settir, og margt fleira, sem ég hef ekki tíma til að greina hér.

Má því ljóst vera, að efnahagsúrræði fyrrv. forsrh. og flokks hans voru hvort tveggja í senn raunhæf og nauðsynleg. Hefðu þeir, sem hindruðu framgang þeirra á s. l. vori, borið gæfu til þess að sjá fyrr að sér, þá hefði efnahagsvandinn, sem nú er við að fást, ekki verið slíkur sem raun ber vitni um.

Einn þáttur efnahagsmála er að sjálfsögðu ríkisfjármálin. Á undanförnum þremur árum hefur Framsfl. farið með þau í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Á þeim árum var hækkun fjárlaga mjög gagnrýnd hér á hv. Alþingi af þeim, sem voru í andstöðu við þáv. ríkisstj. Í því sambandi má benda á, að á þessum þremur árum voru gerðar nokkrar breyt. á uppbyggingu fjárlaga, sem miðuðu að því, að þau sýndu sem réttasta mynd af ríkisútgjöldunum. M. a. var á s. l. ári tekin inn á fjárlagafrv. farmkvæmdaáætlun ríkisins, en það er sá hluti opinberra framkvæmda, sem fjár er aflað til með lántöku, en ekki með samtímatekjum, eins og venja er til á fjárlögum. En áður hafði framkvæmdaáætlunin verið afgreidd sem sérstakt þingmál án tengsla við fjárlögin. Þessi ákvörðun olli 700 millj. kr. hækkun á fjárlögum yfirstandandi árs. Auk þess tók ríkissjóður að sér að greiða ýmis útgjöld sveitarfélaga, sem réttara var talið að ríkissjóður greiddi fremur en sveitarfélögin. Í því sambandi vil ég nefna framlag þeirra til almannatrygginga og að hálfu leyti framlag sveitarfélaga til sjúkrasamlaga. Auk þess tók ríkissjóður að sér að greiða að fullu kostnað við löggæslu í landinu, sem sveitarfélögin greiddu að nokkru leyti áður. Með þessum hætti var létt af sveitarfélögunum verulegum útgjöldum, en fjárhagsstaða þeirra var orðin mjög erfið, þegar vinstri stjórnin tók við, svo að þau voru farin að leita á náðir Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að bjarga fjárhagsmálum sínum, sum þeirra. En að sjálfsögðu hafði þetta í för með sér aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Auk þeirra atriða, sem ég hef talið, er orkuðu til hækkunar á fjárlögum fyrri ára, voru á þessum árum samþ. lagabreytingar, sem fólu í sér mikil útgjöld fyrir ríkissjóð. Má nefna bæði lög, sem viðreisnarstjórnin hafði á sínum tíma samþ., en ekki komið til framkvæmda fyrr en eftir að valdatíma hennar lauk, og ný lög eins og heilbrigðislöggjöfin, hafnalögin, lög um dagvistunarheimili, dvalarheimili aldraðra, breyt. á lögum um almannatryggingar, lög um framlög til stofnlánasjóða atvinnuveganna o. fl. mætti telja. Áhrif þessara lagabreyt. og annarra þeirra breyt. á fjárlögum, sem hér hefur verið rætt um, voru komin til fullra framkvæmda á fjárlögum yfirstandandi árs. Auk þess hafði verðbólgan mikil áhrif á hækkun fjárlaga á þessu tímabili eins og nú. Enn fremur voru framlög til verklegra framkvæmda stóraukin á þessum árum sem þáttur í byggðastefnu þeirri, sem fyrrv. ríkisstj. beitti sér fyrir og skipti sköpum um afkomu landsbyggðarinnar yfirleitt.

Hækkun fjárlaga milli ára var mest 1973—1974 eða um 30% á fjárlagafrv. frá gildandi fjárlögum. Þetta stafaði m. a. af því, að framkvæmdaáætlunin var þá tekin inn á fjárlögin, eins og áður hefur verið fram tekið. Brýna nauðsyn bar til þess að halda uppi þeirri framkvæmdastefnu, sem gert var á síðustu árum, vegna þess að ríkisframkvæmdir höfðu áður verið í lágmarki.

Á s. l. vetri var tekjuskattur lækkaður svo að hann er nú lægri en hann hefur áður verið. Persónuskattar höfðu áður verið felldir niður að fullu, en það var framlag einstaklinga til almannatrygginga og sjúkrasamlaga, og mundi sú fjárhæð, sem hjón yrðu að greiða nú, vera komin yfir 40 þús. kr., ef það kerfi gilti, alveg án tillits til tekna. Einnig voru tolltekjur lækkaðar vegna viðskiptasamninga við EFTA og Efnahagsbandalagið og til að bæta stöðu iðnaðarins í samkeppni við innfluttar vörur.

Á þessum árum var búið að vinna mikið að því að undirbúa gerð heildarlöggjafar um tekjuöflun ríkissjóðs og liggur það verk nú fyrir til úrvinnslu.

Vegna tekjuskattslækkunar ríkissjóðs og í sambandi við tolltekjumissinn og skattkerfisbreytinguna á s. l. vetri var þörf á því að hækka söluskattinn um 2%-stig til þess að tryggja afkomu ríkissjóðs. Samið hafði verið við launþegasamtökin um að hækka söluskattinn um 5 stig á móti tekjuskattslækkuninni. En á Alþ. náði það ekki fram að ganga og samþ. Alþ. aðeins 4 stiga hækkun. Nú hefur það hins vegar gerst, að Alþ. hefur samþ. 2 stiga hækkun á söluskatti og viðurkennt þannig í raun það sem fyrrv. ríkisstj. hélt fram um tekjuþörf ríkissjóðs.

Ég skal ekki gera að umtalsefni hugsanlega útkomu á rekstri ríkissjóðs á þessu ári, en vil hins vegar benda á, að í grg. þeirri, sem sérfræðingar þeir, sem Geir Hallgrímsson, núv. hæstv. forsrh., valdi til þess að gera úttekt á stöðu þjóðarbúsins, þegar hann tók að sér stjórnarmyndun á s. l. sumri, kom fram, að tekjur og gjöld ríkissjóðs mundu standast miðað við það, að hætt yrði við niðurgreiðslur þær á vöruverði, sem upp voru teknar í maímánuði s. l., og þær látnar standa aðeins til 1. sept. eins og upphaflega var hugsað. Hins vegar hefur núv. ríkisstj. ákveðið útgjöld á þessu ári, sem nema mun hærri fjárhæðum en tekjur af söluskattshækkuninni.

Enda þótt tekjur ríkissjóðs í ár reynist mun hærri en reiknað var með, þegar barist var fyrir auknum tekjum af fyrrv. ríkisstj. á s. l. vetri, stafar það m. a. af því, að óeðlilegur og óæskilegur innflutningur hefur átt sér stað og of mikil sala í landinu yfirleitt á þessu ári. Það sannar því, að tekjuþörfin var rétt metin og raunhæf, og ég gleðst yfir því vegna þess þáttar, sem ég átti í því að ganga frá tekjuöfluninni í sambandi við stjórnarsamningana á s. l. hausti, að tekjukerfi ríkissjóðs er nú talið það gott, að það þoli að bera uppi þá hækkun fjárlaga, sem gert er ráð fyrir á næsta ári.

Fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ., sýnir hækkun frá gildandi fjárlögum um 52%, sem er meiri hækkun en dæmi eru til áður um frá fjárlögum til fjrálagafrv. En ef miðað er við fjárlagafrv., sem lagt var fram fyrir árið 1974, er hækkunin 65%. Þetta fjárlagafrv. sannar betur en nokkuð annað, sem ég hef haldið fram, að til þess að lækka fjárlög þarf að breyta lögum,

sem ákveða útgjöld ríkisins, því að mikill hluti fjárlaga er bundinn af lögum, sem Alþ. hefur samþ. Að sjálfsögðu er þó um nokkra ákvörðunartöku að ræða í sambandi við fjárlagagerðina, eins og ég hef áður bent á. Breytingar á lögum, sem hafa áhrif á útgjöld ríkissjóðs, geta bæði verið til lækkunar og hækkunar.

Í eldhúsumr. á s.l. vori benti ég á það, að nauðsyn bæri til að endurskoða tryggingalöggjöfina, draga þar úr útgjöldum, enda er þar einn stærsti útgjaldaliður fjárlaganna. Það er hægt að breyta tryggingalöggjöfinni, en halda þó þeim megintilgangi hennar að bæta hag þeirra, sem verr eru settir, þó að verulega væri dregið úr útgjöldum frá því sem nú er. Þetta fjárlagafrv. sannar og að sparnaðar var gætt í ríkisrekstrinum á fyrri árum, því að hlutur framkvæmdafjárins lækkaði nú hlutfallslega frá því sem áður var. Það tilheyrir ekki sparnaði nema að takmörkuðu leyti, því að þar er aðeins um frestun útgjalda að ræða.

Útgjöld þessa fjárlagafrv. eiga að sjálfsögðu eftir að hækka í meðförum Alþingis eins og venja er til. Í því sambandi vil ég nefna útgjöld vegna vega- og flugvallaframkvæmda og landshafna. Ég hef ekki heldur trú á öðru en að framlög til skólabygginga eigi eftir að hækka í meðförum Alþingis á fjárlagafrv. og ýmsir þættir í nýju grunnskólalögunum eigi eftir að taka þar nokkra fjárhæð til sín.

Fjárhæð samkv. fjárlagafrv. til vegagerðar nægir á engan hátt, enda er hér aðeins um bráðabirgðaáætlun að ræða. Unnið er nú að framkvæmd áætlunar í vegagerð fyrir næsta ár og næstu ár, sem lögð verður hér fram síðar. Fjárhæðir voru á núgildandi fjárlögum hækkaðar verulega til hafna- og flugvallagerðar, og efast ég ekki um, að bæta þurfi þar nokkuð um, sérstaklega til flugvallagerða. Eins er fjárveiting til landshafna, annarra en Þorlákshafnar, að öllu leyti óafgreidd í sambandi við fjárlagafrv. Ég legg áherslu á, að góðar samgöngur eru forsenda þess að koma á þeirri byggðastefnu, sem Framsfl. hefur beitt sér fyrir og er einn af höfuðþáttum í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. Einn þáttur í uppbyggingu vegakerfisins er að leggja varanlegt slitlag á þá vegakafla, sem eru undir það búnir, og ber að leggja sérstaka áherslu á veginn milli höfuðborgarinnar annars vegar og Akureyrar hins vegar um vestanvert landið, enda eru margir hlutar þess vegar með elstu vegaköflum landsins og eru fyrir löngu hættir að þola þá umferð, sem um þá fer. Til þess að útvega fé til þessara framkvæmda verður m.a. reynt að gefa út happdrættisskuldabréf, eins og gert var við Skeiðarársands- og Djúpvegsframkvæmdirnar, og ég treysti því, að sú tekjuöflun muni gefa góða raun. Nauðsynlegar endurbætur eru á fleiri vegaköflum landsins, en þeir verða ekki sérstaklega nefndir hér. Um uppbyggingu í flugvallagerð vil ég m.a. nefna annan millilandaflugvöll, sem ætlað er að byggja á Austurlandi.

Afkoma landbúnaðarins verður góð á þessu ári, eins og verið hefur tvö s.l. ár. Þessarar ríkisstj. bíða samt mikil verkefni á sviði landbúnaðarmála, t.d. efling jarðalaga og ábúðarlaga, en þau lög eiga að tryggja, að bændur og bændaefni hafi forgang að jarðnæði til búskapar, svo og endurskoðun framleiðsluráðslaga. Stærsta verkefnið tel ég þó vera eflingu veðdeildar Búnaðarbankans og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Nauðsyn ber til, að veðdeild Búnaðarbankans geti greitt fyrir eigendaskipti á jörðum, þar sem lánin hæfi nútímaverði. Sama er að segja um verkefni stofnlánadeildarinnar. Þau verða að miðast við eðlilega uppbyggingu í landbúnaði, einnig á vinnslustöðvum landbúnaðarins, bæði til húsbyggingar þeirra og til kaupa á tækjabúnaði og vélum til þessara vinnslustöðva. Lánahlutfall og útlánareglur þarf að samræma við það, sem gerist hjá sjávarútvegi.

Framsfl. stofnaði til alþingiskosninganna í júní s.l. til þess að samstæður meiri hl. gæti myndast á Alþ. til að leysa þann efnahagsvanda, sem þjóðin á við að búa, þar sem ekki tókst um það samstaða án kosninga. Fyrir kosningarnar lýsti Framsfl. því yfir, að hann væri því fylgjandi, að áframhaldandi samstarf yrði með þeim flokkum, sem hann þá var með, ef þeir næðu þeim þingmeirihl., sem með þyrfti, og samstaða næðist þeirra í milli um lausn efnahagsvandamálanna, útfærsla yrði frekar á vinstri væng stjórnmálanna, ef samstaða næðist um það. Hins vegar var það fjarri honum að útiloka samstarf við nokkurn flokk í landinu. Hann taldi það sitt höfuðverkefni með kosningunum að ná þingmeirihl., sem standa vildi að aðgerðum í efnahagsmálum, sem þjóðinni mættu að gagni koma. Í samræmi við þetta stóð Framsfl. að tilraun til stjórnarmyndunar með þeim flokkum, sem telja sig vinstra megin í stjórnmálum. Hún strandaði á óbrúanlegri andstöðu Alþb. og Alþfl. hvors til annars. Um það verður ekki deilt með rökum, því að um það vitna þeirra eigin blöð, þ.e. skrif þeirra meðan á stjórnarsamningaviðræðunum stóð og eftir að upp úr þeim slitnaði.

Stjórnarsamvinna Framsfl. og Sjálfstfl. byggist á því, að þessir flokkar komu sér saman um að freista þess að leysa efnahagsmálin og halda áfram byggðastefnunni í landinu, sem Framsfl. gerði einnig að skilyrði fyrir þátttöku sinni í ríkisstj. Aðgerðir þær, sem gerðar hafa verið af hálfu núv. ríkisstj. í efnahagsmálum, eru miðaðar við þessi takmörk, og starfsemi ríkisstj. á þannig að byggjast á því að reyna að hafa hemil á efnahagsmálum þjóðarinnar og að full atvinna haldist í landinu með því að treysta stöðu atvinnuveganna. Stöðu þjóðarinnar út á við verður að bæta frá því, sem nú er. Það verður að gera með stórátaki í sölu framleiðsluvara okkar. Þjóðin verður einnig að gæta hófs í innflutningsverslun sinni, svo að gjaldeyrisstaðan verði traust.

Herra forseti. Í ræðu minni hér að framan hef ég gert grein fyrir því, að verri viðskiptakjör og sölutregða á íslenskum framleiðsluvörum ásamt of mikilli kröfugerð veldur fyrst og fremst erfiðleikum í efnahagskerfinu nú. Af hálfu Framsfl. hefur hvorki skort aðvaranir né tillögugerð til lausnar efnahagsvandanum. Hans er ekki sökin, þótt aðgerðir væru ekki gerðar í fyrravetur, svo sem farsælast hefði reynst. Framsfl. telur, að kjósendur hans geri þær kröfur til þm. sinna, að þeir láti hagsmuni og heill þjóðarinnar sitja í fyrirrúmi og séu ábyrgir í afstöðu sinni til

málefna. Þess vegna halda þeir áfram þeirri vinnu, sem hafin var í tíð fyrrv. ríkisstj. undir forustu þáv. forsrh., Ólafs Jóhannessonar, með fulltingi alls þingliðs Framsfl., að vinna bug á þeim efnahagsvanda, sem nú er við að fást. Það er langt frá því, að verulegur árangur hafi náðst í því verki enn þá, enda ekki von.

Þjóðin hefur notið þess framfaraskeiðs, sem var á síðustu árum. Það verður þá einnig að vera hlutskipti hennar nú að axla byrðarnar með réttlátum hætti til að tryggja það, sem mestu máli skiptir, þ. e. atvinnuöryggi og efnahagslíf þjóðarinnar sjálfrar. Enda er hún betur undir það búin nú en áður vegna útfærslu landhelginnar og þeirra nýju atvinnutækja, sem hún hefur aflað sér á síðustu árum. Þjóðina á því hvorki að skorta þrek né úrræði til að ganga með sigur af hólmi í þeirri viðureign. — Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þegar stjórnarsamningur Sjálfstfl. og Framsfl. var birtur eftir stjórnarmyndun þessara flokka í sumar, þótti mörgum, að stefnumörkun væri harla lítil og óljós, enda kom brátt í ljós, að flokkarnir höfðu aðeins að litlu leyti samið um framkvæmdir í einstökum mikilvægum þjóðmálum, en fyrst og fremst samið um skiptingu ráðherraembætta og umskiptingu nokkurra annarra valdastarfa í stjórnkerfinu.

Nú hefur hæstv. forsrh. flutt fyrstu stefnuræðu ríkisstj. og nýtt fjárlagafrv. hefur verið lagt fram, auk þess hefur stjórnin sett nokkur brbl. um efnahagsmál. Stefna ríkisstj. er því að skýrast. Nú er vel hægt að átta sig á stefnu hennar, þeirri stefnu, sem birtist nú í framkvæmd.

Í stefnuræðu þeirri, sem hæstv. forsrh. dreifði hér meðal alþm. fyrir viku, víkur hann að því, að í sambandi við stjórnarmyndunartilraunir flokkanna, sem fram fór á s. l. sumri, hafi verið gerð heildarathugun á stöðu efnahagsmála þjóðarinnar. Þar segir forsrh., að þessi athugun hafi leitt í ljós, að halli mundi verða á viðskiptunum við útlönd, nokkur gjaldeyrisrýrnun, og mikill taprekstur báta og togara og stórfelldur taprekstur frystihúsa. Þessi lýsing forsrh. á niðurstöðum athugunarinnar er vægast sagt mjög villandi. Hér er aðeins hálfur sannleikurinn sagður. Niðurstöður þessarar athugunar leiddu í ljós, að hagur ríkissjóðs var talinn góður, þ. e. a. s. talið, að tekjur ríkissjóðs umfram fjárlög yrðu jafnmiklar og sennileg útgjöld umfram fjárlög. Talið var líklegt, að gjaldeyrisstaðan versnaði um 2000 millj. kr. á árinu 1974, og hafði engum komið annað til hugar en gjaldeyrisstaðan rýrnaði nokkuð á árinu vegna gífurlega mikils innflutnings á skipum og öðrum varanlegum verðmætum og einnig reyndar líka vegna mjög óvenjulegs innflutnings almennt á varningi.

Staða atvinnuveganna var talin mjög góð á árinu 1973 og fram á mitt ár 1974. En samkv. heildarathuguninni var áætlað, að taprekstur yrði á öllum veiðiflotanum á n. k. 12 mánuðum fram í tímann, sem áætlunin náði yfir, sem næmi 1344 millj. kr., þegar færðar höfðu verið afskriftir af veiðiflotanum sem nam 1369 millj. kr. eða m. ö. o. tap fiskiflotans var sem nam uppfærðum afskriftum. Og enn ber þess að gæta, að í efnahagsskýrslunni stendur, að reiknaðar afskriftir af fiskiskipaflotanum séu um 650 millj. kr. hærri en kunnugt sé um, að afborganir af flotanum séu. Í efnahagsskýrslunni er einnig talið, að taprekstur frystihúsa geti orðið um 1400 millj. kr. á ári, þegar afskriftir hafi verið reiknaðar 400 millj. kr. En í skýrslunni er líka sagt, að gróði muni verða á saltfisks- og skreiðarverkun sem nemi 1500 millj. kr. auk fullra afskrifta. Þessir útreikningar sýna því, að meiri hagnaður átti að verða samkv. þessum áætlunum á saltfisks- og skreiðarverkun en tapið á frystingu. Í skýrslunni er þess einnig getið, að afskriftir séu reiknaðar 490 millj. kr. hærri af öllum fiskverkunarstöðvum í landinu en kunnugt sé um að afborganir af þeim séu. Hér er því einnig að verulegu leyti um bókhaldslegt tap að ræða.

Hið sanna um stöðu atvinnuveganna á miðju ári 1974 var þetta: Árið 1973 hafði verið íslenskum atvinnurekstri mjög hagstætt og sjávarútveginum hagstæðara en nokkurt annað ár. Afkoma atvinnuveganna var yfirleitt góð fram á mitt ár 1974. Þó hafði vetrarvertíð orðið léleg á vissum svæðum, sem leiddi af sér fjárhagserfiðleika, einkum fiskibáta. Rannsókn á hag fiskiðnaðarins bendir til, að afkoma hafi verið góð fram á mitt ár og mjög góð saltfisksverkun. Staða iðnaðar fór batnandi fram á mitt ár 1974. Þetta eru allt niðurstöður, sem koma fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunarinnar. Efnahagsvandinn, sem við var að glíma á miðju ári 1974, var fyrst og fremst sá, að koma þurfti í veg fyrir áframhaldandi hækkun verðlags og kaupgjalds, þar sem ella hefði orðið um augljósan taprekstur að ræða í ýmsum atvinnugreinum. Jafnframt þurfti að draga úr óhóflegum og óeðlilegum innflutningi og gjaldeyriseyðslu. Þetta er kjarni málsins.

Í ræðu sinni hér í kvöld sagði hæstv. forsrh., að stefna stjórnarinnar í efnahagsmálum væri við það miðuð, að kaupmáttur launa yrði svipaður og hann var á árunum 1972 og 1973. Þetta þýðir, að ætlunin er að afnema með öllu kauphækkanir samkv. síðustu kjarasamningum og hluta af kauphækkuninni frá desembersamningunum 1971, en þær kauphækkanir voru að koma fram á árunum 1972 og 1973. Jafnhliða því, að kaupgjaldsvísitalan er bundin föst, boðar svo ríkisstj. afnám verðlagseftirlits og frjálsa verðmyndun. Það fer ekki á milli mála, að hér er á ferðinni ómenguð íhaldsstefna. Kaupið þarf að lækka og vísitalan bindast föst, en hins vegar þarf verðlag að hækka og verðlagning að gefast frjáls. Frelsið á að vera fyrir kaupmenn og milliliði, en það má ekki ná til verkafólks, sjómanna eða bænda. Þeirra kjör verður að binda með lögum.

Í brbl. ríkisstj. frá því í sept. var ákveðið að breyta hlutaskiptakjörum sjómanna. Með lögum var ákveðið að hækka verulega greiðslur í stofnfjársjóð, olíusjóð og vátryggingasjóð fiskiskipa af óskiptum afla. Þannig eru sjómenn skyldaðir með lögum til þess að standa undir í enn ríkara mæli en áður ýmsum beinum rekstrarútgjöldum útgerðarinnar, og auk þess var svo ákveðið í þessum lögum, að fiskverð til sjómanna mætti ekki hækka nema um 10—11%. Með þessum lagareglum er gengið freklega á launakjör sjómanna,

og er satt að segja ótrúlegt, að þessar fráleitu reglur fái staðist í reynd. Forsrh. gefur þá skýringu á þessum ákvæðum, að þörf hafi verið á að tryggja samræmi í tekjuþróun stétta á milli, þ. e. a. s. ríkisstj. telur, að hætta hafi verið á, að sjómenn fengju of hátt kaup miðað við aðrar vinnandi stéttir. Þó liggur fyrir, að fiskverð hefur ekki hækkað síðan um áramót. En hins vegar hefur afli rýrnað um 13% og t. d. á Reykjanessvæðinu um 36%. Ljóst er því, að kaup sjómanna á beinlínis að minnka í krónum frá því sem ákveðið var um síðustu áramót.

Í nýja fjárlagafrv., sem nú hefur verið lagt fram, kemur enn betur fram, hver á að verða raunveruleg stefna stjórnarinnar í efnahagsmálum. Útgjöld ríkisins á rekstrarreikningi eiga að hækka um 52.2% á árinu 1975 miðað við fjárlög yfirstandandi árs. Það hefur sem sagt orðið heldur lítið úr öllu skrafi þeirra sjálfstæðismanna um lækkun ríkisútgjalda, þegar litið er á heildarútgjaldaaukninguna. En þeir sjálfstæðismenn hafa þó komið fram athyglisverðri breytingu í sambandi við ríkisútgjöldin. Samkv. hinu nýja fjárlagafrv. fjmrh. Sjálfstfl. er nú gert ráð fyrir, að bein rekstrarútgjöld ríkisins, þ. e. a. s. rekstrarkostnaður, hækki á milli ára um 86.2%, en hins vegar hækki framlög til verklegra framkvæmda ekki um nema 29.6% eða lækki að magni til um 10—15%, eftir því sem greint er frá í frv. sjálfu. Í ljós kemur, að framlög ríkisins til iðnskólabygginga eiga t. d. ekki að hækka um eina kr., þó að framkvæmdakostnaður hafi hækkað um 50—55%, og framlög til flugvallagerðar úti á landi eiga að hækka aðeins um 7% frá síðustu fjárl. eða eiga að minnka í reynd um 40—45%. Framlög ríkisins til grunnskólabygginga eiga að hækka aðeins um 20% og framlag til hafnaframkvæmda sveitarfélaga sömuleiðis aðeins um 20%. Hér er um beina lækkun á framlögum til framkvæmda úti á landi að ræða, eins og allir sjá.

Af þessu er ljóst, að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum einkennist fyrst og fremst af því að lækka laun vinnandi fólks og draga úr félagslegum framkvæmdum, en færa fjármuni yfir til atvinnurekenda og millilíða. Stefnan er sú að lækka kaup með lögum, binda fasta kaupgjaldsvísitölu og banna sanngjarna fiskverðshækkun, en heimila verðlagshækkanir og afnema hömlur á álagningu kaupmanna og draga síðan jafnt og þétt úr nauðsynlegum framkvæmdum úti um land. Það fer heldur vel á því, að framsóknarmenn tali svo um aukna byggðastefnu, um leið og þeir leggja fram þessa stefnu sem sína stefnu.

Í landhelgismálinu hefur ríkisstj. lofað 200 mílna útfærslu á næsta ári. Enginn, sem fylgst hefur með framkomu forustumanna Sjálfstfl. í landhelgismálinu undanfarin ár, getur treyst á þetta loforð. Hver man ekki undanlátssemi og andstöðu forustumanna Sjálfstfl., þegar um raunhæfar aðgerðir í málinu var að ræða? Hver man ekki, að Sjálfstfl. felldi á Alþ. með tilstyrk Alþfl. útfærslu landhelginnar í 50 mílur á árinu 1971? Muna menn ekki viðbrögð núv. forsrh., þegar taka átti hörðum tökum á breskum landhelgisbrjóti í landhelgisdeilunni? Og muna menn ekki um ferðalög hans til NATO í Brüssel, hörðustu andstæðinga okkar í deilunni? Og skyldu menn hafa gleymt skrifum Morgunblaðsins og Vísis um að útfærslan í 50 mílur hafi mistekist og að engu gagni komið og best væri að hverfa frá þeirri aðgerð, en snúa sér að 200 mílunum á alþjóðavettvangi? Nei, þessi viðbrögð forustumanna Sjálfstfl. muna menn öll vel. Og hvað er nú að gerast í landhelgismálinu þessa dagana? Fyrir nokkru var upplýst, að bretar hefðu þegar veitt það magn af fiski hér við land, sem þeim var heimilað með sérstökum samningum, 130 þús. tonn. Þrátt fyrir það ákvað ríkisstj. að gera ekkert í málinu og lét hún veiðar breta halda áfram eins og ekkert hefði gerst. Ríkisstj. hafði hins vegar meiri áhuga á að semja við vesturþjóðverja um veiðar þeirra innan 50 mílna landhelginnar. Blöð ríkisstj. með góðum stuðningi útvarps og sjónvarps hófu því magnaðan áróður fyrir nauðsyn þess, að íslendingar semdu við þjóðverja um landhelgisveiðar. Jafnframt sendi svo ríkisstj. fulltrúa sína til Þýskalands til samningagerðar. Nú liggja samningadrög þessi fyrir á borðum ráðh., en í þeim er gert ráð fyrir, að vestur-þjóðverjum verði heimilaðar veiðar innan 50 mílnanna fyrir 48 venjulega togara og auk þess fyrir 17 frysti- og verksmiðjuskip. Í tíð vinstri stjórnarinnar var svipuðum till. þjóðverja algerlega hafnað.

Það fer ekki á milli mála, að það eru ráðh. Sjálfstfl., sem harðast berjast fyrir samþykkt þessa samnings. Svo ákafur var t. d. hæstv. félmrh., Gunnar Thoroddsen, í að koma samningum á, að hann tilkynnti um samninginn í útvarpi, áður en ríkisstj. hafði formlega samþykkt hann og auðvitað áður en samningurinn hafði verið ræddur í flokkunum og á Alþ. Þessi ráðgerði samningur við þjóðverja er algert hneyksli. Nú átti að sjálfsögðu að neita öllum frekari veiðiheimildum til handa útlendingum innan 50 mílnanna. Það er svo sláandi dæmi um vinnubrögð forustumanna Sjálfstfl., — ég undirstrika: forustumanna Sjálfstæðisfl., því að þetta á ekki við alla sjálfstæðismenn, — um vinnubrögð þeirra í landhelgismálinu að boða í síðustu kosningum útfærslu í 200 mílur þegar á þessu ári, þ. e. a. s. nú fyrir áramótin, en hefja síðan strax og valdaaðstaða gefst til öflugan áróður fyrir samningum um meiri veiði útlendinga innan 50 mílnanna, en látast auðvitað áfram berjast fyrir 200 mílunum. Nú er líka að koma annað hljóð í íhaldsstrokkinn varðandi 200 mílurnar. Nú er ekki lengur talað um, að 200 mílurnar séu eins og gefinn hlutur. Nú segir forsrh., að líkur séu fyrir að a. m. k. ⅔ hlutar ríkja muni samþykkja slíka lögsögu, með einhverjum fyrirvörum þó. Nú segir hann, að ýmis ríki sæki fast á að fá umþóttunartíma og að viðurkenndur verði hinn svonefndi sögulegi réttur. Og nú talar forsrh. um gerðardóm og fleira af því tagi. Allar eru þessar kröfur á lofti og hafa verið það lengi, þó að forustumenn Sjálfstfl. hafi aldrei fyrr viljað á þær minnast.

Nú eru norðmenn að færa fiskveiðimörk sín út í 50 mílur fyrir Norður-Noregi, m. a. vegna þess að þeir óttast, að svo kunni að fara, að 200 mílna reglan verði með svo miklum undanþágum, þegar hún kemur, að útfærslan gagni Noregi lítið fyrstu árin. En þeir álíta, að þeir, sem þegar hafa fært út landhelgismörk sín, eins og t. d. Suður-

Ameríkuríkin og Ísland, muni alltaf halda því, sem orðið er. Auknar undanþágur nú fyrir vesturþjóðverja eru því stórhættulegar og spilla framtíðarstöðu okkar, auk þess sem þær gera veikt ástand fiskstofnanna við landið enn veikara.

Þáttur Framsfl. í stjórn Geirs Hallgrímssonar er að mínum dómi ömurlegur. Framsóknamenn verða daglega að hlusta á forsrh. og aðra ráðh. Sjálfstfl. útmála hinn voðalega viðskilnað stjórnar Ólafs Jóhannessonar, viðskilnað, sem þeir sjálfstæðismenn séu nú að glíma við og reyna að færa til betri vegar. Þórarinn Þórarinsson, einn af aðalritstjórum Tímans, maðurinn, sem sérstaklega gekk fram fyrir skjöldu til þess að koma á samstjórn íhalds og framsóknar að þessu sinni, reynir nú með ýmsu móti að afsaka þátttöku flokksins í stjórn Geirs Hallgrímssonar. Allar eru þessar afsakanir Þórarins fyrir fram vonlausar. Það þýðir ekki að halda því fram við neinn hugsandi mann, að Framsfl. hafi verið neyddur til þátttöku í þessari stjórn. Það var hægt að mynda nýja vinstri stjórn, ef Framsfl. hefði viljað. Flokksstjórn Alþfl. hafði samþykkt að taka þátt í slíkri stjórn, en Ólafur Jóhannesson lét aldrei reyna á þennan vilja Alþfl. til fulls. Og það er vitanlega algerlega út í hött hjá hæstv. samgrh. að segja, að vinstristjórnarmyndunin á s. l. sumri hafi strandað á einhverri óbrúanlegri óvild á milli Alþfl. og Alþb. Þessa skýringu hefur Þórarinn ekki fundið enn þá. En auk þess sem það var hægt að mynda vinstri stjórn, þá var einnig hægt að mynda minnihluta stjórn þeirra 30 þm., sem stóðu að fyrrv. ríkisstj., og það má telja alveg víst, að Alþfl. hefði ekki þorað, eins og komið var, að hætta á nýjar alþingiskosningar með því að fella þá stjórn. Sjálfstfl. hafði ekki nema 25 þm. og gat því ekki einn fellt stjórnina.

Það er líka algerlega vonlaus afsökun hjá Þórarni Þórarinssyni að halda því fram, að við Alþb.-menn höfum ekki viljað taka þátt í nýrri stjórn vegna fyrirsjáanlegra efnahagserfiðleika. Hið rétta er, að við höfðum í stjórnarmyndunarviðræðum við Framsfl. komið okkur saman við hann um aðalatriðin í efnahagsaðgerðum. Þær aðgerðir voru við það miðaðar að skerða ekki kaupmátt láglauna og draga ekki úr nausynlegri atvinnuuppbyggingu úti um land. Sannleikurinn um þátttöku Framsfl. í stjórn Geirs Hallgrímssonar er sá, að hægri armur flokksins knúði fram þessa þátttöku. Það var það lið innan Framsfl. á Reykjavíkursvæðinu, sem sameinast hafði íhaldinu undir merkjum Varins lands og á sameiginlegra hagsmuna að gæta með íhaldinu í hermangsfyrirtækjunum og í rekstri olíufélaga, vátryggingafélaga og ýmiss konar milliliðastarfsemi, sem réð úrslitum í stjórnarmyndunarmálunum.

Vinstri menn, sem í kosningunum í sumar kusu Framsfl., hafa illilega verið sviknir. Þeir vildu vinstri stefnu og vinstri stjórn. Þeir hafa fengið hægri stefnu og íhaldsstjórn. Nú þurfa vinstri menn að læra af reynslunni. Sú stefna, sem Alþb. barðist fyrir í vinstri stjórninni, að leggja höfuðáherslu á uppbyggingu atvinnulífsins um allt land, jafnt á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, atvinnulífs landsmanna sjálfra, var rétt stefna, var nauðsynleg stefna. Vandamál efnahagslífsins var hægt að leysa án þess að skerða lífskjör láglaunafólks og án þess að stöðva þyrfti uppbygginguna í landinu.

Aðeins með auknu samstarfi allra vinstri manna mun takast að fella þá íhaldsstjórn, sem nú hefur tekið við völdum, og aðeins með auknu samstarfi þeirra mun takast á ný að koma á þeirri ríkisstj., sem heldur áfram því starfi, sem vinstri stjórnin vann að á sínum tíma.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir íslendingar. Kjarninn í stefnuræðu hæstv. forsrh. er ekki lýsing á stórhuga stefnu nýrrar ríkisstj., ekki frásögn af fyrirhuguðum framkvæmdum til þess að bæta hag íslendinga og auðga líf þeirra, ekki fyrirheit um bjartari framtíð íslendinga í landi sínu, aukið réttlæti, fjölskrúðugri menningu. Nei, það, sem svipinn setur á skýrslu hæstv. forsrh., er lýsing á efnahagsöngþveiti, meira öngþveiti í atvinnumálum, fjármálum, verðlagsmálum og kjaramálum en sögur fara af í nálægum löndum. Hæstv. forsrh. segir þjóð sinni frá því, að á þjóðhátíðarári, þegar íslendingar minnast 1100 ára búsetu í landi sínu, þegar góðæri hefur ríkt árum saman til lands og sjávar og verðlag erlendis á afurðum landsmanna hefur verið mjög hagstætt, hafi stefnt að verðbólgu, sem hefði orðið langt yfir 50%, eins og það var orðað í skýrslunni, horfur hafi verið á, að þjóðartekjur á mann beinlínis minnkuðu að raunverulegu verðgildi, að mikill viðskiptahalli yrði við útlönd og talsverð rýrnun gjaldeyrisstöðunnar þrátt fyrir miklar erlendar lántökur.

Hæstv. forsrh. byrjar skýrslu sína á því og leggur á það áherslu, að í sumar hafi blasað við mikill hallarekstur hjá báta- og togaraflotanum og fram undan hafi verið stórfelldur taprekstur frystihúsa. Hann vekur athygli á tæpri stöðu ríkissjóðs, miklum erfiðleikum ýmissa ríkisfyrirtækja og fjárvöntun til framkvæmda og fjárfestingarsjóða. Og enn segir hæstv. forsrh., að örar kaup- og verðlagsbreytingar hafi ruglað verðskyn almennings og komið glundroða á fjármál einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera. Þessari lýsingu lýkur svo hæstv. forsrh. með því að segja, að eftir að þessi úttekt var gerð, hafi þróunin fram til haustsins enn versnað.

Almenningur hlýtur að spyrja: Hvað er hér á ferðinni? Þetta minnir miklu meira á harðvítuga stjórnarandstöðuræðu en boðskap nýrrar ríkisstj. um framtíðarfyrirætlanir. Liggur hér einhver fiskur undir steini? Augljóst er, að allt upphaf skýrslu hæstv. forsrh. er harðvítug gagnrýni, lýsing á öngþveiti, frásögn af óstjórn, en óstjórn hvers? Hver ber ábyrgðina á verðbólgunni, hallarekstrinum, viðskiptahallanum, kjaraskerðingunni? Hæstv. forsrh. hlýtur að vera að minna á, að það sé enginn annar en sjálfur samstarfsflokkur Sjálfstfl. í ríkisstj., Framsfl. Hann fór með stjórnarforustuna á þeim árum, þegar öngþveitið varð til. Hann er faðir verðbólgunnar, þótt hann hafi auðvitað þurft á einhverjum að halda til þess að gegna móðurhlutverkinu, en til þess var Alþb. bráðfúst af mikilli gleði.

Það er augljóst, að allt upphaf skýrslu hæstv. forsrh. er miskunnarlaus gagnrýni á samstarfsflokkinn, Framsfl. Engum dettur í hug, að for-

ustumenn hans séu svo skaplausir, að þeir taki slíkri húðstrýkingu með þögninni, hvað þá með bugti og beygingum. Þeir svara eflaust fyrir sig og segja allt það rangt, sem hæstv. forsrh. hafði verið að segja. Þannig byrjar þetta stjórnarsamstarf, þannig mun það halda áfram og af þessum og þvílíkum ástæðum mun því ljúka, þegar tortryggnin, sem nú ríkir, er orðin að óheilindum og óvild.

Þegar sköpunarsaga þessarar ríkisstj. er athuguð, er kannske ekki óeðlilegt, að það hvarfli að einhverjum, að Sjálfstfl. kunni að telja sig hafa nokkurs að hefna í framhaldi þeirra atburða. Það var svo sem enginn glæsibragur yfir því, að stærsti flokkur landsins skyldi láta fyrrv. forsrh., þann mann, sem ekki hafði reynst geta stjórnað landinu í 3 ár, mynda fyrir sig ríkisstj., þó að Sjálfstfl. fengi forsætið, en yrði að sætta sig við, að ráðh. Framsfl. yrði fjölgað. Það hlaut að vera beiskur biti að kingja að afhenda Framsfl. æðstu stjórn viðskiptamála, þeim flokki, sem ruddi haftastefnunni braut inn í íslensk efnahagsmál og hélt yfir henni verndarhendi í 30 ár, — haftastefnunni, sem reynst hefur íslenskri efnahagsþróun skaðlegri en nokkurt annað hagstjórnartæki og Framsfl. innst inni trúir enn á, hvað sem ýmsir forustumenn hans segja, svo sem fyrir fáum árum t. d. kom fram í því, að hann studdi ekki aðild Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA.

Ekki getur það verið með óblandinni ánægju, að Sjálfstfl. afhendir Framsfl. yfirstjórn landbúnaðarmála. Sá þm., sem sjálfstæðismenn telja hafa mestan kunnugleik allra á íslenskum landbúnaði og best skilja þarfir hans, Ingólfur Jónsson, fær hvergi að koma nærri. Og augljóst er, að íslenskir neytendur eiga áfram að fá að greiða ⅔ hluta af því verði, sem erlendir neytendur, svo sem englendingar og færeyingar, greiða fyrir íslenskar landbúnaðarafurðir.

Ekki getur það verið Sjálfstfl. til sérstakrar gleði að trúa fyrrv. dómsmrh. áfram fyrir embættisveitingu dómsmrn., eftir að aðalblöð Sjálfstfl. eru búin að hamra á því, að frá því sé varla undantekning, að þann hafi í 3 ár veitt eingöngu framsóknarmönnum embætti án tillits til allra reglna utan þeirrar einu, að um framsóknarmann sé að ræða.

Á því geta þannig verið ýmsar eðlilegar skýringar, að hæstv. forsrh. skuli byrja skýrslu sína til þings og þjóðar í upphafi stjórnarferils síns á því að lýsa, hversu gersamlega óhæfur samstarfsflokkurinn hafi verið til þess að stjórna landinu. Það getur varla verið nein hrifningaralda, sem nú líður um Sjálfstfl. Sú alda er eflaust af öðrum toga spunnin og er ekki undarlegt.

En hvað skyldi vera efst í huga framsóknarmanna eftir myndun þessarar ríkisstj.? Ef litið er yfir íslenska stjórnmálasögu frá því að fyrst var myndað rn. á Íslandi árið 1917, finnast þess engin dæmi, að stjórnmálaflokkur hafi kúvent jafnkirfilega og Framsfl. gerði við myndun þessarar ríkisstj. Í næstum tvo áratugi hefur hann talið Sjálfstfl. höfuðóvin sinn og áhrif hans á íslensk þjóðmál hættulegri en allra annarra, jafnvel kommúnistanna í Alþb. Í 20 ár hefur það verið aðalboðskapur Framsfl. til íslenskrar þjóðar, að Sjálfstfl. sé hættulegasta aflið í íslenskum þjóðmálum, hann sé fulltrúi einkahagsmuna og brasks, ábyrgðarlaus og jafnvel á mála hjá erlendum hagsmunum á sviði utanríkismála. En á nokkrum vikum gleymist allt þetta og það er grafið á bak við gamla og nýja ráðherrastóla.

Hvað segir heilbrigt hugsandi íslendingur við öðru eins og þessu? Skipta hugsjónir engu máli í stjórnmálabaráttunni? Eru orð og eiðar aðeins marklaust hjal? Eru völd hið eina, sem máli skiptir? Er ekki eitthvað til, sem heitir sómatilfinning, sjálfsvirðing og samviska? Þetta ættu ekki aðeins góðir framsóknarmenn að hugleiða, heldur þjóðin öll.

Hvílíkur umskiptingur Framsfl. er í þessari stjórnarsamvinnu kemur gleggst fram í því, að hann hefur nú tekist á hendur að framfylgja þveröfugri stefnu í utanríkismálum við þá, sem hann hét þjóðinni að fylgja sumarið 1971 og þangað til hann átti kost á því að mynda stjórn með Sjálfstfl. Sumarið 1971 skuldbatt Framsfl. sig til þess, að varnarliðið skyldi verða látið hverfa á brott af landinu á kjörtímabilinu í áföngum. Auðvitað var þessi stefna stórhættuleg og alröng. En Framsfl. sagði hana vera rétta og í samræmi við hagsmuni íslendinga. Að vísu er skylt að geta þess, að utanrrh. Framsfl. gerði ekki ýkjamikið til þess að framfylgja henni. Kannske hefur það ekki verið að ástæðulausu, að samstarfsflokkur Framsfl., Alþb., tók að gruna hann um græsku í þessu sambandi. Ef eitthvað væri til í þeim áburði, yrði ferill Framsfl. í þessu máli enn ófegurri en hann sannanlega er. En ekki vil ég taka undir svo alvarlegan áburð. Hitt er staðreynd, að það tók utanrrh. Framsfl. meira en tvö ár að semja bréf til Bandaríkjastjórnar um framkvæmd á ákvæðum stjórnarsáttmálans frá 1971 og koma því til Washington, og var þó í bréfinu ekki ætlast til þess, að stjórnarsáttmálinn væri framkvæmdur að fullu. Hinir skeleggu hernámsandstæðingar í ráðherrastólum Alþb. létu sér þetta allt saman lynda. Skörungsskapar þeirra og festu í þessu máli verður eflaust lengi minnst.

Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var mynduð sumarið 1971, lýsti Alþb. því yfir sem helsta stefnumáli sínu í stjórnarsamstarfinu að koma hernum úr landi. Eftir nokkurra mánaða setu þeirra í ríkisstj. ákvað hún stórfelldar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli fyrir bandarískt fé. Af miklu lítillæti létu ráðh. Alþb. sér nægja að bóka mótmæli, sögðu þetta ekki vera í samræmi við sjálfstæða íslenska utanríkisstefnu, en sátu samt kyrrir í ríkisstj., enda ekki búnir að vera þar mjög lengi. Eftir tvö ár voru ráðh. Alþb. fallnir frá því, að bókstaflega allur her skyldi hverfa af landinu. Hingað áttu að mega koma svonefndar hreyfanlegar flugsveitir frá hinu óttalega Atlantshafsbandalagi, þótt enginn hafi í raun getað frá því skýrt, hver munurinn væri á hreyfanlegum flugsveitum og þá væntanlega einhverjum öðrum, sem ekki væru hreyfanlegar. Enn mikilvægara var þó hitt, að ráðh. Alþb. voru búnir að fallast á, að ekki skyldi allur herinn vera farinn fyrir endalok kjörtímabilsins, heldur mætti nokkur hluti hans vera hér áfram fram yfir kosningar. En svo komu kosningarnar dálítið fyrr en við hafði verið búist og þriggja ára seta hernámsandstæðinganna í ráðherrastólum Alþb.

reyndist bókstaflega engan árangur hafa borið í aðalbaráttumálinu. Ekki hafði fækkað í varnarliðinu um einn einasta hermann, ekki eina einustu flugvél. Árangurslausari baráttu hafa engir íslenskir ráðh. háð en Alþb-ráðh. í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar fyrir málstað hernámsandstæðinga. Þetta er saga um ómyndarskap eða sundurlyndi, að því er sumir telja kannske óheilindi. Og dæmisaga er þetta um það, að eitt eru orð og annað gerðir.

Mikill meiri hluti íslendinga fagnar því áreiðanlega, að stefna ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar skuli ekki hafa náð fram að ganga, og styður þá meginstefnu í utanríkismálum, sem núv. ríkisstj. fylgir, þótt samningarnir, sem nýlega hafa verið gerðir við Bandaríkjastjórn, séu losaralegir að ýmsu leyti og af þeim of mikil peningalykt. En það er augljóst, að meginstefna þessarar ríkisstj. í utanríkis- og varnarmálum er alveg gagnstæð þeirri, sem fyrrv. stjórn fylgdi. Þess vegna varð þjóðin agndofa, þegar hún heyrði að Framsfl. ætlaði að fara áfram með stjórn utanríkismála í þessari ríkisstj. og meira að segja sami maðurinn ætlaði að gegna embætti utanrrh. áfram og gera nú það, sem hann var búinn að segja þjóðinni í 3 ár. að rangt væri að gera. Er nema von, að fólk spyrji: Hvernig má annað eins og þetta gerast? Svona háttarlag tíðkast ekki í einkalífi manna. Það mundi vera talið ólöglegt í viðskiptum. Menn spyrja: Gilda einhver önnur siðalögmál í stjórnmálum? Auðvitað á svarið að vera neitandi. En ekki er reynslan góð af myndun þessarar ríkisstj.

Ég gat þess áðan, að e. t. v. væri vægðarlausri lýsingu hæstv. forsrh. á afrekum fyrirrennara síns og Framsfl. á sviði efnahagsmála ætlað að varpa skugga á Framsfl. og gjalda honum rauðan belg fyrir gráan vegna ágengni í sambandi við stjórnarmyndunina. Einhver gæti látið sér detta í hug, að Sjálfstfl. væri líka ósárt um, þótt sómi Framsfl. í sambandi við utanríkismál yrði ekki sérlega mikill, þeim sé mátulegt að teyga þann beiska bikar í botn, sem þeir tóku sér í hönd með samstarfinu við kommúnista í Alþb.

Ég hef fram til þessa fyrst og fremst fjallað um lýsingu hæstv. forsrh. á efnahagsástandinu og stefnubreytinguna á utanríkismálum. Ég tel stefnubreytinguna í utanríkismálum hafa verið rétta. En hvað er að segja um ráðstafanir þær í efnahagsmálum, sem ríkisstj. sumpart hefur gert og sumpart boðað?

Hæstv. forsrh. segir, að sé gerð tilraun til að draga saman kaupmáttaráhrif þeirra ráðstafana, sem gripið hefði verið til, og þeirrar verðþróunar, sem nú sé *fyrirsjáanleg, sé niðurstaðan sú*, að stefnt sé að svipuðum kaupmætti launa og var á árunum 1972 og 1973 fyrir launþega í heild og ívið meiri kaupmætti fyrir þá, sem lægst hafa launin. Þetta er sagt í nafni ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. Hvað felst í þessu í raun og veru? Loforðið frá 1971 um, að kjör launþega skyldu batna um 10% á ári, hefur ekki verið haldið. Nú er það talinn góður árangur, ef tækist að halda kaupmætti launa svipuðum og var í fyrra og hittiðfyrra, og kjarabæturnar, sem felast áttu í kaupgjaldssamningunum í febr. s. l., eru allar roknar út í veður og vind, eru löngu brunnar upp í verðbólgubálinu. Það er ekki aðeins, að kjör launþega séu nú í raun og veru verri en þau voru fyrir samningana, heldur er tekjuskiptingin nú ranglátari.

Sjálfsagt er að viðurkenna það, sem gott hefur verið í gerðum ríkisstj. í efnahagsmálum, en þar á ég fyrst og fremst við láglaunabæturnar. Hins vegar hefur verið hallað verulega á heilar stéttir og þá fyrst og fremst á sjómenn.

Ráðstafanir ríkisstj. hafa auðvitað haft í för með sér almenna kjaraskerðingu. Mér er ljóst, að eins og málum var komið voru einhverjar kjaraskerðingarráðstafanir óhjákvæmilegar. En ekki hefur verið nóg áhersla verið lögð á, að byrðunum væri réttlátlega skipt, og þótt enn sé næg atvinna í landinu hefur atvinnuöryggi alls ekki verið tryggt, *því að ýmsar greinar útflutningsatvinnuveganna eru um þessar mundir að lýsa yfir*, að reksturinn sé í hættu og kunni að stöðvast.

Um þann kafla í stefnuyfirlýsingu hæstv. *forsrh., sem fjallar um frambúðarstefnuna í efnahagsmálum*, má ýmislegt jákvætt segja, sem ég hygg að flestir ábyrgir stjórnmálamenn séu sammála um. Það er skynsamlegt markmið að stefna annars vegar að umbótum á sjálfu efnahagskerfinu, sem miða að meiri hagkvæmni í rekstri þess og auknu félagslegu réttlæti, og hins vegar að hlúa að nýjum atvinnugreinum, efla þær, sem fyrir eru, og gera stórátak í byggðamálum.

Fyrirkomulag það, sem verið hefur á greiðslu vísitöluuppbóta, þarf að endurskoða. En í því sambandi leggjum við í Alþfl. sérstaka áherslu á, að athugun á því máli fari fram í nánu samstarfi við launþegasamtökin. Vinnuaðferðir við gerð kjarasamninga þarf einnig að bæta, sömuleiðis í samstarfi við aðila vinnumarkaðsins, og er raunar nauðsynlegt, að fastri skipan verði komið á samráð ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðsins.

Alþfl. hefur áður lýst yfir stuðningi við hugmyndina um sameiningu tekjuskatts og helstu bóta almannatrygginga og var raunar fyrstur til að vekja opinberlega máls á nauðsyn þess, sem nú er farið að nefna sameinað tekjujöfnunarkerfi. Þá er það og gamalt og nýtt baráttumál Alþfl., að allir landsmenn eigi aðild að lífeyrissjóði með hliðstæðum og jöfnum hætti og að starfandi sé öflugt lánakerfi til íbúðabygginga. Alþfl. er sérstaklega undir núv. kringumstæðum ljós sú nauðsyn aðhalds í ríkisfjármálum, endurskipulagningar lánamála og umbóta í skattamálum og verðlagsmálum.

Síðast en ekki síst styður Alþfl. heils hugar stefnuna um 200 mílna efnahagslögsögu.

Þau frumvörp og þær till., sem hæstv. ríkisstj. mun flytja og lúta að þessum málum, mun Alþfl. styðja. En hann saknar margs í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. Megingalli hennar er sá, að hún ber þess vott, að enn hafi stjórnarflokkarnir í raun og veru ekki komið sér saman um heildarstefnu í efnahagsmálum, sem þeir báðir standi heils hugar saman um. Það er augljóst, að þær ráðstafanir, sem búið er að gera, nægja ekki til þess að rétta þjóðarskútuna við. Menn hljóta að spyrja: *Hvað verður gert til viðbótar?* Við því fæst ekki svar í stefnuyfirlýsingu hæstv. forsrh. Það, sem búið er að gera, er ekki nóg og ekki nógu gott. Launþegum hefur ekki verið sýnd

nægileg sanngirni, og sumar stéttir hafa verið beittar ranglæti. Ekkert hefur verið minnst á það gífurlega félagslega ranglæti, sem felst í ófullnægjandi eftirliti með skattaframtölum og þeim gífurlegu skattsvikum, sem allir vita að viðgangast. Ekkert bólar heldur á neinum sparnaðarráðstöfunum. Skýrslan, sem nýlega var birt um nefndir ríkisins, er þó órækur vottur um verkefni á því sviði. Og ekki er það veigamikið, sem sagt er í stefnuyfirlýsingunni um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það er þó augljóst, að það hefur dregist úr hófi fram að endurskoða stjórnarskrána, sem enn er að stofni til frá 1874, og kosningalögin. Sú kjördæmaskipun, sem lögleidd var 1959 og var þá réttlát, er nú orðin mjög ranglát vegna fólksflutninga innanlands. Atkvæðisréttur kjósendanna er nú orðinn allt of ójafn eftir búsetu og ákvæði kosningalaga um kjör þm. og úthlutun uppbótarþingsæta eru þannig, að smáflokkur, sem fær nokkur hundruð atkv. í litlu kjördæmi, getur orðið þingflokkur, en helmingi og jafnvel þrisvar sinnum stærri flokkur getur lent utan þings. Slíku þarf auðvitað að breyta.

Um stefnuyfirlýsingu ríkisstj. í heild er það að segja, að hún er ekki nógu skýr og ákveðin til þess að af henni megi dæma ríkisstj. Auk þess á að minu viti ekki að dæma flokka eða ríkisstjórnir eftir yfirlýsingum þeirra, heldur gerðum þeirra. Ég er þeirrar skoðunar, að sérhver ný ríkisstj. eigi eðlilegan rétt á nokkrum tíma til að átta sig á aðstæðum og móta stefnu sína, hún eigi að fá tíma til að láta nokkra reynslu skera úr um, hvort stefnan er rétt eða röng. Það á að koma í ljós, hvort hún er afturhaldssöm eða framfarasinnuð. Þá er réttur tími kominn til þess að fella yfir henni dóm. Fyrir fram skal ég því ekki fordæma verk þessarar ríkisstj. Ég get þó ekki látið vera að minna á, að þær ríkisstj. undanfarinna áratuga, sem hafa verið íslenskum launþegum þyngstar í skauti, hafa verið samstjórnir Sjálfstfl. og Framsfl. Auðvitað eru í báðum flokkum frjálslynd öfl, enda væru þeir ekki jafnstórir og þeir eru, ef svo væri ekki. En í báðum eru líka sterk afturhaldsöfl. Þegar flokkarnir hafa unnið saman einir, hefur reynslan orðið sú, að afturhaldsöflin í báðum flokkum hafa náð saman og niðurstaðan orðið neikvæð stefna í þágu ýmissa þröngra sérhagsmuna. Óttí margra íslenskra launþega um, að þetta muni nú gerast einu sinni enn, er því miður ekki ástæðulaus.

Alþfl. mun í stjórnarandstöðu sinni ekki stuðla að áframhaldandi upplausn eða ringulreið í íslenskum efnahagsmálum eða íslenskum þjóðmálum yfir höfuð að tala. En hann mun veita ríkisstj. virkt og ábyrgt aðhald. Hann mun vekja á því athygli, ef hún bregst skyldum sínum um að bæta úr stjórnleysi undanfarinna ára. Hann mun í sífellu minna hana á nauðsyn þess, að staðinn sé traustur vörður um hag launþega. Alþfl. mun leggja sérstaka áherslu á samstarf við launþegasamtökin og stuðla að því, að réttmæt sjónarmið þeirra hljóti viðurkenningu. Alþfl. mun í stjórnarandstöðu sinni segja og gera það, sem hann telur rétt, í trausti þess, að með heilbrigðri gagnrýni verði best unnið að hag og heill þjóðarinnar. — Góða nótt.

Alþt. 1974. B. (96. löggjafarþing).

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, minntist hér á fjárlagafrv. og taldi, að lítið hefði orðið úr tali sjálfstæðismanna um lækkun ríkisútgjalda. Ég vil taka það fyrst fram, að þar sem svo skammur tími var til undirbúnings fjárlagafrv. sem nú var, getur náttúrlega enginn maður búist við því, að þar sé um verulegar breytingar að ræða til niðurskurðar og sparnaðar, vegna þess að allt slíkt krefst mikillar vinnu og alllangs tíma. Hins vegar er rétt að minnast þess, að þessi hv. þm., Lúðvík Jósepsson, hefur átt sæti í tveimur vinstri stjórnum, og þegar fyrri vinstri stjórnin komst til valda, var m. a. fyrirheit hennar að draga úr ofþenslu efnahagslífsins. Menn bjuggust við því, að á næsta þingi þegar hún afgreiddi sín fyrstu fjárlög sæi þess nokkurn stað. Það voru liðnir 7 mánuðir frá myndun stjórnarinnar þegar fjvn. skilaði áliti sínu og í áliti þessa meiri hl. fjvn. vinstri stjórnarinnar fyrri frá 17. febr. 1957 standa þess orð:

„Meiri hl. n. er ljóst, að hækkun fjárl." — því að fjárl. hækkuðu verulega — „getur í fljótu bragði virst í ósamræmi við þá yfirlýstu stefnu núv. ríkisstj. að draga úr ofþenslu efnahagslífsins. En við mat á því, hvað gera skuli, verður að hafa eftirfarandi í huga: Sá maður, sem bjargar sér út úr vagni, sem er á hraðri ferð, kemst ekki hjá því til þess að forða sér frá að missa fótanna að hlaupa fyrst í sömu átt og vagninn stefnir."

Þetta var stefnuyfirlýsing Lúðvíks Jósepssonar og vinstri stjórnar, þegar þeir voru við völd fyrra sinnið og höfðu haft alllangan tíma til þess að endurskoða útgjöld ríkisins og lækka fjárlög.

Þessi sami hv. þm. taldi það núv. ríkisstj. til foráttu, að hún vildi vinna að því að gera verðlag frjálst. Þessi hv. þm., sem hefur verið viðskrh. lengi, ætti að vita það og veit það vafalaust með sjálfum sér, að núv. verðlagskerfi hefur fyrir löngu gengið sér til húðar. Reynslan hefur sýnt bæði hér og annars staðar, að það kerfi tryggir ekki hin hagkvæmustu kjör fyrir almenning, þvert á móti. Reynslan sýnir, að annað skipulag reynist miklu betur, það skipulag, að meginstefnan sé frjálst verðlag og verðlagið ráðist af samkeppni og árvekni neytendanna, en ríkisvaldið hafi jafnan heimild til að grípa inn í, ef um misnotkun er að ræða.

Þá minntist þessi sami hv. þm. á vestur-þjóðverja og samningaumleitanir við þá um landhelgismálið. Hv. þm. hefur misskilið eða misheyrt það, sem ég sagði í örstuttu samtali við útvarpið fyrir nokkru, þar sem ég var spurður um, hvaða mál ég teldi að kæmu bráðlega til umræðu á þingi, og meðal þess, sem ég nefndi, var spurningin um, hvort ætti að reyna að leysa með samningum landhelgisdeiluna við vestur-þjóðverja. Ég sagði þar ekkert um efni málsins, ekki eitt orð. Það er vafalaust ósk okkar flestra, að þessa deilu takist að leysa, og er allmikið í húfi, að það takist. En vitanlega veltur allt á því, hvort þeir samningar fást, sem eru viðunandi fyrir íslenska hagsmuni. Hæstv. forsrh. skýrði frá því í stefnuræðu sinni, að skýrsla við-

ræðunefndarinnar yrði afhent öllum þingflokkum og ekkert yrði afráðið í málinu án samráðs við alla þingflokka. En þegar hv. þm. Lúðvík Jósepsson talar hér með hneykslun mikilli um það, að nú eigi að fara að semja við vesturþjóðverja Íslandi í óhag, þá er ekki laust við, að það minni á það, sem gerðist fyrir ári. Þá hafði hæstv. þáv. forsrh. farið til Lundúna og samið þar við forsrh. breta og þau samningsdrög voru síðan lögð fyrir Alþ. Þá heyrðist það frá þessum hv. þm. og málgagni hans, að hér væri um allt að því landráðasamning að ræða, úrslitakosti Edwards Heath, sem ekki kæmi til mála að ganga að. En það voru ekki margir dagar liðnir þegar hann var búinn að gleypa öll þessi stóru orð og ásamt öllum sínum flokksbræðrum á Alþ. búinn að samþykkja þessa úrslitakosti Edwards Heath með nafnakalli hér á Alþ.

Herra forseti. Það var talið til tíðinda endur fyrir löngu, þegar það spurðist einn sólbjartan sumardag, að flugmenn hefðu flogið svo hátt upp í himingeiminn, að þeir sáu allt Ísland í einu. Við þyrftum sem oftast, íslendingar, a. m. k. annað kastið, að hefja hug upp yfir daglegt þras og amstur og reyna að sjá allt Ísland í einu. Við augum blasir þá hin óviðjafnanlega fegurð fósturjarðarinnar, hið langdræga tæra útsýni, sú náttúra landsins, sem krefst virðingar og varðveislu. Og hugurinn beinist um leið að þeim lindum afls, orku og auðæfa til lands og sjávar, sem þessi þjóð á í landi sínu og umhverfis það. Það er höfuðvandi okkar að búa þannig í landinu að nýta sem haganlegast auðlindir þess, en vernda um leið og virða þessi gæði öll, sem okkur eru gefin.

Þegar við erum nú vel á vegi að endurheimta undir íslensk yfirráð öll hin gjöfulu fiskimið umhverfis Íslandsstrendur, sem við áttum og sátum einir að fyrstu 500 ár Íslandsbyggðar, verðum við að gæta varúðar. Það má aldrei ofbjóða fiskstofnunum. Öll ofveiði og rányrkja skal stranglega bönnuð. Fiskvernd og fiskrækt þurfa að vera okkar leiðarljós og heilög boðorð. Þetta á jafnt við um veiðar á hafi úti sem í ám og vötnum. Og eins er farið auðlindum á landi. Afl og orku í fossum og fljótum, heitum lindum og gufuhverum eigum við að virkja og nýta með það fyrir augum, að landsmönnum verði til hags og heilla í lífsbaráttu þeirra, en jafnframt verði þess vandlega gætt að skaða ekki landið sjálft, trufla ekki fegurð þess og yndisþokka.

En náttúruvernd og umhverfissjónarmið fela það ekki í sér, að engu megi hreyfa frá því, sem áður var. Forfeður okkar, sem völdu þjóðinni hinn undurfagra þingstað á Þingvöllum, breyttu rennsli Öxarár, veittu henni úr farvegi sínum niður á völluna til gagns og yndisauka. Þannig hefur mannshöndin margt vel gert. Hér þurfa jafnan að fara saman nytsamlegar framkvæmdir og tillitssemi við náttúru landsins. Það mætti hafa það til fyrirmyndar, að í landi einu eru það lög, að fyrir hvert það tré, sem höggvið verður, skuli tvö gróðursett í staðinn.

Svo er fyrir þakkandi í landi okkar, að oft verða virkjanir beinlínis til hreinlætis og heilsubótar. Þannig er t. d. hitaveitum farið. Hitaveitan í höfuðstaðnum, sem nú hefur starfað í 30 ár, hefur sparað þjóðinni mikinn gjaldeyri og borgarbúum stórfé og aukið þægindi þeirra. Reykjavík skipar þann einstæða sess meðal höfuðborga heims að vera reyklaus borg. Þannig getur virkjun náttúruafla aukið hollustu og dregið úr mengun.

Nú mun nær helmingur landsmanna búa við hitaveitur. Það verður að leggja áherslu á nýjar hitaveitur og stækkun þeirra, sem fyrir eru. Allmargar hitaveitur eru í undirbúningi. Ákveðið er, að frv. um hitaveitu Suðurnesja verði lagt fyrir þetta þing, en hún nær til 7 sveitarfélaga auk flugvallarins og mun fá orku frá Svartsengi. Að því er stefnt, að sem flestir njóti hitaveitu og þar sem því verður ekki við komið verði hús hituð með rafmagni.

Í stefnuskrá ríkisstj. er lögð áhersla á aukinn hraða í virkjun íslenskra orkugjafa, bæði til iðnvæðingar og í því skyni að gera íslendinga óháðari innfluttri orku. Þar er lögð áhersla á að hraða stórvirkjunum, gera áætlun um virkjun vatns- og varmaorku landsins, þannig að næg orka verði fyrir hendi til almenningsþarfa og aukins iðnaðar og iðju, og að tryggja sem fyrst með nýjum virkjunum næga raforku á Norðurlandi og öðrum landshlutum, sem eiga við orkuskort að búa. Norðurland er nefnt hér sérstaklega. Það er vegna þess alvarlega ástands, sem þar ríkir, en skortur á raforku er ýmist þegar orðinn eða yfirvofandi. Nú eru margir stórbrotnir virkjunarmöguleikar til á Norðurlandi eins og Dettifoss, Blanda, Skjálfandafljót, Jökulsá í Skagafirði o. fl. Það, sem hugur manna beinist einkum að nú, er Krafla og er þegar hafinn undirbúningur að gufuvirkjun þar með 55 þús. kw eða 55 mw. En það tekur væntanlega 3 eða jafnvel 4 ár, að hún komist í notkun, og hvernig á þá að leysa úr hinum gífurlega vanda þangað til? Við það er glímt nú, skoðaðir gaumgæfilega allir möguleikar og hugsanlegar leiðir og málið verður að leysa.

En þótt Norðurland sé nefnt, er ástandið á Austurlandi einnig mjög alvarlegt. Lagarfossvirkjun átti að vera tekin til starfa, en vegna vanefnda og dráttar á afhendingu tækjabúnaðar mun hún ekki geta tekið til starfa fyrr en í fyrsta lagi í febrúar. Þar er einnig mikill vandi á höndum. Þar eru mörg verkefni til athugunar, smærri virkjanir og stórvirkjanir. Svo er talið, að með stórvirkjunum þar megi jafnvel fá 1600 mw eða stærstu raforkuver á Íslandi. Það eru nokkur ár síðan hugmynd kom fram um það að veita saman vötnum norðan Vatnajökuls, þ. e. a. s. Jökulsá á Fjöllum, Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal. Hvort sem þær verða sameinaðar eða virkjaðar hver í sínu lagi, þá er ljóst, að þar er um stórfellda orkumöguleika að ræða. Þessum rannsóknum verður að sjálfsögðu haldið áfram. En það, sem þar er nærtækast og samtök sveitarfélaga á Austurlandi hafa lagt sérstaka áherslu á, er að undirbúa sem fyrst virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, þar sem gert er ráð fyrir um 30 mw. afli. Á þessu þingi og það nú alveg á næstunni verður flutt frv. um heimild til að fela Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum aðila að reisa og reka vatnsaflsstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal, og í því frv. er gert ráð fyrir því, að

óski sveitarfélög á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Bessastaðaár og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu, sé ráðh. heimilt að gera samninga þar um. Ég vil taka það fram sérstaklega, að með væntanlegum frv. um heimild til virkjunar Bessastaðaár verður að sjálfsögðu á engan hátt dregið úr fyrirætlunum um rannsóknir á hinum stórfelldu Austurlandsvirkjunum.

Í ályktun, sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur nýlega samþykkt, er lögð á það áhersla, að stjórn slíkra orkufyrirtækja verði heima í héraði. Það er sjónarmið, sem ríkisstj. telur sjálfsagt að taka til velviljaðrar athugunar. Nú hefur m. a. verið ákveðið, að stjórn Kröfluvirkjunar, sem hefur með höndum undirbúning og framkvæmdir við Kröfluvirkjun, skuli flytjast frá Reykjavík og aðsetur hennar verða á Akureyri.

Þótt Norðurland og Austurland hafi hér verið gerð sérstaklega að umtalsefni vegna þess mikla vanda, sem þar er fram undan, eru mikil og aðkallandi verkefni bæði á Suður- og Vesturlandi og Vestfjörðum í orkumálum. Þeim verður að sjálfsögðu að sinna ekki síður en öðrum, enda verður það að vera sjónarmið íslenskra stjórnvalda á hverjum tíma að líta jafnt til allra landshluta, til hinna strjálu byggða og þéttbýlis, að reyna að sjá allt Ísland í einu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Á tímum efnahagslegs öngþveitis og stjórnarfarslegrar upplausnar víða um lönd er hollt að hugleiða, hve lítill hluti þjóða heims býr við raunverulegt lýðræði. Formlegar kosningar á nokkurra ára fresti eru aðeins ytri búningur lýðræðislegs stjórnarfars. Innri styrkleiki þess er fólginn í gagnkvæmu trausti fólksins og valdhafanna: Stjórnmálamennirnir standa við þau heit, sem þeir gefa kjósendum, stefna þeirra og loforð séu gulls ígildi. Slíkur trúnaður milli þjóðar og forustumanna er forsenda þess, að lýðræði verði annað og meira en innantómt form, sem með markleysi sínu byði heim stjórnleysi eða einræði.

Sú hætta er ætíð fyrir hendi, að í lýðræðisríkjum komist til valda menn, sem með orðum sínum og athöfnum rýra innri styrk lýðræðisins. Þeir líta á stefnu og fyrirheit í kosningum sem sjónhverfingar, sem einungis eigi að þjóna þeirra eigin valdabaráttu. Stjórnmál eru að þeirra dómi ekki umbótastarf grundvallað á raunverulegum gagnkvæmum trúnaði milli fólksins og fulltrúa þess, heldur fyrst og fremst spilamennska um völd og frama. Slíkir menn geta á upplausnartímum valdið lýðræðinu miklu tjóni. Þeir eyðileggja traust fólksins á stjórnkerfinu.

Þegar formaður Framsfl. stóð í sept. frammi fyrir flokksmönnum sínum á Hótel Sögu að loknu því einstæða afreki að mynda stjórn fyrir íhaldið, opinberaði hann afdráttarlaust, að hann og Framsfl. legðu siðferði spilamennskunnar til grundvallar í stjórnmálastarfi sínu. Formaður Framsfl. lýsti lýðræðishugsjón sinni þannig, að það ætti ekki að segja fyrir kosningar, hvernig flokkurinn mundi vinna eftir kosningar. Orðrétt sagði formaðurinn með leyfi hæstv. forseta: „Slíkt er ekki pólitík, slíkt er heimska, því að hann er þá alveg úr leik á annan veginn og getur litla kosti sett á hinn veginn. Þannig geta menn ekki spilað. Það er eins og að leggja spilin á borðið fyrir andstæðinginn, áður en farið er að spila úr þeim.“

Svo mörg voru orð hæstv. dómsmrh., formanns Framsfl. „Þannig geta menn ekki spilað.“ Þessi einkunnarorð munu lifa um ókomin ár. Þau munu forða öllum heiðarlegum lýðræðissinnum frá fylgi við framsóknarforustuna. Þau afhjúpa siðferði hennar á einfaldan hátt. Kjósendum er ekki boðið trúnaðarsamband, það er aðeins spilað með þá. Pólitískt nóló flokksforustunnar hefur algeran forgang.

Síðan 1956, í nær tvo áratugi, hafa þúsundir vinstri manna fylgt Framsfl. í trausti þess, að hann væri að verða raunverulegur vinstri flokkur, jafnvel forustuflokkur vinstri aflanna, höfuðandstæðingar íhaldsins. Þessir vinstri menn verða nú að horfast í augu við þá staðreynd, hversu bitur og þungbær sem hún kann að vera, að þessi trú á vinstra hlutverk Framsfl. hefur reynst blekking, því miður. Hinn blákaldi veruleiki talar sínu máli. Vilji þessar þúsundir vinstri manna hætta að láta spila með sig, verða þær að draga lærdóm af reynslunni, láta atburði síðustu mánaða sér að kenningu verða. Sannir vinstri menn og samvinnumenn eru andvígir því, að íslenskt lýðræði verði skollaleikur spilamanna. Við viljum heiðarlegt umbótastarf í anda félagshyggju og gagnkvæms trausts fólksins og fulltrúa þess.

Við skulum nú um stund horfast í augu við staðreyndir, veruleikann sjálfan.

Miðstjórn Framsfl. felldi á s. l. vori, að gengið yrði til kosninga undir kjörorðinu: Áfram vinstri stjórn. Það mátti ekki gefa nein skýr fyrirheit. Slíkt væri ekki í samræmi við lögmál spilamennskunnar.

Í kosningabaráttunni slógu frambjóðendur Framsfl. sífellt úr og í. Sumir nefndu aldrei vinstri stjórn. Aðrir tæptu á henni með ýmsum fyrirvörum. Markmiðið var að gefa vinstri sinnuðu fólki nægilega undir fótinn án þess að loka nokkrum leiðum til íhaldsins. Þegar þessi tvískinnungur var á góðri leið með að afhjúpa spilamennskuna, var í lokahríð kosningabaráttunnar tilkynnt, að valið væri milli stjórnarforustu Framsfl. annars vegar og stjórnarforustu Sjálfstfl. hins vegar. Þetta væri þó skýrt. Forðast var að benda á, að þessi formúla gat falið í sér samstjórn við íhaldið undir forustu framsóknarformannsins, sem kannske var hinn stóri draumur.

En svo undarleg eru nú stjórnmál spilamennskunnar, að þeir, sem lofuðu þjóðinni fyrir kosningar að koma í veg fyrir stjórnarforustu Sjálfstfl., létu sig hafa það eftir kosningar að búa til sérstaka ríkisstj. fyrir Sjálfstfl. og voru í fjölmiðlum að verki loknu bara montnir af. Þannig eiga menn greinilega að spila.

En þótt hin nýja íhaldsstjórn sé enn aðeins tveggja mánaða gömul, hefur þegar komið í ljós,

að hún er í veigamiklu atriði frábrugðin fyrri helmingaskiptastjórn Framsóknar og íhalds. Í núv. ríkisstj. hefur helmingaskiptareglan aðeins náð til valda og aðstöðu. Hún tekur greinilega ekki til stefnumála. Þau hefur Sjálfstfl. fengið öll í sinn hlut. Yfirlýsing ríkisstj. í sumar og stefnuræða forsrh. í kvöld sýna ótvírætt, að viðhorf Sjálfstfl. eru alls ráðandi. Hæstv. utanrrh., varaform. Framsfl., hefur að eigin sögn tekið að sér að framkvæma stefnu Sjálfstfl. í varnarmálum. Hæstv. utanrrh. var í 3 ár að reyna að framkvæma yfirlýsingu flokksþings Framsfl. um brottför hersins — 3 ár, en án árangurs. En það tók hæstv. utanrrh. hins vegar aðeins 3 vikur að framkvæma stefnu Sjálfstfl., ljúka endurskoðuninni, semja um áframhaldandi hersetu, stórframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli og annað góðgæti handa fjármálamönnunum að baki ríkisstj. Þessi fyrsta reynsla utanrrh. sýnir, að það hefur verið rétt hjá ráðh. Framsfl. að láta Sjálfstfl. eftir öll stefnumálin. Þeim gengur greinilega mun betur að framkvæma stefnu Sjálfstfl. en það, sem sagt er að sé stefna Framsfl. Enda sýnir stefnuræða forsrh., að hinir ráðh. Framsfl. ætla sér að feta dyggilega í fótspor hæstv. utanrrh.

Í stefnuskrá ríkisstj., sem hæstv. forsrh. hefur í kvöld kynnt þjóðinni, var varla, að frátöldu sigurhrósinu um utanríkisstefnuna, minnst einu orði á þá málaflokka, sem ráðh. Framsfl. fengu í sinn hlut. Hásetakjör framsóknarráðh. á íhaldsskútunni eru þegar í upphafi orðin lakari en jafnvel Alþfl. lét bjóða sér eftir 12 íhaldsvertíðir. Hæstv. menntmrh. verður að láta sér lynda, að í stefnuræðu forsrh. var ekki minnst einu orði á menntamál, og hæstv. landbrh. virðist una því vel, að í þeim hluta stefnuræðunnar, sem ber heitið „Efling atvinnuvega", er ekki orð um landbúnað. Hæstv. dómsmrh., sjálfur ættfaðir þessarar íhaldsstjórnar, komst ekki á blað hjá forsrh. Sem yfirmaður viðskiptamála fékk hæstv. ráðh., formaður Framsfl., aðeins eitt verkefni í stefnuræðunni: að undirbúa afnám verðlagseftirlitsins og veita kaupmönnum frjálsræði í álagningu. Slík eru örlög manna, sem ganga íhaldinu á hönd. Slíkur er hásetahlutur Framsfl. á þessari fyrstu vertíð hjá Sjálfstfl. Jafnvel Alþfl. hefðu ofboðið slíkir kostir á hinum langa viðreisnarferli.

Forusta Framsfl. hefur aðeins bent á eitt atriði í stefnuskrá ríkisstj., sem á að vera afkvæmi Framsfl.: 2% af ríkisútgjöldum í Byggðasjóð. Hvað þetta atriði snertir leika spilamennirnir líka lögmál sannleikans grátt. Þegar Gísli Guðmundsson flutti þessa stefnu fyrst, fékk hún daufar undirtektir í þingflokki Framsfl., og tvö síðustu ár hefur verið fellt í miðstjórn Framsfl. að veita ákveðinn hundraðshluta í Byggðasjóð. Þáv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson, hótaði jafnvel að segja af sér fjmrh.-dómi, ef slíkt yrði samþ. Það hefur hins vegar í nokkur ár verið stefna Sjálfstfl. hér á Alþ., að 2% ríkisútgjalda skuli renna í Byggðasjóð. Þetta atriði í stefnuskrá ríkisstj. er því miður einnig blóm Sjálfstfl. Hitt ber að lofa, að Halldór E. Sigurðsson, hæstv. landbrh., skyldi sýna þá stefnufestu og manndóm að standa við fyrri yfirlýsingar og neita að vera áfram fjmrh., fyrst Sjálfstfl. fékk því framgegnt, að ákveðinn hundraðshluti rynni í Byggðasjóð.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég hef talið nauðsynlegt að sýna fram á, hvernig forusta Framsfl. hefur í anda spilamennskunnar blekkt þær þúsundir vinstri manna, sem í síðustu kosningum veittu henni traust. Við, sem stóðum að F-listanum, vöruðum við þessum blekkingum. En því miður reyndust sjónhverfingar spilamannanna áhrifaríkari en varnaðarorð okkar. Hinn harði skóli reynslunnar hefur hins vegar sýnt, að við höfðum lög að mæla. Famsóknarforustan greip fyrsta tækifærið til þess að ráða sig á íhaldsskútuna. Vinstri stjórn var ekki mynduð vegna þess, að F-listinn hlaut ekki nægilegt fylgi. Vinstri menn sjá nú svart á hvítu, að framsóknarforustunni verður ekki treyst. Lögmál spilamennskunnar móta ein aðgerðir flokksins. Íslenskir vinstri menn, sem þúsundum saman hafa fylgt Framsfl., eru knúnir til að endurmeta afstöðu sína, draga lærdóma af hinni bitru reynslu.

Í lok þessa mánaðar mun stuðningsfólk F-listans koma saman til landsráðstefnu og tengjast þar skipulögðum böndum. Sú ríkisstj. íhaldsflanna, sem nú er við völd, gerir nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr, að allir raunverulegir vinstri menn taki höndum saman og myndi breiða fylkingu, fyrst til varnar og síðan til sóknar. Okkar bíður mikið starf, andstaða við samstjórn mestu íhaldsafla þessa lands.

Ég heiti á þá, sem í síðustu kosningum veittu hinni afdráttarlausu vinstri stefnu F-listans brautargengi, að halda ótrauðir áfram starfi. Ég heiti á þá, sem í síðustu kosningum voru okkur stefnulega sammála, en stigu ekki skrefið til fulls, að láta atburði síðustu mánaða sér að kenningu verða. — Góða nótt.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Ég mun víkja hér fáeinum orðum að utanríkis- og varnarmálum.

Við stjórnarskiptin í haust urðu engar verulegar breytingar á utanríkismálastefnu Íslands. Í yfirlýsingu ríkisstj. segir, eins og hæstv. forsrh. minntist á, að við framkvæmd utanríkisstefnunnar skuli lögð áhersla á þátttöku Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna, samstarf norrænna þjóða, varnarsamstarf vestrænna þjóða, samstarf þjóða Evrópu og þátttöku Íslands í þeim aðgerðum, sem ætlað er að bæta sambúð austurs og vesturs. Og enn segir, að öryggi landsins skuli tryggt með aðild að Atlantshafsbandalaginu og að haft skuli sérstakt samstarf við Bandaríkin, meðan starfrækt er hér varnar- og eftirlitsstöð á vegum Atlantshafsbandalagsins.

Eins og sést af þessari tilvitnun eru hyrningarsteinar utanríkisstefnunnar hinir sömu og þeir voru í tíð fyrri ríkisstj., full og óskoruð þátttaka í starfi Sameinuðu þjóðanna, náin samvinna við Norðurlöndin og vestræn samvinna innan vébanda NATO. Eins og menn muna, var fyrrv. stjórn þeirrar skoðunar, að Ísland skyldi enn um sinn a. m. k. halda áfram aðild sinni að NATO, enda þótt einn stjórnarflokkurinn, Alþb., hefði lýst yfir opinberri andstöðu við það.

Èg mun óhikað starfa áfram eins og í tíð fyrrv. ríkisstj. að nánu samstarfi og samvinnu við hinar nýju þjóðir Asíu og Afríku, eftir því sem það samrýmist hugmyndum mínum um það, sem rétt sé og skynsamlegt. Èg mun halda áfram nánu samstarfi við Norðurlöndin og hafa samstöðu með þeim, eftir því sem aðstæður leyfa, og ég mun taka þátt í starfi Atlantshafsbandalagsins, eins og hingað til. Èg vona því, án þess að ég hafi tíma til að gera nánari grein fyrir því hér, að litið verði á afstöðu Íslands til annarra landa og varnarmála þeirra óbreytta og hún sé í samræmi við fyrri afstöðu, enda þótt stjórnarskipti hafi orðið.

Èg mun kosta kapps eftir getu um góða samvinnu við allar þjóðir, hvort sem þær eru austrænar eða vestrænar, svartar eða hvítar eða gular eða af einhverjum enn öðrum litarhætti.

En að einu leyti hefur orðið veruleg breyting á stefnunni í utanríkismálum, þ. e. í öryggis- og varnarmálunum. Nýlega var undirritað hér í utanrrn. samkomulag um nokkra breytingu á fyrirkomulagi varnarmála, er gerð var innan marka varnarsamningsins frá 1951. Eins og kunnugt er var sá samningur þannig úr garði gerður, að það er alveg á valdi okkar íslendinga að ákveða, hversu margir hermenn dvelja hér, hverrar þjóðar þeir eru og hvaða aðstaða það er, sem í té er látin. Samningurinn er þannig, að innan hans rúmast veigamiklar breytingar, sem hægt er að koma fyrir án þess að segja honum upp og gera nýjan. Fyrrnefnt samkomulag gengur í fyrsta lagi út á það, að ákvæði 7. gr. taka gildi á ný, en þar er svo fyrir mælt, að 6 mánaða tímabil skuli notað til athugunar á hlutverki eftirlitsstöðvarinnar og m. a. til að leita umsagnar NATO-ráðsins um gildi hennar hér, áður en hægt er að segja honum upp einhliða, en eftir það skal brottförin eiga sér stað innan árs. Þetta þýðir í reynd það, að ef íslendingar óska þess síðar að segja samningnum upp, verður eftir þessum ákvæðum að fara.

Í öðru lagi eru á framkvæmd samningsins gerðar ýmsar breytingar og eru þessar helstar:

1. Fækka skal í varnarliðinu um 420 manns og að því stefnt, að íslendingar taki við þeim störfum eftir að þeir hafa fengið til þess nauðsynlega þjálfun. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að svokallaðar skiptiflugsveitir, sem um var rætt í till. fráfarandi ríkisstj., að ekki skyldu hafa hér fasta bækistöð, hafa hana ekki hér nú. Þessi breyting er þegar komin til framkvæmda, þannig að í raun má draga þennan mannafla, 445 menn, frá þeim 3317, sem hér hafa fasta bækistöð. Hér er því ljóslega stefnt að fækkun varnarliðsins, en ekki auknum vörnum, eins og sumir vilja halda fram. Èg tel því þessar breytingar hiklaust til bóta og upphaf framkvæmda á því stefnumáli Framsfl., að herinn hverfi héðan í áföngum, og alls ekki ómengaða stefnu Sjálfstfl., eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vildi vera láta hér áðan.

Auk þess tók ég það ákveðið fram í Washington, að íslendingar óskuðu þess áreiðanlega flestir, að sá tími mætti koma sem fyrst, að við gætum einir búið í landi okkar, enda ekki hér um neina ævarandi ákvörðun að ræða, þar eð samkomulag er um, að fyrirkomulag varna hér á landi verði í stöðugri endurskoðun.

2. Ákveðið er, að allir varnarliðsmenn skulu búa innan vallarsvæðisins, og skuldbinda bandaríkjamenn sig til að byggja nægilegan húsakost á næstu árum til þess að svo geti orðið. Hér tel ég mikla breytingu til bóta, því að vitað er, að hið nána sambýli, sem víða hefur átt sér stað við varnarliðsmenn hér á landi, hefur að ýmsu leyti haft óheppilegar afleiðingar og mun öllum fyrir bestu að koma í veg fyrir það í framtíðinni. Reynslan hefur sýnt, að þar sem hermennirnir hafa búið einangraðir frá íslendingum hefur áhrifa af dvöl þeirra minnst gætt.

3. Bandaríkjamenn skuldbinda sig til að taka þátt í aðgerðum, sem leiða til þess, að fullkominn aðskilnaður fari fram á milli varnarstöðvarinnar og farþegaflugsins á Keflavíkurflugvelli, en slíkur aðskilnaður mundi tvímælalaust verða til mikilla bóta, því að fyrirkomulagið á Keflavíkurflugvelli nú er nánast algerlega óþolandi og að ýmsu leyti niðurlægjandi fyrir okkur. Ekki hefur verið endanlega samið um neinar fjárhæðir, sem bandaríkjamenn leggja fram í þessu skyni, en þær framkvæmdir, sem þeir munu taka þátt í, eru t. d. breytingar á vegum, flugstæðum og aukaflugbrautum og fleira svipaðs eðlis. Nokkur fleiri minni háttar atriði eru í samkomulaginu, sem ég hirði ekki um að tíunda hér.

Þess hefur víða orðið vart, að menn óttast nokkuð, að þær farmkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á Keflavíkurflugvelli, muni hafa óheppileg áhrif á efnahagslífið og auka þá miklu þenslu, er hér ríkir. Það er vissulega ástæða til að gefa þessu atriði gaum, því að okkur skortir nú vinnuafl fremur en aukna vinnu, og ríkisstj. mun reyna að haga þessum málum þannig, að til sem minnstrar röskunar komi af þeirra völdum. Í því sambandi ber að hafa í huga, að íslenskir aðalverktakar hafa um alllangt árabil haft allmiklu liði á að skipa þarna suður frá, og vona ég, að framkvæmdum megi haga þannig, að þennan liðsafla þurfi ekki að auka að marki.

Hitt er svo annað mál, að vegna okkar eigin flugaðstöðu verður óhjákvæmilegt fyrir okkur að ráðast í byggingu nýrrar flugstöðvar fyrir millilandaflugið, þar eð núv. flugstöð er orðin úrelt og of lítil fyrir vaxandi flugumferð. Verður með þá framkvæmd að fara eins og hverja aðra íslenska mannvirkjagerð, vinna hana eftir því sem þörfin, vinnuaflið og fjármagnið segja til um. Er það hvorki annað né meira en gildir um önnur mannvirki, sem byggja þarf.

Því hefur verið haldið fram, að samkomulagið hefði átt að leggja fyrir Alþ., áður en ríkisstj. undirritaði það. Þessu er ég ekki sammála. Samkomulag þetta er gert innan ramma varnarsamningsins frá 1951, en felur ekki í sér neinar breytingar á honum. Í samningi þeim segir berum orðum, að það sé ríkisstj. Íslands, sem skuli ákveða, með hvaða hætti varnaraðstöðu bandaríkjanna skuli fyrir komið. Því er einnig haldið fram, að vegna þess að nú sé talið, að endurskoðun samkv. 7. gr. sé lokið, sé þar um svo veigamikla breytingu að ræða, að nauðsynlegt hafi verið, að Alþ. segði álit sitt á henni, áður en til framkvæmda kæmi. Þessu er til að svara,

að þegar fyrrv. ríkisstj. ákvað að beita ákvæðum 7. gr. taldi hún sig hafa fulla heimild til þess að gera það án samráðs við Alþ., og það gerði hún. Alveg á sama hátt tel ég, að núv. ríkisstj. geti fallið frá slíkri ákvörðun án samráðs við Alþ. Auk þess er á það að líta, að fordæmi er fyrir hendi. Vorið 1956 var óskað eftir endurskoðun á varnarsamningnum, en vinstri stjórnin, sem kom til valda sumarið 1956, féll frá endurskoðuninni og gerði sérstakt samkomulag um það efni líkt og nú. Þetta var ekki lagt fyrir Alþ., og þó var Lúðvík Jósepsson þá ráðh., sá maður, sem heimtaði í utanrmn., að málið skyldi lagt fyrir þingið. Svona er samræmið í þessu

Hitt er annað mál, að ég lýsti því margoft yfir í tíð fyrrv. ríkisstj., að ekki mundi koma til breytinga á samningnum né beitingar uppsagnarákvæðisins án þess að um það yrði haft samráð við Alþ., og við það loforð hef ég í öllum tilvikum staðið. En hér er bara ekki um neitt slíkt að ræða. Hér er, eins og ég hef áður að vikið, aðeins um að ræða framkvæmdaatriði innan ramma varnarsamningsins, og slíkt hefur aldrei verið borið undir Alþ. og er óþarft samkv. ákvæðum samningsins sjálfs, sem Alþ. samþykkti á sínum tíma. Ég vísa því algerlega á bug, að ég hafi nokkurt loforð svikið í þessu efni.

Hitt er auðvitað sjálfsagt, að láta utanrmn. Alþ. fylgjast með málinu, enda var það gert og málið rætt þar á tveim fundum. Eins er eðlilegt, að varnarmálin verði rædd á þessu þingi, og gefst væntanlega tækifæri til að gera það betur síðar.

Ég get vel skilið, að ýmsum framsóknarmönnum þyki hafa orðið nokkuð snögg umskipti hjá ráðh. og þingflokki Framsfl. í þessum málum. Við vorum í tíð fyrrv. ríkisstj. búnir að leggja fram till., sem gerði ráð fyrir brottför varnarliðsins á tilteknum tíma, og vorum þar að leitast við að framkvæma ályktanir margra undanfarandi flokksþinga. Auðvitað hefðum við kosið að geta framkvæmt þessa stefnu. En við urðum að horfast í augu við staðreyndir, og staðreyndirnar eru þær, að till. okkar frá því í mars s. l. hafa ekki meirihlutafylgi á Alþ. í dag. Þær hafa í besta falli 30 atkv., því að bæði Sjálfstfl. og Alþfl. höfðu skýrt og skorinort lýst því yfir, að þeir væru till. mótfallnir og mundu greiða atkv. gegn þeim á Alþ. Það var því ekki um það að ræða að koma þessum till. í framkvæmd, en auðvitað eru þær geymdar en ekki gleymdar.

Fyrir Framsfl. var ekki um annað að ræða en reyna með samkomulagi, sem gert væri innan ramma varnarsamningsins, að þoka málum áleiðis í þá átt, sem hann hefur stefnt að, þ. e. að herinn fari í áföngum og Ísland geti verið herlaust land á friðartímum. Ég tel, að með þeim ráðstöfunum, sem ég var áðan að lýsa, hafi nokkrum áfanga verið náð á þeirri braut.

Það er alkunn staðreynd, að í samsteypustjórnum getur enginn einn aðili fengið fram allt, sem hann vill, og það er sannfæring mín, að Framsfl. hafi gert rétt í því að nota þá aðstöðu, sem hann hefur í þessari ríkisstj., til að þoka varnarmálunum til betri vegar.

Það var mat Framsfl. í ágústmánuði s. l., að þegar sýnt var, að af vinstri stjórn með þátttöku Alþfl. gat ekki orðið, væri næstbesti kosturinn að mynda stjórn með Sjálfstfl. til að firra yfirvofandi efnahagsvandræðum og reyna jafnframt að koma stefnumálum flokksins til framkvæmda, eftir því sem við verður komið við núv. aðstæður. Þar kemur margt til, sem ég hef ekki tíma til að rekja hér og nú, en eitt af því eru vissulega samskipti okkar við varnarliðið og fyrirkomulag þeirra mála á næstu árum.

Vegna fsp. hv. þm. Karvels Pálmasonar um samninga við vestur-þjóðverja vil ég leyfa mér að vísa til þess, sem hæstv. forsrh. sagði, að skýrsla um viðræðurnar verður afhent öllum þingflokkum í þessari viku og ekkert verður gert í málinu, áður en þau mál hafa verið rædd í þingflokkunum. — Tímans vegna verð ég að láta þessi orð nægja. Ég þakka þeim, sem hlýddu. — Góða nótt.

Þór Vigfússon: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þessum fáu mínútum ætla ég að verja til að ræða þann þátt í stefnuræðu hæstv. forsrh., sem fjallar um samkomulag það, er hæstv. utanrrh. náði í Washington í sept. s. l. um sameiginleg hermál Íslands og Bandaríkjanna.

Þetta samkomulag felur í sér áframhaldandi dvöl hins bandaríska hers hér á landi og það án nokkurra tímatakmarka og stóraukin fjármálaleg umsvif hans. Það felur í sér fullkomið afturhvarf frá þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. markaði, að herinn hverfi héðan á næstu árum. Alþb. er því algerlega andvígt þessu samkomulagi og þeirri stefnu ríkisstj. í utanríkismálum, sem þar kemur fram.

Það undrar engan, að Sjálfstfl. skuli beita sér fyrir þessari stefnu í hermálum nú. Það hefur hann gert í hartnær 3 áratugi, svo að þar hefur ekkert farið milli mála. Það skrýtna er, að hann skuli fá tækifæri til að koma þessari stefnu fram, þótt hann hafi hvorki til þess meiri hl. meðal þjóðarinnar né á Alþ., ef nokkuð mætti marka stefnuyfirlýsingar þeirra stjórnmálaflokka, sem hér eiga fulltrúa.

Framsfl. hefur á hverju einasta flokksþingi sínu, frá því að herinn kom hingað, samþykkt ályktanir um það, að herinn skuli fara. Í vinstri stjórninni stóð Framsfl. að yfirlýsingu um það í mars s. l., að herinn skyldi fara á næstu árum, og undir þeirri stefnu gekk hann til kosninga. Nú hefur hann snarsnúið við blaðinu.

Í sambandi við meðferð þessa máls af hálfu ríkisstj. er það athyglisvert, að á vinstristjórnarárunum taldi hæstv. utanrrh. alltaf sjálfsagt að leggja niðurstöður samningaviðræðnanna við Bandaríkjastjórn fyrir Alþ., hverjar svo sem þessar niðurstöður yrðu og hvort sem þær fælu í sér uppsögn herverndarsamningsins eða breytingar innan ramma hans. Þetta er líka sjálfsögð málsmeðferð, hvað sem öllum fordæmum líður. En nú þegar niðurstöður eru fengnar telur hann þetta algeran óþarfa. Þetta er þeim mun einkennilegri afstaða þegar þess er gætt, að fyrir liggur af hans hálfu, að ýmislegt er óljóst eða ófrágengið í samkomulaginu við Bandaríkjastjórn eða aðeins framkvæmdaatriði, eins og hæstv. utanrrh. lýsti yfir hér áðan. Þeim mun ríkari ástæða mætti ætla að væri til þess, að Alþ. ræddi málið vand-

lega, áður en ákvörðun væri tekin. Það skyldi þó ekki vera, að hæstv. utanrrh. finnist, að nú séum við íslendingar hættir við að vilja ráða þessum málum sjálfir, þar eð til þess skorti meiri hl. á Alþ. Nú er það samráðið við NATO og Bandaríkjastjórn, rækilega undirstrikað í stjórnarsáttmálanum og stefnuræðu hæstv. forsrh., sem skal gilda, ekki samráðið við Alþingi íslendinga.

Talsmenn Framsfl. hafa mjög haldið því á lofti sér til varnar, að með þessu Washingtonsamkomulagi sé vissulega styttra stigið skrefið en fyrirhugað var í fyrrv. ríkisstj., samt þokist til réttrar áttar, nefnilega þeirrar, að herinn fari. Við skulum athuga lítillega tvö efnisatriði samkomulagsins með þetta í huga. Í stefnuræðu forsrh. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákveðið hefur verið, að varnarliðsmönnum skuli fækkað um 420 menn, en þeir hafa einkum verið bundnir við störf, sem ekki eru hernaðarlegs eðlis. Varnarliðið mun aðstoða við að þjálfa íslendinga til að taka við þessum störfum."

Ég fæ ekki séð, hvernig túlka megi þetta sem fækkun í varnarliðinu. En þetta felur í sér annað miklu alvarlegra. Hér segir, að einkum sé um störf að ræða, sem ekki séu hernaðarlegs eðlis. Í þessu orðalagi felst, að hér sé einnig um störf að ræða hernaðarlegs eðlis. Ég tel það ekki þokast til réttrar áttar, að íslendingar gerist sjálfir hermenn á launaskrá hjá NATO eða Bandaríkjaher með einhverjum hætti, eins og hæstv. utanrrh. hefur upplýst í fjölmiðlum, heldur þvert á móti.

Forstöðumaður Menningarstofnunar Bandaríkjanna á Íslandi hefur upplýst, að bandarísk stjórnvöld muni verja 4.5 milljörðum íslenskra króna til að bæta aðstöðu bandarískra hersins hér og útvega íslendingum tveggja milljarða kr. lán til nýrrar flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Það er eitt út af fyrir sig, að það skuli ver aþessi bandarískí embættismaður, sem fræðir almenning á Íslandi um þetta, á meðan hæstv. utanrrh. tjáir sig mjög óljóst um þessi efni. En hitt ætti að vera hverjum manni augljóst, að sá her, sem lætur til viðbótar því, sem fyrir er, reisa yfir sig 468 íbúðir úr varanlegu efni og það er sérstaklega tekið fram, að efnið skuli vera þessi bandarískí embættismaður, sem morgun eða í næstu viku.

Það er ekki nema von, að hinir bandarísku hermenn vilji búa vel eftir föngum, úr því að þeir eru neyddir til að dveljast langdvölum fjarri heimkynnum sínum. Það kom t. d. í ljós í fyrra, þegar vestmanneyingar lentu í smávegis húsnæðisvandræðum, að þessum hermönnum leist ekkert á að yfirgefa íslenskar íbúðir og fara að búa í einhverjum skúrum eða bröggum. Kemur þar vafalaust til hið íslenska loftslag, sem er líklega heldur hryssingslegt fólki af þessum breiddargráðum. Við þessu er ekkert að segja, enda kemur full greiðsla fyrir þessar íbúðir, með tilheyrandi skattatekjum opinberra aðila væntanlega. Líklega er það bara meinbægni að amast við þessum íbúðabyggingum nú, þegar við íslendingar höfum yfirfljótanlegt húsnæði handa okkur sjálfum, bæði til sjávar og sveita. Um það ber raun vitni. Þegar úthlutað var nú á dögunum 160 íbúðum á vegum Framkvæmdanefndar byggingaáætlunar, bárust aðeins 5 umsóknir um hverja íbúð. Það er sannarlega yfirfljótanlegt húsnæði í landinu fyrir íslendinga sjálfa.

Það vaknar reyndar ein spurning í sambandi við þessar íbúðabyggingar. Varnarmáladeild utanrrn. og upplýsingastjóra hersins ber saman um það, að bandaríkjamenn noti um 270 íslenskar íbúðir utan flugvallarsvæðisins. Samkvæmt því virðist hægurinn hjá að losa allar íslensku íbúðirnar og auk þess 150 íbúðir á Keflavíkurflugvelli, þegar bandaríkjamönnum fækkar um 420. Hver á þá að búa í nýju íbúðunum 468?

Hérna höfum við byggðastefnu Framsfl., 6.5 milljarðar á Keflavíkurflugvöll. Um leið telur þessi flokkur sig hafa komið miklu máli fram með því að fá tekið inn í fjárlagafrv., að tekjur Byggðasjóðs, sem ætlað er að efla framkvæmdir utan Reykjavíkursvæðisins og Suðurnesja, eiga á næsta ári að hækka um rúmlega 0.7 milljarða. Síst vil ég lasta þessa hækkun. Hér er um upphæð að ræða, sem nemur alltjent 10% af Keflavíkurfénu.

Fleira hefur Framsfl. dottið í hug til að hrinda byggðastefnu sinni í framkvæmd. Einn fulltrúa hans, hv. 4. þm. Reykn., sem nú er Gunnar Sveinsson í forföllum Jóns Skaftasonar, hefur flutt hér í þinginu frv. um framkvæmdasjóð Suðurnesja, sem á að hafa að tekjulind auk annars 2% af veltu Aðalverktaka og annarra verktakafyrirtækja á Keflavíkurflugvelli. Féð skal svo veitt til innlendrar atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Það er mjög að vonum, að framsóknarmenn á Suðurnesjum hafa áhyggjur af innlendum atvinnuvegum þar. Það hafa fleiri. Greinilega hefur komið fram undanfarið, að útvegsmenn á þessu svæði eru mjög uggandi um sinn hag og kvarta undan gömlum skipum og erfiðleikum við að fá mannskap, enda eru störf hjá þeim engan veginn samkeppnisfær við flugvallarstörfin, sem eru, að því er þeir segja, bæði léttari og betur borguð.

Auðvitað þarf Alþ. að aðstoða það fólk, sem fæst við innlenda atvinnuvegi á Suðurnesjum. Það er greinilegt, að frjáls samkeppni af þess hálfu má sín einskis gegn flugvallarfénu. En þá er spurningin, hvort þessi 2% duga. Samt er kannske hægt fyrir þeirra tilstilli að næla í til innlendra atvinnuvega eitthvert brot af því vinnuafli, sem búast má við að streymi til Suðurnesja á næstunni. Hins vegar finnst mér, að framsóknarþm. annarra kjördæma ættu að velta því fyrir sér, hvort suðurnesjamenn ættu að sitja einir að prósentunum af flugvallarfénu. Þeir ættu kannske að beita sér fyrir álíka framkvæmdasjóðum fyrir sín kjördæmi. Þá fengju hin kjördæmin 6, — ég sleppi Reykjavík, sem fær víst eitthvað í sinn hlut hvort sem er, — þá fengju hin kjördæmin 6 samtals 12% veltunnar í sinn hlut. Þetta væri um það bil 0.7 milljarðar eða álíka mikið og nemur þeirri tekjuaukningu til Byggðasjóðs, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Að vísu kynni þetta að skiptast milli tveggja ára, ef það er rétt, sem hæstv. utanrrh. hefur látið í veðri vaka um gildistíma samkomulagsins, að það gildi í hæsta lagi í tvö ár. Samt væri þetta ekki amaleg viðbót og mundi auk þess efla mjög áhuga almennings úti um hinar dreifðu

byggðir landsins á umsvifum Íslenskra aðalverktaka. Jafnvel mætti láta sér detta í hug, að með þessari skipan mála yrði Byggðasjóður alveg óþarfur, ef nóg er framkvæmt á Keflavíkurflugvelli.

Herra forseti. Ég veit ekki, hvernig framsóknarmenn fara að því að lesa sína eigin stefnu út úr samkomulagi utanrrh., a. m. k. ef þeir ætla að lesa þar sína yfirlýstu stefnu. Ég veit ekki hvenær hæstv. utanrrh. verður búinn að þoka málinu í þá höfn, sem hann segist stefna að, nefnilega að hafa hér herlaust land, ef eftirleikur hans verður sem þessi. Hann segir reyndar sjálfur, að skrefin séu stutt. Satt er það, stutt eru skrefin. Mér finnst þau satt að segja vera jafnstutt og hjá bónda einum í fæðingarsýslu utanrrh. Hann var að koma heim úr kaupstað með nokkra hestvagna í lest og hafði eins og oft vildi verða í kaupstaðarferðum fengið sér ofurlítið neðan í því. Sem hann er nú kominn í sína heimasveit verður á vegi hans sandbleyta allmikil, sem hann ríður ofan í með alla sína vagna á eftir sér. Náttúrlega fór allt á kaf og reiðskjóti bónda sökk upp í kvið. En bónda var þá svo komið, að hann tók ekki eftir þessu og þóttist ríða áfram. Þar kom að nágranni bónda sér, hvernig leikurinn stendur, og ávarpar granna sinn: „Ósköp gengur nú hægt hjá þér núna, Jón minn.“ „Já,“ svarar bóndi og lemur fótastokkinn, svo að yfir hann þyrlast blautur sandurinn, „en það mjakast.“

Ég held, að full ástæða væri fyrir pólitíska granna hæstv. utanrrh., framsóknarmenn um allt land, að íhuga það vandlega, hvernig koma megi lestinni upp úr sandbleytunni. Ég þakka áheyrnina.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Svo segir gamalt máltæki, að keypt vináttа kólni gjarnan. Þetta ætlar að sannast fljótt á núv. stjórnarflokkum, því að þeir keyptu vináttu hvor annars í einhverjum mestu hrossakaupum, sem um getur í íslenskri pólitík. Vináttan var því tekin að kólna þá þegar er þeir tókust í hendur, og hún hefur haldið áfram að kólna.

Það er t. d. ekki hlýtt vináttuþel í leiðurum Tímans, þar sem formaður þingflokks Framsfl. skammast við íhaldsblöðin og þar með auðvitað við Sjálfstfl. um nýliðna fortíð. Það er ekki heldur hlýtt vináttuþel á bak við stöðug skrif íhaldsblaðanna þess efnis, að vinstri stjórnin sáluga hafi stjórnað landinu svo illa, að henni séu að kenna allar þær miklu álögur, er lagðar hafa verið á þjóðina og launastéttir stynja nú undir. Það verður ekki heldur hlýtt vináttuþel á milli Sjálfstfl. og Framsfl., er þeir byrja fyrir alvöru helmingaskipti sín á völdum og ráðum í landinu, sem jafnan hafa einkennt samstjórn þeirra. Þeir hafa nú þegar orðið að grípa til þess að fjölga mönnum í ríkisstj. og ráðherrastólum, í stjórnum og nefndum til þess að ná samkomulagi um skiptin, þótt þeir tali um sparnað, og fleira af slíku mun vera væntanlegt, þegar þeir koma t. d. að bankastjóraembættum og öðru góðgæti, því að sæt er ávinningsvonin.

Núv. ríkisstj. hefur lagt gífurlegar álögur á þjóðina á skömmum tíma, meðan kaupgjald er í rauninni fast. Hún hefur hækkað söluskatt, hækkað margvíslega opinbera þjónustu, lækkað gengi o. s. frv.

Bræðravíg stjórnarblaðanna bera fyrst og fremst vott um slæma samvisku þeirra gagnvart almenningi. En þau sýna okkur meira. Tíminn eyðir enn þá heilum síðum til þess að réttlæta það, að forustulið Framsfl. skyldi í einni svipan kasta af sér vinstri klæðunum og ganga í faðm íhaldsins, svo að varla sjást nokkur merki um framsóknarstefnu, hina gamalrómuðu samvinnu- og jafnaðarstefnu Framsfl., í starfi hinnar nýju ríkisstj. Halldór E. Sigurðsson þurfti enn að verja verulegum hluta ræðu sinnar í þessa afsökun í kvöld. Það er von, að kjósendur Framsfl. um land allt séu undrandi og órólegir og Tíminn þurfi að taka á öllu til þess að skýra þessar pólitísku sjónhverfingar.

Íhaldsblöðin eiga ekki síður við margvíslega erfiðleika að etja, því að mörgum kjósendum Sjálfstfl. hefur þótt furðulegt, hve fljót flokksforusta hans var að semja við framsóknarforingjana og hvernig sjálfstæðisforustan gat samið svo herfilega af sér sem raun ber vitni, um valdaaðstöðu frá því sem allur þorri sjálfstæðismanna hefði viljað hafa hana. Hafi almenningi blöskrað hinar miklu álögur ríkisstj. á sumarþinginu, hafa menn nú fallið í stafi, er þeir sáu fjárlagafrv. það, sem stjórnin hefur unnið að síðan hún kom til valda og nú lagt fram á Alþ. Síðustu fjárlög fyrir vinstri stjórn fyrir árið 1971, hljóðuðu upp á rúmar 11 þús. millj. kr. Þá var Halldór E. Sigurðsson stjórnarandstæðingur og alveg að springa af hneykslun. Hann sagði, að þessi gífurlegu fjárlög væru spegilmynd af ríkisstj. og hin mestu verðbólgufjárlög. Svo tók Halldór sjálfur við stjórn fjármálanna í vinstri stjórninni, og viti menn: Þau stukku upp, fyrst upp yfir 20 þús. millj. og nú fyrir síðustu jól, fjárlög þessa árs, upp í tæplega 30 þús. millj. kr. Þetta þóttu Halldóri engin verðbólgufjárlög, heldur ósköp eðlilegt. En þá var Matthías Bjarnason í stjórnarandstöðu. Hann kallaði þetta eyðslu og ábyrgðarleysi og flutti margra klukkutíma ræðu hér á Alþ. um það, hvernig ætti að halda fjárl. í skefjum og hindra ofvöxt þeirra. Var það mikil kenning og glæsileg.

Nú eru sjálfstæðismenn teknir við stjórn fjármálanna, og þeir virðast vera búnir að steingleyma heilræðum þeim, er þeir sjálfir gáfu fyrir síðustu jól. Þeir bjóða upp á fjárlagafrv., sem hækkar upp í 44 þús. millj. kr. Er það furða, þótt Tíminn segi, að Halldór hafi staðið sig býsna vel miðað við Matthías, enda var Halldór drjúgur í ræðu sinni í kvöld.

Fjárl. eru auðvitað ekkert annað en það fé, sem ríkið tekur af þjóðinni til sinna þarfa. Þessi upphæð á nú í einu stökki að hækka um 12 milljarða, — hækkaðar álögur á þjóðina um 12 milljarða, — en samt segir Morgunblaðið þannig frá þessu, að ætla mætti, sérstaklega eftir fyrirsögnum, að skattar á þjóðina ættu að lækka. Það er raunar talað um smávægilega lækkun á beinum sköttum, en lítið minnst á heildina. Matthías fjmrh. Mathiesen er nefnilega eins og ágætur kaupmaður, sem segir við okkur: Því miður verð ég að hækka fötin um 50%, en ég ætla að lækka verðið á vasaklútunum.

Svo er það þetta með opinberu starfsmennina.

Fyrir nokkrum árum fylgdi ávallt hverju fjárlagafrv. ítarleg skrá um fjölda starfsmanna hjá ríkinu og fyrirtækjum þess. Þetta var fróðleg skrá, sem tilgreindi, hve margir væru í hverjum launaflokki í hverju fyrirtæki og hverri stofnun, hverju rn., og sitthvað fleira. Í tíð Halldórs E. Sigurðssonar sem fjmrh. hætti þessi skrá skyndilega að birtast með fjárlagafrv. Þá var gefin sú furðurleg skýring, að það væri ekki til nákvæm skrá og mjög erfitt að gera hana. Vinstri stjórnin hafði sem sé í öllu sukkinu hreinlega misst tölu á starfsliði ríkisins. Nú hefur hinn nýi fjmrh. lýst yfir þeirri veigamiklu stefnu, að hann ætli að láta telja starfsmenn ríkisins og verður það án efa merkilegt og gagnlegt manntal.

En hvílík stjórn er það ekki á einu fyrirtæki — og allt íslenska ríkið er varla stórfyrirtæki á alþjóðlegum mælikvarða — að vita ekki einu sinni tölu starfsmanna sinna. Ætli það hvarfli ekki að einhverjum þeirra, t. d. kennurum, sem hafa átt inni laun hjá ríkinu í marga mánuði, að e. t. v. séu þeir meðal hinna opinberu starfsmanna, sem fjmrh. Halldór I. og Halldór II. hafa ekki einu sinni tölu á.

Herra forseti. Íslenska þjóðin á við mjög alvarlegan efnahagsvanda að stríða. Um það deilir enginn. Verulegur hluti þessa vanda er innfluttur. En þar við bætist mikil heimatilbúin verðbólga ásamt fjölmörgum öðrum vandkvæðum. Um það er ekki heldur deilt. Þegar svo illa árar er þýðingarmikið, að þjóðin sýni þroska, ábyrgðartilfinningu og samstöðu. Ríkisstj. getur ekki kvartað undan því, að launþegasamtökin hafi brugðið fyrir hana fæti, og þrátt fyrir harða gagnrýni hefur stjórnarandstaðan ekki beitt sér alvarlega gegn ríkisstj. Hún hefur engan veginn notað þá aðstöðu, sem hún hefur t. d. hér á Alþ. Ríkisstj. hefur meira að segja haft langvarandi frið fyrir sjálfu Alþ. og ætlar víst ekki að láta Alþ. starfa allt of mikið næstu vikurnar, að því er frést hefur. Þegar svona stendur á, er mikilvægt, að ríkisstj. komi til móts við þjóðina og þessi öfl, fjöldasamtökin, stjórnarandstöðuna, og leggi ríka áherslu á að verja lífskjör og afkomu alls almennings. En að þessu leyti hefur mikið skort á. Það stóð ekki á álögunum, og kaupið má heita bundið fast. En hefur stjórnin barist af nógu mikilli hörku gegn verðhækkunum, eins og gert er í grannlöndum okkar? Hefur stjórnin ekki verið of leiðitöm við fyrirtækin án þess að kanna raunverulegan hag þeirra nógu vel? Eru hin nýju fjárlög ekki verðbólguaukandi? Er nú tímabært að afnema allt verðlagseftirlit? Skyldi það verða til þess að auka traust milli neytendanna í landinu og stjórnvaldanna? Allt þetta verður að draga í efa.

Ríkisstj. hefur verið veik og hikandi stjórn, hlynntari fyrirtækjum en fólkinu sjálfu, hlynntari útgerðinni en sjómönnum. Hún hefur verið stjórn fjármagnsins.

Alþfl. mun veita þessari stjórn alla þá andstöðu, sem hann getur, án þess að sýna ábyrgðarleysi. Alþfl. heitir á alla launþega sem og aðra landsmenn að sýna árvekni og gætni á erfiðum tímum og undirbúa jarðveginn fyrir betri ríkisstj. svo fljótt sem kostur verður á. — Góða nótt.

Neðri deild, 6. fundur.

Miðvikudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lánasjóður sveitarfélaga, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með l. nr. 35 frá 1966. Þetta frv. fjallar um breyt. á þeim l. og felur það í sér að auka óafturkræft framlag til sjóðsins honum til eflingar.

Aðdragandi að stofnun Lánasjóðs sveitarfélaga var sá, að á árinu 1963 var ákveðið að taka lánsfjármál sveitarfélaganna til sérstakrar athugunar. Var þá skipuð n. manna til þess að rannsaka og gera till. um, á hvern hátt rekstrar- og stofnfjárþörf sveitarfélaganna yrði best leyst. Sú n. skilaði ítarlegu áliti og grg. og samdi frv. til l., og var það lagt fyrir Alþ. 1964—1965 á vordögum 1965. Ítarlegt álit n. fylgir frv. sem grg. á þskj. 511 í A-deild þingtíðinda frá því ári.

Þegar n. fjallaði um þetta mál, voru einkum uppi tvær skoðanir um það, hvernig leysa skyldi þetta vandamál. Önnur skoðunin var sú að stofna sérstakan banka, sveitarfélagabanka, sem hefði þessi málefni með höndum. Hin till. var sú að setja á fót stofnlánadeild sveitarfélaga, sem yrði deild í einhverjum þeirra banka, sem fyrir voru. Niðurstaðan varð málamiðlun og á því byggðist frv. Hún fól það í sér að stofna Lánasjóð sveitarfélaga, sem hefði fyrst og fremst með höndum að veita sveitarfélögunum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestingar og í annan stað að aðstoða sveitarfélög við útvegun nauðsynlegra rekstrarlána hjá bönkum og sparisjóðum.

Þetta frv. náði ekki fram að ganga á þinginu 1965, en var svo lagt fyrir næsta þing nokkuð breytt og síðan lögfest sem lög nr. 35 frá 1966, eins og ég gat um í upphafi. Þessi lög kveða svo á, að Lánasjóður sveitarfélaga skuli vera sjálfstæð stofnun, sameign allra sveitarfélaga á Íslandi. Stjórn hans er þannig skipuð, að fulltrúaráð Sambands ísl. sveitarfélaga kýs 4 menn í stjórnina, en ráðh. skipar einn mann og er hann formaður stjórnarinnar.

Í till. undirbúningsnefndar var gert ráð fyrir því, að stofnfé sjóðsins, árlegt óafturkræft framlag, yrði 15 millj. frá sveitarfélögunum sjálfum, þ. e. a. s. Jöfnunarsjóði þeirra, og jafnhá upphæð árlega frá ríkissjóði. Þegar frv. var afgr. sem lög, var haldið óbreyttu þessu ákvæði um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en breyting gerð varðandi ríkissjóð, þannig að ákveðið skyldi í fjárl. ár hvert, hvert framlagið skyldi verða. Á þeim árum, sem liðin eru síðan, hafa framlögin verið eins og greinir á bls. 2 í aths. með frv., að frá Jöfnunarsjóði hefur hið árlega framlag jafnan verið hið sama, 15 millj. kr. Frá ríkissjóði var fyrst ákveðið í fjárl. 4.5 millj. á ári og hélst það í 5 ár. Árið 1972 var framlagið hækkað í 7 millj., 1973 var það hins vegar 5 millj. 950 þús. og á árinu 1974 var það aftur hækkað upp í 8 millj. Á þessu ári er því hið árlega framlag frá Jöfnunarsjóði og ríkissjóði samtals 23 millj.

Stjórn Lánasjóðsins og sambands ísl. sveitarfélaga hafa haft af því að undanförnu þungar áhyggjur, hversu stefndi með sjóðinn. Þeir hafa talið, að þar sem raungildi hinna árlegu óafturkræfu framlaga til sjóðsins minnki stöðugt, þá sé sjóðnum stefnt í bráða hættu, því að eigið ráðstöfunarfé sjóðsins fari minnkandi, og hafa því talið brýna þörf á, að hér yrði gerð veruleg bragarbót. Samband ísl. sveitarfélaga og stjórn Lánasjóðsins hafa því gert till. um, að framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrði breytt þannig, að í staðinn fyrir fast framalg, 15 millj. á ári, skyldi það verða 5% af brúttótekjum Jöfnunarsjóðs. Það mundi því breytast frá ári til árs, en miðað við áætlun um tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nú í ár hefði framlagið orðið rúmar 47 millj. frá Jöfnunarsjóði. Gera má ráð fyrir, að á næsta ári yrði þessi upphæð hærri, jafnvel töluvert hærri.

Þá er lagt til, að í stað þess að framlag ríkissjóðs sé ákveðið í fjárl. ár hvert, verði það lögbundið, að eigi skuli það nema lægri fjárhæð en 2½% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, m. ö. o. að í stað þess, að í öndverðu var lagt til, að ríkissjóður legði að jöfnu við sveitarfélögin, þá er nú lagt til, að framlag ríkissjóðs verði helmingur á móti framlagi sveitarfélaganna.

Þetta er aðalefni frv., að lagt er til, að hið árlega framlag úr Jöfnunarsjóði verði 5% af vergum tekjum sjóðsins og árlegt framlag ríkissjóðs eigi lægra en 2½% af þessum sömu tekjum.

Hið óafturkræfa framlag til sjóðsins hefur af eðlilegum ástæðum ekki náð því, að eigið fé Jöfnunarsjóðs yrði ýkjamikið, en í árslok 1973 mun eigið fé sjóðsins hafa verið rúmlega 183 millj. Ef þetta frv. verður samb., sem ég vænti, mundi sjóðurinn eflast verulega á næstu árum og fá ólíkt meira bolmagn til að sinna hlutverki sínu. Ráðstöfunarfé sjóðsins á undanförnum árum hefur fyrst og fremst verið lán frá Framkvæmdasjóði, sem Lánasjóður hefur svo endurlánað. Því þarf auðvitað að halda áfram. En ég vil taka það fram að í sambandi við eflingu Byggðasjóðs tel ég, að Lánasjóður sveitarfélaganna ætti að njóta þar nokkurs góðs af. Í málefnasamningi ríkissj. er gert ráð fyrir því, að Byggðasjóður verði efldur og að framlag til sjóðsins nemi 2% af útgjöldum fjárlagafrv. Nú er svoháttað starfsemi Lánasjóðs sveitarféalga, að hann hefur lánað fé til ýmissa framkvæmda í hinum strjálu byggðum, kauptúnum og sveitarfélögum víðs vegar úti um land, og er það mikilvægur þáttur í jafnvægi í byggð landsins. Á bls. 3 í frv. er rakið, hvað einstakar tegundir framkvæmda hafa fengið af lánsfé, og er þar hæsta upphæðin vatnsveitur, en það eru tæpar 200 millj., sem sjóðurinn hefur frá öndverðu samtals lánað til vatnsveitna. Næsthæsti liðurinn er hitaveitur, tæpar 160 millj. Þriðji liðurinn er gatnagerð og holræsagerð, tæpar 100 millj. Auk þess hefur hann lánað til skóla, sjúkrahúsa og læknisbústaða og ýmislegs fleira.

Þó að Lánasjóðurinn yrði efldur á þann hátt, sem hér er lagt til, þarf hann að sjálfsögðu á miklu fé að halda, sem hann sjálfur tæki að láni til endurlána, og mundi það eins og áður væntanlega koma frá Framkvæmdasjóði. En ég vil varpa því sérstakelga fram, að mjög er eðlilegt og yrði í samræmi við tilgang Byggðasjóðs, að Lánasjóðurinn nyti nokkurs af því fé, sem Byggðasjóður hefði til umráða.

Þetta frv. er einn liður, mikilvægur liður í þeim aðgerðum að reyna að rétta hlut sveitarfélaganna. Í stefnuskrá eða málefnasamningi ríkisstj. er ákveðið, að unnið skuli að því að endurskoða fjárhagslegan grundvöll sveitarfélaganna til þess að tryggja sjálfstæði þeirra og framkvæmdagetu. Ég vænti þess, að þetta frv. fái greiðan gang í gegnum þingið, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og félmn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil hér aðeins með örfáum orðum við þessa umr. lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. Ég tel, að frv. miði að réttu marki. Það er mikil þörf á því að efla þann lánasjóð, sem hér um ræðir. Lánasjóður sveitarfélaga þarf að sinna mörgum og stórum verkefnum í stuðningi sínum við sveitarfélögin, og það er orðin brýn þörf á því að auka tekjur sjóðsins fyrir utan þá lánsmöguleika, sem hann hefur á hverjum tíma.

En ég vil strax varpa því fram, hvort ekki komi til mála við þá breytingu, sem nú verður gerð, að gera ráð fyrir því, að framlög til þessa lánasjóðs verði í sömu hlutföllum frá þeim aðilum, sem aðallega leggja sjóðnum fé, og upphaflega var gert ráð fyrir, þ. e. a. s. jafnmikið fastaframlag til sjóðsins frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og frá ríkissjóði. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að hækka að vísu verulega framlagið frá Jöfnunarsjóði og einnig frá ríkissjóði, en þó þannig, að framlag ríkissjóðs verði helmingi lægra en framlagið frá Jöfnunarsjóði. Það getur alltaf leikið á því nokkur vafi, hvað hægt er að leggja á ríkissjóð, en ég held, að það sé enginn vafi á því, að bein framlög ríkisins í þennan stofnlánasjóð sveitarfélaganna verði, þegar nánar er að gáð, varla talin til mikilla aukaútgjalda fyrir ríkissjóð. Það eru aðeins tvær leiðir til að leysa úr vandamálum sveitarfélaganna í þessum efnum: annars vegar að efla lánasjóð þeirra, sem síðan getur aðstoðað sveitarfélögin eftir lánareglum til þess að leysa sín verkefni, en hins vegar, sé það ekki fyrir hendi, er knúið á ríkissjóð með að hækka bein framlög hans til hinna ýmsu framkvæmda, eins og verið hefur á mörgum sviðum, og þannig koma útgjöldin eftir þeirri leið á ríkissjóð. Mér hefði satt að segja ekki fundist of mikið þegar farið er að breyta þessum lögum, að gera ráð fyrir því, miðað við það uppgjör, sem hér er gerð grein fyrir, þó að framlag ríkissjóðs hefði orðið á þessu ári 47 millj. kr. eða jafnhátt og framlag Jöfnunarsjóðs, í staðinn fyrir rúmar 23 millj., sem hér er gert ráð fyrir. Þetta vildi ég, að sú hv. n., sem fær málið til athugunar, íhugaði.

Ég vil aðeins minna á það um leið, að í tíð fyrrv. ríkisstj., vinstri stjórnarinnar svonefndu, voru framlög ríkisins til þessa sjóðs nokkuð hækkuð og sérstaklega var þá gert átak í því að útvega þessum lánasjóði verulega aukið lánsfé, enda byrja fyrst umsvif hans í lánveitingum, sem eitthvað munar um, í tíð þeirrar stjórnar.

Ég tók eftir því, að hæstv. félmrh. minntist

á, að það væri yfirlýst stefna núv. ríkisstj. að vinna að því að rétta við fjárhag sveitarfélaga og styðja þau á fjárhagssviðinu. En ég vil benda á, að það er út af fyrir sig ekki mikill fjárstuðningur við sveitarfélögin að ákveða fyrst og fremst hækkun til Lánasjóðs sveitarfélaganna úr þeim sjóði, sem sveitarfélögin eiga sjálf og hafa samkv. lögum til sinna þarfa, en það er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er sjóður sveitarfélaganna og kemur þeim til stuðnings. Þá millifærslu, sem hér er gert ráð fyrir, tel ég vera til bóta, því að ég legg meiri áherslu á að efla í þessu tilfelli Lánasjóð sveitarfélaga en Jöfnunarsjóðinn. Mér er hins vegar ljóst, að þarna er verið að færa fé á milli. Það er verið að taka fé, sem sveitarfélögin eiga, og færa yfir í þennan sjóð. Hækkunin á fastaframlagi ríkissjóðs er beinn aukinn stuðningur, en ég tel, að sá stuðningur hefði mátt vera meiri.

Ég vil aðeins benda á það, að Lánasjóður sveitarfélaga hlýtur nú á næstu árum að verða að sinna í stórauknum mæli lánveitingum til gatnagerðar sveitarfélaganna, sem nú er óðum að hefjast, þar sem sveitarfélögin eru að vinna að því að koma bundnu slitlagi á vegi sína og gera þá þolanlega. Það eru uppi mjög stórar áætlanir í þessum efnum, og hér er um mjög aðkallandi verkefni að ræða. Það er augljóst mál, að eðlilegast væri, að það væri Lánasjóður sveitarfélaga, sem hér gæti aðstoðað sveitarfélögin með lánum. Sömuleiðis er það líka ljóst, að sjóðurinn verður að sinna í auknum mæli þörf sveitarfélaganna varðandi framkvæmdir í sambandi við vatnsveitur. Þar er um mjög fjárfrekar framkvæmdir að ræða í mörgum tilvikum og ekki auðvelt að fá lán til slíkra framkvæmda.

Ég þarf ekki að þessu sinni að ræða um þetta mál frekar. Ég aðeins ítreka það, að ég styð þetta frv., ég tel það miða í rétta átt, en vil gjarnan, að sú n., sem fjallar um málið, athugi, hvort ekki sé rétt, að framlag ríkissjóðs verði ákveðið í sömu hlutföllum við framlag Jöfnunarsjóðs og upphaflega var gert ráð fyrir, þ.e.a.s. jafnhátt, en ekki aðeins að hálfu, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Eftir því sem lífskjör þjóðarinnar hafa farið batnandi á undanförnum árum, hafa þær óskir, sem landsmenn færa fram við yfirvöld, í áberandi mæli færst frá ríkinu og til sveitarfélaganna. Fólk var fyrir nokkrum áratugum upptekið við að eignast einhvers konar íbúðarhúsnæði og koma upp eins konar lágmarksumgjörð fyrir lífskjör sín, en hefur nú, eftir því sem efni hafa aukist, fengið áhuga á ýmsum lífsgæðum, sem falla undir sveitarfélögin. Í þessu sambandi get ég nefnt varanlega gatnagerð, sem mun vera hátt á blaði hjá svo að segja hverju einasta þéttbýlissveitarfélagi á landinu og fólk leggur nú mjög mikla áherslu á. Ég get nefnt stórvaxandi kröfur til skóla og fjölbreytni í skólahaldi, sem sveitarfélögin bera höfuðábyrgð á, þótt ríkið sé þar þátttakandi í kostnaði. Það mætti nefna margar mismunandi gerðir af félagslegum stofnunum, sem þörf er á, ekki síst vegna breyttra lifnaðarhátta, þar sem konur vinna nú miklu meira utan heimilis en var fyrir skömmu. Það má nefna elliheimilin, sem gerðar eru vaxandi kröfur til, bæði þau heimili, sem hafa einhvers konar hjúkrunaraðstöðu, og hin, sem á ýmsan hátt eru nær eingöngu íbúðir. Þá má nefna bókasöfn og ýmsar aðrar menningarstofnanir, fleiri tegundir safna, listasöfn, sem rísa á mörgum stöðum um landið. Það má nefna íþróttaaðstöðu, og gæti ég þannig lengi haldið áfram. Áherslan er meiri og meiri á þær framkvæmdir, sem sveitarfélögin eiga fyrst og fremst að sjá um, frekar en ríkið sjálft.

Af þessu leiðir, að það er óhjákvæmilegt að bæta aðstöðu sveitarfélaganna til þess að sinna þessum kröfum. Það er að vísu hægt að auka framlag ríkisins í hinar ýmsu framkvæmdir, en ég hygg, að flestir séu sammála um, að það sé farsælli og betri leið í langflestum tilvikum að rétta sveitarfélögunum hjálparhönd með því að útvega þeim tekjur og láta þau síðan sjálf annast þessar framkvæmdir að mestu eða öllu leyti, þannig að framkvæmdirnar geti verið í sem nánustu sambandi við vilja manna á hverjum stað og í þeirri röð, sem sveitarfélögin sjálf telja rétt.

Ég tel því, að mjög nauðsynlegt sé bæði að auka tekjur sveitarfélaganna og auka möguleika þeirra til að fá lán til allra þessara framkvæmda. Raddir um þetta hafa komið frá fundum samtaka sveitarfélaganna um allt land og mega heita einróma.

Í því sambandi sakar ekki að nefna það hér, af því að flestir þm. munu hafa haft kynni á haustdögum af aðalfundum sambanda sveitarfélaganna, að það hlýtur að vera orðið ákaflega aðkallandi að finna þeim lagalegan grundvöll og styrkja samböndin, veita þeim aukna viðurkenningu vegna þess að það er þegar farið að leggja á þau ýmiss konar verkefni, t.d. með grunnskólalögunum, sem getur reynst erfitt fyrir þau að sinna, ef þau fá ekki fastari lagalega stöðu.

Þörf sveitarfélaganna fyrir lán í ýmiss konar framkvæmdir kemur víða fram. Má t.d. nefna, að í Byggðasjóði hefur með hverju ári verið stórvaxandi fjöldi umsókna frá sveitarfélögum um lánveitingar í hinar og þessar framkvæmdir, og hefur verið misjafnt, hversu mögulegt hefur verið að sinna því, vegna þess að sjóðurinn hefur oftast nær einbeitt sér að því að hjálpa sveitarfélögunum til að halda atvinnulífi gangandi, þegar það hefur reynst erfitt.

Með þessum hugleiðingum vil ég aðeins lýsa því, að Alþfl. styður þetta frv. í meginatriðum, en að sjálfsögðu áskiljum við okkur rétt um einstök atriði, sem fram kunna að koma við meðferð málsins í nefnd.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. ríkisstj. fyrir að bregðast svo við óskum sveitarfélaganna og stjórn Lánasjóðs sem raun ber vitni með flutningi þessa frv. Það er einnig ástæða til að þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað og lýstu stuðningi við frv. Þetta þykist ég hafa nokkuð umboð til að gera, af því að ég hef staðið að þeim

áskorunum, sem beint hefur verið til ríkisvaldsins í þessu efni.

Það var sérstaklega ánægjulegt að heyra stuðning hv. 2. þm. Austf. Hann hefði kannske mátt koma fram fyrr, vegna þess að snemma á s.l. vetri var þáv. hæstv. ríkisstj. sent þetta frv. með ósk um, að það yrði flutt á hv. Alþ. Nokkrum sinnum var rætt við þáv. hæstv. félmrh., en því miður fékkst ekki stuðningur hans við þetta mál, a.m.k. var frv. aldrei flutt. Það kann að vera ástæðan fyrir því, að nokkuð stutt varð í þinginu í vor og því lauk nokkru fyrr en ætlað var. En skömmu eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum, þá veit ég, að gengið var á fund hæstv. félmrh. og þessi mál kynnt fyrir honum, og það er mjög ánægjulegt, hversu vel hefur verið brugðist við þessum óskum.

Um ástæðurnar fyrir því, að samtök sveitarfélaga óska eftir úrbótum í þessu efni, þarf sjálfsagt ekki að ræða. Það eru þarfir sveitarfélaganna fyrir aukin lán til hinna nauðsynlegustu framkvæmda. Lánasjóður sveitarfélaga hefur aldrei getað fullnægt umsóknum um lán og raunar ekkert nálægt því. Ég held, að ég fari rétt með, að á þessu ári, 1974, lánar sjóðurinn um 179 millj. kr., en umsóknir um lán frá sveitarfélögunum námu 500 millj.

Að sjálfsögðu bjargar ekki þessi breyting á lögum um Lánasjóð fjárhag sveitarfélaganna almennt í landinu, enda ekki ætlunin. Þetta er eitt skrefið. Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh. er þetta eitt skrefið til að rétta þar nokkuð við. En það er ekki heldur hugsunin með þessu frv. að bjarga við fjárhag sveitarfélaganna eins og nauðsynlegt er. Til þess þarf miklu meira að koma til og hér er um að ræða fjárfestingarlánasjóð.

Ég ætla ekki við þetta tækifæri að ræða um, hvernig komið er fjárhag sveitarfélaganna í landinu. Ég hygg, að flestum hv. þm. sé ljóst, að þar er mjög slæmt ástand.

Í grg. með frv. er rakið, til hvaða þátta hefur einkum verið lánað, og hæstv. ráðh. rakti það hér áðan. Það er einn málaflokkur, sem mjög er vaxandi nú, sem sótt er á um lán til, og það eru gatnagerðarframkvæmdir. Það var ekki fyrr en á árinu 1973, sem farið var að lána til þess málaflokks að einhverju marki, en þá voru það 67 millj. rúmar, og svipuð upphæð mun hafa verið á árinu 1974. Það er alveg augljóst mál, eins og hér hefur komið fram, að fjárþörfin til gatnagerðarframkvæmda er mjög vaxandi og það er þáttur, sem Lánasjóður kemst ekki hjá að sinna í enn ríkari mæli en hann hefur getað gert til þessa.

Ég tek undir það, að að hluta til eru sveitarfélögin ekki að biðja ríkið um að gefa sér neitt, þó að þetta frv. verði samþ. Um leið og framlag Jöfnunarsjóðs til Lánasjóðsins eykst, minnkar að sama skapi það fé, sem kemur til skipta eftir höfðatölureglunni milli sveitarfélaganna. Það minnkar miðað við áætlun í ár um 32 millj., sem fer þannig til Jöfnunarsjóðsins. Frá ríkinu er hins vegar verið að biðja um 15 millj. í viðbót við það, sem áður var, og virðist ekki vera farið fram á mikið. Það kann vel að vera, að eðlilegt teljist, að ríkissjóður láti jafnmikið og Jöfnunarsjóðurinn, og ég vænti þess, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, athugi það, eins og hv. 2. þm. Austf. minntist á áðan.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að segja meira á þessu stigi málsins. Ég styð að sjálfsögðu þetta frv. og vildi aðeins þakka hæstv. ríkisstj. fyrir góðar undirtektir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af þeirri umr., sem hér hefur farið fram um þetta mál, þykir mér rétt að geta þess að á þeim árum, sem ég var fjmrh., var þetta sú stofnun, sem lét mig mest í friði um það að auka við framlög til sjóðsins. Þegar ég tók við fjmrh.-embættinu, var um að ræða 4½ millj., sem ríkissjóður greiddi til hans. Ég hækkaði það við ákvörðun á undirbúningi fjárl. upp í 7 millj. á því ári, og ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma fengið beiðni um að hækka fjárveitingu til Lánasjóðs sveitarfélaga. Við undirbúning frv. til fjárl. fyrir árið 1974 var þetta svo hækkað um 1 millj., og mátti með sanni segja, að það væri gert alveg fríhendis, því að óskir lágu ekki fyrir um það.

Ég hef ekki heyrt um það fyrr en nú, að fyrrv. ríkisstj. hafi verið beðin að flytja frv. af þessari gerð, sem mér hefði ekki fundist neitt óeðlilegt, þótt fram hefði komið, því að það var öllum ljóst, að sú lánastarfsemi, sem var hjá Lánasjóði sveitarfélaga, fór árvaxandi, vegna þess að kröfur til Lánasjóðsins uxu eins og annarra lánasjóða vegna framkvæmda, sem hafa orðið hjá sveitarfélögunum á síðari árum. Það varð á því gerbreyting og heldur áfram. Þess vegna var þessum lánasjóði sem öðrum stofnlánasjóðum mikil nauðsyn að reyna að auka eigið fé til lánastarfseminnar, og ég styð því að því, að þetta mál nái fram að ganga, enda var einróma samþ. í ríkisstj., að það yrði lagt fram.

Á sínum tíma, þegar Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður, lýsti ég stuðningi mínum við hann og mælti, að mig minnir, þakkarorð til þess hæstv. ráðh., sem þá beitti sér fyrir og hafði þá sem nú góðan skilning á málefnum sveitarfélaga, eins og ég hélt mig hafa, þegar ég létti af þeim útgjöldum til almannatrygginga, sjúkrasamlaga og lögreglukostnaðar. Held ég, að þetta allt hafi gert það að verkum, að sveitarfélögin hafa verið meiri framkvæmdaraðili í sínum byggðarlögum á síðari árum en áður hefur verið, vegna þess að lögboðin gjöld þeirra tóku mestallar tekjur þeirra.

Það er ljóst, að sveitarfélög eins og fleiri framkvæmdaaðila skortir fé til framkvæmda nú. Það eru margir, sem skortir fé til framkvæmda, og má segja eins og sagt er um ríkisvaldið og fleiri, að framkvæmdagleði er mikil, enda er mikið á það sótt.

Það er óhugsandi í raun og veru í þéttbýlisstöðum, þorpum, kauptúnum og kaupstöðum, að búa við þær götur, sem þar hafa verið, forugar og rykugar, svo að menn hafa varla getað farið í sæmilegum fötum um þær. Þetta er að breytast og getur ekki annað en breyst. Það verður að vera sæmilega að gatnagerðarkerfinu búið í þéttbýli, svo að hægt sé að búa þar. Einn þáttur í því er það, sem er í frv. til vegal., sem var lagt fram í fyrravetur og verður endurflutt

nú með lítils háttar breytingu, um það að styðja meira að gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum en áður hefur verið gert. Ég álít, að það beri brýna nauðsyn til þess, og það er sami þáttur þar á ferðinni og er í þessu frv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil strax við 1. umr. þessa máls lýsa stuðningi við það og segja hér örfá orð til viðbótar.

Stuðningur minn við þetta stjfrv. sýnir að sjálfsögðu, að ég er ábyrgur stjórnarandstæðingur, enda sjálfsagt af nógu að taka af hinum verri verkum hæstv. ríkisstj., sem ástæða er til að gagnrýna, og því alveg sjálfsagt að láta ráðh. njóta sannmælis.

Það er enginn vafi á því, að það er stórvaxandi ásókn á Lánasjóð sveitarfélaga frá sveitarfélögunum til framkvæmda. Ég held þó, að það sé ekki alveg rétt, sem hv. 5. þm. Reykn. vildi vera láta hér áðan, að það hafi verið mjög þrengt að sveitarfélögum í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég held einmitt, að sú breyting, sem gerð var á tekjustofnum sveitarfélaga á þeim tíma, og þær framkvæmdir, sem verið hafa í gangi á vegum sveitarfélaganna almennt síðan, sýni, að það var í reynd rýmkaður fjárhagur sveitarfélaga með tekjustofnabreytingunni. Hitt er eigi að síður rétt, að það er geysileg fjárþörf nú hjá sveitarfélögum til hinna ýmsu verkefna og framkvæmda, sem þau standa í.

En þetta viðhorf hv. stjórnarsinna að því er varðar stuðning við sveitarfélög í varanlegri gatnagerð t. d. hefði mátt koma fram í reynd á sumarþinginu, þegar það var sannarlega tækifæri til þess í reynd — ekki að veita sveitarfélögunum lánsmöguleika, heldur að koma á ákveðnum tekjustofni, til þess að þau gætu farið í þær framkvæmdir, sem nú eru mest knýjandi og heyrast raddir um alls staðar að af landinu frá þessum sveitarfélögum um, að verði að hrinda í framkvæmd. Og það var að láta ákveðinn hluta af bensínskattshækkuninni renna einmitt til þessara framkvæmda. Þá hefðu hv. stjórnarliðar átt í reynd að sýna, hver hugur fylgdi máli í þessum efnum, við lausn þessara vandkvæða sveitarfélaganna í þessum framkvæmdum. En vonandi hafa þeir séð að sér. Og batnandi mönnum er best að lifa.

Ég vil aðeins taka undir það, sem hér hefur komið fram, að mér finnst ekki óeðlilegt, að það haldist sama hlutfall í fjárframlögum bæði frá Jöfnunarsjóði og ríkissjóði, þannig að ég tel ástæðu til þess, að það verði skoðað, hvort ekki sé fært, að ríkissjóður leggi fram til jafns við Jöfnunarsjóðinn. Ég vona a. m. k., að það verði skoðað í n., hvort slíkt sé ekki framkvæmanlegt. — Ég held, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta, en ég sem sagt ítreka stuðning við þetta frv.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tel vissulega, að það frv., sem hér liggur fyrir, sé spor í rétta átt og stuðningur við sveitarfélögin. Ég held þó, að það komi að því, að Alþ. verði að endurskoða afstöðu til sveitarfélaganna, þannig að tekjumöguleikar þeirra og lánamöguleikar verði auknir mun meira en hér er gert ráð fyrir.

Ég tel mjög eðlilegt, að tiltekinn hluti af því fjármagni, sem Byggðasjóði er nú ætlað, verði látinn renna til Lánasjóðs sveitarfélaga, ekki sem lán, heldur sem beint framlag, sem Lánasjóðurinn hefði þá til ráðstöfunar til útlána handa sveitarfélögum. Ég vil benda á það, að sveitarfélögin eru ein elsta stofnun í landinu, og þær kröfur, sem almenningur gerir til sveitarfélaganna, fara með svo að segja ári hverju vaxandi. Fram undan eru mörg og stór verkefni, sem sveitarfélögin verða að leysa og almenningur ætlast til að þau leysi. Hér hefur verið bent á aukna gatnagerð úr varanlegu efni, og er það vissulega rétt, að það er stórátak fyrir mörg sveitarfélög að koma þeim málum í það horf, sem eðlilegt er og almenningur getur með nokkrum rétti gert kröfu til. Ég hygg, að mörg sveitarfélög þurfi í framtíðinni einnig að útvega sér allverulegt og kannske mjög mikið fjármagn sum þeirra í sambandi við hitaveitur og fleiri framkvæmdir, sem sjáanlega eru fram undan.

Ég vildi vekja á þessu athygli við 1. umr. þessa máls, að ég tel, að málið sé nokkru stærra eða verði í framtíðinni nokkru stærra en hér er gert ráð fyrir með þessu frv., og sérstaklega undirstrika það sem skoðun mína, að ég tel, að hluti af framlagi Byggðasjóðs eigi að renna sem framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga til endurlána í sambandi við framkvæmdir þessara aðila.

Ég sé ekki, hvers vegna sveitarstjórnarmenn þurfa endilega að vera að fara til Byggðasjóðs með sín mál og sækja þar eftir fyrirgreiðslu, hvort heldur hún er í lánsformi eða öðru. Ég mundi telja miklu eðlilegra, að þeir færu til sinnar eigin stofnunar og legðu mál sín þar fyrir og fengju afgreiðslu í gegnum sinn eigin lánasjóð.

Ég skal ekki fjölyrða um það neitt að ráði meira. En hér hefur verið komið inn á tekjustofna sveitarfélaga og því verið haldið fram, að sú breyting, sem gerð var á þeim lögum í tíð fyrrv. ríkisstj., hefði orðið sveitarfélögum til góðs. Vissulega var rétt, að það var sveitarfélögum til hægðarauka, þegar létt var af þeim útgjöldum bæði í sambandi við lögreglukostnað og heilbrigðismál. En með lögunum voru að mínum dómi allt of mikið bundnar hendur sveitarstjórnarmanna í sambandi við tekjuöflun. Sveitarstjórnarmenn geta í dag engu um það ráðið, hverjar tekjur sveitarfélaganna verða. Útsvörin eru stærsti og aðalliðurinn í tekjuöflunarmöguleikum sveitarfélaganna, og það er bundið í lögum, hvað sá tekjustofn gefur sveitarfélögum. Það er eingöngu eftir heildartekjum í hverju sveitarfélagi, hvað þau fá í útsvör hverju sinni. Ég tel, að það þurfi að rýmka á þessu aftur, að sveitarstjórnir hafi nokkuð meira um það að segja, hvernig þær vilji afla tekna til þeirra framkvæmda, sem almenningur krefst, að sveitarfélögin standi fyrir.

Ég held, að það sé reynsla sveitarstjórnarmanna, að sú breyting, sem gerð var á l. um tekjustofna sveitarfélaganna, bindi hendur sveitarstjórnarmanna of mikið.

Hér hafa komið fram raddir bæði nú og áður frá sveitarstjórnarmönnum, að fjárhagur sveitarfélaganna hafi versnað mjög mikið hin síðari

ár. Ég held, að ein af ástæðunum fyrir því, að svo er komið, sé, að hendur sveitarstjórnarmanna til tekjuöflunar eru hreinlega bundnar. Þeir hafa lítið um það að segja, hverjar tekjur sveitarfélaganna verða á fjárhagsárinu, á hverju ári, þar sem útsvörin eru nú ákveðin með lögum og miðast við heildartekjur í sveitarfélaginu. Ég held einnig, að það þurfi að koma til endurskoðunar á þessum lögum og skoða það mjög vel, hvort ekki er eðlilegt, að þeim verði breytt aftur, þannig að sveitarstjórnarmenn hafi frjálsari hendur til tekjuöflunar fyrir sín sveitarfélög en nú er. En aðalatriðið og það, sem ég vil undirstrika, er, að ég tel, að það beri að stefna að því, að hluti af framlagi til Byggðasjóðs, sem nú hafa verið áætlaðar mjög miklar tekjur, þar sem um er að ræða 2% af útgjöldum fjárlaga, — að hluti af þessu fjármagni verði látinn ganga beint til Lánasjóðs sveitarfélaga og til útlána í sambandi við framkvæmdir sveitarfélaganna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Efri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 8). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Eitt brýnasta þjóðfélagslegt verkefni okkar er að allir þegnar samfélagsins búi við sem jafnasta aðstöðu. Við flm. erum að vísu á því að það verði gert á ýmsan hátt eftir öðrum leiðum og betri en núv. hagkerfi okkar leyfir, án þess þó að hafa neina byltingu í huga. Jöfn aðstaða, jöfn lífskjör hljóta að vera framtíðarmarkmið allra þeirra sem ekki vilja að þjóðfélagið og ytri gæði þess séu frekar fyrir einn eða annan, jafnvel fáa og útvalda, sem geta olnbogað sig áfram eftir leiðum hins óhefta framtaks, losnað við samfélagslega skyldu sem mest og auðgast á annarra kostnað. Þessi skoðun á sér að vísu enn opinskáa og meira eða minna dulda formælendur, en sókn félagshyggjufólks undanfarna áratugi í átt til jafnréttis á flestum sviðum og til sem jafnastra lífskjara hefur borið umtalsverðan árangur, því að oft var leiðin ströng og erfið, andstaðan heiftúðug og hörð. Þannig er með þann mikla lagabálk sem þetta frv. yrði angi af ef í hann kæmist. Almannatryggingar, svo sjálfsagðar sem þær þykja í dag, voru á sínum tíma einn mesti ásteytingarsteinn þeirra afturhaldsafla sem sáu í þeim voða og vá. Ræflarnir, úrhrökin, gátu orðið menn til jafns við aðra þjóðfélagsþegna og hvað gat hugsast hættulegra og voðalegra í senn? Á þessu hefur orðið breyting. Öflug baráttа þokaði þessu máli sífellt áfram og í dag megum við una vel við sameiginlegar byrðar okkar af þessum sökum. A. m. k. vogar enginn sér í dag beinlínis að vega að þessum málum þegar verið er að gagnrýna ríkisvaldið og skattheimtu þess, en óbeint er reyndar stöðugt verið að því, svo stór og um leið ágætur sem sá hluti ríkisútgjaldanna er sem tryggingamál varðar.

En þessi mál eiga sér margar hliðar, marga aukaþætti og þá ekki ætíð smáa né óverulega. Tryggingar koma óneitanlega enn ekki öllum að gagni sem þyrftu og agnúar eru þar einnig á hvað snertir ofnotkun eða misnotkun. Slíkt fylgir að vísu alltaf viðamikilli og margþættri löggjöf.

Ég minnti í upphafi á skyldu samfélagsins að búa þegnum sínum aðstöðu alla sem jafnasta. Einn liður þeirrar skyldu er okkur flm. ofar í huga en aðrir, jafnrétti landsbyggðarfólksins við Faxaflóafólkið, þéttbýlisíbúana á höfuðborgarsvæðinu. E. t. v. brennur allur mismunur í þessum efnum heitar á íbúum landsbyggðarinnar en margur annar. Nú hefur stefna aukins jafnaðar þessu fólki til handa í atvinnulegu og félagslegu tilliti verið ráðandi undanfarin 3 ár. Breytt stefna stjórnvalda réð mestu og var afgerandi um alla þá jákvæðu þróun sem við höfum verið vitni að undanfarið, en fólkið sjálft hefur einnig flutt kröfur sínar af meiri djörfung, eflt samtakamátt sinn með auknu samstarfi og ráðist í fjölbættari verkefni en ella hefði verið, ef byr hefði ekki verið í hinni æðstu stjórnsýslu fyrir bættum hag landsbyggðarfólks og auknum jöfnuði. Vonandi verður þar á framhald. En hvað sem um það má segja, þá gerir fólkið áfram sínar auknu kröfur um aukið réttlæti sér til handa, því að réttlætismál hlýtur að vera um að ræða þegar að því einu er stefnt að ná sama rétti, sama öryggi og aðrir íbúar þjóðfélagsins búa þegar við. Heilbrigðismál landsbyggðarinnar og öll þjónusta þar í kring hafa svo sannarlega verið í brennidepli undanfarin ár, sú aðstaða, sem fólk býr þar við, ræður oftlega meira en annað svörum þess við spurningunni um áframhaldandi búsetu eða ekki. Öryggisleysi í heilbrigðisþjónustu hefur verið einn besti liðsauki fólksflóttans af landsbyggðinni.

Með nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu er gerð tilraun til úrbóta, sem margt bendir til að geti gefið góða raun, ef vel er að verki staðið. Það er ekki sársaukalaust eða hefur verið fyrir landsbyggðarfólk að taka sinn ríka þátt í menntun læknastéttar og hálærðra sérfræðinga, leggja öðrum fremur af mörkum verðmæti til þjóðarbúsins í framleiðslu allri eða undirstöðu, sem menntakerfið byggir á, og sjá svo á eftir þessum mönnum til starfa á höfuðborgarsvæðinu eingöngu eða jafnvel til útlanda, hafandi uppi sífellt meiri kröfur til samfélagsins en minni til sjálfra sín og skyldnanna við fólkið sjálft. Þetta er ömurleg ófugþróun, sem ekki er bundin þessari stétt einni, en verður sárari og tilfinnanlegri vegna þeirrar þýðingar, þeirrar beinu mannslífssnertingar sem þessi stétt öðrum fremur á að vera í. Læknaskortur hefur verið hið mikla og alvarlega vandamál. Má vera að með nýjum heilsugæslustöðvum og bættri aðstöðu á alla lund verði hér ráðin á bót, og auðvitað er tilgangur laganna sá og þeim tilgangi vonum við öll að megi ná sem fyrst og best. Í þessum lögum sem eru þýðingarmikil réttarbót á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu er sérkafli, sem fjallar um þá þjónustu sem veita á á slíkum heilsugæslustöðvum, og því ekki að neita að sú upptalning er falleg og dýrmæt þegar hún hefur orðið að veruleika fyrir þá sem við eiga að búa og brýnasta hafa þörf hennar.

Í þessari upptalningu er að finna afar margar tegundir þeirrar sérfræðiþjónustu sem þetta frv. er við miðað, sérfræðiþjónustu sem fólk á landsbyggðinni hefur að langmestu leyti þurft að sækja til Reykjavíkur með ærnum og oft gífurlegum tilkostnaði, þó að auðvitað sé þar ekki líkt því öll sú þjónusta sem þó þyrfti að vera til staðar a. m. k. í hverjum landsfjórðungi og þá í fjórðungssjúkrahúsunum, enda einnig ráð fyrir því gert. Allt er þetta ágætt svo langt sem það nær. En hvenær verður þetta að þeim veruleika, sem kemur okkur landsbyggðaríbúum að gagni, að ég ekki segi fullum notum? Það er hins vegar sú stóra spurning sem framtíðin og framvinda þessara mála í heild fá ein svarað.

Þessi skipan mála varðandi sérfræðiþjónustu hlýtur að vera hagkvæmari jafnt fyrir þjóðfélagsþegnana sem þjóðfélagið í heild, fyrir svo utan það, hve sjálfsögð hún hlýtur að vera frá því jafnréttissjónarmiði sem okkur ber að hafa að leiðarljósi. Við flm. höfum því þá trú að mikið kapp muni á það lagt af yfirvöldum heilbrigðismála næstu ár að færa lögin sem mest og best í framkvæmdaátt og gera fjórðungssjúkrahús og heilsugæslustöðvar að þeim lækninga-

miðstöðvum sem til er ætlast. En á því sjáum við að verður löng bið, því miður. Uppbyggingin sjálf, það er hin einfaldasta og sjálfsagðasta gerð hennar, læknisþjónustan almenna, er rétt að hefjast og þótt vel verði að þeirri framkvæmd staðið er hér um víðameiri og stórtækari breytingu að ræða en svo að allir þættir hennar skili sér á skömmum tíma. Hér þarf því önnur skipan á að komast meðan að þessu er unnið og tímabundin þjónusta árlega gæti mjög bætt úr og dregið úr þeirri aðstoð sem þetta frv. gerir ráð fyrir að veitt verði. Endurskoðunarnefnd tryggingal. hefur vissulega komið fram mörgum umtalsverðum umbótum, m. a. fyrir fólk á landsbyggðinni. En þetta verkefni hefur á einhvern hátt orðið úti. Ég hef t. d. rætt þetta við einstaka nm., flutt mál hér í þingsölum og það hafa fleiri gert rösklega, enda fast á knúið, en fátt hefur gerst sem raunverulegt lið væri í. Ég viðurkenni fúslega ýmsar mótbárur sem ég hef heyrt, svo sem hættu á misnotkun, en sú hætta er fyrir hendi hvarvetna í okkar tryggingakerfi ef hvors tveggja atriða er ekki gætt, fyllstu samviskusemi lækna og eins embættismanna Tryggingastofnunarinnar. Ég hef aldrei óttast þá hættu umfram aðrar greinar hinna ýmsu tegunda tryggingabóta og greiðslna vegna sjúkleika hvers konar. Hitt er deginum ljósara, að hér er um að ræða aukin útgjöld, hversu mikil veit ég ekki, enda hygg ég að engin könnun hafi á þessu verið gerð. En allt í kringum mig veit ég dæmi mikils kostnaðar af slíkum ferðum á fund sérfræðinga til rannsókna og aðgerða og þótt hér sé aðeins lagt til að komið sé til móts við fólkið að hluta hlýtur hér að vera um að ræða allmiklar fjárhæðir samtals. Við tökum aðeins einn þátt þessa kostnaðar fyrir, ferðakostnaðinn. Við bætist dvalarkostnaður og vinnutap og alls konar aukaútgjöld og segja má að ekki sé gengið langt til jöfnunar með frv. þessu. En við flm. erum þess fullvissir að landsbyggðarfólki almennt þyki hér miklu fremur of skammt farið en hitt, að of miklar kröfur séu gerðar fyrir þess hönd. En aðalatriðið að okkar dómi er að koma málinu á hreyfingu, fá á því allra brýnustu úrlausn þótt of lítil kunni að verða og hitt er svo ekki síður okkar ætlan, að þessi skipan geti orðið aukinn hvati þess, að sem fyrst verði sem mest af sérfræðiþjónustu flutt út í landsfjórðungana sakir þess, eins og ég áðan sagði, hve sú skipan er hagkvæmari á allan hátt.

Annað höfuðatriði frv. lýtur að þátttöku ferðakostnaðar að hluta, þeirra sem um lengri veg þurfa að sækja sérfræðiþjónustu sér til lækninga. Við teljum eðlilegt að um þetta séu nánari ákvæði í reglugerð, en hitt aðeins lögbundið, að tryggingarnar taki hér að sér ákveðinn hluta, og leggjum á það áherslu í grg. að vitaskuld þurfi hærri hundraðshluta að greiða eftir því sem kostnaður er meiri vegna fjarlægðar og því tilfinnanlegri fyrir sjúklinginn. Um það ættu menn almennt að geta verið sammála og ekki öðru trúað en við það sjónarmið yrði reglugerð skýrð. Skilyrði þess, að tryggingarnar ættu hér greiðsluaðild, væri vitanlega fullnægjandi vottorð, ekki aðeins þess læknis, sem að heiman sendir frá sér sjúkling, heldur og þess sérfræðings, sem til væri leitað og rannsókn eða aðgerð annaðist. Með því móti ætti að vera mögulegt að koma að mestu í veg fyrir þá misnotkun, sem alltaf er viss hætta á, en ég óttast þó ekki svo mjög, því að slíkar ferðir eru fæstum nein gamanmál tilbúinna meinsemda, og það traust verður að bera til þeirra, sem vottorðin gefa, að þeir fari þar ekki út fyrir mörk fullkomins heiðarleika, einkanlega þar sem a. m. k. tveir eiga hér hlut að í hverju einstöku tilfelli. Hvað reglugerð snertir treystum við því ágæta fólki, sem í rn. vinnur, svo og núv. hæstv. heilbrrh. sem sjálfur er landsbyggðarmaður, til að gera hana sem best úr garði.

Hitt atriðið, sem frv. gerir ráð fyrir, er um þá sjúklinga sem sjúkdóms vegna þurfa stöðugt á því að halda að leita til sérfræðinga, ýmist til eftirlits, beinna aðgerða eða annars varðandi sjúkleika sinn. Um þetta þekkjum við ótalin dæmi. Deildarstjóri í Tryggingastofnun ríkisins, sem mjög fæst við fyrirgreiðslu ýmiss konar varðandi sérvandamál fólks, hefur tjáð mér að hér sé um miklu alvarlegri hluti að ræða en fólk almennt gerir sér grein fyrir. Ef um börn er að ræða er stundum leitað þeirrar leiðar sem þar er ein fær, að sækja um svokallaða barnaörorku sem oftast fæst í öllum alvarlegri tilvikum, en þó er þar ekki nema hálfsögð sagan því að fylgdarmaður, móðir eða faðir, þarf oftast að vera með, og fáist barnaörorkan ekki, þá getur hér verið um svimháar upphæðir að ræða. Persónulega þekki ég dæmi um tugþúsundakostnað á rúmu ári í einstöku tilfelli og var þó vinnutap móður ekki reiknað, sem var mjög tilfinnanlegt einnig.

Sumt af þessu fólki sem þannig þarf að leita reglubundinnar sérfræðiaðstoðar er á örorkulífeyri, annað á örorkustyrk, en ferðakostnaður er ekki síður tilfinnanlegur þessu fólki, kannske tilfinnanlegastur og erfiðast að leysa hann, því að oft er hér um að ræða verulegan hluta árstekna, og þá má lítið út af bera í aukakostnaði svo að endar nái engan veginn saman. En hvað sem öllum einstökum tilfellum líður er hitt óumdeilanleg staðreynd, að hér er um kostnað að ræða sem samfélagið verður að taka á sig með einhverjum hætti þótt talsverðu þurfi til að kosta. Við flm. teljum að þeim fjármunum sé vel varið, því að sjúkdómur er viðkomandi venjulega næg byrði þó að ekki bætist þar á ofan óleysanlegur fjárhagsvandi í framhaldi og samhengi hvimleiðs sjúkleika. Um þetta atriði gilti að sjálfsögðu hið sama og hið fyrra að fullnægjandi vottorð væri skilyrði fyrir greiðslum. Um þessa sjúklinga fer hins vegar sjaldnast neitt á milli mála, hvort þörf er á eða ekki, og misnotkun þessa þótt um fulla greiðslu yrði að ræða óttumst við þess vegna ekki. Hún hlyti a. m. k. að vera mjög óveruleg.

Ég hygg að öllu lengri framsaga þessa máls sé óþörf. Hvarvetna hef ég mætt þessari ósk austur á landi, að til móts við þörf sjúklinga væri komið á einhvern þann hátt sem hér er að vikið. Þessar óskir koma hvarvetna að. Hvort leiðin er nákvæmlega rétt og hvernig nánari framkvæmd á að vera þarf bæði að athuga í þn. og fá umsögn þeirra aðila er málið snertir mest. Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir til að taka vel öllum skynsamlegum og réttlátum leiðbein-

ingum og lagfæringum. Og fái endurskoðunarnefnd tryggingalaganna, sem ég sé að á að starfa eftir skrá þeirri sem útbýtt hefur verið til þm., þetta verkefni til meðferðar, en málið að öðru leyti tekið að sinni úr höndum þingsins, þá skal því einnig treyst að hún finni hér sanngjarna og réttláta lausn, sem mæti þörfum þeirra sem hér eru bornir fyrir brjósti.

Vilji menn spyrja af hverju þessu máli hafi ekki verið hreyft fyrr beint í frv.-formi, þá er því til að svara að lengi hafði ég þá trú, að endurskoðunarnefnd og ráðh. hefðu að þessu frumkvæði, og ég dreg enga dul á viss vonbrigði mín þar að lútandi. En óbeint hafði því fyrr verið hreyft og á hitt bar og að líta, að ýmsar veigamiklar lagfæringar á tryggingakerfinu voru gerðar s. l. 3 ár, sem ég hef átt sæti hér á þingi, og í sumu tilliti varð stökkbreyting og ekki verður allt leyst í einu. Nú finnst okkur flm. að röðin sé komin að þessum þætti. Óumdeilanleg er þörfin, réttlæti þessa dregur enginn í efa og nú er að löggjafanum komið að sýna hér lit, eins verulegan og góðan og framast er hægt. Og víst er um það, að með máli þessu verður fylgst af fólkinu úti á landsbyggðinni, og engu öðru skal trúað en viðbrögðin verði jákvæð og einhver úrbót fáist þar sem allra fyrst. Til þess er frv. þetta flutt.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil strax lýsa því yfir, að ég tel að hér sé um mikið réttlætismál að ræða. Það er á fleiri sviðum en þessu, sem mér finnst að hafi gætt nokkurs misræmis um hvernig menn hafa verið afgreiddir af tryggingunum, ekki aðeins milli fólks, sem býr úti á landsbyggðinni og í þéttbýlinu, heldur almennt.

Þessi mál voru á síðasta reglulegu þingi lögð fyrir þingið, eins og kom fram hjá frsm., eftir að vera búin að vera í endurskoðun. Ég flutti þá ásamt hv. 6. þm. Sunnl. frv. um breyt. á þessum l., sem gekk í þá átt að leiðrétta verulega vissan þátt í almannatryggingal. í sambandi við sjúkratryggingarnar, og taldi að átt hefði að samþykkja þá breytingu eins og hún var í því frv. Sá hv. þm., sem nú talaði fyrir þessu réttlætismáli, studdi mig ekki til þess þá að koma þeirri leiðréttingu á, sem ég taldi að væri sjálfsagt í sambandi við sjúklingana, en hún var í þá átt að þeir, sem ekki ættu þess kost að vera á sjúkrahúsum og þyrftu að ganga til sérfræðinga og læknis, fengju ekki síður fyrirgreiðslu frá almannatryggingunum heldur en þeir, sem hefðu aðstöðu til að fá að vera undir sérfræðingahendi á sjúkrahúsunum. Þetta var ekki samþ. á síðasta reglulegu Alþ., þar sem þetta var lagt fyrir. En ég verð að viðurkenna þó, að það var gengið nokkuð í átt til þess að jafna það misræmi og misrétti, sem þar er um að ræða.

Sannleikurinn er, að það er ýmislegt fleira en þetta, sem þyrfti og væri rétt að leiðrétta í tryggingalöggjöfinni. Hún hefur verið að smáfærast í áttina til meira réttlætis á mörgum undanförnum árum, og mætti segja mér, að þessi breyting næði fram að ganga núna, því að satt að segja hafa öll stærstu skrefin, sem stigin hafa verið í endurbótum á almannatryggingalöggjöfinni, verið stigin þegar Sjálfstfl. hefur verið í ríkisstj. Það er merkilegt, að t. d. þegar hin fyrri vinstri stjórn var við völd hér á landi, þá var ástandið þannig í tryggingamálum, að landsmenn sátu ekki allir við sama borð, þeim var skipt í tvo flokka. Þeir, sem áttu heima í höfuðborginni og þéttbýlinu, fengu hærri greiðslur. Það var ekki fyrr en sú ríkisstj. fór frá, að sú leiðrétting komst á, að allir landsmenn sátu við sama borð í þessum efnum. Þannig hefur þetta verið leiðrétt stig af stigi. Ég vil taka undir það, að enda þótt sú vinstri stjórn, sem nú er nýlega farin frá, hafi ekki komið í framkvæmd að gera nokkra bót á í þessum efnum, þá verði hægt að líta á þetta frv. og koma a. m. k. að einhverju leyti til móts við það fólk, sem hér á hlut að máli.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég get tekið undir með þeim, sem hafa tekið til máls, að hér er um réttlætismál að ræða.

Hv. flm. talaði nokkuð um afturhaldsöfl í upphafi ræðu sinnar. Ég hef ekki fyrr heyrt hann nota það orð um þá, sem töldu sér ekki fært að koma þessu máli í höfn á fyrra ári. Ég býst samt við að það hafi verið afgreiðsla þessa máls, sem hann hafði í huga. En það er svo, að hér í þessu landi er ekki alltaf gott að átta sig á því, hvar afturhaldsöflin eru.

Ég lít svo á, að leiðrétting á þessu máli sé raunveruleg bót og rétt byggðastefna. Það er ekki vafi á því, að einkum fyrir íbúa Austurlands og Vestfjarða er hér um mikið mál að ræða. Þetta er að sjálfsögðu útgjaldamál. Hins vegar er ekki eingöngu um útgjöld að ræða. Þetta getur líka sparað fé, og er á því ósköp einföld skýring. Þeir sem haldnir eru sjúkdómum hlífa sér við miklum útgjöldum vegna ferðalaga og uppihaldskostnaðar í þéttbýlinu og reyna að draga slíkt sem lengst, en það getur aftur orðið til þess, að dýr sjúkrahúsvist verði lengri og kannske hinn varanlegi árangur minni. Að þessu leyti tel ég að þetta geti haft áhrif á hið almenna heilsufar fólks.

Þegar þetta hefur verið rætt í endurskoðunarnefnd er að sjálfsögðu hið venjulega, sem mælir á móti því að gera stórt átak í þessum efnum, og það er hættan á misnotkun. Það er að sjálfsögðu rétt, sem fram kom hjá flm., að þar verður allnokkuð að byggja á læknunum. Ef þeir gæta sín í þessu máli, held ég að sú hætta geti ekki verið stórfelld.

Það er fleira en þetta, sem er erfitt í dreifbýlinu. Ég álít, að leiðrétting á þeim liðum geti verið raunsærri byggðastefna en ýmislegt annað sem verið er að reyna að gera. Svo er með ferðakostnað lækna til afskekktra sveitabæja. Vitjanir geta kostað fólk þar háar fjárhæðir, sem það á erfitt með að greiða, enda þótt hlutur læknisins komi annars staðar að. Þetta er einnig allmikið mál og getur orðið þess valdandi, að jarðir fari í eyði einmitt vegna þeirra miklu útgjalda sem fólk sem þar býr getur haft vegna heilbrigðisþjónustunnar, enda þótt kerfið sé orðið þegar allfullkomið.

Þörfin er einmitt mikil núna, á meðan ekki er komin fullkomin aðstaða á Akureyri og Aust-

urlandi. Það er ekki vafi á því, að þetta mál verður auðveldara í meðferð, þegar nýja sjúkrahúsið á Akureyri er risið af grunni, og nú þegar má segja að Norðlendingar séu miklu betur settir en Vestfirðingar og Austfirðingar í þessum efnum.

Það er svo, að þetta hefur jafnvel versnað síðan sjúkrasamlögunum var breytt. Það er vitað mál, að sjúkrasamlögin, sem voru lítil og þekktu hagi í raun og veru hvers félaga, tóku oft tillit til ferðakostnaðar og kostnaðar við að fara til sérfræðinga, enda þótt það væri kannske vafasamt samkv. lögunum. En núna, síðan stóru sýslusjúkrasamlögin tóku við, lítur þetta mál öðruvísi út, og nú mun verða erfiðara fyrir lækna að sækja greiðslur í hendur þessara samlaga fyrir útlagt fé í þessum efnum.

Ég tel, að hér þurfi umbætur, og ég er hlynntur því, að þetta mál verði tekið til rækilegrar skoðunar. Eitt af því, sem á hefur staðið, er, að það er ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir þeirri gjaldaaukningu, sem verður við þetta, en ekki er vafi á því, að hér er einhverrar úrbótar þörf.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka þeim tveim hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir stuðning þeirra við aðalefni þessa frv. Ég veit að hv. þm. Oddur Ólafsson misskildi mig viljandi barna með afturhaldsöflin, því að vitanlega var ég þar að ræða um forsöguna að sjálfu tryggingakerfinu og þau afturhaldsöfl eru, sem betur fer geymd en ekki gleymd.

Ég ætla ekki að fara að gera neinn samanburð á því, ég gerði það ekki í minni framsögu, hvaða flokkur hafi unnið best að tryggingamálum yfirleitt. Það mætti hins vegar benda á nokkurn samanburð 12 ára viðreisnarstjórnar og þriggja ára vinstri stjórnar í þessum efnum. Hygg ég að sá samanburður yrði ekki mjög óhagstæður mínum flokki, þótt við færum ekki einu sinni út í árafjöldann sem stjórnirnar sátu og þá viðmiðun sem af því gæti leitt. En það er rétt, þetta atriði náðist ekki fram undir stjórn fyrrv. heilbrrh. í vinstri stjórninni. Það náðist ekki fram, og ég dró enga dul á viss vonbrigði mín með það, að þetta réttlætismál hefði ekki náð fram að ganga, þó eftir því hefði verið ýtt allsterklega af okkur ýmsum sem vissum hvar skórinn kreppti að í þessum efnum. Ég verð að segja það, að eftir því sem hv. 2. þm. Vesturl., Jón Árnason, talaði hér hraustlega áðan um þennan samanburð, þá verð ég sannarlega að óska þeim sjálfstæðismönnum til hamingju með það, ef þeir fá alla sína óskalista framkvæmda undir eigin stjórn. En ég dreg það stórlega í efa, a. m. k. ef maður miðar við þá óskalista, sem þeir settu fram meðan vinstri stjórnin var.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs, frv. (þskj. 12). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 12 flyt ég í þriðja sinn frv. til l. um heimild til að setja á fót vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs. Þetta frv. flutti ég í fyrsta sinn á þinginu 1972—73. Þá fékk það meðferð í n. og inn bárust nokkrar umsagnir. Ég endurflutti frv. á þinginu 1973—74, þá með nokkrum breyt., með hliðsjón af þeim umsögnum, sem borist höfðu, en frv. varð ekki útrætt.

Ég flutti þetta frv. upphaflega vegna þess, að ég var sannfærður um, að nauðsynlegt væri að hafa nokkurn hemil á byggingu vinnslustöðva á þeim svæðum sjávarútvegs, þar sem veiðin er takmörkuð t. d. að aflamagni. Mér hefur sýnst það óhæfa að takmarka slíkt á einn veg, en hleypa lausu á annan, enda hefur það sýnt sig, að slíkt eru ekki góð vinnubrögð. Sú reynsla hafði m. a. fengist á Ísafjarðardjúpi, þar sem rækju hefur verið aflað um margra ára skeið. Þar bættust stöðugt við nýjar vinnslustöðvar, sem leiddu til þess, að bátum var fjölgað. Þessar vinnslustöðvar þurftu meiri afla sem von er. Fljótlega fór svo, að ásókn á rækjustofninn þar varð allt of mikil, grundvöllurinn undir veiðunum hrundi og hefur síðan smám saman verið að byggjast upp að nýju. Nú er enn komið svo á Ísafjarðardjúpi, að bátar eru orðnir of margir, því að vinnslustöðvarnar þurfa meiri afla, og ég held að óhætt sé að segja að grundvöllur til veiðanna þar sé ákaflega lélegur að nýju.

Nýlegra dæmi um þetta er að finna á Húnaflóanum. Þar hafa strandamenn um áratug stundað rækjuveiðar, oft við erfið skilyrði, en þó tekist að komast yfir erfiðleika og byggt upp veiðarnar þar. Stöðvum hefur síðan fjölgað, á Skagaströnd og á Hvammstanga, sem ekki var óeðlilegt, sérstaklega á Skagaströnd, þar sem atvinna var takmörkuð og nauðsynlegt að auka fjölbreytni atvinnulífsins. Á s. l. vetri var aflamagn á Húnaflóa takmarkað við um 2000 lestir, en fór upp í 2300. Á þessari vertíð telja fiskifræðingar ekki óhætt að heimila nema 1500 lesta afla. Þá gerist það, að ákveðið var að setja upp nýja vinnslustöð á Blönduósi með tveimur afkastamiklum vélum, og var þá þegar ljóst, að þarna stefndi í sömu átt og gerðist á Ísafjarðardjúpi áður.

Ég fagna því að þetta var stöðvað. Ekki vegna þess að ég unni ekki þeim á Blönduósi þess að auka fjölbreytni síns atvinnulífs, heldur vegna hins, að ég er sannfærður um að of mikið álag á rækjuveiðarnar á Húnaflóa getur aðeins leitt til hruns fyrir alla aðila á svæðinu og er engum til góðs.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að unnið er að byggðaáætlun fyrir Norðvesturland. Er þar gert ráð fyrir því að rækjuvinnsla verði fyrst og fremst efld á Ströndunum og á Skagaströnd, en hins vegar grundvöllur lagður að ýmiss konar öðrum iðnaði á Blönduósi. Þarna er verið að reyna að vinna skipulega að uppbyggingu atvinnulífs á þessu svæði. Mér sýnist ljóst, að rækjuvinnsla á Blönduósi hefði gengið þvert á þær hugmyndir, sem uppi eru um öruggt atvinnulíf á Húnaflóasvæðinu.

Ég vil taka það fram, að ég er eindregið því fylgjandi að efla atvinnulíf á Blönduósi eftir þeim leiðum, sem hafa verið taldar skynsamlegastar, og það er von mín, að svo verði gert gegnum auknar lánveitingar úr Byggðasjóði.

Þetta dæmi sannar, svo að ekki verður um villst, að nauðsynlegt er að í lögum séu ákvæði, sem óumdeilanlega heimila ríkisvaldinu einnig að takmarka vinnslu rækju, ekki aðeins að takmarka veiðarnar, heldur einnig að takmarka það kapphlaup, sem getur orðið um vinnsluna og hlýtur að leiða til óeðlilega mikillar ásóknar á rækjuna.

Sumir hafa nefnt þetta höft. Ég hef aldrei skilið til hlýtar, hvað eru höft og hvað eru ekki höft. Það eru eflaust höft að mega ekki aka of hratt eða aka undir áhrifum áfengis, svo að ég nefni eitthvað, og það eru eflaust höft að mega ekki veiða rækju hvar sem mönnum sýnist. En það er nú einu sinni svo í okkar nútímaþjóðfélagi, að nauðsynlegt hefur verið talið að takmarka hinar ýmsu aðgerðir okkar. Það er ávallt gert með háleitari markmið í huga, m. a. þau að tryggja okkur sæmileg lífskjör og þann jöfnuð, sem við allir stefnum að.

Ég held að mikilvægast í þessu sambandi sé samræming á þessum takmörkunum. Það er ekki nóg að takmarka einn þáttinn, en sleppa öðrum lausum. Gæta verður þess, að sömu reglur ríki um alla þætti. Svo er ekki síst — og hefur sannast — um veiðar eins og þær sem hér um ræðir. Ég vísa þessu því algjörlega á bug.

Ég vil einnig segja að það er ánægjulegt, að nú hefur verið lagt fram á Alþ. í hv. Nd. stjfrv. um þetta sama efni. Er gert ráð fyrir heimild til sjútvrn. til þess að takmarka fjölda vinnslustöðva. Ég mun ekki gera það frv. að sérstöku umræðuefni hér nú. Þó get ég ekki annað en lýst nokkurri undrun á því, að þar er brugðið í veigamiklum atriðum frá því, sem fram kom í umsögn sjútvrn. fyrir tveimur árum um mitt frv. Þá var talið nauðsynlegt að fleiri aðilar hefðu þarna hönd í bagga og breytti ég mínu frv. til samræmis við það.

Mér þótti það góð ábending, því að ljóst er, að veiðar sem rækjuveiðar, humarveiðar, skelfiskveiðar almennt og yfirleitt þær veiðar, sem eru takmarkaðar að aflamagni, eru mjög mikilvægur þáttur í byggðaþróun og í mörgum tilfellum nauðsynlegt að taka til athugunar í sambandi við leyfisveitingar hvaða áhrif þær veiðar geta haft á byggðaþróun á viðkomandi svæði.

Því hef ég gert ráð fyrir því í mínu frv., að slík leyfi séu rædd í þriggja manna n., sem í sitji fulltrúar sjútvrn., Framkvæmdastofnunar ríkisins og stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands. Að sjálfsögðu er þar gert ráð fyrir því, að Framkvæmdastofnun ríkisins fjalli um þennan mikilvæga byggðaþátt.

Það er von mín og trú að á þessu þingi verði þetta mál útrætt og ég treysti því að takast megi að samræma þau sjónarmið, sem fram koma í því frv. sem ég mæli hér fyrir og því frv. sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram í Nd.

Að svo mæltu vil ég leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 7. fundur.

Mánudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 20. sept. s. l. Í sambandi við frv. ætla ég að leitast við að skýra nokkuð einstakar greinar þess.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir að nýtt fiskverð taki gildi frá og með 1. sept. s. l. þrátt fyrir ákvæði laga nr. 75/1974 um viðnám gegn verðbólgu, sem bundu almenna fiskverðið til septemberloka. Þetta ákvæði er í samræmi við yfirlýsingu sem gefin var í grg. frv. til l. nr. 78 1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi ísl. krónu, enda kemur gengisbreytingin 29. ágúst s. l. þegar til áhrifa á hag sjávarútvegsins um mánaðamótin á eftir. Greinin felur og í sér eins konar ramma fyrir hækkun almenns fiskverðs frá því verði sem gilt hefur á þessu ári, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 10 1974. Ástæður þessa eru einkum tvær: takmarkað svigrúm fiskvinnslunnar, einkum frystingar, til að greiða hærra fiskverð og þörfin á að tryggja samræmi í tekjuþróun stétta í milli, en þá var búist við, sem seinna kom á daginn, að settar yrðu takmarkanir á hækkun taxta og tekna annarra stétta. Áhrif þessarar 11% hækkunar skiptaverðs eru sem hér segir, miðað við áætlað ársúthald á þessu ári, og er þá reiknað með 11% hækkun á allan afla sem landað er innanlands annan en loðnu til bræðslu:

Hækkun á aflaverðmæti bátaflotans nemur 610 millj. kr., þar af er hlutur áhafnar 260 milljónir kr., en hlutur bátsins 350 millj. kr. Hækkun á aflaverðmæti togaraflotans nemur um 350 millj. kr., þar af er hlutur áhafnar 110 millj., en skipshluturinn 240 millj. Hækkun á hráefniskostnaði frystingarinnar er 680 millj., þar af er almennt fiskverð 610 millj. Hækkun hráefniskostnaðar saltfisks- og skreiðarverkunar er 320 millj.

Um 2. og 3. gr. frv. sem fjallar um stofnfjársjóðsgjaldið vil ég taka fram, að í lögum sem voru í gildi áður en þessi brbl. voru gefin út voru tvenns konar ákvæði um gjöld til stofnfjársjóðs vegna heimalandana, 10% af almennum fiskafla, loðna og rækja meðtalin, en 20% ef um var að ræða síld eða humar.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að yfirleitt verði gjaldið hér eftir af öllum afla eitt og sama eða 15%. Þessi breyting felur þó í sér verulega hækkun meðalgjaldsins, eða um nálægt 4.6%, sem veldur hækkun hráefniskostnaðar hjá fiskvinnslunni að sama skapi. Aðalástæðan til þess að hækka stofnfjárframlagið er hin mikla hækkun sem gengissigið og gengisbreytingarnar á þessu ári hafa valdið á stofnfjárkostnaði útvegsins og hin erfiða staða útgerðarinnar yfirleitt.

Í 3. gr. frv. er gerð hliðstæð breyting á stofnfjársjóðsgjöldum þegar landað er erlendis.

Áhrifum þessara breytinga á hag sjávarútvegs-

ins má lýsa sem hér segir, miðað við áætlað ársúthald 1974 og aflaverðmætið eftir hækkunina sem brbl. gerðu ráð fyrir:

Það er þá fyrst að breyting almennra stofnfjárgjalda úr 10 og 20% í 15% á heimalöndun bætir afkomu bátaflotans um 330 millj., en bætt afkoma togaraflotans er áætluð 160 millj. kr. Kostnaðarauki frystingarinnar er áætlaður 295 millj. kr. og kostnaðarauki saltfisks- og skreiðarverkunar 135 millj. kr. Kostnaðarauki fiskmjöls- og loðnuverksmiðja er áætlaður 60 millj. kr., og er þá miðað við áætlað loðnuverð aðeins 2.20 kr. pr. kg til skipta. Hækkun stofnfjársjóðsgjalds í siglingum úr 16 í 21% er talin bæta afkomu bátaflotans um 40 millj. kr. og afkomu togaraflotans um 35 millj. kr. Hækkun á olíuverði á árunum 1973 og 1974 hefur valdið útgerðinni gífurlegum kostnaðarauka. Sala á olíu til íslenskra fiskiskipa hérlendis miðast þá við verð frá því í fyrrahaust, sem var 5.80 pr. gasolíulítra og kr. 3 330 á tonn af algengustu brennsluolíu — fuelolíu. Verð á þessum vörum er í dag kr. 14.30 gasolíulítrinn en 10 060 kr. tonnið af brennsluolíunni, hvort tveggja án söluskatts. Gasolíuverðið skiptir hér þó langmestu máli, því að 92—95% af olíukostnaði fiskiskipaflotans er gasolía. Það ríkir enn þá óvissa um olíuverðið í heiminum, en í þeim áætlunum sem við var miðað þegar gengisbreytingin var framkvæmd var reiknað með að fullt verð á gasolíu til fiskiskipa yrði kr. 13.30 á lítra á næstu missirum, eftir að reiknað hafði verið með áhrifum gengisbreytingarinnar, en verðið er kr. 14.30 nú.

Ef við lítum á hvað fiskiskipaflotinn fer með af gasolíu yfir árið, þá er talið að hann muni fara, miðað við kr. 14.30 á lítra, með tæplega 2 600 millj. kr. í olíu á ársgrundvelli, en samkvæmt brbl. er gert ráð fyrir að útgerðin standi sjálf undir olíuverðinu eins og það var í nóv. 1973, eða kr. 5.80 á lítra, sem er nálægt því að vera um 1 050 millj. kr. Munurinn er því um 1 530—40 millj., sem verður að greiða niður í gegnum hinn svokallaða olíusjóð.

Framan af árinu 1974 var ætlunin að leysa olíuvanda fiskveiðanna með sérstöku loðnuútflutningsgjaldi sem reyndist fjarri því að duga og hverfur alveg við ríkjandi aðstæður, og því var mjög erfitt að taka allan viðbótarkostnaðinn vegna olíuhækkananna úr 5.80 í 13—14 kr. pr. gasolíulítra inn í kostnað útgerðarinnar að óbreyttum hlutaskiptum, því að fiskverðshækkunin er ódrjúg til þess að mæta skelli af þessu tagi, auk þess sem þá væru tekjur sjómanna hækkaðar sérstaklega af tilefni versnandi afkomu útvegsins, sem má segja að skjóti nokkuð skökku við. En í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að olíukostnaðaraukinn verði greiddur af sérstökum sjóði sem myndaður verður af útflutningsgjöldum, 4% almennu gjaldi og 1.5% aukagjaldi af saltfiski og skreið sem hafa haft sterkari markaðsstöðu en aðrar greinar sjávarútvegsins að undanförnu. Er talið að þetta 4% gjald af hinum almenna útflutningi muni gefa um 820 millj. kr., en 5.5% gjaldið af saltfiski og skreið um 410 millj. kr., eða samtals um 1 230 millj. kr. Má segja að þá sé tekið mið af því að standa undir niðurgreiðslunum miðað við nokkurn veginn 13.30 pr. lítra, en verðið er 14.30, svo það er sjáanlegt að hér vantar nokkra tekjuöflun til þess að standast þær áætlanir sem gerðar hafa verið.

Nú nýlega hefur verið gefin út reglugerð um greiðslur úr olíusjóðnum sem tók gildi frá og með 1. okt. Þar er gert ráð fyrir að olían verði greidd niður í kr. 5.80 fyrir öll fiskiskip, enda greiða öll fiskiskip, bæði þau sem landa afla sínum hér heima og þau sem eru við veiðar í Norðursjó eða í siglingum með fisk, til þessa sjóðs og þótti því eðlilegt að taka þann hátt upp, enda við það miðað þegar brbl. voru sett.

5. og 6. gr. frv. fjalla fyrst og fremst um útflutningsgjaldið og Tryggingasjóð fiskiskipa. Útflutningsgjald af sjávarafurðum er hækkað frá fyrri lögum um mjög svipað hlutfall og gengissigið og gengislækkunin hafa breyst á þessu ári. Má segja að það sé nákvæmlega það sama.

Ef þessi breyting hefði ekki verið gerð á útflutningsgjaldinu má ætla að tekjur af því hefðu numið um 1 milljarði á heilu ári, eftir að reiknað hefur verið með áhrifum gengisbreytingarinnar frá 29. ágúst, en af því mundu renna um 850 millj. kr. til Tryggingasjóðs fiskiskipa. En eins og fram kemur í frv. fara 87.8% af heildarútflutningsgjaldi af sjávarafurðum til þess að greiða vátryggingargjöld fiskiskipa samkvæmt reglum sem sjútvrn. setur á hverjum tíma.

Annar stærsti útgjaldaliðurinn af útflutningsgjaldinu er framlagið til Fiskveiðasjóðs, sem er 7.5%, og svo til Fiskimálasjóðs 2%, til smíði haf- og fiskirannsóknaskips 1.2%, til bygginga í þágu rannsóknastofnana sjávarútvegsins 0.5%, til Landssambands ísl. útvegsmanna 0.5% og til samtaka sjómanna samkvæmt reglum, sem sjútvrn. setur, 0.5%. Þeir síðasttöldu hækkuðu hlutfallslega eins og greiðsla til vátryggingasjóðsins, en aðrir lækkuðu hlutfallslega, því að öll hækkunin var látin koma á vátryggingasjóð.

Ég ætla ekki að fullyrða um það, að þessi tekjuöflun verði nægjanleg til þess að standa undir greiðslu vátryggingagjaldanna á næsta ári. Miðað við bæði þann mikla flota sem við er að bætast og þær miklu breytingar sem verða á verðlagi skipa tel ég mjög vafasamt að þetta gjald komi til með að nægja og persónulega tel ég að það sé nálægt því að vanta um 150 millj. til þess að standa undir þessu gjaldi miðað við hliðstæðar reglur og gilt hafa undanfarin ár.

Um 7. og 8. gr. frv., sem fjallar um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, þá er að öllum reglum Verðjöfnunarsjóðs óbreyttum svo og viðmiðunarverði og viðmiðunargengi fyrir aðrar afurðir en loðnuafurðir sem reiknað væri með að hvorki greiddu né fengju greitt úr sjóðnum — staðan eftir síðustu gengisbreytingu sú, að frystihúsin ættu þrátt fyrir slæma stöðu að greiða á heilu ári um 1 000—1 200 millj. kr. í sjóðinn og saltfisksframleiðendur svipaða fjárhæð. Geta frystihúsanna til þess að mæta innlendum hækkunum, fiskverðshækkun og launahækkunum, væri því engin miðað við þessar aðstæður. En með 7. og 8. gr. eru Verðjöfnunarsjóðnum sköpuð skilyrði til rýmri meðferðar beggja þessara greina með því að hækka hámarkshlutfall tekna og verðbóta Verðjöfnunarsjóðs úr helmingi í 3/4 hluta fráviks markaðsverðs frá viðmiðunarverði. Til þess

að gefa hugmynd um mikilvægi þessa má nefna að væri þessum reglum beitt til hins ítrasta þannig að viðmiðunarverð beggja greina hækkaði til samræmis við hið nýja gengi og síðan rynni 3/4 af fráviki markaðsverðs frá viðmiðunarverði í eða úr sjóðnum þá næmi greiðsla til frystingar 700—1000 millj. kr. á heilu ári, en frá söltun um 1 200 millj. kr. á heilu ári. Verðbætur til frystingar af þessari stærðargráðu verða að teljast forsenda þess að frystingunni dugi gengisbreytingin síðasta til þess að hafa viðunandi afkomu.

9. gr. laganna fjallar um ráðstöfun gengishagnaðar, en þegar Alþ. afgr. frv. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi ísl. krónunnar, þá segir að áður en því sé ráðstafað eigi að greiða af því skv. þremur atriðum: Í fyrsta lagi hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafi verið fyrir 1. sept. á þessu ári, en fluttar út eftir gengisbreytinguna. Er talið að þessi kostnaður muni nema um 100 millj. kr., sem þá dragast frá þeim hugsanlega gengishagnaði sem verður á öllum birgðum. Í öðru lagi átti að greiða halla sem sjáanlegur var vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa fram til 1. okt. 1974. En eins og ég sagði áðan þá brást að töluverðu leyti sá tekjustofn, sem átti að standa undir olíuniðurgreiðslunni, og er talið að muni skorta um 300 millj. kr. til þess að standa undir þessari niðurgreiðslu til 1. okt. Í þriðja lagi átti að verja í gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, ákvæði laga frá 4. apríl 1972, nr. 18, 400 millj. kr. Ég hygg að það hafi flestir eða allir aðilar í sjávarútvegi verið þeirrar skoðunar, að það ætti ekki að taka af gengishagnaði til þess að bæta Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins upp þrátt fyrir ákvæði þessara laga sem Alþ. afgreiddi rétt áður en því var slitið á s. l. hausti. Og nú fyrir nokkru tók ríkisstj. ákvörðun um að flytja till. þess efnis, að þessar 400 millj. kr. verði ekki teknar af gengishagnaði, og er því sjáanlegt að þegar gengishagnaðurinn er áætlaður 1 650 millj. kr. koma til ráðstöfunar 1 250 millj. kr., þegar allar afurðir eru farnar úr landi og eru greiddar. Samkvæmt 9. gr. þessara laga segir að það eigi að verja því sem eftir verði á þennan hátt til þess að auðvelda eigendum skuttogara að standa í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af stofnlánum, og til þess að tryggja rekstrargrundvöll skuttogaranna, í öðru lagi til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa, í þriðja lagi til þess að greiða fram úr greiðsluvandræðum fiskvinnslufyrirtækja, sem átt hafa í söluerfiðleikum á árinu 1974, og í fjórða lagi til annarra þarfa innan sjávarútvegsins. Síðan segir: „Heimilt er bæði að veita lán og óafturkræf framlög af fjármagni sjóðsins til ofangreindra þarfa. Óafturkræf framlög skulu nánar ákveðin með lögum. Sjútvrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.“

Þessi grein er höfð svona opin, hvorki tekið fram um upphæðir í millj. kr. né hlutfall af hugsanlegum gengishagnaði, og er það gert viljandi og þar réði sú afstaða mín að ég taldi að það þyrftu að liggja fyrir gleggri upplýsingar, enda væri nægur tími til að setja þær inn í frv. í þeirri nefnd, sem fær það til meðferðar, og þær upplýsingar koma vafalaust til með að liggja betur fyrir en þegar brbl. voru sett, og skal ég síðar koma að því.

Eins og öllum er kunnugt voru miklir og eru miklir erfiðleikar hjá útgerðinni og því var tekin sú ákvörðun að verja þegar nokkurri upphæð af væntanlegum gengishagnaði til þess að bæta stöðu einkum togaranna, og voru greiddar í gegnum aflatryggingasjóð af væntanlegum gengishagnaði liðlega 80 millj. kr. til 31 skuttogara en það eru um 13 345 kr. á hvern úthaldsdag fyrir tímabilið frá 1. jan. til 30. júní á þessu ári. Enn fremur varð það ofan á að greiða sömu upphæð á úthaldsdag fyrir hina stærri skuttogara sem eru 13 talsins, en skýringin á því að þeir fá sömu upphæð og minni skuttogararnir er sú, að aflatryggingasjóður hefur greitt bætur til stærri skuttogara á þessu sama tímabili, 1. jan. til 30. júní, en hinir minni skuttogarar hafa ekki verið bótaskyldir. Þá voru enn fremur greiddar vegna síldveiðiskipa í Norðursjó rúmlega 19½ millj. kr. fyrir tímabilið frá því að veiðar hófust í sumar og til 15. sept. og var greitt á úthaldsdag allra 58 skipa, sem veiðar stunduðu, og greiðsla á hvern úthaldsdag nam 4 273 kr. Þessi ákvörðun um greiðslu til Norðursjávarskipanna var tekin fyrst og fremst vegna þess að þau höfðu ekki fengið neina olíu niðurgreidda nema þegar þau fóru héðan frá landinu og urðu að borga olíu á svipuðu verði og olían kostar hér, það skakkaði sáralitlu, og þegar tekið er tillit til þess, að flest af þessum skipum hafa lagt mest til loðnusjóðsins til þess að standa undir niðurgreiðslu á olíunni, og jafnframt þess, að rekstur þeirra gekk með allra lakasta móti á s. l. sumri taldi ríkisstj. rétt og eðlilegt, að þessar greiðslur yrðu inntar af hendi á þennan hátt.

Í framhaldi af þessu hefur verið unnið að því í samráði og samstarfi við Seðlabankann og höfuðviðskiptabanka sjávarútvegsins, Útvegsbankann og Landsbankann, að gera könnun á stöðu sjávarútvegsins og sú könnun stendur nú yfir. Það hefur verið skrifað öllum aðilum í sjávarútvegi og þeir hvattir til að senda nákvæmar upplýsingar um stöðu síns fyrirtækis með það fyrir augum að reyna að gera hér bætur á, þannig að koma lausaskuldum útgerðarinnar í föst lán til fárra ára og reyna að ná sem viðtækustu samstarfi við fjárfestingarlánasjóði, að þeir breyti vanskilaskuldum einnig í föst lán til nokkurra ára. Á þessu stigi get ég ekki skýrt frá hvernig þessi staða er, því að margir aðilar hafa óskað eftir fresti til þess að skila upplýsingum til hagdeilda bankanna, en þær eru að koma inn þessa dagana. En eitt get ég fullyrt, að það eru mjög miklir erfiðleikar hjá minni útgerðinni og nauðsyn að bregðast fljótt við til þess að koma henni til hjálpar og það sem allra fyrst. Að vísu er þetta mjög mismunandi eftir því hvar á landinu þessi útgerð er, og ég hygg að ég megi segja að erfiðleikarnir séu nú langmestir hér á Suðvesturlandi og langmestir á Suðurnesjum eins og málin standa í dag. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst stórminnkandi afli. Sama er að segja um útgerðina á Eyrarbakka,

Stokkseyri og í Vestmannaeyjum: stórminnkandi afli og versnandi afkoma. Bankarnir hafa mikinn hug á því í samráði og samvinnu við sjútvrn. að láta þessa staði eða þessa útgerð ganga fyrir um afgreiðslu og allt verði gert til þess að hraða því eins og frekast er unnt. Þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, mun ég senda beiðni frá síldarútvegsnefnd, þar sem hún fer fram á að útflutningsgjald af saltsíld og saltsíldarflökum verði flokkað undir lið 1 í 2. gr. l. og enn fremur verði heimilt að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltsíldarflaka vegna umbúðarkostnaðar og 1 300 kr. fyrir hver 100 kg. innihalds. Til skýringar á þessari ósk þá tekur síldarútvegsnefnd fram að tunnuverð hafi hækkað úr 500 í 1 300 kr. frá því að þessi frádráttarupphæð var fyrst ákveðin. Ég tel, að þessi beiðni síldarútvegsnefndar sé mjög eðlileg, og mun hafa samband við n., sem fær frv. til meðferðar og afgreiðslu, að taka tillit til þessara óska. Enn fremur óskar síldarútvegsnefnd eftir því, að heimilt verði að endurgreiða útflutningsgjöld af saltsíld og saltsíldarflökum framleiddum á árunum 1974 og 1975, eins og ákveðið var í l. frá 16. apríl 1973 varðandi saltsíldarframleiðslu áranna 1972 og 1973. Ég tel, að þetta mál þurfi frekari athugunar við, og mun einnig í sambandi við það hafa samráð við n. sem fjallar um þetta frv.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég nefna það, að með þessum brbl. er hvergi breytt hlutaskiptum sjómanna, en því er ekki að neita, að allir þeir, sem vinna að sjávarútvegi, allt frá því að fiskur er dreginn úr sjó og þangað til hann er fluttur úr landi, taka þátt í því að bjarga útgerðinni frá því að verða fyrir stórfelldum skakkaföllum eða jafnvel stöðvast með því að taka á sig olíuhækkunina sem verður frá nóv. 1973, enda er það í beinu framhaldi af þeirri stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. tók upp um síðustu áramót, að greiða olíu niður í það verð sem hún var í nóv. s. l., og ætlaði til þess hið svokallaða loðnuútflutningsgjald. En stefnan er sú sama, það er aðeins haldið áfram með öðrum hætti. Þessar tekjur eru nú teknar af öllum greinum sjávarútvegs á lokastigi eða þegar þær eru fluttar úr landi.

Útflutningsgjaldið tekur í raun og veru engum breytingum. Það fylgir aðeins, eins og ég sagði áðan, þeim breytingum sem verða á gengi íslensku krónunnar, fyrst hinu tíða gengissigi framan af árinu og síðan gengisbreytingunni í ágústlok. Önnur breyting verður ekki á því.

Í þriðja lagi er það stofnfjársjóðurinn. Þó að hann lækki í vissum greinum úr 20 í 15, þá hækkar hann fyrst og fremst úr 10 í 15 og hækkunin í heild nemur um 4.6%. En það verður að teljast eðlilegt, að tekið sé tillit til stórfelldrar kostnaðaraukningar sem útgerðin verður fyrir vegna sinna miklu erlendu skulda, að það sé greiddur hluti af þessari miklu kostnaðarauknингu vegna gengisbreytinga með þessum hætti.

Vitaskuld er það með þessi lög eins og önnur, að allir mótmæltu þegar l. voru gefin út, og ég verð að enda á því að láta í ljós ánægju mína yfir því, að það voru allir, sem mótmæltu, því að ef einhver ein grein hefði verið ánægð, þá held ég að það hefði verið hægt að segja og það með einhverjum rétti að þá hafi henni verið ívilnað. En einhvern veginn er það nú þannig, að það vill enginn taka á sig neinar fórnir, það á einhver annar að gera það, bara ekki ég sjálfur. En þannig er það nú, að gengisbreytingin hefur þau áhrif, að ef engar hliðarráðstafanir eru gerðar fá þeir hagnaðinn, sem selja afurðirnar úr landi, en þeir, sem frumhráefnisins afla, sjómenn og útgerðarmenn, fengju þá ekki neitt. Það er tryggt með þessum l. að setja á 11% fiskverðshækkun. Um þetta má deila óendanlega og ég skal alls ekki mótmæla því, að afkoma sjómanna á hinum minni bátum er engan veginn nógu góð, en hins vegar held ég að allir geti verið sammála um að afkoma manna á togurunum og þá sérstaklega minni skuttogurum er mjög góð og þeir þurfa síður en svo að kvarta. En hér var ekki gerður neinn greinarmunur á. Fiskverðshækkun kemur jafnt yfir. Ég sem sjútvrh. treysti mér alls ekki til þess að fara að færa á milli þessara tveggja greina. Það á fyrst og fremst að vera samningsatriði á milli sjómanna og útgerðar og ég vildi forðast það algerlega. En ég tel, að þessar hækkanir, sem hafa orðið, séu teknar á mjög réttlátan hátt, eins réttlátan hátt og hægt er að gera, og stærstu útgjöldin eru auðvitað vegna olíunnar, sem er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að allar greinar sjávarútvegsins á síðasta stigi taki þátt í.

Ég ætla svo ekki að hafa þetta lengra, en legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., er eitt af þeim, sem hefur fylgt með í hinum almennu efnahagsaðgerðum hæstv. ríkisstj. og er vegna sérstakra ráðstafana í sjávarútvegsmálum. Í rauninni fjallar þetta frv. um fjögur meginatriði:

1. Með því er ákveðið, hvað fiskverð skuli vera á tilteknu tímabili eða það sem eftir er þessa árs frá því að l. voru sett sem brbl. Þarna er um nýlundu að ræða, að ákveða með l. hvert fiskverðið skuli vera, og réttur er þar tekinn af þeim, sem um þessi mál hafa fjallað samkv. lögum.

2. Þá fjallar frv. um það að raska í grundvallaratriðum skiptakjörum sjómanna á fiskiskipaflotanum og er ég þar heldur betur ósammála hæstv. sjútvrh., sem sagði, að með þessu frv. væri þessum skiptakjörum ekki raskað. En það er einmitt eitt meginatriði frv., eins og ég skal víkja að síðar.

3. Þá fjallar frv. um nokkra breyt. á l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

4. Þá er um að ræða ákvæði varðandi ráðstöfun á svonefndum gengishagnaði.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að við þessa umr., 1. umr. um málið, verði umr. hér á mjög breiðum grundvelli um stöðu sjávarútvegsins, en til þess mun gefast betri tími síðar og sérstaklega þegar þetta frv. kemur úr n. Ég skal því ekki fara út í að ræða um þau mál á breiðum grundvelli, heldur halda mig fyrst og fremst við hin beinu efnisatriði þessa frv.

Það er þá fyrsta atriðið, sem um er fjallað í 1. gr. frv., þ. e. a. s. um að binda fiskverðshækkun við 11% á tímabilinu frá 1. sept. til ársloka. Það vekur athygli, að í þessari gr. er beinlínis sagt, að þess skuli gætt, að fiskverðið hækki ekki meira en um 11%. Það er lagt bann við því, að fiskverðið hækki meira. Ég tel að þessi ráðstöfun sé vægast sagt vafasöm og í rauninni ótrúlegt að hún eigi ekki eftir að draga dilk á eftir sér, því að það er augljóst, að með þessu ákvæði er gengið freklega á launakjör sjómannastéttarinnar í landinu. Það liggur sem sagt fyrir, eins og kom hér fram hjá hæstv. sjútvrh., að það hefur orðið talsverð aflarýrnun, einkum hjá bátaflotanum víða við landið. Í þeirri efnahagsskýrslu, sem lögð var fyrir alþm. á miðju ári og mikið hefur verið rætt um, þar sem gerð var áætlun um væntanlega afkomu sjávarútvegsins á komandi ári, var beinlínis gengið út frá því í þeirri áætlun, að það yrði að reikna með 13.5% aflarýrnun, og áætlunin var byggð upp á þeim grundvelli, vegna þess að það lá fyrir, að aflinn hafði minnkað um svipaða prósentutölu. Eins og bent hefur verið á hafði aflarýrnunin á bátaflotanum orðið allmiklu meiri. T. d. hér á Suðvesturlandi og víðar við landið hafði aflaminnkunin orðið talsvert meiri en þetta. Nú er það líka alveg ljóst, að fiskverð til sjómanna, sem ákvarðar laun sjómanna, hefur staðið alveg óbreytt síðan um áramót. Þar koma ekki til neinar sérstakar hækkanir þeim til handa eins og þær, sem samið var um í hinum almennu kjarasamningum í lok febr., og ekki heldur neinar vísitöluhækkanir, sem hafa orðið síðan um áramót. Sjá því allir, að með því að binda í l., að fiskverðið megi ekki hækka um meira en 11%, er beinlínis verið að ákveða, að sjómenn, einkum á bátaflotanum, skuli verða að sætta sig við færri krónur í sinn hlut á þessu tímabili en reiknað var með um síðustu áramót að þeir ættu að hafa. Hér er verið að gera ráð fyrir í krónum talið beinni kauplækkun.

Þetta hefur auðvitað ekki farið fram hjá sjómannasamtökunum í landinu, og því hafa þau mótmælt þessu harðlega. Það var svo að heyra á hæstv. sjútvrh., að hann væri einkum ánægður með lagasetninguna af því að allir hefðu mótmælt. Það er út af fyrir sig heldur einkennileg meðmæli. En þessu var ekki svo farið einu sinni, að það mótmæltu allir. Ég held t. d. að togaraeigendur hafi aldrei mótmælt þessari lagasetningu, ekki kannast ég við það, enda þætti mér það heldur einkennilegt. En það var eðlilegt, að það bæri mjög á þessu frá hálfu sjómanna, því að á þeirra hlut er freklega gengið með þessari lagasetningu.

Þá er einnig þess að gæta fyrir utan aflarýrnunina að einmitt á þessum tíma ársins, þ. e. a. s. frá því í sept. og til ársloka, er viðurkennt að hér er um langsamlega veikasta útgerðartímann að ræða svo að segja um allt land, afli yfirleitt heldur minni en á hinum tímum ársins og sjósóknaraðstaða öll miklu erfiðari, og því hefur venjulega þótt erfitt að manna skipin á þessum tíma, enda stundum gerðar alveg sérstakar ráðstafanir til þess að hækka fiskverð þennan tíma. En nú sem sagt hefur hæstv. ríkisstj. talið það eitt af því þýðingarmesta í öllum þessum ráðstöfunum að tryggja að launakjör sjómanna skyldu þó versna meir en allra annarra, og það beinlínis tekið fram til skýringar, að þetta sé gert til þess að gæta samræmis í launakjörum milli atvinnustétta. En það þýðir auðvitað, að ríkisstj. hefur talið að það væri veruleg hætta á því, að hlutur sjómanna yrði of mikill, að hættan stafaði einkum af þessu og þá auðvitað gamla röksemdin: Af því að hlutur sjómanna yrði góður á þessu tímabili, þá hleypti það góða kaup þeirra öllu af stað í þjóðfélaginu. — Það er sú gamla kenning, að kauphækkanirnar í landi hafi yfirleitt átt sér stað vegna þess að sjómenn hafi drifið allt af stað með of háu kaupi. Hér er auðvitað um grundvallarmisskilning að ræða og alveg furðulegt verð ég að segja, að hæstv. núv. sjútvrh. skuli hafa fallið fyrir svona röksemdum, því að honum á að vera það vel kunnugt, að aðstaðan til þess að halda í gangi útgerðinni í landinu var einmitt þannig nú, að það þurfti fyrst og fremst að ýta undir kaupið hjá sjómönnum, til þess að hægt væri að fá góða menn á fiskiskipaflotann, einkum á þessum tíma, og þá alveg sérstaklega á bátaflotann, sem hafði staðið heldur höllum fæti í sambandi við aflann. Ég vil því segja það, að ég er algerlega andvígur 1. gr. frv., sem takmarkar á þennan hátt fiskverðsákvörðunina, og tel að þetta sé óhyggilegt og óréttlátt.

Ég kem þá að annarri meginbreytingunni, sem þetta frv. felur í sér og ég minnist á, en það er sú breyt. sem miðar að því að raska hlutaskiptakjörunum á fiskiskipaflotanum, sem hæstv. sjútvrh. vildi gera lítið úr að verið væri að framkvæma með þessari lagasetningu. En nú vita allir, að hlutaskiptakjörin á fiskiskipaflotanum eru þannig upp byggð, að sjómenn hafa tiltekna hundraðshluta af brúttó aflaverðmæti, og ef raskað er þessu brúttóaflaverðmæti með því að af brúttóaflaverðmæti eru teknar ákveðnar fjárhæðir og þær færðar til og þær koma ekki til skipta, þá er vitanlega verið að raska skiptakjörunum sjálfum. Um þetta hafa deilur staðið yfir í mörg ár, síðan viðreisnarstjórnin á sínum tíma fór inn á þessa braut, — um þetta hafa deilur staðið síðan 1968, að þetta var gert. En nú er sem sagt þessi deila mögnuð á ný með því að hækka á nýjan leik framlög í ýmsa rekstrarsjóði útgerðarinnar af óskiptum afla.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða, að framlag til Stofnfjársjóðs fiskiskipa er hækkað yfirleitt úr 10% af aflaverðmæti í 15%. Þetta er almenna reglan. Vita allir að greiðslur í Stofnfjársjóð ganga til þess að greiða afborganir af bátunum og til þess að greiða vexti af stofnlánum útgerðarinnar. Með því að hækka þetta framlag er verið að knýja sjómennina til að taka þátt í þessari greiðslu, sem þeir hafa mótmælt og deilur hafa staðið um við þá við gerð kjarasamninga síðan þetta ákvæði var tekið upp. Það er upplýst af hæstv. sjútvrh., að þær breyt., sem felast í þessu frv. varðandi þetta atriði, þ. e. a. s. auknar greiðslur í Stofnfjársjóð, nemi samkv. útreikningum 565 millj. kr. á báta og togara. Þarna er sem sagt verið að taka af óskiptum afla og greiða til annars aðilans, til útgerðarmannsins, þessa fjárhæð umfram það sem áður var. Það auðvitað fer ekkert á milli mála, að

með þessu er verið að breyta hlutaskiptakjörunum. En það er ekki aðeins í þessari grein. Einnig er um að ræða ákvæði í þessu frv. um að hækka útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem líka eru tekin af brúttóandvirði, og er gert ráð fyrir því, að greiðslur af útflutningsgjöldum, sem renna í Tryggingasjóð fiskiskipa, sem eiga að standa undir vátryggingakostnaði skipanna, eigi að skila til Tryggingasjóðsins um 285 millj. kr. hærri fjárhæð miðað við ár en áður hefur verið. Það skal að vísu tekið fram, að hluti af þessari upphæð eða 135 millj. kr. stafar beinlínis af gengisbreytingum, og ég geri ráð fyrir því fyrir mitt leyti, að á meðan sjómenn una því kerfi, sem þarna hefur verið í gildi, mundu þeir ekki hafa sagt mikið við því, þó að þarna hefði verið haldið óbreyttu hlutfalli áfram, þ. e. a. s. þó að þær auknu greiðslur, sem renna í Tryggingasjóðinn og stafa beinlínis af gengisbreytingu, hefðu átt sér stað. En hér er um 150 millj. kr. hækkun á útflutningsgjaldinu að ræða auk þessa miðað við áætlun. Þetta miðar líka að því að raska hlutaskiptakjörunum, en það hefur komið fram mjög greinilega við alla samningagerð um kjör sjómanna að undanförnu, að þessu mótmæla þeir harðlega.

Þá er gert ráð fyrir því að leggja á alveg nýtt gjald til þess að greiða niður olíukostnaðinn við rekstur skipanna og er gert ráð fyrir að þetta gjald nemi á ári í kringum 1 230 millj. kr. Þetta er líka tekið af brúttóverðmæti aflans, og á þennan hátt eru auðvitað skipverjarnir látnir standa undir olíukostnaði. Ég tók eftir því, að hæstv. sjútvrh. reyndi að gera samanburð á þessari gjaldtöku nú og því, þegar loðnuskatturinn svonefndi var á lagður um síðustu áramót. Hér er vitanlega gersamlega ólíku saman jafnað. Þá var það þannig, að aðilarnir sjálfir, sem voru að ákveða loðnuverðið, fulltrúar sjómanna og fulltrúar útgerðarmanna annars vegar, sem voru að tryggja sér ákveðið verð fyrir þá loðnu sem þá stóð til að veiða, og þeir aðilar, sem voru að kaupa loðnuna, komu sér saman um tiltekið hráefnisverð á loðnu og þeir komu sér einnig saman um það um leið, að tiltekið gjald skyldi greitt til þess að lækka verð á olíu. Þetta gjald, sem þá var lagt á, ef á að tala um að það hafi verið lagt sérstaklega á einhvern, þá var það greinilega lagt á verksmiðjurnar í landinu, því að það var búið að koma sér saman um hráefnisverðið á loðnu, og engum hafði dottið í hug, að það yrði meira en það var ákveðið. Það er auðvitað alveg rangt hjá hæstv. sjútvrh. að segja það, þegar hann kom hér fram með aukarök fyrir því, að greiða hefði átt nú sérstakan styrk til þeirra síldveiðiskipa, sem veiðar hafa stundað í Norðursjó, að það hafi verið sanngjarnt, að þau fengju nú sérstakan olíustyrk, af því að þau hafi lagt mest til í loðnusjóðinn. Það er rangt, að þau hafi lagt eitthvað í þennan loðnusjóð. Það voru þessi skip, sem einmitt fengu að njóta hins háa loðnuverðs á síðustu vertíð, verðs, sem allir viðurkenna, að var miklu hærra en hægt var raunverulega að borga. Loðnuskipin lögðu því ekkert sérstakt fram í þennan sjóð. Þeir aðilar, sem hafa þurft að borga þetta gjald, eru verksmiðjurnar í landinu. Gjaldið var lagt á með samþykki þeirra, samþykki og vitund bæði fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna. En nú er ekki neinu slíku til að dreifa. Nú er um það að ræða að ákveða að koma í veg fyrir tiltekna fiskverðshækkun, binda það með l. í krafti þess, að það á að taka af brúttóverðmætinu ákveðna fjárhæð til þess að borga niður olíu fyrir útgerðina. Hér er því vitanlega alveg ólíku saman að jafna.

En þetta sérstaka útflutningsgjald, sem nú á að leggja á til þess að greiða niður olíu, er líka tekið af brúttóaflaverðmæti í þeim tilgangi að halda aflaverðinu niðri. Það er alveg rétt, það var og er mikið vandamál, hvernig á að glíma við það að olían hækki ekki alltof mikið í verði fyrir útgerðina. Það er mikið vandamál og hefði vissulega getað komið til þess, að það hefði beinlínis þurft að láta alla aðila í landinu með einum eða öðrum hætti taka einhvern þátt í þessu heildarvandamáli. En ætla að gera það á þennan hátt, að leggja þetta að hálfu leyti á sjómannastéttina eina, er vitanlega alveg óþolandi og ég trúi því ekki, að þetta fái staðist í reynd, þegar kemur til samningagerðar við sjómenn upp úr áramótum. Ég trúi því ekki. Þessar fjárhæðir, sem hér hafa verið nefndar, eru hvorki meiri né minna en svo, að það er gert ráð fyrir samkv. þessu frv. að taka miðað við ársrekstur af óskiptum afla rúmlega 2 þús. millj. kr. og nota til ákveðinna greiðslna beint í þágu annars aðilans, þ. e. a. s. rekstrarins. En þegar 2 000 millj. kr. eru teknar af brúttóandvirðinu mun það vera nærri því að vera 800—900 millj. kr., sem sjómenn eru beinlínis látnir greiða á þennan hátt, miðað við þau hlutaskiptakjör, sem þeir höfðu samið um og í gildi höfðu verið. Það er verið að leggja á þá þennan aukabagga. Þetta er ráðstöfun, sem ég álít að fái ekki heldur staðist og sé röng.

Ég tel því fyrir mitt leyti, að hækkunin á framlögum til Stofnfjársjóðs og sömuleiðis hin beina hækkun, sem gerð er á útflutningsgjöldum vegna Tryggingasjóðs, eigi hvorug rétt á sér og ég álít, að olíuvandamálið hafi þurft að leysa með öðrum hætti og alls ekki á þann einhliða hátt sem gert er þarna, á kostnað sjómannakjaranna í landinu. Ég verð því að segja, að ég held að hæstv. sjútvrh. verði að taka þessi ummæli sín aftur hreint og skýrt, en gera hvorki sig né aðra hlægilega með því að segja það hér, að með þessu frv. sé ekki breytt á neinn hátt hlutaskiptakjörum sjómanna. Auðvitað er verið að breyta þeim í grundvallaratriðum, og það á hann ábyggilega eftir að heyra miklu betur frá sjómannasamtökunum sem þegar hafa mótmælt þessu. Hætt er við því, að hann eigi eftir að heyra það betur þegar hann kemur að samningaborðinu við þá um áramótin um þeirra kjör.

Þá vík ég að þriðja meginatriðinu, sem þetta frv. fjallar um, en það eru breyt. á l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Ég er alveg sammála þeirri breyt., sem frv. gerir þar ráð fyrir. Ég tel, að sérstaklega miðað við þær aðstæður, sem nú eru, hafi verið sjálfsagt að setja í lög slík ákvæði sem þarna eru. Það er gert ráð fyrir því með þessari lagabreyt., að heimilt sé að láta meira af verðhækkun, sem á sér stað á einstökum vörutegundum, renna í Verðjöfnunarsjóðinn, ef svo stendur á, og að það

sé heimilt einnig að greiða meira úr Verðjöfnunarsjóðnum til einstakra greina, þar sem um verðfall er að ræða, heldur en heimilt var samkv. l. eins og þau voru. Ég álít, að þessi breyt. sé í rétta átt og það hafi verið eðlilegt, að Verðjöfnunarsjóðnum væri við þessar aðstæður beitt á þennan hátt. En eins og kom fram hjá hæstv. sjútvrh. miða þessar breyt. að því, að þær greinar, sem nú hafa besta afkomu, eins og t. d. saltfiskverkun og skreiðarverkun, þessar greinar gætu þurft að greiða til sjóðsins í kringum 1 200 millj. kr. á ársgrundvelli, sem er talsvert miklu meira en hægt hefði verið að láta þær greiða eins og l. voru. En það er hins vegar gert ráð fyrir því líka með þessari breyt., að hægt verði að greiða úr Verðjöfnunarsjóðnum til frystingarinnar sem nemur 700—1 000 millj. kr. miðað við ár. Og það er enginn vafi á því, að þörf var á því, að opna þannig fyrir meiri greiðslur úr Verðjöfnunarsjóðnum til þeirra greina, sem hér mættu mestum vanda, en opna líka fyrir það, að hægt væri að nota sjóðinn sem millistöð af þeim greinum, sem betur gengi. Ég er því samþykkur þessu ákvæði í frv.

Þá kem ég að fjórða meginatriði frv., sem er um ráðstöfun á gengishagnaði. Frá því hefur verið greint, að reiknað sé með því, að gengishagnaður í sambandi við gengislækkunina frá 29. ágúst geti orðið í kringum 1 650 millj. kr. og þegar hafi í rauninni verið ráðstafað af þessari fjárhæð um 400 millj. kr., bæði vegna flutningsgjalda og eins vegna olíuniðurgreiðslu á þessu ári, og þá verði samt eftir miðað við áætlun í kringum 1 250 millj. kr. Það hefur einnig komið fram, að það er ekki búið nema að litlu leyti að ráðstafa þessari fjárhæð og það verður gert síðar til stuðnings sjávarútveginum sem heild. En ég tel, miðað við þær upplýsingar, sem liggja fyrir, að það hafi beinlínis verið greiddar sem styrkir eða bein framlög 80 millj. kr. til 31 skuttogara af minni gerð og 22 millj. kr. til 13 skuttogara af stærri gerð og síðan 19.5 millj. kr. til 58 síldveiðiskipa, sem veiðar hafa stundað í Norðursjó. Hér hefur sem sagt verið farið inn á þá braut að greiða þessum aðilum miðað við fjölda úthaldsdaga þeirra hverjum um sig tiltekna fjárhæð í beint framlag eða beinan styrk. Það verður eflaust rætt nánar um þetta atriði síðar í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég skal því ekki fara langt út í það nú, en ég verð að segja að ég tel að greiðslur af þessu tagi séu vægast sagt mjög vafasamar og beri að fara varlega í slíkt. Ég efast ekkert um það, að afkoma þessara minni skuttogara, 31 skips, hafi verið mjög misjöfn. Það eru til skip, sem hafa átt í talsverðum erfiðleikum, m. a. vegna þess að þau hafa ekki fiskað sem samsvarar meðalafla, og fjárhagur þeirra hefur þá verið kominn í einhvern vanda fyrr, en ég efast heldur ekkert um, að allmörg af þessum skipum hafa haft betri afkomu á þessu ári en þau hafa haft áður, það liggur alveg ljóst fyrir. Ég veit líka að afkoma þeirra er mun betri en yfirleitt hefur þekkst í sjávarútvegi til þessa hjá okkur. En allt um það fá þau greiddan beinan styrk samkv. þessari ákvörðun. Þessi greiðsla til stærri skuttogaranna er þó í rauninni enn þá sérkennilegri, því að þar er ákveðið að greiða 13 skuttogurum af stærri gerð jafnmikinn styrk miðað við úthaldsdag, þó að liggi fyrir, að þessi skip hafi fengið sérstakan styrk nú um hríð úr Aflatryggingasjóði, þó að minni skipin hafi ekki fengið neinar greiðslur úr Aflatryggingasjóði, af því að ekki var talin þörf á að greiða þeim. En bæði minni og stærri skipin standa undir Aflatryggingasjóði og eiga sama rétt í honum.

Hér sem sagt er það ákveðið, að stærri skipin, sem að langmestu leyti eru gerð út fyrir erlendan markað, flytja út fiskinn óunninn, — þessi skip njóti sérstaks styrks úr Aflatryggingasjóði og auk þess fái þau svo þennan dagstyrk, sem þarna hefur verið ákveðinn, og þar með er því slegið föstu, að þau eigi að fá meiri styrk eða meira framlag heldur en minni skipin. Þetta er, eins og vill verða þegar farið er að úthluta styrkjum, vægast sagt vafasamt.

Sama er að segja um 58 síldveiðiskip í Norðursjó. Það hefur verið ákveðið að borga þeim af þessum gengishagnaði 19.5 millj. Það liggur ekki ljóst fyrir, hvernig þessu hefur verið úthlutað, en þó gat ég ekki skilið þær upplýsingar, sem hér komu fram hjá hæstv. ráðh., á annan veg en þann, að þarna hefði verið fylgt sömu reglum greitt miðað við úthaldsdag hvers skips, og þá hafa þeir að sjálfsögðu fengið sinn skammt, þessir sem óneitanlega hafa greitt stórfé á þessu úthaldi, af því að það hefur komið í ljós, að aflinn í Norðursjó núna á þessu ári, þegar hann hefur reynst heldur minni en áður, þá hefur aflinn skipst miklu óhagstæðar, ef svo má segja, á milli skipa en áður var, þ. e. a. s. nokkur skip hafa mikinn afla og mjög góða afkomu, en allmörg skip litinn afla og sum næstum engan. En þessi skip eiga rétt á því samkv. okkar kjörum, það er búið að vera í gildi hér hjá okkur í langan tíma, við höfum sérstakan sjóð, Aflatryggingasjóð, sem útgerðin getur sótt talsverða hjálp til í þeim tilfellum þegar um aflaminnkun verður að ræða og þau eiga rétt á því að fá þá greiðslu úr þeim sjóði miðað við það, hver afli þeirra hefur orðið, en ég tel að það hefði verið þá langréttast að Aflatryggingasjóður hefði gert upp sakirnar við þessi skip vegna útgerðarinnar á Norðursjó, enda hæpið að ráðstafa gengishagnaðinum á þennnan veg. Þá tel ég það einnig mjög hæpið að taka upp þá reglu að greiða niður olíukostnaðinn hjá þeim fiskiskipum, sem stunda veiðar á Norðursjó og eru nánast gerð út frá Danmörku, eru mánuðum saman ytra og búa við allt verðlag og rekstrarkostnað þar og hafa því miður ekki skilað mjög miklu fé hingað heim í þjóðarbúið eftir þennan rekstur. Ég álít, að þau verði á þeim miðum og á þessum mörkuðum að spjara sig á hliðstæðan hátt og önnur skip, sem eru gerð út á þeim slóðum.

Þá hef ég vikið að öllum helstu efnisatriðum þessa frv. og ætlaði mér ekki að fara út í frekari umr. almennt um þessi mál, hef lýst minni afstöðu til þeirra. En hæstv. sjútvrh. vék hér nokkuð að þeim erfiðleikum, sem ýmsar greinar sjávarútvegsins stæðu nú frammi fyrir og þá m. a. sérstaklega bátaflotinn á ýmsum stöðum á landinu.

Það er enginn vafi á því, að það er rétt, að ýmsar greinar sjávarútvegsins standa höllum fæti nú, þó að aðrar greinar standi sig óvenjuvel

og þar hafi ekki verið og sé ekki þörf á sérstökum stuðningi umfram það, sem í gildi hefur verið. Það vill alltaf verða svo hjá okkur, að afli er mjög breytilegur. Það getur orðið aflaleysi eða mjög lítill afli á ákveðnum veiðisvæðum, þó að hann sé góður á öðrum, og það getur líka misheppnast útgerð með tiltekin veiðarfæri eða jafnvel á tiltekinni bátastærð, þó að önnur sé útkoman með öðrum veiðarfærum eða á öðrum skipastærðum.

Það er að mínu áliti rétt, að það er talsverður vandi, sem bátaútgerðin hér á Suðvesturlandi stendur frammi fyrir, einkum á Reykjanessvæðinu. Til þess liggja margar ástæður og fleiri en þær, að afli hafi þar rýrnað. En það er líka hægt að nefna útgerð á þessu svæði, sem spjarar sig allvel og allt bendir til að geti staðið sig vel frá því svæði ekki síður en frá öðrum svæðum í landinu. Þarna er um tiltekinn vanda að ræða, sem að sjálfsögðu þarf að leysa. En fyrst og fremst á að leysa vanda af þessu tagi eins og gert hefur verið á undanförnum árum eftir því kerfi, sem í gildi hefur verið hjá okkur, án þess að hægt sé að tala um, að það sé verið að mismuna á nokkurn hátt. Ég veit, að ekki aðeins hér á Reykjanessvæðinu, heldur líka víða annars staðar á landinu hefur útgerð á vissum bátastærðum gengið erfiðlega og ber vitanlega að skoða þau vandamál engu síður en þau, sem virðast vera í svipinn séð stærri. En ég tek undir það, að öll vandamál af þessu tagi þarf vitanlega að skoða og reyna að leysa þau, því að þessi rekstur sem heild verður að geta gengið. Hér er um undirstöðuatvinnuveg að ræða. Það verður að tryggja það, að útgerðin geti gengið, en ráðið til þess er ekki það, sem mér finnst að beri svo mjög á í þessu frv., að það eigi að leysa vandann með því að halda niðri kaupi sjómanna.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð við þessa umr. hér nema sérstakt tilefni gefist til, því að það gefst tækifæri síðar að ræða þessi mál öll á breiðum grundvelli, þegar frv. kemur frá þeirri n., sem fær það til athugunar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Síst hefði ég trúað því, að það ætti eftir að verða í reynd hlutverk núv. hæstv. sjútvrh. að mæla fyrir hér á Alþ. frv. þess efnis, sem hér er um að ræða, þar sem er í reynd um að ræða stórkostlega kjaraskerðingu hjá sjómannastéttinni yfir höfuð talað. Ég segi þetta vegna þess, að ég hafði það á tilfinningunni á tímum viðreisnarstjórnarinnar sálugu, að einmitt þessi hv. þm., núv. hæstv. sjútvrh., væri einn af þeim skeleggari innan þingflokks Sjálfstfl., sem talaði máli sjómanna að því er þetta tekur til. En nú er það fyrsta verkefni þessa hæstv. ráðh. að mæla hér fyrir frv., sem felur í sér — felur í sér, segi ég, — í reynd breyt. á hlutaskiptum sjómanna og er þar með stórfelld kjaraskerðing að því er þá varðar.

Það er auðvitað ástæðulaust að vera að rifja hér upp þau fjöldamörgu tilfelli, þar sem viðreisnarstjórnin átti hlut að máli og sneru beint að því, meira að segja í formi gerðardóma, að skerða kjör sjómannastéttarinnar í landinu. Ég ætla ekki heldur að fara að rifja það upp hér. En ég vil við 1. umr. þessa máls segja hér örfá orð og þá fyrst og fremst vegna þess að við erum þannig settir í SF, að við eigum ekki fulltrúa í þeirri n., sem þetta mál fer til, og ég tel því rétt að koma strax á framfæri aths. mínum við þetta frv.

Það er í sjálfu sér ekkert nýtt að heyra það, að útgerðin hér á landi eigi í svo og svo miklum vandræðum að því er varðar rekstrargrundvöll, og í mörgum tilfellum er það sjálfsagt rétt. Einnig höfum við ótal dæmi þess, hvaða hugmyndir einstaklingar og stjórnmálaflokkar hafa uppi til lausnar þessum vanda. Ég minnist þess, að í þeim viðræðum, sem fram fóru á s.l. sumri um myndun vinstri stjórnar, bar þetta líka á góma og kom þá fram í till. Framsfl., að það yrði leitað samninga við sjómannasamtökin um að heimila sérstakar greiðslur í Stofnfjársjóð fiskiskipa, sem sagt það yrði farin samningaleiðin með þetta mál. Þetta lögðu leiðtogar Framsfl. þá til. Þeir hafa greinilega verið skólaðir síðan. Það er ekki hér um samningaleit að ræða. Hér eru bein lagafyrirmæli um, að það skuli skert, og allir hljóta að sjá hver það er, sem hefur fyrirskipað svo.

Varðandi 1. gr. frv. er það fljótsagt, að hér er um að ræða verulega skert verksvið Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Það er fyrir fram skammtað með lögum, hvað fiskverðshækkun megi verða mikil, þó svo að hugsanlegt væri, — ég er ekki að segja að það hafi verið fyrir hendi, — þó svo að hugsanlegt væri að hægt væri að ná í gegnum samkomulag meiri fiskverðshækkun en þarna um ræðir, þá er sem sagt lagaákvæðið um hámarkshækkunina. Og það er ósköp eðlilegt, að það hafi komið fram gagnrýni á þessi vinnubrögð, a. m. k. er það í mínum huga óeðlilegt, að það komi fram bein lagafyrirmæli um hvað þessi hækkun megi mest vera. Það er og á að vera í höndum verðlagsráðsins að taka þar ákvörðun um. Hér er því um að ræða varhugavert fordæmi að því er varðar þessa tilhögun.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að hækka greiðslur í Stofnfjársjóð fiskiskipa, — greiðslur, sem, ef ég man rétt, voru komnar upp í 21% á tímum viðreisnarstjórnarinnar, en var búið að lækka niður í 10% á þeim þrem árum, sem fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. Það þarf ábyggilega ekki að rifja það upp, a. m. k. ekki fyrir sjómönnum eða sjómannasamtökum, hvað gekk á á þeim tímum, sem þessir hlutir voru gerðir í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Og það er enginn vafi á því og það hefur reyndar sést, að sjómannasamtökin hafa mótmælt þessari skerðingu á hlut sjómanna úr aflaverðmæti. Ég heyrði að vísu, að hæstv. sjútvrh. hafði sömu orð í sjónvarpsviðtali fyrir nokkru, þess efnis, að hér væri í engu breytt hlutaskiptum sjómanna. En auðvitað er þetta rangt. Það er svo í reynd, að með því að taka ákveðna upphæð meiri en var af aflaverðmæti, þá kemur auðvitað minna til skipta hjá sjómönnum, þannig að þeirra kjör eru skert. Það breytir því engu hér um, hvað hæstv. sjútvrh. segir. Hér er í reynd verið að framkvæma breyt. til hins verra á hlutaskiptum sjómanna í landinu. Ég er þeirrar skoðunar og ég veit, að það

eru margir fleiri sömu skoðunar, að það sé fremur ástæða til þess, að bátaflotinn, eins og menn kalla það, hinir smærri bátar, — kannske ekki síst í kjördæmi hæstv. sjútvrh., þeir bátar hafa átt í mjög miklum erfiðleikum með að fá mannskap, þannig að væri hægt að reka þá, — það hefði því ekki verið óeðlilegt, að stjórnvöld hefðu beitt sér fyrir því, að í stað þess að skerða kjör þessara manna hefði verið gripið til ráða, sem hefðu laðað menn á þessa báta, til þess að það væri hægt á þann hátt að auðvelda útgerð þeirra og þá jafnframt að skapa þjóðarverðmæti, sem ég held, að verði ekki um deilt, að eru kannske hvað mikilvægust einmitt frá þessari grein sjávarútvegsins.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að sjómannasamtökin eins og þau hafa reyndar gert, munu í auknum mæli mótmæla harðlega þessari skerðingu á skiptakjörum. Það er enginn vafi á því, að í þeim samningum, sem í hönd fara milli sjómannasamtaka og útvegsmanna, eiga menn eftir að bítast mikið um þessa hluti.

Hæstv. sjútvrh. sagði: Það verður að taka tillit til erfiðleika útgerðarinnar. — Það má rétt vera. En ég held, að stjórnvöld, — ekki bara núv. hæstv. ríkisstj., heldur og aðrir þeir, sem koma til með að fjalla um þessi mál, — ættu að gera sér það ljóst, að sjómannasamtökin una því ekki, að það sé fjármagnstilfærsla svo að hundruðum eða þúsundum millj. skiptir frá sjómönnum yfir til útgerðarinnar. Og það er staðreynd, a.m.k. er það í mínum huga, að sennilega er með þessa einstaklinga, sjómenn á hinum smærri bátum flotans, hvað verst farið í sambandi við þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem gerðar hafa verið af núv. hæstv. ríkisstj. Það er rétt, sem hér kom fram áðan, að sjómenn höfðu ekki fengið neina hækkun, fiskverðshækkun hafði ekki orðið frá s.l. áramótum. Það voru þó á því tímabili gerðir samningar um kaup hækkanir til ýmissa annarra stétta. En eigi að síður er fiskverðshækkunin, sem gert er ráð fyrir hjá hæstv. ríkisstj., bundin við svo til sömu prósenthækkun og hinar svokölluðu láglaunabætur gerðu ráð fyrir. Og ég held, að það sé enginn vafi á því, að a.m.k. sjómenn telja að hér hafi verið harkalega að þeim vegið og telja ábyggilega fulla ástæðu til að snúast til varnar í þessum efnum og enginn vafi á því, að þeir munu gera það.

Ég held, að öllum sé ljóst af því, sem ég hef hér sagt, að ég er andvígur þessum tveimur þáttum þessa frv., sem ég hef nú rætt um. Því miður hef ég ekki trú á því, að það komi til með að fást nein breyt. í þeirri hv. n., sem kemur til með að fjalla um málið, en af framansögðu liggur það ljóst fyrir, að ég mun greiða atkv. gegn þessum tveimur fyrstu gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Ég vona að einhverjum góðum mönnum takist að hafa þau áhrif á hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstj. í heild til breyt. á því hugarfari, sem mér virðist vera komið upp nú og eigi að hafa að leiðarljósi kannske í náinni framtíð, ef þessir tveir stjórnmálaflokkar, sem nú standa að ríkisstj., hafa til þess getu og möguleika að halda því stjórnarsamstarfi áfram.

Ég sem sagt harma það, að það skyldi falla í hlut núv. hæstv. sjútvrh., sem ég taldi vera einn af þeim fáu í þingliði Sjálfstfl., sem tæki upp hanskann fyrir sjómenn, — að þetta skyldi verða hans fyrsta verkefni og hans hlutskipti. Mér þætti gaman að heyra það, hvort hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, er samdóma því áliti, sem kom hér fram hjá hæstv. sjútvrh., að hér sé í engu breytt hlutaskiptum sjómanna. Mér þætti fróðlegt, ef hv. 8. þm. Reykv. vildi lýsa því yfir hér á Alþ., að hann væri sömu skoðunar og hæstv. sjútvrh. í þessum efnum. Þá mundu ábyggilega, — ef það gerðist, sem ég efast nú um stórlega, — en þá mundu ábyggilega sjómenn víðs vegar í kringum landið taka eftir slíkri yfirlýsingu, ef hún kæmi frá hv. 8. þm. Reykv. og yrði samhljóða því áliti hæstv. sjútvrh., sem hér kom fram áðan.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég held, að það sé rétt að rifja aðeins upp, hvernig var umhorfs í sjávarútveginum, þegar ráðstafanir voru gerðar í septemberbyrjun, rétt eftir að hv. 2. þm. Austf. hafði yfirgefið sjútvrn. Nú ætla ég ekki að fara að búa til neinar tölur. Ég ætla aðeins að fara lauslega yfir það, sem Þjóðhagsstofnunin hefur látið frá sér fara, og ég hygg að það geti enginn þm. eða aðrir leyft sér að segja annað um þá stofnun og forstöðumann þeirrar stofnunar en að þar sé samviskusamlega og hlutlaust unnið. En til þess að samanburður á rekstrarskilyrðum einstakra greina í sjávarútvegi verði sambærilegur, þá er gengið út frá sömu markaðsforsendum í júlí og gert hefur verið í nýjustu áætlunum eftir gengisbreyt. og hliðarráðstafanir. Helstu breyt. á markaðsforsendum frá upphaflegum útreikningum í júlí eru þessar: 1. Það er reiknað með 5% hækkun frystiafurða í erlendri mynt. 2. Það er reiknað með 5% lækkun afurða söltunar og herslu í erlendri mynt. 3. Það er reiknað með 30% hækkun fiskimjöls og loðnumjöls í erlendri mynt. — Sé tekið mið af framangreindu, þá er rekstrarhalli veiða á ársgrundvelli hvorki meira né minna en 1 380 millj. kr. Ég veit, að hv. 2. þm. Austf. er léttlyndur í meðferð talna og hann segir þegar eitthvað vantar: Þetta eru bara afskriftir, þá kemur þetta manni ekkert við. — Afskriftir! Það er eins og það sé bara eitthvert bókhaldsatriði þegar hann talar um afskriftir. Þá er ekki talað um að það þurfi að borga af lánum. Léttlyndur maður!

Af þessari upphæð nam áætlaður rekstrarhalli togara á ársgrundvelli um 920 millj. kr. Mikill munur var á rekstrarafkomu loðnubáta annars vegar og þeirra sem ekki stunduðu loðnuveiðar hins vegar, þannig að nokkur rekstrarafgangur var hjá loðnubátunum, en mjög mikill hallarekstur hjá hinum. Eftir hliðarráðstafanirnar hefur rekstrarhalli veiða lækkað í 970 millj. kr. eða um 410 millj. kr. Af þessari upphæð nemur rekstrarhalli togara 790 millj. kr., en rekstrarhalli báta um 180 millj. kr. Eftir sem áður er mikill munur á rekstrarafkomu loðnubáta og annarra báta. Loðnubátarnir sýna rekstrarafgang upp á 250 millj. kr. meðan aðrir bátar sýna halla upp á 430 millj. kr. Við gengisbreyt. hækkuðu erlend lán báta um 200 millj. kr., en erlend lán togara

um hvorki meira né minna en 1 100 millj. kr. En það hefur verið meira en ein gengisbreyt. á þessu ári. Það var gengissig eftir gengissig, eins og það var kallað. Eru þetta ekki aukin útgjöld fyrir útgerðina?

Það er því furðulegt að hlusta á ræðu hv. 2. þm. Austf. og svo þess hálfbróður hans, sem kom á eftir honum hér áðan, alveg furðulegt að hlusta á þennan málflutning. Hvað vilja þessir menn? Vilja þeir halda því fram, að Þjóðhagsstofnunin ljúgi öllu og sé að blekkja og svíkja ríkisvald og Alþ. og það sé hagnaður hjá útgerðinni alls staðar? Ef þeir segja, að þeir vilji alls ekki halda því fram og það sé rétt, sem Þjóðhagsstofnunin segir, hvað er þá verið að gera? Er þá ekki verið að færa stoð undir atvinnulífið í landinu? Verður það sjómönnum til framdráttar og verður það sjómönnum til tekjuaukningar, ef útgerðin stöðvast algerlega? Ég hugsa, að þeir skilji þetta í Bolungarvík og sá, sem talaði hérna, mundi skilja, ef hann væri kominn vestur. En hann virðist ekki skilja það hérna í þingsalnum.

Svo hneykslast báðir þessir sálufélagar á því, að það hafi verið tekin inn í lög 11% hækkun, — gengið á rétt Verðlagsráðsins. Að vissu leyti er þetta rétt. Verðlagsráðið á að afgreiða fiskverðsbreytingar. En af hverju er það gert? Og hvað gerðist áður? Það segir í 4. gr. brbl. um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu:

„Almennt fiskverð, annað en verð skarkola, humars og rækju, skal haldast til 31. ágúst 1974 eins og það var ákveðið um s. l. áramót, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 1/1974, enda tryggi ríkisstj., að verð á brennsluolíum til íslenskra fiskiskipa, er landa afla sínum og taka olíu erlendis, haldist á meðan óbreytt eins og það var í nóv. 1973."

Fyrir hvern er verið að halda óbreyttu olíuverði? Er það ekki fyrir sjómennina eftir þessu? Það er eitthvað annað hljóðið í hv. 2. þm. Austf. núna. Hvað gerðist á undan? Fiskverðið er ákveðið í ársbyrjun 1974. Síðan koma þessir margumtöluðu kjarasamningar, sem allir vita hvernig fóru. Allir voru að vinna fyrir þá lægst launuðu og allir kepptust við að lýsa yfir fylgi sínu við þeirra kröfur og óskir, en það þyrfti að halda í við aðra. Svo þegar búið var að semja, þá komu hinir, hátekjumennirnir, sem fengu tvisvar sinnum og jafnvel þrisvar sinnum meiri hækkun. Þá sátu þessir herrar í ríkisstj., eins og hv. 2. þm. Austf. Þá var ekki hv. 5. þm. Vestf. farinn í fýlu við fyrrv. stjórn, þá var hann innilegur stjþm. og í faðmlögum við stjórnina á þessum tíma. Þetta var allt gott og blessað. Þessi hækkun gengur yfir.

En hvað er svo gert, þegar komið er fram í maí, þegar sjómenn eiga að taka á sig allar þær miklu verðhækkanir, sem fylgja í kjölfar þessara aðgerða allra saman, þessara raunalegu aðgerða? Hvað er þá gert? Þá stendur hv. Lúðvík Jósepsson að útgáfu þessara l., sem ég var að vitna í: Þið skuluð enga kauphækkun fá þrátt fyrir allar kauphækkanirnar sem urðu í byrjun ársins. — En þá var hv. 5. þm. Vestf. farinn í fýlu við ríkisstj., svo að hann getur sagt, að hann hafi ekki staðið að þessu. Hins vegar hefur hann verið að væla og skæla í allt vor, sumar og haust yfir því, að þessi vinstri stjórn, sem hann sjálfur drap í vor, hélt ekki áfram.

Að hugsa sér svo hræsnina hjá þessum tveimur hv. ræðumönnum, fyrirlitleg hræsni. Af hverju voru þessi brbl. sett? Þau voru sett vegna þess að það var óðaverðbólga, sem enginn réð við. Lúðvík Jósepsson stóð að setningu þessara brbl. vegna þess hvernig komið var. Svo er hneykslast yfir því, að það hafi eftir þetta ranglæti, verið tryggð hækkun upp á 11% frá núv. ríkisstj. Og hv. 5. þm. Vestf. er alveg stórhneykslaður á þessu.

Hv. 2. þm. Austf. sagði, að það hefði ekkert loðnugjald verið lagt á loðnubátana, það hefði bara verið lagt á verksmiðjurnar, ekkert nema á verksmiðjurnar. Þeir áttu þá ekkert í loðnuverðinu, hvorki sjómenn né útgerðarmenn, þá var það bara orðið eign verksmiðjanna. Þetta er maður sem kann að haga seglum eftir vindi, það má nú segja. Í reglugerðinni um sérstakt útflutningsgjald á loðnuafurðir fyrir árið 1974, sem gefin er út af því rn. sem þessi ráðh. stjórnaði, segir:

„Greiða skal 5% útflutningsgjald af fob-verðmæti framleiðslu ársins 1974 af loðnumjöli, loðnulýsi, frystri loðnu og loðnuhrognum svo og öðrum loðnuafurðum, öllum nema niðursoðnum eða niðurlögðum."

Í 2. gr. segir:

„Hið sérstaka útflutningsgjald samkv. 1. gr. skal reiknað og innheimt á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru samkv. l. nr. 19 16. apríl 1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum."

Nú veit þessi hv. þm. að þetta gjald eins og öll önnur gjöld er tekið af óskiptu, það eru allir aðilar, sem taka þátt í því. Þetta er ekki tekið af neinum ímynduðum hagnaði verksmiðjanna. En gjaldið brást. Hann gat ekki gert að því, þessi hv. þm., sem þá var hæstv. ráðh. En hann sat í ríkisstj. næstum því til ágústloka. Hann vissi hvað vantaði. Hvaða tillögur lágu fyrir til úrbóta? Hvaða tillögur lágu fyrir til þess að tryggja niðurgreiðslu á olíu? Ekki ein einasta till. Í hjálparkokknum heyrðist ekkert heldur. Og svo er hneykslast núna á Stofnfjársjóðnum eins og fyrri daginn. Ég spyr: Þegar ég nefndi hér áðan skuldaaukninguna, sem verður við gengissig og gengisbreytingar, telja þessir hv. þm. að útgerðin geti tekið ein á sig þessa aukningu miðað við þær upplýsingar, sem liggja fyrir frá Þjóðhagsstofnuninni? — Ég hlusta ekki á útgerðina, ekki eitt orð, sem hún segir, heldur bara þessa stofnun, fer bara eftir henni. Á útgerðin að bæta þessu ofan á? Verður þetta sterkur grundvöllur til atvinnurekstrar í okkar landi?

Ég fullyrði, að sjómenn eru ekki eins ósanngjarnir og þessir tveir hv. ræðumenn. Þeir hafa sýnt skilning, þó að þeir eðlilega mótmæli. Hörðustu mótmælin koma frá saltfiskverkendum út af brbl., að þeir eigi að leggja á saltfiskinn 1.5% hærra gjald heldur en hið almenna gjald, og það er sú greinin sem hefur haft það best. En hins vegar er alveg sjálfsagt að kynda undir elda óánægjunnar. Til þess þurfa sumir menn að verja öllum sínum tíma. En hvort það tekst, það er önnur saga.

Ég spyr: Það hefur verið framlag gildandi til Stofnlánasjóðs fiskiskipa, 20% á humar og síld, sem lítil sem engin hefur verið, og 10% á annað. Af hverju afnam 2. þm. Austf. ekki þetta ranglæti? Hann sat í þrjú ár og hafði aðstoðarmenn hér í þingsölunum. Þeir fundu ekki þetta órétt-læti þá, þeir finna það bara núna.

Höfuðatriði þessa máls er þetta: Telja þessir menn, að upplýsingar Þjóðhagsstofnunarinnar séu réttar eða rangar? — Ef þeir telja þær réttar, þá geta þeir ekki haldið því fram, að það sé hægt að bæta hundruðum millj. á útgerðina í landinu við þær aðstæður, sem hún á nú við að búa. Og þá komum við að því: Ef það er ekki réttlætan-legt að fara þessar leiðir, sem hér er talað um, vilja þeir þá leggja skatta á þjóðina til þess að standa undir þessum útgjöldum? Og á hvern hátt vilja þeir standa að slíkri skattlagningu? — Ef þeir vilja vera og eru ábyrgir þm., þá eiga þeir að benda á leiðir.

Hv. 2. þm. Austf. fjasaði um olíusjóðinn, hvað það sé ranglátt að gera þetta, og það þyrfti eig-inlega, sagði hann, að leysa þetta með einhverj-um öðrum hætti. Og þá setti hann punkt. Þá var það búið. Þá kom hann ekki að því. Á hvern hátt vill hv. þm. leysa þetta? Ég er til viðræðu við hann. En telur hann, þegar verður að gera ráð-stafanir í þeirri miklu óðaverðbólgu, sem nú hefur tröllriðið íslensku efnahagslífi, telur hann þá vera stætt á því að leggja almenna skatta á þjóðina til þess að greiða niður olíuna til fiski-skipanna eða telur hann þetta vera réttlátari leið, sem þessi brbl. eða þetta frv. gerir ráð fyrir. Það væri fróðlegt að fá við því skýr svör, en ekki svona loðin, eins og honum verður svo oft á að gefa, þegar hann er búinn að gagnrýna og er svo kominn í vandræði, til þess að koma sér út úr hlutunum.

Ég ætla að segja hv. 5. þm. Vestf. það, að þær vikur, sem ég hef verið sjútvrh., hafa ekki verið neinn dans á rósum. Mér finnst, að verkefnin hafi ætt á mann og erfiðleikar ekki örfárra manna heldur velflestra manna í þessari atvinnugrein hafi verið miklir af margvíslegum ástæðum, bæði heimatilbúnum ástæðum og líka óviðráðanlegum ástæðum. En þetta hafa verið það miklir erfið-leikar, að það hefur ekki verið hlaupið að því að leysa þá og það verður ekki hægt að leysa þá, — og það ætla ég að segja þeim við 1. umr. þessa máls, — það verður ekki hægt að leysa þá nema leggja einhvers staðar að öðru, því að peningar og verðmæti detta ekki af himnum ofan, hvorki til mín né annarra. Hér verður að gera ráðstafanir við þær aðstæður, sem núna eru, sem ekki þykja vinsælar. En ég held að það væri hollast fyrir menn að tala með meiri ábyrgð en þessir tveir hv. þm. hafa gert við þessa umr. í dag.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í ræðu sinni áðan sagði hæstv. sjútvrh. eitthvað á þá lund, að það mál, sem hér er til umr., hafi þann kost að allir séu á móti því. Það er kostur að allir hafa mótmælt þessu, sagði hæstv. ráðh. Það er rétt og satt, að áður en ríkisstj. gerði þær ráð-stafanir, sem nú er verið að leita staðfestingar Alþ. á, voru atvinnurekendur í sjávarútvegi óá-nægðir með sinn hlut. Ef það hefur verið tilgang-urinn að gera sjómennina líka óánægða, þá hefur það tekist. Og ef það er markmið þessarar ríkis-stj. í sínum stjórnarstörfum að gera alla lands-menn jafnóánægða með sínar gerðir, þá er það að takast, og það er þá í annað skipið á mjög stuttum tíma, sem Framsfl. hefur náð því mark-miði.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni, bæði hér áðan og eins í sjónvarpinu ekki alls fyrir löngu, að þær ráðstafanir, sem hann gerði 20. sept. s. l. með útgáfu brbl., sem hann leitar staðfestingar Alþ. á nú, hafi ekki rýrt kjarasamninga sjó-manna, hafi ekki skert hlutaskiptareglur þær, sem um hefur verið samið. Þetta er skoðun hæstv. ráðh. Sjómenn hafa sínar skoðanir á þessu máli. Í viðtali við dagblaðið Þjóðviljann skömmu eftir að ráðh. tilkynnti um þessar ráðstafanir sagði Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasam-bands Íslands, svo með leyfi forseta:

„Lögin skerða verulega kjör togarasjómanna og þeirra sjómanna, sem eru svo heppnir að vera á bátum, sem afla meira en sem nemur kauptryggingu, en kauptrygging háseta á bátum er aðeins 51 þús. kr. á mánuði í grunn. Vinnu-skylda þeirra er svo frá 12 og upp í 18 stundir á sólarhring og ef ekkert verður að gert af hálfu samtaka sjómanna vegna þessara laga, þá verður aðeins um kauptryggingu að ræða á mun fleiri bátum en verið hefur, en lögin skerða fyrst og fremst hlut fiskimanna. Þess vegna er einsýnt, að hækka verður kauptrygginguna verulega frá því sem nú er."

Þetta sagði forseti Sjómannasambands Íslands. Og 9. þing Sjómannasambands Íslands, sem haldið var nokkru síðar, tók í sama streng. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þingið mótmælir harðlega þeim brbl., er sett voru 20. sept. s. l., þar sem ráðin voru tekin af Verðlagsráði sjávarútvegsins með því að ákveða, að fiskverð mætti ekki hækka meira en um 11% þrátt fyrir það að fiskverð hafi staðið í stað síðan í jan. s. l. Jafnframt mótmælir þingið harðlega þeim skerðingum á hlut fiskimanna, er framkvæmdar voru með nefndum brbl., þar sem hækkuð var gjaldtaka í Stofnfjársjóð fiskiskipa og að auki tekið nýtt gjald í svonefndan olíu-sjóð, en hækkunin á gjaldinu í Stofnfjársjóð og hið nýja olíugjald nemur um 9—11,5% til tekju-rýrnunar fyrir sjómenn."

Þetta er álit 9. þings Sjómannasambands Ís-lands á ráðstöfunum, sem hæstv. sjútvrh. segir hér og annars staðar að skerði ekki umsamin kjör sjómanna. Það sem er verið að gera með þessum ráðstöfunum er einfaldlega það að færa til gríðarlega mikla fjármuni innan einnar at-vinnugreinar. Það er verið að færa til gríðar-mikla fjármuni innan sjávarútvegsins, frá laun-þegunum til atvinnurekendanna. Það má deila um, hversu há þessi upphæð er. Sjómenn telja sjálfir, að hún nemi 1800 millj. kr.

Það er einkennandi fyrir ráðstafanir hæstv. ríkisstj., að þær fela ekki í sér neina utanaðkom-andi aðstoð til sjávarútvegsins, heldur aðgerðir, sem miðast við að flytja fé frá launþegunum í þessum atvinnurekstri yfir til atvinnurekend-anna, því að hver er sú utanaðkomandi aðstoð, sem verið er að færa að sjávarútveginum og fyrirtækjum hans í þessu frv. Það er hvergi frá

henni geint. Þetta er einfaldlega frv. um tilfærslu á fé innan einnar atvinnugreinar, frá launþegunum, sem hirða sín laun í þessum atvinnuvegi, og yfir til fyrirtækjanna.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. lýsti hér áðan, að afkoma í sjávarútvegi var mjög örðug og slæm, þegar hann tók við, og það öfundar hann enginn maður, ekki einu sinni stjórnarandstæðingur eins og ég, af því erfiða verkefni sem hann hefur við að glíma. En hann hefur tekið það fram, bæði í ræðu sinni hér og annars staðar, að hagur útgerðarinnar, þ. e. a. s. hagur atvinnurekendanna í útgerð og fiskvinnslu muni batna um þetta og þetta mikið eða réttara sagt hallinn á þeirra rekstri muni minnka um þetta og þetta mikið þegar þessar ráðstafanir hafa verið gerðar. En einhver verður væntanlega að borga fyrir það. Og ef það er ekki sótt út fyrir atvinnugreinina, eins og ekki er hægt að halda fram að gert sé með þessu frv., hver er það þá sem greiðir? Hver er það, sem borgar þennan halla, sem verið er að jafna fyrir útgerðarmenn og aðra atvinnurekendur í sjávarútvegi? Auðvitað getur það þá ekki verið annar aðili en sá, sem þeir borga launin, þ. e. a. s. launþegar í útveginum. Svo er alveg fáránlegt að heyra því haldið fram hér og annars staðar, að með þessum ráðstöfunum sé ekki verið að skerða kjör sjómanna og annarra launþega.

Það er mjög einkennandi við íslenskan atvinnurekstur og þá einkum og sér í lagi í sjávarútvegi, hversu lítið eigið fé er bundið í þessum fyrirtækjum. Það má segja, að fyrirtækin séu keypt meira eða minna fyrir fé almennings. Þau eru rekin meira eða minna með styrkjum úr sjóðum, sem almenningur borgar í, og þegar reksturinn skilar ekki lengur þeim arði, sem eigendurnir vonast eftir, þá er gengið á hlut launþeganna í þessum atvinnuvegi og þeir látnir borga brúsann.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni hér áðan, að það hafi verið hafnar mjög nákvæmar athuganir og útreikningar á afkomu einstakra atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi. Ég vildi gjarnan spyrja ráðh. að því, hvort við megum eiga von á því, sem sitjum í sjútvn. þessarar hv. d., að fá þessa útreikninga til athugunar, þegar við förum að fjalla um það mál, sem hér er um að ræða, einfaldlega vegna þess að mér býður það mjög í grun, að afkoma hinna einstöku fyrirtækja í sjávarútvegi sé ákaflega misjöfn, það séu e. t. v. ekki öll útgerðarfyrirtækin og allar fiskvinnslustöðvarnar, sem hafi ástæðu til þess að kvarta jafnmikið yfir slæmri afkomu og hæstv. ríkisstj. hefur gert fyrir hönd atvinnugreinarinnar. Það er að sjálfsögðu krafa þm., sem ætlast er til að samþykki ráðstafanir um að leggja stórkostlegar byrðar á bök launþega í einni atvinnugrein til þess að bjarga afkomu fyrirtækja í þessari grein, að þm. fái þá fyrst að sjá sem nákvæmasta skýrslu og sem nákvæmasta útreikninga á því, hvort þess sé virkilega þörf, — ekki að styrkja atvinnuveginn í heild um svo mikið fé, — heldur hvort þess sé virkilega þörf að styrkja hvern einn og einasta aðila, sem að atvinnurekstrinum stendur, um svo mikla fjármuni sem hér er um að ræða eða hvort ástæðan kunni e. t. v. að vera sú fyrir þessu mikla tapi, sem verið er að tala um að sé á þessari atvinnugrein, að sumir, sem stundi atvinnustarfsemi þar, kunni að reka fyrirtækið vel, en aðrir kunni ekki að reka fyrirtæki sín nema illa.

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur og viðurkenndi í ræðu sinni áðan, að þær ráðstafanir, sem hér væru gerðar, mundu koma ákaflega misjafnt niður á mönnum, þ. e. a. s. geta manna til að gangast undir þær væri ákaflega misjöfn. Hann talaði um, að það þyrfti kannske ekki að vorkenna sjómönnum á skuttogurum, en þeim mun meiri ástæða væri til að vorkenna sjómönnum á bátaflotanum, þeir ættu e. t. v. erfiðara með að sætta sig við þá kjaraskerðingu, sem í þessu máli felst. En ef hæstv. ráðh. er þeirrar skoðunar að aðstaða manna til þess að axla þær byrðar, sem hann ætlar á þá að leggja, sé misjöfn, hvers vegna beitir hann þá ekki einhverjum aðferðum til þess að bæta úr því misrétti, sem hann er að tala um að eigi sér stað innan atvinnugreinarinnar, og kemur í veg fyrir að fólk, sem er illa statt í atvinnugreininni, þurfi að taka á sig hlutfallslega jafnmiklar byrðar og fólk, sem hann telur sjálfur að sé nokkuð vel statt og enginn þurfi að vorkenna? Ef þessi skoðun hans er rétt, hvers vegna hegðar þá hæstv. ráðh. sér ekki í samræmi við hana og hlífir þeim, sem hann telur ástæðu til að hlífa, en leggur byrðarnar á bök hinna, sem hann telur að líklegt sé að hafi meiri getu til þess að þola það?

Í 1. gr. þessa frv., sem hér hefur verið lagt fram, er rætt um að binda hækkun almenns fiskverðs við 11%, eins og raunar hefur þegar verið gert með brbl. Þegar þessi ákvörðun var tekin af hæstv. ráðh., að gefa út brbl. um þetta efni, var verið að reyna í Verðlagsráði sjávarútvegsins að ná samkomulagi um fiskverðshækkun. Hvers vegna mátti ekki reyna það til þrautar, áður en ríkisstj. grípur inn í og ákveður upp á eigin spýtur, hve mikil þessi hækkun megi verða? Hvers vegna var þá ekki fyrst reynt að sjá til, hvort samkomulag gæti ekki tekist af þeim aðilum, sem eiga um þetta mál að fjalla? Og gerir ríkisstj. sér grein fyrir því, hvað hún setur hættulegt fordæmi með svona einhliða ráðstöfunum? Þetta mál varðar beinlínis kjarasamninga einnar stéttar í landinu, sjómannastéttarinnar, vegna þess að hluta sinnar kauphækkunar getur hún fengið með fiskverðshækkun. Það er verið að reyna að ná samkomulagi um þetta mál, þegar ríkisstj. grípur inn í og leggur línuna upp á sitt eigið eindæmi. Og má þá vænta þess, að ef aðrir launþegar í landinu reyna í frjálsum kjarasamningum við atvinnurekendur að ná fram kauphækkun, þá megi þeir eiga von á því að fá frá ríkisstj. brbl. eða lagafrv. á Alþ., eftir því á hvaða árstíma setið er við samningaborðið, þar sem segir, að þess skuli gætt, að hækkun almenns kaupgjalds í landinu verði að meðaltali ekki meira en 11%, 10%, 9%, eftir því hvernig stendur í bólið hjá ráðh. í það og það skiptið. Það er verið að setja þess konar fordæmi með þessari grein. Það var algerlega þarflaust af ríkisstj. að grípa til þessarar ráðstöfunar, einfaldlega vegna þess að það var enn ekki útséð um það, þegar brbl. voru gefin út, hvort ekki næðist samkomulag í Verðlagsráðinu um fiskverðshækkun sem bæði fiskkaupendur og fiskseljendur gætu sætt sig við.

Það er svo auðvitað alger fjarstæða að halda því fram, að 2. gr. í þessu frv. hafi engin áhrif á kjarasamninga sjómanna. Það er slík fjarstæða, að mér dettur ekki í lifandi hug, að hæstv. ráðh. trúi því sjálfur. Þarna er ákveðið að taka 15% af óskiptu fiskverði í stað 10% áður, sem renna eigi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Ég er sannfærður um það, að þegar hæstv. ráðh. ákvað að beita sér fyrir lagasetningu um þetta efni gerði hann sér grein fyrir því, að hann væri þarna að ráðast að kjörum sjómannastéttarinnar. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, hvert álit sjómanna sjálfra er á þessu máli.

Ég ætla ekki að fara ítarlega í efni þessa frv., þar sem mér mun gefast tækifæri til þess í þeirri n. þessarar hv. d., sem ég á sæti í og fá mun málið til athugunar, en ég ætla aðeins að vekja athygli á einu atriði og það er það, hversu vafasamur grundvöllur er undir ýmsum ákvæðum, sem í þessu frv. koma fram.

Í 4. gr. er t. d. sagt í b-lið, að af fob-verði útflutts saltfisks og skreiðar skuli taka 5.5% útflutningsgjald á sama tíma og tekið er 4% útflutningsgjald af fob-verði annarra sjávarafurða. Nú er ég sannfærður um, að hæstv. sjútvrh. er það mætavel kunnugt, að einmitt varðandi þessar tvær afurðir, saltfisk og skreið, eru horfur nú á erlendum mörkuðum ákaflega alvarlegar. Ýmsir mikilvægustu markaðir okkar fyrir þessar vörur eru í hættu. Við vitum t. d., að það er mjög óvíst, hver niðurstaðan verður á þeim mörkuðum, sem við höfum haft fyrir þessar afurðir í sunnanverðri Evrópu, og í öðrum löndum, t. d. í Suður-Ameríku, keppast ýmsir keppinautar okkar, eins og Norðmenn, við að undirbjóða hver annan og horfir ákaflega þunglega um sölu saltfisks og skreiðar. Og hræddur er ég um það, að í staðinn fyrir að taka meira gjald af þessum útflutningsafurðum en öðrum, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., kunni ríkisstj. að verða að horfast í auga við að þurfa e. t. v. að taka fé annars staðar frá til þess að greiða uppbætur eða aðstoð til þeirra, sem standa fyrir verkun eða sölu þessara afurða. Og ég er alveg sannfærður um það, að sjútvrh. er þessi þróun mjög vel kunn.

Það er nú einu sinni svo, að í upphafi skyldi endirinn skoða. Núv. hæstv. ríkisstj. starfar ekki eftir þessari reglu. Hún hefur ekki gert það á þeim skamma tíma sem hún hefur starfað. Og hún hefur ekki gert það með því máli, sem hún hefur lagt hér fram, vegna þess að hverjar hafa afleiðingarnar af svona afskiptum orðið og hverjar munu þær verða? Afleiðingarnar hafa orðið þær, að sjómannasamtökin í landinu hafa sagt upp kjarasamningum og búa sig til átaka. Afleiðingarnar geta orðið þær, að ríkisstj. muni á næstu mánuðum og næstu missirum eiga í stöðugri styrjöld við verkalýðshreyfinguna í landinu, sem lítur á svona aðgerðir sem beina ögrun við sig og beinan fjandskap við sig. Hættan er líka sú, að þegar upp verður staðið og ef ríkisstj. e. t. v. tekst að knýja þennan vilja sinn í gegn, þá muni reynast erfitt fyrir útvegsmenn á Íslandi að manna fiskiskipastól sinn, þegar búið er að gera kjör sjómanna þannig úr garði, að sennilega eru þeir orðnir einhver tekjulægsta stéttin, sem við þær aðstæður, sem fyrir hendi eru, þegar sífellt stærri hluti sjómannanna getur ekki aflað nema rétt fyrir kauptryggingu, sem er í dag í kringum 58 þús. kr. á mánuði fyrir 12—18 klst. vinna á sólarhring. Ég býst við, að ekki séu mörgum stéttum í landi boðin slík kjör fyrir svo langan vinnudag. Og hæstv. ríkisstj. gerir sér e. t. v. ekki grein fyrir því, hvað það getur þýtt fyrir afkomu útgerðarinnar og þar með afkomu þjóðarbúsins að ætla að bjóða sjómönnum upp á slík býti.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Skömmu áður en Alþingi kom saman að þessu sinni var frá því skýrt, að undirritaður hefði verið samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um tilteknar breytingar að því er varðar Keflavíkurflugvöll og herstöðina þar. Um það hafa risið deilur, hvort bera hefði átt þennan samning undir Alþingi. Um það atriði ætla ég ekki að ræða að þessu sinni. Hitt hygg ég að naumast þurfi að verða deiluefni, að rétt sé og eðlilegt að slíkur samningur og sömuleiðis stefna hæstv. núv. ríkisstj. í herstöðvarmálinu verði til umr. hér á Alþ. og það heldur fyrr en síðar. Með tilliti til þessa vil ég f. h. Alþb. beina þeim tilmælum til hæstv. utanrrh., að hann beiti sér fyrir því, að slíkar umr. um þessi mál fari fram hér á Alþ. svo fljótt sem við verður komið, t. d. í formi skýrslu, sem hann legði fyrir þingið um þessa samningagerð.

Samningur sá, sem hæstv. ríkisstj. gerði í haust við Bandaríkin, hefur ekki verið birtur, heldur hefur einungis verið skýrt frá helstu ákvæðum hans. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel eðlilegt og raunar sjálfsagt að slíkur samningur verði birtur opinberlega, m. a. til þess að eyða óþarfa tortryggni og getgátum um það, hvað í honum kunni að felast. Það er oft erfitt fyrir hv. alþm. að ræða málið án þess að hafa séð samninginn, án þess að vera fullkunnugt um öll efnisatriði hans. Vil ég einnig beina því til hæstv. utanrrh., hvort hann sé ekki fáanlegur til þess að gera ráðstafanir til að samningurinn verði birtur hið allra fyrsta.

Ég hef látið hæstv. ráðh. vita að ég mundi beina fyrirspurn af þessu tagi til hans nú og vænti þess því, að hann geti gefið ákveðin svör við þessum tilmælum mínum.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundssonar, og þeim tilmælum, sem hann beindi til mín, þá vil ég lýsa því hér yfir nú, að ég mun mjög bráðlega og eins fljótt og verða má gefa Alþ. skýrslu um viðræðurnar í Washington og efni

þeirra orðsendinga og fundargerða í heild, sem fóru á milli mín og sendiherra Bandaríkjanna í framhaldi af þeim viðræðum. Ég vona þess vegna að hv. þm. og hv. aðrir þm. geti fallist á að umræður um varnarmálin hér á Alþ. bíði eftir því, að ég gefi þessa skýrslu, sem ég mun ekki draga, og að Alþ. geti þá gefið sér góðan tíma til að ræða þessi mál í heild. Ég hygg að það sé samdóma álit allra þeirra flokka, sem fulltrúa eiga á Alþ., að til þess sé full ástæða.

Gils Guðmundsson: Ég vil einungis þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég mun ekki við þetta tækifæri fara fleiri orðum um það mál, sem hér um ræðir, og það bíður þá þess tækifæris þegar hæstv. ráðh. hefur lagt fram skýrslu sína. Ég tel svör hans fullnægjandi að þessu sinni, en vænti þess, að það dragist ekki lengi, að hægt verði að ræða þessi mikilvægu mál hér á hv. Alþ. í því formi, sem skýrslan gefur tilefni til.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir að hafa vakið máls hér á Alþ. á þeirri meðferð, sem lok viðræðna íslendinga við Bandaríkin hafa fengið. Á s. l. ári var lögð á það rík áhersla af forustumönnum núv. stjórnarflokka, að niðurstöður þessara viðræðna skyldu ræddar á Alþ. þegar þær lægju fyrir. 12. nóv. 1973 sagði þáv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, hér á Alþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Það stendur nú einmitt þannig á, að á morgun eiga að hefjast viðræður um varnarsamninginn. Þegar niðurstöður liggja fyrir af þeim samningaviðræðum, þá verða þær niðurstöður, eins og hæstv. utanrrh. hefur marglýst yfir, lagðar fyrir Alþ. hvernig svo sem þær verða í raun og veru."

12. nóv. fyrir um það bil ári gaf þáv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, núv. hæstv. dómsmrh., Alþ. því skýrt og skorinort loforð um að niðurstöður viðræðnanna yrðu lagðar fyrir, hvernig svo sem þær verða í raun og veru, eins og hann orðaði það.

Í lýðræðis- og þingræðislandi er mikilvægt að menn standi við þau heit, sem þeir gefa löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Og það er einna mikilvægast í svo vandmeðförnum málum eins og utanríkismálum smáþjóðar. Utanríkismál hafa skipt íslendingum í nokkra áratugi í andstæða hópa. Það er varasamt, að þær andstæður séu magnaðar með því að Alþ. sé ekki sýnd tilhlýðileg virðing og ekki staðið við þau heit, sem því hafa verið gefin í meðferð málsins. Slíkt skapar ekki samstöðu um utanríkismál smáþjóðar. Slíkt er ekki til þess fallið að styrkja þingræði í landinu.

Mig langar þess vegna við þetta tækifæri að bera fram þá spurningu, hver hafi tekið þá ákvörðun, að ekki var staðið við það loforð sem Alþ. var gefið 12. nóv. 1973. Er það hæstv. núv. forsrh., sem vildi ekki standa við það loforð, sem fyrirrennari hans og samráðh. gaf Alþ.? Eða var sú ákvörðun tekin af stjórnarflokkunum í sameiningu að standa ekki við þetta loforð sem Alþ. var gefið? Það er mikilvægt fyrir Alþ. og þá einkum og sér í lagi þegar um utanríkismál íslendinga er að ræða, að það liggi skýrt fyrir, hvers vegna sú ákvörðun var tekin að standa ekki við þetta heit, hver það var sem tók þá ákvörðun.

Ég vil við þetta tækifæri óska þess, að annaðhvort hæstv. dómsmrh., sem forsrh. gaf þessa yfirlýsingu fyrir ári, eða — forsrh. er nú ekki viðstaddur — þá hæstv. félmrh. og form. þingflokks Sjálfstfl. upplýsi, hvort það var ákvörðun Sjálfstfl., að þetta mál var ekki lagt fyrir Alþ., eða hvort það er ákvörðun ríkisstj. í heild.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að gera að umræðuefni það ástand og mál sem ég tel að sé stórmál sem nú er í sviðsljósi, og á ég þar við þá greiðsluerfiðleika, sem bæjar- og sveitarfélög víðs vegar í kringum landið eiga nú í, og þá samninga, sem Reykjavíkurborg hefur nú gert við Landsbanka Íslands um heimild til lántöku að upphæð 600 millj. kr. til þriggja ára. Ég ætla ekki út af fyrir sig að deila á þetta samkomulag borgarstjórnar Reykjavíkur og Landsbanka Íslands, en ég vil vekja athygli á því, að það eru smærri sveitarfélög víðs vegar í kringum landið sem eiga í jafnmiklum erfiðleikum og Reykjavíkurborg. Ég vil vekja athygli ríkisstj. á því, að það er full ástæða til þess að álíka fyrirgreiðsla verði innt af hendi fyrir þau sveitarfélög víðs vegar í kringum landið sem eru jafnilla stödd hlutfallslega og Reykjavíkurborg. Ég hef því kosið að vekja athygli á þessu mikilvæga máli hér í Sþ. og jafnframt að spyrja hæstv. félmrh. um það, hvort hann eða ríkisstj. í heild hafi uppi um það fyrirætlanir að sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg verði heimiluð hliðstæð fyrirgreiðsla að því er varðar greiðsluerfiðleika þeirra eins og Reykjavíkurborg hefur nú fengið hjá ríkisbanka. Ég vænti þess að hér sé um að ræða byrjun á því heildarskrefi að leysa þá greiðsluörðugleika sem sveitarfélögin eiga í, þó að stærsta sveitarfélagið hafi orðið fyrir því að ríða á vaðið með slíkt. Mér er einnig kunnugt um það, að Kópavogskaupstaður hefur fengið eitthvað álíka fyrirgreiðslu hjá ríkisbanka, og ég tel því sjálfsagt og eðlilegt að önnur sveitarfélög fái sams konar fyrirgreiðslu, og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því, ef hún hefur nú ekki þegar gert það.

Ég sem sagt vildi óska eftir því við hæstv. félmrh., að hann gerði grein fyrir því, hvort hann eða ríkisstj. í heild hefðu einhver slík plön uppi um fyrirgreiðslu fyrir önnur sveitarfélög.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 5. þm. Vestf., Karvels Pálmasonar, skal ég taka undir með honum að fjárhagsörðugleikar sveitarfélaganna eru miklir og það svo að til hreinna vandræða hefur horft og horfir fyrir sum sveitarfélög. Fjárhagsmál sveitarfélaganna í heild skal ég ekki ræða hér né orsakir þess, hvernig komið er, en að sjálfsögðu eru tekjustofnamál og fjárhagsmál sveitarfélaganna í heild til athugunar hjá ríkisstj.

Fyrir nokkrum dögum var lagt fram frv. um

eflingu Lánasjóðs sveitarfélaga og er það frv. einn liður í þeirri viðleitni að rétta hlut sveitarfélaganna, en að sjálfsögðu þarf margt þar eftir að fara.

Varðandi það atriði, sem hv. þm. gerði sérstaklega að umtalsefni, samninga Reykjavíkurborgar við Landsbankann, vil ég taka fram að það hefur verið mál milli borgarinnar og Landsbankans án þess að félmrn. hafi haft þar milligöngu um. Í rauninni má segja að það þurfi að vera meginreglan, að þegar sveitarfélög þurfi fyrirgreiðslu hjá lánastofnunum þá reyni þau fyrst samninga við þá lánastofnun, sem þau helst hafa haft samband við, viðskiptabanka eða sparisjóð, og að sjálfsögðu er félmrn. reiðubúið til þess að veita fulltingi og atbeina til þess að greiða úr þeim málum þegar þess er óskað.

Að sjálfsögðu verður að skoða málefni hvers sveitarfélags fyrir sig. Ástæður þeirra eru ákaflega ólíkar eins og öllum er kunnugt. En frá því er að sjálfsögðu rétt að skýra, að nokkur sveitarfélög utan Reykjavíkur hafa leitað til félmrn. um fyrirgreiðslu og lánsútveganir og hefur félmrn., þar sem því hafa þótt full efni til, veitt þá milligöngu, sem á hefur þurft að halda, eða aðstoð við sveitarfélagið til þess að fá fyrirgreiðslu á lánastofnunum.

Ég vil út af fyrirspurn hv. þm. taka fram að ég tel eðlilegt og sjálfsagt að rn. reyni að greiða úr vandamálum þeirra sveitarfélaga, sem á slíkri fyrirgreiðslu þurfa að halda, og vil aðeins endurtaka að almennar yfirlýsingar, er að sjálfsögðu ekki hægt að gefa vegna þess hvað fjárhagsástandið er ólíkt í hinum ýmsu sveitarfélögum. Hvert mál verður að skoða fyrir sig og þau sveitarfélög, sem eiga í verulegum vanda, verða auðvitað að fá fyrirgreiðslu og þar koma til bankar og aðrar lánastofnanir. Félmrn. er reiðubúið til þeirrar milligöngu, sem ástæða er til að veita hverju sinni.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil taka undir þær áskoranir, sem komu fram hjá hv. 5. þm. Vestf. Það mál, sem hann kom hér með, er sannarlega þess eðlis, að líta verður á það að vissu marki sem óeðlilega lánsfyrirgreiðslu á sama tíma og öðrum sveitarfélögum með sömu tekjustofna og í mörgu enn lakari aðstöðu en Reykjavík hefur er neitað um fyrirgreiðslu í bankakerfinu að miklu leyti, — fyrirgreiðslu, sem þó aðeins er brot af þessari miklu summu, sem þarna er um að ræða. Það er áreiðanlegt, að þarna er um furðulega mismunun að ræða sem þessi stærsta peningastofnun landsins stendur fyrir, og má minna á að þetta er sama stofnunin og beitti sér fyrir því við hina viðskiptabankana, að settar yrðu strangar útlánareglur, — reglur, sem þessi bankastofnun hefur greinilega haft um forustu að brjóta að vissu leyti.

Í ljósi þessarar sérstöku grænu ívilnunar, sem Reykjavík hefur notið, þá skilst kannske betur tregða þessa sama banka að standa við, að ég hélt, áður gefin fyrirheit til vesælla sveitarfélaga á Austurlandi, sem m. a. olli því, að þau urðu ýmist að draga úr eða hætta framkvæmdum við sína nauðsynlegu varanlegu gatnagerð eða skilja eftir sig langan skuldahala sem þeim er ill viðráðanlegur.

Það er lágmarkskrafa, sem hér skal ítrekuð, að ríkisbankarnir mismuni ekki sveitarfélögum. Það er svo sem ekkert nýtt en kemur betur í ljós nú en oftast áður. Ég beini því þeirri eindregnu ósk til hæstv. ríkisstj., að hún láti slíkt misrétti ekki viðgangast og sjái til þess að hér sitji allir við sama borð, þótt ekki sé það allsnægtaborð sem Reykjavík hefur setið við á þessu ári.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil út af ummælum 5. þm. Vestf. aðeins upplýsa það, að Kópavogskaupstaður hefur enn þá ekki gengið frá sínum fjármálum hvað þetta snertir, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Umræður um lausn fjárhagsvanda Kópavogskaupstaðar standa yfir. Okkur kópavogsbúum hefur tekist til þessa að leysa þau mál fyrst og fremst fyrir velvilja og atbeina okkar viðskiptabanka, Búnaðarbankans, og einnig með aðstoð Seðlabankans, en umræður um þetta standa yfir fyrir tilstuðlan félmrn.

Ég vil hins vegar minna hv. 5. þm. Vestf. á það, að hæstv. félmrh., Björn Jónsson, lýsti því yfir í Ed. Alþ. vegna fyrirspurnar minnar fyrir s. l. áramót að það yrði mjög gaumgæfilega athugað og skoðað í hverju tilviki, hvort einstökum sveitarfélögum yrði leyft að leggja á 11%. Það gerðist síðan, að hæstv. félmrh., Magnús T. Ólafsson, gaf út þá yfirlýsingu að hann úrskurðaði að engu sveitarfélagi yrði heimilt að leggja á 11%. Eins og hv. þm. er kunnugt var þetta leyft 1972 til þeirra sveitarfélaga, sem ég hygg að þess óskuðu þá. Það var hins vegar gefin út yfirlýsing, sem tók yfir öll sveitarfélögin án nokkurrar athugunar, fyrir árið 1973 þar sem þessu var hafnað, sem ég og fleiri sveitarstjórnarmenn töldum mjög óeðlilegt og þess vegna bar ég mína fyrirspurn fram á sínum tíma við hæstv. þáv. félmrh., Björn Jónsson, og hans svör urðu þau, að málefni sveitarfélaganna yrðu athuguð hvert fyrir sig. Hins vegar varð niðurstaðan þessi, að það var sama afgreiðsla á árinu 1974 og 1973, og til þessa er að rekja vissan þátt erfiðleika, sérstaklega þeirra sveitarfélaga sem veita mesta þjónustu og þurfa að standa í mestum framkvæmdum.

Ég lýsi ánægju minni yfir því, að hv. þm. fulltrúi Frjálslyndra og vinstri manna hefur í dag þessa skoðun á málinu sem fram kom, og lýsi einnig skoðun minni á því, að talsmaður Alþb., sem hér hefur látið í sér heyra, er einnig sömu skoðunar. Það er mjög ánægjulegt að þau sinnaskipti hafa orðið. Ég vonast til að þessi vandamál sveitarfélaganna verði leyst með atbeina þeirra aðila sem þar um fjalla.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður, 10. landsk. þm., Axel Jónsson, sagði um að hann fagnaði því að ég hefði þessa skoðun á málinu í dag og hefði þannig tekið sinnaskiptum, vil ég segja þessum hv. þm. það — og ég ætlast til þess að hann taki það til athugunar — ég vil biðja hann að benda mér á hvar hann getur fundið einhver þau ummæli, sem ég hafi viðhaft í þá átt að ég teldi að það þyrfti ekki að efla tekjustofna sveitarfélaga eða að ég hafi haft aðra skoðun á þessum málum í tíð fyrrv. ríkisstj. heldur en ég hef nú.

Þessi hv. þm. kom hér inn á fyrirspurn sem hann hafði beint til þess hæstv. félmrh. sem ekki var næst á undan hæstv. núv. ráðh., heldur þar næst á undan. Nú skal ég ekkert um það segja hverju þáv. félmrh. hefur svarað í þessum efnum, en það breytir engu um mitt álit. Ég var ekki og er ekki og ætla mér ekki að vera nauðbeygður til þess að hafa einhverja sömu skoðun og einhver tiltekinn flokksbróðir minn. Ég ætla að hafa mína skoðun, en því er þessi hv. þm. kannske óvanur, að eiga kost á að láta sína eigin skoðun ráða, þar ráða aðrir. En nóg um það.

Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér, þó að ég hins vegar harmi að það skuli ekki af hálfu hæstv. ríkisstj. hafa verið tekið til athugunar að leysa þessi vandkvæði sveitarsjóðanna á heildarplani. Og ég tek undir þau ummæli, sem hér voru viðhöfð af hv. þm. Helga F. Seljan, að hér er í reynd um herfilega mismunun að ræða, annars vegar milli borgarsjóðs Reykjavíkur og hins vegar milli hinna ýmsu smærri sveitarsjóða víðs vegar um landið. Það er engin smáupphæð, 600 millj. kr. fyrirgreiðsla í einu. Það hefði verið kvartað og kveinað, hefði verið farið fram á slíkt fyrir landsbyggðina í heild utan Reykjavíkursvæðisins. Þá hefði verið talið að hér væri um mikla summu að ræða. Og ég tel, að það geti vart liðist annað en félmrh., hæstv. bankamrh. eða allra helst ríkisstj. í heild taki þetta mál þannig upp að hún leysi það á því plani að öll sveitarfélög, sem eiga í greiðsluerfiðleikum álíka og Reykjavíkurborg, að þau njóti sams konar fyrirgreiðslu og borgin hefur fengið. Það hlýtur að vera lágmarkskrafa sveitarstjórnarmanna og landsbyggðarmanna yfirleitt hringinn í kringum landið, það fer ekki hjá því. Og af því að ég sé að ríkisstj. hefur ekki hugsað sér að taka málið svona upp, þá vil ég eindregið skora á hæstv. félmrh. að hann beiti sér fyrir því innan ríkisstj., að þetta mál verði tekið upp á þennan hátt. Ég a. m. k. var að vona og hef raunar veika von um það enn, að þetta væri ekki sú hin mikla byggðastefna, sem núv. stjórnarflokkar ætluðu sér að taka upp, að þetta væri fyrsta dæmið um slíka byggðastefnu. Og ég ítreka áskorun mína til hæstv. félmrh. og ríkisstj. í heild að hún sjái til þess að ríkisbankarnir veiti öðrum sveitarfélögum víðs vegar í kringum landið sams konar fyrirgreiðslu og Reykjavíkurborg hefur nú fengið.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég fagna því að hv. 5. þm. Vestf. hefur nú, að ég hygg í fyrsta sinn á hv. Alþ., látið þessa skoðun sína opinberlega koma fram. Það er hins vegar augljóst að það er algjörlega öndvert við þá skoðun sem hans samflokksmaður, fyrrv. hæstv. samgrh., Magnús T. Ólafsson, hefur, þannig að það er augljóst að þingflokkurinn er algjörlega klofinn og skiptur í því máli. Ég vonast til þess sem sveitarstjórnarmaður, að hv. 5. þm. Vestf. auðnist loksins að telja samflokksmann sinn á að þetta sé rétt sjónarmið.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér hefur verið hreyft við býsna merkilegu máli og mér finnst að þau svör, sem hér hafa komið fram af hálfu ríkisstj., séu ekki fullnægjandi. Ég skildi hæstv. félmrh. þannig, að hann teldi að ríkisstj. vildi leggja sveitarfélögunum það lið, að þegar þau sæktu sérstaklega um það vegna þess að þau stæðu í erfiðleikum, þá mundi hans rn. verða milligönguaðili og hjálpa eitthvað til með lánsútvegun. En þetta tel ég fyrir mitt leyti alveg ófullnægjandi, því að hér er um það að ræða að sveitarfélögin í landinu búa öll við hliðstæða tekjustofna, og það er óhætt að slá því föstu, að þar hallar ekki á Reykjavík þegar á þau mál er litið sem heild. Ef einn af ríkisbönkunum telur ástæðu til þess að veita Reykjavíkurborg fast lán, eins og hér hefur verið upplýst, þá get ég ekki séð annað en að það hvíli á ríkisstj. bein skylda til þess að hlutast til um að önnur sveitarfélög í landinu geti fengið sams konar fyrirgreiðslu hjá viðskiptabönkum ríkisins. Annars er hreinlega verið að mismuna sveitarfélögunum. Að mínum dómi á þetta ekki heldur að fara eftir því hvort menn eru búnir að koma sér út í eitthvert skuldafen eða ekki. Auðvitað hafa mörg sveitarfélög á landinu orðið að hægja á sér með aðkallandi og nauðsynlegar framkvæmdir af því að þau fengu ekki lánsfyrirgreiðslu og þau höfðu ekki tekjur til þess að komast fram úr öllum þessum framkvæmdum. Ef það á að verða leiðin, að menn kasti sér bara út í framkvæmdir, búi til nógu langan hala og þá verði þetta allt saman leyst á eftir, þá hafa menn a. m. k. fengið fyrir fram kennslu í merkilegri aðferð og þá má búast við því að halarnir verði æðilangir og margir, ef á að taka upp slíka reglu.

Ég fyrir mitt leyti lít svo á og af því stóð ég hér upp, að ég vildi beina því til hæstv. ríkisstj., að hún hreinlega taki að sér að koma því til leiðar við ríkisbankana, að þeir veiti öðrum sveitarfélögum í landinu hliðstæða fjárhagsfyrirgreiðslu og hér er veitt. Þetta ber að gera, ef ekki er meiningin að halda hér uppi misrétti. Það má vel vera að einhver sveitarfélög hafi einhverja fyrirgreiðslu frá bönkunum og ber vitanlega að taka tillit til þess. En ég sé ekki annað en svona verði á málinu að taka, en kann heldur illa við hina leiðina, að það eigi að leita til rn. aðeins í þeim tilfellum þar sem menn eru komnir í hreinar ógöngur og þeir einir eigi að leysast út, en aðrir, sem hafa orðið að stilla framkvæmdum sínum í hóf miðað við sínar tekjur, eigi að verða af allri fyrirgreiðslu. Það finnst mér vera óréttlátt.

En svo blandast hér inn í þessar umr. — ég skal ekki fara langt út í það — spurningin um það, hvort það á að heimila sveitarfélögum í landinu að leggja meira á íbúana en gert hefur verið. Það er auðvitað mál út af fyrir sig. Það er tiltölulega lítill vandi að bjóða þar hver upp fyrir annan. Einn býður að leyfa mönnum að leggja á 11%. Þá getur annar komið og boðið að leggja á 12%, 13% og 14%. Það er hægt að setja lög, Alþ. ræður nú yfir því. En spurningin er aðeins um þetta: Hvað vilja menn ákveða miklar álögur? — Þeir sem sýnist að álögurnar hafi ekki verið nægilega miklar í tíð fyrrv. ríkisstj., sjá auðvitað um að bæta þar um nú og auka álögurnar öllu meir til þess að laga ástandið.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í svari mínu við fyrirspurn hv. 5. þm. Vestf. fór ég ekki út í fjárhagsvandræði sveitarfélaganna almennt eða orsakir þeirra. Hins vegar bregður hér svo undarlega við að hver þm. eftir annan úr stuðningsliði fyrrv. ríkisstj. stendur hér upp til þess að lýsa brennandi áhuga sínum á velferð sveitarfélaganna og að fjárhag þeirra sé borgið og eru með ádeilur og kröfur á núv. ríkisstj. í því efni. Það er því vissulega ástæða til að rifja upp hvers vegna sveitarfélögin eru mörg í meiri fjárhagsvandræðum en dæmi eru til á Íslandi fyrr.

Ástæðurnar eru margar. Ein meginástæðan er sú óðaverðbólga sem hér hefur verið, þær gífurlegu hækkanir á öllum sviðum sem fyrst og fremst eru orsök þess að fjárhagur sveitarfélaga hefur gengið svo úr skorðum. Í annan stað hefur sveitarfélögunum af fyrrv. ríkisstj. verið meinað um þá tekjustofna sem nauðsynlegir voru. Og það þýðir náttúrlega ekki að koma hér eins og fyrrv. hæstv. viðskrh. og lýsa yfir sínum mikla áhuga á því að sveitarfélögin hafi úr nógu að spila, en þó megi ekki hækka neinar álögur í neinu formi. Það verður að gerast með öðrum hætti.

Það er öllum vitanlegt að fjöldi fyrirtækja sveitarfélaga, eins og rafmagnsveitur og hitaveitur, sem áður hafa alltaf verið látnar bera sig þannig að gjaldskrár hafa verið lagfærðar eftir því sem nauðsyn bar til, til þess að þessi fyrirtæki gætu staðið undir nauðsynlegri þjónustu við borgarana, — að þessum fyrirtækjum var yfirleitt á fyrri hluta þessa árs neitað um slíkar nauðsynlegar lagfæringar, þannig að fjöldi þessara rafveitna og hitaveitna lenti í greiðsluvandræðum, þær urðu sumpart að draga úr sínum framkvæmdum og þjónustu við borgarana og sumpart að safna skuldum í stórum stíl. Í þriðja lagi má nefna það, að sveitarfélögin mörg fóru fram á að mega leggja á 11% útsvaranna, en ríkisstj. þverneitaði að veita einu einasta þeirra slíka heimild. Allar þessar orsakir liggja til þessara miklu fjárhagsörðugleika sveitarfélaganna, en mörg þeirra hafa hins vegar gert það sem í þeirra valdi hefur staðið til þess að reyna að draga úr framkvæmdum og spara hjá sér, en hins vegar var vissulega ekki möguleiki á að gera það í svo ríkum mæli að nægði til þess að jafna metin.

Þetta verður að hafa í huga þegar stuðningsmenn og jafnvel ráðh. fyrrv. ríkisstj. koma hér og lýsa brennandi áhuga á því að fjárhag sveitarfélaganna sé borgið. Og hæstv. fyrrv. viðskrh., yfirmaður bankanna, kemur hingað og krefst þess að öll sveitarfélög á landinu fái hlutfallslega fyrirgreiðslu í bönkum eins og Reykjavíkurborg hefur nú fengið frá Landsbankanum, þar sem samið hefur verið til þriggja ára um 600 millj. kr. skuld, þ. e. a. s. yfirdrætti Reykjavíkurborgar í Landsbankanum breytt í 3 ára lán. Og hv. þm., hæstv. fyrrv. ráðh., krefst þess að öll sveitarfélög á landinu fái þetta alveg án tillits til þess, hvernig fjárhag þeirra er komið eða hvort þau þurfi beinlínis á þessu að halda. Þetta er auðvitað fróðlegt að heyra. En nú liggur það fyrir að Reykjavíkurborg var komin í megnið af þessum umrædda yfirdrætti meðan þessi hv. þm., Lúðvík Jósepsson, var bankamrh. Ef ríkisstj. á að ráða þannig yfir bönkunum og ákveða þar um útlán eins og hv. þm. heldur nú fram, þá er manni spurn: Meðan hann var bankamrh. var Reykjavíkurborg komin yfir 600 millj. kr. í yfirdrátt við Landsbankann. Bauð hann öllum sveitarfélögum sams konar fyrirgreiðslu meðan hann var ráðh.? Lagði hann fyrir bankana — en hann var yfirmaður þeirra — að bjóða hverju einasta sveitarfélagi á landinu sams konar fyrirgreiðslu? Það hefur enginn heyrt um það, enginn orðið þess var.

Það er því ekki hægt að taka mark á slíkum ummælum, sérstaklega þegar maður með þessa fortíð viðhefur þau. Nei, það er alveg á sömu lund og þegar umræður voru hér um daginn um Lánasjóð sveitarfélaga. Ég hef lagt fyrir þingið frv. í samræmi við óskir Sambands ísl. sveitarfélaga um eflingu á Lánasjóði. Þessar sömu óskir bar Samband ísl. sveitarfélaga fram við fyrrv. hæstv. ríkisstj. Þessar óskir lágu þar fyrir lengi, en var synjað. Hæstv. fyrrv. ríkisstj. treysti sér ekki til að flytja neitt frv. um eflingu Lánasjóðsins. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson átti sæti í þeirri ríkisstj. og hafði ekki áhuga á því að efla hann, en nú þegar frv. er lagt fyrir eins og Samband ísl. sveitarfélaga óskaði eftir, kemur þessi hv. þm. upp í ræðustólinn og heldur því fram að hér sé allt of skammt gengið, ríkissjóður verði að gera miklu meira en þetta sem frv. fer fram á. Þetta er auðvitað ósköp auðveldur leikur, en ég skil ekki að það blekki nokkurn þm. og yfirleitt ekki nokkurn landsmann. Það er auðvitað hægt að bera fram óskir og till. um eðlilegar ráðstafanir til þess að efla fjárhag sveitarfélaganna, en það er ekki hægt að vera með slík fáranleg yfirboð frá mönnum sem standa að því og bera sína ábyrgð á hvernig komið er fjármálum sveitarfélaganna.

Ég skal svo aðeins endurtaka það, að hvenær sem frá sveitarfélögunum hafa borist óskir til félmrn. um fyrirgreiðslu eða milligöngu hefur því að sjálfsögðu verið sinnt, a. m. k. eftir að stjórnarskiptin urðu, og í nokkrum tilvikum hefur rn. beinlínis haft milligöngu milli sveitarfélaga og banka um að leysa vandamál þeirra. M. a. hefur bæjarstjórn úr einum kaupstað, einmitt þeim sem hv. fyrirspyrjandi, Karvel Pálmason, býr í, leitað til mín um fyrirgreiðslu og verður hún að sjálfsögðu veitt eftir því sem tök eru á.

Hitt er svo annað mál hvort á fyrir fram að bjóða öllum sveitarfélögum lánsfyrirgreiðslu í lánastofnunum. Hingað til hefur það ekki verið talið verkefni ríkisstj. að standa þannig að málum. En ég vil endurtaka það, að varðandi samninga Reykjavíkurborgar og Landsbankans hefur ríkisstj. eða félmrn. ekki haft milligöngu.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en hef haft þessi ummæli að gefnu tilefni af hálfu þeirra ræðumanna, sem hér hafa tekið til máls, og ég tel svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar, annað en að undirstrika, að að sjálfsögðu mun félmrn. veita þá milligöngu og fyrirgreiðslu sem sveitarfélögin óska eftir og unnt er að veita.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti Það eru nokkrar aths., sem ég vildi gera við það sem hæstv. félmrh. var hér síðast að segja. Hann reyndi að gera hér nokkra grein fyrir hvernig stæði á því, að sveitarfélögin í landinu væru nú komin í mikla fjárhagsörðugleika. Ég fyrir mitt leyti hef ekki lagt neinn dóm á það í hve miklum erfiðleikum þau eru nú. Ég efast ekkert um það að þeir erfiðleikar eru mjög mismunandi, allt eftir því hvernig menn hafa haldið á sínum málum. En hæstv. ráðh. gaf þá skýringu að erfiðleikar þeirra stöfuðu af mikilli verðbólgu og er það eflaust rétt, þó að þess megi auðvitað geta um leið að tekjur sveitarfélaganna hafa sannnarlega hækkað í hlutfalli við þessa verðbólgu, m. a. vegna þess að megintekjur sveitarfélaganna koma af tekjum manna og heyrst hefur frá fulltrúum Sjálfstfl. að þær væru æðimiklar, tekjurnar sem menn hefðu.

Þá sagði hæstv. félmrh., að í tíð fyrrv. ríkisstj. hefði ýmsum rekstrarfyrirtækjum sveitarfélaga verið meinað að leggja á nauðsynleg gjöld, og minntist þar á rafveiturnar og hitaveitur. Það er rétt að í tíð fyrrv. ríkisstj. var ekki orðið við öllum beiðnum Reykjavíkurborgar um hækkun á rafmagnsgjöldum og hitaveitugjöldum. En það vil ég upplýsa í þessu sambandi, að fyrir ríkisstj. lágu reikningar þessara fyrirtækja sem allan tímann sýndu stórkostlegan rekstrarafgang. Ég hygg að það séu tiltölulega fá fyrirtæki hér í landinu sem græða jafnmikið á rekstri sínum eins og Hitaveitan í Reykjavík og Rafmagnsveita Reykjavíkur. En krafa þeirra, sem stjórna Reykjavíkurborg, hefur verið að fá að hækka rafmagnsgjöldin hér í Reykjavík og hitaveitugjöld, þannig að þessi fyrirtæki gætu með tekjum af viðkomandi ári staðið undir öllum sínum stofnframkvæmdum. Um þetta hefur deilan staðið allan tímann. Og þeir, sem hafa haft þá skyldu að reyna að koma í veg fyrir mikla hækkun á verðlagi almennt í landinu, hafa talið sér skylt að benda þessum fyrirtækjum á það eins og öðrum að þau geti ekki búist við því að hafa sérstöðu í þessum efnum og fá að hækka sín gjöld þannig að árlegar rekstrartekjur standi undir öllum stofnframkvæmdum. — Það verða kannske teknir upp nýir siðir í þessum efnum í tíð núv. hæstv. ríkisstj. og þessi fyrirtæki fá að hækka rafmagnsgjöld og hitaveitugjöld eins og þau biðja um — til þess að halda verðbólgu í skefjum eflaust. Það er hægt að sýna að Reykjavíkurborg hefur fengið hækkun á þessum gjöldum fyllilega til samræmis við það sem eðlilegt er miðað við þær reglur sem almennt gilda um verðlagseftirlit í landinu.

Hæstv. félmrh. þótti það afar einkennileg skoðun hjá mér að gerast talsmaður þess, að önnur sveitarfélög í landinu ættu að hafa sams konar rétt gagnvart ríkisbönkunum og Reykjavík hefur. Það fannst honum einkennilegt. En ég held að hann eigi nú eftir að fá að heyra það hjá sveitarstjórnarmönnum þegar fram í sækir, að þeir ætlast til þess að þeir búi við jafnrétti í þessum efnum, en ekki að einn aðili búi þar við allt önnur kjör en annar. Ég tel, að þar sem nú hefur það gerst að einn af ríkisbönkunum hefur veitt einu sveitarfélagi fast lán til ákveðins tíma, þá sé afar eðlilegt að önnur sveitarfélög fari fram á hið sama.

Um yfirdráttarlán það, sem hæstv. ráðh. vitnaði til að hefði orðið til hjá Landsbankanum á þeim tíma sem ég var í ríkisstj., þá veit hann að mismunandi yfirdráttarlán hafa alltaf verið í bönkum og það hefur auðvitað ekki verið undir eftirliti eins eða neins ráðh. að fylgjast með því hvað yfirdráttarlán hafa verið mikil. Hin almenna regla hefur verið sú að bankarnir veittu mönnum ekki yfirdráttarlán, nema þeir gætu borgað þau innan tiltekins tíma. Yfirdráttarlán af þeirri tegund að menn megi bara ávísa á reikninginn og svo komi þar út stórskuld eftir ákveðinn tíma og skuldinni verði síðan breytt í fast lán, það er hins vegar ekkert venjulegt yfirdráttarlán.

Ég tel að ríkisbönkunum beri að halda sig við það, hvort heldur sem um yfirdráttarlán er að ræða eða fast lán, að það eigi að gilda hér jafnrétti milli sveitarfélaganna í þessum efnum en það eigi ekki að mismuna neitt, eins og helst var að skilja hér á máli hæstv. félmrh.

Svo kom hæstv. félmrh. enn einu sinni með það stóra skref sem hann segist vera að stíga í því að rétta við hag sveitarfélaganna í landinu, þ. e. með frv. um Lánasjóð sveitarfélaga.

Í greinargerð frv. er á það bent, að eigin tekjur þessa lánasjóðs gætu hækkað miðað við árið í ár í framlögum frá ríkinu um 15 millj. kr. og í framlögum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um 32 millj. kr. Ég benti á það í umr., að þessar 32 millj. kr. eru enginn stuðningur við sveitarfélögin því að þær eru teknar af sveitarfélögunum sjálfum. Þetta eru greiðslur sem á að úthluta og er úthlutað til þeirra miðað við íbúafjölda á hverjum stað. Nú verður þessi upphæð aðeins lækkuð og á að leggjast inn í þennan lánasjóð. Öll ósköpin í þessum efnum eru því það að það er verið að auka framlag ríkissjóðs um 15 millj. kr. Það reynist sennilega heldur stutt skref þegar kemur til þess að bjarga fjárhag sveitarfélaganna í landinu. En ég lýsti því yfir við þessa umr., að ég væri út af fyrir sig þessu samþykkur, en benti á að það væri eðlilegt að það væri skoðað nú hvort framlag ríkisins ætti ekki nú, eins og upphaflega var gengið út frá, að vera hið sama og framlagið frá sveitarfélögunum, úr Jöfnunarsjóði.

Enn einu sinni segir hæstv. félmrh. að sveitarfélögin í landinu hafi sent þetta frv. til fyrrv. ríkisstj. og hún hafi ekki viljað sinna því og bætti því auðvitað við að ég hefði þá ekki haft neinn áhuga á málinu. Hæstv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, sem var fjmrh. í fyrrv. ríkisstj. hlustaði á þessar fullyrðingar hæstv. félmrh., Gunnars Thoroddsens, þegar hann sagði þetta hér fyrir nokkrum dögum, og hann kom hér upp í ræðustólinn og bar þetta allt til baka, sagðist aldrei hafa séð þessar till. þó að þær kynnu að hafa komið til félmrh. í fyrrv. ríkisstj. höfðu þær aldrei komið fyrir ríkisstj. og hann eða aðrir í ríkisstj. hefðu því ekki haft neitt tækifæri til að taka afstöðu til þessara tillagna. Þetta

sagði hæstv. samgrh., samráðh. félmrh. nú, þetta upplýsti hann hér fyrir nokkrum dögum. En samt sér hæstv. félmrh. nú ástæðu til að endurtaka þessi ósannindi, sem hafði verið búið að leiðrétta hann með, og ætlar að halda því fram að ég hafi tekið þá afstöðu til þessa frv. í fyrri ríkisstj. að ég hafi ekki sýnt neinn áhuga á málinu. Þetta er það sem flokkast undir meira lagi óvandaðan málflutning.

Það, sem er aðalatriði þeirra umr., sem hér hafa farið fram af minni hálfu, er að þar sem það hefur komið í ljós að einn af ríkisbönkunum hefur veitt stærsta sveitarfélaginu í landinu tiltekið fast lán vegna erfiðleika, sem þetta sveitarfélag á í, þá tel ég að það sé eðlilegt að ríkisstj. hlutist til um að önnur sveitarfélög, sem búa við hliðstæðar aðstæður, geti átt kost á því að fá sams konar fyrirgreiðslu. Hæstv. félmrh. má svo auðvitað vera hissa á þessari skoðun minni, að ég skuli setja hana fram. Hann um það. En þetta er mín skoðun, að þetta sé réttlætismál, sveitarfélögin í landinu eigi hér að búa við sams konar kjör en ekki misjöfn. Því var það, að ég fór fram á að ríkisstj. beitti sér beinlínis fyrir því að þetta jafnrétti yrði tryggt. Allt þruglið um það, að ég hafi áður sýnt einhvern fjandskap í garð sveitarfélaganna, er út í hött. Það er alveg rétt að ég hef verið á þeirri skoðun og er á þeirri skoðun enn að við aðstæður eins og þær, sem við höfum búið við á þessu ári og einnig á árinu 1973, sé mjög hæpið að heimila sveitarfélögunum að auka álögur sínar umfram það sem verið hefur, það sé mjög hæpið og það sé eðlilegt að þau verði að miða framkvæmdir sínar við þær tekjur sem þau eiga að hafa og við þau eðlilegu lán sem þau geta fengið til sinna framkvæmda. Hitt er, eins og ég hef bent á, ekkert annað en óraunsæi, að tala um það þannig að það sé sjálfsagt að leyfa sveitarfélögunum að leggja á og leggja á. Það er vitanlega hægt að auka við álögurnar eftir þeirri leið alveg endalaust. Takmörkin verða einhvers staðar að vera.

Ég var á þeirri skoðun og er á þeirri skoðun enn að það hafi verið mjög hæpið að auka álögurnar á almenning í landinu umfram það sem lög gerðu ráð fyrir og heimilað var, en framkvæmdir sveitarfélaganna hafi síðan átt að taka mið af þessum tekjum, en ekki mið af einhverju allt öðru. Verði sum sveitarfélög aðstoðuð með lánveitingar í þessum efnum, m. a. af því að þau hafi gengið miklu lengra til framkvæmda en önnur, þá er líka réttmætt að þau, sem hafa tekið tillit til þeirra aðstæðna og reglna sem í gildi áttu að vera, fái að njóta hliðstæðra fyrirgreiðslna, a. m. k. af því leyti til sem ríkisbankarnir eða ríkið á þar hlut að máli. Reynslan sker úr um það, hvernig á þessum málum verður haldið, hvort það verður þessi nýja byggðastefna, sem hér verður ofan á, sem mér heyrðist helst að hæstv. félmrh væri að túlka, að sveitarfélög víða úti um land gætu verið þar sem þau eru og með þann vanda sem þau hafa á sér hvílandi, en hins vegar væri sjálfsagt að greiða úr málefnum stærstu sveitarfélaganna, aðallega Reykjavíkur. Það er auðvitað byggðastefna út af fyrir sig að framfylgja þessari kenningu og verður fróðlegt að sjá hvernig á verður haldið.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er fyrst örlítil aths. í sambandi við þessar umr. utan dagskrár. Mér sýnist að með þeim sé stefnt í þá hætti sem því miður hafa tíkast hér á Alþ. að fundartíma sé eytt í umr. utan dagskrár. Ég vil þess vegna skjóta því til forseta hvort hann eða forsetar vildu ekki leita eftir samstarfi við alþm. um að þeir kæmu þá fyrst fram með fsp. utan dagskrár þegar fjallað hefur verið um þær fsp. sem eru á dagskránni. Ég tel það tillitsleysi gagnvart þeim hv. þm. sem hafa farið að á löglegan hátt að öllu leyti og borið sínar fsp. fram á þann hátt sem þingsköp gera ráð fyrir, að það sé haldið þannig á málum að þeir komist alls ekki að með þær fsp. Ég held að þetta sé mál, sem allir þm. verði að athuga með velvilja og reyna að ná skynsamlegri vinnubrögðum í þessu efni, og ég vil skjóta því til forseta að beita sér fyrir því í samvinnu við þm.

Út af því, sem hér hefur verið rætt, fjárhagsmálum sveitarfélaga, ætla ég aðeins að segja örfá orð.

Við hv. síðasti ræðumaður erum og höfum oft verið hjartanlega sammála um margt og m. a. vorum við alltaf sammála um það í síðustu ríkisstj. að standa gegn hækkunum á álögum í sveitarfélögunum og beita mikilli aðhaldssemi gagnvart fyrirtækjum sem fóru fram á hækkanir. Kannske höfum við verið of aðhaldssamir. Það sýnir sig a. m. k. nú að fjárhagur þessara fyrirtækja er bágborinn. Það sýnir sig líka og er staðreynd sem liggur fyrir, að fjárhagur margra sveitarfélaga er ekki góður. Ég held að það verði að segja þar um, að þau hafi ekki sniðið sér stakk eftir vexti, þau hafi ekki hagað sínum framkvæmdum fyrr en þá um seinan í samræmi við fjárhagsáætlanir og tekjumöguleika. Þetta tel ég út af fyrir sig illa farið, vegna þess að ég tel einmitt eins og síðasti ræðumaður að á því ári, sem við lifum nú á, hafi verið full þörf á því að beita aðhaldssemi af sveitarfélögum og af ríkinu. Ég hef fyrir mitt leyti viljað vinna að því, að það væri gert. En það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því að þetta hefur ekki tekist. Framkvæmdaviljinn — framkvæmdaþörfin kannske — hefur verið svo mikill að það hefur ekki verið hægt að halda þessu í þeim skefjum sem æskilegt hefði verið. Þess vegna er þetta staðreynd sem við stöndum andspænis nú, hverjum svo sem um er að kenna, að það eru fjölmörg sveitarfélög í fjárhagslegum vandræðum.

Þau mál hafa verið rædd. Þau voru rædd í fyrrv. ríkisstj. Þar voru í rauninni allir sammála um að leyfa ekki hækkun og álögur og fyrrv. félmrh. var þar ekki undanskilinn. En þessi mál hafa verið rædd í núv. ríkisstj. og ríkisstj. er áreiðanlega ljóst að hún verður í þessum efnum að rétta fram hjálparhönd eftir því sem við verður komið. Það hefur verið samþykkt í ríkisstj. að gefa sveitarfélögunum m. a. vilyrði fyrir að leyfð verði sú álagningarhækkun, sem lög heimila á næsta ári. Ég er ekki að segja að ég sé sérstaklega hrifinn af þessari ákvörðun, en hún er sjálfsagt óhjákvæmileg. Með þessu ætti að vera greitt fyrir því, að sveitarfélög gætu fengið úrlausn hjá þeim bönkum, sem þau hafa skipt við, og með þessum hætti hefur ríkisstj. þegar sýnt vilja sinn í þessu efni. Ég tel

enn fremur sjálfsagt og hefur verið rætt um það í ríkisstj. að taka til meðferðar og reyna að greiða fyrir því að leysa bráðan og óhjákvæmilegan vanda sveitarfélaga, þannig að þau gætu komið lausaskuldum — má kannske segja óreiðuskuldum — í fastara horf, í föst lán a. m. k. fram á næsta ár. Þessari stefnu verður áreiðanlega fylgt af ríkisstj., og félmrn. verður auðvitað eðlilegur forgönguaðili til þess að hafa milligöngu þar um. Þar á meðal efast ég ekki um að ríkisstj. muni beita sínum áhrifum gagnvart bönkum í þessa átt. Hitt er það, að fyrrv. viðskrh. veit það eins vel og ég og reyndar af lengri reynslu en ég, að viðskrh., þó að þeir fari með bankamál, geta ekki gefið bönkunum fyrirmæli um það, hvernig þeir skuli halda á málum, og þess vegna er það að ríkisstj. getur ekki gefið bönkum, ríkisbönkum, fyrirmæli um það, hún yrði þá að fá einhverja stoð í lögum frá Alþ. þar um. Hún getur ekki gefið fyrirmæli um að þeir skuli lána þetta og þetta, heldur verða þarna að koma til samningar og þá auðvitað samningar um hvert einstakt tilfelli, og ríkisstj. getur ekki gegnt þar öðru hlutverki en að vera meðalgönguaðili, velviljaður meðalgönguaðili og reyna að greiða fyrir því að viðhlítandi úrlausn fáist. Ég skildi hæstv. félmrh. svo að þetta væri það, sem hann var að segja, og hann tæki jafnframt fram, eins og sjálfsagt er, að það væri forsenda fyrir því, að hvaða ríkisstj sem er færi að láta þessi mál til sín taka, að til hennar sé leitað af hlutaðeigandi. Þegar hafa nokkur sveitarfélög gert það og sjálfsagt má búast við að fleiri komi á eftir.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, þannig að það ríki enginn misskilningur í þessu efni, að það er vilji ríkisstj. að reyna að greiða úr þessum vandamálum, hvernig sem á því stendur að þau hafa skapast, eftir því sem í hennar valdi stendur. Hitt getur ríkisstj. náttúrlega aldrei tryggt, að allir aðilar búi við fullkomið jafnrétti í þessu efni. Það kann alltaf að vera að eitthvert sveitarfélag af einhverjum ástæðum geti náð sérstaklega hagstæðum samningum við sinn viðskiptabanka, og þess vegna er ekki hægt að segja að þar ríki fullkomið jafnrétti. Það getur í raun og veru aldrei ríkt í þessum efnum, því að ég vil segja að sem betur fer hafa sum sveitarfélög hagað sér fyllilega skynsamlega í þessu og ekki lifað um efni fram og þurfa þar af leiðandi sjálfsagt á engri fyrirgreiðslu að halda. En vafalaust geta þau sagt, þegar þau svo sjá það að önnur sveitarfélög fá einhverskonar fyrirgreiðslu: Þetta hefur að nokkru leyti bitnað á okkur að því leyti til að við drógum úr okkar framkvæmdum. Ef það ætti að ríkja jafnrétti, ættum við nú að fá það sem á vantar til þess að við getum haldið uppi framkvæmdum til jafns við þá sem héldu áfram á fullri ferð og drógu ekkert úr hraðanum.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en undirstrika það, sem ég sagði í upphafi, að ég held að við ættum allir að sameinast um að reyna að koma á skynsamlegri vinnubrögðum við fsp. utan dagskrár.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég mun taka til greina tilmæli hæstv. viðskrh. um hvernig með skuli farið fsp. utan dagskrár. Satt að segja hafði ég hugsað mér að láta þessar fsp. utan dagskrár falla undir sama ræðutíma og fsp. samkv. þingsköpum. En enn þá hefur ekki gefist kostur þess að ræða þessi mál við forseta deildanna, m. a. vegna fjarveru annars aðalforseta. Þessi mál verða rædd á næsta fundi sem forsetar halda og ræða þingsköp o. fl. og vænti ég að það náist góð samstaða alþm. um þær till. í þessum efnum sem forsetar kunna að koma sér saman um.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst að hæstv. forseti verði að leyfa mér að þakka hæstv. bankamrh. fyrir þau orð sem hann sagði hér síðast. Ekki er það svo oft sem hann verður aðnjótandi þakklætis frá mér, svo að mér finnst að það sé ástæða til þess fyrir hæstv. forseta að leyfa mér að bera fram þakkirnar, þótt ég hafi talað tvisvar.

Mér fannst hæstv. bankamrh. taka ólíkt jákvæðara undir þetta mál heldur en félmrh., því að ég skildi ekki félmrh. á annan veg en þann, að hann ætlaði ekki að taka þetta mál upp og beita sér fyrir því innan ríkisstj., að sveitarfélögin fengju hliðstæða fyrirgreiðslu við Reykjavík. Ég þakka því hæstv. bankamrh. fyrir hans skilning, enda hefur hann meiri skilning á dreifbýlismálunum, svo sem eðlilegt er, heldur en kannske hæstv. félmrh., og það kom einmitt fram og ég þakka honum fyrir það. Ég vona að það verði í reynd tekið upp innan ríkisstj. að veita sveitarfélögunum úti á landsbyggðinni sömu fyrirgreiðslu og Reykjavík hefur fengið.

Ég skal ekki ræða öllu meira um þetta, en ég vil þó að lokum víkja að því, sem hæstv. félmrh. kom með og sagði, að Reykjavíkurborg hefði verið búin að safna þessum óreiðuskuldum í tíð fyrrv. ríkisstj. Hver heyrði talsmenn Reykjavíkurborgar halda því fram fyrir kosningar, að það væru óreiðuskuldir upp á 600 millj. við Landsbankann? Hver heyrði fulltrúa Reykjavíkurborgar halda því fram fyrir alþingiskosningar, að slík óreiða væri á fjármálum borgarinnar? Ég efast um að nokkur hafi heyrt það fyrir tvennar kosningar í vor. Það má vera, að dæmið hafi verið orðið þannig, en því hefur ábyggilega ekki verið haldið á lofti fyrir kosningarnar.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri en ég vil sem sagt þakka hæstv. bankamrh. fyrir það sem hann sagði. Ég tek hans orð svo og ég treysti því að hann taki þetta mál upp og beiti sér fyrir því innan ríkisstj., að ríkisbankarnir veiti sveitarfélögunum úti á landsbyggðinni sams konar fyrirgreiðslu og Reykjavíkurborg.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr. en mér hafa fallið í garð Reykjavíkurborgar, að ég get ekki orða bundist.

Nú vil ég fyrst segja það, að ég hef ekkert við það að athuga að þm. standi hér upp og geri kröfur sem þeir telja að gangi í réttlætisátt. Það er eðlilegt að sú krafa sé gerð, að sveitarfélög í þessu máli eins og öðrum sitji við sama borð þegar um er að ræða fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins. En ég hef ekki heyrt neinn staf

fyrir því að eitthvert óréttlæti hafi átt sér stað eða sveitarfélög hafi ekki setið við sama borð. Veit nokkur eða hefur það verið kannað hvort einhverjum sveitarfélögum hafi verið neitað um slíka fyrirgreiðslu sem hér er talað um? Og þegar allt kemur til alls, hefur þá ekki ýmislegt verið gert fyrir hin ýmsu sveitarfélög þegar þau hafa lent í vandræðum, þannig að bankastofnanir og hið opinbera hafi stuðlað að því að þeirra fjármál kæmust í betra lag? Ég held að það yrði niðurstaðan, ef þetta mál yrði kannað ofan í kjölinn.

En um leið og kröfur eru gerðar í réttlætisátt og um það að sveitarfélög sitji við sama borð, þá er alveg óþarfi að senda tóninn einu ákveðnu sveitarfélagi. Það er hægt að gera kröfur um eitt án þess að níða niður annað. Því miður hafa nokkrir hv. þm. fallið í þá gryfju að tala svo óvirðulega um Reykjavíkurborg að ekki verður undir því setið.

Það er talað um að Reykjavíkurborg standi í miklu skuldafeni, að Reykjavíkurborg sitji að allsnægtarbrunni o. s. frv., o. s. frv. Ég hygg að þær skuldir, sem Reykjavík hefur stofnað til, séu af sömu ástæðum og hjá öðrum sveitarfélögum og þess vegna spyr ég og reyndar fullyrði, að þegar hv. síðasti ræðumaður talaði um óreiðuskuldir hjá Reykjavíkurborg þá auðvitað má nefna þær skuldir, sem önnur sveitarfélög eru í, sama nafni og þess vegna er líkt á komið með þeim sveitarfélögum, ef á annað borð er hægt að tala um óreiðuskuldir hjá einu sveitarfélagi. En ég hygg að svo sé ekki. Þessar skuldir eru til komnar vegna þeirrar verðbólgu sem í landinu er. Ég hlustaði á borgarstjóra Reykjavíkur í útvarpinu í gærkvöld þar sem hann lýsti þeim hækkunum, sem átt hefðu sér stað á árinu, og ég held að það hafi komið fram í því viðtali, að Reykjavíkurborg dró saman verklegar framkvæmdir allt upp í 500 millj. á síðasta ári, svo að það getur enginn sagt eða fullyrt að það hafi verið vaðið áfram og stofnað til skuldafens án þess að íhuga hvernig málin yrðu leyst. Þrátt fyrir það að dregið var saman í verklegum framkvæmdum, þá er borgin komin í þær skuldir sem um er rætt.

Það er líka vafasamur málflutningur að fullyrða að fyrirtæki eins og Hitaveita og Rafmagnsveita Reykjavíkur hafi skilað stórkostlegum hagnaði á undanförnum árum. Hv. 2. þm. Austf. fullyrti meira að segja, að ég held að fá fyrirtæki í landinu hafi grætt eins mikið og þessi tvö fyrirtæki. Þetta er í meira lagi óvandaður málflutningur, svo að ég noti hans eigin orð, og ég vil leyfa mér að vísa þessu á bug. Staðreyndin er sú, að slíkur málflutningur þjónar engum jákvæðum tilgangi.

Hér erum við hv. alþm. nokkurn veginn sammála um svokallaða byggðastefnu, sem felur í sér aukna aðstoð og aukna fyrirgreiðslu til handa landsbyggðinni. Við þm. Reykv. höfum staðið að því af fullri einurð að því að móta þessa stefnu og reyna að hrinda henni í framkvæmd. Nú er búið að leggja fram fjárlagafrv. sem felur í sér stóraukna fjárveitingu til Byggðasjóðs, á 9. hundrað millj. kr. Hér erum við nýbúnir að kjósa fjvn., sem er skipuð hv. þm. úr öllum kjördæmum nema úr Reykjavík, og það þrátt fyrir að Reykjavíkurþm. eru langfjölmennasta sveitin á þingi. Allt er þetta vegna þess, að ég tel, að þm. Reykv. hafi fullan skilning á því að það þurfi að efla landsbyggðina og veita fé og efla framkvæmdir úti á landsbyggðinni.

Hér höfum við fyrir framan okkur á borðunum um 40 mál, sem nú þegar hafa verið lögð fram á þessu þingi, og þegar maður flettir í gegnum þennan bunka er athyglisvert að a. m. k. annað hvert mál, ef ekki ⅔ af þessum málum, er mál þar sem beðið er um fyrirgreiðslu eða fjárveitingar til hinna ýmsu landshluta. Það á að stofna stofnlánasjóði, það á að efla framkvæmdir og hlut landsbyggðarinnar með einu og öðru móti. En það er ekkert mál á borðum þm. sem biður um aðstoð til handa Reykjavíkurborgar eða reykvíkingum. Þetta mega menn muna þegar þeir eru að tala hér um misræmi og misrétti varðandi fyrirgreiðslu til einstakra sveitarfélaga. Ég held að það sé heppilegt fyrir alla þm. að gera sér grein fyrir því að við erum hér öll til þess að efla þjóðarbúið og viljum standa að svokallaðri byggðastefnu, og það skulum við gera án þess að vera að kasta hnútum og koma óorði á eitt sveitarfélag. Það er óvandaður málflutningur sem ekki þjónar neinum tilgangi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja hér nokkur orð, þar sem málefni Reykjavíkurborgar hafa komið það mikið við sögu í þessum umr., umr. sem áttu að fjalla um fyrirgreiðslu bankanna eða bankakerfisins til annarra sveiarfélaga.

Ég vil taka strax fram að það eina, sem Reykjavíkurborg hefur farið fram á, er að fá fyrir fram að vita að ef álagning á útsvör í Reykjavík nægi ekki til að standa undir skuldbindingum þrátt fyrir vel unna fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á komandi ári, þá sé Reykjavíkurborg heimilt að nota þá álagningarprósentu, sem er 1% eða ellefta álagningarprósentið, til þess að mæta þeim skuldum sem safnast hafa á yfirdrætti borgarinnar hjá Landsbanka Íslands

Ég held að hv. 5. þm. Vestf. viti betur en hann vill láta í skína hér þegar hann heldur því fram að í síðustu kosningum, hvort heldur voru sveitarstjórnarkosningar eða alþingiskosningar, hafi Reykjavíkurborg verið að fela fjárhagsstöðu sína. Ég held þvert á móti. Reykjavíkurborg sagði frá sinni fjárhagslegu stöðu, faldi ekki nokkurn skapaðan hlut og alþjóð er kunnug ástæðan fyrir þessum yfirdrætti. Þess vegna er kosningaútkoman eins og hún er, að þeir flokkar, sem stóðu helst að hruni bæði á íslensku krónunni og efnahagslífi þjóðarinnar, hafa fengið sinn dóm í síðustu kosningum. Ég hef sagt það í borgarstjórn, segi það enn þá og ítreka það hér á þessum stað, að guði sé lof að það var þó ábyrgur flokkur á borð við Framsfl., þótt ég sé honum ekki sammála á öllum sviðum, sem var í stjórnaraðstöðu með kommúnistum á síðasta kjörtímabili, því að efnahagsöngþveitið væri algert ef þeir hefðu fengið að ráða meiru en þeir gerðu. Eiga framsóknarmenn þó sannarlega þakkir skildar fyrir að halda svona aftur af þeim öflum sem stefna bókstaflega að öngþveiti á öllum sviðum í þjóðfélaginu.

Ég er alveg hissa á því að fyrrv. viðskrh. skyldi ekki gera grein fyrir þeirri skuldasöfnun, sem þó átti sér stað öll á hans ráðherratímabili, heldur geri fsp. til núv. valdhafa. Ég þjóst við að hann mundi gera grein fyrir þessu. Úr því að hann gerði það ekki vil ég bæta því við sem hann hefði átt að segja.

Reykjavíkurborg og stofnunum Reykjavíkurborgar ber samkv. reglugerðum að láta rekstur-inn bera sig og stofnkostnaður á að koma úr borgarsjóði. Við erum kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum á sama hátt og fulltrúar eru kjörnir til Alþ. og ríkisstj. á að treysta þeim kjörnu fulltrúum fyrir sveitarstjórnarmálum. En það hefur hún ekki gert á einu einasta sviði. Það er alveg sama um hvað var sótt í sambandi við þjónustugjöld stofnananna. En við fengum þó eitt svar. Það var: „Jú, þið getið fengið heimild til þess að taka erlend lán til að brúa rekstrartap“ — rétt eins og rekstrartöp, ef þau væru tekin í erlendum gjaldeyri að láni, þyrfti ekki að borga.

Ég vil benda á það að eitt fyrirtæki, sem hvað mest hefur verið svelt, er t. d. Strætisvagnarnir. Úr borgarsjóði þurfa líklega að koma á þessu eina ári um 200 millj. kr. samtals til að standa undir rekstri strætisvagnanna. En það er óhentugt að hækka fargjöld strætisvagnanna vegna þess að sú fargjaldahækkun fer beint út í vísitöluna og hækkar þá ýmislegt annað um allt land þótt strætisvagnar má segja að séu ekki annars staðar en í Reykjavík.

Ég held að sú fyrirgreiðsla, sem Landsbankinn er að veita Reykjavíkurborg, sé ekkert óeðlileg. Reykjavíkurborg er langstærsti viðskiptaaðili Landsbaka Íslands. Þó að þessi stóri viðskiptaaðili Landsbanka Íslands fari upp í 600—800 millj. kr. yfirdrátt einu sinni kannske á 10—20 ára fresti, þá tel ég að það sé ekki óeðlilegt, sérstaklega þar sem ástæðurnar eru augljósar. Hitt er annað mál, að það er sjálfsagt að önnur sveitarfélög fái sams konar fyrirgreiðslu frá sínum lánastofnunum og sínum viðskiptabönkum. Ekki er Reykjavíkurborg með fyrirkomulagi í sínum viðskiptum að koma í veg fyrir það og ég skil ekki þennan málflutning að hér sé um óreiðuskuld að ræða. Það hefur hvergi komið fram, ekki einu sinni hjá stjórnarandstöðunni í borgarstjórn, sem samþykkti einróma, að vísu með bókunum, að borgin gengi frá þessum málum og einu aths., sem gerðar voru, hvort sem það var af kommúnistum eða öðrum, voru þær, að lánið væri of stutt, þeir vildu hafa það til lengri tíma. Að öllu öðru leyti var samstaða um þessa lántöku. Hitt er annað mál að það er ekki eins og Reykjavíkurborg sé eini aðilinn sem þarf að taka rekstrarlán. Lántaka Reykjavíkurborgar er 600 millj., en yfirdráttur Landsbankans hjá Seðlabankanum er talinn vera um 5000 millj. Það hljóta einhverjir aðrir að draga á á Landsbanka Íslands. Ég vil segja það og endurtek það, sem ég sagði í borgarstjórn, að Landsbanka Íslands og bankakerfinu ber að þakka fyrir hve ábyrga afstöðu þeir tóku þegar vissir aðilar í ríkisstj. hreinlega reyndu að koma öllum sköpuðum hlutum á hausinn. Ekki hefði farið vel, ef Landsbankinn hefði ekki tekið lán hjá Seðlabankanum og svo hinir bankarnir hjá Seðlabankanum líka og undirstöðuatvinnuvegirnir á sama hátt og við getum þrætt þetta niður í einstaklingana. Ég trúi ekki öðru en að fulltrúar öreiganna séu orðnir nákvæmlega jafnsettir og aðrir landsmenn, sem þurfa að framlengja sína víxla á sama hátt og Reykjavíkurborg og undirstöðuatvinnuvegirnir almennt, því að við vitum allir að þeir búa ekkert verr en hver annar. Þeir búa í sínum eigin íbúðum, þeir eiga sína lúxusbíla alveg eins og við hinir og ef fulltrúar öreiganna eiga þetta skuldlaust þá er kominn tími til að athuga þá.

Það er alveg rétt, þarna stangast á lífsskoðanir manna. Fyrrv. viðskrh. talaði um að fyrirtækin græði. Það er alveg rétt, Hitaveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Reykjavíkur hafa haft góða afkomu þangað til hans flokkur og hann sjálfur komu í stjórn og fóru að hafa áhrif á. Þá fóru þau að tapa. En fyrirtækin verða að skila nettóágóða til þess að geta staðið undir ekki bara rekstrinum, heldur eðlilegum viðbótarframkvæmdum sem þurfa að eiga sér stað hér í borginni, því að það er óeðlilegt ef fyrirtæki af þeirri stærðargráðu sem Rafmagnsveita Reykjavíkur og Hitaveita Reykjavíkur eru þurfa að taka 100% lán til að standa undir nýbyggingum. Það er eðlilegt að þau taki lán, það er eðlilegt, en alls ekki, að þau séu gerð fjárvana. Ég vil þó undanskilja Hitaveitu Reykjavíkur þarna. Það er rétt hjá fyrrv. viðskrh. að hennar hagur hefur verið mjög góður og betri en annarra fyrirtækja en hún er líka í miklu stærri framkvæmdum nú heldur en nokkurt annað fyrirtæki þar sem hún er að leggja hitaveitu í nágrannasveitarfélögin. Og það er aðeins þrýstingur frá nágrannasveitarfélögunum, en ekki frá Reykjavík, sem gerði það að verkum að Hitaveitan fékk hækkað sitt gjald. En Rafmagnsveitan fékk enga hækkun fyrr en löngu seinna og allt of seint, þegar Rafmagnsveitur ríkisins voru búnar að hækka í heildsölu rafmagnsverðið til Rafmagnsveitu Reykjavíkur þannig að Rafmagnsveitan var rekin með stórtapi. Og svarið, sem við fengum þá í borgarstjórn, þegar við báðum um hækkun, var: „Þið megið taka erlent rekstrarlán.“ Það álít ég að hafi verið svar á borð við það sem mátti búast við af þessum háu herrum. En í ár er hagur Rafmagnsveitunnar, sem annars hefur alltaf verið góður, það slæmur að reiknað er með að fjárþörf hennar gæti orðið um 400 millj. En eitt vil ég segja, að borgarstjórnarmeirihl. hefur komið fram á miklu ábyrgari hátt heldur en virðist hafa borist til eyrna þessara herra, vegna þess að peningalegur samdráttur var á milli 500 og 600 millj. í krónutölu og framkvæmdaáætlunin náttúrlega stórlækkuð eða minnkuð af þeim orsökum sem og öðrum orsökum, því að þessar stóru og miklu hækkanir og stökk, sem verið hafa undanfarið, koma að sjálfsögðu jafnt niður á borginni sem öllum öðrum. Það finna einstaklingarnir og þess vegna skila þeir sínum atkv. eins og þeir gerðu í síðustu kosningum. Við skulum ekki halda að fólkið sé einhverjir kjánar sem fylgist ekki með. Það fylgist vel með.

Ég vil ítreka það, að það eru ekki til óreiðuskuldir hjá borginni frekar en ég vil bera upp á önnur sveitarfélög sem eru undir í sínum fjárhagsáætlunum eða framkvæmdaverkefnum. Þetta er allt skiljanlegt og skýranlegt og langt frá því

að það sé réttlætanlegt að kalla það hér á Alþ. óreiðuskuldir. Sveitarstjórnarmenn almennt starfa eftir bestri sannfæringu og þeir njóta trausts fólksins. Annars væru þeir ekki í sínum stöðum. Og það er óréttlátt, hvar í flokki sem þeir eru og hvernig sem meiri hl. er úti um land, að segja að hjá sveitarstjórnum almennt sé um óreiðuskuldir að ræða, ef þar er skuld, og hér í Reykjavík á það ekkert síður við.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu lengri. En ég vil benda á það, að þó að Reykjavíkurborg sé í 600 millj. kr. yfirdrætti þá er það ekki stór upphæð. Það er þungur baggi fyrir okkur og það er ekki víst að við þurfum á þeirri heimild að halda, sem viðskrh. hefur lofað að beita sér fyrir að við fáum. Það getum við ekki sagt fyrr en álagningin hefur farið fram og ef það kemur í ljós að hún nægir ekki til að standa undir þeim bagga sem nú er kominn óvænt á okkur á þessu fjárhagsári sem er að líða, en það var ekki eins ljóst þegar við hófum þetta fjárhagsár vegna þess að við trúðum því að ríkisstj. væri ábyrgari en hún reyndist og við fengjum að hækka smátt og smátt þjónustugjöldin eftir því sem þörfin segði til um og réttlætanlegt var, þannig að við gætum reynt að halda í við kostnaðinn. En að fá á sig skell eftir að hækkanirnar hafa verið dregnar saman í stórar upphæðir í prósentum, það er hvaða sveitarfélagi sem er um of. Ég vona að sú ríkisstj., sem nú situr, beri gæfu til þess að hafa betri skilning á þörfum sveitarfélaganna þegar þar skapast, en dragi ekki saman í eina stóra upphæð, sem skellur á fólki með þeim þunga sem nú þarf að vera, til þess að endar nái saman.

Ég verð að lokum að segja það, að þrátt fyrir þá heimild, sem félmrh. hefur staðfest bréflega að Reykjavíkurborg muni fá til þess að geta gert þennan samning við Landsbanka Íslands, þá þurfi borgin ekki á því að halda. En heimildin er fyrir hendi og er bara varnagli og sýnir að borgarstjórnin og borgarstjórnarmeirihl. tekur ábyrga afstöðu í sínum fjármálum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 2. þm. Austf. Hann hafði þau orð um ummæli mín í sambandi við Lánasjóð sveitarfélaga að þar væri farið með ósannindi og óvandaðan málflutning. Ég vil aðeins taka fram að fyrir liggur að Samband ísl. sveitarfélaga fór fram á það á s. l. ári, nokkru fyrir áramót, að ríkisstj. flytti frv. um eflingu Lánasjóðs, sams konar frv. og það sem nú hefur verið flutt. Í fyrstu ræddu fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga við félmrh., sem málið heyrir undir, og það oftar en einu sinni. Það var staðfest með bréfi, sem fyrir liggur frá því í marsmánuði, þannig að ítrekaðar óskir voru bornar fram í ríkisstj. um flutning þessa frv. Að sjálfsögðu sneru fulltrúar sveitarfélaganna sér til félmrh., sem þau mál heyra undir og m. a. Lánasjóðurinn.

Ég þori ekkert að fullyrða um hvernig sambandið hefur verið eða sambandsleysið milli fyrrv. félmrh. og hæstv. viðskrh. í fyrrv. ríkisstj., Lúðvíks Jósepssonar. En undarlegt þykir mér það, ef félmrh. hefur ekki komið á framfæri við ríkisstj. slíkum tilmælum eins og þessum sem borin voru fram bæði munnlega og skriflega um jafnmikilvægt mál.

Ég skal svo aðeins bæta því við, að ég hef tekið fram í fyrsta lagi að félmrn. hefur ekki haft milligöngu um þessa lántöku Reykjavíkurborgar hjá Landsbankanum. Það hefur verið mál milli þeirra tveggja. Hins vegar hef ég lýst því yfir að málaleitun þeirra sveitarfélaga, sem þurfa á fyrirgreiðslu að halda, hafi verið og muni verða vel tekið í félmrn. og það eru þegar nokkur sveitarfélög utan Reykjavíkur, sem rn. hefur haft milligöngu fyrir, m. a. það bæjarfélag sem hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, býr í. Það er honum vel kunnugt um. Þrátt fyrir að þetta liggur fyrir leyfir hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, sér að draga saman mína skoðun og stefnu eitthvað á þessa lund: Félmrh. vill að sveitarfélögin úti á landi fái að vera eins og þau eru, án aðstoðar, en félmrh. telur rétt að beita sér sem mest fyrir úrgreiðslu fyrir stærstu sveitarfélögin eins og Reykjavík. Svona málflutningur talar sínu máli og læt ég þingheim um að dæma hann.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, fsp. (þskj. 10). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það er vonandi kunnugt öllum þingheimi að Austurland hefur um langa hríð búið við margs konar erfiðleika vegna orkuskorts. Á undanförnum árum hefur orðið að grípa til neyðarráðstafana til þess að forða því að framleiðsla í landshlutanum stöðvist á ýmsum svæðum vegna skorts á orku. Enn fremur blasir nú við að hugsanlegt sé að dregið verði úr byggingarframkvæmdum einstaklinga og fyrirtækja vegna fyrirsjáanlegs orkuskorts. Það er því ljóst að orkuöflun er eitt brýnasta hagsmunamál austfirðinga, enda hefur það komið fram hjá Samtökum sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi að þau telja höfuðverkefni sitt og ríkisvaldsins á næstu árum að tryggja það að í landshlutanum sé fyrir hendi nægileg raforka, sem í senn tryggi starfrækslu þeirra atvinnufyrirtækja sem nú þegar eru í landshlutanum og skapi grundvöll fyrir ítrekaðri atvinnuuppbyggingu og geri einstaklingum kleift að hita hús sín á ódýran hátt.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi samþykkti nú í haust að skora á iðnrn. og Alþ. að sett yrðu lög um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal á komandi þingi og undirbúningur og framkvæmd við virkjunina séu við það miðuð að hún taki til starfa árið 1978. Jafnframt segir í samþykkt aðalfundarins, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundurinn skorar á iðnrn. að nú þegar verði gerð 10 ára áætlun, sem endurskoðist árlega, um orkuvinnslu- og orkudreifingarmál á Austurlandi, sem sé grundvallaratriði áætlunarinnar sé 100% rafhitun húsnæðis á Austurlandi."

Til þess að fylgja eftir þessari stefnu lagði ég fram í upphafi þessa þings fsp. til iðnrh. um hvort ríkisstj. hefði tekið ákvörðun um að leggja fram á yfirstandandi þingi frv. til l. um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal sem sé við það miðuð að virkjunin taki til starfa 1978. Í gær

lagði hæstv. iðnrh. fram fyrir hönd ríkisstj. frv. um þetta efni og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka honum fyrir þau greinilega snöru handtök sem hann hefur haft á því að leggja fyrir Alþ. frv. um þetta efni. Hins vegar ber að harma það að hvorki í frv. né í grg. kemur fram nein áætlun um hvenær þessi virkjun taki til starfa. Þótt það sé vissulega þakkarvert að hefja þetta mál með því að leggja fram frv., þá hefði verið æskilegra að þingheimur og þó sérstaklega Samtök sveitarfélaga á Austurlandi og austfirðingar allir fengju að vita hvenær ríkisstj. stefndi að því að virkjunin gæti tekið til starfa.

Það liggur nú þegar fyrir, að í vetur getur orðið mjög alvarlegur orkuskortur á Austurlandi, orkuskortur sem getur leitt til þess að atvinnufyrirtæki þurfi að stöðvast, orkuskortur sem getur leitt til þess að þeir einstaklingar, sem verið hafa að koma sér upp húsnæði í sumar og hafa reiknað þar með rafhitun, geti ekki fengið nægilega orku til þess að halda húsum sínum heitum. Ég vona að hæstv. iðnrh. sé kunnugt um þessi alvarlegu orkuvandamál þessa landshluta, vandamál sem verða ekki leyst að neinu verulegu marki fyrr en Bessastaðaárvirkjun hefur tekið til starfa. Ég vil þess vegna óska þess við hæstv. ráðh. að hann upplýsi hér á eftir hvenær, á hvaða ári, reiknað er með að þessi virkjun taki til starfa.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp. er á þessa leið: „Hefur ríkisstj. tekið ákvörðun um að leggja fram á yfirstandandi þingi frv. til l. um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal."

Eins og hv. þm. er kunnugt var stjfrv. um virkjun Bessastaðaár útbýtt í gær og fsp. að því leyti svarað þar með.

Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi um miðjan sept. s. l. voru orkumálin á Austurlandi aðalumræðuefnið. Mér var boðið á þann fund og átti þar kost á að hlýða á umr. og taka þátt í þeim. Það er ekki ástæða til þess nú í svari við þessari fsp. að ræða um orkumál Austurlands ítarlega, það verður gert við 1. umr. þess frv. sem ég gat um. En á þessum fundi, aðalfundi sambands sveitarfélaganna, var samþ. að skora á iðnrn. og Alþ. að sett verði lög um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal á komandi þingi. Þegar eftir þennan fund var að sjálfsögðu hafinn undirbúningur þessa máls og ber frv. vitni um niðurstöðu þess undirbúnings. Þetta frv. felur í sér heimild til að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflsstöð við Bessastaðaá með allt að 32 mw. afli.

Nú er það augljóst mál að að þessari virkjun eins og öðrum verður unnið með þeim hraða sem tök eru á. Ábyrgð er auðvitað enga hægt að taka á því hversu mörg ár slík virkjun tekur. Í fyrsta lagi þarf auðvitað að vinna að hönnun hennar og öðrum undirbúningi og er sjálfsagt að stefna að því að það geti orðið sem skjótast og helst ekki síðar en eftir 4 ár, eins og kemur fram í þessari ályktun sambands sveitarfélaganna að æskilegt er talið. Hins vegar er ekkert hægt að fullyrða eða ábyrgjast um það, en ég vil aðeins undirstrika að að sjálfsögðu verður öllum undirbúningi hraðað eins og kostur er.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég vil þakka iðnrh. fyrir svar hans. En mér fannst miður að hann skyldi aðeins lesa helminginn af fsp. minni í upphafi svars síns. Síðari helmingurinn er að *mínum dómi* aðalatriði málsins, hvenær virkjunin getur tekið til starfa. Við því fékkst ekkert ákveðið svar hjá hæstv. iðnrh. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að það sé knúið á um að ríkisstj. tjái hv. þingheimi, en þó sérstaklega íbúum Austurlands, hver sé stefna hennar í þessu máli, hvaða ár hefur verið sett sem markmið. Þótt það sé gott og blessað að leggja fram frv. til l. er þó höfuðatriðið hvenær þessi virkjun getur útrýmt þeim alvarlega orkuskorti sem nú er í landshlutanum. Það er gersamlega óviðunandi fyrir austfirðinga að þurfa að búa við það, hugsanlega í 6—7 ár í viðbót, að á hverju ári sé yfirvofandi stöðvun atvinnufyrirtækja og þar með atvinnu í heilum byggðarlögum vegna orkuskorts og það fólk, sérstaklega ungt fólk, sem vill hefja búsetu í landshlutanum, geti ekki gengið að því sem visu að það geti fengið rafmagn til þess að hita upp hús sín. Ég harma það þess vegna að iðnrh. skyldi ekki taka af skarið með það, eins og Samtök sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi gerðu í þeirri ályktun, sem hann vitnaði hér til, hvenær virkjunin ætti að taka til starfa.

Bessastaðaárvirkjun er af þeirri stærðargráðu að hún mun samkv. skýrslum sérfræðinga fullnægja þörfum Austurlands jafnvel allt fram til næstu aldamóta með samtengingum við aðrar virkjanir og er þar bæði átt við orku til húshitunar og orku til starfrækslu fyrirtækja. Ég vona að hæstv. iðnrh. sýni áfram þann dugnað, *sem hann hefur sýnt til þessa með því að* framkvæma fyrri helminginn af ályktun austfirðinga í þessum málum, og taki einnig á næstunni undir seinni helminginn, þ. e. a. s. loforð um það að stefnt skuli að því að virkjunin taki til starfa árið 1978.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að það hefur þegar verið lagt hér fram frv. um heimild til þess að ráðast í Bessastaðaárvirkjun í Fljótsdal, en eins og öllum hv. alþm. er kunnugt eru mörg dæmi um það að flutt er frv. sem aðeins felur í sér heimild til þess að ráðast í tiltekna virkjun, en það getur dregist úr hófi að taka síðan ákvörðun um það, hvort eigi að nota heimildina og ráðast í virkjunina. Nú vildi ég spyrja hæstv. iðnrh. hvort ríkisstj. hafi nú þegar tekið ákvörðun um að ráðast í þessa virkjun, hina formlegu ákvörðun um það og hafi það ekki þegar verið gert hvort hann geti gefið hér upplýsingar um það hvenær megi búast við því að ríkisstj. taki formlega ákvörðun um hvort í virkjunina verður ráðist eða ekki. Þetta er það sem skiptir mestu máli. Ég vil ætla að framlagning þessa frv. þýði það að alveg innan skamms verði þessi formlega ákvörðun tekin. Það verður svo að sjálfsögðu að ráðast hversu tekst að þoka mannvirkinu áfram og hvenær verður hægt að koma því í gagnið. En að sjálfsögðu tek ég undir það að mikil þörf er á því að það verði gert sem allra fyrst. Ég vil fara fram á það að hæstv. ráðh. svari þessum spurningum mínum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég held að það kenni nokkurs misskilnings hjá fyrirspyrjanda að ég hafi ekki svarað fsp. allri. Ég tók fram að að því væri stefnt og væri að sjálfsögðu æskilegt ef hægt væri að ljúka þessu sem allra fyrst og innan fjögurra ára, þ. e. fyrir árslok 1978. Hitt kemur ekki til mála, að ætla að fara að lögfesta á þingi að virkjuninni skuli lokið árið 1978. Ég held að slíks séu engin dæmi og ég efast um að þm. mundu taka á sig þá ábyrgð.

Eins og frv. ber með sér er hér um heimild að ræða og þó að líkur bendi til þess, ég vil segja yfirgnæfandi líkur, að í þessa virkjun verði ráðist, eru nokkrar frekari rannsóknir fram undan, sem nauðsynlegar eru áður en endanleg ákvörðunartaka fer fram.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Á síðasta þingi fjölluðum við nokkuð um orkuvandamál, bæði á Austfjörðum og á Norðurlandi. Þá var samþ. frv. um heimild til 55 mw. virkjunar við Kröflu og í meðförum Alþ. var ákveðið að í sambandi við þá virkjun skyldi lögð tengilína til Austurlands þannig að austfirðingar ættu sama kost á orku frá þessari virkjun, og norðlendingar. Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. að því, hvort þetta frv., sem hér liggur fyrir, feli í sér nokkra breytingu á þeirri afstöðu sem þá var tekin. Það var þegar hafist handa um að hagnýta þá heimild, sem Alþ. gaf, og lögð áhersla á að flýta þessum framkvæmdum eins og kostur var á. Væri fróðlegt að vita hvort það er ekki ætlun núv. ríkisstj. að samtengingin frá Kröfluvirkjun til Austfjarða komi til framkvæmda strax og farið er að framleiða orku frá Kröfluvirkjun, að þetta frv. feli það ekki í sér að það sé ætlunin að þessir staðir verði einangraðir hvor frá öðrum eins og verið hefur.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Inn í lög um Kröfluvirkjun var hér á þingi sett heimild til að leggja háspennulínu frá Kröflu til Austurlands og þetta frv. hefur engin áhrif á það lagaákvæði.

Félagsheimilasjóður, fsp. (þskj. 9). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 9 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um stöðu Félagsheimilasjóðs, svohljóðandi:

„1. Hve mörg félagsheimili hafa notið framlaga úr sjóðnum frá upphafi, hve mörg munu njóta framlags á þessu ári og hve mörg eru í byggingu eða vitað er um fyrirhugaða byggingu á sem ekki hafa enn hlotið framlög?

2. Hver er staða sjóðsins nú gagnvart félagsheimilunum, og ef um vangoldin skylduframlög er að ræða hverju nema þau þá nú?

3. Hefur sjóðurinn tekið þátt í viðhaldi og endurbótum eldri félagsheimila, og ef svo er ekki hverjir möguleikar eru þá á slíkri þátttöku?"

Félagsheimilin eru oftlega stolt hvers staðar eða byggðarlags glæsileg hús með sífellt fullkomnari aðstöðu til svokallaðrar menningarneyslu, eins og nú tíðkast að nefna það. Reyndar hafa félagsheimili og starfsemi þeirra verið umdeild og það orð á komist, að einhverju með réttu, að miður menningarleg dansiböll væru aðal þeirra og einkenni. Hinu er þá gjarnan gleymt, viljandi eða óviljandi, sem vel er gert. Aðstaðan er til alls fyrst ásamt því áhugastarfi sem er hvati þess menningarlífs sem víðast hvar er sinnt á landsbyggðinni og það á margan veg með engu minni reisn en hér á höfuðborgarsvæðinu, a. m. k. hef ég af því góða reynslu og dansiböll höfuðborgarinnar eru nú ekki til að státa af umfram sveitaböllin.

Með Félagsheimilasjóðnum kom ríkisvaldið til móts við þessa viðleitni byggðanna til að skapa sér aðstöðu til viðunandi möguleika á menningarstarfsemi, félagsstarfsemi og um leið til skemmtanahalds sem ég tel engu að síður nauðsynlegt þó að með menningarblæinn fari allt eftir áliti manna á þeirri sérstæðu tegund menningar sem kallast vinmenning og er kapituli út af fyrir sig. Það væri sannarlega fróðlegt að vita hve mörg þau félagsheimili eru sem hér hafa notið góðs af, hve mörg njóta þess nú og hve mörg eru á undirbúningsstigi. Að því lýtur 1. liður fsp.

Hvað sem öllu tali sjálfskipaðra menningarpostula höfuðborgarsvæðisins líður hafa fjölmörg þessara félagsheimila verið lyftistöng félags- og menningarlegra átaka sem margir þessara góðu manna hafa aldrei sýnt nema í orði og á pappír. Því er hins vegar ekki að leyna, að erfiðleikar Félagsheimilasjóðs hafa oft verið miklir við að standa í skilum við félagsheimilin og verið til mikils baga fyrir félög þau sem að hafa staðið og þá ekki síður sveitarfélögin sem hafa oftast verið hvað stærstir aðilar. Því er spurt í 2. lið hver staða sjóðsins nú sé og hver vangoldin skylduframlög eru, sem ég vænti þó að séu ólíkt minni nú en oft áður, enda um margt eðlilegt. Félagsheimilin eru orðin það mörg að nýrra félagsheimila í stórum stíl er vart þörf þótt einstaka staðir séu enn út undan og þá helst þeir minni og þeir sem hafa búið við sæmileg samkomuhús eða notað skólahúsnæði til þessarar starfsemi.

Í þriðja lagi, og þá er ég kominn að höfuðtilgangi fsp. í heild, spyr ég hæstv. ráðh. um það hvort sjóðurinn hafi tekið þátt í viðhaldi og endurbótum eldri félagsheimila. Hér á ég ekki við gerbreytingu eldri húsa í nýrri og fullkomnari eða viðbyggingar sem með hefur verið reiknað í upphafi, en ekki tekist að koma upp jafnhliða vegna fjárhagserfiðleika, m. a. vegna vanskila Félagsheimilasjóðs, ekki heldur viðbyggingar sem síðan hafa reynst nauðsynlegar vegna ýmiss konar aðstöðu sem önnur nýrri félagsheimili hafa fengið í upphafi. Ég hygg að slík þátttaka hljóti að teljast sjálfsögð, enda mun þetta hafa verið gert. Ég á hér fyrst og fremst við eldri félagsheimili, 15, 20 ára og jafnvel eldri, þar sem stundum er ekki nema um tvennt að ræða: ráðast í stórfelldar lagfæringar og þá um leið vissar endurbætur á allri aðstöðu eða þau verða fyrr eða síðar ófullnægjandi og að því kemur að ný hús þarf að reisa. Ég tel fyrri leiðina ólíkt vænlegri sé það mögulegt og um leið fullnægjandi fyrir alla venjulega starfsemi og sjóðnum ólíkt

hagkvæmara að taka þar þátt í af myndarskap en þurfa að taka þátt í nýrri byggingum. Því er spurt um möguleika sjóðsins á slíkri þátttöku.

Ég hef margoft hér á þingi bent á erfiðleika félagsheimilanna með rekstur sinn, m. a. flutt þar um þáltill. Erfiðleikar á almennum rekstri koma ekki hvað síst niður á félags- og menningarlegri starfsemi sem minni arð gefur en hitt sem lýtur að hreinni afþreyingarstarfsemi. Þeim mun meiri nauðsyn er að alhliða rekstur á traustum grunni sé tryggður. Viðhald og endurbætur eldri húsanna er oft einn þyngsti liðurinn í kostnaði árs hvers. Til móts við þetta hafa sveitarfélögin komið fyrst og fremst með stórauknum framlögum sínum. En skoðun mín er sú að Félagsheimilasjóður eigi að vera hér virkur aðili einnig, létta að hluta þessum vanda af heimaaðilum sé þess nokkur kostur, hafi hann til þess nú eða í náinni framtíð bolmagn, sem ég trúi vart öðru, svo fremi skuldahali sé ekki því lengri. Um þetta mál mun ég flytja lagabreyt. ef þörf krefur, en til þess að undirbúa það mál æski ég þess að fá sem fyllstar upplýsingar. Því er þessi fsp. fram borin fyrst og fremst.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Áður en ég svara fsp. beint vil ég segja þetta:

Í fyrsta lagi vil ég minna á að fyrir fáum missirum var gert átak til þess að rétta nokkuð hag Félagsheimilasjóðs. Þrátt fyrir þetta átak er áreiðanlega full þörf á nýjum aðgerðum til að tryggja að þessi sjóður geti starfað með eðlilegum hætti. Ég vil einnig lýsa þeirri skoðun minni að ég tel fulla þörf á því að endurskoða löggjöfina um félagsheimilin, bæði með tilliti til þess að tryggja rekstur þeirra fjárhagslega og til þess að greiða fyrir því að þau geti staðið með eðlilegum hætti að sínu verkefnavali og sinnt í ríkum mæli menningarlegum viðfangsefnum. Ég held líka að það væri ástæða til þess að huga að því í löggjöf, forma það í löggjöf, sem komist hefur á í framkvæmd á ýmsum stöðum í hinum fámennari byggðarlögum, að félagsheimilastarfið og skólastarfið hefur tengst saman með ýmsum hætti. Og í þriðja lagi álít ég að það væri full þörf á því að taka til ítarlegrar meðferðar á hvern hátt haganlegast verður unnið að því að koma félagsheimilunum upp, þ. e. a. s. á hvern hátt þau verði byggð sem allra ódýrust, og þó um leið auðvitað hentug. Það er augljóst, að fyrir hin fámennari sveitarfélög er mjög miklum erfiðleikum bundið að koma þessum bráðnauðsynlegu framkvæmdum, byggingu félagsheimilanna, áleiðis.

Ég vil þá snúa mér að því að svara fsp., sem er að vísu ekki nema í þremur töluliðum, en tekur til miklu fleiri atriða, eins og kemur fram í svörunum, en 1. liður fsp. hefur verið greindur í 5 liði:

1. Hve mörg félagsheimili hafa notið framlaga úr sjóðnum frá upphafi? — Þau eru 150.

2. Hve mörg munu njóta framlaga á þessu ári? — Svarið er 60.

3. Hve mörg eru í smíðum? — 24 eru í smíðum og þar af 3 sem hafa ekki áður hlotið framlög.

4. Hve mörg eru þau félagsheimili sem fyrirhuguð er smíði á? — Svarið er 7 sem eru ófullgerð en í notkun og einhver framlög greidd, 15 fyrirhuguð en hafa ekki enn verið samþykkt svo að framkvæmdir eru ekki hafnar.

5. Hve mörg sem ekki hafa hlotið framlög? — Svarið er 3 sem framkvæmdir hófust við á þessu ári.

Þá er 2. tölul. fsp., en svarið er greint í þrjá hluta.

1. Hver er staða sjóðsins nú gagnvart félagsheimilunum? — Ógreiddar 4 millj. kr. og síðasta greiðsla innstæðna vegna bygginga frá 1. 1. 1971 13.4 millj.

2. Afborganir og vextir skuldabréfa útgefinna 1. 12. 1970 til lækkunar innstæðna 13.5 millj. kr.

3. Innstæður, sem myndast hafa á tímabilinu 1. 1. 1971 til 1. 1. 1974, 51 millj. kr. Staða sjóðsins er því 1. 1. 1974 gagnvart eigendum félagsheimila 77.9 millj. kr.

Þá er einnig undir 2. lið fsp. spurt: Ef um vangoldin skyldaframlög er að ræða hverju nema þau þá? Og svarið er: Til viðbótar þeim 77.9 millj. kr., sem þegar er getið, er væntanleg þátttaka í kostnaði við framkvæmdir við félagsheimilin á árinu í ár, þ. e. 1974. Þessi þátttaka er áætluð 35 millj. kr. Því eru áætluð ógreidd framlög í des. 1974 112.9 millj. kr.

Þá er 3. tölul. fsp. Þar er spurt: „Hefur sjóðurinn tekið þátt í viðhaldi og endurbótum eldri félagsheimila, og ef svo er ekki hverjir möguleikar eru þá á slíkri þátttöku?“

Svarið er þannig: Sjóðurinn hefur ekki tekið þátt í viðhaldi eldri félagsheimila eða samkomuhúsa, en hafi verið um stækkun eldri húsa að ræða hefur sjóðurinn tekið þátt í þeim kostnaði og hefur þá komið til álita þátttaka í kostnaði þeirra endurbóta hins gamla húshluta sem beinlínis hefur leitt af stækkuninni. Á starfstíma sjóðsins, þ. e. a. s. frá 1948—1974, hefur hann tekið þátt í viðbótum eða stækkunum 28 félagsheimila eða samkomuhúsa.

Þá hef ég, eftir því sem næst verður komist, svarað þessum fsp.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. mjög ítarleg og góð svör við fsp. minni, sem var, eins og hann tók fram, í nokkuð mörgum liðum. Ég vil ekki síður þakka hæstv. ráðh. fyrir þau orð sem hann lét falla í upphafi um þá miklu þörf sem væri á nýjum átökum til þess að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu á annan veg og betri en hann gerir greinilega í dag. Og ég vil einnig þakka hæstv. ráðh. fyrir hans góðu undirtektir við það að tekinn verði til endurskoðunar og athugunar allur rekstraraðbúnaður félagsheimilanna. Ég skoða það þá sem svo að þáltill., sem ég flutti á fyrsta þinginu sem ég sat og vísað var með mjög jákvæðri umsögn til ríkisstj., muni verða tekin upp úr skúffu hæstv. fyrrv. menntmrh., dustað af henni rykið og eitthvað raunhæft í málinu gert, því að umsögnin um till. úr n. var svo ákveðið jákvæð að ríkisstj. eða viðkomandi ráðh. hefði í raun átt að framkvæma þar eitthvað.

Ég hef vikið að því áður og þykir mér vægast sagt eftir að hafa heyrt þessar tölur, sem hér hafa verið ræddar, hafa gætt fullmikillar hlé-

drægni fyrir hönd þessa ágæta sjóðs af hálfu þeirra menntmrh. sem hér hafa setið á undanförnum árum og vænti þess að sama hlédrægni gildi ekki hjá hæstv. ráðh., eins og reyndar kom fram þegar í upphafi máls hans áðan. Það er sem sagt greinilegt að það, sem ég var hér fyrst og fremst að athuga með, þ. e. a. s. hvort þessi sjóður væri þess megnugur að taka þátt í erfiðu og kostnaðarsömu viðhaldi eldri húsanna, sá möguleiki er alls ekki fyrir hendi. Til þess skortir sjóðinn gjörsamlega allt afl. Skuldahalinn er miklu meiri og lengri en ég hefði vænst, miðað við t. d. þær upplýsingar sem ég hef áður fengið, þótt óbeinar væru, meira að segja hér á Alþ. Ég sé við þessa athugun að það er sennilega meiri þörf á einhverju öðru en flutningi lagabreyt. frá minni hálfu um þátttöku sjóðsins í viðhaldi félagsheimilanna. Það þarf hreinlega að efla þennan sjóð með öllum tiltækum ráðum svo að hann geti gegnt sínu upphaflega hlutverki og tekið svo hitt hlutverkið að sér síðar, þegar hann er þess megnugur.

Sameinað þing, 7. fundur.

Þriðjudaginn 12. nóv., að loknum 6. fundi.

Þyrlukaup, þáltill. (þskj. 2). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Varnir gegn slysahættu á fiskiskipum, þáltill. (þskj. 6). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Rafvæðing dreifbýlisins, þáltill. (þskj. 13). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Útbreiðsla sjónvarps, þáltill. (þskj. 14). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Skipting landsins í þróunarsvæði, þáltill. (þskj. 18). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Varanleg gatnagerð í þéttbýli, þáltill. (þskj. 20). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Bætt skilyrði hljóðvarps- og sjónvarpssendinga, þáltill. (þskj. 32). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Sjónvarpsmál, þáltill. (þskj. 34). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 8. fundur.

Kosning eins manns í nefnd þingmanna til að gera tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum, samkvæmt ályktun Alþingis frá 13. apríl 1973, um millibinganefnd í byggðamálum. Kosningin fer fram samkvæmt beiðni Matthíasar Bjarnasonar sjávarútvegsráðherra, sem hefur sagt af sér starfi í nefndinni.

Aðeins einn maður var tilnefndur, Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Fjárlög 1975, frv. (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við gerð frv. til fjárl. fyrir árið 1975 hefur verið lögð áhersla á þrjú meginatriði:

1. Að sporna við útþenslu ríkisbúskaparins miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu.

2. Að stilla opinberum framkvæmdum svo í hóf að ekki leiði til óeðlilegrar samkeppni um vinnuafl, án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu eða það komi niður á þjóðhagslega mikilvægustu framkvæmdunum.

3. Að styrkja fjárhag ríkissjóðs og stuðla jafnframt að efnahagslegu jafnvægi í víðara skilningi, en það verður eitt meginviðfangsefnið á næsta ári.

Undanfarin ár hafa ríki og sveitarfélög ráðstafað um þriðjungi þjóðartekna. Hlutur hins opinbera hefur jafnframt farið vaxandi og hefur vöxtur ríkisútgjalda að undanförnu sætt gagnrýni. Eðlilegt er því að hugað sé að verkaskiptingu milli hins opinbera og einkaaðila og athugað hvaða almenn sjónarmið liggi að baki opinberri starfsemi. Almennt má því spyrja hver sé undirstaða hennar, hver séu markmið opinberrar starfsemi og hvernig megi best ná settum markmiðum.

Opinber starfsemi byggist einkum á tvennu. Annars vegar tekur hið opinbera, ríkið og sveitarfélög, að sér þjóðhagslega mikilvægar framkvæmdir og þjónustu, sem annars lægi niðri að einhverju eða öllu leyti eða væri miður borgið í höndum einkaaðila. Hins vegar grípur hið opinbera inn í rás efnahagslífsins, bæði til að jafna kjör almennings og tryggja almenna velferð svo og til þess að hafa áhrif á atvinnu- og athafnastigið í hagkerfinu í heild.

Ljóst er að sú verkaskipting hins opinbera og einstaklinga, sem best þykir þjóna almannahagsmunum, er engan veginn gefin, heldur í senn háð sögulegri þróun og stjórnmálalegu mati á hverjum tíma og oft getur verið umdeilanlegt hvaða verkefni sé best komið í forsjá hins opinbera. Opinberri starfsemi þarf jafnan að haga þannig að settu marki sé náð á sem hagkvæmastan hátt. Athuga þarf hverju sinni, hvort opinberar framkvæmdir svari kostnaði og séu þjóðhagslega arðbærar og enn fremur hver skuli vera forgangsröð þeirra, ef takmörkuðu fjármagni er varið til framkvæmda.

Um ráðstöfun ríkisútgjalda mætti að öðru leyti minnast sérstaklega á þau mál sem almennt varða lífskjör og almenna velferð, einkum í kjara- og tryggingamálum. Þar þarf stöðugt að huga að raunverulegum markmiðum tekju- og lífskjarajöfnunar af opinberri hálfu og athuga hvort ríkjandi trygginga- og skattakerfi samrýmist þeirri tekjustefnu, sem fylgt er. Sérstakt íhugunarefni er hvort þær gífurlegu niðurgreiðslur á verði vöru og þjónustu, sem nú eru tíðkaðar, komi neytendum og framleiðendum raunverulega að því gagni sem til er ætlast.

Við tekjuöflun ríkisins má einkum nefna þrjú meginsjónarmið: Í fyrsta lagi verður með heilsteyptu skattkerfi að jafna skattbyrðinni réttlátlega milli þjóðfélagsþegnanna. Ekki má gefa mönnum tækifæri til þess að varpa byrði sinni á aðra með undanbrögðum. Í öðru lagi er afar mikilvægt að skattar lami ekki athafnaþrá einstaklinga né dragi úr framtaki þeirra. Loks verða tekjustofnar að vera fáir og einfaldir, en skattheimta örugg og ódýr.

Umsvif ríkisins eru svo snar þáttur þjóðarbúskaparins að fjármálastjórn ríkisins hlýtur að hafa áhrif á efnahagsheildina hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Óstjórn eða stjórnleysi í meðferð ríkisfjármála getur orðið uppspretta örrar verðbólgu og valdið þrengingum í efnahagsmálum. Því ber jafnan að haga meðferð opinberra fjármála þannig að stutt sé að jafnvægi innanlands og utan.

Ríkisstj. hyggst sporna gegn vexti ríkisútgjalda, og að því er stefnt að þau vaxi ekki hraðar en þjóðartekjur, þannig að hlutdeild ríkisumsvifa í þjóðarbúskapnum aukist ekki frekar. Þess verður þó gætt að skapa svigrúm, svo að beita megi ríkisfjármálum til að jafna hagsveiflur, draga úr útgjöldum á tímum þenslu, en auka þau á samdráttartímum.

Ríkisstarfsemin þarf að vera háð stöðugri gagnrýni og endurskoðun með það í huga að gera hana markvissari og skynsamlegri og laga hana að kröfum tímans. Einn þeirra málaflokka, sem þarfnast rækilegrar endurskoðunar, eru þær neyslu- og rekstrartilfærslur, sem ríkið stendur að í því skyni að hafa áhrif á neyslu eða framleiðslu ákveðinna vörutegunda og á tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu. Þessar tilfærslur eru mjög mikilvægur hluti ríkisútgjaldanna og nema nú um 45% af gjöldum fjárl. Oft kann þó að vera óskýrt hvert endanlegt markmið sumra þessara tilfærslna er og hverjum þær koma til góða. Tilfærslurnar, svo sem niðurgreiðsla á vöruverði, geta einnig haft ýmis önnur áhrif en beinlínis er að stefnt, t. d. á framleiðslustarfsemina eða á hegðun neytenda. Höfuðmarkmið tekjutilfærslna ríkisins hlýtur að vera réttlát jöfnun tekna og aðstöðu manna. Ríkisstj. mun því kanna hvort þær leiðir, sem nú eru farnar að því marki, séu skynsamlegar og hagkvæmar. Fyrirhuguð sameining helstu bóta almannatrygginga og tekjuskatts, sem nánar verður vikið að síðar, er liður í slíkri endurskoðun. Með sameiningunni væri unnt að minnnka ríkisútgjöld verulega án þess að skerða hag þeirra sem velferðarþjóðfélagið ber fyrir brjósti. Öllu fremur gefst kostur á að sinna hagsmunamálum þeirra betur, enda mun hið sameinaða tekjujöfnunarkerfi stefna að því að tryggja öllum þjóðfélagsþegnum lágmarkstekjur.

Að venju mun verða gerð stutt grein fyrir ríkisfjármálum á liðnu ári með því að rekja atriði úr grg. ríkisbókhaldsins um afkomu ríkissjóðs samkv. A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1973. Grg. er með sama sniði og áður. Nokkrar niðurstöðutölur reiknings eru dregnar fram og samanburður gerður við fjárlög. Grg. sem þessi ásamt óendurskoðuðum ríkisreikningi í heild hefur síðustu ár verið afhent hv. alþm. við 1. umr. fjárlagafrv. og hefur það einnig verið gert nú. Vísa ég til þeirra gagna um nánari tölulegar upplýsingar, en meginefni þeirra er sem hér segir:

Afkoma ríkissjóðs samkv. rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1973 reyndist óhagstæð um 253 millj. kr. Tekjur urðu 24 milljarðar 876 millj. kr., en gjöld 25 milljarðar 129 millj. kr., og eru þá fjárfestingarútgjöld meðtalin. Greiðslujöfnuður í heild reyndist hagstæður um 140 millj. kr., jöfnuður lánahreyfinga ásamt hlutabréfum og stofnfjárframlögum var óhagstæður um 364 millj. kr., endurmatsjöfnuður var hagstæður um 29 millj. kr.

Greiðslujöfnuður er skilgreindur á ýmsa vegu. Framangreind fjárhæð hagstæðs greiðslujafnaðar ríkissjóðs um 140 millj. kr. er reiknuð samkv. ákvæðum l. nr. 52 1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárl., og nær yfir breytingar á sjóði, bankareikningum, lausaskuldum og ýmsum inneignum. Jöfnuður sjóðs og óbundinna bankareikninga var hins vegar óhagstæður um 616 millj. Jöfnuður lausaskulda og ýmissa inneigna var aftur á móti hagstæður um 756 millj. kr. Sú fjárhæð fólst annars vegar í aukningu eftirstöðva ríkistekna um 830 millj. kr. og aukningu lausaskulda vegna markaðra tekna um 53 millj. kr. og annarra lausaskulda umfram hækkun ýmissa inneigna um 21 millj. kr. Ef jöfnuður lánareikninga við Seðlabankann, sem reyndist hagstæður um 315 millj. kr. á árinu, er hins vegar talinn með greiðslujöfnuði, eins og sumir telja að gefi réttari mynd, þá reyndist jöfnuður sjóðs óbundinna bankareikninga og lánareikninga við Seðlabankann óhagstæður um 301 millj. kr., en hagstæður um 455 millj. kr., ef ýmsar inneignir og lausaskuldir eru taldar með.

Lánajöfnuður reyndist óhagstæður, eins og áður segir, um 364 millj. kr. Lán við Seðlabankann eru þá talin með. Að þeim frátöldum reyndist hann hins vegar óhagstæður um 679 millj. kr. Jöfnuðurinn kemur þannig fram, að veitt lán lækkuðu á árinu um 21 millj. kr., eign í hlutabréfum og stofnfjárframlögum hækkaði um 52 millj., skuld í formi tekinna lána hjá Seðlabankanum lækkaði um 315 millj., en hækkaði gagnvart öðrum um 710 millj. kr. Af þeirri fjárhæð má rekja 469 millj. kr. til endurlána ríkissjóðs, sem gerð er grein fyrir í B-hluta ríkisreiknings. Endurlán byggjast m. a. á sölu spariskírteina, erlendum lántökum og fyrirgreiðslu Seðlabankans. Nýjar lántökur á árinu voru samkv. framkvæmda- og fjáröflunaráætlun, heimildum fjárl. og sérstökum ákvörðunum ríkisstj. Meginhluti skuldaaukningar var vegna framkvæmdar Vegagerðarinnar, einkum til hringvegarins um Skeiðarársand. Lántaka til nota við fyrirgreiðslu

til togarakaupa nam 112 millj. kr., vegna lögreglustöðvarbyggingar um 19 millj. kr., til kaupa á skipi fyrir Hafrannsóknastofnun 17 millj. kr. Heimildarákvæði fjárl. um allt að 100 millj. kr. lántöku til kaupa á nýju varðskipi var ekki notað, en umframgjöld Landhelgisgæslunnar greidd beint úr ríkissjóði. Ríkissjóður eignaðist hlutabréf í Norðurstjörnunni hf. að fjárhæð 24 millj. kr. Aukning í hlutabréfum Þormóðs ramma nam 4 millj. kr. og framlagt hlutafé í Þörungavinnslunni hf. nam 5 millj. kr.

Verður nú vikið að tekjum og gjöldum ársins 1973.

Heildartekjur námu, eins og áður segir, 24 milljörðum 876 millj. kr. samkv. rekstrarreikningi. Tekjuuppgjörið miðast við álagða skatta. Innheimta nam hins vegar 830 millj. kr. lægri fjárhæð eða 24 milljörðum og 46 millj. kr., 2 milljörðum og 76 millj. umfram áætlun fjárl. Sú hækkun er 9.4%. Tekjufærslan var hins vegar 13.2% umfram áætlun fjárlaga.

Innheimta varð hærri en fjárlög á flestum teknaliðum. Innheimt aðflutningsgjöld námu 724 millj. kr. umfram fjárlög eða 12.9%, söluskattur 480 millj. eða 9.6%, tekju- og eignarskattur ásamt erfðafjárskatti 300 millj. eða 6.1%, innflutningsgjald af bifreiðum 153 millj. eða 65.2%, hagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins 114 millj. kr. eða 5.5%, vaxtatekjur, einkum dráttarvextir af þinggjöldum, 92 millj. kr. eða rúmlega þreföld innheimta miðað við áætlun fjárl. Aðrir teknaliðir, sem reyndust fara fram úr fjárl., námu alls 293 millj. kr. Þessar fjárhæðir gera samtals 2 milljarða 156 millj. kr. Innheimta nokkurra teknaliða reyndist hins vegar 80 millj. kr. lægri en fjárlög áætluðu. Keflavíkurflugvöllur skilaði 35 millj. kr. lægri upphæð en fjárlög áætluðu eða um það bil helmingi. Fríhöfnin skilaði 13 millj. kr. minna eða sem svaraði fjórðungi áætlunar, sameign ríkisins 10 millj. kr. og aðrir liðir samtals 22 millj. kr. lægri fjárhæð en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Eins og fram er komið jukust eftirstöðvar ríkissjóðstekna um 830 millj. kr. Af þeirri fjárhæð eru 471 millj. kr. í tekju- og eignarsköttum, 217 millj. í söluskatti, 84 millj. í launaskatti, 39 millj. kr. í persónusköttum til Tryggingastofnunar ríkisins og 25 millj. kr. í tekjum af sölu erlends gjaldeyris. Eftirstöðvar almannatryggingagjaldsins, sem var lagt niður á árinu 1972, lækkuðu um 28 millj. kr. Eftirstöðvar annarra teknaliða hækkuðu um samtals 22 millj. kr. Aukning eftirstöðva söluskatts og launaskatts eru að verulegum hluta sem ógjaldfallnar eftirstöðvar um áramót, þ. e. gjalddagi álagningar er ekki fyrr en árið eftir.

Innheimt hlutfall tekna á árinu 1973 reyndist svipað og á árinu 1972.

Gjöld A-hluta ríkisreiknings árið 1973 námu 25 milljörðum 129 millj. kr. eða 2 milljörðum 347 millj. kr. umfram fjárlög að fjárhæð 21 milljarður 457 millj. og sérstakar heimildir til gjalda að fjárhæð 1 milljarður 325 millj. kr. eða 10.3%. Gjöldin umfram sjálf fjárl. námu 3 milljörðum 672 millj. kr. eða 17.1%.

Framangreindar sérstakar gjaldaheimildir að fjárhæð 1 milljarður 325 millj. kr., sem tekið er tillit til við samanburð fjárl. og reiknings, eru í fyrsta lagi lántökur vegna gjalda, einkum vegagerðar, alls 710 millj. kr., í öðru lagi ný eða aukin framlög samkv. heimildarákvæðum fjárl. eða sérstakra laga, alls að fjárhæð 400 millj. kr., og í þriðja lagi áhrif hækkunar markaðra tekna ríkissjóðs að fjárhæð 215 millj. kr. sem renna til ákveðinna rétthafa og gjaldfærsla reiknings hækkar því sjálfkrafa að sama skapi.

Eigi verður hér gerð grein fyrir einstökum liðum þessarar sérstöku gjaldaheimildar, en vísað í sérstakt yfirlit í ríkisreikningi þar um svo og grg. ríkisbókhaldsins. Vakin skal þó athygli á því, að með þessum sérstöku gjaldaheimildum eru ekki tekin áhrif lagasetningar eða ákvarðana ríkisstj., sem ekki fólu í sér tiltekna fjárhæð til breytingar gjalda. Gildir það t. d. um ákvarðanir til aukinna niðurgreiðslna, aukinna framlaga til Tryggingastofnunar og heimildagr. fjárl. 1973 um lækkun fjárveitinga um allt að 15% á árinu 1973.

Gjöld reikningsins urðu, eins og áður er fram komið, 2 milljarðar 347 millj. kr. umfram fjárlög og tilgreindar sérstakar gjaldaheimildir. Umframgjöldin skiptast þannig í aðalatriðum: Framlög til Tryggingastofnunar ríkisins urðu 727 millj. umfram eða 10.3%, hækkun til niðurgreiðslna 457 millj. eða 27% hækkun, til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 190 millj. kr. eða 58% hækkun, til barna- og gagnfræðaskólastigs 168 millj. kr. eða 8.8% hækkun, til aukinna vaxtagjalda 105 millj. kr. eða 30.4% hækkun, til landhelgisgæslu 92 millj. kr. eða 33.3% hækkun, gjöld Alþingis, forsetaskrifstofu og ríkisstj. og aðalskrifstofa rn. reyndist 165 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir eða 32.6%. Í þeirri fjárhæð eru innifaldar verulegar greiðslur vegna endurbóta á húsnæði Alþingis og stjórnarráðsskrifstofa. Framangreindar fjárhæðir umfram gjalda nema alls 1 milljarði 900 millj. kr. Það sem ótalið er, 447 millj. kr., skiptist á ýmsa liði, sem ekki verða taldir upp hér. Nokkrir þeirra reyndust lægri í reikningi en fjárl. gerðu ráð fyrir, en á flestum liðum urðu gjöldin umfram.

Um samanburð gjaldaliða í heild eftir tegundum er vísað í yfirliti í ríkisreikningi á bls. 66—67, en þar koma fram upplýsingar um skiptinguna eftir rn., bæði samkv. reikningi og fjárlögum.

Hér hefur verið fjallað um afkomu ríkissjóðs samkv. A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1973. Ekki hefur verið komið inn á afkomu fyrirtækja og sjóða ríkisins, sem reikningar eru birtir yfir í B-hluta ríkisreiknings, og hefur það eigi heldur verið gert a. m. k. síðustu ár þegar gerð hefur verið grein fyrir afkomu ríkissjóðs. Tel ég hins vegar rétt að huga að því í framtíðinni, hvort ekki væri rétt að gera einnig nokkra grein fyrir helstu niðurstöðu í B-hluta ríkisreiknings.

Ég mun þá víkja að áætlun um afkomu ríkissjóðs 1974.

Fjármál ríkisins eru samofin efnahagsmálum þjóðarinnar og hin almenna hagþróun endurspeglast einatt í þeim áætlunum um ríkisbúskapinn, sem settar eru fram á fjárlagafrv. Það frv., sem hér liggur fyrir, er engin undantekning frá þeirri reglu. Sú öra verðlagsþróun, sem ríkt hef-

ur hér á landi að undanförnu, ásamt ýmsum félagslegum og efnahagslegum aðgerðum, sem gripið hefur verið til á árinu, koma í ríkum mæli fram í þessu frv. og eru reyndar höfuðorsök þeirrar hækkunar, sem fram kemur í samanburði við fjárlagatölur yfirstandandi árs. Við slíkar aðstæður er þess vart að vænta, að gefist það ráðrúm til að marka djúp spor í fjármálastefnu ríkisins á þeim skamma tíma sem verið hefur til að móta fjárlagafrv. Fjárlagafrv. ber það með sér engu að síður, að komið er í veg fyrir frekari útþenslu ríkisbúskaparins og dregið er úr ríkisframkvæmdum. Þetta er skref til að freista þess að hafa hemil á verðbólgunni, draga úr greiðsluhallanum við útlönd og tryggja sem best lífskjör almennings.

Þróun verðlags og kauplags ásamt ýmsum aðgerðum á sviði fjármála fyrr á þessu ári hafa leitt til þess, að tekjur og gjöld ríkissjóðs munu fara verulega fram úr áætlun fjárl. 1974. Fjárlagaáætlun var í aðalatriðum miðuð við kauplag og verðlag í des. 1973, en þá voru í gjaldahlið áætlaðar 400 millj. kr. upp í væntanlega kjarasamninga. Niðurstöður kjarasamninga ásamt hækkunum verðlagsbóta 1. mars s. l. höfðu hins vegar í för með sér 800—900 millj. kr. launaútgjöld ríkissjóðs umfram fyrrgreindar 400 millj. kr.

Nú er áætlað, að almennt kauplag verði um 27—28% hærra að meðaltali á árinu 1974 en það var í des. s. l. ár og hefur slík hækkun kaupgjalds óhjákvæmileg áhrif á tekjur og gjöld ríkissjóðs. Enn fremur má nefna, að í fjárlagaáætlun var gert ráð fyrir 17—18% verðmætisaukningu almennra þjóðartgjalda sem í aðalatriðum ráða söluskattsveltu. Nú er hins vegar áætlað, að veltubreytingin nemi um 54% á árinu. Önnur mikilvæg veltustærð er almennur vöruinnflutningur, sem ræður tolltekjum ríkissjóðs. Í fjárlagaáætlunum var miðað við 16% aukningu innflutningsverðmætis án olíu milli áranna 1973 og 1974, en 22% aukningu að olíu meðtalinni. Nú er útlit fyrir að verðmæti almenns vöruinnflutnings án olíu aukist um 50%, en um 60% að olíuinnflutningi meðtöldum. Þessi mikla veltuaukning umfram forsendur fjárlaga er ásamt sérstökum skattbreytingum, svo sem hækkun launaskatts í apríl, hækkun áfengis og tóbaksverðs í mars og maí, hækkun innflutningsgjalds af bifreiðum í maí og hækkun söluskatts í okt., helsta ástæða þess að innheimtar tekjur ríkissjóðs í ár eru nú áætlaðar nálægt 36 milljörðum eða um 6.6 milljörðum hærri en í fjárl. 1974. Auk þess má nefna að tekjur einstaklinga hækkuðu mun meira á árinu 1973 en ætlað var í fjárlagaáætluninni.

Hækkun óbeinna skatta, einkum söluskatts og tolltekna, umfram áætlun fjárl. er fyrst og fremst afleiðing hinnar miklu eftirspurnarþenslu, sem einkennt hefur efnahagsþróun liðandi árs og birtist í vaxandi verðbólgu og geigvænlegum halla í viðskiptum við útlönd. Nú er áætlað að þjóðarframleiðsla aukist um 3.5—4% og þjóðarútgjöld um 7—8% að magni frá síðasta ári, en hins vegar er búist við minnkun þjóðartekna vegna versnandi viðskiptakjara við útlönd. Þetta mun leiða til halla á viðskiptajöfnuði sem gæti numið 12—13 milljörðum kr. eða rúmlega 9% af þjóðarframleiðslunni. Að hluta er þessi halli vegna innflutnings varanlegra fjármuna sem innflutningur fjármagnsins fylgir, en gjaldeyrisstaðan gæti þó rýrnað um 6000—6500 millj. kr. á núv. gengi. Tolltekjur ríkissjóðs í ár eru af innflutningi sem er umfram það sem samrýmst getur traustri stöðu þjóðarbúsins út á við við núverandi aðstæður. Verðbólgan hefur farið vaxandi það sem af er árinu, bæði vegna óvenjumikillar hækkunar innflutningsverðs og einnig í kjölfar kjarasamninga á s. l. vetri. Benda síðustu áætlanir til að vísitala framfærslukostnaðar verði um 43% hærri að meðaltali í ár en í fyrra.

Hækkun kauplags og verðlags umfram forsendur fjárl. hefur að sjálfsögðu ýmis óbein áhrif á útgjöld ríkissjóðs umfram hækkun beinna launaútgjalda, sem áður var getið. Má þar nefna bætur lífeyristrygginga, sem beint eru tengdar almennu kauplagi, og útgjöld sjúkratrygginga, sem einnig fylgja almennri verðlagsþróun. Hækkun þessara liða í ár umfram fjárlög mun nema um 1 400 millj. kr. Önnur óbein áhrif verðlagsbreytinga, m. a. vegna gengislækkunar og hækkunar söluskatts og áhrifa búvöruverðshækkunar á útflutningsuppbætur, má meta a. m. k. 700 millj. kr. á árinu.

Til viðbótar þessum áhrifum kauplags- og verðlagsbreytinga má nefna áhrif sérstakra ákvarðana, sem teknar voru á árinu. Munar þar mest um auknar niðurgreiðslur vöruverðs og í minna mæli fjölskyldubætur. Í fjárl. var miðað við að báðir þessir liðir yrðu lækkaðir frá því sem var um áramótin, en síðar var fallið frá þeirri ákvörðun. Í stað þess voru niðurgreiðslur stórauknar í maí s. l. í tengslum við setningu brbl. um viðnám gegn verðbólgu. Í okt. voru niðurgreiðslur lækkaðar nokkuð, en jafnframt voru fjölskyldubætur hækkaðar, en á síðasta sumri var gerð kerfisbreyting á greiðslu fjölskyldubóta, sem fól í sér útgjaldalækkun fyrir ríkissjóð. Nú er ætlað, að niðurgreiðslur og fjölskyldubætur nemi í ár um 3000 millj. kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárl.

Ýmsir markaðir tekjustofnar hækka frá fjárlagaáætlun og má þar minna á hækkun launaskatts um 1%, sem öll rennur í Byggingarsjóð ríkisins.

Útgjöld til vegamála munu einnig verða mun hærri en samkv. fjárl., ekki síst vegna mikilla verðlagshækkana á árinu. Samtals gætu markaðir tekjustofnar og útgjöld til vegamála farið um 1 700—1 800 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga.

Af útgjöldum umfram fjárlög í ár er enn ótalin notkun fjárlagaheimilda og ýmsar umframgreiðslur, samtals að upphæð um 900 millj. kr.

Sú endurskoðaða áætlun um útgjöld ríkissjóðs á árinu 1974, sem hér hefur verið rakin, felur í sér nálægt 7600 millj. kr. hækkun eða 26% útgjaldaauka frá niðurstöðutölum fjárlaga ársins og verða heildarútgjöld í ár samkvæmt þeirri áætlun því um 37 milljarðar kr.

Við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1975 hafa eftirfarandi meginforsendur verið lagðar til grundvallar að því er varðar kaupgjald, verðlag og aðrar forsendur er máli skipta: Laun eru miðuð við gildandi kjarasamninga og þar með grunnlaunahækkanir, sem taka gildi 1. des. n. k. og 1. júní 1975. Einnig er tekið tillit til láglaunabóta

í samræmi við brbl. frá sept. s. l. og gildandi kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig, Við ákvörðun annarra rekstrarliða hefur verið miðað við verðlag í lok sept., þannig að þar er tekið tillit til áhrifa gengisbreytingarinnar í byrjun sept., og einnig eru áhrif söluskattshækkunarinnar frá 1. okt. og annarra gjaldahækkana sem orðið hafa á árinu, svo sem á bensingjöldum og verðjöfnunargjaldi rafmagns, komin inn í útgjaldaáætlanir

Tekjuáætlunin er í meginatriðum miðuð við sömu kaup- og verðlagsforsendur og hér hafa verið raktar. Skattvísitalan hækkar um 45%, en auk þess er tekjuskattur einstaklinga lækkaður um 500 millj. kr. og er það liður í endurskoðun skatta- og tryggingakerfisins. Gert er ráð fyrir lækkun tolla frá 1. jan. n. k. í samræmi við aðildarsamning við EFTA og viðskiptasamning við EBE og nokkurri aðlögun annarra tolla vegna þessara breytinnga. Loks er reiknað með að þjóðarútgjöld aukist um 19—20% í peningum, en að þau verði óbreytt að magni frá 1974 og almennur vöruinnflutningur aukist um 20%.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi nema 44 milljörðum 752 millj. kr., en voru 29 milljarðar 402 millj. kr. í fjárlögum 1974, og er hækkunin 15 milljarðar 350 millj. kr. eða 52.2%. Séu borin saman frv. áranna 1974 og 1975 verður hækkunin 17 milljarðar 315 millj. kr. eða 63.1%. Af tölu fjárlagafrv. nema markaðir tekjustofnar 6 milljörðum 190 millj. kr. á móti 3 milljörðum 295 millj. í fjárlögunum 1974. Er hækkun þessara stofna 2 milljarðar 895 millj. eða 87.9%. Hækkun ríkisútgjalda án markaðra tekjustofna er þannig 12 milljarðar 456 millj. kr. eða 47.7%. Af einstökum mörkuðum tekjustofnum hækka þessir mest: Vegasjóðsútgjöld um 963 millj. kr., launaskattur til Byggingarsjóðs ríkisins 767 millj. kr., atvinnurekendagjald til Tryggingastofnunar ríkisins 427 millj., verðjöfnunargjald rafmagns 370 millj., árgjald til Byggðasjóðs 284 millj., ýmsir aðrir markaðir tekjustofnar 84 millj. kr., samtals 2 milljarðar 895 millj. kr.

Hækkun eiginlegra ríkisútgjalda, þ. e. án markaðra tekjustofna, er sundurliðuð í yfirliti á bls. 152 í fjárlagafrv. og vísast til þess. Má vekja athygli á því að almannatryggingar, laun og niðurgreiðslur og markaðir tekjustofnar valda tæplega 70% heildarhækkunar ríkisútgjalda frá fjárl. 1974.

Sé litið á yfirlitið á bls. 152 má sjá að hækkun hinna ýmsu útgjaldaliða er ærið misjöfn. Sérstakar skýringar eru fyrir hendi varðandi hækkunarhlutföll, er víkja verulega frá meðalhækkuninni, sem er 52.2%, eins og áður var sagt. Þannig er 35% hækkun launaliðar ekki raunhæf, þar sem í fjárlögum 1974 voru veittar 400 millj. kr. til væntanlegra kjarasamninga, en hin raunverulega hækkun frá þeim töxtum, er giltu við afgreiðslu fjárlaga, er 43.8%.

Liðurinn önnur rekstrarútgjöld hækka nokkuð umfram verðhækkun eða um 86.2% miðað við 60—65% meðalverðhækkun þessa kostnaðarliðar. Helstu skýringar eru í því fólgnar, að í samræmi við reynslu fyrri ára var talið nauðsynlegt að hækka framlög vegna sérstakra laga og heimilda verulega á þessu fjárlfrv. Olíuverðhækkun, sem verið hefur langt umfram meðalhækkun verðlags, kemur á þennan lið. Leiðrétting á færslu í fjárl. 1974 vegna Orkustofnunar veldur umtalsverðri hækkun, sem er hreint bókhaldsatriði, og prentkostnaður, sem fólginn er í þessum kostnaðarlið, hefur hækkað mun meira en almennt verðlag. Séu þessir þættir frátaldir verður meðalhækkun annarra rekstrargjalda 65.7% eða lítillega umfram kostnaðaraukningu.

Viðhaldsliður hækkar um 89%, einkum vegna vegaviðhalds, sem í ár mun fara langt fram úr fjárlagaáætlun og er nálægt þeirri tölu, sem áætluð er í fjárlfrv. 1975, og ástæða hefur þótt til að gera nokkurt átak í viðhaldi skólamannvirkja af brýnni nauðsyn. Að þessu tvennu frátöldu verður hækkun viðhaldsliðar 62.6% eða í samræmi við kostnaðarhækkun.

Hin mikla hækkun á yfirfærslum til fyrirtækja og atvinnuvega eða 100% skýrist af aukningu niðurgreiðslna, og yfirfærslur til einstaklinga og samtaka, sem hækka um 113%, eiga rætur að rekja til sérstaks fjárlagaliðar til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum að upphæð 500 millj. kr., en óráðið er hvernig eða hvort þar verður um raunveruleg útgjöld að ræða.

Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 29.6% sem er undir verðlagshækkun, og er það í samræmi við þá stefnu í fjármálum ríkisins að stilla framkvæmdum í hóf og forðast samkeppni um vinnuafl við útflutningsatvinnuvegina án þess að það komi niður á mikilvægustu framkvæmdunum eða atvinnuöryggi landsmanna sé stefnt í voða. Hér er um að ræða nokkra magnminnkun.

Loks hækka yfirfærslur til sveitarfélaga um 17.9%, en meginskýringin á svo lágri hlutfallshækkun er sú að sérstökum hafnarframkvæmdum í Grindavík og Höfn í Hornafirði verður lokið á yfirstandandi ári.

Ég mun þá víkja að skiptingu fjárveitinga skv. 4. gr. frv. til ráðuneyta og einstakra stofnana sem þeim tilheyra.

Æðsta stjórn ríkisins hækkar um samtals 54.7 millj. og er þar að mestu um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða. Embætti forseta Íslands hækkar um 6.5 millj. kr., hækkun vegna Alþ. er 30.9 millj. kr., vegna ríkisstj. um 5.5 millj. og hæstaréttar 4.3 millj. kr. Undir liðnum ríkisstjórn eru nú laun bifreiðastjóra ráðh. og rekstrarkostnaður bifreiðanna, samtals 7.5 millj., en þessi útgjöld vou áður færð á einstök ráðuneyti.

Kostnaður við forsrn. og stofnanir, er undir það heyra, hækkar um 741.7 millj. kr. og munar þar langmest um framlög í Byggðasjóð, sem hækka um 724.4 millj og verða samtals 877 millj. kr. Hækkun á beinu framlagi ríkissjóðs er 440 millj. og hækkun álgjalds er 284.4 millj kr. Þá er framlag til Þjóðhagsstofnunar 17.2 millj., en niður fellt framlag til Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem var 11 millj. í fjárl. 1974, og er nettóhækkun þannig 6.2 milljarðar. Lög um Framkvæmdastofnun eru nú í endurskoðun. Hækkun á öðrum fjárlagaliðum forsrn. eru samtals 11.1 millj. kr., þ. e. aðalskrifstofa rn., embætti húsameistara ríkisins og þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. var því lýst yfir að Byggðasjóður skyldi efldur. Í samræmi við þessa stefnu eru framlög til Byggðasjóðs nú aukin, eins og áður er sagt, úr 153 millj. kr. á fjárl. 1974 í 877 millj. kr. með þessu frv. Framlög til sjóðsins nema 2% af útgjaldahlið frv. Verkefni Byggðasjóðs verða endurskoðuð á næstunni í því skyni að samræma aðgerðir í byggðamálum og til þess að tryggja sem besta nýtingu þess fjár, sem til þeirra er varið. Í framtíðinni er nauðsynlegt að með fjárlfrv. fylgi ítarleg greiðsluáætlun Byggðasjóðs fyrir næsta ár, þar sem grein sé gerð fyrir eigin ráðstöfunarfé sjóðsins og skýrt frá áformum um lántökur og lánveitingar hans á næsta ári eftir verkefnum og landssvæðum. Þessari grg. ætti að fylgja forgangsröð og rökstuðningur útlánafyrirætlana. Þessar upplýsingar eru mun mikilvægari fyrir Alþ. nú en áður þar sem framlög til sjóðsins hafa verið stóraukin og nauðsynlegt að fjárráðstöfun á vegum sjóðsins sé samræmd fjárlagaákvörðun í heild.

Ekki liggur ljóst fyrir enn hver skuli vera verkefni Byggðasjóðs. Sýnist ekki óeðlilegt að fé sjóðsins verði að verulegu leyti varið til landshlutaáætlana, jafnt til samgöngubóta sem til uppbyggingar atvinnulífsins, enda brýn nauðsyn á að slíkt haldist í hendur.

Fjárlagaliðir menntmrn. hækka um 2 milljarða og 19 millj. kr. Yfirstjórnin hækkar um 56 millj., einkum vegna aðalskrifstofu, 33.2 millj. kr., en þar verður nokkur starfsliðsaukning og innréttingakostnaður vegna nýs leiguhúsnæðis. Nettóhækkun við fræðsluskrifstofur samkvæmt nýju grunnskólal. nemur 13.3 millj. kr. og er þá gert ráð fyrir að ⅓ hluti kostnaðar skv. ákvæðum l. um fræðsluskrifstofur komi til framkvæmda á árinu 1975. Framkvæmd sundskyldu í skólum hækkar um 8.2 millj. kr. og nettóhækkun á öðrum liðum undir yfirstjórn er 1.3 millj. kr. Kostnaður við fræðslumál eykst um 1 milljarð 798.5 millj. kr.

Rekstrarkostnaður barna- og gagnfræðaskóla hækkar um 836.6 millj. kr., þar af kostnaðarauknig vegna nýju grunnskólalaganna 130.9 millj. kr. Byggingarframlög til þessara skóla hækkar um 141.6 millj. kr. og verður 800 millj. kr.

Framlag til háskólans hækkar um 174.9 millj. og verður í heild 560 millj. kr., þar af 490 millj. til rekstrar. Fjölgar þar starfsliði um 17. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 119.4 millj. og er það byggt á till. menntmrn., en till. sjóðsstjórnar bárust ekki í tæka tíð. Með þessu verður heildarframlag til Lánasjóðs 606 millj. kr. Lög um lánasjóð námsmanna eru nú í endurskoðun og koma væntanlega til afgreiðslu Alþ. fyrir 3. umr. fjárl. Sýnist full ástæða til þeirrar endurskoðunar og taka verður tillit til þeirrar afgeiðslu við endanlega ákvörðun fjárveitingar.

Kostnaður við menntaskóla eykst um 122.2 millj. kr. og við héraðsskóla um 72.9 millj. kr. Þá hækkar framlag til jöfnunar á námskostnaði um 25 millj. kr. og verður í heild 100 millj. kr. Önnur fræðslumálaútgjöld aukast um samtals 305.9 millj. kr.

Kostnaður við söfn, listir og aðra menningarstarfsemi eykst um 164.7 millj., þar af Þjóðleikhús 49.9 millj., listir, framlög, 24.3 millj. Íþróttasjóður 20.6 millj. og aðrir liðir samtals 69.8 millj. kr.

Kostnaður við utanríkisþjónustuna hækkar um 204 millj. kr., þar af sendiráðin 84.8 millj., alþjóðastofnanir 56.3 millj., aðalskrifstofa utanrrn. 34.1 millj. og löggæsla á Keflavíkurflugvelli 28.8 millj. kr. Kostnaðaraukning við utanríkisþjónustuna skýrist að miklu leyti af verðlagshækkunum og þó einkum gengisfellingunni í byrjun september. Þó er um að ræða sérstaka aukningu á framlagi til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, 42.7 millj., og gert er ráð fyrir að verja 13 millj. kr. til bygginga og viðgerða á sendiráðshúsinu í Bonn. Loks er gert ráð fyrir nokkurri fjölgun lögreglumanna og tollvarða á Keflavíkurflugvelli.

Framlög til viðfangsefna á sviði landbrn. hækka um 849.6 millj. og eru þar þyngstir á metunum tveir liðir, þ. e. a. s. uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 316 millj. kr., en þessar uppbætur hafa reynst vanmetnar á fjárl. 1974, og framlag til landgræðsluáætlunar 200 millj. skv. samþykkt Alþ. frá því í sumar. Framlag til Stofnlánadeildar landbúnaðarins hækkar um 81 millj. og jarðræktarframlög um 48.7 millj., en hvort tveggja byggist á sérstökum lögum. Kostnaður við önnur landbúnaðarmál hækkar um samtals 203.9 millj. kr. Kostnaður við málefni sjútvrn. eykst um 346 millj. kr., þar af vegna Hafrannsóknastofnunar 102 millj. kr., einkum vegna áhrifa kjarasamninga og hækkunar olíuverðs. Framlag til Fiskveiðasjóðs hækkar um 102 millj. kr. og er þar um að ræða mótframlög móti útflutningsgjaldi. Framlag til Aflatryggingasjóðs hækkar um 48.2 millj. Kostnaður við önnur viðfangsefni sjútvrn. hækkar um samtals 73.3 millj. kr.

Framlög til verkefna dóms- og kirkjumrn. hækka um alls 688.3 millj. kr. Munar þar mestu um kostnaðarhækkun við landhelgisgæslu, 227 millj. kr., og embætti lögreglustjórans í Reykjavík, 152.8 millj. kr. Áhrif kjarasamninga og aukinn útgerðarkostnaður af völdum olíuverðshækkunar eru meginorsök hækkunarinnar hjá Landhelgisgæslu, auk þess eykst skipakostur stofnunarinnar í byrjun næsta árs. Hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík er hækkunin, fyrir utan almennar kaup- og verðlagshækkanir, afleiðing fjölgunar í lögregluliði um 18 manns, en hefur ekki orðið þar í nokkur ár. Kostnaður við embætti sýslumanna og bæjarfógeta hækkar um samtals 129.4 millj. kr., einkum af völdum almennra kaup- og verðlagshækkana, og heildarhækkun á öðrum liðum á sviði dóms- og kirkjumrn. nemur 179.1 millj. kr.

Framlög til málefna á sviði félmrn. hækka um 873.1 millj. kr., að mestu vegna framlaga í Byggingarsjóð ríkisins af mörkuðum tekjustofnum eða um 786.3 millj. Er þar um að ræða hluta sjóðsins af launaskatti, sem var tvöfaldaður á árinu, og af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum. Þar hækkar framlag til Byggingarsjóðs verkamanna um 50 millj. kr. og önnur framlög samtals um 36.8 millj.

Málefnaflokkur heilbr.- og trmrn. hækkar um 4 milljarða 107.6 millj., þar af framlög til almannatrygginga 3 milljarðar 791.6 millj., bygg-

ing sjúkrahúsa, læknisbústaða og heilsugæslustöðva 136.1 millj. og bygging ríkissjúkrahúsa 34.8 millj. kr. Aðrir liðir hækka um samtals 145.1 millj.

Framlög til almannatrygginga hækka mest einstakra liða í þessu fjárlfrv. og er þar um að ræða framlög til lífeyristrygginga, sjúkratrygginga, slysatrygginga, auk atvinnuleysistrygginga. Bætur lífeyristrygginga skulu samkv. lögum hækka til samræmis við kaupgjald, og sem kunnugt er ákvarðast framlög til sjúkratrygginga á grundvelli daggjalda á sjúkrahúsum. Verulegar hækkanir hafa orðið í báðum þessum flokkum síðan fjárlög 1974 voru afgreidd. Þess ber sérstaklega að geta að fjölskyldubætur eru hér áætlaðar 20. þús. kr. með hverju barni til 1. júní 1975 þegar gildistíma ákvæða brbl. frá 1. sept. lýkur en eftir það er miðað við að þær lækki til fyrra horfs, þ. e. a. s. 15 þús. kr. með hverju barni.

Með framangreindum hækkunum til sjúkrahúsbygginga verður varið til þeirra samtals 431.2 millj. kr. og eru elliheimili þá meðtalin. Auk þess verður varið 178 millj. kr. til byggingar ríkissjúkrahúsa, þar af 190 millj. kr. til geðdeildarbyggingar við Landsspítalann. Nákvæmur listi yfir fjárveitingar til einstakra sjúkrahúsa verður sendur fjvn.

Skv. fjárlfrv. hækka framlög til málefna á sviði fjmrn. um 309.5 millj. kr. Þess ber að geta við þennan samanburð, að vaxtagreiðslur af ríkissjóðslánum, sem voru 411.8 millj. kr. í fjárl. 1974, eru nú fluttar á fjárlaga- og hagskýrslustofnun og fjárveiting upp í væntanlega kjarasamninga, sem var 400.9 millj., er felldur niður. Að þessum liðum frátöldum er hækkunin 1 milljarður 122.2 millj., þar af 500 millj. kr. til ráðstafana í kjara- og verðlagsmálum skv. síðari ákvörðun, 149.3 millj. kr. vegna uppbótar á lífeyri og 145 millj. kr. vegna sérstakra laga og heimildarlaga, en reynslan hefur leitt í ljós eins og ég áður sagði að nauðsyn er á að hækka þennan lið verulega. Þá hækkar kostnaður við toll- og skattheimtu, þar með taldar skattstofur, samtals um 100.9 millj. kr. Gert er ráð fyrir 40 millj. kr. framlagi til byggingar skrifstofuhúsnæðis fyrir ýmsar ríkisstofnanir, sem nú eru í leiguhúsnæði. Og heildarhækkun á öðrum gjaldaliðum fjmrn. nemur 187 millj. kr.

Kostnaðarliðir á vegum samgrn. hækka samtals um 1 milljarð 478.1 millj. kr. og vegur vegagerð þar þyngst, en framlög til þessa málaflokks hækka um 1 milljarð 195.3 millj. kr. miðað við fjárlög 1974. Heildargjöld vegagerðar eru í samræmi við vegáætlun þá er lá fyrir síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu þá. Þess ber að gæta að kostnaður við vegagerð mun fara mjög fram úr áætlun í ár og má raunar ætla að heildarkostnaður verði svipaður í krónutölu og gert er ráð fyrir í frv. ársins 1975. Af heildarkostnaði við vegagerð, 3 milljörðum 240.2 millj. kr., eru 2 milljarðar 239.6 millj. eða 69.1% fjármagnað með föstum tekjustofnum, þ. e. a. s. bensíngjaldi, bifreiðaskatti og gúmmígjaldi, 618 millj. eða 19.1% með lántökum og 382.6 millj. eða 11.8% með beinu ríkissjóðsframlagi. Þessu til viðbótar stendur ríkissjóður undir endurgreiðslu lána vegna vegagerðar að fjárhæð 654 millj. kr. og er það nokkru meiri fjárhæð en ríkissjóður hefur í tekjur af innflutningsgjaldi af bifreiðum sem áætlaðar eru 635 millj. kr. á árinu 1975. Helstu hækkunarliðir aðrir hjá samgrn. eru vegna landshafna 132.6 millj kr. þ. e. framkvæmdir 107 millj. og lánagreiðslur 29.2 millj., flugmálastjórn 109 millj. kr. og vegna almennra hafnarmannvirkja og lendingarbóta 89 millj. kr., en samtals verður varið 533 millj. kr. til þessa verkefnis. Af öðrum liðum kemur fram 51.7 millj. kr. nettólækkun, þar sem framlög til sérstakra hafnarframkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði falla niður eins og áður sagði .

Framlög til málefna iðnrn. hækka samtals um 749.2 millj. kr. Mest er hækkunin til orkumála eða 570.1 millj. kr. sem skiptast þannig að verðjöfnunargjaldið, sem er markaður tekjustofn, hækkar um 370 millj. kr. skv. nýjum lögum, framlög til Orkustofnunar um 106 millj. kr., eiginfjárframlag til Landsvirkjunar 62 millj. kr. og önnur framlög til orkumála hækka um 32.1 millj. Útgjöld vegna iðnaðarmála og yfirstjórnar aukast um 179.1 millj,. þar af framlög til þangverksmiðju á Reykhólum 100 millj. og kostnaður við vélakaup og innréttingar húsnæðis prentsmiðjunnar Gutenberg hækkar um 27 millj. kr. Á öðrum fjárlagaliðum, sem tilheyra iðnrn., verður samtals 52.1 millj. kr. hækkun.

Kostnaður við málefnasvið viðskrn. hækkar um 2 milljarða 183.5 millj., að mestum hluta vegna niðurgreiðslna, en þær hækka um 2 milljarða 170 millj. kr. Samtals verða niðurgreiðslur á vöruverði innanlands 3 milljarðar 534 millj. kr. skv. þessu fjárlfrv. og er við það miðað að frá 1. júní 1975, þegar ákvæði brbl. frá 24. sept. falla úr gildi, verði þær lækkaðar um 12.5% af heildarkostnaði, en það nemur 350 millj. kr. það sem eftir er ársins. Aðrir liðir á sviði viðskrn. hækka samtals um 13.5 millj. kr.

Kostnaður við Hagstofu Íslands eykst um 13.2 millj. og við ríkisendurskoðun um 11.8 millj. kr., hvort tveggja að mestu vegna eðlilegra launa- og verðhækkana.

Loks kemur fram 721 millj. kr. hækkun á málefnum fjárlaga- og hagsýslustofnunar, en meginhluti þeirrar hækkunar stafar af tilfærslu vaxtagreiðslna af lánum ríkissjóðs á þessa stofnun eða 712.4 millj. Hækkar sá fjárlagaliður um 300.6 millj. kr. frá fjárlagatölu 1974. Kostnaður við fjárlaga- og hagskýrslustofnun hækkar að öðru leyti um 8.6 millj. í samræmi við hækkun kaups og verðlags.

Þær framkvæmdir, sem tilheyra A-hluta fjárlaganna og fjármagna skal með lántökum, eru innifaldar í þeim tölum, sem raktar hafa verið hér að framan, en rétt er að gefa heildarmynd af framkvæmdum í A- og B-hluta sem fjármagnaðar verða með lánum.

Lántökur til vegaframkvæmda eru áætlaðar 618 millj. kr., en voru 500 millj. á fjárlögum 1974. Til hafna eru áætlaðar lántökur 210 millj., voru 308 millj. í fjárl. yfirstandandi árs. Orkurannsóknir verða ekki gerðar fyrir lánsfé 1975, en 1974 var gert ráð fyrir 74 millj. kr. lántöku til þeirra verkefna. Engar lántökur voru til þangverksmiðju í fjárlfrv. 1974, en gert ráð fyrir að þær nemi 100 millj. kr. á næsta ári. Skv. fjárl. 1974 var gert ráð fyrir 680 millj. kr. lántöku til Rafmagnsveitna ríkisins og rafvæðingar í sveit-

um. Áætlun um lán til þessara viðfangsefna á árinu 1975 nemur 720 millj. kr. Lántökur til Jarðborana ríkisins eru fyrirhugaðar 313 millj. á árinu 1975, en voru 53 á árinu 1974. Gert er ráð fyrir 300 millj. kr. láni 1974 til stofnlínu milli Suður- og Norðurlands, en gert er ráð fyrir að lántaka 1975 nemi 250 millj. kr. Lántaka til Kröfluvirkjunar er áformuð 100 millj. kr. Ekki eru sérstakar lántökur áformaðar til Laxárvirkjunar á árinu 1975.

Fjárlagafrv. gerir því ráð fyrir að lántökur nemi 2 milljörðum 311 millj. kr. Í fjárl. 1974 var þessi tala 2 milljarðar og 15 millj. kr.

Þess ber að gæta, að lánsfjáröflun mun hækka allverulega á árinu 1974 frá tölum fjárlaga. Enda þótt ekki liggi fyrir nákvæm niðurstaða þeirra mála nú, m. a. vegna þess að framkvæmdartímabilinu er ekki lokið, er þó ljóst að þegar hefur verið tekið erlent lán að fjárhæð 500 millj. kr. til að standa undir hluta af umframgjöldum vegagerðar. Er því sýnilegt, að fjáröflun í ár mun fara fram úr tölum fjárlfrv. fyrir árið 1975.

Um skýringar á einstökum framkvæmdaliðum vísast að öðru leyti til aths. með fjárlfrv.

Leitað er nauðsynlegra lántökuheimildar í 6. gr. frv. Þá er í 6. gr. frv. leitað ýmissa heimilda til greiðslna og ábyrgða. Í flestum tilfellum er hér um að ræða heimildarákvæði, sem áður hafa verið í fjárlögum og því þm. kunn. Þess er þó að geta, að leitað er heimildar til að leggja 25 millj. kr. upp í hlut ríkissjóðs í væntanlegu félagi um hitaveitu á Suðurnesjum, en eins og fram hefur komið er áformað að ríkissjóður gerist aðili að hitaveitu Suðurnesja og mun væntanlegt frv. þar að lútandi. Þá er leitað heimilda þess að leggja fram 30 millj. kr. sem helming hlutafjár ríkissjóðs í Herjólfi hf. vegna kaupa á Vestmannaeyjaferju.

Tekjuáætlun fjárlfrv. er reist annars vegar á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á árinu 1974 og hins vegar á ákveðnum þjóðhagsforsendum fyrir árið 1975, aðallega þeirri forsendu að almenn þjóðarútgjöld, þ. e. a. s. neysla og fjárfesting án skipa og stórvirkjana, verði óbreytt að magni frá 1974.

Heildartekjur á rekstrarreikningi nema 45 milljörðum 265 millj. kr., en námu 29 milljörðum 180 millj. kr. á fjárl. ársins 1974 og er hækkun tekna þannig 16 milljarðar 85 millj. kr. eða 55.1%. Tekjuáætlun ársins 1975 er hins vegar byggð á endurskoðaðri áætlun um innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1974, en skv. þeirri áætlun verða tekjur ríkissjóðs í ár tæplega 35.8 milljarðar eða 49% meiri en á árinu 1973. Hækkun á næsta ári er þannig áætluð 26.5%, en rúmlega 23% ef markaðir tekjustofnar eru undanskildir. Á árinu 1974 hefur hlutur beinna skatta í tekjum ríkissjóðs lækkað verulega frá því sem ráðgert var í fjárl. ársins, aðallega vegna lækkunar tekjuskatts og hækkunar söluskatts, sem ákveðin var í tengslum við kjarasamningana á s. l. vetri. Á næsta ári er gert ráð fyrir, að hlutdeild beinna skatta verði svipuð og í ár eða um 18.7% af heildartekjum.

Verður nú vikið að helstu tekjuliðum.

Persónuskattar, þ e. iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga, nema í heild 1 milljarði 293.5 millj. kr. og hækka um 426.7 millj. kr. frá fjárl. 1974, fyrst og fremst vegna hækkunar tryggingabóta frá samþykkt síðustu fjárlaga.

Tekjur af eignarsköttun eru áætlaðar 469.2 millj. eða nær 75 millj. meira en í fjárl. 1974. Álagður eignarskattur í ár reyndist nokkru meiri en áætlað var og á næsta ári má búast við frekari hækkun álagningar, bæði vegna aukningar álagningarstofns og verðbreytinga.

Innheimtur tekjuskattur einstaklinga að frá dregnum skattafslætti er áætlaður 5 milljarðar 781 millj. kr. á næsta ári, en var 5 milljarðar 806 millj. kr. í fjárl. líðandi árs. Á s. l. vetri voru hins vegar gerðar veigamiklar breyt. til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga. Álagður tekjuskattur í ár nam 4500 millj. kr. að teknu tilliti til útgreidds skattafsláttar, en var áætlaður nær 6300 millj. í fjárl. Í þeirri áætlun var reiknað með 25—26% hækkun nettótekna einstaklinga milli áranna 1972 og 1973, en hins vegar reyndist tekjuaukningin mun meiri eða um 33%. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1975 er hér áætlaður 7 milljarðar 130 millj. kr. og er þá miðað við 45% hækkun meðaltekna til skatts, 2% fjölgun framteljenda og skattvísitölu 145 stig miðað við 1974 100 stig og enn fremur að tekjuskatturinn verði lækkaður sérstaklega um 500 millj. sem liður í endurskoðun skatta- og tryggingakerfisins. Útgreiddur skattafsláttur er áætlaður 600 millj. kr. Persónufrádráttur einstaklinga hækkar úr 238000 í 345100 kr. og skattafsláttur úr 11000 í 15950 kr. Verða þannig tekjur einstaklinga að upphæð 424850 kr. tekjuskattsfrjálsar á næsta ári í stað 293000 kr. tekna nú í ár. Skattfrjálsar tekjur hjóna verða nú 648925 kr. í stað 447500 og hjón með eitt barn þurfa ekki að greiða skatt af 741000 kr. tekjum í stað 511000 kr. árið 1974.

Álagður tekjuskattur félaga reyndist nokkru hærri í ár en áætlað var eða 1093 millj. kr. í stað 1 milljarðs. Með tilliti til versnandi afkomu sjávarútvegs og óvissu um afkomu annarra atvinnugreina er spáð um 300 millj. kr. minni álagningu á næsta ári, en skv. því gæti innheimtur tekjuskattur félaga alls numið um 850 millj. kr.

Gjöld af innflutningi hækka um 3 milljarða 606 millj. kr. frá síðustu fjárl. og munar þar mest um hækkun almennra tolltekna 2 milljarðar 586 millj. kr. Meiri hluti þessara hækkana tolltekna verður á árinu 1974 eða sennilega nálægt 2 milljörðum kr. Stafar þetta bæði af hinum gífurlega innflutningi á árinu og eins af hinu, að tollhlutfall af innflutningi öðrum en olíu er hærra en búist var við vegna hins mikla bílainnflutnings. Að öðru leyti er hækkunin í samræmi við spána um rúmlega 20% verðmætisaukningu innflutnings á næsta ári, en það felur í sér nokkra magnminnkun frá árinu í ár. Tolltekjutap vegna þriðja áfanga tolllækkunar skv. samningum við EFTA og Efnahagsbandalagið og aðlögunar ytri tolla er lauslega áætlað 400 millj. kr., en ekki er hér reiknað með frekari breytingu á tollskrá.

Eins og áður var minnst á hefur bílainnflutningur verið mjög mikill í ár, og verða því tekjur af hinu sérstaka innflutningsgjaldi af bifreiðum langt umfram fjárlagaáætlun, auk þess sem gjaldið var hækkað í maí s. l. Á næsta ári má reikna með að dragi úr bílainnflutningi og er tekið tillit til þess. Eru tekjur leyfisgjalda áætl-

aðar 635 millj. kr. miðað við óbreytta gjaldskrá. Tekjur af bensíngjaldi eru áætlaðar hækka um 800 millj. kr. frá fjárl. 1974 til fjárlagafrv. 1975, fyrst og fremst vegna hækkunar gjaldsins um 6 kr. í sept. s. l. Talsverð óvissa ríkir hins vegar um það, hvaða áhrif hækkun bensínverðs að undanförnu mun hafa á bensínsölu á næsta ári.

Skattar af framleiðslu hækka um 281.4 millj. kr. frá fjárl. 1974 eða um 90 millj. frá endurskoðaðri áætlun 1974. Þessi hækkun verður öll á hluta Byggðasjóðs af álgjaldi vegna hækkunar álverðs á heimsmarkaði á þessu ári, en skv. samningi hækkar framleiðslugjald með hækkandi álverði. Miðað við núverandi markaðsskráningu óbreytta gæti hlutur Byggðasjóðs af álgjaldi numið um 337 millj. á næsta ári.

Skattar af seldum vörum og þjónustu nema nú 48% allra ríkistekna í stað 37.6% í fjárl. ársins 1974. Þetta er fyrst og fremst vegna skattkerfisbreytingar í mars s. l. í þá átt að draga úr skattlagningu tekna, en auka skattlagningu eyðslu. Í fjárlögum ársins 1974 var söluskattur áætlaður um 6 milljarðar og 700 millj. og var þá miðað við 11% almennan söluskatt. Vegna meiri veltuaukningar en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlagaáætlunar og vegna 4% söluskattsaukans í mars og 2% hækkunar söluskatts í okt. er innheimta söluskatts á árinu nú áætluð 10 milljarðar og 900 millj. kr. Á grundvelli þjóðhagsforsendna fjárlfrv. er spáð 17—18% hækkun álagningarstofns en að auki komi svo tekjur af 2% söluskattshækkuninni á heilu ári og einnig af 4% söluskattsaukanum, þannig að í heild er gert ráð fyrir 15 milljarða 844 millj. kr. tekjum af söluskatti á næsta ári, sem er 4 milljarða 944 millj. kr. hækkun frá árinu í ár.

Launaskattur var hækkaður úr 2.5% í 3.5% í apríl s. l. og rennur öll hækkunin til Byggingarsjóðs ríkisins. Af þessum sökum og einnig vegna mikilla launahækkana á árinu 1974 hækka tekjur af launaskatti úr 1200 millj. kr. í fjárl. 1974 í 2 milljarða 214 millj. kr. skv. fjárlfrv.

Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hækkar einnig nokkuð frá fjárl. 1974 eða um 542 millj. kr., fyrst og fremst vegna hækkunar áfengis- og tóbaksverðs fyrr á árinu.

Aðrir óbundnir skattar nema um 2 milljörðum 18 millj. kr. og hækka um nær 866 millj. frá síðustu fjárlögum. Munar þar mest um hækkun verðjöfnunargjalds af raforku í samræmi við ný lög um 13% gjald af smásöluverði. Er gjaldið áætlað 440 millj. á næsta ári, en var áður föst fjárhæð, 70 millj. kr. Bifreiðaskattur, þ. e. a. s. þungaskattur af dísilbifreiðum, hækkar til samræmis við hækkun bensíngjalds. Af öðrum tekjum, sem hækka verulega frá síðustu fjárl., má nefna sölu erlends gjaldeyris, stimpilgjald og þinglýsingargjald, sem samtals hækka um 348 millj. kr., en þessi hækkun hefur að miklu leyti orðið þegar á árinu 1974.

Hér að framan hefur verið getið helstu skatttekna ríkissjóðs, en skatttekjur eru samtals um 99% af heildartekjunum. Afgangurinn eru m. a. arðgreiðslur frá ríkisfyrirtækjum, sem ætlað er að hækki nokkuð á næsta ári, aðallega vegna aukinna tekna af Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli. Ýmsar tekjur aðrar hækka talsvert frá síðustu fjárlögum, aðallega vegna aukinna vaxtatekna.

Eins og fram kemur í grg. frv. er ekki reiknað með neinum verulegum breyt. á tekjuöflun ríkisins á næsta ári. Með tilliti til þess hve stutt er síðan núv. ríkisstj. var mynduð er þetta eðlileg forsenda fjárlagafrv. Gildandi skattalögum verður beitt eftir því sem kostur er í samræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj. í skattamálum. Þannig er reiknað með því, að skattvísitalan hækki um 45% eða jafnt og nú er spáð að nemi hækkun meðaltekna milli áranna 1973 og 1974. Auk þess eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga lækkaðar um 500 millj. Þessi lækkun er hugsuð til þess að greiða fyrir sameiningu algengustu bóta almannatrygginga og tekjuskattsins í einu tekjujöfnunarkerfi. En áformað er að undirbúa mikilvægt skref í þessa átt þegar á þessum vetri. Þessi ákvörðun auk 500 millj. kr. sérstakrar fjárveitingar til kjara- og verðlagsmála er að nokkru sprottin af samráði ríkisstj. við aðila vinnumarkaðarins í sept. s. l. til undirbúnings brbl. og l. um launajöfnunarbætur o. fl., en í 6. gr. þeirra laga er gefið fyrirheit þess efnis, að fjölskyldubætur skuli á gildistíma laganna vera kr. 20 þús. með barni að óbreyttum reglum eða samsvarandi ívilnun verði með öðrum hætti veitt barnmörgum fjölskyldum. Ákvarðanir um niðurgreiðslur ársins 1975 koma hér einnig til skoðunar.

Þessi atriði fjárlfrv. miða þannig að því að samræma stefnuna í skatta- og tryggingamálum ákvörðunum á sviði kjaramála og er mikilvægt að gott samkomulag náist um þessi málefni.

Með till. fjárlfrv. um tekjuskatt einstaklinga er einnig náð því marki að ekki sé lagður tekjuskattur á almennar launatekjur og raunar einnig að hlutfall beinna skatta einstaklinga af tekjum fyrra árs lækki nokkuð frá því sem er í ár eða úr 16.6% í 16.3% að óbreyttum forsendum. Vegna hinnar miklu tekjuhækkunar milli 1973 og 1974 er þó við því að búast að hlutfall beinna skatta á næsta ári af tekjum sama árs hækki nokkuð, en verði þó lægri en t d. ársins 1973. Hér kemur ekki síst til nauðsyn þess, að hafa stjórn á eftirspurn og eyðslu á næsta ári. Með hækkun skattvísitölu um 45% verða 1100 þús. kr. brúttótekjur tveggja barna fjölskyldu í ár tekjuskattslausar, miðað við venjulegan frádrátt frá tekjum til skatts: nettótekjur 830 þús. kr. Þetta mark gæti svo enn hækkað verði 500 millj. kr. lækkuninni beitt þannig, en enn er óráðið í smáatriðum hvernig þeirri lækkun verði háttað.

Fjmrn. hefur leyst frá störfum nefnd þá, sem undanfarin ár hefur unnið að athugun á tekjuöflun hins opinbera og skilaði m. a. skýrslu í nóvembermánuði 1973 og hefur nú lokið störfum sínum. Verður þessari athugun haldið áfram og fyrsta verkefnið að gera till. um framkvæmd þeirrar 500 millj. kr. lækkunar tekjuskatts sem frv. gerir ráð fyrir auk 45% hækkunar skattvísitölu. Þá yrðu í samráði við trmrn. gerðar till. um sameiningu tekjuskatts og helstu bóta almannatrygginga. Meginröksemdir fyrir samhæfingu og samræmingu tekjuskatts og tryggingabóta eru tvær: Í fyrsta lagi er með einu samfelldu kerfi auðveldara að ná þeim tekjujöfnun-

armarkmiðum sem að er stefnt. Í öðru lagi felur sameining í sér einföldun í framkvæmd bæði fyrir almenning og hið opinbera og gæti án efa leitt til sparnaðar í ríkisbúskapnum.

Hið nýja tekjujöfnunarkerfi mun tryggja þjóðfélagsþegnunum lágmarkstekjur. Fyrsta skrefið í þessa átt verður sameining fjölskyldubóta og tekjuskatts. Verður tekið til athugunar, hvort unnt er að framkvæma þá breytingu strax á þessum vetri. Með þessum hætti væri e. t. v. færður 1 milljarður króna úr millifærslu hins opinbera beint til heimilanna, sem hvort eð er ætlað að njóta þess fjár. Í kjölfar þessarar breytingar yrði sameining tekjuskatts og ýmissa bóta lífeyristrygginga könnuð.

Helsta vandamálið við undirbúning hins nýja samræmda skatta- og tryggingakerfis er hvernig haga skuli endurgreiðslum til þeirra, sem hafa lægri tekjur til skatts en hækkaðri persónuvilnun nemur. Réttmæt gagnrýni hefur komið fram vegna skattafsláttarkerfisins, sem tekið var upp við álagningu skatta á þessu ári, og þarf að ráða bót á þeim annmörkum. Ástæðulaust er að þeir njóti endurgreiðslna sem hafa lágar tekjur til skatts vegna afskrifta og annarra hliðstæðra ástæðna. Eins þarf að hafa framkvæmdarsjónarmið í huga. Vafalaust virðist, að með því að stefna í þá átt að fækka frádráttarliðum til skatts og einfalda tekjuhugtakið mætti í senn ná einfaldari framkvæmd og umfram allt lægri skatti af viðbótartekjum. Þessum efnum hefur nefndin, sem unnið hefur að athugun á tekjuöflun ríkisins, þegar gert nokkur skil og verður unnið áfram á þeim grundvelli. Við það verður miðað í þessu starfi, að ný heildarlöggjöf um tekjuöflun hins opinbera komi til framkvæmda á kjörtímabilinu.

Auk þeirra verkefna á sviði skattamála, sem þegar hafa verið nefnd, verður undirbúin ákvörðun Alþingis um, hvort taka skuli upp almennan virðisaukaskatt í stað söluskatts. Er þá sérstaklega haft í huga að skattar á íslenskri framleiðslu bæði til útflutnings og innlendrar sölu beint og óbeint séu ekki óhagstæðari en gerist í nágrannalöndum okkar. En það má heita helsta viðfangsefnið á sviði skattamálanna að finna sanngjarna og hagkvæma skattstofna í staðinn fyrir verndartollana sem hverfa smám saman úr ríkistekjunum fram til ársins 1980 samkv. samningum okkar við EFTA og Efnahagsbandalagið.

Nauðsynlegt virðist að huga náið að söluskattskerfinu, þegar söluskatturinn er orðinn jafnhár og raun ber vitni. Við hækkun skattsins eykst hætta á undandrætti. Jafnframt gætir í sívaxandi mæli áhrifa frá uppsöfnun skatts af fjárfestingu og aðföngum til óhagræðis innlendri framleiðslu í samkeppni við innflutning eða á mörkuðum erlendis. Verður nú þegar að taka til athugunar hvort til greina komi sem bráðabirgðalausn að innheimta t. d. aðeins hluta söluskatts af vélum. Uppsöfnun skatts má losna við með því að koma á virðisaukaskatti. Virðisaukaskattur er hins vegar ekkert töfraorð til lausnar öllum vanda. Þessi skattur hefur sína kosti og galla og er nauðsynlegt að fyrir Alþingi verði lagðar viðtækar upplýsingar um skattinn jafnhliða mótuðum till. um hvernig á málum skuli haldið.

Unnið verður að umbótum á innheimtukerfi skatta og stefnt í átt til staðgreiðslu skatta án þess að fyrir fram sé talið víst að staðgreiðsluskattkerfi að erlendri fyrirmynd henti hér að öllu leyti. Meginstefna við endurskoðun skattkerfisins er að tekjustofnum ríkisins verði fækkað og álagning og innheimta gjalda gerð einfaldari og umstangsminni bæði fyrir skattþegnana og ríkið. Þannig má minna á að sameining launaskatts og tryggingagjalda atvinnurekenda ætti ekki að vera erfitt viðfangsefni né hafa íþyngjandi áhrif á atvinnuvegina. Hins vegar fækkaði tekjustofnum nokkuð við slíka sameiningu og losna mætti við miklar skriftir bókhald og pappírsfargan.

Í framhaldi af samþykkt Alþ. nú í sumar á lögum um fjáröflun til vegagerðar er eðlilegt að slysatryggingariðgjald ökumanna verði fellt niður svo og skoðunargjöld bifreiða, en innheimta þessara tveggja gjalda hefur nú í för með sér að út verður að senda 70 þús. gjaldseðla.

Ötullega verður unnið að því að tryggja réttláta skatta með auknu skatteftirliti.

Á sviði skattamála skiptir og miklu að skýrari línur séu drengar í fjárhagsmálum sveitarfélaga. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. segir: „Réttarstaða landshlutasamtaka verði ákveðin og sveitarstjórnarlög endurskoðuð. Sveitarfélögum séu falin aukin verkefni og fjárhagslegur grundvöllur þeirra endurskoðaður til þess að tryggja sjálfstæði þeirra og framkvæmdagetu.“ Þessi sjónarmið munu að sjálfsögðu móta starfið við áframhaldandi endurskoðun tekjuöflunar hins opinbera í heild.

Skattakerfið þarf í senn að skila nægjanlegu fé til almenningsþarfa og ásamt almannatryggingakerfinu hafa áhrif á tekjuskiptingu þjóðarinnar í réttlætisátt án þess að verka lamandi á framtakssemi og vinnuvilja manna eða valda ósanngjarnri mismunun milli manna eða atvinnugreina. En skattkerfið á líka að geta gegnt hagstjórnarhlutverki. Það þarf að vera unnt að beita því, opinskátt til að hafa áhrif á eftirspurnar og athafnastigið í landinu. Til þess að þessu marki megi ná virðist athugandi hvort ekki sé rétt að skapa svigrúm í fjárlögum ár hvert til þess að breyta mikilvægum sköttum til lækkunar innan fjárlagaársins í hagstjórnarskyni. Forsenda þess, að þetta kæmi að gagni, er að sjálfsögðu sú, að slíkar skattbreytingar hefðu ekki áhrif á kaupgjaldsvísitölu. Svipaðar hugmyndir mætti og kanna á útgjaldahlið fjárlaga. Þetta verður athugunarefni næstu ára.

Fjármálastjórn ríkisins verður efld og yfirsýn tryggð yfir útgjöld og tekjur hins opinbera í heild og yfir lántökur og lánveitingar opinberra aðila og sjóða. Fjmrn. hlýtur að gegna forustuhlutverki á þessum vettvangi. Enn þarf að auka aðhald og eftirlit með útgjaldaáformum og útgjaldaþróun ríkisfyrirtækja, sérstaklega þarf að bæta gerð framkvæmdaáætlunar með fjárlögum. Vegáætlun þarf að falla með raunhæfum hætti inn í þann ramma og allar fjárfestingarákvarðanir ríkisfyrirtækja. Koma þarf á samræmdri skýrslugerð um framgang allra ríkisframkvæmda innan fjárhagsársins ekki sjaldnar en ársfjórðungslega.

Í stefnuræðu forsrh. kom fram að ríkisstj. hyggist beita sér fyrir því að binda innlenda lánastarfsemi og notkun erlends lánsfjár innan ramma heildaráætlunar um fjármagnsmarkaðinn. Hér væri um að ræða frekari útfærslu þeirra áætlana um útlán fjárfestingarlánasjóða og fjáröflun til þeirra sem gerðar hafa verið árlega undanfarin ár, en æskilegt er að slík áætlun fyrir 1975 verði gerð hið fyrsta. Hugmyndin að baki þessari áætlunargerð er að sjálfsögðu sú að fá með skipulögðum hætti yfirsýn yfir alla lánastarfsemina í landinu og freista þess að tryggja að þróun lánamarkaðarins sé í samræmi við heildarstefnuna í efnahagsmálum. Lántökur og lánveitingar ríkisins sjálfs gegna hér lykilhlutverki. Á næsta ári þarf að liggja fyrir um líkt leyti og fjárlagafrv. áætlun af þessu tagi. Til þess að koma þessu verki áleiðis þarf samvinnu og samráð yfirvalda og stofnana á sviði peninga- og lánamála og efnahagsmála. Markmiðið er að tryggja sem hagfeldasta nýtingu lánamarkaðarins innanlands og utan.

Í þessu sambandi er ástæða til þess að nefna lífeyrissjóðina sérstaklega. Lífeyrissjóðir hafa á síðustu árum orðið ein mikilvægasta uppspretta lánsfjár í landinu. Það er aðkallandi að hið ört vaxandi fjármagn sjóðanna beinist í auknum mæli til mikilvægra framkvæmda atvinnufyrirtækja og opinberra aðila og til félagslegra forgangsframkvæmda á sviði húsnæðismála. Jafnframt þarf að tryggja viðunandi ávöxtun þessa sparifjár almennings og getu sjóðanna til greiðslu lífeyris þegar að því kemur. Ríkisstj. vill vinna að lausn þessara vandamála í samvinnu við forsvarsmenn lífeyrissjóðanna og treystir því að finna megi samkomulagsleiðir sem allir aðilar geta sætt sig við.

Ríkisstj. hefur í dag lagt fram á Alþingi frv. til laga um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja. Í frv. þessu er kveðið svo á, að ríkisfyrirtækjum, sjóðum og stofnunum sé óheimilt að stofna til skulda, taka lán eða taka ábyrgð á skuld eða láni nema til þess sé heimild í lögum eða fjárl. eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi ráðuneytis og fjmrn. Frv. þetta er gagngert flutt til að veita þeirri óhæfu viðnám að einstök fyrirtæki ríkisins geti hlaðið upp skuldum án þess að viðkomandi ráðuneytum sé gert slíkt ljóst fyrr en í hreint óefni er komið. Veruleg skuldasöfnun fyrirtækja ríkisins án skýrrar lagaheimildar getur ekki talist í samræmi við heilbrigða fjármálastjórn. Jafnframt verður með þessum hætti betur tryggt að stjórnvöld sinni vandamálum þessara fyrirtækja fyrr en raun hefur orðið á að undanförnu. Traust fjármálastjórn ríkisins byggist m. a. á haldgóðum upplýsingum um hina ýmsu þætti ríkisfjármálanna bæði hjá ríkissjóði sjálfum og einstökum stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Þessar upplýsingar þurfa ekki aðeins að vera haldgóðar, heldur er einnig nauðsynlegt að þær séu aðgengilegar fyrirvaralítið allan ársins hring. Í þessu felast engin ný sannindi. Markmið lagabreytá árinu 1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga mótaðist einmitt að verulegu leyti af þeim sjónarmiðum, eins og segir í grg. með frv., að fjárlög og ríkisreikningur væru þannig úr garði gerð að þau þjónuðu sem best þörfum fjárveitingavalds og fjármálastjórnar, almennrar stjórnsýslu og hagstjórnar, þjóðhagsreikninga og hagsýslugerðar yfirleitt. Þessari stefnu mun verða fylgt fast eftir bæði við gerð fjárlaga og ríkisreiknings. Ríkisbókhaldið hefur á undanförnum árum lokið við A-hluta ríkisreiknings það snemma árs að unnt hefur verið að fá þm. hann í hendur fyrir þinglausnir. Jafnframt hefur ríkisbókhaldið lokið við B-hluta ríkisreiknings það tímanlega að unnt hefur verið að leggja fram ríkisreikning í heild fyrir fjárlagaumr. Ríkisbókhaldið hefur því nú þegar náð þeim árangri í starfi að á næsta ári ætti tölulegur samanburður milli fjárlagafrv. 1976 og ríkisreiknings 1974 að geta fylgt fjárlagafrv. Ríkisbókhaldið stefnir hins vegar að því að ríkisreikningur undanfarins árs geti verið fullbúinn í apríl. Til þess að ná þessum árangri er það mat ríkisbókara að vinna verði bókhaldsgögn í vaxandi mæli í skýrsluvélum og jafnframt að úrvinnsla fyrir einstaka ríkisaðila fari eftir sömu meginreglum. Fullyrða má að þessi stefna ríkisbókhaldsins mun skila mjög jákvæðum árangri, ekki aðeins við stjórn fjármála, peninga- og efnahagsmála, heldur einnig við þann eftirlitsþátt sem ríkisendurskoðunin annast. Með þessu skipulagi verður mun auðveldara að koma við samtíma endurskoðun bókhaldsgagna, en það verður að telja mikilvægt skref í átt til meira aðhalds í meðferð fjármuna ríkisins.

Nýir kjarasamningar við starfsmenn ríkisins tóku gildi 1. jan. s. l. Samningar þessir voru gerðir í samræmi við ákvæði laga um kjarasamninga starfsmanna ríkisins, nr. 46 1973. Sú meginbreyt. varð á tilhögun samninga, að áður var samið við einn aðila, þ. e. a. s. BSRB, en nú er samið við þrjú heildarsamtök starfsmanna og 35 einstök félög. Samningsgerð er tvíþætt. Annars vegar verður að semja við heildarsamtök starfsmanna og var þeim samningum lokið eða dómsniðurstaða í kjaradómi fengin fyrir 15. febr. Hins vegar þarf að semja við einstök félög innan heildarsamtakanna. Þeim samningum var að mestu lokið um miðjan júní. Samningar þessir gilda til 30. júní 1976. Auk þessara samninga þurfti að semja við fjölmarga hópa innan hinna einstöku félaga. Fyrir hönd ríkisins annaðist samninganefnd ríkisins í kjaramálum gerð samninganna og að auki sérstök vinnumálanefnd fyrir atvinnufyrirtækin undir forustu deildarstjóra launadeildar fjmrn. Öll þessi viðamikla samningagerð hafði að sjálfsögðu í för með sér gífurlegt vinnuálag í fjmrn. og þó sérstaklega hjá launadeild þess. Sérstökum vandkvæðum hafa og valdið þau ákvæði kjarasamningalaganna að samningarnir skyldu vera afturvirkir, þannig að endurreikna varð kjör starfsmanna um marga mánuði aftur í tímann.

Nokkrar umr. og jafnvel blaðaskrif hafa orðið um störf launadeildar og þann drátt sem orðið hefur á afgreiðslu launa samkv. samningum. Nú er það svo að afgreiðsla launa er mjög sérhæft starf og verður tímabundinni aukningu verkefna illa mætt með því einu að fjölga starfsliði. Launadeildin afgreiðir um 12% allra launagreiðslna í landinu og jafnframt hefur deildin það verkefni að túlka alla kjarasamninga ríkisins gagnvart viðsemjendum þess. Þegar litið er

á þau verkefni sem deildin hefur haft til úrlausnar í sumar og nú á haustmánuðum verður að telja það nær undravert hve miklu þeir 8 einstaklingar, sem þar hafa starfað að undanförnu, hafa komið í verk. Langflestir starfsmanna ríkisins fengu umsamdar kjarabreyt. sínar í hendur skömmu eftir gerð samninga. Þær tafir, sem orðið hafa, ber að harma. Þau samtök, sem hlut eiga að máli, hafa tekið þeim með stillingu og skilningi og ber að þakka slíkt.

Sú umfangsmikla samningagerð, sem ég hef nú greint frá, hlýtur að beina að því athygli, hve ríkið er orðinn umfangsmikill vinnuveitandi í landinu. Láta mun nærri að um 17 þús. einstaklingar fái nú í ár einhver laun greidd hjá launadeild ráðuneytisins, en auk þess fá margir starfsmenn ríkisins laun sín greidd annars staðar, t. d. allir starfsmenn Landsspítalanna. Starfsmenn á föstum mánaðarlaunum samkvæmt launakerfi ríkisins eru að sjálfsögðu miklu færri eða um 7500. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að starfsmönnum fjölgi um 113. Eru 53 þessara starfsmanna þegar í störfum hjá ríkinu. Það er ekkert álitamál að marka verður ákveðna stefnu um starfsmannahald ríkisins með það fyrir augum að draga úr kostnaði ríkisins og hafa hemil á starfsmannafjölgun. Jafnframt er eðlilegt og nauðsynlegt að ljóst sé hvaða skuldbindingar ríkið gengst undir gagnvart starfsmönnum sínum. Ríkisstj. mun því í dag leggja fram frv. til l. um eftirlit með ráðningu starfsmanna þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að fjölga starfsmönnum í þjónustu ríkisins nema að fengnu samþykki sérstakra trúnaðarmanna þings og ríkisstj. svo og að óheimilt sé að hafa menn að störfum á vegum ríkisins nema tilskildar greiðsluheimildir séu fyrir hendi. Þá er enn fremur gerð sú krafa að jafnan sé ljóst við ráðningu hvaða réttindi starfsmaður nýtur. Ákvæði eru um það í frv. að semja skuli árlega skrá um starfsmenn ríkisins sem birt verði með fjárlagafrv. Ég vil taka það fram að frv. þetta felur ekki í sér neina breyt. á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þau lög, svo og lög um lífeyrissjóði starfsmanna ríkiisns eru nú í endurskoðun. Nánar verður að sjálfsögðu gerð grein fyrir frv. við 1. umr. þess.

Eins og áður greinir miðast tekjuáætlun fjárlagafrv. 1975 í aðalatriðum við óbreytt kauplag og verðlag í sept. s. l., en þó er reiknað með áætluðum verðlagsáhrifum gengislækkunarinnar í ágústlok. Á næstu missirum eru fyrirsjáanlegar ýmsar frekari verðhækkanir auk þess sem þegar eru þekktar ýmsar verðhækkanir frá því í lok ágúst s. l. Hinn 1. okt. s. l. komu til greiðslu sérstakar launajöfnunarbætur, sem taldar voru jafngilda 6—6½% almennri kauphækkun, og á næsta ári gæti komið til frekari greiðslna slíkra uppbóta. Þessi atriði verða tekin til athugunar þegar tekjuáætlunin verður endurmetin í des. svo sem venja hefur verið. Vert er að hafa í huga að horfur um viðskiptajöfnuð á næsta ári eru mjög tvísýnar og ekki rétt að tefla á tæpasta vað. Verði niðurstaðan sú að hækkun tekna við endurskoðun nemi meiru en hækkun gjalda hlýtur að teljast eðlilegt að auka endurgreiðslu fyrstu spariskírteinanna úr ríkissjóði og greiðslu á væntanlegri yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum.

Að lokum er rétt að leggja á það áherslu að tekjuhlið fjárlaga er reist á þeirri meginforsendu að á árinu 1975 verði ekki aukning almennra þjóðarútgjalda að raunverulegu verðgildi og að ná þurfi traustu jafnvægi í fjárhag ríkissjóðs við þessi skilyrði og að leiðrétta reyndar jafnframt að nokkru þann halla, sem útlit er fyrir að verði hjá ríkissjóði í ár. Fari svo að þjóðarútgjöldin aukist meira en þessu nemur er hiklaust nauðsynlegt að hjá ríkissjóði myndist greiðsluafgangur. Fari hins vegar svo að um magnminnkun almennra þjóðarútgjalda yrði að ræða á næsta ári, sem þó er ekki gert ráð fyrir, hlýtur fjárhagsstaða ríkissjóðs að veikjast, enda virðist þá eðlilegt að beita ríkisfjármálum með þeim hætti, að svo miklu leyti sem greiðslustaðan við útlönd gerir það kleift.

Í heild er fjárlögum ársins 1975 ætlað að vera liður í þeirri heildarstefnu í efnahagsmálum að tryggja jafnvægi í þjóðarbúskapnum inn á við og út á við og varanlegt atvinnuöryggi í landinu. Í þjóðhagsforsendum frv. felst að nást ætti viðunandi jöfnuður í viðskiptunum við útlönd á árinu 1975, jafnframt því sem full atvinna héldist þótt dregið verði úr þeirri miklu spennu sem ríkt hefur um skeið.

Þær ráðstafanir í efnahagsmálum, sem ríkisstj. beitti sér fyrir á s. l. sumri og hausti, beindust að þeim geigvænlega vanda sem hér var fyrir hendi. Þær stefna að því að tryggja atvinnuöryggi og treysta stöðu þjóðarinnar til þess að standa við skuldbindingar sínar erlendis. Í þessu skyni varð að bæta afkomu atvinnuveganna, stöðva sjálfvirkar víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds, minnka almennan eftirspurnaþrýsting og styrkja stöðu ríkissjóðs og sveitarfélaga og hvers konar opinberra stofnana. Þetta þurfti jafnframt að gerast á þann hátt að það hefði sem minnst áhrif á kjör þeirra sem lakast voru settir.

Þær aðgerðir, er nú hafa verið framkvæmdar í efnahagsmálum, megna að sjálfsögðu ekki að ná að fullu þeim árangri sem að er stefnt. Sá árangur getur aðeins náðst á lengra tímabili og þá því aðeins að fylgt verði samræmdri heildarstefnu í efnahagsmálum sem miðar að viðtæku aðhaldi í öllum greinum. Fjárlögin eru eitt meginatriði slíkrar stefnu og það frv. sem hér er lagt fram er við það miðað.

Við eigum nú eins og margar aðrar þjóðir við tímabundna örðugleika í efnahagsmálum að etja, sem taka þarf á með festu og raunsæi. Fátt er þó svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Þannig stóreykur orkuverðshækkunin í heiminum framtíðarverðgildi íslenskra orkulinda, þótt um sinn valdi hún okkur búskelli. Íslenska þjóðin er vel menntuð og kann vel til verka og er rík af vinnuvilja og trú á framtíðina. Forsendur eru því góðar til þess að við getum haldið stöðu okkar eða jafnvel bætt hana í hópi þeirra þjóða, sem best eru settar í heiminum, þrátt fyrir harðnandi alþjóðasamkeppni. En við þurfum að kunna okkur hóf á líðandi stund.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég mega færa undirnefnd fjvn. þakkir fyrir störf hennar áður en til þings var komið og vonast

til þess að þau störf fjvn. nú verði með þeim hætti eins og að undanförnu að afgreiðslu þessa máls gæti lokið fyrir jól. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjvn. og 2. umr.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þegar hæstv. núv. menntmrh. var óbreyttur þm. lét hann oft í ljós að honum ofbyði vínveitingar sem ríkisstj. stæði að og í samræmi við hugsjón sína lét hann það verða sitt alfyrsta embættisverk sem ráðherra að afnema vínveitingar á vegum síns ráðuneytis. Þetta tókst allt vel til. Það fór hins vegar verr um hugsjón hæstv. núv. fjmrh. Hann hafði horft yfir víðara svið en hæstv. menntmrh. Hann hafði ekki beint hneikslun sinni sérstaklega að vínveitingum ríkisstj. sálugu, heldur að fjárveitingunum í heild. Honum ofbauð eyðsla þeirra sem réðu fyrir ríkissjóði og flutti fyrir um það bil ári frv. um að tekjur ríkissjóðs yrðu á árinu 1974 minnkaður um rúmlega 4 300 millj. kr., það ætti ekki aðeins að vera unnt, heldur auðvelt. Hæstv. ráðh. sagði — með leyfi hæstv. forseta — hinn 12. des. s. l. í þeim ræðustól, sem nú hefur verið fjarlægður úr þessum sal:

„Með samræmdri stefnu í efnahagsmálum, hagræðingu í ríkisrekstri hefði verið auðvelt að brúa þetta bil með sparnaði á vissum sviðum og minni framkvæmdahraða."

En það fór verr um þessa hugsjón en þá sem hæstv. núv. menntmrh. ól í brjósti. Fyrsta frv. hæstv. fjmrh. var ekki um sparnað í rekstri ríkisins og minnkaða tekjuþörf, heldur um hækkun söluskatts um 2%, 2000 millj. kr. tekjuaukningu á ári og aðrar ráðstafanir, sem auka tekjur ríkisins um milljarða króna. Það er ekki að undra að þeir, sem áttu að verja þessar aðgerðir í Morgunblaðinu, hafi séð sig tilneydda til að hrinda þeirri nýstárlegu kenningu af stokkunum hinn 11. sept. s. l. að skattar hægri stjórnarinnar séu engir venjulegir skattar, en í Morgunblaðinu segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Söluskattshækkun þá, sem Alþingi samþ. nýverið, ber naumast að skoða sem beina skattheimtu ríkisins. Hún er m. a. hugsuð sem fjáröflun til niðurgreiðslna á nauðsynjum almennings og hækkana á tryggingabótum bótaþega."

Það er einhver munur hjá núv. hæstv. fjmrh., semanborið við hæstv. fyrrv. fjmrh., að geta lagt á skatta sem eru raunverulega alls ekki skattar, af því að þeir fara aftur út úr ríkissjóði. Það er slæmt fyrir hæstv. núv. landbrh. að Morgunblaðið skuli ekki hafa látið þessa kenningu sína í ljós svo sem ári fyrr.

Þegar hæstv. fjmrh. leggur nú til með sínu fyrsta fjárlfrv., að tekjur ríkissjóðs verði auknar á næsta ári um 16 085.4 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs, verði nálega 9 500 millj. kr. hærri en þær verða í reynd á þessu ári, þá finnst manni óneitanlega að hæstv. núv. landbrh. hafi haft nokkuð fyrir sér þegar hann á sínum tíma kallaði till. núv. samráðh. síns skrum og yfirboð. En þegar núv. ráðh. Sjálfstfl. leggur fram till. um hækkun útgjalda fjárlaga um 52.2% mun sjálfsagt einhverjum þykja að hæstv. fyrrv. fjmrh. fái nokkra uppreisn fyrir allar þær ádeilur sem núv. samstarfsmenn hans höfðu í frammi vegna hækkunar fjárlaga í hans ráðherratíð, hækkana, sem nú hverfa í skuggann af risahækkunum fjárlfrv. hins nýja hæstv. fjmrh.

Þessi snögga magalending hugsjónarinnar um lækkun ríkisútgjalda um 4 300 millj. kr., sem lýsti himinhvolfið fyrir ári, sannar þó líklega fyrst og fremst hin gömlu sannindi, að það er hægara um að tala en í að komast, sem okkur öllum hv. þm. ættu jafnan að vera rík í huga. Til þess að gera lendinguna bærilegri og forðast að nefna hækkunartöluna 52.2% og þó enn frekar hækkunartöluna 65% frá síðasta fjárlagafrv. hefur hæstv. fjmrh. og málgögn Sjálfstfl. nokkuð notað þá aðferð að bera saman niðurstöðutölur fjárlfrv. nýja og áætlaðar útgjaldaupphæðir ríkisreiknings 1974 og fengið út að sú hækkun nemi 21%. Sé þá til samanburðar athugað hver hliðstæð hækkun var við framlagningu fjárlfrv. s. l. haust, kemur í ljós, að raunveruleg útgjöld ársins 1973 voru í des. á því ári áætluð 24.2 milljarðar, en niðurstöðutölur fjárlfrv. fyrir árið 1974 27.4 milljarðar. Hækkun nam þá 13%, en hliðstæð hækkun nú 21% eða 54% meira nú. Þessi fallhlíf, sem þarna hefur verið reynt að nota, reynist því æði götótt og svo er um þær fleiri sem nú er reynt að draga fram og nota í fallinu.

Framkvæmd hugsjónarinnar um lækkun ríkisútgjalda átti að hafa þær afleiðingar að útgjöld ríkisins yrðu lægri hluti miðað við þjóðarframleiðslu en verið hefði áður. Það átti að draga hlutfallslega úr umsvifum ríkisvaldsins, sporna við frekari útþenslu ríkisbúskaparins miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar, eins og Morgunblaðið orðar það hinn 2. nóv. s. l. Og nú þegar ný ríkisstjórn undir forustu Sjálfstfl. leggur fram sitt fyrsta fjárlfrv., sem gerir ráð fyrir meiri hækkunum ríkisútgjalda en nokkru sinni hefur áður þekkst, þykir mikið við liggja að geta a. m. k. sýnt fram á einhvern árangur í þessu efni um minni hlut ríkissjóðs í öllum umsvifum þjóðarbúsins. En þá vandast málið því að sannleikurinn er sá að útgjöld ríkissjóðs eru í fjárlagafrv. fyrir árið 1975 óumdeilanlega áætluð hærri hluti miðað við áætlaða þjóðarframleiðslu á því ári en þau eru á þessu ári og hærri en á nokkru einstöku ári í stjórnartíð síðustu ríkisstj. Miðað við útgjaldatölu fjárlaga, 44.7 milljarða kr., og áætlaða þjóðarframleiðslu, 156 milljarða, á næsta ári nema útgjöld ríkissjóðs á næsta ári 28.7% af þjóðarframleiðslu, en miðað við áætluð útgjöld ríkissjóðs á þessu ári, 37 milljarða 133.8 millj. þjóðarframleiðslu verða útgjöld ríkissjóðs 1974 27.6% af þjóðarframleiðslu á móti 28.7% í fjárlagafrv. því sem hér er til umr. Til þess að fela þessi óþægilegu sannindi er gripið til sérstakra reikningskúnsta. Í stað þess að miða útreikning fyrir árið 1974 við raunveruleg útgjöld ríkissjóðs á því ári áætla málgögn Sjálfstfl. hver hefðu orðið útgjöld ríkissjóðs ef allar ráðstafanir í launamálum, tryggingamálum, niðurgreiðslum o. fl. hefðu verið gerðar hinn 1. jan. s. l. og gilt allt árið. Þessi málgögn hafa oft og tíðum, áður en fjárlagafrv. var lagt fram, birt tölur um þetta hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu undanfarandi ára, en að sjálfsögðu aldrei hugkvæmst slíkar reikningsaðferðir sem nú eru notaðar til þess að dylja óþægilegar staðreyndir.

Þegar tölur í núgildandi fjárlögum eru bornar saman við fyrsta fjárlfrv. hægri stjórnarinnar

er gripið til þessara ráða. En með þessum reikningskúnstum fá málgögn Sjálfstfl. fram hækkun á raunverulegum ríkisútgjöldum þessa árs um 2 milljarða eða í 39 milljarða kr. En þessar breyt. t. d. á launaþáttum, eru einhverra hluta vegna ekki látnar hafa hliðstæð áhrif á áætlaða þjóðarframleiðslu og með þeim hætti er sú útkoma búin til að hlutfall ríkisútgjalda miðað við þjóðarframleiðslu á þessu ári nemi 29.1% eða 0,4% hærra en áætlað er á næsta ári. Miðað við raunveruleg útgjöld þessa árs er talan, eins og ég hef áður getið, 27.6% 1974, en er áætluð 28.7% á næsta ári.

Þótt tekið væri mark á þessum reikningskúnstum þeirra sem að fjárlagafrv. standa, — ég tek það fram að ég á ekki við fjárlaga- og hagsýslustofnunina því að frá henni gæti slík reikningsaðferð ekki verið runnin, þar sem ákveðnum þáttum dæmisins er breytt án þess að afleiðingar, sem ekki verða frá þeim breytingum skildar, séu látnar hafa hliðstæð áhrif á aðra þætti dæmisins, — þótt tekið væri mark á þessum aðferðum og gengið væri út frá því að ríkisútgjöld væru í raun 0,4% lægri hluti þjóðarframleiðslu samkvæmt fjárlagafrv. en á yfirstandandi ári, þá er það athyglisvert að sú lækkun, en hún svarar til 624 millj. kr. á frv., væri þá fengin með niðurskurði verklegra framkvæmda. Framlag til þeirra er um 1200 millj. kr. lægri en það ætti að vera svo að það næmi hlutfallslega sömu upphæð og á núgildandi fjárlögum ef það hefði sama framkvæmdagildi.

M. ö. o.: jafnvel reikningskúnstir þeirra, sem vilja umfram allt sýna að ríkisútgjöld sem hluti af þjóðarframleiðslu lækki, duga ekki til að dylja þá staðreynd að áætluð rekstrargjöld ríkissjóðs á næsta ári eru hærri hluti þjóðarframleiðslu en nokkru sinni fyrr. Það stendur eftir að önnur útgjöld en til verklegra framkvæmda eru áætluð hærri hluti af þjóðarframleiðslu á næsta ári en áður hvernig reikningskúnstum sem málgögn Sjálfstfl. beita til að láta þessar tölur líta öðru vísi út en þær gera í raun. Þannig lítur dæmið út þegar við framlagningu fjárlagafrv. og má þó búast við að hvort tveggja gerist: útgjaldatölurnar hækki í meðförum þingsins og raunveruleg útgjöld verði hærri en væntanleg fjárlög segja til um því að margt er vantalið í frv.

Eins og ég hef áður getið um er áætlað að tekjur ríkissjóðs verði á næsta ári um 16 þús. millj. kr. meiri en samkv. fjárl. þessa árs og um 9 500 millj. kr. hærri en skattheimtan verður í reynd á þessu ári. Borið saman við eldra tekjuskattskerfið, sem núgildandi fjárlög eru byggð á, en breytt var til mikillar lækkunar þegar söluskattur var aukinn s. l. vor, hækkar áætlaður innheimtur tekjuskattur einstaklinga á næsta ári um 25 millj. kr., þ. e. a. s. nýja tekjuskattskerfið mun á næsta ári færa ríkissjóði 25 millj. kr. meiri tekjur en áætlað var að það gamla gerði á þessu ári. En miðað við raunverulega innheimtan tekjuskatt, sem á var lagður með nýja tekjuskattskerfinu s. l. vor eftir skattkerfisbreytinguna, hækkar áætlaður innheimtur tekjuskattur einstaklinga á næsta ára um 1478 millj. kr., þ. e. a. s. áætlað er að hækkun tekjuskatts nemi að meðaltali um 30 þús. kr. á hvern skattgreiðanda, en tölu þeirra má áætla um 50 þús. Samkv. fjárlfrv. hækka gjöld af innflutningi um 1076 millj. kr. frá endurskoðaðri áætlun fyrir árið 1974, og gert er ráð fyrir að á næsta ári nemi innheimtir skattar af seldum vörum og þjónustu, fyrst og fremst söluskattur, 5730 millj. kr. hærri upphæð en á þessu ári. Aðrir óbeinir skattar hækka um 662 millj. kr. frá endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á þessu ári. Samkv. fjárlfrv. er gert ráð fyrir, að innheimtur söluskattur nemi alls 16 877 millj. kr. Þegar söluskattur nemur orðið svo hárri prósenttölu af söluverði vara fer það að skipta miklum upphæðum fyrir neytendur og ríkissjóð ef eitthvað vantar á að verslunin gefi upp rétta veltu. Væri t. d. reiknað með að sá söluskattur, sem skilað er til ríkissjóðs, nema 95% af raunverulegri álagningu, nemur upphæðin, sem eftir væri haldið, 888 millj. kr. Næmu skilin 90% væri upphæðin, sem á vantaði full skil, 1875 millj. kr. Hér er því mikið í húfi að allar ráðstafanir séu gerðar sem unnt er til að tryggja sem best skil á söluskattinum.

Miðað við innheimta skatta á þessu ári er gert ráð fyrir því að beinir skattar hækki um 1882 millj. og óbeinir skattar um 7558 millj. og skattur hækki því alls um 9440 millj. kr. eða sem svarar nær því 45 þús. kr. hækkun á hvert mannsbarn í landinu. Þessari skattahækkun, sem verður þó í reynd enn meiri með stöðugt hækkandi verðlagi, ætlar ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. almenningi að mæta á næsta ári með óbreyttum vísitölubótum frá því sem nú er, a. m. k. til 1. júní á næsta ári, og gert er ráð fyrir að þá lækki niðurgreiðslur um ¼ hluta þeirrar hækkunar, sem á varð 1. júní s. l. Sú lækkun svarar til 700 millj. kr. á einu ári.

Þótt ýmsum kunni að þykja fjárveiting til niðurgreiðslna landbúnaðarvara býsna há, þá er það nú svo að fátt skiptir hina tekjulægstu meira máli en verðlag á þeim vörum, sem þær taka til, sé sem viðráðanlegast. Þær skipta allmargar fjölskyldur og lífeyrisþega mjög miklu. En á hlut þessara aðila hefur mjög verið gengið með efnahagsráðstöfunum ríkisstj. Hitt ætti að valda landsmönnum meiri áhyggjum en fjárveitingar til niðurgreiðslna, að á væntanlegum fjárl. er áætlað að varið verði 716 millj. kr. til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir eða næstum nákvæmlega sömu upphæð og er veitt á núgildandi fjárl. til allra útgjalda sem heyra undir sjútvrn., til rn. sjálfs, Fiskifélags Íslands, Hafrannsóknastofnunar með sín 4 skip, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Fiskmats ríkisins, Verðlagsráðs sjávarútvegsins, Byggingarsjóðs rannsóknarskips, til byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegs, í framlag til aflatryggingasjóðs, til Fiskveiðasjóðs, til greiðslu rekstrarhalla togara og til skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna. Þetta segi ég ekki til þess að etja einum atvinnuvegi gegn öðrum, heldur til að vekja athygli á, að það er orðið alvarlegt mál hversu gífurlegum upphæðum er varið til útflutningsbóta á landbúnaðarafurðum.

Þær útgjaldatölur, sem ég hef nefnt, verða að sjálfsögðu fæstar í samræmi við niðurstöður ríkisreiknings á næsta ári og mjög margir útgjaldaliðir hljóta að taka verulegum breytingum

til hækkunar þegar í meðferð þingsins þar sem þeir eru algerlega óraunhæfir. Rekstrarkostnaðarliðir eru miðaðir við útgjöld í septemberlok og eru þegar úreltir vegna stöðugra verðhækkana. Kostnaður vegna sjúkratrygginga er miðaður við upphæðir daggjalda á sjúkrahúsum í sept. s. l., en við afgreiðslu síðustu fjárl. voru þessar upphæðir hins vegar miðaðar við daggjöld, er tóku gildi hinn 1. jan. fjárlagaárið. Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna er á fjárlagafrv. áætlað 591 millj. kr. Stjórn Lánasjóðsins lagði fram till. um 1046 millj. kr. framlag, en síðan hefur gengi krónunnar verið fellt og sú till. því þegar orðin úrelt. Sé tekið tillit til afleiðinga gengislækkunar á útgjöld íslenskra námsmanna hér og erlendis, samsvarar till. stjórnar Lánasjóðsins 1250 millj. kr. framlagi, en mismunur á þeirri upphæð og því, sem lagt er til í frv., er 659 millj. kr.

Á núgildandi fjárl. var fjárveiting til Lánasjóðs við það miðuð að lán næmu um það bil 83% umfram fjárþörf í stað 77.8% 1973. En sú upphæð, sem látin er nægja í fjárlagafrv., mundi naumast geta svarað til meira en svo sem 50% umframfjárþarfar, svo að ljóst er að þessi tala er algerlega óraunhæf og hlýtur að hækka verulega. Ekki verður í neinu séð að sýndur sé litur á að skera niður rekstrarkostnað í ríkiskerfinu þrátt fyrir öll fögru fyrirheitin. Allur rekstrarkostnaður ríkisfyrirtækja virðist einfaldlega vera hækkaður í frv. um sömu hlutfallstölu og verðlagsbreytingar segja til um og þó heldur betur, því að í grg. með frv. segir að samanlögð hækkun á liðnum önnur rekstrargjöld nemi 65.7%, sem sé lítillega umfram verðlagshækkanir. Á sama tíma eru öll framlög til starfsemi ýmiss konar félaga í landinu óbreytt að krónutölu, ekkert fé veitt til að mæta stórauknum rekstrarkostnaði þar.

Ef þeir, sem nú fara með völd, treysta þeim sem eiga að sjá fyrir rekstri þessara félagasamtaka til að komast þannig af með óbreytta krónutölu þegar framlög til greiðslu rekstrarkostnaðar ríkisfyrirtækja og stofnana eru hækkuð um 65.7% eða meira en nemur verðlagshækkunum, þá ættu þessir valdhafar að leita eftir því að fá þessa menn til að taka að sér að stjórna rekstri stofnana ríkisins, spurning, hvort þeir ættu ekki einmitt að standa upp úr ráðherrastólunum. Hin ýmsu félagssamtök fá yfirleitt ekki krónuhækkun, hvað þá meir, en eiginleg rekstrarútgjöld ríkisins eiga á næsta ári að hækka meir frá núgildandi fjárl. en almennt verðlag á sama tíma, enda nema áætluð rekstrarútgjöld á næsta ári hærri hlutfallstölu af þjóðarframleiðslu en á þessu ári, eins og ég hef áður sýnt fram á. Og þessa dagana hefur almenningur fylgst með sparnaðinum, sem heitið var, þegar ekki dugir t. d. minna en senda 18 fulltrúa á þing Norðurlandaráðs, 12 fulltrúa með þm. 6.

Þótt ýmsir muni hafa búist við að nú tæki Sjálfstfl. fyrir starfsmannafjölgun hjá ríkisbákninu sem hann hefur kallað svo, þá er öðru nær en svo hafi verið gert í raun. Hjá ríkisstofnunum hafa unnið ýmsir starfsmenn sem ekki hafa verið ráðnir til lífstíðar. Með fjárlagafrv. er lagt til að 53 af þeim verði nú fastráðnir og hljóti æviráðningu og þar að auki verði 69 fastráðnir starfsmenn sem ekki hafa verið starfsmenn ríkisins til þessa. Samtals er áætlað að laun þessa starfsliðs nemi um 83 millj. kr. á ári, en með launatengdum gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði, sem störfunum fylgir, er áætlað að heildarútgjaldaupphæð vegna þessara nýju starfa nemi um 100 millj. kr. á ári og er þá fjölgun í kennarastétt ekki meðtalin. Ég er ekki að finna að þessum ráðningum. Það eru aðrir sem hafa deilt á mannaráðningar til ríkisins á undanförnum árum. Það mætti þá frekast finna að ráðningu viðbótarráðh., sem eru í þessum hópi. Hins vegar gæti vafist fyrir mönnum að segja til um hverjum þeirra er mest ofaukið.

Í sambandi við nýjar mannaráðningar hjá ríkinu er þess þó sérstaklega að geta að ekki er gert ráð fyrir því að ráða einn einasta nýjan starfskraft hjá neinum af ríkisspítölunum. Einnig að þessu leyti tel ég að útgjaldahlið fjárlagafrv. sé ekki raunhæf því að það getur naumast verið ætlunin að standa þannig að afgreiðslu beiðnar frá stjórn ríkisspítalanna um ráðningu í 225 nýjar stöður að sú beiðni verði fullkomlega hundsuð. Að vísu hefur verulega verið bætt úr í þessu efni á undanförnum árum miðað við það ástand, sem víða ríkti í þessum stofnunum í lok stjórnartímabils viðreisnarstjórnarinnar. En það er ekki heppileg þróun að halda niðri nauðsynlegri þjónustu og nýtingu húsnæðis hjá þessum heilbrigðisstofnunum og verða svo að bæta úr því ófremdarástandi, sem þá er orðið, með sérstökum átökum þess á milli. Farsælast er að um eðlilega og hóflega aukningu sé að ræða á hverju ári miðað við stækkun húsrýmis og eðlilegar úrbætur í þjónustu. Samtímis því að rekstrarútgjöld hækka meir en svarar til verðlagshækkana kemur aðalstefnumark stjórnarflokkanna fram í því að framlög til verklegra framkvæmda ríkis og sveitarfélaga eru verulega skorin niður. Verklegar framkvæmdir hækka um 33.8% á sama tíma og framkvæmdakostnaður hefur hækkað um 50—55%, og er í grg. frv. talið að 1200 millj. kr. skorti á að framlög til verklegra framkvæmda haldi verðgildi. En þess er hins vegar ekki getið í grg. að framlög til þess hluta verklegra framkvæmda, sem kostaður er af fleiri aðilum en ríkinu, en þar eru aðalliðirnir skólabyggingar, hafnargerð sveitarfélaga, sjúkrahús og læknisbústaðir, hækka einungis um 16.8%, úr 1987.4 millj. kr. í 2320 millj. — aðeins um 16.8%, þegar framkvæmdakostnaður hækkar um 50—55%. Krónuaukningin, sem hefði þurft að verða á þessum framlögum til þess að þau héldu raungildi, er skorin niður um að ⅔ hlutum. Þetta er niðurskurður sem fyrst og fremst bitnar á íbúum úti á landsbyggðinni.

Önnur meginástæða þess, að á árum vinstri stjórnarinnar tókst að snúa við þeirri óheillaþróun, að fólk flyttist í síauknum mæli utan af landsbyggðinni, úr sveitum og þorpum, til þéttbýlissvæðisins, var margviss uppbyggingarstefna þeirrar ríkisstj. í atvinnumálum, ekki síst uppbygging skuttogaraflotans. Hin meginástæðan voru stóraukin framlög á fjárl. til hvers kyns verklegra framkvæmda sveitarfélaga og ríkisins. En þau auknu framlög efldu með því fólki, sem utan stærsta þéttbýlissvæðisins bjó, trúna á að það mundi í náinni framtíð geta notið stórbættr-

ar þjónustu á ýmsum sviðum og jafnréttis á við aðra íbúa í landinu. Slík framlög á fjárl. eru einn aðalgrundvöllur jafnréttis þegnanna til atvinnu og þjónustu hvar sem þeir búa. Þessi framlög á nú að skera stórlega niður þegar við völdum hefur tekið hægri ríkisstjórn, sem byggir á þeirri gömlu kenningu Sjálfstfl. og hægra liðs Framsóknar, að framkvæmdir opinberra aðila eigi að víkja fyrir framkvæmdum einkarekstrar, ef spenna er á vinnumarkaðinum eigi skilyrðislaust að draga úr félagslegum framkvæmdum. Að sjálfsögðu gera þeir aðilar, sem nú eru að knýja þessa stefnu fram, ekkert til þess að beina til framleiðsluatvinnuveganna því vinnuafli, sem kynni að losna vegna þessara minnkuðu framkvæmda, öðru nær. Ríkisstj. hefur nú nýverið með sérstökum ráðstöfunum skert launakjör sjómanna meira en annarra stétta, svo að þangað mundi þetta fólk ekki sækja. Stjórnarvöldin hafa séð fyrir því. Hér greinir á milli stefnu félagshyggjuflokka og flokka einkahagsmunanna.

Það er að mínum dómi fráleitt að hvers konar fjárfestingar einkaaðila, sem oft er einungis ráðist í í von um verðbólgugróða og þá stuðst við óverðtryggt lánsfé úr opinberum lánastofnunum, eigi að sitja fyrir nauðsynlegum samfélaglegum framkvæmdum. Og jafnvel ættu þeir, sem afsaka þennan niðurskurð samfélagslegra framkvæmda með því að draga verði úr spennu á vinnumarkaðnum, að huga betur að horfunum í því efni. Mjög margt bendir til vaxandi samdráttar. Minnkaðar opinberar framkvæmdir munu þá enn auka á þann hraða sem jafnan grípur ótrúlega fljótt um sig í samdrætti í atvinnumálum, þegar tekur að bera á honum á annað borð.

Samdráttur í verklegum framkvæmdum samkv. fjárlfrv. kemur misjafnlega niður eftir framkvæmdaþáttum. Á sama tíma og framkvæmdakostnaður hefur vaxið um allt að 55% hækka framlög til hafnarmannvirkja sveitarfélaga um 20%, til grunnskóla um 22%, til dagvistunarheimila um 25%, til menntaskóla um 9%, til flugvallargerðar um 7% og framlög til iðnskóla hækka ekki um eina krónu. Þess er sérstaklega getið í grg. fjárlfrv., að þess sé gætt að láta niðurskurðinn sem minnst koma niður á framkvæmdum sem taldar eru mjög brýnar frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Óvanalegt er í grg. fjárlfrv. að tilgreina sérstaklega framkvæmdir, sem ekki eigi að vinna að. Þó er á bls. 185 í fjárlagafrv. sérstaklega tekið fram, að ekkert eigi að vinna að hafnargerð í Njarðvík. Sú framkvæmd er þá að dómi þeirra, sem leggja fram fjárlagafrv., ekki mjög brýn. Þar er ég algerlega á öðru máli. Ég hef talið að þegar nú væri verið að ljúka miklum hafnarframkvæmdum í Grindavík yrði að hefjast þegar handa um verulegt átak í því efni að gera höfnina í Njarðvík nothæfa vegna þess hversu á skortir um aðstöðu fyrir skuttogara og stærri báta þar. Ég mun við meðferð fjárlfrv. í fjvn. knýja á um að breytt verði þeirri ákvörðun, sem getið er í grg. frv., að ekki verði unnið að neinum hafnarframkvæmdum á þessum stað. Ég hef tvívegis rætt um þetta mál við hæstv. samgrh. og geri mér vonir um að þessu máli verði sinnt svo að við megi una.

Þá ber fjárlagafrv. með sér að ætlun ríkisstj. sé að hverfa frá þeirri áætlun um framkvæmdir í íþróttamálum sem á vinstri stjórnarárunum var lagður grundvöllur að með stórauknum framlögum til Íþróttasjóðs. Til þess að sú áætlun raskist ekki og framkvæmdir verði á næsta ári samsvarandi því sem stefnt var að þyrfti framlag til Íþróttasjóðs að nema 85.3 millj. kr. á næsta ári í stað 64.4 millj. kr. í frv.

Í áætlun fjárlfrv. um Póst og síma er gert ráð fyrir að fjárfestingar stofnunarinnar lækki úr 400 millj. kr., sem talið er að þær nemi í raun á þessu ári, í 295,1 millj. á næsta ári. Ég veit ekki hvort hæstv. ríkisstj. telur hugsanlegt að svo stórfelldur niðurskurður geti átt sér stað með hliðsjón af því að í ár eru framkvæmdir, þótt fyrir 400 millj. kr. séu, verulega minni en áætlað var í fjárl., eða hvort ætlunin er að gjaldskrá Pósts og síma verði hækkuð verulega, jafnvel um 30%. Ég vildi gjarnan, að hæstv. fjmrh. eða hæstv. samgrh. svaraði því hér á eftir, hvað fyrirhugað sé í þessum efnum.

Þess verður lítt vart í fjárlfrv. að þar sé farið eftir ýmsum stefnumiðum sem þeir héldu áður á loft sem nú ráða málum. Það hefur lengi verið viðkvæði Sjálfstfl. að allar tekjur af umferðinni ættu að renna til vegamála, en ekki verða eyðslueyrir ríkisstj., eins og það var orðað. Engin breyting verður í þessu efni. Þegar rekstrarútgjöld ríkissjóðs eru þanin út svo sem raun ber vitni virðist ekki veita af öllum gjöldum af umferðinni í ríkissjóð á sama hátt og áður. Töluðu þó ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. mjög um það s. l. vor, að ríkissjóður hagnaðist sérstaklega og óeðlilega á hækkun heimsmarkaðsverðs á bensíni. Satt er það, það eru ekki litlar upphæðir, sem ríkissjóður hefur af bifreiðum og rekstrarvörum þeirra, — tekjur, sem enn renna beint í ríkissjóð þrátt fyrir allar fyrri kröfur þeirra sem nú standa að fjárlfrv. T. d. er áætlað að tollar af bensíni — aðeins tollarnir — auk hins sérstaka innflutningsgjalds, nemi 550 millj. kr. á næsta ári og tollar til ríkissjóðs af bifreiðum nemi á næsta ári 1500 millj. kr., en innflutningsgjaldið af þeim, sem Vegasjóður fær, er áætlað 635 millj. Mér er ekki kunnugt um hve hár söluskattur er til ríkissjóðs af bensíni á næsta ári, en hann gæti numið um 700 millj. kr. Þeim, sem ætluðu að minnka ríkistekjurnar um 4300 millj. kr. með lækkun skatta og þar að auki að flytja allar tekjur af umferðinni í Vegasjóð, virðist nú ekki veita af í ríkissjóð öllum þeim stórauknu tekjum sem ríkissjóður hefur af bílum og bensíni.

Þá er þess að minnast að hæstv. menntmrh. lét í ljós sérstakan áhuga á að auka hlut verkelgrar fræðslu, þegar hann tók við ráðherradómi. Harla lítil merki þeirrar stefnu sjást í fjárlfrv. Fjárveitingar til byggingar iðnskóla hækka ekki um eina kr. þótt framkvæmdakostnaður hafi aukist um 55%. Og séu tekin saman stofnkostnaðarframlög til eftirtalinna skóla: Tækniskólans, Vélskólans, Stýrimannaskólans í Reykjavík, Fiskvinnsluskólans, til Sjómannaskólahússins í Reykjavík, þá nema þau í fjárlfrv. 35.5 millj. kr., en á fjárl. í ár 36.8 millj. kr. Þar er um beina lækkun að ræða í krónutölu. Þetta er heldur ömurlegt þegar haft er í huga að í heild hækka þau út-

gjöld fjárl., sem falla undir liðinn önnur rekstrargjöld, um 65.7%.

Ég minntist áðan á þann árangur, sem náðist í tíð vinstri stjórnarinnar í því efni að tryggja atvinnuöryggi með uppbyggingu skuttogaraflotans, og gat þess á hvern hátt grundvöllur jafnréttis til atvinnu og félagslegrar þjónustu var tryggður úti á landsbyggðinni með stórauknum framlögum til hvers kyns framkvæmda ríkis og sveitarfélaga, svo sem flugvallagerða, skólabygginga, hafnarframkvæmda, sjúkrahúsbygginga. Þessi árangur er nú í hættu þegar slík stefnubreyting verður í þessu efni sem fjárlagafrv. hægri stjórnarinnar ber nú með sér.

Á öðru sviði ekki síður mikilvægu náðist verulegur árangur í tíð vinstri stjórnarinnar og undir forustu ráðh. Alþb. Kaupmáttur tryggingabóta var verulega aukinn og í fyrsta sinn var lífeyrisþegum, sem engar eða litlar sjálfsaflatekjur hafa, tryggður lífeyrir sem mátti komast af með. Gildi þess áfanga, sem í þessu efni náðist þegar eftir tilkomu vinstri stjórnarinnar, var tryggður þrátt fyrir þá verðbólgu sem geisaði með því að á lífeyrinn voru jafnan greiddar fullar vísitölubætur. Með valdatöku hægri stjórnarinnar er þessu skeiði öryggis um kaupmátt tryggingabóta lokið um sinn. Um það bera brbl. hæstv. ríkisstj. vitni og þá stefnu staðfestir fjárlagafrv. rækilega. Þar eru engin fyrirheit gefin um að hlutur lífeyrisþega verði réttur. Lífeyrisgreiðslur eiga aðeins að hækka um þau 6%, sem brbl. tilgreina, og tekjuviðmiðunin um 10%, þó að verðlagshækkun hafi orðið miklu meiri frá því að síðast hafi orðið hækkun á lífeyrisgreiðslum. Síðan hafa stöðugar verðhækkanir orðið og þær munu halda áfram í ríkum mæli.

Sá árangur, sem náðist í tíð vinstri stjórnarinnar í málefnum þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu, er því í verulegri hættu nú, þegar hægri stjórn hefur tekið við völdum. Þeir, sem mestu ráða í þeirri stjórn, töldu sig í stjórnarandstöðunni á síðasta kjörtímabili búa yfir patentlausnum á vandamálum þjóðfélagsins. Það er ekki nema tæpt ár síðan hæstv. núv. fjmrh. taldi sig geta skorið niður skattheimtu ríkisins um 4 300 millj. kr. En það er allt annað sem hann leggur til að skorið verði niður þegar til kastanna kemur. Það eru þær verklegu framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga sem á undanförum árum hafa ásamt öðrum ráðstöfunum vinstri stjórnarinnar átt ríkasta þáttinn í að treysta atvinnugrundvöllinn og eflingu byggðar hvarvetna um landið, og hæstv. ráðh. og ríkisstj. öll leggja þar á ofan til að skorið verði af því lífsviðurværi sem á vinstristjórnarárunum tókst að tryggja ellilífeyrisþegum og öryrkjum. Í stað þess að skera skattheimtuna niður um 4300 millj. kr., eins og hæstv. fjmrh. lagði til fyrir 11 mánuðum að gert yrði, sker hann nú niður kaupmátt lífeyrisbóta og verklegar framkvæmdir og eykur þar á ofan skattheimtuna um nær 9500 millj. kr. frá því sem hún verður í reynd á þessu ári. Þar er breytt bil á milli fyrirheita og efnda.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Við höfum nú séð fyrsta frv. hæstv. nýrrar ríkisstj. er samanstendur af Sjálfstfl. og Framsfl. Hæstv. fjmrh. hefur nú gert í stórum dráttum grein fyrir frv. um hreyfingar á tölum sem allar eru upp á við og hærri en nokkru sinni áður svo að miklum mun nemur og mætti segja um eða yfir 50%, hvernig sem reynt er að hreyfa þær til. Ég fletti upp á fyrsta frv. fyrrv. ríkisstj., vinstri stjórnar, og bar saman aths. þá og nú og það athyglisverða kemur í ljós að þar er vitnað í mikinn tímaskort við að undirbúa það frv. og segir að af eðlilegum ástæðum hafi ekki verið hægt að móta þeirra stefnu við gerð þess frv., er hér liggur fyrir, og því heitið að síðari tíma frv. muni komast niður á jörðina og minni aukning verða á hlutunum. Þáv. hæstv. fjmrh. hafði í mörg ár verið í stjórnarandstöðu og gagnrýnt mjög alla þenslu á vegum ríkisins hjá viðreisninni og maður skyldi nú ætla að til hefðu verið úrræði eins og fram kom í kosningunum um að draga úr ríkisútgjöldunum og stöðva þensluna og þar með verðbólguna, sem öllum hefur verið svo erfið í skauti.

Nú skeður hið sama, að á bls. 149 í þessu frv. er enn talað um tímaskort, tímaskort hjá hæstv. ríkisstj., tímaskort hjá hæstv. fjmrh. við að móta nýja stefnu. Þó liggur það ljóst fyrir af frv. á vegum Sjálfstfl. og þar með því, sem hann hafði sjálfur verið flm. að, að mótuð var ákveðin stefna sem var notuð í kosningunum sem stefna Sjálfstfl. Það átti að setja þak á fjárlagagerðina og hefta þar með þensluna.

Mér virðist því miður hafa orðið ketilsprenging í fjárlagagerðinni og þakið lyfst óþægilega upp, ef ekki gliðnað. Þessi tímaskortur er bagalegur og gæti ég gefið hæstv. fjmrh. eitt ráð í framhaldi af því sem hæstv. forsrh. greip til. Hann frestaði samkomudegi Alþ. um mánuð. Mætti ég benda honum á aðferðir Castros á Kúbu á sínum tíma þegar hann var í erfiðleikum með sín fjármál? Hann frestaði jólunum einfaldlega. Nú fer 3. umr. fram venjulega um 20. des. Hvernig væri nú að hæstv. fjmrh. gripi til ráða Castros og frestaði nú jólunum þar til hann hefði haft tíma til að móta sína stefnu í fjármálum ríkisins?

Það er ekkert gamanmál fyrir hæstv. fjmrh. að þurfa að standa frammi fyrir því miðað við fyrri frv., sem hann hefur flutt, að þurfa að hafa sitt fyrsta verk, sem hann hefur þegar gert, að leggja á 2% söluskatt, sem þegar er orðinn að l. á sumarþingi, og einnig nú að auka upphæð fjárl. um helming. Þetta gerir hann auðvitað ekki glaður, það fundum við á ræðu hans hér áðan. En verðbólgan og þarfir ríkisins eru það miklar, að hann má ekki spyrna við fótum. Hitt var svo undarlegt, að halda því fram allan s.l. vetur, að Sjálfstfl. hefði slík úrræði í fjármálum ríkisins að það eitt nægði til að breyta þar verulega um að koma þeim í ríkisstj. og láta þá hafa fjármálin á hendur. Og eins og síðasti ræðumaður drap á má fyrrv. hæstv. fjmrh. vel við una miðað við það sem þetta fjárlfrv. sýnir í dag.

En hvað sem því líður tel ég að enn muni nokkuð á vanta að allt sé til talið, því miður, ef ekki verður staðið við fyrri orð og dregið saman í ýmsum þáttum er Sjálfstfl. hefur sannarlega gagnrýnt hvað mest undanfarið, þ.e. stofnun nýrra ríkisstofnana á vegum vinstri stjórnar og aukningu á mannafla. Hér er þó

erfitt um vik á vissum sviðum og eins og hv. síðasti ræðumaður drap á þá verður það ekki gert á vissum þjónustusviðum í heilbrigðisþjónustu og víða annars staðar, í skólunum. En e. t. v. má leita að einhverjum öðrum stofnunum sem hægt er að draga saman seglin í. Ég hef ekki tök á því að benda á það á þessu stigi meðan við höfum ekki farið rækilega í gegnum frv. í fjvn.

Ég sakna þeirrar stefnu, sem marglofað var hér á s. l. vetri af hálfu Sjálfstfl. og í kosningunum, í gerð þessa fjárlagafrv. Og enn óraunhæfara er að mínu mati að miða við það, eins og fram kemur í stefnuræðu hæstv. ríkisstj., að gera megi ráð fyrir að verðbólga hér með þeim ráðstöfunum, sem þegar hafa verið gerðar, verði um 15% á næsta ári eða jafnvel minni. Það er nákvæmlega vika síðan 3 stærstu útflutningslönd á málmgrýti tilkynntu einfaldlega um 150% hækkun á framleiðslumagni þeirra, sem er hátt í 30 millj. tonna af málmgrýti. Og þeir tilkynntu einfaldlega hækkun um 150% á þessum hráefnum. Þetta þýðir það að Bandaríkin, Vestur-Þýskaland og ýmsar fleiri þjóðir, sem eru stærstu neytendurnir á þessari vöru, horfa nú fram á stóraukinn kostnað í stálframleiðslu. Og stál er undirstaða allt atvinnulífs í dag í heiminum. Ég sá um miðjan s. l. mánuð þátt í bandarískа sjónvarpinu þar sem 6 af færustu hagfræðingum Bandaríkjanna sátu við hringborð og ræddu fjárhagsþróun og verðbólguþróun bæði í Bandaríkjunum og í heiminum, og það var öllum sameiginlegt, þótt þeir væru frá seðlabankanum þar og fleiri þekktir hagfræðingar þar, að verðbólgan hjá þeim yrði a. m. k. tveggja stafa tala, yrði örugglega tveggja stafa tala og gæti farið yfir 20% á næsta ári. Það er því afar mikil bjartsýni, ef við getum kallað það svo, og sérstök þekking sem núv. ríkisstj. hér ræður yfir þegar hún heldur því fram að hún geti stjórnað hér á Íslandi á komandi ári með að meðaltali 15% verðbólgu þegar við höfum verið þekktari að því að hafa hér forustu í verðbólgu og haft hana 35—45% meðan aðrar þjóðir hafa verið í einstafa tölu í verðbólgu undanfarna marga mánuði.

Ég hef hér fyrir framan mig úrklippu úr amerísku blaði sem sýnir 12 þjóðir, er allar hafa haft tveggja stafa verðbólgu á s. l. 12 mánuðum, og þær reikna allar með, sumar af viðskiptaþjóðum okkar, að þessi verðbólguþróun muni halda áfram, því miður. Hins vegar getur vel verið að hæstv. ríkisstj. ráði yfir slíkum töfrasprota í dag, hafi slíka þekkingu að henni takist að framkvæma þetta fyrirheit, og vel væri ef svo væri. En þar sem við þurfum nú að flytja mikið út, gætum við ekki flutt út til þeirra, sem í vandræðum eru og stefna nú á hærri verðbólgu en nokkru sinni áður, frá Íslandi þekkingu í stjórnþætti svo að verð lækkaði hressilega vel því að nú á að fara að reisa hér málmblendiverksmiðju og þar er þekkingin metin á 23% í stofnkostnaði á mörg hundruð millj. kr. Þessi þekking gæti verið okkur milljarða virði í útflutningi í hagkerfi annarra þjóða.

Ég held því þrátt fyrir allt, að með sama hætti og ég gagnrýndi fjárlagagerðina í fyrra, frv. og reyndar fjárl. sem slík í lokin, að þau væru byggð á óraunsæi, þá sé þetta frv. einnig byggt á of miklum sandi, því miður. Það væri æskilegt, sannarlega væri það æskilegt, að verðbólguhjólið hægði nú á sér og við gætum búið við jafnara verðlag hér á Íslandi en verið hefur um margra ára skeið. Að því viljum við allir vinna. En við viljum ekki vinna að því með því að fella stöðugt gengið. Ég sé ekki hvernig það er hægt á Íslandi. Það hefur margsinnis komið fram að lausnin á vandamálum útflutningsatvinnuveganna var ekki gengisfelling og því síður var lausnin að færa eingöngu á milli svo mikið fjármagn eins og nú er gert innan sjávarútvegsins. Það vantaði mjög mikið stofnfjárframlag, það vantaði eðlilega uppbyggingu fyrirtækjanna svo þau gætu haft eðlilegan rekstur við þrengri aðstæður, eins og eru í bili. Því miður get ég upplýst það að mjög víða, a. m. k. um hinn vestræna heim, hefur umsetning margra neysluvörufyrirtækja minnkað á þessum 9 mánuðum sem liðnir eru af þessu ári og upplýsingar liggja fyrir um frá 15 og upp í 20 og jafnvel 30%. Menn hafa gengið á birgðir sínar, menn gera minni innkaup en verið hefur vegna þess að peningar hafa hækkað verulega í verði. Vaxtafótur er nú orðinn mjög víða 14, 18 og jafnvel 24% og í einstaka löndum hærri. Þegar fjármagnið verður svona dýrt draga þessir aðilar, sem eru með vöruinnkaup og vörulager, verulega saman seglin sem kemur aftur framleiðendum og einmitt okkur, sem þurfum á miklum útflutningi á matvöru að halda, alveg sérstaklega illa. Þessi þróun er að ske í dag og það er ekki annað fyrirsjáanlegt en að til samdráttar í þessa átt komi á næstunni, því miður.

Það er því alveg augljóst mál að forsendan, sem fjárlagafrv. byggir á og sú stefnumörkun sem kemur fram í ræðu hæstv. forsrh., er byggð á röngum forsendum, — forsendum sem ekki munu halda út næsta ár. Ríkisstj. verður því að vera við því búin að draga saman seglin verulega eða auka skattheimtu á almenningi og stærsti þátturinn í því að draga saman seglin er, þrátt fyrir það að fjárlfrv. gerir ráð fyrir um 1230 millj. kr. minnkun framkvæmda í heild, að velja þá þætti í samdrættinum, er helst mega missa sín, til þess að tryggja okkur stöðuga atvinnu og eðlilegan útflutning. Niðurgreiðsla á vöruverði er komin í 3.6 eða nærri 3.7 milljarða á fjárlfrv. Auk þess þurfum við að flytja út landbúnaðarafurðir og með þeim eru gefnar yfir 700 millj. kr. í útflutningsuppbætur. Það er því nokkuð á 4. milljarð sem landbúnaðarframleiðslan tekur úr ríkissjóði aðeins í þessum tveimur þáttum. Þetta eru gífurlega háar tölur sem menn hljóta að staldra við og hugsa eilítið um hvort réttar eru í öllu tilliti.

Einnig eru vissir tekjuþættir í frv. hæpnir að mínu mati. Það byggir enn í stærri mæli en nokkru sinni á því, að þjóðin haldi vel á sopanum og drekki nú fyrir hærri upphæð en nokkru sinni áður eða minnst 3.5 milljarða, og verð ég að segja það herinskilningslega að slíkt hryggir mig, hreinlega hryggir mig að sjá slíkar upphæðir í fjárlfrv., eða andvirði 12—15 nýrra skuttogara, hvorki meira né minna.

Til þess að draga úr verðbólgunni hefur ríkisstj. séð sig neydda til að taka visitöluna úr sambandi og rjúfa um sinn, eins og hún orðaði það, víxlhækkun verðlags og launa. Með því

móti kemur auðvitað þessi verðbólguþróun hart niður á launafólki. Þó að sagt sé að láglaunauppbætur eigi að bjarga slíku, þá gerir það ekki annað en draga að hluta úr þeim sárindum, sem slíkt veldur.

Gengisfellingin stuðlar enn að aukinni verðbólgu og þetta klassíska úrræði að sjá aldrei neitt annað en gengisfellingu ætti að vera búið að kenna mönnum að það hlýtur að vera réttlætanlegt að leita eftir öðrum leiðum en sífellt að hopa undan þessum þunga og fella gengið og auka með því móti á eyðslu manna heldur en hvetja til sparnaðar.

Ég hefði viljað sjá það í áætlun fjárlfrv. um útgjöld, að stuðlað væri að því að sparifé væri virt. Ég vildi bæði sjá það í stefnuræðu hæstv. forsrh. eða ríkisstj. og einnig með hliðsjón af fjárlagagerð ríkisins að nú væri tekið skref í þá átt að koma á aukinni verðtryggingu sparifjár. Í því sambandi vil ég rétt minna á þarfir Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Það mun nú koma fram, að þeir fyrir hönd sjóðsins munu sækja um allt að 600 millj. kr., meiri upphæð eða 100% hærri upphæð en fjárl. gera ráð fyrir, og vil ég minna á í því sambandi á þátt Sjálfstfl. á s. l. vori. Og ég vil vænta þess að hæstv. fjmrh. gefi sér tíma til að hlusta.

Í Ed. í vor fjölluðum við mikið um vandamál Lánasjóðsins í menntmn. Við vorum komnir að sameiginlegri niðurstöðu, þrír stjórnmálaflokkar, í vor, og töldum réttlætanlegt að hefja verðtryggingu á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Um það voru komnar ákveðnar hugmyndir á blað, það dróst nokkuð að koma þessu frá sér og áður en við gátum skilað þessu frá okkur, þeir sem örugglega vildu að þessu standa, kom skyndilega upp kosningaskjálfti í þingliðinu og þegar á átti að herða í n. brást fylgi Sjálfstfl. við þessa hugmynd og fulltrúar Sjálfstfl. í menntmn. sögðu, að við hinir, fulltrúar vinstri aflanna í landinu, værum að ráðast á garðinn þar sem hann væri lægstur. Við vildum þó ekki ganga lengra en svo að hefja verðtryggingu eftir ákveðið árabil, 4—5 ár, og tryggja með því að íslenskir námsmenn fengju í framtíðinni það fjármagn, sem þeir þyrftu, án þess að ríkissjóður þyrfti að pumpa út innan skamms yfir 2 milljörðum í sjóðinn, því að það væri um of. Enda er komið á daginn að hæstv. fjmrh. treystir sér ekki að fara hærra, ekki að sinni, en í 660 millj., en þörfin mun vera um 1200 millj. kr. Miklu vitlegra er fyrir alla þm. að sameinast um það, í hreinskilni sagt, að tryggja þessum sjóði nægilegt fjármagn í framtíðinni og verðtryggja hluta þessa fjár í framtíðinni, því að til hvers eru menn að afla sér þekkingar ef það er ekki nokkur trygging hjá manninum sjálfum fyrir verðþróun launamála í framtíðinni? Það hlýtur að vera svo. Sjóðurinn verður að skila sínu fjármagni, ákveðnum hluta, til baka aftur. Annars verður ríkissjóði ofviða að halda úti svona miklum útgjöldum og mæta þeirri þarfafullnægingu sem þessi sjóður fer fram á, a. m. k. 85%, í lánum eða styrkjum í framtíðinni. Það væri ríkissjóði um of, sérstaklega þegar við búum við slíka verðlagsþróun eins og verið hefur um mörg ár og því miður virðist vera fram undan. Ég held að hæstv. fjmrh. komist ekki hjá því að endurmeta þessa tölu og auka hana eitthvað.

Hvort kröfum formælenda sjóðsins verður mætt að fullu og farið upp í um 1.2 milljarða skal ég ekkert segja um, en þeir munu áreiðanlega sækja mál sitt mjög fast og það hefði verið betra, að við hefðum haft kjark til þess allir saman að verðtryggja, koma með nýja löggjöf um sjóðinn og byrja á verðtryggingu, segjum eftir 4—5 ár, svo að allir vissu að hverju þeir gengju gagnvart framtíðinni þegar þeir sækja um lán og styrki. Vaxtafótur gæti á móti verið lágur í þessu tilfelli.

Vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru orðnar mjög háar og mér leikur forvitni á að vita um það, það kom ekki fram í ræðu hæstv. fjmrh., hvað Seðlabanki Íslands innheimtir mikið í hreina vexti fyrir yfirdráttarskuldir ríkissjóðs. Það er ansi hart ef hann hefur í hreinar tekjur mörg hundruð millj. eða jafnvel yfir milljarð í hreina refsivexti, ef ríkissjóður þarf að vera á 24% refsivöxtum hjá Seðlabanka Íslands. Með því móti eykur Seðlabanki Íslands hreina verðbólgu á Íslandi, gagnstætt því sem hann á að stuðla að, að draga úr verðbólgu. Og ef það er rétt einnig, að Viðlagasjóður verður að borga mörg hundruð millj. í yfirdráttarvexti, þá tel ég þetta svo alvarlegt mál að það verður að athuga það alveg sérstaklega. Og ef almenningur á að borga mikið á 2. milljarð fyrir refsivexti til Seðlabanka Íslands fyrir yfirstandandi ár, þá er það mál, sem Alþ. verður að vita nákvæmlega um, engar undanbragðaleiðir í því efni, fá nákvæma skýrslu um alla slíka vexti sem Seðlabanki Íslands ætlar að innheimta vegna erfiðrar greiðslustöðu ríkissjóðs og Viðlagasjóðs. Hann má hafa refsivexti gagnvart sínum viðskiptamönnum, en það hlýtur að gilda allt annað, þegar hann beitir ríkisvaldið sjálft, sjálfan ríkissjóð, slíkum ógrynni refsivöxtum, sem ríkissjóður hlýtur að verða að velta yfir í fjárlagainnheimtu, fjárlagagerð og auknar skattaálögur á almenning í landinu. Við ríkjandi aðstæður tel ég það hreinlega sagt óverjandi þrátt fyrir það, að Seðlabankinn telji sig hafa völd sem þetta réttlæti, þá dreg ég það samt sem áður í efa þegar um sjálft ríkisvaldið er að ræða eða ríkissjóð.

Ég sé ekki annað en margar stofnanir verði að fá einhverja hækkun eins og síðasti hv. ræðumaður drap á. Við höfum ekki enn heyrt í þeim öllum, en þeir, sem hafa komið á fund fjvn., bera sig mjög illa. Sumir hafa í krónutölu sömu tölu á fjárl. og var á s. l. ári og sjá allir menn að það er óhugsandi, gersamlega óhugsandi. Ég fæ ekki séð hvernig komist verður fram hjá því fyrir hæstv. menntmrh. að gera auknar kröfur um fjármagn til skólabygginga. Ég get ekki ímyndað mér að hann sætti sig við þessa tölu sem er smávægileg hækkun frá s. l. ári. Framkvæmdamagn í skólabyggingum dregst saman með slíkum hraða, ef þetta verður raunveruleikinn eins og frv. sýnir, að það er algerlega óhugsandi og mörg önnur starfsemi, eins og íþróttastarfsemi í landinu, mun líða við það mjög illa. Það verður þá eitthvað að koma á móti, hrein lántaka, ef ekki á að fækka útgjöldum ríkissjóðs beint. Gengislækkunin enn einu sinni verkar þannig svo kröftuglega á allar kostnaðarhækkanir að það er tvíeggjað ráð að grípa alltaf til hennar og sjá enga aðra leið heldur en auka allan erlendan kostnað á Íslandi,

bæði neysluvörur og rekstrarvörur, og stuðlað þannig sífellt að verðþenslu sem við ráðum ekkert við, eiginlega nákvæmlega sama hverjir hafa verið í ríkisstj.

Hv. síðasti ræðumaður minntist á fyrri ummæli hæstv. núv. fjmrh. og hæstv. núv. sjútvrh. þar sem þeir reiknuðu með að hægt væri að lækka fjárlagafrv. í fyrra um 4.5 milljarða. Það þýðir í dag a. m. k. yfir 6 milljarða. Og þetta átti að vera mætavel rétt, aðeins ef Sjálfstfl. kæmist í ríkisstj. Orðrétt — með leyfi forseta — segir á bls. 3 í grg. með frv.: „Þær tillögur, sem hér liggja fyrir um breytingar á l. um tekjuskatt og eignarskatt, eru fyllilega tímabærar.“ En nú er alls ekki tími til að móta frv. svo að nú er úr vöndu að ráða. Þetta er einum of mikið, að afsaka sig alltaf með tímaleysi, að verðþenslan í þjóðfélaginu sé svo mikil, að alltaf verði að hopa undan og ekki sjá neitt annað en hækka fjárlög ár frá ári um þriðjung eða meira og allt upp í helming, eins og nú er gert ráð fyrir. Og þó að skattvísitala sé nú allverulega hærri en hefur verið undanfarin ár, þá veit ég ekki hvað hún gefur á þessu stigi þar sem meðaltekjur þessa árs liggja nú ekki fyrir. Hjá sumum starfshópum hefur tekjuaukning orðið veruleg, kannske mun meira en 45%, svo að þeir hagnast á því, hjá öðrum mun minni aukning. Það mun koma fram að nauðsyn er, eins og hæstv. fjmrh. drap á, að hreyfa þessa tölu og minnka beina skatta, en allir flokkar standa að slíkri þróun eða hafa staðið undanfarið. Aukning á söluskatti er samþ. og er í framkvæmd á þessu ári og verður það næsta ár og er stærsti einstaki tekjuliður hjá ríkissjóði. Hæstv. ráðh. drap á það að nauðsynlegt væri að auka aðhald við innheimtu söluskatts, og vildi ég mjög mælast til þess að það væri athugað sérstaklega, að mörgum smáatvinnurekendum, sem helst hafa möguleika á að skjóta einhverju undan, væri gert skylt að hafa prentuð form fyrir sína þjónustu, tölusett og í meira en tvíriti, þannig að fjmrn. gæti sannanlega fylgst vel með öllu sem menn taka fyrir þjónustu og ríkið á að fá.

Hæstv. fjmrh. gat þess strax í upphafi ræðu sinnar að vöxtur ríkisútgjalda hafi sætt gagnrýni undanfarin ár. Hæst hafa sjálfstæðismenn gagnrýnt þennan vöxt. Maður skyldi því ætla að þetta frv. bæri virkilega þess merki að nú væru menn sestir að völdum er hefðu ráð undir hverju rifi gagnvart þessari verðþenslu sem ríkt hefur hér á Íslandi undanfarin ár. En svo er alls ekki að sjá. Hann gat um það einnig að niðurgreiðslurnar væru sérstakt íhugunarefni. Það er áformað að draga úr þeim skipulega. En hér er úr vöndu máli að ráða. Ég tel hins vegar alveg óhugsandi að auka útflutningsuppbæturnar svona jafnt og þétt í beinu hlutfalli, þrátt fyrir það að við höfum ákveðin lög um útflutningsuppbætur. Við verðum að horfast í augu við það að ef vissir þættir í landbúnaðinum eru eins óarðbærir og þessar tölur gefa til kynna varðandi útflutningsuppbæturnar, þá hljótum við með rólegri og blákaldri athugun að athuga um hvort hér er staðið að málum á besta veg, og einnig orsaka niðurgreiðslurnar mjög ákveðna þróun í framleiðslunni fyrir vissa menn en íþyngja öðrum um leið í landbúnaðinum. Þær stuðla þannig að óheilbrigðri þróun í framleiðslunni að mínu mati þegar þær eru orðnar svona gífurlega háar. Vissir bændur fá ekki krónu fyrir sína framleiðslu, þótt þeir selji matvöru, en aðrir stórfé. Tel ég ekki sanngjarnt þegar menn verða að búa þannig við misjöfn kjör gagnvart ríkisvaldinu hlið við hlið.

Einnig gat hæstv. fjmrh. þess að tolltekjur grundvallast á alvarlega miklum innflutningi og svo gæti farið að öfugur viðskiptahalli næmi 12.5 milljörðum, jafnvel svo miklu. Þetta er auðvitað mjög alvarlegt. Þetta er alveg gífurlega alvarlegt mál, ef við þurfum enn að halda uppi svo miklum innflutningi að viðskiptahalli okkar nemi mörgum milljörðum. Þegar hafa bílar verið fluttir inn í meira magni en nokkru sinni áður, svo að vart ber að vænta þess nema sem verðbólguspekúlasjón að slíkur innflutningur eigi sér stað á næsta ári. Það er því enn einu sinni staðfesting á því, sem ég hef sagt, að tekjugrundvöllurinn fyrir fjárlagafrv. er hæpinn þegar hann byggir á sífelldri þenslu og sífellt svo mikilli eyðslu í innflutningi eins og hæstv. fjmrh. hefur viðurkennt í ræðu sinni.

Hæstv. ráðh. drap nokkuð á starfsmannafjölgun ríkisins og greindi frá því að ný lög væru væntanleg í því efni. Það er gott út af fyrir sig. En það þarf þá að framfylgja þeim lögum. Við höfum haft ýmiss konar bremsunefndir og ákveðin lög um mannaráðningar, en hæstv. ráðh. hafa ekkert gert með þau þegar á þurfti að halda, a. m. k. í vissum tilfellum. Ný lög í þessu efni geta verið góð svo langt sem þau ná, en það verður þá að treysta því að ríkisstj. framfylgi þeim lögum sem hún setur í þessu efni, annars eru þau hreinlega gagnslaus. Og oft gæti það verið þungt kerfi að fara í gegnum fyrir vissar stofnanir sem þurfa nauðsynlega á auknu starfsfólki að halda, segjum ríkisspítalana. Til hvers er að taka í notkun nýjar byggingar ef ekki kemur nægilegt starfslið fljótlega inn eða þegar í stað? En ríkisspítalana vantar nú þegar um eða yfir 200 manns til þess að hafa eðlilegt starfslið í sinni þjónustu sem ríkissjóður verður að borga að öllu leyti. Frv. gerir ráð fyrir aðeins um eða yfir 100 manna aukningu á næsta ári.

Hæstv. fjmrh. lofaði því, og það var það eina sem hann undirstrikaði sérstaklega varðandi stefnu Sjálfstfl., að fjármálastjórn ríkisins verður efld. En hann gat ekkert um það með hvaða hætti hún verði efld. Enda er langbest að geyma það atriði til síðari tíma þegar nógur tími verður til að framkvæma slík loforð.

Þessi verðlagsþróun átti að koma lítið niður á launþegum, sagði hæstv. ráðh., og efnahagsaðgerðum ríkisstj. yfirleitt að vera það mjúkar að launþegar yrðu lítið varir við þær. Ég held að það sé óskhyggja ein að halda slíku fram, gersamlega óskhyggja ein. Það sjáum við á því hvað reiknað er með að ríkissjóður þurfi að taka til sín þrátt fyrir alla tekjuaukningu, sem meðaltölur sýna að er mjög misjöfn hjá launþegum. Sumar stéttir hafa komið ár sinni vel fyrir borð í þessari verðþenslu, vissar iðnaðarstéttir hafa verið á uppsprengdum launum, en aðrir fengið rýrari kjör svo að um munar. Það þarf því að huga vel að því hvernig hægt er að koma

því svo fyrir, að tekjujöfnun eigi sér stað. Þrátt fyrir að hér er lagt til, ef ég man rétt, að 500 millj. sé ráðstafað sérstaklega varðandi þennan þátt, þá get ég ekkert um hann sagt hvort sú tala er há eða lág. Ég saknaði nánari hugleiðinga um ráðstöfun á þeirri tölu í ræðu hæstv. fjmrh. E. t. v. hefur ekki unnist svigrúm — og er það vel skiljanlegt — til þess að gera grein fyrir ráðstöfun á þessari tölu, en vonandi kemur hún þeim best að gagni er mest þurfa á að halda.

Ég vil mjög vara við þeirri þróun, sem ég sé að hér er sett fram við uppbyggingu hafna á Íslandi. Hún er gersamlega óraunhæf á sama tíma og við höfum eignast það mikið af skuttogurum að á mörgum stöðum úti á landi eru þessi skip ekki með lágmarkshafnaraðstöðu, hvað þá að hún sé sómasamleg. Nú er um raunverulegan samdrátt að ræða í þeirri þróun sem mótuð var hjá síðustu ríkisstj. og var það vel gert, og ég trúi því ekki að hæstv. samgrh. eigi ekki eftir að ýta á fjármagn til hafnanna, ég trúi því ekki fyrr en ég tek á. Það er óhjákvæmilega og að mínu viti miklu skynsamlegra að leggja aukið fjármagn í þann þátt heldur en í marga aðra Við komumst ekki hjá því vegna þeirrar uppbyggingar í togaraflotanum, sem átt hefur sér stað undanfarin ár og þýðir ekki að vera með neina óskhyggju í því sambandi. Þörfin er slík, að fram hjá þeirri staðreynd verður ekki gengið. Við í fjvn. höfum ekki fengið enn heildaryfirlit hjá vitamálastjóra né hefur hann haft tök á því að mæta á fundi hjá okkur og fer ég því ekki nánar út í þennan þátt. En í næstu viku er von á því að vitamálastjóri geti gert okkur nánari grein fyrir fjármálum hafna og uppbyggingarþörf úti um allt land.

Mörg áhugamannafélög hafa sent inn beiðnir og kvarta nú mjög um að naumt sé skorið með styrki til þeirra. Það getur vel verið að það sé rétt að draga skyndilega úr fyrirgreiðslu fyrir þessi áhugamannafélög og hafa óbreytta tölu í krónum talið á fjárl. frá síðasta ári og segja: Gerið svo vel og leggið meira sjálfboðaliðsstarf fram en nokkru sinni áður til þess að hefta útgjaldaaukningu ríkisins. — En margir una þessu illa og sækja fast á og verður sjálfsagt haft uppi gamalt ráð að reyna að fá þm., ekki aðeins í fjvn., heldur til hliðar við hana, til að fallast á hærri tölur eða láta undan þeim þrýstingi sem þessi áhugamannafélög segja að sé nauðsynlegur til þess að þeirra starf haldi áfram.

Barnalífeyrir á að lækka næsta ár. Hæstv. fjmrh. drap á það, að gjöld í gegnum Tryggingastofnun ríkisins væru 43—45% af útgjöldum ríkisins, og var með vangaveltur um að ekki væri öruggt að allt kæmi að sem bestum notum. Þetta er gamalt vangaveltuatriði, sem ekki hefur tekist að ráða fram úr hér á Alþ. enn þá, og hefur sífellt verið í endurskoðun löggjöf um tryggingakerfið og er enn. Það get ég tekið undir með hæstv. ráðh. að nauðsyn sé að tryggja það að svo mikið fjármagn, sem er yfir 40% af útgjöldum ríkissjóðs, komi að sem bestum notum. Sannarlega er það mjög mikil nauðsyn og veitir ekki af að vel sé að staðið hjá Tryggingastofnuninni og einnig hjá Alþ. að hafa löggjöfina þannig mótaða hverju sinni að hún tryggi þeim, sem mest þurfa, örugga bót í þessu efni. Ég tel þó að hlutur lífeyrisþega sé nú óumdeilanlega skertur. Ég tel sérstaklega þegar vísitalan er svona fölsuð, eins og gert er, að þá bitni það einmitt á þessu fólki umfram alla aðra. Það verður að gera sérstaka athugun á því hvað þessi þróun í vísitölunni þýðir fyrir þetta fólk. Ef það er talin lífsnauðsyn að draga úr barnalífeyrisframlagi á miðju komandi ári um fjórðung, þá vil ég hafa það á hreinu hvernig afstaða til lífeyrisþeganna verður síðari hluta næsta árs. Það er fólk sem ekki á þess kost að tryggja sér miklar tekjur umfram það sem það fær frá Tryggingastofnun ríkisins.

Við þessa fjárlagagerð er því treyst um of að mínu áliti að verðlag hér heima verði það stöðugt að vísitalan sýni um 15% hreyfingu upp á við á næsta ári, en á því byggir frv. að verulegu leyti. Á því byggir efnahagsstefna ríkisstj. sem hér hefur verið boðuð með stefnuræðu forsrh. En ég tel slíkt alveg óraunhæft og við mótmælum því í Alþfl. að slík fjárlagagerð sé raunhæf. Hún er alveg eins og henti síðustu ríkisstj. eða fyrri ríkisstj., þetta er byggt á sandi. Það fjárlfrv., sem þá var afgr., hefur nú hæstv. fjmrh. mjög notað sem óraunhæft og viljað nota síðari tíma verðbreytingar sér til hjálpar í þeirri viðmiðun að fá nú þessi fjárlög sem lægst til hækkunar. Nú er svo mikill tímaskortur hjá hæstv. ráðh., að þeir geta ekki mótað eigin stefnu né stefnu flokksins þrátt fyrir mörg frumvörp á undanförnum vetrum og sérstaklega s. l. vetri og þessa þakmótun, sem átti að vera allsherjarráð þá og þeir fengu sennilega gott út úr kosningunum í vor. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh.: Hvar er stefnan, sbr. fyrri frv. fyrri orð? Hvar er hið umtalaða þak á fjárl.? Hvenær megum við eiga von á því að sjá niðurstöðutölurnar raunverulega svo að við getum treyst því að ekki stefni í sömu átt og verið hefur undanfarið, sífelld verðbólga, sífelld verðrýrnun á öllum peningum hér umfram það sem er hjá öðrum þjóðum? Ég tel að þessi þróun eigi sér enga formælendur með slíkum vinnubrögðum. Ég tel, að við eigum að muna eftir gömlu orðatiltæki sem segir einfaldlega: Þetta er ekki hægt, Matthías.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú búið að teygja æðimikið úr þessum umr. og ég skal reyna að vera ekki mjög langorður.

Ég held að það hljóti að hafa verið talsverðum erfiðleikum háð hjá hæstv. núv. fjmrh. að mæla fyrir því frv. til fjárl. fyrir árið 1975, sem hér er nú til umr., eftir allt það sem á undan er gengið þ. e. a. s. allt sem hann og hans flokksbræður hafa á undanförnum þremur árum sagt um fjárlagastefnu fyrrv. ríkisstj. — og nú brosir formaður þingflokks Framsfl. sé ég er.

Það hafa oft komið fram hér í ræðum á Alþ. að undanförnu ádeilur á fyrrv. fjmrh. fyrir óstjórn í peningamálum þjóðarinnar. Fyrst og fremst hafa átt hér hlut að máli talsmenn þess flokks sem nú ræður ferðinni í hæstv. ríkisstj. Það er því ekki úr vegi að rifja hér aðeins upp það sem áður hefur komið fram.

Ein af merkustu ræðum, sem talin er hafa verið haldin á síðasta Alþ., var fjárlagaræða þáv.

hæstv. fjmrh., núv. hæstv. samgrh. Og mér finnst þessi ræða hvað merkust fyrir það að hún gæti núna orðið talsvert lærdómsrík, ekki bara fyrir núv. hæstv. samgrh., heldur Framsfl. í heild við þá fjárlagagerð sem við erum hér að ræða.

Eitt af aðalárásarefnum fyrrv. stjórnarandstæðinga var sú gífurlega hækkun á fjárl., sem þeir töldu hafa orðið í tíð þeirrar ríkisstj., og þá fyrst og fremst sú hækkun sem átti sér stað á milli ára. Það vill svo til að ég hef hér upplýsingar um hækkun milli ára á fjárl., milli ára frá 1968. Fjárlög milli áranna 1968 og 1969 hækkuðu um 12.5%, fjárlög milli áranna 1969 og 1970 hækka um 17%, en fjárlög milli áranna 1970 og 1971, sem er kosningaár, það skal tekið fram, hækka um 40.8%. Mesta hækkun, sem átti sér stað á fjárl. milli ára hjá fyrrv. ríkisstj., var 44% og sú hækkun var harkalega gagnrýnd, en þess var ekki getið að einmitt milli þeirra ára eða milli þeirra fjárlagagerða var framkvæmd breyting á tekjustofnunum þannig, að ríkissjóður yfirtók gjöld af sveitarfélögunum svo að nokkrum hundruðum millj. skipti.

Ég skal ekkert vera að kvarta yfir þessari gagnrýni þeirra sjálfstæðismanna á þetta. En ég vil með leyfi hæstv. forseta vitna hér í nokkur ummæli úr þessari hinni merku ræðu fyrrv. hæstv. fjmrh. og með þá tilvitnunum eða kannske ráðleggingum til hans og þeirra framsóknarmanna sem nú eru aðilar að ríkisstj. Hæstv. fjmrh. sagði á einum stað í sinni ræðu með leyfi forseta:

„Eitt af því, sem mikið er rætt nú, er hvað fjárl. hafa hækkað. Þá er rætt um það hvað fjárl. hafi hækkað frá því núv. ríkisstj. tók við. Nú ætla ég ekki að fara að telja einu sinni enn til það sem var vantalið í fjárl. 1971, þ. e. a. s. hjá viðreisn. Ég vil hins vegar minna á það sem ég nefndi áðan að ef framlög sveitarfélaga og persónuskattar til sjúkrasamlaga hefðu ekki verið felld niður, þá væru fjárl. 2000 millj. lægri."

En svo heldur hæstv. þáv. fjmrh. áfram og segir:

„Ég minni einnig á það, að hafnalögin" — og þá komum við einmitt að þeim málaflokkum, sem eru hvað viðkvæmastir, a. m. k. fyrir kjördæmi eins og núv. hæstv. samgrh. er úr og ég ásamt fleirum þm. dreifbýlisins, — hann segir: „hafnal. og heilbrigðisl., sem voru sett í fyrravor og sett í ákveðnum tilgangi, og það var að hækka framlag ríkisins til þess að létta af höfnunum og þar með byggðarlögunum úti á landsbyggðinni. Ég get ekki heldur stillt mig um að minna á það, að ef fjárl. frá 1968, 1969, 1970 og 1971 eru skoðuð, þá verður öllum ljóst að þau voru niðri í algerum öldudal í ríkisframkvæmdum. Það hefði ekki verið fært að halda því áfram nema með þeim hætti að þjóðin hefði beðið tjón af. Þessu held ég að hv. alþm. verði að gera sér grein fyrir, og þeir gera sér grein fyrir því þegar er rætt um þær framkvæmdir sem þeir sjálfir hafa áhuga á."

Og hann heldur áfram og segir: „En ég ætla að nefna nokkur atriði, sem hafa valdið þessari hækkun á fjárl. frá 1971." Og hann nefnir þar í fyrsta lagi hækkun á fjárl. til byggingar skóla. Ég vil í þessu sambandi minna á það að í frv. til fjárl. nú er reiknað með yfirleitt 10—15% minnkun á framkvæmdum.

Fjmrh. heldur áfram og segir: „Eru ekki hafnirnar undirstaðan undir aðalatvinnuvegi okkar? Er það ekki ljóst, að breyta þarf hafnal. og byggðarlögin treysta sér ekki til að standa undir fjárveitingum til þeirra."

Og hann bætir við: „Talið þið um byggðastefnu og leggið svo jafnhliða til að skera niður hafnarframkvæmdir, það hljómar ekki vel." Hér er komið að atriði sem ég held að sé vert að íhuga því að ef við lítum á póst eins og hafnamálin, þá er ljóst að fjárveiting til hafna á árinu 1971, þegar vinstri stjórnin tók við, var 99 millj. kr. Hún var á síðustu fjárl. vinstri stjórnarinnar, þ. e. a. s. fjárl. ársins í ár, 838 millj. kr. Núna er hækkun á þessum lið til hafnarframkvæmda á öllu landinu 89 millj kr. Þetta þýðir sennilega í reynd niðurskurð upp á 30—40% og þessi áminning fyrrv. hæstv. fjmrh., núv. samgrh., á því vel við. Það fer ekki vel saman þegar menn eru að tala um byggðastefnu eins og núv. stjórnarliðar hafa gert, en skera svo jafnframt niður stórlega framkvæmdir sem eru þess eðlis að byggðastefna verður ekki í reynd, nema því aðeins það fáist aukið fé til þessara framkvæmda.

Ég sagði áðan að gagnrýni fyrrv. stjórnarandstæðinga hafi fyrst og fremst verið á útþenslu í fjármálum ríkisins, og þeir drógu ekkert undan hvort þar var um að ræða rekstrarútgjöld eða beinlínis fjárveitingar til framkvæmda, enda sýnist mér að hin fyrstu fjárlög eða frv. til fjárl. hjá núv. hæstv. ríkisstj. beri þess merki, að hér er gerður allmikill greinarmunur á, því að í frv. til fjárl. nú fyrir árið 1975 kemur í ljós að þar er um að ræða allt að 82% hækkun á útgjaldaliðum rekstrarútgjalda, en stórlegan niðurskurð í framkvæmdaliðum.

Í þessari tilvitnuðu ræðu núv. hæstv. samgrh. fjallar hann einnig um flugvallarmálin. Þar eins og í öðrum flokkum að því er varðaði framkvæmdaliði var gert stórátak í tíð fyrrv. ríkisstj. Árið 1971, þegar viðreisnarstjórnin fór frá völdum, var fjárveiting í þennan málaflokk 31 millj. kr. Hún er á fjárl. þessa árs 172 millj. Nú gerir hæstv. ríkisstj., nú gerir hæstv. fjmrh. till. um 12 millj. kr. hækkun á þessum framkvæmdalið, þ. e. flugvallargerð. Það er í kringum 7% hækkun þegar framkvæmdakostnaður hefur hækkað yfir 50%. Hér á einnig við hin góða áminning fyrrv. hæstv. fjmrh. um að það fer ekki saman að tala um aukna byggðastefnu, en svo stórkostlegan niðurskurð á framkvæmdamagni úti í dreifbýlinu.

Ég sagði áðan að það fjárlagafrv., sem hér væri til umr., bæri þess greinilega merki að það hefði verið um of, ef menn ættu að vera sér sjálfum samkvæmir, gagnrýni hjá fyrrv. stjórnarandstæðingum á vinstri stjórnina vegna aukinna útgjalda hjá ríkissjóði, ekki bara í rekstrarútgjöldum, heldur og í sambandi við framkvæmdaliði.

Ein af þeim skrautfjöðrum, sem núv. hæstv. ríkisstj. hampar hvað mest, er sem þeir kalla hina stórkostlegu hækkun fjárframlaga úr ríkissjóði til Byggðasjóðs. Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan: „Í fjárl. þessa árs eru 153 millj., í fjárlagafrv. eru 877 millj." Ef litið er nánar á

þennan lið kemur í ljós að það er rétt hjá fjmrh. að því leyti til að í fjárl. þessa árs eru 153 millj. Auk þess er svokallað álgjald sem verður upp á 250 millj. á þessu ári + lántökuheimild sem Byggðasjóður hefur á þessu ári, 300 millj. kr., þannig að í reynd getur Byggðasjóður á þessu ári haft til ráðstöfunar 703 millj. kr. En fjmrh. gleymdi að geta þess að í þessum 877 millj. er einmitt álgjaldið innifalið. Það er innifalið í þessari upphæð. Það er sett þannig upp, þannig að hér er ekki um eins mikinn mismun að ræða og núv. stjórnarliðar vilja vera láta. Hér er um að ræða mismun upp á 175 millj. kr. eða svo. En samfara þessu, 175 millj. kr. hækkun framlaga í Byggðasjóð, er gerð till. um í fjárlfrv. að skera stórkostlega niður aðra framkvæmdaliði fjárl., þannig að hér er í reynd verið að færa í milli hluta af þessu. Það er bætt 170 millj. í Byggðasjóð, en teknar svo að nemur hundruðum ef ekki þús. millj. kr. af fjárlagaliðum sem hafa verið til framkvæmda. Þetta sýnist mér ætla að vera í reynd sú hin mikla byggðastefna sem núv. stjórnarflokkar guma hvað mest af. Það er eðlilegt að menn velti vöngum.

Nei, það er engin bót að því í reynd fyrir íbúa strjálbýlisins þó að það séu settar upp svo og svo háar tölur til Byggðasjóðs ef það er jafnhliða gert meira að því að draga úr á öðrum fjárlagapóstum sem hafa verið til framkvæmda.

Ég skal ekki fjölyrða ýkjamikið um þessa liði frekar, en ég vil þó vekja athygli á einum lið. Þar á líka við sú áminning sem fyrrv. hæstv. fjmrh. talaði um í sinni fjárlagaræðu 1973, en það er í sambandi við orkumálin. Ég held að enginn geti verið í vafa um að það er lífsnauðsyn að unnið sé vel og dyggilega að fjáröflun og framkvæmdum að því er varðar orkumál í því ástandi sem við nú lifum í. Það er einmitt í þessum lið sem hæstv. fyrrv. fjmrh. talar um að megi síst spara og það er rétt. Mér hnykkti því hálfgert við þegar ég varð þess vís að einmitt í þessum mikilvæga málaflokki, sem eru orkumál, voru gerðar till. til rn., þar með fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem voru frá Orkustofnun um, hvað gera skyldi og hvað fjármagna þyrfti mikið í þessum framkvæmdum á næsta ári. Einn er sá landsfjórðungur sem er hvað vanþróaðastur í þessum efnum. Það eru Vestfirðir. Orkustofnun hafði gert till. um að varið yrði til rannsókna í þessum efnum á Vestfjörðum 9.8 millj. kr. á árinu 1975, heilum 9.8 millj., í vanþróaðasta landshluta að því er varðar orkumál. Og maður skyldi nú ætla að hæstv. ríkisstj. hefði tekið slíka till. góða og gilda. En það er ekki aldeilis. Þarna hefur verið um of mikla bjartsýni af viðkomandi stofnun að ræða því að undir skurðarhnífnum hjá hæstv. ríkisstj. hafa þessar 9.8 millj., sem ætlaðar voru til rannsókna á Vestfjörðum í raforkumálum, verið skornar niður í 3.2 millj. Það nægir Vestfirðingum til öflunar og rannsókna á raforku næstu árin. Þetta er eitt ljósasta dæmið um það hve mikill munur er á milli orða og gerða. Ég fyrir mitt leyti trúi því ekki fyrr en ég tek á að hæstv. fjmrh. geri ekki bragarbót þarna á, ég treysti honum til þess og ég skal láta hann njóta sannmælis eftir að hann gerir það, fyrr ekki, ekki í þessum efnum.

Ég ætla að víkja hér í örfáum orðum, af því að það hefur lítið verið komið inn á það, að ýmsum liðum fjárlagafrv., ekki framkvæmdaliðum, heldur ýmsum menningar-, æskulýðs- og íþróttaliðum. Það hefur verið lítið talað um það hér en ég tel að það sé ástæða til þess að gefa því gaum.

Á sama tíma og hæstv. ríkisstj. telur sig þurfa að hækka útgjöld í sínum stofnunum um 65% ætlar hún svo til öllum félagsmálaaðilum í landinu, æskulýðs- og íþróttafélögum, menningarfélögum og líknarfélögum að búa við nákvæmlega sömu krónutölu í fjárveitingum og eru á fjárl. þessa árs. Ég fletti að gamni mínum einmitt þessum liðum og ég varð mikils vísari í þeim efnum. Ég veitti fyrst athygli lið sem er undir félagsmálastarfsemi og er liður um æskulýðsmál. Þar eru allir undirliðir í liðnum æskulýðsmál óbreyttir að krónutölu. Liðurinn íþróttamál, allir undirliðir óbreyttir að krónutölu og meira að segja einn lækkaður. Í liðnum ýmislegt undir menntmrn., sem er með 74 undirliðum, sem eru styrktir til margs háttar félags- og menningarmála, er allt óbreytt í krónutölu. Liðurinn listir, framlög, með 23 undirliðum, allir óbreyttir í krónutölu nema 6. Og liðurinn ýmisleg framlög hjá félmrn. með 33 undirliðum, sem eru styrkir fyrst og fremst til líknar- og menningarmála, þar er allt óbreytt í krónutölu nema 3. Ég held því, að þó að leitað væri með logandi ljósi í gegnum fjárlfrv., þá væru þeir liðir fáir, sem sæist hækkun á, þegar litið væri til þessara pósta í fjárl., til félags- og menningarmála og líknarmála, til samfélagslegrar þjónustu við hin ýmsu menningar- og líknarfélög.

Ég trúi því vart, að hæstv. ríkisstj. ætlist til þess, að allur sá fjöldi fólks, sem hefur varið sínum tíma að meira að minna leyti til þjónustu við svona málefni leggi á sig enn aukna sjálfboðavinnu og fái sem sagt 50% niðurskurð á fjárveitingum, sem verið hafa á fjárlagapóstum til þessara mála, á sama tíma og útþensla ríkiskerfisins, kerfisins sjálfs, sem núv. hæstv. fjmrh. gagnrýndi hvað mest í stjórnarandstöðu, fær að leika svo að segja lausum hala með hækkun upp á a. m. k. 65%. Ég held a. m. k. að það verði eftir því tekið hjá hinum ýmsu einstaklingum og félagasamtökum ef þetta á að vera í reynd stefna hæstv. ríkisstj. í þessum málaflokkum. Og það er enginn vafi á því að fólk víðs vegar í kringum landið, sem hefur haft fyrir augum undanfarin 3 ár alla þá uppbyggingu á atvinnulífi og alhliða uppbyggingu sem átt hefur sér stað, verður fyrir sárum vonbrigðum, þegar það sér í reynd þann niðurskurð sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur uppi hugmyndir um og hefur lagt fram till. um í formi fjárlagafrv. Hafi einhver trúað því, að núv. stjórnarflokkar ætli að stuðla að aukinni byggðastefnu, þ. e. a. s. uppbyggingu þeirra svæða, sem um langan tíma hafa verið vanrækt, — hafi einhverjir trúað slíku tali, þá er ég viss um, að fólk sannfærist um það eftir annaðhvort að hafa fengið upplýsingar eða lesið frv. til fjárl. fyrir árið 1975 að hér er um fagurgala einan að ræða. Það er svo að segja sama, hvar er borið niður í fjárlfrv., alls staðar nema í rekstrarútgjöldum ríkiskerfisins sjálfs, þar er um stórkostlegan niðurskurð að ræða. Ég

unni fyrrv. hæstv. fjmrh. þess vel, að hann hefur fengið í þessum umr. nokkuð margar skrautfjaðrir í sinn hatt, eftir að hann er farinn frá fjmrh.-embættinu, sem að sjálfsögðu eru þá á kostnað hans arftaka. Það var sagt um það leyti sem ráðherraskipti urðu að fyrrv. hæstv. fjmrh. hefði lagt eftirmanni sínum margar lífsreglur og þær góðar. Og það voru líkur á því að hann ætlaði að hafa þær flestar í heiðri og taka tillit til þeirra, a. m. k. að því er varðaði skattlagningu. En í þessum efnum hefur núv. hæstv. fjmrh. orðið mikill eftirbátur síns fyrirrennara og það er því nánast átakanlegt til þess að vita að núv. hæstv. samgrh. skuli í reynd ætla að leggja sína blessun yfir það sem hér er að gerast.

Hv. síðasti ræðumaður sagðist vart trúa því að núv. samgrh. gerði ekki tilraun til þess að ýta á hæstv. fjmrh. til þess að afla meira fjármagns í hinar ýmsu framkvæmdir og þá fyrst og fremst hafnirnar. Þó að ég hafi aldrei verið neinn aðdáandi framsóknarmanna almennt talað, þá verð ég að segja að ég tek undir þessi orð þessa hv. ræðumanns. Ég treysti því að núv. samgrh. beiti afli sínu til þess að hér verði breyting á. Ég vona að núv. hæstv. fjmrh. verði auðsveipur í meðförum, eftir að búið er að tala hann til, þannig að sanngirnin, réttlætið, réttlætiskenndin fái að ráða. Og það skulu vera mín síðustu orð við þessa umr. að ég vonast til þess að hæstv. ríkisstj. sjái að sér í þessum efnum og byrji ekki á þeim háttum, sem voru viðhafðir í tíð viðreisnarstjórnarinnar, að ætla að láta framkvæmdir þær, sem verið hafa í gangi í uppbyggingu atvinnulífs og alhliða uppbyggingu úti á landinu, fyrst og fremst verða fyrir skurðarhnífnum. Ef sú þróun á sér stað, þá er rétt sú vantrú eða kannske réttara sagt það öryggisleysi sem orðið hefur vart víða úti á landsbyggðinni frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum. Og ég óttast að ef þessir tveir hæstv. ráðh. láta ekki réttlætiskenndina ráða umfram annað þá verði það svo í reynd og þá er illa farið.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég hygg að það sé í fyrsta skipti síðan ég kom hér á hv. Alþ. að ég tek þátt í umr um fjárlagafrv. og kem upp í ræðustólinn hálffeiminn, því að nú eru hv. þm. farnir að hæla mér og það kann ég miklu verr við heldur en það sem áður var.

Það var margt merkilegt í 1. umr. um fjárlfrv. hér í fyrra. Ég sé t. d. að þær spanna yfir 99 dálka í þingtíðindunum. Að vísu tekur ræða fjmrh. þar næstum því helming eða 44 dálka, en þetta stóð í nokkra daga og sýnir að hv. þm. höfðu áhuga á fjárlfrv. og er vel að svo sé.

Að mínu mati er fjárlfrv. eitt það merkilegasta frv. sem fyrir Alþ. kemur á hverju þingi og svo verður einnig að þessu sinni, og sem betur fer sjá hv. þm. á því kosti og lesti og þannig þarf það einnig að vera.

Ég verð að segja það að þessi ræða mín, sem ég flyt nú, mun að sjálfsögðu verða með öðrum hætti heldur en þær sem ég hef áður flutt. En nokkur atriði eru þó sem ég vildi víkja að og leiðrétta sumt sem fram hefur komið hér í þessum umr. Til þess að gleyma því ekki ætla ég að taka þetta í öfugri röð og leiðrétta það sem hv. þm. 1. landsk., Jón Árm. Héðinsson, sagði hér áðan um vexti þá sem ríkissjóður þurfi að greiða Seðlabanka Íslands. Ég hef hér vaxtagreiðslur fyrir árið 1973 og þá greiddi ríkissjóður í vexti af hlaupareikningsviðskiptum sínum 33 millj. rúmlega. Það voru 6—8%, sem hann greiddi þar. Og af skuldabréfi því, sem gert var til 4 ára, greiðir ríkissjóður 8% vexti sem var þá eftir á greitt og voru 80 millj. kr., því að þar var um 1 milljarð að ræða, en afborgunin af því var 250 millj. á árinu í fyrra og annað eins verður á yfirstandandi ári. Þetta vildi ég að kæmi hér fram til þess að menn haldi ekki að Seðlabankinn noti refsivexti í viðskiptum sínum við ríkissjóð, því að um þetta er samið.

Ég vil í sambandi við þetta fjárlfrv. minna á það að á síðustu 3 árum komst á viss regla í samskiptum fjmrn. og fjvn. sem ég veit að núv. hæstv. fjmrh. mun halda og ég tel að sé af því hinu góða. Einn þáttur af því, sem ég vildi í því sambandi nefna, var það að fjvn. öll, bæði minni hluti sem meiri hluti, fékk í sínar hendur grg. þá sem Efnahagsstofnunin gerði fyrir tekjuöflun ríkissjóðs. Á viðreisnarstjórnarárunum fengum við, sem þá vorum í minni hl. í fjvn., ekki þessa grg., heldur aðeins frásögn af henni, og ég tel að þetta þurfi að haldast, að fjvn. í heild fái þessa grg. til þess að hún geti metið það eins, bæði minni hluti og meiri hluti. Ég tel mér það mikils virði að hafa afhent fjvn. þetta sem grg. fyrir árið 1974, því að ljóst er að tekjur ríkissjóðs verða á því ári miklu meiri en gert var ráð fyrir, en það var ekki byggt á spádómi fjmrh., heldur á spádómi hlutlausrar stofnunar sem mat þetta á þann veg eftir þeim forsendum sem þá lágu fyrir.

Það er hins vegar alveg rétt að einn þátturinn í að tekjur fara svo umfram það, sem gert er ráð fyrir á þessu ári, er að innflutningurinn er miklu meiri en nokkru hófi gegnir. Þess vegna vil ég undirstrika það, sem ég sagði í ræðu minni við útvarpsumr. um daginn, að það er ekki hægt að miða við þessa tekjuöflun af því að hún er meiri en þjóðin í heild þolir. Hitt vitum við, að við höfum ekki haft hér á nein höft um innflutning, og þeir, sem inn vilja flytja og hafa fengið til þess gjaldeyri og önnur þau skilríki sem til þess þarf, þeir hafa getað flutt inn vörur hvort sem það hafa verið bílar eða aðrar vörur sem við hefðum getað án verið. Það þarf ekki að draga það í efa að sá takmarkalausi áróður, sem hefur verið hér á landi, bæði í útvarpi, sjónvarpi og blöðum, um efnahagsráðstafanir og efnahagsástand á árinu 1974, hefur gert það að verkum að þessi gegndarlausi og skefjalausi innflutningur hefur átt sér stað. Það var þó lán í óláni að það voru þó innheimtir tollar og söluskattur í ríkissjóð af þessu innflutningsflóði, sem hér hefur átt sér stað. Ég tel að það sé ekki hægt að byggja tekjur fjárl. á slíku því að það er óraunhæft.

Ég vildi minna á þetta í sambandi við yfirstandandi ár. Ég vil líka segja það að þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar í efnahagsmálum, hafa margar verið neyðarráðstafanir, sem mjög

slæmt er að hafa þurft að gera, og tel ég niðurgreiðslurnar einn þátt af þeim þó að ég viti að þær komi sér að sumu leyti vel fyrir þá sem þeirra þurfa að njóta, en ég er ekki mjög spenntur fyrir því að gefa hátekjufólki hálft matarverð. Hins vegar veit ég, að það kemur öðrum að liði, og þess vegna var til þess gripið þótt að mínu mati hafi verið of langt í því gengið. Hins vegar er ekkert við því að segja og ég hef tekið þátt í að samþykkja það og mér er það fullkomlega ljóst að í slíkum efnum er ekki hægt að stökkva til baka aftur. Þar verður allt að vera með gát ef vel á að fara.

Við þurfum ekkert að vera undrandi yfir því þó að hér á landi hafi verið mikil verðbólga tvö síðustu árin. Þessi tvö síðustu ár jafnast ekki á við nein ár næsta áratugsins á undan eða þótt lengra sé leitað í sambandi við verðhækkanir á innfluttum vörum. Við þurfum ekki að halda að við séum einir í heiminum, og þegar við flytjum inn verðbólgu upp á 24% eins og við gerðum á árinu 1973 og upp á 48—49% eins og við gerum á árinu 1974, þá þurfum við ekki að láta okkur detta annað í hug en það komi við. Verðhækkunin á olíu kostar okkur 3 milljarða á þessu ári umfram það sem áður var svo að það þarf enginn að halda að það sjáist ekki bæði í ríkisútgjöldum og útgjöldum almennings í landinu. Þetta er eins eðlilegur hlutur og lífið sjálft, og sveiflur af hinu verra koma eins við okkur og sveiflur af hinu betra. (**Gripið fram í:** Trúir hæstv. ráðh. á 15% verðbólgu næsta ár?) Ég er ekki kominn að því, en ég skal svara hv. þm. strax, að ég ætla mér ekki að vera að taka þátt í spádómi *því að mér sýnist ástandið í verðlagsmálum í veröldinni vera það ótraust að ég mun* hvorki spá 15% né öðrum prósentuhækkunum á næsta ári. Það er alls ekki séð fyrir endann á því enn þá hvernig verðlagshreyfingarnar verða í veröldinni á næsta ári, því er nú verr. Ég las í blöðunum í dag að Bretar eru að láta sitt gengi fara á flot á nýjan leik, svo að mér sýnist það ekki stefna til þess að um festu verði að ræða. Hitt er annað mál, að það væri æskilegt að verðbólgan þyrfti ekki að vera meiri, en ég hef aldrei trúað því og trúi því ekki enn þá að við komumst hjá því að þurfa að taka afleiðingunum af verðbólgunni í veröldinni eins og hún hefur verið og er enn þá. — Þetta vildi ég segja um þá hluti.

Ég vil svo segja um aðra hluti og sérstaklega *þá sem snúa að framkvæmdaliðum fjárlfrv.*, að það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. gerir grein fyrir í grg. fjárlfrv. og í sinni ræðu, að auðvitað hafði hann mjög takmarkaðan tíma til að undirbúa þetta fjárlfrv. Ég get vottað það að meðan ég sinnti því starfi í sumar sagði ég hagsýslustofnuninni að ég mundi engin áhrif hafa í sambandi við undirbúning fjárlfrv. Þeir yrðu að vinna það sem embættismenn af sinni venjulegu samviskusemi sem ég þekkti þá vel að, en stefnumörkun gæti ekki átt sér stað fyrr en séð yrði hver stjórnarmyndun yrði í landinu og hvaða fjmrh. hefði þar mest um að segja. Mér er það alveg ljóst að fjárl. *íslenska ríkisins* eru flóknari en svo að það verði hægt að breyta þeim á einhverjum vikum eða mánuðum. Þess vegna lagði ég saman hlustirnar í fyrravetur og hlustaði ekki á það þegar menn voru að tala um að hægt væri að lækka fjárl. með einu handtaki um 1—2 eða 3 milljarða. Slíkt er tal út í loftið og verður hvorki á færi mínu né núverandi hæstv. fjmrh. Hvort sem menn treysta sér til þess eða ekki þá mun lífsreynsla sanna þeim að þetta er ekki hægt, að þeir verða að byrja á því að fá hv. alþm. til þess að breyta mörgum lögum, áður en slíkt er framkvæmanlegt. Og mér er sem ég sjái það gert hér á hv. Alþ. Ég vona að við þurfum ekki að lenda í því að menn geri það með glöðu geði. (**Gripið fram í:** Heldur þú að menn viðurkenni það?) Menn viðurkenna ýmislegt á stundum, en stundum geta þeir komist fram hjá því líka og þá gera þeir það.

Það eru t. d. ýmsir hlutir í fjárlfrv. sem er eftir að vinna. Mér er það ljóst og hæstv. fjmrh. er það líka ljóst. Áætlun um Póst og síma er ekki raunhæf. Við vissum það ósköp vel. Það var samkomulag milli okkar að við settum þetta dæmi upp, færum ekki að sýna Póst og síma með halla, en að Póstur og sími kæmist af með 200 eða 300 millj. í framkvæmdir á heilu ári, það datt hvorugum okkar í hug því að það er algerlega óframkvæmanlegt. Það mundi verða til þess að skerða tekjumöguleika Pósts og síma verulega ef út í það ætti að fara. Það er algerlega óframkvæmanlegt að hugsa sér þetta enda datt okkur það ekki í hug. — En við höfðum ekki, hvorki ég sem samgrh. né hæstv. fjmrh., tíma til að vinna að þeim málum þannig að þau væru svo undirbúin sem nauðsyn bar til. Nú er verið að vinna að þessu og ég get fullyrt að það verða engar 200 eða 300 millj. sem við þurfum til framkvæmdanna. *Ég veit að við getum ekki fengið* eins mikið fé til framkvæmda hjá Pósti og síma og nauðsyn ber til vegna þess að við getum ekki hækkað tekjur stofnunarinnar svo mikið sem þar þarf til. Hitt munum við leggja okkur fram um, að finna þá leið í því sem við teljum okkur sæmilega geta staðið að og skynsamlegt er vegna stofnunarinnar sjálfrar.

Sama er að segja um landshafnirnar. Nú vil ég taka fram að það eru til fleiri landshafnir heldur en Njarðvík, því að Rif á Snæfellsnesi er einnig til, það er landshöfn og við megum ekki gleyma því. En þetta mál er líka óunnið af okkar hendi. *Það er mjög stutt síðan ég fékk frá* vitamálastjóra áætlun um hugsanlegar framkvæmdir eða framkvæmdaþörf í þessum tveimur landshöfnum. Þetta verður eitt af því sem verður unnið í *meðferð fjvn. núna á þessu tímabili* fram að því sem fjárl. verða afgreidd.

Ég verð nú að þakka vini mínum hv. 5. þm. Vestf. sem er nú í hverri ræðu, sem hann heldur, alltaf að gráta vinstri stjórnina, sem mér finnst ekkert undarlegt. Mér finnst bara að hann hefði átt að átta sig á þessu fyrr. En betra er seint en aldrei. Ég hef verið að segja það og það er alveg rétt að það varð stórfelld hækkun á fjárveitingum til hafnargerðar á s. l. ári. Ég lít svo á að þegar tekið er svo mikið stökk þá þurfi ekki að gera það á hverju ári. En framkvæmdirnar í höfnunum á næsta ári, þó að sé miðað við fjárlfrv., eru allverulegar. Við megum ekki gleyma því að það er verið að framkvæma stærstu hafnargerð á Íslandi sem er í Þorlákshöfn og gert ráð fyrir að nokkrum hundruðum millj. kr. verði

varið til framkvæmda á árinu 1975. Hitt er svo ljóst, að það er nú búið að gera drög að áætlun um framkvæmdir í höfnum til næstu 3 ára, og ég vona að það sýni sig að þar sé miðað við verulega áframhaldandi uppbyggingu í hafnagerð landsins, miðað við þá þörf sem nú er orðin þar, því að það er með hafnargerðina eins og margt fleira að þetta hefur breyst svo á síðari árum vegna þess að skipin hafa stækkað verulega og skuttogararnir, sem komið hafa til lands nú á síðustu árum, krefjast auðvitað miklu meiri og stærri hafna en litlu skipin sem þar voru fyrir. Ég vona að þessi hafnaáætlun muni koma til fjvn. mjög fljótlega. Það er ekki reiknað með að þeir fjvn.-menn gefi út þá þætti hennar sem ekki varða árið 1975, þar sem þetta kemur sem sérstakt þskj. síðar og verður farið að undirbúa það fljótlega til prentunar, en eins og stendur er það ekki alveg að fullu frágengið, en till. um árið 1975 eru komnar í form.

Ég vona að þm. sjái að það sé stefnt að verulegum framkvæmdum í höfnum á næsta ári og geri sér grein fyrir því að eins og fyrr muni frv. eitthvað hækka í meðförum fjvn. Ég hef alltaf litið svo á að fjárlfrv. ætti aldrei að vera með þeim hætti að fjvn. breytti ekki einhverju frá því sem áður hefur verið. Ég lít svo á að það eigi að vera hennar hlutverk.

Ég vil líka segja það út af því sem hefur verið rætt hér um, þátt íþróttamála og félagsmála almennt: Ég treysti því fastlega að það verði haldið við þá stefnu, sem fyrrverandi ríkisstj. tók upp, að sinna íþróttamannvirkjum með þeim hætti að það verði ekki meira um framkvæmdir en það, að það verði greitt til þeirra jafnharðan og framkvæmdirnar eiga sér stað og haldið verði við þann samning að greiða upp gömlu skuldina sem ég veit líka að verður gert. Þess vegna verður að vera samband á milli þeirra íþróttamannvirkja, sem á að vinna á næsta ári, og þeirra fjárveitinga, sem verða í fjárl. þegar þau verða afgreidd. Þetta hefur venjulega farið svo, að það hefur hækkað í meðförum fjvn., og ég geri ráð fyrir að svo verði enn þá.

Sama er að segja um styrki til ýmissar félagsstarfsemi. Ég held að ég muni það rétt að þar sé nú fylgt sömu reglu og við höfum áður fylgt, að hækka yfirleitt ekki í fjárlfrv. til slíkrar starfsemi, nema má vera að við höfum gert það í sambandi við leikstarfsemina, sérstaklega Leikfélag Reykjavíkur. Hins vegar hefur verið talið að betra væri að fjvn. afgreiddi þessa þætti, félagssamtökin ættu sér þar marga formælendur sem mundu vinna að þeirra málum og eðlilegra væri að gera það í n. heldur en í fjárlfrv. Ég treysti því að þessum lið verði sinnt svo sem verið hefur. Ég legg á það mikla áherslu sem ég hef gert fyrr, að starfsemi eins og hjá Leikfélagi Reykjavíkur njóti verulegs framlags frá ríkinu. Það er afskaplega mikils virði fyrir menningarlíf höfuðstaðarins að hafa hér tvö leikhús og ég mundi ekki vilja styðja að því að Leikfélag Reykjavíkur gæti ekki haldið sinni starfsemi áfram. Ég vona að meðan ég á hér sæti á hv. Alþ. styðji ég að þeirra málum og veit að það mun verða gert eins nú.

Þannig tek ég undir það, að það eru margir liðir í fjárlfrv. sem eftir er að endurskoða og munu taka breytingum í meðferð hv. fjvn. eins og eðlilegt er.

Ég vil svo segja það út af því sem hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, sagði í sambandi við endurskoðun á lögunum um Lánasjóð. Það mun hafa verið fyrir fjárlagaafgreiðslu 1973 að námsmenn boðuðu mig og þáv. menntmrh. á fund til þess að ræða till. um fjárveitingar til Lánasjóðs námsmanna. Á þeim fundi sýndi ég fram á það með útreikningum sem starfsmenn fjmrn. höfðu gert, að miðað við þau lánakjör, sem þá voru í landinu, hagnaðist námsmaður, sem fékk námslán og var eðlilegan tíma við nám hér við háskólann, á þessu láni um rúma millj. kr. miðað við það að hann hefði fengið þetta lán með víxilvöxtum og hefi haldið því eins lengi í endurborgun og lánaskilyrðin í sjóðnum sögðu til um. Þetta er veruleg fjárhæð og nú er þetta vafalaust orðið meira. Ég tek undir það með hv. 1. landsk. þm., Jóni Arm. Héðinssyni, að það er auðvitað eðlilegt að verðtryggja þetta fé að einhverju leyti, því að þetta fé er endurgreitt eftir að þessir menn eru komnir í störf og fá þá sínar launagreiðslur miðað við þau kjör sem þá eru í landinu og geta þess vegna endurgreitt það með svipuðum hætti. Þetta mundi líka þýða það að menn, sem ekki þurfa á þessum lánum að halda, væru ekki að sækja í þau. Ég sé enga ástæðu til þess á þessu sviði frekar en öðrum að verið sé að lána fé alveg út í bláinn. Ég sé ekki heldur að það sé réttmætt að unglingurinn sem fer í vinnu strax og hann er hættur í skólanum á vorin og er í vinnu þangað til skólinn byrjar á haustin, eigi að sitja við verra, eins og nú er, af því að hann hefur það miklar tekjur, en hinn sem fer í utanlandsferðir og skemmtir sér verulegna hluta sumarsins, að ríkið eigi að hygla honum betur. Ég er of gamall til þess að tileinka mér svona hugsunarhátt og sé ekki að þjóðfélagið eigi að byggja á þessu. Þess vegna er ég sammála, enda er verið að vinna að þessari endurskoðun. Það er mikil nauðsyn að endurskoða þennan þátt í útgjöldum ríkisins, og má gera það með þeim hætti, sem nauðsyn ber til, að styrkja eða styðja þá sem þurfa á þessu að halda, en láta þá skila aftur með þeirri afkomu sem þeir hafa síðar í lífinu.

Ég skal svo ekki fara út í marga þætti þess sem fram hefur komið í þessum umr. Ég vil segja það, að ég held að það hafi venjulega verið svo að það hafi gætt verulegrar íhaldssemi í ráðningu á starfsfólki hjá ríkinu og stundum hafi kannske verið gengið lengra í því en góðu hófi gegnir, bæði hjá mér og öðrum, vegna þess að það hefur þá orðið að fá þessa vinnu unna annars staðar. Og mér er sérstök ánægja að því, að segja það hér að í þjónustu ríkisins, a. m. k. að því leyti er ég kynntist því fólki, er margt af afbragðs starfsfólki, svo að það gerist ekki betra á öðrum stöðum á atvinnumarkaðinum. Hins vegar verður oft og tíðum að krefjast af þessu fólki alveg óhemjumikillar vinnu. Eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. var það ekkert lítið álag sem var á þeim mönnum s. l. vetur sem unnu að gerð launasamninganna og allt sem í kringum það var. Það hefur nú farið í skapið á mér að lesa í blöðum alls konar aðdróttanir að þessu fólki, sem lagt hefur nótt við dag

til þess að skila sínu verkefni, um það að þessi og hinn ætti eftir að fá einhverjar greiðslur langt aftur í tímann, með mikilli fyrirhöfn og alls konar vinnu sem því fylgir þegar þannig þarf að vinna. Ég held að þær aðdróttanir, sem þar hafa komið fram, hafi ekki haft við rök að styðjast því að þetta fólk hefur lagt á sig miklu meira en í raun og veru er hægt að krefjast af nokkrum í sambandi við vinnuafköst því að það hefur orðið að leggja svo mikið á sig. En það er ekki orðið neitt smáfyrirtæki að reikna laun aftur í tímann hjá jafnfjölmennu starfsliði og er farið að vera hjá ríkinu. Ég er fylgjandi því sem hér er komið fram í frv. um aðhald í sambandi við starfsmenn ríkisins. Þetta frv. var samið að mestu leyti í fyrravetur, en þá var ástandið slíkt hér á hv. Alþ. að það þýddi lítið að vera að flytja fram góð mál, því að þau stönsuðu öll. En það, sem er mergur málsins í þessu, er að þarna er verið að reyna að girða fyrir það að lausráða fólk sem var oft og tíðum sú leið sem farin var. Með þessu frv. er líka tekið tillit til þess, sem kannske hefur skort á hjá okkur áður, að þeir, sem á sækja, fái að gera grein fyrir sínum málum fullkomlega, svo að fullkomins skilnings gæti á því þar sem þarf að fjölga því að það hefur auðvitað þurft að fjölga í ríkiskerfinu eins og annars staðar.

Ein af þeim ástæðum, sem hafa valdið því að ekki þótti fært að láta launaskrá fylgja fjárlfrv. í fyrra eða nú, er einmitt þessi breyting sem hefur átt sér stað að launadeildin hefur verið að taka fleiri og fleiri fyrirtæki á sín snæri og ríkisbókhaldið í sitt uppgjör og hefur verið svo mikil breyting á þessu, t. d. þegar farið var að greiða fyrir svo stórar stofnanir eins og Póst og síma, að launadeildin taldi sig þurfa nokkurn tíma til að geta skilað þessari skýrslu svo að hún væri örugg.

Eins vil ég segja um það, þó að það sé ekki beint í sambandi við þetta fjárlfrv. þá er það einn angi á því frv., um að ríkisstofnanir hafi ekki möguleika á lántöku án þess að fjmrn. viti þar um. Fyrirmæli um þetta voru gefin bæði af fyrirrennara mínum, Magnúsi Jónssyni, og endurtekin af mér. Það hefur hins vegar sýnt sig að þetta hefur ekki verið haldið og þess vegna er mikil nauðsyn á að setja lagafyrirmæli um þetta. Það er meiri nauðsyn á aðhaldi af hendi fjmrn. með ríkisfyrirtækjum heldur en ég gerði mér ljóst, ég skal fúslega játa það. Það hefur reynslan sannað og ber brýna nauðsyn til að það verði gert.

Ég skal svo ekki þreyta hv. alþm. með fleiru í sambandi við 1. umr. þessa fjárlfrv. Ég held að ég hafi skýrt það sem fram hefur komið hér í umr. og ég gat gefið skýringu á. Ég veit það eins og fyrr að hækkun á fjárlfrv. er alltaf gagnrýnd, auðvitað ekki af ósanngirni, það hef ég áður sagt, en af því að það skortir samhengi í það að meta á hverju fjárlfrv. er byggt.

Ég hef svo ekkert á móti því að heyra lesið úr mínum ræðum. Ég sagði við vini mína hér, sem voru í stjórnarandstöðu áður fyrr, að besti kafli úr þeirra ræðu væri það sem þeir læsu upp úr ræðunum sem ég hafði áður flutt, og ætli það verði ekki eins núna. Ég verð að meta það á sama og get látið mér vel líka.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en þó eru það nokkur atriði, sem ég vildi víkja að, sem fram hafa komið í ræðum þeirra sem hér hafa talað.

Ég taldi mig leggja fjárlfrv. þannig fyrir að þm. væri ljóst í hverju það væri fólgið að fjárlfrv. er nú lagt fram með hærri tölum en nokkru sinni áður. Ég reyndi eftir því sem ég gat sem pólitískur aðili að gera þetta nokkuð hlutlaust og láta hvert atriði, sem fram gat komið í sambandi við þessi mál, njóta sannmælis og ég taldi mig sýna fram á að þróun mála á undanförnum mánuðum og undanförnum árum á hér meginorsök og er meginorsakavaldur þess fjárlfrv. sem hér er lagt fram. Ég gerði hins vegar grein fyrir því sem ég taldi að í frv. væri og mætti rekja til þeirrar stefnumótunar sem núv. ríkisstj. setti sér við valdatöku sína enda þótt ég gerði mér grein fyrir að á þessum skamma tíma væri ekki hægt að marka mjög djúp spor í þá átt sem ríkisstj. gjarnan mun vilja gera. Ég skildi líka vel þau vonbrigði sem mátti lesa á milli línanna í ræðum sumra hv. þm. þegar þeir urðu að standa hér upp til að gagnrýna frv. og gagnrýna háar tölur, en þeir gerðu sér grein fyrir því sjálfir að þeir áttu mjög mikinn og stóran þátt í því hvernig komið var.

Ég ætla að víkja að þremur atriðum sem hv. 11. landsk. þm. kom með í sinni ræðu.

Hann vék að þeim aðilum sem njóta tryggingabóta með einum eða öðrum hætti, nú væri illa fyrir þeim komið, þannig stjórn komin í landinu sem með lögum hefði tekið af þeim þær hækkanir sem þeir skilyrðislaust eiga. En ég vil minna þennan ágæta þm. á það að út voru gefin brbl. af fyrrv. ríkisstj. þar sem þessi ákvæði voru tekin inn, og við skyldum þá segja, að sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Ég neita hinu ekki að núv. ríkisstj. beitti sér fyrir framlengingu á þeim brbl. og þau komu að sjálfsögðu til meðferðar hér á Alþ. En ég held að þeir verði að kannast við krógann, þeir ágætu menn, og átta sig á því að brbl. voru gefin út í tíð vinstri stjórnarinnar.

Þá var vikið að frv., sem flutt var hér á sumarþingi og kom í minn hlut að flytja, frv. um hækkun á söluskatti, frv. sem var bein afleiðing ráðstafana fyrri stjórnar, vegna þess ástands sem þá hafði skapast. Það höfðu verið ákveðnar mjög háar niðurgreiðslur. Það var gripið til þess eins og oft áður í sambandi við efnahagsmálin, en það var látið eiga sig hvernig afla átti tekna til að mæta þeim á næsta ári. Og þá vék hv. 11 landsk. þm. að þeim mikla kostnaðarauka og gengisfellingunni sem gerð var sem bein afleiðing af þróun mála á því tímabili sem hann studdi ríkisstj. hér á landi. Ég skil ákaflega vel þegar þeir standa hér í ræðustólnum, þessir annars ágætu þm., og þurfa að gagnrýna það sem hér er lagt fram en um leið og þeir tala átta þeir sig á því hver orsakavaldurinn er. En menn verða að kunna að klóra í bakkann og það er alltaf virðingarvert þegar menn gera það og sýna karlmennsku þar sem þeir annars láta sjá sig.

En áður en ég skilst við það sem hv. 11. landsk. þm. sagði hér, þá vék hann sérstaklega að einu atriði varðandi það kjördæmi sem ég gegni þingmennsku fyrir, þ. e. a. s. að nú þegar 1. þm.

Reykn. gerðist fjmrh. og legði fram fjárlfrv., þá væri ekki mikil reisn á málum, ekki ein einasta króna í landshöfnina í Njarðvík. Og hann lofaði þingheimi því að beita sér fyrir að á þessu skyldi gerð bragarbót þegar frv. kæmi til fjvn. Ég efast ekkert um að hann stendur að því að vinna að málefnum þess kjördæmis sem hann hefur boðið sig fram í nú eins og áður. En það skýtur skökku við þegar hann kemur hér upp til þess að benda á að ekki sé ein króna í fyrsta fjárlfrv., sem ég legg hér fram, til hafnarinnar í Njarðvík. Ég man ekki betur en að ekki hafi verið ein króna til þeirrar hafnar í fjárlfrv. því sem lagt var fram hér á síðasta þingi af vinstri stjórninni og hafði þá hv. 11. landsk. þm. nokkuð góða aðstöðu sem form. fjvn. að sýna hug sinn til Njarðvíkurhafnar. Að vísu kom við meðferð málsins í fjvn. till. frá því rn. sem með þessi mál fer, og í fjvn. kom till. um ákveðna upphæð til þessarar hafnar. Ef við förum enn lengra aftur í tímann, þá man ég ekki eftir því að á fjárl. 1973 og fjárl. 1972 hafi verið króna til Njarðvíkurhafnar. En ég veit að það kom í framkvæmdaáætlun þegar hún var afgreidd þar með lántöku. Svona er nú þetta og þessu er ekki neitt öðruvísi varið í dag heldur en í gær eða daginn þar áður. Vinnubrögðin eru að þessu leyti svipuð. Og eins og hæstv. samgrh. gerði grein fyrir þá hafði ekki unnist tími til þess, sjálfsagt vegna þess að fyrrv. hæstv. samgrh. hafði mikið að gera með mörg rn., og þegar núv. hæstv. samgrh. tók við sínu embætti var þetta eitt af þeim málum sem hann ræddi um við mig og ég taldi sjálfsagt og eðlilegt að hann léti vinna þessi mál á vegum síns rn. og síðan færu þau rétta boðleið til þess að fá fjárveitingu. Ég vonast til þess, að hv. 11. landsk. þm. standi við það, sem hann sagði, og hjálpi til í fjvn. til þess að hægt verði að fá fjármagn samkv. þeim framkvæmdum sem lagt verður til að gerðar verði. En ég hefði talið það heldur óeðlilega afgreiðslu fjárlfrv. ef ég hefði gert till. um fjármögnun framkvæmda í Njarðvíkurhöfn, sem ég vissi ekki hverjar væru eða neinir hefðu lagt þar á ráðin af þeim sem um málin eiga að fjalla.

Hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson ræddi hér um Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég hef svolítið reynt að vinna að þessum málum á undanförnum vikum og eins og ég sagði í minni frumræðu eru þessi lög í endurskoðun. Hvers vegna þessi upphæð er í fjárlfrv., það er einfaldlega vegna þess að lánasjóðsstjórnin hafði ekki sínar till. tilbúnar þegar þetta mál var unnið og till. menntmrn. voru þar af leiðandi teknar inn í frv. Till. lánasjóðsstjórnarinnar í dag, miðað við 100% umframfjárþörf til stúdenta, var upp á einn milljarð og 50 millj. fyrir gengisfellinguna, en þar sem hér er um að ræða stóran hluta stúdenta við nám erlendis, þá að sjálfsögðu hækkaði þessi tala í íslenskum kr., þannig að hún mun vera á milli 1 200 og 1 300 millj.

Ég skal verða fyrstur til þess að aðstoða stúdenta í sambandi við fjármögnun til þeirra náms. En ég held að það kerfi, sem við er búið, sé þannig að á því þurfi að fara fram mjög ítarleg endurskoðun. Aðeins til að benda mönnum á hvernig endurgreiðslukerfið er, þá gæti ég sagt og skýrt það ákaflega auðveldlega, að hefði ég verið stúdent undir þessum kringumstæðum, eftir þeim lánasjóðslögum sem eru í dag, þá ætti ég enn eftir að greiða 4 afborganir af þeim lánum sem ég hefði fengið sem stúdent. Endurgreiðsla lánanna fer fram í fyrsta skipti 5 árum eftir að námi lýkur og stendur síðan í 15 ár, þannig að sá, sem lýkur 27 ára gamall embættisprófi, lýkur greiðslum sínum þegar hann er 47 ára gamall. Þetta er dæmi sem ég held að sé stúdentum sjálfum ákaflega óhagkvæmt. Ég ræddi þetta við nokkra stúdenta, sem við mig töluðu, og þeir voru mér fullkomlega sammála um að á þessu þyrfti að gera bragarbót, þarna væri um að ræða möguleika til fjármögnunar fyrir stúdentana sjálfa á meðan þeir þyrftu á þessum fjárhæðum að halda.

Ýmislegt annað í sambandi við Lánasjóðinn væri hægt að ræða, en ég sé ekki ástæðu til þess. Eins og ég sagði: Þessi mál eru í endurskoðun og væntanlega fær það frv., sem lagt verður fram um Lánasjóð stúdenta, afgreiðslu fyrir 3. umr. fjárl. og hægt verður að taka mið af afgreiðslu þess frv.

Um vinnubrögð í sambandi við fjvn. get ég sagt það að ég hyggst hafa þau nákvæmlega hin sömu og áður hefur verið og ég vék að því í minni frumræðu að fulltrúar flokkanna, sem eiga sæti í fjvn., munu að sjálfsögðu vinna að þeim málum eins og áður.

Þá kem ég að ræðu hv. 5. þm. Vestf. Það voru tvö eða þrjú atriði sem hann kom sérstaklega inn á. Ég held að ég verði að lesa fyrir hann aftur það sem ég sagði í sambandi við Byggðasjóðinn og framlög til Byggðasjóðs. Ég tók það mjög skýrt fram að á fjárl. hefði verið um að ræða hækkun upp á 440 millj. kr., þannig að það gat enginn farið í grafgötur með það af þeim sem gáfu sér tíma til að hlusta að ég gerði enga tilraun til þess að reyna að eigna ríkissjóði álgjaldið svo sem mér virtist á ræðu hv. 5. þm. Vestf. Um lánsfjármöguleika Byggðasjóðs liggur að sjálfsögðu ekkert fyrir, þannig að þegar verið er að bera saman eins og þessi hv. þm. gerði þá verða menn náttúrlega líka að taka með í dæmið hvaða möguleika Byggðasjóður hefði á lánsfé á næsta ári til þess að fá sambærilega útkomu. Það er ekki hægt að taka dæmið aðeins í öðru tilfellinu og skilja eftir óþekkta stærð og reikna með henni í lágmarki í hinu tilfellinu.

Síðan vék hann að því, þegar mér virtist hann kominn í strand, búinn að lesa upp úr þeim ræðum sem hann hafði hugsað sér eða hefur lesið heima í gærkvöld og hafði ekki fleiri atriði fram að færa í gagnrýni sinni á fjárlfrv., — þá vék hann sérstaklega að hugarfari fjmrh. nýja til ýmissa félagssamtaka, sem störfuðu í landinu, og hvernig ætti að fara með þau og bar saman fjárlagatölur ársins 1974 og frv. fyrir 1975. Hæstv. samgrh. er búinn að svara þessu að vissu leyti. Hann vék að því hvort hér væri ekki um nákvæmlega sömu vinnubrögð að ræða. Hér hef ég t.d. fjárl. frá því 1973 og fjárlagafrv. frá 1974 og ef við tökum þann lið sem hv. þm. sérstaklega minntist á, félmrn. og þá mörgu liði sem þar voru, þá er nákvæmlega sama þar, — ég held að það muni 500 þús. kr. á fjárveitingunni í fjárl. 1973 og fjárlagafrv. 1974.

Hér var komið með gagnrýni á það hverjar niðurstöðutölur þessa fjárlagafrv. væru. Menn voru engu að síður innra með sér vissir um hverjir voru valdir að því, en samt sem áður var hægt að koma víða við og láta líta út sem fjmrh. hefði ekki hugsað til þessarar stofnunarinnar eða hinnar, en þessir hv. þm. báru þetta að sjálfsögðu allt saman fyrir brjósti. Ég verð að segja að þær ræður, sem þeir fluttu hér, báru þess ekki merki að þeir hefðu fram að færa nokkuð nýtt í þessum málum og ég held, eins og ég sagði áðan, að þeir hafi verið sér þess meðvitandi hverjir það eru sem hafa staðið að því að slíkt fjárlagafrv. er lagt fyrir Alþ. í dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 9. fundur.

Fimmtudaginn 14. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1975, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 36 shlj. atkv.

Efri deild, 7. fundur.

Fimmtudaginn 14. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 25). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar með nöfnum 14 erlendra ríkisborgara var lagt fram á síðasta reglulegu Alþ. Frv. var síðan vísað til hv. allshn. þessarar d. að lokinni 1. umr. N. fól formönnum allshn. beggja þd. og skrifstofustjóra Alþ. að athuga frv. og umsóknir þær, sem því fylgdu, svo og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust n. Er það sama málsmeðferð og tíðkuð hefur verið við afgreiðslu sams konar frumvarpa á undanförnum árum.

Að þessari athugun lokinni lagði allshn. til, sbr. nál. á þskj. 889, dags. 7. maí s.l., að frv. yrði samþ. með þeirri breytingu að alls yrði 53 erlendum ríkisborgurum veittur ríkisborgararéttur. Frv. kom þá eigi til frekari meðferðar eða umr. í þinginu og dagaði uppi þegar Alþ. var rofið. Þess vegna hefur nú orðið að ráði að flytja nýtt frv. þar sem upp eru teknir þeir umsækjendur sem allshn. hafði þannig mælt með og fullnægja þeim skilyrðum sem allshn. beggja þd. hafa komið sér saman um. Þess vegna leyfi ég mér að vænta þess, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, geti fengið skjóta meðferð í þinginu og hv. allshn. eða hv. allsherjarnefndir í sameiningu gætu unnið að því svo skjótlega að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði afgreitt fyrir áramót, þannig að þeir, sem hér eiga hlut að máli og hafa orðið að bíða nokkuð lengur en ráð var fyrir gert, geti fengið ríkisborgararétt. En síðan er stefnt að því að síðar á þessu þingi verði flutt nýtt frv. um ríkisborgararétt með nöfnum þeirra sem síðar hafa sótt um íslenskan ríkisborgararétt.

Herra forseti. Þetta er að öðru leyti svo venjulegt og hefðbundið frv. að ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um það, en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. og um leið leyfi ég mér að endurtaka vinsamlegar óskir mínar til n. um, að hún vinni fljótlega að þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 26). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sem hér liggur fyrir, er samið af réttarfarsnefnd, en dóms- og kirkjumrn. óskaði þess haustið 1973, að hún tæki til athugunar till., er fram höfðu komið frá borgardómaraembættinu í Reykjavík um, að lögfest yrði heimild til þess að beita hljóðritun á dómþingum í einkamálum. Slík heimild hefur verið um árabil í lögum um meðferð opinberra mála, raunar allt frá því að þau lög voru fyrst sett árið 1951. Sú heimild mun þó fremur lítið hafa verið notuð, hvað sem því veldur. Nokkur síðustu ár mun slíkum hljóðritunum hafa verið beitt við borgardómaraembættið í Reykjavík í tilraunaskyni, án þess þó að bein heimild hafi verið til þess í lagareglum. Við umr. á síðustu árum um leiðir til þess að flýta meðferð mála fyrir dómstólum, ekki síst meðferð einkamála, hefur komið fram að ýmsir dómarar í einkamálum hafa talið verulegan flýtisauka að því að beita hljóðritunartækni við meðferð þeirra mála. Er einsýnt að ef þann hátt á að hafa á er nauðsynlegt að um það efni séu þá skýrar heimildir og ákvæði um að setja megi hæfilegar reglur um skipulega framkvæmd hljóðritunar og vörslu á hljóðritunargögnum.

Ákvæði þau, sem réttarfarsnefnd leggur til að lögfest verði, fela í sér heimild til dómsmrh. til að ákveða að upp verði tekin slík hljóðritun við héraðsdómaraembætti. Þess má geta að sá kafli í l. um meðferð einkamála í héraði, sem lagt er til í þessu frv. að breytt verði, gildir einnig um meðferð opinberra mála. Geta því reglur, sem settar eru samkv. þessum l., einnig komið að notum við meðferð opinberra mála eftir því sem við á um framkvæmd og vörslu hljóðritana.

Ég leyfi mér að öðru leyti, herra forseti, að vísa til aths. þeirra sem fylgja lagafrv. og held að með því skýrist það nánar hvað hér er um að ræða, og legg til að máli þessu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj atkv

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 28). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er um að ræða, er einnig um breyt. á l. nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála, og er um breyt. á 71. gr. þeirra l. eða viðauka við hana og varðar heimild til þess að úrskurða bráðabirgðafjárgreiðslu upp í slysabætur jafnhliða dómi um skaðabótaskyldu vegna slysa þegar neytt er heimildar réttarfarslaga til þess að skipta sakarefni þannig að dæmt er um skaðabótaskylduna sér í lagi, en til slíkrar skiptingar er einmitt heimild í þeirri lagagr. sem hér er um að tefla. Bending í þessa átt var gefin í þál. frá 8. febr. 1972 um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa. Dómsmrn. aflaði sér ýmissa grg. og umsagna vegna þál., sem að öðru leyti óskaði reyndar almennrar athugunar á möguleikum til að hraða meðferð skaðabótamála vegna slysa. Ég leyfi mér að vísa til aths. með lagafrv. um þær grg., en taldi ekki ástæðu til að prenta þær með þessu litla frv., þar sem þær varða ýmis og að nokkru leyti mjög almenn atriði um hraða og meðferð dómsmála og mörg þau atriði eru áfram til athugunar, ekki síst í störfum réttarfarsnefndar, almennri endurskoðun á réttarfarslöggjöfinni og dómaskipan. Ég mun hins vegar gera ráðstafanir til að senda þeirri n., sem málið fær til athugunar, grg. til skoðunar.

Sá háttur hefur nú verið hafður á sem sagt að leggja fram hér tvö frv., sem að vísu fjalla um breyt. á sömu l., en um svo fjarskyld efni að réttara þótti að hafa það í tveimur frv. En að sjálfsögðu fær sama n. bæði frv. til meðferðar og getur þá athugað hvort henni þyki hæfa að setja þetta fremur saman í eitt frv.

Með þessu litla frv. átti reyndar og á að fylgja sem fylgifiskur frv. til l. um breyt. á l. um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954. En því mun nú fyrst hafa verið útbýtt í dag og er þess vegna ekki á dagskrá og verður tekið fyrir á sínum tíma síðar, en þá vænti ég að hv. n. láti það fylgja þessu frv. vegna þess að það getur ekki komið að fullum notum nema jafnframt sé gerð sú breyting, á l. um vátryggingarsamninga, sem þar er lagt til, að gerð sé.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. sé að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil strax við 1. umr. þessa máls láta það koma fram að ég er þakklátur því að hér er árangur af þeirri þáltill., sem var samþ. á Alþ. í febr. 1972 og ég var 1. flm. að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 33). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., var flutt á síðasta aðalþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það var langt liðið á þingið þegar frv. þetta var flutt, en því var tekið mjög vel hér í hv. Ed. Allir, sem tjáðu sig um málið, lýstu stuðningi við það, enginn lýsti sig andvígan.

Nú er þetta frv. borið fram á nýjan leik. Við flm. teljum að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða að ekki megi farast fyrir að fá samþykkta þá breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands sem frv. gerir ráð fyrir. Í l. um Fiskveiðasjóð Íslands er svo kveðið á að hlutverk sjóðsins sé að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

Það er öllum ljóst hve þýðingarmiklu hlutverki Fiskveiðasjóður gegnir og þarf ekki hér að fjölyrða um það. En meginviðfangsefni Fiskveiðasjóðs hefur verið frá fyrstu tíð að veita lán til nýrra fiskiskipa. Sjóðsstjórnin hefur litið svo á að það kunni að vera vafasamt að samkv. núgildandi l. sé heimilt að lána út á eldri skip, og eitt er víst, að það hefur ekki verið gert. Til þess að koma hér breytingu á höfum við flm. þessa frv. borið það fram.

Það er augljóst mál að það getur verið mikil þörf á því að menn fái lán til kaupa á eldri skipum. Skip ganga kaupum og sölum, ekki síður en aðrar eignir manna, og jafnvel má ætla að það geti orðið fremur en margt annað vegna þess að fiskveiðar eins og aðrar veiðar eru alltaf háðar miklum sveiflum og breytingum, eins og raun ber vitni um hjá okkur.

Nú á síðustu mánuðum og missirum hefur t. d. komið glöggt í ljós hve mikil nauðsyn er að Fiskveiðasjóður sinni þörfum um lánveitingar til eldri skipa. Það, sem ég á við, er í sambandi við tilkomu skuttogaranna. Skuttogarar hafa verið keyptir til staða víðs vegar um land. Sumir þeirra staða, sem skuttogarar hafa komið á, eru svo fámennir að koma skuttogara þýðir að það þarf að selja eða hætta rekstri á viðkomandi stöðum á þeim fiskiskipum sem fyrir eru. Kann að vera að þessi fiskiskip henti vel í alla staði til áframhaldandi rekstrar, en bara ekki á þeim stað sem þau voru fyrst keypt til. En það eru erfiðleikar á því að flytja þessi skip til annarra staða vegna þess að þó að þau henti þar, þá geta viðkomandi útgerðaraðilar á þeim stað oft og tíðum ekki komist yfir þessi skip vegna þess að í landinu er engin opinber lánastofnun sem veitir föst lán til slíkra kaupa.

Það er tilgangurinn með þessu frv., sem hér er til umr., að bæta úr þessu á þann veg að það sé tekið skýrt fram í l., að það sé enn fremur hlutverk Fiskveiðasjóðs að veita lán til kaupenda eldri fiskiskipa. Frv. gerir ráð fyrir að það þurfi að sjálfsögðu að setja nánari reglur um það hvernig skuli fara með slík lán og gerir ráð fyrir að ráðh. setji með reglugerð ákvæði um þessar lánveitingar. En það er tekið beint fram í frv. að til eldri fiskiskipa megi lán nema helmingi kaupverðs eða matsverðs, þess er lægra reynist, og skulu þá meðtaldar eftirstöðvar af lánum sjóðsins sem fyrir kunna að vera. Þetta eru lægri lán en gert er ráð fyrir samkv. gildandi l. að séu veitt til nýrra skipa. Það er kveðið svo á í l. um Fiskveiðasjóð að til nýrra skipa í smíðum innanlands megi lán nema ¾ hlutum kostnaðarverðs eða matsverðs, þess sem lægra reynist, en allt að ⅞ hlutum kostnaðar eða matsverðs með sama hætti séu skipin smíðuð erlendis. En við leggjum til þriðju viðmiðunar-

regluna, og hún er sú að lánið megi nema allt að helmingi, þ. e. a. s. verulega minna, og auk þess skuli tekið tillit til eldri lána Fskveiðasjóðs, eftirstöðva sem kunna að hvíla á skipunum.

Þó að þetta sé mikilvægt mál er það mjög einfalt mál og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú. Ég veit að það kunna að koma fram einhvers staðar þær aths. að í þeirri miklu fjárþörf, sem Fiskveiðasjóður hefur nú, sé tæpast rétt að íþyngja honum enn meira með því að gera ráð fyrir að hann láni út á eldri skip. Það kann að vera að Fiskveiðasjóður þurfi eitthvað meira fjármagn ef frv. þetta verður samþ., en ég segi: Það kann að vera, því að menn verða að hafa í huga það, sem ég áður drap á, að það eiga að vera möguleikar fyrir því að fiskiskipafloti landsmanna nýtist betur og minna þurfi þess vegna að smíða af nýjum skipum en ella, ef eðlileg eignafærsla getur átt sér stað á hinum eldri skipum. Og það er víst að hvað sem líður fjárþörf Fiskveiðasjóðs, þá hlýtur það að vera þjóðhagslega rétt að gera rástafanir til þess að fiskveiðafloti þjóðarinna nýtist betur en ella.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil strax við 1. umr. þessa máls lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. Við höfðum þetta frv. reyndar til meðferðar í sjútvn. þessarar hv. deildar í fyrra og það var fullkomin eining um þetta mál. En eins og hv. 1. flm. benti á var langt liðið á þing og því tókst ekki að afgr. frv. Það kom þá glögglega í ljós t. d. að þáverandi sjútvrh. lýsti sig algerlega fylgjandi þeirri skipan mála sem þarna er ráð fyrir gert. Fjölmargir aðilar, sem leitað var til, eins og hv. flm. benti einnig á, voru þessu mjög meðmæltir. Þó er eins og mig minni að við kvæðu vissar mótbárur, vissar aðvaranir frá Fiskveiðasjóði eða stjórnendum hans í þessu efni um það að þarna yrðu auknar byrðar á hann lagðar, byrðar sem hann réði e. t. v. ekki við. En þarna vantaði okkur allan samanburð við núverandi ástand og það, sem af frambúðarlausn þessari gæti leitt, því að það er ábyggilega rétt, sem tekið var fram hér áðan, að hér er um þjóðhagslega hagkvæma skipan að ræða. Ég þekki vel til erfiðleika ýmissa þeirra, sem eru að kaupa þessi eldri skip, og veit að þeir eiga til fárra að leita og engra fullkomlega öruggra leiða er þar að leita. Ég tek fyllilega undir það einnig að ég er sannfærður um að með þessari skipan mála nýtist okkar fiskiskipafloti betur, og þó að ekkert væri annað en það, þá er það ærin ástæða til þess að koma þessari skipan á.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þetta frv. var, eins og flm. gat um, rætt í fyrra og menn tóku efnislega jákvæða afstöðu til frv. sem slíks, og það gerði ég einnig í nefndinni og vil lýsa yfir efnislegum stuðningi við frv. Þetta er gömul hugmynd sem oft hefur verið rædd en erfitt að koma í framkvæmd hjá mörgum ríkisstjórnum og jafnan borið við fjármagnsskorti, eins og 1. flm. reyndar gat um. Það, sem ég vildi fá að vita vegna tengsla hans nú einmitt við hæstv. sjútvrh., er hvort hann hefur ekki með nokkru móti gert sér grein fyrir því að sjóðurinn er í meiri vandræðum nú en um fjölda ára. Ég veit ekki annað en sú frumtilraun að smíða nú tvö sérstaklega hönnuð skip á Akureyri sé enn í hnút, a. m. k. var það fyrir mjög stuttu, vegna þess að Fiskveiðasjóður hefur ekkert fjármagn til reiðu til að svara þeim lánsfjárupphæðum sem nauðsynlegar eru vegna þessarar skipasmíði. Það munu vera yfir 500 millj. sem þessi tvö skip taka til sín. Auk þess beindi ég þeirri fsp. til hæstv. forsrh. á sumarþinginu að hann hlutaðist til um að margra mánaða gömul lánsloforð hjá Fiskveiðasjóði yrðu afgreidd. En hvað hefur skeð? Ekkert einasta lán afgr. mér vitanlega fyrir skömmu, ekki eitt einasta í marga mánuði. Veldur þetta nú fjölda fiskvinnslustöðva eða útgerðarfyrirtækjum um allt land bullandi vandræðum og vanskilum og er orðið óþolandi starfsástand fyrir fjölda manna er bera ábyrgð á þessum rekstri.

Það hefði því farið vel á því, um leið og efnislega gott frv. kom fram, ef við fengjum hugmynd um hvernig fjárhagsstaða Fiskveiðasjóðs væri, þegar lagt er til að auknar álögur komi á sjóðinn. Hæstv. forsrh. er ekki viðstaddur í deildinni, en hann lofaði þá úr þessum ræðustóli að hann skyldi líta á málið, en það hefur ekkert skeð þrátt fyrir ýmsa fresti og ýmiss konar góð áform. Vandamálið við að kaupa og selja gömul skip er það að verðbólgan hefur oft hækkað svokallað eignarhlutfall þeirra, er hafa skipin undir höndum, það mikið að hér er um hreina verðbólgukrónu að ræða og þess vegna kannske deiluefni, hvað mikið á að lána út á slíkan verðbólgugróða, þó að það sé bráð nauðsyn. Ég tek alveg undir það sem flm. sagði, það er bráð nauðsyn að stuðla að eðlilegum viðskiptum, þ. e. a. s. kaupum og sölum á þessum skipum, og ég er honum fullkomlega sammála um það. Ég vil ekki deila á hann þannig séð, heldur styð hans hugmynd. En ég er aðeins að deila á það að við fengum ekki upplýsingar um fjárhagsstöðu Fiskveiðasjóðs vegna þess að í nefndinni komu fram í fyrra nokkrar mótbárur um erfiðleika sjóðsins.

Það hefði verið rökrétt vegna breyttrar aðstöðu hjá hv. 1. flm. að nokkrar athugasemdir hefðu fylgt með um greiðslustöðu Fiskveiðasjóðs. Hann á þar nú hæg heimatökin. Það má svo deila um hvort það sé rétt að fara inn á þetta svið vegna kaupa á skuttogurunum. Það réttlætir þetta skref ekki þegar kaup á skuttogurum valda því að ágætir bátar af annarri stærð liggja nú bundnir við bryggju. Þá fer ávinningurinn að verða hæpinn. Ég ætla ekki út í þá sálma, það er miklu lengra mál en svo, þó að ræðumaður hafi jafnvel gefið tilefni til að fjölyrða nokkuð um slíkt. Ég ætlast ekki til að hann geti svarað þessu þegar í stað.

Ég vil beina því til formanns hv. sjútvn. að við í n. fengjum glöggt yfirlit yfir fjárhagsstöðu Fiskveiðasjóðs, hvað lægi nú fyrir af beiðnum. Mér er kunnugt um að margir hafa viljað breyta skipum sínum, ekki fara út í nýsmíði, heldur stækka skipin og jafnvel smíða yfir þau. Tel ég það líka skynsamlega þróun. Fiskveiðasjóður hefur greitt götu ýmissa í því efni, en á við mjög mikinn fjármagnsskort að búa nú, aldeilis óvenjulegan. Það er ekki nema eðlilegt að við sækjum á það, af því að við viljum þetta

frv. í gegn. Ég styð frv. enn, ég vil taka það fram — styð frv. efnislega algerlega. En við verðum að gera okkur grein fyrir hvað það þýðir. Það þarf líka átak til að tryggja eðlilega nýsmíði í landinu, jafnframt því sem við samþykkjum þetta frv.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir og stuðning þeirra tveggja hv. þm. sem hafa rætt um þetta mál. Mér kom það ekki á óvart að þeir væru fullir skilnings á þessu máli og okkur greinir ekkert á um það.

Það er að sjálfsögðu rétt, sem hv. 1. landsk. þm. sagði, að Fiskveiðasjóður er nú í meiri vanda en nokkru sinni fyrr. Ég hygg að okkur öllum sé kunnugt um þetta, ekki síður hæstv. sjútvrh. en öðrum. Hv. þm. taldi að það væri gott að fyrir lægju tölulegar upplýsingar um fjárþörf Fiskveiðasjóðs og um það er ég hinum sammála. Hann benti sjálfur á þá eðlilegu leið að hv. sjútvn. gerði ráðstafanir til þess að fá þær upplýsingar. Ég vil taka fram að þó að það séu svona miklir fjárhagserfiðleikar hjá Fiskveiðasjóði við að fullnægja eftirspurn og þörf fyrir lán út á ný skip, þá á ekki, þó að það mál verði óleyst, að mínu viti að láta það tefja framgang þessa frv. vegna þess að á vissan hátt er það jafnþýðingarmikið og Fiskveiðasjóður svari þeim þörfum að veita lán til eldri skipa eins og nýrra skipa. Auðvitað er, að ég hygg, hverfandi fjárhæð sem þarf til lána út á gömul skip eða eldri skip miðað við það sem þarf út á ný skip.

Þetta vildi ég aðeins taka fram. Ég vona að við séum ekki ósammála um þetta og við getum sameinast um það að standa að framgangi þessa frv., þótt ekki verði á næstu mánuðum búið að leysa allan fjárhagsvanda Fiskveiðasjóðs. Það er mál sem við ættum líka að vera og erum líka, vænti ég, sammála um að þarf að leysa, og það er eitt af þeim málum sem núv. hæstv. ríkisstj. er að vinna að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13. shlj. atkv og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Farmiðagjald og söluskattur, frv. (þskj. 45). — 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég hef leyft mér að bera fram, hef ég samið ásamt Vilhjálmi Sigurbjörnssyni alþm. og er frv. tvíþætt. Í fyrsta lagi fjallar það um afnám söluskatts á flugferðum innanlands og í öðru lagi álagningu farmiðagjalds. Söluskattur er aðaltekjustofn ríkisins. Með honum er stefnt að því að skattleggja neyslu og ýmsa þjónustu, m. a. flugfargjöld í innanlandsflugi.

Eitt meginatriði tekjuöflunarkerfisins er jöfnuður, þ. e. að allir, sem eins eru settir og búa við sömu aðstæður, greiði sambærilega skatta. Þessi meginstoð gjaldþolstefnu í skattlagningu, að skattþegnar með sama gjaldþol greiði sömu skatta og mismunandi gjaldþol eigi að leiða til mismunandi skatta, hefur mikla þýðingu og hana má því ekki vanrækja.

Það er mikil hætta því samfara að skipta um tekjuöflunarkerfi. Sú stefna hefur verið mörkuð fyrir mörgum árum, að óbeinu skattarnir skuli auknir, og var þá farið yfir á nýjar brautir með álagningu söluskatts. Við breytingu á kerfi hefur skattjafnaðarsjónarmiðið raskast á nokkrum sviðum og ójöfnuðurinn vex eftir því sem meiri áhersla er lögð á viðkomandi tekjustofn.

Flugferðir innanlands byggjast að mjög miklu leyti á ferðum milli Reykjavíkur og hinna ýmsu byggða landsins. Reykjavík er aðalþjónustumiðstöð landsins og þeir íbúar landsbyggðarinnar, sem þurfa á þessari þjónustu að halda, verða að leggja í þann aukakostnað sem ferðalaginu eru samfara. Með því að leggja söluskatt á flugferðir í innanlandsflugi er meginstoð tekjuöflunarkerfisins, jöfnuður, brotin.

Ég sagði áður að meginatriði tekjuöflunarkerfisins væri jöfnuður, þ. e. að allir sem eins eru settir og búa við sömu aðstæður, greiði sambærilega skatta. Ferðakostnaður þeirra, sem þurfa að sækja ýmsa þjónustu til Reykjavíkur, er mikil byrði á íbúum landsbyggðarinnar og skapar mikinn aðstöðumun. Með því að leggja söluskatt á flugfarmiða í innanlandsflugi er þessi aðstöðumunur hreinlega skattlagður því meira sem fjarlægðin vex. Þannig greiðir farþegi frá Egilsstöðum 1236 kr. í söluskatt, frá Norðfirði 1290 kr., frá Höfn í Hornafirði 1096 kr., frá Vestmannaeyjum 592 kr. og frá Akureyri 910 kr. í söluskatt fyrir eina heimsókn til höfuðstaðarins. Á þessu má sjá að ein aðalstoð tekjuöflunarkerfisins, jöfnuður, er ótvírætt brotin.

Samkvæmt upplýsingum Flugfélags Íslands var farþegafjöldi og álagður söluskattur á áætlunarleiðum innanlands sem hér segir: 1972 var farþegaþegafjöldi 192246 og söluskattur 19 millj., 1973 183287, söluskattur 31.1 millj., 1974 farþegafjöldi 201650 eða 52 millj. og 900 þús. og 1975 farþegafjöldi áætlaður 217800 og gefur í söluskatt 75 millj. 500 þús. Tölur liggja ekki fyrir um farþegaflutninga smærri flugvéla, en varla er þar um umtalsverðar söluskattsgreiðslur að ræða. Virðist því mega áætla tekjutap ríkissjóðs á árinu 1975 af niðurfellingu söluskatts af farþegaflutningum innanlands ca. 80 millj kr.

Mér er hins vegar ljóst að ríkið þarf á tekjustofnum að halda og ekki er vænlegt til árangurs í ríkisfjármálum að koma aðeins með till. um lækkun tekna og hækkun ríkisútgjalda. Frv. gerir ráð fyrir að leggja á farmiðagjald og skal gjald þetta vera 250 kr. á hvern seldan farmiða innanlands, en 500 kr. á farseðil landa í milli. Með þessu gjaldi er stefnt að meiri jöfnuði í skattlagningu og skv. 2. gr. frv. skal þessu fé ráðstafað til byggingar á flugvöllum innanlands og öryggisvalla fyrir millilandaflug.

Flugsamgöngur verða með hverju ári mikilvægari þáttur í samgöngumálum landsmanna. Skortur flugvalla með þeim öryggisbúnaði, sem krefjast verður, hefur löngum verið þróun flugsamgangna verulegur hemill. En bygging góðra flugvalla er dýr og öryggisbúnaður og frágangur hans kostnaðarsamur. Fjárveitingar til flugmála hafa löngum verið af skornum skammti og í litlu samræmi við brýna þörf úrbóta í þessum málum öllum. Gildir hér jafnt bygging stórra flugvalla í hinum einstöku byggðarlögum og smærri flugvalla sem tryggja flug milli þeirra og aðalflugvallanna.

Með þessu frv. er leitast við að afla fjármagns til stærri átaka í þessum málum. Verður það vart gert með öðru móti en að finna nýjan tekjustofn sem félli óskiptur til flugmála auk þess fjármagns, sem þeim er ætlað hverju sinni á fjárlögum, og lántöku til stærri verkefna. Þessari skattlagningu verður þó að stilla svo í hóf að hún spilli ekki samkeppnisaðstöðu flugfélaganna og annarra, sem að þessum málum vinna. Má geta þess að í fjárlfrv. 1975 er gert ráð fyrir að lagðar verði til byggingar flugvalla í landinu og flugöryggismála 184 millj kr. Til Reykjavíkur skal varið 30 millj., til Súgandafjarðar 5 millj., Sauðárkróks 39.5 millj., Egilsstaða 30 millj., Hornafjarðar 9 millj., Vestmannaeyja 15 millj., sjúkraflugvalla 12 millj., fjarlægðarmælitækja fyrir fjölstefnuvita 10 millj., tækjabúnaðar flugvalla 20 millj., mælitækja og búnaðar radíóverkstæða 1.5 millj. og óráðstafað 12 millj. Ég get nefnt í þessu sambandi að í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, vantar þetri aðstöðu á hverjum einasta flugvelli, sem almennt er flugfært á, og gæti ég trúað því að svo væri í öðrum kjördæmum, og eins má geta þess að nauðsynlega vantar öryggisflugvöll fyrir millilandaflug og úrbætur í þessum málum koma ekki nema frekari fjárframlög komi til.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að flugmiðagjald á alla farmiða í innanlandsflugi verði 250 kr. og landa í milli 500 kr. Það liggja ekki fyrir nákvæmar tölur um fjölda farþega með áætlunarvélum og í leiguflugi, en í Árbók flugmálastjórnar 1973 eru flugfarþegar í innanlandsflugi taldir 183287. Áætlað er að fjöldi farþega Flugfélags Íslands verði á yfirstandandi ári 217800. Samkvæmt þessum upplýsingum og áætluðu flugi annarra flugfélaga innanlands þykir mega áætla tekjur af flugmiðagjaldi í innanlandsflugi 60 millj. kr. Samkvæmt skýrslu flugmálastjórnar voru farþegar í millilandaflugi 162192 á árinu 1973, en þar eru áningarfarþegar ekki meðtaldir. Samkvæmt þessu virðist mega áætla farþegafjölda 1975 um 200 þús. sem gæfu 100 millj. kr. í tekjur. Farmiðagjald 1975 yrði því samtals 160 millj. kr.

Með því að veita 160 millj. kr. viðbótarfjármagni til flugvallagerðar á árinu 1975 mundi skipta sköpum í flugmálum. Með því yrði unnt að hefja nýtt átak í þessum mikilvæga þætti samgöngumálanna. Í minum huga er hér um mjög arðbæra fjárfestingu að ræða sem mundi stórbæta samgöngumál margra byggðarlaga og skapaði aukin tengsl meðal þjóðarinnar.

Ég vil að lokum geta þess að kostnaður við innheimtu þessa gjalds verður ekki umtalsverður. Í því sambandi vil ég einnig nefna að talning farþega í millilandaflugi fer ætíð fram, þannig að nauðsynlegt eftirlitskerfi er þegar fyrir hendi.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. vil ég æskja þess að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það gleður mig sannarlega að sjá það, þó að leiðir hafi skilist milli fyrrv. flokksbræðra, þeirra hv. flm. þessa frv., Halldórs Ásgrímssonar, og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, þá skuli engu að síður hugrenningatengsl þeirra á milli vera svo sterk sem raun ber vitni um því að í Nd. er einmitt einnig frv. svipaðs eðlis frá þeim þm. samtakanna, Ólafi Ragnari Grímssyni og Karvel Pálmasyni, þar sem þeir leggja til að söluskattur verði felldur niður af fólksflutningum með flugvélum innanlands. Þetta gleður mig sem sagt mjög, að þessi tengsl skuli ekki vera með öllu rofin. Vitanlega er, eins og vera ber, ábyrgðartilfinning hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar meiri en hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, því að hann ætlast þó til að eitthvað komi þarna í staðinn, þ. e. a. s. í stað niðurfellingar söluskattsins komi sérstakt farmiðagjald, en reyndar tekur fram einnig að það skuli renna til ákveðinna framkvæmda.

Án þess að gera þetta að frekari gamanmálum vil ég lýsa yfir stuðningi við megintilgang þessa frv. Sá megintilgangur er vissulega góðra gjalda verður. Hér er sanngirnismál á ferð, réttlætismál fyrir íbúa landsbyggðarinnar alveg sérstaklega, og því ekki nema eðlilegt að það komi á dagskrá frá þm. þaðan.

Ég skal taka það skýrt fram hér, eins og ég hef oft áður gert, að ég tel söluskattinn yfirleitt öllum öðrum sköttum ranglátari. Yfirleitt tel ég að hinir óbeinu skattar séu ranglátari skattmeðferð heldur en hin beina skattlagning, þó að vissulega þurfi þar úr mörgu að bæta áður en hægt verður að tala um að beinir skattar komi réttlátlega niður að fullu og öllu. Hins vegar hefur mér verið gersamlega óskiljanlegur sá mismunur sem verið hefur á söluskattsinnheimtu í innanlands- og utanlandsflugi. Mér er sagt að þetta stafi af því að einhverjir millirikjasamningar komi í veg fyrir það að hægt sé að leggja söluskatt á utanlandsferðir eða fargjaldið. Þó er vitað að miklu meiri hluti ferða innanlands en utanlands er nauðsynjaferðir. Því meiri ástæða væri vitanlega til þess að undanþiggja innanlandsferðir þessu rangláta skattformi, en taka þess í stað upp fullan söluskatt á utanlandsferðirnar. Við vitum hvort sem er að mikill hluti þessara utanlandsferða er óþarfur og aðeins til afþreyingar og skemmtunar og vart ástæða til þess að hlífa slíkum ferðalögum við svo sjálfsögðu gjaldi sem látið er dynja á þeim sem þurfa að ferðast hér innanlands nauðsynjaferðir, t. d. sér til heilsubótar og annarra nauðsynjaerinda.

Þessu var æ ofan í æ hreyft í tíð fyrrv. ríkisstj., að leggja söluskatt á ferðir til útlanda. Þá voru sömu svörin alltaf á reiðum höndum, þ. e. a. s. að einhverjir millirikjasamningar kæmu í veg fyrir það að þetta væri leyfilegt. Nánari skýringar hef ég ekki á þessu og veit ekki sönnur þess hvort þarna hefur viðkomandi ráðuneyti og ráðherra haft að einhverju leyti rangt fyrir sér eða ekki. En sanngjarnt hefði þetta verið tvímælalaust.

Hér er lögð til ný leið og þá kemur auðvitað fram spurning um það hvort farmiðagjald af þessu tagi á utanlandsferðirnar brýtur ekki að einhverju leyti í bága við þessa margrómuðu millirikjasamninga. Ég veit það sem sagt ekki. E. t. v. hefur hv. flm. kynnt sér það sérstaklega.

Hér er um að ræða mikla lækkun ferðakostnaðar innanlands, sérstaklega á þeim flugleiðum, sem lengri eru, og fagna ég því auðvitað alveg sér-

staklega. Ég hefði þó kosið, ef það væri mögulegt og hv. flm. vildi á það fallast, að farmiðagjaldið á utanlandsferðirnar væri a. m. k. tífalt, ekki minna en tífalt á við það farmiðagjald sem lagt er á innanlandsferðirnar. Það er að vísu stórt stökk frá núverandi ástandi og ég játa, að mörgum, sem mikið þurfa að vera á flakki, þætti sjálfsagt þrengdur sinn kostur með þessu móti. Ég held að það væri sanngjarnt og væri til með það ásamt öðrum þm. að flytja um það breyt., ef þetta farmiðagjald er á annað borð heimilt, að þá verði farmiðagjaldið af utanlandsferðum a. m. k. tífalt á við innanlandsferðirnar.

Um beina ráðstöfun fjárins til flugvallagerðar er líka allt gott að segja. Ég styð hana eindregið. Við verðum þá að treysta því að sömu fjárveitingar og áður er reiknað með í fjárl. fáist áfram þrátt fyrir þennan nýja tekjustofn og hér sé um hreina viðbót að ræða. Þegar við hv. flm. erum búnir að sammælast um það vonandi að tífalda eða eitthvað í þá áttina farmiðagjaldið af utanlandsferðum, þá verði þarna kominn álitlegur tekjustofn sem ekki veitir af, eins og hann benti réttilega á, til þess að skapa betri aðstöðu í landinu fyrir flugsamgöngur yfirleitt.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljan, fyrir góðar undirtektir, en það eru aðeins tvö atriði sem ég vildi ræða varðandi mál hans.

Í fyrsta lagi er mér ekki kunnugt um að það séu neinir millirikjasamningar sem banna þetta gjald. Sé svo, þá hefur mér ekki tekist að afla þeirra upplýsinga. Mér er hins vegar kunnugt um að það tíðkast erlendis að leggja á svokallaðan flugvallaskatt. Var sá skattur t. d. lagður á á Kastrupflugvelli, 20 kr. danskar. En síðan var sá skattur felldur inn í farmiðagjaldið. Fyrst þetta er heimilt í þessu landi og á þessum flugvelli, þá get ég ekki ímyndað mér annað en það sé einnig heimilt hér. Eins og ég sagði tókst mér ekki að finna ákvæði sem bönnuðu slíkan skatt.

Ég get að mörgu leyti verið sammála hv. 7. landsk. þm. um að það væri æskilegt að skattbyrðin yrði mun þyngri á millilandaflugleiðum, þ. e. a. s. að við mundum þá fara út á þá braut að skattleggja hina svokölluðu lúxuseyðslu heldur en nauðsynjaeyðslu. Það vandamál kemur upp í sambandi við það að með því gætum við teflt nokkuð í hættu ferðamannastraumi til landsins því að hér er lagt til að þetta verði lagt á alla farþega í millilandaflugi, en ég reikna með að erlendir ferðamenn séu a. m. k. helmingur af þessum farþegum. Ef við ætluðum að tífalda þetta farmiðagjald, þá gæti ég því aðeins verið sammála að það legðist á þegna okkar þjóðfélags, en kæmi á engan hátt í veg fyrir nauðsynlegan ferðamannastraum til landsins. Ég er dálítið hræddur um að það geti orðið erfitt í framkvæmd að skilja hópa að svo að vel megi fara, en ég mun að sjálfsögðu verða fús til að taka það til athugunar ásamt hv. 7. landsk. þm. ef væri hægt að finna þar einhverja framkvæmdaleið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 8. fundur.

Fimmtudaginn 14. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 4). — Frh. 1. umr.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var hér síðast á dagskrá ræddum við úr stjórnarandstöðunni um málið mjög á efnislegum grundvelli. Við ræddum beinlínis um einstakar efnisgreinar frv., sem hér liggur fyrir, og gerðum okkar aths við þær. Nokkuð var einnig vikið að ummælum hæstv. sjútvrh., einkum að því leyti til sem augljóst þótti að þau fengju ekki staðist. Ég tók það fram í ræðu minni að ég mundi geyma mér það til síðari tíma að hefja hér umræður um stöðuna í efnahagsmálum á breiðum grundvelli og þá m. a. stöðu sjávarútvegsins. En þó að þetta væru þau sjónarmið, sem einkum komu fram hjá stjórnarandstöðunni í sambandi við þessar umr. um leið og fulltrúar stjórnarandstöðunnar gerðu grein fyrir afstöðu sinni til málsins, þá snerist hæstv. sjútvrh. þannig við að hann tók að ræða hér um stöðu sjávarútvegsins á mjög breiðum grundvelli og hóf hér mjög almennar umræður um þessi mál. Það stendur auðvitað ekki á okkur að ræða við hann eða aðra úr stjórnarliðinu um þau mál á þeim grundvelli ef þeir óska eftir því. Ég sé því ástæðu til þess að víkja hér nokkuð sérstaklega að síðustu ræðu hæstv. ráðh. í þessum efnum, jafnhliða því sem vikið verður nokkru nánar að efni þessa frv. sem hér liggur fyrir.

Hæstv. sjútvrh. sagði að hann teldi nauðsynlegt að rifja hér upp hvernig ástandið hefði verið á miðju ári eða um það leyti sem hin nýja ríkisstj. tók við. Hann las svo upp tölur og sagði, að þar hefði rekstrarhallinn á fiskveiðunum verið 1 380 millj. kr., og bætti því við að það hefði nú ekki mikil áhrif á hann þó að menn væru að gera hér aths. um afskriftir og afskriftir. Síðan spurði hæstv. sjútvrh. um það hvort menn teldu rétt vera það sem fram hefði komið frá Þjóðhagsstofnuninni varðandi þessa útreikninga eða hvort menn neituðu þeim útreikningum.

Það er í fyrsta lagi við þessar fullyrðingar hæstv. ráðh. að athuga að Þjóðhagsstofnunin hefur ekki reiknað út eða sent neitt frá sér um það hver var staða sjávarútvegsins með rekstrarlega afkomu á miðju ári 1974. Forstöðumaður þeirrar stofnunar hefur alveg nýlega í almennum umr., sem fram komu í útvarpi, einmitt lagt á þetta áherslu. Þeir útreikningar sem hæstv. sjútvrh. var hér að vitna í og allmikið hefur verið rætt um, eru um ákveðna spádóma sem gerðir eru miðað við þá rekstrarstöðu, sem upp var komin í júlímánuði í sumar, og Þjóðhagsstofnunin gerði síðan spá fram í tímann um sennilega afkomu sjávarútvegsgreina á komandi 12 mánaða rekstrartímabili.

Í fyrsta lagi verða menn að gera sér grein fyrir að á þessu tvennu er auðvitað mikill munur, þ. e. a. s. á spádómum, sem settir eru fram í júlímánuði um það hvernig afkoma hinna ein-

stöku rekstrargreina muni sennilega verða á næsta 12 mánaða tímabili, og hinu hver var raunveruleg rekstrarstaða greinanna um þetta leyti. Eftir því sem hæstv. sjútvrh. talaði hér og hefur reyndar látið áður hafa eftir sér í viðtölum í blöðum, þá var engu líkara en hann blandaði þessu algjörlega saman.

Það sem ég hef fyrir mitt leyti viljað leggja áherslu á og viljað fá skýrt fram í þessum umr., þar sem ég hef komið nærri þeim, það er einmitt þetta, að það séu dregin fram sæmilega greinargóð mynd af því hvernig ástandið var um þetta leyti, að hvaða leyti var um erfiðleika að ræða og hver var t. d. hallarekstrinn, sem mjög hefur verið rætt um, í einstökum greinum og hvernig þær tölur eru fengnar sem þá eru notaðar í þeim efnum.

Það er rétt að það eru í rauninni engar fastar skýrslur liggjandi fyrir um það hver var raunveruleg rekstrarafkoma hinna einstöku greina atvinnuvegarins á miðju ári 1974. Reikningar fyrirtækjanna liggja ekki fyrir yfirleitt um það leyti nema að litlu leyti og er því ekki hægt að tilfæra nema tiltölulega takmarkaðar upplýsingar.

Þó var það svo að á venjulegan hátt fór fram athugun á vegum Þjóðhagsstofnunarinnar um þetta leyti á sérstöku úrtaki hjá frystihúsunum í landinu. Það var gerð venjuleg athugun á því hvernig fyrri hluti starfsársins, þ e. ársins 1974, hefði í raun og veru komið út rekstrarlega séð hjá frystihúsunum borið saman við það sem áður var.

Þessi athugun var gerð með þeim hætti að upplýsingar voru fengnar úr bókhaldi 10 frystihúsa, sem eru á vegum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og 5 frystihúsa, sem eru á vegum S. Í. S., eða 15 frystihúsa og gert hafði verið áður. Þessi athugun leiddi í ljós að afkoma þessara húsa var á miðju rekstrarári mjög í samræmi við það sem forstöðumenn þessara fyrirtækja höfðu sjálfir samið um sem rekstrargrundvöll í ársbyrjun og talið þá viðunandi því að þeir samþykktu hann.

Þessi athugun leiddi í ljós að þó nokkur frystihús á landinu, sem voru með í þessari athugun, höfðu mjög góða afkomu, meira en lagt hafði verið til grundvallar fyrir rekstri húsanna. Önnur höfðu auðvitað lakari afkomu. Það var alveg ljóst hvernig þessi mál í raun og veru voru þegar litið var á heildina. Þau frystihús í landinu, sem höfðu haldið áfram rekstri með þeim hætti að þau höfðu haldið áfram t. d. að framleiða jafnmikið af svonefndri frystri blokk fyrir Bandaríkjamarkað og þau höfðu gert áður, hlutfallslega miðað við sína vinnslu, en það var blokkin sem hafði einmitt lækkað í verði og seldist ekki heldur hrúgaðist upp, þau hús höfðu auðvitað allajafna laka afkomu. En hin, sem höfðu hagað sér eftir aðstæðum og drógu úr framleiðslunni á þeirri einu grein, þar sem var um afurðaverðslækkun að ræða, og sveigðu framleiðslu sína meira yfir í þær greinar, sem betur borguðust, en verðfallið hafði aðeins orðið á frystri blokk, en ekki á pakkningum, sem mikill hluti framleiðslunnar gengur að sjálfsögðu í, og höfðu þar að auki aukið við saltfiskverkun, en þar hafði allt snúist til hagsældar í þeirri grein, — afkoma þeirra frystihúsa var auðvitað miklum mun hagstæðari

Þetta eru þær helstu upplýsingar sem liggja fyrir um afkomu frystihúsanna á miðju ári rekstrarlega nú. Auk þess hafa svo forstöðumenn nokkurra frystihúsa opinberlega lýst því yfir að þeir hefðu ekki undan neinu að kvarta fram að þessum tíma um rekstrarafkomu fyrirtækja og sumir hafa enda gefið upp álitlegan rekstrargróða.

Ég hef bent á í þessu sambandi að það er vitanlega algjörlega ástæðulaust að skekkja þessa mynd fyrir einum eða neinum með einhverjum ópum út í loftið í sambandi við óraunhæfar tölur.

Ég segi ekki með þessu — dettur það ekki í hug því að það hefur aldrei verið — að þarna hafi ekki verið margvísleg vandamál við að eiga í þessari grein, eins og ég mun koma að síðar, og auðvitað þurfti nú á þessu ári að glíma við eins og á öllum öðrum árum áður.

Ég ætla þá að víkja örfáum orðum í sambandi við stöðu atvinnuveganna um þetta leyti að rekstri veiðiskipanna. Það hefur verið mikið talað um það, m a. hæstv. sjútvrh., að það hafi verið feiknalegt tap á togararekstrinum í landinu, og nefndar háar tölur, 700—800 og allt upp í 900 millj. kr. tap á rekstri togaranna. En þær tölur, eins og ég segi, eru allar úr þessari spádómsskýrslu fyrir næstu 12 mánuði, en ekki neinar niðurstöður varðandi rekstrinn eins og hann stóð á miðju ári. Varðandi afkomu þessarar greinar liggja auðvitað ekki fyrir, eins og ég sagði, neinir rekstrarreikningar nema bráðabirgðareikningar frá nokkrum fyrirtækjum. Ég hef tilfært hér upplýsingar frá nokkrum fyrirtækjum sem mér er kunnugt um, þar sem á aðalfundum þeirra fyrirtækja, sem þá voru að gera grein fyrir rekstrarafkomu s. l. árs, eins og venjulega er á aðalfundum, var einnig gerð grein fyrir því hvernig rekstrinn hefði gengið á yfirstandandi ári. Þá kom í ljós að rekstur togaranna í nokkrum slíkum tilfellum var miklum mun hagstæðari í ár en í fyrra.

Ég var sjálfur staddur, eins og ég hef sagt annars staðar, á einum slíkum aðalfundi og þar kom í ljós að á árinu 1973 höfðu tveir togarar þess útgerðarfélags ekki haft báðir til samans nema rúmlega 5 millj kr. í rekstrarafgang upp í afskriftir og þar af leiðandi ekki nægilega mikið upp í afskriftir, en nú á þessu ári, þegar fundurinn var haldinn í miðjum septembermánuði, höfðu þessir tveir togarar 23 millj. kr. upp í afskriftir í staðinn fyrir rúmar 5 millj. á árinu á undan, um miðjan septembermánuð höfðu þeir í rekstrarafgang meira en sem nam fullum afskriftum, af því að rekstrarafkoma var mun betri í ár. Auðvitað fer rekstrarafkoma togara og annarra veiðiskipa í þessum efnum mjög eftir því hvernig afli hefur verið, og það er ekkert nýtt með þetta ár, það hefur alltaf verið. Þetta kemur líka heim og saman við þær áætlanir sem gerðar höfðu verið af opinberum aðilum. Þær áætlanir, sem gerðar höfðu verið af sérstökum trúnaðarmönnum sem til þess voru settir að meta rekstrarstöðu skuttogaranna í landinu, sögðu einmitt að það mætti búast við hagstæð-

ari útkomu þessara skipa miðað við rekstrargrundvöll á árinu 1974 en var á árinu 1973.

Ég tilfæri hér t. d. úr einni þessari skýrslu frá opinberum aðilum, en niðurstaðan þar er dregin saman úr áætlunargerðinni. Þar segir orðrétt á þessa leið um stærsta hópinn í þessum rekstrarflokki:

„Eins og fram kemur hér að framan virðast rekstrarskilyrði minni skuttogara verða talsvert betri á fyrri hluta þessa árs, 1974, en þau voru í árslokin 1973 og miklu betri en þau voru á síðasta ári, 1973, öllu."

Það er enginn vafi á því að þessu hefur verið svona farið nema í þeim tilvikum þar sem afli hefur reynst óvenjulítill eða með minna móti, sem vitanlega getur gerst á einstaka skipum. Hið sanna um afkomu bátaflotans í landinu á fyrri hluta ársins 1974 er að bátaflotinn í landinu bjó við þau rekstrarskilyrði á fyrri hluta ársins sem forustumenn flotans höfðu samið um í ársbyrjun Þeir höfðu samið um fiskverð og þeir höfðu gert sér grein í áætlunum fyrir öllum helstu útgerðarkostnaðarliðunum sem breyttust, en breyttust tiltölulega lítið því að þyngstu liðirnir höfðu verið reiknaðir rétt út. En það gefur auðvitað auga leið að þar sem svo hefur farið á fyrri hluta þessa árs að afli hefur brugðist, þar sem afli hefur orðið miklum mun minni af ýmsum ástæðum en reiknað hafði verið með eða hann hafði verið, þar er auðvitað um erfiðleika að ræða nú og þeir erfiðleikar eru tilfinnanlegir á vissum stöðum á landinu. En það er ekkert nýtt. Slíkt hefur oft komið upp áður og við höfum sérstakt kerfi í gangi sem gerir ráð fyrir því að það sé hægt að nota til þess að hlaupa undir bagga þegar svo ber við, en það er Aflatryggingasjóður.

Ég held því þess vegna fram að á miðju þessu ári sé ekki hægt að segja að staða sjávarútvegsins almennt hafi verið sérstaklega slæm. Það voru auðvitað erfiðleikar hjá ýmsum útgerðarfyrirtækjum og ýmsum greinum eftir atvikum, sviðað því og oft hefur verið áður, mun minni vandi en oft áður í mörgum greinum. En það er rétt að um þetta leyti blöstu við ný vandamál, — vandamál sem voru hrikalega stór ef ekkert hefði verið að gert. Þar á ég fyrst og fremst við þann vanda að ef upp úr miðju ári, ef verðlag í landinu hefði þá verið látið æða áfram eins og margt benti til að það mundi gera og kaupgjald síðan elta það verðlag og verðlagið aftur elta nýtt kaupgjald, þá auðvitað hefði allt farið úr skorðum. Um þetta voru í rauninni allir sammála, að um þetta leyti þurfti að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir þennan snúning. En það var hins vegar ágreiningur um það, meiri og minni, með hvaða hætti ætti að koma í veg fyrir þennan vanda.

En svo langar mig í framhaldi af þessu að víkja nokkuð að hinum margumtöluðu útreikningum Þjóðhagsstofnunarinnar um áætlanirnar, sem mest hefur verið rætt um, fyrir komandi rekstrartímabil, þ. e. a. s rekstrartímabilið frá miðju ári 1974 til miðs árs 1975. Ég held mig þá í þeim efnum við þá skýrslu sem við þm. höfum fengið í hendur. Ég veit að Þjóðhagsstofnunin er alltaf að taka þessa útreikninga sína á skýrslur til endurnýjunar, breyta þeim af því að reynslan hefur auðvitað orðið sú að spádómar um rekstrarafkomu fram í tímann hafa alltaf ruglast í reynd. Mjög sjaldan hafa þeir spádómar staðist algjörlega og er vitanlega ekki neitt Þjóðstofnunina eða starfsmenn hennar um að saka fyrir það.

En samkv. þessum skýrslum kemur fram að talað er um rekstrarhalla allra greina fiskveiðanna við landið, allra tegunda fiskiskipa, að reikna megi með því að rekstrarhalli alls veiðiflotans á ársgrundvelli á næsta 12 mánaða tímabili verði 1344 millj. kr. En það kemur skýrt fram í skýrslunni að þetta tap komi út hjá öllum flotanum þegar búið sé að tilfæra afskriftir sem nema heldur hærri upphæð en þessum rekstrarhalla, eða 1369 millj. kr. Það er því m. ö. o. alveg ljóst skv. þessari skýrslu að sú áætlun, sem þarna er gerð um rekstrarafkomu á næsta 12 mánaða tímabili, gengur út frá því að veiðiflotann vanti í rauninni viðbótartekjur til þess að standa undir afskriftum.

Ég bendi á að það er ekkert nýtt að slíkt hafi komið fram í spádómum og útreikningum sem gerðir hafa verið fyrir tímann. En ég bendi líka á það að í þessari sömu skýrslu tekur Þjóðhagsstofnunin það fram að þó að hún reikni með 1369 millj. kr. í afskriftir á öllum veiðiflotanum á ári þá séu þær afskriftir 650 millj. kr. hærri en stofnuninni sé kunnugt um að þessi floti þurfi að borga í afborganir af lánum sínum. Stofnunin bendir að vísu á að það kunni að vera að þessi floti hafi stofnlán utan stofnlánasjóðanna, hann hafi önnur lán hjá bönkunum sem mætti á sanngjarnan hátt flokka undir stofnlán en þetta kemur fram, að þessar uppfærðu afskriftir, 1369 millj., eru 650 millj. kr. hærri en kunnugt er um að afborganir séu af þessum flota. Það er auðvitað enginn vafi á því, það vita þeir sem til þekkja, að þessar afskriftir, sem hér eru færðar upp, eru miklum mun hærri í flestum tilfellum heldur en eðlilegt er og heldur en kröfur hafa yfirleitt verið gerðar um í rekstri þessa flota á undanförnum áratugum. T. d. hafa verið reiknaðar í þessum tilfellum afskriftir af okkar gömlu togurum þar sem miðað er við verð sem liggur langt fyrir ofan söluverð skipanna. Það er vitanlega alltaf álitamál hvað á að reikna með miklum afskriftum hverju sinni. Það er vitanlega sjálfsagt, þegar menn nefna áætluð rekstrartöp eins og þessa tölu, að menn láti það koma skýrt fram að þetta rekstrartap kemur fram á áætluninni með því að færa upp svona miklar afskriftir, og meira að segja þessar afskriftir eru af þessu tagi sem ég hef verið að lýsa.

Ég segi það að vissulega hefði veiðiflotinn þurft að geta haft betri afkomu en þetta. Það hefði glatt mig mikið að geta staðið að slíku. Ég tel að það sé okkar atvinnulífi mjög til styrktar að flotinn almennt geti verið rekinn með allgóðri afkomu, en ég geri mér grein fyrir því að afkoma af þessari gerð hefur verið það almennasta um langan tíma hjá okkar fiskveiðiflota.

En svo ber auðvitað að skoða þessar áætlanir á fleiri vegu en þann sem ég hef nú minnst á. Þegar áætlanir eru gerðar fram í tímann fyrir næstu 12 mánuði um afkomu veiðiflotans, þá vitanlega hafa menn orðið að gefa sér upp einhvern

væntanlegan afla. Enginn veit um það fyrir fram hver afli verður á hverju einstöku skipi. Það kemur líka fram í þessari áætlanagerð að Þjóðhagsstofnunin gefur sér þá forsendu fyrir fram að afli muni rýrna um 13.5% og þessi afkoma, sem kemur út úr þessum áætlunum, er byggð á því að afli muni á næstu 12 mánuðum rýrna um 13.5%. Ef það hefði ekki verið gert hefði auðvitað útkoman orðið allt önnur. Maður getur séð það nú nýlega í blaði að forustumaður Landssambands íslenskra útvegsmanna segir að nú hafi menn einmitt sterkar vonir um það að afli muni fara vaxandi aftur, og hafa auðvitað margir trúað því að það kæmi að því að við færum að hafa nokkurn hag af okkar auknu friðun á miðunum í kringum landið, en enginn getur sagt um það fyrir fram hvernig þessi afli muni verða. Enn er það að í forsendum fyrir þessum spádómum tekur forstöðumaður Þjóðhagsstofnunarinnar fram að hann verði undir þeim kringumstæðum, sem við búum nú við, að sjálfsögðu að gefa sér eitthvert tiltekið afurðaverð, sem muni fást fyrir okkar framleiðsluvöru, og hann reiknar inn í dæmið með því lægsta verði á fiskblokkinni sem hefur verið á henni nú að undanförnu og við íslendingar höfum ekki viljað selja okkar framleiðslu á frekar en aðrar þjóðir sem þessa vöru hafa framleitt. Norðmenn gerðu sérstakar ráðstafanir til þess að framleiðendurnir þar gætu geymt þessa vöru og þyrftu ekki að selja hana á þessu lága verði því að þeir trúðu því að verðið kæmi upp síðar. Og það hafa komið fram ýmsir spádómar, m. a. birtir í íslenskum blöðum, um að það væri mjög margt sem benti til þess í fréttum frá Bandaríkjunum að þar kæmi matvælaverð til með að hækka um 14—15% að meðaltali á næstunni og væri því von til þess að þessi framleiðsluvara nyti góðs af þessu og kæmi til með að hækka aftur. Um þetta veit enginn. En forsenda þessara útreikninga er byggð á þessu lága verði og það er tekið fram í skýrslunni.

Önnur mikilvæg forsenda í þessum spádómi er sú að forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar varð vitanlega að gefa sér eitthvert verð á hinu margumtalaða fiskmjöli og loðnumjöli, hvaða verð við mundum fá fyrir þessa framleiðslu. En þar hafði einnig orðið stórkostleg verðbreyting. Og hann segist miða við að það fáist fyrir próteineininguna í mjölinu 4.15 dollarar. Við íslendingar höfum ekki selt eitt einasta kíló á þessu lága verði, ekki eitt einasta kíló. Okkar sala liggur öll langt þarna fyrir ofan og nú erum við að reyna sölu talsvert fyrir ofan þetta með sérstakri sendinefnd sem send hefur verið úr landi. Ég verð að segja það og sagði það strax þegar ég sá þessa skýrslu, mér þykir þessi forsenda vera ákaflega óeðlileg. Formaður Landssambands ísl. útvegsmanna hefur látið hafa eftir sér, og reyndar einnig formaður í samtökum fiskmjölsframleiðenda, þeir hafa sagt að ef svona verð ætti að haldast þá væri alls ekki gert út á loðnu í vetur.

Ég er sannfærður um að það verður gert út á loðnu í vetur. En ég er líka trúaður á að mjöl verði allmiklu hærra en þetta. En ég er ekki fyrst og fremst með ágreining við einn eða neinn út af því að hér hefur verið gerður útreikningur fyrir rekstrartímabil, 12 mánuði fram í tímann, sem byggt er á ákveðnum forsendum. En það sem ég hef fundið að í þessum efnum er sá rangi málflutningur sem sérstaklega hefur komið fram í Morgunblaðinu og atvinnurekendur hafa notað sér miskunnarlaust, þ. e. að draga upp þá mynd að m. a. í okkar sjávarútvegi sé allt að steypast á höfuðið, þetta sé allt um koll farið, þetta sé allt í rúst, og síðan á að sanna að nú verði að stórlækka kaup sjómanna og lækka kaup allra vinnandi manna í landinu og líka hleypa öllu í bál og brand á vinnumarkaðinum. Það er þetta sem er ábyrgðarleysi og það er þetta sem er rangt.

Það á að segja mönnum alveg eins og er, hvað liggur á bak við þessa spádóma, og það á að segja mönnum líka eins og er, hvernig er ástatt með reksturinn. Ég veit að þessi orð mín verða auðvitað tekin þannig af þeim, sem þetta kemur illa við, að ég hafi haldið því fram að það væri enginn vandi sem sjávarútvegurinn íslenski ætti við að glíma, en það er alrangt. Mér er alveg ljóst að það er við margvísleg vandamál að glíma eins og hefur jafnan verið, mjög mismunandi mikil, í ýmsum greinum, og það á að taka á þeim og það er hægt að leysa þau án þess að menn þurfi að skrumskæla fyrirliggjandi staðreyndir og túlka þær á alveg rangan veg .

Ég hef nú vikið nokkuð að afkomu og útreikningum þeim sem liggja fyrir um afkomu veiðiflotans. En það er þá rétt að minna líka á að hér liggja líka fyrir útreikningar um afkomu fiskvinnslunnar í landinu, í þessari sömu skýrslu, og þar kemur fram að Þjóðhagsstofnunin gerir þá spádóma fyrir næstu 12 mánuði að það megi búast við því að það verði hallarekstur á frystihúsunum í landinu sem nemi í kringum rétt aðeins tæpar 1400 millj. kr. En þá er líka búið að bókfæra afskriftir af frystihúsunum upp á 400 millj. kr., eða m. ö. o. það er verið að reikna með því að frystihúsin vanti þarna í kringum 1000 millj. kr. bara í tekjur á móti beinum útgjöldum, rekstrarlegum útgjöldum. Þetta auðvitað lítur ekki vel út, en eins og ég segi, þetta er mismunandi í hinum einstökum fyrirtækjum, reynslan sýnir það, og fer í rauninni alveg eftir því hvernig þeim hefur tekist að skipuleggja sinn rekstur. Þegar sum eru með mjög góða afkomu eru önnur með mjög lélega afkomu. Og það verður í mörgum tilfellum af því að frystihúsin eru illa nýtt, afli hefur orðið lítill hjá þeim, vinnutími stuttur og afkoman þar af leiðandi léleg. Og svo hefur, eins og ég hef vikið að, komið fram nokkurt verðfall á þýðingarmikilli framleiðslugrein hjá frystihúsunum, sem er fiskblokkin og einnig sá úrgangur, sem frystihúsin selja, því að þá er gert ráð fyrir því að þau verði að selja úrganginn á mjög lágu verði þegar mjölverðið hefur verið sett svona lágt í útreikningi. Ég hef að vísu fyrir mitt leyti, eins og ég hef bent forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar á í þetta skipti eins og oft áður, ýmsar aths. að gera við þær forsendur sem hann hefur byggt á þegar hann hefur fengið þessa útkomu úr dæminu, eins og t. d. tekjum frystihúsanna af úrgangi. Ég tel að sá tekjufótur sé alveg rangur, hann verði miklum mun meiri í reynd. Og ég tel vitanlega ekki nokkra sanngirni í því að reikna dæmið þannig

að menn haldi áfram að framleiða jafnmikil hlutföll í fiskblokk, sem stendur svona illa, eins og þeir gerðu áður. Ég vil reikna með því að framleiðslan færist til, færist meira yfir í þær tegundir sem ekki hafa fallið í verði. En þetta er eins og ég segi dæmi sem menn eru að reikna út frá ákveðnum spádómum.

En auðvitað segir þessi afkoma frystihúsanna ekki nema hluta af öllu saman varðandi fiskvinnsluna í landinu vegna þess að í þessari sömu skýrslu kemur líka fram að aðrar greinar fiskvinnslunnar, þ. e. a. s. saltfisksverkun og skreiðarverkun, koma samkvæmt þessum útreikningum með stórkostlegan hagnað. Það er gert ráð fyrir því í þessum spádómi að saltfisksverkun og skreiðarverkun skili á þessu 12 mánaða tímabili rúmlega 1500 millj. kr. hagnaði þegar búið er að afskrifa til fulls, m. ö. o. hinn útreiknaði hagnaður á skreiðarverkun og saltfisksverkun er meiri en útreiknað tap í frystingu. (Gripið fram í.) Það er vitanlega sjálfsagt að nota þá framleiðslu sem gefur best. Það hefði t. d. þessi hv. þm. átt að vera búinn að læra að það ætti maður að gera. Menn eiga ekki endilega að framleiða bara það sem menn tapa á. En það skýtur nú reyndar svo skökku við að það var gert ráð fyrir því og kemur líka fram í þessari skýrslu að framleiðslan á saltfiski átti að dragast heldur saman þrátt fyrir þessa forsendu. Það var ein aths., sem ég gerði, að ég teldi það afskaplega skrýtilega á hlutunum haldið ef menn minnkuðu saltfisksframleiðslu undir þessum kringumstæðum, en það yrði meira lagt í hitt sem gæfi minni arð.

En þannig hefur verið haldið á þessum staðreyndum, sem hér liggja fyrir, þegar þessi mál hafa verið rædd, t. d. í Morgunblaðinu og m. a. af hæstv. sjútvrh., ég hef aldrei heyrt hann tala um annað. Menn tala í sífellu um 1400 millj. kr. tap á frystingunni, hugsa sér: 1400 millj. kr. tap, og svo geta menn þess ekki að það hafi verið 1500 millj. kr. gróði á saltfiski og skreið. Það er látið liggja og ekki minnst á það. Þetta er nú að halla sannleikanum til eftir þörfum. En sannleikurinn allur er í þessari skýrslu og ef menn lesa skýrsluna alla kemur þetta út úr henni. Auðvitað þurfti að gera ráðstafanir til þess að færa nokkuð á milli, það var ekkert um það að villast. Og það voru gerðar m. a. ráðstafanir í því frv., sem hér liggur fyrir, með því að breyta lögunum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og ég lýsti því yfir strax við 1. umr. að ég væri sammála þessum lið í frv. af því að þessi breyting miðar að því að hægt sé að greiða úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins verulegar fjárhæðir til frystingarinnar, eins og hæstv. ráðh. tók hér fram, að með þeim reglum, sem nú er miðað við, ætti að vera hægt að greiða til frystingarinnar í landinu á ársgrundvelli 700—1000 millj. kr. eða það sem á vantar. En hins vegar yrði þessum reglum beitt þannig að það yrði dregið inn í Verðjöfnunarsjóðinn frá saltfisksverkun og skreiðarverkun sem nemur í kringum 1200 millj. kr.

Í sambandi við þennan bága rekstur sjávarútvegsins má svo einnig taka það með inn í þetta dæmi, sem líka kemur fram í þessari margumtöluðu skýrslu, hver er og hefur verið staða Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. Morgunblaðið byrjaði á því, strax þegar við tókum við okkar stólum í vinstri stjórninni, að segja að nú væri ég byrjaður að éta upp Verðjöfnunarsjóðinn og mundi verða búinn með hann eftir nokkra mánuði. Um það leyti sem við tókum við var samkvæmt opinberum skýrslum heildarinnistæðan, sem komin var inn í Verðjöfnunarsjóð, um 700 millj. kr. En í þessari skýrslu kemur í ljós að þegar ósköpin ganga yfir er þessi sjóður orðinn um 2000 millj. kr. sem standa inni í þessum sjóði. Og m. a. s. á þessum voðalega rekstrartíma nú fram á mitt ár kemur fram í skýrslunni að gert er ráð fyrir því að inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins muni aukast á þessu voðalega tímabili fram á mitt ár um yfir 400 millj. kr. En það er eins og ég hef sagt hér áður, á þetta hefur ekki verið mikið minnst og ég er alveg sannfærður um það að hæstv. sjútvrh. er ekki tilbúinn að ræða um þetta. Hann kemur bara hér og tekur alveg eins og síðast, þegar mál var á dagskrá, þá tekur hann bara marga hringi og talar um allt annað og segir: „Þið eruð bara hræsnarar.“ Það var sú afgreiðsla sem við fengum síðast þegar við minntum á það að hér væri verið að gera óeðlilegar og hættulegar ráðstafanir varðandi sjómannakaupið. Þá sagði hann bara: „Þið eruð fyrirlitlegir hræsnarar.“ (**Gripið fram í:** Er þetta ekki alveg hárrétt?) Jú, ég efast ekki um að hæstv. ráðh. á eftir að endurtaka þetta. En það breytir bara engu. Staðreyndirnar standa eftir hversu oft sem þið segið að einn eða annar sé hræsnari.

Nei, það er rétt að hér var og er um margvísleg vandamál að ræða. Mér er t. d. alveg ljóst að þegar afli minnkar jafnmikið af ýmsum ástæðum og raun ber vitni um á fiskibátum á Suðurnesjum og reyndar víðar við landið, eins og varð á síðustu vertíð, þá kemur þar upp nokkurt vandamál. Og mér er líka ljóst, eins og ég sagði þegar þetta mál var síðast á dagskrá, að það var vissulega mikið vandamál að ráða fram úr því, hvernig átti að mæta verulegri olíuverðhækkun sem var að skella yfir.

Hæstv. ríkisstj. hefur með þessu frv. valið þá leið að leggja ný útflutningsgjöld á fiskafurðir og afla þannig fjár í olíuniðurgreiðslusjóð sem nema 1230 millj. kr. á ársgrundvelli. Á þennan hátt er vandinn leystur, á þennan einfalda hátt að þessi olíuvandi er raunverulega leystur þannig að sjómenn eru látnir borga allt vandamálið. Hvað þýðir það þegar 1230 millj. kr. eru teknar af brúttóframleiðslunni með útflutningsgjaldi? Það þýðir að raunverulega er verið að láta útgerðina borga af þessum 1230 millj. kr. í kringum 700 millj. og þá eiga sjómenn að borga hinn hlutann eða í kringum 530 millj. Það er aðeins eftir þessu hlutaskiptahlutfalli sem hér er um að ræða. Ef þetta gjald hefði ekki verið lagt á er alveg gefinn hlutur að þá væri hægt að hafa fiskverðið þetta miklu hærra. Útvegsmenn hefðu þá á alveg nákvæmlega sama hátt, þ. e. a. s. í gegnum hækkað fiskverð, þurft að borga hækkað olíuverð. Nú er það bara tekið af þeim með þessu útflutningsgjaldi. Þeim má vera nákvæmlega sama hvort þeir borga þetta í gegn-

um útflutningsgjald eða hvort þeir borga það sjálfir beint í peningum þegar þeir hafa fengið hækkað fiskverð. En af sjómönnunum er tekið í þessum efnum. Þeir áttu að fá í aflahlut úr þessum 1230 millj. sínar 530 millj. ef útflutningsgjaldið hefði ekki verið lagt á, og það er ákveðið að þeir skuli ekki fá þetta: Við leggjum á útflutningsgjald, fiskverðið hækkar ekki jafnmikið, en við tökum þennan aflahlut sjómannanna og látum hann standa undir olíuvandamálunum. — Þetta er alveg augljóst mál. Það er einhliða verið að láta sjómannastéttina í þessu tilfelli rísa undir þessum vanda.

Ég sagði við þá umr. sem fór fram um málið hér fyrir nokkrum dögum að hér hefði vissulega verið um mikið vandamál að ræða, hvernig hefði átt að lækka olíuna í verði. Ég geri mér það alveg ljóst að það var hægara sagt en gert að segja útgerðinni að standa undir öllum þessum kostnaði. En ég leyfði mér að segja að það væri algjört óvit að ætla að leysa þetta þannig að sjómenn einir væru látnir borga þetta allt saman. En vegna þess að ég kom ekki hér fram gagngert með till. um það hvernig þá hefði átt að leysa málið, þá sagði hæstv. sjútvrh. að menn bara töluðu um þetta, en vildu ekki takast á við vandann Ég skammaðist mín ekkert fyrir það, þó að það stæði jafnvel í mér að koma fram með till. um það hvernig hefði átt að leysa vandann því að það gat vitanlega fleira en eitt komið til greina. En ég get mjög auðveldlega komið með ábendingar um það hvernig ég tel að frekar hefði átt að leysa þennan vanda.

Í fyrsta lagi er nú það að ég tel mjög hæpið, miðað við allar þessar aðstæður, að ætla að setja vandamál eins og þetta upp fyrir næstu 12 mánuði í einu. Hér geta orðið á stórkostlega miklar breyt. og það var í rauninni ekkert sem kallaði beint á það. Það hefði verið miklu eðlilegra að leysa þennan vanda til takmarkaðri tíma og sjá hvernig farið hefði með rekstrargrundvöll bæði útgerðarinnar sem heildar og reyndar þróun olíuverðlagsmála En ég hika ekki við að segja það að þennan vanda upp á u. þ. b. 530 millj. kr. hefði jöfnum höndum átt að leysa á þann hátt að þær greinar framleiðslunnar, sem tvímælalaust skila miklum hagnaði og umframhagnaði stæðu undir honum, vegna þess að við erum með eitt gildandi fiskverð og við stilltum fiskverðinu þannig að t. d frystingin í landinu fái nokkurn veginn undir því risið, en það getur þá að sjálfsögðu þýtt að aðrar greinar, eins og t. d. saltfisksverkun, hefði getað borgað miklum mun hærra fiskverð. En þegar það er ekki gert, þá kemur sú grein auðvitað út með hagnaði. Norðmenn hafa farið út á þá braut að hafa mismunandi fiskverð til hinna ýmsu framleiðslugreina eða verkunargreina. Við höfum ekki verið á því hér að taka upp þá aðferð En þegar þannig er á haldið kom vissulega til greina að taka kúfinn að einhverju leyti af þeirri grein sem bar sig tiltölulega best eða þeim greinum og láta þann kúf að einhverju leyti mæta þessum vanda, en að öðru leyti og að langstærstum hluta álít ég að það hafi þurft að vera ríkisheildin sem átti að leggja þetta fé til.

Þá hefði líklega ekki átt að muna um það, sjálfstæðismennina, að standa að því, þeir sem lýstu því yfir fyrir nokkrum mánuðum að það væri vandalaust að færa niður ríkisútgjöldin um 3—4 milljarða, án þess að ríkið þyrfti að fá tekjur á móti, og fluttu um það frv. hér á Alþingi. Þeir hefðu líklega ekki átt að þurfa að blána upp þó að þeir tækju frá ríkissjóði um 300—400 millj. kr. til að leysa þennan vanda. En þeim var bara annað í hug núna. Þeim datt það ekki í hug að fara að leggja þetta á hæstv fjmrh., Matthías Á. Mathiesen, hann þurfti á sínu að halda. En sjómenn gátu vel borgað 530 millj. kr. því að annars var hætta á því, eins og sagt hefur verið, að kaup þeirra yrði allt of hátt.

Til þess að koma þessu fyrir á þennan hátt var ákveðið í 1. gr. þessa frv , sem hér liggur fyrir, að fiskverðið til sjómanna mætti ekki hækka nema um 11%. Eins og ég hef bent á áður er þetta ákveðið að fiskverðið, það sem eftir er af árinu, frá því í sept. til ársloka, megi ekki hækka nema um 11% þó að allar áætlanir, sem byggt er á, geri ráð fyrir því að aflinn minnki um 13.5%. Þetta þýðir þá í reynd að það er verið að reikna með því að sjómennirnir eigi að þola beina kauplækkun í krónum talið, auk þess svo sem krónurnar rýrna í verðgildi. Þetta eru óraunsæjar till. og í rauninni ættu svona till. ekki að koma fram nema þá frá allra blindustu útgerðarmönnum sem halda alltaf að þeir sleppi best út úr sínum vanda með því að lækka hlut sjómanna. Það eru því miður til slíkir útgerðarmenn sem hafa staðið í deilum ár eftir ár og haft af því sjálfir í rauninni ómetanlegan skaða að hafa haldið fram slíkri stefnu. Það er engin tilviljun að t. d. sá hluti togaraflotans nú í dag, sem borgar sjómönnum langsamlegasta hæsta kaupið, hefur einmitt besta afkomu Það eru einmitt þau skipin sem ekki skortir sjómenn í dag. En frá hinum heyrist það, sem hafa pressað niður kaupið, að þá vanti menn, afkoman sé afskaplega bág og því hefur m. a. hæstv. sjútvrh. farið út á þá sérstöku braut að úthluta einstökum útgerðarfélögum beina styrki, senda þeim hverjum um sig ákveðnar ávísanir, eins og þeir hafa fengið í haust, og m. a hafa auðvitað orðið aðnjótandi þeirra ávísana aflakóngarnir í landinu, þeir sem hafa fiskað langmest og eru óumdeilanlega með stórgróða. Ég fyrir mitt leyti segi að þetta eru ekki hyggilegar aðferðir og það er ekki líklegt að þetta takist hjá hæstv. ríkisstj.

Um áramótin verður ríkisstj. eins og aðrar stjórnir að standa frammi fyrir þeim vanda að þá verður rætt um launakjör sjómanna á komandi vetrarvertíð. Þá verða allar deilur teknar upp, þessar sem hafa alltaf verið í gangi Og með því að bæta þessu ofan á það, sem fyrir var, er vitanlega verið að egna til átaka og ófriðar sem gætu leitt til stórfelldrar stöðvunar því að hér er auðvitað um mikið óréttlæti að ræða.

En það er ekki nóg með það að olíuvandamálið hafi verið leyst á þennan óhyggilega hátt. Þarna er líka gert ráð fyrir því að stórauka greiðslur af óskiptum afla í Stofnfjársjóð fiskiskipa, þ. e. a. s. sjómennirnir eru knúðir til þess að borga af sínum aflahlut afborganir og vexti af stofnlánum skipanna Nú veit hæstv. sjútvrh. að þetta er búið að vera mikið ágreiningsefni við sjómannastéttina í mörg ár og hafa

sífellt komið fram kröfur um að stíga þarna skrefið til baka aftur, leggja niður 10% gjaldið sem tekið hefur verið síðan 1968 í Stofnfjársjóð. Það var því vægast sagt óhyggilegt að ætla að fara að hækka þetta nú um 15%.

En hæstv. sjútvrh. hefur auðvitað afskaplega einfalt svar við þessu. Hann ræðir ekki mikið um efni málsins Hann segir að vísu að þetta, sem honum var bent hér á, væri hrein fjarstæða, það að taka 5% til viðbótar af brúttóaflaverðmæti og leggja það í Stofnfjársjóð raski ekki á neinn hátt skiptakjörunum. Ég leyfði mér að segja að hann ætti að taka þetta aftur og ekki gera sig hlægilegan á því að segja svona fjarstæðu vegna þess að þetta er auðvitað hreint öfugmæli. Það er engin leið að segja þetta. Auðvitað er hér verið að raska þeim skiptakjörum sem byggt var á. En þá segir bara hæstv. sjútvrh: Af hverju afnam ekki fyrrv sjútvrh. þetta gjald? Jú, það var nú svo, það var nú ekkert smáræði sem gamla viðreisnarstjórnin var búin að gera í þessum efnum. Hún var ekki aðeins búin að leggja á stofnfjárgjaldið, 10% og enn þá hærra þegar um útsiglingar var að ræða, heldur hafði hún einnig lagt á sjómennina sérstakt rekstrarþátttökugjald sem einnig var tekið af brúttóaflaverðmæti og sjómenn þannig látnir rísa undir. Það var mitt fyrsta verk sem ráðh. að afnema þetta *gjald sem aðalandstaða* sjómannanna hafði beinst gegn og snúa þessu þannig við að hægt var að hækka fiskverðið til sjómanna um 18—19% með þeirri aðgerð. En það var rétt, *ég* hafði ekki orku til þess að breyta öllu því í gott sem viðreisnarstjórnin var búin að gera illt. Hún hafði staðið í þessu í 12 ár, en mér entist nú ekki aldur nema í 3.

Hitt er alveg ljóst mál, að það var vitanlega ekki á þetta bætandi, það var óhyggilegt. Útgerðarmenn hafa oft bent á það, og það er ekki alveg án rökstuðnings, að það er orðið það langt um liðið síðan 10% stofnfjársjóðsgjaldið var lagt á að síðan hafa átt sér stað margir kjarasamningar á milli sjómanna og útvegsmanna og það hafa farið fram margvíslegar breytingar í launasamningum eftir þetta. Útgerðarmenn hafa sagt: Með þeim samningum er í raun og veru búið að viðurkenna þetta sem hvern annan fastan lið og menn eru búnir að breyta öðrum liðum í kjarasamningum með tilliti til þessa. — Og því er það að við kjarasamninga hafa sjómenn sjálfir sætt sig við gjöldin eins og þau voru. Þeir hafa að vísu mótmælt þessu og gert tilraun til þess að fá því breytt. Þeim hefur ekki tekist það. En þeir hafa þó unað við þetta En ég segi, að mér þykir mjög ótrúlegt að þeir uni því í komandi kjarasamningum að taka á sig þennan nýja skatt, sem þarna er um að ræða, og að annaðhvort verði að þeir reki þetta til baka aftur með því þá að breyta skiptaprósentunni sér í hag eða fá gjaldið afnumið eða þá að hér kemur til stöðvunar í atvinnurekstrinum vegna deilna út af þessu.

Ég tók eftir því að hæstv. sjútvrh. spurði hér með allmiklum þrjósti hvort við héldum virkilega að útgerðin í landinu hefði getað tekið á sig hækkuð gjöld til þess að standa undir afborgunum af lánum sínum og vöxtum sem nú hefði blasað við, hvort við hefðum virkilega haldið að útgerðin í landinu hefði getað þetta. Af hverju hækkuðu afborganir og vextir af þessum lánum? Það hækkaði vegna gengisbreytingar að einhverju leyti, að því leyti til sem skipin höfðu enn á sér hvílandi erlend lán en megnið af fiskveiðasjóðslánunum átti ekki að breytast nema að litlu leyti vegna gengisbreytingarinnar. En gengisbreytingin er framkvæmd eftir kröfu útgerðarinnar og fyrir útgerðarmennina í landinu. Geta þeir virkilega búist við því að heimta fyrst gengislækkun og segja svo: Ja, svo verða enn aðrir, þ. e. a. s. skipverjarnir, að standa undir kostnaðinum við framkvæmdina á gengisbreytingunni?

Hvar er hagnaðurinn af gengisbreytingunni? Af hverju er hann ekki látinn standa undir þessu eins og áður hefur verið gert? Jú, það er gert ráð fyrir því að hreinn gengishagnaður svonefndur vegna þeirra, sveiflu sem verður vegna þeirra afurða sem lágu í landinu þegar gengislækkun er framkvæmd, muni gefa í hreinar tekjur í kringum 1 650 millj. kr. Og hæstv. ráðh. gerði hér grein fyrir því að það mætti telja að það væri búið að ráðstafa af þessari fjárhæð í kringum 400 millj. kr. og þá væru eftir 1 250 millj. og þeirri upphæð væri ekki búið að ráðstafa enn. En þessum gengishagnaði hefur jafnan áður fyrst og fremst verið varið til þess að draga úr þeim vanda sem upp hefur komið í sambandi við gengislækkanir þegar stofnverð skipanna hefur hækkað, þ. e. a s. hin erlendu lán á skipunum hafa hækkað. Nú á ekki að nota þessa fjárhæð í þessu skyni, heldur á að deila henni út eftir einhverjum reglum sem hæst. hæstv. ráðh. á eftir að setja. En leiðin út úr því, þegar hann er búinn að ráðstafa þessu fé á þennan veg, er sem sagt að segja: Ja, sjómenn verða bara að leggja þetta til af sínum hluta. — Þetta er það sem við erum að segja að er ósanngjarnt og fær ekki staðist Auðvitað hefði útgerðin eins og áður átt að geta mætt þessum vanda ef hún hefði fengið það út úr gengislækkuninni sem eðlilegt var. En ef fiskverðið hefði verið látið hækka um meira en 11%, þá hefði útgerðin fengið það í sinn hlut. En nú hefur þetta verið gert á þennan hátt, hafa fiskverðshækkunina eins litla og mögulegt var, en láta útgerðina sjálfa fá sinn hluta sem átti að fá fiskverðið eftir öðrum leiðum.

Það var svo kapítuli út af fyrir sig hjá hæstv. sjútvrh. í þessum umr. að þó að hann treysti sér ekki til þess að eiga hér neinar viðræður á efnislegum grundvelli um þessa tilteknu fiskverðshækkun, aðeins 11% sem þarna var ákveðin með lögum, og viki sér sem sagt alveg undan að ræða það hvort þetta hefur verið réttmætt eða ekki, þá fór hann að víkja að því að vinstri stjórnin hefði sett brbl í maí-mánuði fyrir næstu þrjá mánuði, júní, júlí og ágúst, til 1. sept, og þar hefði hún gert ráð fyrir því að fiskverðið þá yrði óbreytt. Þetta minnti mig á það að þeir í Morgunblaðinu höfðu mjög ráðist á mig í kosningabaráttunni síðustu og sögðu þar með flennifyrirsögnum að ég hefði verið að lækka kaup sjómanna um 18—19%. Það var nú

hvorki meira né minna sem þá var nefnt í sambandi við þetta. En það er alveg rétt, ég gerði mér alveg grein fyrir því, þegar brbl. voru sett síðast í maímánuði, og þá var gengið út frá því, miðað við það erfiðleikaástand sem þá var stjórnmálalega séð, þegar engu var hægt að koma hér í gegnum þingið til varanlegra ráðstafana, m. a. vegna afstöðu Sjálfstfl., þá var sá kostur bestur undir þeim kringumstæðum að koma í veg fyrir allar breytingar fram yfir kosningar, festa það ástand, sem var um þetta leyti, með slíkum ráðstöfunum af hálfu ríkisins á móti að launþegar almennt í landinu yrðu fyrir sem minnstum útgjöldum, að sem allra minnstar verðhækkanir dyndu yfir þá, jafnt sjómenn sem aðra. Ég gerði mér grein fyrir því að það hefði verið sanngjarnt að fá þá fram einhverja hækkun á fiskverðinu til sjómannanna sem hafði þá staðið óbreytt frá áramótum. En mér var líka ljóst að það var engin leið undir þessum kringumstæðum að koma neinu slíku fram án þess að margt annað hefði þar dregist á eftir, m. a. verðlagning á landbúnaðarafurðum og annað sem um var deilt. En hitt var líka alveg ljóst, að þegar vetrarvertíð var nýlega búin, þá kom tímabil sem hafði talsvert mikið aðra þýðingu fyrir sjómannastéttina almennt varðandi fiskverð. Sumarvertíð var að hefjast, þá voru m. a. humarveiðar mjög afgerandi og þar var um allt aðra fiskverðsbreytingu að ræða heldur en þá, sem hér var um rætt, og þá var að hefjast fyrir alvöru útgerðin í Norðursjó sem líka laut allt öðrum lögmálum, og fiskverðsbreytingar fyrir þessa mánuði, júní, júlí og ágúst, höfðu miklu minni þýðingu fyrir sjómenn undir þessum kringumstæðum heldur en það að tryggja að þeir yrðu ekki að taka á sig allar þær miklu verðhækkanir sem þá blöstu annars við. Hitt er svo aftur á móti að mínum dómi býsna sláandi, að mennirnir, sem réðust á mig fyrir það að hafa ekki knúið fram fiskverðshækkun í maímánuði, þeir ætluðu ekki að betrumbæta neitt þar. Þeir ætluðu aðeins að segja við sjómennina þegar kom fram í sept.: Nei, það mesta, sem þið megið fá samkv. lögum er 11% eins og láglaunahækkunin þó að ykkar kaup hafi verið fast frá áramótum og aflinn farið minnkandi. — Það sýnir bara hvað hefur verið mikið að marka áróðurinn í sambandi við það þegar Morgunblaðið fann að því að það hefði ekki verið knúin fram í sambandi við brbl. sem sett voru í maí, sérstök fiskverðshækkun. Þeir voru með allt annað í huga en það að þeir ætluðust til þess að fiskverð yrði hækkað, enda hefur það sjaldan verið þeirra boðskapur að það þyrfti að hækka hlut sjómanna.

Það væri auðvitað full ástæða til þess að ræða hér í miklu lengra máli það, sem hér kom fram hjá hæstv. ráðh., og ég skal taka það fram að ég hef ekkert nema gaman af því að ræða við hann um þessi mál og sem betur fer hef ég núna nógan tíma til þess líka En aðalatriðið í þessu, sem hér hefur komið fram, er auðvitað þetta, að það frv., sem hér liggur fyrir og er tilefni þessara umr., felur í sér raunverulega fjórar meginráðstafanir, eins og ég sagði hér í umr. þegar þær hófust. Í fyrsta lagi felur frv. það í sér samkv. 1. gr. að fiskverð á seinustu mánuðum ársins, frá sept. til áramóta, má ekki hækka um meira en 11%. Þetta er bein ákvörðun. Og sú skýring hefur komið hér fram frá sjútvrh. — og það er virkilega athyglisvert og umhugsunarvert, ekki síst fyrir sjómenn — og skýringin er þessi: Það varð að koma í veg fyrir það að launajafnrétti á milli atvinnustétta raskaðist. Hvað þýðir þetta, að það yrði að koma í veg fyrir það, að launajafnrétti á milli stétta raskaðist? Það þýðir að það var yfirvofandi hætta á að sjómenn fengju of hátt kaup miðað við annað vinnandi fólk. Þar lá nú hundurinn grafinn, hættan var þar. Það er eins og ég hef bent á hér áður, þetta er þessi gamla kenning, sem hefur svo sem skotið upp kollinum áður, að kauphækkanir í landinu, verðlagshækkanir í landinu og efnahagslegur vandi í landinu eigi rætur að rekja til þess að sjómenn hafi spennt upp kaupið. Þessi kenning hefur hvað eftir annað komið upp þó að málið hafi raunverulega staðið þannig allan tímann að við höfum alltaf verið á röndinni við það að tapa af okkar þýðingarmikla starfsliði við sjómennsku, tapa því yfir í aðrar greinar. Það hefur t. d ekki verið talin mikil hætta af þeim sem flytja þennan boðskap — þeir hafa ekki talið vera mikla hættu á því að t. d. kaupið í álverinu raskaði launakjörum á milli stétta. Álverið þurfti að fá að borga sínu fólki til þess að það gæti staðið sig. Viðhorfið gagnvart því var allt annað En í því að sjávarútvegurinn borgaði sínu fólki sæmilegt kaup var fólgin hætta. Það varð að koma í veg fyrir slíka hættu. Þetta er fyrsta atriðið í frv.

Annað meginatriðið í þessu frv. er svo fólgið í þrenns konar ráðstöfunum sem allar miða að því að taka ákveðinn hluta af brúttóaflaverðmæti áður en skipti fara fram og færa þann hluta yfir til annars aðilans, yfir til útgerðarinnar. Á þennan hátt er gerð sú ráðstöfun að af brúttóaflaverðmæti eigi að hækka framlagið í Stofnfjársjóð fiskiskipa, hækka framlögin í Tryggingasjóð fiskiskipa til þess að standa undir vátryggingu skipanna og hækka stórlega framlög til þess að borga niður olíuverðið Þetta er annað meginatriðið í því frv. sem hér liggur fyrir.

Þriðja atriðið er svo um það að breyta reglum í l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og ég lýsti því yfir að ég er samþykkur því ákvæði þessa frv. Ég tel að það stefni í rétta átt. Það hafi þurft að gera ráðstafanir til þess að hægt væri að greiða út úr þessum stóra verðjöfnunarsjóði meiri fjármuni til þeirra greina sem þurfa á því að halda og hægt sé að taka meiri fjármuni inn í sjóðinn frá hinum greinunum sem geta virkilega staðið undir því Ég var sem sagt samþykkur þessu þriðja atriði.

Í fjórða lagi felast svo í þessu frv. ákvæði um ráðstöfun á gengishagnaði, þeim gengishagnaði sem fram kemur við gengislækkunina, og þar er vikið að þessum beinu styrkjagreiðslum sem átt hafa sér stað til eigenda minni skuttogara og til eigenda stærri skuttogara og til þeirra skipaeigenda sem hafa haft skip sín í Norðursjó. Þessir aðilar hafa allir nú þegar fengið beinar peningagreiðslur eftir ákveðnum reglum sem sjútvrh. hefur sett. Ég tel fyrir mitt leyti

að greiðslur af þessu tagi séu mjög varhugaverðar og um þær þurfi að setja mjög stífar reglur ef ekki á að koma þarna upp mismunun eða spilling Ég benti m. a. á það að ég teldi það í rauninni alveg óeðlilegt að þannig skyldi t. d. haldið á málum að stóru skuttogararnir, sem aðallega hafa verið gerðir út á útsiglingar, skuli fá tvöfaldan styrk, bæði úr Aflatryggingasjóði og eins samkv. þessari sérstöku úthlutun, á sama tíma sem minni skuttogararnir fá aðeins úr þessari sérstöku úthlutun, en ekkert úr Aflatryggingasjóði.

Ég held að það sé nú miklu vænlegra til árangurs, þegar mál eins og þetta liggja hér fyrir, að ræða þetta nokkuð á efnislegum grundvelli, eins og ég tel mig hafa gert, en ekki á þann hátt sem hæstv. sjútvrh gerði hér, með stóryrðum sem greinilega voru sprottin af sérstakri skapvonsku. Það var greinilegt að það hafði eitthvað verið að gerast núna að undanförnu sem hafði farið í skapið á ráðh. Honum leið eitthvað illa. Menn hafa kannske verið að sjá það betur, hvað það hefur verið, núna síðustu kvöldin og síðustu dagana. Það vill svo til, eins og sagt hefur verið, að ef menn missa af einhverjum glæp, þá hefur það sín áhrif

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég get því miður ekki sagt það sama og síðasti ræðumaður að ég hafi nógan tíma til þess að ræða þetta mál nú á þessum degi vegna þess að ég hef bundið mig að mæta í fjölmiðli og átti eiginlega að vera mættur um hálffjögur, og mér er ekki grunlaust um að þessi hv. þm. hafi átt að mæta þar líka, svo að það er nú eins og annað í hans ræðu að hann segir allt satt. Ég verð að biðja í upphafi hæstv. forseta að afsaka það að ég kem ekki til með að geta lokið ræðu minni. (**LJós:** Það er nú ekki fyrr en á morgun, sem við eigum að koma.) Nei, það er í dag, en það er aftur sent út á morgun, það er sá munurinn. (**LJós:** Við eigum að mæta á morgun líka.) Nei mæta í dag, ég lofaði því í dag.

Þessi hv. þm. er búinn að tala hér nokkuð á annan tíma og mér duttu í hug þau orð sem Soffía frænka hefur um Bastian bæjarfógeta í Kardimommubænum: En sá ruglukollur. — Ég held að ég hafi ekki í mörg ár hlustað á aðra eins þvælu og þessa ræðu þessa manns sem er nýkominn úr embætti sjútvrh. Hann snýr yfirleitt öllu við, og það verður ekki sagt um manninn að hann sé ekki lipur að fara í kringum sjálfan sig því að það er hann búinn að gera hvað eftir annað í þessari ræðu. Hún er alveg með endemum, enda þarf 3—4 tíma til að leiðrétta allar þessar rangfærslur, það er algert lágmark. Og allt, sem er á bak við hjá þessum hv. þm., er það að reyna að gera hosur sínar grænar fyrir sjómönnum og á kostnað útgerðarmanna. Hann er búinn að láta að því liggja að það séu eiginlega allt saman menn sem ekkert mark sé á takandi, óalandi og óferjandi. Samviskan segir þó til sín öðru hverju í ræðunni þegar hann segir að að vísu séu vandamál hér og þar sem þyrfti að athuga nánar. En annars er þetta allt í þessu besta lagi og hefur eiginlega aldrei verið betra.

Það, sem ég gerði hér að umræðuefni og hann eyddi 20 mínútum í, voru spár Þjóðhagsstofnunarinnar sem ég lýsti hér þegar umr. um þetta mál hófst. Þá sagði ég frá því, sem Þjóðhagsstofnunin lagði fyrir, það er samanburður á rekstrarskilyrðum einstakra greina í sjávarútvegi, hann verði sambærilegur, gengið út frá markaðsforsendum í júlí og gert hefur verið í nýjustu áætlunum eftir gengisbreytinguna og hliðarráðstafanir. Helstu breytingar á markaðsforsendum frá upprunalegum útreikningum í júlí eru að reiknað er með 5% hækkun frystiafurða í erlendri mynt, reiknað með 5% lækkun afurða söltunar og herslu í erlendri mynt og í þriðja lagi er reiknað með 30% hækkun fiskmjöls og loðnumjöls í erlendri mynt. Þegar tekið er mið af framangreindu telur Þjóðhagsstofnunin rekstrarhalla veiða á ársgrundvelli um 1380 millj. kr. Og af þessari upphæð er rekstrarhalli togaranna einna á ársgrundvelli áætlaður 920 millj. kr. Og svo er sagt: Þetta eru bara spár. Hitt er allt annað.

Hvað er það í reynd? Hvað hefur skeð, eftir að ég kom í sæti sjútvrh.? Þá hefur komið sendinefnd eftir sendinefnd frá útgerðinni sem hafa kvartað undan hvernig ástandið er í útgerðinni eftir að Lúðvík Jósepsson hafði verið sjútvrh. í 3 ár. Fundir útgerðarmanna á Suðurnesjum sanna það best hvernig ástandið er. Þetta er ekki neinn leikaraskapur, þeir miklu erfiðleikar sem hér er við að stríða. Og það kemur seinna til með að liggja fyrir. Eftir þá könnun, sem fer nú fram á fjárhagsstöðu allra greina og einstakra fyrirtækja í sjávarútvegi, mun koma í ljós hvernig þessi staða hefur þá verið í raun og veru.

Fyrrv. sjútvrh. segir að útgerðarmenn hafi samið um fiskverð um síðustu áramót á þeim grundvelli sem þá var um útgerðina, síðan hafi eiginlega lítið breyst. Hann kemur ekki inn á kjarasamningana sem áttu sér stað í byrjun þessa árs. Hvað kom út úr þeim? Það þýðir hækkun á viðhaldskostnaði útgerðar, 50—53% frá jan. til aprílloka. Þetta er staðreynd sem liggur fyrir og þýðir ekki fyrir þennan hv. þm. að mæla á móti. En hann hleypur alveg yfir það. Hvaða forsendur voru fyrir fiskverðsákvörðuninni í jan. 1974 miðað við einingarverð á erlendum mörkuðum? Ef við lítum á vegið meðaltal verðjöfnunarafurða til Bandaríkjanna, þá eru forsendurnar 69.51 cent í jan., en í júlíbyrjun 60.61 cent og í okt. er það aðeins lægra eða 60.23. Þorskflök: forsenda fiskverðsákvörðunar 92 cent, en eru nú bæði í júlí og okt. 87 cent. Forsendur að þorskblokkarverði voru 84 cent við fiskverðsákvörðunina 1. jan., en í júlíbyrjun eru þau 60 cent og í októberlok 60 cent. Þetta tel ég að hafi mjög mikið að segja og skipti höfuðmáli. Við skulum líka líta á forsendurnar fyrir hráefnisverðsákvörðuninni í jan. 1974 hvað snertir fiskmjöl, loðnumjöl og loðnulýsi. Þær voru hvað fiskmjöl snertir 10.20 á próteineiningu miðað við Bandaríkjadollar, en hafa verið í okt. 4.50—5 dollarar. Þetta er ekki lítið hrun sem þarna hefur átt sér stað. Á loðnumjöli var forsenda hráefnisákvörðunar 9.50, líka miðað við Bandaríkjadollar, en við októberlok 4.50 og í júlímánuði meira að segja enn lægra eða 4.15. Lýsið hefur

aftur heldur hækkað. Það var, miðað við forsendur hráefnisverðsákvörðunar í jan. 1974, 427 dollarar á tonn, en er nú 500—540 dollarar á tonn. — Þetta hefur sennilega ekkert að segja í sambandi við útgerð og í sambandi við vinnslu sjávarafurða hjá fyrrv. hæstv. sjútvrh. Það er skiljanlegt þegar svona er að hann geti aldrei orðið ráðh. lengur en í 3 ár því að þá er allt komið á þann veg í þeirri atvinnugrein, sem honum er trúað fyrir, að hann verður að fara, enda er komin fyrir löngu skýring á því að þessi hv. þm. ætlaði sér aldrei inn í nýja vinstri stjórn. Það var ekki af áhuga fyrir laxveiðum að hann stundaði laxveiðar á meðan þær umr. fóru fram, heldur af því að hann vissi hvernig ástandið var og nú þurfti hann að leika hlutverk skunksins og þess vegna vildi hann aldrei í nýja vinstri stjórn fara. Þetta vita bæði guð og menn.

Svo segir þessi hv. þm: Gengisbreytingin er gerð að kröfu útgerðarmanna. — Þvílík ósannindi og þvættingur. Gengisbreyting er ekki framkvæmd fyrir kröfu neinnar atvinnugreinar eða neinna ákveðinna manna í þjóðfélaginu. Gengisbreyting, þegar hún hefur verið gerð á Íslandi, þá hefur hún verið gerð vegna þess að það hefur verið játað staðreyndum, verðgildi íslensku krónunnar hefur verið fallið, og þá hafa stjórnvöld á hverjum tíma orðið að játa staðreyndir. Það var gert hvað þetta snertir og það var einn af ávöxtunum sem við var tekið þegar hæstv. fyrrv. sjútvrh. yfirgaf stólinn sinn.

Hann kom inn á Stofnfjársjóðinn. Framlög til Stofnfjársjóðs öll þessi 3 ár, sem hann hefur verið ráðh., hafa verið 20% af humar og síld og 10% af öðrum útfluttum afurðum. Hann hefur aldrei séð ástæðu til þess að gera neina breyt. þar á, enda hefur þessi hv. þm. talað allt annarri tungu við útgerðarmenn heldur en hann var að tala núna hér í ræðustólnum, því að þessi maður hefur tungur tvær og talar sitt með hvorri. Það vita allir menn, um það verður ekki deilt.

Þá held ég að kenningar hans um afskriftirnar séu alveg stórkostlegar. Afskriftir, það er algert aukaatriði, það er bara bókhaldsatriði, segir hann alltaf, og hann er búinn að flytja margar ræður um afskriftirnar. Nú las hann upp úr skýrslu Þjóðhagsstofnunarinnar, en hann stoppar alltaf á ákveðnum stað, hann segir aldrei allan sannleikann, því passar hann sig alltaf á. Afskriftir eiga auðvitað að vera til þess að geta endurnýjað atvinnutæki, geta staðið undir afborgunum lána, en hann tekur ekki með í reikninginn, að í skýrslu Þjóðhagsstofnunarinnar er ekki minnst á allar þær miklu lausaskuldir sem hvíla á þessari atvinnugrein og skipta hundruðum millj. kr. Það þarf líka að borga lausaskuldir. Ég hef líka orðið var við menn sem hafa komið úr hinum ýmsu þjónustugreinum og kvartað undan, hvað þeir og þeirra fyrirtæki ættu mikið inni hjá útgerðinni sem gæti ekkert borgað. Og einmitt ef reiknað er með afskriftum og fyrirtæki geta afskrifað þá eignast þau um leið peninga til þess að standa undir afborgunum lána og greiða upp sín vanskilalán ef ekki er farið yfir í nýjar fjárfestingar. Þetta held ég að hver sæmilega gefinn maður skilji og ég held að þessi gamli leikþáttur þessa hv. þm. sér orðinn svo úreltur að hann fari ekki lengur að eiga marga áhorfendur eða áheyrendur. Ég held að menn haldi miklu lengur áfram að sækja leikinn „Fló á skinni“ heldur en að hlusta á þennan leikþátt.

Hann kom inn á Aflatryggingasjóðinn. Vist er Aflatryggingasjóður stórkostlegt atriði þegar aflarýrnun verður og hann hefur verið byggður upp á undanförnum áratugum. Úr Aflatryggingasjóði hafa verið greiddar fyrir útgerðarmenn vegna minnkandi afla um 194 millj. kr. að mig minnir á fyrstu 8 mánuðum þessa árs. En að mig minnir hafa verið greiddar af þessari upphæð um 124 millj. kr. á svæði frá Akranesi til Vestmannaeyja. En langstærstu upphæðirnar eru til stærstu verstöðvanna á Suðurnesjum.

Mér ofbauð málflutningur þessa hv. þm., þegar hann ræddi um olíusjóðinn, hvað við værum nú slæmir menn og þessi sjútvrh., sem hefði tekið við af honum, hvað hann væri ógurlegur maður. Hann ætlar að láta sjómennina borga alla olíuhækkunina fyrir útgerðarmenn. — En hvað er verið hér að framkvæma? Það var sjútvrh. áður, sem hv. 2. þm. Austf. e. t. v. man eftir þótt þeir ræði kannske ekki oft saman nú, en hann hét Lúðvík Jósepsson. Mig langar til þess að biðja hv. 2. þm. Austf. að reyna að ná nú sambandi við þennan fyrrv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, og spyrja hann hvernig hann hafi mætt olíuvandamálinu um síðustu áramót, hvort hann hafi ekki lagt þetta á í almennum sköttum eða hvort hann hafi ekki lagt þetta bara á verksmiðjur, en ekkert á sjómenn eða útgerðarmenn. Það var lagt 5% gjald á útfluttar loðnuafurðir, á aðeins eina grein, sem átti að standa undir niðurgreiðslunum á olíunni fram til vors og auðvitað átti að halda áfram í sumar, og það var ákveðið með brbl. fyrri ríkisstj. að það yrði til 1. sept. Á þennan hátt átti að greiða þetta niður. Að vísu hrundi loðnuverðið, tekjuáætlun sú, sem byggt var á, hrundi. Það, sem verið er hér að gera, er að taka skatt af útfluttum sjávarafurðum, öllum útfluttum sjávarafurðum til þess að leggja í olíusjóð sem greiðir niður olíuna úr 14.30 kr. í 5.80 kr. Allir þættir sjávarútvegsins taka þátt í að greiða niður þessa olíu. Það hefði mátt skilja að þessar niðurgreiðslur eða 230 millj. kr. tekjur, sem brbl. gera ráð fyrir að sjóðurinn gefi, séu teknar algerlega af fiskverðinu, eins og maðurinn talaði hér áðan. En þá liti dæmið öðruvísi út. Það er verið að taka þetta af verðmætisaukningunni sem verður á hverju stigi. Þess vegna er það tekið af fob-verði útfluttrar vöru og það skiptir ansi miklu máli. Þegar menn tala um það að margur sjáfarafli fjórfaldist í verði, þá borga þó sjómenn og útgerðarmenn aldrei nema af því verði sem þeir fá fyrir aflann. Síðan koma aðrar greinar, síðan koma verkamenn og verkakonur í landi, hraðfrystihúsin eða aðrar vinnslustöðvar og allur kostnaður sem er í kringum verkun vörunnar.

Það er verið að gera nákvæmlega sama og þessi hæstv. fyrrv. sjútvrh. gerði um síðustu áramót að öðru leyti en því að nú kemur það á allar útfluttar sjávarafurðir, en það átti aðeins að taka það af loðnuafurðunum einum. Sá er

munurinn. Má því segja að það hafi verið heldur betur fært út. En það er gaman þegar stjórnarandstaðan kyrjar sinn söng hérna.

Þm. Alþfl., sem talaði hér fyrir nokkrum dögum við þessa sömu umr., kvartaði sáran yfir því, hv. 8. landsk. þm., að það væri verið að iþyngja saltfiskinum miklu meira en öðrum greinum því að það er lagt 5.5% gjald á saltfisk í staðinn fyrir 4% gjald á aðrar greinar útfluttra sjávarafurða vegna þess að saltfiskverkunin hefur fram að þessu staðið miklu sterkari stoðum á þessu ári. Það er rétt, eitt af því fáa sem var rétt í ræðu hv. 2. þm. Austf. En þm. Alþfl. var nú ekki betur að sér en þetta. Hann hefur farið í smiðju og hitt einhvern góðan saltfiskskóng, sem hefur heldur betur snúið á karl, og hann kemur síðan hér til þess að kvarta og kveina undan álögum á þá grein útflutningsins sem best stendur. Ég held að þeir ættu að æfa kórinn betur, þessir stjórnarandstæðingar, ef þeir vilja að eitthvert mark sé tekið á þeim. Þeir ættu að halda fundi og flytja þessar ræður hver fyrir annan áður en þeir koma hérna inn í hv. þd.

Fyrrv. sjútvrh. sagði að sjálfstæðismenn hefðu sagt að hann yrði nú ekki lengi, hann Lúðvík, að éta Verðjöfnunarsjóðinn. Það er alveg satt, það sögðu sjálfstæðismenn, og Lúðvík hefði ekki verið lengi að éta upp Verðjöfnunarsjóðinn. En það gerðist annað. Það urðu stórfelldar hækkanir á erlendum mörkuðum sem björguðu til allrar lukku Verðjöfnunarsjóðnum því að annars hefði Lúðvík klárað hann á nokkrum mánuðum því að hann er haldinn þeim kvilla að mega helst aldrei vita af nokkrum peningi í sjóði. En verðhækkanirnar voru svo örar og ofboðslega miklar á erlendum mörkuðum að ekki einu sinni hann hafði undan.

Eitt af því, sem hann segist vera sammála í þessu frv., eru greinarnar um Verðjöfnunarsjóðinn. Það er nú það sem ég vil segja að núv. ríkisstj. gangi einna lengst í og sé langhæpnast því að við teflum á tæpasta vað hvað snertir greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins vegna hraðfrystiiðnaðarins. Og ef ég hefði fengið gagnrýni frá honum eða öðrum fyrir það að við hefðum gengið fulllangt í þessum efnum, þá væri það gagnrýni sem á fullan rétt á sér. En þá kom hjá honum: Nei, þetta er það eina, sem ég er sammála, af því að þarna er teflt á tæpasta vað.

Hvernig stendur á þessu um mann, sem er nýkominn úr embætti sjútvrh., mann, sem hefur staðið að því að gefa út brbl. sem kveða á um það að almennt fiskverð megi ekki hækka, annað en verð á skarkola, humri og rækju, eftir að almennar hækkanir urðu í byrjun þessa árs? Fiskverð var ákveðið 1. jan. 1974, síðan komu þessar ofboðslegu hækkanir, síðan gefur fyrrv. ríkisstj. út þessi brbl. um óbreytt fiskverð, svo gefur núv. ríkisstj. út brbl. um það að fiskverð hækki um 11% því að við þurfum, eins og ástandið er og þá ekki síst í sjávarútvegi, að gæta mjög hófs í þessum efnum þó að allt annað væri æskilegt. Nú ætla ég ekki að deila á fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. sjútvrh. fyrir það að hafa gripið til þess að fiskverð væri ákveðið óbreytt 21. maí í vor þó að það sé auðvitað ádeiluvert. Ég ætla að segja honum það að eins og ástandið var orðið í þessu landi, óðaverðbólgan tröllreið öllu, þá átti sú ríkisstj., sem sat þá enn að völdum, lítils annars úrkosta en að beita þessu ákvæði, svo ranglátt og sárt sem það er. En núv. ríkisstj. tekur sig til og leiðréttir fiskverðið með lögjöf um 11% hækkun og það er alveg sérstakt árásarefni frá hendi hv. 2. þm. Austf., sérstaklega á mig og ríkisstj. Ég tek því eins og öllu öðru með jafnaðargeði og ég vil aldrei hryggja þennan ágæta vin minn. En ég verð að segja honum það að mér hefur ekkert liðið illa undanfarna daga, hef verið við hestaheilsu og hef það ágætt. Átti eitthvað að vera á bak við þau niðurlagsorð, sem hann lét falla? En það er svo margt þokukennt hjá þessum hv. þm. Og hann hefur sennilega komið upp með eitthvað af Austfjarðaþokunni hingað með sér og hún er ekki búin enn.

Ég sagði hér í upphafi að það tæki langan tíma að leiðrétta missagnir og rangtúlkun þessa hv. þm. En þetta er nú aðeins 1. umr. málsins svo að það gefst tækifæri til að tala kannske til hans betur við 2. eða jafnvel 3. umr. því að hann hefur talað sig dauðan við 1. umr. og getur því ekki tekið aftur upp þráðin á ný fyrr en n. hefur skilað áliti um frv. Þá fæ ég tækifæri aftur til þess að tala við hann. Ég kannske segi ekki að mér þyki sérstaklega gaman að tala við menn sem beita slíkum málflutningi, en maður tekur með ákveðnum störfum á sig ákveðnar skyldur þótt þær séu ekki allar jafnskemmtilegar.

Guðlaugur Gíslason: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega það frv. sem hér liggur fyrir. Það hefur verið lagt til að því yrði vísað til n. sem ég á sæti í og gefst mér þar tækifæri til þess að skoða málið og koma fram mínum sjónarmiðum í sambandi við það. Ég vildi aðeins leiðrétta það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austf. þegar hann staðhæfði í ræðu sinni að staða sjávarútvegsins á miðju þessu ári, meðan hann enn var sjútvrh., hefði ekki verið slæm, eins og hann orðaði það. Hann sagði í ræðu sinni að hvaða fullyrðingar sem menn kæmu með þá væri það alltaf svo að staðreyndirnar stæðu eftir. Þetta var rétt fullyrðing hjá honum og á hann ábyggilega eftir að reka sig á það í sambandi við þær fullyrðingar, sem hann hefur verið með hér í sambandi við stöðu sjávarútvegsins, að staðreyndirnar segja allt annað en hann hefur viljað vera láta.

Það er vitað að það eru tvær bankastofnanir í landinu sem standa undir útlánum til sjávarútvegsins. Staða þessara stofnana gagnvart Seðlabanka, að því er varðar sjávarútvegslán, er spegilmynd af stöðu sjávarútvegsins á hverjum tíma. Á miðju síðasta ári, í júní, var svo komið að a. m. k. í annarri þessari bankastofnun, þ. e. Útvegsbankanum, en hér er um að ræða Útvegsbankann og Landsbankann, sá bankastjórnin sig tilneydda að kalla til aukafundar í bankaráði þessa banka til þess að ræða stöðu bankans við Seðlabankann vegna þess að lán til sjávarútvegs höfðu farið langt fram úr því sem eðlilegt var og bankastjórnin taldi sig geta forsvarað. Það kom þá í ljós að þessir bankar, sem standa undir lánum til sjávarútvegs, voru komnir í á yfirdráttarvexti eða refsivexti, eins og það er

nefnt, upp á samtals um 4 milljarða. Hefur aldrei átt sér stað undanfarna áratugi að neitt svipað því hafi komið fyrir að þessar stofnanir hafi þurft að nota þannig yfirdráttarheimild á refsivöxtum hjá Seðlabankanum eins og komið var á miðju s. l. ári. Bankaráð taldi sig ekki þá geta gert það sem bankastjórn taldi að væri eðlilegast, ef aðeins ætti að líta á málið frá hlið bankamanna og bankakerfisins. Þá hefði auðvitað legið beint við að draga í land með útlán til sjávarútvegsins og frystiiðnaðarins umfram það sem þær reglur, sem fyrir hendi eru um hin hefðbundnu sjávarútvegslán, kveða á um, en hætta öðrum lánum. Þetta hefði þýtt það eitt að allur atvinnurekstur sjávarútvegsins í landinu, bæði togararekstur, bátaútgerð og fiskiðnaður, hefði stöðvast í júní í sumar. Það hefði ekki verið hægt fyrir fiskiðnaðinn að greiða vinnulaun í sambandi við vinnslu sjávarafurða. Það hefði haft þær afleiðingar einar að þessi atvinnurekstur hefði stöðvast yfir allt alndið. (Gripið fram í.) Bankaráð þessara banka töldu það ekki forsvaranlegt vegna þess ástands sem þá var í þjóðmálunum. Það var ekki ríkisstj., sem hafði meiri hl. Alþ. á bak við sig, og vildu þau þess vegna ekki vega þannig að stjórnvöldum, meðan þannig stóð á, eða efna til þess að atvinnurekstur í landinu stöðvaðist. Bankaráð þessara banka tóku heldur þá afstöðu að taka á sig refsivextina. Ég veit að a. m. k. Útvegsbankinn hefur ekki efni á að taka á sig þá refsivexti sem hann hefur orðið að gera á þessu ári. Þessir refsivextir til Seðlabankans eru mun hærri upphæð en hugsanlegt er að bankinn hafi í mismun á tekjum og gjöldum yfir árið. Þannig er aðstaðan. Það þýðir því ekkert fyrir hv. 2. þm. Austf. að koma hér og halda því fram að staða sjávarútvegsins á miðju ári hafi verið eins og hann var að lýsa hér, — ekkert slæm, sagði hann. Hún var því miður slæm og miklu verri en almennt var vitað um á þeim tíma og ég hygg miklu verri en menn almennt gera sér í hugarlund enn í dag.

Sú sorglega staðreynd liggur einnig fyrir að horfur í þessari atvinnugrein, sjávarútvegi og fiskiðnaði, eru því miður á allt annan veg en hv. 2. þm. Austf. var að lýsa, þó að svo hafi verið um afkomu einstakra greina sjávarútvegsins og hefur þar verið bent á saltfisk og skreið. Það er alveg rétt að afkoma þessara tveggja greina var mun betri en afkoma frystiiðnaðarins og fleiri greina sjávarútvegsins. En þá er það svo að mörg frystihús og sennilega flest frystihús á landinu hafa ekki einasta með að gera frystingu á fiski, þau hafa einnig með að gera saltfisks- og skreiðarframleiðslu þannig að það hefur nokkuð bætt þeirra hag. En þetta eru staðreyndir um heildarútkomu sjávarútvegsins á miðju síðasta ári. Það er alveg sama hvað fullyrt er hér á Alþ., þetta er staðreynd, sem liggur fyrir og ekki verður gengið fram hjá, að afkoma þessarar atvinnugreinar speglast hreinlega í aðstöðu bankanna, þessara tveggja banka sem lán veita til sjávarútvegsins, hún speglast í aðstöðu þeirra hjá Seðlabankanum. Ég held að það sé rétt hjá mér að því miður hafi þetta ástand ekki batnað enn. Það er vonandi að á þessu verði breyting til hins betra, en enn þá hefur það því miður ekki komið fram. Það er ágætt að lesa hér upp spádóma og tölur sem er verið að gera um hvernig afkoman muni verða einhvern tíma í framtíðinni. (Gripið fram í.) Það eru staðreyndir, eins og hv. 2. þm. Austf. sagði, sem gilda. Þær eru eins og ég hef verið að lýsa hér. Til hvers eru spádómar ef þeir standast ekki?

Það var annað atriði, sem ég vildi aðeins benda hér á, þó að það skipti miklu minna máli. Hér hefur af bæði hv. 2. þm. Austf. og fleirum verið mjög rætt um framlag í Stofnfjársjóð. Ég hygg að hver einasti þm. hefði viljað vera laus við að þurfa að gera nokkrar slíkar ráðstafanir eins og það er, en eins og hæstv. sjútvrh. benti á þá treysti fyrrv. hæstv. sjútvrh. sér aldrei til þess að afnema þetta stofnfjárframlag meðan hann sat í ráðherrastól í 3 ár. Hann sagði í fyrri ræðu sinni að þetta hefði verið fundið upp af viðreisnarstjórninni 1968, að greiða sjómönnum annað og lægra verð í sinn hlut heldur en útgerðin fengi. Ég vil einnig leiðrétta þetta. Ég man svo langt aftur í tímann að þegar fyrri vinstri stjórn sat að völdum og hv. 2. þm. Austf. var þá einnig sjútvrh., þá var greiðsla til sjómanna á allt annan veg heldur en greiðsla til útgerðarmanna. Þeir fengu minna í sinn hlut úr aflanum heldur en útgerðarmenn fengu. Það var ekki farið þá í gegnum stofnfjársjóð eins og núna, það var farið með það í gegnum það uppbótakerfi sem þá var lögleitt. Sjómenn greiddu vissulega sinn hlut í því uppbótarkerfi ekkert síður en aðrir landsmenn, þannig að ef því er haldið fram að þeir standi undir útgerðinni að sínu leyti í gegnum stofnfjárframlagið, þá stóðu þeir vissulega undir útgerðinni einnig í tíð þessa hv. þm. sem þá var sjútvrh., og það er hann sem finnur þetta fyrst upp, að skerða kjör sjómanna til hagræðis fyrir útgerðarmenn. Þetta er komið frá honum, en ekki viðreisnarstjórninni, svo langt man ég aftur í tímann. Og ég minnist þess af sérstökum ástæðum vegna þess að þá var gefið út málgagn í minni heimabyggð fyrir hans flokk. Formaður sjómannafélagsins þá, sem var mjög eindreginn stuðningsmaður þessa hv. þm., eyddi tveimur heilum blöðum í það að rökstyðja fyrir sjómönnum nauðsyn á því að fara þannig að að greiða útgerðarmönnum hærra verð í sinn hlut úr aflanum heldur en sjómönnum. Einnig þar koma staðreyndirnar fram og er best að hafa þar einnig í þessu sambandi það sem sannara reynist og rétt er.

Ég skal ekki tefja fundartíma meira. Eins og ég sagði í upphafi þá gefst mér tími til að ræða málið í n. þegar þar að kemur og gera grein fyrir afstöðu minni til þess þegar það kemur hér aftur til umr. við 2. umr.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég mátti til með að koma í ræðustólinn og gefa skýringu á því, af hverju svona fjölmennt hefur verið á pöllunum hérna í dag. Það hefur að vísu fækkað núna, dagsins önn hefur dregið ýmsa brott, en þeir, sem hér hafa verið í dag, eru nemendur úr Stýrimannaskólanum og Vélskólanum og þeir hafa beðið mig fyrir skilaboð til hv. þm.

Þeir ákváðu í gær að fjölmenna hingað á þingpallana og ástæðan til þess var fyrst og fremst sú að þeim virtist þá eins og mörgum öðrum

að stjórnvöld væru að búa sig undir að gera samkomulag við vestur-þjóðverja um togaraveiðar í landhelgi okkar. Þeir vildu sem sé koma hér á pallana, þessir ungu menn, til þess að mótmæla slíku samkomulagi. Í stuttu máli sagt, þeir vilja enga samninga við vestur-þjóðverja um veiðar í landhelgi okkar — né neina aðra þjóð.

En nú hefur það hins vegar skeð, eins og menn vita, að af hálfu ráðh. og annarra forsvarsmanna stjórnarflokkanna hefur því verið lýst yfir að það eigi ekkert að verða úr þessu samkomulagi. Það hafa allt í einu allir misst glæpinn nema Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna, eins og menn heyrðu í útvarpsfréttum í hádeginu í dag. Heimdellingar vilja ólmir þetta samkomulag við vestur-þjóðverja og mætti það vera rannsóknarefni, hvernig stendur á því að svona andsnúnar eru skoðanir þessara tveggja hópa ungra manna, ungra sjómanna annars vegar og heimdellinga hins vegar.

En það voru fleiri ástæður til þess að þeir ákváðu að koma á pallana, þessir ungu menn. Önnur ástæðan var sú að þeir vildu vekja athygli á þeim aðbúnaði sem þeir verða að sæta í skólahúsi sínu. Það hefur verið skrifað nokkuð um þennan aðbúnað í blöðum undanfarið, m. a. það að vatnsgangur er slíkur inn með gluggum og gegnum rifur á húsinu að þeir verða iðulega að byrja á því að vaða elginn á morgnana, og það er í bókstaflegri merkingu þess orðs, en ekki í afleiddri, eins og oft vill verða annars staðar þegar menn vaða elginn. Þeir standa þarna í austri iðulega á morgnana, hafa sumir reyndar haft orð á því í gamni að þetta mundi vera hluti af verklegu námi, að búa þessa ungu menn undir ágjöfina. (**Gripið fram í:** Að ausa.) Að ausa, já.

Fleira mætti til tína. Þeir fá ekki einu sinni stóla við hæfi. Þeir stólar, sem þeir verða að sitja á, eru einhvers konar barnaskólastólar yfirleitt. Þetta eru tréstólar af ófullkomnustu gerð. Náttúrlega vaknar sú spurning hvers vegna þessum skólanemendum eru ætlaðir verri stólar en jafnöldrum þeirra í öðrum skólum. Þeim mun furðulegra er þetta þegar tekið er tillit til þess að það eru yfirleitt ekki sérlega smávaxnir menn í þessum skólum. En hæstv. menntmrh. tók vel í það að ræða við þessa menn og forustumenn þeirra eru nú sem stendur að ræða við hann hér annars staðar í húsinu.

Að lokum er það að segja að þeir vildu koma hér á pallana út af því máli sem hér er til umr., þ. e. a. s. út af frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi. Þeir vildu mótmæla harðlega þeirri kjararýrnun sem felst í þessum ráðstöfunum. Þær eru líklega að verða liðnar, þessar 5 mínútur, svo að ég hef ekki tíma til að rekja þetta neitt nánar. En ég verð að koma á framfæri hér upplýsingum, þ. e. útreikningi sem ég fékk í hendur áðan úr höndum eins í þessum hópi. Það eru útreikningar varðandi hásetahlut á tilteknu skipi hér í Reykjavík. Ég hygg að þessi útreikningur varpi skýru ljósi á það hvernig kjör sjómanna raunverulega eru og hve mikil ástæða er til þess að vega í þann knérum til þess að bjarga þjóðfélaginu eins og það er látið heita.

Þetta er útreikningur varðandi 308 tonna togskip, sem gert er út héðan frá Reykjavík. Þetta er eitt hlutarhæsta skip sem gert er út frá Reykjavík. Útreikningurinn tekur til 7 ferða núna í sumar, 1974, og það kemur í ljós að hásetahluturinn á þessu tímabili er 350 519 kr., en þetta gerir 260.80 kr. í tímakaup til jafnaðar. En ef maður reiknar með almennum kauptöxtum eftir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu, þá verða þetta 176.04 kr. á tímann í dagvinnu, en lægsti dagvinnutaxti verkamanna á þurru landi er 210 kr. Í eftirvinnu verða þetta 255.84 kr. á tímann, lægsti taxtinn á þurru landi er 294.80 kr. Og í næturvinnu 335.24 kr., en lægsti taxtinn í landi 379.10 kr. Og að lokum ef maður reiknar aðeins með tveim síðustu sjóferðunum núna á sumarvertíðinni, þá verður útkoman sú að vinnustundir háseta eru þar 368 og hluturinn er 88 600 kr., jafnaðarlaun á tímann 240.76 kr., en í dagvinnu verður þetta 164 kr., næstum því 50 kr. lægra en lægsti verkamannataxti á þurru landi. Í eftirvinnu 239 kr., aftur um það bil 50 kr. lægra en lægsti verkamannataxti. Í næturvinnu um 313 kr., þar er það 50—60 kr. lægra en lægsti taxti er í landi.

Þessum upplýsingum vildi ég sem sé leyfa mér að koma á framfæri við þá menn sem hafa í hyggju að rýra kjör sjómanna til þess að bjarga þjóðfélaginu.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Hv. þdm. hafa nú heyrt útlistanir hv. þm. og skýringu á nærveru pallgesta og veri þeir velkomnir á pallana sem oftast.

Umr. frestað.

Efnisskrá.

Almannatryggingar 77.
Bætt skilyrði til hljóðvarps- og sjónvarpssendinga 137.
Farmiðagjald og söluskattur 199.
Félagsheimilasjóður 133.
Fiskveiðasjóður Íslands 195.
Fjárlög 1975 138, 193.
Kosning eins manns í millibinganefnd í byggðamálum 138.
Meðferð einkamála í héraði (hljóðritanir) 194.
Meðferð einkamála í héraði (slysabætur) 195.
Rafvæðing dreifbýlisins 137.
Ráðstafanir í sjávarútvegi 86, 204.
Ríkisborgararéttur 193.
Sjónvarpsmál 137.
Skipting landsins í þróunarsvæði 137.
Umræður utan dagskrár 110, 112.
Útbreiðsla sjónvarps 137.
Varanleg gatnagerð í þéttbýli 137.
Varnir gegn slysahættu á fiskiskipum 137.
Vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegs 83.
Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal 130.
Þyrlukaup 137.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Ásgeir Bjarnason 123.
Dómsmrh. Ólafur Jóhannesson 122, 193, 194, 195.
Fjmrh. Matthías Á. Mathiesen 138, 190.
Iðnrh. Gunnar Thoroddsen 112, 117, 129, 131, 133.
Landbrh. Halldór E. Sigurðsson 183.
Sjútvrh. Matthías Bjarnason 86, 102, 219.
Menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson 135.
Utanrrh. Einar Ágústsson 110.
Albert Guðmundsson 126.
Axel Jónsson 114, 115, 195.
Ellert B. Schram 124
Geir Gunnarsson 161.
Gils Guðmundsson 110, 111.
Guðlaugur Gíslason 224.
Halldór Ásgrímsson 199, 203.
Helgi F. Seljan 77, 83, 113, 133, 136, 197, 201.
Jón Árnason 81.
Jón Árm. Héðinsson 169, 197.
Jónas Árnason 226.
Karvel Pálmason 99, 112, 114, 124, 178.
Lúðvík Jósepsson 92, 115, 119, 132, 204.
Magnús Kjartansson 133.
Oddur Ólafsson 82.
Ólafur Ragnar Grímsson 111, 130, 132.
Sighvatur Björgvinsson 105.
Steingrímur Hermannsson 83.
Þorv. Garðar Kristjánsson 195, 199.

Sameinað þing, 10. fundur.

Þriðjudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 14. nóv. 1974.

Ragnar Arnalds, formaður þingflokks Alþb., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Svövu Jakobsdóttur, 5. landsk. þm., sem er á förum til útlanda og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Kjartan Ólafsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru hennar."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd. Alþ."

Ég leyfi mér að biðja kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf og gef n. til starfa 10 mín. — [Fundarhlé].

Frsm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Kjartans Ólafssonar ritstjóra, 1. landsk. varaþm. Alþb. N. hefur ekki séð neitt athugavert við kjörbréfið og mælir með að það verði samþ. og kjörið tekið gilt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 31 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þm., Kjartan Ólafsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Kjartan Ólafsson ritstjóri hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Atvinnumál aldraðra, þáltill. (þskj. 40). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnám vinveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 47). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þyrlukaup, þáltill. (þskj. 2). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur frammi til umr., var flutt á síðasta þingi einnig, en það síðla að hún kom ekki til umr. Auk mín var þá eins og nú flm. að till. hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, og hæstv. núv. menntmrh., sem fyrir embættissakir getur ekki verið meðflm. nú, þó að ég viti hinn sama hug hans til þessarar tillögugerðar nú sem þá. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir kaupum á þyrlum, sem staðfestar yrðu á Austurlandi og Vestfjörðum. Þyrlurnar yrðu keyptar í samráði við Slysavarnafélag Íslands, slysavarnadeildirnar á Austurlandi og Vestfjörðum og Landhelgisgæsluna, enda fyrst og fremst ætlaðar til nota í þágu þessara aðila."

Óþarft mun að hafa hér uppi langt mál til rökstuðnings þessari till. Hún fjallar um eitt þeirra verkefna sem íslenska þjóðin hefur sett hvað efst á blað nauðsynjamála sinna, eflingu sem virkasta og öruggastra slysavarna og sem allra víðast. Stórtæk áform hafa orðið að veruleika, öflug átök verið gerð, enda mikið í húfi, en þó svo ótalmargt ógert, ný tækni, aukinn hraði, breyttar lífsvenjur, allt kallar þetta og ótalmargt fleira á stöðuga árvekni í öllum slysavarnamálum, sífellt ný og aukin verkefni, sem kalla á úrlausn á ýmsan veg.

Eitt þeirra tækja, sem hvað oftast heyrast nefnd nú, þegar óvænt slys eða ófarir ber að höndum, eru þyrlurnar. Notagildi þeirra við íslenskar aðstæður er ótvírætt, kostir þeirra sem öryggistækis margir og miklir. Þá sögu þarf ekki að rekja fyrir alþm., svo kunn er hún. Alhliða efling slysavarna og aukið öryggi í þeim efnum þarf að ná sem víðast til landsins alls.

Þeir landshlutar, sem hér er að vikið, eru um margt með nokkra sérstöðu. Fjarlægðin frá Reykjavík með sitt þó fullkomna öryggiskerfi á okkar mælikvarða segir sína sögu, samgönguvandi fjölmargra byggðarlaga og það hve mörg þeirra eru afskekkt, staðreynd sem knýr á um það að meira og betur þurfi að hlúa að hvers konar öryggi en nú er gert. Þetta hafa íbúarnir gleggst séð, framtak þeirra að þessu beinst, m. a. því sem hér er beinlínis að stefnt, þyrlukaupum. Lengi hafa austfirðingar t. d. keppt að því marki að eignast björgunartæki og hafa unnið ötullega að því með framlögum og fjársöfnun, en verðbólgan gert hlut þessa framtaks óverulegan miðað við raungildi þess á hverjum tíma.

Fyrsta og helsta verkefni þessara öryggistækja hlyti vitanlega að vera sú brýna hjálp í neyðartilfellum ýmiss konar sem nú er því miður ekki til staðar í þessum landshlutum að neinu marki. Fyrstu viðbrögðin, þau sem skjótust og öruggust eru, ráða oftlega um úrslit slíkra tilfella, skera úr um líf eða dauða, hvað eina sem þar gæti veitt lífi liðstyrk, létt mein og veitt hjálp við erfiðar aðstæður hlýtur að vera okkur öllum kappsmál, og svo ótvírætt hefur þyrlan sannað gildi sitt í hinum örðugustu tilfellum við ýmsar aðstæður að við hljótum að gera þá kröfu fyrir hönd þeirra, sem hér búa við mest öryggisleysi

í einangrun og oftlega mikilli fjarlægð frá læknisaðstoð, að slíkt tæki sé tekið í notkun þeim til aukins öryggis í hvívetna.

Það er rétt, að fjár er þörf hvarvetna til hinna margvíslegu verkefna samfélagsins. Hér þarf einnig til að koma fjármagn til kaupa og til rekstrar þessa öryggistækis. Við flm. teljum, að hér sé um þarfa og nauðsynlega fjárfestingu að ræða sem óþarfi sé að rökstyðja nánar frá því, svo sem það liggur í augum uppi. Við leggjum að sjálfsögðu á það áherslu, að þau þyrlukaup, sem hér er ráð fyrir gert, verði gerð í samráði við þau félagasamtök, sem ötullegast hafa að hvers kyns björgunarmálum unnið, Slysavarnafélag Íslands og félagsdeildir þess í umræddum landshlutum, og að sjálfsögðu verða það þessir aðilar sem á ýmsan veg bera hita og þunga af rekstri þyrlanna hvað björgunarstörf snertir, eins og slysavarnadeildirnar gera í öðrum greinum björgunarmála. Og þyrlan mun verða þeim hinn kærkomnasti liðstyrkur sem hugsast getur. Svo vel hafa þessi samtök unnið að réttlát umbun samfélagsins hlýtur það að vera að tryggja þeim sem bestan tækjakost til síns mikilvæga hlutverks.

Við höfum einnig bent á þörf Landhelgisgæslunnar fyrir sem fjölbreyttastan tækjakost til sinna margþættu verkefna. Einn þáttur þeirra er auðvitað aðstoð í ýmsum neyðartilfellum á sjó, svo sem þegar slys ber að höndum og á skjótri aðstoð þarf að halda. Við þetta mikilsverðasta hlutverk hafa þyrlurnar sannað gildi sitt ótvírætt. En án efa yrði þetta ekki eina verkefnið sem Landhelgisgæslan gæti haft fyrir þessi þörfu tæki ef hún sinnir vel öllum sínum fjölþættu skyldum. Það er von okkar flm., að í framtíðinni verði varðskip Landhelgisgæslunnar beinlínis gerð út frá þessum landshlutum, eigi þar heimahöfn og Landhelgisgæslan þar með fast aðsetur úti á landsbyggðinni einnig. Þyrla í landshlutum samtengist vissulega þessu framtíðaráformi sem ber að hrinda í framkvæmd sem fyrst.

Það þykir e.t.v. illa hæfa, en ég get ekki stillt mig um að hafa hér uppi smávegis útúrdúr, en ég vona, að það skaði ekki gott málefni. Tilefni þessa útúrdúrs er reyndar ærið og varla um málið fjallað í heild án þess að inn á hann sé farið. Ég get ekki stillt mig um að minna á það hve þessi þörfu björgunartæki hafa oft samtengst svokölluðu varnarliði ameríkumanna hér. Ekki ætla ég að fullyrða að viljandi hafi verið látið líta svo út að einn þáttur í ómissandi tilveru erlends hers hér væri þessi þáttur björgunarmála og þá það um leið að hér værum við upp á erlenda náð og miskunn komin, en oft hefur hér verið einkennilega að vikið og allur áróður þess eðlis er vísvitandi ósannur og jafnframt hættulegur, — ósannur vegna þess, að á okkar íslenska mælikvarða, þótt smár sé, er sæmilegur tækjabúnaður á þessu sviði ekkert stórafrek, jafnvel þótt sú þjónusta miðist við fjærstu landshluta, — hættulegur vegna þess að e.t.v. slævir hann vilja okkar og eigið framtak til fullkominnar þjónustu af eigin rammleik.

Tillöguflutningur okkar er m.a. hugsaður sem bein mótrök gegn þessum áróðri, af því að við trúum og vitum, að þetta verkefni er okkur ekki ofraun. Svo sannarlega höfum við og erum sífellt að gera meiri átök á fjölmörgum sviðum. Þetta verkefni er aðeins svo nátengt mannlegu lífi og öryggi þess, að það ætti að hafa forgang eins og björgunarmálin í heild hafa reyndar haft. Hér er á engan hátt verið að leggja neikvæðan dóm á tiltekin björgunarstörf og aðstoð þeim samfara. Aðeins er þetta enn frekari undirstrikun þess að hér eigum við sjálfir að búa sem best, eins og tillöguflutningur okkar miðar að.

Margvíslegt notagildi þyrlanna mætti rekja utan þessara verkefna, sem ég hef áður minnst á. Fyrir skömmu greindu fjölmiðlar frá raflínubilunum á Austurlandi og þá hafði þar verið þyrla í öðru verkefni og til hennar hafði verið gripið góðu heilli með hinum ágætasta árangri. Framkvæmdastjóri rafveitnanna á Austurlandi kvað þyrluna sannkallaða lífsnauðsyn til að veita rafveitunum möguleika á því að lagfæra sem fyrst það sem úr skorðum gengi í illviðrum, því að ekki væri ævinlega auðkomist á þann áfangastað þar sem bilunarinnar væri að leita. Svo mikil undirstaða í mannlegu lífi er rafmagnið í dag, ylur þess og ljós, að einnig þar þarf að tryggja sem mest og best öryggi og sjá til þess að sem fyrst megi bregða við til lagfæringar og viðgerða svo að allt megi komast í eðlilegan farveg á nýjan leik.

Eitt verkefni til viðbótar, sem sannarlega væri ekki aðeins íbúunum og atvinnulífi einstakra staða mikilvægt, heldur og þjóðhagslega hagkvæmt, eins og það er oft svo fagurlega orðað, skilaði beinum arði, sem við erum víst alltaf að stefna að, þótt ég vilji síður en svo gera það að neinu aðalatriði. Mér flýgur reyndar í hug sjónvarpssendirinn okkar á Gagnheiði eystra, veðra- og vindasamri. Ekki er þangað auðhlaupið oft og tíðum og sjónvarpið er þó allténd afþreyingartæki og í besta falli menningartæki í bland, og auðvitað eigum við austfirðingar, sem greiðum fullt afnotagjald þessa fjölmiðils, heimtingu á því að sitja við sama borð og aðrir landsmenn, þó að við verðum að eiga allt undir þessum sendi okkar í mörg hundruð metra hæð í vetrarbyljum og norðanroki. Þetta væri viðbótarþáttur í verkefnaskrá þyrlu ef ekki þarf að sinna öðrum verkefnum, brýnni verkefnum í svipinn. Þannig mætti lengi telja. En á hitt skal þó lögð megináhersla í lokin, sem er aðaltilgangur okkar flm., að hér er um dýrmætt öryggistæki að ræða sem getur verið ómetanlegt þegar um er að tefla líf annars vegar eða dauða og örkuml hins vegar. Of mikið verður aldrei á sig lagt af samfélagsins hálfu til að tryggja sem best öryggi þegnanna í harðri lífsbaráttu þeirra, þeirra þegna, sem leggja samfélaginu til dýrmætt framlag, en fá oft í staðinn minnstan skerf þeirra samfélagsgæða sem allir keppa að, en allir eiga að njóta jafnt.

Með þetta sjónarmið í huga er till. flutt í þágu þess fólks, sem fjærst er þeirri sjálfsögðu þjónustu sem í þéttbýlinu er talin ómissandi og á einnig og ekki síður að vera það þessu fólki.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mælast til þess að að lokinni þessari umr. verði till. okkar vísað til hv. allshn. frekar en fjvn. Ég er ekki alveg viss hvort er réttara.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipting landsins í þróunarsvæði, þáltill. (þskj. 18). — Ein umr.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það hefur komið greinilega fram á þessu þingi sem og á undanförnum árum að vandi landsbyggðarinnar er nú orðinn það almennt viðurkenndur mikill að þm. hafa flutt nú þegar margvísleg málefni sem beinast að lausn þessa vanda. Allir þeir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga hér á þingi, hafa á einn eða annan hátt viðurkennt að það misræmi, sem ríkir í aðstöðu hinna einstöku byggðarlaga og íbúa þeirra, sé einn helsti vandi, sem við er að glíma á Íslandi á okkar tímum. Þrátt fyrir það að þetta málefni hefur hlotið svo almenna viðurkenningu sem eitt helsta viðfangsefni íslenskra þjóðmála, jafnt Alþ., ríkisstj. sem fjölmargra samtaka og stofnana í þjóðfélaginu, þá hefur ekki verið framkvæmd nein úttekt eða lýsing á því hve vandinn er mikill, hvers eðlis hann er á hinum einstöku svæðum. Fram að þessu hefur yfirleitt í stórum dráttum verið fjallað um heila landshluta og þeir bornir saman við Reykjavíkursvæðið svokallaða, en lítt greint á milli þess mismunandi vanda sem er að finna innan landshlutanna.

Við höfum þess vegna, þm. SF, flutt hér till. til ál. sem felur það í sér að undirbúið verði og lagt fram á yfirstandandi þingi frv. til l. um skiptingu landsins í þróunarsvæði. Við teljum að það eigi að liggja í augum uppi að vandi einstakra byggðarlaga í hinum ýmsu landshlutum er mjög mismunandi. Vilji ríkisvaldið, löggjafarstofnunin, ríkisstj., fjármálastofnanir og aðrir þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem fara með mál sem snerta íbúa landsbyggðarinnar, beina starfsemi sinni gagngert inn á þá braut að leiðrétta smátt og smátt það misræmi, sem ríkir í aðstöðu íbúa landshlutanna, þá verður að liggja fyrir skýr og greinargóð úttekt á því hvers eðlis vandinn er í hverju byggðarlagi og á hvern hátt hann er frábrugðinn vanda sem ríkir í öðrum byggðarlögum. Ég á erfitt með að sjá hvernig eigi að vera hægt á skipulagsbundinn og vitrænan hátt að takast á við þetta helsta vandamál íslensks þjóðfélags án þess að allir aðilar, sem með vald fara sem snertir hagsmunamál þessara byggðarlaga, hafi slíka kortlagningu vandans fyrir hendi.

Eigi opinberar aðgerðir að reynast árangursríkar um lausn byggðavandans, þá verða þær að miðast að okkar dómi við slíka þróunarsvæðaskiptingu. Við höfum lagt til að þessi skipting yrði síðan lögð til grundvallar aðgerðum í fjárfestingarmálum, skattamálum, húsnæðismálum, samgöngumálum, menntamálum, heilbrigðismálum og öðrum málaflokkum, sem áhrif hafa til lausnar byggðavandans. Á þeim svæðum, þar sem byggðavandinn sé mestur, verði atvinnuuppbygging öflugri, lán til húsbygginga gerð hagkvæmari, byggingu skóla og sjúkrahúsa hraðað og aðrar opinberar aðgerðir látnar hafa forgang. Í þessari mgr. þáltill. felst grundvallarstefnubreyting í aðgerðum í byggðamálum, — stefnubreyting sem hefði það í för með sér að stjórntæki bins opinbera yrðu gerð sveigjanlegri í samræmi við byggðavandann. Þar sem sérstaklega væri talið nauðsynlegt að stuðla að fjölgun íbúanna yrðu lán til íbúðarhúsabygginga með lægri vöxtum, til skemmri tíma og jafnvel hærri að upphæð. Þar sem atvinnuleysi væri yfirvofandi og nauðsynlegt væri að gera atvinnulífið fjölbreyttara yrðu fyrirtæki, sem störfuðu á viðkomandi svæðum eða væru reiðubúin að hefja þar rekstur, látin njóta þess í formi forgangslánveitinga fram yfir fyrirtæki á öðrum svæðum. Ríkisvaldið sjálft mundi síðan í aðgerðum sínum við byggingu skóla, sjúkrahúsa og annarra þjónustustofnana láta þessi svæði hafa forgang.

Því miður hefur það verið þannig á undanförnum árum og jafnvel áratugum, að aðgerðir hins opinbera í þessum málum hafa reynst meira og minna tilviljanakenndar. Þær hafa verið háðar mismunandi þrýstingi frá hinum einstöku byggðarlögum, frá þm. þessara byggðarlaga og þeim almennu sjónarmiðum, sem ríkt hafa í ríkisstofnunum og öðrum þjónustustofnunum hins opinbera á hverjum tíma. Þessar tilviljanakenndu aðgerðir hafa svo leitt til þess í reynd, að mörg svæði, fjöldi byggðarlaga, allt í kringum landið — á Austurlandi, Norðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi, þar sem byggðavandinn er greinilega mestur, þar sem fólksfækkun hefur átt sér stað, þar sem atvinnuuppbygging hefur verið stöðvuð, þar sem ekki hafa verið byggð íbúðarhús jafnvel í áratugi, — á þessum stöðum hefur ríkisvaldið lítt látið til sín taka. Þessi byggðarlög hafa orðið út undan. En hinir stærri og sterkari staðir í landshlutunum, sem meira þrýstiafl hafa getað sett fram, sem meiri stuðnings og eigin fjármagns hafa getað notið, þeir hafa haldið áfram að vaxa fram úr þessum byggðarlögum. Hv. þm. landsbyggðarinnar þekkja sjálfsagt allir úr sínum kjördæmum dæmi um slík byggðarlög, — byggðarlög sem greinilega eiga mjög erfitt uppdráttar og hafa horfið í skuggann fyrir uppbyggingu annarra byggðarlaga.

Ef landinu yrði skipt í þróunarsvæði í samræmi við þau ákvæði, sem við leggjum hér til, yrði a. m. k. reynt að fyrirbyggja það að slík byggarlög yrðu út undan um áraraðir. Þá yrði gerð reglulega á 4 ára fresti heildarúttekt á öllum héruðum landsins um það hvar skórinn kreppti helst að. Þegar sú niðurstaða væri fengin mundu þau byggðarlög, sem talið væri að mestan forgang ættu að hafa, næstu 4 ár njóta þessa forgangs á öllum þeim sviðum, í atvinnuuppbyggingu, félagslegri þjónustu, húsnæðismálum og á öðrum þeim sviðum sem ríkisvaldið getur látið til sín taka á.

Þegar við ræðum um byggðavandann á Íslandi og reyndum að brjóta hann til mergjar sjáum við að sá mikli þungi, sem dregið hefur fólk til Reykjavíkursvæðisins á undanförnum áratugum, er mjög margþættur. Hann er ekki einskorðaður við einhverja eina tegund þjóðfélagssviða. Hann bókstaflega nær til allra þátta mannlegs lífs. Á Reykjavíkursvæðinu er hið fjölþættasta atvinnulíf sem um getur á Íslandi. Á Reykjavíkursvæðinu eru allar helstu mennta- og menningarstofnanir landsins. Þar eru stjórnarstofnanir, þar eru fjármagnsstofnanir, þar eru þeir aðilar, sem ákvörðun taka í íslensku þjóðfélagi. Eigi að vera nokkur von til þess á næstu árum eða jafnvel áratugum að hið opinbera geti unnið á móti þessum mikla þunga, sem allir þessir

þættir mynda, hinu mikla aðdráttarafli sem Reykjavíkursvæðið hefur atvinnulega, félagslega og menningarlega, þá verða að koma til miklu kerfisbundnari aðgerðir en beitt hefur verið til þessa, — aðgerðir sem fela það í sér að það sé skilgreint, bæði fyrir þjóðinni og fyrir valdhöfum á öllum sviðum þjóðfélagsins, hver vandinn er, hvar á afmörkuðum landssvæðum hann er mestur og hvaða byggðarlög eigi þess vegna að hafa forgang. Ef slíkt er ekki gert, þá er þeirri hættu boðið heim, sem eins og ég sagði áðan hefur því miður einkennt aðgerðir í byggðamálum til þessa, að það sé fyrst og fremst tilviljanakenndur samsetningur valdahagsmuna á hverjum tíma sem ræður því hvaða byggðarlög njóta þeirra aðgerða sem hið opinbera kýs að beita sér fyrir hverju sinni. Ef hv. Alþ. er, eins og ýmislegt bendir til, reiðubúið að takast á við það í ár og á næstu árum að reyna að snúa þessari þróun við, reyna að skapa á Íslandi þjóðfélag raunverulegs jafnréttis þar sem íbúar allra byggðarlaga sitja við sama borð, þá teljum við að það sé ekki nein veruleg von til að árangur náist í því, nema vandinn sé skilgreindur á þennan hátt, á skipulagsbundinn og vitrænan hátt með því í sérstakri löggjöf reglubundið á 4 ára fresti að marka vandann með tilliti til einstakra byggðarlaga.

Þessi till. til þál. felur það í sér að þessi löggjöf verði undirbúin í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga. Við erum þeirrar skoðunar að þessir aðilar séu eðlilegustu samstarfsaðilarnir. Þeir eru fulltrúar byggðarlaganna sjálfra. Innan þeirra er að finna mestu þekkinu á hinum staðbundnu vandamálum og þessir aðilar eru í beinustum tengslum við fólkið og vandamál þess. Ég vona að þessi till. okkar verði upphafið að því að þingheimur og stjórnarstofnanir ríkisins, hvers eðlis sem þær eru, samræmi aðgerðir sínar í byggðamálum svo að við getum innan ekki allt of langs tíma sagt með sanni að okkur hafi miðað eitthvað umtalsvert áfram í átt að því að skapa raunverulegt jafnrétti allra þegna á Íslandi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 19. nóv., að loknum 10. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár í þeim tilgangi að spyrja hæstv. félmrh. hvort hann og hans rn. hafi hugsað sér einhverjar aðgerðir opinberra aðila vegna vaxandi tilhneigingar kaupstaða að ásælast og leggja undir sig land nágrannasveitarfélaga. Ég spyr um þetta hér utan dagskrár vegna sjónvarpsviðtals á föstudagskvöld við Sigstein bónda Pálsson á Blikastöðum. Í því sjónvarpsviðtali kom fram að bæði fyrrv. og núv. borgarstjóri í Reykjavík höfðu ýjað að því við eiganda Blikastaða að fá jörðina keypta og það kom fram hjá fréttamanninum, eins og hver annar sjálfsagður hlutur, að með því væri verið að stækka lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Til þess að gera hv. þingheimi grein fyrir því að það er ekki alveg að ástæðulausu þótt við nágrannar höfuðborgarinnar kippumst aðeins við þegar byrjað er að tala um sölu á jörðum er liggja að mörkum Reykjavíkur, þá langar mig til að lesa hér nokkrar línur úr lagasafni okkar, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur m. a. á bls. 1331: *Lög frá 1894 um að leggja jarðirnar Laugarnes og Klett í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur.* 1923 lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur um að leggja jarðirnar Breiðholt, Bústaði og Eiði í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Lög frá 1929 um að jarðirnar Ártún og Árbær í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu skuli lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur. Lög frá 1931 um að jarðirnar Þormóðsstaðir og Skildinganes í Seltjarnarneshreppi ásamt öllum lóðum og lendum skuli leggjast undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Lög frá 1943 um að jarðirnar Elliðavatn og Hólmur í Seltjarnarneshreppi skuli lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Ennfremur skal leggja undir lögsagnarumdæmið frá sama tíma jarðirnar Grafarholt, að svo miklu leyti sem eignarnámsheimild tekur til, Gufunes, Keldur, Eiði, Knútskot, Korpúlfsstaði, Lambhaga, Reynisvatn og jarðarhlutann Hólmsheiði, allar í Mosfellshreppi, undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Tekið er svo fram í hverju tilfelli að Reykjavíkurkaupstaður skuli annast framfærslu þurfalinga á viðkomandi áður greindum jörðum.

Fyrir nokkrum áratugum voru mörk Reykjavíkur og Mosfellssveitar við Elliðaár. Nú eru þau mörk við Blikastaði. Það þarf engan slyngan stærðfræðing til þess að reikna út líkurnar fyrir því, hvenær Reykjavík muni kaupa síðustu jörðina í Mosfellssveit. En það er ekki einungis, að hér sé vegið að hagsmunum lítils sveitarfélags. Hér er einnig verið að breyta sýslumörkum, verið að minnka Kjósarsýslu. Það er einnig verið að raska stærð kjördæma. Það er verið að minnka Reykjaneskjördæmi.

Nú er mér ljóst að það þarf lög frá Alþ. til þess að breyta lögsagnarumdæmum, en ég held hins vegar að það hafi ekki oft verið annmarkar á því að fá slík lög í gegn. Ég álít að hér sé vegið að grundvallarskipulagi okkar og þess vegna sé brýn nauðsyn að gera eitt af tvennu, annaðhvort að stórauka aðstoð opinberra aðila við kaup á slíkum markajörðum eða setja miklu strangari skorður en nú er við breytingu á lögsagnarumdæmum. Mér er það ljóst að eigandi Blikastaða verður að fá gangverð fyrir eignir sínar, en það er ósanngjarnt að það leiði til rýrnunar á sveitarfélagi, og það verður að gera sér ljóst að hér er ekki um nein venjuleg eigendaskipti að ræða, hér er verið að minnka sveitarfélag, hér er verið að minnka sýslufélag og hér er verið að minnka kjördæmi. Þess vegna langar mig til að vita hvort möguleikar væru á því að opinberir aðilar sæju ástæðu til að skerast hér eitthvað í leikinn.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hv. 2. þm. Reykn. hefur beint til mín fsp. sem hv. þm. hafa nú heyrt. Ég vil út af þessari fsp. taka það fram að mér finnst ákaflega eðlilegt að nokkur uggur sé með ýmsum sveitarstjórnarmönnum vegna þess málefnis, sem hv. þm. hreyfði, því að það er vissulega alvarlegt fyrir ýmis sveitarfélög ef svo fer að stórar og mikilvægar jarðir úr þeim eru keyptar af öðrum sveitarfélögum og í kjölfar þess kemur til breytingar á lögsagnarumdæmum.

Varðandi þetta mál vil ég fyrst taka það fram að samkv. l. frá 1948 um kauprétt á jörðum er ákveðið að sveitarstjórn skuli hafa forkaupsrétt á jörðum innan hreppsins sem ætlunin sé að selja. Sá forkaupsréttur er ótvíræður, að vísu eru undanþágur sem væntanlega skipta hér ekki máli. Það er sú undantekning ef jarðeigandi vill selja börnum sínum, systkinum eða foreldri. En þarna er forkaupsréttur sveitarfélagsins, sem ekki er hægt að ganga fram hjá.

Um leið og minnst er á þetta lagaákvæði er sjálfsagt að geta þess, að verðlag á jörðum sums staðar hefur hækkað svo stórkostlega á hinum síðari árum að í mörgum tilvikum mun sveitarstjórnunum þrátt fyrir skýlausan lagalegan forkaupsrétt gersamlega um megn að notfæra sér forkaupsréttinn vegna þess hve jarðarverðið er hátt. Nú kemur það auðvitað til athugunar í þessu sambandi að til eru lög um aðstoð ríkisins til handa sveitarfélögum við landakaup. Þau lög hafa verið í gildi í allmörg ár, nokkuð á annan áratug, og í núgildandi lögum er ákveðið árlegt fjárframlag úr ríkissjóði í sjóð sem hefur þetta verkefni. Það framlag mun nú vera 10 millj. kr. á ári. Það er svo ákveðið í þessum lögum — þau munu vera frá 1963 — að þessa aðstoð má veita kaupstöðum og kauptúnum. Orðalagið er þannig, bæði í fyrirsögn og efnisgreinum laganna. Hins vegar hafa þessi lög verið túlkuð þannig að þau næðu til allra skipulagsskyldra staða og þeim verið beitt þannig að þótt ekki væri um kaupstað eða kauptún að ræða, heldur önnur sveitarfélög, þá væri heimilt skv. þessum lögum að veita aðstoð. Nú er hér um tiltölulega lágar upphæðir að ræða, sem veittar hafa verið í þessu skyni, enda fjárveitingar ekki háar, og sýnilegt að söluverð þeirrar jarðar, sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni vegna sjónvarpsþáttarins á föstudaginn var, er sú fjárhæð að þessi framlög gera lítið gagn og hafa litla þýðingu í því sambandi. Ég vil þó í þessu sambandi minnast á það að í þessum landakaupalögum er einnig heimild fyrir félmrn. eða fyrir ríkissjóð skulum við segja til að ábyrgjast lántöku sveitarfélagsins vegna jarðakaupa. Það er gert almennt ráð fyrir annars vegar lánum og hins vegar ríkisábyrgð. Ef hins vegar sveitarfélagið greiðir kaupverðið með skuldabréfum er í þessum lögum heimild fyrir ríkissjóð til að ábyrgjast allt að 100% af kaupverði.

Ég vildi aðeins minnast á þessi lagaákvæði, sem eru í gildi, þó að trúlegt sé að þau kæmu ekki að raunhæfu gagni í sambandi við slík stórmál eins og hv. þm. nefndi. Til skýringar á þessum málum er þó rétt að bæta tvennu við. Annað er það að á skipulagsskyldum stöðum, eins og þarna er um að ræða, er ekki heimilt að skipta löndum og lóðum nema samþykki sveitarstjórnar komi til. Þó að t. d. Reykjavíkurborg keypti umræddá jörð og vildi skipta henni í byggingarlóðir, eru engar slíkar ráðstafanir heimilar nema með samþykki sveitarstjórnar, þ. e. a. s. Mosfellshrepps í þessu tilfelli.

Þá komum við að hinu atriðinu hvort mundi í kjölfar slíkra kaupa verða farið fram á breytingu á lögsagnarumdæmum. Eins og hv. þm. nefndi hefur það oft farið saman eða komið í kjölfar slíkra jarðakaupa að farið hefur verið fram á stækkun lögsagnarumdæmis. Nú er skýrt tekið fram í sveitarstjórnarlögunum, að mörkum kaupstaða verði ekki breytt nema með lögum, svo að það mál yrði að koma til kasta Alþingis.

Þessi atriði vildi ég aðeins rifja upp í þessu sambandi hv. þm. til íhugunar. Það er ljóst, eins og hv. 2. þm. Reykn. gerði hér glögga grein fyrir, að um mikið alvörumál er að ræða ef kaupstaður eins og höfuðborgin í þessu tilviki hefur hug á eða gerir alvöru úr því að kaupa eina stærstu og dýrustu jörð í þessu sveitarfélagi og síðan yrði farið fram á breytingu eða stækkun lögsagnarumdæmisins. Ég vil vegna fsp. hans taka sérstaklega fram að ef til þess kæmi mundi félmrn. að sjálfsögðu reiðubúið til þess að veita viðkomandi sveitarfélagi, Mosfellshreppi, og þá e. t. v. sýslunni, ef hún kæmi í málið líka, þá aðstoð sem í rn. valdi stæði. Í hvaða formi það yrði er erfitt að segja. Spurning er hvort fyrirgreiðsla um lánsútvegun mundi þar geta orðið að raunverulegri eða ríkisábyrgð eða önnur aðstoð. En mér er ljóst að hér er um mikið vandamál að ræða og vil því ljúka þessum orðum út af fyrirspurn hv. þm. með því að undirstrika að félmrn. mun að sjálfsögðu vera reiðubúið að veita þann atbeina sem það getur.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir greið svör og upplýsingar. Að sjálfsögðu er það augljóst að hreppurinn á í flestum tilfellum forkaupsrétt. Hitt er svo annað mál að hann er kannske lítils virði þegar um svo svimandi upphæðir er að ræða eins og nefndar voru í sjónvarpsviðtalinu. En það er ekki meginatriði þessa máls, heldur einmitt það að þarna er um nokkuð sérstakt mál að ræða. Ég vil gera mikinn greinarmun og mér finnst raunar eðlismunur á því, hvort venjuleg eigendaskipti fara fram á jörð eða hvort um er að ræða, eins og ég sagði áðan, breytingu á stærð sveitarfélaga, stærð sýslufélaga og stærð kjördæma. Ég held að tryggging fáist ekki fyrir verulegum umbótum í þessu efni nema sérstök löggjöf komi til.

Í öðru lagi er það að þegar minnst var á hinar háu upphæðir í áðurnefndu sjónvarpsviðtali, þá verður líka að hafa í huga að það er ekki fyrst og fremst sveitarfélagið, sem til greina kemur að missi jörðina, sem veldur því hvernig komið er, heldur miklu frekar einmitt nágrennið við Reykjavík. Og það er mitt álit, að ef íbúar Reykjavíkur vilja flytjast upp í Mosfellssveit, þá eigi þeir að verða mosfellingar, en ekki að halda áfram að vera íbúar Reykjavíkur, og reyndar vandséð að það sé nokkur ástæða til slíks. Við sjáum að þetta hefur gengið mjög vel í Kópavogi, þar sem þetta hefur gerst án þess að breyt. á lögsagnarumdæmum færu fram.

Ég viðurkenni að þetta er mjög mikilvægt mál fyrir okkur. Mér fannst ástæða til að taka þetta fram hér utan dagskrár vegna þess að það getur verið of seint að fara að hugsa fyrir ráðum gegn slíku þegar langt er komið áleiðis með aðgerðirnar.

Öll dagskrármálin voru tekin af dagskrá.

Efri deild, 8. fundur.

Miðvikudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Launajöfnunarbætur, frv. (þskj. 11). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., er flutt til staðfestingar á brbl. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál sem út voru gefin 24. sept. s.l.

Þegar þessi brbl. voru gefin út, lá fyrir að leysa þann vanda, sem við blasti þegar lög um viðnám gegn verðbólgu féllu úr gildi, en þau lög voru sett á sumarþinginu og voru til staðfestingar brbl., er fyrrv. ríkisstj. hafði sett. Það var ljóst að féllu þau lög úr gildi, þá mundi koma til almennrar 15.5% hækkunar launa vegna hækkunar kaupgreiðsluvísitölu 1. okt. s.l., og ef af þeirri hækkun yrði var enn fyrirsjáanleg hækkun kaupgreiðsluvísitölu að öllu óbreyttu um a.m.k. 15% frá 1. des. n.k. Þannig var séð fram á nær 36% hækkun kaupgjalds það sem eftir var ársins þegar tekið hafði verið tillit til umsaminnar 3% grunnkaupshækkunar sem á að ganga í gildi 1. des. n.k. Kauptaxtar höfðu þá þegar hækkað um 30% frá ársbyrjun þannig að með þessum hætti var stefnt í hvorki meira né minna en 77% hækkun kauptaxta á einu ári.

Ég hygg að flestir geti verið sammála um það að hvernig sem á málið er litið stefnir slík þróun skipulegri efnahagsstarfsemi og atvinnuöryggi í hættu. Það var ekki annað fyrirsjáanlegt en að hjól atvinnulífsins mundu stöðvast og atvinnuleysi blasa við. En auk þessa er svo til þess tillit að taka að svo ör verðbólga hefði mjög ranglát áhrif á tekjuskiptinguna í þjóðfélaginu, yrði fyrst og fremst hinum tekjuhærri, metið í krónutölu, í vil, en gengi á hag hinna lægst launuðu og lakast settu. Það var því nauðsynlegt að fá svigrúm til varanlegra úrræða og rjúfa um sinn sjálfvirka víxlhækkun verðlags og launa, en hlífa þó kjörum hinna tekjulægri eftir því sem kostur var á. Sá er tilgangur þeirra brbl., sem sett voru í sept. s.l. og hér er leitað staðfestingar á.

Það er rétt að geta þess að áður en þessi brbl. voru sett voru ítarlegar viðræður við aðila vinnumarkaðarins og reynt eftir föngum að taka tillit til sjónarmiða forvígismanna launþegasamtakanna við setningu þessara brbl.

Meginatriði l. eru:

1. Ákveðið er, að í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun skuli á næstu 8 mánuðum koma sérstakar bætur á lág laun, launajöfnunarbætur. Launajöfnunarbæturnar, sem eru 3500 kr. á mánuði og tilsvarandi á yfirvinnu, þýða um 10% hækkun á lægstu kauptöxtum, en hverfa með öllu við 53.500 kr. mánaðarlaun. Áætlað er, að þær valdi um 6—6.5% hækkun heildarlauna í landinu. Bætur þessar skulu koma til endurskoðunar, fari vísitala framfærslukostnaðar fram úr 358 stigum á gildistíma laganna.

2. Með l. er ákveðið að hækka árlegar fjölskyldubætur um 5 þús. kr. með barni að óbreyttu kerfi fjölskyldubóta eða að jafngild ívilnun verði veitt barnafjölskyldum með öðrum hætti með tryggingabótum og/eða með skattbreytingum á næsta ári. Í viðræðum ríkisstj. við aðila vinnumarkaðarins kom einnig fram sú fyrirætlun ríkisstj. að halda lengra í þá átt, sem mörkuð var með skattkerfisbreytingunni á s.l. vetri, launþegum til hagsbóta og má geta þess að í frv. því til fjárl., sem lagt hefur verið fram og er nú til meðferðar í fjvn., eru ætlaðar til þessara skattkerfisbreytinga 500 millj. kr.

3. Með l. er tekjutryggingarmark elli- og örorkulífeyristrygginga, þ.e. þær lágmarkstekjur, sem tryggðar eru með almennum lífeyri og uppbótarlífeyri til þeirra sem engar eða mjög litlar tekjur hafa auk lífeyris, hækkað jafnt og lægstu kauptaxtar eða um 10%. Almennar bætur lífeyristrygginga eru hins vegar hækkaðar um 6% eða líkt og ætlað er að launatekjur í heild hækki vegna launajöfnunarbóta.

4. Ríkisstj. hefur jafnframt ákveðið, að á gildistíma l. skuli niðurgreiðslur vöruverðs haldast óbreyttar á núverandi stigi. Eins og kunnugt er voru heildarniðurgreiðslur lækkaðar um 12.5%, en um fjórðung, ef miðað er aðeins við þá hækkun, sem varð á niðurgreiðslunum í maímánuði s.l. Í þessu efni voru þau sjónarmið uppi, að æskilegt hefði verið að lækka niðurgreiðslurnar meira vegna fjárhagsafkomu ríkissjóðs og til þess að draga úr heildarupphæð fjárlagafrv. og fjárlaga fyrir næsta ár, en bæði fulltrúar bænda og launþega voru sammála um að örar breytingar á upphæð niðurgreiðslna, hvort heldur til hækkunar eða lækkunar, væru andstæðar hagsmunum umbjóðenda þeirra. Á þetta sjónarmið vildi ríkisstj. fallast og hét því á gildistíma l. að halda þessum niðurgreiðslum óbreyttum.

5. Þá er það eitt meginatriði l., að með l. er gert ráð fyrir, að næstu 8 mánuði verði áfram í gildi sömu verðlagsákvæði og nú eru í gildi samkv. l. um viðnám gegn verðbólgu.

Með þessum l., sem hér eru til umr., er að því stefnt að staðfesta þau lífskjör, sem okkur hefur auðnast að ná á undanförnum árum, og tryggja jafnframt örugga atvinnu og jafnvægi í utanríkisviðskiptum þjóðarbúsins. Þessi lög eru nauðsynlegur liður í þeim ráðstöfunum, sem hófust með gengisbreytingunni 29. ágúst s.l. og fylgt var eftir með ráðstöfunum í sjávarútvegi. En til þess að þessar aðgerðir allar nái tilætluðum árangri er nauðsynlegt að saman fari hæfilegar stuðningsaðgerðir á sviði ríkisfjármála og peningamála með aðhaldssemi í útgjöldum og útlánum.

Efnahagsþróunin undanfarin missiri hefur sem kunnugt er verið þannig að sú stórfellda aukning kaupmáttar, sem stefnt var að með kjarasamningum á s.l. vetri, hlýtur að teljast

algerlega óraunhæf, þ. e. einfaldlega ókleift að auka kaupmátt launa um 20—25% á ári þegar horfur eru á að raunverulegar þjóðartekjur á mann minnki vegna skertra viðskiptakjara þótt aðrar ástæður komi ekki til. Ef við lítum á kaupmáttaráhrif þeirra ráðstafana, sem í l. felast, og þá verðþróun, sem fram hefur komið og fyrirsjáanleg er, er niðurstaðan sú að með þessum aðgerðum sé stefnt að svipuðum kaupmætti launa og var á árunum 1972 og 1973 fyrir launþega í heild og ívið betur fyrir þá sem lægst hafa launin. Takist okkur að ná þessu marki hlýtur það að teljast góður árangur miðað við allar aðstæður.

Ríkisstj. er ljóst, að með þessum aðgerðum er teflt á tæpasta vað með greiðslugetu atvinnuveganna, ekki síst sjávarútvegs, og niðurgreiðslur vöruverðs og auknar tryggingabætur leggja þungar byrðar á ríkissjóð. Hins vegar er vandratað meðalhófið í þessum efnum og ekki síður viðsjárvert að herða um of að kaupmætti og eftirspurn innanlands.

Ég vil ekki láta hjá líða að víkja að því, að þessum l. er ætlað að veita svigrúm til þess að móta samræmda tekjustefnu, í fyrsta lagi fyrir það 8 mánaða tímabil, sem hófst 1. okt. s. l., og svo að því er snertir framtíðina eftir gildistíma þessara l. Við vonumst til þess, að á gildistíma þessara l. haldist vinnufriður og aðilar vinnumarkaðarins gefi sér tóm til þess að íhuga með hvaða hætti unnt er að skipa kjaramálum þjóðfélagsins á betri veg en verið hefur, svo að áfram megi halda sú þróun, sem verið hefur löngum, að kjör almennings fari batnandi hér á landi.

Í sambandi við mótun samræmdrar tekjustefnu eru það einkum þau atriði sem koma til meðferðar er greind voru í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um skipan kjaramála og voru:

1. Fyrirkomulag á greiðslu vísitöluuppbótar á laun.
2. Vinnuaðferðir við gerð kjarasamninga.
3. Sameining almennustu bóta almannatrygginga og tekjuskattsins, sem tryggi þjóðfélagsþegnunum lágmarkstekjur og horfi til skýrari áhrifa á tekjuskiptingu í réttlætisátt og aukinnar hagkvæmni.
4. Könnun á stöðu lífeyrissjóða og lífeyrisþega.
5. Jöfnun húsnæðiskostnaðar og aðstöðu til öflunar húsnæðis.
6. Verðlagning búvöru sem yrði tekin til athugunar í samráði við hagsmunasamtök þau sem hlut eiga að máli.
7. Að koma á fastri skipan fyrir samráð aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. um kjara- og efnahagsmál.

Segja má til viðbótar ofantöldum atriðum að æskilegt sé að taka launakerfið á fiskiskipaflotanum til heildarendurskoðunar, fyrst og fremst af aðilum sjálfum, með atbeina ríkisvaldsins ef þörf krefur. Markmið slíkrar endurskoðunar væri að tryggja sjómönnum jafnari tekjur þótt þess verði jafnan að gæta að þeir hafi beinan hag af auknu aflaverðmæti.

Um þessi atriði flest hafa átt sér stað viðræður frá því að brbl. voru sett við fulltrúa aðila vinnumarkaðarins.

Ég skal þá víkja að einstökum gr. frv.

Um 1. gr. er það að segja að með henni er ákveðið að í stað verðlagsuppbótar á laun komi á næstu 8 mánuðum sérstakar bætur á lág laun, eins og ég hef áður greint frá. Launahækkun þessari er að vísu misskipt milli stétta og starfsgreina svo sem liggur í eðli málsins þar sem hér er um láglaunabætur að ræða. Þannig er launahækkun verkamanna og verkakvenna áætluð nálægt 10%, iðnaðarmanna 3—4%, verslunarmanna 7—8%, meira í smásölu-, en minna í heildsölugreinum, og loks er hækkun taxta opinberra starfsmanna og bankamanna áætluð 2—3%.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að sett verði reglugerð um ákvörðun og uppgjör launajöfnunarbóta. Þessi reglugerð hefur verið sett að undangenginni athugun og tillögugerð sérstakrar nefndar sem skipuð var í því skyni. Ég hygg að ég megi segja að starf þeirrar n. hafi gengið mjög vel. Hún hefur innt af höndum ágætt starf sem ég vona að reynslan sýni að beri tilætlaðan árangur.

Með 3. og 4. gr. er gert ráð fyrir að hinir tekjulægri meðal bænda njóti tekjuhækkunar í átt við launajöfnunarbætur launþega með því að launaliður verðlagsgrundvallar búvöru hækki um 5.5% og að sú hækkun búvöruverðs, sem af því hlýst, skuli ekki gagnast bændum almennt, heldur aðeins jafnað til hinna tekjulægri meðal bænda í líkingu við launajöfnunarbæturnar sjálfar. Sérstök n. hefur verið skipuð til þess að semja reglugerð um þessar launajöfnunarbætur til bænda. Hún hefur ekki lokið störfum sínum, en útlit er fyrir að hún muni setja reglugerð annars vegar um innheimtu þessa gjalds af búvörum bænda, en hins vegar um úthlutun þess fjármagns sem þannig kemur til skiptanna. Það er búist við því á þessu stigi málsins að launajöfnunarbætur samkv. þessari gr. verði ekki greiddar út fyrr en fyrri hluta næsta árs þegar öll gögn, sem nauðsynleg eru til úrvinnslu áður en til bótagreiðslna kemur, eru fyrir hendi.

Í 5. gr. eru ákvæði um endurskoðun launajöfnunarbóta, fari vísitala framfærslukostnaðar fram úr 358 stigum á gildistíma l. Eins og kunnugt er var vísitala framfærslukostnaðar 297 stig í ágústbyrjun. Það var áætlun frá Hagstofunni, að vísitala framfærslukostnaðar yrði 338 stig nú 1. des., en samkv. nýfengnum upplýsingum mun vísitalan verða 342 stig eða 4 stigum hærri en áætlunin gerði ráð fyrir. Eftir upplýsingum hagstofustjóra mun þó ekki ástæða til að ætla að áætlun framfærsluvísitölunnar 1. febr. eða 1. mars n. k. raskist að mun af þessum sökum, heldur felist þessi hækkun í því að hækkanirnar komi fljótar fram en upphaflega var ráð fyrir gert í áætlunum, fremur en þær séu hærri en ráð var fyrir gert eða um nýjar hækkanir sé að ræða sem ekki voru innifaldar í áætlununum. En við skulum ekki loka augunum fyrir því að þessi viðmiðunartala, 358 stiga framfærsluvísitala, sníður tiltölulega þröngan stakk í þessum efnum.

Með 6. gr. er ákveðið að árlegar fjölskyldubætur með barni verði 20 þús. kr. á tímabilinu, sem l. gilda, en fjölskyldubætur hafa verið 15 þús. kr. frá 1. júlí s. l. Gert er ráð fyrir, að ekki verði breyting á þeim reglum um greiðslu fjölskyldubóta, þ. e. að fjölskyldubætur skuli greidd-

ar með börnum yngri en 16 ára umfram eitt í fjölskyldu, en þó skuli greiða fjölskyldubætur með fyrsta barni séu brúttótekjur framfæranda lægri en 700 þús. miðað við tekjur á síðasta ári eða séu börn í fjölskyldu 5 eða fleiri undir 16 ára aldri. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því í 6. gr. að í stað þessarar hækkunar fjölskyldubóta til stuðnings barnmörgum fjölskyldum megi koma samsvarandi ívilnun með öðrum hætti og er hér m.a. haft í huga það atriði stefnuyfirlýsingar ríkisstj., sem kveður á um sameiningu algengustu bóta almannatrygginga og tekjuskatts í eitt kerfi.

Í 7. gr. er kveðið á um hækkun almennra bóta lífeyristrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris, eins og ég gat um áður, og með 8. gr. er tekjutryggingarmark elli- og örorkulífeyristrygginga, þ.e. þær lágmarkstekjur sem tryggðar eru með almennum lífeyri og uppbótarlífeyri til þeirra sem litlar eða mjög litlar tekjur hafa auk lífeyris, hækkað jafnt og lægstu kauptaxtar með launajöfnunarbótum eða um 10%. Hækkun tekjutryggingarmarks um 10% veldur hækkun tekjutryggingarfjárhæðar um rúmlega 17% og er talin valda um 80 millj. kr. kostnaðarauka fyrir ríkissjóð eða tryggingarnar á heilu ári.

Í 9. gr. er kveðið nánar á um breytingar lífeyristrygginga og tekjutryggingar, en í 10. gr. er kveðið á um, að á gildistíma l. skuli niðurgreiðslur landbúnaðarvara úr ríkissjóði ekki lækka.

Um 11. gr. er það að segja að samkv. ákvæðum þeirrar gr. er hvers konar verðhækkun seldrar vöru og þjónustu óheimil á tímabilinu 23. sept. til 31. maí 1975 nema að fengnu samþykki hlutaðeigandi verðlagsyfirvalda. Þó er þeim óheimilt að leyfa aðrar verðhækkanir en þær sem þau telja óhjákvæmilegar. Allar verðhækkanir skulu jafnframt háðar staðfestingu ríkisstj.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um einstakar gr. frv., en vildi aðeins, áður en ég lýk máli mínu, geta þess hvaða kostnað þessi lög hafa í för með sér.

1. Hækkun launajöfnunarbóta veldur hækkun á fjárl. eða fjárveitingum úr ríkissjóði í A-hluta fjárl. um 60 millj. kr. Hér skal skýrt fram tekið að ótalinn er kostnaðarauki B-hluta-fyrirtækja vegna launajöfnunarbótanna.

2. Fjölskyldubætur eða samsvarandi ívilnun samkv. 6. gr. veldur hækkun fjárveitinga í A-hluta fjárl. um 280 millj. kr.

3. Lífeyristryggingar samkv. 7., 8. og 9. gr. valda hækkun: a. Almenn hækkun bóta, 6%, kostar 320 millj. kr. b. Hækkun tekjutryggingar um 10% kostar 80 millj. kr.

4. Niðurgreiðslur samkv. 10. gr. kosta samkv. áætlun Hagstofu Íslands um 3800 millj. kr. og sé miðað við að í gögnum fjárl. hafi verið gengið út frá 2116 millj. kr. felur þetta í sér kostnaðarauka um 1600 millj. kr.

Samtals er hér um kostnaðarauka að ræða er nemur 2300—2400 millj. kr.

5. Ríkisstj. hefur gefið fyrirheit þess efnis að þau skattakjör haldist, sem fólust í skattalagabreytingunni á þessu ári, og frekari ívilnun verði veitt sem nemi um það bil 500 millj. kr., svo að útgjaldaaukning eða tekjumissir ríkissjóðs vegna þessara laga mun nema 2800—3000 millj. kr.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessa ræðu lengri, en vil leyfa mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. þessarar hv. þd. að lokinni 1. umr.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá atriði sem ég vildi gera að umræðuefni við 1. umr. málsins, þó kannske fyrst og fremst aðeins eitt atriði.

Það er augljóst af þessu frv. að hér er gengið þvert á gerða kjarasamninga, sem í gildi eru, að því leyti að það er allt annað en frjáls samningagerð milli aðila á vinnumarkaðnum. Verkalýðshreyfingin hefur á undanförnum árum talið fjöregg sitt þar sem um vísitöluna er að ræða, m. a. vegna þess að hún væri þar nokkuð tryggð fyrir utanaðkomandi verðhækkunum á nauðsynjavörum og í því fælist sú trygging, sem verkalýðshreyfingin, eins og ég áðan sagði, hefur metið sem sitt fjöregg, en er hér kippt úr sambandi. Hæstv. forsrh. minntist á það hér áðan að gengið hefði verið svo til móts við aðila vinnumarkaðarins sem tök hefðu verið talin á. Nú langar mig til að spyrja: Hver eru þau atriði þessa frv., sem launþegasamtökin höfðu mesta andúð á og voru mest á móti, og hvar var lengst hægt að ganga á móti þeirra óskum í sambandi við gildandi kjarasamninga? Ég held að það sé nauðsynlegt upp á yfirlýsingar annarra flokka hér á undanförnum mánuðum að þetta liggi fyrir því að svo stór orð hafa verið höfð um þessa hluti sem ekki þarf að rekja hér við 1. umr. málsins og gefst tækifæri til þess við frekari umr. málsins í d. Ég held að það sé brennandi spurning í huga hvers manns, sem hlustaði á ræðu hæstv. forsrh., að vita hvað var minnst hægt að ganga á móti verkalýðshreyfingunni og hver voru þau atriði sem verkalýðshreyfingin fékk ekki fullnægt í þeim viðræðum sem áttu sér stað við hæstv. ríkisstj. Ég hygg að þetta sé hlutur sem nauðsynlegt sé að upplýsa nú þegar upp á frekari framvindu málsins hér í hv. þd.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Frv. af þessu tagi kallar fram ýmsar spurningar, ekki aðeins hér á Alþ., heldur miklu fremur meðal þjóðarinnar og þá sér í lagi þeirra sem hér er verið að bæta í einhverju áður unnin spellvirki. Eðli þessa frv. er yfirbót að afloknum ýmsum miður elskulegum aðgerðum. Yfirbótin er því ekki byggð á neinni elskusemi stjórnvalda til láglaunafólks eða aldraðra og öryrkja. Af þeim er þegar búið að taka í ríflegra lagi og aðeins um að ræða hve miklu er til baka skilað, hve mikil er yfirbótin, eða er hún þegar að engu orðin?

Skerðing lífskjara þessa fólks er í raun viðurkennd, enda ekki annað kleift. Spurningin er í raun um það, hve mikið er bætt, hve mikið eftir skilið og hve mikið er í vændum enn af frekari skerðingu lífskjara. Þessum spurningum hafa launþegasamtökin í raun þegar svarað. Þau hafa eðlilega lýst yfirbótina ófullnægjandi með öllu, uppsagnir kjarasamninga hjá almennu verkalýðsfélögunum, eindregin mótmæli ríkisstarfsmanna eru hér um órækt vitni. Orð mín hér verða aðeins staðfesting þess einróma allsherjardóms.

Þegar stórfelldar efnahagsaðgerðir eru framkvæmdar, sem leiða af sér rýrnandi kaupgetu fólks yfirleitt, skiptir auðvitað mestu hver hlutur þeirra verður sem skarðastan hlut bera frá borði. Um hann er hér verið að fjalla, en heildarstefnan er hins vegar ljós. Það er verið að færa til fjármuni í þjóðfélaginu frá launafólki fyrst og fremst til atvinnurekstrar og fyrirtækja. Fólk hlýtur að velta fyrir sér nauðsyn þessara aðgerða hvort fjármunirnir séu betur komnir í höndum þeirra, sem hafa svokallaða þræði atvinnulífsins í höndum sér, og þeir hafi til þessarar tilfærslu unnið umfram aðra, og þá ekki síður hvernig ráðstöfunin tekst til. Fólki er gjarnan bent á þjóðarhag í því sambandi og ekki vil ég neita þeirri nauðsyn að vel rekin fyrirtæki geti borið sig fjárhagslega. Ég sagði: vel rekin, því að flest bendir til þess að svo sé ekki um mikinn hluta fyrirtækja í dag, að ekki sé nú talað um ráðdeild eða sparnað í rekstri sem sjaldan verður vart um of svo að ekki sé meira sagt.

Ítarleg könnun á rekstri fyrirtækja, fjölda þeirra, starfsmannahaldi og óþarfri yfirbyggingu hefur ekki farið fram svo að ég viti, en fjármunatilfærsla til þessara aðila meira og minna af handahófi þykir engu að síður sjálfsögð.

Þessi tilfærsla nú kemur engum á óvart. Þar er verið að snúa við blaðinu frá árum vinstri stjórnarinnar og eflaust er hér aðeins um smávægilega byrjun að ræða. Á valdatíma vinstri stjórnarinnar var tilfærslan öfug við þetta. Hún var til launafólks í landinu, til elli- og örorkuþega, frá þeim sem nú sjá fram á réttan hlut sinn á ný.

Samfelldur sultarsöngur um erfiðleika í rekstri, tap á tap ofan hefur líka svo sannarlega glumið í eyrum. Alltaf á eitthvað af því tagi rétt á sér. En að hinu er sjaldan gáð þegar stórar fúlgur eru færðar þessum aðilum hvernig þeir ráðstafa þeim, og síður en svo að þess sé krafist að þær færi til betri vegar það sem aflaga fer í rekstri og umsvifum öllum.

Það furðulega búskaparlag gildir í íslenskum þjóðarbúskap að meðan allt leikur í lyndi í atvinnurekstrinum, jafnvel stórgróði verður á öllu saman, þá mega eigendur fara með þann gróða allfrjálslega, stinga ólitlum upphæðum í eigin vasa og umfram allt að koma þeim undan öllum samfélagslegum skyldum. En á erfiðleikatímum, þegar að kreppir, er tapið þjóðnýtt og þegnarnir greiða í ýmsu formi það tap, sem sumpart er eflaust réttmætt, sumpart tilbúið eða fengið með talnaleik bókfærslukúnsta. Einkaframtakið er haft að yfirvarpi og útbásúnað á velgengnistímum, en síðan er leitað á náðir samfélagsins, ef þrengist hið minnsta.

Mér kemur í hug annar rekstur mér miklu hugstæðari. Það er raunar sá rekstur sem hér er á dagskrá. Ég á við heimilisrekstur hins almenna launamanns sem er því miður ekki eins hátt skrifaður og sá rekstur sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur að sögn verið að bjarga frá glötun með ráðstöfunum á ráðstafanir ofan nú í haust. Í þeim rekstri er ekki spurt um það hvort endar nái saman í raunveruleikanum, hvað þá ef afskriftir og bókhaldskúnstir ýmiss konar mættu koma inn í það dæmi. Þennan rekstur hefur hæstv. ríkisstj. verið að þrengja svo sannarlega og þessi yfirbót verður harla léttvæg þegar allt er skoðað. Þessi rekstur, heimilisrekstur launamannsins, hefur verið þrengdur til hagsbóta fyrir þá sem barlómssönginn stunda, þá sem eru reyndar alltaf að tapa, alltaf að geispa golunni fjárhagslega, en lifa þó, já, lifa bara nokkuð vel á okkar mælikvarða, með hús á stærð við félagsheimili, fáeina einkabíla, stöku utanlandsferðir og ýmis ótalin hlunnindi, en eru þó fátæku mennirnir í þjóðfélaginu sem sumir hverjir eru nú að ganga á fund gjaldheimtunnar til að fá greiddan til baka skattafsláttinn sinn, sennilega til að eiga þó til brýnustu jólagjafa.

Ég dreg enga dul á vonbrigði mín með það hve illa var til þessara aðila margra hverra náð á árum vinstri stjórnarinnar. Þar var hvergi nærri náð fram þeim breyt., sem til þess hefði þurft að þessi fátækt þeirra væri dregin fram í rétt dagsljós, en til þess liggja nú ofur eðlilegar ástæður. Til þess hefði víst þurft að raska hinni marglofuðu lýðræðislegu uppbyggingu þjóðfélagsins á einhvern hátt og þá hefðu margir orðið skelfingu lostnir, fundist við vera farnir að færast ískyggilega nálægt byltingunni margumtöluðu sem ég er ekki heldur talsmaður fyrir þó að ég sjái brýna þörf róttækra breytinga og raunar umbyltingar í ýmsu. En það er víst best að taka byltinguna út af dagskrá, allra helst nú þegar öll þróun stefnir í gagnstæða átt við jöfnuð og réttlæti í þjóðfélaginu.

Rétt er þá að víkja að einstökum þáttum þessa frv. Tveir aðalþættirnir fjalla um láglaunabætur og bætur almannatrygginga. Í vinstristjórnarviðræðum í sumar komu þessar láglaunabætur á dagskrá. Ég hef ævinlega verið lítt hrifinn af okkar vísitölukerfi og því að almenn framfærsluhækkun komi þannig fram í reynd að sá, sem mest hefur fyrir og besta aðstöðuna, fær mestar bætur. Að því leyti til er ég samþykkur því sem stefnuatriði að láglaunafólk fái hækkun umfram aðra þegar gerðar eru efnahagsráðstafanir sem festa kaup, en stórhækka allt verðlag. En láglaunabæturnar verða þá að vera fullnægjandi, duga þessu fólki til að taka við verðhækkunum til fulls þannig að kaupmátturinn sé óskertur. Síðan má svo um það deila hversu langt skuli haldið eftir launastiganum með bætur sem þessar og vegna verðlagsþróunarinnar er það auðvitað ljóst að mun lengra hefði þurft að ganga.

Láglaunabæturnar hafa í verðhækkanaflóði síðustu vikna af völdum gengislækkunar, söluskattshækkunar, búvöruverðshækkunar, stórfelldrar hækkunar ýmiss konar þjónustu, lækkaðra niðurgreiðslna, fyrir svo utan almennar erlendar verðhækkanir, sem ekki skrifast á reikning ríkisstj., en hafa þó sín miklu áhrif, — láglaunabæturnar eru í ljósi alls þessa þegar uppurnar, óbreytt kjör láglaunafólks því herfileg blekking og liggur raunar ljóst fyrir nú þegar. Markið, sem hæstv. ríkisstj. setti í þessu frv. við framfærsluvísitöluna 358 stig, nálgast meira að segja óðfluga.

1. nóv. s. l. var upplýst að verðlag hefði hækkað um 15.4% frá 1. ágúst s. l., þ. e. framfærsluvísitalan mældist svo síðan hafa orðið umtalsverðar hækkanir á ýmiss konar útgjaldaliðum. Skv. þessu eru áhrif allra láglaunabóta rokin út í veður og vind, beint og óbeint, fyrir tilstuðl-

an hæstv. ríkisstj. Ég man ekki betur en að í kosningabaráttunni í vor hafi því verið hampað mjög af þeim sjálfstæðismönnum t. d. að vegna brbl. vinstri stjórnarinnar hafi kaupmáttur láglaunafólksins rýrnað og voru höfð um það þá uppi hin hörðustu orð af þeim sjálfstæðismönnum. Þróunin fram til 1. ágúst gat svo ekki verið annað en neikvæð vegna erlendra verðhækkana ýmiss konar, þó að öðru verðlagi væri haldið í skefjum. Skv. skilgreiningu þeirra sjálfstæðismanna frá í vor hefði raunar mátt segja að láglaunabætur ríkisstj. nú væru aðeins uppbót á skert kjör launafólks fram til 1. ágúst. Þegar svo verðlag nauðsynja hækkar um 15% frá þeim tíma til 1. nóv. og enn nokkur prósent sjálfsagt bæst við síðustu daga, þá fer að harðna á dalnum í rökstuðningi fyrir því að lægst launaða fólkið búi við óskert kjör. Ég heyrði það líka á hæstv. forsrh. áðan að hann var kominn allnokkuð aftur í tímann, farinn að færa sig aftur til ársins 1972 í samanburði við kaupmátt þessa fólks. Ég er hræddur um að það þurfi jafnvel enn lengra að fara til þess og þá er vitanlega blekking ein að tala um það að þetta fólk búi við óskert kjör eftir þær efnahagsráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Fyrst binda átti kaup, fyrst bæta átti sérstaklega þeim lægst launuðu, þá hlaut kaupmáttur lágu launanna að vera höfuðmarkmiðið. Það lágmark var t. d. sett sem skilyrði í viðræðum um hugsanlega vinstri stjórn að kaupmáttur þeirra lægst launuðu yrði tryggður og það átti að vera kleift. Þetta hefur hins vegar einfaldlega ekki verið gert. Meginstaðreynd málsins er sú að kaupgjald er fest, bundið með lögum og það allt til 1. júní n. k., þeim allra lægst launuðu tryggðar bætur sem þegar eru að engu orðnar vegna þess að á sama tíma og kaupið er lögfest er verðlag hvers konar á hraðri uppleið. Annar þátturinn er bundinn meðan hinn er á fullri ferð. Forsenda kaupbindingarinnar og réttlæting hennar hlaut að vera ófrávíkjanleg verðstöðvun, nema þar sem um óviðráðanlegar erlendar verðhækkanir var að ræða. Uppsögn kjarasamninga og e. t. v. órói á vinnumarkaði þarf því engum á ávart að koma og munu viðræður ríkisstj. við launþegasamtökin í haust þó hafa leitt til þess að ríkisstj. sá sig knúna til að ganga lengra í láglaunabótunum en hún hafði hugsað sér, eflaust í þeirri veiku von að hún gæti frekar keypt sér frið með þeim hætti.

Alþb. er andvígt þessu frv. af því fyrst og fremst að allt of skammt er með því gengið til móts við launafólk í landinu, miðað við þær álögur sem á voru lagðar í haust með þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum sem þá voru gerðar, vegna þess einnig að verðstöðvunin er sýndarmennska ein eða a. m. k. sér hennar hvergi stað enn, — andvígt því að svo sé gengið á gerða samninga að lægst launaða fólkið í landinu fái ekki einu sinni þær bætur sem því bæri annars að fá. Þó er enn eftir sá hluti frv. sem að þeim snýr sem sannarlega eru þeir tekjulægstu í þjóðfélaginu, aldraða fólkinu og öryrkjunum. Hver skyldi þeirra hlutur vera?

Mér þótti mjög vænt um það, hvað Sjálfstfl. bar þetta fólk mjög fyrir brjósti þegar vinstri stjórnin ríkti. Getur það verið að ríksstj. telji í dag að þetta fólk sé fullsæmt af sínum hlut í þessu frv., að það búi við óbreytt kjör eða lítt skert kjör? Ellilífeyrir hækkar um rúmar 700 kr. á mánuði, tekjutryggingin um rúmar 1100 kr. svo að samtals er hér um að ræða rúmar 1800 kr. eða rúman helming þeirra bóta sem láglaunafólk fær þó á sitt dagvinnukaup. Ég hlýt að spyrja: Hver var sú viðmiðun er höfð var til hliðsjónar þegar þessar tölur voru festar á blað? Átti að halda kaupmætti tekjutryggingar óbreyttum eða ekki? Ég hefði ekki trúað því að óreyndu eftir allt tal þeirra sjálfstæðismanna um tryggingabætur undir vinstri stjórn að aftur á bak yrði snúið, — máske því að kjör þessa fólks stæðu í stað. Það er rétt, þau voru hvergi nærri nægilega tryggð hjá þeim sem ekkert annað hafa til lífsviðurværis. Vinstri stjórnin hafði ekki tryggt það þó að áfram hefði þokast.

Allir vita að verðhækkanirnar að undanförnu hafa löngu gleypt þessar hækkanir til hinna öldruðu og langt yfir það. Það mætti t. d. spyrja, hver var kaupmáttur tekjutryggingarinnar 1. ágúst s. l. og hver hann er svo aftur í dag. Ég er býsna hræddur um það að sá samanburður yrði hrikalega óhagstæður því fólki sem hefur hana eina við að styðjast. Það hlaut þó að vera lágmarksskilyrði að við það yrði þó látið sitja að skerða hlut alls launafólks í landinu til að rétta við hlut meira og minna illa rekinna fyrirtækja og atvinnurekstrar, þó ekki bættist þar við að í þessum björgunarráðstöfunum væri gamla fólkið og öryrkjarnir látin taka ríkulegan þátt, eins og þersýnilegt er. Hér ber allt að sama brunni. Í ákafa sínum við að færa fjármagnið aftur til í þjóðfélaginu, frá vinnandi fólki, frá jafnvel þeim sem minnst hafa, gæta stjórnvöld einskis hófs. Við þessu mátti svo sem búast og fólk er þá reynslunni ríkara.

Enn eiga eftir að dynja yfir fólk hækkanir sem það verður að þola bótalaust, jafnvel þeir sem minnst hafa. Engin fyrirheit sjást a. m. k. um það í fjárlagafrv. að um neinar viðbótarhækkanir til aldraðra og öryrkja eigi að vera um að ræða.

Andstaða Alþb. við vinnubrögðin við aðgerðirnar er alger og ótvíræð. Andstaða þessi er í fullu samræmi við tillögur þess í sumar er leið, þar sem tryggður skyldi kaupmáttur þeirra sem minnst bera úr býtum. Íslenskt þjóðfélag þolir það mætavel að skerða í engu laun þess erfiðisfólks sem leggur undirstöðu að þjóðarauðnum. Það þolir einnig vel að tryggja að fullu þau kjör, sem aldraðir og öryrkjar bjuggu þó við. Það þarf svo sannarlega fyrr að leita til ýmissa annarra aðila um fjármuni, þó að faldir séu, í þá veru að bjarga þjóðarbúinu en þessa fólks. Þótt ekki væri af öðru en því að þess sér hvergi merki hlyti ég að vera andvígur þeim heildarráðstöfunum, sem þetta frv. er angi af. Stefnan í heild sannar þá staðreynd, bitra og augljósa, að á þetta fólk, það tekjulægsta, er fyrst ráðist þegar þetta fallega orðalag glymur við: „Bjarga þarf þjóðarbúinu“. En þar býr nefnilega annað undir.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þótt full ástæða væri til þess að fara hér út í almenn efnahagsmál í sambandi við svona frv. vil ég nú

ekki gera það þar sem útvarpsumr. hafa farið fram fyrir skömmu og einnig umr. um fjárlög og mun því bera fram fyrirspurnir, en jafnframt því lýsa yfir samstöðu við megintón þeirrar ræðu er hér var flutt af síðasta ræðumanni.

Mig langar að vita um það alveg afdráttarlaust hvort við eigum ekki von á neinni búvöruhækkun á komandi mánuðum, hvorki nú 1. des né 1. mars, og hvort búvöruverð haldist óbreytt til neytenda, — fá um það skýlaus svör núna strax.

Hækkanir á búvöru hafa verið svo geigvænlegar undanfarið að engu tali tekur, þegar upplýst er að á fimmta milljarð fer í niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur í landbúnaðárvörur er þetta orðið slíkt geigvænlegt vandamál að það er að mínu mati og míns flokks orðin full ástæða að skipa sérstaka rannsóknarnefnd, sem fulltrúar allra flokka eiga sæti í og menn frá landbúnaðarsamtökunum eða Stéttarsambandi bænda, til að fara í gegnum þetta vandamál. Hér er sem sagt komin sú alvarlega hrollvekja fram í dagsljósið er sagt var frá á sínum tíma úr þessum ræðustólum og margoft var vitnað í þegar það henti fyrir ákveðnar kosningar.

Ég ætla einnig að spyrja hæstv. forsrh. út af því, sem kom fram þegar meðráðh. hans, fyrrv. fjmrh. og landbrh. núv. og samgrh., lýsti því yfir að gefnu tilefni frá mér í umr. um fjárl. að hann tryði því ekki að verðbólguhreyfingin á Íslandi yrði í þá átt, er hæstv. forsrh. lýsti yfir í stefnuræðu hæstv. ríkisstj. Hann sagði afdráttarlaust: *Ég er enginn spámaður og hef ekki trú* á því að það muni takast. — Ég er honum alveg sammála um það, jafnvel þó að áformið sé gott, þá mun það ekki takast. Enn kemur svo yfirþyrmandi skyssa hjá öllum stjórnendum þessa lands, enn einu sinni gengisfelling, ekkert úrræði nema gengisfelling. Við erum þó háðir slíku magni af aðflutningi að allar rekstrarvörur og fjöldi neysluvara hækkar alveg miskunnarlaust. Þegar landbúnaður okkar er rekinn með svo miklum erlendum aðföngum eins og raun ber vitni um, þá verður þetta gjörsamlega óviðráðanlegt vandamál sem ég sagði á sínum tíma að hefði fellt hverja einustu ríkisstjórn yfir 30 ára tímabil og mundi einnig verða þessari ríkisstjórn að fjörtjóni. Það er mín spá. Ég skal gerast spámaður í þessu efni. Það mun velta henni úr sessi áður en langt um líður. Hjá því verður ekki komist.

Hvernig á að afla fjárins til slíkra hluta? Ráðið í sjávarútveginum í dag er eingöngu millifærsla frá launþegum sjávarútvegsins yfir í atvinnuveitandann. Svo ætlast hæstv. forsrh. til þess að næstu 6—8 mánuði verði ágætis vinnufriður *og enginn segir neitt á því sviði* varðandi slíkar aðgerðir. Ég tel það hreina ofrausn að ætlast til þess, eins og atvik liggja til, þegar ýmsir erfiðleikar steðja að og minni afli er a. m. k. í vissum þáttum hjá þessu fólki, bein minnkun í tekjum af því afli er minni. Ég held ég hafi séð það í blaði í dag frá ísfirðingum eða fólki að vestan, að það kennir samningnum við breta um minnkandi afla á þeirra slóð. Þó var vilji nokkurra manna hér til að auka enn á það og semja við þjóðverja. En blessunarlega varð ekkert úr því. Á ekki einu sinni að hugleiða það að semja við þá meira. Atvik hafa þannig breyst. Mótmæli ég þeim tóni sem kom fram í yfirlýsingu um þessi mál frá hæstv. ríkisstj. að áfram yrði haldið á grundvelli ályktunar frá 15. febr. 1972 að reyna að ná samstöðu. Það er algjör fjarstæða, á ekki að eyða orðum lengur að því. Við þurfum að tilkynna þjóðinni í eitt skipti fyrir öll að við erum hættir að hugsa um það. Það er liðin tíð.

En aðalatriðið er að fá að vita um hvort það standi að landbúnaðarvörur hér verði á föstu verði langt fram á næsta ár. Erlendur kostnaður kann að hækka, því miður. Verðbólgan heldur áfram erlendis og erfitt að hamla á móti verðhækkun vegna erlendra aðfanga í okkar þjóðarbúi. En ég tel að það verði ekki lengur komist fram hjá því að taka vísitöluvandamálið til sérstakrar úrlausnar og vildi einnig vita um það. Eru um það nokkur áform hjá hæstv. ríkisstj. eða aðilum vinnumarkaðarins, eins og orðað er, að kanna nýja neyslusamsetningu og finna grundvöll fyrir nýrri vísitölu, miðað við búskaparhætti á yfirstandandi ári eða því næsta? Vissulega hafa þeir breyst frá þeim tíma þegar 100 fjölskyldur héldu búreikninga, að mig minnir á árinu 1962 eða 1963, og nýtt vísitölukerfi var fundið út eða kostnaðarviðmiðun var fundin út á grundvelli þeirra. Held ég að það sé öllum aðilum fyrir bestu til þess að vita, hvernig samsetning á búvörurekstri er í dag, að gera þessa athugun.

Það er einnig fyrirspurn um það hér: Hefur náðst samkomulag um að halda slíka búreikninga eða er enn aðeins deilt um að hafa þetta gamla kerfi óbreytt og rifast um breytingar og festingu á þeirri vísitölu er nú hefur verið bundin um sinn og tengsli rofin við kaupgjald og aðrar verðlagsbreytingar?

Það var sjálfsagt rétt af hæstv. forsrh. að ekkert atvinnulíf hefði þolað þær verðbreytingar sem framundan voru, *bæði varðandi launaþátt* og aðrar verðbreytingar í landinu. Það hefði nú mátt skera þar eitthvað niður. Því í ósköpunum má ekki ráðast á þá aðila í þjóðfélaginu sem allir eru sammála um að skammta sér laun nokkurn veginn eftir eigin geðþótta? Á ég þar við uppmælingarkerfið í landinu. Það er hvergi viðurkennt í heiminum nema á *Íslandi* að allt í einu þegar maður kemst í uppmælingu, þá er hann orðinn þre- til fjórfaldur maki venjulegs manns. Það er hvergi viðurkennt í heiminum. Því ekki að leiðrétta þessa vitleysu þó að hún hafi einhvern tíma komist í samninga? Ég veit ekki betur en á Norðurlöndum hafi enginn uppmælingaraðili eða akkorðsvinnumaður tök á því að ná meira en 60% umfram venjulegan heilbrigðan mann í vinnuafköstum sem hlýtur að vera rökrétt. Ég skil ekki þá uppmælingu og þá grundvallarviðmiðun í vinnutöxtum að allt í einu geti menn orðið tvöfaldir, þrefaldir í afköstum þegar þeir komast í uppmælingu. Það eru alveg furðulegir samningar og enginn þorir að ráðast á þetta. Sennilega verður mér úthúðað umsvifalaust fyrir að minnast á svona hluti, en *fram hjá þessu verður ekki gengið* lengur. Síðan erum við með millifærslur um láglaunauppbætur og ýmislegt og millifærslur í sjávarútvegi mikið á annan milljarð. En þessi hópur, sem sendir manni reikninga næstum eftir eigin geðþótta,

leikur lausum hala. Hér eiga allir aðilar hlut að máli, úr öllum pólitískum flokkum. Við verðum að horfast í augu við staðreyndir. Það skal ekki standa á mér að stuðla að því, jafnvel þó að maður verði hundskammaður utan dyra og innan dyra varðandi það að vilja bót á þessu, því að þetta má ekki halda svona áfram. Það er öllum kunnugt um það. Þetta er einn sá stærsti verðbólguþáttur í innlendri verðbólgusköpun sem lengi hefur verið hér laus.

Ég ætla ekki að fjalla meira um þetta frv., eins og ég sagði. En fyrst og fremst vil ég vita um búvöruverð fyrir næstu 6 mánuði, hvort það verður laust eða því verði haldið föstu og þessar niðurgreiðslutölur muni þá nokkurn veginn hrökkva til eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að svara flokksbróður mínum hér út af uppmælingaraðlinum, en tel að það sé ekki einungis nauðsynlegt hans vegna, heldur vegna almenns misskilnings um þessa hluti.

Ég veit ekki betur en að grundvöllurinn að öllum uppmælingarstarfsgreinum í landinu sé miðaður við meðalafköst í tímavinnu. Það er hins vegar rétt að menn leggja meira og harðar að sér eftir að þeir hafa öðlast uppmælingaraðstöðu og fá laun sín greidd skv. þeim töxtum, en kemur svo aftur fram í því að það er staðreynd að allur meginþorri þessara manna endist verr á almennum vinnumarkaði og meðaltala af síðustu könnun í þessum starfsgreinum var sú að menn væru orðnir óhæfir til ákvæðisvinnu eftir fimmtugsaldur, sem er náttúrlega léleg ending. Það er vegna þess að þeir hafa lagt meira að sér, slitið sér meira út meðan þeir höfðu þessa aðstöðu, sérstaklega á verðbólgutímum þegar eftirspurn er eftir vinnuafli.

Meginmisskilningurinn í þessum efnum er það að menn skammta sér sjálfir kaupið eftir að þeir eru komnir í uppmælingaraðstöðu frekar en í tímavinnu. Þess vegna verður tímakaup þeirra hærra vegna eigin álags. Þetta verða menn að hafa í huga og reikna með alveg rétt, eins og t. d. hjá flugmönnum, þeir hafa sérstaklega hátt kaup vegna þess hve starfsaldur þeirra er skammur. Menn verða að líta á þetta frá fleiri en einum reikningi sem að þeim berst. Það má t. d. segja með nokkrum rétti að öll sjómannastétt okkar vinni í ákvæðisvinnu. Berist mikill afli að eiga sjómenn undir höndum sínum og álagi, líkamlegu álagi og andlegu e. t. v. líka meðal skipstjórnarmanna, hvað mikið þeir geta á sig lagt þegar afli stendur skamman tíma. Þetta er að vissu leyti ákvæðisvinna. Með þetta í huga mega menn ekki tala eins og fyrrv. forseti Alþýðusambandsins gerði sem taldi þetta vera bölvald innan verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er visst frjálsræði sem mönnum er skapað til þess að afla sér tekna með því að leggja á sig lengri vinnutíma, meiri vinnuhraða og erfiði sem þeir eiga vissulega að fá umbun fyrir og styttri starfsaldur. Þessar röksemdir verða menn að hafa í huga þegar þeir eru að ræða um ákvæðisvinnuna. Þar fá menn ekki — á það vil ég leggja ríka áherslu — í ákvæðisvinnu fá menn ekki nema fyrir það sem þeir afkasta. Í tímavinnu er hægt að vera án þess að afkasta neinu. Það tel ég þeim, sem þurfa að greiða vinnureikningana að lokum, verra en hitt, að þeir borga þó ekki ákvæðisvinnumanninum fyrir neitt annað en það sem hann hefur gert og liggur fyrir.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Vegna ummæla hv. 1. landsk. áðan um hækkanir á búvöruverði, langar mig til að segja örfá orð. Raunar fannst mér hv. þm. svara að mestu leyti sjálfur því sem hann talaði um sem hrollvekjandi hækkanir á landbúnaðarvöruverði á undanförnum mánuðum. Það er alveg rétt, á undanförnum mánuðum hafa orðið miklar hækkanir á búvöruverði. Það er einmitt vegna þess, eins og hann nefndi í ræðu sinni, að fjöldi vara hefur hækkað miskunnarlaust. Hækkanir á búvöruverði á undanförnum mánuðum hafa speglað þá almennu vöruverðshækkun sem orðið hefur, sérstaklega á mikilsverðum aðfluttum vörum, eins og t. d. fóðurbæti, raunar á áburði líka og yfirleitt flestum rekstrarvörum til búskapar.

Eins og ég geri ráð fyrir að allir hér viti fer verðlagning landbúnaðarvöru fram samkvæmt sérstökum lögum, lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins. Það er megininntak þessara laga að búvöruverð skuli við það miðað að þeir, sem landbúnað stunda, hafi sambærilegar tekjur við ákveðnar stéttir sem kallaðar hafa verið viðmiðunarstéttir. Þessar viðmiðunarstéttir eru verkamenn, sjómenn og iðnaðarmenn, þó ekki þeir, sem talað var um hér áðan, hvorki ákvæðisvinnumenn í hópi iðnaðarmanna né sjómenn sem taka laun sín sem aflahlut. Þetta er sem sagt grundvallaratriði í þessum lögum. Það er ekki heimilt að hækka búvöruverð umfram það sem nauðsynlegt er. Það má kannske telja að það sé nokkuð teygjanlegt orðalag. En mér er alls ekki ljóst hvernig hægt er að gera ráð fyrir því að vinnustétt, sem tekur laun samkvæmt ákveðnum lögum, býr við nokkurs konar gerðardóm sem lokaákvörðunarstig í verðlagningu, en það er hin svokallaða yfirnefnd í verðlagsmálum, sem ákveður verðlag, komi 6 manna nefnd sér ekki saman, — mér er ekki ljóst hvernig stétt, sem býr við slíkt opinbert eftirlit með verðlagningu framleiðslu sinnar, getur tekið á sig jafngifurlegar hækkanir í rekstrarkostnaði eins og hafa átt sér stað að undanförnu. Ég held að það þurfi ekki að skoða þessi mál lengi til þess að sjá að einmitt í þessu liggur ástæðan fyrir þeim hækkunum, sem orðið hafa á undanförnum árum.

Ég ætla ekki að tefja með langri ræðu um þetta að sinni. Það mætti vafalaust margt um þessi mál tala. Hækkun á búvöruverði á undanförnu verðlagsári varð mjög svipuð til hænda og t. d. almennar kauphækkanir í landinu. Hitt er svo annað mál að niðurgreiðslurnar hafa þau áhrif að það helst ekki endilega í hendur prósenthækkun á verði varanna til neytenda og prósenthækkunin til framleiðendanna. Vara, sem greidd er niður, eins og mjög tíðkast nú um landbúnaðarvöru og gert er til að halda niðri verðlagi í landinu og eru ákvarðanir stjórnvalda til að hafa áhrif á verðbólgu, — þessar niðurgreiðsl-

ur valda því að það verða annars konar hlutfallshækkanir, prósenthækkanir á verðinu til neytandans er framleiðsluverðinu til bóndans. Þetta er mjög auðskilið. Ef verð vöru sem t. d. er greidd niður, — ég hef þetta svo til að auðvelda dæmið, — greidd niður um 50%, hækkar til bóndans um 10% þá hækkar hún auðvitað um 20% til neytandans, ef ekki fylgja neinar aðgerðir í niðurgreiðslumálum verðhækkuninni.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að taka hérna dúett um landbúnaðarmálin, en í leiðinni væri ekkert á móti því, þar sem hv. ræðumaður þekkir manna best hvað kostar að framleiða hvert kíló af smjöri — ég ætla að spyrja hann um það, — ef hann vildi gjöra svo vel að skrifa það hjá sér, hvað kostar að framleiða núna hvert kíló af smjöri, hvert kíló af osti, 45%, af kindakjöti, af nautakjöti og einnig hvað niðurgreiðslur eru á þetta. Það má líka bæta við: Hvað kostar mjólkurlítrinn kominn í hyrnu óniðurgreiddur? Það væri fróðlegt fyrir okkur og allan almenning að fá að vita um þennan framleiðslukostnað. Þegar erlendar rekstrarvörur hækka svona gífurlega, bæði fyrir tilstuðlan hæstv. ríkisstj. og af öðrum orsökum, væri ekkert úr vegi að framleiðslumagn yrði nú aðeins haft í hófi eða við skulum segja sæmilega nægilegt svo að útflutningsuppbætur fari ekki að nálgast einn milljarð. Ég ætla okkur ekki þá bóga í dag að við þurfum að fara að framleiða mjög mikið fyrir breta af landbúnaðarvörum, — ekki mjög mikið, en eitthvað mætti gera til að hjálpa þeim. Þeir eiga í erfiðleikum. Það er æskilegt að fá þetta dæmi lagt hér á borðið framan við okkur, eða a. m. k. í n. sem mun fjalla um þetta frv., en þar á ég sæti.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk., Eggert G. Þorsteinsson, lagði áherslu á að með þessum lögum væri gengið þvert á gerða kjarasamninga. Rétt er það að með þessum lögum eru rofin ákvæði kjarasamninga er gerðir voru í febrúarmánuði s. l. Ég skil það mætavel að launþegasamtökin og fulltrúar þeirra mótmæli því þegar breytt er ákvæðum í kjarasamningum slíkum sem þeim, sem þá voru gerðir, eða almennt þegar gerðar eru breytingar af löggjafarvaldsins hálfu á slíkum kjarasamningum. Ég tel að æskilegast væri að unnt væri að komast hjá því og tel að slíkt sé algert neyðarúrræði, að slíkar breytingar séu gerðar af löggjafarvaldsins hálfu á gerðum kjarasamningum. Það vil ég undirstrika. Um leið og ég segi þetta vil ég halda því fram að ekki einum einasta hv. þm. í þessum sal eða á Alþingi Íslendinga eða einum einasta skynsömum foringja eða forvígismanni launþegasamtaka hlýtur að blandast hugur um að það var ógerlegt að framfylgja ákvæðum þeirra kjarasamninga sem gerðir voru í febrúarmánuði s. l. Ég held því fram að allir þessir aðilar viðurkenni með sjálfum sér og meira og minna út á við einnig að í algert óefni væri komið ef kjarasamningarnir hefðu verið framkvæmdir skv. bókstaf sínum. Það sér hver heilvita maður, að ekkert efnahagskerfi getur borið 77% hækkun kauptaxta frá ársbyrjun til ársloka. Með slíkri þróun hefði aðeins atvinnuleysi blasað við. Því er ég þeirrar skoðunar að bæði þessari hv. þd., á Alþ. og meðal aðila vinnumarkaðarins og launþegasamtakanna sé ríkur skilningur á því að nauðsyn var ráðstafana. Ég held því einnig fram að enginn gat búist við því að ráðstafanirnar kæmu minna við allan almenning í landinu heldur en þær ráðstafanir sem til er stofnað með þessum lögum.

Hv. 4. landsk. þm., Eggert G. Þorsteinsson, sem er að vísu genginn úr salnum nú, spurði í hverju væri mest gengið á móti launþegasamtökunum með þessari lagasetningu. Mér finnst hér skjóta nokkuð skökku við. Mér finnst það ekki vera mitt hlutverk, berandi ábyrgð á þessari lagasetningu, að tíunda það í hverju ákvæði hennar sé gengið mest á móti launþegasamtökunum. Ég hygg að það sé frekar á verksviði fulltrúa launþegasamtakanna að gera grein fyrir því. Ég býst við því samt sem áður, hreinskilningslega sagt, að launþegasamtökin í landinu og fulltrúar þeirra telji það atriði, sem hv. 4. landsk. þm. nefndi hér, að gengið væri á gerða kjarasamninga, skipta mestu máli þrátt fyrir það að þeir geri sér grein fyrir nauðsyn þess að það þurfti að gera.

Hv. 7. landsk. þm., Helgi F. Seljan, sagði að þessi löggjöf væri yfirbót fyrir áður unnin spellvirki. Ég vil þá halda því fram að þeir, sem spellvirkin unnu, hafi verið flokksmenn þessa hv. þm., vegna þess að það er ekki verið að rjúfa tengslin milli verðlags og kaupgjalds, taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi fyrst með þessum lögum. Það var gert fyrst í tíð fyrrv. ríkisstj. Spellvirkin, ef nota á orðalag hv. þm., voru unnin í stjórnartíð flokksmanna hans.

Það er ástæða til að víkja nokkrum orðum að því er hann hélt fram um hækkanir á tryggingabótum. Með þessum l. er tekjutryggingarmark elli- og örorkulífeyristrygginga, þ. e. lágmarkstekjur, sem tryggðar eru með almennum lífeyri og uppbótarlífeyri til þeirra sem engar eða mjög litlar tekjur hafa auk lífeyris, hækkað jafnt og lægstu kauptaxtar eða um 10%. Almennar bætur lífeyristrygginga eru hins vegar hækkaðar um 6% eða líkt og ætlað er að launatekjur í heild hækki vegna launajöfnunarbóta. Ég tel að hv. þm. séu ekki að gagnrýna það að lágmarkstekjutryggingin hafi verið hækkuð um 10% og bætur til þeirra, er hennar njóta, hækkuð um þá upphæð, heldur sé hann að finna að því að almennar bætur lífeyristrygginga hafi ekki verið hækkaðar um meira en 6%. Með þessum hætti eru bætur til þeirra lífeyrisþega, sem lakast eru settir, hækkaðar jafnt og laun þeirra, sem lægst laun hafa. En tekjutryggingarmörk hjóna t. d. liggja nú nærri kauptöxtum verkamanna. Almennur lífeyrir hins vegar, sem greiddur er án tillits til annarra tekna bótaþega, hækkar, eins og ég nefndi áðan, líkt og meðallaun af völdum launajöfnunarbóta. Þó er sá munur á að allir bótaþegar njóta þessarar hækkunar, en stór hluti launþega, þ. e. þeir sem hafa hærri laun en 53 500 kr. á mánuði, fær eðli málsins skv. engar jöfnunarbætur.

Ég efast um að hv. þm. telji það eðlilegt að þeir lífeyrisþegar elli- og örorkulífeyris, sem hafa t. d. ellilífeyri úr verðtryggðum lífeyrissjóðum, eins og opinberir starfsmenn hafa, eða aðrar

tekjur sem tryggja afkomu þeirra, fái jafnmikla hækkun á tryggingabótum og þeir sem hafa ekki við neitt annað að styðjast en elli- og örorkulífeyri. Í þeim tilvikum voru bætur hækkaðar um 10% eða eins og hæst gerist varðandi launþega almennt í landinu. Tilgangur þessara ráðstafana er auðvitað að nýta sem best það fjármagn, sem varið er til tryggingabóta, með hagsmuni þeirra, sem lakast eru settir, fyrst og fremst í huga. Ég vil aðeins láta það koma hér fram að hjón fá í ellilífeyri 448 740 kr. á ári eða sem svarar 37 395 kr. á mánuði. Til viðbótar, án þess að þessar bætur verði skertar, geta hjón haft í tekjur 74 340 kr. á ári, þannig að mörk elli- og örorkulífeyris, tekjutryggingaruppbótar og annarra tekna án skerðingar uppbóta eru 523 000 kr. á ári.

Hv. 1. landsk. þm. Jón Árm. Héðinsson, spurði hvort búvöruverð mundi haldast óbreytt gildistíma þessara laga. Þeirri fsp. vil ég svara þannig, að kaup bóndans í búvöruverði mun haldast óbreytt gildistíma þessara laga. Að öðru leyti fer um verðlagningu búvöru eins og lög gera ráð fyrir og hv. 6. þm. Norðurl. e. gerði grein fyrir í ræðu sinni áðan. Því eru ekki efni til þess af minni hálfu að lýsa yfir einu eða neinu umfram það sem ég þegar hef gert um þróun búvöruverðs á gildistíma laganna.

Þá spurði hv. þm. um hvort ekki væru uppi áform um endurskoðun vísitölukerfisins. Þeirri spurningu svara ég játandi, bæði með tilvísun til stefnuyfirlýsingar ríkisstj., stefnuræðu minnar og þeirra orða er ég flutti hér áðan í þessum umr. Hafnar eru viðræður við þau hagsmunasamtök, sem aðild eiga að, bæði möguleika á því að endurskoða vísitölukerfið, kaupgreiðsluvísitölukerfið, og hins vegar um það með hvaða hætti verðlagningu búvöru verði háttað. Það er nauðsynlegt að sú sjálfvirkni og hin skjóta sjálfvirkni, sem þarna er um að ræða, sé tekin úr sambandi þannig að stjórnvöld geti haft meiri og betri tök á stjórn efnahagsmála en verið hefur nú um langt skeið. Ég tel að skilningur á þessu sé til staðar hjá fulltrúum hagsmunasamtakanna þótt ég vilji að engu leyti fullyrða hvaða niðurstaða fæst af slíkri endurskoðun. Á það vil ég leggja áherslu að einmitt gildistími þessara laga er nauðsynlegur til þess að eitthvert ráðrúm skapist til þess að endurskoða það kerfi sem svo illa hefur reynst að þessu leyti efnahagsþróun okkar Íslendinga. Ég hygg að sameiginlegir hagsmunir allrar þjóðarinnar séu í veði og ekki síst hagsmunir hinna lakar settu og launþeganna í landinu að ráðrúm gefist til slíkrar endurskoðunar svo að tryggja megi kjör þeirra betur í framtíðinni heldur en reynslan hefur sýnt að hið sjálfvirka vísitölukerfi hafi gert, en það hefur reynst næsta gagnslaust í þeim efnum.

Herra forseti. Ég held ekki að það hafi verið um að ræða fleiri spurningar, sem til mín hefur verið beint. (Gripið fram í.) Verðbólgan 15%. (Gripið fram í.) Þessari fsp. hv. þm. vil ég svara á þá leið: Ef Íslendingar hafa þá biðlund sem ráð er fyrir gert með þessari lagasetningu og tilgangi þessara laga verður þannig náð, þá tel ég það ekki of mikla bjartsýni að við getum náð okkur niður á það stig að verðbólguvöxturinn í lok næsta árs verði miðað við heilt ár, ekki meiri en 15%. Ég segi þetta með þeim fyrirvara að til þess að svo megi verða er nauðsyn skilnings hjá öllum stéttum þjóðfélagsins og þjóðinni í heild að sjálfsögðu.

Herra forseti. Ég vil þá aðeins draga saman í fjórum atriðum helstu gagnrýnisatriði sem hér hafa verið fram færð.

Það er í fyrsta lagi sagt að með efnahagsráðstöfunum núverandi ríkisstj. hafi verið færðir fjármunir til atvinnuveganna og fyrirtækjanna í landinu frá launþegunum, með gengisbreytingunni sérstaklega. Í þessu sambandi vil ég aðeins taka það fram að afkoma fyrirtækjanna og atvinnuveganna var slík að það var nauðsynlegt að breyta gengisskráningunni og horfast í augu við staðreyndir. Atvinnufyrirtækin voru ekki þess megnug að greiða óbreytt kaupgjald, hvað þá heldur hærra kaupgjald, nema þau fengju fleiri krónur fyrir þann gjaldeyri sem þau fengu fyrir framleiðslu sína. Þetta viðurkenndu allir stjórnmálaflokkar sem eiga fulltrúa í þessari deild. Í stjórnarmyndunarviðræðum á s. l. sumri voru allir flokkar, sem eiga fulltrúa í þessari hv. d., búnir að fallast á að það væri nauðsynlegt að lækka gengið um a. m. k. 15%.

Í öðru lagi hefur verið að því fundið að rofin væru tengsl milli verðlags og kaupgjalds og kaupgreiðsluvísitalan tekin úr sambandi. Ég hef áður minnst á það að þetta var gert fyrst í tíð fyrrv. ríkisstj., en ítreka það einnig að í stjórnarmyndunarviðræðunum í sumar voru allir flokkar, sem fulltrúa eiga í þessari deild, búnir að viðurkenna nauðsyn þess að taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi og þar með voru allir flokkar, sem fulltrúa eiga í þessari deild, búnir að viðurkenna það neyðarúrræði að ganga að þessu leyti á kjarasamninga eða breyta þeim.

Í þriðja lagi vil ég, þar sem talað er um að launajöfnunarbæturnar séu í lægsta lagi, taka fram, að þær eru þó hærri, — og það geri ég af sérstöku tilefni frá hv. 6. landsk. þm., — að þær eru þó hærri en fulltrúar hans eigin flokks gerðu kröfu um í stjórnarmyndunarviðræðum á s. l. sumri. Ég tel að þær séu ekki of háar og vildi svo sannarlega að unnt hefði verið að ákveða þær hærri. En að yfirveguðu mati var talið að hér væri jafnvel teflt á tæpasta vað að því er snertir afkomu atvinnuveganna svo og hvað ríkissjóður gæti borið að þessu leyti.

Í fjórða lagi vil ég leggja áherslu á það að þegar rætt var um gengisbreytingu eða um að taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi eða um upphæð launajöfnunarbóta í stjórnarmyndunarviðræðunum í sumar var öllum stjórnmálaflokkunum ljóst að fyrir dyrum stóðu miklar verðhækkanir, og áætlanir þar um hafa lítið breyst við þróun mála síðan, þannig að verðhækkunarþróunin, sem fyrir höndum var þá og er orðin sumpart að veruleika nú, mátti vera öllum mönnum ljós.

Þetta vildi ég að fram kæmi svo að þessar umr. væru á örlitið raunsærri grundvelli en sumir hv. þm. stuðluðu að með orðum sínum hér áðan.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. beindi til mín nokkrum fsp. áðan og bætti því við að ég ætti gerst að vita svör við þeim.

Ég vil reyndar taka það fram að ég tel að ég eigi ekkert að vita það ger en hver annar því að þetta er ekkert annað en upplýsingar sem hvarvetna liggja frammi. Þessar upplýsingar er hægt að fá í framleiðsluráði landbúnaðarins og þær liggja þar á borðunum hverjum sem vill hirða til þjónustu og ef þeir hringja þangað og spyrja, þá fá þeir greið svör við öllum þessum spurningum. En það vill reyndar svo til, að ég get svarað sumum þessum spurningum hér án þess að hringja í framleiðsluráðið.

Það var spurt um framleiðslukostnað. Því miður get ég ekki upplýst það í einstökum atriðum vegna þess að það er ekki reiknaður út sérstaklega grunnframleiðslukostnaður við framleiðslu á smjöri og ostum. Þar er framleiðslukostnaðurinn miðaður við mjólkurlítra, og því miður hef ég það ekki hér við höndina, en þeirra upplýsinga er hægt að afla. Þá hef ég ekki hér við höndina upplýsingar sem sýna hversu mikið af nýmjólk fer í hvert kg af þessum vörum.

En það var spurt um kindakjöt. Kostnaðurinn við framleiðslu á 1. flokks kindakjöti, þ. e. a. s. kostnaðurinn til bóndans á 1. verðflokki dilkakjöts er 270.29 kr. á kg. Þetta er það verð sem bóndinn fær. Það verð, sem neytandinn greiðir fyrir þetta sama kjöt í heilum skrokkum, skipt eftir ósk kaupanda, er 238 kr. Við það bætist svo niðurgreiðsla ríkissjóðs sem er 153.20 kr. á kg. Sá mismunur, sem þarna kemur fram, — ég hef ekki reiknað þetta, — mismunurinn á 391 kr., sem mér sýnist vera óniðurgreitt verð á 1. flokks dilkakjöti nú í dag, og því verði, sem bóndinn fær fyrir 1 kg af sams konar kjöti, er sá kostnaður sem leggst á 1 kg við slátrun fjárins, frystingu kjöts, geymslu og sölu alla, bæði í heildsölu og smásölu. Þetta er dýrasta kindakjötið. — Ég veit ekki hvort menn vilja heyra alla upptalninguna, hún er nokkuð löng.

Þá getum við tekið nautakjöt. Það er einfaldast að taka þar líka dýrasta kjötið. Þó gefur það miklu skakkari mynd en það sem ég gaf áðan vegna þess að meginhluti af íslensku dilkakjöti fer í 1. verðflokk, en aftur á móti mjög lítill hluti af íslensku nautakjöti sem fer í 1. verðflokk. En verð á 1. verðflokki, sem kallaður er úrvalsflokkur af íslensku nautakjöti og gert er ráð fyrir að hver bóndi framleiði 30 kg af, skýringin á því er einfaldlega sú að það er mjög lítið framleitt af þessu kjöti, eins og ég sagði, og aðeins örfáir bændur sem framleiða það, en verð á þessu kjöti er til bóndans 273.87 kr. á kg. Þetta kjöt er alveg óniðurgreitt eins og allt nautakjöt og heildsöluverð á þessu kjöti nú er 337 kr. á kg, en í smásölu er frjáls verðlagning á þessu kjöti. Framleiðsluráð eða 6 manna n. verð*leggur ekki nautgripakjöt í smásölu og hefur* aldrei gert.

Það er kannske réttara að ég taki annað dæmi hérna, það sem kallað er 1. flokkur af alikálfakjöti. Það er miklu algengara kjöt, talsvert magn framleitt af því og það kjöt kostar í framleiðslu 221.31 kr. á kg og heildsöluverð þess í heilum og hálfum skrokkum er 272 kr. á kg.

Fyrir hvern mjólkurlítra, sem bændur framleiða, fá þeir nú 37.87 kr. Til neytenda kostar þessi mjólk komin í umbúðir í tveggja lítra fernum 56.70 kr. eða 28.35 kr. hver lítri. Til viðbótar þessu verði greiðir ríkissjóður þessa mjólk niður um 27.05 kr. lítrann. Þá sýnist mér, ef ég hef reiknað þetta rétt, að heildarverð mjólkurlítrans sé 55.40 kr. Verð það, sem bóndinn fær, er 37.87 kr. og mismunurinn er þá kostnaður við vinnslu og dreifingu mjólkurinnar.

Smjörverðið byggist á þessu grundvallarverði mjólkurinnar sem ég gat um. Ég hef ekki hér, eins og ég sagði áðan, hvað mikið þarf af mjólk til að framleiða hvert kg af smjöri eða 45% osti, og þess vegna verður ekki samanburðurinn þar eins. En smjörkg kostar nú til neytenda, 1. flokks mjólkurbússmjör kostar í smásölu 386 kr. á kg. Við það bætist niðurgreiðsla ríkissjóðs, sem er 337 kr. á kg. Samtals sýnist mér þetta vera 763 kr., heildarverð á smjöri í smásölu. Ostur 45% kostar í smásölu 395 kr. kg. Til viðbótar þessu verði eru 90 kr. niðurgreiðsla úr ríkissjóði.

Þá held ég hafi, eftir því sem ég get, svarað þessum spurningum og vona að það sé sæmilega glöggt. En ef óskað er eftir nákvæmari upplýsingum, þá er auðvelt að fá þær.

Ég vil ljúka þessum orðum með því að minnast aðeins á það að hér voru tveir hv. þm. að stimpast örlítið á um uppmælingar. Ég ætla ekki að fara að gera uppmælingartaxta hér að sérstöku umræðuefni, en ég veit ekki til þess að neinn hafi gert tilraun til þess að reikna út t. d. hversu stór liður í okkar heildarþjóðarbúskap kostnaður við húsbyggingar er. Það er ekkert undarlegt að þetta sé stór liður. Ég ætla ekki að fara að deila hér sérstaklega á uppmælingar, en ég vil benda á það að bændur vinna í uppmælingarvinnu raunverulega. En við hvað er grunntaxti þessara uppmælinga miðaður? Hann er miðaður við það að meðalafköst gefi tímavinnukaup í lægstu vinnuflokkum í þjóðfélaginu, hjá verkamönnum, sjómönnum í tímavinnu og iðnaðarmönnum í tímavinnu. Þetta er sá grundvöllur, sem bændum er ætlað að vinna eftir, og meðalkaup þeirra hefur samt aldrei, því miður, náð þessu meðaltímavinnukaupi viðmiðunarstéttanna. Væri ekki hugsanlegt að það væri ástæða til að endurskoða þann grundvöll sem uppmælingartaxtarnir byggjast á? Er það víst að hann sé eins sanngjarn og sá grundvöllur sem uppmælingartaxti bændanna er byggður á?

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Meginatriði í minni gagnrýni hafa ekki verið hrakin hér. Þau hafa miklu fremur verið staðfest, þ. e. a. s. að þrátt fyrir þessar láglaunabætur er kjaraskerðing láglaunafólksins staðreynd og þrátt fyrir hækkun á bótum almannatrygginga er um enn *meiri lífskjaraskerðingu að ræða hjá tekjutrygg*ingarþegum, sem best sæist á því ef borin væri saman kaupmáttur tekjutryggingarinnar 1. ágúst s. l. og svo aftur kaupmáttur tekjutryggingarinnar í dag. Þetta voru þau tvö meginatriði sem gagnrýni mín beindist að.

Um þau spellvirki, sem ég minntist á, veit hæstv. forsrh. auðvitað mætavel þó að hann vildi öðruvísi vera láta áðan, að það var ekki það atriði að taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi sem ég var að gagnrýna. Ég hélt þvert á

móti uppi vissri gagnrýni á það vísitölukerfi, sem við búum við, og gagnrýni sem ég held að sé fyllilega réttmæt og menn séu almennt orðnir sammála um. Þau spellvirki, sem ég átti við, voru auðvitað fyrst og fremst þær efnahagsráðstafanir sem gerðar voru í haust, þær efnahagsráðstafanir sem núv. ríkisstj. ber vitanlega ein ábyrgð á.

Hæstv. forsrh. sagði að launajöfnunarbæturnar, sem minn flokkur hefði viljað rétta láglaunafólkinu, hefðu verið enn lægri. Ég vil ekki fara út í náinn samanburð við það, sem hefur gerst í dag undir stjórn núv. hæstv. ríkisstj., og þær till. sem voru á döfinni í vinstristjórnarviðræðunum, en bendi aðeins á það að till. Alþb. í þessum viðræðum miðuðust fyrst og fremst við það að kaupmáttur launa innan við 50 þús. kr. yrði óskertur og að vitanlega yrði kaupmáttur t. d. tekjutryggingarinnar fullkomlega óskertur einnig. Það verður líka að taka það með í reikninginn að allur samanburður um einstakar tölur varðandi launajöfnunarbætur er hér óraunhæfur vegna þess að við aðrar álögur var miðað og einnig við það miðað að verðstöðvun yrði framkvæmd í reynd. Það er sagt hér að afkoma atvinnuveganna hafi verið slík að þeir hefðu ekki þolað þær miklu kauphækkanir sem annars hefðu dunið yfir ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar. Spurningin er auðvitað um það hvort jafnvel þeir lægst launuðu, hvort þeir tekjuminnstu í þjóðfélaginu ættu að greiða þar sinn hlut eða ekki. Áttu þeir að standa utan við þetta, halda sínum kaupmætti óskertum, eða áttu þeir að taka þann ríkulega þátt í því sem þeir óneitanlega gera í dag? Um það stendur vitanlega spurningin.

Svo að lokum vék hæstv. forsrh. að tekjutryggingunni og fór nokkuð nákvæmlega í þann prósentureikning sem þar hafði verið reiknað með varðandi þetta frv. Ég tek það fram að ég var nákvæmlega búinn að sjá þessa ágætu prósentu, þessi 10%. Það er ekki þessi prósenta, sem þarna skiptir máli, heldur það hvort fólkið, sem nýtur þessara kjara frá tryggingunum og hefur þessar tekjur einar, býr við óskert kjör eða ekki. Prósentur skipta þetta fólk ekki máli, heldur er það kaupmáttur tekjutryggingarinnar sem skiptir öllu máli, og það var það atriði sem ég var að gagnrýna hér áðan og spurði m. a. um það hver hefði verið kaupmáttur tekjutryggingarinnar 1. ágúst s. l. og hver kaupmáttur tekjutryggingarinnar væri í dag. Ég sagði þá og svaraði sjálfum mér að nokkru leyti að sá kaupmáttarsamanburður yrði býsna hrikalegur fyrir það fólk sem við þessar tekjur einar býr, og ég er viss um að ef það væri athugað nákvæmlega, þá kæmi jafnvel út enn verri niðurstaða en menn hafa gert sér í hugarlund.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það er ekki til þess að bera af mér sakir, heldur hitt, að ég vil leiðrétta það, sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan, að allir þingflokkar, sem hér ættu fulltrúa í deildinni, hefðu verið búnir að samþ. 15% gengislækkun og sambandsslit vísitölunnar og verðlagsins. Ég mótmæli þessu mjög harðlega af hálfu okkar Alþfl.-manna og veit ekki til þess að þetta atriði hafi nokkurn tíma komið þar til umr. (Gripið fram í.) Ekki til umr. í okkar hópi. Það eru fleiri þm. en ég sem geta vottað það. Hins vegar var okkur öllum ljóst, að fram hjá einhvers konar kjaraskerðingu ákveðinna starfshópa í landinu yrði ekki komist. En að þessir hlutir hafi verið bornir upp í þingflokki Alþfl., því mótmæli ég harðlega, og því síður að þeir hafi nokkurn tíma verið samþ. þar. — Þetta vildi ég að kæmi fram jafnframt fullyrðingum hæstv. forsrh.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Út af ummælum hv. 4. landsk. þm. um að hann hafi ekki ætlað að tala til þess að bera af sér sakir, þá vil ég minna hv. þdm. á, að það er ekki leyfilegt að tala oftar en tvisvar nema til þess að bera af sér sakir. Ég mun halda mér við þingsköp, en leitast við að skýra þau rúmt.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. segir að það hafi ekki borið á góma í þingflokki Alþfl. að nauðsyn bæri til að lækka gengið um 15% eða rjúfa tengsl verðlags og kaupgjalds, taka kaupgreiðsluvísitöluna úr sambandi, eins og sagt er, hvað þá heldur að Alþfl. hafi verið í raun búinn að samþ. þetta Ég vil nú biðja þennan hv. þm. að lesa sitt eigið málgagn og skýrslugerð um samningaviðræðurnar bæði í því málgagni sem og í málgögnum Alþb., og Framsfl. og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, en í öllum þessum málgögnum kom það fram, að um þessi efni voru allir þessir flokkar sammála. Ég get bent hv. þm. á orð í þessum blöðum, sem sanna mitt mál, og tef ekki aðra hv. þdm. frekar vegna þessa.

Varðandi ummæli hv. 7. landsk. þm. og fyrirspurnar hans um hver kaupmáttur bótaþega, sem njóta lágmarkstryggingarbóta, væru fyrir og eftir þessar ráðstafanir, þá vil ég geta um það að Þjóðhagsstofnunin hefur gert yfirlit um hvernig ætla megi að fari um kaupmátt kauptaxta verkamanna. Með því að lágmarkstekjutryggingarbætur hjóna, sem njóta eillilífeyris, eru nálægt því, sem er um verkamenn, eða þeim tekjum sem verkamannataxtar gefa hinum ýmsu í lægsta flokki, býst ég við, þá tel ég rétt að svara fyrirspurninni með því að geta um þessa áætlun Þjóðhagsstofnunar. Það er miðað við kaupmátt kauptaxta 100 árið 1973 á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar. Þá er ársmeðaltal kaupmáttar kauptaxta verkamanna 1972 99.6. Ársmeðaltalið 1973 er 100, eins og áður segir. Talið er að ef hvort tveggja er tekið með í reikninginn, 4% söluskattsaukinn frá því í mars s. l. sem og áhrif skattkerfisbreytingar beinna skatta, þá megi telja kaupmátt kauptaxta verkamanna 1. ágúst s. l. 105.6. Ef við lítum á áhrif þeirrar lagasetningar, sem við erum hér um að ræða, þá verkar hækkun kauptaxta 10%, hækkun fjölskyldubóta og fyrirheit um skattaumbætur 1½—2%, sem er að vísu vafamál hvort nýtist ellilífeyrisþega, en örorkulífeyrisþega með fjölskyldu geta nýst. Í þriðja lagi verkar lækkun niðurgreiðslna í sept. neikvætt 1.4%. Þá er grunnkaupshækkun 1. des. 1974 3%. Samtals er þetta aukning um 13.4%. Á móti kemur svo verð-

hækkun frá 1. ágúst 1974 til 1. febr. 1975 20.2%, þannig að áætlaður kaupmáttur kauptaxta verkamanna 1. febr. 1975 er 100 eða sá sami og ársmeðaltal 1973.

Það er rétt að það komi hér skýrt fram að því miður er ekki hægt að stefna hærra en svo að halda þeim kaupmætti sem var á s. l. ári. Það er því miður ekki hægt að stefna á 20—25% aukningu kaupmáttar á yfirstandandi ári þegar gert er ráð fyrir því að þjóðartekjur á mann lækki. Undir þeim kringumstæðum þegar viðskiptakjör landsmanna fara versnandi er ekki unnt að stefna á hærra mið en að vernda kaupmátt hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu. Ef við teljum að tekjuskiptingin í þjóðfélaginu sé slík að unnt sé að færa frá hinum tekjuhærri til hinna tekjulægstu umfram það, sem gert er og tilgangurinn er með þessari löggjöf, þ. e. a. s. launahækkun fá ekki aðrir en þeir sem hafa í dagvinnukaup 53 500 kr. eða lægra á mánuði, þá þurfum við áreiðanlega töluverðan tíma til að kanna möguleikana á því. Það rennir enn stoðum undir þau rök að nauðsynlegt sé að vinna sér tíma með þessum lögum og verja gildistíma þeirra til þess að koma á varanlegum umbótum í efnahagsmálum og jafnari og réttlátari tekjuskiptingu í þjóðfélaginu heldur en hömlulaus verðbólguþróun hefur leitt yfir þjóðina á undanförnum árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 4). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja öllu lengur umr. um þetta mál enda sjálfsagt mál til komið að það komist til nefndar, en ég vil þó gera örfáar athugasemdir við það sem fram kom hjá hæstv. sjútvrh. í umr. áður.

Hæstv. ráðh. taldi, eins og hann orðaði það, að sjómenn væru ekki eins ósanngjarnir að því er þetta mál varðaði og núv. stjórnarandstaða og tilgreindi þar ákveðin nöfn. Það er sem sagt orðin ósanngirni af hálfu sjómanna hjá hæstv. sjútvrh. ef þeir taka ekki þegjandi og hljóðalaust við slíkri kjaraskerðingu eins og hér er framkvæmd í reynd á kjörum sjómannastéttarinnar í landinu. Og þegar hann er að tala um, að sjómenn séu ekki eins ósanngjarnir og stjórnarandstæðingar, þá er engu líkara en hann hafi ekki fengið um það vitneskju hvaða ályktanir þing Sjómannasambandsins og ýmsir hagsmunahópar innan sjómannasamtakanna hafa samþ. og hver ummæli ýmissa forustumanna innan sjómannasamtakanna hafa verið á undanförnum vikum, frá því að þessi lög voru sett.

Þing Sjómannasambands Íslands hefur mótmælt þessum brbl. harðlega og talið þau freklega árás á kjör sjómannastéttarinnar í landinu. Eigi að síður segir hæstv. ráðh., að sjómenn séu ekki jafnósanngjarnir og núv. stjórnarandstæðingar, og þá er hann þar með að segja að það væri ósanngirni af hálfu sjómannasamtakanna ef þau mótmæltu slíkum ráðstöfunum eins og hér er verið að ræða um.

Það er ekki lengra síðan en nokkrir dagar að sambandsstjórn Alþýðusambands Vestfjarða gerði ályktun í þessu máli, þar sem þessum brbl. er harðlega mótmælt sem árás á kjör sjómannastéttarinnar. Eftir sem áður er haldið áfram bæði af hæstv. sjútvrh. svo og endurtekið að sjálfsögðu í aðalmálgagni stjórnarflokkanna, Morgunblaðinu, í morgun að hér sé ekki um að ræða breyt. á skiptakjörum sjómanna.

Þá spurði hæstv. sjútvrh.: Telja þessir þm. að útgerðin geti ein tekið á sig alla hækkunina? Það er fjarri því, að hér sé um neitt slíkt að ræða. Það hefði verið miklu nær að snúa þessari spurningu við og spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann telji að sjómenn einir geti tekið á sig þetta, en það er í reynd það sem verið er að gera með þessum brbl.

Þá spurði hæstv. sjútvrh. einnig: Af hverju afnámu þessir menn, meðan þeir voru í stjórnaraðstöðu, ekki þetta ranglæti sem hér er um að ræða? Staðreyndin er sú að það var stigið verulegt skref í þá átt að afnema það óréttlæti sem viðreisnarstjórnin kom á laggir í þessum efnum á sínum valdaferli. En það hefði sennilega þurft lengri tíma en 3 ár til þess að afnema allt það óréttlæti sem sú ríkisstj. stóð fyrir, ekki bara í garð sjómannastéttarinnar, heldur og almennt í garð launþega í landinu á þeim árum, sem hún fór með völd hér á landi.

Eg held að það fari ekkert á milli mála, hversu oft sem hæstv. sjútvrh. segir það hér á Alþ., eða málgögn hæstv. ríkisstj. halda því fram, að hér er í raun og veru um að ræða stórkostlega skerðingu á kjörum sjómannastéttarinnar í landinu, — skerðingu sem sjómannastéttin hefur ekki látið ómótmælt og mun að sjálfsögðu ekki láta líðast að svo harkalega sé troðið á rétti þessarar stéttar eins og þessi brbl. gera ráð fyrir.

Þá vék hæstv. ráðh. að því að viðskilnaður fyrrv. ríkisstj. hefði verið á þann veg í þessum efnum að sendinefnd eftir sendinefnd hefði komið í kvörtunarleiðöngrum í hans ráðuneyti vegna þess hversu slæm fjárhagsaðstaða væri hjá útgerðarfyrirtækjum almennt í landinu. Ég held að það sé ekkert nýtt að sendinefndir, ekki bara af hálfu útgerðarmanna heldur og ýmissa annarra hópa atvinnurekenda í landinu, komi á fund stjórnvalda og kvarti og kveini og telji sig hafa orðið fyrir skertum hlut í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. vék einnig að því í þessu sambandi að hann hefði nú vegna þessa slæma ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar lagt drög að því að bankarnir könnuðu fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja. Nú er það út af fyrir sig kannske ekki ástæða til þess að vera að gagnrýna. Ég vil þó vekja athygli á því að ég tel ekki nægjanlegt þegar verið er að gera ráðstafanir sem flytja hundruð millj. eða jafnvel þús. millj. frá launafólki yfir til atvinnufyrirtækja, þá tel ég ekki nóg í slíkum tilvikum að ríkisbankarnir, þ. e. a. s. þeir aðilar sem mestra hagsmuna eiga að gæta í þessum efnum, — að það sé lagt á

þeirra herðar einna að gera slíka könnun, þar eigi að koma til fulltrúar þeirra aðila sem verið er að flytja fjármagnið frá, þ. e. a. s. fulltrúar launþegahópa sem verið er að flytja fjármagnið frá yfir til atvinnufyrirtækja. Það verður því að mínu áliti að teljast nánast sýndarmennska ein þegar verið er að tala um að láta ríkisbanka fara ofan í kjölinn í sambandi við fjármál þessara fyrirtækja. Það á að gerast á miklu breiðari grundvelli. Og það verður ekki gert þannig að mark verði á takandi eða fólk fái trú á því að hér sé um réttlætismál að ræða með slíkum gífurlegum fjármagnsflutningum frá launþegum yfir til atvinnufyrirtækja, nema því aðeins að það verði gert á breiðari grundvelli og fulltrúar þeirra hópa, sem verið er að taka fjármagnið af, fái að segja sitt álit um þá stöðu sem á að fara að rannsaka í sambandi við fjárhagsstöðu fyrirtækjanna.

M. a. vegna þessa hefur komið hér fram á þingi þáltill. sem stefnir í þessa átt, að það verði í reynd gerð könnun á fjárhagsstöðu fyrirtækjanna og þá með þátttöku launþegahópanna eða þeirra aðila, sem verið er að flytja fjármagnið frá. Það er ekki verjandi að mínu áliti að ráðstafanir sem þessar séu gerðar, sem koma svo harkalega við eina ákveðna stétt, stétt sem ég tel að hafi í mörgum tilvikum átt í vök að verjast að því er varðar launakjör og aðstöðu, þá er ekki verjandi að slíkar ráðstafanir séu gerðar án þess að fyrir liggi á borðinu í reynd sú fjárhagsstaða eða þeir erfiðleikar sem þessi fyrirtæki búa við.

Það er ekkert nýtt að heyra það á Íslandi að atvinnufyrirtæki í þessari og þessari greininni standi það illa að stjórnvöld þurfi að grípa þar inn í með ráðstöfunum eins og hér er um að ræða, og vissulega hafa sennilega öll stjórnvöld gert slíkt. En það er lágmarkskrafa, að því er mér finnst, að slík könnun eigi sér stað á það breiðum grundvelli að almenningur í landinu og þá ekki síst þeir, sem þetta fé er tekið af, sannfærist um að það sé í reynd þörf eða nauðsyn á slíkum fjármagnsflutningum til atvinnufyrirtækja.

Að sjálfsögðu gerði hæstv. sjútvrh. ýmsar athugasemdir við það sem fram hefur komið hér af hálfu stjórnarandstæðinga í þessu máli. Ég ætla ekki að fara að rekja það öllu frekar, en mér fannst nokkuð athyglisvert að það var engu líkara en hæstv. sjútvrh. kæmi það mjög spánskt fyrir sjónir að fulltrúar Alþfl. skyldu vera að gagnrýna þessar ráðstafanir og mátti skilja svo að það hefðu verið þeir tímar sem sá flokkur hefði staðið að álíka ráðstöfunum. Það er að vísu rétt, það var um allt of langt árabil, sem Sjálfstfl. tókst að fá Alþfl. til að styðja slíkar aðgerðir eins og hér er um að ræða. En vonandi — vonandi segi ég — er því tímabili lokið og Alþfl. tekur upp harðari verkalýðsstefnu, enda boðað á flokksþingi hinu síðasta, að svo muni verða, og að sjálfsögðu er því fagnað.

Þá spurði hæstv. sjútvrh.: Vilja þessir menn, þ. e. a. s. stjórnarandstæðingar, halda því fram, að hér sé um blekkingar og lygi að ræða af hálfu Þjóðhagsstofnunar sem gerði úttekt á þessum málum á s. l. sumri? Ég held að engum hafi dottið í hug að hér væri um slíkt að ræða. Það kemur beinlínis fram í þeirri skýrslu, sem Þjóðhagsstofnunin gerði á úttekt, að það er um mismunandi vanda atvinnufyrirtækja í landinu að ræða. Það er ekki almennur vandi hjá þessum fyrirtækjum, hann er bundinn við ákveðnar atvinnugreinar. En ég vil a. m. k. láta það koma fram af minni hálfu að hjá þessum sérfræðingum sem og öðrum er fyllsta ástæða til þess að gera athugasemdir og jafnvel vera gagnrýninn á þær spár og þá úttekt sem þeir sérfræðingar gera hverju sinni að því er þetta varðar. Það hefur sýnt sig að það er full þörf á slíku og það á ábyggilega við í þessu tilfelli eins og fjölmörgum öðrum.

Ég skal svo ekki fjölyrða öllu frekar um þetta, en ég vil ítreka það að hversu oft sem hæstv. sjútvrh. heldur því fram hér á Alþ. að hér sé ekki um að ræða breyt. á skiptakjörum sjómanna, þá er það rangt. Hér er í reynd verið að breyta gildandi skiptakjörum gagnvart sjómannastéttinni, fjármagnsflutning, sem getur sennilega numið allt að 2000 millj., frá sjómönnum yfir til útgerðarfyrirtækja. Og hvað sem stjórnarliðið segir um þetta hér eftir sem hingað til, þá verður þessari staðreynd ekki breytt.

Umr. frestað um stund.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar, frv. (þskj. 17). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Frv. það um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg, sem hér er til umr., flyt ég ásamt 6 öðrum hv. þdm. Meginatriði frv. er það að ríkissjóður gefi á næstu árum út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 1200 millj. kr. til sölu innanlands og fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skuli renna til Vegasjóðs og þeim varið til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Öllum þm. er jafnljós nauðsyn þess, að gera enn stórátak í vegamálum. Vissulega hefur mikið áunnist t. d. síðasta áratuginn, en engu að síður blasa verkefnin hvarvetna við.

Það var vel ráðið þegar ákveðið var að efna til útboðs happdrættisskuldabréfa til að fullgera veginn yfir Skeiðarársand að frumkvæði Jónasar Péturssonar, páv. hv. þm. Þegar því verki er lokið er eðlilegt að annað stórverkefni taki við. Þótt þöfin sé víða mikil verður naumast um það deilt að vegurinn milli Akureyrar og Reykjavíkur sé sú lífæð, sem varðar beint hagsmuni langflestra landsmanna. Í héruðunum, sem þessi vegur liggur um, búa nú 35 þús. manns eða 40% landsmanna utan Reykjavíkur og Reykjaness, en vegurinn tengir hins vegar saman meira en ⅔ hluta landsmanna allra beint.

Till. um happdrættislán vegna Norðurvegar hefur hvarvetna hlotið góðar undirtektir og efast ég ekki um að þm. allra stjórnmálaflokka hafi mikinn áhuga á þessu verkefni þótt að ráði hafi orðið að einungis þm. stjórnarflokkanna flyttu þetta frv. sem flutt er í samráði við bæði hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. Þetta stórátak mundi verða eitt þeirra verkefna sem núv. ríkisstj. legði megináherslu á, enda þarf auðvitað

að koma til marghátttuð fyrirgreiðsla ríkisvaldsins, og m. a. er ráð fyrir því gert í grg. að samhliða útboðinu innanlands verði leitað eftir lánsfé erlendis. En æskilegt væri að ljúka þessum framkvæmdum á 3—4 árum og hefjast handa strax á næsta ári. Enda þótt gert sé ráð fyrir því að áfram verði fjárframlög til þessa vegar á vegáætlun og samgönguáætlun Norðurlands er hér gert ráð fyrir verulegri fjárútvegun til vegamála almennt sem auðvitað flýtir fyrir því að unnt verði að ljúka fyrr en ella öðrum vegum og verja til þeirra meira fé. Þessi ráðstöfun ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra þeirra sem kapp vilja leggja á auknar framkvæmdir í vegamálum.

Raddir hafa um það heyrst, að varhugavert geti verið að afla mikils fjár til opinberra framkvæmda með skuldabréfaútgáfu. Ég er þeirrar skoðunar, að ríkið eigi á hverjum tíma að taka nokkurn hluta framkvæmdafjár síns að láni hjá borgurunum fremur en að heimta fé allt með sköttum og svipta borgarana eignarráðum yfir því. Sannfærður er ég einnig um það að mikill fjöldi landsmanna vill láta fé af hendi rakna til þessa stórverkefnis, því að allir finna fyrir því hversu slæmir ýmsir vegir eru, ekki síst á langleiðum, og satt best að segja er mikill hluti Norðurvegar, eins og t. d. um Norðurárdal, svo til allur ónýtur.

Á Vegamálaskrifstofunni er nú unnið að kostnaðaráætlun um Norðurveg og ættu frumáætlanir að liggja fyrir fljótlega þannig að sú n., sem frv. fær til athugunar, geti betur áttað sig á kostnaðarliðum. Vegurinn er nálægt 450 km á lengd, en um 100 km hafa þegar verið byggðir upp. Kostnaður við uppbyggingu slíks vegar er 3—10 millj. kr. á hvern km og ef reiknað væri með meðalkostnaði 5 millj. á km væri hér um að ræða 1750 millj. sem þyrfti til uppbyggingar vegarins alls, en síðan kæmi slitlagið og talið er að það kosti, miðað við núv. verðlag, 6—7 millj. á km eða að heildarkostnaður við slitlag væri um 3 milljarða, en auk þess koma svo nokkrir dýrir smákaflar og brýr þannig að heildarverkefni þetta er sjálfsagt einhvers staðar á bilinu 5—7 milljarðar. Þegar eru allstórir kaflar, sem búið er að byggja upp og strax mætti leggja á bundið slitlag, t. d. út frá Akureyri, beggja vegna Blönduóss, í Hvalfirði, undir Hafnarfjalli og víðar.

Flm. hafa haft hliðsjón af því að ríkisstj. stefnir að því að reyna að draga úr of mikilli spennu á vinnumarkaði sem fyrst og fremst er þó hér suð-vestanlands. Þó að hér sé um stórframkvæmd að ræða útheimtir hún ekki ýkjamikið vinnuafl því að fyrst og fremst eru notaðar stórvirkar vélar og t. d. þyrfti ekki nema um það bil 20 manna vinnuflokk til að hefja verulegar framkvæmdir við lagningu olíumalar.

Efamál er hvort nokkur ein framkvæmd hefði meiri þýðingu fyrir heilbrigða byggðaþróun en einmitt fullnaðargerð þessa mikilvæga vegar sem öllum landshlutum kemur að drjúgum notum. Ég leyfi mér þess vegna að treysta því að mál þetta njóti almenns stuðnings hv. þm. og legg til að það verði að lokinni þessari umr. sent hv. fjh.- og viðskn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. 1. flm. þessa frv. óskaði eftir því að fá fylgi sem flestra við málið og er það eðlilegt. Ég tek ekki til máls til að lýsa andstöðu minni við þetta mál, þvert á móti. Auðvitað vil ég styðja vegagerð á leiðinni til Akureyrar eins og annars staðar. En mér finnst ástæða til þess að vekja athygli á því að í sambandi við þetta mál ber á nokkrum misskilningi. Í grg. fyrir frv. er sagt: „Framkvæmdum á Skeiðarársandi er nú lokið og er þá eðlilegt að við taki nýtt stórátak í vegagerð og rétt að nota m. a. þá fjáröflunarleið sem felst í útgáfu happdrættisskuldabréfa.“ Þegar talað er um að hringveginum sunnan jökla sé lokið, er allt of mikið sagt. Hringvegurinn var opnaður á s. l. sumri við hátíðlega athöfn og miklum áfanga var náð þegar Skeiðará var brúuð og önnur vatnsföll sem hafa hindrað leiðina milli Suður- og Austurlands. En þessari vegagerð er ekki lokið. Það vita þeir sem þekkja veginn. Suðurlandsvegur er á köflum mjög veikbyggður, en við opnun hringvegarins tvöfaldaðist umferðin og aldrei hefur Holtavegur og Rangárvallavegur í Rangárvallasýslu verið eins slæmir og á s. l. sumri og á þessu hausti vegna aukinnar umferðar þungra bíla sem koma frá Hornafirði og frá Austfjörðum. Austfirðingar hafa minnst á veika kafla, t. d. á Lónsheiði, Breiðamerkursandi, og skaftfellingar þekkja Mýrdalssand. Þessa kafla alla þarf að gera sterkari áður en talað er um að þessum vegi sé lokið.

Ég sé ástæðu til að minnast á þetta þegar hér er flutt frv. um heimild til að selja happdrættisskuldabréf að upphæð 1 200 millj. kr. Þessi hugmynd er ágæt og ég tel rétt að styðja þá hugmynd að afla fjár á þennan hátt sem hefur gefist vel í sambandi við brúargerð á Skeiðará o. fl. vatnsföll. En við verðum að horfa meira en til einnar áttar. Það er eðlilegt að þm. norðlendinga og Vesturlands minni á Vesturlandsveg og veginn til Akureyrar. Þegar flutt er frv. eins og þetta um fjáröflun til þessa vegar verður að minna á það sem ógert er á öðrum stöðum sem eru jafnvel fjölfarnari. Það var gert myndarlegt átak í sambandi við Austurveginn, þegar hann var rykbundinn frá Reykjavík austur að Selfossi. Í vegáætlun 1972—76 var gert ráð fyrir að vegarkaflinn frá Selfossi að Skeiðavegamótum yrði fullgerður á árinu 1974. Þessari framkvæmd hefur seinkað vegna fjárvöntunar hjá Vegasjóði. Verður þessum kafla því ekki lokið fyrr en haustið 1975. Holtavegurinn og það sem eftir er af veginum í Flóanum verða þess vegna á næsta ári kannske svipaðir yfirferðar og var á s. l. sumri og munu margir kvíða því, sömuleiðis Rangárvallavegur.

Við höfum talað um hringveg um landið og við skulum halda áfram að gera það. Þá er ekki nóg að tala um veginn sunnan jökla eða Vesturlands- og Norðurveginn til Akureyrar. Við skulum halda áfram að tala um hringveg um landið og gera heildaráætlun um kostnað við að gera góðan hringveg þannig að þegar farið er vestur um til Akureyrar megi halda áfram austur og svo frá Austurlandi hingað vestur. Þá er kominn hringvegur. Þetta tekur nokkuð langan tíma, þetta er dýrt fyrirtæki og þess vegna er eðlilegt að unnið sé á tveimur vígstöðvum að þessari

framkvæmd, að það verði haldið áfram að vinna að hringveginum sunnan jökla og það verði haldið áfram að vinna að Vesturlandsveginum og Norðurveginum þaðan. Þetta þarf allt að gerast samhliða.

Það er um tvennt að ræða ef við ætlum að vera sanngjarnir og horfa til beggja átta, að hringvegurinn sunnan jökla fái hluta af þeim 1 200 millj., sem nefndar eru í þessu frv., eða þá að við endurskoðun vegáætlunar, sem óhjákvæmilega verður að fara fram á þessu þingi, verði tekið tillit til þess að Vesturlandsvegurinn fær 1 200 millj. samkv. þessu frv. og þess vegna verði beint framlag frá Vegasjóði meira til Austurvegar en annars hefði orðið.

Ég skal ekkert segja um það hvort þetta er hæfileg upphæð, 1 200 millj., til útboðs í skuldabréfasölu á þessum tiltekna tíma. Það má vel vera að það sé hægt að hafa þessa upphæð eitthvað hærri.

Ég er sömu skoðunar og hv. 1. flm. þessa frv. að það sé eðlilegt að taka innlend lán hjá borgurunum til nauðsynlegra framkvæmda og minna þá af erlendum lánum. Við höfum heyrt það að með því að setja háar upphæðir á markaðinn af skuldabréfum tæmist bankarnir. Ég held að það sé misskilningur að mestu leyti. Ég held að skuldabréfasala í þessu formi geti örvað sparnað og geti komið í veg fyrir það að stórar fjárhæðir fari í eyðslu og óþarfavarning. Er þetta ekki leiðin til þess að örva sparnað, að unglingar og aðrir, sem vilja spara fé, geti tryggt það? Ég held að skuldabréfasala í þessu formi geti gert þetta tvennt: að örva sparnað og koma í veg fyrir óþarfa gjaldeyriseyðslu fyrir varning og aðra eyðslu sem best væri að venja fólk af. Þess vegna er ég ekkert viss um að þessar 1 200 millj. séu rétta upphæðin. Það getur vel verið að það mætti hækka þessa upphæð með það fyrir augum að auka hér vegaframkvæmdir því að kröfurnar um bætta vegi eru alltaf að aukast af eðlilegum ástæðum. Bílafjöldinn er alltaf að aukast. Það er ekki ýkjalangt síðan bifreiðaeignin var aðeins 35 þús. Nú er bifreiðaeignin komin upp í 70 þús. Það er ekki ýkjalangt síðan stærstu vörubifreiðar voru aðeins 5—6 tonna, en nú er algengt að 10—12 tonna bifreiðar séu á vegunum. Þetta eykur slitið á vegunum og þetta krefst allt saman betri vega.

Vegasjóður er illa staddur fjárhagslega. Síðan 1972, að síðasta áætlun var gerð, hefur vegagerðarkostnaður aukist um meira en 100%. Í vandræðunum vegna fjárvöntunar í Vegasjóð varð að fresta vegaframkvæmdum á þessu ári sem nemur meira en einum milljarði kr. Þrátt fyrir þá hækkun, sem hefur verið gerð á bensíni og þungaskatti til fjáröflunar fyrir Vegasjóð, er ekki annað að sjá en það verði að fresta framkvæmdum á næsta ári um hærri upphæð en gert var á þessu ári, nema þá sérstök ný fjáröflun komi til sem ekki hefur enn verið kynnt alþm.

Ég geri ráð fyrir því að við þm. sunnlendinga og þm. austfirðinga gerum tilraun til að fá auknar fjárveitingar í einu eða öðru formi til hringvegarins sunnan jökla, til að halda honum færum og til að sýna að mönnum sé alvara að gera hringveg. Ég segi þetta ekki til þess að spilla fyrir þessu frv. sem hér er um að ræða. Ég segi þetta vegna þeirrar nauðsynjar að þörfin að viðhalda vegi hér sunnanlands og halda áfram með vegagerð þar er engu minni en þegar horft er vestur á bóginn.

Það er kannske ekki síður ástæða fyrir okkur þm. sunnlendinga og þm. austfirðinga að vekja athygli á þessu nú strax við 1. umr. þessa máls vegna þess að hæstv. samgrh. sagði í útvarpsumr. fyrir stuttu að það væri Vesturlandsvegurinn sem bæri sérstaklega að leggja áherslu á. Hæstv. samgrh. er í eðli sínu það sanngjarn maður að þegar hann fer að hugsa þetta mál, þá kemst hann að raun um það að það er alls ekki nóg að leggja Vesturlandsveg.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta meira að sinni. Ég vildi aðeins vekja athygli á nauðsyn þess að leggja vegi sunnnalands eins og annars staðar á landinu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 17, sem hér er nú til 1. umr., er um að heimila ríkissjóði lántöku fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg. Það er ánægjulegt og reyndar vitað að þm. hafa almennt áhuga á vegagerð, enda er hún eitt af mestu nauðsynjamálum okkar því að hún er undirstaða undir það að við getum haldið uppi byggð um landið allt og komið raunverulegri byggðastefnu í framkvæmd. Það þarf ekki orðum að því að eyða að það eru viðskiptin sem gera það að verkum að fólk flýr af þessum og hinum stað, það er flutningur á framleiðsluvörum bænda og annarra, er búa úti á landsbyggðinni, til neytendanna og það er líka flutningur á vörum sem hér hefur verið skipað upp og héðan fara til þeirra aftur. Það þarf ekki orðum að því að eyða, að það þarf að vinna að gerð vega um allt land því að þótt mikið hafi verið gert er mikið ógert.

Í sambandi við þetta frv. vil ég upplýsa það að ég hef lagt fyrir Vegagerðina að láta gera athugun á því hvar væru til nú vegaspottar, sem væri hægt að leggja á varanlegt slitlag, og hvað það mundi kosta að leggja á þá oliuföl, á þann undirbúning sem þegar er orðinn. Ég var að vona að ég yrði búinn að fá yfirlit yfir þetta áður en þetta frv. kæmi til 1. umr., en það varð ekki því miður, en ég mun upplýsa það síðar þegar það mál liggur fyrir. Ég býst við að það sé meira mál heldur en við leysum á einu ári eða svo, enda var það ekki hugsunin heldur að reyna að gera sér grein fyrir því hvar þessir vegaspottar eru og hvernig væri hægt að snúast við að koma á þá varanlegu slitlagi og draga þannig úr viðhaldi á þeim meðan á uppbyggingu annarra stendur,

Ég get tekið undir það að þörfin fyrir vegagerð og endurbætur á vegum á Vesturlandi til Norðurlands er geysilega mikil. Í þessum landshlutum hygg ég að séu einir elstu vegakaflar landsins sem ekki hafa verið endurbyggðir. En það segir ekki það að ekki séu víðar til vegir, sem þarf að endurbæta, og þess vegna hefur ákvörðun mín um að láta kanna vegakerfið ekki verið bundið við þessa leið eina. Ég tel, eins og fram hefur komið hér í umr. og oft áður, að hringvegur um landið sé höfuðmarkmið þótt fleira komi þar til. Út af leiðinni vestur og norð-

ur vil ég segja það að þar eru víða mjög slæmir kaflar sem þola ekki þá umferð, sem er orðin um þá nú. Þessir vegir eru þannig margir að þeir fara strax undir vatn ef einhver flóð verða, eins og t. d. í Borgarfirði, og brýr eru margar á þessari leið, sem ekki þola þá umferð, bæði að mergð og þunga bifreiða, sem um þessa vegi er. Þess vegna þarf að leggja á það brýna áherslu að reyna að endurbyggja þetta vegakerfi, og ég fagna þeim áhuga sem hér liggur fyrir um happdrættislán til þessara framkvæmda.

Ég vil segja það út af þeirri reynslu, sem fengist hefur af sölu happdrættislána, að hún hefur verið góð. Það var talið að ekki mundi þýða seinni hluta s. l. sumars að fara að gefa út happdrættislán, eins og óskað var eftir, því að þau mundu ekki seljast. Hins vegar sýndi það sig, þegar Vestfjarðabréfin voru gefin út, að þau seldust upp á nokkrum dögum svo að færri fengu en vildu. Nú er verið að selja ný bréf til þess að fjármagna eftirstöðvar á Skeiðarársandi sem eru nokkrar. Þar á eftir að fjármagna sennilega um 250 millj. kr., svo að þótt þetta seljist allt, þá nægir það ekki til þess. Ég er á þeirri skoðun um þessa leið til fjáröflunar að það sé ekki rétt að það sé eingöngu tekið fé út úr bönkum og sparisjóðum til kaupanna, heldur eigi það ekki síður sér stað að þetta stuðli að sparsemi. Þó nokkuð hefur verið keypt af svona bréfum vegna barna og unglinga og mikið af því fé mundi ekki verða lagt inn í banka eða sparisjóði ef þessi leið væri ekki fyrir hendi. Þess vegna held ég það, að þetta sé rétt leið, ekki aðeins til að afla fjár til vegagerðar, heldur einnig til að auka sparsemi í landinu. Hún tryggir líka verðmæti þessa fjár á hóflegan hátt og það tel ég vera einnig hina mestu nauðsyn.

Ég vil segja það að þótt þetta frv. leggi höfuðáhersluna á Vesturlandsveginn norður, sem er eins og ég áður sagði hið mesta þarfamál, þá segir það ekki að fleiri verkefni séu ekki í vegagerð bæði á Suðurlandi og einnig hér á milli hinna þéttbýlu staða, eins og Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, en það eru miklir umferðaerfiðleikar á þeirri leið á degi hverjum svo sem kunnugt er. Í sumar hefur verið unnið að vegagerðinni í Kópavogi og henni hefur miðað það að gera má ráð fyrir að komist verði að brúnni fyrir áramótin. En þá er bæði eftir að byggja brú á Kópavogslækinn og einnig að gera veginn þar fyrir sunnan sem er mjög erfiður umferðar. Það er ákveðið að gera bráðabirgðaúrbætur á þeim vegi til þess að draga úr mestu slysahættunni á gatnamótum við þennan aðalveg, og víðar, sem eru mjög hættuleg, en það er auðvitað ekki nema bráðabirgðalausn á þessum vanda.

Ég held því að það verði ljóst að það fjármagn, sem við höfum til vegagerðar, mun ekki nægja okkur til þeirra stóru verka sem við þurfum að vinna í vegagerð og það með meiri hraða en við raunverulega gerum okkur grein fyrir því að það hefur gerst að inn í landið eru komnir það stórir flutningabílar, bæði til fólksflutninga og vöruflutninga, að þeir eru ekki í samræmi við okkar vegakerfi. Þess vegna þarf að endurbæta það og það með miklum hraða.

Ég vil líka segja það að vegagerð hefur þá sérstöðu fram yfir margar framkvæmdir að það þarf minni mannafla til vegagerðar heldur en yfirleitt í stórar framkvæmdir vegna þess að vélarnar eru farnar að annast þar meiri hluta verksins og gera það að verkum að minni mannafla þarf til að leysa þessi verkefni en ýmis önnur hliðstæð verkefni.

Mér er ljóst að til þess að fjármagna að fullu vegáætlun þá, sem gerð var síðast, og verður hér til endurskoðunar og unnið er að núna, skortir verulegt fé því að kostnaður við þessar framkvæmdir hefur vaxið geysilega mikið. Auk þess er það svo að við þurfum að taka inn ný verkefni, eins og þetta sem hér er til umræðu og önnur fleiri sem ekki voru nema að litlu leyti á þessari áætlun, þótt að nokkru leyti væri. Það gerir þetta verk enn fjárfrekara en við getum leyst úr, að ég hygg, en þurfum samt að einbeita okkur að.

Ég skal ekki fara að þreyta hér með langri ræðu í sambandi við þetta frv. Ég fagna áhuga hv. þm. á fjáröflun til vegagerðar í landinu og ég geri mér grein fyrir því að þótt verkefnin á Vestur- og Norðurlandi séu mikil og stór, þá er það víða á landinu sem svo er. Það verður að vera okkur kappsmál að reyna að ljúka þessum verkefnum á sem skemmstum tíma því að nútíminn krefst þess að vegir séu sæmilegir og eins og bílaeign landsmanna er orðin mikil núna, þá er það verulegt fjármagn sem fer í slit á bílum vegna þess hvað vegirnir eru vondir. Þess vegna er ég sannfærður um það að fjárfesting slík sem þessi mun borga sig, því að það er æðimikill munur að keyra á vegum, sem hefur verið sett á varanlegt slitlag, bæði um eyðslu á bensíni og eyðslu á bílnum, fyrir utan hvaða munur er að fara um þessa vegi. Það sem hefur verið gert að þessu, eins og vegurinn austur á Selfoss og vegurinn upp á Kjalarnes, það sannar okkur þetta betur en nokkuð annað þegar við förum að reyna þetta, og svo Keflavíkurvegurinn og vegirnir á Reykjanesi sem hafa verið gerðir nú á síðustu árum. Allt er þetta spor í rétta átt. En áfram verður að halda og ég er sannfærður um að engum dettur í hug að vegurinn vestur og norður bíði þar til öðru er lokið, heldur verður hann að koma nú í fremstu röð þó að áfram verði haldið í þær áttir sem unnið hefur verið að til þessa.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég er samþykkur því sem fram kemur í þessu frv., að rétt sé að gera ráð fyrir því að halda áfram fjáröflun til vegaframkvæmda í landinu á þann hátt sem gert hefur verið nú um skeið með útgáfu happdrættisskuldabréfa. Ég er hins vegar ekki samþykkur því að það eigi að slá því föstu að allt það fé, sem fæst með þessum hætti, eigi að ganga sérstaklega nú til vegagerðarinnar á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ég vil að vísu taka það fram að ég tel að sú vegagerð hljóti að vera í fremstu röð í sambandi við þær framkvæmdir sem nú standa fyrir dyrum eða þarf að vinna að. Það er enginn vafi á því að það þarf að gera miklar umbætur á þeim vegi, bæði að umbyggja veginn á stórum svæðum og einnig að vinna að því að leggja hann með bundnu slitlagi.

Ég tel, eins og hefur komið fram í þessum

umr., að það sé í rauninni alveg fráleitt að hugsa sér að horfið verði frá hinum svonefnda hringvegi sem svo hefur verið kallaður, rétt eins og það væri allur hringurinn, þessi vegagerð yfir Skeiðarársand, að horfið verði frá þeirri framkvæmd. Það verk, sem þar hefur verið unnið að, er ekki nema hálf unnið. Það er að vísu búið að byggja brýrnar á Skeiðarársandi og rétt ná saman endum, en á þessum vegi eru stórir vegarkaflar sem ekki er hægt að segja það sama um og hæstv. samgrh. sagði um vegina hér á Vesturlandi, að þeir væru með elstu vegum landsins. Þessir vegarkaflar, sem við tölum um þarna fyrir austan, hafa aldrei verið lagðir. Þar er sem sagt um stóra vegarkafla að ræða þar sem enn er ekið aðeins eftir söndum eða því landslagi, sem þarna hefur verið lengst af fyrir hendi, með litlum breytingum á, en formleg vegagerð hefur þarna ekki átt sér stað. Auðvitað er það svo að það er óhjákvæmilegt ef þessar miklu framkvæmdir eiga að koma að tilætluðu gagni, sem unnið hefur verið að á undanförnum árum á Skeiðarársandi, að halda þessu verki áfram og leggja veg yfir sandana, þar sem vegur hefur ekki verið lagður og umferð öll er í mestu erfiðleikum. Einnig teljum við að það sé alveg óhjákvæmilegt að koma þessum vegi á raunhæfan hátt alla leið til Austurlandsins, en það þýðir að það verður að sigrast á þeim vanda, sem vegurinn yfir Lónsheiði er, á milli Skaftafellssýslu og Suður-Múlasýslu, og verður að leggja þann veg, eins og áætlanir eru uppi um, út yfir Hvalnesskriðu, til þess að hér geti verið um teljandi vegasamband að ræða og hér sé í rauninni hægt með skaplegum hætti að tala um hringveg.

Ég held að það hljóti að vera almenn samstaða meðal þm. um að halda áfram þessari fjáröflunarleið til vegaframkvæmda. Spurningin er hins vegar hvort á að fara þá leið, sem mér heyrðist einna helst á hæstv. samgrh. að hann aðhylltist, en það væri að taka þá fjármuni, sem fengjust eftir þessari leið, almennt í Vegasjóð, til vegagerðarmála almennt, því að víða kallaði þar á, sbr. allan þann vanda sem er í nánasta umhverfi Reykjavíkurborgar og allir hv. þm. þekkja vel, vissulega er þar um mikinn vanda að ræða. Það er auðvitað ein leiðin að nota þessa fjáröflun fyrir Vegasjóð almennt og síðan verði fjármunum hans deilt út á svipaðan hátt og verið hefur, þessari happdrættisskuldabréfasölu verði ekki ráðstafað í neina sérstaka framkvæmd. Hin leiðin er aftur að fara svipað að og gert hefur verið að undanförnu, þ. e. að ráðstafa þessum fjármunum til einhverrar sérstakrar stórframkvæmdar í vegagerðarmálum. Þá kemur vissulega upp hugmynd um það að verja öllum fjármununum til Norðurvegar af því að á því er mikil þörf. En það kemur líka til mála að skipta þessum fjármunum, ákveða t. d. að þessir fjármunir fari á einhverju tímabili í hringveginn allan til þess að gera hann raunverulega fullfæran. Ég tel fyrir mitt leyti að vissulega kæmi þá til greina að stærsti hlutinn yrði látinn renna til þessa verkefnis hér frá Reykjavík til Akureyrar, í Norðurveginn. En það er enginn vafi á því að það er réttlætismál að verulegur hluti, nú fyrst um sinn, af þessu fjármagni renni áfram til þess verkefnis sem það var hugsað til, þ. e. til þess að koma sambandinu á á raunhæfan hátt austur á bóginn.

Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að það er engin vafi á því að eftir að endar náðust saman á Skeiðarársandi, þá kom fljótt í ljós að ýmsir vegarkaflar á veginum austur, eins og um Rangárvallasýsluna og eins og á Mýrdalssandi, þoldu ekki með nokkrum hætti þessa umferð og þeir eru þannig að það verður að lagfæra þá. Sömuleiðis verður vitanlega að leggja veg í fyrsta skipti um Breiðamerkursand. Hann var langtímum saman í sumar alveg ófær og er það ef nokkuð bregður út af, vegna þess að þarna hefur ekki farið fram formleg vegagerð. Það verður að breyta veginum yfir Lónsheiði og koma honum út fyrir Hvalnes til þess að þessi vegagerð um suðursvæðið nái þó til Austurlandsins, þótt ekki sé talað um meira, þegar komið er að þeirri veiku vegagerð sem fyrirfinnst nú á Austurlandi.

Ég held því að þetta mál sé þannig, að það væri rétt að það yrði reynt að koma á viðtæku samstarfi meðal þm. um það hvernig þessum fjármunum verði ráðstafað, ef menn eru á einu máli um að halda áfram þessari fjáröflun. Ég hallast helst að því að verja þessu fé áfram til hringvegarins, en ekki í aðra vegagerð, og þá verði fyrst um sinn teknir þeir kaflar á hringveginum sem margt mælir með að gangi fyrir öðrum köflum, þ. e. a. s. Norðurvegur og áframhald af veginum austur. Þetta held ég sé bæði sanngirnismál og þetta væri eðlilegast. Hitt er, eins og hér hefur verið sagt, byggt á misskilningi að nú sé vegagerðarframkvæmdunum í sambandi við hringveginn austur á bóginn lokið, því að þótt brúargerðunum sé lokið á Skeiðarársandi, er eftir þarna mjög mikið af þeirri eiginlegu vegagerð.

Ég veit að það er alveg ástæðulaust fyrir okkur hér við þessa umr. að fara að telja upp alla þá mörgu vegi í landinu þar sem þörf er á miklum umbótum. Þá er að finna svo að segja um allt landið, og auðvitað höfum við allir áhuga á því að hægt verði að sinna þeim vegum. Auðvitað er áhuginn eitthvað dálítið misjafn hjá okkur eftir því hvaðan við komum. En ég vil nú skjóta því sérstaklega til þeirrar n., sem fær þetta mál til athugunar, hvort ekki væri réttast að ganga út frá því að breyta þessu frv. á þann veg að þessari fjáröflun verði varið til hringvegarins og síðan verði gengið út frá því að vinnuáætlun verði með þeim hætti, a. m. k. nokkur fyrstu árin, að þá fari aðalfjármagnið í einhverjum ákveðnum hlutföllum t. d. í veginn vestur um og norður, jafnhliða því sem ákveðinn hluti af fjármagninu færi í veginn suður um og austur, en það teldi ég á margan hátt eðlilegast.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta mál var dálítið rætt á síðasta þingi. Ég tók þá þátt í umr. um þær hugmyndir sem felast í þessu frv. og vil láta koma fram hér við 1. umr. þessa máls að ég hef alveg óbreytta skoðun í þessu efni. Ég tel rétt að beita áfram þeirri aðferð við öflun lánsfjár til vegagerðar, sem frv. fjallar um. Mér finnst stundum gæta svolítils misskilnings þegar talað er fyrir þessari fjáröflunaraðferð. Menn hljóta auðvitað að

gera sér grein fyrir því að hér er aðeins um lánsfé að ræða og raunveruleg fjáröflun til þess að standa endanlega undir kostnaðinum verður því miður að koma annars staðar.

Nú hefur sú breyting á orðið frá því í fyrra að samþ. hafa verið sérstök lög um fjáröflun Vegasjóðs og í þeim l. er að finna heimildarákvæði um fjáröflun til Vegasjóðs með happdrættisaðferðinni. Ég var meðmæltur þessu ákvæði í frv. því sem lagt var fyrir síðasta reglulegt Alþ. Lögin voru aftur afgreidd á sumarþinginu. Ég flutti þá brtt. um að taka inn í frv. ákvæðin fyrirmæli um það að ákvarða skyldi í vegáætlun hverju sinni til hvers lánsfénu yrði varið í næsta áfanga. Þetta var ekki sett inn í l. eins og þau voru afgr. á sumarþinginu. Í sjálfu sér skiptir það ekki neinu meginmáli, því að það geta menn eftir sem áður, skilst mér, sett inn í vegáætlun þegar hún er afgr. hverju sinni.

Meginhugsun mín í þessu sambandi er í fyrsta lagi að það verði ekki sett lög um sérstakar fjáraflanir til einstakra vegaparta, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv., heldur verði notuð þau heildarákvæði sem nú eru í vegalögum en á hinu leitinu verði ákveðið markað í vegáætlun á tveggja ára fresti, til hvaða framkvæmda happdrættisfénu skuli varið. Ég álít það hafi töluvert áróðursgildi og sé líka til þess að örva sölu happdrættisbréfanna að væntanlegir kaupendur viti alveg ákveðið til hvers fénu er ætlað að ganga.

Ég get tekið undir það, sem hér hefur verið sagt, að mér finnst eðlilegt að þessu fé, sem kynni að vera aflað í framhaldi af happdrætti Skeiðarársandsvega og happdrættinu vegna Vestfjarðavegarins, verði varið til hringvegarins svokallaða. Ég er því alveg sammála og ég tel eðlilegt að menn hugi nú jöfnum höndum að því að ljúka þeim köflum, sem algerlega eru óuppbyggðir á suðaustursvæðinu, og að samhliða verði hafist handa með myndarskap við að byggja upp leiðina Reykjavík-Akureyri.

Mér fannst rétt vegna þess, sem ég áður hef sagt í sambandi við þessi mál, að láta þessa afstöðu koma fram við 1. umr. málsins.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er eðlilegt þegar vegamál ber á góma að marga þingmenn langi til að leggja orð í belg því að ég hygg að flestir komi hingað úr héruðum sínum með sterkar óskir um að geta gert eitthvað fyrir óleyst vegaverkefni sem eru mýmörg um allt land. En sú breyting hefur orðið á þessum málum í afgreiðslu hér á Alþ. á síðustu árum að nú er ríkjandi vaxandi skilningur á því að það sé óhjákvæmilegt að gera stórátök fyrir slagæðar vegakerfisins vegna þess hve umferðin er orðin gífurlega mikil og gífurlega þung. Þetta hefur komið fram í sérstökum átökum, sem ég hygg að þjóðin öll hafi glaðst yfir, ekki síst því átaki, sem mest hefur verið kennt við árið í ár, hringveginum eða þeim hluta hans sem unnið hefur verið að á sunnan- og suðaustanverðu landinu.

Ég tel mjög eðlilegt að haldið verði áfram við slík stórátök þó að rétt sé að menn geri sér grein fyrir að útvegun á fé með þessum hætti er aðeins útvegun á lánsfé og það dýru lánsfé. Mjög lítið af því, sem tekið hefur verið hingað til, mun þegar vera komið til greiðslu svo að við erum ekki farin að öðlast mikið af þeirri hlið reynslunnar.

Ég vil einnig lýsa því sjónarmiði að ég tel æskilegt að slíkar lántökur séu tengdar við einstök verkefni og tel að muni verða miklu auðveldara og þægilegar að auglýsa sölu bréfanna og ná þar árangri ef svo er. Á hinn bóginn er ekkert vit í öðru en að fé, sem aflað er á þennan hátt til einstakra vegaframkvæmda, gangi á vissan hátt inn í vegáætlun, þannig að þegar vegáætlun er gerð sé tekið tillit til sérstakra verkefna, sem eru í gangi, og það verði þar samræmi á milli, en slík stórátök verði ekki til þess að raska heildarmyndinni um of.

Ég gat þess að nú á dögum er tekið meira tillit en fyrr til hinnar miklu umferðar þegar valin eru verkefni og þeim raðað á svið vegagerðar. Með tilliti til þess hlýtur vegurinn héðan til Akureyrar að vera kominn mjög hátt, ef ekki hæst á lista. Umferðin er þar mjög mikil, enda þjónar þessi vegur svo að segja öllum landshlutum. Ég er alveg sammála hv. samgrh. að á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar eru margir vegarkaflar sem eru ákaflega slæmir og ófullkomnir og algerlega ónógir fyrir þá umferð sem um þá er. Hann nefndi vegi í Norðurárdal í Borgarfirði og ég get bætt við vegarköflum í Hvalfirði. Í sambandi við þessa vegi og sérstaklega þá sem eru nær Reykjavík, í Hvalfirði og fyrirhugaður vegur og brú yfir Hvítárósa hjá Borgarnesi, vil ég benda á að engir vegir á landinu hafa orðið eins fyrir barðinu á niðurskurði framkvæmda síðustu tvö ár og einmitt framkvæmdir á þessum svæðum. Það var lagt í lagningu hraðbrautar eða vega með varanlegu slitlagi út frá Reykjavík, farið fyrst um Suðurnes til Keflavíkur og síðar lengra um það nágrenni, síðan austur að Selfossi, þá upp í Mosfellssveit. En þegar röðin kom að Kjalarnesi og köflunum áfram skullu erfiðleikar yfir með þeim afleiðingum að einmitt vegarkaflar á þessu svæði hafa orðið fyrir niðurskurði á framkvæmdum sem nema tugum, ef ekki hundruðum milljóna, og þar er um að ræða hærri upphæðir niðurskurðar á tiltölulega takmörkuðu svæði en nokkurs staðar annars staðar á landinu.

Ég get vel skilið að það sé þægilegra, þegar skera þarf niður framkvæmdir, að gera það á stórum og dýrum framkvæmdum þar sem hægt er að skera niður stórar upphæðir með einni ákvörðun. Engu að síður vil ég nefna þetta og tel að það sé veigamikil röksemd fyrir því að það mál, sem hér er til umr., eigi að ganga fram og eigi að leggja ríka áherslu á veginn frá Reykjavík til Akureyrar. Þeir, sem farið hafa þessa leið nýlega, hljóta að verða hrifnir af því hve myndarlegar vegaframkvæmdir eru í gangi og er nýlokið á Norðurlandi, allt frá Hrútafirði og á ýmsum köflum alla leið til nágrennis Akureyrar. Mest af þessu mun vera tilkomið vegna viðbótarfjárveitingar frá Norðurlandsáætlun. Síðastur manna skal ég telja það eftir. En síðast þegar ég ók þessa leið fann ég sárt til þess að Vesturlandsáætlun skuli hafa verið lögð á hilluna þrátt fyrir margra ára baráttu þm. Vesturl., sjálfsagt af því að ekki varð við fleiri verkefni ráðið í einu. Engu að síður er þetta staðreynd og þess vegna er það, að þegar kemur norðan frá og suður yfir heiðina, þá er Norðurárdalurinn

einn hinn versti kafli á allri leiðinni og í Borgarfirðinum brýr, sem geta hrunið undan stóru flutningabílunum hvenær sem er.

Ég vil lýsa samþykki mínu við þetta mál, en vil ítreka að ég tel ekki ástæðu til að það verði til þess á sérstakan hátt að draga úr framkvæmdum í öðrum landshlutum, að með því að samþykkja það sé á nokkurn hátt verið að draga úr því að reynt verði eins og hægt er að ljúka hringveginum, sem kallaður er, að sunnan og austan. Að vísu er vegi aldrei lokið. Við verðum ekki búnir að endurbæta allan hringinn mikið þegar við þurfum að fara að endurbyggja suma kaflana, sem fyrst voru gerðir í nágrenni við Reykjavík. Það er staðreynd, sem okkur hlýtur að vera öllum ljós. Þess vegna vænti ég að þetta mál nái fram að ganga, en framkvæmd samkvæmt því verði í fullu samræmi við aðrar vegaframkvæmdir á vegáætlun.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Við erum sjálfsagt allir sammála um að það sé víða mikil þörf á lagningu vega. Hitt erum við sjálfsagt ekki sammála um, hvar þörfin sé mest. Í sambandi við uppbyggingu veganna hlýtur að gefa auga leið að þar sem snjóþyngst er, þar sé þörfin einna brýnust, þó að hún sé víða annars staðar einnig brýn. Fram hjá því verður ekki gengið að norðanvert landið er snjóþyngra að jafnaði a. m. k. heldur en suðurhlutinn.

Ég held að þetta frv., sem hér er til umr., sé mjög þarft mál, bæði að gera átak á þessum vegi, eins og hefur komið fram í ræðum manna, og enn fremur að fara þessa leið til að beina fjármagninu einmitt í þessa framkvæmd. Ég hef t. d. orðið var við, síðan þetta frv. var lagt fram, að það er mikill áhugi á því á vissum stöðum norðanlands að kaupa þessi bréf, sérstaklega ef það verði tryggt að það verði byrjað t. d. á einhverri vegagerð út frá þessum stöðum, eins og út frá Blönduósi, út frá Akureyri, og menn hafa jafnvel minnst á stórar upphæðir sem þeir mundu reyna að leggja í þetta ef þetta væri tryggt. Það einmitt sýnir að það er líklegra um góðan árangur með sölu þessara bréfa ef kaupendurnir vita til hvers peningarnir eiga að fara, hvaða kafla. Nú er það einnig að þéttbýlisstaðirnir eru að ganga frá sínum götum víða og til þess að þeir geti gert það, t. d. sett olíumöl á göturnar, þyrfti líka að taka kaflana næst þessum þéttbýlisstöðum samhliða. Bæði er það, að þessir kaflar eru venjulega illfærir, og í öðru lagi yrði kostnaðurinn svo mikill fyrir sveitarfélögin ef það væri ekki tekinn stærri áfangi en þau eru megnug að gera hverju sinni. Þetta á ekki frekar við á þessu svæði en annars staðar. En alþm. verða að athuga það og reyna að vinna að því að þessi framkvæmd sé möguleg því að þetta er mikið vandamál og mikil nauðsyn að fara í þessar framkvæmdir víða á þéttbýlisstöðum.

Hv. 1. þm. Suðurl. talaði um að kannske væri ekki rétt talan 1 200 millj. Það er sjálfsagt alveg rétt að það er umdeilanlegt eins og margt annað. En er nú ekki rétt að sjá hvernig gengur með sölu á bréfum í þessa upphæð? Ef það sýnir sig að hægt er að beina fjármagni jafnvel miklu meiru með þessum hætti, þá er hægur vandinn að leggja fram annað frv., ef reynslan kennir okkur að það sé ekki vandi að afla fjár á þennan hátt.

Ég held að við hljótum að vera allir sammála um að það verði að gera stórt átak í sambandi við vegina. Þetta eru lífæðir byggðanna og nútímaframleiðsla og framkvæmdir þær krefjast hindrunarlausrar umferðar. Þess vegna þarf að gera mikið á næstu árum og ekki síst á þeim stöðum þar sem er að jafnaði snjóþyngst.

Það sem ég hef að athuga við þetta frv. í sjálfu sér, þó að ég sé einn af flm., er að það skuli vera stöðvast við Akureyri, vegna þess að hinum megin við Akureyri, út Svalbarðsströndina, er t. d. jafnmikil nauðsyn og á leiðinni frá Akureyri til Reykjavíkur í sambandi við svona vegarlagningu eða jafnvel enn meiri nauðsyn, enn fremur út frá Húsavík, svo að ég taki dæmi. En einhvers staðar verður að byrja og það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að afla fjár til þeirra hluta, þó að þetta frv. sé miðað við framkvæmdir á þessu svæði.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst rétt að það heyrist hér ein rödd að vestan. Hv. þm. úr allflestum kjördæmum öðrum eru búnir að tala.

Hv. 1. þm. Sunnl. minnti á að það vantaði líka vegi á Suðurlandi og það er sjálfsagt rétt. Hæstv. samgrh. talaði um elstu vegi á Vesturlandi, það efast ég um að sé rétt. Það má sjálfsagt finna þá eldri og verri víðar heldur en á Vesturlandi, og svo mætti lengi telja.

Ég ætla ekki að mæla neitt á móti því frv. sem hér er til umr. En þegar um slíkt mál er að ræða, fjárupphæð upp á 1 200 millj., sem á að ákvarðast í tiltekið verkefni á leið, sem ég held að sé a. m. k. ekki verri en margar aðrar á landinu, þá held ég að það hljóti að vakna sú spurning hjá mönnum hvort það sé í reynd skynsamlegt að ákvarða svo stóra fjárupphæð, 1 200 millj. kr., til þessa verkefnis. Það fer ekkert á milli mála að ef slík ákvörðun yrði tekin, þá dregur það vitanlega úr framkvæmdum á öðrum stöðum. Það fer vart hjá því.

Ég ætla ekki að mæla neitt á móti þessu, en ég vil t. d. minna á það sem hér hefur verið komið inn á að menn eru að tala um að hringvegi sé lokið. Hv. 2. þm. Austf. upplýsti annað hér. Og ég vil bæta því við að hringvegi er auðvitað ekki lokið fyrr en búið er að gera akfæran veg um Vestfirðina. Það er víðs fjarri að það sé búið enn. Þó að samband náist að því er varðar Vestfjarðaveginn á næsta ári er á löngum köflum um að ræða vegi sem eru nánast troðningar. Þannig að varanleg uppbygging hringvegar, ef menn vilja halda sér við það, tekur áreiðanlega nokkur ár til viðbótar, ef Vestfjarðaleiðin er tekin með í þetta dæmi, sem ég held að menn hljóti að vera orðnir sammála um að eigi að gera.

Hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði réttilega áðan að þar sem snjóþyngslin eru mest, þar er auðvitað þörfin brýnust og því á að sinna fyrst. Enginn vafi er á því að þar koma Vestfirðirnir fyrst til greina, nr. eitt. Ég er alveg sammála þessum hv. þm. um það. En hvað sem þessu líður, þá held ég að menn ættu að skoða málið

vel áður en slík ákvörðun er tekin að 1 200 millj. fari í þessa tilteknu framkvæmd eina sér. Ég held að það sé hægt að finna víða leiðir sem er eðlilegra, vegna þess hversu þær eru slæmar, að sinnt sé áður en að þessu kemur og því sé full ástæða til þess að það dæmi verði skoðað í heild. Og ég fagna því, sem hæstv. samgrh. lýsti yfir áðan, að hann hefði gert ráðstafanir til þess að skoða þetta dæmi fyrir allt landið, hvernig það stæði. Eins og ég sagði, ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en ég vil bara vekja athygli á því að ég held að það sé brýnni þörf um úrbætur víða annars staðar en á þessum tiltekna vegi og það þurfi að skoða vel áður en ákvörðun er tekin um að eyrnamarka 1 200 millj. til þessara framkvæmda, og ég minni þá að sjálfsögðu fyrst og fremst á Vestfirði.

Umr. frestað um stund.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 50). — 1. umr.

Flm. (Þór Vigfússon): Hæstv. forseti. Nú sem fyrr er töluvert rætt um íslenskan landbúnað, stöðu hans í þjóðfélaginu, arðsemi, búskapar- og framtíðarmöguleika. Sýnist sitt hverjum og ýmsar skoðanir á lofti. Er það vel að slíkt sé rætt.

Frv. það, sem nú er til umr. og ég hef leyft mér að leggja fram ásamt hv. 2. þm. Austf., er langt frá því að vera róttækasta till. í þessari almennu umr. Það felur ekki í sér neinar róttækar breytingar á stöðu landbúnaðarins, heldur aðeins nokkra bót á aðstöðu allmargra bænda, bót sem við flm. teljum að sé raunhæf og möguleg við þær framleiðslu- og stjórnmálaaðstæður sem bændur og reyndar allir landsmenn búa við um þessar mundir. Þetta frv. er t. a. m. langt frá því að nálgast þá róttækni og þann byltingarhug í garð bænda sem komið hefur fram í öðru aðalmálgagni stærsta stjórnmálaflokks þjóðarinnar, forustuflokks ríkisstj. Þar hefur oftar en einu sinni í þessum mánuði verið lagt til að verja stórfé — og tilnefnd ein millj. kr. á hvern alvörubónda — til að leggja niður búskap í landinu. Ég hygg að hv. alþm. ættu ekki auðvelt með að koma sér saman um að fremja svo róttækar breytingar á kjörum bænda, jafnvel þótt hugmyndin komi frá mönnum sem hingað til hafa ekki viljað láta kalla sig byltingarsinna. En þeim mun meiri von hef ég um að hv. alþm. geti náð samstöðu um þá breytingu, er frv. felur í sér, sem hún er hógværari og hæverskari en áður greindar hugmyndir og það jafnvel þótt við flm. séum stundum kallaðir byltingarseggir.

Frv. þetta á þskj. 50 stefnir að breyt. á l. nr. 68 frá 1973, um breyt á l. nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Eins og segir í grg. með frv. eru tildrög þess þau að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins ákvað í lok okt. s. l. — eða öllu heldur meiri hl. stjórnar Stofnlánadeildarinnar gegn atkv. Alþb. — og hefur sú ákvörðun hlotið staðfestingu hæstv. landbrh. að lán úr Stofnlánadeildinni til íbúðabygginga bænda skuli vera verðtryggð að 3/10 hlutum, og eru það nýmæli. Ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildarinnar tók að vísu til fleiri lána en íbúðarlána, en frv. er takmarkað við að íbúðarlán til bænda skuli ekki vera verðtryggð.

Nú tel ég viðbúið að upp komi sú mótbára gegn þessu frv. að með því sé verið að hygla ákveðnum hópi í þjóðfélaginu á kostnað annarra, en hið rétta sé að allir sitji við sama borð. Því vil ég svara til svo að menn geti setið við sama borð, en þó mjög mislangt frá því. Þótt fólk í afskekktum sveitum hafi allan formlegan lagalegan rétt á við þéttbýlisbúa til að njóta samfélagslegrar þjónustu, þá er oft langt í frá að aðstaðan til þess sé hin sama. Ég nefni aðstöðuna til þess að sækja framhaldsskóla, svo að dæmi sé tekið. Enginn bannar sveitafólki að sækja framhaldsskóla, en það er ekki alltaf einfalt að gera það. Þetta eru engin ný sannindi, enda margviðurkennt af hv. Alþ. Það hefur t. a. m. samþ. lög til að jafna svona aðstöðumun, bæði um beinan fjárstyrk, keyrslu í skóla o. fl.

Það er í þetta ljós, í þetta samhengi, sem ég vil setja frv. þetta. Í þéttbýli er alltaf hægt að selja íbúðarhúsnæði á hvaða byggingarstigi sem er og endursöluverð íbúða þar fer hækkandi til jafns við tilkostnað. Þessarar markaðsaðstöðu njóta bændur alls ekki. Þeim er enginn kostur að selja íbúðarhús sín út af fyrir sig. Það geta þeir því aðeins að þeir selji allt sitt og taki sig upp af bújörð sinni, og sá möguleiki er reyndar ekki alltaf gefinn, nema þá að jarðirnar seljist til annars en búskapar, eins og dæmi sanna, þar sem um sérstök hlunnindi er að ræða eða í grennd við þéttbýli. Öðruvísi horfir málið hvað snertir bændur, svo að ég tali nú ekki um fátæka bændur, í afskekktum byggðarlögum. Þeim er í flestum tilfellum mikið átak að hefja íbúðarbyggingu og þarf ekki annað til að koma en erfitt árferði eða veikindi svo að framhaldið verði mjög erfitt og enginn fasteignamarkaður til bjargar. Því finnst mér eðlilegt að bændum sé að þessu leyti haldið utan verðtryggingarkerfisins þótt það sé við lýði þar sem markaðsaðstaða fasteignanna er fyrir hendi.

Eins og ég drap á áðan er á hv. Alþ. almennur skilningur á því, það er líka minn skilningur í fullum mæli, að með lagasetningu þurfi að treysta byggð í sveitum landsins, eins og segir í 1. gr. l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, hvort sem hv. alþm. eru sammála um einstakar ráðstafanir í þá átt eður ei. En um margt hefur náðst samstaða. Það er t. a. m. verið að vinna að Inndjúps-áætlun til að efla byggðarlögin við Ísafjarðardjúp. Farið er að tala um Vatnsnesáætlun, og búast má við frekari aðgerðum vegna einstakra afskekktra byggðarlaga. Mér finnst því skjóta skökku við ef hv. Alþ. lætur sér úr greipum ganga það tækifæri, sem þetta frv. býður upp á til að stefna í sömu átt, og það eins þótt finna megi einhver formleg rök á móti. Nú er auðvitað hægt að benda á það að til þess að geta lánað til íbúðarbygginga þurfi Stofnlánadeild landbúnaðarins að taka verðtryggð lán og standa skil af þeim þannig fyrir sitt leyti. Það er auðvitað alveg rétt og þessu verður að mæta. En ég ætla ekki að vera með neina fjármálalega

spádóma á þessu stigi máls, t. a. m. um væntanlegan vöxt verðbólgunnar sem auðvitað skiptir meginmáli í þessu sambandi. Ég vænti þess að sú n., sem frv. fær til umfjöllunar, hugi þar grannt að. En ég leyfi mér að halda því fram að þetta frv. skapi ríkisvaldinu engan stóran vanda ef fram nær að ganga.

Hæstv. forseti. Ég legg á það megináherslu sem rök fyrir þessu frv. að með því er stefnt að því að jafna aðstöðumun dreifbýlis og þéttbýlis og gengur það þannig í sömu átt og margvísleg önnur viðleitni Alþ., og það er í samræmi við stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstj. um byggðamál. Á hinn bóginn er hér ekki um mikinn kostnað að ræða af hálfu ríkisvaldsins öðlist frv. samþykki hv. þdm., þótt um muni fyrir byggjandi bændur.

Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 37). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Með l. nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins, var stigið mikilvægt upphafsskref í átt að varanlegum lausnum á byggðavanda landsins. Ákvörðun núv. ríkisstj. um aukið framlag til Byggðasjóðs sem næmi 2% af ríkisútgjöldum felur í sér viðurkenningu á því að þörf sé á verulegri eflingu þeirrar starfsemi sem hafin var með setningu fyrrgreindra laga. Við flm. þessa frv. erum hins vegar þeirrar skoðunar að eigi starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og Byggðasjóðs að stuðla að grundvallarbreytingu á aðstöðu landsbyggðarinnar verði að grípa til enn róttækari aðgerða, það verði í senn að stórefla framlag ríkisins til byggðaþróunar og flytja vald yfir ráðstöfun fjármagnsins til samtaka landsbyggðarinnar. Það getur aldrei orðið grundvöllur fyrir varanlegum jöfnuði í landinu ef fjármagnsvaldið er að öllum meiri hl. samankomið hér á Reykjavíkursvæðinu. Eigi hinar dreifðu byggðir landsins að geta boðið hinum sterku fjármagnsstofnunum og hinum mikla fjármagnsþunga, sem tengdur er Reykjavíkursvæðinu, byrginn, þá verða þær að fá vald, raunverulegt ákvörðunarvald, yfir úthlutun verulegs fjármagns til framkvæmda í sínum eigin landshluta. Það er þess vegna grundvallaratriði þeirra breytinga, sem lagt er til með þessu frv. að gerðar verði á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, að vald yfir fjármagninu verði fært frá þeirri stjórnstofnun, sem Framkvæmdastofnunin hefur verið hér í Reykjavík, til samtaka fólksins í hverjum landshluta.

Einnig felast í þessu frv. ákvæði þess efnis að fjármagnsútvegunin til Byggðasjóðs verði það veruleg að einhver raunhæf von sé á því að aðgerðir hans leiði til grundvallarbreytinga á stöðu landsbyggðarinnar gagnvart Reykjavíkursvæðinu. Við erum þeirrar skoðunar að með óbreyttu skipulagi Byggðasjóðs, þ. e. a. s. að valdið yfir fjármagnsúthlutuninni sé í höndum stjórnar og starfsmanna stofnunarinnar hér í Reykjavík, muni áform hæstv. ríkisstj. um framlög sem nemi 2% ríkisútgjalda í reynd auka enn frekar hina sterku valdamiðstöð í Reykjavík, sú ákvörðun muni ekki færa landsbyggðinni til lengdar þann fjármagnsstyrk sem hún þarf á að halda. Með því að flytja 2% ríkisútgjalda í Byggðasjóð, en halda skipulagi sjóðsins áfram óbreyttu, er í raun og veru ekki verið að gera annað en styrkja fjármagnsstofnanir á höfuðborgarsvæðinu umfram það sem nú er. Það er enn frekar verið að þjappa saman fjármagnsvaldinu á Íslandi

Við leggjum þess vegna til í þessu frv. að jafnhliða auknu fjármagni til Byggðasjóðs verði l. um Framkvæmdastofnun breytt á þann hátt að Byggðasjóði verði skipt í deildir eftir landshlutum, hann starfi þannig í eftirfarandi deildum: Vesturlandsdeild, Vestfjarðadeild, Norðurlandsdeild, Austurlandsdeild, Suðurlandsdeild og Reykjanesdeild. Við erum þeirrar skoðunar, að vandamál einstakra byggðarlaga á Suðurnesjum séu það náskyld vandamálum sjávarþorpanna kringum landið að ekki sé réttlætanlegt til lengdar að það svæði sé allt algerlega fyrir utan verkahring Byggðasjóðs, þótt það sé eðlilegt að fjármagn til Reykjanesdeildarinnar verði að öllu jöfnu mun minna heldur en fjármagn til annarra deilda þar sem byggðavandinn er mestur. En sjávarþorpin á Suðurnesjum eru mörg hver þannig sett að réttlætanlegt er að flokka þau hvað byggðavandann snertir með sjávarútvegsstöðum Austurlands, Norðurlands, Vestfjarða og Vesturlands.

Það yrði samkv. þessu frv. verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins að skipta fjármagni Byggðasjóðs milli landshlutadeildanna í samræmi við almennar byggðaáætlanir og skiptingu landsins í þróunarsvæði, þ. e. a. s. mat stjórnvalda á hverjum tíma um það hvar byggðavandinn sé mestur, hvaða landssvæði eigi þess vegna að njóta stærsta hluta þess fjármagns sem fyrir hendi er til þessa verkefnis. Hins vegar yrði það stjórn landshlutadeildarinnar sem ákvæði lánveitingar úr sjóðnum til aðila á sínu svæði, þannig að ákvörðunarvaldið yfir endanlegum lánum sé fært frá stjórn Byggðasjóðs til stjórnar landshlutadeildar, hverrar á sínu svæði. Og til að styrkja enn frekar byggðavaldið heima í héruðunum leggjum við til að stjórn landshlutadeildarinnar verði í höndum stjórnar landshlutasamtaka sveitarfélaganna á viðkomandi svæði, þannig að fulltrúar fólksins heima fyrir geti sjálfir ráðið hvernig því fjármagni er varið sem fulltrúar þjóðarheildarinnar hafa ákveðið að setja til byggðaþróunar.

Við erum þeirrar skoðunar að fólkið heima fyrir sé best fært um að meta hvar skórinn kreppir helst að, hvaða vandamál eru brýnust í sínum landshluta og geti þess vegna ráðstafað þessu fjármagni á raunhæfastan hátt. Við gerum ráð fyrir að landshlutadeildirnar geti ráðið sér starfsmann eða starfsmenn, greitt kostnað við störf þeirra af því fé, sem þær fá í sinn hlut, þannig að þær hafi sérfræðilegt bolmagn til þess að geta sinnt úthlutun þessa fjármagns

á raunhæfan hátt, a. m. k. ekki síður raunhæfan en nú er gert með því kerfi sem gildandi lög fela í sér. Hins vegar er nauðsynlegt að það komi fram að samhliða þessari breytingu þyrfti að setja sérstök lög um landshlutasamtökin og tryggja lýðræðislega uppbyggingu þeirra og samræmt skipulag þeirra um allt land og tengja þau þannig formlega inn í stjórnkerfi landsins, þannig að þau geti sinnt skipulagslega og lýðræðislega úthlutun þess fjármagns, sem þau fengju hér til ráðstöfunar.

Þótt á síðari árum hafi fengist almenn viðurkenning á því hve mikilvægt er að leita lausna á byggðavandanum, þá hefur skort raunhæft mat á stærðargráðu vandans. Náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum hafa vakið athygli alþjóðar á vanda eins byggðarlags í húsnæðismálum, samgöngumálum, heilbrigðismálum, atvinnumálum og öðrum málaflokkum er snerta daglegt líf fólksins. Sé hins vegar litið á vanda landsbyggðarinnar í þessum málaflokkum er ljóst að eigi landsbyggðin á næstu 10—20 árum að búa íbúum sínum að verulegu leyti sömu aðstöðu og höfuðborgarsvæðið, þá er hér í reynd um margfaldan vanda að ræða á við Vestmannaeyjavandann.

Þetta dæmi ætti að sýna glögglega að til þess að skapa grundvöll fyrir raunhæfum aðgerðum í byggðamálum verður að verja mun meira fjármagni til þess málaflokks en gert hefur verið til þessa. Við leggjum þess vegna til að fjármagns til Byggðasjóðs verði aflað til viðbótar við núverandi ákvæði á þann hátt að sem samsvari 1% af þjóðartekjum verði nú þegar lagt í Byggðasjóð og það framlag hækki í áföngum á næstu 4 árum í 3% af þjóðartekjum. Þessi hlutföll mundu á þessu ári færa Byggðasjóði rúmar 900 millj. kr. sem að 4 árum liðnum mundu á verðlagsgrundvelli síðasta árs og að óbreyttum forsendum þjóðartekna nema tæpum 2 800 millj. kr. Þótt hér sé um að ræða miklar fjárhæðir munu þær í reynd varla reynast nægilegar til þess að leiðrétta á skömmum tíma þann mismun, sem landsbyggðin hefur búið við um árabil. Þær skapa hins vegar grundvöll fyrir raunhæfar aðgerðir og gætu haft í för með sér varanlegar úrbætur á mörgum sviðum. En það eru einmitt varanlegar úrbætur sem við þurfum fyrst og fremst að beina athygli okkar að við lausn byggðavandans.

Í samræmi við flutning valds og fjármagns, sem felst í þessu frv. til l., er nauðsynlegt að fjölga þeim verkefnum, sem hlutverk Byggðasjóðs tekur til. Við leggjum þess vegna til í þessu frv. að auk eflingar atvinnulífsins megi Byggðasjóður styðja framkvæmdir á öllum þeim sviðum sem stjórn landshlutadeildar telur að snerti byggðastöðu landshlutans. Í þessu sambandi er sérstaklega kveðið á um gatnagerð, íbúðarbyggingar, orkuöflun vegna húsahitunar, byggingar heilsugæslustöðva og mennta- og menningarstofnana. Stjórnir landshlutadeildanna mundu veita viðbótarlán til þeirra framkvæmda sem að þeirra dómi væru á hverjum tíma brýnasta hagsmunamál landshlutans. Starfsemi annarra lánastofnana á þessum sviðum yrði áfram óbreytt á sama grundvelli og áður. Í reynd mundi þess vegna hinn deildaskipti Byggðasjóður fyrst og fremst leggja fram eins konar áherslufjármagn, þ. e. a. s. fjármagn til þeirra þátta, viðfangsefna og vandamála sem forsvarsmenn landshlutans teldu sjálfir að mesta áherslu þyrfti að leggja á.

Herra forseti. Í þessu frv. felst veruleg tilfærsla á valdi til samtaka fólksins í hinum dreifðu byggðum, landshlutasamtakanna allt í kringum landið. Við flm. þessa frv. erum þeirrar skoðunar að slíkur flutningur á valdi yfir fjármagninu til fulltrúa fólksins í héruðunum sé mikilvægur áfangi á þeirri leið að skapa varanlegan jöfnuð í byggð landsins, því að hvað mikið sem við aðhöfumst á öðrum sviðum, ef valdið verður áfram fyrst og fremst samanþjappað hér á Reykjavíkursvæðinu, þá getur það aldrei náð varanlegum árangri í tilraunum okkar til að leysa byggðavandann.

Ég legg svo til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Söluskattur, frv. (þskj. 38). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur oft hér á Alþ. og annars staðar verið rætt um hinn mikla mun sem er á framfærslukostnaði íbúa landsbyggðarinnar og íbúa Reykjavíkursvæðisins. Öllum þingheimi er kunnugt um það hvernig flutningsgjöld, aðstöðumunur og aðrir þættir í þjóðfélagsgerðinni hafa það í för með sér að íbúar landsbyggðarinnar verða að jafnaði að greiða mun hærra verð fyrir vöru og þjónustu heldur en íbúar Reykjavíkursvæðisins. Þessi munur á framfærslukostnaði er meðal þeirra þátta sem einna mestan ójöfnuð skapa í dag í daglegu lífi fólks á landsbyggðinni og á Reykjavíkursvæðinu.

Það hefur töluvert verið rætt um það á undanförnum árum hvernig mætti vinna gegn þessum mismun. Hafa ýmsar till. séð dagsins ljós og nefndir verið starfandi á þessu sviði, en þær hafa því miður ekki leitt til neinna aðgerða. Embættismenn þeirrar stjórnstofnunar, sem leitað hefur verið til, hafa verið fundvísir á margs konar vandkvæði á því að jafna þennan framfærslukostnað — vandkvæði sem hafa verið af mörgum toga spunnin — og því hefur þeim tekist að tefja aðgerðir frá ári til árs.

Í þessu frv., sem við leggjum hér fram um breyt. á l. um söluskatt, er lagt til að lækka framfærslukostnað íbúa landsbyggðarinnar og þar af leiðandi auka jöfnuð meðal landsmanna með því að afnema söluskatt á tveimur mikilvægum þjónustuliðum: flugfargjöldum innanlands og gjöldum til Landssímans utan Reykjavíkursvæðisins. Þegar söluskattur er orðinn það hár að hann hækkar verðlag um ⅛, þá felur afnám hans á dýrum liðum í sér verulega leiðréttingu fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Ástæðan fyrir því, að við veljum þessa tvo liði, er fyrst og fremst að þarna er annars vegar um fáa rekstraraðila að ræða í flugi innanlands og tiltölulega einfalda starfsemi þeirra og hins vegar er um eitt ríkisfyrirtæki að ræða, þannig að framkvæmd á afnámi söluskatts á þessum liðum

væri mjög einföld og mundi ekki á neinn hátt skapa erfiðleika í eftirliti með því að öllum ákvæðum um söluskatt væri framfylgt. Að vísu kæmi afnám á flugfargjöldum innanlands einnig íbúum Reykjavíkursvæðisins til góða. En þar eð reikna má með að íbúar landsbyggðarinnar þurfi að nota þessa þjónustu mun meira, þá mundi þessi bót fyrst og fremst koma þeim til góða.

Vissulega mundi afnám söluskatts á þessum tveimur liðum fela í sér einhvern tekjumissi fyrir hið opinbera, en ég sé ekki hvernig hægt væri að leiðrétta framfærslumismunin milli íbúa landsbyggðarinnar og á Reykjavíkursvæðinu án þess að um annaðhvort tekjumissi eða útgjöld af hálfu ríkisins væri að ræða. Ég tel þess vegna að slík mótbára gagnvart þessu frv. sé ekki gild.

Aðalkostur þessarar aðferðar að okkar dómi er sá að hún er einföld, hún yrði skjótvirk og stjórnsýslulegar röksemdir gegn henni eru hverfandi. Við vonum því, að þetta frv. fái góða og fljóta afgreiðslu hér á þingi og þm. sameinist um að leiðrétta að nokkru leyti þann framfærslumun, sem ríkir í landinu, með því að gera þetta frv. að lögum.

Ég mælist svo til þess, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Sverrir Hermannsson: Hæstv. forseti. Án þess að taka sérstaklega afstöðu til þeirra tillögugerðar, sem hér er til umr., vil ég aðeins nota tækifærið til þess að taka undir það, sem fram kom hjá hv. 3. landsk., að í þessu efni ríkir að sjálfsögðu hið mesta óréttlæti. Það verður hvað augljósast þegar menn hafa það í huga að ekki er nóg með að þeir, sem úti á landi búa, þurfi að standa undir gífurlegum flutningskostnaði, t. d. á vörum, heldur leggst söluskattur ofan á þann flutningskostnað einnig, þannig að í hendi sinni má sjá að hér er um stórfellt óréttlæti að tefla. Því var það að fyrir tveimur árum var samþ. þáltill. hér á hinu háa Alþ. um að kjósa mþn. sem hefur með höndum að gera tillögur um jöfnun flutningskostnaðar. Ég á sæti í þessari n. Þessi n. hefur verið undir forustu hæstv. núv. menntmrh. N. hefur unnið allmikið að málum, fengið til þess sérstaka aðstoð, fengið leyfi til þess að ráða starfsmenn sér til aðstoðar. En það verður að játa að þetta verkefni reyndist allmiklu viðameira en menn í upphafi óraði fyrir. Þó er það svo að þegar við ræddum eigi alls fyrir löngu saman um þetta mál, ég og hæstv. menntmrh., þá sýndist okkur þó málum þann veg komið að gera mætti ráð fyrir því að einhverrar verulegrar niðurstöðu, — ég er ekki að segja að lokatakmarkið sé alveg hið næsta, — einhverrar verulegrar niðurstöðu og árangurs af þessum störfum megi vænta á þessu þingi.

Ég endurtek það að ég hef ekki haft tök á því að kynna mér þessa till. sérstaklega og þess vegna er ég ekki reiðubúinn til að leggja orð í belg um hana. Hún kann að vera góðra gjalda verð og væntanlega gæti hún komið til skoðunar hjá þessum aðila einnig, þannig að næðist fram meginefni hennar og hún næði þá tilgangi sínum að því leyti sem ætlast er til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 4). — Frh. 1. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég sakna þess mjög, að hæstv. sjútvrh. skuli ekki vera viðstaddur þegar ræða á þetta mál. Ég held að ég sé síðasti maður á mælendaskrá um þetta frv., kveð mér hljóðs að gefnu tilefni vegna ummæla, sem hæstv. ráðh. lét falla um minn þátt í þessu máli þegar málið var til umr. fyrir nokkrum dögum og sakna þess mjög að hann skuli ekki vera hér mættur.

Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það er ekki vansalaust fyrir þessa hv. d. að það skuli vera komið fram í lok nóv. og hún skuli enn ekki vera búin að afgreiða mál til n. og mun ég því ekki með löngum ræðuflutningi koma í veg fyrir að svo verði hægt að gera með það mál sem hér liggur fyrir.

Umr., sem farið hafa fram um þetta mál, hafa einkennst af því að tveir hv. þm., þeir hæstv. sjútvrh. og hv. 2. þm. Austf., hafa flutt hér langar ræður. Þeir hafa lamið hvor annan utan með löngum skýrslum og tölurnar hafa flogið umhverfis þá eins og hráviði. Ég ætla ekki að taka þátt í þessum einkakoddaslag þessara hv. þm. tveggja. Ég kveð mér hljóðs, eins og ég sagði áðan, af tveimur ástæðum: í fyrsta lagi vegna ummæla sem hæstv. sjútvrh. viðhafði þegar hann ræddi þetta mál fyrir nokkrum dögum þar sem hann ásakaði okkur stjórnarandstæðinga fyrir hræsni í okkar málflutningi, og í öðru lagi vegna ummæla sem hæstv. ráðh. lét falla um mín orð hér í fyrra skiptið sem ég kvaddi mér hljóðs.

Ég vil taka það sérstaklega fram að þegar ég ræddi þetta mál, frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og ráðstöfun gengishagnaðar, fyrir nokkrum dögum, í fyrri ræðu minni, þá vitnaði ég sérstaklega í skoðanir og álitsgerðir forustumanna sjómanna og stéttarsamtaka þeirra. Hafi ég verið að hræsna með þeim orðum, sem ég lét falla, þá var það ekki ég, sem var hræsnari að áliti hæstv. sjútvrh., heldur sjómannasamtökin í landinu. Það má vel vera að hæstv. ráðh. telji að formaður Sjómannasambands Íslands hafi hræsnað með ummælum sínum þar sem hann lýsir andstöðu sinni við þetta frv. Það má vel vera að hann sé einnig þeirrar skoðunar um 9. þing Sjómannasambands Íslands sem einnig lét svipað álit í ljós. En hæstv. ráðh. er nú einu sinni kjörinn á Alþ. sem 1. þm. Vestf. og vart á ég von á því að heyra frá þeim ágæta manni ásakanir á vestfirska sjómenn um hræsni í þessu sambandi. Því ætla ég — með leyfi forseta — að vitna í álit sambandsstjórnar Alþýðusambands Vestfjarða, en í þeirri stjórn sitja auk stjórnar Alþýðusambandsins formenn allra aðildarfélaga sambandsins á Vestfjörðum, samþykkt sem hún gerði á sambandsstjórnarfundi 3. nóv., svo hljóðandi:

„Fundurinn mótmælir harðlega brbl. um ráðstafanir í sjávarútvegi frá 20. sept. s. l., þar sem skert eru samningsbundin hlutaskipti sjómanna með því að taka stóran hlut af óskiptu aflaverðmæti til fjárfestingarsjóða útgerðarmanna, einnig með því að rýra mjög ákvörðunarrétt Verðlagsráðs sjávarútvegsins með ákvæðum um að fastbinda fiskverð."

Hafi ég og aðrir stjórnarandstæðingar flutt hér í þessari hv. d. hræsni þegar við ræddum þetta mál, þá er sú hræsni komin frá þessum samtökum sjómanna. Og ég á ekki von á því að hæstv. ráðh. risi hér upp, ef hann væri hér viðstaddur, og segði um sjómenn á Vestfjörðum: Vei ykkur, þér hræsnarar. —

Hæstv. ráðh. sagði einnig um þau orð sem ég lét falla í minni fyrri ræðu að þau bæru þess vott að ég vissi ákaflega lítið um málefni sjávarútvegsins. Ástæðan var sú að ég fór nokkrum orðum um b-lið 4. gr. þessa frv. og benti á hlut, sem sjútvrh. veit mætavel um að e. t. v. væri það, sem þar kemur fram, á sandi byggt, sem sé að taka hærra útflutningsgjald af fob-verði á útfluttum saltfiski og skreið en af öðrum sjávarafurðum. Vitnaði hæstv. ráðh. í það að 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, hefði sagt ásamt sér að þessar tvær vinnslugreinar í sjávarútvegi, saltfiskur og skreið, stæðu traustari fótum en aðrar vinnslugreinar og bæri þetta misræmi í málflutningi þess vott að ég vissi harla lítið um hvað ég væri að tala.

Nú er það svo, að það er rétt hjá hæstv. sjútvrh. og hv. 2. þm. Austf. að um skeið stóðu saltfiskverkun og skreiðarverkun traustari fótum en aðrar rekstrargreinar útvegsins. En það, sem ég vakti athygli á, var það að frá því að þessi lagaákvæði voru sett af hæstv. sjútvrh. í brbl., sem hann gaf út 20. sept. s. l., hafa verið að gerast tíðindi í sambandi við sölu saltfisks og skreiðar sem e. t. v. benda í þá áttina að sú staða hafi verið nokkuð trygg hjá þessum verkunargreinum fyrr á árinu, en sé nú í hættu. Ég taldi víst þá að hæstv. sjútvrh. væri þetta kunnugt. Svo virðist ekki vera. Því ætla ég — með leyfi forseta — að vitna í bibliu þeirra *sjálfstæðismanna, Morgunblaðið, frá 12. nóv. s. l.* þar sem segir svo í frétt undir fyrirsögninni: „Markaðshorfur saltfisksins eru erfiðar“ — þar segir svo orðrétt — með leyfi forseta:

„Sendimenn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda hafa undanfarið verið erlendis til þess að kanna markaðshorfur og möguleika á saltfisksölu. Er ástandið engan veginn bjart í þeim efnum og hvað saltfiskverðið áhrærir þyngist þar heldur fyrir fæti, eins og einn af fulltrúum SÍF orðaði það. Frá Noregi berast einnig þær fréttir að þar sé sölutregða á saltfiski orðin slík að framleiðendur séu teknir að undirbjóða hver annan.“

Þetta segir Morgunblaðið. E. t. v. les hæstv. sjútvrh. ekki nógu vel sitt Morgunblað, þá er sjálfsagt að gera það fyrir hann og upplýsa þær fréttir sem Morgunblaðið flytur, vegna þess að þessi frétt er nákvæmlega í sama anda og ég flutti mitt mál í minni fyrri ræðu þegar ég benti á að horfurnar varðandi saltfisks- og skreiðarmarkaði okkar hefðu mjög versnað á undanförnum mánuðum, svo að hæstv. ríkisstj. yrði e. t. v. að horfast í augu við það að geta ekki tekið meira útflutningsgjald af þessum afurðum en öðrum sjávarafurðum, heldur e. t. v. að þurfa að greiða með þeim, greiða styrki í einni eða annarri mynd til framleiðenda.

Ég hef áður í ræðu í þessari hv. d. lýst afstöðu minni til meginatriða þess frv., sem hér liggur fyrir. Í fyrsta lagi er þar brugðið á það nýmæli að ríkisstj. grípur inn í störf Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Þegar verið er að reyna að leita samkomulags þar milli fiskkaupenda og fiskseljenda um nýtt verð á fiski, þá grípur ríkisstj. inn í í miðju kafi og setur hámarksákvæði, fyrirskipar Verðlagsráðinu hvað það megi hækka fiskverðið mest. Með þessu grípur ríkisstj. inn í samningsgerð sem í raun og veru er samningsgerð sjómanna í landinu um hækkað kaup og bætt kjör. Þeir hafa ekki fengið slíkar kauphækkanir frá s. l. áramótum þótt aðrar stéttir í landinu hafi þá verið búnar að fá bættan sinn hlut. Ég veit ekki til þess að þetta hafi áður verið gert og ég varaði við því fordæmi sem þarna væri verið að gera.

Í öðru lagi benti ég á að með 2. og 3. gr. þessa frv. sé verið að skerða allverulega hlutaskipti sjómanna. Ég benti á að þar væri verið að vega beinlínis að grundvallaratriði sjómannasamninganna um hlutaskipti, þar væri beinlínis verið að skerða umsamin launakjör sjómanna og sjómenn sjálfir hafa verið mér sammála um það efni. Ég byggði mínar skoðanir á samþykktum sem þeir hafa sjálfir gert. Þetta eru þau tvö meginatriði sem ég rakti í frv. og valda því að ég er andvígur þessum ákvæðum þess.

Meginatriði þessa frv., eins og ég sagði fyrr, er það að teknar eru miklar upphæðir frá sjómönnum og þær færðar yfir til útvegsmanna. Það eru teknar miklar fjárupphæðir frá launþegum í þessari atvinnugrein og afhentar atvinnurekendum sjálfum. Það eru einu bjargræðin fyrir þessa undirstöðuatvinnugrein landsmanna sem í frv. felast. Frv. gerir ekki ráð fyrir neinni umtalsverðri utanaðkomandi aðstoð til að rétta hag þessa undirstöðuatvinnuvegar. Einustu úrræðin eru þau að taka milljónahundruð af umsömdum launum sjómanna og færa þau yfir til atvinnurekendanna. Þessum meginatriðum frv. er ég ósammála og mun því greiða atkv. gegn því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar, frv. (þskj. 17). — Frh. 1. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. 5. þm. Vestf. sagði í umr. fyrr í dag að hann ætti þess von að fá að heyra raddir einhverra vestfirðinga þegar þetta mál væri rætt og bauð hann sig að sjálfsögðu sjálfan fram til þess verks, eins og honum er gjarnt að gera. Gott er að fá að heyra eina rödd að vestan, betra er að fá að heyra þær tvær og best þó að fá að heyra þær þrjár, eins og ég held að við eigum í vændum.

Þegar hringvegurinn nýi eða réttara sagt vegurinn yfir Skeiðarársand var opnaður fyrr í sumar sagði hæstv. þáv. samgrh. eitthvað á þessa lund, að nú sé hægt að aka um Ísland án þess að koma nokkru sinni að vegarenda. Það er út af fyrir sig rétt að það er hægt að aka um Ísland án þess að koma að enda vegar, en því aðeins að einum landsfjórðungnum sé sleppt, nema því aðeins að menn villist ekki yfir Bröttubrekku á leið sinni hringinn og út á Vestfjarðaveg, vegna þess að þar geta menn fundið þann vegarenda sem hæstv. fyrrv. samgrh. fann ekki. Og þar yrði

hæstv. fyrrv. samgrh. í vanda, ef hann kynni ekki að bakka sínum bíl.

Ég vil taka undir þau orð ýmissa þm., sem hafa talað um það mál, sem hér liggur fyrir, frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg, að ég er þeirrar skoðunar að framkvæmdir við Norðurveg, framkvæmd varanlegrar vegarlagningar frá Reykjavík og til Norðurlands sé næsta verkefni í vegamálum okkar. Ástæðurnar eru margar fyrir þeirri skoðun minni, m. a. sú að þessi vegur yrði ekki aðeins til hagsbóta fyrir norðlendinga, heldur einnig fyrir vestlendinga og vestfirðinga að nokkru leyti. En enda þótt ég sé sammála þeirri meginstefnu, sem í frv. þessu felst, tel ég engu að síður að ýmislegt þurfi að athuga í sambandi við það mál. Vestfirðingar hafa e. t. v. átt því láni að fagna — það má einnig taka þannig til orða — að þeir hafa fengið vegi síðar en aðrir menn. Þess vegna eru ýmsir vegarkaflar á Vestfjörðum nýir og fullkomnir þótt á viðhaldið hafi skort. En að sjálfsögðu eru langir kaflar þar á milli þar sem vegir eru varla mönnum bjóðandi.

Vestfirðingar hafa haft mikinn áhuga á samgöngubótum í sínu kjördæmi, enda var Vestfirðingafjórðungur fyrsti landsfjórðungurinn sem fékk sérstaka landshlutaáætlun um samgöngumál. Áhugi vestfirðinga kemur t. d. fram í því að þegar boðin voru til sölu skuldabréf vegna Djúpvegarins, þá seldust þau skuldabréf upp á nokkrum dögum. Vitaskuld er mér ljóst að það er nauðsynlegt að vinna að vegabótum á Vestfjarðaleið eins og víðast hvar annars staðar á landinu. En það er þó ekki eina vegasambandið, sem vestfirðingar eru í erfiðleikum með, heldur er það annað, sem lýtur meira að því frv. til l. sem hér er flutt. Jafnvel þótt vestfirðingar eigi á stundum í sæmilega góðu vegasambandi við Suðurland, þ. e. a. s. á sumrin, yfir 3—4 mánuði ársins, þá er ekki sama máli að gegna um vegasamband þessa landshluta við Norðurland. Raunar hafa samgöngumál frá Vestfjörðum til Norðurlands verið í megnasta ólestri, enda tiltölulega skammt síðan farið var að fljúga reglulegt áætlunarflug milli þessara tveggja landshluta. Vegasamgöngurnar eru þó mun verri en flugsamgöngurnar. Það er raunar ekki unnt að komast með sæmilegu móti milli Vestfjarða og Norðurlands á annan hátt en þann að fara alla leið suður í Borgarfjörð. Að vísu er hægt að skrönglast á fjallabílum eða fólksbílum, ef menn vilja leggja í það, um þrjár heiðar frá Vestfjörðum yfir til Norðurlands, en þeir vegir eru vart færir og heyt hef ég marga vestfirðinga kvarta mjög undan því að geta ekki verið í beinna og greiðara vegasambandi við Norðurland en þeir eru í dag.

Það er ekki mikið verk og ekki dýrt verk að leggja veg sem tengt gæti Vestfjarðaveginn við Norðurlandsveg öðruvísi en á þann hátt að fara alla leið suður í Borgarfjörð. Ég vil t. d. vekja athygli þm. á því, að fyrir liggur að taka ákvörðun um tengingu hins nýja Djúpvegar við Vestfjarðaveg sunnan Þorskafjarðarheiðar. Einkum og sér í lagi eru tvær leiðir sem þar koma til greina hjá heimamönnum. Önnur leiðin liggur á svipuðum slóðum og Þorskafjarðarvegurinn liggur í dag. Verði ákvörðun tekin um það að sú yrði tenging hins nýja Djúpvegar við Vestfjarðaveg, þá yrði mjög skammt af þeim vegi og í vegasamband við Norðurlandsveg.

Það eru að vísu skiptar skoðanir meðal vestfirðinga um hvora leiðina eigi að velja. En ég held að ég geti fullyrt það með réttu að íbúar norðurfjarðanna og þá einkum og sér í lagi Ísafjarðar og Bolungarvíkur vilja heldur að vegurinn verði tengdur á svipuðum slóðum og Þorskafjarðarvegur liggur nú, m. a. með tilliti til þess, að þá yrði handhægt og ekki mjög dýrt að koma Vestfjörðum, þ. e. a. s. norðurhluta þeirra, í gott vegasamband við Norðurland.

Ég vil óska þess, ef þetta frv. verður samþ. óbreytt eða með breytingum, að þá yrði sérstaklega skoðað með hvaða hætti mætti sem fyrst og sem ódýrast tengja Vestfjarðaveginn við Norðurlandsveginn, þannig að fólk, sem þarf að bregða sér til Vestfjarða, geti haldið þá hringleið sem hæstv. fyrrv. samgrh. sagði í sumar að þegar væri á komin.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka þátt í þessum umr., en vildi þó aðeins, vegna þess að hér um að ræða mál sem margir þm. flytja úr mörgum kjördæmum og snertir vegamálin, leggja örfá orð í belg.

Samgöngumál eru náttúrlega hin mestu þjóðnytjamál, það eru allir sammála um það. Sérstaklega sperra menn eyrun þegar vegamál ber á góma og vegaframkvæmdir og þm., sérstaklega landsbyggðarinnar, hafa þá reynslu af sínu starfi að það eru fá málefni sem almenningur hefur meiri áhuga á heldur en einmitt vegamálin, uppbygging veganna og umbætur á því sviði. Það er sýnilegt, að eftir því sem þjóðfélagið þróast meira í tækniátt verður þýðing veganna, samgangnanna í heild í raun og veru enn þá meiri beint fyrir rekstur atvinnulífsins í landinu. Það er t. d. nú á seinustu árum í vaxandi mæli staðreynd að flutningar hráefnis, sérstaklega sjávarafla, hafa stórkostlega vaxið á milli byggðarlaga. T. d. í mínu kjördæmi, Austurlandi, hefur þetta farið mjög í vöxt, sérstaklega þó eftir að skuttogararnir komu til og flutningur á hráefni varð nauðsynlegur milli uppskipunarhafna eða löndunarhafna og vinnslu- og verkunarstöðva. Þetta hefur enn aukið á þörfina til umbóta í vegagerð.

Þá er þess að geta að í bílaflota landsmanna hefur fjölgað, bæði hvað snertir fólksflutningabíla og einnig vöruflutningabíla, miklu meira en menn gerðu ráð fyrir að verða mundi. Í raun og veru er nú svo komið að álagið á vegakerfi landsmanna er orðið svo mikið að menn verða að fara að endurskoða fyrri aðferðir um viðhald vega í landinu, og þess vegna er vaknaður mikill áhugi á því hvort ekki sé tímabært hreinlega að leggja enn þá meiri áherslu á það en nokkru sinni fyrr að koma slitlagi á sem flesta vegi landsins.

Það er gott mál að gera góðan veg frá Akureyri til Reykjavíkur, um það efast enginn. Spurningin í þessu sambandi er alltaf sú sama, þ. e. a. s. hvaða vegaframkvæmdir eigi að koma á undan öðrum, hvað eigi að hafa forgang og hvernig eigi að ráða þessu upp. Menn hafa gripið til þess ráðs að gera sérstaka vegáætlun, fjögurra ára áætlun, um vegaframkvæmdir og endurskoða hana á tveggja ára bili og ráða með því móti framkvæmdum með tilliti til þess hvar þörfin er

mest og haga fjáröflun í sambandi við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Mér finnst stinga dálítið í stúf að flytja svona mál, alveg sérstaklega vegna þess að mér finnst að hér sé í raun og veru um að ræða það sem ég vildi kalla almenna vegagerð, þ. e. a. s. að bæta veginn frá Akureyri til Reykjavíkur, sem mikil þörf er á. Málið er gott, eins og ég tók fram áðan, svo að enginn misskilji mitt mál. En spurningin er hvort hyggilegt sé að taka stórar ákvarðanir af þessu tagi nema það sé gert í nánu samhengi við heildarframkvæmdaáform á tilteknu tímabili eða m. ö. o. það sé gert raunverulega í sambandi við annaðhvort nýja vegáætlun eða endurskoðaða vegáætlun.

Hér er um að ræða happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg, þ. e. a. s. um að ræða að afla lánsfjár til þess að flýta þessari framkvæmd sérstaklega. Ég álít að það sé í raun og veru um að ræða nýmæli í þessu frv., nýja stefnu á vissan hátt, sem felst í því að hér er um að ræða að afla fjár á þennan máta til almennrar vegagerðar. Ríkið verður að sjálfsögðu að greiða þessi bréf eftir 10 ár, eins og gert er ráð fyrir í frv.

Það er einn þáttur í svona máli hversu langt eigi að ganga í fjáröflun af þessu tagi. Það snertir hinn almenna lánsfjármarkað í landinu og það snertir einnig möguleika annarra þátta, eins og t. d. atvinnulífsins, möguleika atvinnulífsins til að afla fjár til sinnar uppbyggingar á hinum almenna lánsfjármarkaði. Það er þess vegna ein hlið þessa máls að kanna hversu langt sé hyggilegt að ganga í þessum efnum án þess að skerða um of möguleika t. d. atvinnulífsins til að afla innlends fjár til uppbyggingar og einnig án þess að ganga of langt í því, — ég vil ekki segja freista manna, því að það er freistandi að festa fé í slíkum bréfum vegna þess að þau eru verðtryggð og þau bjóða upp á möguleika á happdrættisvinningi, — hversu langt á að ganga í því efni að fá fólk til að leggja fé í slík bréfakaup með tilliti til hagsmuna bankanna, en rekstur þeirra er nátengdur þörfum atvinnulífsins fyrir nægilegt rekstrarfé. Þetta er einn þáttur í slíku máli.

Ég sagði áðan að mér fyndist vera um nýmæli að ræða í þessu frv., nýja stefnu. Það hefur tvívegis áður verið aflað fjár sérstaklega til vega- og brúagerðar á sama hátt og hér er gert ráð fyrir. En það hefur verið gert í alveg sérgreindum tilvikum. Í fyrra tilfellinu var happdrættislán ríkissjóðs vegna vega- og brúagerðar á Skeiðarársandi í þeim ákveðna tilgangi að opna hringveg um landið, og í seinna sinnið að afla fjár á sama hátt til þess að fullgera Djúpveg í þeim tilgangi að opna þannig hringveg um Vestfirði. Þessi fjáröflunaraðferð hefur áður verið bundin við þennan ákveðna tilgang. En hér er gert ráð fyrir að afla fjár hreinlega til almennrar vegagerðar eða til þess að bæta tiltekna vegi í vegakerfinu, sem þegar eru fyrir, þannig að mér finnst vakna spurning í þessu efni hversu langt eigi að ganga í þessa stefnu, án þess að ég vilji á nokkurn hátt fullyrða, vegna þess að ég hef ekki aðstöðu til þess að rannsaka það, hvort hér sé of langt gengið. En mér finnst að það þurfi sérstakrar athugunar við.

Þegar slík mál sem þessi eru viðruð, þá er eðlilegt að fulltrúar annarra kjördæma tíundi þau áhugamál á sviði vegagerðar, sem eru mest brennandi í þeirra eigin kjördæmum. Á Austurlandi háttar svo til, — það hefur raunar komið fram í umr. áður — að þegar hringvegurinn var opnaður í sumar varð umferðin og álagið í raun og veru miklu meira en menn gerðu ráð fyrir, svo gífurlegt að þeir vegir, sem fyrir eru, þoldu hvergi nærri það álag. Þegar umferðin austan af landi, vetrarumferðin austan af landi, beinist þessa leiðina til Suðurlandsins og fer vaxandi, vegna þess að þessi leið verður meira og minna opin allt árið um kring, koma menn auga á vissa sérstaklega veika bletti á þessari leið sem við höfum miklar áhyggjur af, og það eru sérstaklega tveir staðir á þessari leið sem ég vil minnast á og árétta, en það var minnst á þá áður í umr., þ. e. a. s. annars vegar vegurinn yfir Breiðamerkursandinn, sem er í raun og veru enginn vegur, heldur bara troðningar yfir sandinn alla leið frá Kvískerjum og austur yfir Breiðamerkursand, og þessi leið verður ákaflega torfarin á vetrum. Það má í raun og veru ekkert út af bera til þess að hún lokist, bæði vegna vatnságangs og hólstra og svo hreinlega vegna snjóa, því að það eru niðurskornir grafningar sem þarna er um að ræða. Hin leiðin, sem er erfið á vetrum sérstaklega, er Lónsheiði. Það er kannske ekki vegna þess að Lónsheiði sé sérstaklega snjóþung ef miðað er við t. d. Austurlandið, Norðurausturlandið og Norðurlandið. Það er ekki tilfellið, heldur er vegarstæðið á Lónsheiði þannig og vegurinn að það má ákaflega lítið út af bera til þess að hann sé hreinlega hættulegur umferð að vetri til. Hann er bæði brattur og þannig gerður að menn kvarta mjög undan honum í snjóum. Þess vegna hefur verið ákveðið raunar að gera nýjan veg til þess að komast fram hjá Lónsheiði, gera hann úr Álftafirði fyrir Þvottárskriður og Hvalnesskriður meðfram sjónum. Þá mundi kominn vegur með sjó og á láglendi alveg austan frá Eskifirði og suður að Hellisheiði.

Það þarf ekki að endurtaka það, því að það hefur komið fram hér áður, að við höfum miklar áhyggjur af því mikla aukna álagi á vegleiðinni austur um land eftir að hringvegurinn var opnaður og viljum nota tækifærið til að benda á það þegar svona mál eru rædd og menn fara að reyna að gera sér grein fyrir því hvað á að hafa forgang í vegamálum.

Ég veit ekki hvort það liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um það hvað kostar að gera upphlaðinn malarveg með varanlegu slitlagi, olíumalarslitlagi, frá Akureyri til Reykjavíkur. Ég hygg að það komi fram hjá hv. frsm. að það muni kosta einhvers staðar á milli 5 og 7 milljarða, eftir því sem talið er. Ég hygg að heildartekjur Vegasjóðs á árinu 1975 muni vera um 4 milljarðar eftir þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér. Það er engin spurning um það að vegleiðin til Akureyrar frá Reykjavík er þannig að ef nægilegt fjármagn væri fyrir hendi mundi sennilega borga sig að gera veg með varanlegu slitlagi alla leið til Akureyrar. Það er talið að umferð, sem nemur 250—300 bílum á sólarhring, sé það mikil að það svari kostnaði að setja varanlegt slitlag á vegi sem hafa slíka umferð. Ég hygg að þótt umferðin til

Akureyrar sé dálítið misjafnlega mikil á þessari leið, þá sé hún í stórum dráttum ekki fjarri því að vera þetta og á sumum köflum miklu meiri, þannig að ég dreg ekki í efa að þessi vegleið er áreiðanlega ein af þeim sem hér eru forgangsleið, þó að það séu auðvitað fleiri atriði, sem hér koma til, eins og t. d. það sem oft er rætt um í sambandi við vegagerðina og uppbyggingu veganna, hvort eigi að leggja meiri áherslu á að byggja fyrst upp innanhéraðavegina eða vegina milli héraða. Það eru talsvert skiptar skoðanir um það.

Að öllu samanlögðu hygg ég að mál eins og þetta sé þannig vaxið að það sé eðlilegt að það sé rætt og það sé afgreitt í sambandi við og um leið og endurskoðun fer fram á vegáætlun, vegna þess að það er einn þáttur í stóru máli, þ. e. a. s. almennri vegagerð og uppbyggingu í landinu. Og það er fyrst og fremst þetta sem ég vildi segja í þessum fáu orðum að ég álít að málið sé raunverulega gott mál, en það væri æskilegt að það væri afgreitt með vegáætluninni þegar hún verður endurskoðuð.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Þegar frv. það til l., sem hér liggur fyrir, er rætt fer ekki hjá því að hv. þm. hljóti að reyna að gera sér grein fyrir því hver fjárþörfin er til samgöngumála á landi í heild, svo að ekki sé farið út í aðra þætti samgöngumálanna, og hvernig því fé verður skipt sem til ráðstöfunar er hverju sinni. Það orkar ekki tvímælis að það verður að sinna fyrst og fremst þeim verkefnum sem þjóna frumþörfum landsbúa.

Ég ræði ekki sérstaklega í þetta sinn þann þátt samgöngumálanna sem varðar þéttbýlisstaðina. Á ég þar við varanlega gatnagerð í þéttbýli, einkum hinna smærri sveitarfélaga. Þessi þáttur samgöngumálanna hefur hingað til legið að mestu á herðum þeirra sjálfra og orðið til þess að minni sveitarfélögin hafa alls ekki valdið verkefnunum. En ég vek athygli á því að ríkisvaldið kemst ekki hjá því að standa að stórátaki í þessum efnum á næstu árum, bæði með beinum fjárframlögum og útvegun á lánsfé, hvort heldur það verður með sölu happdrættisskuldabréfa eða fjármögnun á annan hátt í gegnum lánastofnanir. En þessi háttur heyrir til frumþarfanna og ég hef ekki um það fleiri orð að sinni og sný mér að þeim þætti er varðar þjóðvegakerfið sjálft, hvort heldur þar er rætt um hraðbrautir, landsbrautir eða þjóðbrautir eða hverju nafni sem það kynni að nefnast.

I 7. gr. frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir því, eins og bent hefur verið á af ýmsum hv. ræðumönnum, að frv. ber það með sér að 1 200 millj. eigi að fara til vegagerðarinnar er tengi saman Reykjavík og Akureyri. Ég geri mér grein fyrir þörfinni á þessari fjölförnu leið og veit að þar eru margir staðir sem þyrftu endurbyggingar og umbóta við. En ég verð þó að taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram, t. d. varðandi Skeiðarársandsveg, að hann er að mínu mati ein af þeim framkvæmdum sem hafa verið framkvæmdar og sinna frumþörf íbúanna. Á ég þar við þá þörf, sem austfirðingar höfðu á því að fá greiðari samgöngur við Reykjavík. Í öðru lagi tel ég að vegagerð eða vegabætur á Austfjörðum, eins og þar er víða háttað, sé þess eðlis að þær séu að sinna frumþörfum íbúanna á því svæði. Og af því að menn nefna að það sé ástæða til að tíunda það, sem helst krefst úrlausnar í eigin kjördæmum, vil ég víkja að mínu eigin kjördæmi.

Það hefur verið á það bent að í umr. um hringveg hefur verið skilið eftir Vestfjarðakjördæmi og raunar stór hluti af Vesturlandskjördæmi. Ég vil þá í upphafi þakka fyrir þá eindrægni sem var hér á Alþ. í sumar þegar sett voru lög um happdrættislán vegna Djúpvegar. Sá vegur er nú vel á veg kominn. Það er þegar hafin töluverð umferð um hann og ég tel að sú vegagerð, enda þótt henni sé ekki lokið, sé ein af slíkum sem uppfylli frumþörf þeirra íbúa sem við Djúp búa. Þá hafa sumir sagt við mig, sem til Vestfjarða hafa komið, að við ættum hér góða heiðarvegi og svo er fyrir að þakka að þeir finnast þar. Þar vil ég t. d. nefna nýjan veg sem fyrir nokkru var lagður um Gemlufallsheiði. En það er nú svo að enda þótt Gemlufallsheiði kunni stundum á vetrum að vera fær, þá er ekki hægt að komast á milli bæja í sveitunum sitt hvorum megin við heiðina. Og ég vil vekja athygli á því einmitt, að þessir vegir eru lífæðar ekki aðeins fyrir þessar sveitir, heldur fyrir þorpin eða þéttbýlisstaðina, þar sem um þá þyrfti að flytja neysluvörur daglega.

Það væri ástæða út af fyrir sig til þess að nefna ýmsa staði, sem eru sérstakir þröskuldar í samgöngukerfinu á Vestfjörðum. En ég vil þó nefna hér aðeins einn og þann sem að mínu mati er í dag veigamestur. En það er Breiðadalsheiðin, eina leiðin sem til þessa tíma hefur legið til og frá Ísafirði og öðrum þéttbýlisstöðum við utanvert Djúp. Það liggur alveg ljóst fyrir t. d. að ef mjólkurframleiðsla leggst ekki hreinlega niður á Vestfjörðum á næstu árum, þá verður meginmagn þeirrar mjólkur, sem flutt verður til Ísafjarðar, flutt úr Vestur-Ísafjarðarsýslu. Og það er hvorki hvetjandi né heldur horfir vel ef svo fer að áfram verði Breiðadalsheiði lokuð að meðaltali a. m. k. hálft árið.

Það hafa á undanförnum dögum átt sér stað viðræður á milli fulltrúa sveitarstjórnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Ísafirði um það að sveitarfélögin í sýslunni gerðust þátttakendur og eignaraðilar að væntanlegu sjúkrahúsi sem eflaust verður reist á næstu árum á Ísafirði. Og það er hvorki hvetjandi né líklegt að þær hugmyndir nái tilgangi sínum eða settu marki ef það liggur fyrir að notin verða aðeins 6 mánuði á árinu.

Það hafa margir komið að máli við mig, eftir að boðið var út happdrættisskuldabréf vegna Djúpvegar og eftir að ljóst var að bréfin runnu út eins og heitar lummur, að næsta átakið væri að bjóða út happdrættisskuldabréfalán til þess að gera jarðgöng í gegnum Breiðadalsheiði. Þar háttar svo til að þetta mál verður ekki leyst að mínu mati á annan veg, þar sem ekki er hægt einu sinni að leggja þannig veg að hann sé fær snjóbílum á vetrum. Ég efast ekki um það, að jarðgangagerð hlýtur að geta þróast á Íslandi eins og aðrar verklegar framfarir og framkvæmdir. Tilgangur minn með að kveðja mér hljóðs og

segja um þetta mál örfá orð var að óska eftir því að sú hv. n., sem tekur þetta mál til athugunar, líti þar vítt um á hvern hátt verður hægt að fá heildarmynd af þeim framkvæmdum, sem knýjandi er að vinna, og taka eitthvert tillit til landsins alls.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Af sérstökum ástæðum bar svo til ár eftir ár og árum saman að ég átti langar dvalarstundir í þessu húsi. Ég minnist þess tvö ár í röð 40 nætur og 40 daga og þá var tómstundaiðjan jafnan sú að glugga í gömul þingtíðindi sem voru í Framsóknarherberginu sem var aðaldvalarstaðurinn. Það kom í ljós að skæklatogið vegna vegaframkvæmda í landinu var mest áberandi í þingtíðindum allra alda ef svo má orða það. Með ólíkindum var að lesa þær ræður sem menn settu á þá þegar þeir voru að þrætast á um vegaframkvæmdir, þar sem hver og einn að sjálfsögðu hélt fram hlut síns umdæmis og kjördæmis, en þau voru töluvert fleiri þá en nú. Ég minnist þess og ég hygg að ég fari rétt með að fyrirrennari hv. 4. þm. Austurl. — hans nafn verður ekki nefnt, enda látinn og merkur maður á sinni tíð — ég hygg að það hafi verið 1916 sem hann mælti harkalega gegn tillögum eða áformum um vegagerð yfir Holtavörðuheiði, akveg yfir Holtavörðuheiði, og kvað mönnum nær að líta til hinna einstöku sveita og gera þar sæmilega kerruvegi svo að menn gætu komist með kartöflur sínar í kaupstað og sótt kol þangað. Síðan breytast viðhorfin, en löngum og löngum er mér nær að halda að svo hafi mátt segja að vegakerfið og lagning þess hafi farið nokkurn veginn eftir hálfbiluðu taugakerfi þm. Staðreynd mun það vera að svo fast var á þetta sótt og svo óhagkvæmlega að þessu staðið að stundum hafi verið dýrara að flytja tækin milli vegarspottanna heldur en að leggja þá. Og nú sjá menn þegar hér liggur fyrir frv. frá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, hv. 4. þm. Norðurl. v., og fleirum um fjáröflunarleið til vegagerðar, þá kemur þm. eftir þm. og setur á gríðarlegar tölur um hina brýnu nauðsyn sem sé á framkvæmdum. Að vísu láta þeir þess getið í leiðinni að þeir hafi heildaryfirsýn yfir málið, en enda þó ævinlega á því að horfa til smáspottanna heima hjá sér eða í sínu kjördæmi.

Þessi till. er auðvitað góðra gjalda verð, þetta frv. til l. sem hér liggur fyrir til 1. umr. Þetta er í framhaldi af því að sú fjáröflun, sem efnt var til vegna byggingar brúa og vegarlagningar í Austur-Skaftafellssýslu, gaf ágæta raun, og síðan er framhald af því útboð happdrættisskuldabréfa vegna Djúpvegar. Menn hafa varað við að þetta kynni að hafa sína ókosti, og það kann að vera. Þá þarf að reyna á það. En ég fæ ekki betur séð en a. m. k. hingað til og jafnvel þótt þetta yrði aukið verulega frá því sem nú er, þá sé þetta bæði mjög álitleg fjáröflunarleið og sparnaðarhvetjandi fyrir allan almenning. Og eitt er víst, að það er auðvitað undirstaða allra framkvæmda og alger forsenda að sé til sparifé til þess að standa undir þeim. Of mikið hefur verið gert að því á stundum að framkvæma á þessum tíma fyrir lánsfé, stórauknu lánsfé dælt út í fársjúkar fjármálaæðar efnahagslífsins með þeim afleiðingum sem menn hafa fyrir augum. Ég sé enga hættu í því fólgna að halda út á þessa braut á nýjan leik og í auknum mæli. Það kemur þá í ljós ef það yrði til þess að þrengja mjög hag á öðrum sviðum. En mér er til efs að það fé, sem fólk vill verja til þess arna, bæði af hugsjón vegna þeirra framkvæmda sem hér er verið að ráðast í og eins af vinningsvon, til að ávaxta fé sitt, — mér er til efs, að þetta fé yrði endilega sparað með öðrum hætti, ef þetta kæmi ekki til, ekki nema þá e. t. v. að litlum hluta.

Ég geri ráð fyrir því að það kunni að vera rétt að það, sem mest knýr á nú, sé lagning Norðurvegar, vestur og norður til Akureyrar. Um það get ég ekki dæmt, ég hef ekki nægjanlega þekkingu til þess. Það kann vel að vera að það sé rétt að byrja þar og leggja höfuðáhersluna á þann veg. En ég hef áður kynnt í blaðagrein nýlega hugmyndir mínar í þessu efni.

Ég hygg að við höfum sóað bæði fé og framkvæmdaafli um margra ára bil um of og í óþarfa af því að við höfum ekki gert nógu rækilega könnun og nógu yfirgripsmikla heildaráætlun um framkvæmdir í vegamálum, okkur mundi vinnast miklu betur með því að leggja stórt undir og gera heildaráætlun til langs tíma. Og auðvitað er þá það sem knýr mest á aðalvegurinn í kringum landið og svo í kringum Vestfirði að sjálfsögðu og þá er auðvitað Norðurvegurinn aðalkaflinn þar í. Ég hef ekkert á móti því að höfuðáhersla verði lögð á hann. En það, sem mér er mest í mun og er raunar með í undirbúningi, er að gerð verði áætlun, kostnaðaráætlun og framkvæmdaáætlun með tímamörkum. Það er kannske ekki höfuðatriðið hvort við setjum okkur það mark að ljúka vegi úr varanlegu efni hringinn í kringum landið og í kringum Vestfirði á 10 árum, 12 árum eða 15 árum. Kannske er það þýðingarmest að við sameinumst um það að gera um þetta heildaráætlun og vinna eftir henni því að með þeim hætti mun okkur áreiðanlega vinnast langsamlega best og ódýrast og skjótast. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Þess vegna er það eins og ég lét getið í grein minni, þá mun fljótlega kynnt hér og lögð fyrir tillögugerð, þar sem einvörðungu verður lagt til að ríkisstj. hlutist til um að Vegagerðin og þeir menn, sem hún vildi kalla til, geri heildaráætlun um lagningu hringvegar um landið og um Vestfirði úr varanlegu efni, kostnaðaráætlun, og tímasetji framkvæmdirnar.

Nú er mér ljóst að á þessum tímum þarf auðvitað að líta sérstaklega til þess að keppa ekki við atvinnuvegi landsins og sérstaklega að hið opinbera geri það ekki, keppi ekki um vinnuaflið, og enn fremur að það verið að líta til allra átta um það að verja ekki stórauknu fé sem mundi valda bæði aukinni eftirspurn eftir vinnuafli og svo þenslu á öllum sviðum. En að þessari framkvæmd mætti að minni hyggju standa með þeim hætti að slíkt mætti forðast og á hinn bóginn mundi hún strax verða stórlega til sparnaðar, ég tala nú ekki um varðandi brennsluefni, eins og bensín og olíur, og slit á flutningatækjum okkar. Ég lét þess líka getið og vil gjarnan að það komi fram hér að ég hef þá hugmynd að við

þurfum að leggja aukna áherslu á það í framtíðinni að nýta þá orku og þær orkulindir, sem okkur eru nærtækastar, vatnsorkuna, að um leið sé rannsakað hvaða tök verði á því að gera jafnhliða áætlun um lagningu slíks vegar áætlun um að við knýjum a. m. k. þungaflutningatæki framtíðarinnar með raforku. Á því eru öll tök tæknilega, *eins og menn vita.*

Ég vildi láta þetta koma fram í umr. um þetta mál, en sú tillögugerð er engan veginn til tálmunar því að þetta frv. eigi rétt á að ná fram að ganga. Eftir þeirri grg., sem frv. fylgir, sýnist mér eindregið að allt mæli með því að það fái sem skjótastan framgang. Við höfum séð hvað góða raun þessi aðferð um öflun fjár hefur gefið. Það er þó ljóst að á þessu eru auðvitað takmörk. Við þurfum jafnhliða að leggja niður fyrir okkur, þegar stærra verður lagt undir við lagningu vegar úr varanlegu efni, að afla til þess fjár með öðrum hætti, með lánum til langs tíma og innlendri fjáröflun, því að allt á sín takmörk og einnig sú aðferð sem hér er lagt til að viðhöfð verði um fjáröflunina og ég er alfarið fylgjandi.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar kvöldumr. mikið. Frv. þetta var flutt snemma á síðasta þingi. Það var nokkuð rætt þá og reifað, kynnt þingheimi, en náði ekki fram að ganga.

Þetta er mjög mikilvægt hagsmunamál margra landsmanna. Það þarf því engan að undra þótt þessu máli sé aftur hreyft nú í þingbyrjun, og það þarf ekki að koma flatt upp á neinn að þetta frv. er flutt nú öðru sinni. Margir hafa tekið til máls þegar við 1. umr. málsins. Það sýnir að þetta mál vekur áhuga, snertir hagsmuni fjölda manna. Það sýnir enn fremur hversu óhemjumikil og margþætt verkefni við eigum fyrir höndum í vegagerð hér á landi.

Hv. alþm. tóku allir höndum saman á þessu ári um að beita sér fyrir því að hringvegur yrði lagður um landið. Það var vissulega mikið átak, einnig mikið takmark að stefna að, að hægt væri að aka hringinn í kringum landið eins og kallað er. En þó að það hafi nú tekist og þó að Norðurvegur verði lagður með varanlegri hætti en verið hefur, þá eru vissulega fjölmörg verkefni þar fyrir utan. Þó að ég sé einn af flm. þessa máls og þetta mál snertir vissulega kjördæmi mitt að *hluta viðurkenni ég fyllilega* að það eru margir aðrir vegir en hringvegurinn, Norðurvegur, hringvegur um Vestfirði o. fl. sem sinna þarf á komandi árum. Þetta sýnir að við höfum þarna ærin verkefni að vinna, en jafnframt lítið fé úr að spila.

Það eru ýmsir sem gerast talsmenn þess mikla máls að leggja vegi með varanlegu slitlagi í kauptúnum og annars staðar. Það þarf vissulega, þó að hringvegur hafi opnast og Vestfjarðavegur, víða að leggja vegi fyrir nes, víkur og voga. Þá má ekki heldur gleyma sýsluvegunum, en þær aðgerðir, sem m. a. alþm. ýmsir beittu sér fyrir á síðasta þingi, hafa orðið til þess að rýra mjög tekjustofna sýsluvegasjóða og að því máli þarf alveg sérstaklega að hyggja.

Ég ætla ekki að láta mörg fleiri orð falla um þetta mál. Það getur enginn borið á móti því að góður vegur milli höfuðborgar landsins og höfuðstaðar Norðurlands er mikið hagsmunamál margra, ekki einungis þessara fjölmennu byggðarkjarna, heldur einnig nokkurra kjördæma. Og hann á einnig að koma Vestfirðingum að haldi.

Ég vil láta það vera mín lokaorð við þessa umr. málsins að víkja að orðum þeim sem hv. 8. landsk. þm. lét falla í lok ræðu sinnar í kvöld þar sem hann var að velta því fyrir sér hvert yrði hagkvæmasta vegasamband Vestfjarða við Norðurveg, og ég vil benda honum á þessu leið. Það er leiðin af Vestfjarðavegi við Laxá í Dölum um Laxárdalsheiði á Strandir norður. Ég vil vonast til þess að hv. þm. Vestf. taki höndum saman við okkur þm. Vesturl. um að koma þessum vegi á hið fyrsta. Það hefur sýnt sig eftir að Heydalsvegur var lagður nú fyrir nokkrum árum þó að það tæki langan tíma að það er allra besta leiðin yfir Snæfellsnesfjallgarð. Með því að fá álíka veg yfir Laxárdalsheiði náum við miklum áfanga í samgöngumálum á þessum slóðum. Laxárdalsheiði er í ámóta hæð yfir sjó og Heydalsvegur og þess vegna full ástæða til þess að ætla að þar mundi nást örugg leið allan ársins hring.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Undir lok þessara umr. langar mig til að færa þakkir þeim mörgu þm. sem hér hafa tekið til máls og ég hygg að mér sé óhætt að segja að allir hafi mælt með máli þessu að meginefni til a. m. k. Fyrir það hljótum við flm. að sjálfsögðu að vera mjög þakklátir. Ég hygg að þeir séu ekki færri en 12 sem hér hafa talað auk mín, þ. á m. raunar tveir hæstv. ráðh., og vil ég sérstaklega færa hæstv. samgrh. þakkir fyrir hans góðu og eindregnu undirtektir við þetta mál, sem ég raunar átti von á. Aðeins held ég að einn eða tveir hv. þm. hafi dregið úr því að þessa upphæð þyrfti alla. Ég hygg að hv. 2. þm. Austf. hafi talað um að eðlilegt væri að stærsti hlutinn af þessu fé færi til Norðurlandsvegar og notaði orðið „aðalfjármagnið", það færi til þess vegar, en einhver hluti e. t. v. til annarra hluta hringvegarins. Og hv. 1. þm. Sunnl. kvaðst vilja huga að því hvort hækka ætti þessa upphæð þannig að eitthvert aukafé yrði til annarra vegaframkvæmda en þeirra sem hér er sérstaklega um rætt.

Mér finnst það ekki furðulegt þó að við umr. eins og þessar skuli þm. úr hinum ýmsu kjördæmum koma fram með þau sjónarmið sem þar eru sérstaklega ríkjandi. Þvert á móti er það ánægjulegt að menn skuli ræða öll þessi mál í samhengi, og auðvitað höfum við flm. ekkert á móti því að afgreiðslan fari fram með hliðsjón af afgreiðslu vegáætlunar og annarra mála. Þessi fjáröflun er að vísu aðeins hluti þess heildarfjár sem þarf til að framkvæma þetta mikla verkefni, veginn milli Akureyrar og Reykjavíkur. Þess vegna má segja að það má afgreiða þetta mál einangrað. En við höfum ekkert á móti því að allt verði þetta skoðað í heild. En við hugsum okkur að fjáröflun verði auk vegalaga með þeim hætti að allstórt erlent lán yrði tekið til að hrinda þessu mikla verkefni í framkvæmd.

Ég hafði sérstaka ánægju af því að heyra hv. 8. landsk. þm. ræða um tengingu Vestfjarða við þennan veg, vegna þess að vissulega höfum við haft af því hliðsjón að Vestfirðir og raunar líka Austfirðir nytu góðs af þessu verkefni ekki síður en aðrir landshlutar. Hann gat réttilega um það hver þörf væri að tengja Vestfirðina þessum nýja, væntanlega vegi.

Hv. 4. þm. Austf. gat um það að hér væri kannske farið inn á nýja braut, að um nýmæli væri að ræða að nú yrði fjár aflað með happdrættisskuldabréfaútgáfu til almennrar vegagerðar. Hér hygg ég að sé kannske um minni háttar misskilning að ræða. Það er varla hægt að tala um þetta verkefni sem almenna vegagerð. Þetta er vissulega stórverkefni, meira að segja stærsta verkefnið í vegamálum Íslendinga frá hinu fyrsta. Það var stórverkefni þegar ráðist var í Keflavíkurveginn þó að vegur væri þar fyrir. Það var stórverkefni þegar ráðist var í veginn austur fyrir fjall þótt vegur væri þar fyrir. Það var líka stórverkefni þegar ráðist var í veginn yfir Skeiðarársand þótt þar væri að vísu veglaust. Og hér er um að ræða stórverkefni sem við erum að gera okkur vonir um að þm. geti sameinast um að afgreiða og hrinda í framkvæmd. Síðan koma auðvitað önnur stórverkefni á eftir. En mín skoðun er sú, að það sé heppilegt fyrir okkar litlu þjóð að vera sífellt að fást við einhver slík stórverkefni og einmitt þá að leita beint til almennings um fé til þeirra framkvæmda. Og ég hygg að fólk muni frekar vilja láta fé sitt af höndum rakna ef það veit að það fer til þessara ákveðnu framkvæmda en það ella mundi gera.

Það er aftur á móti rétt, sem þessi hv. þm., Tómas Árnason, benti á, að þessi vegagerð er hin arðvænlegasta. Það beinlínis borgar sig að leggja þennan veg, a. m. k. svo til alla kafla hans, bundnu slitlagi. Það borgar sig beinlínis fjárhagslega vegna slits á bifreiðum o. s. frv. og betur en aðra vegi. Það má vera að vísu, að það geti verið rétt að skilja einhverja hluta þessa vegar eftir án þess að leggja þá bundnu slitlagi, en hins vegar þarf að byggja þá vegi upp. Á ég þar t. d. við Holtavörðuheiði og Öxnadalsheiði. Það kann að vera að vegna ísingar og slíks muni menn hlífast við því eitthvert árabil að leggja þessa kafla, sem eru tiltölulega stuttir, bundnu slitlagi. Er raunar ekkert við því að segja vegna þess að það breytist enginn maður á því að aka örstutta kafla á góðum upphleyptum vegum þó að einhverjar holur séu, enda tiltölulega auðvelt að halda við slíkum litlum köflum með góðum tækjum ef umferð er þá ekki orðin því meiri. Og auðvitað yrðu þessir kaflar með einna minnstri umferð næstu árin, en aftur innanhéraðsvegirnir, t. d. allur Borgarfjörðurinn, Húnavatnssýslurnar, Skagafjörðurinn og ég tala nú ekki um nágrenni Akureyrar er auðvitað með mjög mila umferð og brýn þörf á að fullgera þann veg sem allra fyrst og hefjast handa á næsta ári.

En ég skal ekki tefja þessar umr. Ég endurtek þakkir til þdm. sem til máls hafa tekið og vona að við getum sameinast um að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 9. fundur.

Fimmtudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 27). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hér er til umr. frv. sem er gamall kunningi úr þingsölum og er um að ríkisstj. sé heimilt að innheimta á árinu 1975 með viðauka eftirtalin gjöld ríkissjóðs: stimpilgjöld af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir af kaupmálum með 140% viðauka svo og viðauka leyfisbréfagjalda annarra en þeirra sem um ræðir í aukatekjulögum, nr. 104/1965.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það hefur verið hér á dagskrá ár eftir ár nú um margra ára bil. Hins vegar sýnist mér að við þá endurskoðun, sem fer fram á innheimtu tiltekinna gjalda hjá ríkissjóði, megi nú búast við því að slíkt frv. þurfi ekki að sjást hér í sölum Alþ. aftur.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj atkv.

Ljósmæðralög, frv. (þskj. 46). — 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég ber fram um breyt. á ljósmæðralögum nr. 17 19. júní 1933, ásamt hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljan, var flutt á þinginu 1971—1972 af þáv. hv. 3. þm. Austurl., Páli Þorsteinssyni, og hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljan. Frv. fékk mjög góðar undirtektir, en var vísað til ríkisstj. á þeim forsendum að nýrra ljósmæðral. væri að vænta.

Ný ljósmæðralög hafa ekki komið fram og okkur þykir því rétt að endurflytja þetta frv., þótt ekki væri til annars en að hreyfa við þessu nauðsynlega og sjálfsagða máli.

Núgildandi lög um ljósmæður eru rúmlega 40 ára gömul og á þeim tíma hafa orðið miklar breytingar í þjóðfélaginu, þannig að sum ákvæði ljósmæðralaganna samrýmast ekki þeim öru breytingum, sem hafa orðið, og hefur því reynst óhjákvæmilegt að víkja frá þeim í framkvæmd Ég vil í stuttu máli gera grein fyrir þeim breyt. sem lagt er til að gerðar verði á gildandi lögum.

Ljósmæður fá skipun til starfa af hendi sýslumanna og bæjarfógeta. Umfang ljósmóðursstarfsins er mjög misjafnt. Nokkrar ljósmæður eru þannig settar að um fullt starfssvið er að ræða, en flestar eru þannig settar að ekki er um fullt starf að ræða og launin miðuð við það að þau séu fremur þóknun en full starfslaun.

Það er till. okkar, sem berum fram þetta frv., að launakjör skipaðra ljósmæðra skuli ákveðin með kjarasamningum eða kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna. Þess skal getið að í kjarasamningum, sem gerðar voru á þessu ári,

er ljósmæðrum skipað í 16. launafl. annað þrep í byrjunarlaun, en það mun aðeins ná til þeirra örfáu einstaklinga í stéttinni sem hafa fullt starf. Um kjör annarra ljósmæðra mun hafa skipast þannig, þegar almennar launabreytingar hafa orðið, að heilbr.- og trmrn. hefur gert till. um það hverjar breyt. skyldu gerðar hverju sinni á þeirri þóknun eða því kaupgjaldi, sem ljósmæður úti á landsbyggðinni fá, og síðan hafi þessar till. verið lagðar fyrir fjmrn. sem hefur raunverulega ákveðið þessar greiðslur. Ekki er nein ástæða til að ætla að í rn. hafi verið nokkur tilhneiging til þess að halla á þessa starfsmenn. En við teljum það ekki eðlilega skipun að rn. ákveði launakjör þessara starfsmanna sem hafa fengið bréf um skipun í opinber störf. Við teljum eðlilegast að þetta verði lagt í hendur þeirra, sem fara með kjarasamninga opinberra starfsmanna, eða kjaradóm.

Onnur ákvæði í 4. gr. eru óbreytt í frv. okkar frá því sem er í gildandi lögum. Við teljum það koma til álita að sú skipan verði tekin upp að ríkissjóður greiði hluta af launum allra ljósmæðra í landinu, hvort sem þær starfa í kaupstöðum eða sveitum. Það getur þá komið til athugunar við meðferð málsins, en ekki er gerð till. um það í þessu frv.

2. gr. þessa frv. kveður svo á að ljósmæðir, sem skipuð er í starf skv. frv., eigi rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn. Það má telja sjálfsagt að þessi réttur sé veittur á sama hátt og öðrum stéttum, en það eru engin ákvæði um þetta efni í núgildandi ljósmæðralögum.

Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv. að aftan við lögin komi ákv. til brb., svo hljóðandi:

„Á árinu 1975 skal hver sýslunefnd endurskoða skiptingu sýslunnar í ljósmæðraumdæmi, sbr. 2. gr. l. Að endurskoðun lokinni skal sýslunefnd í hverju lögsagnarumdæmi gera ráðherra grein fyrir till. um skiptinguna og leita samþykkis hans á þeim."

I 2. gr. ljósmæðralaganna, sem hér er vitnað til, segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hverri sýslu landsins skal skipt í ljósmæðraumdæmi og gerir sýslunefnd það með samþykki ráðh. Skipa skal eina ljósmóður til að gegna hverju umdæmi og hefur hún þar aðsetur er sýslunefnd þykir hæfa."

Skipting í ljósmæðraumdæmi, eins og hún er nú í mörgum eða jafnvel flestum sýslum landsins, er miðuð við það að hver sveit eða hvert sveitarfélag sé ljósmæðraumdæmi út af fyrir sig. Því teljum við eðlilegt að sú skipting, sem gilt hefur, skuli tekin til endurskoðunar. Þessi skipting var eðlileg þegar samgöngur voru litlar sem engar, nær veglaust, vatnsföll óbrúuð og bifreiðaeign lítil. Með þeim breyt., sem orðið hafa á samgöngukerfi landsins, og með þá staðreynd í huga, að mjög erfitt er að fá ljósmæður til að gegna starfi í mörgum fámennum byggðarlögum, teljum við eðlilegt að þessi mál verði tekin til endurskoðunar. Við leggjum á það áherslu að slík endurskoðun verði fyrst og fremst í höndum sýslunefnda, en með því fæst trygging fyrir því að um þessi mál fjalli nefnd með staðgóða þekkingu á staðháttum og aðstöðu hvers byggðarlags.

Þegar ákveða skal hvernig skipta á héraði í ljósmæðraumdæmi, þá ber að dómi okkar flm. að taka tillit til ýmissa sjónarmiða. Það ber að líta með sanngirni á sérstöðu einstakra byggðarlaga og hafa það í huga fyrst og fremst að ávallt verði veitt svo góð þjónusta á þessu sviði sem kostur er. Það verður líka að taka tillit til samgangna innan héraðs, eigi aðeins á þeim árstíma þegar samgöngur eru greiðastar, heldur engu síður, hvernig samgöngum er háttað á vetrum. Rétt er og að hafa hliðsjón af fólksfjölda í sveitarfélögum og gera sér grein fyrir því eftir fenginni reynslu hvort auðveldara muni reynast að fá ljósmæður til starfa í allfjölmennum umdæmum fremur en hinum fámennustu. Enn fremur verður að hafa í huga löggjöf um heilbrigðisþjónustu frá 27. apríl 1973, en þar er gert ráð fyrir mikilli stækkun læknishéraða. Þá virðist það augljóst að í sambandi við skipulagsbreyt. á þessu sviði beri sérstaklega að athuga hvort hagkvæmt sé að auka verkefni ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða með því að þær jafnframt ljósmóðurstarfi veiti héraðslæknum aðstoð við almenna heilsugæslu. Þetta mundi sérstaklega eiga við og geta komið sér vel í byggðarlögum, sem eru í mikilli fjarlægð frá heilsugæslustöð, og í fámennum ljósmæðraumdæmum.

Að svo mæltu vil ég leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil strax við þessa 1. umr. lýsa yfir fullum stuðningi við þetta frv. og það sem það inniheldur. Ég er sannfærður um að þarna hefur verið um langa tíð að ræða visst misrétti eða hugsunarleysi, vildi ég fremur segja, gagnvart því sem þarna kemur fram. Ég er sannfærður um að það er ekki af viljaleysi heldur fyrst og fremst af hugsunarleysi að þarna hefur ekki verið gerð breyt. á. En ég, herra forseti, endurtek: Ég er mjög hlynntur þessu frv. efnislega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 55). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr. og fjallar um breyt. á l. nr. 13 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, er flutt skv. beiðni háskólaráðs, en með því er stefnt að því að auka veltu og hagnað Happdrættis Háskóla Íslands á næstu árum, svo að það geti lagt meira af mörkum til fyrirhugaðra bygginga á vegum háskólans. Á slíku er mikil nauðsyn vegna mikilla byggingarframkvæmda og tækjakaupa Háskóla Íslands og stóraukins kostnaðar vegna viðhalds húsa og búnaðar.

Frv. felur í sér eina breyt. frá gildandi l. þ. e. a. s. heimild til útgáfu sérstaks flokks hlutamiða, B-flokks, til viðbótar við þá fjóra flokka, E, F, G og H, sem nú eru gefnir út. Endur-

nýjunarverð miða í hinum nýja flokki yrði fimmfalt hærra en í þeim flokkum, sem fyrir eru, og fjárhæð vinninga einnig fimmfalt hærri.

Breyt., sem frv. felur í sér, er líkleg til að auka veltu og hagnað happdrættisins og gera framkvæmdir háskólans mögulegar, án þess að verð miða verði hækkað í þeim flokkum sem fyrir eru, en það er nú 300 kr. á mánuði og hækkaði um síðustu áramót. Óbreytt verð gömlu miðanna á næsta ári gerir mörgum viðskiptavinum happdrættisins kleift að halda áfram þátttöku án aukins kostnaðar, en nýi flokkurinn gefur þeim, sem vilja auka þátttöku sína í happdrættinu verulega, möguleika á því á einfaldan hátt.

Helstu framkvæmdir, sem hagnaður af rekstri happdrættis Háskóla Íslands rennur til á næstu árum, eru þessar: Sérhæfðar byggingar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild, sem unnið er að í áföngum, byggingar almenns kennsluhúsnæðis sem nú er orðinn mikill skortur á og sérhæfðar byggingar fyrir læknadeild og tannlæknadeild sem nú eru að hefjast á landsspítalalóð, en þær verða aðeins að hluta reistar fyrir happdrættisbréf. Búnaður í háskólabyggingar og tæki til rannsóknarstarfsemi og kennslu eru keypt fyrir happdrættisfé, og enn fremur er frágangur og viðhald lóða og viðhald húsakosts háskólans greitt af hagnaði happdrættisins.

Í grg. með fjárlagatill. stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands var skýrt frá því að tekjuáætlun happdrættisins væri reist á þeirri forsendu að viðbótarflokkur sá, sem frv. gerir ráð fyrir, fáist lögfestur á þessu ári. Drög að framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands eru einnig byggð á sömu forsendu.

Ég sé nú ekki ástæðu til, herra forseti, á þessu stigi að fara frekari orðum um þetta frv. Þingnefnd sú, sem fær frv. til meðferðar, getur kynnt sér byggingarmálefni háskólans frekar með könnun á gögnum, sem fylgdu fjárlagatill. háskólans, og einnig með viðræðum við fyrirsvarsmenn háskólans, háskólarektor eða aðra fulltrúa, ef hv. þingnefnd telur á því þörf. En ég endurtek það, sem áður er sagt, að þetta er frv. sem flutt er skv. beinum tilmælum frá háskólaráði og háskólarektor.

Ég vil vekja athygli á því að það er mikilvægt, það er beinlínis þörf á því að frv. nái fram sem fyrst vegna undirbúnings að sölu happdrættismiða á næsta ári, en sala þeirra hefst í lok desember, þannig að frv. getur ekki náð þeim tilgangi sem stefnt er að, nema orðið sé við þeim tilmælum að afgreiða það með skjótum hætti. Ég vona, að hv. n. og hv. d. geti á það fallist, þar sem ég held að þetta sé tiltölulega einfalt, og um nauðsyn fjáröflunar til þeirra þarfa, sem í frv. getur, verður ekki efast.

Herra forseti. Ég legg til, að nú að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Vegna þess að ég er örlítið tengdur öðru flokkahappdrætti, samkeppnisaðila háskólans að þessu leyti, langar mig til að lýsa yfir stuðningi mínum við þessa miklu stækkun háskólans, og ég vil óska þeim til hamingju með þann stórhug og þá viðsýni sem þeir sýna, með því að ráðast í svona stórt. Þetta verður gífurleg tekjuaukning hjá háskólanum, ef vel tekst til, enda þarfirnar miklar. Ég vil um leið vekja athygli á því að á undanförnum árum, á annan tug ára, virðist læknadeild háskólans mjög lítið hafa notið tekna af háskólahappdrættinu. Það er mjög merkilegt til þess að vita að þessi stærsta og veigamesta deild háskólans hefur algjörlega farið varhluta af því mikla fjármagni, sem úthlutað hefur verið frá háskólahappdrættinu. Nú sé ég í grg., að til stendur að bæta úr þessu, og þykir vænt um að svo er, enda eru byggingaþarfir þeirrar deildar mjög viðamiklar og kostnaðarsamar á næstu árum.

Í þessu sambandi langar mig aðeins til að minnst á mál, sem ég hef áður minnst á í sambandi við happdrættið, og það er að mér hefur fundist að það væri ástæða til fyrir ríkisvaldið að ákveða hámark þess sem leyfilegt væri að borga út í vinninga. Í háskólahappdrættinu eru borguð 70% í vinninga. Happdrætti SÍBS borgar 60%, en í sjálfu sér, þegar maður lítur á tilgang þessarar happdrættissölu, þá vitum við að tilgangurinn er ekki fyrst og fremst að safna peningum hjá mörgum og deila þeim með fáum, heldur er meiningin að safna til þessa ákveðna tilgangs sem happdrætti er stofnað til. Því hefði ég haldið að það væri fullkomin ástæða til þess að ríkisvaldinu setti hámark á leyfilega útborgun vinninga, t. d. 50%, og ekkert happdrætti mætti greiða meiri hluta af sinni tekjuöflun í vinninga en 50%. Þetta mundi þýða það að öll happdrættin fengju miklu meira í sinn hlut til þeirrar starfsemi, sem þau eiga að sinna, en aftur á móti hef ég ekki trú á því að veltan minnkaði að sama skapi.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það voru nokkrar vangaveltur í sambandi við þetta frv. sem ég ætla að tala hér um og þá nota tækifærið að beina fyrirspurn til hæstv. dómsmrh.: Hvað má ætla að happdrættisveltan verði á árinu 1975? Geng ég þá út frá því að þetta frv. verði samþ., því að nú virðist mér æðimjög sækja á það að leysa eigi mörg vandamál þjóðfélagsins í ýmsum framkvæmdum með happdrættiskerfinu.

Háskóli Íslands fékk þetta leyfi fyrir mörgum árum, ég man nú ekki nákvæmlega hve mörgum, en það mun skipta tugum ára og hefur verið ómetanleg stoð fyrir byggingu Háskólans. Síðan komu tveir aðrir mikilvægir þættir til uppbyggingar góðra mála, þ. e. a. s. DAS-happdrættið og SÍBS-happdrættið. Ég tel að við þurfum að hafa heildaryfirlit yfir a. m. k. þessa þrjá flokka þegar við erum að gefa einum aðilanum svo mikla rýmkun sem þetta frv. hefur í för með sér. Ég tel að eftirspurnin í happdrættismiða sé ekki ótakmörkuð, og þess vegna ber ég þessa fyrirspurn fram. Það er ekki hægt að svara henni þegar í stað. En það væri æskilegt að n., sem fjallar um þetta frv., gæti fengið það svar við þessu svo að við vissum hvað þetta þýddi. Einnig væri hugsanlegt að forsvarsmenn hinna tveggja þjóðþrifahappdrættanna, sem ég vil nefna svo, hefðu líka áhuga á að hafa aukin umsvif á næsta ári. Síðan hefur ríkissjóður uppi sam-

keppni um happdrættismiðakaup, og einnig er komin fram mikil ásókn að fjármagna vegaframkvæmdir með happdrætti.

Við erum að verða mjög mikið happdrættisþjóðfélag, og því er ekki úr vegi að gera sér grein fyrir hvað miklir fjármunir fara í þetta, því að varla verða menn fúsir til að hafa þessa veltu ótakmarkaða. Ég reikna ekki með því. Einnig verðum við að hafa í huga að næsta ár verður að öllum líkindum nokkru þyngra í skauti fyrir almenning en þetta ár, og eru frv. um þau mál á Alþ. er gera það þyngra fyrir allan almenning að lifa í landinu. Þess vegna ber ég þessa fyrirspurn fram til að fá upplýsingar um, eftir því sem tök eru á, hvað veltan gæti orðið mikil á komandi ári.

Ég vil taka undir það sjónarmið hjá síðasta ræðumanni að nauðsynlegt er einnig að ákveða hámark í þessum málum á útgreitt hlutfall. Það er nauðsynlegt, held ég, að endurskoða þessi mál í einni heild og gera sér fulla grein fyrir því hvert stefnir þegar sótt er á happdrættiskerfið mjög víða að í fjármögnun, sem við erum allir sammála um að er þjóðþrifamál út af fyrir sig.

Það kemur fram í grg. á bls. 2 að hér á að hefjast handa um byggingu fyrir læknadeild og tannlæknadeild sem er einnig tengd Landsspítalanum. Öll þau byggingaráform nema mörgum hundruðum milljóna og þessi áfangi í þessari byggingu einni nemur 600 millj. kr. og verður fjármagnaður að hluta frá Háskóla Íslands og einnig að hluta með beinu framlagi ríkissjóðs, svo hér er um geysilega háar tölur að ræða.

Ég vildi, herra forseti, koma þessari beiðni á framfæri til 1. umr. Efnislega er ég auðvitað með þessu frv., en ég tel æskilegt að við fáum heildarmynd af þeirri veltu, sem happdrættiskerfið hefur í för með sér, ef tök eru á, varðandi komandi ár.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það er ekki meining mín að spyrna fótum við samþykkt þessa frv. Ég get lýst yfir stuðningi mínum við frv. sem slíkt og tilgang þann sem felst í þeirri lagasetningu sem þetta frv. hefur að geyma. En ég kveð mér hljóðs af því að mér finnst eins og mörgum öðrum þjóðfélagsborgurum satt best að segja orðið yfirþyrmandi tiskufyrirbrigði í okkar þjóðfélagi þessi happdrættisstefna, ef svo mætti að orði komast. Það er reynsla okkar a. m. k. þeirra sem búa í þéttbýli, að það er ekki sjaldnar en einu sinni á hverjum einasta sunnudegi, sem hringt er dyrabjöllunni, og þá er verið að bjóða til kaups einhvers konar happdrættismiða.

Nú virðist það vera yfirlýst stefna, sem alltaf er að vinna sér meira og meira fylgi hér í sölum Alþ., að reyna að fjármagna ýmsar framkvæmdir, — ég viðurkenni að það hafa verið nauðsynlegar framkvæmdir sem þar hafa verið á ferðinni, — á þennan máta, að höfða til spilamennskueðlisins, sem er svo ríkt í mönnum, að reyna að fá fljótfenginn happagróða. Ég held að það sé full ástæða til þess af opinberu hálfu að tekið sé til alvarlegrar athugunar að spyrna hér við fótum.

Í framhaldi af þeirri fyrirspurn, sem hv. síðasti ræðumaður gerði að umræðuefni, hvað væri mikil velta þessara opinberu happdrætta: DAS, SÍBS og háskólans, vil ég bæta við að ég vildi gjarnan óska þess að það yrði upplýst, t. a. m. við 2. umr. þessa máls, hve mikið er komið í umferð af svokölluðum happdrættisskuldabréfum í heild og einnig yrði upplýst hve margir aðilar það eru í þjóðfélaginu, félög og aðrir, sem hafa fengið leyfi til þess að gefa út happdrættisseðla eða afla fjármagns með þeim hætti

Ég endurtek að ég tel að nú sé kominn tími til þess fyrir stjórnvöld að taka til alvarlegrar athugunar hvort ekki eigi nú að sporna við fæti og stöðva þessa þróun. Ef menn eru almennt á því að vera með þessi happdrætti, þá tel ég að það mætti koma fyllilega til greina að færa þetta enn betur út og opna þá hreint og beint alþjóðlegan spilabanka hér. Því skyldum við ekki gera það? Ég veit um ríki, sem hefur stórkostlegar tekjur og mestar sínar tekjur af því að reka alþjóðlegan spilabanka. Mér finnst það alveg eins geta komið til athugunar, hvort það væri ekki eðlilegt. Við getum boðið ákaflega góð þægindi við það og það gæti verið mjög ábatasöm fjáröflunarleið og mætti þá taka það til athugunar. Það er ekkert árstíðabundið með það, þannig að við gætum þá dreift ferðamannastraumnum betur, þeir gætu komið hingað á haustin og á vetrum og stundað spilamennsku ásamt öðru því, sem þeir kynnu að óska sér til afþreyingar.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Tvær fyrirspurnir komu fram hér áðan, frá hv. 1. landsk. þm. og frá hv. 2. þm. Norðurl. e. Hin fyrri er á þá lund, hvað ætla megi að happdrættisveltan verði mikil á árinu 1975, og skildist mér þá aðallega vera miðað við þau stóru happdrætti sem leyfð hafa verið sérstaklega með lögum. Hin var á þá leið, hvað væri komið mikið í umferð af happdrættisskuldabréfum.

Þessum spurningum get ég ekki svarað hér og nú af því að ég hef ekki gögn í höndum því viðvíkjandi, en ég tel sjálfsagt að sú n., sem fær málið til meðferðar, fái upplýsingar um þetta. Ég mun reyna að sjá um að henni verði fengnar upplýsingar um það hvað áætlað væri að veltan í þessum þremur happdrættum yrði mikil á næsta ári, en það heyrir undir dómsmrn. að fylgjast með þeim sem lögum samkv. skipa happdrættisráð allra þessara happdrætta, þannig að það eiga að vera fyrir hendi upplýsingar um þetta efni og tiltölulega auðvelt að láta þær í té.

Að því er varðar hina spurninguna, hversu mikið sé komið í umferð af happdrættisskuldabréfum ríkissjóðs, þá á ég að vísu ekki jafnauðvelt með að sjá um að þeirri spurningu verði svarað, þar sem þau málefni heyra undir fjmrh., en ég skal koma þessu á framfæri við hann og vænti þess að það geti farið saman, að n. geti fengið upplýsingar um þau efni.

Það er ekki ástæða til að fara mikið út í þær vangaveltur sem hér hafa komið fram um happdrætti og hvort það sé heppileg stefna að ætla að byggja jafnmikið á happdrættum og gert hefur verið. Vissulega er réttmætt að velta því fyrir sér og það má segja að hér sé ríkjandi talsverð happdrættisstefna. Þá er líka þess að gæta að happdrættin eru engan veginn upp talin með þessum þrem aðalhappdrættum, sem stofnuð eru

og rekin samkvæmt lögum, heldur eru mörg önnur happdrætti sem leyfð eru af dómsmrn. Þau eru bundin við eitt skipti fyrir öll, ef svo má segja. Það er veitt leyfi til að hafa happdrætti, en það gengur ekki áfram ár eftir ár eins og þessi happdrætti. Það er auðvitað fróðlegt að fá líka upplýsingar um hve mörg slík happdrættisleyfi hafa verið gefin út á t. d. síðasta ári eða þessu ári. Ég veit að það er talsvert há tala, en ég hef þá tölu ekki á takteinum. Það er sjálfsagt að láta upplýsa það fyrir n. Það getur starfsmaðurinn í dómsmrn., sem hefur með þessi málefni að gera, auðveldlega gert.

Það má sjálfsagt deila um hvort þetta sé heppileg stefna til þess að fjármagna ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir. Það getur verið að þetta ali um of upp í mönnum vissan happdrættishugsunarhátt og sé þess vegna frá því sjónarmiði varhugavert. Á hinn bóginn er þess að gæta að a. m. k. um þessi stóru happdrætti, sem þarna er um að tefla, og eins happdrættisskuldabréf þau, sem gefin hafa verið út af hálfu ríkissjóðs, þá er þar í öllum tilfellum um að ræða fjáröflun til mjög nytsamlegra hluta, fjáröflun sem ríkið hefði ekki komist hjá að fjármagna með öðrum hætti ef ekki hefði verið gripið til þessa ráðs, þ. e. a. s. með beinni eða óbeinni skattlagningu. Ég hygg að það hefði ekki verið komist hjá því. Ég gæti trúað að stundum hefði vafist fyrir hv. alþm. að samþykkja þær beinu fjárveitingar sem þurft hefði í þessu sambandi, en aflað hefur verið með þessum hætti sem hér er um að tefla. Og ég er hræddur um að t. d. Háskóli Íslands hefði risið seinna ef ekki hefði verið gripið til þess ráðs að afla fjár með þessum hætti, happdrætti. Ég býst við því að sama megi segja um hinar aðrar ýmsu góðu framkvæmdir sem hafa átt sér stað fyrir happdrættisfé. Þetta er frjáls fjáröflunaraðferð. Menn eru ekki skyldaðir til þess að kaupa þessa miða. Við skulum gera ráð fyrir að menn herði ekki beint sultarólina áður en þeir kaupa þessa miða, heldur kaupi þeir miða í þessum happdrættum af því að þeir vilja styðja gott málefni, en líka af því að þeir hafa afgangs eitthvert fé frá brýnustu nauðþurftum. Ég fyrir mitt leyti efast um að þeir mundu í öllum tilfellum a. m. k. verja því á skynsamlegri eða heppilegri hátt en að leggja það í þessi happdrætti og styðja þannig þau málefni sem um er að ræða. Hitt er annað mál, hversu hollt það er þeim, sem stóra vinningin fær, að fá hann allan greiddan út í einu. Ég get alveg fallist á þau sjónarmið, sem hér hafa verið sett fram, að það geti verið skynsamleg fjármálastefna að leggja einhverjar takmarkanir þar á og greiða hann e. t. v. í einhverjum áföngum. En þó er nú þetta, að það má líka alltaf fara varlega í að ætla að taka svona fjárhæðir óbeint af mönnum, og verður að gæta hófs í þeim efnum.

Ég held fyrir mitt leyti, að í sjálfu sér séu þessi mörgu, og ég get tekið undir það með síðasta ræðumanni: í mörgum tilfellum leiðu happdrætti í sjálfu sér, sem eru í gangi fyrir utan þessi stóru happdrætti, viðsjárverðari. Bæði er það nú, að það er ekki jafnöruggt eftirlit með þeim happdrættum eins og þeim, sem hér er um að tefla, og eins er það náttúrlega að þar er tilgangurinn oft miklu margvíslegri. En ég hygg að í flestum eða öllum tilfellum sé um að ræða samt einhver félög eða samtök sem eru að reyna að klóra saman fé til þess að geta staðið straum af starfsemi sinni eða einhverjum framkvæmdum sem þau standa í, misjafnlega þörfum, en oftast nær, hygg ég þó, þörfum. En síst af öllu hef ég á móti því að þessi mál séu hugleidd og athuguð nánar.

Það er ekki ný bóla að menn hafi hugsað sér að reka reglulegt ríkishappdrætti og taka inn drjúgan skilding á því. Ef ég man rétt var það 1911 eða 1912 sem Alþ. afgreiddi frv. um ríkishappdrætti og það átti að verða mikill búhnykkur. En það var sá hængur á að lögin voru í þeim búningi að þeim ráðh., sem átti að bera frv. fyrir konunginn, Hannesi Hafstein, þótti ekki hæfa að gera það. Þess vegna öðluðust þau lög aldrei gildi. En þá ætluðu Íslendingar ekki aðeins að selja happdrætti á Íslandi og hagnast af því, heldur víða um lönd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Vátryggingarsamningar, frv. (þskj. 56). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta litla frv. er óaðskiljanlegur fylgifiskur með frv. til l. um breyt. á 71. gr. einkamálalaganna sem ég hef mælt hér fyrir áður og hv. allshn. hefur til meðferðar. Það er að sjálfsögðu ástæða til þess að ég mæli fyrir þessu frv., því að vitaskuld heyra vátryggingarsamningar almennt undir þann ráðh. sem fer með tryggingamál. En í þessu frv. um breyt. laganna um meðferð einkamála, 71. gr. þeirra, var gert ráð fyrir því að þegar notuð væri heimild til þess að skipta sakarefni í skaðabótamáli vegna slysa, þá væri einnig lögfest heimild til handa dómara til þess, ef sækjandi krefðist þess, að ákveða bráðabirgðafjárhæð til greiðslu upp í endanlega skaðabótarfjárhæð sem dæmd kynni að verða, þ. e. a. s. þegar sakarefninu er skipt á þá lund að dæmt er eingöngu um skaðabótaskylduna í fyrra þætti málsins. En til þess að sú heimild, sem lögfest verður, komi að fullum notum verður þetta ákvæði í lögunum um vátryggingarsamninga að koma til og taka þeirri breyt. sem lagt er til í þessu frv., þ. e. a. s. að þá sé lögð tilsvarandi skylda á vátryggjandann eins og á þann sem tjóni hefur valdið og að vátryggingafélagið verði þá einnig skylt til þess að greiða tjónþola þá fjárhæð sem dómari hefur talið rétt að úrskurða til bráðabirgða.

Eins og ég sagði er þetta frv. fylgifiskur frv. um breyt. einkamálalaganna og þess vegna nauðsynlegt að það fylgi því í könnun í n., og þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að þessu litla frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til hv. allshn. og hún taki þetta frv. til meðferðar í sambandi við margnefnt frv. um breyt. á einkamálalögunum og láti það fylgja því.

Axel Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. er þetta fylgifiskur frv. um meðferð einkamála, sem er flutt vegna þáltill. sem var samþykkt 8. febr. 1972 og ég var 1. flm. að. Ég vil því strax nú við 1. umr. þakka það, að þetta kemur fram, og lýsa ánægju minni yfir því að rn. vill gera sitt til þess að hægt sé í fyrsta lagi að flýta skaðabótum til þeirra, sem verða fyrir verulegu tjóni, án þess að endanlegur dómur gangi í málinu.

Ég gat þess í framsögu fyrir umræddri þáltill. að það væru dæmi til þess að það tæki allt upp í áratug að fá niðurstöður í skaðabótamáli. Öllum hlýtur að vera ljóst að erfiðleikarnir eru mestir fyrst eftir að slys verður og fyrst gert er ráð fyrir því, að um sé að ræða bætur, þá sé nauðsynlegt og þær komi fyrst og fremst að gagni séu þær greiddar hið fyrsta eftir að slíkt á sér stað. Þegar kannske áratugur er liðinn er þetta miklu minna virði heldur en ef sem skemmstur tími getur liðið frá því að slys á sér stað og þar til bótaþegi fær bætur vegna þess.

Þetta var grundvallarástæðan fyrir þáltill. okkar flm. Við bentum þar á nokkur dæmi, það væri hægt að taka mýmörg dæmi í því efni. Ég rifja það ekki upp, herra forseti, en lýk máli mínu með því að fagna því að þetta er komið fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 48). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., var einnig til meðferðar á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Um margt má vísa til allítarlegrar framsögu um þetta mál þá, enda aðstæður allar og forsendur óbreyttar að öðru leyti en því, að enn frekari þörf er á skipan þessara mála í heild úti á landsbyggðinni. Þar kemur til aukning félagslegra þátta húsnæðismálanna, verkamannabústaða og leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, en þeir knýja á um aukin áhrif og viss völd út í landshlutana umfram það sem nú er, auk þeirrar almennu þjónustustarfsemi sem telja má aðra meginforsendu að frv.

Ég minntist á það í framsögu í fyrra að staðarvalsnefnd svokölluð hefði mjög fjallað um þessi mál, flutning stofnana frá Reykjavík eða stofnun útibúa frá þeim í landshlutunum. Það álit, sem þar er væntanlegt, þykir án efa nokkuð byltingarkennt og trúað gæti ég að hrollur færi um ýmsa þá í kerfinu okkar, sem trúa því að núgildandi skipan sé hin eina rétta og hafa sjóndeildarhring upp undir Esjuna eða tæplega það. En fólkið á landsbyggðinni sækir á um aukinn rétt, aukið vald, og meiri samstaða um sameiginleg baráttumál gefur baráttunni aukinn mátt, aukið gildi. Ég ætla að vona og veit reyndar að það muni móta till. okkar og rök í ríkari mæli en þröngsýn afturhaldssjónarmið skrifborðsþræla hinna ýmsu stofnana, sem svo sannarlega hafa komið í ljós víðar og meir en við væntum.

Húsnæðismálin eru tekin upp hér á Alþ. sem nokkur prófsteinn á það hver afstaða þings og stjórnar er í raun gagnvart hugmyndum sem þessum. Þau eru tekin fyrir vegna þess að þau eru í brennidepli þjóðfélagslegra viðfangsefna og alveg sérstaklega hefur orðið þar á stökkbreyting úti á landsbyggðinni, stökkbreyting sem kallar blátt áfram á aðra og betri skipan mála en nú viðgengst. Það þarf vart að rekja hér fyrir hv. alþm. hvernig þessi mál eru stödd í dag, hvernig öll ákvarðanataka, öll afgreiðsla, stór sem smá fer fram hér í Reykjavík, fyrir utan það að menn fá að skrifa nafnið sitt í einhverju bankaútibúinu og þangað fer svo lánið seint og síðar meir, þegar búið er að senda gögnin suður, síðan t. d. austur á ný og svo enn suður, sem sagt þjónustan er í lágmarki og kannske neðan þess.

Hér er ekki um að kenna slæmum mönnum, heldur slæmu kerfi. Út úr vítahring þess viljum við flm. brjótast með frv. þessu, þótt eflaust þurfi ýmsu að breyta og setja um nánari ákvæði nái megintilgangurinn fram að ganga.

Á það hefur t. d. verið minnst að frv. gangi of skammt, eitt útibú sé ekki fullnægjandi t. d. á Austurlandi, og eins hitt, að ekki skuli gert ráð fyrir útibúi á Vesturlandi, þar sem íbúar Snæfellsness og Dalasýslu séu a. m. k. í svipaðri aðstöðu og þeir landshlutar sem frv. gerir ráð fyrir að fái útibú. Hvort tveggja hefur við rök að styðjast, seinna atriðið raunar sjálfsagt sanngirnismál þegar betur er að gáð. Hins vegar er rétt við útibúastofnanir sem slíkar að fara sér hægt og rasa ekki um ráð fram, en gera útibúin í þess stað virk og raunhæf, gera vald þeirra sem mest og notagildi fyrir íbúana einnig sem fjölþættast og best.

Ég heyrði því fleygt varðandi frv.-flutning þennan á síðasta þingi að mörgum valdaaðilum í bankakerfinu þætti vel fyrir þessum málum séð frá sinni hálfu þar sem þeir önnuðust afgreiðslu lánanna endanlega, þ. e. útborgun þeirra, ef útborgun skyldi kalla, því að venjulega hefur viðkomandi banki lánað nær alla lánsupphæðina og gerir ekki annað en að taka lánið upp í víxilskuldir. Með þessu frv. stefnum við að allt annars konar þjónustu en hér um ræðir þótt engir annmarkar séu á því samkvæmt frv. að sérhvert bankaútibú eða sparisjóðir geti annast endanlega afgreiðslu og útborgun lánsins. Það er aukaatriði málsins. Þjónusta þessara annars ágætu stofnana, sem hér um ræðir, hefur á margan veg verið verri og minni en æskilegt hefði verið, en þá undirstrika ég líka að hún er síður en svo einsdæmi hér um. Miklu frekar er um dæmigerða staðlaða stofnanagerð að ræða og þjónustu eftir atvikum, stundum góð og stundum slæm og stundum alls engin. Stofnunin er eins og margar aðrar bundin mörgum skjölum, vottorðum og uppáskriftum alls konar eða í einu orði sagt því pappírsflóði sem Parkinsonslögmálið krefst af hverri stofnun, sem allt vill hafa í lagi og löglegt í alla staði, eins og það heitir ef einhverjum smávægilegum, einskisverðum formsatriðum hefur ekki verið fylgt út í æsar. Nú skulum við ganga út frá því að öll þessi plögg séu nauðsyn. Þá er auðveldara og betra með að fylgjast ef stofnunin er í nánd, svo sem útibú í hverjum landshluta yrði, færri umsóknir yrðu á hverjum stað og auðveldara yrði um öll svör en oft er nú.

Eitt vottorð getur dregið lánshæfni íbúða um mánuði og oft er því gleymt að tilkynna viðkomandi að enn vanti þetta vottorð svo að allt sé í lagi.

Upplýsingamiðlun hefur farið í vöxt hjá Húsnæðismálastofnuninni, byggingafulltrúar hafa sótt námskeið og hlotið aukna fræðslu og leiðbeiningar í starfi, en enn vantar þó mikið á að allt sé hér sem skyldi og væntanlegur húsbyggjandi fái þær upplýsingar sem duga til þess að allt fari fram á réttan hátt og lánveiting komi á eðlilegum tíma. Viðkomandi útibú tæki slíkt upplýsinga- og fræðslustarf að sér á sínu svæði og næði auk þess nánara og betra sambandi við þá sem í einstökum byggðarlögum þyrftu að vera leiðbeinendur húsbyggjenda.

Ég hef heyrt efasemdarraddir um það að útibú sem þessi hefðu næg verkefni. Auðvitað fer þetta atriði mjög eftir þróun byggðar á Íslandi og húsbyggingum á landsbyggðinni. En verkefnið á og þarf að verða ærið. Óleyst verkefni bíða hvarvetna stórátaka, ekki síst á því félagslega sviði sem við höfum vanrækt um of. Það leiðir af sjálfu sér að útibú sem þessi hefðu með íbúðarbyggingar í sveitum að gera, annaðhvort í umboði Stofnlánadeildar eða — sem ég teldi eðlilegra — að íbúðarhúsalán til bænda féllu undir Húsnæðismálastofnun ríkisins og yrðu í svipuðu formi og verkamannabústaðir þéttbýlisstaðanna á margan hátt, a. m. k. til allra hinna efnaminni bænda. Við þetta bættist svo, eins og reyndar er vikið að í grg., það viðbótarverkefni, það viðbótarsvið sem fólgið er í samruna útibúa af þessu tagi og skipulagsskrifstofa frá Skipulagi ríkisins, sem landshlutasamtök sveitarfélaganna hafa gert ákveðnar kröfur um að fá út í landshlutana og þá um leið reyndar að þessi þáttur yrði á þeirra vegum, sem vel má vera að sé heppilegast, þó að ég telji eðlilegt að heildareftirlit og yfirsýn séu í höndum ríkisstofnunar áfram. Samtenging þessara tveggja sviða, húsbygginga og skipulags, ætti að vera auðveld og eðlileg, svo mikil og sjálfsögð tengsl sem þarna eru á mill. Hvort tveggja er a. m. k. ærið í eina stofnun í hverju kjördæmi, einkum ef framtíðarstefna húsnæðismála verður sú að efla sem mest húsbyggingar á framleiðslustöðum landsbyggðarinnar með virkri þátttöku sveitarfélaganna í þeirri framþróun, — stefna sem verður að ná fram að ganga. Atvinnuleg umbylting á fjölmörgum stöðum utan Reykjavíkur kallar á aukið húsnæði sem fyrst, og þeirri þörf þarf þjóðfélagið að sinna framar öllum Breiðholtum höfuðborgarsvæðisins. Nægir að benda á þá margtuggnu þjóðhagslegu nauðsyn sem í því er fólgin, þó að mér sé ofar í huga jafnréttisaðstaða landsbyggðar og þéttbýlis í þessu sambandi. Til viðbótar kæmi svo verkfræðiþjónustumiðstöð sem landshlutasamtök sveitarfélaga hafa mjög haft á orði að koma upp í hverju kjördæmi. Samspil þessara þriggja þátta, skipulags, verkfræðiþjónustu og húsnæðismálanna, er ótvírætt og kemur víða heim og saman. Allt þyrfti þetta að athugast samhliða.

Þá er ég e. t. v. kominn að viðkvæmasta atriðinu, þ. e. hvert vald ætti að vera hjá útibúum sem þessum, hver hlutur þeirra í heildarfjármagni húsnæðismálanna á hverjum tíma. Um þetta er erfitt að setja ákveðnar reglur, en skoðun okkar flm. er sú að valdsviðið eigi að vera sem víðast og umfram allt að ná til allra þátta húsnæðismála og þá, eins og áður er sagt, til beinnar örvunar félagslegra framkvæmda í húsbyggingum. Byggðanefnd Alþ. mun eflaust endurflytja frv. um sérstök örvunarlán út á landsbyggðina og væntanlega fæst það nú í gegnum þingið, og þótt Byggðasjóður verði hinn formlegi lánsaðili hlytu þessi lán einnig að koma til kasta útibúa af þessu tagi. Meira að segja ættu heimaaðilar að hafa um þau ákveðinn rétt til miðlunar og sem æskilegastra áhrifa.

Að sjálfsögðu lytu þessi útibú yfirstjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins en okkar ætlan er sú að allt undirbúningsstarf, öll afgreiðsla og öll ákvarðanataka innan ramma laganna eigi að fara fram í útibúunum sjálfum, m. a. þættir eins og verkamannabústaðir og leiguíbúðir á vegum sveitarfélaganna. Þannig sér útibú af þessu tagi í tengslum við bankaútibú um allar veðtryggingar og endanlegan frágang lánsskjala. Allar sendingar til Reykjavíkur eru óhæfa þegar útibúin eru komin virk og um leið ábyrg.

Annað atriði, sem yrði að koma inn í reglugerð og ekki yrði raunhæft að lögbinda, er fjármögnunaraðferðin. Sumir hafa rætt þann möguleika að hver landshluti fengi sinn ákveðna kvóta í heildarfjármagninu til húsnæðismála á ári hverju. Það væri fásinna og óframkvæmanlegt. Hins vegar hvílir sú skylda á æðstu stjórn Húsnæðismálastofnunarinnar og ríkisvaldinu í heild að sjá útibúunum fyrir nægilegu fjármagni árlega til að uppfylla þarfir hvers landshluta að fullu. Um það gilda engar fyrirframreglur, en sjálfstæði útibúanna verður því aðeins tryggt að æðsta stjórnin skerði í engu þeirra hlut og umbeðið fé verði ávallt til reiðu refjalaust þegar þess er þörf. Æðsta stjórn í Reykjavík þarf að hafa heildaryfirsýn yfir þróunina í húsnæðismálum almennt, vera þar örvandi og hvetjandi aðili, en forðast þá mismunun sem á hefur borið, en þar á ég við það að aldrei hafa fjárhagsörðugleikar stofnunarinnar verið látnir í neinu bitna á Breiðholtsframkvæmdunum, heldur sífellt komið niður á landsbyggðinni með einum eða öðrum hætti.

Þetta frv. er vissulega nokkur prófsteinn á vilja Alþ. til útibúamyndana af þessu tagi og ég veit um stuðning og velvilja þm. úr öllum fokkum við framkvæmd af þessu tagi. Um fyrirkomulag allt og nánari fyrirmæli um einstök atriði hlýtur til að koma reglugerð, og sömuleiðis eru ýmis atriði frv. sjálfs þess eðlis að eflaust þurfa þau nánari athugunar við. N. sú, sem fær frv. til meðferðar, fær umsagnir og álit þeirra sem gerst til þekkja, og má þá sníða af þá agnúa sem á kunna að vera. Sífellt tal um nauðsyn þess að auka vald landsbyggðarinnar og sjálfstæði í hinum ýmsu málaflokkum er hins vegar til lítils gagns fyrir íbúana ef ekki fylgja framkvæmdir í kjölfarið, raunhæfar, en virkar. Um þennan þátt er eðlilegt að fjalla nú þegar víða hafa orðið straumhvörf í húsbyggingum og fólk vill gjarnan flytja út á landsbyggðina, en erfiðasti þröskuldurinn er þá oft húsnæðisleysi í hinum einstöku byggðarlögum. Fátt veit ég vænlegra til að viðhalda þessari þróun og efla hana en að færa þjónustuna til fólksins í auknum mæli, eins og

hér er lagt til, og veita fólkinu sjálfu hlutdeild í því skipulega átaki sem gera þarf til að færa húsnæðismál landsbyggðarinnar í viðunandi horf.

Að öðru leyti vísa ég til grg. og framsögu í fyrra, en bendi að lokum á mjög eindregin meðmæli með frv. úr þeim landshlutum sem hér hafa búið við skarðastan hlut. Það er krafa fólksins byggð á beinni þörf sem hér er verið að koma á framfæri og ég vænti stuðnings sem flestra við þá kröfu.

Herra forseti. Ég vil svo að lokinni þessari umr. leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera að umræðuefni till. sjálfa, heldur þann málflutning, sem henni fylgdi frá hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljan. Ég er þannig stemmdur, ef ég má svo að orði kveða, að ég vil taka undir þessa till. að mörgu leyti, en þær sendingar og þau skeyti, sem fylgja hans málflutningi af slíku stærilæti að ótrúlegt er til höfuðborgarinnar, finnst mér ég þurfa að gera aths. við það.

Ég held að það sé meira húsnæðisleysi á höfuðborgarsvæðinu einu heldur en á landinu öllu saman, eins og fram kemur í Breiðholtshverfi, sem hann minntist á með fyrirlitningu, þar sem 25 þús. manns koma til með að búa, og þó er eftirspurn eftir bæði leiguhúsnæði og húsnæði til kaups enn þá það mikil að ekki er hægt að anna eftirspurn. Ég er reiðubúinn til þess að taka undir og hjálpa þeim þm. dreifbýlisins sem vilja vinna fyrir sín kjördæmi og fyrir landið allt. En þeir mega ekki gera það allan tímann á kostnað Reykjavíkur og með þeim ummælum að Reykjavík sé eitthvað svo slæmt í þjóðskipulaginu og þjóðfélaginu að hana þurfi að varast allan tíma. Ég held að þm. almennt, og ég tala þá alveg sérstaklega til síðasta ræðumanns, ættu að fara að gæta tungu sinnar í ummælum eins og þeim sem hann hefur viðhaft hér hvað eftir annað. Hann byrjar yfirleitt ræðu sína með slíku stærilæti að furðu sætir. Slík ummæli og slíkur málflutningur getur hreinlega eyðilagt góð mál, gæti orðið til þess að t. d. menn eins og ég, sem hugsa og les um húsnæðisvandamál dreifbýlisins með jákvæðu hugarfari, bókstaflega snúist gegn þeim vegna slíkra neikvæðra ummæla um höfuðborgina og þau störf sem þar eru unnin.

Reykjavík er höfuðborg með öllum skyldum og því óhagræði sem því fylgir fyrir íbúa höfuðborgarinnar, og slík slagorð sem meiningarlaus eru og slettur í átt til hennar eiga ekki rétt á sér. Ég vil láta því mótmælt hér.

Ég verð að lýsa furðu minni á því ef það á að vera eitthvert innlegg í málið að oft geti vantað eitt og eitt plagg til þess að afgreiðsla fái eðlilega meðferð. Ég veit ekki betur en að umsækjandi um húsnæðislán fái lista yfir þau plögg sem hann á að skila. Ef hann fer ekki eftir þeim lista og eftir þeim upplýsingum sem viðkomandi ríkisstofnun lætur honum í té, þá er það hans eigið mál. Ef sá listi berst honum ekki í hendur hlýtur hann að gera eins og allir aðrir viti bornir aðilar, þ. e. að leita upplýsinga um það hvaða plögg hann á að útvega, áður en hægt er að fullnægja kröfu þess kerfis sem virðist að öllu leyti vera óalandi og óferjandi, einhver ófreskja eftir lýsingunni sem kom hér fram áðan. Ég skal viðurkenna, að kerfið er oft þungt og erfitt að átta sig á því, en að það eigi skilið slík ummæli sem hér komu fram áðan, það er alrangt.

Ekki skal ég mæla á móti því að þjónustustofnunum sé dreift og sumar þeirra fluttar frá Reykjavík. En hvort það borgar sig að flytja einmitt þessa stofnun, það skal ég ekkert segja um enn þá. En svo segir mér hugur að þau byggðarlög, sem koma til með að hýsa þessar stofnanir, þurfi að leggja í meiri kostnað við byggingu skrifstofuhúsnæðis og aðstöðu fyrir starfsemina og íbúðarhúsnæði fyrir það starfsfólk, sem augljóslega verður að fylgja stofnuninni, heldur en kannske lausn á því húsnæðisvandamáli, sem er á staðnum, þarf að draga til sín í byggðarlagið af fjármagni. Það verður að liggja einhver rökstuðningur, einhverjar tölulegar upplýsingar um hagkvæmni fyrir þjóðfélagið allt af því að flytja stofnanir frá einum stað til annars.

Með þessum orðum er ég ekki að reyna að halda mig við Reykjavík, það er langt frá því. En herra forseti, ég vildi aðeins nota þetta tækifæri á þessu stigi umr. til þess að mótmæla þeim ummælum, þeim óréttmætu ummælum, sem oft hafa fallið og sérstaklega frá síðasta ræðumanni, um reykvíkinga og Reykjavík.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég verð að játa það að ég hef ofmetið þennan hv. þm. mjög mikið. Ég heyrði það glögglega á hans ræðu að það þarf ekki mikið fyrir að koma til að snúa hv. þm. alveg og koma honum á allt aðra skoðun. Ég hef einmitt haldið að hann teldi sitt aðal vera geysilegt sjálfstæði í skoðunum og orð frá einum eða öðrum í því efni hrinu lítt á hv. þm. En svo kom að því að hann sagðist vera reiðubúinn til þess, jafnvel ef einhver óviðurkvæmileg orð féllu á einhvern hátt í umr., að snúa algerlega við blaðinu og hætta að veita góðu máli lið.

En reyndar skildi ég nú ekki hv. þm. almennilega. Ég lýsti engrir fyrirlitningu á Breiðholtsframkvæmdunum. Ég benti aðeins á það, að þessar framkvæmdir hafa haft forgang umfram annað í húsnæðismálakerfinu. Það er rétt. Það hefur alltaf verið séð fullkomlega fyrir fjármagni til þessara framkvæmda á undan almenna kerfinu, sem landsmenn almennt hafa orðið að búa við. Þegar hann ræðir um það að húsnæðisleysi sé mikið í Reykjavík, jafnvel meira en úti um land, þá stafar það vitanlega af þeirri öfugþróun í allri byggðaþróun á Íslandi sem við höfum verið að berjast við og þurfum að berjast á móti.

Ég held að það sé alger misskilningur hjá hv. þm. að útibú frá Húsnæðismálastofnun ríkisins verði á kostnað Reykjavíkur. Hann talaði um að þetta mætti ekki verða á kostnað Reykjavíkur. Ekki get ég séð hvernig útibú frá þessari stofnun yrðu það, því að á það var ekki minnst að flytja þessa stofnun frá Reykjavík, það hefur

heldur aldrei hvarflað að mér. Ég tel einmitt rétt að þessi stofnun hafi aðsetur sitt í Reykjavík og útibú frá henni séu sem virkust og öflugust úti um land.

Hv. þm. talaði náttúrlega af litilli þekkingu, sem vonlegt var, um erfiðleika landsbyggðarmanna í sambandi við húsbyggingar og upplýsingaþjónustu það varðandi. Hann sem sagt reiknaði með því að þeir gætu labbað sig upp í Húsnæðismálastofnun væntanlega, fengið þar lista yfir þau plögg sem þeir þyrftu að hafa. En ég get upplýst þennan hv. þm. um það að víða hafa allt fram til þessa tíma meira að segja byggingarfulltrúar einstakra staða ekki getað gefið húsbyggjendum viðhlítandi upplýsingar um þau plögg sem þarna þyrftu að vera til staðar. Húsnæðismálastofnun ríkisins — það var það sem ég deildi á fyrst og fremst — hefur oft ekki látið viðkomandi aðila vita þó að nauðsynleg plögg vantaði í hans skjöl.

Ég hef svolitla reynslu af þessum málum. Það er mjög ríkur þáttur í störfum okkar þm. að annast ýmsa fyrirgreiðslu fyrir menn í sambandi við þessi húsnæðismál, og sú fyrirgreiðsla tekur býsna mikinn tíma hjá okkur. Ég sagði að þessi stofnun hefði aukið upplýsingamiðlun sína til mikilla muna og til mikilla bóta fyrir alla húsbyggjendur, og það er rétt. En ég endurtek það, að víða hafa upplýsingar verið af mjög skornum skammti og stofnunin ekki látið mönnum í té þær upplýsingar sem þeir hafa á þurft að halda svo að allt væri fyllilega löglegt.

Það er nú einu sinni svo með okkur landsbyggðarmenn að valdið hefur safnast saman hér í Reykjavík, og við erum ekkert að snúa okkur beint að reykvíkingum með einhverju stærilæti, eins og hv. þm. var að tala um, þegar við erum að tala um þetta vald, sem hér hefur safnast saman. Ég hef bent á það t. d. að ég er hér að fjalla um eina af þeim stofnunum, sem ríkisvaldið hefur komið á fót, og það hefur haft forgöngu um það óneitanlega að þjappa saman of miklu valdi einmitt hér á þessu svæði. Það er gegn þessari þróun, gegn þessu valdi sem við erum að berjast og á ekkert skylt við andúð á Reykjavík. Það mætti þá alveg eins benda á það að viðleitni borgarbúa og borgarfulltrúa t. d. hér í Reykjavík væri til þess að efla og treysta hag sinna umbjóðenda, en henni fylgdi um leið viss andúð á íbúum landsbyggðarinnar. Því dettur mér ekki í hug að halda fram. En ég held að hv. þm. þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að sveitarfélögin úti um land kvarti og stynji undan því að fá til sín meira vald, fá til sín stofnanir þótt því fylgi hæft og gott starfslið. Hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því. Þau hafa hingað til tekið hverri þjónustuaukningu fegins hendi og hverjum góðum starfsmanni fegins hendi þótt það hafi kostað þau eitthvað. Og ég veit ekki heldur til þess, að það sé ástæða til þess fyrir sveitarfélögin, því að þetta er mjög mikilvægt fyrir hvert það sveitarfélag sem fær til sín þetta vald, fær til sín þessa þjónustu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 10. fundur.

Fimmtudaginn 21. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 4.) — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Framkvæmdastofnun ríkisins, frv. (þskj. 37). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv

Söluskattur, frv. (þskj. 38). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 50). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar, frv. (þskj. 17). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. (þskj. 36). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um samræmingu milli vinnslu sjávarafla og veiða, sem eru háðar sérstökum leyfum, er þess efnis að sjútvrn. geti sett almennar og sveigjanlegar reglur sem stuðla að samræmingu milli veiðiheimilda samkv. sérstökum leyfum rn. til rækju- og skelfisksveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, m. a. með skiptingu afla eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta, milli vinnslustöðva.

Veiðar á ýmsum tegundum sjávarafurða eru, eins og kunnugt er, háðar sérstökum leyfum sjútvrn. og hefur ásókn í slík leyfi, einkum skelfisks- og alveg sérstaklega rækjuveiðileyfi, á mörgum veiðisvæðum verið mun meiri en æskilegt hefur verið. Rn. hefur því oft á undanförnum árum þurft að ákveða reglur til takmörkunar, bæði á afla og sókn í þessar veiðar. Í því sambandi má benda á ýmis skilyrði sem rn. hefur sett til þess að menn geti fengið þessi veiðileyfi á

ákveðnum svæðum, svo sem kröfur um að eigendur og skipstjórnarmenn hafi verið búsettir á viðkomandi svæði í eitt ár, báturinn sé þar skrásettur og jafnvel að báturinn megi ekki vera undir eða yfir ákveðinni stærð.

Þykir rétt að sá aðili, sem ákveður aflamagnið á viðkomandi svæði, hafi einnig hönd í bagga með þeirri alhliða þróun sem átt hefur sér stað. Og þá liggja sömu rök til þess að á ákveðnum sviðum, þar sem sjútvrn. getur takmarkað veiðarnar með útgáfu sérstakra leyfa eða synjun á útgáfu þeirra, skuli það sama rn. einnig hafa heimild til takmörkunar á aukningu á afkastagetu vinnslustöðva fyrir sömu afurðir.

Ég held að með þessu frv. sé verið að koma á samræmingu á milli veiða og vinnslu, þar sem veiðar eru háðar leyfum stjórnvalda á hverjum tíma. Ég held að það, sem hefur verið gildandi á undanförnum árum og það um alllangt skeið, geti engan veginn gengið lengur, vegna þess að það hefur sífellt fjölgað bátum sem sækjast í þessar veiðar, jafnhliða því að mikið kapp hefur verið á milli staða bæði um að reisa nýjar vinnslustöðvar og auka stórlega afkastagetu þeirra vinnslustöðva sem fyrir eru. Þó að megi segja að lánastofnanir geti haft nokkurt aðhald í þessum efnum, hefur það ekki reynst vera. Þess vegna hefur sjútvrn. talið eðlilegt að flytja frv. með þetta fyrir augum, að samræma vinnslu sjávarafla og veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum, en einskorðað eingöngu við þessar svæðisbundnu veiðar, sem sé á skelfiski og rækju sem unnin er í þessum sérstöku vinnslustöðvum. Ég tel ekki ástæðu til þess að svo stöddu að orðlengja frekar um gagnsemi þessa frv., en legg til, forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þó að mér gefist tækifæri til þess að ræða um þetta frv. í n., ef því verður vísað til sjútvn., og þá eins að sjálfsögðu við 2. umr., vil ég fara um það nokkrum orðum við 1. umr.

Frv. þetta er ekki stórt í sniðum og lætur ekki mikið yfir sér, en ég vil mjög benda á að það er mjög stefnumarkandi í vissum atriðum. Það er svo að fram að þessu hefur það verið látið viðgangast að rn. hafa gefið út leyfi til vissra veiða. Ég hygg, að það sé byggt á þeim ákvæðum l. um heimild til togveiða sem þar er að finna um friðunarreglur. Hvort nokkur ákvæði er beint að finna í l. að öðru leyti er mér ekki kunnugt um og hef ekki skoðað og skiptir ekki máli. En frv. þetta gengur lengra en áður hefur tíðkast og á ég þar við þá heimild, sem farið er fram á í 2. gr. um takmörkun vinnslustöðva, bæði byggingu nýrra stöðva og aukningu þeirra sem fyrir eru. Ég hygg að þetta séu ákvæði, sem ekki er að finna í neinum lögum, enda væri rn. og ráðh. ekki að biðja um samþykkt þessa frv. ef slíkt væri fyrir hendi.

Ég tel að málið sé allt í heild mun stærra en frv. gefur tilefni til að ætla og þurfi því að skoðast mjög vel. Það þarf enginn að ætla sér það, að ef á að fara að binda í lögum að það þurfi heimild rn. bæði til veiða og vinnslu á vissum tegundum fisks og annarra sjávardýra á vissum stöðum í kringum landið, þá hlýtur það að leiða til þess að það vakna upp kröfur annars staðar á landinu en t. d. á Breiðafirði, Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa um að veiðisvæðin, t. d. humarsvæði fyrir Suðurlandi og rækjuveiðisvæðin fyrir Suðurlandi, verði þá einnig vernduð fyrir veiðum annarra báta og skipa en þar eru skrásett. Það er útilokað annað, ef frv. verður samþ. eins og það er lagt fyrir, að það verði settar nokkuð fastar reglur um veiðiheimildir á vissum tegundum, sem sóst er eftir, þannig að það verði sami réttur um land allt, að aðeins þeim bátum, sem skrásettir eru á hinum ýmsu stöðum kringum landið, skuli veittar þessar veiðiheimildir. Ég hygg að þetta gæti orðið nokkurt ágreiningsmál ef þannig fer, en engan vafa tel ég á því að einmitt þessi krafa muni koma fram ef þetta frv. verður samþ. óbreytt.

Þá vil ég benda á það sem fram kemur í grg. með frv., en mér hafði ekki verið kunnugt um það, sem þar er, en þar segir að til þess að geta öðlast veiðileyfi eða fengið rækju- og skelfisksveiðileyfi á ákveðnum svæðum séu kröfur um að eigendur og skipstjóri báts hafi verið búsettir á viðkomandi svæði í eitt ár. Ég held að það sé ákaflega hæpið að láta það sjást hér á Alþ. að maður með skipstjórnarréttindi, þótt þar sé um minnstu réttindi að ræða, megi ekki stunda veiðar á tilteknum stöðum við landið. Ég held að þetta fái ekki undir nokkrum kringumstæðum staðist, sú hugsun sem þarna er á bak við, að það eigi að fara að svæðisbinda einnig skipstjórann á viðkomandi bát. Það hefur, eins og ég sagði áður, verið í framkvæmd svo að veiðileyfi hafa verið gefin út til tiltekinna skipa á ýmsum veiðum, en ég hef aldrei vitað áður að skipstjóri væri einnig svæðisbundinn. Ég hélt að skipstjóraréttindi, hversu smá sem þau eru, giltu um allt landið, og einhvern veginn hefur maður það á tilfinningunni, að ef ætti að fara að svæðisbinda t. d. iðnréttindi í vissum greinum við vissa landshluta, yrði það talin nokkur skerðing á þeim réttindum sem menn öðlast sem þau réttindi hafa. En eins og ég segi, ég hef aðstöðu til að skoða þetta frv. nánar í n. og gera mínar aths. við það þar, en ég vil bara undirstrika að hér er um mjög stefnumarkandi frv. að ræða, sem ég tel að Alþ. þurfi vel að skoða. Við vorum einu sinni búnir að losa okkur við þessi fjárfestingarhöft öll í landinu og þá skipulagningu, sem þar var um að ræða, og ég tel að beri að fara varlega í það að taka slíka stefnu upp aftur að nýju hér á Alþingi.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Forseti. Ég held að hv. síðasti þm., sem var að ljúka máli sínu, misskilji algerlega þetta frv. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á veiðiheimildum eða þeim skilyrðum sem í gildi hafa verið hvað það snertir, heldur er þetta frv. um það eitt að samræma vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum. Það er það eina sem frv. gerir ráð fyrir.

Hins vegar eru lög gildandi, sem þessi hv. þm. átti töluverða aðild að því að undirbúa, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, og í þeim l. segir um rækjuveiðar: „Ráðh. getur veitt undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.“

Um humarveiðar segir:

„Leyfi til humarveiða á tilteknum svæðum getur ráðh. bundið þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg, og skal m. a. vera heimilt að gera upp á milli báta með tilliti til stærðar og annarra atriða.“

Þetta er búið að vera í gildi í mörg ár. Þessi ákvæði breyttust ekkert við endurskoðun l. Það voru miklir garpar sem unnu að undirbúningi þessa frv., gerðu víðreist um landið, og ég sá enga breytingu frá þeim í þessa átt, enda kemur þetta frv., sem hér er um að ræða, ekki inni á veiðiheimildirnar, ekki í einu einasta orði. Það er aðeins samræming á milli vinnslu og veiðiheimilda. Ef meiri hl. Alþ. er á því að fella niður allar slíkar veiðiheimildir og það megi hver og einn veiða þar sem honum sýnist á tilteknum afmörkuðum svæðum, eins og í þessum tilfellum, þá held ég að þessi þjóð geti ekki talað um að það sé verið að vernda fiskistofnana innan landhelginnar, ef það verður ofan á á Alþingi Íslendinga. Hins vegar hefur veiðileyfunum ekkert verið breytt í framkvæmdinni nú í mörg ár.

Hins vegar ætla ég að segja bæði þessum hv. þm. og öðrum það, að ég hef í hyggju á meðan þessi heimild er að afmarka enn frekar þessar heimildir hvað snertir stærð þeirra báta sem fá þessi leyfi, áður en gengið verður svo langt að enginn hefur neitt út úr þessum veiðum. Og það eru tvö sjónarmið uppi hvað mig snertir í sambandi við að afmarka frekar stærð báta. Það er í fyrsta lagi með að afmarka lágmarksstærðina, öryggissjónarmiðið. Ég tel, að það hafi verið gengið allt of langt í þessum efnum að leyfa smáum bátum, allt niður í 6—7 tonn, að stunda þessar veiðar, enda eru allmörg dæmi þess að þessir bátar, þegar þeir hafa fest vörpuna, þá hefur þeim hvolft. Það er líka til þess að minnka ásóknina í þessar veiðar nauðsynlegt að setja markið upp á við og það hef ég haft mjög í huga að gera. Þannig er ástandið á þeim svæðum, þar sem um þessar veiðar er að ræða, að það er sífellt minnkandi meðalafli á bát og ef á að afnema það með öllu og allir geta farið á þessar veiðar alls staðar af á landinu, þá held ég að hver þm. sjái að þá sé búið með þessa framleiðslugrein, því að þá gefst útgerðin auðvitað fljótlega upp.

Ég held að sú stefna, sem hefur verið ríkjandi í þessum efnum, að takmarka þessar veiðar, hafi verið rétt, þó að það megi ýmislegt að framkvæmd hennar finna.

Það er alger misskilningur þm. að með þessu frv. sé nokkurn hlut verið að hreyfa við veiðiheimildum. Ef engar veiðiheimildir verða og allt verður gefið frjálst, þá þarf ekki á þessu frv. eða afgreiðslu þess að halda. En ef það er skoðun alþm. að það eigi að halda áfram í þær takmarkanir, sem þarna hafi verið, þá tel ég brýna nauðsyn á samræmingu á milli vinnslu aflans og veiðanna. Ef við setjum takmarkanir á veiðar, þá verðum við að setja einhverjar skynsamlegar takmarkanir á vinnslu, en að menn geti ekki farið út í skefjalausa fjárfestingu í þeim tilgangi einum að drepa hverjir aðra.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég verð að segja eins og er, að á mörgu átti ég von frá þessari hæstv. ríkisstj. öðru en því að eitt af hennar fyrstu verkum á Alþ. yrði að flytja frv. um fjárfestingarhömlur og opinbert eftirlit með fjárfestingu í landinu. Það er alveg rétt, sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, að 1. gr. þessa frv. felur ekki í sér ýkjamikið nýmæli. Þar er verið að feta troðna slóð. Það er ekki sama að segja um 2. gr., vegna þess að þar er hæstv. ríkisstj. að leggja til að teknar verði upp hömlur, að ríkisstj. taki upp leyfaveitingu til þeirra sem vilja byggja vinnslustöðvar varðandi humar og rækju. Það leynir sér ekki hvað hér er á ferðinni, eins og fram kemur í síðustu setningunni í 2. gr. þessa frv., þar sem segir að opinberum fjárfestingarlánasjóðum skuli tilkynnt um það þegar hæstv. ráðh. neitar um slíkt leyfi til manna sem æskja eftir leyfi til að fá að byggja vinnslustöðvar fyrir humar og rækju. Þarna er sem sagt verið að gefa rækilega undir fót með það að hinir opinberu fjárfestingarlánasjóðir fái tilkynningu frá hæstv. ríkisstj. þess efnis: Þessum megið þið veita lán og þessum megið þið ekki veita lán. — Á mörgu átti ég von frá Sjálfstfl., en ekki þessu. En e. t. v. er þetta merki þess að Framsfl. hafi einhver áhrif á stefnu stjórnarinnar sem komi þá fram í þessu máli.

Það er ósköp skiljanlegt að það séu settar hömlur á veiði humars og rækju. Hitt geta menn deilt meira um, hvort réttlátt sé að ráðh. skipti rétti á milli manna þannig að mönnum sé mismunað eftir búsetu um að nýta sameignilegar náttúruauðlindir. Ég spyr: Nú leggur hæstv. ríkisstj. fram frv. um hömlur á fjárfestingar varðandi vinnslu á rækju og humri, má þá ekki vænta þess að innan skamms verði svipað frv. lagt fram frá hæstv. ríkisstj., þar sem hún tilkynni að hún ætli að taka sér það vald í hendur að heimila þessum að reisa frystihús, en hinum ekki? Það getur vel verið að það verði þörf á því að taka upp nánara eftirlit með bolfiskveiðum við Ísland. Blasir þá ekki við eftir að þetta frv. hefur verið lagt fram að ríkisstj. muni þá væntanlega setja haftaregluna þar í gildi líka?

Mér mun gefast tækifæri til að kynna mér þetta mál frekar í þeirri n. sem ég á sæti í og fá mun þetta mál til meðferðar. En ég vil leggja áherslu á annað atriði í þessu sambandi og það er það, að svo virðist sem hæstv. sjútvrh. sé farinn þegar að framkvæma í anda þessa frv. áður en Alþ. hefur lögleitt það. Ég vísa í því sambandi til mikilla blaðaskrifa sem hafa orðið út af deilum rækjuvinnslumanna við Húnaflóa. Þar virðist vera, ef rétt er frá skýrt í blöðunum, að sjútvrn. hafi þegar farið að meina ákveðnum aðilum byggingu vinnslustöðva á einum ákveðnum stað við Húnaflóa, jafnvel þó að frv. um slík höft sé ekki komið lengra en á borð þm. í þessari hv. d. Deilurnar, sem risið hafa upp um það mál, eru e. t. v. fyrirboði þess hvað gerast muni, ef þetta frv. verður samþ. þar sem fólkinu úti á landsbyggðinni finnst í hæsta máta óeðlilegt að íbúum eins staðar sé heimilað að setja upp slíka vinnslustöð, en íbúum annars bannað það.

Ég tek undir með hæstv. ráðh. að það er nauðsynlegt að hafa mikið og ríkt eftirlit til að koma í veg fyrir ofveiði. Ég held að allir Íslendingar séu sammála um það. Um hitt má deila, hvort eigi að mismuna mönnum eftir búsetu varðandi

nýtingu þessara sameiginlegu náttúruauðlinda. Í 3. gr. segir: „Ráðherra getur sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga“. Auðvitað veltur á öllu í sambandi við þetta mál hvernig ráðh. setur þau fyrirmæli. Það kemur ekki fram hér, en um það munu menn spyrja og deila síðar.

Eins og ég sagði áðan tek ég ekki afstöðu til þessa frv. fyrr en að lokinni rækilegri athugun á því í nefnd, en ég vildi varpa fram þessum orðum sem ég býst við að eigi heima við þessa 1. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. taldi að það hefði gætt nokkurs misskilnings hjá mér í sambandi við þetta frv. Ég veit satt að segja ekki hjá hvorum okkar gætir meiri misskilnings, því að ef hann hefur skilið orð mín rétt, þá var þar ekki nein ástæða til að ætla að um misskilning væri að ræða. Ég benti á að þetta frv. væri mjög stefnumarkandi og ég benti einnig á það, að í grg. frv. kæmi fram það sem mér hefði ekki verið kunnugt um, — mér var kunnugt um það að bátar voru svæðisbundnir áður, en mér var ekki kunnugt um það að skipstjórar bátanna væru svæðisbundnir einnig, þannig að þeir yrðu að vera búsettir á sama stað og báturinn er gerður út frá. Það var þetta sem ég taldi að mér hefði ekki verið kunnugt um og væri einnig stefnumarkandi, ef ætti að taka það upp áframhaldandi. Ég benti einnig á að ef á að fara að festa í lög hér á Alþ. það sem kemur fram í 2. gr., að það þurfi sérstakt leyfi fyrir byggingu vissra tegunda fiskvinnslustöðva, þá er það einnig mjög stefnumarkandi og að mínum dómi mjög á þann veg að það þurfi að skoða mun betur.

Mér var kunnugt um að það hefur í mörg ár, miklu lengur en hæstv. ráðh. vitnaði til þeirra laga sem samþykkt voru 1973, verið gefin út veiðileyfi fyrir ýmsum tegundum sem viðkvæmar eru ef um ofveiði er að ræða. Ég man eftir að 1957 voru gefin út leyfi til humarveiða við Vestmannaeyjar. Þær voru þá sá staður sem humarinn var veiddur við. Þau voru ekki bundin neitt sérstaklega við Vestmannaeyjar. Þetta voru almenn leyfi sem menn fengu sem þessar veiðar vildu stunda þá.

Það er þetta, sem ég vil mjög undirstrika. Ef á að fara út fyrir þann ramma laganna, sem hæstv. ráðh. vitnaði til, og svæðisbinda veiðar einstakra báta við tiltekin svæði og setja skilyrði að eigendur og skipstjórar þeirra skuli vera búsettir við það veiðisvæði, sem um er að ræða, þá hlýtur það að kalla á að önnur veiðisvæði annars staðar við landið geri sömu kröfu. Það verða gerðar sömu kröfur frá Suðurlandi um að aðeins bátum frá því landssvæði verði veitt leyfi til humarveiða og rækjuveiða sem einnig er þar að finna. Það getur vel fylgt á eftir, ef þarf að fara að takmarka almennar veiðar. Ef fiskur gengur það mikið saman hér við land, þá er þetta auðvitað fordæmi fyrir því að það kæmu fram kröfur um að veiðileyfi yrðu svæðisbundin. Ég veit ekki hvort sú stefna er rétt. Ég tel hana mjög hæpna og þess vegna beri að fara með fullri gát í þessum málum og skoða málið í heild mjög vel áður en farið verður að lögfesta frekari hömlur en nú eru í sambandi við veiðar einstakra fiska og sjávardýra. Þetta hefur verið látið viðgangast. Það hefur ekki verið mótmælt enn þessum svæðisbindingum. En það hlaut að koma að því fyrst það er farið að ræða málið hér á hv. Alþingi.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla að endurtaka það einu sinni enn þá að þetta frv. kemur hvergi inn á veiðarnar, vegna þess að takmörkun þeirra er byggð á gildandi l., en kemur aðeins inn á það að samræma vinnslu afla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum skv. gildandi löggjöf.

Ég furða mig á því, sem hv. 8. landsk. þm. sagði, og vil í fullri vinsemd benda honum á, af því að þetta er ekki meira lestrarefni en raun ber vitni, að það væri nauðsynlegt fyrir menn, áður en þeir kæmu í ræðustólinn, að gera sér grein fyrir því um hvað frv. fjölluðu, en hann talaði hvað eftir annað um rækju og humar. Hér er enginn skelfiskur unninn nema hörpudiskur og á hann er minnst í frv. og rækju. Þetta nær engan veginn til humarveiða, ekki á nokkurn hátt og hefur aldrei verið til þess hugsað, enda er humar unninn í hraðfrystihúsum, en ekki í sérstökum vinnslustöðvum. Þetta ætla ég að biðja hv. þm. að athuga áður en hann fer í ræðustól, að hlaupa ekki svona hrapallega á sig.

Það kemur manni hálfundarlega fyrir sjónir þegar sanntrúaðir kratar eru allt í einu orðnir baðberar frelsis og skefjalausrar fjárfestingar á öllum sviðum. Annað hefur maður heyrt úr þeim herbúðum, a. m. k. af og til. Þetta er kannske nýja stefnan eftir flokksþingið sem þm. var að reifa. Ég vil spyrja þennan hv. þm. að því: Telur hann þá eðlilegt að breyta öllum veiðiheimildum á þann veg að hver og einn geti farið á tiltekið svæði og veitt rækju eða hörpudisk alveg eins og hver kemst að? Vill hann standa að afnámi þessara kafla laganna, sem í gildi eru um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, og hleypa öllum bátum, sem vilja þessar veiðar stunda, inn í Ísafjarðardjúp, í Arnarfjörð og í Húnaflóa? Er það þessi stefna, sem hann var að boða hér áðan í sinni ræðu? Það væri fróðlegt að fá skýr svör við því.

Mér er alveg sama þó að þessi hv. þm. hafi verið að hnýta í mig fyrir það að ég væri farinn að framkvæma þetta frv. áður en það væri orðið að lögum. Ég vísa því algerlega heim til föðurhúsanna. Hitt er alveg rétt, að við í sjútvrn. settum skilyrði fyrir því að bátarnir frá Blönduósi lönduðu þar ekki, en við getum engan veginn komið í veg fyrir að þeir setji upp vélar á Blönduósi. En fullyrðingar í samtölum og þó sérstaklega við Alþýðublaðið um tugmilljóna króna fjárfestingu við rækjuvinnslu á Blönduósi læt ég mér í léttu rúmi liggja. Það er engin bygging þar á ferðinni yfir rækjuvinnslu, en hins vegar er sláturhús til á Blönduósi og þar átti að setja þessar vélar inn. Þegar ég síðast vissi var ekki farið að ræða við dýralækni eða yfirdýralækni einu orði um hvort það væri leyfilegt að nota sláturhúsið í þessum tilgangi. Síðast þegar ég vissi var ekki farið að ræða við Fiskmat ríkisins um hvort það mætti leyfa fiskvinnslu í þessu tiltekna sláturhúsi.

Ef þetta er það skipulag, sem þessi hv. þm. vill taka upp, þá er ég ánægður yfir því að vera andstæðingur hans í þeim málflutningi. Ég tel að hér sé ekki verið að vinna til góðs fyrir sjávarútveginn eða fyrir hina ýmsu staði sem byggja lífsafkomu sína á tilteknum greinum. Þeir, sem hófu rækjuveiðarnar við Húnaflóa, Hólmvíkingar og Drangsnesingar hafa séð hverja vinnslustöðina rísa upp á eftir annarri: á Skagaströnd, á Hvammstanga, en það er ekki hægt að veita ótakmörkuðum fjölda báta leyfi til veiða. Hér er farið eftir því sem Hafrannsóknastofnunin á hverjum tíma leggur til. Sjútvrh., hvorki núverandi sjútvrh., fyrrv. sjútvrh. né þeir tveir sjútvrh., sem voru á undan honum, hafa aldrei upp á sitt eindæmi afmarkað eða ákveðið hvað skuli veiða á hverju svæði. Það hefur alltaf verið byggt á till. fiskifræðinga, till. Hafrannsóknastofnunar, og við það hefur setið. Þegar ég fékk tilkynningu síðla dags 30. sept. frá Hafrannsóknastofnuninni um það að hún mælti gegn því að leyfa veiðar á rækju við Ísafjarðardjúp, þá datt mér ekki í hug, þó að ég væri þm. þessa héraðs, að líta ekki á þá aðvörun, en hún lagði til að veiðunum yrði frestað um hálfan mánuð. Ég auðvitað féllst á hálfan mánuð þó að ég væri mjög leiður yfir því hvað þessi dómur eða till. kom seint fram. Ráðh. eða ráðuneyti leyfir sér aldrei, alveg sama hverjir fara með þau mál, að taka ákvarðanir upp á sitt eindæmi í þessum efnum.

En þessi litla framleiðslugrein virðist vera farin að taka ansi mikinn tíma í þessu rn., og ég tel brýna nauðsyn á því að setja ákveðnari ákvæði í lög. En eins og ég sagði áðan, þegar ég svaraði hv. 3. þm. Sunnl., ef Alþ. vill afnema allar þessar heimildir, sem eru í gildandi löggjöf og koma þessu frv. ekkert við, þá er það auðvitað annað mál. Þar er ég auðvitað algerlega á móti og skiptir engu máli hvort ég er sjútvrh. eða ekki. Ég hygg að þá væri unnið fyrir gíg allt það sem búið er að gera til verndar fiskstofnum á einstökum svæðum.

Ég skil mætavel það sjónarmið 3. þm. Sunnl. að það er alltaf erfitt að setja ákvæði um svona svæðaveiðar og binda þær við ákveðin svæði. Þetta er búið að vera í gildi í fjöldamörg ár og treystir enginn sér til að afnema það af þessum ástæðum.

Ég býst við því að það megi segja að þeir, sem eru nálægt auðugum miðum, hverrar tegundar miðin eru skiptir ekki máli, þeir hafa auðvitað forréttindi fram yfir aðra og við því er ekkert að segja, það verður að taka því. Annaðhvort er að veita þessi leyfi með hliðstæðum hætti og gert hefur verið, en þó setja inn fyllri ákvæði, eða þá banna þau að öllu leyti og leggja algerlega niður þessa grein sjávarafurða. Hitt kemur engum til hugar, alveg örugglega ekki einum einasta alþm., að það sé mögulegt að hleypa ótakmörkuðum fjölda báta inn á svona afmörkuð tiltekin svæði.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh. að mér urðu á þau mismæli að nefna humar í stað skelfisks og leiðrétti ég það hér með. Hafi ég lesið rangt, þá hefur hæstv. ráðh. líka hlustað rangt vegna þess að hann lagði þannig út af mínum orðum að ég væri að hvetja til þess að allir fengju frjálsan aðgang að rækju- og skelfiskveiðum. Hann spurði: Vill þm. heimila hverjum sem er að ráðast inn á t. d. Ísafjarðardjúp eða Arnarfjörð og sækja þar rækju eins og hver vill hafa? Þetta sagði ég aldrei. Þetta kom ekki fram í minni ræðu. Þessi spurning er gersamlega óþörf. Ef hæstv. ráðh. er eitthvað í vafa um mína skoðun á þessu máli, þá get ég sagt það honum til hugarléttis að ég er honum sammála um það og ég held að allir þm. séu það, að það ber að hafa eftirlit með þessum veiðum og veita leyfi til þeirra eins og gert hefur verið. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að ég held að ég muni það rétt að það var Alþýðuflokksmaðurinn Eggert G. Þorsteinsson, sem þá var sjútvrh., sem beitti sér hvað mest fyrir slíkri leyfisveitingu og slíku eftirliti með rækjuveiði og vinnslu og öðru af slíku tagi.

Hitt benti ég ráðh. á, að í 2. gr. frv. væri verið að leggja út á nýja braut. Ég benti honum á að þar væri verið að fara inn á þá braut að taka upp leyfisveitingar og fjárfestingarleyfisveitingar, — menn geta kallað það höft eða hverjum orðum sem menn vilja. Ég hélt að hæstv. ráðh. skildi best heitið höft á því, vegna þess að málgagn hans, Morgunblaðið, hefur yfirleitt notað það nafn um slíkar athafnir. Ég benti líka á að þetta væri mál sem væri mjög erfitt við að fást, m. a. vegna þess hver viðbrögð heimamanna gætu orðið við því, og benti á Blönduósmálið sem dæmi og notaði til hliðsjónar þær fregnir sem borist hafa um þau mál í blöðum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hæstv. sjútvrh. veit miklu meira og betur um það mál heldur en ég og aðrir þm., því að eftir því sem mér skilst mun hann hafa fengið töluvert mikið af grg. og bréfum um einmitt það mál, eins og hann upplýsti sjálfur hér áðan, þegar hann sagði að þetta litla mál hefði tekið ótrúlega mikinn tíma í rn.

Jafnaðarmenn eru að sjálfsögðu fylgjandi áætlunarbúskap í þjóðarbúskapnum. En það er vandamál að framkvæma slíkan áætlunarbúskap. T. d. um þessar leyfisveitingar, sem hér er verið að ræða um, þá verða menn að geta gengið að því gefnu hvar má reisa slíkar fiskvinnslustöðvar og hvar ekki. Það á ekki að hleypa mönnum í það, kannske af vankunnáttu þeirra sjálfra, að þeir byrji undirbúning að því að byggja slíka stöð, séu búnir að kosta miklu fé til þess þegar neiið kemur allt í einu eins og þruma úr heiðskíru lofti frá sjútvrn. Það er rétt stefna að leitast við að byggja upp fiskvinnsluver og önnur atvinnufyrirtæki eftir einhverri fyrirframgerðri áætlun um það hvernig fjármagnið verði best nýtt og hvernig viðkomandi vinnslustöðvar geti best nýst heimabyggðum sínum, sjómönnum og landverkafólki. En ég sagði og endurtek það: Þetta fer allt eftir framkvæmdinni. Það er ekki fyllilega ljóst hvernig þetta mál á að framkvæma fyrr en ráðh. hefur sett reglugerð skv. 3. gr. þessa frv. Ég varaði við því og vara við því enn, að þetta mál er mjög viðkvæmt fyrir heimamenn, og ég vil skora á hæstv. ráðh. og ég efast ekkert um það að hann er af vilja gerður til þess að verða við þeim áskorunum að reyna að hafa sem fyllst samráð við heimamenn um gerð

slíkrar áætlunar, vegna þess að hann þekkir úr sínu eigin kjördæmi hversu viðkvæm þessi mál eru.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 39). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal. Í grg. þess segir, að hér sé um að ræða meðalstóra virkjun eða um 30 mw. að afli. Nú er það svo að á Austurlandi eru margvíslegir möguleikar til raforkuframleiðslu bæði í smærri virkjunum en hér ræðir um og einnig í stórvirkjunum.

Ef við lítum fyrst á hvernig málum er háttað þar eystra nú um rafafl, þá eru þar 4 vatnsaflsstöðvar, þ.e. Grímsá með 3200 kw., Fjarðarsel 170 kw., Búðará í Reyðarfirði 240 kw. og Smyrlabjargaá með 1430 kw. Samtals eru því núv. vatnsaflsstöðvar á Austurlandi með 5040 kw. afl. Við bætist nú á næstunni Lagarfossvirkjun, en gert er ráð fyrir að þegar hún verður tekin í notkun á næsta ári verði afl hennar 7500 kw. eða allmiklu meira en allra stöðvanna, sem fyrir eru, til samans.

Vegna þess að marga fýsir að sjálfsögðu að vita hvernig mál standa um Lagarfossvirkjun, er rétt hér í upphafi máls að drepa nokkuð á það mál. Það var í febr. 1972, að Rafmagnsveitur ríkisins undirrituðu samning við Skodaexport í Tékkóslóvakíu varðandi kaup á vélum og búnaði til Laxárvirkjunar. Tækin skyldu afgreidd á 18—26 mánuðum frá undirskrift samnings. Þagar kom fram á árið 1974 var sýnt að óhæfilegur dráttur hafði orðið á smíði nokkurs hluta af tækjunum, sem átti að afgr. í aprílmánuði á þessu ári. Ýmsar leiðir voru reyndar til að fá aðila til að standa við gerða samninga og afhenda tækin á réttum tíma. M.a. var málið tekið upp á fundum hinnar íslensku viðskiptanefndar, sem fór til Tékkóslóvakíu í septembermánuði, á fundum í Prag og lögð á það sérstök áhersla af formanni n., að þessu yrði hraðað, og bent á það mikla tjón sem af gæti hlotist.

Þegar ekki virtust neinar horfur á því að úr rættist varð það að ráði, að ég sendi iðnrh. Tékkóslóvakíu skeyti hinn 3. okt. s.l. og benti honum á það alvarlega ástand, sem mundi skapast, og hið mikla tjón, sem yrði fyrir allan almenning og atvinnulíf á Austfjörðum, ef ekki yrði kippt í lag, eftir því sem unnt væri úr því sem komið væri, afhendingu þessara tækja. Eftir röskan mánuð eða 6. nóv. kom svarskeyti frá iðnrh. Tékkóslóvakíu þar sem hann kvaðst hafa beitt sér í þessu máli og fullvissar iðnrn. íslenska um það, að þau stjórntæki, sem koma áttu í aprílmánuði, yrðu tilbúin til afhendingar 15. des. n.k.

Ef þessi afgreiðsla stenst er gert ráð fyrir að hægt sé að setja vélar í orkuverinu við Lagarfoss í gang um miðjan febrúarmánuð og orkuvinnsla gæti þá hafist stuttu síðar. Um það, hvort þessar áætlanir standast get ég ekki fullyrt nú, en vonir standa þó til að svo geti orðið.

Með tilkomu Lagarfossvirkjunar bætast 7500 kw. við vatnsaflsstöðvarnar á Austurlandi og verða þær þá samtals um 12500 kw. eða 12½ mw.

Ef litið er á þá möguleika, sem þarna eru fyrir hendi nú, og horfur, þá er rétt að benda á að aflþörfin á Austurlandi er nú þegar orðin nokkru meiri en þessar stöðvar framleiða, þegar Lagarfossvirkjun bætist við. Er gert ráð fyrir því að á næsta ári, 1975, sé aflþörfin um 14,9 mw., á árinu 1976 verður hún 17.3 mw., 1977 19.9 mw. o.s.frv. Er gert ráð fyrir því í orkuspám að aflþörfin aukist á næstu árum um 2½—3 mw. á hverju ári.

Nú er því ástandið þannig á Austurlandi að framleiða þarf mikið af því rafmagni, sem þar er nauðsynlegt, með dísilstöðvum. Þær dísilstöðvar, sem nú eru þar, munu vera 29 að tölu, samtals með um 12.7 mw. afli. Kostnaður við þessa orkuöflun er auðvitað gífurlegur. Á s.l. ári var kostnaðurinn við framleiðslu vatnsaflsstöðvanna um 27 millj. kr., en framleiðsla dísilstöðvanna 88 millj., og framleiddu þó vatnsaflsstöðvarnar nokkru meira eða ef talið er í orku í gwst., þá var framleiðsla vatnsaflsstöðvanna 27 gwst. sem kostuðu um 27 millj. kr., en framleiðsla dísilstöðvanna 23 gwst. sem kostuðu um 88 millj. kr. Á þessu ári verður útkoman miklu lakari. Er gert ráð fyrir að kostnaður vatnsaflsstöðvanna við að framleiða 29 gwst. verði um 29 millj., en framleiðsla dísilstöðvanna 31 gwst., kosti hvorki meira né minna en 217 millj. Þó að orkuvinnslan verði svipuð í þessum tveim tegundum aflstöðva, er kostnaðurinn við dísilstöðvarnar um það bil sjöfaldur.

Þetta ástand er ákaflega alvarlegt, bæði afl- og orkuskortur og svo þessi gífurlegi kostnaður við framleiðslu á raforku í dísilstöðvum. Sem dæmi til frekari skýringar má geta þess, að ef ekki verður komin ný vatnsaflsstöð í notkun árið 1978 er gert ráð fyrir að dísilstöðvakostnaðurinn verði 210 millj., á árinu 1979 310 millj. og á árinu 1980 410 millj., sem sé aukist um 100 millj. á hverju ári, hins vegar um leið og ný virkjun kæmi í notkun, eins og t.d. virkjun í Bessastaðaá, þá mundi þetta ástand gerbreytast, þannig að framleiðslukostnaðurinn við raforkuna mundi falla um hundrað millj.

Þannig er í stórum dráttum ástand um orkuframleiðslu á Austfjörðum nú sem stendur. Til viðbótar má geta þess að fyrirætlanir eru um að auka við dísilaflið sem varastöðvar á vissum stöðum á Austurlandi nú í vetur.

Ef við virðum fyrir okkur þau markmið sem stefna ber að í þessum efnum, er ljóst að afla þarf hagkvæmrar raforku á Austurlandi til heimilisnota, til atvinnurekstrar, og er þar bæði að telja frystihús, loðnubræðslu, almennan iðnað, búrekstur, og auk þess þarf að framleiða rafmagn til húshitunar. Nú er húshitun sérstakt viðfangsefni sem þarf að glíma við hér hjá okkur íslendingum, því að öllum er ljóst að stefna ber að því sem allra fyrst að spara hið dýra erlenda eldsneyti, þar sem er fyrst og fremst olían. Á ýmsum stöðum landsins eru möguleikar á nýtingu jarðhita, möguleikar á því að koma upp hitaveitum, eins og eru þegar bæði í höfuðborginni og á allmörgum stöðum annars staðar einnig. Hefur löngum verið talið að til-

tölulega litlir möguleikar væru á húshitun með jarðvarma á Austurlandi. Þó er ljóst að á sumum stöðum eystra er jarðhiti, og má þar nefna sem dæmi Selárdal í Vopnafirði, í Hrafnkelsdal eru margar laugar, í Jökuldal gegnt Selárdal eru volgar lindir. Við Jökulsá ofarlega er laug allheit og nokkuð vatnsmikil. Í Fellum er einnig jarðhiti og hafa farið fram bæði viðfangsmælingar og boranir í Urriðavatni og gert ráð fyrir heitu vatni á ákveðnum stöðum þar á þessu svæði. Hér hafa ekki enn farið fram nægilega gagngerar rannsóknir og boranir og þarf að gera ráðstafanir til þess að í það verði ráðist til fullrar hlítar sem allra fyrst.

Í þessu sambandi má einnig geta þess, þegar rætt er um orku, að vitað er að víða í Leginum er gas, en hins vegar hefur það ekki verið rannsakað til hlítar. Sumir hafa talið tæknilega erfiðleika á þeim rannsóknum og slíkri vinnslu vegna dýpis í Leginum, en í því sambandi er rétt að taka fram varðandi borun á djúpsævi að þar hefur allri tækni fleygt stórlega fram á hinum allra síðustu árum. Er þarna einnig orka sem þarf sem fyrst að rannsaka.

En eins og ástatt er nú og horfur, meðan rannsóknir leiða ekki frekar í ljós um jarðvarma, hefur verið gert ráð fyrir að fyrst og fremst yrði rafmagn notað til húshitunar á Austurlandi.

Þegar þetta allt er virt, þá er sýnt að nú á næstunni þarf stór og mikil átök í orkumálum Austurlands, og eins og ég gat um í upphafi máls míns er þar bæði um að ræða möguleika á tiltölulega smáum virkjunum, meðalstórum virkjunum og stórvirkjunum. Fyrir nokkrum árum kom fram sú hugmynd að gera stórvirkjun í Fljótsdal og hafa farið fram forrannsóknir í þeim efnum. Er gert ráð fyrir að með virkjun hinna miklu fallvatna megi fá stöðvar sem séu að afli jafnvel upp undir 1500—1600 mw., eða þrem til fjórum sinnum stærri en Búrfellsvirkjun og Sigölduvirkjun til samans. Er ljóst, að gera verður gangskör að því að hraða öllum nauðsynlegum rannsóknum og áætlanagerð í þessu efni. Varðandi þær rannsóknir, sem fram hafa farið á stórvirkjun í Fljótsdal, vantar enn mikið á að hægt sé að gera áætlanir, sem ákvörðunartaka geti á byggst. Það verður mjög kostnaðarsamt. En í það þýðir ekki að horfa og verður það eitt af verkefnum nú alveg á næstunni að afla nauðsynlegs fjár til þess að hægt verði að hraða sem verða má öllum slíkum undirbúningsrannsóknum.

Það er ljóst, að í sambandi við slíkar stórvirkjanir þarf einnig að athuga hugsanlegan kaupanda eða kaupendur að þeirri orku, sem yrði umfram ef í slíkt yrði ráðist, og er þar að sjálfsögðu um mikið mál að ræða. Í því sambandi skal ég taka það fram að undanförnu hafa borist óskir um það frá ýmsum erlendum aðilum að rannsaka þessa möguleika, og má segja að undanfarin ár hafi ýmsir erlendir aðilar snúið sér til bæði viðræðunefndar um orkufrekan iðnað og iðnrn. eða Orkustofnunar og látið í ljós áhuga á að rannsaka íslensk fallvötn og þá alveg sérstaklega þá stórfelldu virkjunarmöguleika á Austurlandi. Hvorki núv. né fyrrv. ríkisstj. hafa gert neinar ákvarðanir eða samninga í þessu efni, en þetta mál er allt til rækilegrar athugunar hjá ríkisstj., og ég vil undirstrika að í þessar rannsóknir verður að ráðast hið fyrsta, skipuleggja þær sem allra best og afla til þeirra nægilegs fjár. Ég vil í þessu sambandi leggja sérstaka áherslu á að þegar fullur kraftur verður settur á þessar rannsóknir, þá er nauðsyn að það verði fyrst og fremst íslenskir aðilar, sérfræðingar, verkfræðifyrirtæki, ráðgjafaaðilar, sem hafi þessi mál með höndum.

Ég minntist á nokkrar smærri virkjanir, og er þess þá fyrst að geta, að Rafmagnsveitur ríkisins sáu fyrir nokkrum árum um Grímsárvirkjun og síðan virkjun Smyrlabjargaár og nú Lagarfossvirkjun. En fleiri virkjanir hafa verið nefndar eða fleiri möguleikar og er auðvitað ljóst, að hvort sem ráðist verður í meðalstóra virkjun eins og Bessastaðaárvirkjun eða stórvirkjanir eins og ég nefndi, helst hvort tveggja á næstunni, þá þarf jafnframt að huga að hinum smærri virkjunum, m. a. vegna þess að slíkar smærri virkjanir heima í héruðum skapa mikið öryggi. Það er, eins og reynslan sýnir, varhugavert fyrir heila landshluta að byggja eingöngu á einni stórvirkjun með löngum háspennulínum. Ef eitthvað bilar eða bregst er voðinn vís. Þá geta smærri virkjanir heima fyrir verið til bjargræðis og öryggis.

Meðal þeirra möguleika, sem ýmist hafa verið kannaðir nokkuð eða eru til skoðunar, er virkjun í Geithellnaá í Álftafirði, Fossá í Berufirði, Fjarðará í Seyðisfirði, Sandvatni og Hvammsá í Vopnafirði. Það eru raunar fleiri möguleikar, en rétt að nefna þessa sérstaklega nú.

Í sambandi við Lagarfossvirkjun, sem nokkur dráttur hefur orðið á af þeim ástæðum sem ég greindi, er rétt að nefna hér einnig Smyrlabjargaá, vegna þess sem fyrir kom á s. l. vetri, að sú virkjun varð óvirk um hríð vegna frostakafla og vatnsskorts. Á s. l. sumri voru gerð allmikil stíflumannvirki í sambandi við þá virkjun. Þar var myndað nýtt uppistöðulón sem á að bæta verulega rekstraröryggi virkjunarinnar. Þessari mannvirkjagerð er fyrir nokkru lokið og nú er verið að safna vatni í nýja lónið. Þó vantar enn töluvert á, að vatn hafi safnast í það eins og þarf að vera, en talið er að nú skorti um 80 cm á að lónið sé fullt. Hvort tekst að fylla lónið alveg nú á þessu hausti eða vetri skal ósagt látið, en hitt má fullyrða, að lónið kemur virkjuninni að gagni og eykur rekstraröryggi hennar til muna og þó einkum þegar frá líður, þegar nægur tími verður til þess að það fyllist að sumarlagi.

Þetta frv. fer fram á heimild til virkjunar Bessastaðaár í Fljótsdal og þar er gert ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflsstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 mw. afli og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði árinnar til að tryggja rekstur virkjunarinnar, enn fremur að leggja það aðalorkuveitu að Egilsstaðakauptúni til tengingar þar við veitukerfi Grímsárvirkjunar og Lagarfossvirkjunar. Ástæðurnar til þess, að þessi virkjunarmöguleiki hefur sérstaklega verið kannaður nú og frv. flutt, eru þær, að talið er að slík virkjun gæti tekið fyrr til starfa heldur en stórvirkjun eða hluti slíkrar stórvirkjunar sem

ég var að ræða um. Aðstaðan til virkjunar í innanverðum Fljótsdal er að mörgu leyti ákjósanleg. Í fyrsta lagi stafar það af því, að þar endar *háslétta skyndilega í mjög bröttum hlíðum* og skapast þar mjög mikið fall, 500—600 m fall. Og þó að Bessastaðaá sé vatnslítil, skapar hin mikla fallhæð mikla möguleika. En vegna þess að Bessastaðaá er ekki vatnsmikil og sérstaklega að það dregur mjög úr rennsli hennar á vissum árstímum, þá byggist slík virkjun fyrst og fremst á stóru uppistöðulóni. Til þess eru ágætir möguleikar í þessu sambandi, en Bessastaðaá kemur úr Bessastaðavötnum og fellur í Gilsárvötn. Þaðan rennur hún síðan fram á heiðarbrún og af heiðarbrúninni fellur áin niður í miklu falli niður í mjög djúpt en fremur stutt gljúfur og kemur fram úr því niður í Fljótsdal.

Í þeim frumáætlunum, sem gerðar hafa verið, er ráðgert að gera uppistöðulón eða vatnsmiðlun, og til þess talin mjög góð skilyrði í Hólmavatni og Garðavatni.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að þær vatnsvirkjanir, sem til eru, þ. e. a. s. Grímsárvirkjun og svo Lagarfossvirkjun, eru rennslisvirkjanir og er talin nauðsyn fyrir Austurland á stórri miðlun þegar næsta virkjun verður gerð. Mundi sú virkjun, sem hér ræðir um, fullnægja því skilyrði.

Varðandi undirbúning þessa máls er rétt að taka fram að um *ýmis atriði er undirbúningi* það langt komið að unnt væri að taka fullnaðarákvörðun um þessa virkjun. En svo er hins vegar ástatt um sum atriði, að frekari rannsóknar er talin þörf áður en endanleg ákvörðun yrði tekin.

Það er talið af þeim, sem kunnugastir eru þessum málum, og er þar bæði um að ræða sérfræðinga, sem hafa undirbúið þetta mál, og enn fremur fulltrúa Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, að rannsóknir bendi til þess að þessi virkjun sé fjárhagslega hagkvæm, hins vegar þurfi ítarlegri vatnsmælingar og athuganir á vatnsrennsli áður en endanleg ákvörðunartaka ætti sér stað. Það er vegna þessa álits þeirra, sem kunnugastir eru, sem frv. gerir ekki ráð fyrir því að það sé endanlega ákveðið að ráðast í þessa virkjun, heldur heimilt. Hins vegar eru yfirgnæfandi líkur til þess að úr þessu mannvirki geti orðið. Þær athuganir, sem þegar hafa farið fram, veita sterkar líkur til þess.

Varðandi undirbúning málsins að öðru leyti vil ég taka það fram, að iðnrn. hefur þegar falið *Rafmagnsveitum ríkisins að semja* við ráðgjafarfyrirtækið Hönnun um áætlun, undirbúning og hönnun þessa mannvirkis. Þótti ekki ástæða til að bíða með þá ákvörðun eftir því að frv. hefði verið lögfest. Þótti nauðsynlegt að nota tímann eftir því sem unnt væri.

Það er rétt út af tímaáætlun að taka það fram að þeir, sem mest hafa kannað þetta mál, hafa ekki verið á einu máli um það, hvenær mætti vænta þess að virkjunin gæti tekið til starfa, og eru spár þeirra þannig að þeir bjartsýnustu telja, að í lok ársins 1978 ætti virkjunin að geta tekið til starfa, en aðrir telja að það verði ekki fyrr en í árslok 1979 eða á árinu 1980. Þeir, sem sóttu fund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi í sept. s. l., munu minnast þess að sá verkfræðingur, yfirverkfræðingur hjá Rafmagnsveitum ríkisins, sem flutti þar mjög ítarlegt og fróðlegt erindi um málið, Sverrir Ólafsson, taldi vafasamt að virkjunin gæti komist í notkun fyrr en í *fyrsta lagi um áramótin* 1979—1980. Hins vegar hefur sá verkfræðingur, sem mjög hefur undirbúið þetta mál og kannað, Leifur Benediktsson, verið bjartsýnni og talið að möguleiki væri í árslok 1978, og í álitsgerð frá Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsens er einnig látin í ljós sú skoðun að hugsanlegt sé að virkjunin gæti tekið til starfa í árslok 1978. Vegna þessarar óvissu og nokkurs misræmis í spám, sem ekki er kannske óvenjulegt, þótti ekki ástæða til að setja ártal inn í frv., en hins vegar lögð á það áhersla að sjálfsögðu, og það vil ég undirstrika hér, að öllum undirbúningi verði hraðað eins og frekast eru *föng á*.

Varðandi tímasetninguna vil ég taka það fram, að að því er stefnt að hægt sé að bjóða út verkið í ársbyrjun 1976. En í því sambandi þarf að fá í fjárl. fyrir næsta ár fjárveitingu til undirbúnings og er gert ráð fyrir á þessu stigi að þurfi að fá um 150 millj. til undirbúningsframkvæmda, vegagerðar, rannsókna, hönnunar o. s. frv. Við vonumst auðvitað til þess að þær rannsóknir, sem enn eru ógerðar, staðfesti að hér sé um hagkvæma virkjun að ræða, svo að áður en langt um líður verði hægt að taka endanlega ákvörðun og það takist að hraða svo öllum *undirbúningi og framkvæmdum* að þessi virkjun geti orðið tilbúin innan þriggja til fjögurra ára.

Stofnkostnaður þessarar virkjunar er nú ásamt aðalorkuveitu áætlaður um 2 milljarðar eða 2 000 millj. kr. og er gert ráð fyrir lántökuheimild sem því svarar í frv. Þegar athugað er afl og orkuframleiðsla þessarar væntanlegu virkjunar, kemur það í ljós, eins og greinir á bls. 2 í grg. með frv., að hér er um hagkvæma virkjun að ræða og stenst hún að því er framleiðslukostnað snertir fyllilega samanburð við aðrar hagkvæmar virkjanir hér á landi, þó að stærri séu.

Þessi fyrirhugaða virkjun mundi gera gegn að *ýmsu leyti* til viðbótar því að framleiða þá orku sem hér er um að ræða. Hún mundi einnig verða gagnleg fyrir Lagarfossvirkjun sem miðlun, en hún mundi einnig verða gagnleg í sambandi við stórvirkjun í Fljótsdal síðar. Ég vil í því sambandi bæði vísa til aths. við frv. á bls. 3, þar sem segir að gerð Bessastaðaárvirkjunar muni ekki á neinn hátt koma í veg fyrir stórvirkjun á staðnum, heldur muni hún að nokkru leyti geta *orðið hluti af stórvirkjuninni. Um þetta atriði* segir í þeirri álitsgerð frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, sem ég nefndi hér áðan, að líta megi á þessa virkjun sem fyrsta áfanga svonefndrar Fljótsdalsvirkjunar, sem er virkjun á sama falli með vatni úr Jökulsá í Fljótsdal, Bessastaðaá og upptakakvísl Kelduár. Síðar segir í þessari sömu álitsgerð að frumdrög hafi verið gerð í júlímánuði s. l. að endurskoðaðri áætlun um þá virkjun, þ. e. a. s. Fljótsdalsvirkjun, og ef virkjun Bessastaðaár verði komin áður megi gera ráð fyrir að kostnaður við stórvirkjunina lækki um 700—800 millj. kr. vegna mannvirkja, sem nýtast báðum virkjununum, og vegna minnkunar á uppsettu afli Fljótsdalsvirkjunar sem svarar Bessastaðaárvirkjun.

Í þessu sambandi vil ég einnig leyfa mér að

vitna til orða Hauks Tómassonar jarðfræðings, sem flutt voru í ríkisútvarpinu s.l. föstudag. Hann segir: „Ég vil leggja áherslu á það, að virkjun Bessastaðaár getur flýtt mjög fyrir gerð stórvirkjunar þarna.“ Síðan bætir hann við, að til þess verði þá að nota tækifærið til að rannsaka bergið með því að hafa stöðvarhús neðanjarðar og gera aðkeyrslugöng, en slík göng mundu flýta gerð stærri virkjunar um 1—2 ár. Hér ber því flest að sama brunni, að gerð Bessastaðaárvirkjunar er ekki líkleg til þess að draga úr eða seinka hugmyndum um stórvirkjun í Fljótsdal, heldur gæti á marga lund stutt hana og orðið þar að gagni.

Í s.l. mánuði, eða 22. okt., var haldinn fundur á Skriðuklaustri um þetta mál að tilhlutan Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og var sá fundur haldinn með hreppsnefnd fljótsdæla og fleiri aðilum sem þar eiga hlut að máli. Á fundinn komu einnig Haukur Tómasson jarðfræðingur frá Orkustofnun og Leifur Benediktsson verkfræðingur frá Hönnun. Í frásögn um þennan fund segir svo:

„Í viðræðum við hreppsnefndarmenn og aðra kom fram, að þeir höfðu ekkert að athuga við áformin um virkjun Bessastaðaár. Á fundinum var rætt um það að hve miklu leyti beitarland á heiðinni færi undir vatn, og var ákveðið að fram færi rannsókn á því og taka það mál upp til umr. þegar álitsgerð lægi fyrir.“

Í sambandi við þetta vil ég taka fram, að langmestur hluti þess lands, sem þarna er um að ræða, er í ríkiseign.

Á s.l. vori voru samþykkt lög á Alþ. um virkjun Kröflu og er nú unnið að því máli og reynt að hraða því sem mest að Krófluvirkjun geti tekið til starfa. Í því frv. var ákveðin heimild til þess að leggja háspennulínur til Austurlands. Varðandi það mál vil ég taka fram að sérstök nefnd, sem hefur með höndum athuganir á háspennulínum og línustæðum milli landsfjórðunga, hefur þetta mál um háspennulínur frá Kröflu til Austurlands sérstaklega til athugunar og er m.a. áformað, að nú á þessum vetri verði reist nokkur tilraunamöstur á leiðinni til frekari könnunar á staðháttum.

Í sambandi við Krófluvirkjun er rétt að geta þess, að við erum mjög vanhaldnir, íslendingar, af nauðsynlegum tækjum eða gufuborum til þess að bora eftir jarðgufu til raforkuframleiðslu eða annarra nota. Þó að nokkrir smærri jarðborar séu hér til er aðeins til einn gufubor, sem keyptur var til landsins á árunum 1957—1958 og er sameign Reykjavíkurborgar og ríkisins. Þessi gufubor er nú í notkun að Reykjum í Mosfellssveit, einkum við það verkefni að undirbúa hitaveitu fyrir Kópavog, Hafnarfjörð og Garðahrepp. Gert hafði verið ráð fyrir því að sá bor boraði áfram á Reykjum næsta sumar. En vegna hinnar miklu þarfar á því að flýta virkjun Kröflu hefur nú náðst samkomulag um það, að ef ekki finnist önnur úrræði, þ.e.a.s. með öflun gufubors, þá verði þessi bor ríkisins og Reykjavíkurborgar sendur norður að Kröflu næsta vor og geti verið þar að verki við að bora vinnsluholur a.m.k. 5 mánuði. Hins vegar er samhliða þessu unnið að því að fá gufubor til landsins. Nýjan bor er erfitt að fá vegna hins langa afgreiðslufrests, sem er væntanlega a.m.k. tvö ár eða jafnvel meira, en kannaðir hafa verið möguleikar og leitað tilboða í góða bora, sem eru eitthvað notaðir, og verður væntanlega alveg á næstunni gengið frá kaupum á notuðum gufubor, sem er þó að mati sérfræðinga í ágætu ástandi, og er gert ráð fyrir að slíkur gufubor kosti hingað kominn með aðflutningsgjöldum rúmar 400 millj. kr., en án aðflutningsgjalda um 280 millj. Ég get þessa hér í sambandi við Kröflu vegna þess að lögð hefur verið áhersla á að fá annan gufubor til viðbótar, sérstaklega með þá virkjun í huga, en virkjun Kröflu stendur einnig í sambandi við raforkumál Austurlands vegna fyrirætlana um að tengja Austurland við Kröfluvirkjun þegar þar að kemur.

Ég vil svo að lokum taka fram að það er gert ráð fyrir því í frv. að Rafmagnsveitur ríkisins reisi og reki þessa virkjun við Bessastaðaá, en í 4. gr. frv. segir, að óski sveitarfélög á Austurlandi að gerast eignaraðilar að virkjun Bessastaðaár og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu er ráðh. heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd virkjunaraðilans. Þetta er í samræmi við þá stefnu að raforkumálin verði að verulegu leyti í höndum heimamanna þar sem þess er óskað. Um það mál verður rætt hér síðar í sambandi við skipulag rafmagnsmálanna. Ég vil einnig taka fram að ekki aðeins í sambandi við eignaraðildina verður haft samráð við austfirðinga eða fulltrúa þeirra, heldur við allan undirbúning þessa máls, eins og hefur verið nú að undanförnu. En því er ekki að neita að oft og tíðum hefur við gerð mannvirkja á Íslandi verið vanrækt um of að ráðgast við og hlusta á ábendingar og ráð heimamanna. Það hefur viljað brenna við að sérfræðingar hafa ráðið fullmiklu og hlustað of lítið á álit þeirra, sem voru heima fyrir og þaulkunnugir öllum staðháttum. Í sambandi við virkjun Bessastaðaár verður haft náið samráð við heimamenn og hlustað að sjálfsögðu með gaumgæfni á þær ábendingar sem þaðan koma samkv. reynslu góðra manna.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vil undirstrika það aftur, að þótt ekki hafi verið sett í frv. ákveðið ártal, vegna þess að mönnum finnst það misjafnlega viðkunnanlegt að lögfesta hvenær virkjun skuli verða tilbúin, þá vil ég taka það sérstaklega fram að öllum undirbúningi og framkvæmdum verður hraðað eins og frekast er kostur.

Ég legg svo til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að fagna sérstaklega framlagningu þessa máls, frv. til l. um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal. Með tilliti til þess að ekki er ýkjalangt síðan þessir virkjunarmöguleikar komu á dagskrá, vil ég lýsa yfir sérstakri ánægju yfir hve ríkisstj. og hæstv. iðnrh. hafa brugðist fljótt við í þessu máli og hafið af fullum krafti undirbúning þess. Það er ástæða til að geta þess, að það er fullt samkomulag, að því er ég best veit, um þetta mál meðal þeirra aðila, sem að því koma, og engar deilur hafa sprottið um það.

Með tilliti til þess, að vatnsaflsframleiðsla á

á Austurlandi öllu er nú samtals 12.5 mw., og jafnframt með tilliti til þess að Bessastaðaárvirkjun mun að öllum líkindum framleiða allt að 32 mw., þá liggur það ljóst fyrir, að hér er um að ræða mikla framkvæmd á þessu sviði á Austurlandi, þar sem aukning á raforkuframleiðslu vatnsaflsstöðva mun aukast úr 12.5% upp í allt að 44.5 mw. Það er sýnilegt og hefur verið athugað gaumgæfilega að hér er um að ræða langsamlega fljótvirkustu lausnina sem er fullnægjandi um næstu framtíð fyrir Austurland. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, sem haldinn var í sept. í haust og hæstv. iðnrh. sótti, samþ. sérstaka samþykkt í þessu máli, þar sem skorað var á iðnrn. og Alþ. að sett yrðu lög um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal á komandi þingi og að undirbúningur og framkvæmd við virkjunina verði miðuð við að hún taki til starfa 1978.

Hæstv. iðnrh. gerði að umtalsefni möguleikana á því hvenær hugsanlegt væri að þessi virkjun gæti tekið til starfa. Þótt um það séu kannske eitthvað skiptar skoðanir, hvort það kynni að verða í árslok 1978 eða á árinu 1979, þá er samt sýnilegt að hér er um að ræða þá fljótustu lausn sem um er að tefla í þessum efnum á Austurlandi.

Skammt er að minnast mjög alvarlegs orkuskorts í Austfirðingafjórðungi. Í harðindakaflanum í fyrravetur í kringum áramótin skapaðist, eins og menn muna, mjög alvarlegt ástand á sumum svæðum eystra, eins og t. d. á Höfn í Hornafirði og í Austur-Skaftafellssýslu og víðar í sambandi við rafmagnsmálin. Virkjun Lagarfoss er nú komin á lokastig, eins og hér hefur verið upplýst. En það er ástæða til þess með tilliti til þeirrar seinkunnar, að hún geti tekið til starfa, að leggja áherslu á að aldrei verður nógsamlega vandað til allra samninga í sambandi við kaup á vélum og rækilegar rannsóknir gerðar á þeim viðskiptamöguleikum, sem fyrir hendi eru í því efni. Það verður að segjast að þær upplýsingar, sem hæstv. iðnrh. gaf hér áðan um kostnað við rafmagnsframleiðslu, annars vegar framleiðslu frá vatnsaflsstöðvum og hins vegar frá dísilstöðvum, eru allt að því hrollvekjandi. Það liggur fyrir að hægt er að framleiða sama rafmagn fyrir 29 millj. kr. með vatnsafli og fyrir 217 millj. kr. með dísilafli. Á Austurlandi hefur þurft að nýta dísilorku í vaxandi mæli. Þegar af þeim ástæðum er ákaflega þýðingarmikið að allt sé gert, sem unnt er, til þess að hraða byggingu þessa orkuverðs til þess að koma í veg fyrir síaukinn stórkostlegan kostnað vegna framleiðslu á rafmagni með dísilvélum.

Markmið stefnunnar í þessum efnum er að framleiða raforku til heimilisnotkunar, til atvinnurekstrar og til húsahitunar. Nú er það alveg ljóst að stór hluti markaðar á Austurlandi fyrir raforku er einmitt húsahitun í framtíðinni. Og framtíðin hlýtur að vera sú að helst allt húsnæði, ekki aðeins á Austurlandi, heldur einnig annars staðar á landinu þar sem ekki eru möguleikar til að hagnýta jarðvarma til upphitunar, verði hitað upp með raforku frá vatnsaflsstöðvum. Nú er það og ljóst, að á örfáum stöðum, aðallega á einum stað á Austurlandi, eru möguleikar á að hita upp þéttbýlisstaði með jarðvarma. Með tilliti til þess er þörfin fyrir aukna raforkuframleiðslu á Austurlandi geysilega brýn, svo að austfirðingar fái notið raforkunnar til húsahitunar sem allra fyrst.

Húsahitunarmálin eru í raun og veru eitt af stórmálum þjóðarinnar, þegar það liggur fyrir að kostnaður við upphitun húsa annars vegar með olíu hins vegar með jarðvarma er a. m. k. þrefaldur, þegar menn þurfa að hita upp með olíunni. Það er auðvitað ljóst, ef ekkert verður að gert í framtíðinni, þá getur þessi staðreynd valdið verulegri röskun á byggð landsins, vegna þess að menn sækjast sjálfsagt eftir því að búa þar sem svona miklu ódýrara er að hita upp híbýli heldur en á hinum landssvæðunum. Þetta mál er í raun og veru orðið stórmál og verður að taka til mjög rækilegrar athugunar á næstu árum og jafna eins mikið og mögulegt er muninn á þessu tvennu. Engin leið sýnist vænlegri í þessum efnum en sú að tryggja næga raforku til þess að hita upp híbýlin. Einnig þarf eflaust að koma til jöfnunarverðlag á þessum vettvangi. Þannig er nú ástatt á Austurlandi að það er mjög takmörkunum háð að fá leyfi til þess að hita upp ný hús með rafmagni. Ég veit ekki betur en á sumum stöðum sé ekki mögulegt að fá slík leyfi.

Hæstv. iðnrh. minntist nokkuð á Austurlandsvirkjun í sinni framsöguræðu, þ. e. a. s. virkjun sem gæti orðið allt að 1600 mw. eða þrisvar til fjórum sinnum stærri en Sigöldu- og Búrfellsvirkjun til samans, og ræddi nokkuð um það mál almennt. Þetta er geysilega stórt mál, eins og gefur að skilja, og mjög margs að gæta í sambandi við allar hliðar þess. Ég vil sérstaklega fagna yfirlýsingu hæstv. iðnrh. um að allar rannsóknir, sem varða þetta mál, verði í íslenskum höndum. Það er ákaflega þýðingarmikið, þar sem málið hefur ýmsar viðkvæmar hliðar sem krefjast gaumgæfilegrar athugunar. Ég tók einnig eftir því í hans ræðu, að hann lagði áherslu á það í sambandi við Bessastaðaárvirkjun, að höfð yrðu náin samráð við heimamenn um alla framkvæmd þess máls. Ég vil leggja áherslu á að allar rannsóknir, sem varða Austurlandsvirkjun, verði einnig gerðar í nánu samráði við heimamenn á Austurlandi.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Þegar nú þetta mál er til umr., frv. til l. um heimild til handa ríkisstj. til að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflsstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 mw., vil ég að mínu leyti fagna framkomu þessa frv., fagna því sérstaklega að mönnum sýnist nú tími til kominn að taka stórt skref til þess að bæta úr þeim sára orkuskorti sem þjáð hefur þennan landshluta um langa hríð. Að vísu eiga aðrir landshlutar sammerkt með Austurlandi í þessum efnum. En undanfarin ár hafa fært okkur heim sanninn um að þarna hefur legið við borð stórslys vegna þess að raforku hefur skort eða vatnsaflsstöðvar brugðist þegar mest á reynir.

Það er rétt, eins og kom fram í ræðu hæstv. iðnrh., að möguleikarnir eru margvíslegir á Austurlandi. Enda þótt þessi kostur sýnist við fyrstu sýn mjög góður, sem hér um ræðir, virkjun

Bessastaðaár, þá er þó fullkomin ástæða til að hafa uppi örfá varnaðarorð vegna þeirrar reynslu sem menn hafa heyjað sér á undanförnum árum á Austurlandi í sambandi við rekstur þeirra vatnsaflsstöðva sem fyrir eru. Á ég þá við þrjár þeirra, tvær að vísu, sem þegar er fengin reynsla af, og þá reynslu, sem þegar hefur fengist vegna virkjunar Lagarfoss.

Þá er fyrst fræga virkjun að telja, Grímsárvirkjun. Ég hygg að öllum, sem fylgst hafa með, sé fullkunnugt um það, að enda þótt hún hafi vissulega skilað verðmætri orku á liðnum árum inn á orkuveitusvæði Austurlands, þá er talið að mjög mikil mistök hafi átt sér stað, aðra kosti hefði fremur átt að velja fyrr, vegna þess að mjög algengt er að þar verður um mjög mikinn vatnsskort að ræða og er undantekningarlaust að á hverjum vetri verður þar um tilfinnanlegan vatnsskort að tefla.

Allir minnast þess sem upp á kom varðandi Smyrlabjargaárvirkjun á s. l. hausti, í nóv. og des., þegar vatnsbirgðir þar þrutu gersamlega og lá við borð að stórslys yrði á orkuveitusvæði þeirrar litlu virkjunar. Úr þessu hefur verið bætt á þessu sumri, þó ekki svo að óyggjandi sé að ekki geti til þessa dregið enn á ný. Þess vegna er nauðsynlegt að sjálfsögðu að hafa varaafl, disilafl, til staðar.

Og þá er það þriðja virkjunin sem nú stendur til að taka til starfa þegar og ef viðskiptavinum okkar, tékkum, þóknast að afhenda tæki, sem um var samið. Það er Lagarfossvirkjun. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að ég var grunlaus um það að þetta fljót gæti brugðið á það ráð, ef svo má orða það, eins og sannaðist í fyrrahaust, að verða aðeins 1/7 hluti af því vatnsafli sem nægjanlegt er til að knýja þær vélasamstæður núverandi virkjunar, sem þarf, eða tæpir 50 rúmmetrar á sek. Og heimamenn gagnkunnugir fullyrða, að rennslið geti farið ofan í 1/12, ofan í um það bil 4 kúbikmetra á sekúndu. Aldrei, svo að mér væri kunnugt um, höfðu þessar staðreyndir verið bornar fram. Þessar staðreyndir höfðu ekki legið fyrir þegar lokaákvörðun um virkjun Lagarfoss var tekin. Þess vegna ber sérstaklega að fagna því, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að haft verði náið samráð við heimamenn í þessum efnum og um of hafi verið treyst á sérfræðinga, enda þótt að sjálfsögðu sé hin mesta nauðsyn á að hafa sem nánast samstarf við þá og þeir hafi forustuna og á þekkingu þeirra séu allar undirstöður byggðar. Þess vegna er það, að þess er ekki að dyljast að heimamenn þar eystra hafa látið þá skoðun í ljós við mig að e. t. v. kynni varðandi þessa virkjun einnig að vera nokkur hætta á ferðum varðandi vatnsmagnið. Fram kemur í frv., að meðalrennsli á ári er talið vera um 4.1 kúbikmetri. Hins vegar er þess getið líka að vatnsmagnið sé mjög breytilegt og geti farið upp í allt að 50 rúmmetra á sekúndu, sem mundi þýða, ef slíkt vatnsflóð væri, að áin mundi spýta fram öllu sínu vatnsmagni á einum mánuði. Á snjóléttum vetrum vilja þeir, sem gerst til þekkja, álíta að mjög yrði vafasamt að tækist að mynda þau uppistöðulón nema með ærnum tilkostnaði sem mundu nægja til þess að hún skilaði neitt nálægt því þeim afköstum, sem hér er verið að tala um, 32 mw. Og það er hægt að veita hér upplýsingar um það að löngum rennur enginn vatnsdropi í þessari á. En tæknimenn nútímans sjá kannske við því, og enda þótt ég hafi uppi þessi varnaðarorð, þá fer því fjarri að ég sé að telja úr í þessu sambandi. Rannsóknir og mælingar verða að skera úr í þessu efni að sjálfsögðu. Þetta er afar álitleg virkjun, eins og öll aðstaða til virkunar er á þessum slóðum, vegna þeirra staðhátta, sem hæstv. iðnrh. lýsti, vegna hinnar miklu fallhæðar sem þarna er í boði.

Ég vil aðeins víkja aftur að Lagarfossvirkjuninni og þeim þrengingum sem þar hafa átt sér stað varðandi afgreiðslu véla sem um var samið við tékka. Í apríl 1973 kom til umr. fsp. frá mér varðandi Lagarfossvirkjun þar sem ég spurðist fyrir um það og beindi þeirri fsp. til þáv. iðnrh., hv. núv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, hvort hefðu orðið breytingar á áætlunum um virkjun Lagarfoss og ef svo væri í hverju þær væru fólgnar. Þetta var af því gefna tilefni að flogið hafði fyrir að um verulega seinkun yrði að ræða vegna afgreiðslufrests á vélasamstæðu frá Tékkóslóvakíu. Það er upp úr áramótum 1972—1973 sem þessi orðrómur fær byr undir vængi. Þessu svarar þáv. iðnrh., rifjar það upp að samið hafi verið við tékka, sem vitað var, þrátt fyrir lengri afgreiðslufrest þeirra og sá kostur valinn að taka þeirra tilboði sérstaklega á þeim forsendum að þeir buðu stærri vélasamstæðu, sem munaði 1.5 mw. Boðin hafði verið út 6 mw. samstæða, en þeir buðu 7.5, og þar sem aðstæður virtust henta vel fyrir þá samstæðu var það ráð tekið að semja við þá, enda þótt um lengri afgreiðslufrest væri að ræða. En hann fullyrðir í svari sínu að ekkert það hefði komið fram sem gæfi til kynna að afgreiðsla á vélum yrði ekki í samræmi við ofangreindan samning. Upphaflega var áætlað að vélasamstæðurnar yrðu afhentar í okt. 1973, en vegna þess að valinn var samningur við tékka, þá var samið um afgreiðslu 1. júní 1974.

Það má ekki misskilja það, ég er vitanlega ekki að víkja neinni gagnrýni í þessu efni að núv. hæstv. iðnrh. því að hann hefur þegar er hann kom að þessum málum tekið rösklega á þeim, svo sem fram kom í ræðu hans. En þessar fréttir, sem bárust út í ársbyrjun 1973, voru vissulega hafðar eftir tæknimönnum, sem störfuðu við Lagarfossvirkjun, og fsp. var af því gefna tilefni borin fram, hvort þessi orðrómur hefði við rök að styðjast. En svör hæstv. þáv. ráðh. voru tvímælalaus, að það hefði ekkert slíkt komið fram, sem gæfi tilefni til þess arna, og sannar þetta þar með að í þessu efni var flotið sofandi að feigðarósi, því að eins og kom fram í þeim upplýsingum, sem hæstv. iðnrh. flutti okkur hér áðan, er það ekki smáræði, sem munar um hvern mánuðinn sem seinkar afgreiðslu slíkrar vélasamstæðu. Og ég vil nú leyfa mér að víkja þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort mögulegt sé að beita tékka einhverjum viðurlögum, hvort við getum náð einhverjum skaðabótum fram í þessum efnum. Þessu vildi ég fá svarað ef þess er kostur, enda þótt staðreyndin sé hins vegar sú að oft er erfitt um vik í þeim efnum, nema þá einhver sérstök sektarákvæði séu í samningum.

Þetta var um þetta mál að segja. Æðstu yfirvöld þá, í apríl 1973, sinntu í engu þeim blikum, sem á lofti voru um að ekki yrði við samninga staðið af hálfu tékka, og því er nú svo komið sem komið er, að það má kannske, ef vel tekst til, vænta þess að virkjunin verði gangsett um miðjan febr., ef ég tók rétt eftir, og gæti þá innan skamms tekið til starfa.

Ég endurtek að þessi virkjun er mjög álitleg. Ég held að það hafi komið fram hjá hv. 4. þm. Austf., Tómasi Árnasyni, að þetta væri fljótasta lausnin til þess að bæta úr orkuskorti Austurlands. Það veit hann ekkert um, ekkert liggur fyrir um það. Það hafa verið gerðar aðrar rannsóknir í þessu efni, m. a. í Fjarðará, Fossá í Berufirði og Geithellnaá, og það liggur ekkert fyrir um að það hafi ekki verið hægt að bæta úr brýnustu orkuþörf Austurlands með skjótari hætti heldur en Bessastaðaárvirkjun, sem liggur ekki fyrir, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., hvort muni taka til starfa fyrr en kannske árið 1980, eða í árslok 1978, eins og kom fram í álitsgerð, hygg ég, frá verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens.

Í þessu sambandi vil ég aðeins minna á að á þingi í fyrravetur flutti ég till. til þál. um beislun orku og orkusölu á Austurlandi og ég hef nú fengið heimild míns þingflokks til þess að endurflytja þessa þáltill. í svo til óbreyttu formi að öðru leyti en því, að þar mun að sjálfsögðu ekki verða vikið sérstaklega að smærri virkjunum, eins og í Fjarðará og Geithellnaá, þar sem annað frv. er hér, þar sem vel á að vera fyrir neysluorku Austfirðinga séð með þeirri virkjun. En í þeirri þálitll., sem ég bar fram, var ályktað að fela ríkisstj. að lokið yrði hið fyrsta rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar, fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar, og að leitað yrði eftir kaupanda að raforku með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum.

Ég vil alveg sérstaklega fagna þeim ummælum hæstv. iðnrh., sem hann viðhafði og endurtók oftar en einu sinni, að það yrði lögð mikil áhersla á að halda áfram rannsóknum á þeim möguleikum, sem þarna kunna að vera fyrir hendi, glæsilegum möguleikum, sem flestir, sem til þekkja, vilja meina að eru fyrir hendi til stórvirkjunar. Ég tók eftir því og það var endurtekið af hv. 4. þm. Austf., Tómasi Árnasyni, hann lagði á það mjög mikla áherslu að rannsóknir í þessu sambandi yrðu í höndum íslenskra manna. Auðvitað þurfa íslendingar að hafa yfirstjórn og ráða alveg ferðinni varðandi öll þessi mál um beislun og nýtingu orkulinda sinni. En ég fæ ekki skilið hvað ætti að vera í veginum fyrir því að við leituðum samvinnu við aðrar þjóðir, eins og t. d. bandaríkjamenn, svisslendinga, norðmenn, svo að eithvað sé nefnt, um t. d. þessar rannsóknir, að sjálfsögðu með öllum fyrirvörum og án skuldbindinga. En bæði er það að þetta er fjárfrekt og okkur skortir fé til þess arna, og eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh. er það eitt meginmálið nú að skipuleggja fjáröflun til þess að hrinda fram þessum rannsóknum. Ekki er komin fram skýring á því hvers vegna lögð var áhersla á að þetta yrði allt saman í höndum íslendinga, nema ég hafi misskilið hann að því leyti að átt sé eingöngu við að við höfum á þessu yfirstjórn, sem sjálfsagt er og óþarft er að taka fram. En ég tel mjög eðlilegt og sjálfsagt, ef það er í boði, að við þiggjum samvinnu við aðrar þjóðir og leitum jafnvel eftir henni að fyrra bragði. En mér segir svo hugur um, að það hafi jafnvel verið boðið fram.

En varðandi þá þáltill., sem ég bar fram og mun leggja fram á næstu dögum, er það að segja að þær forransóknir, sem þar hafa farið fram, benda til þess að þar muni vera um einhverja girnilegustu stórvirkjunarmöguleika að ræða sem við eigum hér á landi. Kemur þar margt til: feiknaleg fallhæð, staðsetning orkuversins 25 m yfir sjávarmál í byggð, lagning línu til einnar bestu hafnar landsins þar sem einhverjar ákjósanlegustu aðstæður eru fyrir hendi til stóriðju. Allt þetta helst í hendur við það að sjálfsögðu að við fáum kaupendur, sem okkur eru skapfelldir og hagkvæmir, að þessari orku. Í þeirri þáltill. og í grg., sem henni fylgdi, var upplýst að talið mundi vera hagkvæmast að stærð þeirrar virkjunar yrði um 230—240 mw.

Enda þótt það sé talinn kostur vegna fyrirhugaðrar stórvirkjunar að byggja nú þessa smærri virkjun, þá er alveg augljóst að hér er notað sama vatnið, að ef ekki hefði verið ráðist í Bessastaðaárvirkjun, en hin stærri byggð, þá vitanlega hefði hún nýtt þessa 4.9 kúbikmetra sem eiga að knýja 32 mw. Bessastaðaárvirkjun. Það gefur auga leið. Og að óbreyttu verður vitanlega Fljótsdalsvirkjun um það bil sem þessu nemur minni en áætlanir, sem í því dæmi liggja fyrir um vatnsmiðlun við Eyjabakka, geysistóra vatnsmiðlun. Geymslan þar er um 1100 millj. lítra og að vatninu yrði veitt í skurðum niður í Gilsárvötn, þar sem kemur uppistaða fyrir Bessastaðaárvirkjun, og svo nærri 600 metra fall eða 580 metra fall niður í Fljótsdal, sem menn við endurskoðun á þessu áætla að geti gefið allt að 300 mw. orku. Þess er einnig að geta og það er einmitt í beinu samræmi við það, sem fram kemur varðandi Bessastaðaárvirkjun, þar er henni talið til gildis, sem rétt er, að hún muni verða að sínu leyti vatnsmiðlun fyrir Lagarfoss, þó að sjálfsögðu ekki í stærra mæli en sem nemur um það bil 1/12 af því vatnsmagni sem Lagarfossvirkjun þarf til þess að ganga á fullu. Aftur á móti er vatnsmagnið, sem knýr hina stærri virkjun sem gerð er till um, nákvæmlega það vatnsmagn sem þarf til þess að Lagarfossvirkjun gangi stöðugt á fullu eða um 50 kúbikmetrar á sekúndu.

Ég ætla ekki að setja á miklu lengri tölu um fyrirhugaða möguleika á stórvirkjun þarna. Þar eru rannsóknir of skammt á veg komnar. Ég vil aðeins rifja þær staðreyndir upp að viðreisnarstjórnin tók mjög myndarlega á rannsóknarverkefnum austur þar og veitti stöðugt aukið fé til ransóknanna. En í tíð vinstri stjórnarinnar sælu var á árinu 1971 dregið úr, að vísu ekki mikið, enda höfðu aðrir lagt áætlanirnar, stórlega minnkað 1972 og hætt 1973 þessum rannsóknum. Það var allur myndarskapurinn. Enda þótt eigi kannske eftir að henta einhvern tíma að láta svo sem þeir hafi haft áhuga á þessum stórkostlegu möguleikum, ég vil segja glæsileg-

ustu möguleikum sem við eigum í landinu í þessu sambandi, þá mun þó staðreyndin vera allt önnur.

Ég legg mjög mikla áherslu á að ég legg hið mesta upp úr þeirri yfirlýsingu hæstv. iðnrh. að þetta muni í engu verða til þess að seinka eða allra síst setja fótinn fyrir þá möguleika, sem kunna að vera í sambandi við stórvirkjun, og lögð verði áhersla á að hraða rannsóknum á þessum möguleikum, enda gefst hv. þm. kostur á því að ljá fylgi sitt við málið, þar sem um þetta mun verða borin fram þáltill., eins og ég tók fram, nú á næstu dögum.

Þetta var að mestu leyti það sem ég vildi sagt hafa. Það liggur alveg ljóst fyrir og þarf ekki að rifja upp hve gífurleg þörf er þar eystra á aukinni orku. Það kom skýrlega fram í ræðu hæstv. ráðh. hve óhagkvæm orkuframleiðslan er á Austurlandi, eins og nú stendur. Austurland hefur að vísu mátt búa við um langa hríð gífurlega, rándýra dísilorku sem verður, ef ekki verður brugðið við með myndarlegum hætti, óbærilegur baggi á afkomu fólks. Að því leyti sem snýr beint að því að bæta úr þessari þörf, — ég vænti þess fastlega að þar reynist þessi kostur við lokarannsóknir hinn ákjósanlegasti, — þá fagna ég því sérstaklega að svo skjótt og myndarlega hefur verið brugðið við um meðalstóra virkjun í framhaldi af Lagarfossvirkjun sem þetta frv. ber með sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmdasjóður Suðurnesja, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Flm. (Gunnar Sveinsson): Hv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram frv. um Framkvæmdasjóð Suðurnesja. Aðalefni frv. er:

1. gr. Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður Suðurnesja.

2. gr. Verkefni sjóðsins eru þessi:

a. Að veita lán til einstaklinga og félaga á Suðurnesjum til innlendrar atvinnuuppbyggingar og þá fyrst og fremst í sjávarútvegi og iðnaði.

b. Að veita lán til framkvæmda sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

3. gr. Tekjur sjóðsins skulu vera:

a. 2% af veltu Aðalverktaka og annarra verktakafyrirtækja á Keflavíkurflugvelli af starfrækslu þeirra á Suðurnesjum.

b. ⅓ af aðstöðugjöldum, sem nú eru greidd af starfsemi á Keflavíkurflugvelli til viðkomandi sveitarfélaga.

c. 4% af veltu fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli.

d. 2% af veltu flughafnarinnar.

e. Vextir.

4. gr. Framkvæmdasjóðurinn er sjálfstæð stofnun. Stjórn hans skal skipuð 7 mönnum, einum frá hverju sveitarfélagi á Suðurnesjum. Skulu þeir kosnir til fjögurra ára í senn, að loknum sveitarstjórnarkosningum, af viðkomandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum kosnum af samtökum sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi.

5. gr. Framkvæmdasjóðurinn skal ávaxtaður á Suðurnesjum. Stjórn sjóðsins skal semja við lánastofnanir á Suðurnesjum um afgreiðslu fyrir hann og um geymslu sjóðsins. Stjórn sjóðsins hefur á hendi ákvarðanir um lánveitingar hans. Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins skal greiðast af tekjum hans.

6. gr. Stjórn sjóðsins ákveður að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands vexti af lánum, er veitt eru úr sjóðnum.

7. gr. setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, svo og um lánstíma, umsóknir um lán úr sjóðnum, tryggingar lána svo og aðra skilmála.

8. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1975.

Það sem felst raunverulega í þessu frv., sem hér er lagt fram, er í stuttu máli að stofnaður verði sjóður til stuðnings innlendri atvinnustarfsemi á Suðurnesjum. Lagt er til að tekjur sjóðsins séu skattur af verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli, hluti af aðstöðugjöldum sveitarfélaga á sama stað og gjald af ríkisfyrirtækjum á Keflavíkurflugvelli sem nú eru skattfrjáls.

Á Suðurnesjum eru 7 sveitarfélög, en Suðurnes tel ég byggðirnar sunnan Hafnarfjarðar. Með þessum sveitarfélögum hefur á síðustu árum tekist gott samstarf um þjónustustarfsemi og framkvæmdir er varða öll sveitarfélögin á svæðinu. Verður því að telja eðlilegt, að sveitarfélögin ráði þessum sjóði og lánveitingum úr honum samkv. markmiðum hans.

Margir munu e. t. v. segja, að ekki sé ástæða fyrir suðurnesjamenn að fara fram á slíka stofnun sem hér er stungið upp á, þeir hafi flugvöllinn og varnarstöðina og þaðan streymi fé og skatttekjur. Ástæðan fyrir þessum hugsanagangi, sem við suðurnesjamenn verðum svo oft varir við, er sú að fjölmargir álíta að allt það fólk, sem vinnur á Keflavíkurflugvelli, sé suðurnesjamenn. Svo er þó ekki. Stór hluti þess eru reykvíkingar og aðrir aðkomumenn. Það er að vísu satt og rétt að suðurnesjamenn hafa á margan hátt atvinnulega séð notið góðs af staðsetningu flugvallarins og varnarstöðvarinnar. Þó er það í mun minna mæli en margur heldur.

Innlent atvinnulíf og þó sérstaklega frumatvinnuvegur okkar suðurnesjamanna, útgerð og fiskvinnsla, hefur átt og á í harðri samkeppni við flugvöllinn og varnarstöðina um vinnuaflið á Suðurnesjum. Þessi samkeppni hefur að mörgu leyti skapað óeðlilegt ástand varðandi rekstur þessara atvinnuvega. Nærtækasta dæmið í þessu sambandi, sem benda má á, kemur fram í úttekt þeirri sem nú er gerð á vegum ríkisstj. og leitt hefur í ljós að útgerð og fiskvinnsla er einna verst sett á Suðurnesjum á öllu landinu.

Staðreyndin er, að bæjar- og sveitarfélögin á Suðurnesjum fá óverulegar skatttekjur af þeim rekstri og umsvifum, sem fram fara á Keflavíkurflugvelli. Á s. l. ári munu þessar tekjur hafa numið milli 10 og 12 millj. kr. í aðstöðugjöldum til allra sveitarfélaga, en mjög misjafnlega mikið til hvers þeirra eftir því hvar fyrirtækin voru staðsett á flugvellinum. Sveitarfélögin eru því ekki undir það búin að hafa forustu um eðlilega atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum við núverandi aðstæður. Verður því að telja fullkomlega eðlilegt að sú stóriðja, ef segja má svo um þá

starfrækslu sem fram fer á Keflavíkurflugvelli, leggi meira af mörkum til Suðurnesjasamfélagsins í heild en nú er, bæði að því er varðar þjónustu og uppbyggingu atvinnuveganna.

Allir flokkar hafa lýst því yfir að hér eigi ekki að vera her á friðartímum. Menn greinir aftur á móti á um hvenær þeir tímar séu. Vonandi eru þeir ekki langt undan. Suðurnesjamenn geta hvorki né eiga að treysta á að varnarstöð verði einhver afgerandi liður í atvinnuuppbyggingu þeirra, heldur verða þeir að treysta á innlendan atvinnurekstur í framtíðinni eins og hingað til. En því aðeins verður það hægt að undirstöðuatvinnuvegirnir verði ekki afskiptir með uppbyggingu og framfarir og þeir verði ekki látnir grotna niður eða kaffærðir í óraunhæfum framkvæmdum erlendra aðila. Við verðum að gera okkur ljóst að aðstæður, bæði hér og erlendis, geta breyst á mjög skömmum tíma, og við því verðum við að vera búnir.

Við minnumst þess að þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru staðsettar á Siglufirði, en þær voru raunverulega fyrsta stóriðja á Íslandi, voru þær að mestu skatt- og útsvarsfrjálsar. En fljótlega sáu menn að hér hafði verið rangt að farið. Sérstaklega sáu menn þetta eftir að síldin hvarf. Siglufjarðarbær var ekki undir það búinn að taka á sig þær breytingar í atvinnumálum sem hvarf síldarinnar hafði í för með sér, að nokkru vegna þess að aðalatvinnutækið hafði verið skattfrjálst og eins vegna hins, að ekki hafði verið stutt við bakið á annarri atvinnustarfsemi svo sem þurft hefði.

Lánveitingar Byggðasjóðs hafa komið mikið til umr. í sambandi við þessi mál. Stjórn sjóðsins hefur samþ. að veita ekki lán úr sjóðnum til svæðisins frá Akranesi til Þorlákshafnar. Telur stjórnin að það samrýmist ekki því markmiði sjóðsins að efla jafnvægi í byggð landsins. Er það á margan hátt skiljanleg afstaða. Þrátt fyrir það höfum við suðurnesjamenn átt erfitt með að sætta okkur við þetta, enda hefur það komið sér mjög illa fyrir okkur í sambandi við endurnýjun bátaflotans. Má í því sambandi benda á að meðalaldur báta mun hér á landi vera hæstur á Suðurnesjum, eða 16 ár. Er því endurnýjun flotans mjög brýn. Að þessu leyti eru því Suðurnesin sambærilegri við sjávarplássin úti á landi en t. d. Reykjavík. Ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta atriði. Ef við lítum hlutlaust á málið og spyrjum: Að hvaða leyti eru sjávarplássin á Suðurnesjum, Grindavík, Sandgerði, Njarðvík, Hafnir, Garður og Keflavík, betur fær um að endurnýja bátaflota sinn en önnur sjávarpláss. á landinu? — fæ ég ekki séð hvað það sé, nema þá síður sé. Þau eru fámenn öll nema Keflavík og skatttekjur þeirra af flugvallarsvæðinu eru óverulegar, eins og hér hefur verið bent á. Ríkisfyrirtækin eru skattfrjáls og stór hluti starfsmanna býr utan þess atvinnusvæðis.

Stundum hefur beinlínis oltið á Byggðasjóði hvort af skipakaupum gæti orðið á Suðurnesjum. Í slíkum tilfellum hefur verið sótt hart að sjóðnum, því að í annað hús var ekki að venda, og lánið þá fengist eftir mikla eftirgangsmuni.

Með stofnun Framkvæmdasjóðs Suðurnesja tel ég að verið væri að koma til móts við suðurnesjamenn í sambandi við endurnýjun fiskiskipa þeirra og uppbyggingu íslensks atvinnurekstrar, þótt það fé, sem myndast í sjóðnum árlega, sé ekki mikið. Lauslega áætlað ætti það að geta orðið um 35 millj. kr. á ári. Mundi það a. m. k. að einhverju leyti losa Byggðasjóð undan þeirri ásókn sem nú er í lán hjá honum til uppbyggingar sjávarútvegs Suðurnesjasvæðisins og stuðla að því að suðurnesjamenn gætu orðið sjálfum sér nógir á þessu takmarkaða sviði.

Í þeirri lauslegu áætlun, sem hér er gerð og er miðuð við s. l. ár, kemur ⅓ fjárins frá verktakastarfsemi, en ⅔ frá skattfrjálsum ríkisfyrirtækjum og sveitarfélögum. Ég geri mér vel ljóst að hér er aðeins um lauslega tillögugerð að ræða. Með breyttum aðstæðum og til samkomulags mætti breyta þar um eins og mönnum þætti sanngjarnt. En eitt vil ég sérstaklega benda á, að engin sanngirni mælir með því, að ríkisfyrirtæki greiði ekki einhver gjöld til viðkomandi sveitarfélaga þar sem þau eru starfrækt, og hélt ég sannast að segja að slíkt væri ekki til staðar lengur. Það sem hér er um að ræða er því eðlileg skattlagning af starfsemi á Suðurnesjasvæðinu sjálfu. Þetta fé heyrir til sveitarfélögunum öllum að mínu áliti og þau eiga því að ráða því sjálf.

Stór hluti af suðurnesjamönnum er aðfluttur til Suðurnesja utan af landi. Þeir og aðrir suðurnesjamenn gleðjast yfir þeim framförum, sem þar hafa átt sér stað á undanförnum árum. Þeir fagna þeim auknu möguleikum, sem Byggðasjóður hefur til að auka framfarir og uppbyggingu á landsbyggðinni með eflingu sjóðsins og vilja síður en svo leggja stein í götu þeirra framfara er með því geta átt sér stað. En þeir vilja jafnframt benda á þá sérstöðu er Suðurnesin hafa í þessu máli.

Sumir munu e. t. v. líta svo á að með stofnun þessa sjóðs sé verið að skapa hættulegt fordæmi, varhugavert geti verið að leyfa svo afmörkuðu svæði að hafa sinn eigin framkvæmdasjóð. En því fer fjarri. Fram hafa komið hugmyndir um að byggja Byggðasjóð upp á þennan hátt, þ. e. að honum væri skipt eftir fjórðungum eða kjördæmum. Væri sú till. fyllilega athugaverð.

Réttilega má benda á, að hér er ekki gert ráð fyrir neinum möguleikum til stuðnings við sjávarútveg Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, þótt þeir staðir eigi ekki möguleika á fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði samkv. reglum hans. Því er til að svara að Reykjavíkurborg hefur þegar sinn eigin framkvæmdasjóð sem veitt hefur lán til togarakaupa. Hafnfirðingar hafa stóriðju á sínu svæði sem reynst hefur góður skattborgari. Virðist ekki óeðlilegt þótt einhverju af því fjármagni, sem þar kemur inn, verði varið til alhliða uppbyggingar og þar á meðal í sjávarútvegi á þeim stað.

Hæstv. forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 64). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram á síðasta reglulegu Alþ. í sömu mynd og það er lagt hér fram nú. Með því að málið er einnig í sjálfu sér ákaflega einfalt þarf ekki að hafa fyrir því langa framsögu. Hér er um að ræða breytingu á 2. gr. l. um Hótel- og veitingaskóla Íslands. Breytingin er sú ein að nemendur þessa skóla fái aðild að skólanefndinni á svipaðan hátt og átt hefur sér stað um nokkra skóla áður.

Ég tel ekki þörf á að skýra þetta frekar, en vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn. Þetta er einfalt mál og þætti mér vænt um ef n. gæti tekið það til athugunar við fyrsta hentugleika, þannig að afgreiðslu þess gæti orðið lokið á fyrri hluta þingsins, ef ekki koma upp sérstök ágreiningsatriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og menntmn. með 15 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 67). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er lagt fram, á sér langan aðdraganda og má raunar segja að hér sé um að ræða framhald á þeirri þróun sem orðið hefur á mörgum undanförnum árum í sambandi við mat og eftirlit með fiski og öðrum sjávarafurðum. Þróunin hefur stefnt í þá átt að þeim stofnunum, sem annast hafa eftirlit og mat á fiski og öðrum sjávarafurðum, hefur fækkað og allt miðað að því að setja alla þessa starfsemi undir sömu stofnun. Með l. nr. 46 frá 1948 voru stöður fræðfiskmatsstjóra og skreiðarmatsstjóra sameinaðar í stöðu fiskmatsstjóra og með l. nr. 55 1968 var fræðfiskeftirlitið skv. l. nr. 42 1960 og fiskmatið eins og það var í l. nr. 46 1948 sameinað í eina stofnun, Fiskmat ríkisins.

Í 1. gr. þessa frv. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða er starfsemi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins sameinuð í einni ríkisstofnun sem bera skal nafnið Framleiðslueftirlit sjávarafurða, en fyrrgreindar tvær stofnanir lagðar niður.

Frv. um þetta sama efni var lagt fram á síðasta Alþ. og þá undir nafninu Ríkismat sjávarafurða. Það frv. var lagt fram seint á þingtímanum og náði þá ekki fram að ganga. Við endurflutning á frv. nú hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar og sömuleiðis á aths. með frv. og þær eru helstar að nafninu er breytt, eins og ég hef fyrr sagt. Aðrar breytingar eru þær helstar að felld eru niður þau ákvæði 4. gr. frv. um Ríkismatið sem gera ráð fyrir sérstakri samstarfsnefnd Ríkismatsins eða Framleiðslueftirlitsins annars vegar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins hins vegar. Í aths. með þessu frv. er lögð áhersla á að mjög náið samstarf þurfi að vera á milli þessara tveggja stofnana, einkum milli Rannsóknastofnunarinnar og frysti- og hreinlætisdeildar Framleiðslueftirlitsins. Hins vegar þykir ekki ástæða til að setja sérstaka n. í þessu skyni, enda heyra báðar þessar stofnanir undir sjútvrh. og ætti hann á hverjum tíma að hafa aðstöðu til þess að fylgjast með því og gæta þess að þarna sé um nauðsynlegt samstarf að ræða.

Það urðu þau mistök þegar 4. gr. var breytt á þennan hátt, að eins og orðalag hennar er núna gæti sá misskilningur slæðst inn að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins ætti að hafa samráð við Framleiðslueftirlitið viðvíkjandi allri sinni starfsemi, því að í 26. gr. l. nr. 64 frá 1965, sem vísað er til í frv., eru talin upp öll verkefnasvið stofnunarinnar. Það er því skoðun Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, að því er varðar eftirlit og mat á sjávarafurðum, að mjög sé æskilegt og nauðsynlegt að gera nokkra breytingu á þessari 4. gr. Ég vænti þess að sú n., sem fær frv. til meðferðar, taki þessa aths. til greina. Tel ég rétt að 4. gr. orðist þannig:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir þær rannsóknir og tilraunir, er til þeirrar stofnunar falla skv. 26. gr. l. nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Rannsóknir og tilraunir, er snerta eftirlit og mat á sjávarafurðum, skulu framkvæmdar í samráði við Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

Með því að breyta gr. á þennan hátt getur sá misskilningur ekki átt sér stað að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eigi að hafa samráð við Framleiðslueftirlitið viðvíkjandi allri sinni starfsemi.

Önnur breyting í þessu frv. frá frv., sem lagt var fram á síðasta þingi, er fólgin í því að ákvæði 6. gr. frv., sem lagt var fram þá um menntun forstjóra er felld niður. Að vísu getur verið æskilegt að til þessa starfs veljist sem menntaðastir menn, en hins vegar þykir ekki rétt að veita mönnum með ákveðna menntun skilyrðislausan forgangsrétt, eins og gert var í hinu fyrra frv. Um þetta atriði má alltaf deila. Ég er þeirrar skoðunar að það geti verið til menn, þó að þeir hafi ekki háskólapróf, sem geti gegnt slíkum störfum sem þessum og hafi öðlast reynslu og þekkingu sem er jafnvel á við háskólamenntun, og því tel ég fyrir mitt leyti ekki rétt að binda þetta í lögum, þannig að það sé fortakslaust að menn með háskólamenntun eigi að sitja fyrir. Þetta á ekki eingöngu við þetta frv. Þetta er skoðun mín í sambandi við löggjöf. Við eigum ekki, þar sem ekki er brýn þörf á, að setja í lög slík ákvæði.

Þá var gerð orðalagsbreyting á 3. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að ríkisstofnanir, sem hafa með höndum verkefni sem falla undir Framleiðslueftirlit sjávarafurða skv. frv., skuli halda þeim verkefnum áfram eftir nánari ákvörðun ráðh.

Þá hafa verið gerðar nokkrar aðrar orðalagsbreytingar og loks er í þessu frv. breytt gildistökuákvæðum á þann veg, að í stað 1. jan. 1975,

eins og hugsað var ef það frv. hefði orðið að lögum, kemur 1. júlí 1975 og í stað 1. okt. 1974 kemur 1. apríl 1975. Annars vísa ég að öðru leyti til ákv. til brb., eins og það er í frv., og þeirra aths. sem frv. fylgja.

Ég vil aðeins víkja lítillega að breytingunni, sem verður á nafni þessa frv. frá fyrra frv., að kalla þetta Framleiðslueftirlit sjávarafurða í stað Ríkismats sjávarafurða. Það er mín skoðun að samkvæmt hlutverki þessarar stofnunar sé hér um miklu veigameiri störf að ræða en að hafa með höndum mat. Þess vegna tel ég að núverandi heiti á stofnuninni og sömuleiðis „ríkismat" nái ekki til þeirra viðamiklu verkefna sem þessi stofnun hefur og á að hafa skv. þessu frv., þ. e. að fylgjast með öllum búnaði við framleiðslu sjávarafurða. Því tel ég þetta nafn á frv. betra hvað þetta snertir. Ég er alveg opinn fyrir því fyrir mitt leyti, ef menn finna eitthvað enn betra heiti sem nær þessu hvoru tveggja, að þá held ég ekki dauðahaldi í þetta. Í sjútvrn. hefur verið mikið fjallað um þetta nafn og að lokum urðum við ásáttir um að þetta mundi helst ná yfir höfuðtilgang og allan tilgang, sem þessari stofnun er ætlað að hafa.

Ég tel ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ég tel að það sé mjög æskilegt, að þetta frv. nái fram að ganga. Aðilar í sjávarútvegi almennt eru sammála um að gera þessa breyt. og telja að það sé rétt stefna að færa þetta undir eina og sömu stjórn eða sömu stofnun. Það er til hagræðis fyrir allar greinar í sjávarútvegi og veldur þar engum deilum, enda má segja að þeir mörgu aðilar, sem til hefur verið leitað, bæði úr hópi útgerðarmanna, sjómanna og hinna ýmsu greina fiskvinnslunnar, séu allir á eitt sáttir um höfuðefni þessa máls og allir því hlynntir að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér hefur hæstv. sjútvrh. gert grein fyrir frv. sem Alþb. hlýtur að fylgja einhuga. Fyrir mína parta tel ég nafnbreytinguna á frv., sem ráðh. gerði grein fyrir, greindarlega og hef ekkert út á hana að setja. Aftur á móti er ég í meiri vafa um breyt., sem gerð hefur verið á 6. gr. frv., þar sem ekki er kveðið á neinn hátt á um menntun eða þekkingu forstjóra Framleiðslueftirlitsins. Ég er fyllilega sammála hæstv. sjútvrh. um það að fastákveðið háskólapróf sé alls ekki trygging fyrir því að hlutaðeigandi maður sé öllum öðrum heppilegri til að gegna þessu starfi. En ég vildi gjarnan að það yrði kveðið með einhverjum hætti á um aðra þá hæfileika sem hlutaðeigandi maður þyrfti að vera búinn til þess að vera tekinn jafnvel fram yfir manninn með háskólaprófið. Ég legg eindregið til að tekin verði inn í frv. einhver slík ákvæði sem hægt væri að styðjast við til réttlætingar á ráðningu. Því fer víðs fjarri að það hvarfli að mér að núv. hæstv. sjútvrh. né hugsanlegir eftirmenn hans yrðu til viðtals um að ráða óhæfa menn í þetta starf. En ég held að eigi að síður væri það styrkur fyrir sjútvrh. að hafa slík ákvæði í frv.

Þá komum við að 9. gr. frv. Mér er kunnugt um það að hv. þm. Helgi F. Seljan taldi þessari gr. það til foráttu, er málið var rætt í fyrra, að ekki væri kveðið á um menntun matsmanna eða skyldur þeirra og réttindi umfram það sem fyrir er mælt í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Mér er persónulega kunnugt um mjög erfiða starfsaðstöðu fiskmatsmanna á liðnum árum. Í þetta starf hafa yfirleitt valist valinkunnir sómamenn, kunnugir sjávarútvegi og kunnugir fiskverkun, sumir hverjir svo snjallir fiskverkendur sjálfir, að þar hefur tæpast verið hægt að fara fram á meira. En þeir hafa unnið við mjög slæmar aðstæður, bæði hvað launakjör snertir og eins raunverulega í því stríði sem þessir menn standa stöðugt í við fiskverkendur og fiskseljendur. Mér er kunnugt um það að athygli fyrrv. sjútvrh. var vakin á þessu atriði og aths. fékk þar góðar undirtektir, en við sjáum að umfram undirtektirnar hefur eiginlega ekkert skeð. Þessu er ekki sinnt þegar frv. er nú lagt fram öðru sinni.

Ég vil svo að endingu ítreka stuðning við frv. með hinu nýja nafni með fyrrgreindum fyrirvörum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir vinsamlegar undirtektir undir þetta frv. Ég er honum alveg sammála hvað snertir 6. gr., að það getur verið nauðsynlegt að taka eitthvað fram, þannig að ráðh. hafi ekki of óbundnar hendur. Hins vegar býst ég við því að maður, sem gegnir ráðherraembætti, legði varla í það að skipa gersamlega óhæfan mann yfir jafnþýðingarmikla stofnun og þessa, því að starfið er mjög vandasamt. Það er kannske má segja um minna metin störf að ekki sé eins vandað til með skipun í þau, en ég hygg að það hljóti að vera kappsmál hvers ráðherra, hver sem hann er, að vanda mjög vel til. En eins og ég tók fram áðan er ég alltaf mótfallinn því að setja ákvæði eins og voru í fyrra frv. Ég get lýst því hér yfir að ef þetta frv. nær fram að ganga, svo sem ég vona, á þessu þingi, þá er enginn ákveðinn maður í huga mínum til að skipa í þetta starf. Það verður að ráðast, þegar auglýst verður eftir umsóknum, hverjir koma til með að sækja. Það þarf ekki endilega að vera að gengið verði fram hjá háskólamenntuðum manni, ef hann er talinn hæfur og fær í þetta á öðrum sviðum.

Í sambandi við 9. gr. töldu starfsmenn rn. ekki ástæðu til þess að gera á henni breytingar. Ég lagði ekki mikið upp úr því sjálfur. Hins vegar vil ég að það komi hér fram, að n., sem fær málið til athugunar, getur auðvitað gert brtt. við 9. gr. ef hún telur fara betur á því. Ég set það ekkert fyrir mig og tel að það sé nauðsynlegt að athuga þessi mál eins og önnur mjög ítarlega.

Mér láðist í framsögu að geta þess, að þegar ég sagði að allar stofnanir sjávarútvegsins væru hlynntar þessu frv., þá láðist mér að geta þess að Fiskmat ríkisins lagði fram margar aths. við fyrra frv., en ég tel rétt að það komi fram. Það

er eina stofnunin, sem hefur lagt fram einhverjar veigamiklar aths. Allar aðrar greinar í sjávarútvegi eru samþykkar frv. í öllum höfuðdráttum. Vafalaust fær sjútvn. þessar aths. Fiskmatsins. Hitt er svo annað mál, sem alltaf er og alltaf verður, að þegar á að breyta einhverju eru oft viðkomandi stofnanir afar íhaldssamar á allar slíkar breytingar og því verður ekki hægt, hvorki fyrir rn. né Alþ., að láta þær ráða ferðinni ef við teljum nauðsynlegt að gera breytingar, eins og ég hygg að Alþ. sé sammála um að gerðar séu í þessum málum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framkvæmdasjóður Suðurnesja, frv. (þskj. 7). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. (þskj. 36). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 39). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Upplýsingaskylda stjórnvalda, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta um upplýsingaskyldu stjórnvalda, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., hefur legið fyrir d. á tveimur síðustu reglulegu löggjafarþingum, en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Ég gat þess þegar frv. var lagt fram upphaflega, að vafasamt væri hvort rétt væri að ljúka meðferð á lagafrv. um efni slíkt sem þetta þegar á fyrsta þingi, og má segja að eftir þeirri ábendingu hafi verið farið. Hv. allshn. mun hafa fjallað talsvert ítarlega um frv. á undanförnum þingum og þó sérstaklega í fyrra og aflað umsagna og kynnt sér grg. um efnið. Finnst mér eðlilegt að halda þeim athugunum áfram er málið kemur aftur fyrir deildina.

Ég get að miklu leyti vísað til framsögu minnar við framlagningu frv. í upphafi og tel ekki ástæðu til að endurtaka þær skýringar sem ég þá gaf. Það er hægurinn hjá fyrir hv. þn., sem málið fær til meðferðar, að kynna sér framsöguræðuna í Alþt. Ég vil þó nefna að frv. þetta er samið og flutt í samræmi við þál. sem samþ. var á Alþ. 19. maí 1972, en þar var ríkisstj. falið að láta undirbúa fyrir næsta Alþ. frv. til l. um hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum sem almenning varða. Í grg. með þáltill. var á það minnt, að ef almenningur eigi að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana þurfi hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Enn fremur er bent á það að leynd á þessu sviði dragi mjög úr aðhaldi því, sem þegnarnir gætu ella veitt, og geri þeim erfitt fyrir að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana.

Eins og ég gerði grein fyrir, er ég mælti fyrir þessu frv. á fyrri þingum, er það svo að í íslenskri löggjöf er ekki að finna nein almenn ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Hins vegar eru dreifð ákvæði í lögum, bæði um leyndar- og þagnarskyldu embættismanna eða opinberra starfsmanna, og á hinn bóginn kemur fyrir að í lagaákvæðum séu gefin fyrirmæli um að ákveðið efni skuli kynnt almenningi með tilteknum hætti. Af slíkum dreifðum lagaákvæðum verða þó varla dregnar nokkrar óyggjandi almennar reglur um kröfur íslenskrar löggjafar um leyndarskyldu og/eða upplýsingaskyldu. Rannsókn skortir einnig til þess að fullyrt verði um það, hver er hin raunverulega framkvæmd í stjórnkerfinu að þessu leyti, en við búið að framkvæmdir hafi verið nokkuð á reiki þar sem ekki hefur verið við að styðjast fastar og skýrar lagareglur.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er að langmestu leyti sniðið eftir dönskum og norskum lögum um þetta efni.

Eins og ég áðan sagði skal ég ekki að þessu sinni fara út í það að gera nánari grein fyrir efni þessa frv., en ég tel rétt að víkja lítillega að þeirri gagnrýni sem fram hefur komið gegn þessu frv.

Það er ekki hægt að segja að sú gagnrýni hafi komið á óvart, enda vék ég að því í upphaflegri framsögu að hennar mætti vænta. Þar kemur margt til og ef til vill fyrst það, að hugmyndir manna um það efni, sem hér er fjallað um, hafa verið og eru ákaflega óljósar, sem vonlegt er, þar sem það hefur lítið verið rætt á almennum vettvangi til skamms tíma og má segja heldur yfirborðslega. Mönnum kemur því á óvart hve margvísleg hagsmunagæsla vegna einstaklinga og almannahagsmuna verður nauðsynleg þegar lögbjóða skal almenna upplýsingaskyldu.

Hjá almenningi og þá ekki hvað síst hjá blaðamönnum og fréttamönnum annarra fjölmiðla virðist hafa komið fram áhugi á því að settar væru um þetta efni almennar lagareglur og þá auðvitað svo skýrar sem kostur er, enda mun stundum hafa komið til ágreinings á milli stjórnvalda og fjölmiðla í þessum efnum. En sannleikurinn

er sá að það er ekki svo auðvelt sem í fljótu bragði kann að virðast að setja um þetta skýrar og ófrávíkjanlegar lagareglur. Þar verður að finna meðalveg á milli tvenns: Annars vegar er sá réttur, sem eðlilegt er að fjölmiðlar og fréttamenn hafi til þess að kynna sér upplýsingar og eiga að þeim sem greiðastan aðgang til þess að geta kynnt þau málefni sem um er að tefla án þess að misskilnings gæti í því sambandi. Á hinn bóginn er varðveisla stjórnvalda á þeim málefnum varðandi einkahagi manna, sem þau þurfa oft að afla sér. Þarna getur verið vandratað meðalhóf og þess vegna er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó að komi fram ýmsar aths. í sambandi við frv. sem þetta og menn líti á það frá mismunandi sjónarmiðum.

Ég skal í þessu sambandi vekja athygli á tvennu. Það kann að vera þó að ekki hafi verið hér til neinar almennar lagareglur um þetta efni eða um stjórnsýslumeðferð almennt, að þá sé hún opnari í raun en menn almennt hafa gert sér grein fyrir og e. t. v. í sumum efnum opnari en í nágrannalöndunum þar sem um þetta eru þó settar ítarlegar reglur í lögum. Má sjálfsagt að nokkru leyti rekja til þess, hversu okkar samfélag er fámennt og hversu þar af leiðandi margir hlutir eru svo að segja á almannavitorði. Í annan stað hefur sú gagnrýni komið fram, að þó að það sé sett fram sem almenn og aðalregla í upphafi frv. að upplýsingaskylda skuli vera fyrir hendi, þá séu undantekningarnar, þær sem taldar eru upp í 2. gr., svo margar og viðamiklar að þær beri aðalregluna ofurliði. Í því sambandi vil ég þó vekja athygli á því, að ég hef ekki orðið þess var að í því sambandi hafi komið fram gagnrýni á þá einstöku liði sem upp eru taldir í 2. gr. sem undantekningar frá almennu reglunni. Enn fremur vil ég minna á að undantekningarnar eru fæstar á þann veg að beint þann sé lagt við að veita upplýsingar, heldur er það matsatriði fyrir stjórnvöld. Út af fyrir sig er það einnig gagnrýnt og hefur verið gagnrýnt að með þessu móti væri of mikið lagt á vald stjórnvaldanna sjálfra eða undir þeirra mati komið. En hvað sem um það er, þá hygg ég að seint verði settar svo afgerandi reglur um þetta efni að ekki þurfi í mörgum tilfellum að koma til mat stjórnvalda.

Þegar ég mælti fyrir þessu frv. á s. l. vetri, þá gat ég þess að samsvarandi lög í Danmörku væru í endurskoðun og skyldi henni lokið fyrir tiltekinn tíma. En það hefur farið svo að það hafa reynst erfiðleikar þar á því að ljúka henni, þrátt fyrir það að mikil vinna hafi verið lögð í það. Má kannske segja að það komi út af fyrir sig ekki á óvart. En við þá athugun hafa menn fest hugann við að það væru e. t. v. aðrir og meiri möguleikar á að bæta sambandið á milli borgara og stjórnvalda með því að lögfesta ítarlegar reglur um vinnubrögð stjórnvalda, t. d. um skyldur þeirra til þess að rökstyðja ákvarðanir, og einnig skýrari reglur um áfrýjun stjórnvaldaúrskurðar.

Ég vil loks minna á það sem áður að óhjákvæmilegt er að auknar skyldur, sem lagðar eru á stjórnvöld í þeim efnum sem hér er rætt um, hljóta að leggja verulega aukna vinnu á þau og að sú vinna hlýtur að leiða til aukinna útgjalda af almannafé. Þetta er síður en svo sagt til þess að fæla frá lögfestingu á bættum reglum um starfshætti stjórnvalda og upplýsingamiðlun um störf þeirra. Hins vegar tel ég rétt og sjálfsagt að menn horfist frá öndverðu í augu við slíkar staðreyndir, þótt það kunni að vera óþarft að taka slíkt fram, þar sem augljóst má alltaf vera að aukin þjónusta hlýtur að leiða til útgjalda. Er það vissulega engin frágangssök fremur á þessu sviði en öðrum.

Ég legg nú þetta frv. hér fram í þriðja sinn. Ég vænti þess að hv. n., sem fær frv. til meðferðar, geti nú tekið afstöðu til þess og þá auðvitað Alþ. þar með, geti tekið til þess nokkuð hreina afstöðu, hafnað því ef hún telur að sú niðurstaða eigi við, gert á því þær breytingar sem eðlilegar þykja, m. a. með hliðsjón af umsögnum, sem leitað hefur verið eftir og berast kunna, og loks ef hún óskar að stjórnvöld taki málið til nýrrar yfirvegunar, þá tel ég mjög eðlilegt að frá hv. n. og Alþ. komi ábendingar um hver atriði það séu, sem eigi að skoða sérstaklega, og í hvaða átt eigi að breyta frv. eða einstökum atriðum þess. Vitaskuld er hægt að breyta þessu frv. á ýmsa lund. Það fengi að sjálfsögðu aðra mynd ef það væri sett upp á annan hátt og kannske aðgengilegri í sumra augum, væri ekki hafður sá háttur á, sem er í þessu frv., að setja fyrst fram almennu regluna um upplýsingaskyldu og telja síðan undantekningar þar frá, heldur setja það upp sem 1. gr. frv. að telja upp í hvaða tilfellum upplýsingaskylda væri fyrir hendi. En þá yrði anda þessa frv. í raun og veru snúið við, því að þá væri ekki um almenna upplýsingaskyldu að tefla, heldur upplýsingaskyldu aðeins í þeim tilvikum sem talið væri upp í lögunum. Þá yrðu undantekningarnar, sem er að finna í 2. gr., ekki lengur í frv. og yrðu þá engum hneykslunarhella lengur. Ég held að frv. mundi tapa, ef það væri byggt upp með þessum hætti, og að sú skipun, sem hér er á höfð, sé að öllu leyti eðlileg.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en vil óska þess að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn. sem mun hafa haft málið til meðferðar á undanförnum þingum.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Þar sem að ég á sæti í þeirri n. sem fá mun þetta mál til athugunar og umfjöllunar þá mun ég ekki ræða einstaka liði þess hér og nú, heldur fjalla frekar um frv. almennt og þann anda sem í því felst.

Ég fagna því út af fyrir sig að þessu máli skuli vera hreyft hér á Alþ., en ég verð að segja eins og er að ég harma það hver niðurstaðan hefur orðið vegna þess að sú hætta blasir við að ef frv. í þessum anda verður samþ., þá kunni að vera hætta á því að jafnvel verði meiri takmörkun á upplýsingaskyldu stjórnvalda í framkvæmd heldur en nú er. Það er einfaldlega vegna þess að t. d. í samskiptum dagblaðanna við stjórnvöld hefur nú þegar skapast ákveðin hefð, ákveðin siðvenja. Næstum því má

segja að í gildi sé sérstök siðvenja og sérstök hefð fyrir hvert rn. um sig og hverja opinbera stjórnarstofnun um sig og ég tel að ef 2. gr. er samþ. óbreytt með þessum undantekningum, að þá kunni e.t.v. svo að fara að verra sé af stað farið fyrir blöð og almenning heldur en heima setið.

Ég lýsi fullum stuðningi mínum og þingflokks Alþfl. við, að flutt skuli hér á Alþ. frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda, og minni á það í því sambandi að fyrir u.þ.b. 12 árum fór fram á vegum SUJ samning á stefnuskrá sem var ákaflega nýstárleg og óvenjuleg miðað við íslenskar aðstæður, því að í þeirri stefnuskrá var reynt að samræma annars vegar grundvallarstefnuskrá og hins vegar stefnuskrá um einstök pólitísk baráttumál. Þessi stefnuskrá var í heild sinni yfir 70 vélritaðar bls. og meðal atriða, sem þar eru sérstaklega lögð til, var að leiða í lög upplýsingaskyldu stjórnvalda.

Mér er það mjög vel kunnugt, sem blaðamanni, að mikil nauðsyn er á því að slík lög séu sett. Upphaf þessa máls er, eins og getið er um í grg. með frv., að Alþ. samþ. hinn 19. maí 1972 svo hljóðandi þál. frá þeim Þórarni Þórarinssyni og Ingvari Gíslasyni:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til l. um hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til þess að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum sem almenning varða.“

Í grg. með þessari þáltill. eru sjónarmið flm. nánar skýrð, en þar segir svo með leyfi forseta:

„Eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Mjög skortir nú á að svo sé. Allt of mikil leynd hvílir yfir starfsemi þessara aðila og reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum þannig að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur mjög úr því aðhaldi sem þegnarnir gætu ella veitt og gerir erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana.“

Svo mörg voru þau orð og ég bendi á það að 1. flm. þessarar till., Þórarinn Þórarinsson, hefur um margra ára skeið verið ritstjóri dagblaðsins Tímans og einn af fremstu mönnum í íslenskri blaðamannastétt, svo að honum var það mætavel kunnugt eins og öðrum blaðamönnum, hvar skórinn kreppti í þessu efni, og því flutti hann þá þáltill., sem var upphaf þessa frv.

Það ber brýna nauðsyn til þess að sett séu ákvæði um hvaða mál stjórnvöldum beri skylda til þess að upplýsa almenning og fulltrúa hans, blöðin, um. Það er óeðlilegt, það má ekki gerast að varðandi mikilvæg mál eins og landhelgismálið skuli íslendingar fá sínar stærstu fréttir að utan. Það má ekki gerast eins og við höfum reynt í dag að fréttir af töku vestur-þýsks togara berist ekki fyrst til íslensks almennings frá íslenskum stjórnvöldum og Landhelgisgæslunni heldur frá erlendum fréttastofum. Og ég get sagt það sem blaðamaður og undir það geta aðrir þeir hv. þm. tekið með mér, sem við blöð hafa starfað, að því miður hefur því þannig verið farið í sambandi við meðferð stjórnvalda á þessu mikilvæga máli, að eins og sagt var af kunnum manni: upphefðin kom að utan. Fréttirnar, sem íslenskur almenningur fékk af þessu mikilvæga máli, komu flestar og stærstar að utan og íslensk blöð áttu í ákaflega miklum erfiðleikum með ekki aðeins að fá upplýsingarnar frá fyrstu hendi, frá stjórnvöldum, heldur jafnvel að fá þær staðfestar þar.

Um frv. sjálft er það að segja að 1. gr. setur almenna reglu sem undanþágur eru svo veittar frá í 2. gr. Það er samdóma álit íslenskra blaðamanna og hefur m.a. komið fram frá Blaðamannafélagi Íslands í erindi sem Blaðamannafélagið sendi hv. allshn. í fyrra þegar þetta mál var til umfjöllunar þar, að blaðamenn og Blaðamannafélagið telja að það, sem gefið sé með 1. gr., sé aftur tekið til baka í 2. gr. Undanþágurnar samkv. 2. gr. eru bæði margar og víðtækar. Til að nefna aðeins eitt dæmi um það, þá skulum við líta á hver er upplýsingaskylda stjórnvalda varðandi utanríkismál og meðferð þeirra. Undantekningarnar eru taldar upp í tveimur liðum í 2. gr., 2. og 3. tölulið, og hverjar eru undantekningarnar? Samkvæmt frv. á að undanþiggja upplýsingaskyldu skjöl um utanríkismál er varða stjórnmál, fjárhagsmálefni og varnarmál og ennfremur skjöl sem fela í sér upplýsingar um einhver málefni er varða öryggi ríkisins, samskipti við erlend ríki, alþjóðlegar stofnanir eða varnir landsins. Og þá spyr ég: hvað er eftir? Þessar undanþágugreinar er hægt að túlka svo rúmt að íslensk blöð og íslenskur almenningur geta ekki með stuðningi slíkrar lagasetningar sem hér er farið fram á, krafist þess að raunverulega nokkurt mál, sem utanrrn. fer með sé upplýst vegna þess að það er hægt að túlka undanþáguna svo rúmt að hún nái til flestra málaflokka. Og þannig er því farið um fleiri undanþáguákvæði í þessu frv. Það er e.t.v. nokkuð einkennandi að í grg. með frv. er sagt á bls. 6:

„Undantekningar þær, sem hér eru taldar í 16 töluliðum, eiga sér allar hliðstæður í hinum nýju dönsku og norsku lögum og mjög margar í hvorum tveggja lögunum.“

Þetta er ekki hægt að skilja á annan veg en þann að í undanþáguákvæðunum hafi verið tínt til allt það sem fest hefur verið í lög í báðum þessum löndum varðandi undanþágur frá upplýsingaskyldu og talsvert magn af því sem hafi verið í lögum annars hvors ríkisins. Þarna virðist vera búið að hella saman í eina hít flestöllum undanþáguákvæðum, ekki bara sem gilda í öðru landinu, heldur báðum.

Enn fremur geri ég mjög alvarlega aths. við ákvæði 12. gr. frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

Hafi stjórnvald synjað tilmælum um afhendingu opinbers skjals og telji umsækjandi að sá úrskurður eigi ekki stoð í lögum, skal honum heimilt eftir nánari reglum að kæra úrskurðinn til stjórnvalds í næstu embættisröð fyrir ofan stjórnvaldið sem synjaði afhendingu skjalsins. Úrskurður ráðh. á þessu sviði er fullnaðarúrskurður.“

Ráðh. hefur sem sagt samkv. þessu frv. algjört sjálfdæmi um, hvernig hann hyggst túlka undanþáguákvæði þess. Ef almenningur samþ. ekki túlkun ráðh. á ákvæðum laganna, þá hefur almenningur engri vörn upp að bregða. Er mjög óeðlilegt að lögfesta slíkt vald ráðh. Það er mjög óeðlilegt að umgangast þannig þetta mál, mjög óeðlilegt að hleypa því þannig á hlið við dómstólakerfið í landinu. Það er aðeins einn möguleiki til að fá dómsvald til þess að hnekkja slíkri túlkun ráðh. á undanþáguákvæðunum. Það er ef það gerist að starfsmaður í stjórnarráði eða opinberri stofnun gefur t. d. blöðum skýrslu um mál sem hann hefur ekki mátt gera opinbert og ráðh. eða ríkisvald ákveður að refsa þessum manni samkv. lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þá á viðkomandi starfsmaður stjórnarráðs eða opinberrar stofnunar til vörn í málinu sem er sú að verja sína túlkun á þessum lagaákvæðum fyrir dómstólum. Þetta er eini möguleikinn til þess að fá úrskurð dómstóla á túlkun ráðh. á því, hvernig beri að skilja 2. gr. í þessu frv., hvernig beri að skilja undanþáguákvæðin. Blaðamaður eða einhver úr hópi almennings, sem óskar eftir að fá eitthvað upplýst sem hann telur eðlilegt og sjálfsagt að falli undir 1. gr., en ráðh. neitar og gefur þann úrskurð að hér sé um að ræða undanþáguákvæði, sem ekki eigi að upplýsa, þá á viðkomandi blaðamaður eða viðkomandi fulltrúi almennings sér enga vörn í því máli, hann getur ekki skotið úrskurði ráðh. til neins aðila. Þetta tel ég mjög óeðlilegt. Þetta tel ég raunar hættulegt fyrir frjálsa blaðamennsku á Íslandi. Mér er vel ljóst að það er nokkrum vanda undirorpið að ganga frá þessu máli með tilliti til þess, hver eigi að hafa þetta endanlega úrskurðarvald. En ég held að hægt sé að gera það með réttmætari og eðlilegri hætti en felst í 12. gr.

Það er andi þessa frv. að fara eigi mjög varlega í að upplýsa almenning um það sem er að gerast hjá stjórnvöldum landsins. Það er ástæðulaust að óttast það. Ég vil benda í því sambandi á það, að ég hygg, að öll dómsmál séu rekin fyrir opnum tjöldum. Almenningur og blöð hafa frjálsan aðgang að öllum skjölum eða flestum skjölum a. m. k. sem lögð eru fram eftir að málflutningur er hafinn og meðan verið er að flytja mál fyrir dómstólum. Mörg þessara skjala geta verið viðkvæm fyrir einstaklinga eða félög, en mér er ekki kunnugt um það frá minni tíð sem blaðamaður að slík gögn hafi verið notuð ranglega eða hættulega af blöðum og almenningi. Ef það er aðalreglan að reka beri dómsmál fyrir opnum tjöldum og hleypa almenningi að þeim upplýsingum sem lagðar eru fyrir dómstóla landsins, þá á það líka að vera aðalregla að reka starfsemi stjórnvalda fyrir opnum tjöldum og hleypa almenningi og fulltrúum þeirra að, þannig að þeir geti fengið fregnir af því, hvað þar er að gerast. Og það hefur sýnt sig varðandi dómsmálin að þetta er ekki hættulegt, þetta er ekki misnotað og það er engin ástæða til þess að ætla að blöð eða almenningur misnoti sitt frelsi varðandi stjórnsýslu og það sem stjórnvöld þurfa að fjalla um. Auðvitað ber að veita einhverjar undanþágur frá upplýsingaskyldu svo sem eins og varðandi öryggi ríkisins og annað eftir því, en almenna reglan, eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan, á að vera sú að upplýsingaskylda á að vera lögfest en ég tel þá aðalreglu ekki í gildi ef samþ. eru öll ákvæði 2. gr.

Í þessu sambandi og að lokum vil ég sérstaklega taka það fram að ríkisstjórnir hafa átt misjafnlega góð samskipti við dagblöð og ráðh. hafa átt misjafnlega góð samskipti við dagblöðin. Það er mín skoðun og ég tel mig geta stutt hana með rökum, sem ég hirði ekki um að ræða hér, en mun gera verði þess sérstaklega óskað, að blöðunum sé yfirleitt treystandi til þess að bregðast ekki trúnaði. Ef þau eru beðin um að halda einhverju máli leyndu um skeið, þá bregðast þau ekki þeim trúnaði. Og ég mundi telja að það væri ráð fyrir hverja ríkisstj. og hvern ráðh., sem um viðkvæmt mál þarf að fjalla — og þá einkum og sér í lagi mál eins og landhelgismálið, sem hleypt hefur illu blóði í íslenska blaðamenn og íslenskan almenning hve erfitt er að fá svör. Ég tel að sérhver ríkisstjórn og sérhver ráðh., sem fjallar um svo viðkvæm mál, ætti að taka upp þann hátt að hafa reglulega fundi með ákveðnum fulltrúum dagblaðanna til þess að upplýsa þá um, hvernig málið stendur, hvað verið er að gera og hvað verið er að undirbúa, og prófa það hreinlega, hvort þessum fulltrúum fjölmiðlanna sé ekki treystandi til þess að hafa það eitt eftir ráðh. sem hann sjálfur óskar að eftir sé haft. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að slíkt samráð mundi bæta mjög samskipti blaðanna og stjórnvalda og viðkomandi ráðh. og ég er sannfærður um að þetta yrði til góðs, ekki bara fyrir blöðin og blaðamenn, ekki bara fyrir viðkomandi ráðh. og ríkisstj., heldur ekki síður fyrir almenning á Íslandi og það stórmál sem um er verið að fjalla hverju sinni.

Svo vænti ég þess að lokum að næst þegar togari verður tekinn í íslenskri landhelgi, hvort heldur hann er breskur eða vestur-þýskur, þá þurfum við íslenskir blaðamenn ekki að bíta í það súra epli að heyra fregnir af því fyrst frá erlendum fréttastofum og í erlendu útvarpi.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Eins og fram hefur komið, hefur þetta frv. verið lagt fyrir á Alþ. áður, reyndar tvisvar sinnum. Fyrst mun frv. hafa verið lagt fram það síðla þings að ekki vannst mikill tími til að kynna sér það, en á síðasta þingi var það lagt nokkuð snemma fram í þessari hv. d. og allshn. d. fékk málið til meðferðar.

Það veldur mér nokkrum vonbrigðum bæði sem dm. hér og sem nm. í hv. allshn. að sjá að þetta frv. er lagt fram, að ég held, óbreytt frá því sem hefur sést hér áður. Þetta segi ég vegna þess að frá því að þetta frv. var samið, að ég hygg endanlega frá því gengið 1972, þá hefur orðið mjög veruleg breyting, mjög áberandi þróun í þá átt að opna frekar aðgang að skjölum og upplýsingum frá stjórnvöldum. Þessi þróun hefur ekki aðeins verið sjáanleg hér á landi, heldur athyglisverð um a. m. k. nálæg lönd og í Vesturheimi. Ég er í engum vafa um að þessi þróun er jákvæð og hún er til þess að skapa aukið aðhald að stjórnvöldum og opna

augu almennings fyrir því, hvernig stjórnsýslan fer almennt fram.

Vonbrigði mín stafa jafnframt af því að þegar þetta mál fékk meðferð í allshn., þá komu þar fram umsagnir frá ýmsum aðilum og þær umsagnir voru allar neikvæðar eða mjög sterk gagnrýni á frv. eins og það lá fyrir. Annars vegar var reyndar sú gagnrýni eða þær athugasemdir, sem fram komu í þessum umsögnum, í þá áttina að frv. gengi of langt og hins vegar gagnrýni um að það gengi of skammt. Það er athyglisvert að sú gagnrýni, sem hljóðaði um að frv. gengi of langt, kom einkum frá embættismönnum, en gagnrýni þess eðlis, að frv. gengi of skammt, var fyrst og fremst frá blaðamönnum. Ég hefði því haldið að rn. hefði átt að taka til athugunar þessar aths. og jafnframt skoða þá þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum 2—3 árum og reyna að breyta frv. í samræmi við þá þróun. En það má vel vera að það sé rétt af hinu háa rn. að leggja þetta frv. óbreytt fram vegna þess skoðanamunar og mismunandi sjónarmiða sem fram koma í umsögnum og láta það verða verk alþm. sjálfra að kveða upp úr um hvaða stefnu á að taka.

Ég vildi við þessa 1. umr. láta það koma fram, enda þótt ég eigi sæti í hv. allshn. áfram, að ég er mjög hlynntur því að slík löggjöf verði samþ. og ég mundi fyrir mitt leyti vilja gera flest til þess að frv. í þessa átt verði að lögum. Ég held að það sé kominn tími til þess að stjórnsýslan sé opnuð og svipt sé af að nokkru leyti þeim hjúpi sem hvílt hefur yfir ákvarðanatekt og yfir vinnubrögðum hjá hinu opinbera, — ekki vegna þess að ég telji að þar sé um annarleg vinnubrögð að ræða, heldur vegna þess að ég tel að embættismenn eigi að bera ábyrgð á gjörðum sínum með sama hætti og þingkjörnir eða þjóðkjörnir aðilar. Eftir að almenningur hefur uppgötvað að völdin eru nú ekki eingöngu hjá Alþ. og ríkisstj., heldur og í stjórnsýslukerfinu og hjá embættismönnum, þá hefur athyglin beinst að þessum aðilum og er ekki óeðlilegt þó að komi vaxandi kröfur fram í þjóðfélaginu um að þeir starfi meira fyrir opnum tjöldum.

Vegna þeirra athugasemda sem fram komu hjá hv. 8. landsk., Sighvati Björgvinssyni, vil ég að mörgu leyti taka undir þær. Þá hugleiddi ég hvernig með skyldi fara það vandamál sem fram kemur í 12. gr. um það, hvort ekki mætti skjóta málinu til enn annars stjórnvalds eða jafnvel til dómstóla ef upp kemur sú staða að ráðh. synjar um leyfi til þess að opinbera skjöl. Í því sambandi minni ég á að hér hefur komið fram frv. um umboðsmann Alþ. og ég tel ekki óeðlilegt að það sé tengt að einhverju leyti hvort öðru, sú stofnun og þessi löggjöf sem hér er um að ræða. Ég hef líka stundum velt fyrir mér hvort ekki séu möguleikar á því að efla og styrkja stöðu Alþ. til þess að hafa aðgang að skjölum stjórnsýslunnar. Það kemur fram í stjórnarskrá okkar, í 39. gr., að hvor þd. geti skipað n. innandeildarþm. til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða og þd. getur veitt n. þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nú hefur það verið svo í framkvæmd að þetta ákvæði hefur ekki verið mjög virkt og má sjálfsagt rekja ástæðurnar fyrir því til þess að þegar till. eru bornar fram um skipan slíkra n. eru þær oftast af pólitískum toga spunnar og hafa þar af leiðandi ekki náð fram að ganga, oftast nær a.m.k., hér á hinu háa Alþ. En ef hægt væri að hefja það yfir pólitíska togstreitu og ágreining okkar þm. að slíkar n. skyldu skipaðar undir sérstökum kringumstæðum, þegar um er að ræða brýn hagsmunamál almennings, þá held ég að það geti orðið til mikilla bóta bæði hvað snertir þessa svonefndu upplýsingaskyldu svo og veg Alþingis.

Það er mitt mat að það þurfi að fara að skoða það mjög alvarlega, hvort Alþ. geti ekki veitt meira viðnám gagnvart vaxandi völdum og áhrifum sem eru í höndum embættismanna og stjórnsýslunnar. Þetta á ekkert sérstaklega við um Ísland þetta er því miður bróunin víða um heim, að vald þjóðkjörinnar samkundu eins og Alþ. hér á Íslandi fer minnkandi og slíkar stofnanir eða samkundur eru taldar afgreiðslustofnanir stjórnvalda. Ég held að það sé að vísu stundum ofsagt. En það má vissulega athuga það mjög vandlega hvort ekki sé hægt að finna leiðir fyrir Alþ., fyrir lýðkjörnar samkundur sem þessa til að sporna við of miklum völdum hjá þeim aðilum sem ekki eru kjörnir af þjóðinni sjálfri, þannig að störf þeirra og ábyrgð a.m.k. sé meira í sviðsljósinu og meira fyrir opnum tjöldum en verið hefur hingað til.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get út af fyrir sig þakkað bæði hv. síðasta ræðumanni og eins hv. 8. landsk. þm. fyrir undirtektir þeirra við þetta frv. því að þeir voru í aðalatriðum sammála því að lögfesta ætti reglur um það efni sem þetta frv. fjallar um. Hins vegar sé ég enga ástæðu til þess að amast við þeim aths. sem þeir báru fram um einstök atriði, því að eins og ég hef margtekið fram, þá eru einstök atriði þessa frv. þess eðlis að þau geta verið álitamál og sjálfsagt að taka til athugunar ábendingar sem koma fram.

Viðvíkjandi því sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, að hann hefði talið öllu eðlilegra að rn. hefði lagt frv. fram breytt, þá er ég ekki á sömu skoðun um það. Þó að umsagnir hafi komið fram frá ýmsum aðilum um þetta mál sem gengu í gagnstæða átt að sumu leyti, eins og hann sagði, þá skilaði n. aldrei nál. um það. Ef n. hefði skilað áliti og þar hefði komið fram ákveðið sjónarmið, annaðhvort allrar n. eða meiri hluta eða minni hluta, þá hefði mátt segja að það hefði verið eðlilegt að rn. hefði tekið þær ábendingar, sem þar fólust í, til athugunar og gert breyt. í samræmi við þær.

Það er auðvitað svo að það má lengi deila um þær undantekningar sem taldar eru upp í 2. gr. Ég hygg þó að flestir muni fallast á að málefni, er varða utanrrn., séu þess eðlis að þau eigi og þurfi mjög oft eðli sínu samkvæmt að fara leynt vegna þá oftast nær tillits til annars ríkis eða annarra ríkja. Um þetta hygg ég að geti naumast verið ágreiningur, enda held ég að í löggjöf um þessi efni hjá öllum þjóðum, þar sem slík lög hafa verið lögfest, séu undantekningar í þá átt, og þar sem ekki er við lög að styðja, þá

held ég það sé fylgt í framkvæmd yfirleitt þeirri venju að farið sé með sem trúnaðarmál mörg þeirra málefna, sem lúta að því sviði. Þess vegna held ég að hvað sem mönnum annars sýnist um að þrengja þau undantekningaákvæði sem talin eru upp í 2. gr. þá yrði þetta eitt af þeim síðustu sem menn vildu og teldu fært að fella niður.

Að sjálfsögðu er það rétt sem hv. 8. landsk. þm. sagði, að það er meginregla íslenskra laga að dómgæsla sé opinber, þ. e. a. s. að dómþing skuli háð í heyranda hljóði, hvort heldur er um einkamál að tefla eða opinber mál. Hins vegar er því miður aðstaða dómstóla þannig sums staðar hér á landi að þetta er kannske meira bókstafur en raunveruleiki, vegna þess að það er nú víða þannig að þar er lítil aðstaða fyrir almenning að fylgjast með. Samt sem áður er þetta reglan, en gildir aðeins um dómþing.

Ég held að það sé misskilningur hjá hv. 8. landsk. þm. að blaðamenn eða fréttamenn yfirleitt fái í hendur þau skjöl sem lögð eru fram í dómsmáli, enda er því þannig háttað að því verður að sjálfsögðu ekki við komið þó að á hinn bóginn geti staðið svo á að slíkt sé ekki leyndarmál og fullkomlega eðlilegt, eins og t. d. um grg. sækjanda og verjanda sem þeir jafnvel sjálfir láta gjarnan frá sér fara og vilja fá birtar.

Það er auðvitað svo að frá þessari reglu um dómstólana eru viðurkenndar bæði hér og annars staðar undantekningar, svo sjálfsagðar að það þykir ekki einu sinni þörf á að orða þær, og það er auðvitað um rannsókn mála. Það sjá auðvitað allir að á meðan meðferð mála er á rannsóknarstigi, þá er ekki hægt að láta hana fara fram fyrir opnum tjöldum. Slíkt gæti torveldað frekari rannsókn málsins, slíkt gæti verið ranglátt gagnvart þeim sem mæta fyrir dómi og eiga að svara þar spurningum. Þetta er augljóst mál. Þegar talað er um opinbera dómgæslu og hún borin saman við stjórnsýsluna, þá verður að hafa þetta í huga. Og þá verður einmitt að hafa í huga að það er eins um Alþ. Alþ. skal halda í heyranda hljóði. Hér á allt að fara fram fyrir opnum tjöldum. En hvað nær það langt? Einungis til þessara salarkynna. Nefndarfundir eru ekki öllum opnir. Þeir eru engum opnir nema nm., sem þar eiga sæti, og þeim, sem nm. kveðja þar til setu. Það yrði ný regla og þyrfti breyt. á þingsköpum ef þann hátt ætti að taka upp að opna nefndarfundi, enda býst ég við að nm. mundu oft líta svo á að störf í n. væru torvelduð ef þann háttinn ætti að hafa á. Þar eru nm. oft að reyna að afla upplýsinga og skýrslna og ég vil ekki segja yfirheyra menn, en fá þó frá þeim skýrslur og væri allsendis óeðlilegt að þær væru bornar út um borg og bý.

En stjórnsýslan er bara frábrugðin dómgæslu og Alþ. að því leyti að hún fer ekki fram á neinum þingum. Hún fer að jafnaði fram í skrifstofu viðkomandi embættismanns eða opinbers starfsmanns. Þess vegna er ekki hægt að koma við með hliðstæðum hætti opinberleika í stjórnsýslunni eins og í dómgæslu og á löggjafarþingi og t. d. í sveitarstjórn. Samt sem áður er reglan heilbrigð og henni er reynt að fylgja fram og hana er ætlunin að styðja með þessu lagafrv., að stjórnsýslan sé eigi að síður gerð svo opinber sem kostur er. Og þá birtist sá möguleiki oftast nær með þessum hætti að mönnum er veittur aðgangur að skjölum eða gögnum sem varða þá ákvörðun sem fyrir liggur.

Hitt er svo annað mál, eins og ég sagði, að það er um mörg álitamál að ræða þarna og þar um gildir að betur sjá augu en auga og þetta má allt athuga. Ég vænti þess að hv. n., sem fær málið til meðferðar, taki það til rækilegrar skoðunar og skili áliti um það, jafnvel þó að hún vilji ekki láta afgr. það á þessu þingi, heldur vísa því til stjórnarinnar einu sinni enn, en vísi því þá til stjórnarinnar með ákveðinni leiðsögn um hvaða atriði það eru sem hún óskar eftir að sérstaklega séu tekin til meðferðar og hún óskar eftir að breyt. séu gerðar á.

Viðvíkjandi þeim aths. sem komu fram frá hv. 8. landsk. um fréttaþjónustu varðandi landhelgisgæsluna og sérstaklega varðandi töku þýsks togara í gærdag, þá kemst ég ekki hjá að segja um það nokkur orð. Ég held að þær aðfinnslur séu á miklum misskilningi byggðar. Ég þekki þess engin dæmi að löggæsluaðili, sem ætlar að hafa upp á brotamanni og taka hann fastan gefi út tilkynningu um það að hann muni mæta á þessum og þessum stað á þessum og þessum tíma til þess að taka viðkomandi fastan og færa hann í fangelsi. Það hefði verið hliðstætt ef það hefði verið farið að segja frá því í gær að nú ætlaði varðskip að taka þýskan togara á þessum og þessum stað. Það hefði m. a. getað gefið öðrum þýskum togurum, sem ekki hefðu verið í órafjarlægð, tækifæri til þess að nálgast þennan vettvang og koma í veg fyrir að þessi togari hefði verið tekinn. Þannig er ekki hægt að halda á löggæslu. Og svo barnalegir mega menn ekki vera að láta slíka skoðun uppi að þannig eigi að halda á löggæslumálum.

Hitt er auðvitað ekki hægt að koma í veg fyrir, þótt einhverjir óvinveittir aðilar komist á snoðir um að þarna hefur gerst slíkt atvik, vegna þess að ekki hefur í tæka tíð reynst hægt að loka talstöð togarans togarinn sjálfur hefur verið búinn að senda út tilkynningar um að varðskip væri í þann veginn að taka hann. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir það að óvinveittir aðilar, eins og t. d. þýskar útvarpsstöðvar, varpi því út. En ég held að það hefði verið með öllu óafsakanlegt af Landhelgisgæslunni hefði hún á þeim tíma, sem hún var að fást við þessa löggæsluathöfn og áður en með vissu var vitað hvernig þeim leik mundi ljúka, farið að gefa út tilkynningar um það fyrir fram. Slíkt er fjarstæða, fær ekki staðist. Þannig mundi enginn löggæslumaður með heilbrigða skynsemi hegða sér. Þetta er einföld skýring á því að það var ekki tímabært fyrr en togarinn var kominn til hafnar að gefa út um þetta fréttatilkynningu frá Landhelgisgæslunni. Það var og gert og þar með hygg ég að útrætt sé um þetta atriði, því að ég held það sé svo augljóst að það hljóti allir að skilja.

En hv. þm. var með aðfinnslur um fréttaþjónustu Landhelgisgæslunnar almennt og í landhelgismálinu almennt frá upphafi. Ég er reiðubúinn til þess að ræða þau mál nánar við hann. Ég hygg að það hafi ekki verið rætt um önnur mál meira hér á landi en landhelgismálið. Ég

hygg að það hafi ekki verið rekin fréttaþjónusta, hvorki hérlendis né erlendis, varðandi nokkurt íslenskt mál neitt í námunda við það sem var um landhelgismálið. Ég hygg að hv. 8. landsk. þm. gæti, ef hann liti yfir söguna og kynnti sér hana betur, komist að raun um að hann hefði yfir sáralitlu að kvarta í því efni. Frá öndverðu hefur gilt varðandi landhelgisgæsluna sú regla, að það er ekki hægt að segja frá á vissum stigum málsins þeim aðgerðum sem hugsaðar eru eða framkvæmdar eru eða framkvæma á. Það er meira að segja bannað beinlínis í lögum og varðar refsingu að segja frá t. d. ferðum varðskipa. Það er beinlínis refsivert af manni í landhelgisgæslu eða stjórnarráði að gefa upplýsingar um það hvar varðskip eru stödd þá og þá, enda gefur auga leið að það væri ósköp þægilegt fyrir menn að vita það. Það er ekki óþekkt í íslenskri sögu. Það voru stundaðar hér togaranjósnir. Um það urðu ein frægustu málaferli hér á landi, og ég hygg til lítils sóma fyrir þá sem að því stóðu, að stunda slíka iðju. En einmitt með hliðsjón af því voru sett ákvæði í lög sem áttu að tryggja betur en áður var að upplýsingar væru ekki gefnar um ferðir varðskipa og athafnir Landhelgisgæslunnar að því leyti.

En að öðru leyti vísa ég því á bug, að sambúð Landhelgisgæslunnar við blöð og fjölmiðla hafi ekki verið fullkomlega forsvaranleg og að fréttamenn hafi ekki átt fullan aðgang að Landhelgisgæslu og mér sem fór með þessi málefni. Ég leyfi mér að minna á að ríkisstj. hafði í þjónustu sinni sérstakan blaðafulltrúa sem hvaða blaðamaður sem var gat hvenær sem var snúið sér til og fengið upplýsingar um þessi efni, þær upplýsingar sem gefa mátti eðli málsins samkv., jafnt erlendir sem innlendir. Ég leyfi mér að minna á að til Landhelgisgæslunnar var ráðinn alveg sérstakur blaðafulltrúi sem starfaði þar og ég veit með vissu í góðri samvinnu við blaðamenn. Og ég hef ekki heyrt það á neinum nema þá í fyrsta skipti nú að blaðamenn almennt hafi kvartað undan sambúð við þann mann.

Það má til sanns vegar færa og er rétt, að t. d. ég hafði enga vikulega blaðamannafundi um Landhelgismálið. Mér er þó nær að halda að ég hafi mætt á fleiri blaðamannafundum um landhelgismálið en nokkur annar íslenskur ráðh. um nokkurt annað mál. Ég vona að hv. 8. landsk. hafi einhvern tíma verið á þeim fundum, og með algerri vissu get ég fullyrt að þar voru staddir blaðamenn frá hans blaði. Ég gaf einnig upplýsingar æðioft um þessi efni í sjónvarpi og útvarpi og ég held að ég hafi yfirleitt sjaldan skorast undan því að koma þar fram og ræða þessi mál, hvort heldur var við blaðamenn eða aðra. Ég vil enn fremur segja það að ég hef svarað spurningum frá blaðamönnum í síma á meðan þessi deila stóð sem hæst að kalla má jafnt á degi sem að nóttu til. A. m. k. hefur áreiðanlega enginn blaðamaður vílað fyrir sér að hringja heim til mín kl. að ganga tólf, ef þannig hefur staðið á að kvöldi til, og ekki heldur blaðamaður frá því blaði sem hv. 8. landsk. þm. stýrir. Ég skora á hann að færa fram rök fyrir því að ég hafi ekki reynt að svara þeim blaðamanni eins og öðrum kurteislega og leysa úr hans máli eins og hægt var. Ég hygg að það sé a. m. k. réttara að þeir blaðamenn, sem þar áttu hlut að máli, beri vitni heldur en hv. ritstjórinn sem ég man nú ekki í svipinn eftir að hafi gert sér það ómak að hringja til mín út af þessu máli, og má þó vera að svo hafi verið, því að ekki man ég öll þau skipti sem það hefur átt sér stað.

Ég held þess vegna að það sé alveg óþarfi fyrir hv. 8. landsk. þm. að blanda þessum hugrenningum sínum, — það er náttúrlega ekki hægt að banna honum að hafa þessar skoðanir ef hann hefur tekið þessa trú, — blanda þessum hugrenningum sínum saman við þetta frv. og alveg sérstaklega óheppilegt hjá honum að koma því á framfæri í sambandi við handtöku togarans þýska, lögbrjótsins, sem átti sér stað í gær. Ég hefði haldið að þegar þýskur lögbrjótur er þannig tekinn í fyrsta skipti og færður til hafnar, þá mundi fagnaðaralda fara um þennan þingsal, þá mundi fagnaðarómur heyrast á öldum ljósvakans í gegnum ríkisútvarp þegar sagt væri frá slíkum atburði, en ekki það tilefni notað til þess að koma hér á smásmugulegum aths., sem jafnvel þótt við eitthvað hefðu að styðjast gætu engu máli skipt í sambandi við þetta höfuðmál. Hér hefur hv. 8. landsk. verið óheppinn, það getur alla hent, og ég skal ekki hafa fleiri orð um það.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Nokkrar setningar frá mér hafa orðið hæstv. ráðh. tilefni til langrar ræðu, svo að það er auðséð að þessar örfáu setningar mínar hafa einhvers staðar við einhver kaun komið, og ætlaði ég mér það þó ekki. Ég ætlaði ekki að fara að rifja upp þær umr. sem átt hafa sér stað um samband fjölmiðla og ríkisstj. í sambandi við landhelgismálið. En það get ég sagt hæstv. ráðh. og það geta aðrir blaðamenn staðfest að honum er mætavel kunnugt um það, hæstv. ráðh., að það var á tíma mjög slæm sambúð íslensku blaðanna og ríkisstj. út af landhelgismálinu og fréttaflutningi af því. Ég trúi því ekki að hæstv. ráðh. sé svo gleyminn að hann sé búinn að gleyma því viðhorfi sem ríkti til þessa fréttaflutnings, ekki aðeins hjá mínu blaði, heldur t. d. hjá stærsta blaði landsins, Morgunblaðinu, og fleiri íslenskum fjölmiðlum. Mér er vel kunnugt um þær umr. sem fóru fram í blaðamannahópi um þetta. Mér er vel kunnugt um að til stóð að taka það mál fyrir á fundi í Blaðamannafélagi Íslands og samþykkja þar harðorðar vítur á ríkisstj. Ég ætla ekki að fara að rifja þetta mál upp núna, þetta mál er úr sögunni. Ég var aðeins að segja það hér áðan að ég vonaðist til þess að slíkt kæmi ekki fyrir aftur.

Hæstv. ráðh. beitti nokkuð ófögrum aðferðum til þess, eins og sagt er meðal almennings, að snúa mig niður. Hann segir hér uppi í ræðustól að hann hafi átt von á öðru heldur en því, að ég færi að ráðast að blaðafulltrúa Landhelgisgæslunnar og Landhelgisgæslunni sjálfri sem hafi verið að vinna það afrek núna réttilega að taka vestur-þýskan togara í landhelgi. Hann spurði: Af hverju er þm. með þennan titlingaskít? Af hverju hleypur hann ekki heldur upp í ræðustól hér og rekur upp fagnaðaróp? Ég skal svara honum því.

Við þm. rekum ekki upp fagnaðaróp út af þessu máli, við vörpum öndinni léttar og segjum:

„loksins“, og ég býst við að þjóðin geri það líka. Við segjum: „loksins“, vegna þess að við erum búin að bíða nokkuð lengi eftir því að svipaður atburður gerðist. Og við erum hvorki að ráðast að hæstv. ráðh. né Landhelgisgæslunni þó að við gagnrýnum það að íslendingar skuli fyrst fá fréttir af þessu mikilsverðasta hagsmunamáli sínu erlendis frá, en ekki frá íslenskum stjórnvöldum. Og ég vil benda hæstv. ráðh. á það að bæði hann og aðrir málsvarar íslendinga og Landhelgisgæslunnar í þessu máli hafa hvað eftir annað kvartað yfir því að erlend blöð og erlendar fréttastofur hafi fyrstar komið með fregnirnar og hafi þar rangfært og rangtúlkað íslenskan málstað. Ef það er rétt, hvernig stendur á því að ríkisstj. stendur sig ekki betur og sér um að fyrstu fregnir komi frá henni sjálfri, þannig að rétt sé með farið frá upphafi? Ég vil hreinlega vísa því á bug að tilraunir íslenskra blaðamanna til þess að veita almenningi sem fyrstar og sem bestar upplýsingar um þetta stærsta mál, sem þjóðin á, sé hægt að flokka undir togaranjósnir. Við erum engir togaranjósnarar, íslenskir blaðamenn. Og það er hrein óhæfa, þegar verið er að tala um tengsl íslenskra fjölmiðla og ríkisstj., að fara að tala um togaranjósnir og togaranjósnara í því sambandi. Það er engum manni sæmandi og ég veit, að hæstv. dómsmrh. gerir þetta kannske frekar óvart heldur en að tilætlun. Ég vísa því hreinlega á bug að tilraunir okkar til þess að upplýsa málin rétt og fljótt, eins og okkur er skylt að gera, standi í einhverju sambandi við togaranjósnir, við það að njósna um það hvar varðskipin séu á hverjum tíma og hvað þau séu að gera. Það á ekkert skylt við það. Ég vil jafnframt taka það skýrt fram og skýra hæstv. ráðh. frá því að það hefur gerst að lögreglumenn hafi haft samband við blöð og skýrt blöðunum frá því að þennan og þennan dag kl. þetta og þetta ætli þeir að handtaka afbrotamenn. Það hefur gerst, það er engin undantekning, það hefur komið fyrir, það er mér mætavel kunnugt um.

Ég er ekki að fara fram á það að varðskipin tilkynni okkur um það hvar þau verði á þessum og þessum tíma og hvenær þau ætli að taka þennan eða hinn landhelgisbrjótinn. Ég er að fara fram á að Landhelgisgæslan reyni að sjá svo til að íslendingar viti slíkar fregnir manna fyrstir og viti það frá ábyggilegum aðila, sem ég efast ekki um að Landhelgisgæslan og hæstv. yfirstjórnandi hennar, dómsmrh. sjálfur, eru. Ég vil heldur fá fregnir af þessu máli frá Landhelgisgæslunni og hæstv. dómsmrh., vegna þess að ég treysti þeim betur til þess að fara með satt og rétt mál en erlendum fréttastofum, og mér finnst það hrein óhæfa, að þegar ég er að biðja hæstv. ráðh. um að sjá svo til að ég geti fengið fréttirnar frá honum áður en ég fæ fréttirnar frá bresku fréttastofunum, þá fari hann að tala um togaranjósnir í því sambandi.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. frekar, enda eru þær komnar út í allsendis óskylt efni. En ég tek það fram enn og aftur að blöðin eiga skyldum að gegna við almenning í landinu. Þau eiga þeim skyldum að gegna við hann að upplýsa hann um gang mikilvægustu hagsmunamála þjóðarinnar, og það á ekki að torvelda þeim þetta starf. Það á ekki að torvelda þeim að geta sagt íslenskum almenningi hvað er að gerast á miðunum og það á ekki að taka þá áhættu að íslensk blöð vegna fréttaskorts verði að taka upp meira eða minna rangtúlkaðar fréttir úr erlendum fjölmiðlum. Hæstv. ráðh. hefur áður látið að því liggja að undir slíkum kringumstæðum eigi íslensku fjölmiðlarnir frekar að þegja heldur en að segja. Ég lýsi trausti mínu á honum að skýra rétt og satt frá og segi enn og aftur: Ég vil fá hans fregn af gangi málanna áður en ég les það í breskum blöðum eða heyri í bresku útvarpi.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. 8. landsk. hefur líklega heyrt óvart rangt það sem ég sagði í ræðu minni hér áðan. Úr þeirri ræðu getur hann ómögulega lesið það að ég hafi líkt íslenskum blaðamönnum við togaranjósnara, ekki einn stafur í þá átt. Það er allt tilbúningur hv. 8. landsk., sjálfsagt af því að hann hefur ranglega heyrt eða ranglega tekið eftir því sem ég sagði. Ég skal svo ekki karpa meir við hann um þetta mál.

Mér er það auðvitað ljóst og hefur verið, að það er æskilegt að sem best samband sé á milli Landhelgisgæslunnar og blaðanna og fjölmiðla. Það hygg ég að yfirleitt hafi verið þó að þar kunni að hafa verið einhverjar undantekningar. Ég hygg t. d. að blaðamönnum hafi verið boðið að fara með varðskipi, með þeim kostum að vísu að það var ekki hægt að setja þá í land alveg á stundinni þegar þeir óskuðu eftir. Og þetta notfærðu blaðamenn sér.

Ég tek vissulega undir það að blöðin hafa skyldum að gegna við þjóðina. Þær skyldur voru ekki hvað síst í sambandi við landhelgismálið. Þá var það að mínum dómi skylda hvers einasta íslensks málgagns að túlka og styðja íslenskan málstað með þeim ráðum sem því voru tiltæk. Það hafa þau líka yfirleitt vissulega gert, það ber að þakka. Og ég vil ekki að það standi ómótmælt, sem hv. 8. landsk. þm. var að segja eða gera mér upp þau orð að ég hefði verið að hnjóða í íslenska blaðamenn eða fréttamenn, því fer fjarri að það hafi verið nokkurt orð í minni tölu um það efni. Hinu var ég að gera grein fyrir, að samband Landhelgisgæslunnar og blaðamanna hefði yfirleitt verið gott og að fréttamenn mundu sjaldan hafa átt því að fagna að búa við slíka aðstöðu eins og fréttamenn höfðu í sambandi við landhelgismálið og meðferð þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj atkv

Trúfélög, frv. (þskj. 24). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti Þetta frv. til l. um trúfélög, sem hér er lagt fyrir þessa hv. d., var lagt fyrir d. á síðasta reglulegu löggjafarþingi fyrr á þessu ári. Hv. allshn. mun þá hafa stofnað til nokkurrar athugunar á frv., en langt var liðið á þingtímann þegar málið var lagt fram. Málið hlaut ekki afgreiðslu og umræddri athugun hefur eflaust ekki verið lokið.

Ég vil nú, herra forseti, til að spara tímann vísa til þeirrar framsögu, sem ég hafði fyrir

málinu á sínum tíma, svo til ítarlegrar grg., sem fylgir frv., og skal ekki fara að ræða það sérstaklega nema tilefni gefist til.

Ég vil aðeins benda á að það má segja að efni frv. sé skipt í tvo aðalkafla, annars vegar almenn ákvæði um trúfélög, og hins vegar um trúfélög utan þjóðkirkjunnar. En þau ákvæði, sem gilda um þau trúfélög eða réttara sagt um löggildingu forstöðumanna slíkra trúfélaga til þess að framkvæma embættisverk, sem eiga að hafa lagaverkanir, eru orðin ákaflega gömul og ófullnægjandi að mörgu leyti, þó að það sé að sjálfsögðu svo samkv. stjórnarskránni að menn megi stofna félög til þess að iðka trú sína með þeim hætti sem best á við um sannfæringu hvers og eins. En það verður að setja tilteknar lagareglur um það efni að forstöðumenn slíkra trúfélaga geti framkvæmt embættisathafnir sem eiga að hafa verkanir og gildi að íslenskum lögum. Að því lúta ákvæði II. kafla að reyna að gera það skýrara á margan hátt en verið hefur. En um það hefur ekki nema að sáralitlu leyti verið við lagareglur að styðjast hingað til.

Það er auðvitað svo að það getur verið álitamál um einstök atriði þessa frv., t. d. um það, sem er ekki í frv., hvort eigi að gera ákveðnar kröfur um lágmarkstölu í sambandi við stofnun og starfsemi slíks trúfélags, sem fær löggiltan forstöðumann. Að sjálfsögðu eru svo, eins og eðlilegt er, í frv. ákvæði um það, hvaða hæfiskilyrðum forstöðumaður slíks trúfélags verður að fullnægja til þess að hann verði löggiltur eins og þar er gert ráð fyrir.

Eins og ég sagði, herra forseti, sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta þar sem frv. fylgir sérstaklega glögg og ítarleg grg. En ég leyfi mér að óska eftir því að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þetta frv. af þeim sökum að ég tel mjög nauðsynlegt að frv. af þessu tagi verði lögfest og ákveðnar reglur settar um það hvaða reglur skuli gilda um löggildingu forstöðumanna trúfélaga, eins og það heitir að forminu til. Ég vek athygli á því í því sambandi að ég álít að mjög nauðsynlegt sé að endurskoða þær löggildingar, sem veittar hafa verið fram að þessu, og bendi á í því sambandi að fyrir nokkrum *missirum var forstöðumanni svokallaðs Ásatrúarsafnaðar* veitt löggilding og var það rökstutt með því að slík löggilding fælist innan ramma stjórnarskrárinnar um trúfrelsi. Nú er ég að vísu ekki sammála þessu, og mér þykir augljóst að það hafi átt sér stað mistök, þegar af þeirri ástæðu að ég tel mjög hæpið að sú skilgreining, sem sá söfnuður hefur gefið á ásatrú, sé í raun og veru fullnægjandi til þess að heimilt eða rétt sé að hið opinbera veiti honum slíka viðurkenningu eins og fólst í löggildingu forstöðumannsins.

Það gefur að sjálfsögðu auga leið að hvorki þeir menn, sem nú kalla sig Ásatrúarmenn, né neinir aðrir geta sagt um það með nokkrum líkum, hvað þá heldur vissu, hvernig sú ásatrú var sem forfeður okkar iðkuðu. Ég vil benda á í því sambandi að Snorra-Edda, sem er eitt aðalheĭgirit, eins og þeir kalla, nútíma Ásatrúarmanna, er kannske síst af öllu fullgild í þessu sambandi þar sem höfundur hennar varar við því í formála að það sé ekki hin andlega spektin, sem þar er fjallað um, og leit sjálfur ekki á þetta rit sem neitt trúarrit, heldur fyrst og fremst sem sögulegar upplýsingar.

Í þessu frv. segir að trúfélag, sem óski skráningar, skuli senda dóms- og kirkjumálarn. trúarjátningar og kenningar þess. Það gefur að sjálfsögðu auga leið að um ekkert slíkt getur verið að ræða í þeim Ásatrúarsöfnuði sem nú er. Það liggur ekkert fyrir um þessi atriði. Það liggur ekki fyrir hjá nútímamönnum hvernig þessu var háttað hjá forfeðrum okkar. Ég álít að það væri mikill sómi að því og raunar hreinsun að hið opinbera hlutaðist til um að afturkalla þessa löggildingu. Hitt liggur mér í léttu rúmi hvort þeim mönnum, sem þar standa að, verði gefin heimild til þess að halda áfram að gifta fólk, ferma og greftra, ef þeir gera það í einhverju öðru nafni. En ég álít að vegna sóma okkar sjálfra og virðingar fyrir forfeðrum okkar getum við ekki látið **þetta viðgangast öllu lengur.**

Ég bendi á í þessu sambandi að með löggildingu forstöðumanns trúfélags er söfnuðinum sem slíkum veitt ákveðin staða innan þjóðfélagsins. M. a. hygg ég að útvarpsráð líti svo á að slík löggilding sé vísbending um það og raunar sé ríkisútvarpið skuldbundið til þess að veita slíkum söfnuðum tíma í ríkisútvarpinu fyrir sínar trúariðkanir og bænahöld og þeir eigi þess vegna rétt á því, Ásatrúarmenn, sem svo kalla sig, að koma inn í helgidagskrá útvarpsins eftir þeim venjum sem tíðkast hafa. Slíkt væri að sjálfsögðu með öllu óþolandi og ekkert annað en skopstæling á því sem við venjulegir menn eigum við með *trúarbrögðum og eigum við með því að við viljum þjóna guði okkar.*

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta langt mál. Ég minni að vísu á það að síðasta tilraun, sem gerð var til slíkrar trúariðkunar í nafni ása, var viðhöfð í Nasista-Þýskalandi, og frægt er það þegar Hitler flutti ræðu við lát forstöðumanns þess safnaðar og þau ummæli sem hann hafði í því sambandi.

Ég vona sem sagt að löggilding þessa frv. muni valda því að löggilding forstöðumanns Ásatrúarsafnaðarins svokallaða verði aftur tekin og forfeður okkar hreinsaðir af öllu samneyti eða andlegum skyldleika við þá menn sem nú fremja spjöll í þeirra nafni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Verðtrygging fjárskuldbindinga, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég get í sjálfu sér verið stuttorður um þetta frv. þar sem það er shlj. frv. sem ég flutti á síðasta þingi sama efnis.

Eftir að ég lagði fram frv. mitt í hv. d. brá svo við að annað frv. um sama efni var flutt hér af hv. þm. Vilhjálmi Sigurbjörnssyni. Segir í grg. með því frv. um það frv., sem hér er á dagskrá, að það sé vart svo skýrt orðað að ekki verði misskilið eða túlkað á einn veg, þykir því eðlilegra að flytja brtt. við lögin sjálf en fram komið frv. Nú veit ég ekki hvort þetta er mjög þingleg málsmeðferð, að taka upp slíkan skriflegan málflutning í d., en ég læt það liggja milli hluta og mun ekki fjalla um frv. hv. þm. Vilhjálms Sigurbjörnssonar frekar, nema tilefni gefist til.

Það frv., sem ég flyt hér, er breyt. á lögum nr. 71 1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þessi lög voru sett á sínum tíma og var þá tilgangur þeirra sá að skapa nauðsynlegan grundvöll að verðtryggingu lánsfjársamninga. Þegar tíminn hefur liðið og þessi lög hafa verið framkvæmd hefur nokkur misskilningur komið um túlkun þeirra og skapast nokkur réttaróvissa af þeim sökum. Um langan tíma hefur það viðgengist að í samninga um verk eða framkvæmdir hafa verið sett ákvæði um verðtryggingu. En nú er það svo að nokkuð umdeilt er hvort slík ákvæði í samningum sem þessum standist, og svo hefur farið að dómar hafa verið kveðnir upp sem ganga í gagnstæðar áttir. Þetta frv. er því flutt til þess að taka af þessa óvissu og binda í lögum tvímælalaust þá venju sem viðgengist hefur í langan tíma í samningum sem hér um ræðir. Ástandið undanfarin ár í þessum efnum, eftir að dómar féllu í gagnstæðar áttir, hefur verið svo að það hefur skapað vandamál fyrir bæði þolanda og gefanda eða kaupendur og seljendur, eftir því hvað við á, og vandamálin eru bæði fjárhagslegs og annars eðlis. Minna má á að nú nýlega hefur verið sagt í fréttum frá þeim málum þar sem byggingarfélög hafa orðið gjaldþrota eða riðuðu á barmi gjaldþrots einmitt af þessum sökum, að ekki hefur verið ljóst hvort lögmætt hafi verið að setja verðtryggingarákvæði í samninga sem gerðir hafa verið við byggjendur, við fólk sem hugðist kaupa íbúðir af viðkomandi byggingarfélögum.

Því var haldið fram, þegar þetta mál var flutt hér á síðasta þingi, að hér væri um að ræða frv. sem gengi á rétt neytenda eða kaupenda í því tilfelli, er um er að ræða byggingarsamninga, og þetta væri til þess fallið að auka hagnað þeirra, sem byggðu og gerðu samningana. Ég mótmælti þessum skilningi og vakti athygli á því að tilgangur þessa frv. er fyrst og fremst sá að veita þeim aðilum, sem gera samninga, lagalega möguleika á því að reikna með inn í kaupverð og samningsverð sannanlegar hækkanir á verði á samningstímanum sjálfum. Það gefur auga leið að slík ákvæði eru ekki einvörðungu til hagsbóta fyrir þá sem selja verkið, heldur líka fyrir þá sem taka við andlagi samningsins, svo sem íbúðum, því að það tryggir það að viðkomandi aðili, sem byggir húsnæði eða framkvæmir verkið, ráði við það fjárhagslega. Kaupandinn gengur líka að því vísu hvert kaupverðið sé, og er að því leyti tryggari um það að samningurinn sé efndur. Í nefndu frv. er gert ráð fyrir því að um 12 mánaða fyrirvara sé að ræða.

Það sem sagt segir í ákvæði frv., sem hér er verið að flytja, að það sé heimilt að kveða svo á í kaup- og verksamningum um hús, húshluta eða önnur mannvirki, sem eigi eru fullgerð á samningsdegi, en seljandi eða verksali skuldbindur sig til þess að afhenda fullgerð eftir minnst 12 mánuði, að sá hluti söluverðs, sem svarar til þess byggingarhluta sem ófullgerður er, skuli breytast í samræmi við breytingar á verðlagsvísitölu til afhendingardags. Þessi fyrirvari um 12 mánuðina þykir eðlilegur af mér sem flm. og þeim öðrum sem eru með mér í ráðum, vegna þess að ef um verk eða samning er að ræða, sem nær yfir skemmri tíma en eitt ár, þá ættu aðilar að geta gert sér nokkra grein fyrir, hverjar verðhækkanir verði á árinu eða hvaða kaupverð eða samningsverð hann geti tekið til viðmiðunar, og því sé ekki ástæða til þess að heimila verðtryggingu fyrir svo stuttan tíma. En þegar um lengri tíma er að ræða en eitt ár, ég tala nú ekki um þegar mörg ár koma til greina, þá er í okkar verðbólguþjóðfélagi ómögulegt fyrir viðkomandi aðila að sjá fram í tímann, sjá fram á þá verðbólgu og þær verðhækkanir sem hugsanlega gætu átt sér stað, þannig að það er fyllilega eðlilegt að þeir tryggi sig gagnvart slíkum verðhækkunum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að skýra þetta frv. frekar. Ég held að það sé sjálfsagt og eðlilegt að þetta frv. fái afgreiðslu eins og það í aðalatriðum er lagt fram hér, vegna þess að það tekur af réttaróvissu sem hér er ríkjandi í augnablikinu en staðfestir einvörðungu þá venju sem skapast hefur um margra ára bil.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni 1. umr. verði þessu máli vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, frv. (þskj. 51). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við 1. umr. fjárl. í Sþ. var gerð grein fyrir flutningi tveggja frv. af hálfu ríkisstj. og eru þau nú til umr. í þessari hv. deild.

Frv. til l. um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja er nánari skýring á ákvæðum 40. gr. stjórnarskrárinnar sem gerir ráð fyrir því að ekki megi taka lán sem skuldbindi ríkið nema samkv. lagaheimild. Í samræmi við ákvæði þessi hefur yfirleitt verið leitað fjárlagaheimildar til töku fjárfestingarlána innanlands, en hins vegar sérstakrar lagaheimildar til lántöku erlendis. Þó hafa fasteignakaup ríkisins iðulega verið þannig gerð að ríkissjóður hefur tekið við áhvílandi lánum án þess að til slíks væri bein heimild í lögum.

Um nokkurra ára skeið hefur þeirri reglu verið fylgt að fjmrn. taki öll lán vegna ríkissjóðs og stofnana sem getið er um í A-hluta ríkisreikningsins, en eins og kunnugt er er ríkisreikningnum skipt í tvo hluta. Í A-hluta er ríkissjóður og svokallaðar stofnanir, en í B-hluta eru ríkisfyrirtæki og sjóðir sem flestir hafa einhvern rekstur með höndum. Frv. betta gerir

ráð fyrir óbreyttri reglu hvað snertir A-hluta-fyrirtæki, að fjmrn. taki fyrir hönd ríkissjóðs öll lán vegna þeirra stofnana sem þar eru, en fyrirtækjum í B-hluta sé því aðeins heimilt að taka lán, stofna til skulda eða taka ábyrgð á skuld að fyrir liggi heimild í sérstökum l. eða fjárl. eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi rn. og fjmrn., en skort hefur á að slíkar heimildir hafi verið fyrir hendi þegar fyrirtæki í B-hluta hafa tekið lán.

Frv. þetta er gagngert flutt til þess að koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki ríkisins geti hlaðið upp skuldum án þess að viðkomandi rn. sé það kunnugt fyrr en í hreint óefni er komið. Veruleg skuldasöfnun fyrirtækja ríkisins án skýrra heimilda getur ekki heldur talist í samræmi við heilbrigða fjármálastjórn. Jafnframt verður með þessum hætti betur tryggt að stjórnvöld sinni vandamálum þessara fyrirtækja fyrr en raun hefur orðið á að undanförnu. Ákvæði frv. ættu því að tryggja að jafnan liggi fyrir yfirlit um heildarlántökur ríkisins og fyrirtækja þess, svo og að ekki séu teknar ríkisskuldbindingar án þess að fjármálayfirvöld hafi um það fjallað. Í grg. frv. er nánari grein gerð fyrir því og enn fremur í aths. við einstakar gr. frv.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um málið meir, en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Ráðning starfsmanna og húsnæðismál ríkisstofnana, frv. (þskj. 52). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með l. nr. 48/1958 voru lögfest ákvæði varðandi starfsmannahald ríkisins. Lög þessi segja fyrir um það með hvaða hætti fjalla skuli um ráðningar starfsmanna í þjónustu ríkisins og húsnæðis- og bifreiðakostnað ríkisstofnana. Lög þessi hafa verið þannig framkvæmd að samþykki sérstakra trúnaðarmanna hefur þurft til þess að fjölga fastráðnum starfsmönnum. Hins vegar voru svokallaðar lausráðningar starfsmanna látnar afskiptalausar af hálfu n. Vegna þessarar framkvæmdar hefur gætt vaxandi tilhneigingar til að lausráða starfsmenn og má jafnvel segja að víða hafi verið treyst á slíka starfskrafta án þess að tilskildar fjárveitingar væru fyrir hendi. Það liggur í augum uppi að við slík vinnubrögð er ekki hægt að una. Ráðningar starfsmanna ríkisins verða að vera í föstum skorðum og fjárveiting að vera fyrir hendi.

Megintilgangur þessa frv. er að tryggja að starfsmannahald ríkisins ráðist hverju sinni af fjárveitingum og þar með að Alþ. geti fylgst náið með starfsmannafjölda ríkisins og umfangi ríkisstofnana. Frv. er ætlað að koma í stað l. nr. 48/1968, um ráðstafanir til að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins.

Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á efnislegum atriðum laganna frá 1958, miða fyrst og fremst að því að gera eftirlit með ráðningu starfsmanna virkara, auðveldara og raunhæfara að fenginni reynslu. — Þá eru ákvæði um að ráðningarnefnd, sem er arftaki svokallaðrar bremsunefndar, skuli jafnan úrskurða erindin innan hálfs mánaðar frá móttöku þess, enda hafi n. borist fullnægjandi gögn og upplýsingar um málefnið. Telji ráðningarnefnd eigi augljóst, að erindi rn. skuli ná fram að ganga, skal hún jafnan kveðja fulltrúa þess rn. á sinn fund og kynna sér grg. hans áður en erindið hlýtur afgreiðslu. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja vandaðri og hraðari meðferð mála en verið hefur.

Þá er það nýmæli í frv. að árlega skuli gera skrá yfir starfsmenn ríkisins og hún lögð fram með fjárlagafrv. Má þá sjá á samanburði milli ára hvaða hreyfingar hafa orðið á starfsmannahaldi ríkisins.

Í 3. gr. frv. er að finna skilgreiningar á föstum starfsmönnum og lausráðnum starfsmönnum og ákvæði annarra gr. í samræmi við það, en slík skilgreining er ekki til í lögum. Það er skoðun mín að slíka skilgreiningu beri að hafa í lögum hvernig sem hún annars skal hljóða. Um það má hins vegar deila hvort eðlilegt sé að þetta ákvæði sé í þessu frv. eða í frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru nú til endurskoðunar og við þá endurskoðun hafa þessi málefni sjálfsagt komið til athugunar.

Árið 1971 var kveðinn upp í hæstarétti dómur varðandi réttindi starfsmanns ríkisins sem kominn var í starf án samþykkis trúnaðarmanna ríkisstj. Þá er að vænta dóms hæstaréttar í næsta mánuði í máli sem telja má fullvíst að hafi verulega þýðingu um túlkun á réttarstöðu þeirra starfsmanna ríkisins sem ráðnir eru með uppsagnarfresti. Forustumenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamenntaðra manna hafa í viðræðum við mig látið í ljós gagnrýni sína á ákvæðum 3. gr. miðað við þær kringumstæður sem hér eru fyrir hendi. Mun ég beita mér fyrir breytingu á frv. við þá þn., sem fær málið til meðferðar, þannig að ekki verði um ágreining að ræða við afgreiðslu málsins milli fjmrn. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Bandalags háskólamenntaðra manna.

Í grg. frv. er gerð grein fyrir einstökum gr. og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Mannaskipti í nefnd.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Tilkynning hefur borist um að Friðjón Þórðarson, 4. þm. Vesturl., taki sæti Matthíasar Á. Mathiesen í kjörbréfanefnd.

Vistunarrými fyrir langlegusjúklinga, fsp. (þskj. 41). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 41 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fyrirspurn til hæstv. heilbrrh.:

„1. Hve mörg sjúkrarúm vantar til að fullnægja þörf langlegusjúklinga? — 2. Má vænta úrbóta á næstunni?“

Öllum er kunnugt hve geysilegur skortur er á sjúkrarými fyrir langlegusjúklinga. Þetta hefur verið mörg undanfarin ár margrætt og margir læknar telja það há starfsemi sinni mjög hve erfitt er að vista þetta fólk. Milli 60 og 70% af þessu fólki eru 67 ára eða eldri og þetta fellur því saman við þau vandkvæði sem eru yfirleitt á því að koma öldruðu fólki fyrir. En fleira kemur til. Allmargir af langlegusjúklingum eru svonefndir heilarýrnunarsjúklingar sem geta verið á öllum aldri. Þetta fólk hefur í raun og veru hvergi skjól hér og mjög erfitt að vista það. Ýmist dvelur það tímabundið í stofnunum sem gjarnan vilja losna við það aftur, eða þá að það dvelur í heimahúsum við algerlega ófullnægjandi skilyrði.

Á undanförnum árum hefur þetta verið margrætt, en litlar úrbætur komið. Það er talið að okkur vanti nokkur hundruð, a. m. k. á annað hundrað, rými fyrir langlegusjúklinga og ég sé ekki fram á að úr þessu verði bætt nema með stærri aðgerðum.

Undanfarin ár hefur verið í undirbúningi stærsta átakið í þessum efnum, sem er bygging B-álmu Borgarsjúkrahússins, en það mál virðist standa fast og því vil ég nú spyrja hæstv. heilbrrh. í fyrsta lagi hvað vanti af plássum fyrir langlegusjúklinga og í öðru lagi hvaða úrbóta megi vænta.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þarfir þjóðfélaga fyrir heilbrigðisstofnanir af ýmsu tagi hafa verið mjög á dagskrá síðustu áratugi. Þær þjóðir, sem lengst eru komnar í áætlanagerðum, hafa gefið þessum málum mjög mikinn gaum og reynt að gera sér grein fyrir þörfum hinna ýmsu sjúkrastofnana og gert spár um framtíðina. Reynslan hefur sýnt að enn hafa ekki fundist fullkomnar leiðir til að meta þessar þarfir og kemur þar fjöldamargt til, svo sem mismunandi kröfur neytenda, mismunandi aldursskipting þjóðanna, mismunandi þjóðfélagsleg þjónusta við aldraða og fatlaða, svo sem heimilishjálp, hjúkrunardagheimili o. s. frv.

Í lögum nr. 56/1973, um heilbrigðisþjónustu, segir í 26. gr., 4. lið: „Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.“ Í 26. gr. 3. segir: „Almennt sjúkrahús er sjúkrahús sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til rannsóknar og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegusjúklinga.“

Í skýrslu, sem heilbr.- og trmrn. lét vinna og út kom á s. l. ári, er gerð áætlun um vistunarrýmisþörf heilbrigðisstofnana. Þessi skýrsla byggist ekki nema að litlu leyti á sjálfstæðum athugunum hérlendis, heldur á könnunum á því hvað aðrar þjóðir telja sig þurfa og geta gert í þessu og næsta áratug. Skv. þessari skýrslu er áætlað að á hverja 100 000 íbúa þurfi 350 legurými í almennum hjúkrunarheimilum og 30 í sérstökum endurhæfingardeildum, eða samtals 380 vistrými á hverja 100 000 íbúa. Miðað við um 215 000 íbúa er áætluð þörf um 817 rúm. Tiltækt vistrými skv. sömu skýrslu er: Hjúkrunardeildir: Grund 256, Hrafnista 148, Kristnes 81, Sólvangur 114, auk þess hjúkrunar- og endurhæfingardeild Borgarspítalans, Grensásdeild 60, Heilsuverndarstöð 30, eða samtals 689 vistrými. Inn í fyrrgreinda tölu koma ekki rými fyrir langlegusjúklinga í sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum, sem tók til starfa í s. l. viku, með 40 rúma hjúkrunar- og endurhæfingarheimili þar. Snemma á næsta ári verða teknar í notkun 3 endurhæfingar- og hjúkrunardeildir í Hátúni 10 á vegum Landsspítalans með 70—75 rúmum. Verða þá tiltæk um 758 vistrými, en áætluð þörf, eins og fyrr greinir, er 817. Mismunurinn er því 59 vistrými.

Sagan er þó ekki öll sögð með þessu því að vitað er að á almennum sjúkrahúsum úti á landi er verulegur fjöldi hjúkrunarsjúklinga og einnig nokkuð á deildaskiptum sjúkrahúsum í Rvík og nágrenni. Enn fremur þarf að fækka nokkuð þeim rúmum sem nú eru á Grund og Hrafnistu því að þar eru þrengsli mikil og hjúkrunaraðstæður allar erfiðar. Þörfin er því meiri en þessar tölur gefa til kynna.

Á hinn bóginn leikur ekki vafi á að á hjúkrunardeildum og almennum sjúkrahúsum er nokkuð af fólki af félagslegum ástæðum sem gæti verið á dvalarheimilum eða í heimahúsum ef það nyti heimilishjálpar eða hjúkrunar þar.

Undanfarið hefur verið unnið að því að leita leiða til að kanna raunverulegar þarfir fyrir vistrými og nýtingu þess vistrýmis sem nú er tiltækt. Þessi könnun verður gerð á vegum rn. og landlæknisembættisins. Þær framkvæmdir til úrbóta, sem þegar eru fyrirhugaðar, eru þessar:

Í byggingu er viðbót við Dvalarheimili aldraðra á Akureyri, Borgarnesi og Akranesi og sjúkrahúsið í Neskaupstað. Fullokið er hönnun á Ólafsfirði. Í hönnun eru á Dalvík, á Vopnafirði, Höfn í Hornafirði, þar sem bráðabirgðahúsnæði hefur þegar verið opnað, Blönduósi og á Ísafirði. Þá er fullokið á vegum Reykjavíkurborgar hönnun B-álmu Borgarspítalans sem hjúkrunarheimilis, en fé hefur enn ekki verið veitt úr ríkissjóði til þeirrar framkvæmdar. Þegar allt er talið munu vera í hönnun, tilbúin til byggingar og í byggingu stofnanir fyrir um 400—450 vistmenn á hjúkrunarheimilum og dvalarheimilum fyrir aldraða. Hve hratt gengur að koma fyrirhuguðum byggingum í not fer að sjálfsögðu eftir ákvörðun Alþ. um fjárveitingar og getu sveitarfélaga, einkum þar sem um er að ræða byggingar dvalarheimilis aldraðra.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég verð að segja að mér létti stórum og þakka hæstv. heilbrrh. fyrir hans ágætu upplýsingar. Mér skilst á honum að það vanti 59 pláss fyrir langlegusjúklinga í landinu. Þetta þýðir að það vantar hvergi pláss nema í Reykja-

neskjördæmi því að nýbúin er að fara þar fram könnun á högum þessa fólks og þar kom í ljós að það vantaði eitthvað í kringum 60—70 pláss. Þetta ætti að þýða að þá væri þessu fullnægt annars staðar á landinu.

Það má fá ýmislegt fram með tölum og ég gat um það áður í sambandi við fyrirspurn líka þessari að tölur frá útlöndum gagna okkur ekki alltaf sem skyldi. Eitt er víst, að þegar ég kem til starfsbræðra minna og segi þeim, að hér sé ekki skortur á vistrými fyrir langlegusjúklinga, þá munu þeir reka upp stór augu örugglega og ekki telja svo vera í raun.

Ég efast ekki um að með þeirri miklu viðbót í Hátúni 10 eftir áramótin, sem verður þó vafalaust fyrst og fremst endurhæfingarheimili fyrir Landspítalann, muni bætt nokkuð úr þörfinni, en þeir, sem þekkja til, geta ekki gert sér í hugarlund að hér sé ekki stórkostleg vöntun á vistunarrými fyrir hjúkrunarþurfandi aldrað fólk, fyrir utan alla þá aðra sem við vitum að þurfa ýmist að dvelja í heimahúsum eða í óheppilegum stofnunum vegna skorts á slíku rými. Því er ekki að neita að í undirbúningi eru aðgerðir á þessu sviði, en ég tel þær vera miklu brýnni en fram kemur í þeim upplýsingum sem hér komu fram.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það sem kemur mér til að standa upp eru þau ummæli hæstv. heilbrrh. sem ég álít gefa ranga mynd af þörf fyrir sjúkrarými og þá sérstaklega fyrir aldraða og langlegusjúklinga. Hann minntist á að miðað við heildartölu á landinu, ef ég skyldi það rétt, vanti 59 — við skulum segja 60 legurými. Ég vil upplýsa það að hér í Rvík er talin vera vöntun á sem svarar 200—300 leguplássum. Ég tel það alvarlegt mál ef ekki liggja fyrir betri upplýsingar í heilbrrn. um þessi mál, því að eins og þm. geta kynnt sér, þá hefur Reykjavíkurborg gert þetta verkefni að forgangsverkefni í sinni framkvæmdastefnuskrá með því að samþykkja að 10% af útsvörum hverju sinni, sem er nokkuð stór upphæð, fari í að byggja yfir þessa sjúklinga. Ég vil taka fram að þetta vandamál er svo víðtækt að það bindur bæði unga og aldna á heimilum þannig að ungt fólk eyðir stórum hluta af ævi sinni í að gæta þessa gamla fólks. Ég veit um vandamál sem ég hef sjálfur þurft að leysa úr sem borgarfulltrúi, þess eðlis að gamalt fólk hefur hreinlega verið tekið úr kjallaraholum, má segja, og sett á ganga sjúkrahúsanna hérna og þar með þurft að bíða eftir því að rými losnaði á sjúkrahúsi.

Ég segi þetta til að leggja áherslu á hvað þetta er mikið vandamál og brýn nauðsyn að hæstv. heilbrrh. beiti sér fyrir því að lausn verði fundin á þessum vanda sem allra fyrst og fjvn. leggi myndarlega til í álmu Borgarsjúkrahússins nú þegar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna þeirrar fsp., sem hér hefur komið fram, og þess svars, sem hefur komið frá hæstv. ráðh., vil ég aðeins upplýsa það, vegna þess að ég er nákunnugur því, að á Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnistu í Reykjavík, liggja nú fyrir töluvert á annað hundrað umsóknir, mjög brýnar, til úrlausnar þeim sem þurfa að komast á svokallaða sjúkra- og hjúkrunardeild. Auk þess eru ekki tugir, heldur kannske eitthvað á annað hundrað til viðbótar sem þurfa eða aðstandendur þeirra telja að þurfi á slíkri vistun að halda. Samtals munu þar nú bíða eftir vistun töluvert á fimmta hundrað manns.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi sagði að ég hefði sagt að það vantaði ekki nema 59 vistrými, en þá þarf hv. fyrirspyrjandi að taka með í reikninginn þau orð sem ég sagði. Ég vitnaði í skýrslu, sem heilbrrn. hefur gefið út og látið gera, og bætti því við að þessi skýrsla byggðist ekki nema að litlu leyti á sjálfstæðum athugunum hérlendis, heldur á könnunum á því hvað aðrar þjóðir telja sig þurfa og geti gert á þessum og næsta áratug. Þetta er allt annað en ég hafi sagt að vantaði 59 vistrými. Þetta bið ég hv. fyrirspyrjanda að taka til vinsamlegrar athugunar.

Það sem skiptir auðvitað höfuðmáli í þessu er hvað er verið að gera, hvaða úrbætur eru á leiðinni. Það sem skiptir höfuðmáli er það að snemma á næsta ári verða teknar í notkun þrjár endurhæfingar- og hjúkrunardeildir í Hátúni 10 á vegum Landspítalans með 70—75 rúmum. Það er staðreynd að þetta er að koma, og svo er það komið undir hv. þm. hvað þeir vilja ganga langt í þessum efnum. Ég lýsti því hér áðan, hvað væri í hönnun, hverju væri fullokið könnun á, og það er alveg komið undir fjárveitingum. Þá sjáum við, þegar kemur að afgreiðslu fjárlaga, hvað menn vilja ganga langt í þeim efnum. Ég skal hugga alla þá, sem hafa talað hér, með því að heilbrrh. mun ekki setja sig upp á móti því að hækka fjárveitingar, síður en svo.

Lántaka fyrir Hafnabótasjóð, fsp. (þskj. 9, tölul. 1). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það þarf vart að fara mörgum orðum hér, hv. alþm., um þau greiðsluvandræði sem hafnarsjóðir víðs vegar í kringum landið hafa átt í á undanförnum árum og eiga í enn. Þetta eru vandamál sem öllum alþm. eru kunn og vart ástæða til að rekja. En það hefur á undanförnum árum verið mikið um það talað að ráða þyrfti bót í þessum efnum og koma til liðs við hafnarsjóðina og sveitarfélögin að því er þetta varðar. M. a. beitti fyrrv. ríkisstj. sér fyrir breyt. á hafnal. í þá átt að auka þar hlutdeild ríkissjóðs í greiðslukostnaði.

Fyrrv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar beittu sér fyrir því að upp var tekinn nýr heimildarliður í fjárl., heimild til handa ríkisstj. til að taka allt að 40 millj. kr. lán til að létta greiðslubyrði hafnarsjóða sem verst eru settir að því er varðar lán o. fl. Þessi lántaka átti sér stað, — þetta var í fjárl. ársins 1973, þá í fyrsta skipti, — hún átti sér stað á því ári og var þetta mál afgr. úr fjvn. um haustið 1973.

Það var meining fjvn. og að ég held allra þeirra, sem áttu hlut að því að þetta var gert,

að þarna yrði um styrki að ræða. Fjvn. fjallaði um það mál og sendi til rn. ásamt skiptingu á fénu bréf þess efnis, að það væri hennar mat að þarna ætti að vera um styrki að ræða, en ekki lánsfé. Reynslan varð svo önnur, en ég skal ekki rekja það frekar. En á fjárl. ársins 1974 er einnig heimild til handa ríkisstj. til þess að taka allt að 50 millj. kr. lán fyrir Hafnabótasjóð til þess að endurlána í sama skyni og áður var gert.

Ég hef því ásamt hv. 11. landsk. þm. leyft mér að leggja fram á þskj. 9 fsp. til hæstv. fjmrh. um það í fyrsta lagi hvort ríkisstj. hafi í hyggju að nota þá heimild, sem er í fjárl. til handa Hafnabótasjóði, að taka allt að 50 millj. kr. lán til þess að létta greiðslubyrði hafnarsjóða. Og í öðru lagi, ef svo er, hvenær þá megi vænta þess að það fjármagn komi til úthlutunar. Það er orðið áliðið árs og ekkert hefur um það heyrst að neitt væri í bígerð um að þessir fjármunir kæmu til þessara nota, sem þeim er ætlað, og þess vegna er þessi fsp. lögð fram.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Að undanförnu hefur samgrn. átt viðræður við Byggðasjóð og Framkvæmdasjóð um fjármál hafna. Þessar viðræður hafa leitt til þess að till. hafa verið lagðar fyrir Byggðasjóð um að gefnar verði eftir um 37 millj. kr. af kröfum hans, og samið hefur verið um að Hafnabótasjóður láni 32.5 millj. kr. og taki lán í því skyni hjá Framkvæmdasjóði. Þá eru og til meðferðar í fjmrn. tilmæli samgrn. um að Ríkisábyrgðasjóður taki að sér til bráðabirgða að greiða skuldir að upphæð 5.3 millj. kr.

Hér er því um að ræða lán og styrkveitingar að upphæð 75 millj. kr. Ríkisstj. telur því að þau fyrirheit, er felast í umræddri lántöku, heimild fjárl., að upphæð 50 millj. kr., hafi með þessum tillögum að fullu verið efnd og vel það og því sé ekki ástæða til þeirrar sérstöku lántöku sem hér er um spurt.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það sem hann sagði hér þó að ég sé langt frá því að vera ánægður með þau svör sem við þessari fsp. hafa komið.

Að því er varðar Byggðasjóð er það ekkert nýtt að þar hafi verið um vanskil af hálfu hinna ýmsu hafnarsjóða að ræða. Það gekk svo langt á árinu 1972 og að ég hygg líka 1973 að Framkvæmdastofnun ríkisins sendi út dóma á sveitarstjórnarmenn víðs vegar um landið sem þeir áttu að sjálfsögðu að afplána sem einstaklingar f. h. sveitarfélaga vegna vangreiðslu á skuldum að því er varðar hafnarsjóðina. Þetta mál er, að að því er ég held, alveg laust við það sem verið var að tala um í sambandi við heimild til handa ríkisstj. til þess að taka lán og endurlána eða styrkja hafnarsjóðina sem verst eru settir. Ég veit ekki betur en að það hafi verið byrjað á því að taka þetta mál sérstaklega upp milli samgrn. annars vegar og hins vegar stjórnar Byggðasjóðs, og það átti ekki að blandast inn í þá lántökuheimild sem hér er um að ræða. Það var aðskilið mál.

Þess vegna lít ég svo á að sú heimild, sem er í fjárl. fyrir ríkisstj., hafi verið ætluð beinlínis til þess að létta þá greiðslubyrði sem fyrir er, ekki við Byggðasjóðinn, heldur ætti að taka það mál upp sérstaklega. Og ég minnist þess að núv. hv. stjórnarsinnar, fyrrv. stjórnarandstæðingar, og þá ekki síst þm. Sjálfstfl., voru engir eftirbátar í því að ýta á eftir fyrrv. ríkisstj. í þeim efnum að það lán væri tekið og því væri komið til skila sem var í heimildargrein fjárl. fyrir árið 1973. Ég er ekki að segja þetta til þess að setja út á það. Ég fagnaði því að þeir höfðu þá áhuga á þessum málum. En ég hryggist yfir því ef sinnaskipti hafa átt sér stað hjá núv. hæstv. ríkisstj., og ég vænti þess að hún sjái ástæðu til þess vegna þessa ástands, sem ríkir hjá hafnarsjóðum mjög víða, að þessi heimild til lántöku verði nýtt og það verði gert með skjótum hætti, þannig að þetta fé geti komið til skila til þeirra aðila sem það var fyrst og fremst ætlað.

Mér þykir það mjög miður að hæstv. ríkisstj. hefur snúist á þennan veg við þeim málum sem hér er um að ræða. Ég átti síst von á því með tilliti til þess sem áður hafði heyrst úr þeim herbúðum, og ég vona að hæstv. fjmrh. taki á sig rögg og beiti sér fyrir því að þessari ákvörðun hæstv. ríkisstj. verði breytt og þetta fé verði fengið þannig að það verði hægt að koma því til skila.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Vestf. í sambandi við hafnirnar, vil ég í fyrsta lagi geta þess um framkvæmdina á þessu máli á s. l. ári að engri loku er fyrir það skotið að eftir sé hægt að gefa þeim höfnum, sem þörf hafa fyrir það, þegar lánið kemur til afborgunar. Það er hins vegar alveg ástæðulaust að vera að gefa fé, nema til þess sé brýn þörf, og það er engri leið lokað til þess að koma því í framkvæmd við þær hafnir sem þurfa á því að halda.

Út af því, sem hann segir um framkvæmd þessa máls núna, þá er með þeirri till., sem gerð er, búið að gera till. um að gefa eftir 37 millj. kr. og það er búið að gera till. um að Ríkisábyrgðasjóður taki að sér greiðslu á 5 millj. án þess að hann þurfi að gera það nema fara þá leið sem hv. þm. lýsti hér áðan og ekki er æskileg, en fram hjá því er hægt að komast með samkomulagi þar um. Þar að auki er Hafnabótasjóður búinn að taka að sér 32 millj. kr. til tveggja ára og þar með er búið að létta af greiðslum hafnanna á þessu ári 75 millj. kr., svo að það er á misskilningi byggt að það hafi ekkert verið gert til þess að létta einmitt á höfnunum í sambandi við þeirra fjármál. Auk þess er svo búið að útvega til hafnargerða á þessu ári 35 millj. kr. lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, sem Hafnabótasjóður tekur, og lán það, sem Hafnabótasjóður fær hjá Framkvæmdasjóði, er alls 75 millj. kr., þannig að þegar þessar 16 millj. eru frádregnar þá koma þar 94 millj. kr. sem hafnirnar fá sem lán frá Hafnabótasjóði, auk eigin fjármuna sjóðsins á þessu ári. Þegar á þetta allt er litið er um að ræða þarna fjárfyrirgreiðslu til hafna sem er um 170 millj. kr.

Ég dreg í efa að áður fyrr hafi verið svo á málum hafnanna haldið að það hafi verið greitt meira úr fyrir þeim en gert er á þessu ári, og vona ég að hv. 5. þm. Vestf. verði mér sammála um það þegar hann hefur þessar upplýsingar allar.

Verð á rafmagni til húshitunar, fsp. (þskj. 9). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eg hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. iðnrh. og hún hljóðar svo:

„Er fyrirhugað að lækka verð á rafmagni til húshitunar, þannig að hitun húsa með raforku verði ekki dýrari en með niðurgreiddri olíu?"

Ég hef fengið upplýsingar um raforkuverð til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins og hjá framkvæmdastjóra Sambands ísl. rafveitna og ber þeim saman um að húshitun með raforku sé mun dýrari skv. gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins heldur en með niðurgreiddri olíu. Rafmagnsveitur ríkisins segja um þetta: Verð til hitunar hefur verið miðað við söluverð dísilolíu í Reykjavík til olíukyndingar, eins og kveðið er á um í gjaldskránni. Þó hefur síðasta hækkun olíuverðs úr kr. 13.70 hver lítri í kr. 14.30 ekki verið látin hafa áhrif á taxta Rarik, þar sem ætlast var til að Rarik fengi niðurgreiðslur í staðinn. Skýrslur um olíunotkun Rarik vegna húshitunar hefur verið skilað til Orkustofnunar fyrir tvo ársfjórðunga, mars — maí og júní — ágúst 1974, en niðurgreiðsla hefur ekki átt sér stað hingað til og miðast því raforkuverð til hitunarinnar enn við kr. 13.70 hver olíulítri.

Framkvæmdastjóri Sambands íslenskra rafveitna hefur reiknað þetta nákvæmlega út og hver munurinn er á orkuverði ef notuð er raforka annars vegar og hins vegar olía. Hann miðar við einbýlishús, 420 rúmmetra, en það eru að mestu leyti einbýlishús í strjálbýlinu á því svæði sem Rafmagnsveitur ríkisins ná til. En jafnvel þótt þetta væru ekki einbýlishús, en þess í stað sambýlishús, þá ætti það ekki að raska hlutfallinu. Miðað er við hvað árskostnaður er á hvern rúmmetra í húsi er rafmagnshitunin kostar á hvern rúmmetra yfir árið 195.48 kr., en með niðurgreiddri olíu 149.21 kr. Mismunurinn er 46.27 kr. og er því 31% hærra verð á rafkyndingu en olíukyndingu. Mismunurinn hefði orðið meiri ef 13% verðjöfnunargjaldið hefði verið látið ná til húshitunar eins og upphaflega stóð til samkv. frv. sem lagt var fram á s. l. sumri. Hér er aðeins um orkukostnaðinn að ræða, en ef um nýtt hús er að ræða þá mætti segja að stofnkostnaðurinn sé nokkru minni á húsi sem hefur raforkukyndingu heldur en venjulega miðstöðvarkyndingu. En þetta er breytilegt og þess vegna ekki eðlilegt að miða við það, enda er til þess ætlast, að olíukyndingu í eldri húsum verði hætt og raforka verði upp tekin í staðinn.

Það hefur verið stefna flestra alþm. að gera raforkuna það ódýra að það borgi sig að breyta um kerfi og nota innlendan orkugjafa í staðinn fyrir olíuna. En þeirri stefnu hefur ekki verið haldið síðustu tíma vegna þess að hækkun hjá Rafmagnsveitum ríkisins til húshitunar hefur orðið frá því 1971 til haustsins 1974 166.7% þegar húshitun í Reykjavík hefur þó ekki hækkað um meira en 122.6%.

Þessi fyrirspurn er fram komin til þess að vekja athygli stjórnvalda á þessu í von um að þetta verði lagfært. Ég vænti þess að hæstv. iðnrh. svari fyrirspurninni.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fyrirspurn hv. 1. þm. Sunnl. vil ég taka þetta fram:

Hjá Rafmagnsveitum ríkisins, Sambandi ísl. rafveitna og hjá Landsvirkjun er unnið að athugun á þessum málum, þ. e. samanburði á húshitunarkostnaði með rafmagni og olíu. Þessi samanburður er flókið mál. Hann er erfiður eftir að upp kom sú niðurgreiðsla á olíu eða réttara sagt olíustyrkur miðað við fjölskyldustærð sem upp hefur verið tekinn. En vonir standa til að þessar athuganir leiði í ljós leiðir til þess að fá því framgengt sem fsp. hv. þm. beinist að, en það er að húshitun með rafmagni verði ekki dýrari en upphitun með olíu.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Þegar lög voru sett um niðurgreiðslu á olíuverði vegna upphitunar íbúðarhúsnæðis með olíu, en þau höfðu verið samþ. hér á Alþ. 6. maí 1974, hafði þetta atriði einmitt komið upp, hvernig með skyldi fara þá húshitun sem ætti sér stað með raforku. En þar sem raforkuverðið væri látið hreyfast með olíuverðshækkun og þar sem þetta mál flokkaðist undir mig á þeim tíma sem viðskrh., þá gaf ég margsinnis yfirlýsingu um það að að sjálfsögðu yrði um að ræða sams konar niðurgreiðslu á raforkukostnaði til íbúðarhitunar, þar sem þannig stæði á að raforkuverðið til húshitunar fylgdi olíuverði, en þannig er einmitt ástatt hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Ef sem sagt sá kyndingarkostnaður hækkaði í sömu hlutföllum og olíuverðshækkun, þá átti niðurgreiðslan að ná til þessara aðila. Hafði ég lagt fyrir starfsmenn í viðskiptarn. að framkvæma þetta á þennan veg, enda tel ég það hafa verið í fullu samræmi við lögin, því að í 1. gr. laganna segir beinlínis að tilgangur laga þessara sé að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis. Þar sem hitunarkostnaðurinn vex vegna olíuverðshækkunarinnar á óumdeilanlegan hátt átti niðurgreiðslan einnig að ná til þeirra. En nú var það einnig vitað, að á nokkrum stöðum á landinu hreyfðist raforkuverðið ekki í þessum hlutföllum, og þá voru líka í lögum sérstök heimildarákvæði til þess að greiða rafveitum í þeim tilfellum þar sem svo stæði á.

Ég tel því að það eigi að framkvæma niðurgreiðsluna á þann hátt, sem lýst hefur verið yfir og lofað hefur verið, þannig að þeir eigi að að vera aðnjótandi niðurgreiðslunnar sem hita upp íbúðir sínar með raforku þar sem svo stendur á eins og varðandi kaup frá Rafmagnsveitum ríkisins, og ég vil vænta þess að ríkisstj. sjái um að halda þannig á þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég get tekið undir að það muni vera erfitt að framkvæma leiðréttingu í þessu máli. Ég minnist þess að hv. þm., fyrrv. hæstv. viðskrh.,

talaði um að ég ætla tvisvar hér í Alþ. að niðurgreiðsla á raforku til húshitunar kæmi til framkvæmda. Niðurgreiðslur á olíu byrjuðu í mars, en hann fer ekki úr rn. fyrr en seinast í ágúst. Þrátt fyrir hans góða vilja í þessu efni komst þetta ekki til framkvæmda á meðan hann var í rn. Nú treysti ég því að hæstv. iðnrh. og hæstv. núv. viðskrh. vinni betur að því að koma þessu réttlætismáli í framkvæmd.

Eftirlit með raforkuvirkjum, fsp. (þskj. 62). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 62 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh., svo hljóðandi:

„1. Hvað líður störfum n. frá 1. nóv. 1972 vegna eftirlits með raforkuvirkjum?

2. Hefur n. gert einhverjar till. til rn. um bætt skipulag þessara mála, t. d. að Rafmagnseftirlit ríkisins verði sjálfstæð stofnun?“

Nú eru sem sagt ríflega tvö ár liðin síðan þáv. hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, skipaði áður umrædda n. og þykir mér við hæfi að grennslast nokkuð fyrir um störf nefndarinnar.

Tvær meginástæður liggja fyrir vissri forvitni minni um mál þetta. Önnur er sú að á heimastað mínum, Reyðarfirði, fékk ég fyrir nokkrum árum mjög áþreifanlega og um leið ítarlega sönnun þess hver nauðsyn það er að umrætt eftirlit með raforkuvirkjum sé ekki aðeins lifandi og öflugt, heldur miklu fremur virkt í reynd, þannig að eftir því sé farið á ítrasta hátt. Á þessum 600 íbúa stað þurfti að leggja í lagfæringar og viðgerðir sem námu hundruðum þúsunda aðeins til þess að brýnustu hættu væri bægt frá íbúunum. En sem betur fór var því eftirliti framfylgt rækilega. Þetta alvarlega ástand, sem þarna reyndist vera við nána könnun, en áður hafði virst öllum dulið, vakti athygli mína og umhugsun. Náinn kunningi minn eystra gegnir eftirlitsstörfum með raforkuvirkjum og ég fór að leita mér upplýsinga hjá honum um almennt ástand þessara mála. Þetta varð svo til þess að þegar ég var kominn hingað suður hélt ég áfram þessari forvitni minni og skrifaði m. a. Rafmagnseftirliti ríkisins bréf og spurði margs þetta varðandi.

Eftir ýmsum leiðum komst ég á þá skoðun að í mörgu væri hér ábótavant, þannig þó sérstaklega að erfitt reyndist um vik oft og tíðum að framfylgja skýrum lögum og reglugerðarákvæðum hér að lútandi. Alveg sérstaklega virtist þetta eiga við um vinnustaði ýmiss konar og stór fyrirtæki sem oftlega þverskölluðust við því sem fyrirskipað var. Svokallað „gamal-eftirlit“, eftirlit eldri húsa og fyrirtækja og framkvæmdir til úrbóta þar, reyndist ekki sem skyldi að því er ég fékk best séð. Einnig varð mér ljóst af nánari kynningu við málið allt að óeðlilegt hlýtur að vera að Rafmagnseftirlitið lúti yfirstjórn stofnunar sem það á að hafa eftirlit með að nokkru. Mér sýndist og sýnist enn allmjög á það skorta að vald eftirlitsins og sjálfstæði sé nægilegt.

Mér var kunnugt um ýmsar viðræður milli einstakra aðila og fulltrúa stofnana um þetta mál í heild svo og um fund ráðh. með ýmsum aðilum, sem þetta snerti, sem leiddi til þessarar nefndarskipunar. Því er um þetta nefndarstarf spurt. Öryggi í þessum efnum er nauðsyn. Eftirlit þarf að vera sem best og virkast. Margvísleg hætta getur af gáleysi og trassaskap stafað, m. a. er lífi manna og eignum vá búin. Það þarf að vera fullkomlega kleift að loka vinnustað ef þörf krefur, banna rafmagnstæki sem ekki eru nægilega örugg, sjá til þess að tryggilega sé frá öllum nýlögnum gengið. Ég hef kynnst persónulega mörgum þeirra, sem hér að vinna, og veit um árvekni þeirra og samviskusemi svo og áhyggjur þeirra af því að geta ekki tryggt starfsárangur sem vera skyldi.

Ég skal ekki eyða lengri orðum að fyrirspurnarefninu, en af nógu er að taka sem sannar að starfssvið umræddrar n. var og erærið og full ástæða til að fá upplýst hvernig mál standa þar nú, hvort raunhæfari úrbóta er að vænta.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrri liðurinn í fyrirspurn hv. 7. landsk. þm. er á þessa leið: „Hvað líður störfum n. frá 1. nóv. 1972 vegna eftirlits með raforkuvirkjum?“

Þessa n. skipaði iðnrh. á sínum tíma samkv. ósk Rafmagnseftirlits ríkisins. N skipa: Jón Á. Bjarnason rafmagnseftirlitsstjóri og er hann formaður n., Gísli Jónsson framkvæmdastjóri samkv. tilnefningu Sambands ísl. rafveitna, Sigurður Magnússon rafverktaki samkv. tilnefningu Landssambands ísl. rafverktaka og Sverrir Ólafsson rafmagnsverkfræðingur samkv. tilnefningu Rafmagnsveitna ríkisins. Verkefni n. var m. a. könnun á starfsemi Rafmagnseftirlits ríkisins, umfangi verkefna, þar með talin starfsemi raffangaprófunar, upplýsingastarfsemi o. fl., og skyldi n. skila skýrslu um störf sín ásamt till. til úrbóta til iðnrh.

20. des. 1973 skilaði n. áfangaskýrslu um störf sín. Þessi skýrsla er allmikið rit og fjallar hún fyrst og fremst um störf Rafmagnseftirlitsins, starfsmannaþörf og húsnæðismál. Það er rétt að taka hér upp örstuttan kafla úr þessari fyrstu skýrslu þar sem segir svo:

„Rafmagnseftirlit ríkisins hefur nú á þessu ári lokið 40 ára starfsferli og má fullyrða að það standi verulega að baki hliðstæðum stofnunum í öðrum menningarlöndum hvað allan aðbúnað, mannafla og tækjakost snertir. Þetta stafar fyrst og fremst af almennu skilningsleysi á þýðingu starfseminnar fyrir þjóðfélagið og hinn almenna notanda.“

Þetta segir í áfangaskýrslu þeirri sem n. skilaði í des. s. l.

Nefndin hefur haldið áfram störfum og hefur form. n. tjáð iðnrn. að fullnaðarskýrslu sé að vænta mjög bráðlega.

Síðari spurningin var þessi: „Hefur n. gert einhverjar till. til rn. um bætt skipulag þessara mála, t. d. að Rafmagnseftirlit ríkisins verði sjálfstæð stofnun?“

Í lokaskýrslu n. verður fjallað um ýmsar till. varðandi bætt skipulag þessara mála, og að því er snertir afstöðu n. til þess, hvort slíta beri tengsl Rafmagnseftirlits ríkisins við Orkustofnun, skal þess getið að þetta mál hefur verið rætt ítarlega á fundum n. og tekin afstaða til þess. Nefndarmenn eru sammála um að fella beri úr

gildi þau ákvæði orkulaga, að Orkustofnun hafi í umboði ríkisstj. yfirumsjón með eftirliti af hálfu ríkisins, og heyrir rafmagnseftirlit þess í stað beint undir ráðh. Jafnframt telur n. nauðsynlegt að skipuð verði stjórnarnefnd fyrir Rafmagnseftirlitið, t. d. 5 manna, og að í n. þessa veljist fulltrúar frá hagsmunasamtökum sem störf eftirlitsins varða einkum. — Þetta er álit eða afstaða nefndarmanna til þessa máls.

Ég vil taka það fram að þetta atriði um að taka Rafmagnseftirlit ríkisins undan stjórn Orkustofnunar og gera það að sjálfstæðri stofnun kemur m. a. fram í samþykkt Sambands ísl. rafveitna sem send var þáv. iðnrh. í marsmánuði 1971, en í þeirri samþykkt Sambands ísl. rafveitna segir svo:

„Með hliðsjón af fram komnum upplýsingum um Rafmagnseftirlit ríkisins og niðurstöðu umræðuhópa samþ. 12. miðsvetrarfundur Sambands ísl. rafveitna 23.—24. febr. 1971 að beina þeim tilmælum til iðnrh. að hann beiti sér fyrir því að Rafmagnseftirlit ríkisins verði gert að sjálfstæðri stofnun sem heyrir beint undir ráðh."

Enn fremur má geta þess að á Alþ. 1970—1971 flutti Jónas Pétursson ásamt 9 öðrum þm. Sjálfstfl. till. til þál. um endurskoðun orkulaga og er þar tekið fram að athuga skuli m. a. hvort ekki sé rétt að ákvæði 6. kafla orkulaga um Rafmagnseftirlit ríkisins verði í sérstökum lögum og að stofnun sú heyri beint undir ráðh. Í grg. segir að flm. telji þá skipan eðlilega.

Iðnrn. mun taka þessar og aðrar till. n. til gaumgæfilegrar athugunar þegar lokaskýrsla n. berst sem mun verða áður en langt um líður, eins og áður er fram tekið.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. hans svör. Mér þykir sannarlega fróðlegt að fá að sjá þá skýrslu sem kemur frá þessari n. þar sem ég hef svo lengi haft áhuga á þessu máli. Spurningin verður auðvitað fyrst og fremst um það hvert verði valdsvið eftirlitsins, hvort það verði nægilega skýrt, hvort það sé nægilega tryggt að eftirlitið geti framfylgt þeim lögum og reglugerðarákvæðum sem hér er um að ræða og snerta kannske, eins og ég benti á áðan, fjölmenna vinnustaði, þar sem einhverju kann að vera ábótavant, og reyndar alveg eins í heimahúsum einnig. Ég efast sem sagt enn um að þetta sé gert kleift og það, sem hæstv. ráðh. vitnaði í úr skýrslunni, sýnir þetta kannske að nokkru. Þar er kvartað yfir mannaflaskorti til þess að eftirlitinu sé nægilega vel sinnt. En ég held að það komi þó þarna enn þá fleira til, sem hefur meiri áhrif, og þá sérstaklega það að þessum starfsmönnum sé gert nægilega kleift að sinna sínu starfi á eðlilegan hátt með eðlilegu valdi.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh. að n. væri sammála um sjálfstæði Rafmagnseftirlits ríkisins. Ég spurði fyrst og fremst um þetta vegna tengsla Rafmagnseftirlits ríkisins annars vegar innan Orkustofnunar og aftur Rafmagnsveitna ríkisins sem þarna eru sá aðili sem Rafmagnseftirlitið þarf að fylgjast sérstaklega með. Það er auðvitað ekki nóg að þetta Rafmagnseftirlit verði sjálfstætt, það felur í raun og veru ekkert nýtt í sér, liggur mér við að segja. Það verður þá að verða virkt og fá nægilegt vald, um leið og það verður hlutverk stjórnskipaðrar nefndar væntanlega eða þingkjörinnar n. að sjá til þess að það gegni hlutverki sínu á fullkomlega eðlilegan hátt.

Þetta var það, sem ég átti við í sambandi við sjálfstæði Rafmagnseftirlitsins, að það væri ekki tengt eða á nokkurn hátt háð Rafmagnsveitum ríkisins. Það taldi ég mjög óeðlilegt, miðað við það að þar fer fram mjög nauðsynlegt eftirlit einmitt með þeirri starfsemi allri.

Landshlutaáætlun Norður-Þingeyjarsýslu, fsp. (þskj. 54). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Á þskj. 54 hef ég leyft mér að flytja fsp. til hæstv. forsrh. um það, hvað liði gerð landshlutaáætlunar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu. Þessi áætlun er unnin samkvæmt ályktun Alþingis 25. apríl 1972, en samkv. upplýsingum þáv. hæstv. forsrh. 12 mars s. l. voru frumskýrslur um undirbúningsathuganir í tengslum við áætlunina lagðar fyrir áætlanadeild og framkvæmdaráð Framkvæmdastofnunarinnar um þær mundir.

Eins og hinu háa Alþ. er kunnugt lágu skýr og afgerandi rök fyrir því á sínum tíma að sérstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að tryggja byggð í Norður-Þingeyjarsýslu. Þar eru landkostir góðir og gjöful fiskimið skammt undan. Raunar má segja að á vissum tímum sé Þistilfjörðurinn forðabúr fyrir smábátaflotann á Norður- og Norðausturlandi. Á síðustu árum hefur þróast upp traust smábátaútgerð í sjávarplássunum nyrðra, einkum á Þórshöfn, en Raufarhöfn byggir mest á skuttogaraútgerð eins og kunnugt er. Ástæða er til að minna á það enn fremur að Raufarhafnarbúar byggðu afkomu sína nær eingöngu á síldarútvegi á sínum tíma og urðu fyrir alvarlegum búsifjum er sú útgerð lagðist niður.

Það er ekki ósanngjarnt að ætlast til þess að þessar staðreyndir séu hafðar í huga nú þegar sérstakar ráðstafanir eru gerðar til þess að efla byggð í Norður-Þingeyjarsýslu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um hin almennu rök fyrir heilbrigðri byggðastefnu. Þegar til lengdar lætur er vafalaust að það borgar sig fyrir þjóðarbúið að halda landinu öllu í byggð, bæði frá þjóðhagslegu sjónarmiði þröngt skoðað, en ekki síður í menningarlegu tilliti almennt.

Það hafa orðið mér mikil vonbrigði að landshlutaáætlun Norður-Þingeyjarsýslu skuli enn ekki komin til framkvæmda að neinu leyti og að ekki skuli liggja fyrir till. um fjárútveganir í því sambandi. Af þeim sökum hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. forsrh. á þskj. 54:

„1. Hvað líður gerð landshlutaáætlunar Norður-Þingeyjarsýslu?

2. Til hvaða þátta er henni ætlað að ná?"

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í tilefni fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e., Halldórs Blöndals, hef ég óskað eftir upplýsingum frá áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og

vil leyfa mér að lesa hér svör áætlanadeildar varðandi efni fyrirspurnanna. Bjarni Bragi Jónsson segir fyrir hönd áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins eftirfarandi:

„Starf að almennri byggðaþróunaráætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu hófst vorið 1973. Verkið er unnið á vegum áætlanadeildar, en þar sem önnur verkefni sátu þá í fyrirrúmi var Verkfræðistofu Guðmundar Óskarssonar falið verkefnið undir umsjón áætlanadeildar. Nú fyrir skömmu hefur verið skilað heildarskýrslu um verkefnið. Er skýrslan nú til athugunar hjá stofnuninni og hefur jafnframt verið afhent Fjórðungssambandi Norðlendinga til athugunar. Munu á næstunni teknar ákvarðanir um hvernig samráði við heimamenn og annarri framhaldsmeðferð skýrslunnar verður hagað, þar á meðal um væntanlega birtingu hennar.

Varðandi 2. lið fyrirspurnarinnar, þ. e. til hvaða þátta áætluninni er ætlað að ná, er það að segja að áætlanagerð þessi er alhliða, þ. e. tekur til allra þátta byggðaþróunar eftir því sem heimildir ná til. Tillögugerð innan ramma áætlunarinnar getur því verið hvort sem er á sviði atvinnumála, opinberra framkvæmda og þjónustu eða húsnæðismála, almennra félagsmála o. s. frv. Þó skal á það bent að samgönguáætlun Norðurlands hefur jafnframt tekið til Norður-Þingeyjarsýslu.

Að svo stöddu geta þessar upplýsingar tæpast orðið ítarlegri.

Virðingarfyllst,
Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild,
Bjarni Bragi Jónsson."

Ég vil aðeins til viðbótar þessu láta það í ljós að ég er sammála hv. 4. þm. Norðurl. e. hvað snertir mikilvægi byggðaþróunar og þar af leiðandi hvað snertir mikilvægi þess að flýta þeirri landshlutaáætlanagerð sem hér um ræðir.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans og fyrir þær undirtektir sem þetta mál hefur hlotið hjá honum. Ég vil minna á í þessu sambandi sérstaklega að í Norður-Þingeyjarsýslu hefur t. d. landbúnaður átt við erfiðleika að stríða vegna kals og kaldrar veðráttu á síðasta áratug og ég álít að nú séu aðstæður þar þannig að eðlilegt sé að landbúnaðurinn þar verði tekinn sömu tökum eða með svipuðum hætti og gert var í Inn-Djúpi og verði höfð svipuð vinnubrögð. Það er enginn vafi á því að það má verulega efla allan landbúnað og þar með byggð í Norður-Þingeyjarsýslu með því að huga sérstaklega að þeim málum, en láta þessa landshlutaáætlun ekki ná einvörðungu til sjávarplássanna og til almennra félags- og heilbrigðisþátta.

Ég vil enn fremur beina því til hæstv. forsrh. og til hæstv. iðnrh., hvort þeir geti tekið það til athugunar að Norður-Þingeyjarsýsla verði látin hafa sérstöðu í sambandi við húshitun og rafmagnsmál almennt. Ég álít að það sé ástæða til þess að taka upp þá stefnu á þessu svæði og annars staðar, þar sem ástæður eru svipaðar, að heimila þegar í stað húshitun með rafmagni í nýjum húsum þótt hins vegar sé ekki hægt að fara út á þá braut almennt. Í þessari sýslu má rökstyðja þetta sérstaklega m. a. með því að fyrirsjáanlegt er að ekki muni verða um það að ræða að hús þar verði hituð með hveraorku.

Ég vil því ítreka þakkir mínar til hæstv. forsrh. og þær góðu undirtektir, sem þetta mál hefur fengið, og vænti þess að þess verði ekki langt að bíða að eitthvað raunhæft og áþreifanlegt komi út úr þessari áætlunargerð.

Sjónvarpsskilyrði á fiskimiðum umhverfis landið, fsp. (þskj. 49). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Hinn 14. apríl 1973 var samþ. hér á Alþ. till. til þál. um könnun sjónvarpsskilyrða á fiskimiðum umhverfis landið og gerð kostnaðaráætlunar í því sambandi. Þessi þáltill. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna ítarlega skilyrði til móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðunum umhverfis landið. Jafnframt verði gerð kostnaðaráætlun um úrbætur í þessum efnum ef þeirra reynist þörf. Umræddri könnun og kostnaðaráætlun skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Svo mörg voru þau orð. Samkvæmt þessari þáltill. átti könnun þessari og kostnaðaráætlun að vera lokið áður en þing kom saman haustið 1973. Þetta varð ekki. Á því þingi gerði ég einnig fsp. um þetta til þáv. hæstv. menntmrh. og hann upplýsti þá að sú könnun væri í gangi, en væri ekki lokið. Enn hefur ekkert bólað á þessu máli og ég hef því leyft mér að leggja fram á þskj. 49 svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„1. Hvað líður framkvæmd þál. þeirrar sem samþ. var á Alþ. hinn 14. apríl 1973, um könnun á móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðum umhverfis landið, og gerð kostnaðaráætlunar um úrbætur ef þeirra reynist þörf?

2. Er þess að vænta að niðurstöður umræddrar könnunar og kostnaðaráætlun varðandi framkvæmdir verði lagðar fyrir yfirstandandi þing?"

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessi könnun hefur farið fram og skýrsla liggur nú fyrir. Hún er nokkuð löng og í stað þess að lesa hana alla mun ég leitast við að svara fsp. í fáum orðum, en afhenda hv. fyrirspyrjanda skýrsluna nú þegar. En svo alveg á næstu dögum verður henni dreift til hv. alþm. Svar mitt við fsp. sjálfri er svona:

Í framhaldi af nefndri þál. frá 14. apríl 1973 ritaði menntmrn. Ríkisútvarpinu og bað um að könnun sú yrði framkvæmd sem ályktunin fjallar um. Hefur póst- og símamálastjórnin, sem fer með þessi mál fyrir útvarpið, skilað skýrslu um málið hinn 15. þ. m. Segir þar að þegar hafist hafi verið handa um undirbúning sjónvarpsdreifikerfisins fyrir landið á árinu 1964 hafi eingöngu verið miðað við að skapa skilyrði til viðtöku sjónvarps á byggðum svæðum landsins. Dreifing sjónvarps yfir miðin og önnur hafsvæði eigi sér því einungis stað þar sem sjónvarpsstöðvar hafi verið byggðar nálægt sjó og lega byggðarinnar, sem þær áttu að þjóna, verið slík að miklum hluta útgeislunarinnar hafi verið beint út á haf. Megi

í því sambandi nefna stöðvarnar á Vatnsenda, í Stykkishólmi, á Hnjúkum í Hegranesi, á Vaðlaheiði, Húsavík, Heiðarfjalli, Gagnheiði, Háfelli, Vestmannaeyjum og Þorbirni. Þjónustusvæði þessara stöðva séu slitrótt og nái sjaldnast 25 sjómílur frá grunnlínu landhelginnar. En gerðar hafi verið ítarlegar athuganir á hugsanlegum úrbótum í þessum efnum. Hafi þær athuganir beinst að því að ná út að þeim mörkum sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands telur æskileg, en þau eru 20—30 sjómílur frá núverandi grunnlínupunktum, að undanskilinni Kolbeinsey.

Það kom fljótlega í ljós að staðsetning núverand sjónvarpsstöðva er ekki slík að þær geti komið að verulegu gagni fyrir miðin og yrði því að leggja í mjög verulegar nýjar framkvæmdir til þess að unnt yrði að veita viðunandi þjónustu í þessum efnum fyrir fiskimið. Eins og kemur fram í skýrslunni er talið að stofnkostnaður í þessu sambandi yrði um 603 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 23.5 millj. kr. og þá er miðað við verðlag í byrjun okt. 1974. Ef í slíkar framkvæmdir yrði ráðist mætti hugsa sér að framkvæmdatíminn yrði u. þ. b. 4 ár, segja sérfræðingarnir.

Svar mitt við fsp. er ekki lengra, en eins og ég sagði áðan, ég afhendi hv. fyrirspyrjanda hér á eftir ljósriti af skýrslunni og mun á allra næstu dögum og væntanlega í þessari viku láta öllum hv. alþm. hana í té.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég ætla ekki að fara hér að ræða efnislega það sem hann drap á, enda er að því er mér virðist hér um langt mál að ræða. Ég bíð því þess að fá að sjá þetta merkilega plagg. En ég fagna því sem sagt að þessu er lokið, þó að seint sé. En betra er seint en aldrei, og ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin.

Kennsla í sjúkra- og iðjuþjálfun, fsp. (þskj. 21). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 21 leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. menntmrh.:

„Hvað veldur þeirri miklu töf sem orðið hefur á opnun námsbrautar í sjúkra- og iðjuþjálfun við Háskóla Íslands?“

Þörf heilbrigðisþjónustunnar fyrir sérfróðan vinnukraft fer stöðugt vaxandi. Meðal þessara stétta eru sjúkraþjálfarar. Árum saman hefur okkur vantað tugi sjúkraþjálfara til starfa á heilbrigðisstofnunum okkar. Orsökin er aukin slysatíðni, hækkaður meðalaldur ásamt meiri fjölbreytni í störfum sjúkraþjálfara, aukinn skilningur á gildi sjúkraþjálfunar o. s. frv. Þá er nú svo, að það er óhugsandi að stunda lækninga- og endurhæfingarstarfsemi með viðunandi árangri án þess að geta notið þessara starfskrafta.

Það munu nú vera um 5 ár síðan yfirlæknir Reykjalundar, Haukur Þórðarson, fór að vinna að því að koma hér á fót kennslu fyrir sjúkra- og iðjuþjálfara sem sérstakri námsbraut við Háskóla Íslands. Hingað til hafa okkar sjúkra- og iðjuþjálfarar orðið að sækja menntun sína til útlanda. En það gerist æ erfiðara að fá skólavist erlendis og er ekki annað sjáanlegt en að framundan sé vandræðaástand í þessum efnum hjá okkur. Læknadeild og Háskóli Íslands munu hafa áhuga á því að opna námsbraut í sjúkra- og iðjuþjálfun og það eru tugir ungmenna sem bíða eftir tækifæri til þess að fá að nema þessi fræði. Enn fremur er fjöldi stofnana sem bíður eftir starfskröftum þeirra. En ástandið er svo nú, að mér er sagt, að á stærstu sjúkraþjálfunarstöð landsins, þjálfunarstöð Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, eru aðeins 3 stöður fullskipaðar, en þyrftu að vera 12. Þar er húsnæði fyrir hendi, þar eru tæki fyrir hendi, sjúklingarnir bíða, en það vantar aðeins þennan nauðsynlega sérfróða starfskraft. Og ótal stofnanir aðrar í landinu vantar þjálfara. Það þyrfti að ráða svo sem 40 til viðbótar nú þegar.

Þegar nýja heilbrigðislöggjöfin fer að virka, en hún gerir ráð fyrir sjúkraþjálfara á hverri heilsugæslustöð, er sýnilegt að þörfin vex til mikilla muna. Nýjar og auknar aðgerðir á bækluðu fólki kalla einnig á aukið starfslið á þessu sviði. Meðan svona er ástatt eru innlendir og erlendir sérfræðingar að velta því fyrir sér árum saman hvernig eigi að fara að því að opna þessa margumtöluðu námsbraut við Háskóla Íslands. Því spyr ég hæstv. menntmrh.: „Hvað veldur þeirri miklu töf sem orðið hefur á opnun námsbrautar í sjúkra- og iðjuþjálfun við Háskóla Íslands?“ Og í öðru lagi: „Hvenær hefst kennsla í þessum fræðum?“

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er hverju orði sannara hjá hv. fyrirspyrjanda að hér er um mikið alvörumál að ræða. Það virðist ekki vera ýkjalangt síðan stjórnarvöld fóru að taka það nokkuð föstum tökum, þó að þörfin hafi e. t. v. verið augljós áður. Ég hef látið athuga gang málsins í rn. og fengið yfirlit um hann, sem ég ætla hér með að kynna, og verða það svör mín við spurningum hv. fyrirspyrjanda:

Með bréfi, dags. 3. júlí 1973, skipaði menntmrn. n. til að athuga möguleika á því að stofnað yrði hér á landi til menntunar sjúkra- og iðjuþjálfa og hvernig slíku námi yrði fyrir komið. Í n. voru skipuð Þórður Einarsson fulltrúi í menntmrn. formaður, Hannes Blöndal prófessor, skipaður skv. tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands, Haukur Þórðarson yfirlæknir, skipaður skv. tilnefningu Læknafélags Íslands, Guðlaug Sveinbjarnardóttir sjúkraþjálfari, skipuð skv. tilnefningu heilbr.- og trmrn. og María Þorsteinsdóttir sjúkraþjálfari, skipuð skv. tilnefningu Félags ísl. sjúkraþjálfara. Með bréfi rn., dags. 6. mars 1974, var sú breyting gerð á skipun n. að Runólfur Þórarinsson fulltrúi í menntmrn. var skipaður form. í stað Þórðar Einarssonar, sem óskaði eftir því að verða leystur frá formennsku þar eð hann hafði þá látið af starfi í menntmrn.

Nefnd þessi hefur þegar haldið allmarga fundi og boðaði á tvo þeirra sex kennara við læknadeild Háskóla Íslands, þrjá í hvort skipti. Var einkum rætt um möguleika á því að tengja kennslu í sjúkraþjálfun að einhverju leyti kennslu

í læknadeild. Nm. og þeim aðilum, sem n. hefur rætt við, er ljóst að ýms vandkvæði eru á því að koma kennslu í sjúkraþjálfun á fót, m. a. vegna skorts á kennurum. Eini íslenski sjúkraþjálfarakennarinn, frú Ella Kolbrún Kristinsdóttir, er nýlega komin til landsins eftir 3 ára kennslustarf í Bretlandi og vinnur sem ráðgefandi aðili með fyrrgreindri nefnd.

Þá er og þess að geta að sjúkraþjálfararnir í n., þær Guðlaug Sveinbjarnardóttir og María Þorsteinsdóttir, sóttu alþjóðlegt þing sjúkraþjálfara sem haldið var í Montreal í Kanada síðari hluta júnímánaðar. Þeim var falið af rn. að afla upplýsinga um kennslu í sjúkraþjálfun, einkum þó í Kanada, og safna ýmsum gögnum þar að lútandi. Grg. þeirra var síðan send deildarráði læknadeildar Háskólans til umsagnar og lýsti deildarráð sig eindregið fylgjandi þeim hugmyndum, sem fram komu í grg., að samstarf yrði haft við háskólann í Manitoba um að koma á fót kennslu í sjúkraþjálfun hér á landi. Í framhaldi af þessu hefur rn. ritað háskólanum í Manitoba og óskað eftir fyrirgreiðslu og aðstoð við að koma fyrrgreindri kennslu á fót. Má gera ráð fyrir að fulltrúi frá þeim háskóla komi alveg á næstunni, ég hygg núna upp úr mánaðamótunum, til viðræðna og ráðleggingar um þessi mál. Vonir standa til að unnt reynist að hefja kennslu haustið 1975 ef allt gengur að óskum og fjárveiting verður veitt til þess á fjárl. næsta árs. Háskólinn hefur lagt fram beiðni um 3 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni og mun ég vinna að því að sú fjárveiting fáist.

Um kennslu í iðjuþjálfun er það hins vegar að segja að samkv. upplýsingum fyrrgreindrar n. er enn engin vinnunámsaðstaða fyrir hendi og skortur er á iðjuþjálfurum sem gætu verið ábyrgir fyrir kennslu í þeirri grein. Gera má þó ráð fyrir að unnt reynist að hefja undirbúning að kennslu í iðjuþjálfun innan 3—4 ára.

Þetta er það yfirlit, sem ég hef fengið um málið frá rn., og ég hef engu við það að bæta öðru en því, að ég mun fyrir mitt leyti gera það sem mér er unnt til að greiða fyrir framgangi þessa mikla nauðsynjamáls.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og ágætar undirtektir. Ég veit að hann gerir sér ljóst hvílíkt nauðsynjamál hér er um að ræða. Ég vil ekki neita því að ein meginástæðan fyrir því, að ég ber nú í þriðja sinn þessa fsp. fram, er sú að það er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til þessa máls í frv. til fjárl. 1975. En mé þykir vænt um að heyra að nú er kominn skriður á málið og að úr þessu muni verða bætt.

Það er mikið talað um vöntun á kennslukröftum, en ég verð að segja það að ég hef aldrei getað fallist á að við gætum ekki menntað sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara úr því að við getum menntað lækna. Verulegur hluti af sjúkraþjálfaranáminu fer fram jafnhliða fyrstu námsárum læknadeildar og ég held að Háskólinn hafi einmitt áhuga á því að koma þessu saman. Hér hafa verið að störfum um áratugi ágætir sjúkraþjálfarar og ég efast ekki um að þeir séu færir um að kenna, og eins og menntmrh.. hæstv. drap á er hér líka sjúkraþjálfari sem hefur fengið sérskólun til kennslu. Ég held því að slíkt sé ekki fyrir hendi lengur, við séum vel færir um að hefja þessa kennslu og hvert árið sem það dregst geti hins vegar orðið okkur dýrkeypt. Það er mjög slæmt fyrir okkur ef það dregst miklu lengur að hefja þetta nám, vegna þess að þetta er 3—4 ára nám og við erum þegar í öngþveiti í þessum efnum.

Endurvarpsstöðvar sjónvarps á Austurlandi fsp. (þskj. 31). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 31, svo hljóðandi:

„1. Hve margar smærri endurvarpsstöðvar fyrir einstök byggðarlög á Austurlandi eru í umsjá og eigu heimaaðila?

2. Hvenær ráðgerir Sjónvarpið að fullkomna þessar stöðvar og yfirtaka rekstur þeirra að fullu?“

Þetta mál er okkur báðum mætavel kunnugt sem og sjónvarpsmál austfirðinga yfirleitt. Því ber ég fram fsp. þessa. Um hana hafa komið eindregnar óskir austan að og menn þar eins og ég einnig vita góðan hug hæstv. ráðh. í þessu máli og vænta því úrbóta. Það er reyndar ekki aðeins í þessu einangraða máli sem úrbóta er vænst, úrbóta sem forráðamenn Sjónvarpsins hafa daufheyrst við þó að fast hafi verið knúið á, jafnt af okkur þm. sem austfirðingum yfirleitt. Segja mætti að það væri raunar nær að byrja á byrjuninni, þ. e. hljóðvarpinu okkar blessuðu, sem enn eftir meira en 3 áratugi heyrist vægast sagt misjafnlega og stundum alls ekki sums staðar þar eystra. Það hefur ótvírætt verið lögð þar áhersla á margt annað frekar en góða dreifingu útvarpsefnisins, og hún virðist a. m. k. í litlu samræmi við lenginguna á dagskránni. Sjónvarpsdreifing á Austurlandi er annars um tvennt athugunar- og úrbótaverð. Annars vegar nær sjónvarp alls ekki til fjölmennra byggðarlaga, og hins vegar eru skilyrði vægast sagt léleg, þar sem þau þó eiga að vera fyrir hendi.

Í öllu þessu treysti ég mjög á framtak hæstv. menntmrh. og veit, að hann mun þar einskis láta ófreistað að ráða bót á því óviðunandi ástandi, sem viðgengst með að því er virðist fullri velþóknun þessarar virðulegu þjónustustofnunar alls landsfólksins.

En hvað sjálfa fsp. snertir beint er forsaga þess máls sú að heimamenn á nokkrum stöðum eystra vildu ekki bíða sjónvarpssendinga eftir áætlun Sjónvarpsins heldur komu upp stöðvum í samráði við þá aðila sem hér eiga hlut að, Sjónvarpið og Landssíma Íslands, sem í umboði þess annast tæknihlið dreifingarinnar. Stöðvarnar átti svo að yfirtaka síðar. Margar voru af vanefnum gerðar, en hvergi þannig að unnið að bryti í bága við framtíðarlausn. Ég hygg að samkv. öllum áætlunum ætti Sjónvarpið fyrir löngu að hafa tekið stöðvar þessar að sér og eflaust er svo um einhverjar þeirra, en um aðrar gildir það að enn hafa heimamenn allan veg og vanda

og ýmsan kostnað af þessum stöðvum. Því er um það spurt, hversu margar þessar stöðvar séu og hvenær Sjónvarpið hyggist bæta ráð sitt, — raunar í heild, en um það efni hefði fsp. ef til vill frekar átt að fjalla. Það hef ég hins vegar áður spurt um og fengið svör sem fólu í sér viss fyrirheit, sem ég held að séu óefnd að miklu eða öllu leyti í dag. A. m. k. hef ég ekki sem sjónvarpsnotandi eystra orðið þeirra tiltakanlega var. Þrátt fyrir þessar og aðrar vanefndir þessarar stofnunar við okkur austfirðinga væri fróðlegt að vita, hvort ekki væri a. m. k. mögulegt að koma hér til móts við óskir heimamanna sem fyrst, taka af þeirra herðum reksturinn að fullu og sakaði þá ekki að huga duggunarlítið að öllu hinu í leiðinni.

Mig langar svo aðeins að víkja örfáum orðum að smáfyrirspurn um sjónvarpsmál þeirra er syðst búa í Múlasýslum, þ. e. þeirra í Geithellnahreppnum. Þeir treysta nú mjög á það að fá sjónvarp til sín sem fyrst, þar eð bæði vegur og rafmagn er nú til staðar varðandi þann fyrirhugaða stað sem endurvarpsstöð á að rísa á fyrir Álftafjörðinn. Af því að ég veit að hæstv. ráðh. hefur athugað mál þetta sérstaklega nú nýlega þætti mér vænt um að fá einnig hér upplýst hver staða þessa máls er nú í dag.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil út af þessari fsp. geta þess að vegna umr. um dreifingu sjónvarps, fsp. og tillöguflutnings á Alþ. oft áður, hefur menntmrn. látið gera ítarlega skýrslu um þessi efni í heild og ég vonast til þess að geta látið þm. hana í té, fjölritaða eða ljósritaða, alveg á næstunni, væntanlega í næstu viku. Ég vil líka segja það, áður en ég svara fsp. beint, að ég lít svo á að það að ljúka dreifingu sjónvarpsins um landið það sé hreint mannréttindamál. Það hefur staðið upp á okkur með þetta, hv. alþm., að hlutast til um að þessu máli yrði lokið. Það hefur síðustu 2—3 árin nálega ekkert verið aukið við sjónvarpskerfið. Það þýðir ekki annað en að segja það eins og er. Þetta er auðvitað fyrst og fremst vegna þess að ekki hafa ekki verið tiltækir fjármunir til þess að fara í þetta verkefni, en þetta er að mínum dómi, bókstaflega talað, orðið mannréttindamál sem ég tel að við verðum að taka rögg á okkur, hv. alþm., þeir sem fjárveitingavaldið hafa og umráð yfir þessum hlutum, og ráða bót þar á.

Fsp. sjálfri, sem er í tveimur liðum, vil ég svara þannig: Fyrst er spurt: „Hve margar smærri endurvarpsstöðvar fyrir einstök byggðarlög á Austurlandi eru í umsjá og eigu heimaaðila?“ — Svarið er: Samkv. upplýsingum frá Landssíma Íslands eru 4 endurvarpsstöðvar á Austurlandi, enn sem komið er, bráðabirgðastöðvar, þ. e. að þær búa við ófullkomna aðstöðu. Þessar stöðvar eru á Breiðdalsvík, Stöðvarfirði, Reyðarfirði og Jökuldal. Þó er komin endanleg rafmagnslína á Seyðisfirði og endanlegt mastur á Reyðarfirði. Heimamenn hafa eftirlit með þessum stöðvum öllum, en viðgerðir á tækjabúnaði annast tæknimenn Landssímans. Allur tækjabúnaður stöðvanna hefur verið greiddur af Ríkisútvarpinu og er í eigu þess. Hins vegar lögðu heimamenn á sig mikla vinnu og sums staðar fjármuni til þess að flýta því að þessar stöðvar kæmust upp. Á það við um nokkra aðra staði víðs vegar um landið. Útlagður kostnaður heimamanna í þessu sambandi hefur verið endurgreiddur að því leyti sem endurgreiðslu hefur verið óskað og eigi er vitað til að nokkrir eigi óinnleystar kröfur á hendur Ríkisútvarpinu af þessu tilefni, segja þeir vísu menn.

Svo er seinni fyrirspurnin: „Hvenær ráðgerir Sjónvarpið að fullkomna þessar stöðvar og yfirtaka rekstur þeirra að fullu?“ — Þar er svarið: Landssími Íslands hefur að beiðni Ríkisútvapsins gert áætlun um kostnað vegna aðkallandi verkefna við endurbyggingu eða endurbætur nokkurra endurvarpsstöðva sjónvarps. Nær þessi áætlun til 11 endurvarpsstöðva, þ. á m. Breiðdalsvíkur. Áætlaður kostnaður við bráðabirgðaaðgerð þar er 250 000 kr. og Stöðvarfjarðarstöðina kostar um 2.6 millj. að fullgera. Kostnaður vegna þessara 11 stöðva, sem áætlun hefur verið gerð um, er alls 22.9 millj. kr. Í annan stað hefur Landssíminn gert aðra áætlun, er nær til 16 annarra stöðva, og greinir þar hver er áætlaður kostnaður við endurbætur og frágang þeirra. Heildarkostnaður er áætlaður 35.4 millj. kr., þar af fullnaðarfrágangur á stöðinni á Breiðdalsvík 5.9 millj. kr. og á Reyðarfirði 2.85 millj. kr. Í þriðja lagi hefur svo Landssíminn gert áætlun um byggingu 14 nýrra stöðva vegna landssvæða sem enn hafa ekki komist í sjónvarpssamband. Heildarkostnaður þeirra framkvæmda er 49.5 millj. kr. Um það bil þriðjungur þessa kostnaðar er vegna nýrra stöðva á Austurlandi. Ríkisútvarpið hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að ráðast í þessar framkvæmdir og augljóst er að þær verður að fjármagna með lántökum. Eftir heimild til lántöku hefur enn ekki verið leitað af Ríkisútvarpsins hálfu.

Þetta eru sem sagt svörin við hinum prentuðu fsp.

Þá vil ég í tilefni af fsp., sem hv. fyrirspyrjandi beindi til mín að auki um hvað líði framkvæmdum í Álftafirði austur, geta þess að ég hef rætt þetta mál ítrekað í haust og vetur við hlutaðeigandur. Seinast, þegar þessi fsp. var komin fram, óskaði ég eftir alveg beinum svörum og helst skriflegum við því hvernig þetta mál stæði. Fékk ég þau með bréfi frá útvarpsstjóra, dags. 19. nóv. 1974, sem hann kallar minnisblað um sjónvarp í Álftafirði, og þar segir:

„1. Sendistöðin á Djúpavogi, sem sendir merki til Álftafjarðar, er starfandi“ — og ég vil bæta því við að til skamms tíma hefur þessi stöð tæplega verið það góð að hún geti fullnægt því að vera nauðsynlegur og fullgildur millilið og matað þá stöð sem áformað er að byggja í Álftafirði. En úr því er annaðhvort búið að bæta ellegar það verður gert alveg á næstunni. — „2. Lögð hefur verið raflína og vegur að þeim stað sem valinn hefur verið Álftafjarðarstöðinni. Nýbúið er að semja við verktaka um smíði mannvirkja, en óvíst hvenær hægt verður að hefjast handa (það er nokkuð undir veðri komið). Senditæki og mastur er til, loftnet hefur verið pantað. Landssíminn treystir sér ekki að lofa neinu ákveðnu um það hvenær stöðin fari í gang, fremur en þessar upplýsingar gefa til kynna.“

Þetta var bréf útvarpsstjóra frá 19. nóv. um þetta sérstaka atriði. Þá held ég að ég hafi svarað fsp. nokkurn veginn, en vil árétta það að ég mun geta dreift til hv. alþm. skýrslu um þá vitneskju sem fyrir liggur varðandi það sem eftir er að framkvæma til þess að sjónvarpið nái til allra landsmanna.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég taldi mig vera tilknúinn að taka til máls um þessa fsp. þó að ekki væri til annars en vekja athygli á því að það er ekki aðeins á Austurlandi sem móttökuskilyrði sjónvarps eru slæm og móttökuskilyrði útvarps hafa lengi verið mjög slæm. Hvað því líður, hvort engir íslendingar eigi nú fjárkröfur á Sjónvarpið vegna akostnaðar sem þeir hafi lagt út í sem einkaaðilar til þess að koma á sjónvarpssambandi í byggðarlögum sínum, hvað þá kröfu varðar veit ég það persónulega og af gamalli raun og ég veit að hæstv. menntmrh. kannast lítils háttar við það að austfirðingar og íbúar Norðausturlands, langleiðina til Akureyrar, eiga sannarlega óbættar kröfur á hendur Ríkisútvarpinu fyrir slæm hlustunarskilyrði lengi. Allar götur frá því að Ríkisútvarpið byrjaði útsendingar sínar hafa austfirðingar og íbúar Norðausturlands goldið afnotagjald af útvarpi án þess að geta raunverulega notið þeirrar dagskrár sem þeir hafa verið að borga fyrir.

Nú virðist hæstv. menntmrh. hafa fengið öllu ljósari svör, þótt æði væri þau loðin, um fyrirætlanir Ríkisútvarpsins í þessum efnum heldur en oft hafa áður fengist. Mér er það minnisstætt að fyrir 8 árum kom þm. Austf. frá útvarpsstjóra eftir að hafa innt hann frétta af fyrirhuguðum framkvæmdum til þess að bæta úr hlustunarskilyrðum á Austurlandi með þau svör að það hefði í sjálfu sér aldrei verið stefna Ríkisútvarpsins að heyrast út um hvippinn og hvappinn.

Sannleikurinn í málinu var sá að þannig var að stofnuninni búið þá, að útvarpsstjóri átti, þegar að honum var kreppt, ekki hægt um vik að gefa nokkur fyrirheit um úrbætur í þessum málum. Sannleikurinn er sá að þannig er búið að fjárhag Ríkisútvarpsins enn í dag að ljós svör verða ekki gefin um það hvenær verður bætt úr hinum og þessum tæknilegum ágöllum varðandi sendingar útvarpsins. Ef við ætlum okkur raunverulega að koma einhverju til leiðar í þá átt að bætt verði sendingarskilyrði sjónvarps og útvarps um hinar dreifðu byggðir landsins verðum við að sjá Ríkisútvarpinu fyrir fjármunum til þess.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. góð svör hans og góðar undirtektir um leið. Ég fagna því framtaki sérstaklega að við skulum fá hér í hendur innan fárra daga ítarlega skýrslu um þetta má í heild. Það er vissulega kominn tími til að þessi stofnun geri hreint fyrir sínum dyrum varðandi þetta, því að það er satt sem hæstv. ráðh. sagði, það hefur ekkert verið aukið við sjónvarpskerfið, má segja, nú síðustu tvö ár. Því er til svarað af þessari stofnun að fjármagn vanti og fjárvöntun sé mikil hjá stofnuninni í heild. Það var upplýst hér áðan að ekki hefur þessi stofnun þó leitað heimildar til lántöku til þessara framkvæmda sem væru þó brýnastar í þessum efnum. Mér er til efs að fjármagnið hjá þessari ágætu stofnun hafi farið í annað þarfara á undanförnum tveim árum en að bæta og auka dreifingu sem mest.

Ég vil ítreka óskir mínar um það að úr því að málið er svona langt komið fyrir þá í Álftafirðinum, þá verði ekki látið þar við sitja, heldur fái þeir sína endurvarpsstöð. Það er að vísu um sameiginlegt átak að ræða hjá okkur hæstv. ráðh. ásamt með öðrum þm. kjördæmisins, að þeir nái sem fyrst fram þessari eðlilegu og sjálfsögðu ósk sinni.

En varðandi sjónvarpsdreifinguna almennt langar mig aðeins að benda á þetta: Ég held að ef ástandið batnar þar ekki til mikilla muna og það mjög skjótlega, þá hlýtur að því að koma að hin hlið málsins verði skoðuð, þ. e. a. s. afnotagjöldin. Óbreytt eða lítt breytt ástand frá því sem nú er kallar á breytta tilhögun þeirra. Og ég skýt því hér inn að það mætti gjarnan hugsa sér að afnotagjöld sjónvarps lækkuðu að ákveðnum hundraðshluta, t. d. eftir því hve marga senda þarf að fara í gegnum með sjónvarpsefnið. Þetta mun a. m. k. verða tekið til alvarlegrar athugunar ef þessi ágæta stofnun hjakkar áfram í sama farinu hvað varðar dreifingu á sínu efni.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil aðeins láta koma fram tvennt: Annars vegar að fyrirliggjandi eru hjá útvarpinu — eins og ég raunar var búinn að geta um í sambandi við sjónvarpið, en það á líka við um dreifikerfi hljóðvarps, — ég hygg að ég megi segja mjög myndarlega útfærðar áætlanir um það, sem þarf að gera. Hins vegar eru allar fyrirætlanir um framkvæmdirnar út í hött nema séð sé fyrir fjármagni, eins og okkur er öllum ljóst. Í annan stað vil ég minna á það að á sínum tíma voru útvarpsgjöldin nokkuð hliðstæð gjöldum fyrir dagblöð. Þau hafa komist niður í það að vera bara brot af því, sem greiða þarf fyrir áskrift dagblaðs, og þau eru nú í dag miklu lægri, miðað við dagblaðagjöldin, en þau voru í byrjun, þegar þessi stofnun fór í gang, svo að augljóst er að það hefur ekki verið ausið í stofnunina fé.

Ég tel, að fjárveitingavaldið standi í verulega óbættri skuld við þessa stofnun, bæði í sambandi við rekstur almennt og sérstaklega í sambandi við húsbyggingu og fjárveitingar til hennar. Það hefur hvað eftir annað verið leikinn sá leikur að nota fé, sem safnað hefur verið í húsbyggingarsjóð, lána það til annarra hluta. Stofnunin er á töluverðum hrakhólum með húsnæði. En það er önnur saga og kemur þessu ekki við.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar, fsp. (þskj. 54). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. 1. gr. stjórnarskrárinnar er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn."

Ég og ýmsir fleiri hafa túlkað þessa gr. á þá

lund, að þingrofið, eins og það var framkvæmt í vor, fengi ekki staðist heldur hefði átt að miða það við kjördag eins og jafnan hafði verið gert frá stofnun lýðveldis á Íslandi. Nú skal ég ekki hefja deilur um þessi mál hér. Það, sem fyrir mér vakir og við getum vonandi sameinast um, er að við endurskoðun stjórnarskrárinnar verði tekin inn fyllri og skýrari ákvæði um þingrof og annað það sem verða má til styrktar þingræðinu í landinu. Í því sambandi minni ég m. a. á að borið hefur við, bæði í sambandi við ný ríkisútgjöld og önnur mál, að ráðh. hafa virt beinar viljayfirlýsingar Alþ. að vettugi. Er skemmst að minnast framtaks fyrrv. hæstv. menntmrh. Hann hikaði ekki við að hafa að engu fyrirmæli Alþ. um óbreyttar reglur um stafsetningu, heldur bætti gráu ofan á svart með því að auglýsa enn frekari breytingar á stafsetningunni. Það er svo mál út af fyrir sig að hið háa Alþ. skuli ekki hafa stafsetningarreglur í samræmi við ályktanir sjálfs sín.

Sumum kann að þykja þetta sérstaka mál lítilvægt. Það er þó ekki höfuðatriði, heldur hitt, hvort framkvæmdavaldinu sé skylt að framfylgja ályktunum Alþ. og hvernig með skuli farið þegar út af er brugðið.

Ég minni enn fremur á kjördæmaskipunina. Hana verður að taka til gaumgæfilegrar athugunar með það fyrir augum að meiri jafnaðar gæti en nú er. Þá vil ég enn fremur vekja athygli á því að eignarréttarhugtakið verður að taka til algerrar endurskoðunar með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum viðhorfum.

Með tilvísun til þess, sem ég nú hef sagt, hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. forsrh.: „Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar?“

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég hef óskað eftir því við formann þeirrar stjskrn. sem nú er að störfum, Hannibal Valdimarsson, að hann gerði grein fyrir hvað liði störfum stjskrn. og vil leyfa mér að lesa hér upp — með leyfi forseta — svar hans:

„Nefndin hóf störf í sept. 1972 og hefur unnið að verkefni sínu síðan. Er n. hafði á fyrsta fundi sínum skipt með sér verkum urðu nm. sammála um að heppilegt væri á næstu fundum að ræða málið í heild en snúa sér síðan að athugun einstakra efnisþátta stjórnarskrárinnar. Þegar að því kæmi mundi sennilega nauðsynlegt að ráða sérfræðinga til ráðuneytis við n., enda væri ráð fyrir því gert í sjálfri samþykkt Alþ. Var þó talið rétt að fresta því þar til öflun gagna væri að mestu lokið og úrvinnsla úr þeim hafin.

Þá var öflun gagna hérlendis og erlendis næsta verkefni n. Voru fljótlega lagðar fram stjórnarskrár þessara ríkja: Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar, Tékkóslóvakíu, Sambands hinna sósíalísku Sovétlýðvelda, Frakklands og Bandaríkja Norður-Ameríku. Er þessi gögn lágu fyrir n. kom fram ósk um að enn fremur yrði útveguð stjórnarskrá Vestur-Þýskalands, Sviss, Írlands og Niðurlanda. Var þess einnig óskað að þessar stjórnarskrár og þær aðrar, sem ekki væru til á íslensku, yrðu þýddar eða a. m. k. tekinn úr þeim efnisútdráttur á íslensku. Var utanrrn. skrifað og þess óskað að það gerði ráðstafanir til að útvega þessar stjórnarskrár. Einnig voru gerðar ráðstafanir til að fenginn yrði maður til að gera efnisútdrátt úr þessum gögnum þegar þeirra hefði verið aflað.

Auk þessara gagna fengu nm. í hendur till. þær sem á síðari árum hafa verið bornar fram á Alþ. til breytinga á stjórnarskránni. Er þar um að ræða þáltill., er Gísli heitinn Guðmundsson flutti á Alþ. og þáltill., er Gunnar Thoroddsen flutti á Alþ. 1971—1972. Hvorar tveggja till. eru í mörgum liðum og gera þannig ráð fyrir allvíðtækri endurskoðun. Ber margt saman í till. þessum. Efni þessara till. var rætt allrækilega í n. og farið yfir grg. er með þeim fylgdu. Nokkru síðar sendi Ragnar Arnalds n. frv. til stjórnarskipunarlaga sem hann hafði lagt fram ásamt fleiri þm. Alþb. á árunum 1966—1968. Var frv. þetta einnig rætt í nefndinni.

Það mun hafa verið strax á 2. fundi n. sem formaður beindi því til nm. að taka sérstaklega eftirtalin atriði til athugunar:

1. Skipan handhafa forsetavalds í forföllum forseta, hvort menn teldu núverandi skipan á hendi þriggja manna æskilega eða hvort menn teldu réttara að varaforseti væri kjörinn samtímis og á sama hátt og kjör forseta fer fram.
2. Hvort ákvæði um landsdóm skuli haldast eða taka upp aðra skipan, t. d. þá að fela Hæstarétti hlutverk dómsins, en hann hefur svo sem kunnugt er verið óvirkur frá öndverðu og ákvæðin um hann þannig alltaf reynst dauður bókstafur.
3. Hvort halda skuli núverandi deildaskiptingu Alþingis eða breyta því í eina málstofu. Alllöngu eftir að n. hafði rætt þetta atriði barst frv. Benedikts Gröndals um að breyta Alþ. í eina málstofu.
4. Hvort hin evangelisk-lúterska kirkja skuli áfram vera þjóðkirkja á Íslandi.
5. Hvort menn vilji rýmka og auka heimildir stjórnarskrár til þjóðaratkvæðagreiðslna eða láta núgildandi heimildir nægja.
6. Á kjördæmaskipanin, tala þm. og þm.-tala hvers kjördæmis að vera bundin í stjórnarskrá eða aðeins að meira eða minna leyti í kosningalögum?
7. Á að taka viðtæk mannréttindaákvæði inn í sjálfa stjórnarskrána í viðbót við þau sem nú eru talin?
8. Eiga takmarkandi ákvæði um kjörgengi, eins og þau er nú gilda um hæstaréttardómara, að ná til fleiri embættismanna, svo sem bankastjóra, sýslumanna og lækna?

Öll þessi atriði hafa verið rædd meira eða minna í n. og að sumum þeirra vikið oftar en einu sinni. Einna ítarlegastar voru umr. um deildaskiptingu Alþ. Virtust flestir nm. fremur aðhyllast þá skoðun að forsendur fyrir deildaskiptingu væru orðnar svo breyttar að réttara væri að fara að dæmi þeirra nágrannaþjóða sem nú þegar hefðu fellt deildaskiptingu niður og breytt þingum sínum í þing einnar málstofu. Tóku þó flestir nm. rækilega fram að það, sem þeir sögðu á þessu stigi málsins um afstöðu til efnisatriða varðandi þetta og annað, túlkaði persónulegar skoðanir þeirra og væri sagt með fyllsta fyrirvara um samþykki þingflokka þeirra.

Talið var rétt að leita umsagna þingforseta í nágrannalöndum, þar sem deildaskipting hefði verið felld niður, um það hvernig hin nýja skipan hefði reynst í framkvæmd.

Varðandi 5. lið hér að framan, þ. e. um þjóðaratkvgr., létu menn í ljós að þeir væru yfirleitt hlynntir nokkurri rýmkun. Fyrir n. lágu ítarlegar skýrslur um þjóðaratkv. á Íslandi og í nokkrum öðrum löndum samdar af þeim Valdimar heitnum Stefánssyni saksóknara ríkisins og dr. Gauki Jörundssyni. Hafa nm. kynnt sér þessa viðamiklu skýrslu rækilega og hefur verið kosin undirnefnd til að semja álit um þennan efnisþátt stjórnarskrármálsins.

Um 6. liðinn hér að framan, breytingaþörf á kjördæmaskipaninni, fóru einnig fram nokkrar umr. Varð fljótt augljóst að um þetta voru skoðanir mjög skiptar og ólíklegt að n. gæti mótað till. um það nema að höfðu mjög nánu sambandi og samráði við þingflokkana sem vafalaust þurfa að leita samkomulagsleiða sín á milli um lausn þess. Að umr. loknum urðu nm. ásáttir um að láta þetta mál ekki tefja fyrir störfum n. á þessu stigi, heldur leggja það til hliðar um sinn og geyma að taka afstöðu til þeirra atriða, sem kjördæmaskipunina varða, þangað til seinast, þar sem hér væri um að ræða eitt viðkvæmasta pólitíska vandamálið í öllu endurskoðunarstarfinu.

Um það, hversu viðtæk mannréttindaákvæði sé rétt að taka inn í stjórnarskrána og þá hver, hefur verið lagt til í n. að leitað verði til sérfróðra manna er semji um það álitsgerð fyrir nefndina.

Ýmis önnur atriði en hér hefur verið greint frá hafa verið tekin til umr. á fundum n. Í þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar segir að n. beri að leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna, landshlutasamtaka sveitarfélaga og landssambanda stéttarfélaga. Samkv. þessu ákvað stjórnarskrárnefnd á fundi sínum 5. júlí í sumar að rita bréf þeim aðilum sem samkv. þál. ber að leita álits hjá og till. um breyt. á stjórnarskránni. Meginmál bréfsins var svo hljóðandi:

„Hinn 18. maí 1972 samþykkti Alþ. till. til þál. um skipun 7 manna n. til að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í þessari þál. segir m. a.:

„N. ber að leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna, landshlutasambanda sveitarfélaga og landssambanda stéttarfélaga. Hún skal leita álits lagadeildar Háskóla Íslands og hæstaréttar um lögfræðileg efni. Með opinberri tilkynningu skal þeim, sem þess kynnu að óska, gefinn kostur á að koma á framfæri við n. skriflegum og skriflega rökstuddum brtt. við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma sem n. tiltekur.“

Samkv. þessu leitar stjórnarskrárnefndin nú álits yðar og till. til breyt. á stjórnarskránni og óskar þess að svör yðar hafi borist n. eigi síðar en 1. des. n. k.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnarskrárnefndar,
Hannibal Valdimarsson,
Guðmundur Benediktsson.“

Vegna fyrirmælanna í ályktun Alþ. um, að stjórnarskrárnefnd skuli einnig með opinberri tilkynningu gefa sérhverjum þeim, sem þess kynni að óska, kost á að koma á framfæri við n. skriflegum og skriflega rökstuddum brtt. við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma sem n. tiltaki, var svo hljóðandi auglýsing birt í Lögbirtingablaðinu:

„Hinn 18. maí 1972 samþykkti Alþ. till. til þál. um skipun 7 manna n. til að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í þessari þál. segir m. a.:

„Með opinberri tilkynningu skal þeim, sem þess kynnu að óska, gefinn kostur á að koma á framfæri við n. skriflegum og skriflega rökstuddum brtt. við núgildandi stjórnarskrá fyrir þann tíma sem n. tiltekur.

Samkv. þessu leitar stjórnarskrárnefndin nú álits og till. til breytinga á stjórnarskránni og óskar þess að svör berist n. eigi síðar en 1. des. n. k.“

Undir þá auglýsingu skrifa f. h. stjórnarskrárnefndar Hannibal Valdimarsson og Guðmundur Benediktsson.

Eins og augljóst er af framanrituðu og auglýsingu í Lögbirtingablaðinu var veittur 5 mánaða frestur til þess að skila svörum og brtt., þ. e til 1. des. Voru nm. sammála um að þetta væri ríflegur frestur til andsvara. En þegar þetta er ritað hafa samt engar till. borist n. En um seinustu mánaðamót barst svo hljóðandi bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga:

„Reykjavík, 24. okt. 1974.

Með bréfi, dags. 8. júlí s. l., leitaði stjórnarskrárnefnd álits Sambands ísl. sveitarfélaga og till. til breytinga á stjórnarskránni og óskaði n. eftir að svör bærust eigi síðar en 1. des. n. k. Sambandið fagnar því að fá þetta tækifæri. Á landsþingi sambandsins 3.—5. sept. s. l. var kosin sérstök n. til þess að vera stjórn sambandsins til ráðuneytis um þetta mál. Þar eð n. hefur enn ekki haft tækifæri til að koma saman er sýnilegt, að álit og till. sambandsins geta ekki legið fyrir 1. des. n. k., og fer ég þess hér með á leit við hv. stjórnarskrárnefnd að hún framlengi skilafrestinn til 15. febr. n. k.

Virðingarfyllst,
Magnús E. Guðjónsson,
framkvæmdastjóri.“

Ekki hefur ennþá verið tekin ákvörðun um hvort verða skuli við tilmælum Sambands ísl. sveitarfélaga um að framlengja skilafrestinn til 15. febr. þar eð bréfið barst eftir að seinasti fundur n. var haldinn, en það var 10. okt. s. l.

Þannig standa málin nú, en ætlunin var að hefja úrvinnslu aðsendra till. upp úr mánaðamótum og ganga síðan til ákvörðunartöku um efnisatriði í framhaldi þess.

Hannibal Valdimarsson.“

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu nema að gefnu tilefni að bæta einu eða neinu við þessa grg. um störf stjórnarskrárnefndar þar sem ég vænti þess að hún skýri sig sjálf.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svör hans. Það kom mér raunar ekki á óvart að ýmis ljón séu á veginum þegar kemur að því fyrir stjórnarskrárnefndina að fjalla um þau mál sem mestu máli skipta í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Atriði eins og það, hversu ítarleg mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eru, og ýmislegt annað, sem þar er nú til athugunar, skiptir að sjálfsögðu ekki neinu máli fyrir okkur Íslendinga. Það, sem mestu máli skiptir nú að mínu viti um endurskoðun stjórnarskrárinnar, er að kjördæmaskipaninni í landinu verði breytt til sem mests jafnaðar annars vegar og hins vegar að Alþ. sjálft hafi frumkvæði í því að beita sér fyrir aðgerðum og ákvæðum sem verði til þess að treysta þingræðið í landinu. Það er enginn vafi á því að okkar stjórnarfar byggir á þingræðinu, við Íslendingar erum þingræðisþjóð, við höfum langa hefð í því efni og í því þjóðfélagi sem við búum í nú, eins og margir vindar blása að því núna, þá er ekki vafi á því að það skiptir miklu máli að við sláum skjaldborg um þingræðið. Þess vegna tel ég að það verði að taka þau mál upp sérstaklega, þessi tvö mál í tengslum hvort við annað og auka þannig veg og virðingu þeirrar háu stofnunar sem við erum nú stödd í.

Ég vil svo að síðustu ítreka þakkir mínar til hæstv. forsrh. Eins og ég sagði kemur mér ekki á óvart, þótt stjórnarskrárnefndin sé óvirk í þeim málum sem raunverulega skipta máli. Það hefur komið fyrir áður á Íslandi og þess var raunar aldrei að vænta að n. af þessu tagi gæti ráðist á þau vandamál sem raunverulega var við að etja í þessu sambandi.

Sameinað þing, 13. fundur.

Þriðjudaginn 26. nóv., að loknum 12. fundi.

Áburðarverksmiðja, þáltill. (þskj. 60). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innborgunargjald af vörum frá Vestur-Þýskalandi, þáltill. (þskj. 68). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Þyrlukaup, þáltill. (þskj. 2). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipting landsins í þróunarsvæði, þáltill. (þskj. 18). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kaup ríkissjóðs á húsakosti á Flatey í Skjálfanda, þáltill. (þskj. 30). — Fyrri umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Till., sem ég flyt hér, fjallar um kaup ríkissjóðs á húsakosti á Flatey á Skjálfanda og er svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að festa kaup á húsakosti einstaklinga á Flatey á Skjálfanda, þeirra sem selja vilja, og gera ráðstafanir til þess að eignum þessum verði haldið við, svo að verstöðin, eyjan með gögnum og gæðum, sé tiltæk til fullra nytja.“

Grg., sem till. fylgir, er svo hljóðandi:

„Flatey á Skjálfanda, eign ríkisins, hefur verið í eyði í 6 ár, þar sem hún liggur tæpa eina og hálfa sjómílu undan Flateyjardal. Hafði byggðin tærst upp á nokkrum árum vegna skorts á félagslegri þjónustu samfara ýmiss konar lagasetningu sem þrengdi hag útkjálkabyggða. Hélst það nokkurn veginn í hendur, að lokið var hafnargerð á eynni fyrir 12 millj. kr. og síðasti Flateyingurinn fluttist til Húsavíkur. Eftir stóðu þá á eynni 17 íbúðarhús, þar af 4 á lögbýlum, skólahús, samkomuhús, og kirkja, verslunarhús Kaupfélags þingeyinga og fiskverkunarhús og aðrar byggingar sem að sjávarútvegi láta.

Nú er svo komið að flestum eigendum húsanna á Flatey er orðið um megn að annast þau sem skyldi. Hafa sum þegar skemmst af vanhirðu, en önnur liggja undir skemmdum og ekki sýnt að eigendurnir, sem flestir hverjir eru orðnir aldurhnignir, hafi bolmagn til að bjarga þeim frá eyðileggingu.

Ljóst er að landeigandi, ríkissjóður, hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart landsetunum og nú tímabært að á því verði ráðin bót.

Nú liggur það ekki fyrir hversu margir húseigendur vilja selja eignir sínar á Flatey, en flm. hefur rökstudda ástæðu til að ætla að það muni flestir vilja, og sé reiknað með öllum húseignunum, þá nemur fasteignamat þeirra samtals 2.3 millj. kr., en brunabótamat 22 millj. Samkv. upplýsingum tryggingafélagsins, er brunabótamatið óeðlilega lágt miðað við byggingarkostnað, og stafar af því að tekið er tillit til þess að húsunum hefur ekki verið haldið við.

Ef hugað er að eign ríkisins, Flatey á Skjálfanda, og notagildi hennar, verður myndin þessi:

Flatey telst vera 262 hektarar að flatarmáli. Þar af eru 200 hektarar gróið land og ræktunarhæft. Landverð lögbýlanna fjögurra er að fasteignamati 477 þús. kr. og hlunnindi eru metin á 279 þús. kr. samkv. sama mati. Leigulóðir undir fyrrnefnd hús, önnur en lögbýli, eru metnar á 144 þús. Höfn sú, er fyrr getur og lokið var við árið 1967, mun hafa kostað um 12 millj. kr. og er enn í eigu ríkisins. Þegar byggð lagðist af með öllu í Flateyjarhreppi, var allt landssvæði hreppsins lagt undir Hálshrepp með því skilyrði af hálfu forsvarsmanna hans, að skuldir Flateyjarhafnar fylgdu ekki með. Hefur hafnamálastjórn verið að smáborga niður þær skuldir og munu standa eftir af þeim um 7.5 millj. kr. Í Flatey er nú lífhöfn fyrir smábáta og sé verðmæti hennar reiknað út frá vísitölu byggingarkostnaðar má meta hana á 50 millj. kr. Þá er

enn ótalinn flugvöllur á eynni, sem nú mun að vísu ekki í sem bestu ástandi, en gera má hann nothæfan með mjög litlum tilkostnaði.

Þar sem Flatey liggur nú í eyði með hrörnandi húsakosti og ónotaðri lífhöfn, má heita að eigandinn, íslenska ríkið, hafi af henni vansæmdina eina og ekkert gagn. Í byggð og nytjum yrði hún tæpast metin til verðs, ef tekið er tillit til auðlegðar fiskimiðanna kringum eyna.

Ljóst er að þegar á næstu missirum munu þær verstöðvar, þær sem skemmst er að sækja á fiskislóð, fá stóraukið verðgildi sökum hækkaðs olíuverðs. Árið 1973 mun hafa látið nærri að hver 5 kg af fiski hafi kostað 1 kg í olíueyðslu, og sýnt má nú heita að eldsneytiskostnaður fiskiskipaflotans muni hækka til mikilla muna enn á næstu árum og hafa úrslitaþýðingu í sjávarútvegi okkar.

Í framsöguræðu með þáltill. mun ég freista þess að gera ítarlegri grein fyrir þjóðhagslegum ávinningi af því að ríkið taki fasteignir á Flatey í sínar hendur, en ítreka í lok grg. þá skoðun flm. að ríkisvaldið standi í óbættri skuld við fyrrverandi landseta sína á eynni og hana beri að gjalda án tafar."

Í grg. þeirri, sem ég var nú að lesa fyrir þáltill. minni um kaup ríkissjóðs á húsakosti á Flatey á Skjálfanda, staðhæfi ég það sem er að ríkissjóður hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart landsetunum. Ég staðhæfði að byggð á eynni hafi lagst niður, íbúarnir hrakist burtu frá eignum sínum vegna slæmrar félagslegrar þjónustu og svo ýmiss konar löggjafar sem gerði það að verkum að útkjálkamenn gátu ekki rækt lagalega skyldu við samfélag sitt. Ég eyði ekki tíma í það að tína til rök sem hv. alþm. hafa þegar fulla vitneskju um, en vil til staðfestingar tilgreina aðeins það að flateyingum var ekki kleift af fjárhagsástæðum að sjá börnum sínum fyrir barnaskólagöngu samkv. skólalöggjöfinni og hið opinbera veitti þeim ekki þá aðstoð sem þurfti til þess að þeim væri kleift að halda við byggð í eynni.

Víkjum þá að fyrirheiti grg. um frekari rökstuðning fyrir þeim þjóðhagslega ávinningi sem af því væri að ríkið gerðist eigandi að húsakosti á Flatey. Það mun ekki vera fjarri lagi að fjárfesting ríkisins í hafnarmannvirkjunum og flugvellinum á Flatey nemi upphæð sem nú reiknaðist á 55 millj. kr. Ef við bætum svo við verðmæti sjálfrar eyjarinnar þar sem hún liggur nú í niðurníðslu, þá ætla ég að 60 millj. kr. væru varlega áætluð heildarmatsupphæð. Þessir milljónatugir liggja þarna ónýtir eins og er og hljóta raunar að eyðast ef ekki verður búið þannig um hnútana að mannabyggð geti myndast á eynni á ný.

Þá skulum við víkja aðeins að líkindunum fyrir því að fólk vilji setjast að á Flatey á Skjálfanda á nýjan leik. Ég er þeirrar skoðunar að sá tími sé nú e. t. v. ekki ýkjalangt undan að fólk muni telja fýsilegt að byggja að nýju ýmsa þá staði þar sem áður var byggð er lagðist í eyði á síðustu áratugum vegna lífsgæðakapphlaups sem nú er að ljúka. Lífsgæðakapphlaupinu er að ljúka vegna þess að gæðin, sem keppt var um, eru að þrjóta og við blasir ekki beinlínis skemmtikapphlaup, heldur barátta um nauðþurftir þar sem til verður að kosta miklu þreki til þess að nýta gæði lands og lagar á sem ódýrastan og hagkvæmastan hátt, og munu þurfa til að koma e. t. v. bæði fjallagrös og söl um það er lýkur til þess að brauðfæða íbúa þessa lands.

Í grg. sagði ég að árið sem leið hefði það kostað fiskiflotann okkar 1 kg af olíu að afla 5 kg af fiski. Raunar mun það dæmi vera fullhagstætt. Hvert kg af olíu mun ekki hafa gefið nema rúmlega hálft 5. kg af fiski. Hér er rætt um olíunotkun fiskiskipaflotans í heild. Hjá línubátunum og bátaflotanum í heild var orkunýtingin yfirleitt mun hagstæðari. Línubátarnir munu hafa skilað röskum 10 kg af fiski fyrir hvert olíukg. Hjá togurunum hefur orkunýtingin verið svo léleg að láta mun nærri að eytt hafi verið kg af olíu fyrir hvert kg af fiski sem þeir hafa komið með að landi. Meðalafli á úthaldsdag hjá togurunum var 7—8 tonn. Meðalolíueyðsla á úthaldsdag var 6—8 tonn. Þegar á heildina er litið og rætt er um kostnaðarhliðina má heita að olíutilkostnaður hafi numið 9% af bruttóverðmæti aflans. Hjá mótorbátunum nemur þessi kostnaður ekki nema tæpum 5%, en hjá togurunum mun olíukostnaðurinn nema nær helmingi.

Ekki treysti ég mér til þess að leiða getum að því hvort fiskverð muni hækka í líkingu við olíuverð á næstu árum. Hitt þykjast fróðir menn vita, að olíuverð muni hækka um a. m. k. 150% á næstu 5 árum, og einnig hitt, að olía muni þrjóta gersamlega innan fárra áratuga.

Í þessu sambandi get ég ekki látið hjá líða að minnast á frétt sem kom í hádegisútvarpinu, ríkisútvarpinu okkar, fyrir rúmri viku. Þar var það haft eftir Simons, viðskmrh. Bandaríkjanna, að olíulindir, sem fundist hefðu m. a. í Mexikó, Kína og botni Norðursjávar, mundu leysa olíukreppuna. Samkv. upplýsingum Rómarklúbbsins eða sérfræðinga, sem störfuðu í hinum svonefnda Rómarklúbbi á sínum tíma og stóð m. a. að útgáfu bókarinnar um takmörk vaxtar, Limits of Growth, geyma þessar olíulindir birgðir sem samsvara 6 ára notkun af olíu í heiminum. Það er allt og sumt. Það er ljóst mál að á allra næstu árum verðum við tilknúnir, hvort sem okkur er ljúft eða leitt, að auka landnýtingu okkar að nýju og miða þá fremur við nauðþurftabúskap heldur en nægtabúskap. Við komum til með að þurfa að hefja útræði á ný frá ýmsum þeirra verstöðva þar sem styst er á fiskimið, og á þeim sömu næstu árum verður draumurinn um samþjöppun útgerðar á nokkra fjölmenna staði e. t. v. ekki jafn nærri og hann er okkur nú, hann er að verða úr sögunni. Hvað þetta snertir má líta á þessa þáltill. sem viðkomandi mörgum útskagabyggðum öðrum en Flatey á Skjálfanda, þar sem enn mætti e. t. v. bjarga verðmætum fasteignum sem munu koma að ákaflega miklum notum á næstu árum.

Tveir þm. Framsfl., þeir Jónas Jónsson og Ingvar Gíslason, fluttu í fyrra þáltill. um búðir fyrir skólafólk á Flatey á Skjálfanda. Þetta var góð till. sem ég hefði gjarnan viljað styðja, eiga aðild að, ekki síst vegna þess að mér er það persónulega kunnugt að Flatey hefur reynst ágætis uppeldisstöð fyrir íslendinga. Hins vegar hefði ég líka talið æskilegt að okkar framsýna, góða, gáfaða og djarfa skólafólk, sem talar af

hvað mestri skynsemi um gæði lands okkar og nauðsyn þess að nytja þau fyrir landsmenn sjálfa, hefði haft gott af því að byrja útræði frá Flatey sjálft undir leiðsögn góðra manna sér til sálubótar og heilsubótar og landi okkar til gagns. Nú þykist ég aftur á móti sjá að lokið sé um sinn pólitísku tímabili félagslegra tilrauna á landi okkar, fram undan séu þess háttar harðindi og umfram allt þó á næstu missirum þess háttar viðhorf til félagslegra aðgerða, sem ekki muni leyfa slíkt, og að fram undan kunni að vera á næsta áratug þess háttar tímabil þrenginga, að okkur muni ekki veita af því að hefja nú þegar ráðstafanir til þess að nýta flestöll gæði landsins til þess að framfleyta fólkinu á landi hér, Íslandi, öldnum sem ungum.

Ég er uggandi um að landsfeðurnir séu hálfhræddir við að horfast í augu við kaldan raunveruleikann, ekki síður hér en vestanhafs, í Ameríku. Þeir ímynda sér að einhver ótilgreind snilli mannsandans muni leysa vandamál þurrausinna orkulinda og dvínandi hráefna á þann hátt að neyslusamfélagið glæsilega fái staðist. A. m. k. er ljóst að allar meiri háttar fjárfestingar af hálfu hins opinbera hér á landi virðast miðaðar við það að hagvöxturinn muni halda áfram. Á döfinni mun t. d. nokkurra milljarða fjárfesting í verksmiðju hér í sjónmáli við sjálft alþingishúsið, þar sem ætlunin er að framleiða varning sem hlýtur að falla í verði í réttu hlutfalli við verðhækkun á olíu og orku og hlýtur að verða gersamlega óseljanlegur nokkru áður en olíuna sjálfa þrýtur.

Ég sagði áðan að á allra næstu árum yrði líf þessarar þjóðar undir því komið að hún hefði dug í sér til þess að nytja öll gæði landsins frá fjallseggjum og út á landgrunnið á sem ódýrastan hátt. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ábyrgðarleysi af ríkisstj. og Alþ. að gera sér ekki fulla grein fyrir því þrengingatímabili, sem nú kann að vera fram undan, og veita fé til annarra framkvæmda en þeirra sem miða að því að búa okkur undir þær brengingar. Á Flatey á Skjálfanda eru nokkur íbúðarhús sem liggja undir skemmdum. Í þeim má hýsa rúmlega 100 manns sem nytjað geta fiskimiðin hið næsta eyjunni, 15 mínútna til klukkutíma róður á árum. Og eyjan er þeim kostum búin til landbúnaðar að hún getur séð íbúum sínum fyrir mjólk og kjöti.

Seinna mun ég vafalaust fá tækifæri til þess að ræða nánar það sérstaka ástand sem gerir það nauðsynlegt að ríkið taki að sér að undirbúa endurbyggð Flateyjar á Skjálfanda og raunar fleiri byggða sem vel liggja við matföngum.

Ég óska þess svo að þáltill. verði vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjónvarpsmál, þáltill. (þskj. 34). — Ein umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að endurflytja till. mína um sjónvarpsmál er ég flutti á liðnu sumarþingi, en ekki fékkst þá rædd af ástæðum sem ég leiði hjá að sinni. Till. eins og hún er flutt er efnislega sú sama, þótt orðalag sé lítið eitt breytt.

Frá því að Keflavíkursjónvarpinu var lokað fyrir íslenskum sjónvarpsnotendum hefur mér borist mikill fjöldi skeyta og bréfa. Eru skeytin milli 200 og 300. Kveðjur þessar eru frá fólki sem telur sig svipt góðri og saklausri skemmtun og oft miklum fróðleik með lokun og takmörkun á útsendingargeislum Keflavíkursjónvarpsstöðvarinnar. Truflanir líkar þeim, sem hér um ræðir, eru viðhafðar í austantjaldslöndum og vekja að sjálfsögðu gremju frjálsra manna sem telja þær vítaverðar.

Hinar fjölmörgu kveðjur, sem mér hafa borist, eiga það sameiginlegt að hvetja til þess að flytja þá till. sem ég nú geri og útbýtt hefur verið í Sþ. sem 34. máli.

Margt af því fólki, sem mér hefur sent erindi, er aldrað eða rúmliggjandi eða hvort tveggja, bæði aldrað og sjúkt. Þetta fólk telur sig hafa verið svipt mörgum ánægjustundum sem gerðu því lífið bærilegra. Þá má geta þess að foreldrar hafa látið í ljós óánægju vegna lokunar Keflavíkursjónvarpsins, því að dagskrá þess vakti áhuga unglinga og hélt þeim í ríkum mæli inni á heimilunum á kvöldin. Foreldrarnir skýra nú frá því að það færist í aukana að þessir sömu heimakæru unglingar komi seint heim á kvöldin eða jafnvel um miðjar nætur, og skýrasta dæmið er héðan úr Garðahreppnum þar sem áður fyrr voru um 20—30 unglingar í kringum söluturna, en eru nú á annað hundrað að jafnaði.

Það er rétt að geta þess að mér barst ekkert skeyti eða bréf þar sem lýst var ánægju með truflunina á útsendingargeislum Keflavíkursjónvarpsins, ekki eitt einasta. Nokkrar smágreinar birtust þó í dagblöðunum truflununum til stuðnings, en þeim var umsvifalaust svarað af fjölda stuðningsfólks valfrelsis á sama vettvangi og voru sjónarmið hinna sjálfkjörnu leiðtoga fólksins, menningarvitanna, kveðin niður, þeim var hafnað.

Ég var starfsmaður hér í þessu húsi þegar Háskóli Íslands var til húsa á götuhæðinni og minnist ég þess þegar háskólanemarnir komu til náms eftir erfiði sumarsins. En á afrakstri sumarsins byggðist námið um veturinn ásamt sparnaði í lífnaðarháttum til viðbótar því sem fátækir foreldrar gátu bætt við, oft af litlum efnum, þegar verkamannalaun voru varla til skiptanna þá frekar en nú, jafnvel þótt móðirin drýgði tekjur með prjónavinnu heima, eins og þá var algengt. Allt var gert til þess að sonurinn yrði nýtur borgari og framtíð hans tryggð. Mikil urðu vonbrigði þessara vinnulúnu foreldra þegar afrakstur erfiðis þeirra varð menningarviti sem ekki átti lengur samleið með almúgafólkinu.

Nú er öldin önnur. Þjóðinni ber skylda til að ala menningarvitana og kosta þá gegnum kerfið með svitadropum sínum, óbeint, í stað þess sem áður var, með þeim afleiðingum að þeir í skjóli þeirra forréttinda, sem þjóðfélagið veitir þeim, geta tekið ráð þess og fólksins í sínar hendur og ákveðið hvað fólkið má eða má ekki heyra og sjá innan veggja heimila sinna.

Það hefur komið fram hjá einum flokksbræðra minna hér á þessum stað, að ríkisstj. sé óheimilt að leyfa öðrum en ríkisútvarpinu að reka hér á landi útvarps- og sjónvarpsstöð. Þetta getur verið rétt. En með einhvers konar samkomulagi við íslenska ríkið hefur varnarliðið á Keflavíkur-

flugvelli rekið slíka starfsemi allan þann tíma sem það hefur dvalið hér á landi, og þrátt fyrir mótmæli menningarvitanna, 60 segja sumir og sjálfskipaðra, og þrátt fyrir öll mótmæli pólitiskra andstæðinga vestræns samstarfs hefur sú starfsemi ekki fyrr verið bönnuð. Sé það rétt að sérstakt leyfi þurfi til viðbótar dvalarsamningi bandaríkjamanna til þess að reka útvarps- og sjónvarpsstöð á Keflavíkurflugvelli á löglegan hátt, þá álít ég rétt, að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að veita slíkt leyfi tafarlaust, og nær þetta að sjálfsögðu bæði til útvarps og sjónvarps, eins og segir sig sjálft. En þar með er ég ekki að fara þess á leit að einn eða annar íslenskur aðili biðji varnarliðið um að opna aftur sjónvarpsstöðina, það er langt frá því.

Kommúnistar höfðu það að meginstefnu sinni allt stjórnartímabil vinstri stjórnarinnar að láta varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hverfa brott og gera Ísland varnarlaust. Köllun kommúnista er að takmarka öll samskipti Íslands og íslendinga við vestrænar menningarþjóðir, sérstaklega Bandaríki Norður-Ameríku, sem eru í forustu vestrænna þjóða í baráttunni gegn útbreiðslu kommúnisma sem læðist yfir lönd og lýð eins og dimmt ský og villir sumum sýn, en myrkvar tilveruna gersamlega fyrir öðrum. Þjóðin hristi af sér kröfur og skoðanir þessara boðbera bolsévika um brottför samherja okkar í NATO. Þetta var þeim ljóst. Því gerðu þeir varakröfur: takmörkun á útsendingu sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli, og alla varnarliðsmenn skyldi hýsa innan girðingar.

Ég er ekki einn þeirra sem deilt hafa á hæstv. utanrrh. fyrir slæma framgöngu í utanríkis- og varnarmálum. Þvert á móti, hann á mikið lof skilið fyrir að komast gegnum hið erfiða vinstristjórnartímabil, 3 ár í ríkisstj. Íslands með kommúnistum, — það hefði þótt ótrúlegt þegar ég var þingsveinn, — sem höfðu að stefnu sinni að gera landið varnarlaust, án þess að láta undan síga og skila taflstöðunni óbreyttri á leiðarenda. Vonandi hlýtur hæstv. utanrrh. réttlátan dóm sögunnar, enda á hann það skilið. Hann er drengilegur andstæðingur og málefnalegur, það þekki ég og aðrir þeir sem áttu þess kost að starfa með honum sem borgarfulltrúar áður en Alþ. gleypti hann. En í einu brást hann þó, hæstv. utanrrh. Hann kom til móts við óskir kommúnista á einu sviði. Það var um lokun sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli, líklega til þess að friða þá um stundarsakir. En þar skjátlaðist hæstv. utanrrh. og hann réðst á garðinn þar sem hann var lægstur, þar sem aldnir og sjúkir höfðu skemmtan af. Hann gerði sér ekki ljóst að mikill meiri hl. íslensku þjóðarinnar vill alls ekki undanlátssemi gagnvart neinum kröfum kommúnista, því að allt, sem þeir gera, er markviss stefna að fyrir fram settu marki. Kröfurnar eru mismunandi eftir aðstöðu þeirra á hverjum tíma. Hvert fótmál, sem þokar þeim áfram að settu marki, færir fólkið jafnlangt frá frelsi sínu. Og fólkið spyr: Hvað kemur næst? Nú er Keflavikursjónvarpið tekið af okkur? Banna þeir ekki útvarpið líka? Það hlýtur að vera. Það hlýtur að ná sama yfir útvarpið og sjónvarpið. Eða bækur, blöð, tímarit? Fólk er hrætt við öll afskipti hins opinbera af sjálfsögðum mannréttindum þess og þjóðin vill halda því frelsi sem hún hefur áunnið sér, en það er valfrelsi á öllum sviðum, frelsi til að velja og frelsi til að hafna. Fólk vill ekki láta segja sér hvað það má eða má ekki gera innan veggja heimila sinna.

Það þarf oft talsvert til að vekja almenning til vitundar um það sem er að gerast. Alþ. ber skylda til að standa vörð um rétt einstaklingsins og vara við aðsteðjandi hættum og óeðlilegum afskiptum af einkahögum hans. Stórum hluta þjóðarinnar er misboðið þegar út ganga boð og bönn sem stefnt er gegn friðhelgi heimilanna og koma í veg fyrir að ungir og aldnir njóti í kyrrð dagskrárefnis frá erlendri útvarps- og sjónvarpsstöð. Það þýðir ekki að tyggja aftur og aftur að hér sé um að ræða dagskrárefni frá hernámsstöð. Hér er staðsett samningsbundið varnarlið sem margt gott hefur látið af sér leiða. Varnarliðið er hér til að verja okkur gegn utanaðkomandi hættu. En við verðum sjálfir að verja okkur fyrir hættum, sem stafa innan frá, og láta ekki byggja utan um okkur andlegan múr. Frelsi til að velja og hafna má aldrei taka frá okkur. En það halda okkur engin bönd eða hlekkir því að frelsið er íslendingum í blóð borið.

Með því að takmarka, hvað við megum heyra og sjá á heimilum okkar, hefur fjölmennum hópum víðs vegar um landið verið misboðið. Það sýna kveðjurnar í bréfum, skeytum og símhringingum frá ýmsum stöðum á landinu og alls ekki bara þeim stöðum sem náðu Keflavíkursjónvarpinu, langt frá því, en þó mest að sjálfsögðu frá Suður- og Suðvesturlandinu, eða hér í kringum Reykjavík og í höfuðborginni sjálfri. Því leyfi ég mér, herra forseti, að flytja þessa þáltill. sem ég gat um í upphafi máls míns og mun nú lesa með leyfi, en ég mun hins vegar hlífa þingheimi við að hlusta á grg. Till. hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að veita leyfi til hindrunarlausra útsendinga á dagskrárefni sjónvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og afnema þar með takmörkun á styrkleika útsendinga og breytingar á útsendingargeislum stöðvarinnar.

Jafnframt felur Alþ. ríkisstj. að láta fara fram athugun á, hvaða möguleikar eru til staðar fyrir Ísland að komast í beint samband við útsendingar erlendra sjónvarpsstöðva gegnum alþjóðleg fjarskiptakerfi, og þá um leið afla upplýsinga um kostnað við slíkt framtak og einnig aðrar tæknilegar framfarir í þróun sjónvarps, er miðist við að landsmenn allir njóti góðs af.“

Herra forseti. Ég leyfi mér að lesa smákafla hér úr grg., læt það nægja. Það skýrir sig sjálft. Hann hljóðar svo:

„Enginn sjónvarpsnotandi er til þess neyddur að horfa á sjónvarpsstöðina á Keflavíkurflugvelli, enda fá eða engin sjónvarpstæki flutt til landsins þannig hönnuð, að þessi stöð náist. Eigendur tækjanna verða því að láta fagmenn breyta þeim til þess að mynd frá útsendingarstöðinni á Keflavíkurflugvelli komi á skerminn.“

Að lokum vil ég segja þetta: Ég bið hv. þm. að hugsa sig vel um áður en þeir ganga til atkv. um þessa þáltill. Mér hefur orðið tíðrætt um

lokun Keflavíkursjónvarpsstöðvarinnar og það er rétt, að margir, ungir sem aldnir, sjúkir og heilir, telja sig hafa misst góða dægrastyttingu með lokunaraðgerðunum. En meginmál mitt er að benda á þá hættu sem felst í því fyrir sjálfstæði einstaklingsins og ákvörðunarrétt einstaklingsins, ef hægt er með pólitískum aðgerðum að misbjóða réttlætiskennd fólksins. Og fólkið spyr: Hvað er næst? Getur verið að Alþ. standi ekki vörð um sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins og friðhelgi heimilanna? Er það mögulegt?

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu, en vil þó að lokum vona, að þjóðin, eins og kom hér fram úr ræðustól fyrir nokkrum dögum, sjái landið allt og þá ekki síður alþm., en blindist ekki af aukaatriðum, og látum aldrei reisa okkur andlega múra.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að hafa mörg orð um þessa þáltill. sem hér liggur frammi. Það hafa orðið þegar í fjölmiðlum og á almennum vettvangi töluverðar umr. hér um, umr. sem mér hafa þótt á margan hátt heldur lítilsigldar og í rauninni óþarfar. Ég vil þó að sjálfsögðu ekki láta hjá líða að óska hv. 12. þm. Reykv., þeim ágæta flokksbróður mínum Albert Guðmundssyni, til hamingju með öll heillaskeytin og bréfin sem hann hefur fengið. Ég á þó ekki von á að honum hafi borist mjög mörg bréf úr mínu kjördæmi eða Austurlandskjördæmi eða frá þeim stöðum á Norðurlandi, þar sem fólk sér enn ekki til sjónvarpsskermsins eða við svo léleg skilyrði að ekki getur vansalaust talist. Hins vegar veit ég að það er margt fólk hér á suðvesturhorni landsins sem saknar þessa og ég vil láta samúð mína í ljós með þeim sjúku og öldnu sem þarna hafa misst mikils. En mér er næstefst í huga að þetta sé nú notað til þess að gera till. um áframhaldandi opið Keflavíkursjónvarp aðgengilegri og mannúðlegri og girnilegri fyrir fólk almennt til að aðhyllast hana. Og ég vil segja það að ef við getum ekki búið þolanlega að okkar öldnu og sjúku, þá held ég að við verðum að skoða vel hug okkar áður en við förum til Bandaríkjaherliðsins, sem hér er statt í varnarskyni, til þess að leysa það verkefni fyrir okkur. Okkur ber skylda til þess að hlynna að þessum hópi þjóðfélagsins einir og hjálparlaust.

Það hefur mikið verið talað um skerðingu á frelsi einstaklingsins í sambandi við lokun Keflavíkursjónvarpsins. Mér hafa þótt röksemdir fyrir þeirri fullyrðingu ákaflega einkennilegar og hæpnar. Hvað er frelsi og hvað er skerðing á frelsi? Hvað segir hv. 12. þm. Reykv. um þá skerðingu á frelsi á heimilum fólks, að ef við erum stödd í fjölbýlishúsi að kvöldi til, kl. 11—12, ber okkur skylda til í allflestum fjölbýlishúsum samkv. þeim reglum, sem þar gilda, hvorki að hafa þar hávaða í sambandi við skemmtanir, sjónvarp né annað, — pianóleikur, söngur og hvers konar gleðskapur er saknæmt atriði? Er ekki skerðing á frelsi að banna okkur slíkt? Og gætum við ekki endalaust bent á frelsisskerðingu? Ég ætla ekki að fara út í að lýsa því og benda á óteljandi tilvik í nútímaþjóðfélagi, þar sem okkar frelsi er skert af tillitssemi við þá, sem búa í kringum okkur, þannig að tal um frelsi og mannréttindi tel ég á mjög ótraustum grundvelli byggt.

Varðandi sjónvarp varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli vil ég segja það og minna á það, að varnarliðið er hingað komið af illri nauðsyn. Það er hér af illri nauðsyn. Ég er því samþykk að hafa það hér, af því að ég tel það of mikla áhættu að gera landið varnarlaust og vísa hernum burt. Hins vegar tel ég augljóst mál og það er yfirlýst stefna okkar flokks, míns og hv. flm. þessarar till., að okkur beri pólitísk og siðferðileg skylda til að hafa sem minnst samband við það varnarlið, sem hér er, og hindra eftir öllum leiðum áhrif þess út í þjóðlífið. Í öðru lagi er allur efnahagslegur ábati, sem við reynum að gera okkur af veru þessa varnarliðs hér, fyrir neðan okkar virðingu og fyrir neðan okkar vitund sem sjálfstæðrar þjóðar. Í öllum samskiptum okkar við þetta varnarlið, sem hingað er komið, eins og ég segi, af illri nauðsyn, þurfum við og verðum að hafa hreinan skjöld og hreinar línur í öllum viðskiptum, enda þótt hér sé annars vegar vinveitt þjóð og sambandsþjóð sem við höfum illu heilli þurft að biðja um vernd og varnir gegn ofbeldisöflum í heiminum sem við höfum talið okkur ógnað af.

Ég held að það skaði engan mann þótt við tölum í þessu sambandi um þjóðlegan metnað og þjóðlega reisn. Og ég verð að segja að ég tel illa farið ef nokkur maður í okkar landi er þannig gerður að hann noti þessi orð: þjóðarmetnað og þjóðarstolt, sem skammar- og hæðnisyrði. En það hefur því miður heyrst og það tel ég illa farið ef við erum vaxin upp úr því að hafa þjóðlegan metnað og vera þjóðlega stolt. Þetta segi ég í sambandi við hvaða erlendan aðila sem væri, hvort sem það væru bandaríkjamenn eða önnur stórþjóð sem í hlut á. Við megum sannarlega sýna fulla gætni í samstarfi okkar, hversu vinveitt og hversu óáreitin sem okkar samstarfs- og bandalagsþjóð er, og þar á ég við bandaríkjamenn á Keflavíkurflugvelli.

Það er hart að bendla allar skoðanir við kommúnisma, sem ég tel mig vera frábitna, ef þær falla ekki í kramið hjá stórum hópi fólks sem hefur færst fullmikið yfir frá miðjunni yfir á hægri kantinn. En sem betur fer höfum við frelsi til þess að hugsa og finna til eins og hugur býður og tilfinningin býður hverju sinni. Og ég vil taka í þessu sambandi undir orð okkar ágæta málsnillings, Helga Hálfdánarsonar, sem sagði í skrifum sínum nýverið um íslenska tungu og íslenskan metnað í því sambandi að við mættum ekki láta óttann við að sýna þjóðarrembing verða til þess að við vanmetum þjóðleg verðmæti. Þarna á ég við m.a. íslenska tungu, eins og Helgi Hálfdánarson fjallaði um.

Ég held, að vinstri menn hér og kommúnistar hafi gert óþarflega mikið úr þeirri stórkostlegu hættu fyrir íslenskt mál sem þeir telja okkur stafa af Keflavíkursjónvarpinu. Það hefur oft nálgast hálfgerða móðursýki. En við skulum samt ekki loka augunum fyrir því að sjónvarp er voldugur fjölmiðill og ef hann er hér árum og

áratugum saman, þá skulum við ekki gera lítið úr þeim möguleika að hann hafi mengandi áhrif á okkar móðurmál.

Ég er það svartsýn á þessi mál að ég er hrædd um að dvöl varnarliðsins sé ekkert tímaspursmál, og þá skírskota ég til ástandsins í alþjóðamálum. Við skulum hugleiða hvers vegna og hvernig varnarliðið er hingað komið. Það er komið vegna ótta við stríð í sambandi við stríðið suður og austur í Kóreu. Vinstri stjórnin, sem við völdum situr 1956—1958, man ég það ekki rétt, heykist á því að reka varnarliðið úr landi af því að það er styrjaldarhætta. Atburðirnir í Ungverjalandi eru nýlega um garð gengnir, það þykir ekki á það hættandi.

Nú í dag stöndum við frammi fyrir styrjaldarhættu. Fyrir botni Miðjarðarhafs er púðurtunna að allra dómi sem getur sprungið þá og þegar, og styrjaldarhætta þar er sist talin hafa minnkað við síðustu atburði, það sem síðast hefur gerst í málum ísraelsmanna og palestínuaraba. Ég veit satt að segja ekki, þó að ég reyni að vona hið besta, hvenær þannig verður ástatt í heiminum með þeirri tækni sem ríkir í vopnaburði og stríðsrekstri, hvenær svo friðvænlegt verður umhorfs að við treystum okkur til þess að vera varnarlaust land og treysta á hlutleysi okkar, sakleysi, smæð og friðarást, sem við öll hér inni berum óefað í brjósti. Því er það, að ég tel sjálfsagt að í samskiptum okkar við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli eigum við að fara að með fullri gát og gá að því að við erum 210 þús. sálir einar á móti voldugri milljónaþjóð, sem hefur öll tæki, ef hún vildi, til þess að beita hér áróðri, en ég held að væri ósanngjarnt og ósatt að væna hana um að hún hafi gert eða muni vilja gera. Þetta er undir sjálfum okkur komið. Það er ekki við bandaríkjamenn hér um að sakast. Það erum við eða nokkur hluti íslendinga, sem er það skammt sjáandi fram á við og hugsar það mikið um dægrastyttingarsjónarmið að hann sér ekki, að mér finnst, kjarna málsins.

Hv. flm. talaði um heimilisfriðinn og alla fullnæginguna, sem börn og unglingar hefðu af því að horfa á Keflavíkursjónvarpið. Ég hef nokkuð aðra sögu að segja, hvað sem hinum sjúku og öldnu líður. Ég hef heyrt fleiri en einn kennara hér í Reykjavík segja frá því að þeir hafi tekið á móti foreldrum barna og unglinga á foreldradegi sem hafa verið gráti nær vegna þess að börnin þeirra fengust ekki í rúmið fyrr en 3—4 um nóttina og kæmu ósofin eða vansofin í skólann. Þarna er vafalaust ýmislegt til. Það má misnota sjónvarp, íslenskt og bandarískt, með ýmsu móti. En þetta er ekki einhlítt, að ég tel, að íslendingum væri eftirsókn að því að hafa eitthvað til að halda sér vakandi fram undir morgun.

Það er spurt, hvað komi næst, og það er vitnað í valdhafana í Kreml og nauðungarráðstafanir og hermdarverk gegn helgustu mannréttindum fólks í austantjaldslöndum. Hér er farið út í svo fráleitan samanburð að ég tel hann ekki svaraverðan. Hitt er gefið mál að ef við ætlum í framtíðarviðskiptum okkar við hið bandaríska varnarlið að fara eftir þeim sjónarmiðum sem ráða málflutningi þess fólks sem harðast gengur fram í baráttunni fyrir Keflavíkursjónvarpinu, þá vildi ég helst ekki eiga aðild að þeim aðgerðum sem þá kynnu að verða hafðar í frammi.

Það vakti athygli mína að hv. flm. gerði svo sem engin skil síðari mgr. till. og kom það raunar heim við það, sem mig grunaði, að fyrirhyggjan og óskin um bætt sjónvarpsskilyrði, litasjónvarp og aðgang að sjónvarpshnöttum væri þarna sett til að gera fyrri hlutann trúverðugri og aðgengilegri og ekki alveg eins forkastanlegan og hann væri einn sér. Hv. flm. gat þess líka að það væri engan veginn ætlun hans að fara að biðja bandaríkjamenn að opna á ný Keflavíkursjónvarpið. Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri þessi rök höfð í frammi af hv. flm. og hans fylgismönnum. Mér hefur hingað til skilist að það væri meiningin að fara þess náðarsamlegast á leit við bandaríkjamenn að þeir opnuðu nú sjónvarpið aftur og lofuðu okkur að halda áfram að horfa. Ég hef ekki um þetta önnur orð en þau að mér finnst þessi ráðstöfun, sem hingað til hefur verið farið fram á, hámark lákúruháttarins. Ég veit raunar, að það er fámennari hópur, sem tæki slíkt í mál, heldur en hv. 12. þm. Reykv. vill vera láta í ræðustól á Alþ. og víðar, þar sem þetta mál hefur verið reifað.

Ég skal ekki hafa þessi orð hér lengri. Það er búið að þrefa nógu mikið um þetta mál. En ég þykist vita og ég treysti því, að Alþingi íslendinga láti ekki hafa sig til að samþykkja þá till. sem hér liggur fyrir.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til í framhaldi af litlum afskiptum mínum af þessu máli á sumarþinginu að segja hér örfá orð vegna þeirrar till. sem hér liggur fyrir á þskj. 34. Þá hafði ég við till. það að athuga, þegar forseti gerði að till. sinni að höfð yrði ein umr. um till., að ég taldi hana óumræðuhæfa, óþinglega, af því að hún bryti í bága við lög, — að það væri óhæfilegt að Alþ. skoraði á ríkisstj. að hlutast til um að brjóta íslensk lög. Við þessa skýringu held ég mér að vísu enn því að undanþágulaus eru þau lög sem kveða svo á að Ríkisútvarpið skuli hafa einkarétt á að stunda þessa starfsemi, fjölmiðlun með þessum hætti gegnum hljóðvarp og sjónvarp.

Mér hefur að vísu verið bent á, og það kann vel að vera að það standist, á það legg ég ekki dóm, að annað hvort með hefð eða þá vegna þess, að varnarsamningurinn hefur lagagildi í sjálfu sér, þar sem hann var samþykktur hér á Alþ., þá kunni svo að vera að þetta standist lögum samkvæmt. En ég vil þá benda á það að umfram allt hlýtur þá að gilda andi þeirra laga sem sett hafa verið um einkarétt Ríkisútvarpsins í þessu efni. Það er sá andi að við hljótum sjálfir, íslendingar, að hafa á því algera stjórn með hvaða hætti fjölmiðlar þessir verða reknir. Fyrir því er það, að ég hygg að þessi till. sé óþingleg. Út af fyrir sig erum við auðvitað alltaf reiðubúnir til þess að ræða hvað eina sem á dagskrá kemur. En við verðum að gá vel að okkur í þessu efni, halda okkur við almenn þingsköp.

Ég verð að játa það að í gegnum árin vegna þessa máls hefur mér þótt yfir því vera lágkúra, eins og kom fram hjá hv. 9. landsk. þm., lágkúruleg meðferð af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ég ætla ekki að fara að rekja þessa sögu. Allt málið hefur verið fleinn í holdi mínu frá upphafi. Mönnum er það, hv. þm. sjálfsagt, allt nægjanlega kunnugt. En íslensk stjórnvöld fóru jafnan með veggjum í þessu og menn vissu löngum og löngum ekki, hverju trúa skyldi eða hvernig að málinu öllu var staðið. Það var lágkúra yfir þeirri málsmeðferð allri. Nú er þetta liðin saga. Tekin hefur verið ákvörðun um að þessu skuli verða lokið, og þess vegna er það að maður þarf svo sem ekkert að sjá eftir því núna í síðasta skiptið að ræða þetta sérstaklega. En ég vænti þess þá að til þess dragi ekki að að þessu þurfi að eyða fleiri orðum.

Hvers vegna skyldi þetta hafa verið ráð löggjafans íslenska, að við sjálfir færum með stjórn á þessum sterkustu fjölmiðlum, sem þekktir eru, hljóðvarpinu þá og sjónvarpinu nú? Sameinuðu þjóðirnar gengust fyrir ráðstefnu 85 þjóða þar sem var rætt um það að þetta yrði gefið frjálst. Framtíðin ber það vafalaust í skauti sínu að móttökutæki verða með þeim hætti að það verður viðráðanlegt einstaklingum að koma sér upp tækjum sem geta tekið við sjónvarpsefni sem varpað yrði frá hnöttum beint. 84 af þeim 85 þjóðum greiddu eindregið atkv. gegn því að þetta yrði gefið frjálst. Bandaríkjamenn einir voru þeirrar skoðunar að þetta bæri að gefa frjálst. Og þegar spurt var hvaða ástæða hefði legið til þess, þá var það álit manna að það hefði verið viðskiptasjónarmið, „bisness" sem kallaður er og kannske skilst betur en viðskiptasjónarmið þegar þau eru nefnd. Allar aðrar þjóðir töldu brýna nauðsyn bera til að þær hefðu yfirstjórn á þessu sjálfar. Við erum íslendingar, aðilar að alþjóðlegum samtökum, Intelsat sem reka sjónvarpshnetti í dag, — sjónvarpshnetti, sem hanga yfir miðbaug og sjónvarpa efni. Við getum auðvitað gert gangskör að því í náinni framtíð að byggja hér jarðstöð sem getur tekið við sjónvarpssendingum frá þessum hnöttum. En auðvitað verður jarðstöðin að vera ein hér og undir stjórn okkar sjálfra, en ekki með þeim hætti sem hafnar eru tilraunir á í Bandaríkjunum, að byggja móttökutæki sem einstaklingar geta komist yfir og náð sambandi við slíka hnetti. Okkur er alveg lífsspursmál að stjórna sjálfir þessum alsterkasta fjölmiðli, enda hefur það verið frá upphafi skoðun íslenska löggjafans að til þess bæri brýna nauðsyn, enda þótt þetta hefði komist bakdyramegin inn í íslenskt þjóðfélag, sem það gerði, þessi fjölmiðlun frá Keflavíkursjónvarpinu og Keflavíkurvelli. Svo geta menn, ef þeim sýnist, ruglað saman afstöðu manna til varnarliðsins og þeirra samtaka vestrænna þjóða, sem Norður-Atlantshafsbandalagið er, að það sé einhver ósamkvæmni í því, að menn vilji ekki hafa þessa fjölmiðlun inn á gafli á íslenskum heimilum, og því, að menn séu þeirrar skoðunar að okkur beri að treysta vestrænt samstarf, líka á sviði varnarmála. Menn eru að því sjálfráðir.

Til að nefna dæmi hversu langt þróunin hefur þegar náð og hve hratt hún gengur, þá hafa bandaríkjamenn nú þegar skotið upp gervihnetti sem sjónvarpar til neytenda, ef maður má orða það svo, í strjálbýlum héruðum Bandaríkjanna. Það er sjónvarpað heilbrigðisupplýsingum, og þau móttökutæki, sem taka við frá þessum hnetti, kosta ekki nema 2000 dali. Menn sjá í hendi sinni að þegar fjöldaframleiðsla væri hafin á þessu, þá mundi þetta verða viðráðanlegt. En ég legg áherslu á það og það voru 84 þjóðir af 85 sammála um, að hver og ein vildi hafa yfirstjórn á því hvaða sjónvarpsefni yrði dreift. Við vitum um nána samvinnu ýmissa þjóða, eins og t. d. Vestur-Evrópuþjóða, í þessu efni, þar sem sjónvarpsefni er dreift á milli landa eftir örbylgjukerfi. En ég hygg nú að hver og ein þjóð hafi á því fyllstu gát hvaða sjónvarpsefni er yfirleitt kostur á fyrir neytendur í hverju landi.

Það sem greinilega er hið næsta fyrir okkur er þegar í stað að gera áætlanir um litasjónvarp. Við skulum ekki eyða miklu lengri tíma en þegar hefur verið eytt í karp um þetta liðna mál sem er sem betur fer úr sögunni, heldur snúa okkur að því að ræða það sem fyrir liggur að vinna að í þessum mikilvægu málum. Þá er það auðvitað fyrst að ljúka við dreifingu sjónvarpsins um landið. Dreifing þess tókst vel. Að vísu er þetta kerfi okkar langt frá því að vera gallalaust, en nú er unnið að því að koma upp örbylgjukerfinu og innan tíðar mun það komast á t. d. milli Skálafells og Vaðlaheiðar, og það er með þeim hætti, þetta kerfi, að sendingin er ótrufluð af erlendum sjónvarpsstöðvum. Allur tæknibúnaður íslenska sjónvarpsins hefur verið keyptur með það fyrir augum að sjónvarpa litum. Það yrði mjög smávægilegur kostnaður sem þarf til þess að hægt sé þegar í stað að hefja litasjónvarp af segulbandi, nokkur vegna sjónvarps á litkvikmyndum og svo allmiklu meiri þegar þyrfti að útbúa upptökusal og önnur tæki vegna sjónvarps á öðru efni. Allt yrði þetta langt frá því að vera óviðráðanlegur kostnaður. Og nú þyrfti helst hið allra fyrsta að bregða á þetta ráð, hefja tilraunaútsendingar og gera fólki viðvart um það að þessi nýjung muni halda innreið sína innan 2—3 ára svo að mönnum gefist aðlögunartími í þessu efni til þess að koma sér upp þessum dýru tækjum sem vissulega eru mjög dýr, vissulega misjafnlega dýr eftir gæðum, en má þó gera ráð fyrir að mundu kosta kannske um 200 þús. kr. Það er mikið ef á alla heildina er litið, það er mikil fjárfesting fyrir íslensku þjóðina. Þess vegna er ekki ráð nema í tíma sé tekið og mönnum sé gerð grein fyrir því sem hlýtur að verða hið allra næsta verkefnið, að hefja sjónvarpssendingar í litum.

Ég minntist á það áðan, að það bæri nauðsyn til þess vitanlega að fullkomna það kerfi, sem til er í landinu. Enn eru 470 býli sem sjónvarp nær ekki til. Það er 470 býlum of mikið vegna þess að það er ekki langt frá því að hægt sé að jafna þessu við fæðu, hina líkamlegu fæðu, sem menn þurfa á að halda. Þetta er krafa tímans sem óhjákvæmilega verður að sinna þegar í stað.

Það mætti auðvitað margt um þetta mál segja. Af sérstökum ástæðum lagði ég lykkju á leið mína til að kynna mér ástæður, sem nú eru

fyrir hendi, og mér líst svo á, þótt það komi raunar á óvart, að við séum miklu betur í stakk búnir en ég hugði til þess að fullkomna bæði dreifikerfið og eins að breyta yfir í litasjónvarp sem allir menn eru sammála um að beri langt af hinni tækninni. Það má svo sem geta þess að sjónvarpstæki, sem taka við svart-hvítu núna, geta það eftir sem áður þótt brugðið verði yfir í lit, þannig að menn gætu kannske gefið sér enn lengri tíma til þess að snúast við þeim mikla kostnaði sem litasjónvarpið veldur. Það mætti kannske hugsa sér það líka að það yrði reynt að létta undir með fólki varðandi þessa fjárfestingu. Það mætti athuga í því sambandi hvort ekki mætti taka tillit til þessa í skattframtölum einhver ár. Ótal leiðir geta komið til greina. Þó er að því að gá að almenningur þarf ýmislegt á sig að leggja vegna þessa því að rekstur þessi kostar mikið fé og t. d. enn sem komið er hafa afnotagjöldin af sjónvarpi öll gengið til rekstrar og dagskrár, en ekki í fjárfestingu, og fyrir því er það að á undanförnum árum hefur mjög dregið úr dreifingu sjónvarpsins og má heita nú síðustu árin að hafi lítið sem ekkert verið aðhafst vegna fjárskorts. Kemur þá enn að því, eins og á fleiri sviðum, hvernig til tókst hjá hæstv. fyrrv. ríkisstj. Það var gróflega dapurlegt „resultat" í þessum efnum eins og fleirum.

Samskipti milli landa varðandi sjónvarpsefni verða ekki, að því er tæknimenn segja, nema með fjarskiptahnöttum. Og ef, sem við tökum ákvörðun um að reisa hér jarðstöð til þess að nýta það sjónvarpsefni, sem í gegnum það kerfi verður sent, eftir okkar eigin vild, þá hygg ég að það sé það ráð, sem við hljótum að bregða á, að eiga þess kost að leigja það sjónvarpsefni sem þar verður sent út. Við erum raunar aðilar að þessu kerfi, en það yrði aðeins ein stöð sem við því tæki og undir stjórn okkar sjálfra.

Sem betur fer hygg ég að það sé langmestur meiri hluti manna sem gerir sér grein fyrir því að túlkun á lýðræði út í þann hörgul, að menn geti átt þess kost sjálfir að opna þjóðfélagið fyrir hvers konar áhrifum skipulögðum af stórveldum t. d., sé óráð. Ég hygg að sem betur fer sé mikill meiri hluti manna þeirrar skoðunar að slíkt sé alger óhæfa, án þess að vera að fyrra bragði að ætla öðrum neitt illt.

Bandaríkjamenn eru kannske sú þjóð sem við að öðru jöfnu gætum helst hugsað okkur — ef við á annað borð getum hugsað okkur það — að hefði slíka aðstöðu sem þessa. En þó er það aldeilis fráleitt, jafnvel þótt þetta sé mikil vinaþjóð okkar og við viljum hafa mikil samskipti við hana að gefa henni aðstöðu til þess, sérstöðu í landinu að ná til meiri hluta þjóðarinnar með þessum sterka fjölmiðli. Í raun og veru er það sannleikur að það er að gera lítið úr bandaríkjamönnum, þessu mikla herveldi, að ætla þeim að hafa slíka aðstöðu án þess að nota hana ekki að neinu leyti. Menn verða að vera sjálfum sér samkvæmir í þessu. Ég hygg að hv. flm. mundi sjálfsagt ekki taka því vel ef því væri varpað fram við hann hvort það væri þá ekki óhætt að gefa öðrum þjóðum kost á þessu, gefa öðrum þjóðum aðstöðu til þess arna, Austur-Þýskalandi, Júgóslavíu, Albaníu, Foster í Suður-Afríku, — ég nefni þetta af handahófi, — Kínverjum, þannig að menn fengju „kverið" upp lesið kvölds og morgna og um miðjan dag o. s. frv. Nei, við og aðrar þjóðir erum sammála um það, að heita má alfarið, að því, hvernig beitt er þessu mikla áhrifatæki sem sjónvarpið er, verðum við ævinlega að stjórna sjálfir.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég var að búast við því að einhver af hinum svokölluðu hernámsandstæðingum, sem í mjög langan tíma hafa barist fyrir lokun Keflavíkursjónvarpsins, kæmu hér fram á sjónarsviðið og ræddu þetta mál. En svo varð ekki.

Það má þó segja að það er eitt gott við umr. um Keflavíkursjónvarpið. Það sýndi sig 1961, þegar um þetta mál urðu mjög miklar umr., að ég held, að það var hverjum einasta þm. ljóst, sem þá var á Alþ., að það flýtti fyrir komu íslensks sjónvarps, örugglega um nokkur ár. Ég ætla að vona að flutningur á þeirri till. sem hér liggur fyrir, till. hv. 12 þm. Reykv., verði einnig til þess að flýta því að íslenskir sjónvarpsáhorfendur, íslenska þjóðin, komist í nánari snertingu við umheiminn í gegnum þá tækni sem nú er um að ræða í sambandi við sjónvarpsútsendingar.

Það má segja, eins og kom fram hjá einum ræðumanni áðan, að kjarni málsins er raunverulega ekki sjálft Keflavíkursjónvarpið sem við erum hér að ræða. Það má segja að það sé alls ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er að það liggur ljóst fyrir að fámennum hópi hér á landi hefur tekist að koma því til leiðar að fyrir þeim íslendingum, sem ekki telja sig veika á svellinu menningarlega séð, sem hafa þorað að horfa á Keflavíkursjónvarpið, hefur því verið lokað. Ég held að ef þeir hv. ræðumenn, sem hér hafa talað um Keflavíkursjónvarpið, bæði nú og eins 1961, hefðu horft á það sjónvarp, væru þeir ekki með neinar umr. um það að þetta væri bandarískur áróður. Þetta er yfirleitt, eins og flestir vita, mjög létt dagskrá sem fellur fólki vel í geð sem dægrastytting. Ég hygg að jafnvel íslenska sjónvarpið flytji mun meira af ýmiss konar efni frá austantjaldslöndunum, þeim löndum sem hér voru nefnd áðan, Póllandi, Tékkóslóvakíu og öðrum austantjaldslöndum. Ég hef ekki heyrt nokkurn íslending hafa neitt við það að athuga. Sumt af efni þessu er ágætt, annað er hundleiðinlegt. Þetta er eins og gengur og gerist um sjónvarpsefni, bæði í Keflavíkursjónvarpinu og íslenska sjónvarpinu. Menn hafa misjafnan smekk fyrir efni sem flutt er og verður því hver að meta það sjálfur hvað hann telur að sé við sitt hæfi.

Ég sagði áðan, og það er það sem gaf mér tilefni til þess að koma hér upp í ræðustólinn, að ég tel sjálft Keflavíkursjónvarpið alls ekki vera kjarna málsins. Menn geta án efa lifað án þess. Sumir hafa gaman af því, aðrir opna án efa aldrei fyrir það og skoða það aldrei, þannig að það er ekki það sem skiptir máli, heldur hitt, að það er verið að meina íslendingum að velja og hafna á þessu sviði, eins og kannske að er stefnt, að taka af þeim réttinn á öðrum sviðum. Það þýðir ekkert fyrir mig að vera að halda því hér fram, að þarna hafi — þetta yrði kommúnistaáróður

en það vill nú þannig til að í Þjóðviljanum 12. okt. er þetta mál tekið til umr. Ég vil aðeins leyfa mér að lesa stuttan kafla úr þeim leiðara sem að því víkur þennan dag og sýnir nokkuð hver raunverulega er kjarni málsins. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Náttúrlega kemst borgarfulltrúinn", þar er átt við frú Sigríði Ásgeirsdóttur sem hafði skrifað grein í Morgunblaðið, „að þeirri niðurstöðu að takmörkun hermannasjónvarpsins", eins og Þjóðviljinn orðar það í leiðaranum, „sé kommúnistum að kenna."

Þetta er það sem Þjóðviljinn segir í svari sínu til borgarfulltrúa í Reykjavík, sem er að því leyti rétt að það var fyrir áhrif Alþb. í fráfarandi ríkisstj. að til takmörkunar kom. Þarna liggur alveg fyrir svart á hvítu að kommúnistum hefur tekist vegna áhrifa sinna í fyrrv. ríkisstj. að fá því framgengt að Keflavíkursjónvarpinu var lokað fyrir þeim íslendingum sem á það vildu horfa.

Það má segja að þetta er kannske ekki stórt atriði, en þetta er aðeins einn þátturinn í baráttu þessara aðila gegn varnarliðinu hér og þá auðvitað í þágu þess stórveldis sem kommúnistar — ég leyfi mér að kalla þá kommúnista úr því að þeirra eigið blað gerir það — berjast fyrir. Ég vil benda hv. þm. á að þetta er ekki frá mér komið. Það getur hver sem er lesið þetta í leiðara Þjóðviljans, þar er það sagt berum orðum að það sé fyrir áhrif fulltrúa Alþb. í ríkisstj. að kommúnistar hér á Íslandi fái ýmsum málum framgengt. Ég segi, þetta er sá alvarlegi hlutur sem um er að ræða þegar við ræðum bæði þetta mál og annað í sambandi við varnarmálin, að málgagn Alþb. er búið að viðurkenna opinberlega í leiðara að þeir fulltrúar, sem hér á Alþ. kalla sig Alþb.-menn, eða a. m. k. forustumenn þeirra, ég vil ekki ganga lengra, það er viðurkennt að þeir eru að vinna fyrir kommúnista, bæði í sambandi við lokun Keflavíkursjónvarpsins og þá að sjálfsögðu í öðrum málum, sem hinn alþjóðlegi kommúnisti hefur áhuga fyrir.

Ég tel að í sambandi við allar umr., sem orðið hafa um þetta mál, sé þetta það alvarlega í öllu þessu, að slíkt skuli geta átt sér stað um jafnfámennan hóp og kommúnistar eru hér á Íslandi þótt Alþb. sem slíkt hafi allmarga kjósendur á bak við sig, eru það kannske ekki nema 5% af því fólki, sem kýs það, sem hefur hugmynd um að það er að kjósa aðila sem vinna eins og þeirra eigin málgagn segir, vinna í þágu kommúnista. Ég segi, það var gott að þessi leiðari kom í ljós, því að þá þarf ekki að vera að vitna í að þetta sé Moggalygi, þetta sé áróður úr við skulum segja t. d. fyrrv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni, sem á sínum tíma flutti hér mjög skelegga ræðu og greindi frá samskiptum sínum við kommúnista og var þar ekkert myrkur í máli. Það er hægt að lesa ræðu hans upp hér. En það var ágætt að þetta skyldi koma fram, því þá sjá menn hvað er að gerast í þessu máli eins og öðrum.

Auðvitað getur bæði sjálfstæðismenn og aðra menn greint á í þessu máli. Það er ekkert óeðlilegt. Menn hafa misjafnar skoðanir um það. En það greinir engan á um það lengur að þarna er stefnumörkun frá tilteknum stjórnmálaflokki sem hrósar sér af því að hafa getað gert vinum sínum — og maður getur þá sagt sínum yfirboðurum — þennan greiða, að koma því til leiðar með veru sinni í ríkisstj. Íslands að lokað var fyrir Keflavíkursjónvarpið þannig að Íslendingar gætu ekki lengur horft á það.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál efnislega. Ég vil aðeins bara vekja athygli hv. þm. á því að þetta liggur fyrir og þetta er sá kjarni sem ég tel vera í sambandi við lokun Keflavíkursjónvarpsins, að það skuli liggja alveg ljóst fyrir og viðurkennt að viss stjórnmálaflokkur hafi verið með því að þóknast kommúnistum að koma þessu fram.

Hv. 3. þm. Austf. vakti athygli á því á sumarþinginu og endurtók það nú að hann drægi mjög í efa að það væri ekki brot á íslenskum lögum að Keflavíkursjónvarpið hefði verið látið afskiptalaust, hefði fengið að senda út eins og það gerði. Hann hefur nú dregið þetta til baka svo að það er óþarfi að vera að leiðrétta það. En ef menn vilja lesa þingtíðindin frá 1961 þar sem þáv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, svarar fsp. frá hv. 4. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni, um málið, þá liggur ljóst fyrir að Keflavíkursjónvarpið hefur alltaf verið rekið hér á þann hátt, sem það er gert, með fullu samþykki stjórnvalda Landsímans og með samþykki Ríkisútvarpsins. Þetta kemur alveg greinilega fram í svari þáv. hæstv. utanrrh. Það fer ekkert á milli mála. (SvH: Það voru nú ekki allt lög sem Guðmundur Í. sagði.) Það voru ekki allt lög sem Guðmundur Í. sagði, en því hefur ekki verið mótmælt, mér vitanlega, af neinum hér á Alþ. að það sem þá var gert hafi stuðst við íslensk lög. Og ég vil þá spyrja: Dettur nokkrum manni í hug að hæstv. núv. utanrrh. telji sig þurfa að fara til Bandaríkjanna til að semja um það sem ætti að liggja fyrir að væri brot á íslenskum lögum? Hann veit eins og allir aðrir að varnarliðið hafði fullan rétt á rekstri stöðvarinnar eins og hún var. Það er enginn vafi á því að þetta var gert með fullri vitund íslenskra stjórnvalda og hefur svo verið allan tímann.

Ég vonast til þess, eins og ég sagði í upphafi, að þær umr., sem hér hafa orðið um þetta mál og hér kunna verða um þetta mál, verði til þess að flýta fyrir því að íslendingar geti notfært sér þá tækni sem nú er að verða í þessum málum, þannig að þeir þurfi ekki að vera einskorðaðir við að horfa á íslenska sjónvarpið, þeir geti bæði á þeim tíma, sem það er, og á öðrum tímum skipt yfir á aðrar stöðvar, eins og nú er gert og hefur verið gert með útvarpið. Ég held að þetta sé það sem er hinn almenni vilji íslensku þjóðarinnar, menn þurfa ekki að vera að einskorða sig við eitt sjónvarp og þeir geti leyft sér það að komast í snertingu við umheiminn í gegnum þennan fjölmiðil. Ég endurtek að ég vona að þessar umr. og þessi tillöguflutningur verði til þess að flýta fyrir að þessi aðstaða skapist hér.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í innanflokksdeilur samstarfsflokks míns í ríkisstj. um þessar mund-

ir. Þeir eru menn til þess að gera það mál upp sín á milli án minnar aðstoðar. En ég hef hug á að segja örfá orð um þessa till. til þál. um sjónvarpsmál og þá fyrst og fremst til að lýsa því yfir að ég er henni algerlega andvígur. Hún er að vísu í tvennu lagi, till., og það er fyrst og fremst fyrri liðurinn sem ég er andvígur, þ. e. a. s. að við afturköllum þá ákvörðun íslensku ríkisstj. að Keflavíkursjónvarpið skuli takmarkað við Keflavíkurflugvallarsvæðið.

Seinni liður till. er sjálfsagt góðra gjalda verður, en hann er raunar um allt annað efni. Það er efalaust framtíðin að við könnum með hvaða hætti við komumst í samband við útsendingar erlendra sjónvarpsstöðva gegnum alþjóðleg fjarskiptatæki. Það er góðra gjalda vert, ef hægt er að gera það, og á ekkert skylt við það að leyfa einum aðila rekstur hermannasjónvarpsstöðvar að mínu mati, ekki neitt. Það er allt annað mál og ég mundi fagna því ef íslenskir sjónvarpsnotendur ættu kost á viðtækara sjónvarpsefni en íslenska sjónvarpið er fært um að veita þeim. En það verður að gerast með öðrum hætti en þeim sem var, að eitt stórveldi hafi einokunaraðstöðu til þess að sjónvarpa efni hér og við höfum ekkert um það að segja hvaða efni þar er sjónvarpað.

Ég vil út af fyrir sig ekkert hafa á móti því, að þessi till. fái þinglega meðferð. Ég er sannfærður um að hún verður felld, ég a. m. k. vona það, því að ég mun ekki taka það að mér sem utanrrh. að framfylgja því ef það er vilji Alþingis að opna fyrir Keflavíkursjónvarpið ótakmarkað að nýju. Það verða þá aðrir að veljast til þess.

Ég vil svo taka fram í tilefni af því sem hv. 3. þm. Sunnl. gerði að umtalsefni, að ég hefði átt að fara til Washington og semja um lokun sjónvarpsstöðvarinnar þar, að það er ekki rétt. Ég tilkynnti það sem íslenska ákvörðun að sjónvarpið yrði takmarkað við Keflavíkurflugvöll, en samdi ekki um það. Það var íslensk tilkynning, en ekki samningsatriði, því að eins og hér hefur komið fram hjá einhverjum ræðumönnum, — ég hygg að það hafi verið 3. þm. Austf. sem benti á það, — þá er það algerlega á valdi íslendinga sjálfra að ákveða með hvaða hætti fjölmiðlun frá varnarliðinu fer fram, eins og önnur atriði viðkomandi fyrirkomulagi varna á Keflavíkurflugvelli.

Það verður tækifæri áður en langt um líður — *ég vona í byrjun næstu viku* — til þess að ræða varnarsamninginn eða samkomulagið sem gert var fyrir skemmstu. Ég lofaði hæstv. 1. varaforseta Sþ. því fyrir nokkrum dögum að gefa Alþ. yfirlit um það samkomulag sem gert var, og ég mun gera það í heild. Við höfum komið okkur saman um að reyna að koma því fyrir í byrjun næstu viku. Það hefur ýmislegt valdið því að það hefur ekki verið hægt fyrr, fyrst og fremst flokksfundir allra flokkanna sem hafa staðið yfir og eru nýafstaðnir. Ég tel því ekki þörf á að ég sé að fara hér langt út í þessi mál nú en ég vil þó aðeins taka það fram að takmörkun Keflavíkursjónvarpsins við vallarsvæðið, aðskilnaður farþegaflugs og herflugs og búseta varnarliðsmanna á afmörkuðu svæði eru allt að *mínu mati* liðir í því að einangra varnarliðið, að minnka samskipti íslendinga og varnarliðsmanna. Það má segja, að það sé ekki neinn fullnaðarsigur, en í mínum augum er það áfangi til verndar íslensku þjóðerni og til þess að koma hlutum í eðlilegt horf að þessi aðskilnaður og þessi takmörkun fari fram.

Það er hygg ég mjög rangt að segja að það sé fámennur hópur sem hafi komið því til leiðar að Keflavíkursjónvarpið er takmarkað. Ég get a. m. k. upplýst það að við framsóknarmenn erum nýbúnir að hafa það sem við köllum flokksþing og haldið er á fjögurra ára fresti. Þar voru þessi mál vitanlega rædd. Sýndist sitt hverjum um samkomulagið sem gert var við bandaríkjastjórn af utanrrn. í síðasta mánuði, ég skal fúslega viðurkenna það, en allir voru sammála um það að lokun eða takmörkun Keflavíkursjónvarpsins hefði verið spor í rétta átt. Það kom ekki fram ein einasta rödd á þessu flokksþingi, þar sem voru 300—400 manns, sem vildi að þeim málum yrði öðruvísi fyrir komið, að þar yrði stigið til baka. Þvert á móti komu fram raddir sem gagnrýndu mig og fyrrv. ríkisstj. fyrir það að sjónvarpið skyldi þó enn þá vera leyft öðruvísi en í lokuðum rásum vegna þess að reyndin mun vera sú, eftir því sem mér er sagt, þótt ég hafi ekki sönnur á því, að sjónvarpið muni sjást nokkru viðar en loforð bandaríkjamanna um það efni stóðu til. Ég hef nú gert ráðstafanir til þess að fá mælingar á þessu til þess að hið sanna komi í ljós því að mér hafa verið sagðar ýmsar sögur um þetta sem ég hef ekki getað staðreynt, m. a. vegna þess að ég hef aldrei haft sjónvarp sem nær Keflavíkursendingunum.

Ég hygg þess vegna að það *séu mjög margir* sem óska þess og fagna því að þessi takmörkun hefur þó — loksins vil ég segja — verið framkvæmd og það sé mjög fjarri lagi að hér sé hægt að tala um fámennan hóp. A. m. k. höfðum við í Framsfl. lengi viljað að þetta næði fram að ganga þó að framkvæmdir létu á sér standa, það skal viðurkennt, m. a. vegna þess að við höfðum meiri breytingar og stærri áform í huga sem við urðum að leggja til hliðar að sinni. Og ég hygg að hv. talsmenn Sjálfstfl., sem hér hafa mælt fyrir þessari till., geti raunar sannfærst um það í flokksherberginu sínu að það séu ýmsir sem eru þessari till. andsnúnir.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hv. þm. Guðlaugur Gíslason undraðist það áðan hvers vegna hernámsandstæðingar tækju ekki til máls við þessa umr. Ég verð að játa það hvað mig snertir að ég hafði naumast geð í mér til þess að koma upp í þennan ræðustól bæði út af þeirri till., sem flutt er hér, og eins þeirri ræðu sem flm., hv. þm. Albert Guðmundsson, flutti hér áðan.

Ég hef fylgst með umr. á Alþ. síðustu þrjá áratugi meira eða minna. Okkur hefur greint á um ákaflega margt. Við höfum stundum verið ósammála um það, hvað væri í samræmi við hagsmuni íslensku þjóðarinnar, og um það hafa orðið hjá okkur mjög heitar deilur. En ég minnist þess ekki á öllu þessu tímabili að hafa heyrt málflutning eins og þann sem kom fram í ræðu þessa hv. þm.

Í raun og veru er hann með málflutningi sínum hér að vega að sjálfri hugmyndinni um sjálfstætt íslenskt þjóðríki. Hann talar um að þær ráðstafanir, sem við gerum til þess að tryggja okkar þjóðfélagskerfi, séu skerðing á frelsi einstaklingsins. Þegar við tökum okkur það fyrir hendur að stofna sjálfstætt þjóðríki á Íslandi eftir að hafa lotið erlendu valdi öldum saman, þá vissum við ákaflega vel, að við vorum að taka á okkur ýmiss konar sameiginlegar byrðar til þess að styrkja okkur sameiginlega í því að vera sjálfstæð þjóð eftirleiðis. Í þessu fólust að sjálfsögðu margs konar takmarkanir. Ég hygg að ef við förum yfir alla þá lagabálka sem við höfum sett til þess að reyna að tryggja þetta sameiginlega frelsi, þetta sameiginlega sjálfstæði okkar allra, þá sé hægt að leggja það út á þann hátt, sem þessi hv. þm. gerði, að þetta sé skerðing á frelsi einstaklingsins. Það er hægt að segja, hygg ég, um hverja einustu löggjöf, sem sett hefur verið á Íslandi, að hún takmarki frelsi einstaklingsins. Þegar þessi hv. þm. spyr hvers vegna menn séu að banna einstaklingnum að gera þetta og hitt, m. a. með löggjöf, þá er svar okkar það að við teljum okkur vera að styrkja sjálfstæði okkar, styrkja kerfi þessa þjóðríkis sem við höfum stofnað hér og okkur hefur verið annt um. Við getum ekki haldið uppi sjálfstæðu þjóðríki án þess að koma hér upp hvers konar stofnunum sem eru sjálf undirstaða slíks ríkis. Þetta á við bæði á sviði efnahagsmála og menningarmála. Okkar styrkur er í því fólginn, við sönnum það í verki að við séum menn til þess að vera sjálfstæð þjóð. Og það sönnum við með því að geta starfrækt slíkar stofnanir af þeim myndarskap, af þeirri reisn, að við höldum til jafns við aðra eða gerum jafnvel betur. Ég er undrandi á því að menn, sem ekki skilja grundvallaratriði af þessu tagi skuli geta komist í forustu stærsta stjórnmálaflokks á Íslandi, komist hér inn á þing og flutt slíkar kenningar hér.

Í sambandi við þetta mál er alls ekki um það að ræða að einhver hér á Alþ. hafi áhuga á því að skerða rétt íslendinga til að njóta hvers konar erlendra menningarstrauma. Ég hygg að það sé ekki nokkur maður til hér á Alþ. sem vildi skerða þann rétt sem íslendingar hafa til þess að kaupa bækur, kaupa kvikmyndir, hafa hvers konar samskipti við erlendar þjóðir sem menn vilja hafa sem sjálfstæð þjóð. En eigum við að betla? Eigum við ekki að kaupa erlendar bækur sem við viljum lesa í staðinn fyrir að betla þær af útlendingum. En þetta er það, sem þessi hv. þm. fer fram á að við gerum, að við betlum sjónvarpsefni. Við eigum að kaupa sjónvarpsefni frá Bandaríkjunum, við gerum það og við eigum að halda því áfram. En við eigum ekki að betla það. Þetta skilur á milli, að þennan hv. þm. skortir bæði þjóðlega reisn, eins og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði hér áðan, og siðferðilega afstöðu til að skilja einföld grundvallaratriði af þessu tagi.

Við erum með erlendan her á Íslandi og ég skal ekki fara að ræða það mál, það mikla deilumál hvort hann eigi að vera hér eða ekki. En mér þótti vænt um að heyra hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur segja það áðan, sem sagt var 1951, að hersetan væri ill nauðsyn, — ill nauðsyn, ekki eitthvert fagnaðarefni eins og þessi hv. þm., Albert Guðmundsson, virðist telja. En um þessa hermenn, sem hér eru, gilda allt aðrar reglur en okkur íslendinga. Þeir heyra ekki undir íslensk lög, heyra ekki undir þau lög sem við erum að búa til hér á Alþ. Þeir eru undanþegnir ákaflega mörgum lögum. Þessi hv. þm. gæti alveg eins komið hér og skorað á ríkisstj. að hlutast til um það að íslendingar fengju að kaupa vörur og þjónustu á Keflavíkurflugvelli með sömu kjörum og dátarnir sem þar eru. Þetta er nákvæmlega sama hugsunin. Af hverju er verið að skerða frelsi okkar íslendinga til þess að kaupa vörur og þjónustu á Keflavíkurflugvelli með sömu kjörum og útlendingarnir, sem þar þurfa að búa? Við höfum komið okkur upp tollalöggjöf, við höfum komið okkur upp skattalöggjöf, við teljum að þetta sá óhjákvæmilegt fyrir okkur, ef við ætlum að halda uppi sjálfstæðu þjóðríki. Útlendingarnir á Vellinum eru undanþegnir allri þessari löggjöf. Það eru nákvæmlega sömu rök fyrir því að gefa íslendingum undanþágu frá allri skatta- og tollalöggjöf á Íslandi og leyfa þeim að kaupa tollfrjálst áfengi og hvers konar varning á Keflavíkurflugvelli, eins og það að betla hjá bandaríska hermannasjónvarpinu. Þetta sjónvarp er þessum bandaríska dátum til skemmtunar og hugarhægðar í fásinninu hér. Það er borgað af bandarískum skattborgurum. Til þessarar starfsemi er varið verulegum upphæðum sem bandarískir skattborgarar greiða, og það, sem þessi hv. þm. er að fara fram á, er að við komum sem betlarar og fáum að njóta góðs af þessum greiðslum bandarískra skattborgara. Þetta er mesta siðferðilega lágkúra sem ég hef heyrt hér á Alþingi íslendinga nokkru sinni. Og mér finnst Alþingi íslendinga setja ofan þegar til þingsetu velst maður sem leyfir sér að hafa slíkan rökstuðning uppi. Það er þess vegna sem ég hafði ákaflega lítið geð í mér til þess að ræða þessa till.

Það fór eins og stundum áður að ég átti ákaflega erfitt með að skilja ræðu hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar. Honum er margt annað betur gefið en að setja mál sitt ljóst fram. En einhvern veginn skildist mér að hann væri að reyna að halda því fram að ákvörðunin um lokun eða takmörkun dátasjónvarpsins hefði verið gerð í þágu heimskommúnismans, rússa. Ég á dálítið erfitt með að skilja, hvað það mál kemur heimskommúnismanum eða rússum við. En ég vil vekja athygli á því að með þessum málflutningi er þessi hv. þm. að skipa Sigurlaugu Bjarnadóttur, hv. þm., og hv. þm. Sverri Hermannssyni í hóp með okkur hinum sem borið höfum sæmdarheitið kommúnistar í Morgunblaðinu í þrjá áratugi og lengur. Ef þessi hv. þm. vill fara að flokka aðstöðuna til dátasjónvarpsins, til betlihugsunarháttarins, á þennan hátt þá eru kommúnistar á Íslandi orðnir ákaflega margir.

Að öðru leyti vil ég aðeins segja þetta: Ég var sammála hv. þm. Sverri Hermannssyni þegar hann benti á það í sumar að þessi till. væri óþingleg því að hún felur það í sér að Alþ. íslendinga skori á ríkisstj. að brjóta lög. Ég mun því fyrir mitt leyti taka þá afstöðu, sem ég tek ákaflega sjaldan, að ég mun greiða atkv. gegn því að þessari till. verði vísað til n. Ég tel till.

vera Alþ. til vansæmdar, auk þess sem ég tel hana vera óþinglega, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson, og ég tel að sómi Alþ. mundi vaxa við það að þessari till. yrði hafnað þegar á fyrsta stigi þegar alþm. hafa tækifæri til að tjá hug sinn til hennar.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé að sjálfsögðu ekki ástæðu til að eyða mörgum orðum í að svara hv. 3. þm. Reykv. sem hér talaði síðastur. En þar sem hann og hans líkar hafa hvað eftir annað tuggið það að Ísland sé í samstarfi sínu við vestræn ríki með einhverja betliherferð þegar um er að ræða samskipti á eðlilegum grundvelli við þá aðila, sem þeir undirrituðu með sáttmálann frá 5. maí 1951, ætla ég að leyfa mér að lesa hér upp kafla úr honum með leyfi forseta. Skal ég þó sleppa inngangsorðunum, fara beint í 1. gr. Hún hljóðar svo:

„Bandaríkin munu f. h. Norður-Atlantshafsbandalagsins og samkvæmt skuldbindingum þeim, sem þau hafa tekist á hendur með Norður-Atlantshafssamningnum, gera ráðstafanir til varnar Íslandi með þeim skilyrðum, sem greinir í samningi þessum. Í þessu skyni og með varnir á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, fyrir augum lætur Ísland í té þá aðstöðu í landinu, sem báðir aðilar eru ásáttir um að sé nauðsynleg."

Hvað það snertir að ég er hingað kominn sem þm., þá hefði ég gaman af að rekja minn feril frá fæðingu til dagsins í dag ef hv. þm. Magnús Kjartansson vildi gera það líka um sinn æviferil. Við höfum báðir átt okkar góðu daga áður en við urðum þm., en öll ævin er aðdragandi að því hvað maðurinn er í dag. Ég mun ekki hafa fleiri orð um það að sinni. (Gripið fram í). Ég ætla ekki að fara að ræða úr þessum stól kjark eins eða annars, en ég skal þó leggja trúnað á orð þess sem greip fram í.

Ég vil ítreka það og taka undir það með frú Sigurlaugu Bjarnadóttur, 9. landsk. þm., að það er auðvitað slæm nauðsyn að þurfa að hafa her í landi. Það fer ekkert á milli mála. Það er ekki til umræðu. Við erum öll sammála um það. En í málflutningi sínum, þar sem hún afbiður sér kommúnisma í tali mínu, talar hún sem vinstri kona eftir hennar eigin orðum. Magnús Kjartansson gerir hennar orð að sínum. Ég er hægri maður í hennar augum. Ég er það líka með sjálfum mér, það er engin launung. Þannig er afstaða mín og framkoma í þessu máli sem mörgum öðrum, bæði hér og annars staðar. En við höfum eignast aðra „allrasystur".

Ég vil meina að sú þáltill., sem ég hef hér borið fram, sé langt frá því að vera óþingleg. Ég hef leitað upplýsinga hjá lögfræðingum alveg á sama hátt og þeir aðrir sem hér hafa talað. Þeir hafa sagt mér að hún sé það ekki enda hafa tveir forsetar Sþ. nú skorið úr um það að hún á hér fullan rétt á sér.

Það er talið betl að koma í veg fyrir að verið sé að hefta þá aðila sem við höfum hingað fengið vegna þess að við erum varnarlausir sjálfir og eru að verja okkur, ekki gegn einhverri imyndaðri hættu, okkur er öllum ljóst hver sú hætta er. Síðasti ræðumaður var talandi dæmi um þá hættu sem steðjar að okkur. En hvað er sagt við varnarlið Bandaríkjanna sem hér dvelur? Jú, þið megið vera hérna af því að við höfum sameiginlegra hagsmuna að gæta, eins og kemur fram í þessum samningi, varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, að það séu sameiginlegir hagsmunir Evrópuríkjanna, þeirra sem ennþá voru frjáls þegar bandalagið var myndað. En við segjum við þá: Jú, komið þið hingað, verið bið hérna, tryggið þið að íslenskri menningu verði ekki ógnað, bjargið þið þeim sem bjargað verður, réttið þið hjálparhönd þegar á þarf að halda, verið þið reiðubúnir til að taka þátt í styrjöldum, ef á okkur er ráðist til þess að verja þá íslensku menningu sem við erum að tala um, en farið ekki fram á neitt í staðinn. Þetta er fallegt til afspurnar — eða hitt þó heldur. Ég held að við getum verið sammála um það flestir. Flestir íslendingar hafa sýnt í verki að þeir eru það. Það er börf á að hafa bandarískra herliðið hér einmitt til þess að gæta íslenskrar menningar. Þjóðflokkar og þjóðir hafa verið gersamlega þurrkaðar út með tilfærslum milli landa. Það kæmi mér ekkert á óvart að það yrði gert hér líka ef Ísland yrði hersetið af öðrum aðila.

Ég harma það og er satt að segja alveg undrandi á því að ráðh. skuli leyfa sér að segja að hann muni neita að gegna þeim skyldum sem Alþ. felur honum hverju sinni. Hann segir að ef þessi þáltill. verði samþ. muni hann neita. Ég skil það svo að hann sé að hóta að segja af sér. Það getur enginn ráðh. neitað að gegna þeim skyldum sem Alþ. leggur honum á herðar. Þetta harma ég mjög því að ég met hæstv. utanrrh., eins og kom hér fram í minni frumræðu, mikils og veit að hann er málefnalegur og góður drengur. En ég harma þessa afstöðu hans.

Hitt er annað mál, að það kemur mér heldur ekkert á óvart þó að flokksþing hæstv. ráðh. geri samþykktir sem þessar. Að sjálfsögðu gerir ekkert flokksþing samþykkt sem lítillækkar ráðherra sinn. Hvort sem menn eru með eða móti till., þá hlýtur það að segja sig sjálft að afstaða þingsins segir ekkert um hinn eiginlega hug manna.

Ég held að ég verði að undirstrika það, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Sunnl., að það eru fámennir hópar sem hafa haft þau áhrif á ráðamenn, ráðh. í þessu tilfelli, að íslenskir sjónvarpsáhorfendur njóta ekki þeirrar skemmtunar sem Keflavíkursjónvarpið hefur flutt inn á þeirra heimili og er miklu minna mengandi, eins og talað er um, heldur en íslenska sjónvarpið sjálft með öllum sínum hrærigraut og áróðursmyndum og þá aðallega frá austri, sem að sjálfsögðu er afskaplega ánægjulegt sjónvarpsefni fyrir suma, það er svo annað mál.

Ég vil taka undir það með Sverri Hermannssyni að það er alveg nauðsynlegt að koma sem allra fyrst á þeirri tækni sem þarf til þess að við getum séð sjónvarpsdagskrár sem víðast að. En ég er ekki sammála honum um það að einstaklingurinn geti þá ekki fengið að hafa það frelsi sem í því felst að velja hinar ýmsu stöðvar, hvar sem þær eru, hvort sem þær eru í austrinu eða vestrinu, alveg eins og gert er meira að segja í Kaupmannahöfn, frá 5 eða 6 löndum og austantjaldslöndum líka. Það er ekki

langt síðan ég var í Belgíu, 3—4 vikur síðan, og horfði þar á austantjaldsstöð. Mér finnst það ekki beint skemma mig. Mér var bölvanlega við það bara af því að það var austantjaldsstöð, það skal ég viðurkenna.

Hv. 3. þm. Austf. segir að það beri að sigta þetta og matreiða í fólkið. Það get ég ekki samþykkt. Ég hef heyrt þetta áður og ég hef heyrt að þetta hafi komið fram hjá form. útvarpsráðs nýlega og kom mér ekkert á óvart, en það kemur á óvart ef það kemur frá sjálfstæðismanni.

Ég verð að leiðrétta frú Sigurlaugu Bjarnadóttur, 9. landsk. þm., að þetta er nú í fyrsta skipti, en ekki alltaf þegar hún hlustar á mig, sem hún heyrir mig tala um sjónvarpsmálið. Það hefur ekki verið til umræðu sem slíkt á flokksfundi hjá Sjálfstfl. þó að ég hafi tilkynnt á sínum tíma að ég mundi flytja það vegna þess að önnur málsmeðferð fékkst ekki. En lágkúruna í hennar málflutningi held ég að fólkið sjálft verði að dæma um. Hún minntist á það að ég hefði ekki lesið upp seinni hlutann af till. minni. Þetta er alrangt. Ég las alla till. og lagði mikla áherslu einmitt á seinni hluta till., ég las hana alla. En ég las bara stuttan kafla úr grg. Till. las ég alla og vitna ég þá í hljóðritun sem hlýtur að vera til. Hvað er lágkúra, ef það er ekki lágkúruleg málsmeðferð að tala um að orð mín um þá sjúku og öldruðu, sem sendu mér bréf og skeyti sem ég á og get lagt fram, séu bara til að gera till. girnilegri? Hvar eru takmörkin, hvar er lágkúran, hvers konar hugsunarháttur er þetta? Heldur hv. þm. að það sé bara einn eða tveir sem vilja horfa áfram á Keflavíkursjónvarpið? Það þarf að breyta hverju einasta tæki, — ég er margbúinn að segja það, — til þess að sjónvarpsdagskráin sjáist. Og svo er verið að blanda hávaða í fjölbýlishúsum eftir einhvern ákveðinn tíma á kvöldin við sjónvarpsdagskrá sem að sjálfsögðu er hægt að stilla. Hvert ætlar hún að sækja sín rök?

Ég vil upplýsa hv. 3. þm. Reykv., ef hann er ekki með varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna á borðinu hjá sér, þá er ég með hann hérna og hann getur séð á honum að hér er ekki um neina lágkúru og ekki neitt betl að ræða. Hér er um að ræða samstarf tveggja frjálsra þjóða sem halda vonandi áfram að vera frjálsar einmitt vegna samstarfsins og halda áfram samstarfi við aðrar vestrænar þjóðir.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr. neitt sem heitir, en langar þó til að segja örfá orð í sambandi við till. sem hér er til umr. Mér sýnist alveg ljóst að meginmál till. felist í fyrri málsgr. hennar, sem hljóðar eins og raunar allir hv. þm. sjá því að þeir hafa hana væntanlega fyrir framan sig:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að veita leyfi til hindrunarlausra útsendinga á dagskrárefni sjónvarpsstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og afnema þar með takmörkun á styrkleika útsendinga og breytingar á útsendingargeislum stöðvarinnar."

Þetta er ætla ég meginmál þessarar till., hitt fylgir svo með.

Ég vil segja það að ég harma mjög að þessi till. skuli koma fram hér á hv. Alþ. Ég hygg að það þurfi að leita lengi a. m. k meðal nálægra þjóða áður en menn finna þess dæmi að þjóðþing þeirra eða þjóðirnar með örum hætti hafi beðið erlendan her, hvernig svo sem hann er tilkominn, að halda uppi starfsemi fjölmiðla í landi sínu. Ég hygg að það þurfi að leita vandlega til að finna þess dæmi að um þetta hafi verið beðið af þjóðþingi einnar þjóðar. Ég get ekki fullyrt um þetta að vísu, en ég ætla að þetta sé svona.

Það er allt annað og er fráleitt að mínum dómi að tala í sama orðinu annars vegar um sjónvarp, sem rekið er af erlendum her, varnarliði skulum við segja hér á landinu, og svo hins vegar hvort menn skuli eiga kost á að velja um sjónvarps- og útvarpsefni frá sjónvarps- og útvarpsstöðvum ýmissa þjóða sem við kunnum að ná til. Þetta á ekkert skylt hvort við annað, og má alls ekki rugla þessu saman. Það virðist mér alveg fráleitt.

Það eru engar deildar meiningar um það að sjónvarpið er ekki einasta mikið áróðurstæki heldur er það líka menningartæki ef það er rétt meðhöndlað. Og fyrst mönnum kemur til hugar að biðja varnarliðið á Keflavíkurflugvelli að reka sjónvarpsstöð fyrir okkur íslendinga, er þá ekki næsta skrefið að biðja þá að reka einhverjar aðrar menningarstofnanir, sem við eigum erfitt með að reka, t. d. háskóladeildir sem við vegna takmarkaðra fjárráða eða af öðrum ástæðum getum ekki rekið við háskóla okkar? Væri það nokkuð fráleitara? Sjónvarpið er menningartæki, — menningar- og kennslutæki.

Ég ætla að standa við það að lengja ekki þessar umr., en ég vildi láta þetta koma fram hér og endurtek það að ég tel þessa till. með öllu fráleita. Ég vona það og ég veit að Alþingi íslendinga hafnar þessari till. og ég lýsi fyllstu andstöðu minni við hana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fullorðinsfræðsla, frv. (þskj. 63). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta mál, frv. til laga um fullorðinsfræðslu, er nokkuð yfirgripsmikið og nokkuð nýstárlegt að efni til. Frv. fylgir löng og ítarleg grg. og ég mun í þessari framsögu láta nægja að rifja upp meginatriðin í þessu máli, ekki fara ítarlega út í einstök efnisatriði þess.

Hinn 26. okt. 1971 skipaði menntmrn. n. til þess að gera till. um hvernig skipuleggja skuli fræðslustarfsemi fyrir fullorðna er hafi m. a. það að markmiði að veita kost á endurmenntun og gera kleift að ljúka prófum ýmissa skólastiga. Var n. falið að skila till. sínum í frv.-formi til rn. svo fljótt sem við yrði komið. Í n. voru þessi skipuð: Séra Guðmundur Sveinsson skólastjóri, formaður, skipaður án tilnefningar, Andrés Björnsson útvarpsstjóri, skipaður skv. tilnefningu Ríkisútvarpsins, Jónas B. Jónsson fræðslu-

stjóri, skipaður skv. tilnefningu Reykjavíkurborgar, en er hann lét af fræðslustjórastarfi kom Ragnar Georgsson skólafulltrúi í hans stað, dr. Matthías Jónasson prófessor, skipaður skv. tilnefningu háskólaráðs, Sigríður Thorlacius form. Kvenfélagasambands Íslands, skipuð skv. tilnefningu Kvenfélagasambandsins, Gunnar Grímsson starfsmannastjóri, skipaður skv. tilnefningu SÍS og Stefán Ögmundsson prentari, skipaður skv. tilnefningu ASÍ.

Nefndin skilaði s. l. sumar, 1974, lagafrv. því um fullorðinsfræðslu sem nú hefur verið lagt fram óbreytt eins og n. gekk frá því ásamt grg. og fylgiskjölum. Lét rn. prenta frv. ásamt grg. og fylgiskjölum og senda mörgum aðilum til umsagnar strax í haust. Þær umsagnir, sem borist hafa, hafa þegar verið sendar fulorðinsfræðslunefndinni til athugunar og þær verða svo sendar þeirri þn. sem fær þetta mál til meðferðar.

Eins og fram kemur í grg. fyrir frv. hefur n. kynnt sér rækilega gildandi lög og reglur um fullorðinsfræðslu í nágrannalöndum okkar og hefur ekki hvað síst haft til hliðsjónar þau drög að frv. til l. um fullorðinsfræðslu í Noregi, sem birt er í ísl. þýðingu með þessu frv.

Í stuttu máli er meginefni þessa lagafrv. að bæta skilyrði til þess að menn geti aukið þáttum í menntun sína, helst alla ævi, að loknu eða þá utan hins venjulega skólanáms. Þetta er af ýmsum ástæðum mjög mikilvægt. Vegna síbreytilegra starfshátta í þjóðfélögum nútímans þurfa menn að eiga þess kost að endurhæfa sig í starfi, m. a. þeir sem um sinn hafa horfið frá vinnu utan heimilis, en hefja þau störf á ný þegar aðstæður breytast, svo sem nú er orðið um margar konur. Þótt menn af ýmsum ástæðum hverfi frá námi við lok skyldufræðslu þarf að vera unnt að taka upp þráðinn á ný ef áhugi er á því. Eins er oft nauðsynlegt að geta búið sig undir störf á alveg nýjum vettvangi, sbr. það, sem allir þekkja og mjög algengt er, að húsmæður taki sig til þegar heimilið léttist og hverfi að ýmsum störfum í þjóðfélaginu, og raunar getur það komið fyrir undir mörgum kringumstæðum að menn óski og þurfi að breyta um störf, t. d. af heilsufarsástæðum. Einnig þurfa menn að eiga þess kost að verja tómstundum til náms sér til aukins þroska og ánægju almennt.

Það er vafalaust miklum vandkvæðum bundið að búa skilyrði til slíks náms þannig að bæði verði auðvelt fyrir þá sem þess vilja njóta og þó ekki um of kostnaðarsamt fyrir ríki, sveitarfélög og einstaklinga og vinnuveitendur og aðra sem undir kostnaði standa.

N. hefur að beiðni rn. tekið kostnaðarákvæði frv. til nýrrar athugunar og leggur til að ný málsgr. bætist í 2. gr. frv. eins og það núna liggur fyrir. Er þar kveðið skýrt á um að fjárframlög af ríkisins hálfu fari eftir því sem veitt er í fjárl. hverju sinni, en þó eigi lægri fjárhæð árlega en sem svarar 5% af þeirri heildarfjárhæð sem varið er til menntamála í landinu. 5% eru sett inn í þessa till. Nefndin hefur í þessu efni tekið nokkurt mið af fjárframlögum til þessara mála á Norðurlöndum, þar sem fullorðinsfræðsla hefur verið í ákveðnu formi nú um hríð.

Skv. fjárlagafrv. fyrir árið 1975 eru áætlaðir til menntamála um 7.5 milljarðar kr. Framlög ríkisins til fullorðinsfræðslu yrðu þá skv. þessum hugmyndum um 375 millj. kr. árið 1975, ef þetta yrði komið til framkvæmda. Það má geta þess að framlög til fullorðinsfræðslu í Danmörku árið 1972—73 munu hafa numið sem svarar 20 milljörðum ísl. króna, eða um 4000 ísl. kr. á hvern íbúa Danmerkur. Í Finnlandi er framlagið nokkru minna, eða sem svarar 3000 ísl. kr. á hvern íbúa, í Noregi er það 3500 og í Svíþjóð um 5500 ísl. kr. á íbúa.

Ég vildi segja frá þessu hér, en þessi viðbótartill. fullorðinsfræðslunefndar og það fjármálalega yfirlit, sem hún gerði eftir sérstakri beiðni rn. nú fyrir skömmu, verður svo vitanlega sent þeirri n. sem fær frv. til meðferðar, eins og önnur gögn sem borist hafa til rn. og þessarar n. síðan gengið var frá frv. til prentunar.

Nú þegar lög um grunnskóla og lög um skólakerfi hafa verið samþykkt þarf vitanlega að fara fram endurskoðun alls framhaldsskólakerfisins. Má segja að það verk er ýmist hafið ellegar þá að það er í undirbúningi í hinum ýmsu þáttum. Samhliða er vissulega æskilegt að komið verði hagfelldu skipulagi á fræðslu fullorðinna. Sú fræðsla hefur til þessa einkum farið fram í námskeiðum og námsflokkum, bréfaskólakennslu og útvarpskennslu, þó í of litlum mæli. Ég vil geta þess að þó að tilraun til sjónvarpskennslu, sem eitt sinn var upp tekin, hafi ekki verið haldið áfram er nú í gangi athugun á þeim möguleika að nýta sjónvarpið meira til fræðslu og þá væntanlega bæði innan skólakerfisins og utan þess. Þá hefur og verið gerð tilraun með svonefnda öldungadeild við Menntaskólann í Hamrahlíð í samræmi við ákvæði laga um menntaskóla. Sú deild miðar þó kennslu sína einungis við að búa menn undir stúdentspróf eins og kunnugt er. Það er ákaflega mikil aðsókn að því námi eða um 400 nemendur á þessum vetri. Sést á því ljóslega hve þörfin fyrir fræðslu til viðbótar almennu skólanámi er brýn. Enn má minna á það í þessu sambandi að vísir að þess konar kennslu, sem ég nú vék að, er þegar til norður á Akureyri.

Frv. þetta er fyrst og fremst miðað við að sett verði rammalöggjöf er fylla megi út í með reglugerðarákvæðum innan þeirra marka sem Alþ. ákveður. Hér er miðað við að þar sem um frumsmíð er að ræða í lagasetningu, þá geti þurft að breyta ýmsum atriðum eftir því sem reynslan segir til um. Nokkur reynsla er þegar fengin af sumum þáttum fullorðinsfræðslu, en aðrir þættir, þó að þeir hafi reynst vel annars staðar, þurfa áreiðanlega frekari stuðning og meiri kynningu hér til þess að koma að fullum notum. Það á t. d. við um bréfaskólakennsluna. Þó að hún hafi þegar verið rekin hér af miklum myndarskap í mörg ár, eru á þeim akri óplægðar skákir, miklar áreiðanlega, og það er hægt að hugsa sér að styðja bréfaskólakennsluna meira en gert hefur verið, t. d. með stuttum námskeiðum og aukinni leiðsögn kennara.

Hvaða form sem menn telja hyggilegast að hafa á fræðslu fullorðinna, þá þarf vissulega að setja henni lagareglur og lög sem tryggi ákveðin lágmarks fjárframlög. Einnig þarf að tryggja, að mönnum nýtist námið til vissrar réttindaöfl-

unar, t. d. starfsréttinda eða réttinda til frekara náms, og svo þarf að tryggja, eftir því sem við verður komið, gæði þess námsefnis, sem fram yrði boðið innan þessa ramma og kæmi til með að njóta styrks af almannafé.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að form fullorðinsfræðslunnar geti verið fyrst og fremst með þrennu móti: Í fyrsta lagi skólanám hliðstætt grunnskólanámi, í öðru lagi starfsnám, þ. e. viðbótarmenntun eða endurmenntun í beinum tengslum við atvinnulífið og við það starf sem fólk hefur unnið við, og í þriðja lagi frjálst nám, þ. e. nám sem hvorki stefnir að sérstökum atvinnuréttindum né heldur stefnir að sérstöku framhaldsnámi.

Aðilar, sem gert er ráð fyrir í frv. að komi til með að annast slíka menntun eru í fyrsta lagi ríki og sveitarfélög, í öðru lagi aðilar vinnumarkaðarins og í þriðja lagi fræðslusamtök ýmiss konar.

Frv. gerir ráð fyrir fjárframlögum í formi styrkja frá ríki til aðila atvinnulífsins, félaga og fræðslusambanda er tækju til landsins alls. Einnig er gert ráð fyrir framlögum frá sveitarfélögum. Gert er m. a. ráð fyrir samstarfi atvinnurekenda og starfsmanna við framkvæmd fullorðinsfræðslunnar þar sem það gæti átt við.

Um kostnaðarhlutföll ríkisins í fullorðinsfræðslu eru ýmis ákvæði í frv., svo sem að fræðsla í formi námsflokka og námshópa skuli fá 75% sannanlegs kostnaðar greiddan úr ríkissjóði. Viðurkennd fræðslusambönd skulu fá 75% tiltekins kostnaðar greiddan úr ríkissjóði. Kennslufræðilegar stöðvar í fræðsluumdæmunum skulu njóta 50% ríkisstyrks vegna launa sérmenntaðs starfsliðs og skrifstofukostnaðar. Þá skal ríki, fræðsluumdæmi eða sveitarfélag láta í té kennsluhúsnæði, tæki, ljós, hitaræstingu og húsvörslu.

Ég held að ég hafi drepið hér á meginþættina í frv. Eins og ég sagði í upphafi tel ég að hér sé um mjög mikilsvert mál að ræða sem óneitanlega er vandasamt að ákveða hvers konar fjárhagsstakk á t. d. að sníða. Ætlunin er að láta reynsluna leiða í ljós hvaða form henta best slíkri kennslu sem hér er um fjallað, og það er vitanlega mjög eftir því hver eftirspurn kann að verða eftir þessari fræðslu. Það er augljóst og þarf raunar ekki að vekja athygli á því að það er á vissan hátt mjög vandasamt að setja lög og reglur og sníða stakk starfsemi sem þessari, sem á að vera fyrst og fremst frjáls starfsemi. Það er meiri vandi að sníða henni stakk í lagaformi og á annan hátt heldur en starfsemi sem bundin er fyrir fram ákveðnum formum og þar sem tilteknir hópar þegnanna eiga samkv. lagaskyldu að njóta fyrirgreiðslu.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hér er mikil bók á ferðinni, mikið lesmál, kannske ekki beint frv. sjálft, heldur allt það gífurlega lesmál sem þarna fylgir. Þarna er á ferðinni mikill fróðleikur um forvitnilegt efni sem þarf að gefa gaum, verkefni sem þarf vissulega að leysa. Eins og hæstv. ráðh. benti á er hér hins vegar um viðamikið og vandasamt verkefni að ræða. Ég vil taka það fram strax að þetta er það mikið ritverk að ég hef ekki nægilega kynnt mér það enn þá. Sumt af því, sem mér sýnist þarna vera, kemur ekki heldur beinlínis inn í þetta, en er sjálfsagt engu að síður ágætt fyrir okkur þm. að lesa og fræðast þar um ýmsar fræðslustefnur og annað því um líkt sem þarna kemur fram. En ég er þó á engan hátt sannfærður um það að hér sé nákvæmlega fundin hin eina og sanna lausn á fullorðinsfræðslu í landinu. En ég vil taka það fram strax að ég er markmiðinu samþykkur, þ. e. að fullorðinsfræðsla sé annar þáttur okkar menntakerfis, og öll þrjú stigin, sem á er minnst í 1. gr., eiga rétt á sér að mínu viti. Við vitum að þrátt fyrir aukna almenna menntun er almenn menntunarstaða fullorðinna ríkt nauðsyn, sér í lagi ýmis viðbótarmenntun sem stöðugt breytt viðhorf og ný þekking og tækni gera nauðsynlega. Ég skal því vera fyrsti maður til að mæla með því, að þeirri fræðslu, þeim þætti í menntakerfinu verði fundinn eðlilegur farvegur og sjálfsagt að sýna honum fullan sóma í hvívetna.

Spurningin er um tvennt í mínum huga sem gerir mig varkáran í stórum yfirlýsingum um eindreginn stuðning minn við frv. sjálft nákvæmlega eins og það liggur fyrir. Önnur spurningin er um stöðu menntakerfisins í dag, sér í lagi á framhaldsstigi og í almennri verkmenntun okkar. Hin spurningin er um það hve rétt sú stefna er, sem frv. markar, og hversu það gæti, ef að lögum yrði, ef til vill seinkað öðru jafnmikilvægu, þ. e. t. d. framhaldsskólastiginu og þeim óhjákvæmilegu breytingum sem þar hljóta að vera ofarlega á dagskrá, m. a. í kjölfar nýrrar lagasetningar um grunnskóla. Efasemdir mínar eru kannske ekki mikilvægar, en þær eru af þessu sprotnar, jafnhliða því sem ég styð að framgangi málsins sem slíks án þess að binda mig efni þess í einstökum greinum sem gætu reynst erfiðari í framkvæmd en jafnvel ætlað er.

Hugmyndirnar að þessu fyrirkomulagi eru, eins og hæstv. ráðh. tók fram, sóttar til grannlanda okkar, fyrst og fremst frænda okkar á Norðurlöndum. Vissulega er það góðra gjalda vert og sést á öllu að umrædd n. hefur unnið mikið og gott starf sem eins og ég sagði ég hef ekki komist nákvæmlega yfir að fullkanna enn. Nú vitum við það að öll alhæfing frá kerfi Norðurlandaþjóðanna er hins vegar varhugaverð. Ég er ekki að segja að hún sé hér til staðar, ég er ekki búinn að kynna mér það nægilega vel, en vil ítreka það að íslenskar aðstæður þurfa vitanlega að sitja í fyrirrúmi. Þess ber þá að geta að við erum reynslulítil í þessum efnum, þurfum tíma og tækifæri til að átta okkur á allri málsmeðferð og þeim farvegi sem við teljum farsælastan til raunhæfs árangurs. Ég vil benda á það hve Norðurlöndin eiga miklu traustari grunn á að byggja, ekki bara í þessum efnum, heldur vitanlega miklu betri undirstöðu menntakerfisins í heild og þá ekki síst í sambandi við námsbrautir á hinu verklega sviði og í sambandi við alla tæknimenntun. Hitt er svo auðvitað alveg rétt, að við fáum enga reynslu að gagni án þess að byrja myndarlega, það er satt, en við verðum einnig að gæta þess að reisa okkur ekki hurðarás um öxl með því að fara of geyst af stað eða fara út

í of mikið og vera með of mikla margbreytni sem gæti tafið eða jafnvel hindrað allan virkan framgang.

Lagasetning um þessi efni er vandasöm og þarf mikillar athugunar og yfirvegunar við og mörg atriði koma þar inn í. Mið þarf óneitanlega að taka af almennri fræðslulöggjöf okkar og framkvæmd hennar. Þar hafa mörg atriði því miður aðeins verið orð á blaði en lítið meira a. m. k. úti á landsbyggðinni. Eins gæti farið hér.

Ég veit að markmið þeirrar n., sem hér að starfaði er að ná sem mestum jöfnuði á þessari fræðslu, að allir sitji við sama borð, og enn frekar veit ég að það er meining hæstv. ráðh. og eindregin ætlan að landsbyggðarfólk hafi sama rétt, sömu möguleika og aðrir. Ég veit líka að á einstaka stað á landsbyggðinni hefur verið farið út í svona fræðslu á myndarlegan hátt og til fyrirmyndar, en heyrir þó til að ég held algjörrar undantekningar. Ég bendi einnig á þá hættu að hið raunverulega erfiðisfólk í landinu verði hér út undan, ekki vegna löggjafar, ekki vegna framkvæmda, heldur aðeins vegna þess hve vinnudagur þess er langur og tómstundir fáar og óreglulegar. Allt þarf þetta athugunar við og við sjáum sjálfsagt seint þá löggjöf sem tryggir okkur allt það sem við þó teljum brýnast, þ. e. að fólk almennt í bæ og byggð, erfiðsfólk sem annað, fái notið þeirrar viðbótarþekkingar sem það kýs að afla sér síðar á lífsleiðinni, hvort sem er til almennrar þekkingaröflunar eða til sérstakra tiltekinna réttinda í þjóðfélaginu.

Ég tel því, eins og áður er sagt, grundvallarhugsunina að baki þessu frv. rétta, þó að ég sé enn ekki nægilega kunnugur og þá ekki heldur sannfærður um hver leið sé best og skjótust að markinu og hvort við endilega séum hér í öllu á réttri braut. Bara umfangið sjálft, hversu stórt mér sýnist stökkið í raun og veru vera, það vekur upp vissar efasemdir þó að gott sé að hugsa stórt í hvívetna. Og aldrei verður það nægilega skýrt fram tekið að þessi þáttur menntakerfisins má ekki verða á kostnað annarra, síst af öllu verk- og tæknimenntunar í landinu sem ég verð þó að telja brýnast allra verkefna að finna farveg, sem bestan og öruggastan til raunverulegs árangurs, þ. e. þess að samtenging menntunarbrauta og atvinnulífs verði sem ótvíræðust og gleggst til hagsbóta fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, þjóðarheildina, og til hagsbóta fyrir menntakerfið sjálft ekki hvað síst.

Mig langar aðeins, áður en ég fer úr þessum ræðustól að kynna nokkrar aths., við frv. þetta er fram eru komnar frá þeim skólamanni á Austurlandi sem ótvírætt er þar í alfremstu röð og það reyndar yfir landið allt. Sem formaður skólanefndar í Neskaupsstað fékk Hjörleifur Guttormsson líffræðingur tækifæri til að yfirfara þetta frv. ítarlega. Skólanefndin hefur nú sent þessa álitsgerð til okkar þm. Austurlands, auk þess hefur hún verið kynnt í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og fengið þar vissar jákvæðar undirtektir. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — mega lesa hér aðalniðurstöðurnar frá skólanefn Neskaupsstaðar sem ég kem hér með á framfæri við hv. menntmn., en það er nú reyndar óþarft, því að hæstv. ráðh. tók fram áðan að þessar umsagnir yrðu allar sendar þessari þn. En ég tek það fram sjálfur að ég hef ekki frekar en til frv. sjálfs í einstökum atriðum tekið endanlega né afgerandi afstöðu til þessa álits. En í meðfylgjandi áliti skólanefndarinnar koma fram eftirtalin meginatriði:

1. Þótt æskilegt sé að Alþ. móti á næstunni stefnu um fullorðinsfræðslu og hlúi að henni á ýmsan hátt er ekki rétt að leggja umrætt frv. til grundvallar slíkri löggjöf nema þá eftir rækilega endurskoðun.

2. Nauðsynlegt er að setja samræmda löggjöf um framhaldsskólastigið að meðtalinni verk- og tæknimenntun áður en sett verða yfirgripsmikil lög um fræðslu fullorðinna.

3. Æskilegt er að reynsla fáist af starfi fræðsluráða í landshlutum, fræðsluumdæmum, að því er tekur til grunnskóla, áður en þeim verða falin ný og umfangsmikil verkefni varðandi önnur skólastig eða fullorðinsfræðslu.

4. Stuðningur ríkisins við fullorðinsfræðslu verði fyrst um sinn í margs konar óbeinu formi, en ekki þau 75% af sannanlegum kostnaði sem frv. gerir ráð fyrir.

Síðan vísa þeir nánar í ábendingar skólanefndarinnar sem fram kom í ítarlegu plaggi.

5. Menntmrn. verði heimilað að starfrækja fullorðinnadeildir við skóla framhaldsstigsins fyrir fólk 21 árs og eldra, enda veiti þær fræðslu hliðstæða frummennntun og kostnaður verður þá greiddur af ríkinu á sama hátt og í frummenntun.

6. Hvatt verði til að sveitarfélög komi sem víðast á námsflokkum með fjölbreyttu sniði undir stjórn skólanefnda og fulltrúa áhugaaðila með fjárhagsstuðningi sveitarsjóða og annarra heimaaðila, en óbeinum stuðningi ríkisins.

7. Atvinnurekendur standi straum af kostnaði við starfsþjálfun fullorðinna sem er í beinum tengslum við atvinnurekstur og vinnustaði.

Við þetta vildi ég því einu bæta að ég bendi á og tek að nokkru undir þrjú atriði. Ég tel nauðsyn nýrrar löggjafar um framhaldsskólastigið hafna yfir allan efa, jafnhliða þessu eða á undan, skiptir ekki máli, en á engan hátt má ýta því verkefni til hliðar, allra síst með tilliti til námsbrauta tengdra atvinnulífinu. Ég fagna því yfirlýsingum hæstv. ráðh. áðan um þetta efni, að þarna sé verið vel að að vinna og muni verða tekið samhliða á því máli. Allar áhyggjur skólanefndar Neskaupsstaðar og okkar annarra, sem þarna höfum af nokkrar áhyggjur, að við verði látið sitja grunnskólastigið, eru þá væntanlega ástæðulausar.

Í öðru lagi hygg ég að fræðsluráðin úti á landsbyggðinni þurfi að fá að spreyta sig á sínu mikla og fjölbreytta verkefni á sviði grunnskólalöggjafarinnar þar sem allt er í raun enn þá ómótað og ógert, áður en viðbótarverkefni eru lögð á þeirra herðar. Ég tek hins vegar fram að tengsl á milli eru sjálfsögð í framtíðinni. En þá sýnist mér að fræðsluskrifstofurnar þurfi eðlilega á viðbótarstarfskrafti að halda ef sinna á þessu verkefni af einhverju viti. Þetta er það viðamikið. Og í þriðja lagi hef ég nokkurn fyrirvara um þann skilyrðislausa hluta ríkisins, 75% af sannanlegum kostnaði, sem frv. gerir ráð fyrir. Ekki það að ég taki ekki undir ákveðna hlutdeild ríkis og það ekki aðeins óbeina, eins og vikið er að í álitinu, sem ég las áðan, aðeins það

að til menntakerfisins í heild skortir fé. Það vitum við og við vitum að það skortir alveg sérstaklega til að koma á nauðsynlegri nýskipan framhaldsnáms. Eins og hæstv. ráðh. tók fram veit auðvitað enginn í raun hve hér er verið í einu að leggja miklar byrðar á ríkissjóð, en vel gæti svo farið að hér yrði um ærnar fúlgur að ræða. Menn mundu sem sagt taka vel við sér og ekki skal ég hafa á móti því. Ég sé svo sannarlega ekki eftir þessum viðbótarfúlgum. En þær fjárhæðir mega þá ekki koma niður á öðrum þáttum eigi síður nauðsynlegum. Þegar um svona ákveðna og þetta háa prósentu er að ræða, án þess að við vitum í raun og veru nógu vel um þá upphæð sem þarna væri möguleg, þá er þetta e. t. v. fulldjarft í byrjun.

Að öðru leyti endurtek ég stuðning minn við meginhugsunina bak við frv., viðurkenni nauðsyn þessa þáttar fúslega, en vil hafa nokkurn fyrirvara á og rétt til brtt. við frv. ef mér litist það vænlega fyrir virkan framgang fullorðinsfræðslu í landinu.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mig langar til þess að láta í ljós stuðning minn við takmark og meginefni þessa frv. Ég vil gera það ekki síst með tilliti til þess að ég hef orðið þess var á undanförnum árum hve skortur á fræðslumöguleikum fyrir fullorðið fólk háir starfsendurhæfingarstarfsemi í landinu, þ. e. a. s. endurhæfingu þeirra sem af einhverjum ástæðum verða að skipta um atvinnu, t. d. vegna sjúkdóma eða slysa. Ég tel að það þurfi vissar breyt. að koma til í þessu frv. og meiri áhersla verði lögð á að þeir, sem leggja stund á starfsendurhæfingu í þessu landi, eigi þarna greiðan aðgang að og að nánara samband verði á milli þeirra og þessarar starfsemi. Ég held að það sé tvímælalaust réttur vettvangur að fullorðinsfræðsla taki að sér hluta af verkefni, sem nú er í raun og veru í hrakhólum í þessu efni, og vil þess vegna áskilja mér rétt til þess að koma með brtt., en hef ekki enn athugað málið nógu gaumgæfilega.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru örfá orð. Ég vil þakka hv. þdm., sem talað hafa, fyrir vinsamleg ummæli og stuðning við þetta mál í heild þó að þeir að sjálfsögðu telji sig þurfa að athuga það allt saman nokkru nánar.

Ég vil láta það í ljós sem mína skoðun eða árétta það að ég held að við þurfum ekki að kvíða að þetta mál, t. d. afgreiðsla þess hér á þingi, hafi í för með sér seinkun á endurskoðun skólalöggjafarinnar eftir grunnskólastig né heldur að hún kunni að draga úr framgangi aukinnar verkmenntunar í landinu. M. a. held ég að við þurfum ekki að óttast þetta af þeim sökum, að þó að þetta frv. sé nú lagt fram hér á Alþ. og talað fyrir því í dag, þá er áreiðanlega mjög löng leið í áfangastað í þessu máli. Málið er það viðamikið að það er ekki hugsanlegt annað en að svo sé. Hins vegar vil ég árétta það sem ég áðan sagði: Ég tel mjög nauðsynlegt að byrja á þessu, reyna að setja ramma um tilhögun þessarar fræðslu sem kölluð hefur verið fullorðinsfræðsla, sem mér finnst leiðinlegt orð, — setja ramma um tilhögun hennar og reyna að tryggja henni ákveðið fjármagn, hvort sem það yrði gert með því ákvæði, sem undirbúningsnefndin leggur til, eða á einhvern annan hátt. Menn eru misjafnlega hrifnir af svona ákvæðum um tekjuöflun, hv. þm. eins og aðrir, en þó eru þess nokkur dæmi í löggjöf að þessi háttur hefur verið á hafður eða eitthvað hliðstætt þessu. En ég segi það aftur að mér finnst það mjög eðlilegt og raunar alveg sjálfsagt að hv. þm. og aðrir, sem um þetta mál fjalla nú næsta áfangann, taki sér eðlilegan tíma til þess, því auðvitað er ýmislegt að athuga bæði um fjárhagshliðina og kennsluna. Og það er alveg gefið mál, að þó að n. hafi auðsjáanlega lagt mikla vinnu í undirbúning þessa máls, þá er málið bæði það nýstárlegt og það yfirgripsmikið að það þarf miklu ítarlegri athugun og það þurfa fleiri að koma fram með sitt álit á þessu máli en þegar hafa átt kost á því. Til þess að greiða fyrir því ákvað rn. á sínum tíma, eins og ég sagði áðan, að senda málið til umsagnar mörgum aðilum, þ. á m. samtökum sveitarfélaga, félagasamtökum og aðilum vinnumarkaðarins svonefndum, og er mjög nauðsynlegt að allir þessir aðilar fái að segja sitt orð og að álit þeirra verði tekið til vandlegrar skoðunar.

Ég vænti þess samt sem áður, að hv. menntmn. þessarar hv. d. geri sitt til að þoka málinu á leið. Það á áreiðanlega langt í höfn þó að vel verði hér að staðið, svo ég held að menn þurfi ekkert að kvíða því að það detti yfir okkur alveg á næstunni með einhverjum ofurþunga, þetta er allt það yfirgripsmikið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 27, n. 70). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. sama eðlis kemur árlega fyrir Alþ. og kemur því þetta frv. kunnuglega fyrir sjónir. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv. frekar. Fjh.- og viðskn. hefur tekið það til athugunar og leggur til að það verði samþ. óbreytt að venju.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, frv. (þskj. 43). — 1. umr.

Tómas Árnason: Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 frá 1959, um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, hefur verið lagt fram hér sem þskj. 43 af Vilhjálmi Sigurbjörnssyni sem gegndi varaþingmennsku í fjarveru minni. Þetta frv. gerir ráð fyrir breytingu á þessum l. að tvennu leyti til: í fyrsta lagi að

20% af nettóágóða vöruhappdrættis SÍBS renni til byggingar elli- og hjúkrunarheimila utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins og í öðru lagi að heimildin til að reka happdrættið áfram verði framlengd til ársins 1984 í stað 1979 sem nú mun standa í lögunum.

3. gr. l. um vöruhappdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga fjallar um það hvernig ágóða af þessari starfsemi skuli varið, og hljóðar þessi gr. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimild þessi gildir til ársloka 1969“ — stendur þar, en er nú 1979, hér er lagt til að heimildin verði framlengd til ársins 1984. — „Ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir vinnuheimilisins að Reykjalundi, til byggingar og rekstrar vinnustofu fyrir öryrkja og til annarrar félagsmálastarfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga sem viðurkennd er af ríkisstj.“

Eins og ég gat um áðan, þá er lagt til að hluti af þessum ágóða, nettóágóða, verði varið sérstaklega til byggingar elli- og hjúkrunarheimila utan Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins.

Það er alkunnugt að SÍBS hefur ráðist í mörg og mikilvæg verkefni á undanförnum mörgum árum, og þar hefur verið unnið mikið þjóðnytjastarf eins og kunnugt er og mikill dugnaður margra sem þar hefur komið við sögu. Þeir hafa verið bæði bjartsýnir og djarfir í sínu starfi, enda hefur árangurinn orðið í samræmi við það. Menn hafa notið verka Sambands ísl. berklasjúklinga hvarvetna af landinu, eins og kunnugt er, og dvalið hér syðra þó að þeir væru búsettir víðsvegar um landið. Síðan berklaveikinni var að mestu útrýmt, sem hefur verið stórkostlegt átak og hefur vakið athygli — ég vil nú ekki segja um allan heim, en það hefur vakið athygli víða um lönd og oft til þess vitnað af erlendum gestum, sem sækja Ísland heim, hversu merkilegt starf hefur verið unnið á þessum vettvangi, — en síðan berklaveikinni hefur að mestu verið útrýmt, þá hefur SÍBS beint starfi sínu að rekstri vinnustofu og endurhæfingarstöð fyrir lamaða og sjúka.

Það fer auðvitað ekkert á milli mála að hér er um mjög merkilegt starf og nauðsynlega starfsemi að ræða, og þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Á hitt ber að líta, að það hefur verið vaxandi vandamál úti á landsbyggðinni að skort hefur fjármagn til þess að ráðast í byggingar elliheimila og hjúkrunarheimila víða um landið. Á seinustu árum hefur dregið úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins. Árið 1973 var það staðreynd að fólksfjöldi óx meira úti á landsbyggðinni heldur en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta ár, 1973, er í þessu tilliti eins konar vatnaskilaár, merkilegt ár að því leyti að þá fjölgaði fólki meira úti um landsbyggðina heldur en hér á höfuðborgarsvæðinu.

Fólksflutningarnir, sem átt hafa sér stað í landinu á undanförnum áratugum, hafa verið eitt mesta vandamál við að fást í íslensku þjóðlífi. Margar sveitir og mörg byggðarlög hafa mjög grisjast í búsetu á undanförnum árum, og það hefur valdið stórkostlegum vandamálum í vaxandi mæli víða úti um landið. Þess vegna eru það gleðitíðindi, að breyting hefur orðið á þessari þróun, og lífsnauðsyn að hún haldi áfram.

Nú var það svo meðan fólksstraumurinn var mestur til höfuðborgarsvæðisins utan af landsbyggðinni, þá var það sérstaklega yngra fólkið sem fluttist úr heimahögunum og til höfuðborgarinnar eða í nágrenni við hana, setti þar niður heimili og tók sér búfestu. Þá varð reyndin sú að gamla fólkið, eldra fólkið, fluttist gjarnan á eftir börnum sínum, á eftir unga fólkinu til Reykjavíkur til þess að eyða ellinni í nágrenni og í samvistum við börn sín. Með þeirri breytingu, sem ég var að lýsa áðan, á búsetu eða flutningum hefur það gerst nú í auknum mæli að unga fólkið sest að í heimahögunum og þess vegna vill náttúrlega eldra fólkið einnig eyða ellinni á þeim slóðum. Þess vegna hefur þörfin fyrir byggingu og rekstur elliheimila og hjúkrunarheimila farið vaxandi úti á landsbyggðinni nú á allra seinustu árum.

Hér er lagt til að nokkrum hluta af hreinum ágóða happdrættis Sambands ísl. berklasjúklinga verði varið í því skyni að reisa elli- og hjúkrunarheimili úti um landsbyggðina. Nú er það vitað að sveitarfélögin eru yfirleitt vanmáttug í því að reisa slík mannvirki. Það kostar geysilegt fé og er mikið vandamál, ekki aðeins á þeim stöðum úti á landi sem eru að vaxa, að reisa nýjar byggingar. Þetta er einnig vandamál á þeim stöðum sem hafa búið við elliheimili og hjúkrunarheimili í húsnæði sem er algerlega úr sér gengið og þarf að endurnýja. Mér dettur í hug dæmi eins og t. d. á Seyðisfirði þar sem hefur verið rekið elliheimili og sjúkrahús í líklega 70 ár eða eitthvað um það bil. Nú eru þessi húsakynni þannig að menn eru hræddir um það, mjög hræddir um að þau verði dæmd ónothæf af heilbrigðisyfirvöldum, og þess vegna þarf að ráðast í að byggja nýtt. En þetta kostar gífurlegt fé og menn hafa auðvitað miklar áhyggjur af því hvernig hægt verði að ráða við svo stór verkefni.

Ég vil hins vegar taka það fram, eins og kemur raunar fram í grg. frá flm., að fjárþörf á vettvangi Sambands ísl. berklasjúklinga er sjálfsagt brýn. Það dreg ég ekki í efa. En með tilliti til þess að hér er um að ræða fjáröflun á landsvísu, þ. e. a. s. landshappdrætti, þá virðist ekki óeðlilegt að nokkur hluti af þessari fjáröflun renni til þess verkefnis sem ég hef verið að lýsa og er brýnt víða úti um landsbyggðina.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, frv. (þskj. 44). — 1. umr.

Tómas Árnason: Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. nr. 16/1973, um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sem einnig hefur verið flutt af Vilhjálmi Sigurbjörnssyni, fjallar að nokkru leyti um sama efni og ég gerði að umræðuefni hér áðan um þskj. 43. Það gerir ráð fyrir því að l. um happdrætti Dvalarheimilis

aldraða sjómanna, nr. 16 frá 1973, verði breytt á þá lund að 30% af ágóða happdrættisins renni til elli- og hjúkrunarheimila í sjávarbyggðum utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis og skuli þeim hluta tekna happdrættisins ráðstafað af heilbrrh. að fengnum till. landlæknis. Í l. um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna eru ákvæði um hvernig ágóða happdrættisins skuli varið og segir svo í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Heimild þessi gildir til ársloka 1984. Ágóði happdrættisins skal renna í Byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks."

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það að sjómannasamtökin hafa af miklum dugnaði og myndarskap komið á fót dvalarheimili fyrir aldrað fólk og sjómenn að Hrafnistu í Reykjavík og hafa nú hafið framkvæmdir við nýtt vistheimili og veglegt í Hafnarfirði með beinni aðild sveitarfélaga á Reykjanesskaga. Fjár til þessara framkvæmda hefur verið aflað, eins og kunnugt er, með tekjum af happdrætti DAS sem er landshappdrætti. Það er mikil og brýn nauðsyn fyrir þessa starfsemi og ég hygg að það hafi verið svo á mörgum undanförnum árum að erfitt hefur verið að vista menn t. d. á Dvalarheimili aldraðra sjómanna vegna þess að aðsókn hefur verið svo mikil. Það sýnir nauðsynina á þessu starfi. En það er eins og með málið, sem ég ræddi um hér áðan, að orka kann tvímælis hvernig verja skuli þessum ágóða, hvort ekki sé sanngjarnt að einhver hluti hans renni til hliðstæðrar starfsemi úti á landsbyggðinni og í þá átt gengur þetta frv. sem hér hefur verið flutt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., en vísa til framsögu fyrir þskj. 43. Það er eins og með hið fyrra málið, að orka kann tvímælis hvort því er vísað til fjh.- og viðskn. eða félmn. Það er hvort tveggja, bæði fjárhagsmál og einnig mál sem heyrir undir verksvið félmn. En ég geri till. um að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. þótt ég taki undir það, sem einhver hv. þm. sagði áðan úr sæti sínu, að það gæti fullt eins vel átt heima í félmn.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Ég vil taka það skýrt fram þótt ég taki hér til máls vegna þessa frv., sem hér liggur nú fyrir til umr., að ég er síst að hafa á móti málinu þótt ég geri nokkrar aths. við það og ræði málið nokkuð í heild, einfaldlega vegna þess að það sem hér er lagt til, er í raun, ef ekki er tekið tillit til prósentutölunnar sem lögð er til í frv., — er í raun till. sjómannadagssamtakanna sjálfra á sínum tíma, fyrir 12—13 árum. Þau lögðu til að það yrði ákveðinn hluti og þá var talað um 10—15—20% vegna hinna miklu framkvæmda sem þá áttu sér stað hér í Reykjavík og hafa reyndar ekki minnkað, þótt þær séu á svæði í næsta kjördæmi, og hafandi það í huga líka að þarna vistast fólk af öllu landinu, ekki frekar úr einu sveitarfélagi en öðru, eins og tölur hafa sýnt á undanförnum árum og hafa legið fyrir um. En þessar till. voru á þann veg að vegna hinna miklu viðskipta, sem þetta happdrætti átti í hinum ýmsu sjávarplássum allt í kringum landið, þá væri rétt að eitthvað kæmi til baka til þeirra til þess að standa undir nauðsynlegum byggingum sem þessi samtök hafa alltaf verið fylgjandi að ættu að vera á sem flestum stöðum, byggingar fyrir aldraða, þótt við hins vegar teljum að ekki verði auðvelt að vera með fullkomin elliheimili nema t. d. þar sem læknamiðstöðvar eiga eftir að rísa.

Þessi till. náði ekki fram að ganga. Hins vegar varð það úr að stofnaður var með lögum Byggingarsjóður aldraðra, sem hefur nú í 11 ár fengið 40% af tekjum happdrættisins til ráðstöfunar og öllum viðkomandi sveitarfélögum hefur verið í lófa lagið að sækja um að fá úr. Út kemur í sambandi við flutning frv. að lagt er til, vegna þess að samkv. því mun þessi byggingarsjóður ekki fá framar tekjur frá happdrættinu, að tekjur, sem hugsanlega gætu runnið út um land, eigi að minnka um 10%, úr 40% í 30%.

Í sjálfu sér tel ég það rétt spor og hefði jafnvel verið reiðubúinn til þess — og á máske eftir að gera það — að flytja till. um að þessi prósenta verði rýrð vegna þeirra miklu framkvæmda sem verið er að fara í á vegum þessara samtaka, ekki með beinni aðild sveitarfélaganna í öðru formi, heldur af því að tvö sveitarfélög hafa sýnt okkur mikla velvild með því að láta samtökin hafa lóð án skuldbindinga, án þess að þurfa að standa undir greiðslum, láta samtökin hafa lóð undir þetta væntanlega heimili ásamt lögnum þar að. Þarna er að sjálfsögðu átt við Hafnarfjörð og Garðahrepp. Hins vegar hefur aðeins eitt sveitarfélag þar að auki viljað taka þátt í þessu með beinu fjárframlagi.

Þau lög, sem voru samþ. hér fyrir nokkrum missirum á Alþ. um styrk til dvalarheimila aldraðra, eru hins vegar þannig gerð eða hljóða þannig að það eru aðeins sveitarfélög sem eiga kröfu á að fá þennan styrk. Hins vegar er heimilt að leita til áhugamannasamtaka og slíkra hópa eins og standa að byggingu Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Það er heimild til þess, en hins vegar er krafan fyrir hendi frá sveitarfélögunum, þannig að þau virðast hafa þarna nokkurn rétt fram yfir þá sem hafa fremstir staðið í þessum málum á undanförnum árum.

Þegar talað er um skiptingu slíkra tekna ber auðvitað að hafa líka í huga hvaðan þessar tekjur koma. Það hefur verið nú um nokkuð langt árabil að tekjur happdrættis DAS hafa verið um og yfir 70% úr þessum tveimur kjördæmum sem um er getið í frv. að eigi ekki að fá hlut úr þessum 30%, — að sjá tekjuhluti, sem þaðan hefur komið, hefur verið, eins og ég segi, um og yfir 70%. Ég held að þegar verið er að tala um skiptingu á slíkum happdrættum sem standa undir mjög nauðsynlegum framkvæmdum, þá sé út í hött að tala um t. d. að einhverjum framkvæmdum sé lokið að Reykjalundi á vegum SÍBS. Þeir hafa haslað sér völl á nýjum vettvangi og mjög nauðsynlegum, og það er ekki aðeins að þeir hafi tekið að sér endurhæfingu lamaðra, heldur og annarra. Þetta orð „annarra" ætti auðvitað að skýra betur. Og þá verðum við að koma að þeim sem kallaðir eru hinir geðveilu í þessu

þjóðfélagi, en SÍBS hefur tekið að sér mjög mikið verkefni í sambandi við endurhæfingu þeirra að Reykjalundi og veitir ábyggilega ekki af öllu sínu fé. Guði sé lof, þá kemur fé víðar að þótt það komi ekki frá fjárlögum ríkisins. Það kemur víðar fé til þessara framkvæmda. T. d. var mér skýrt frá því, þegar kom fram frv. um breyt. á happdrætti SÍBS, — og ég bið nú forseta velvirðingar á því, þótt ég minnist á það um leið, en þetta er máski eitt og sama málið, — þá voru nokkrir einstaklingar hér í félagahópi sem færðu millj. kr. að gjöf til þess að búa þau hús betur sem þar hafa þegar risið fyrir þessa starfsemi. Og svona mætti auðvitað lengi telja.

Þegar verið er að tala um **þessi tvö happdrætti** og menn vilja vinna eitthvert **gott og þarft verk,** hvar sem er á landinu, þá virðist mér nokkuð skorta á að menn hafi hugkvæmni til þess að finna upp á nýjum fjáröflunarleiðum. Það er frekar verið að höggva í þær sem fyrir eru og hafa verið markaðar lengi, þeirra starfsemi, sem fé hefur runnið til áður, geti breyst. En ég held að í þessum tveimur tilfellum sé of stórt tekið upp í sig að segja að svo sé.

Við vitum að inn á svið þessara tveggja svokölluðu minni happdrætta af hinum þrem stóru, eins og stundum hefur verið talað um, hafa komið ákaflega mörg happdrætti á undanförnum árum. Ég bendi á styrktarfélög eins og Krabbameinsfélagið, Hjartavernd, Rauða kross Íslands og ég veit ekki hvað og hvað, Sjálfsbjörg og mörg önnur. Samtals taldi ég fyrir nokkru 11 slík happdrætti sem fara öll inn á þetta sama verksvið. Það er aðeins eitt happdrætti á Íslandi sem hefur einkarétt á peningahappdrætti. Það er Happdrætti Háskóla Íslands. Það liggur frv. fyrir Ed. Alþ. um að það eigi að stækka um töluvert á annað hundrað prósent, ef það frv. verður samþ. Og ef, sem að líkum lætur eftir því hvernig þessu stóra happdrættinu hefur gengið, ef þeir selja upp þennan nýja fimmfalda flokk sinn sem við getum búist við að þeir geri á næsta happdrættisári, þá verður söluverðmæti þeirra orðið nær 2 milljarðar kr. Þetta rennur til starfsemi eins skóla í landinu, að vísu hins æðsta og mesta og kannske nauðsynlegasta, en þetta skeður á sama tíma og við höfum ekki fjárráð til þess að gera Sjómannaskólahúsið vatns- og vindþétt.

Svona mætti að sjálfsögðu halda lengi áfram. En eins og ég hef þegar tekið fram er ég ekki á móti efnislegri hlið þessa frv. Samtök þau, sem standa að Dvalarheimili aldraðra sjómanna og reka happdrættið, munu að sjálfsögðu verða spurð af n. um álit þeirra á þessu og þá mun koma ítarlegt svar frá þeim.

En það er aðeins í sambandi við ræðu hv. flm. Hann talaði um flutningana hingað á Reykjavíkursvæðið. Mér finnst hann hafa gleymt einu ákaflega þýðingarmiklu atriði. Ég tek undir með honum að vonandi verði ekki þannig í framtíðinni að gamla fólkið þurfi eða koma hingað á suðvesturkjálkanum til þess að fylgja börnum sínum. En við skulum hafa í huga að á undanförnum árum hefur verið mjög mikið um þessa flutninga, og þetta fólk er kannske á miðjum aldri í dag sem hefur misst börn sín hingað, ef þannig má orða það. Þetta fólk á eftir að verða gamalt og þessi þróun getur tekið enn nokkra áratugi. Vonandi heldur sú þróun áfram hér hjá okkur á svokölluðu Stór-Reykjavíkursvæði að fólk verði gamalt þar líka. En það er ekki aðeins þetta atriði sem ég hef orðið var við að fólk leggur sig eftir þegar það flyst hingað á suðvesturkjálkann, — það er ekki aðeins þetta atriði þótt það sé mjög stórt. Það er líka atriði sem heitir læknishjálp. Ég hef orðið var við að það hefur reynst stóra ástæðan fyrir því að gamalt fólk, sem óttast um heilsu sína, þarf á ákveðinni sérfræðingaaðstoð að halda, þar sem um er að ræða líkamlega kvilla, augnsjúkdóma, heyrnarskerðingu og annað þess háttar, það leggur ákaflega mikið upp úr því öryggi sem því er búið á stöðum þar sem spítali og læknishjálp eru fyrir hendi. Og þá kem ég aftur að því sem ég sagði hér áðan, að fullkomin elliheimili geta tæplega orðið til nema þar sem okkur tekst að koma upp læknamiðstöð, þar sem sérfræðingar allra tegunda sjúkdóma eru til hjálpar. Hitt er annað mál að ég vík ekki frá því að á allflestum stöðum, hvort sem þeir eru litlir eða stórir, þurfi að vera sérstakar íbúðir með ákveðinni þjónustu og vissri hjálp fyrir það gamla fólk sem er á stöðunum, ef ekki tekst að hafa það heima hjá sér sem auðvitað er æskilegast.

Eins og ég sagði, forseti, þá skal ég ekki vera að teygja lopann um þetta miklu lengur. Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér við 1. umr. og endurtaka það, að þær framkvæmdir, sem standa yfir hjá þessum áhugamannahópum, eru að miklu leyti byggðar upp af fé þessara happdrætta auk samskota og annarra tekna sem þau skapa sér. Ég vil að lokum benda á það um þetta happdrætti, sem hér er um að ræða, happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, að leyfi Alþ. fyrir því, sem fékkst á sínum tíma, sé nokkur umbun fyrir það að þessi samtök höfðu safnað mörgum millj. kr., en lánuðu þær ríkissjóði Íslands eða stofnlánadeild fiskiskipaflotans, sem þá hét svo, að mig minnir, til endurnýjunar bátaflotans sem auðvitað fór um allt land, það var þegar Svíþjóðarbátarnir voru byggðir og keyptir. Þetta fé rýrnaði meðan ríkisvaldið hafði með það að gera og hafði það að láni. Það veitti ekki leyfi til byggingar yfir aldraða á þeim tíma, en vildi heldur fá féð að láni. Þeim fannst, þegar svo tímar liðu, að rétt væri þó að veita þetta leyfi sem var ekki vel séð á sínum tíma vegna þeirra happdrætta sem þá voru þegar í gangi, þannig að það er nokkuð einsýnt að þarna er enn um þá greiðslu að ræða um leið. Og við skulum hafa það í huga að í 11 ár hafa 40% af tekjum happdrættisins verið teknar í Byggingarsjóð aldraðra eins og ég á sínum tíma féllst á að við mundum gera þótt ég hefði hins vegar talið að það væri áhrifameira að láta það ganga beint á ákveðna staði. Þá höfðum við í þeim samtökum, sem þessu hafa stjórnað á undanförnum árum, í huga að við mundum ná inn sjóðum á stöðunum sjálfum, við mundum fá fé frá verkalýðs- og sjómannafélögunum sem eiga t. d. í dag orðið mjög þýðingarmikla sjóði til þess að leggja í slík verkefni og um leið fengjum við mikið af áhugamannafólki á þessum stöðum til þess að vinna að framkvæmd slíkra mála.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Við umr. um þetta mál vaknaði sú spurning hvort ekki væri ástæða til að vekja athygli á einu sérstöku atriði sem ég tel mjög aðkallandi og snertir það mál sem hér er á dagskrá. Hér liggur fyrir frv. þess efnis að nú skuli 70% ágóða af happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna ganga til byggingar dvalarheimila aldraðs fólks og sjómanna í Reykjavík og nágrenni og 30% til elli- og hjúkrunarheimila í sjávarbyggðum utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis. Þetta er að sjálfsögðu mjög þarft og góðra gjalda vert. En þess var getið í ræðum beggja þeirra hv. þm., sem þegar hafa lokið máli sínu, að hluta af tekjum þessa happdrættis skyldi varið til Byggingarsjóðs aldraðs fólks. Ég get ekki að því gert að það mál og þau ummæli vekja upp hugsanir hjá mér, sem raunar brutust um í kolli bæði mínum og hv. 8. þm. Reykv. fyrir allmörgum árum, er við unnum sameiginlega að því að semja frv. um Byggingarsjóð aldraðs fólks. Ég get játað það hér og nú að það, sem fyrst og fremst vakti fyrir mér, var að finna tekjur sem sérstaklega væri hægt að verja til að styrkja fólk til að byggja hentugar einstaklingsíbúðir við hæfi aldraðra. Einnig var þá hugsað að slíkar íbúðir gætu verið jafnt við hæfi aldraðra og öryrkja.

Nú er það svo að ef frv. eins og þetta, sem hér liggur fyrir, er samþ., þá eru allar tekjur happdrættis Dvalarheimilis aldraðra sjómanna bundnar við að styrkja byggingu stofnana. Ég hygg að öllum sé það mætavel kunnugt að mál þessi hafa á undanförnum tveimur áratugum meir og meir þróast í þá átt að mönnum sé ljóst að það, sem nauðsynlegast sé eða a. m. k. mjög nauðsynlegt, sé að gera fólki kleift að búa sem lengst í hentugum einstaklingsíbúðum án þess að leita til stofnana. Þetta hefur vitanlega eins og margt annað í okkar þjóðfélagi strandað á fjárskorti. Við vitum að húsnæðislánakerfið hefur haft ærnum verkefnum að sinna sem það hefur engan veginn komist yfir, svo að ekki náði það þessum tilgangi að bæta þessu verkefni einfaldlega inn í lög um það. Þess vegna var reynt að fara inn á þá leið að koma á fót sérstökum byggingarsjóði í þessu skyni.

Nú er mér ljóst að á undanförnum árum hefur verkefni þessa sjóðs í raun farið æ meira inn á það svið að styrkja stofnanir, veita þeim fyrirgreiðslu, hvort heldur er á vegum sveitarfélaga eða aðila sem sveitarfélög viðurkenna. Það, sem hér vantar og væri mjög æskilegt að hv. n. hefði í huga við afgreiðslu þessa máls, er hvort ekki væri unnt að flytja verkefni þessa sjóðs, ef honum yxi nú fiskur um hrygg sem sannarlega þyrfti að vera, meira inn á það svið að greiða fyrir byggingum einstaklingsíbúða. Við höfum heyrt hverja ræðuna á fætur annarri um þörfina á því, ár eftir ár, en það, sem vantar, er fyrst og fremst fjáröflun. Ég vek athygli á því í þessu sambandi, að í 3. gr. l. um Byggingarsjóð aldraðs fólks er þess getið að tekjur sjóðsins séu í fyrsta lagi ágóði af happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna samkv. ákvæðum þar um í lögum um happdrættið og í öðru lagi frjáls framlög eða aðrar tekjur sem til kunna að falla. Mér vitanlega hefur verið lítið um þessi frjálsu framlög og þaðan af minna um aðrar tekjur sem kunna að hafa fallið til. Í þriðja lagi eru vaxtatekjur. Á þessu öllu þyrfti að ráða verulega bót til þess að hægt væri að sinna því verkefni sem er ekki síður nauðsynlegt en reisa umræddar stofnanir, sem sé að reisa íbúðir við hæfi aldraðs fólks og gera því kleyft að búa í þeim.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Skylduskil til safna, frv. (þskj. 57). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. um skylduskil safna var lagt fyrir 94. löggjafarþing alveg í sömu mynd og það er lagt fram núna, en varð þá ekki útrætt. Frv. var undirbúið þannig að menntmrn. fól Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði, Ólafi Pálmasyni deildarstjóra í Landsbókasafni og Knúti Hallssyni skrifstofustjóra í menntmrn. að taka málið til meðferðar og undirbúa frv. um þetta efni.

Í I. kafla frv. er greint frá megintilgangi l., en hann er sá að tryggja að unnt sé að varðveita til frambúðar það efni sem skilaskyldan nær til, að unnt sé að gera og gefa út alveg tæmandi skrár um þetta efni eða tiltekinn hluta þess og að efnið geti enn fremur verið tiltækt til nota vegna rannsókna opinberra stjórnsýsluaðila eða til annarra eðlilegra þarfa. Í fyrri löggjöf hefur þótt bresta nokkuð á, að þessi tilgangur væri skýrður nægilega vel. Það er rétt að taka fram að þegar í II. kafla um skilaskylt efni segir að íslenskar prentsmiðjur skuli halda eftir 4 eintökum til skylduskila, þá felur það í sér að útgefandinn eða sá er prenta eða margfalda lét, eins og segir í frv., bera í rauninni allan kostnað af skylduskilunum. Það er svo nýmæli í íslenskum lögum að afhenda skuli hljómplötur eða annars konar tón- og talupptökur sem gefnar eru út, en nauðsynlegt er að tryggja einnig að þessu efni sé haldið örugglega til haga engu síður en því efni sem prentað er eða fjölfaldað á annan máta.

Um það efni, sem ætlað er til takmarkaðra nota innan þröngs hóps eða e. t. v. er trúnaðarmál þegar það er út gefið, er rétt að taka fram að því ber að skila engu síður en öðru efni. Það er svo skylda Landsbókasafnsins, sem er viðtakandi, en ekki prentsmiðjunnar að tryggja það síðan, eins og fram kemur í frv., að með það efni verði farið af þeirri leynd sem ætlast er til.

III. kafli frv. fjallar um framkvæmd skylduskilanna. Þar segir m. a., að Landsbókasafn Íslands veiti skyldueintökum viðtöku og hafi eftirlit með skylduskilum.

Í IV. kafla frv. er svo rætt um varðveislu og meðferð skyldueintakanna. Varðveisla alls hins skilaskylda efnis er ekki talin trygg til frambúðar nema í Landsbókasafni séu tvö eintök af hverju einu og sé annað þeirra varðveitt sem hreint geymslueintak, en hitt aftur til nota á lestrarsal. Til enn frekari öryggis á viðsjárverðum tímum þykir enn fremur nauðsynlegt að eitt eintak sé varðveitt annars staðar, í öðrum lands-

hluta, og þá eðlilegast að Akureyri verði fyrir valinu sem fjölmennasti bær og augljós framtíðarstaður fjarri höfuðborgarsvæðinu. Til þess að varðveisla skyldueintaka verði þar sem allra tryggust verður að binda not þeirra við lestrarsal eingöngu eins og fram kemur í frv.

Þá er rétt að minna á það að með ráðstöfun eins eintaks til Háskólabókasafns er í fyrsta lagi litið á brýna þörf Háskóla Íslands til þess að hafa jafnan sem greiðastan aðgang að hverju einu, bæði stóru og smáu, vegna rannsókna hvers konar, en jafnframt er nauðsynlegt að eitt safn, ef ríka nauðsyn ber til, geti léð öðrum söfnum og stjórnsýslustofnunum innanlands íslenskt efni og einnig léð það erlendum söfnum sem hingað kunna að snúa sér með bókalán þegar svo stendur á.

Eins og áður sagði var sams konar frv. lagt fram á síðasta Alþ. og hv. þm. er því nokkuð kunnugt um efni þessa frv. nú þegar. Ég tel ríka nauðsyn á því að afgreiða þetta frv. sem allra fyrst og helst, ef mögulegt er, að afgreiða það nú á fyrri hluta þingsins. Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hv. þn., sem fær þetta mál til skoðunar, að hún greiði framgang þess eftir því sem hún sér sér fært.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Hæstv. menntmrh. hefur gert glögga grein fyrir frv. því sem hér liggur frammi, frv. til l. um skylduskil til safna. Um þetta efni gilda nú lög frá 1949 um afhendingu skyldueintaka til bókasafna. Það er því rétt nú þegar við 1. umr. málsins að gera sér grein fyrir því hverju þessu frv. er ætlað að breyta frá því sem er í gildandi lögum.

Í grg. segir að í frv. þessu sé freistað að skilgreina hver sé raunverulegur tilgangur slíkra laga o. s. frv., og er það að sjálfsögðu góðra gjalda vert. Því er í I. kafla frv. fjallað um tilgang þess, en á það þótti nokkuð skorta í fyrri lagasetningu. En þegar frv. og lögin eru borin saman skilst mér að það sé ekki neitt sérstakt sem rekur á eftir að flýta þessari lagasetningu. Mér finnst það þurfi að athuga þetta mál betur, því verði ekki hraðað um of. Kemur fram við samanburð að ætlunin er að fækka hinum svokölluðu skyldueintökum til mikilla muna. Er það e. t. v. til hagræðingar fyrir vissa aðila, en getur þó breytt töluvert þeirri skipan sem farið hefur verið eftir hingað til.

Nú er aðeins gert ráð fyrir að halda eftir af upplagi 4 eintökum til skylduskila, en þau hafa verið 12, að ég ætla.

Ég vek athygli á því, að í l. um almenningsbókasöfn, nr. 22 frá 1963, 4. gr., er ákvæði sem segir á þessa leið:

„Bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu skyld að varðveita eitt eintak af hverju íslensku riti sem prentað er. Skuli söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkv. nánari ákvörðun í fjárl."

Og í 6. gr. þessara sömu l. er sú skylda lögð á bæi og sýslur að sjá söfnum fyrir viðunandi húsnæði, enda þótt þau eigi að njóta styrks til húsabóta úr ríkissjóði, en hann hefur verið á undanförnum árum mjög svo takmarkaður og ekki fengist hækkaður þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Það er því augljóst mál að þetta frv., ef samþ. verður óbreytt, breytir þessum skylduskilum til mikilla muna. Er því ekki vert að láta það alveg orðalaust ná fram að ganga. Við nánari athugun virðist koma í ljós að meiningin sé að taka prentskilin af bókasöfnunum í Stykkishólmi, Ísafirði og Seyðisfirði. Sú ástæða er einhvers staðar nefnd, að eintökin séu ekki geymd nógu vel á þessum stöðum. Ég vek þó athygli á því að þessi regla, sem ég hef nefnt, hefur gilt um langan aldur og þessi bókasöfn, sem ég nefndi, hafa byggst upp með hliðsjón af henni.

Ég verð því að segja að ég tel þetta frv. að ýmsu leyti afturför frá því sem verið hefur, að því er landsbyggðina snertir a. m. k. Ef þetta væri rétt ástæða, þá væri nær að skyldueintökin til umræddra safna væru 2, annað til geymslu, en hitt til útlána. Mér er nær að ætla að það sé verið að láta að því liggja að þessi bókasöfn úti á landi láni þessi eintök út í staðinn fyrir að geyma þau. Kann vel að vera að einhver brögð séu að því. Ég verð þá að segja að mér finnst meira virði að hreyfa örlítið við bókunum, láta lesa þær, heldur en geyma þær einhvers staðar í læstum skáp.

Ég held þess vegna að við þurfum að athuga þetta nánar. Það væri að ýmsu leyti spor aftur á bak að svipta þessi bókasöfn rétti til skyldueintaka og gera þau þar með óhæfari til þess að gegna hlutverki sínu. Og prentskilaaðferðin er auk þess einfaldari og miklu kostnaðarminni heldur en auka fjárframlög til safna svo að þeim yrði kleift að kaupa allar þær bækur sem þau teldu sig þurfa. Geymsluskyldan og dreifing bóka um landið er líka öðrum þræði gerð í öryggisskyni og til þess að tryggja að bækur glatist ekki alveg þótt náttúruhamfarir, styrjaldir eða aðrar ófarir gangi yfir og tortími bókum á einum stað e. t. v. Ég held því að það þurfi að athuga þetta mál betur áður en prentskilin eru afnumin að því er tekur til umræddra þriggja bókasafna.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þó að ég óskaði eftir greiðri afgreiðslu á þessu máli í hv. þd. mega hv. þm., sem sæti eiga í menntmn., né heldur aðrir hv. þdm. ekki skilja orð mín svo sem ég vilji mælast undan því að eðlilegur tími verði tekinn til þess að skoða þetta mál. Það var ekki ætlunin. Það verður alltaf að fara eftir því sem þm. sjálfir meta fært og ekki síst hv. nm. í menntmn.

Skylduskilin áður voru svolítið breytileg, þau voru frá 4 eintökum á tilteknu prenti, smáprenti, og upp í 12 eintök mest. Þannig eru ákvæðin í þeirri löggjöf sem nú gildir. Hugsunin á bak við þetta frv. er annars vegar það, sem ég lagði sérstaka áherslu á og er megintilgangurinn að gera alveg glöggt hvað fyrir löggjafanum vakir hvernig skuli fara með varðveisluna. Það er höfuðatriðið. Hins vegar er svo það að mönnum þykir sú kvöð, sem lögð er á bókaútgefendur með lögunum eins og þau eru núna, ekki alls kostar eðlileg. Það er ekki svo lítið fjármagn sem er

t. d. bundið í 12 eintökum af þeim dýru og vönduðu bókum sem nú er tekið að gefa út hér á landi, a. m. k. þeim allra dýrustu. Menn þurfa auðvitað að gera upp hug sinn gagnvart þessu atriði ekki síður en öðrum atriðum sem frv. fjallar um, hvað þeim sýnist um þetta. Þá er spurningin hvort það sé eðlileg kvöð að hinu leytinu að leggja á þau söfn, sem hafa fengið skyldueintök, en nú er ráðgert að fella niður, þá kvöð að varðveita allt prentað mál sem út er gefið á Íslandi og hvort það er í raun og veru framkvæmanlegt til frambúðar, eins og nú er komið.

Mismunur er á eintakafjöldanum, 12 þegar mest er, og því sem kemur fram í lögunum. Landsbókasafnið hefur fengið 2 eintök til nota hjá sér, Háskólabókasafnið 1 og svo amtsbókasöfn. Þetta eru 7. Afgangurinn, þegar um 12 eintök er að ræða, þau 5 eintök hafa verið notuð að meginparti, — ég er ekki viss um, að það sé alveg tæmandi, — en að meginparti til bókaskipta við erlenda aðila og t. d. hvað það út af fyrir sig snertir hljóta menn mjög að velta því fyrir sér hvort sé eðlilegt að ætla bókaútgefendum að standa undir slíkum viðskiptum, þó að þau séu hagkvæm fyrir þá sem þeirra njóta.

Hv. 4. þm. Vestf. drap á að það væri í sjálfu sér einfaldara mál að skila söfnunum þessum eintökum, sem þau hafa nú fengið, heldur en fara að hækka fjárveitingar til bókasafnanna. Á þessu máli eru auðvitað fleiri hliðar. Það má t. d. varpa fram þeirri spurningu hvort það sé eðlilegra að þessi 3 tilteknu söfn fái þessa sérstöku fyrirgreiðslu, sem er mjög mikil miðað við það sem öll önnur söfn fá, og halda uppi slíkum mismun á milli hinna ýmsu safna á landsbyggðinni ellegar drifa sig í það, sem ég vona að hv. Alþ. geri í vetur, að ljúka endurskoðun á l. um almenningsbókasöfn og auka fjárframlög til þeirra almennt. Það mundi án alls efa koma jafnar niður en þótt þessu væri haldið og minna eða ekkert gert að því að hækka fé almennt til bókasafnanna.

Þetta eru allt atriði sem koma til álita og menn hljóta að íhuga áður en þeir gera upp við sig afstöðuna til þeirra ákvæða, sem frv. felur í sér, og þar með til frv. sjálfs. — Ég vildi láta þetta koma fram til viðbótar.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð í viðbót. — Hæstv. menntmrh. taldi að þessi 3 söfn, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, nytu mikilla forréttinda með því að fá umrædd skyldueintök. En ég vil jafnframt benda á að á þau eru lagðar miklar skyldur á móti. Þau verða að byggja yfir þessar bækur allar og varðveita eins og til er ætlast.

Ég viðurkenni fyllilega að það er hægt að bæta þetta upp, t. d. með því að hækka fjárveitingar almennt til bókasafna samkv. l. um almenningsbókasöfn. En ég hef nokkra reynslu af því að það hefur verið erfitt að fá þær hækkanir fram á undanförnum árum, sbr. styrkinn til húsabóta. Og ákvæði l. um almenningsbókasöfn að því er fjárveitingar varðar eru orðin býsna langt á eftir tímanum.

Ég vil einnig endurtaka það að ef þetta frv. á að ná fram að ganga óbreytt, þá skilst mér að óhjákvæmilegt sé að breyta 4. gr. l. um almenningsbókasöfn og fleiri ákvæðum þeirra laga.

Ég læt þetta nægja að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Verðtrygging fjárskuldbindinga, frv. (þskj. 61). — 1. umr.

Tómas Árnason: Herra forseti. Frv. til l. á þskj. 61 um breyt. á l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga er flutt af Vilhjálmi Sigurbjörnssyni og fjallar um það að gera viðbót við lögin á þá leið að heimilt sé að setja í kaup- eða verksamninga um húsbyggingar, mannvirkjagerð og aðrar verklegar framkvæmdir ákvæði þess efnis að verð hækki eða lækki í samræmi við byggingarvísitölu eða ákveðinn verðbótargrundvöll.

Það er aðalregla samkv. íslenskum l. að ekki sé heimilt að stofna til fjárskuldbindinga í íslenskum krónum á þann veg að upphæðin breytist í hlutfalli við vísitölu, erlent gengi eða annan verðmæli. Frá þessari aðalreglu eru þó ýmsar undantekningar: Í fyrsta lagi varðandi erlend lán sem íslenskir aðilar, sérstaklega sjóðir og bankar, taka og endurlána síðan. Þeim er heimilt samkv. l. að haga þessum endurlánum á þá leið að þau séu gengistryggð, sem sé lánuð út á sömu kjörum og lánin eru tekin erlendis frá. Í öðru lagi er Seðlabankanum heimilt að veita leyfi til þess að viss lánastarfsemi sé verðtryggð ef fullnægt er ákveðnum skilyrðum, sem sett eru í l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga sem hér er lagt til að breyta.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þetta mál. Það vill svo til að annar þm. hefur flutt till. hér í hv. þd. um að gera breyt. á þessum lögum sem gengur í nákvæmlega sömu átt og frv. sem hér um ræðir, aðeins með nokkuð öðru orðalagi. Því frv. hefur verið vísað til n. Ég held að það sé nákvæmlega sama hugsunin sem felst í þessum tveim frv., það sé spurning um það hvernig eigi að orða þetta í lögunum. Þess vegna kemur til kasta n., ef hún felst á þá stefnu, sem mörkuð er í þessum tveim frv. að samræma þessar tvær till. í sem skynsamlegustu og heppilegustu orðavali.

Það má segja að þetta mál sé þannig til orðið að lagt sé til að lögfesta venju sem hefur ríkt um langan tíma. Það hefur tíðkast lengi að t. d. ríkisstofnanir hafa sett ákvæði í verksamninga um verðbætur í samræmi við byggingarvísitölu sem Hagstofan reikni út. Þannig er í raun og veru um að ræða lögfestingu á venju sem er orðin það rík að opinberir aðilar hafa fylgt henni um árabil. Því orkar sjálfsagt ekki tvímælis að rétt sé að lögfesta þetta. Það mætti segja að með lögfestingu svona ákvæðis ásamt með fjöldamörgum fleirum sem hafa verið lögfest á undanförnum árum, séu menn að reyna að fóta sig í verðbólguflóðinu. Íslensk löggjöf ber æ meiri keim af því hversu gífurleg verðbólga er í landinu og hefur verið um árabil. Það á nú e. t. v. ekki við að fara að ræða um verðbólguna í sambandi við þetta. Ég vildi þó vekja athygli á þessu.

Í raun og veru er kannske of lítið talað um verðbólguna og skaðsemi hennar, bæði hér á hv. Alþ. og annars staðar, því að hún er svo ranglát og leiðir af sér svo mikið ranglæti í þjóðfélaginu og er svo skaðsamleg á ýmsa vegu að það er vissulega ástæða til að gera það að umtalsefni miklu oftar en gert er. Hún eykur náttúrlega stórkostlega á eyðsluna, eins og kunnugt er. E. t. v. er hrikalegasta dæmið í sumar það sem hefur verið að ske í okkar þjóðfélagi miðað við 40—50% verðbólgu frá árinu 1973—1974. Verðbólgan leiðir það af sér að ákaflega erfitt verður í vaxandi mæli, að afla fjármagns innanlands til þess að byggja upp atvinnulífið, til þess að fylgjast með framförum, til þess að tryggja nægilegt fjármagn til að við getum fylgst með öllum tækniframförum og vísindum í atvinnulífi sem er nauðsynlegt að gera.

Fjármagnskreppan er stórkostlega vaxandi í okkar landi, svo stórkostlega að það hlýtur að — ég segi kannske ekki springa, en allt að því, ef okkur tekst ekki að hægja verulega á verðbólgunni frá því sem nú er. Verðbólgan hjá okkur er margfalt meiri en hjá öllum þeim þjóðum sem við verslum nokkuð verulega við eða höfum veruleg skipti við. Sumar nágrannaþjóðir, eins og t. d. norðmenn, eru með verðbólgu sem er undir 10% á sama tíma sem við íslendingar búum við 40—50% verðbólgu. Að vísu má segja að verðbólgan sé orðið alþjóðlegt vandamál á sviði efnahagsmála í vaxandi mæli. En við skerum okkur úr hér í Evrópu svo mjög að það hlýtur að verða erfitt að ráða við okkar efnahagslíf, okkar efnahagsmál, ef svo horfir sem verið hefur. Verðbólgan skapar náttúrlega hrikalegt misrétti í þjóðfélaginu.

Menn tala réttilega mikið um jöfnuð og jafnrétti. En hvað er að gerast á hverjum einasta degi í okkar þjóðfélagi þegar við lifum við 40—50% verðbólgu? Fjármunir eru færðir til þegjandi og hljóðalaust frá einni hendi til annarrar án þess að nokkur finni til eða reki upp skræk. Þetta er eins og sjúkdómur, skæður, hættulegur sjúkdómur sem herjar á menn án þess að menn finni til. Það er auðvelt að sýna fram á þetta. Við þurfum ekki annað en taka dæmi. Við getum tekið dæmi um ungt fólk, sem er nærtækt. Það eru t. d. ung hjón sem eru að byggja upp sitt heimili, en eiga ekki íbúð. Svo eru aftur við hliðina á þeim önnur ung hjón, þau eiga íbúð. Svo líður eitt ár með 50% verðbólgu. Það þarf ekki mikinn reikningsmann til að reikna það út hvað þarna hefur skeð og misréttið náttúrlega sker í augu. Það er alveg rétt, sem vís maður sagði fyrir mörgum árum, að verðbólgan hefur þau áhrif að þeir fátæku verða fátækari. Þeir, sem hafa minnst milli handa og minnsta möguleika til þess að nota verðbólguvindinn, ef svo mætti segja, sigla, þeita seglum í verðbólguflóðinu, verða verst úti. Hinir, sem eiga einhver efni, hafa möguleika af ýmsu tagi, geta hagnýtt sér verðbólguna.

Það þarf ekki að ræða um hag sparifjáreigenda í þessu sambandi eða t. d. um opinberar framkvæmdir. Hvernig fer um opinberar framkvæmdir?

Um verðbólguna má auðvitað flytja langt mál, en ég er á þeirri skoðun að málið sé þannig vaxið að það hlýtur að verða ákaflega erfitt að ráða við efnahagsmál þjóðarinnar á næstunni og koma í veg fyrir samdrátt í atvinnulífi og e. t. v. atvinnuleysi, vegna þess að verðbólgan er svo mikil. Við byggjum okkar efnahagslíf á viðskiptum við aðrar þjóðir mun meira en flestar aðrar þjóðir. Þess vegna er hætt við að erfiðara verði um vik fyrir okkur að lifa við svo miklu meiri verðbólgu hér í landinu heldur en tíðkast hjá okkar helstu viðskiptaþjóðum.

Ég er nú kannske kominn dálítið frá efninu, en þetta spnanst út frá því að mér finnst að þetta frv. sé, ef það verður að lögum, eitt af mörgum lagaákvæðum sem sett eru til þess að menn reyni að fóta sig í því feiknalega verðbólguflóði sem við búum við.

Ég leyfi mér að leggja til að þessu máli verði vísað til fjh.- og viðskn. Ég hygg að frv. á þskj. 29, sem fjallar raunar um nákvæmlega sama efni, hafi verið vísað til þeirrar n. hér í gær og ég geri það þess vegna að till. minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, frv. (þskj. 66). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Virðulegi forseti. Hér á landi eru þrjár landshafnir og gilda sérstök lög um hverja þeirra. Þegar þessi lög eru borin saman kemur m. a. í ljós að ekkert samræmi er í því hvernig höfnum þessum er stjórnað. Í gildandi l. um landshöfnina í Rifi segir í 4. gr. að í stjórn hafnarinnar eigi sæti 5 menn sem ráðh. skipar til fjögurra ára í senn. Í l. um landshöfnina í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi segir hins vegar að stjórn hennar skuli skipa 5 menn og eru 3 kjörnir af Alþ., einn af bæjarstjórn Keflavíkur og einn af hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps, en ráðh. skipar formann úr hópi hafnarstjórnarmanna. Loks segir í l. um landshöfnina í Þorlákshöfn að þar skuli vera 7 menn í stjórn og jafnmargir varamenn, allir kosnir af Sþ. til fjögurra ára í senn. Ráðh. skipar formann úr hópi þeirra.

Frv. það, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 66, er þess efnis að breytt er um stjórnartilhögun hafnarinnar í Rifi, í stað þess að ráðh. tilnefni alla 5 menn í hafnarstjórnina skuli Alþ. kjósa 3, en viðkomandi hreppur, þ. e. Neshreppur utan Ennis, skuli kjósa tvo og ráðh. síðan skipa formann. M. ö. o.: Þetta er fært til samræmis við þá reglu sem gildir um landshöfnina í Keflavík og Njarðvík.

Það er augljóst að mjög náið og gott samstarf verður að takast milli landshafnanna og þeirra sveitarfélaga sem þær eru í. Því miður hefur þetta ekki tekist nógu vel milli hafnarinnar í Rifi og hreppsins, Neshrepps utan Ennis, eða Hellissands. Það er tilgangurinn með þessu frv. að gera tilraun til þess að bæta úr þessu.

Landshöfnin í Rifi er að því leyti til sérstæð að hún ræður yfir mjög miklu landi, mun meira en þörf er á til hafnargerðarinnar og nauðsynlegustu aðstöðu við höfnina. T. d. hefur risið

í þessari landareign íbúðahverfi, og má segja að húsin þar séu bæði á vegum hafnaryfirvaldanna og hreppsins og virðist þó eðlilegra að hrein íbúðahverfi ættu að vera eingöngu á vegum hreppsins.

Þá hefur það gerst að hafnaryfirvöld hafa látið flugfélagi í té land til að gera nýjan flugvöll án þess að hafa nokkurt samband um það mál við hreppsnefndina. Ég vil taka það fram, að ég tel framtak flugfélagsins í sjálfu sér vera lofsvert. Þessi flugvöllur liggur á góðum stað milli tveggja byggðakjarna. Að vísu er annar flugvöllur til sem er rétt hinum megin við Hellissand. En það er ekki gerð flugvallarins út af fyrir sig sem ég gagnrýni, heldur sú meðferð málsins að ekki hafi verið við hreppsnefndina rætt um þetta mál. Er það harla skrýtið ef hægt er að byggja heila flugvelli án þess að tala við næstu hreppsyfirvöld.

Ég get ekki komið auga á aðra greiðari leið til að bæta sambúð landshafnarinnar og hreppsfélags en að gefa hreppsnefndinni kost á að kjósa tvo menn í hafnarstjórn. Fordæmi fyrir slíkri skipan er þegar varðandi landshöfnina í Keflavík og Njarðvík og ég tel eðlilegt að hafa þá sama hátt á og láta Alþ. kjósa þrjá.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., kemur mér nokkuð á óvart. Ég lít svo á að það sé einn liður í því hjá hinum nýja formanni Alþfl. að reyna að færa út kvíarnar og fá aukið fylgi í flokk sinn. Hann hefur síðan hann tók við forustu Alþfl. átt tvö sjónvarpsviðtöl þar sem það hefur komið fram hvernig hann hugsar sér að gera flokk sinn stærri en hann nú er. Hann sagði frá því eftir að hann var kjörinn formaður að það hefði verið áhugi fyrrv. formanns og annarra flokksmanna að leiða nýja áhrifamenn til valda og jafnvel konur. Svo langt átti að ganga í leit Alþfl. að fylgismönnum að það átti „jafnvel" að fara að leita til kvenna. Ég held að margir hafi nú álitið að orðið „jafnvel" hafi verið óþarft í þessu tilfelli því að flestir viljum við fá fylgi kvenna ekkert síður í pólitík en á annan veg.

Svo kom formaðurinn fram í þættinum Kastljósi síðast. Þá var hann spurður að því hvernig það væri, hvort þeir Alþfl.-menn væru búnir að týna hugsjónunum, þeir hafi orðið að skipa sérstaka hugsjónanefnd til að leita að hugsjónum og verkefnum. Þá tók formaður til og sagði að margt væri nú breytt og eitt af því, sem átti að verða til þess að auka áhrif Alþfl. í framtíðinni, var frv. til l. um fóstureyðingar. Fannst þá mörgum að nú færi að verða skiljanlegt hvernig áhugamál formannsins væru til að auka fylgi flokksins.

Nú er komið frv. af hendi þessa hv. þm. sem er í stíl við þetta. Í stjórn Rifshafnar sitja 5 menn. Þeir eru þannig að það munu vera 2 sjálfstæðismenn, einn framsfl.-maður, einn alþfl.-maður og einn alþb.-maður. Ég verð að segja það eins og er að ég hef verið að velta því fyrir mér síðan ég varð samgrh. hvort ekki ætti að setja eina löggjöf um landshafnir og láta þær þá lúta sams konar stjórn að formi til og mannfjölda og þess háttar. Það, sem hefur staðið í mér, er að í stjórn Rifshafnar eru nú tveir keppinautar mínir úr framboði í Vesturl. Annar er fyrrv. þm. Pétur Pétursson sem var í 2. sæti á lista Alþfl. meðan sá listi fékk kosinn mann í Vesturl. Þegar Pétur hætti að vera á listanum féll hv. 2. landsk. þm. og hefur verið landsk. þm. síðan. Pétur Pétursson var formaður í stjórn landshafnarinnar í Rifi þann tíma sem ég sat í þeirri stjórn. Ég man ekki eftir að það hafi komið til átaka á milli stjórnarmanna innbyrðis eða á milli stjórnarinnar og hreppsbúa. Það er þá alveg nýtt mál ef það eru komin einhver sérstök átök á milli þeirra á Hellissandi og stjórnar Rifshafnar. Ég þekkti það ekki á þeim tíma sem ég var í þessari n. Í hana var ég skipaður af Emil Jónssyni og var í henni þangað til ég varð ráðh., þá sagði ég því af mér. Og heimamaður á Hellissandi, skipstjóri, Sævar Friðþjófsson, er í stjórninni.

Nú er það svo að í stjórn Rifshafnar er Sævar Friðþjófsson, aflamaður mikill þar vestra og góður skipstjóri, í öðru lagi Kristján Guðmundsson sem ég hygg að sé oddviti núna og var áður skipstjóri, en er nú fiskkaupandi og hefur fiskverkunarstöð, og þriðji maðurinn er Skúli Alexandersson fyrrv. oddviti. Sigurður Ágústsson er þarna einnig, Haraldur Henrýsson og Pétur, ef ég man þetta rétt. — Kristján er sennilega varamaður Sigurðar eða Sigurður hefur fallið út síðast. Ef þetta frv. yrði samþ. og kosið væri á Alþ. eftir venjulegum leiðum og stjórnarflokkarnir stæðu saman, þá mundu þeir fá þessa 3 menn kosna og þá væri frv. búið að slátra Pétri Péturssyni út úr Rifshafnarnefnd. Það var meira en ég hafði hugsað mér að gert yrði og það stóð í mér að fara að semja frv. til þess eins, ég hafði ekki þá sögu af Pétri að segja. Ef við hugsum okkur svo að hreppsnefndin á Hellissandi kjósi, þá mundi annar vera framsóknarmaður og hinn sjálfstæðismaður og stjórnarflokkarnir fá alla 5 mennina. Á þennan hátt á að auka fylgi Alþfl. Mér finnst þetta í stíl við fóstureyðingafrv. og „jafnvel konur."

Ég verð að segja það að ég er alveg hættur að skilja hv. 2. landsk. þm. og hans hugsanagang. Það er aðeins eitt í þessu, sem gæti e. t. v. verið tilgangur, að eins og þetta er í lögum núna á ráðh. að skipa alla mennina. Ef ég sæti í því sæti eftir ár ætti það að falla í minn hlut að skipa þá alla og það væri það eina sem breytingin gæti haft í för með sér. Ég held að það mundi aldrei verða af minni hendi gefin sú skipun að ýta Pétri Péturssyni út úr þessari n. fyrir það eitt að hann ætti ekki heima þarna fyrir vestan eða að hann væri pólitískur andstæðingur minn. Hitt er annað mál, ef á að gera lagabreytingu. Það getur vel verið að þetta frv. verði til þess að ég geri þá breytingu að láta gera ein lög um landshafnir eins og er ein löggjöf um aðrar hafnir í landinu sem ekki tilheyra landshöfnum. Það er eðlilegast að kosning til hafnarstjórnar sé með sama hætti um allar þessar hafnir. Ég sé á l. um landshöfnina í Þorlákshöfn, sem eru yngst af þessum l., að þar hefur verið miðað við það að allir flokkar fengju fulltrúa í hafnarstjórnina, því að þá var miðað við 7 menn í hafn-

arstjórnina, en eins og kunnugt er var breytt þingsköpum Alþingis og fjölgað í nefndum úr 5 mönnum í 7 til þess að flokkarnir gætu komið að sínum fulltrúum. Það er mál út af fyrir sig sem rétt er að athuga. En fyrir breytingu í þessu formi með þeim forsendum, sem greindar eru í þessu frv., sé ég engin rök, nema ef vera skyldi að leyfa ekki ráðh. að skipa þessa menn. En þar finnst mér of langt seilst til að sparka í sína eigin menn. Ég verð að segja það að ég sé svo sem enga ástæðu til þess að fara að óska hinum nýja formanni Alþfl. að hann auki fylgi flokksins. Hitt hefði ég haldið, að hann væri ekki eins slysinn og raun ber vitni.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég virðist svei mér hafa komið við kviku í hæstv. ráðh. þegar ég fæ svo veigamikil og stórbrotin svör við litlu frv. sem þingheimur nú hlýddi á. Það er hvorki meira né minna en byrjað á eldhúsumr. um stöðu mála í Alþfl. og dregur ráðh. þar auðvitað kvenþjóðina inn. En úr því að hann nefnir það, þá gerðist það aðallega að það er komin kona í eitt af 6 efstu forustusætum Alþfl., en hingað til hefur engin kvenmaður komist í sambærileg 6 sæti hjá Framsfl. Við erum örlítið lengra komnir í þeim efnum þó að við Halldór höfum náttúrlega alltaf seilst eftir fylgi kvenna og megi ekki á milli sjá hvor meira reynir.

Á eftir þessu kom hann með heilmikla sjónvarpsgagnrýni og fór þar auðvitað þveröfugt með hlutina, sagði að ég hefði boðað frv. um fóstureyðingar. Það er vitleysa því að til er mikið frv. um fóstureyðingar sem síðasta stjórn bar fram. Ég benti á þetta mál sem dæmi um það, hvað verkefni við stjórnmál hefðu breyst og væru breytileg. En af hverju ráðh. er með þennan langa inngang sem kemur ekkert við stjórn Rifshafnar, það veit hann líklega einn.

Þegar hann svo kom að málinu byrjaði hann á að segja frá því að hann væri í raun og veru þeirrar skoðunar að það ætti að setja ein lög um allar landshafnir og hafa samræmi í því hvernig stjórn þeirra væri. Þetta var það sem var bitastætt í ræðu hæstv. ráðh., og með þessari yfirlýsingu lýsir hann því yfir að hann sé efnislega sammála mér. En hann er svo mikill stjórnmálamaður, að því er virðist, að það er útilokað fyrir hann að taka afstöðu til svona máls eftir efni þess, heldur hlýtur allt að fara eftir persónulegum og flokkslegum aðstæðum. Þannig dæmir hann allt málið. Af því að hann er hræddur við tvo eða þrjá einstaklinga sem sitja í þessari n., þá hikar hann við að leggja fram frv. um skipulagsbreytingu á þremur stórum landshöfnum sem hann er sjálfur sannfærður um að væri til bóta. Mér finnst lítil reisn yfir ráðh. að skýra Alþ. og þjóðinni frá því að svona persónuleg mál skuli verða til þess að hann þori ekki að framfylgja sannfæringu sinni í máli sem undir hann heyrir. Satt að segja verður ráðh. sér til skammar ef hann í raun og veru hefur þessa skoðun, sem ég tel vera skynsamlega, og þorir ekki að framkvæma hana af ótta við þá menn sem sitja í Rifshafnarstjórn eins og sakir standa.

Ég vil taka það fram að ég vil vísa frá sem algerlega óþörfu og óviðeigandi öllu tali um „slátrun“ á mönnum í sambandi við þetta. Það gæti farið svo að hæstv. ráðh. fengi, ef maður notar hans eigin orð, að „slátra“ einum 3—5 nm. ef hann skyldi nú skipta um þá alla, því að einhver ástæða hlýtur að vera fyrir því að hann er svona viðkvæmur fyrir því að hann kynni að missa þetta stórkostlega vald.

Mér hefur verið mætavel kunnugt um, hverjir hafa verið í þessari stjórn, og þ. á m. að í henni hafa setið heimamenn, tilnefndir af ráðh., flestir ágætismenn. En mér er líka tjáð að þeir líti ekki svo á að þeim beri að gefa skýrslur um störf þessarar n. í hreppsnefndinni. Og í raun og veru ber þeim ekki formlega skylda til þess. Þeir eru ekki settir í stjórn hafnarinnar sem fulltrúar hrepppsins eða hreppsyfirvalda. Þeir eru þar settir sem verðugir og góðir einstaklingar og hafa vafalaust unnið vel sem slíkir.

Ég held að við getum látið allar vangaveltur um Alþfl. og framtíð hans liggja á milli hluta í sambandi við þetta mál. En ég vil aðeins að lokum skýra frá því að ég flyt þetta frv. samkv. ósk manna heima á Hellissandi og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst samkv. ósk flokksmanna minna, þeirra sem stóðu að því að ég er þrátt fyrir allt enn hér og er búinn að vera hér nokkurn veginn jafnlengi og hæstv. ráðh. Ég skora á hann að hætta að hugsa um einstaklinga eða líta á þetta sem bitlinga eða eitthvað slíkt, sem ekki megi snerta við, afgreiða þetta mál eftir þeirri sannfæringu sem hann lýsti, og flytja frv. um samræmi milli landshafnanna, sem vel mætti vera í einum lögum er kæmu þá í staðinn fyrir þrenn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera að ergja hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, enda sýnist mér hann ekki vera í þeim búningi að ástæða sé til að vera að gera það. Ég hef enga löngun til þess að gera að gamni mínu við menn nema hæfilega mikið og þá eiga þeir líka að taka því. Hitt verð ég að segja, að þetta frv. markar enga stefnu. Það er jafnmikið ósamræmi í þessu eftir sem áður. Þorlákshöfn er með allt aðra skipan á málum. Ef á að gera hér breytingu á, þá á hún að vera ein og hin sama.

Það, að flokksmenn hans vestra hafi beðið hann um að sjá um að það sætu engir flokksmenn þeirra í Rifshafnarnefnd, er þeirra mál, en ekki mitt, og ég ætla ekkert að fara að eiga við að saka þá um þá hluti. Hitt verð ég að endurtaka, að ég hef enga löngun til þess að koma Pétri Péturssyni út úr stjórn þessarar hafnar, vegna þess að hann hefur unnið þar gott verk. Og ég er ekki búinn að sjá að þeir alþfl.-menn mundu skipa þar annan betri. Það getur alveg eins verið eðlilegur háttur að Alþ. kjósi alla stjórnina, ef hún er 7 manna, eins og það sem er í frv., vegna þess að ríkið leggur fram alla þá fjármuni sem til hafnargerðarinnar fara, sem er öfugt við það sem er um aðrar hafnir. Þess vegna er ekkert óeðlilegt þó að Alþ. kysi þá, enda hefur reyndin orðið sú að Alþ. hefur kosið í þetta heimamenn þótt kosningin hafi farið fram hér.

Ég skal svo ekki vera að ergja hv. þm. út af þessu. En að það sé einhver myndarskapur yfir þessu frv., — ja, drottinn minn dýri, hvernig verða þá þau ómyndarlegu?

Flm. (Benedikt Gröndal): Ég þakka hæstv. forseta, en ég vil aðeins benda á að þetta frv. er aðeins um eina af þremur landshöfnum og það er í fullu samræmi við aðra höfn, þannig að það væri þá komið samræmi á milli þeirra tveggja.

Ég hef aldrei haldið því fram að þetta sé stórt mál, en ég er fullkomlega reiðubúinn til þess að ræða við ráðh. um það ef hann vill framkvæma hugsjón sína um að setja ein lög um landshafnir. Það þarf ekki að blanda mannanöfnum inn í það. Ég hef ekkert út á þá einstaklinga að setja sem hafa verið í Rifshafnarstjórn. En það er athyglisvert að ráðh., sem fer með þessi mál, hefur ekki sagt eitt einasta orð um þau ágreiningsefni sem ég nefndi, t. d. að landshafnarstjórn skuli úthluta jörðum undir flugvelli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgn. með 21 shlj. atkv.

Efri deild, 12. fundur.

Fimmtudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 27). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. er ekki flókið. Ég vil þó leyfa mér að fara um það örfáum orðum.

Frv. er flutt í samræmi við samþykktir, sem gerðar hafa verið í háskólaráði, og að meginefni er það tvíþætt: Annars vegar er um að ræða stjórnsýslu Háskólans eða stofnun embættiskennslustjóra, og hins vegar er gert ráð fyrir að lögfest verði heimild til stofnunar námsbrauta innan Háskólans fyrir sérmenntun sem ekki fellur með eðlilegum hætti undir verksvið einstakra háskóladeilda.

Gert er ráð fyrir því að embætti kennslustjórans verði jafnsett og embætti háskólaritara að öllu leyti, og það er gert ráð fyrir nánu samstarfi milli þessara tveggja embættismanna. Frv. felur í sér nokkur ákvæði um verkaskiptingu milli þeirra, en þó er fyrst og fremst gert ráð fyrir því að reynslan verði að móta það frekar hvernig þessir embættismenn skipti með sér verkum. Kennslustjórinn léttir að einhverju leyti störfum af háskólaritara sem hafa verið mikil, en þó er honum fyrst og fremst ætlað að létta störfum af rektor, ýmsum daglegum störfum. Rektorstörfin eru, eins og gefur að skilja, umfangsmikil, bæði stjórnunarstörf og margvísleg fyrirgreiðsla við nemendur, einkum þá sem eru að byrja háskólanám.

Ég vil leyfa mér að benda á það einnig að frv. felur í sér ákvæði um hver gegna skuli störfum rektors ef hann forfallast vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, en í núgildandi lögum eru ekki skýr ákvæði um þetta atriði.

Varðandi seinni liðinn, þ. e. a. s. þann sem felst í 6. gr. frv., vil ég minna á þetta:

Tillagan um lögfestingu heimildar til stofnunar námsbrauta er fram komin í tengslum við undirbúning reglugerðarákvæða um námsbraut í hjúkrunarfræðum, en kennsla á því sviði hófst haustið 1973 með bráðabirgðaskipan innan vébanda læknadeildar. Nefnd, sem skipuð var til að semja drög að reglugerðarákvæðum um þetta nám, taldi æskilegt að sett yrði í lög um Háskólann almenn heimild til stofnunar sérnámsbrauta, og eins og ég hef nú þegar tekið fram, hefur háskólaráð fallist á þetta sjónarmið með samþykkt þeirrar till., sem felst í 6. gr. þessa frv. Eins og þar kemur fram er gert ráð fyrir að heimildin verði notuð þegar um verður að ræða nám, sem ekki verður með hentugum hætti komið fyrir innan háskóladeilda þeirra sem fyrir eru. Það má minna á að þegar hefur verið stofnuð slík sjálfstæð námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, en hún var stofnuð með sérstakri lagasetningu árið 1970. Það er, eins og hv. þdm. er vafalaust kunnugt, verið að athuga um ýmsar fleiri námsbrautir sem hentugt gæti verið að setja á stofn innan Háskólans. Má minna á nám eins og félagsráðgjöf og sjúkraþjálfun, en það mál var fyrir skömmu rætt í Sþ. út af fyrirspurn sem þar kom fram. Þá hefur einnig verið rætt um hugsanlega kennslu í fjölmiðlun á háskólastiginu og er nefnd starfandi sem er að kanna það mál nánar. Nefnd hefur setið að störfum og athugað möguleika á því að hefja kennslu fyrir starfsfólk í matvælaiðnaði. Sú nefnd hefur þegar skilað áliti til Háskólans, ég hygg á miðju sumri, og það er í athugun þar.

Leggja ber áherslu á, að þótt um verði að ræða sjálfstæðar námsbrautir nú eða síðar, þá er ekkert því til fyrirstöðu að kveðið verði á um meiri eða minni tengsl þeirra við háskóladeildir, eina eða fleiri, eftir því sem hagkvæmt kann að þykja í hverju tilviki. Einnig er rétt að minna á það að stofnun slíkra námsbrauta er að sjálfsögðu því háð að fé sé veitt til þess á fjárlögum hverju sinni.

Ég læt þá máli mínu lokið, herra forseti, og legg til, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn. og ég vil leyfa mér að mælast til þess að hv. nefnd greiddi fyrir afgreiðslu þessa máls eftir því sem hún telur tök á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 13. fundur.

Fimmtudaginn 28. nóv., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 14. fundur.

Fimmtudaginn 28. nóv., að loknum deildafundfundum.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 71). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bygging kvenlækningadeildar Landsspítalans, þáltill (þskj. 73). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rafknúin samgöngutæki, þáltill. (þskj. 74). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ellilífeyrisgreiðslur til lífeyrissjóðsfélaga, þáltill. (þskj. 75). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kaup ríkissjóðs á húsakosti á Flateyri í Skjálfanda, þáltill. (þskj. 30). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til fjvn. með 38 shlj. atkv.

Sjónvarpsmál, þáltill. (þskj. 34). — Frh. einnar umr.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Það mun ekki hafa verið gerð nein till. um, að þáltill. fari til n., og fer því fram atkvgr. um till. sjálfa.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 40:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, AG, GuðlG, GTh, IngJ.
nei: HBl, LJós, MK, MÓ, ÓlJ, PP, RA, RH, SigurlB, StJ, SV, StH, SteinG, KÓ, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, BGr, EðS, EÁ, EKJ, FÞ, GS, GeirG, GilsG, GHG, GF, HÁ, HES, HFS, GHB, JHelg, JÁH, GSv, JónasÁ, KP, ÁB.
GH greiddi ekki atkv.
14 þm. (MB, OÓ, ÓE, PJ, PS, SighB, AJ, EggÞ, EBS, GÞG, IT, IG, JónÁ, JGS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég hefði talið eðlilegt, að till. þessi hefði hlotið þinglega meðferð og farið til n. og með því, að svo hefur ekki farið, þá greiði ég ekki atkv.

Till. þar með fallin.

Fjárhagsstaða atvinnufyrirtækja, þáltill. (þskj. 5). — Fyrri umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Till. til þál. á þskj. 5 um könnun á raunverulegri fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækja er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela forsrh. að skipa eftir tilnefningu 9 manna n. til að kanna hver sé raunveruleg fjárhagsstaða atvinnufyrirtækjanna í landinu. Hver þingflokkur skal tilnefna einn mann í n., og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Iðnnemasamband Íslands skulu hvert um sig tilnefna einn mann. N. skipti sjálf með sér verkum og hraði störfum sínum svo sem kostur er. Þjóðhagsstofnun og Seðlabanki Íslands skulu veita n. alla þá sérfræðilegu aðstoð, sem þörf er á, en kostnað við störf n. skal greiða úr ríkissjóði."

Þó að ekki sé langur tími liðinn frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum hefur hún verið æði athafnasöm í aðgerðum á sviði efnahagsmála, — aðgerðum sem hafa í för með sér stórkostlega kjaraskerðingu hjá launþegum og almenningi í landinu. Þessar aðgerðir eru m. a. gengisfelling, kaupbinding og stórkostleg skerðing á kjörum sjómannastéttarinnar í landinu. Þessar aðgerðir eða ráðstafanir eru rökstuddar með fullyrðingum um slæma fjárhagsafkomu atvinnufyrirtækja, og sjálfsagt má finna einhver dæmi þess að slík rök eigi rétt á sér. Þó sýna einstök dæmi, sem komið hafa fram, að sum fyrirtækja — kannske mörg — í landinu standa þann veg að talsverður gróði mun vera af þeim. Menn minnast sjálfsagt, bæði dæma frá Neskaupstað og Húsavík og sjálfsagt fleiri stöðum, að atvinnufyrirtæki á þessum stöðum í sjávarútvegi hafa sýnt það sem af er þessu ári gróða svo að milljónum skiptir eða jafnvel milljónatugum. Er óumdeilanleg staðreynd að mörg fyrirtæki í þessum atvinnugreinum, sem að sögn eiga við mikil vandkvæði að etja, eru, eins og ég hef nú sagt, rekin með talsverðum hagnaði. Þegar slík dæmi koma upp hlýtur það að vekja efasemdir í hugum almennings í landinu, þess fólks, sem er ætlað að bera þessar byrðar með fjármagnstilflutningi frá launþegum yfir til atvinnufyrirtækja, — það hlýtur að vekja talsverðar efasemdir um réttmæti slíkrar stórkostlegrar fjármagnstilfærslu og kjaraskerðingar hjá öllum þorra fólks.

Það verður og að segja að það mun erfitt að fá almenning í landinu til þess að trúa slíku þegar engin dæmi sjást hjá hinum ýmsu atvinnufyrirtækjum um aukna hagkvæmni í rekstri fyrirtækjanna og sparnað. Og ekki verður annað séð af umsvifum ýmissa þessara fyrirtækja svo og eigenda þeirra og forsvarsmanna en að þessir aðilar lifi sem blóm í eggi.

Hæstv. sjútvrh. skipaði fyrir nokkru svo fyrir að viðskiptabönkum í landinu, ríkisbönkum, skyldi falið að gera könnun á fjárhagsafkomu eða fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi. Ég er þeirrar skoðunar að slík könnun leiði ekki til þess að þeir aðilar, sem hafa verið látnir borga það sem hér um ræðir og kannske verða í áframhaldi af því látnir borga það sem til þarf, sannfærist um að hér sé í reynd um að ræða þá brýnu nauðsyn, að því er varðar svo mikinn

fjármagnstilflutning, sem stjórnvöld vilja vera láta.

Við flm. þessarar till. erum þeirrar skoðunar að það sé ekki eðlilegur gangur mála að í þessu tilviki sé bönkum falið það verkefni að kannna slíka fjárhagsstöðu, bönkum sem að mestu leyti eiga mestra hagsmuna að gæta að því er varðar útkomu á slíkri könnun. Við teljum eðlilegt og sjálfsagt að fulltrúar þeirra hópa og stétta launþega í landinu, sem látnir eru borga brúsann, fái sitt að segja um það, hvað hér er í reynd á ferðinni, að því er marka má af þeim röksemdum sem beitt er til þess að slíkar ráðstafanir eigi rétt á sér.

Engu skal um það slegið föstu á þessu stigi máls hvort þessar harkalegu aðgerðir á kostnað launþega í landinu eiga þann rétt á sér sem stjórnvöld vilja vera láta, og hvort slíkt hefur við rök að styðjast. En það verður að líta svo á, að sjálfsagt sé að fram fari hlutlaus könnun á því hvort þörf hafi verið og kannske ekki síður hvort þörf verði á áframhaldi slíkra ráðstafana sem hafa í för með sér enn frekari kjaraskerðingu hjá launþegum en orðið er, og þykir þó mörgum nóg komið af slíku.

Það er sem sagt megintilgangur okkar flm. þessarar till., að gengið verði úr skugga um það á þann veg einan sem hægt er, með hlutlausri könnun, hvort þær ráðstafanir, að því er varðar efnahagsmál, sem orðið hafa, hafi við þau rök að styðjast sem beitt er í sambandi við þær. Sá er einn tilgangur þessarar þáltill. sem hér er til umr.

Ég skal ekki í upphafi hafa öllu fleiri orð um þetta. En við teljum að það sé lágmarkskrafa þeirra launþega sem ætlað er að borga þessa hluti, að almenningur í landinu geti treyst því að forsendur fyrir þessari fjármagnstilfærslu frá launþegum til atvinnufyrirtækja séu réttar. Slíkar upplýsingar fást ekki að okkar dómi með því einu að bönkum í landinu sé fengið það verkefni í hendur að kanna þetta. Það fæst því aðeins að til þess séu settir fulltrúar úr þeim hópum sem hér eiga hlut að máli og þá fyrst og fremst fulltrúar launahreyfinganna, þeirra hópa sem ætlað er að borga þetta.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en legg til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði till. vísað til 2. umr. og hv. atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Varnir gegn slysahættu á fiskiskipum, þáltill. (þskj. 6). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á síðustu árum hefur orðið mikil aukning og endurnýjun á fiskiskipaflota okkar Íslendinga, og hafa verið tekin í notkun skip af nýjum gerðum og og með ný tæki, þ. á m. sérstaklega margir skuttogarar. Nú er það svo að þegar keypt eru ný tæki, hvort sem eru flugvélar eða vélar í verksmiðjur eða annað, er venja að þeir starfsmenn, sem við þau eiga að vinna, fái rækilega þjálfun í meðferð þeirra. Hvað fiskiskipin snertir er venjan og sjálfsagt af efnahagslegum ástæðum að reyna að koma þeim sem allra fyrst til veiða. Mikill meiri hluti í áhöfnum þeirra fær því lítinn sem engan umþóttunartíma til að læra á tækin og átta sig á þeim.

Það hefur því miður komið á daginn að margvíslegar slysahættur eru á hinum nýju skipum og hafa orðið á þeim alltíð og oft alvarleg slys. Er ástæða til að gefa þessu máli sérstaklega gaum, því að vafalaust er hægt að gera ýmislegt til að draga úr þessum hættum og forða sjómönnum frá frekari slysum.

Við höfum þegar heyrt fregnir af ýmsum viðbrögðum hér á landi. Menn hafa lagt sig í framkróka til að finna upp eða fullkomna öryggisbelti og önnur tæki og er það mjög lofsvert. Þá er alkunna að hér starfa allmörg samtök og stofnanir að öryggismálum sjómanna og vinna mjög gott verk.

Hugmynd okkar með þessari till. er að fela ríkisstj. að gera sérstakar ráðstafanir til að draga úr slysahættu á fiskiskipum, og er ætlunin sú að með einhverju frumkvæði, af hálfu sjútvrn. væntanlega, yrði reynt að sameina krafta þeirra aðila, sem að þessum málum vinna, og e. t. v., ef nauðsynlegt reynist, útvega fé til að gera tilraunir með öryggistæki.

Í grg. með till. höfum við leyft okkur að vísa í ályktanir sem Sjómannasamband Íslands gerði nýlega á þingi sínu um þessi mál. Ég skal ekki fara nákvæmlega út í þessa álitsgerð. Ég vil aðeins benda á hana í grg. vegna þess að þeir sjómenn, sem sátu þessa ráðstefnu, létu ekki nægja að vara almennt við hættunni, heldur telja þeir upp fjöldamargar leiðir sem þeim sýnist að hægt sé að fara til þess að sporna gegn þessari hættu. Þeir benda á tiltekin atriði, sem þeir telja að unnt sé að gera, og eru till. þeirra að því leyti til mjög raunsæjar.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta mál að sinni, en legg til að till. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afnám vinveitinga á vegum ríkisins, þáltilll. (þskj. 47). — Ein umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er óþarfi að hafa langa framsögu fyrir því máli sem hér er til umr. Öllum hv. þm. er kunnugt að þetta er gamalkunnur gestur. Mál þetta hefur verið flutt á tveimur undanförnum þingum. Sú hefur ein breyt. á orðið að núv. hæstv. menntmrh., sem verið hefur okkar forustumaður, 1. flm., hefur nú af eðlilegum ástæðum ekki sett nafn sitt á þessa þáltill., en í hans stað hefur komið varaþm. Vilhjálmur Sigurbjörnsson. En þó að hæstv. menntmrh. sé ekki meðflm. að þessari till nú eins og áður, þá hefur hann e. t. v. greitt enn frekar fyrir því, — ég segi: hugsanlega, þangað til frekar reynir á, — að þetta mál fái jákvæða niðurstöðu og ég tala nú ekki um að það fái þinglega meðferð.

Hv. þm. er öllum um það kunnugt, að frá því að þetta mál var fyrst flutt hafa komið áskoranir víða að, bæði frá einstaklingum og félagasam-

tökum víðs vegar á landinu, með stuðningi við þetta mál. Engin rödd hefur mér vitanlega heyrst, hvorki hér á hv. Alþ. né annars staðar frá, sem mælt hefur í móti þessu máli. Það mætti því ætla að það ætti greiðan framgang á hv. Alþ. Eigi að síður hefur sú orðið raunin að mál þetta hefur verið svæft í n. á tveimur þingum, og þykir mér miður fyrir þessa hv. stofnun að slíkt skuli eiga sér stað.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Við flm. leggjum ekki til að þessu sinni að málinu verði vísað til n. Við teljum okkur hafa fullreynt að það hefur verið lítils að vænta til stuðnings þessu máli úr þeirri hv. n., sem það hefur verið í undanfarin tvö ár, og við leggjum þess vegna ekki til að málið fari til nefndar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég hef því miður þáltill. ekki hjá mér. Ég vona að ég fái hana í hendur innan skamms, en mér er fullkunnugt um efni hennar.

Hv. flm. gat þess að þessi þáltill. hefði komið fram áður oftar en einu sinni, og hefur heyrst að henni hafi aldrei verið mótmælt, hv. þm. hafi ekki tjáð sig um málið. Ég verð að viðurkenna að mér finnst þetta undarlegt fyrirbæri. Hér er um stórmál að ræða, vissulega stórmál. Þetta er hluti af einu mesta þjóðfélagsvandamáli okkar í dag. Því verður ekki neitað og ég hygg að um það séu allir sammála.

Tilefni þess, að ég stend hér upp, er ekki það að ég telji mig geta greitt þessari þáltill. atkv. Ég tel að hér séum við ekki að ráðast að þessu stóra vandamáli eftir réttum leiðum. Ég tel að hvers konar bann í þessu efni sé í rauninni uppgjöf. Ég vil að þjóðin öll og þá ekki síst alþm. taki þarna ábyrga afstöðu án þess að ganga það langt að banna hinum opinberu aðilum, sem við er átt hér, fyrst og fremst Alþ. og ríkisstj. og rn., algerlega vínveitingar.

Ég veit að það kann að hljóma sem innantóm orð að segja að við eigum að umgangast áfengi eins og siðaðir menn, og það kann líka að hljóma sem innantóm orð að ég telji það skyldu ábyrgra ráðamanna að ganga hér á undan með góðu fordæmi. Fyrst og fremst er það, sem ég vil leggja áherslu á hér, að aðilar sem alþm., ráðuneytisstjórar og þeir, sem vín hafa um hönd á opinberum vettvangi, gangi hér á undan með góðu fordæmi og kenni þjóðinni hvernig við eigum að umgangast áfengi. Það kann að þykja hlægilegt, en mér hefði fundist að það væri engin goðgá að í þessum efnum ríktu vissar reglur ef rn. býður til veislu. Þá mætti jafnan setja dæmið upp á þessa leið: Svona eru gestirnir margir, svona skulu flöskurnar vera margar, en ekki láta veikleika einstakra gesta ráða því hvort opinbert samkvæmi er hlutaðeigandi opinberum aðila til skammar eða ekki. Ég veit að það eru margir sem hrista höfuðið. En ég tel að hér sem víða annars staðar verðum við að líta í eigin barm, gera fyrst kröfur til sjálfra okkar, að við reynumst þeim vanda vaxin að hafa um hönd efni sem getur glatt okkur í geði, gert okkur góða máltíð notalegri og ánægjulegri, en gerir okkur ekki jafnframt að aumingjum, eins og oft vill verða þegar glösin verða of mörg og sjálfsstjórnin og virðingin fyrir sjálfum sér of lítil.

Ég viðurkenni að ástand í áfengismálum síðustu ár hefur fengið mig til þess að láta hugann hvarfla að því að við þyrftum að koma á banni, hugsanlega tímabundnu, eitt ár tvö ár, til þess að láta koma fram sönnun þess hvort það dugi eða ekki. Ég veit ekki hvort slíkt væri framkvæmanlegt og mér verður hugsað til þess að síðast er bann var sett á Íslandi varð reynslan óneitanlega sú að drykkjuskapur minnkaði stórum, en að sama skapi jókst hvers konar ólöglegt athæfi í því sambandi: brugg, smygl og svartamarkaðsbrask. Ég hygg að eins og aðstæður eru í dag, með margfalt greiðari samgöngum, greiðari leiðum til þess að útvega okkur þessi efni utanlands frá, yrði enn meira um þessa óþokkalegu iðju, og ég tel miður ef það ástand ætti eftir að endurtaka sig.

Ég ætla ekki að hafa mjög mörg orð um þetta. Ég vil leggja áherslu á að við reynum að laga ástandið hér í áfengismálum eftir ábyrgum, siðmenntuðum leiðum án þess að þurfa að taka til þess að neyða fólk til að snerta ekki áfengi.

Það hafa oftar en einu sinni verið fluttar hér á Alþ. till., að því er ég tel raunhæfar till. um að gera eitthvað af viti í áfengismálum okkar, gera ráð fyrir hlutunum eins og þeir eru með því að taka tillit til vandamálanna og veita ákveðinn hluta af ágóða ríkisins af áfengissölu til áfengisvarna og í þágu ofdrykkjumanna. Mig furðar á að þetta skuli ekki hafa náð fram að ganga, svo sjálfsagt sanngirnismál sem það er í rauninni. Ég veit líka að skýringin á því að þetta hefur ekki komist á með ákveðinni prósenttölu af áfengiságóða ríkisins, hefur verið sú að þeir, sem með fjármálin fara, vilja ógjarnan missa þann spón úr askinum sínum. Þráfaldlega heyrum við með fullum rökum bent á að þessi ágóði af áfengissölu er ákaflega tvíhliða. Það hefur verið bent á hvílík ósköp af fjármunum fara í súginn vegna ofneyslu áfengis, að ekki sé minnst á hina hliðina, sem er þó öllu þyngri á metunum, allar þær hörmungar, böl og vandræði sem þúsundir heimila í landinu þurfa við að stríða vegna ofdrykkju.

Ég hefði viljað koma hér aðeins betur undirbúin til að taka þátt í þessum umr., en ég held að þetta sé meginatriðið í því sem ég vildi segja. Ég endurtek og lýsi fullri ábyrgð á hendur opinberum mönnum í ábyrgðarstöðum sem almenningur mætti vænta að væru þess umkomnir að sýna hér meiri almenna menningarlega umgengni og ábyrgð í þessum málum en hefur tíðkast hingað til. Því verða það mín síðustu orð hér: Ég skora á alþm. að láta það hvergi um sig spyrjast, hvorki í opinberum veislum né út í frá, að þeir hafi gefið alþjóð og almenningi lélegt fordæmi í þessum efnum.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs í tilefni af því að hv. 1. flm. lét þess getið að hann gerði ekki till. um að vísa málinu til n. Ég vil lýsa andstöðu minni við þessa málsmeðferð. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að mál eins og þetta og það mál, sem greidd voru

atkvæði um áður á þessum fundi, fari til meðferðar þn. Að vísu má segja um þetta mál að það hefur verið til meðferðar á tveim þingum áður og þm. ættu e. t. v. fremur að geta áttað sig á þessari till. fyrir þá sök. Á hinn bóginn er hér um nýkjörið þing að ræða, og að svo miklu leyti sem flm. og áhugamenn um framgang þessarar till. hafa réttmæta ástæðu til gagnrýni á seinlæti í afgreiðslu n. þingsins, þá ber að snúa sér að því að ráða bót á því starfsfyrirkomulagi og því seinlæti þn. að afgreiða ekki mál aftur frá sér svo að þingheimur geti kveðið upp úr um afgreiðslu mála, fremur en að láta af venjulegri þinglegri meðferð.

Herra forseti. Með tilvísun til þess, sem ég hér hef sagt, legg ég til að till þessari verði að lokinni umr. nú í dag vísað til hv. allshn.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti: Áfengisbölið er mikið vandamál og ég ber mikla virðingu fyrir þeim sem berjast fyrir bindindi af dugnaði og einlægni. En hv. 5. þm. Vestf., sem talaði fyrir þessu máli áðan, stakk upp á því að málinu yrði ekki vísað til nefndar. Við vitum að áfengismálin eru það víðtæk og mikil vandamál, að það verður enginn sigur í þeim unnin á skömmum tíma. Eins og málin líta út í dag er þetta — mér liggur við að segja: eilífðarvandamál. Þess vegna mega þeir, sem berjast fyrir þessum hugsjónum, ekki gefast upp þó að eitthvað blási á móti. Ég tel því miður vera talsverðan uppgjafartón í þessari síðustu munnlegu till. frsm.

Hvort till., sem hér um ræðir, nær settu marki þó að samþ. yrði, jafnfortakslaus og hún er, skal ósagt látið. En ég vil eindregið taka kröftuglega undir orð hæstv. forsrh., sem hann lýsti hér úr ræðustól, að till. þessi fái þinglega meðferð og verði vísað til n. Það er einmitt svo um mál, sem erfitt er að ráða niðurlögum í eitt skipti fyrir öll, að það þarf að fjalla um þau, það þarf að ræða þau, reyna að leita skynsamlegra úrbóta, en ekki gefast upp við fyrstu umræðu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Út af þeim umr., sem hér hafa orðið um hvort vísa ætti málinu til n. eða ekki, vil ég aðeins segja þetta: Sannleikurinn er sá að þó að við flm. höfum viljað fara hér eðlilega leið og viljað vísa þessu máli til þeirrar n., sem það hefur heyrt undir, allshn., þá hefur þetta mál því miður aldrei farið til meðferðar þessarar n. N. hefur aldrei gert neitt í málinu, hvorki eitt né neitt. Ég held meira að segja að mér sé óhætt að fullyrða að hún hafi ekki einu sinni rætt það í sínum hóp hvað þá meira. Það er þess vegna og af þeirri einu ástæðu sem við lögðum þetta til og svo í öðru lagi til þess e. t. v. að fá hér nokkrar umr. um þetta mál, en ekki þá hvimleiðu þögn sem hefur ríkt hér í þingsölum í þau tvö skipti sem þetta mál hefur áður verið reifað. Þótt ekki væri af öðru en þessari till. okkar væri það gott, ef af því gæti skapast einhver umr.

Það er enginn uppgjafartónn í okkur gagnvart þessu máli. Við vorum það bjartsýnir að við héldum, að ef færi fram atkvgr. um þessa till. nú þegar, að það yrðu jafnvel algerlega öfug hlutföll í atkvgr. miðað við þá till., sem var áðan borin upp og felld með miklum glæsibrag. Við héldum sem sagt að hlutföllin kynnu að snúast algerlega við okkur í hag. Þetta reiknuðum við út frá þeim almenna stuðningi sem till. okkar hefur fengið alls staðar frá.

Ég er hins vegar örlítið undrandi á því og er ekki almennilega farinn að skilja enn þá, þyrfti sjálfsagt lengri tíma til þess að vita hvernig á því stendur að við hv. 9. landsk. þm. erum ósammála, að því er virðist, um till. og ýmislegt í sambandi við hana, en þó svo hjartanlega sammála um allt annað varðandi þetta málefni. Þó hygg ég að þarna sé á ferðinni spurningin um það hvort eigi í nokkru að hefta rétt fólks til að umgangast áfengi á þennan svokallaða siðmenntaða hátt. Lái mér hver sem vill, ég þekki bara ekki þessa tegund af menningu, þetta fyrirbæri að neyta víns á siðmenntaðan hátt. Ég þekki það ekki. Það má vel vera að það sé til, þó að mér sé ókunnugt um það. Ég veit ekki til þess að vínneysla leiði ekki til þess á einu eða öðru stigi að farið sé langt út fyrir mörk — að ég nú ekki segi almenns velsæmis.

Þegar hv. 9. landsk. talaði um að hún vilji ekki neyða fólk til að snerta ekki áfengi, furða ég mig á þeim orðum: neyða fólk til að snerta ekki áfengi í opinberum veislum. Ég vil nefnilega fullyrða að í mörgum tilfellum hafi fólk óbeint verið næstum að segja neytt til þess í opinberum veislum að neyta áfengis, óbeint að vísu, með því að halda eingöngu að fólki áfengum drykkjum í þessum veislum. Það hefur því miður oft viljað við brenna. Þá sjaldan ég kem í svona veislur þarf ég alltaf að gera sérstaka pöntun — hún er mjög lengi á leiðinni — á óáfengum drykk. Það tekur langan tíma. Það má einu gilda hvar ég er staddur í slíkum veislum, það tekur mjög langan tíma að fá þetta afgreitt, fyrir svo utan það hvað blessaður þjónninn verður forviða og undrandi — að því manni sýnist á augnaráðinu — á þessum aumingjaskap.

Það er alveg rétt hins vegar hjá hv. 9. landsk. þm., þetta er ekki nema smáhluti af vandamálinu. Það hef ég bent mjög ákveðið á í hvert skipti. En þegar hv. þm. lýsir ábyrgð á hendur þessum aðilum er hún algerlega að taka undir tillöguflutning okkar. Ég tel hana algerlega taka undir hann með því móti einmitt að lýsa ábyrgð á hendur þeim opinberu aðilum sem hér hafa gengið það langt að við teljum að ekkert annað komi til greina en að á þetta verði sett algert bann.

Það er alveg rétt, það er komið upp í huga mér aftur það ástand sem ég hélt að mundi ekki koma, þar sem ég var orðinn því algerlega fráhverfur um tíma að setja algert aðflutningsbann á áfengi, öll áfengisinnkaup, alla áfengissölu hér. Það er komið upp í huga minn aftur. Ástandið er orðið svo hrikalegt að maður veit hreinlega ekki til hvaða ráða á að grípa og eitthvað verður að gera. Ég hef álitið að almennings-álitið, m. a. mengað af opinberum aðilum, væri það neikvætt í þessum hlutum að það væri mjög erfitt að hugsa sér framkvæmd þessa banns.

Varðandi smyglið er því til að svara að því miður viðgengst þetta smygl í dag þrátt fyrir hömlulaust vínflóð á markaðnum innanlands,

það viðgengst, blómstrar vel. Og bruggið gerir það líka, það viðgengst líka áreiðanlega mjög víða, því miður, þrátt fyrir þetta flóð.

Ég er viss um að það kemur að því að við verðum að taka einhverja stórákvörðun í þessu máli. Ég er algerlega sannfærður um það. Ég aðeins dreg fyllilega í efa að það megi kenna hvernig eigi að umgangast áfengi. Ég dreg það stórlega í efa. Þegar fólk er að tala um, að við eigum að gera kröfu til sjálfra okkar, þá eigum við um leið að sýna örlitla sjálfsafneitun. Spurningin er: Eigum við að gera kröfu til sjálfra okkar, en missa þó ekkert, eiga þetta þó til góða, t. d. í veislum hins opinbera?

Nei, það er engin tilviljun að við flytjum þessa till. Fyrir henni hefur verið talað áður, við sögðum það þá, segjum það enn, að eftir höfðinu dansa limirnir í þessu efni. Fordæmið kann að þykja lítils virði, en ég er viss um að það væri hvetjandi og í alla staði hið ákjósanlegasta. Það sanna t. d. viðbrögðin við þeirri ákvörðun hæstv. menntmrh. að banna vínveitingar í sínum veislum. Þau viðbrögð eru algerlega ótvíræð og ég vona að þau eigi eftir að hafa mikil og heilladrjúg áhrif.

Benedikt Gröndal: Herra forseti: Það dylst engum, sem hefur opin augun, að áfengisvandamálið er ein af verstu meinsemdum íslensks þjóðfélags í dag og fer stöðugt versnandi. Ég hef verið þeirrar skoðunar undanfarin ár að sú till., sem nú liggur fyrir og hefur fengið litlar undirtektir, væri góð út af fyrir sig, en næði allt of skammt. Hér á landi starfa margir aðilar að því að berjast gegn áfengisvandamálinu, bæði áhugamenn og stofnanir á opinberum vegum. Ég er þeirrar skoðunar að miðað við það hvernig vandamálið er í dag og þjóðfélagið er í dag, þá sé þessi starfsemi orðin langt á eftir tímanum. Ég hef orðið var við það í öðrum löndum að farið er að taka upp harða áróðursbaráttu gegn þessu böli og þar eru notaðir þeir fjölmiðlar nútímans sem hafa áhrif sérstaklega á unga fólkið. Ég hef einnig orðið var við það að tónninn í þessari baráttu er orðinn allt annar. Það er ekki verið að berjast við menn sem hafa þennan veikleika og eru þar af leiðandi minni menn en hinir sterkari, heldur er viðurkennt að hér er um sjúkdóm að ræða. Mikið af baráttunni er farið að byggjast á þeim grundvelli, að reyna að vekja menn frá því sjónarhorni til að íhuga sína eigin stöðu og ef þeir komast að þeirri niðurstöðu, að þeir eigi við einhver vandamál að stríða á þessu sviði, að fara þá til læknis. Með þetta í huga hripaði ég upp, eftir að ég heyrði framsöguræðu með þessu máli, brtt. um að tillgr. orðist á annan hátt en hún er. Ég skal lesa brtt., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að gangast fyrir stóraukinni sókn gegn áfengisvandamálinu og hagnýta þar mátt nútíma fjölmiðla í ríkum mæli svo og að allir opinberir aðilar gefi í þessum efnum gott fordæmi.“

Í síðustu setningunni er svo að segja alveg gengið til móts við till. eins og hún er, t. d. ekki lokað öllum dyrum fyrir — við skulum segja utanrrh., sem telur sig e. t. v. eiga erfiðara með að framkvæma þessa till. heldur en aðrir.

Ég vil leyfa mér að leggja þessa brtt. fram, og með því að fram er komin brtt. finnst mér sjálfsagt að við vísum málinu til n. Ég hafði hugsað mér að gera um það till., en þarf aðeins að taka undir þá till. sem hæstv. forsrh. hefur fram borið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 84) samþ. með 36 shlj. atkv.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er til gamalt máltæki sem segir að svo lengi megi brýna deigt járn að bíti. Það á við að verulegu leyti að því er varðar það sem hefur komið fram undir þessum umr. Ég fagna því að þau sinnaskipti hafa átt sér stað hjá hv. alþm. að þeir þora þó, þeir sem eru andvígir, að koma upp í ræðustól og lýsa skoðun sinni. Það er virðingarvert, þó að ég fallist ekki á þá skoðun.

Það er rangt hjá hv. 4. þm. Vesturl. að við séum að gefast upp í þessu máli, — það er slæmt að hann skuli vera farinn úr salnum. Sannleikur málsins er sá, eins og ég tók fram áðan, að við töldum og teljum að sú málsmeðferð, sem sú hv. n., sem fengið hefur þetta mál til meðferðar tvívegis, hefur viðhaft, sýndi að það væru einhver öfl hér á hv. Alþ., sem vildu beita þeim vinnubrögðum að þetta mál væri svæft. Má því segja að þessa nýbreytni okkar flm. megi skoða sem krók á móti bragði að því er þessa einstaklinga varðar.

Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. 4. þm. Vesturl. að það vinnst enginn sigur í þessu máli á stuttum tíma. En við teljum að með því að halda þessu máli vakandi og eins og nú hefur orðið reyndin á a. m. k. að fá um það umr. hér í þinginu séum við að sýna að hér er ekki um neina uppgjöf að ræða, síður en svo. Ég get a. m. k. lofað hv. 4. þm. Vesturl. því, að ég er ekki að gefast upp, hann má bíða lengi eftir því.

Hæstv. forsrh. er farinn líka. Ég er nokkuð undrandi á því að hæstv. forsrh. skuli þykja brýn nauðsyn til þess bera varðandi þetta mál, sem búið er að vísa tvisvar til n. og liggja tvö ár í n., að taka nú upp till. hér á Alþ. um að vísa því til n. eftir það sem á undan er gengið hér fyrr í dag. Það hefði verið miklu frekar ástæða til þess af hæstv. forsrh. að taka upp till. þess efnis að vísa hinu málinu til n., sem var hér til atkvgr. fyrr, — máli, sem er í fyrsta skipti fyrir þinginu, og var vitað fyrir fram að var þó talsvert deilumál. Hér var það ekki vitað. Enginn hv. alþm. hafði undanfarin tvö ár talað gegn þessu máli. Það var því engin sérstök ástæða til þess af hæstv. forsrh. að taka upp till. þess efnis að vísa málinu til n., það var miklu frekar í sambandi við hitt.

Ég vil segja það um brtt. hv. 2. landsk. þm. að ég tel að hún eigi að koma til viðbótar, vera viðbót við þá till., sem hér liggur fyrir. Ég tel það ósköp eðlilegt. Með þeirri málsmeðferð tel ég mig geta staðið að líku.

Hvað meinar hv. 2. landsk. þm., núv. form. Alþfl., þegar hann segir að till. sé góð út af fyrir sig, en hún nái skammt? Er þetta ekki sú aðalröksemd, sem menn heyra oft og tíðum

þegar tekin eru upp svona mál, að það borgi sig ekki, þetta sé svo lítið skref að það taki því varla að vera að stíga það? Þetta er a.m.k. sú mótbára, sem ég hef oft heyrt utan þessa salar. En ég fagna því að hv. 2. landsk. þm. er búinn að tjá sig, en hefur ekki gert það áður og fleiri hv. þm., sem ekki hafa séð ástæðu til þess áður, eru búnir að tjá sig og þar með er fengin umr. um málið sem ekki hefur fengist fyrr.

Þó tók hv. 2. landsk. þm. fram sérstaklega, **að hann mundi ekki loka öllum dyrum fyrir utanrrh. Hann vildi lofa honum að hafa opnar dyr vegna þessara veislufanga. Menn geta skipst á skoðunum um hvort á að vera sérstök undantekning fyrir hæstv. utanrrh. Ég tel að það eigi ekki að vera. Ég átti von á því, að hv. 9. landsk. gæti stutt okkur í þessu máli, en hún lýsti því yfir að hún teldi sig ekki geta greitt því atkv., þó að mér virtist hún væri efnislega algerlega sammála okkur sem till. flytjum. En hún sagði:** Við erum ekki að ráðast að þessu stóra vandamáli eftir réttum leiðum. — Hvað eru réttar leiðir í þessum efnum? Hvaða leiðir vill hv. 9. landsk. þm. fara, sem hún telur rétta leið? Það væri gott að fá það fram, ef einhver ein sérstök leið er sú hin eina rétta. Hún eins og margir fleiri hefur talað um drykkjumenningu, og á síðasta Alþ., ef ég man rétt, kom hér fram frv. að l. um drykkjumenningu. Ég minnist ekki annars en í því frv. hafi verið hreinlega um það að ræða að lögskipa drykkjumennsku. Mér fannst það, sem hv. 9. landsk. þm. kom inn á í sinni ræðu, vera eitthvað álíka: Svona og svona margar flöskur í þessu og þessu samkvæmi. Ég felli mig ekki við þetta.

Ég er sömu skoðunar og hv. 7. landsk. þm. **Ég tel að það sé engin drykkjumenning til.** Ég tel að það sé engin menning samfara áfengisneyslu, það sé þveröfugt, og við höfum svo að segja öll dæmi um það ef skoðað er þetta vandamál og þær afleiðingar sem af því leiðir.

Ég tek undir það með hv. 9. landsk. þm. að gera fyrst kröfur til okkar og vitanlega er hér verið að gera það, gera fyrst og fremst kröfur til ráðandi manna í þjóðfélaginu, að þeir, eins og var einu sinni orðað, hafi ekki frumkvæði að drykkjusiðum. Það er það sem við teljum okkur vera að gera, krefjast þess af þeim mönnum, sem hafa á orði í tíma og ótíma hið geigvænlega böl, sem þeir telja samfara áfengisneyslu, að þeir taki nú til hendinni og sýni gott fordæmi. Hæstv. menntmrh. hefur gert þetta og á skildar þakkir fyrir og við viljum einmitt fá hina hæstv. ráðh. til þess að fylgja því fordæmi.

Ég tel að boð og bönn séu kannske ekki þær leiðir sem leysi þetta vandamál, en aðhald í þessum efnum er nauðsynlegt. Ég veit ekki hvað hv. 9. landsk. þm. á við þegar hún segir: Ábyrgar, siðmenntaðar leiðir í þessum efnum. Ég tel að stjórnvöld geti sýnt þá einu ábyrgu og siðmenntuðu leið í þessum efnum að viðhafa ekki áfengi í opinberum veislum. Það er sú hin eina ábyrga og siðmenntaða leið.

Hv. 9. landsk. þm. endaði á því að segja að hún lýsti fullri ábyrgð á hendur mönnum í ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu, og ég tek undir það. Það er vissulega full ástæða til að vekja athygli manna á því hvernig á þessum málum er haldið af hálfu opinberra aðila. Ég tel að hv. 9. landsk. þm. geti best undirstrikað þetta álit sitt með því einmitt að greiða þessari till. atkv., en ekki vera á móti henni, því að ég gat ekki annað fundið en efnislega væri hún alveg sammála þessari tillögu.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil í upphafi tjá þakkir mínar hæstv. forsrh. að forða þessu máli frá því að deyja í fæðingunni að þessu sinni. Auðvitað liggur í augum uppi að þetta á að ræða frekar hér á Alþ. og það sæmir alþm. ekki öllu lengur að umgangast þetta sem feimnismál sem enginn vilji tjá sig um. Það er of stórt í sniðum, þetta vandamál, til þess.

Hér hefur komið margt fram, sumt sem ég er algerlega sammála og annað sem mér finnst nokkuð mótsagnakennt. Ég heyrði ekki betur en hv. 5. þm. Vestf. lýsti því undir lok ræðu sinnar, að hann teldi boð og bönn ekki það sem lausnina mundi veita í þessu máli, heldur aðhald. Hér erum við hjartanlega sammála. (**Gripið fram í: Ekki leysa allan vanda.**) Hann er að fara fram á boð og bönn sem ég tel ekki að séu okkur sæmandi sem menningarþjóð að nota sem aðferð til lausnar vandamálinu. Ég sá ekki betur en þarna kæmist hv. þm. í mótsögn við sjálfan sig.

Hv. 7. landsk. sagði réttilega: Eftir höfðinu dansa limirnir. Ég sé ekki hvers vegna það getur ekki átt við gott fordæmi höfuðsins að því leyti að fyrirmenn þjóðfélagsins viðhafi vín og neyti víns, eins og ég hef áður sagt, eins og ábyrgir og siðaðir menn. Þarna erum við sammála. Við þurfum ekki algert vínbann til að ráða nokkra bót á ástandinu eins og það er núna. Við upprætum það sennilega aldrei, ég er ekki bjartsýnni en það, en við þurfum vilja til þess. Við þurfum vilja til þess af hendi þeirra sem ferðinni ráða. Þar á ég ekki bara við alþm., ráðh. og aðra svokallaða fyrirmenn í þjóðfélaginu. **Ég á ekki síður** við foreldra, uppalendur, kennarastétt og alla þá sem að mótun æskulýðsins vinna í þessu landi. Þess vegna hef ég alltaf talið ákaflega mikils virði að aukin áfengisfræðsla kæmi inn í skólana. Mér er kunnugt um það af störfum mínum í borgarstjórn Reykjavíkur að þessi mál hafa verið rædd af fræðsluyfirvöldum borgarinnar. Ég veit líka að það er fullur vilji þar fyrir hendi að ráðast í raunhæfa áfengisfræðslu í skólunum. En það er ákaflega mikið vandaverk. Nágrannaþjóðir okkar, sem hafa farið út á þessa braut, hafa reynt ýmsar leiðir. Sumar hafa mistekist herfilega, aðrar borið nokkurn árangur. Ég tel að ófarir annarra í þessu efni megi ekki hræða okkur frá að gera átak í skólamálum okkar til þess að liðsinna æskufólki í þessum efnum. En hvað sem líður hinu stóra hlutverki skólanna er það vitanlega fullorðna fólkið, heimilin, foreldrarnir, sem ég hygg að þarna ráði mestu um.

Ég er ekki tilbúin til að benda á eina ákveðna leið, eins og hv. 5. þm. Vestf. skoraði á mig að gera. Því miður, ég er ekki það stór í þessum málum, það fróð og það hyggin og vís að ég geti það, því miður. Ég ímynda mér að það séu fáir sem treysta sér til þess. En um eitt er

ég sannfærð og það er að ef við fáum almenningsálitið í lið með okkur, þá er okkur borgið. Ef við getum fengið tískuna í lið með okkur, að það þyki fínt að vera ófullur, þá er okkur borgið. Mér er ljóst að vandamest af öllu er að ráða við tiskun. En við hljótum að leggja okkar til til þess að hafa þarna áhrif. Þess vegna hef ég lagt þetta mikla áherslu á, að á opinberum vettvangi þar sem vín er haft um hönd, þar ráði menning ríkjum, en ekki að menn sjáist detta undir borðið í ölæði. Þetta eru atriði, sem ég er ekki að beina að þm. sem ásökun sérstaklega, en þetta hefur komið fyrir meðal okkar æðstu manna. Það er hart að þurfa að segja það, en við vitum að þetta er rétt. Og það þarf ekki ráðh. til, það eru fleiri fyrirmenn í þjóðfélaginu en alþm. og ráðh. Ég á við þetta á víðum grundvelli. Öllum þeim, sem treyst er fyrir ábyrgðarstörfum og njóta álits í þjóðfélaginu, ber skylda til að hafa þarna jákvæð áhrif og gefa gott fordæmi. Ábyrgð er ekki sama og bann og eins og ég sagði áðan, hv. 5. þm. Vestf. er mér sammála um að við getum ekki tekið þessi orð sem eitt og hið sama. Ég tek ábyrgðina fram yfir bannið, og ég held að við viljum og ef við hættum að vera hrædd um að það sé hlegið að okkur fyrir afstöðu okkar, þá sé mikið unnið í þessum málum.

Um brtt. hv. 2. landsk. vil ég allt gott segja. Hún á fullan rétt á sér og er, held ég, í þeim anda sem við þurfum að vinna í þessum málum. Ég vildi ákaflega gjarnan, að hann hefði bætt því við að bæta áfengisfræðsluna í skólunum og ég treysti því að það komi þegar málið kemur til umr. í n., þá mætti bæta því þar inn í og raunar ýmsu fleiru, sem þarna mætti tiltaka.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir að það hafa orðið umr. um þetta mál og við alþm. höfum nú í millitíðinni meðan n. — ég vil ekki segja sefur á málinu, heldur fjallar um málið, þá höfum við okkar tækifæri til þess að koma okkar hugmyndum á framfæri. Ég vil líka benda á að það hefur hingað til verið sýndur of lítill skilningur þeim sem af einlægni og dugnaði vinna að áfengisvarnarmálum á Íslandi. Það þyrftum við að hafa í huga við gerð okkar endanlegu fjárl., því það er enginn vafi á því að þeirra starf gerir mikið gott í þessum málum og mundi leiða til meira gagns ef þeir hefðu aukið svigrúm og meiri fjárráð.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég missti því miður af að heyra framsögu fyrir þessari till. og ég verð að skýra þingheimi frá því af hverju ég missti möguleikann nú rétt á þessu augnabliki. Það var einmitt vegna þess að kona leitaði til mín í öngum sínum yfir því að heimilið var að fara í rúst af vínneyslu húsbóndans og bað mig sér til hjálpar núna í algeru öngþveiti hvað væri hægt að gera. Því miður er þetta annað dæmi á stuttum tíma sem ég sannreyni að á sér stað hér í borginni. Fyrir nokkru bauð einn af varðstjórum lögreglunnar mér að koma með sér í helgarferð eða vera á helgarvakt svo að ég fengi að kynnast því sem væri að ske í borginni um helgar. Einnig hafði læknir samband við mig og bauð mér líka að vera á varðstofunni og sjá með eigin augum þær hörmungar, sem dyndu yfir mörg heimili yfir helgar vegna vínneyslu.

Það er vegna þess að þetta á sér stað utan þings að við nokkrir höfum talið skyldu okkar að taka lítið skref í þeim áfanga að bæta úr þessu böli. Hvort þetta skref verður stigið eða fleiri skref fylgja á eftir skulum við ósagt látið, en við væntum þess eindregið.

Það kom hér fram að skoðanir hefðu breyst á drykkjuskapnum og það væri lítið á hann víða sem sjúkdómseinkenni. Báðar þær konur, sem hafa leitað til mín í vandræðum sínum, hafa tjáð mér að engin leið sé að koma mönnum þeirra inn á hæli. Þetta eru báðir menn í góðum stöðum hér í Reykjavík, annar á vegum hins opinbera og hinn í hárri stöðu hjá hálfopinberu fyrirtæki, vel þekktir borgarar. Þegar þeir „detta í það“, eins og sagt er, dögum saman og eyðileggja heimilið, þá hafa þær leitað til lækna og reynt að koma mönnum sínum á sjúkrahús, en fengið synjun. Þetta er sérstakt vandamál sem þyrfti að athuga. Þær geta ekkert sagt annað: Maðurinn er fullur og hefur legið í fylliríi í marga daga og það er allt komið í öngþveiti. — Eina lausnin er að segja að hann gangi að sínu heimilisfólki með barsmíðum og það hafi ekki lengur svefnfrið, þá fyrst er byrjað að hlusta.

Nei, við, sem viljum álykta að skora á ríkisstj. að hafa hér lítils háttar fordæmi, væntum liðsinnis í þessa átt, að draga úr þessu böli. Við væntum liðsinnis. Það er rétt að boð og bönn eru kannske ekki lausnin á vandamálinu, ég get vel fallist á það. En ég fullyrði að nauðsynlegt er að þeir menn, sem ábyrgð eiga að hafa í þjóðfélaginu, sýni gott fordæmi eins og talað var um áðan, — þeir sem ábyrgð eiga að hafa sýni af sér nokkra sjálfsafneitun. Það er algerlega út í hött að segja að ekki sé hægt að bjóða til samkomu öðruvísi en að vín fylgi með. Stór hluti mannkynsins hefur slíkar samkomur og afneitar víni, afneitar vínneyslu. Ég minnist þess einnig að í menntaskólanum, sem við sátum bæði í hv. 9. landsk. og ég, fóru fram miklar umr. einu sinni og þá var talað um drykkjumennt. Sú sorgarsaga átti sér stað, að sá, sem harðast barðist fyrir drykkjumenntinni, situr nú innilokaður vegna ógæfuverka er hann framdi fyrir nokkrum árum í drykkjuvímu. Ég er ekki að segja að saman hafi farið hans skoðun og það verk, en drykkjuskap er um að kenna.

Um þetta má hafa langt mál. En það, sem við viljum, er að hafist verði handa, þó að í litlum stíl sé, og tekin ákvörðun um að lagfæra þetta, ráða bót á því óþolandi ástandi sem er að verða hér á Íslandi vegna ofneyslu áfengis. Vissulega munum við með því að bæta úr þessu ástandi bjarga mörgum heimilum bjarga mörgum börnum frá því að horfa á heimilisföðurinn og jafnvel móður sína einnig fara í rúst að meira og minna leyti. Það tekur langan, langan tíma og eru ólýsandi kvalir fyrir ungar sálir að þurfa að ganga í gegnum slíkt.

Það er ekki sæmandi svokallaðri menningarþjóð að halda á þessu máli þannig að við þorum ekki að ræða það alvarlega og taka á því af krafti. Það má sjálfsagt velta vöngum yfir því, með hvaða hætti árangur er bestur og mestur. En það verður að horfast í augu við þetta vanda-

mál, sem er vaxandi í íslensku þjóðfélagi, og við verðum að hafa kjark til að ráðast að því eins og við teljum að best megi verða svo að úr dragi þessu mikla böli. Tískan á að komast í lið með okkur, það er alveg rétt, en tískan verður öndverð lækningunni vegna þess að í veislum fyrirmannanna birtast myndir þar sem er skálað og glösum lyft. Það er það, sem kemur á skerminn, það er það, sem kemur í blöðin. Þetta viljum við forðast. Við viljum miklu fremur að það spyrjist út að menn sýni þá einurð að þeir geti hist án þess að þurfa að hafa vín um hönd.

Ég harma það að sá háttur skuli hafa verið tekinn upp í nýársboði forseta Íslands að nú skuli skálað í kampavíni. Áður þekktist það ekki. Ég man eftir því að einn virðulegur embættismaður þar var augafullur í fyrsta sinn sem það átti sér stað, fyrir allra manna augum sem þar voru, augafullur á stuttum tíma.

Það þýðir ekkert að þora ekki að ræða þetta mál. Ég skal taka undir orð 9. landsk. þm. að það þarf að ræða það frá öllum hliðum og vera ófeimnir. Við ráðum ekki bót á því öðruvísi. E. t. v. sýnist sumum að þessar umr. nálgist undarlegheit, að fara út í svona smáatriði. En það kemur þá bara fram hversu vandamálið er viðtækt og alvarlegt og einnig viðkvæmt. Ég vænti þess, að brtt., sem kom hér fram, verði einnig rædd, og sætti mig við að till. fari í n. í trausti þess að allt er þegar þrennt er og hún fái nú meðferð í n. og n. afli sér víðtækra gagna um hvað er að ske hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég veit um annað plass þar sem lögreglumenn hafa sagt mér að þeir kviði fyrir hverri helgi vegna vaxandi vinneyslu og óláta á heimilunum í því sambandi. Það er vel tímabært að afla víðtækra gagna í þessu efni og birta alþjóð. Við, sem að þessu stöndum enn í þriðja sinn, væntum þess að þetta verði fyrsta skref, þó að lítið sé, á þeim áfanga að bæta úr viðkvæmu en alvarlegu böli í þjóðfélaginu.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Hér hafa sem betur fer farið fram fjörlegar umr. um merkismál. Það kemur mér svolítið á óvart að hér hafa staðið upp þm. sem mér er kunnugt um að líta alvarlegum augum á áfengisvandamálið, sem hafa unnið að áfengisvörnum langtímum saman og viðurkenna að þeir hafi ekkert algilt ráð við ofdrykkjunni og því vaxandi vandamáli í okkar þjóðfélagi. Á þessum mínútum eru þeir á móti boðum og bönnum, sem á þó e. t. v. ekki við allan daginn, og geta ekki hugsað sér að slíkt boð og bann megi viðgangast að ráðh. sé ekki heimilt að hafa áfengi um hönd í sínum boðum. Ég held að við lítum of mikið fram hjá því að áfengið er, eins og við vitum öll, ávanaefni og þegar það viðgengst áratugum saman að sumir menn eru eiginlega hálfskyldaðir til að mæta í boðum og þykir nærri því siðferðileg skylda að vera með í því að drekka brennivín, þá er engin furða, þar sem um viðurkennt ávanaefni er að ræða, að einhverjar afleiðingar verði af því.

Meginatriðið er það, sem tekið hefur verið hér fram, að almenningsálitið getur verið ein sterkasta vörn gegn áfengisneyslunni. Ég held að það sé varla til sterkara mál til þess að hafa áhrif á almenningsálitið heldur en einmitt þetta, að það sé byrjað ofan frá, það sé byrjað á ráðamönnum þjóðarinnar. Þegar þeim er orðið ljóst að hér er um vandamál að ræða og þegar þeir leggja svo mikið á sig að hætta að hafa áfengi um hönd í veislum, þá er eitthvað að ske. Þá þarf almenningur að fara að hugsa. Ég er ekki í nokkrum vafa að þetta væri eitt sterkasta áróðursefni gagnvart þessu málefni.

Það er alveg rétt að það er ekki nóg fjármagn, sem þeir sem vinna að áfengisvörnum, fá á milli handa. En ég veit ekki betur en a. m. k. allur fjöldi þeirra, sem að þessum málefnum *vinna, hafi tekið þessari till. fegins hendi og séu* einlægir stuðningsmenn hennar. Hvaðanæva af landinu hafa okkur verið send skrif til þess að styðja okkur í þessu máli.

Það er ekkert einsdæmi að opinberir aðilar veiti ekki vín í veislum. Þetta hefur viðgengist í vissum bæjarfélögum árum saman a. m. k. og ég held að þessi bæjarfélög njóti fullrar virðingar og teljist ekki minni eftir. Það vildi þannig til að einn kunningi minn var gestur Makariosar nokkrum dögum áður en honum var steypt af stóli. Hann var í veislu hjá honum og fékk ávaxtasafa eins og allir aðrir að drekka, og það barst eitthvað í tal meðal félaga hans hverju þetta sætti, að þeir skyldu ekki fá brennivín eins og alls staðar annars staðar. Það var sagt að þeir vildu ekki hafa það fyrir þjóðinni að vera að veita vín í veislum. Hann hefði aldrei gert það síðan hann varð forseti. Mér skilst að þeir teldu þetta vera mjög mikilvægt atriði.

Vaninn er eitt af því alvarlegasta og vandasamasta í meðferð áfengisvandamálsins, og það er einhvern veginn vani að hafa vín í veislum, á sama hátt og það var vani fyrir nokkrum árum að hafa vín í fermingarveislum og á sama hátt og það var vani fyrir nokkrum árum að hafa vín í erfisdrykkju. Í tveim seinni tilfellunum, í fermingarveislum og erfisdrykkju, er þetta aflagt og saknar þess víst enginn, en hitt er eftir og við skulum gera tilraun, ég held að það geti ekki skaðað neitt. Ef einhver ósköp ske og engar veislur verða haldnar eða of fáir koma, þá er ekki annað en að taka till. upp á næsta þingi um að breyta þessu aftur. Þetta er ósköp auðvelt og getur ekki skaðað neinn. Ég vona að í þriðja sinn fáist þessi till. samþ., því ég held að hún sé nokkurs virði.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37:4 atkv. og umr. frestað.

Rafvæðing dreifbýlisins, þáltill. (þskj. 13). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Till. samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Hún er endurflutt núna. Flm. eru auk mín 9 aðrir þm. Framsfl.

Grg. með þessari till. er ákaflega svipuð og var í fyrra, en þó hefur verið reynt að breyta kostnaðartölum nokkuð samkv. upplýsingum sem við höfum bestar fengið. Þar er einnig rakið að með þeirri áætlun um rafvæðingu dreifbýlisins, sem vinstri stjórnin hratt í framkvæmd og lögð var

fram á Alþ. í nóv. 1971, er gert ráð fyrir því að 765 býli af þeim 930, sem þá höfðu ekki rafmagn frá samveitu, hlytu þessi gæði nú. Þessi framkvæmd hefur að vísu dregist nokkuð, henni átti að ljúka á þessu ári, en svo hefur ekki orðið. Hins vegar hygg ég að ráð sé fyrir því gert að takast megi að ljúka þessari áætlun á næsta ári.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem lagðar voru fram með þessari áætlun, eru 158 býli utan þessarar þriggja ára áætlunar. Það skal viðurkennt, að þetta hefur breyst nokkuð. Ef til vill hafa einhver býli farið í eyði og raunar er á því enginn vafi og nokkur býli hafa fengið rafmagn þótt ekki væri ráð fyrir því gert í þriggja ára áætluninni, en í heild hygg ég að fjöldinn sé ákaflega svipaður, a. m. k. svo að engu máli **skiptir.**

Í þeirri grg., sem fylgdi fyrrnefndri áætlun, var jafnframt greint frá því, að kostnaður við tengingu þessara býla væri áætlaður 133 millj. og 204 þús. kr. En kostnaður við tengingu þeirra 765 býla, sem tengja á, var áætlaður 291 millj. rúmlega.

Í þessari till. er gert ráð fyrir því að meðalfjarlægð milli býla verði nú færð úr 3 km í 6 km. Mér sýnist að með þessu móti ætti slík tenging að ná til 131 býlis af þeim 158 sem eftir eru. Ég hef gert tilraun til að áætla kostnað við tengingu þessara býla. Á s. l. vetri var okkur gefið upp í raforkumálaskrifstofunni að kostnaður hefði hækkað, frá því að áætlun var gerð, um um það bil 60%. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið nú, hef ég leyft mér að áætla, að kostnaðurinn sé orðinn um það bil 100% hærri en hann var, þegar tilnefnd áætlun var gerð þ. e. a. s. að hann hafi tvöfaldast. Samkvæmt því yrði kostnaðurinn við tengingu þessa 131 býlis 189 millj. 466 þús. eða meðalkostnaður nú á býli 1 millj. 446 þús. kr. Ég leyfi mér að halda því fram að þetta séu ekki háar tölur og raunar það lágar tölur að í þjóðfélagi, sem er með 45 milljarða fjárlög, sé til skammar að stíga ekki þetta skref og koma þessari nauðsynlegu þjónustu, þessari grundvallarþjónustu fyrir byggð til þessara býla. Þetta er átak, sem þjóðfélagið sameiginlega ber að taka. Vel getur verið að einhver tölufróður maður geti sest niður og reiknað að meðalkostnaður á býli sé of hár, það sé ekki arðbært að leggja í slíka fjárveitingu fyrir sum hin smærri býli. Ég efast ekki um það. En því miður hefur mér sýnst, þegar ég hef skoðað þær tölur, að í þeim tölum séu ekki tekin til greina fjölmörg atriði sem raunar verða aldrei reiknuð í slíkum arðsemisáætlunum. Mikilvægt atriði í þessu sambandi sem öðrum er það, hvort við viljum byggja þetta land sem best og sem víðast, hvort við viljum nýta gæði þess og veita íbúum, sem vilja byggja hina ýmsu útkjálka landsins, aðstöðu til að gera það. Það er þetta sem ég tel mikilvægara en nokkurn arðsemisútreikning. Lagt er til að þetta átak verði gert á tveimur árum.

Sú upphæð á ári hverju, sem hér er um að ræða, heildarupphæðin, er raunar minni en kostnaður á einu ári nú. Vel má spyrja hvers vegna skrefið er þá ekki tekið til fulls og þau 20—25 býli, sem eftir verða, einnig tengd. Í allmörgum tilfellum er þar um mjög miklar fjarlægðir að ræða, og ég hygg að það sé óumdeilanlega skynsamlegra að veita þessum býlum sömu aðstöðu á annan máta. Því er jafnframt lagt til í þessari þáltill. að lagðar verði fram till. um viðunandi lausn á raforkumálum þeirra býla sem ekki hafa verið tengd samveitu að áætlanatímabilinu loknu. Þetta mætti gera t. d. með rekstri dísilstöðva, í sumum tilfellum sameiginlegra fyrir fleiri en eitt býli, — dísilstöðva sem reknar yrðu af hinu opinbera og raforkuverð jafnað, miðað við það, sem það er frá samveitum. Hins vegar er jafnframt sjálfsagt að endurskoða slíka framkvæmd, og vel má vera með hækkuðu verðlagi á landi og meiri nauðsyn e. t. v. að byggja ýmsa staði sem allra best, að rétt verði talið að tengja slík býli samveitu þótt kostnaðarsamt sé.

Í 2. lið þessarar þáltill. er lagt til að fjarlægari býli innan sveitarfélags skuli látin njóta meðalfjarlægðar. Við framkvæmd núv. 3 ára áætlunar hefur allmjög borið á því, að fjarlægari býli innan sveitarfélags hafa verið skilin eftir, jafnvel þótt meðalfjarlægðin, þegar á heildina er litið, yrði innan við 3 km, þ. e. a. s. að slíkum býlum meðtöldum. Þetta er framkvæmd sem ég hef aldrei fengið skilið og tel óafsakanlega. Við flm. töldum því nauðsynlegt að girða fyrir þetta með slíku ákvæði í þessari tillögu.

Jafnframt er í 3. lið till. tekið fram að býli, sem í gildandi áætlun hafa verið skilin eftir vegna fjarlægðar, þrátt fyrir það að meðalfjarlægð innan sveitarfélagsins hefði orðið innan við 3 km, skuli tengd samveitunni í fyrsta áfanga hinnar nýju áætlunar sé þess óskað. Ég get nefnt þess dæmi að jafnvel bestu býli í sveitarfélagi hafa verið skilin eftir, þrátt fyrir það, eins og ég sagði áðan, að meðalfjarlægð á milli býla í sveitarfélaginu í heild hefði orðið innan við 3 km að þeim meðtöldum. Ef hins vegar er litið á þessi býli sérstaklega, þá er meðalfjarlægð til þessara býla jafnvel yfir 6 km og þau kæmust ekki inn í þá áætlun sem hér er verið að ræða um. Mér sýnist því að hér sé fyrst og fremst um leiðréttingu á mjög vafasamri framkvæmd að ræða og því beri í fyrsta áfanga að leiðrétta þau mistök sem þar hafa orðið.

Ég tel óþarft að flytja lengra mál fyrir þessari till. til þál. Grg. er sæmilega ítarleg og ég flutti fyrir henni alllangt mál á síðasta þingi. Ég vil aðeins í lokin leggja áherslu á það að hér er ekki um svo stóra fjárhagslega skuldbindingu að ræða að nokkur erfiðleiki eigi að vera fyrir okkur Íslendinga að framkvæma það sem hér er lagt til.

Ég vil leggja til að till. verði að lokinni umr. nú vísað til hv. fjvn. Hún var þar í fyrra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varanleg gatnagerð í þéttbýli, þáltill. (þskj. 20). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Till. sú um aukinn stuðning við varanlega gatnagerð í þéttbýli o. fl., sem hér liggur fyrir, var einnig flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Í þessum málum hefur ýmislegt það gerst, frá því að till. var flutt þá, sem rétt er að rekja sem inngangsorð að sjálfri till., en þar get ég

látið nægja að vísa til ítarlegrar framsögu í fyrra að mörgu leyti.

Í fyrsta lagi hefur nauðsyn virkra aðgerða ríkisvaldsins orðið enn ljósari. Æ fleiri sveitarfélög hyggja á stór átök, unnu rösklega að verkefnum sínum á s. l. sumri eða héldu fram því sem hafið var. Hið merka framtak austfirðinga og víðtækt samstarf sveitarfélaga þar um lagningu hundins slitlags á vegina í kaupstöðum og kauptúnum eystra varð öðrum viss fyrirmynd um framkvæmd alla. Vestfirðingar unnu í sumar mjög myndarlega að þessu verkefni, höfðu með sér samstarf og miðaði vel áfram. Sömu sögu má segja víðar frá. En austfirðingar fundu í sumar áþreifanlega hve mjög skortir á að stóráták í þessu efni verði leyst án verulegs viðbótarstuðnings, ekki einungis með lánsfé, heldur beinlínis aðstoðar ríkisvaldsins í formi aukins þéttbýlisvegafjár eða í öðru formi. Þar var unnið miklu minna en ááætlað var, miklu minna en verið hefði ef t. d. till. okkar frá fyrra þingi hefði á einhvern hátt komið til framkvæmda og komið sveitarfélögunum til góða.

Í öðru lagi var í fyrra lagt fram frv. til breyt. á vegal. sem varð ekki heldur útrætt. Þar var eitt atriði till. okkar beinlínis tekið inn, þ. e. íbúamarkið 300 lækkað í 200. Í meðförum þingsins var einnig sýnilegt að reglurnar um skiptingu þéttbýlisvegafjárins yrðu ekki eins og verið hefur og gekk þó ekki eins langt um breytingar þar og við flm. teljum að nauðsynlegt hefði verið að ná fram. Byggðanefnd Alþ. hafði og tekið mál þetta sérstaklega að sér og m. a. þess vegna voru líkur á, að reglurnar um úthlutun fjárins yrðu til bóta fyrir minni sveitarfélög, en Reykjavík hætti að hirða bróðurpartinn af þessu fjármagni. Einnig stóðu vonir til þess þá og gera væntanlega enn að þau 10% af þéttbýlisfénu, sem renna eiga til sérstaklega aðkallandi framkvæmda, hyrfu ekki alfarið í einhverja Kópavogsgjá. Allt var þetta á réttri leið, en lítið gerðist, enda þingrof og nýjar kosningar fyrir dyrum. Tillöguflutningurinn nú á nýjan leik var því sjálfsagður, enda í mörgu tilliti viðfeðmari en svo að líklegt sé að þar fáist allt fram nema með stöðugum eftirrekstri.

Í þriðja lagi komu þessi mál til umr. á sumarþinginu. Hækkun bensínskattsins hafði auðvitað í för með sér hækkun þéttbýlisfjárins í krónum en hélst þó engan veg í hendur við hækkun tilkostnaðar. Þm. stjórnarandstöðunnar fluttu þá till,. að við hækkun bensínskattsins rynni sérstaklega ákveðinn hluti beint til varanlegrar gatnagerðar, sem yrði þá viðbótartekjustofn fyrir sveitarfélögin til þessa mikla verkefnis síns. Þessi till. var felld og er því málið í sömu sporum hvað þetta snertir.

Í fjórða lagi er nú komið hér fram í þinginu frv. til l. um eflingu Lánasjóðs sveitarfélaga sem er vissulega spor í rétta átt, m. a. í sambandi við þetta verkefni. Sumt er þó verið að setja í annan vasann með því að taka úr hinum, og á ég þar við jöfnunarsjóðsframlagið, en í heild er frv. til bóta, þótt segja mætti að ríkisvaldið hefði átt að leggja þar til ríflegri hlut en ráð er fyrir gert.

Ekkert þessara fjögurra atriða, sem hér hefur verið vikið að, gat breytt neinu um nauðsyn þess að halda málinu í heild vakandi og knýja á um margt það, sem enn á langt í land. Ástæður tillöguflutningsins liggja ljóst fyrir, enda hlaut þessi till. í fyrra svo eindreginn og ákveðinn stuðning úr öllum landshlutum að vafalaus nauðsyn hennar liggur ótvírætt fyrir, staðfest af þeim sem gerst til þekkja.

Án þess að vera með langa og mikla endurtekningu þess, sem ég sagði í fyrra, ítreka ég mikilvægi þess að sveitarfélögin geti sem fyrst og best lokið þessu verkefni. Fá atriði veit ég líklegri til að breyta svip og umhverfi þessara byggðarlaga, gera þau um leið byggilegri, laða fólk til búsetu þar, þó að óteljandi atriði önnur blandist þar inn í. Þetta er ekki heldur aðeins félagslegt réttlætismál, ekki síður nær það inn á það, sem ég vil kalla menningarlegt svið, því að umhverfismenning er þar ekki veigalítill þáttur og margt fylgir í kjölfar hennar sem ekki er lítils virði. Fáum framkvæmdum hef ég vitað íbúana fagna eins einlæglega og þessum. Mismunurinn er það gífurlegur frá því sem áður var og kostirnir við hið nýja fyrirkomulag svo afgerandi að engum dylst. Samstarf sveitarfélaga í þessu átaki er einnig til fyrirmyndar og vonandi aðeins upphafið að meiri og betri samvinnu að sameiginlegum hagsmunamálum, m. a. í því að ná í sem flestu til fulls jafnaðar við Reykjavík. Þar hefur togstreita og rígur staða í milli verið of ríkur þáttur og áberandi í mörgum greinum og væri mér sennilega best að fara ekki frekar út í þá sálma hér.

Í þessum málum er áhugi, framkvæmdavilji og samhjálp fyrir hendi. Aðalatriðið er fjármögnunin og að því víkur till. okkar rækilega. Ég hafði þar alla fyrirvara á eins og í fyrra um breytingar og lagfæringar, nýjar eða einhverjar aðrar leiðir en hér er lagt til. Öllu slíku erum við að sjálfsögðu reiðubúnir að breyta og bæta úr, því að ekki dettur okkur í hug að hér sé á einu færu leiðina drepið.

Áætlanagerð á þessu sviði er sjálfsögð. Segja má, að sveitarfélögin hafi sum hver gert þegar áætlun af þessu tagi, ýmist ein sér eða sameiginlega. Alhliða áætlun, sem gjarnan mætti taka skemmri tíma, svo sem 3 eða 4 ár, væri hins vegar nauðsyn til að geta sem best gert sér grein fyrir umfangi framkvæmdanna. Það hlýtur um leið að vera forsenda þess að fjármögnunarhliðinni verði skipulega sinnt og fyrir henni séð sem allra best. Margs konar áætlanir eru nú í gangi, að vísu misjafnlega langt á veg komnar, en í flestum þeirra mun að finna þætti sem samtengdir eru því brýna verkefni sveitarfélaganna. Nú hefur verið talið eðlilegt að Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtökin standi fyrir áætlunargerðinni, og sé þeim það mögulegt ætti það að vera verðugt viðfangsefni og þörfin ræki á eftir að sem fyrst lægju fyrir þær niðurstöður sem á þyrfti að byggja. Ég á vísa von þess að íbúatakmarkið verði fært niður á þessu þingi með tilliti til frv. á þinginu í fyrra, og þá er aðeins spurning um það hvort íbúamörkin ættu ekki að færast enn neðar, t. d. í 100 eða þá til þeirra marka þar sem hægt væri að tala um þéttbýlismyndun á annað borð. Staðir sem þeir, er undir þetta flokkast, munu fáir, en þörfin sú hin sama og vöxtur þeirra getur verið

ótrúlega hraður, eins og dæmi eru um, og hví þá ekki að greiða veg þeirra sem best frá upphafi.

Heildartekjur Vegasjóðs eru orðnar ærið miklar og olíukreppan hefur gert erfiðara að hækka bensínverðið beinlínis til vegagerðar því að sjálfkrafa verðhækkanir erlendis frá hafa verið svo yfirþyrmandi. Nú erum við flm. síður en svo á því að skerða megi möguleika Vegagerðar ríkisins til hvors tveggja, endurnýjunar og góðs viðhalds. Hins vegar tel ég að fyrst og fremst þurfi að huga að þeim vegaframkvæmdum sem brýnastar eru, þannig að vegir sem víðast um landið verði að heita má akfærir áður en að hraðbrautarframkvæmdum út frá Reykjavík kemur, a. m. k. mega þær ekki hafa hinn minnsta forgang, þótt ég viðurkenni nauðsyn þess að halda þeim áfram einnig. Ég ber hins vegar ekki saman nauðsyn þeirra framkvæmda og þeirra sem við erum með í huga í okkar tillögugerð. Aukning á hluta sveitarfélaganna í heildarfjárhæð Vegasjóðs hlýtur og að koma niður á þeim framkvæmdum, ef ekki er hægt að standa að hvoru tveggja í einu, og þá með e. t. v. enn auknum álögum á bensínverðið, sem okkur þykir þó sannast sagna ærið fyrir. Mín skoðun er a. m. k. sú að frekar eigi að draga í bili úr hraðbrautaráformunum út frá Faxaflóasvæðinu á meðan hinu er sinnt af fullri alvöru, sem mest er þörfin fyrir, lagningu bundins slitlags á götur í þéttbýli, og séð fyrir vel akfærum vegum sem víðast um landið. En til þess þarf fleira, eins og við bendum á í tillögunni. Sveitarfélögin þurfa að fá í sinn hlut aukið fé hlutfallslega, þar sem allar framkvæmdir þeirra eru skammt á veg komnar, sums staðar ekki byrjaðar enn. Höfðatölureglan hefur verið þessum stöðum mjög óheppileg, svo að ekki sé meira sagt, og Reykjavíkursvæðið, þar sem allar framkvæmdir eru vel á veg komnar, hefur hins vegar notið þessarar höfðatölureglu ótæpilega. Þetta er ekki gert af neinni andreykvískri ástæðu hjá okkur. Það hlýtur aðeins að vera jafnréttismál að önnur sveitarfélög komist hér eitthvað nálægt mesta þéttbýlinu um aðstöðu alla. Það verður vart gert án þess að frá einhverjum sé tekið og þá þeim sem helst má við því.

Ég hlýt enn að ítreka þann lið í till. okkar sem snertir þjóðvegi þá sem liggja í gegnum endilöng byggðarlögin með gífurlegri umferð og gegnumakstri. Þar verður að koma til breyting, og ekki verður það til fulls gagns fyrr en ríkið tekur þetta að sér að fullu og öllu. Ég sá einhvers staðar töluna 90 km í þessu sambandi yfir allt landið. Ekki þætti það mjög langt eða óyfirstíganlegt ef um hraðbraut væri að ræða út frá Reykjavík. Hér leggjum við sem sagt til sérstaka hlutdeild utan þéttbýlisvegafjárins til að gera þetta kleift, því að engin sanngirni er í því að mismuna svo sveitarfélögum sem hér er gert og leggja á þau byrðar sem koma þeim ekki nema að takmörkuðu leyti við. Í fullri alvöru hefur verið um það rætt heima á Reyðarfirði t. d. að loka hreinlega veginum í gegnum kauptúnið og benda Vegagerð ríkisins á nýtt vegarstæði ofan kauptúnsins ef Vegagerðin tæki ekki meiri þátt í kostnaði við þjóðveginn í gegnum kauptúnið en hún hefur þegar gert, oft í aukaviðhaldi, sem geysilegur gegnumakstur hlýtur óhjákvæmilega að skapa og hefur skapað þar. Þetta hefur verið rætt í töluverðri alvöru. En eitt er víst, hér er um algera sérstöðu margra byggðarlaga að ræða sem þarf að ráða á bót og verður ekki gert nema á einhvern þann hátt sem við bendum á.

Svo að lokum eru það bændurnir okkar sem við viljum a. m. k. sýna lit á að koma til móts við, þeir sem búa við rykmökkinn sumarlangt sé veðrið bærilegt og þurfa að ganga að störfum sínum í þeim rykmekki sem fylgir svo heyinu oft heim í hlöðuna og er að nokkru leyti plága á vetrum einnig. Við gerum okkur fullljóst að verkefnið er viðamikið og erfitt viðfangs. Lágmarkskrafa er að kanna a. m. k. þá möguleika sem Vegagerð ríkisins hefur til að koma sem mest í veg fyrir þá slæmu mengun sem bændur og búalið verða hér við að búa. Þetta er sérstakt viðfangsefni og erfitt, en ástæðulaust að láta sem það sé ekki til og full ástæða til að hyggja að því jafnhliða öðrum vegagerðarframkvæmdum. Við leggjum meira að segja á þetta sérstaka áherslu, því að allir þekkjum við hve hvimleitt vandamál þetta er bændum mjög víða og áhugi þeirra mikill á því að einhver lausn fáist þótt takmörkuð væri.

Herra forseti. Ég vil að öðru leyti vísa til framsögu minnar frá því í fyrra um mál þetta, en aðeins ítreka eitt: þéttbýlisvegaféð, sem er uppistaða þeirrar aðstoðar sem sveitarfélögin fá frá opinberri hálfu, er allt annað og veigaminna framlag gagnvart verkefni dagsins í dag, lagningu bundins slitlags á göturnar, eða miðað við það verkefni að hafa göturnar sæmilega akfærar malarbrautir, eins og hingað til hefur verið látið nægja víðast hvar og hlutverk þéttbýlisvegafjárins var í upphafi að taka í þátt. Þessi verkefnamunur hlýtur að kalla á nýtt viðh. rf, nýjar tekjuleiðir, og eitt er víst, þau framlög skila sér í hvívetna, eru góð fjárfesting og þörf og geta átt eftir að vera virkur liður í nýrri og heppilegri búsetuþróun á Íslandi en síðustu áratugir hafa fært landsbyggðinni. Hér þarf því að hyggja vel að og láta einskis ófreistað til að hraða þessum nauðsynjaframkvæmdum sem mest og best. Að því miðar þessi tillöguflutningur okkar eindregið.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessu máli verði vísað eftir þessar umr. til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bætt skilyrði hljóðvarps- og sjónvarpssendinga, þáltill. (þskj. 32). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem ég og meðflm. mínir flytja og hér er til umr., fjallar um það að ríkisstj. sé falið að vinna að því í samráði við Ríkisútvarpið að gerð verði á árinu 1975 sérstök kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um bætt skilyrði til viðtöku innlendra hljóðvarps- og sjónvarpssendinga, þannig að sendingar geti náð sem greiðast til landsmanna, hvort sem er í byggðum landsins eða á fiskimiðunum umhverfis landið. Í þessu sam-

bandi skal athuga hvort ekki sé rétt að ákveða afnotagjöld með tilliti til þess að föstum hundraðshluta þeirra sé jafnan varið til dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps. Þetta er tekið fram í 1. mgr. þessarar þáltill. 2. mgr. fjallar um sératriði sem ég vík að síðar.

Ég geri ráð fyrir að það þurfi enginn innan þessara veggja að undrast að það skuli vera talin ástæða af okkur flm. til þess að gerðar verði gagngerðar ráðstafanir til þess að bæta viðtöku innlendra hljóðvarps- og sjónvarpssendinga. Við alþm., a. m. k. þeir sem eru alþm. fyrir hinar strjálu byggðir landsins, verðum stöðugt varir við að fólkið í strjálbýlinu víða umhverfis landið er mjög óánægt með þá þjónustu, sem Ríkisútvarpið veitir þeim, og víða eru dæmi þess, að hlustunarskilyrði og sjónvarpsskilyrði eru allsendis ófullnægjandi. Ég ætla ekki að fara að lýsa nákvæmlega hvernig þessu er varið eða hvaða byggðir eða sveitir eða kauptún fara verst út úr þessu máli, en hér er greinilega um viðfangsefni að ræða sem nauðsynlegt er að sé tekið föstum tökum og unnið markvisst að því að bæta úr.

Dreifikerfi hljóðvarpsins var upphaflega og er enn í grundvallaratriðum byggt upp með langbylgju- og miðbylgjusendistöðvum. Auðvitað þarf að halda við og endurnýja þessi mannvirki á hverjum tíma. En það er staðreynd að s. l. 8 ár hefur ekkert verið gert til þess að endurbæta og halda við þessu dreifingarkerfi. Þó er það svo að þetta dreifingarkerfi er nú miklu ófullkomnara í sjálfu sér, sú tækni, sem það byggist á, heldur en var í upphafi. Kemur þar ýmislegt til, m. a. að við höfum orðið að hlíta því að breytt hefur verið um bylgjulengdir, sem Ríkisútvarpið getur notað, t. d. með tíðnisúthlutun árið 1948, sem hefur skapað mikla erfiðleika. Erlendar stöðvar stækka og verða kraftmeiri og viðtökutæki útvarpshlustenda eru á vissan hátt öðruvísi byggð nú en áður fyrr, þannig að vel er hægt að verjast truflunum frá öðrum útvrapsstöðvum. Stór viðfangsefni blasa við í þessu efni, t. d. þarf að byggja upp Vatnsendastöðina, þegar af þeirri ástæðu að komið hefur í ljós að slíkar ryðskemmdir eru í möstrum hennar að skipta þarf um. Auk þess er þessi staður nú kominn inn í byggð þéttbýlisins, þannig að eðlilegt þykir og rétt, ef ekki nauðsynlegt, að byggja stöðina á öðrum stað. Það þarf að gera stórátök í þessu efni úti á landi ekki síst á Austurlandi. Þetta er það sem varðar langbylgju- og miðbylgjukerfið.

En það er einnig staðreynd að þetta kerfi fullnægir okkur ekki, getur það ekki í dag þó að því sé haldið í eðlilegu horfi. Það er þörf fyrir okkur hér í þessu landi eins og annars staðar að koma upp svokölluðu FM-kerfi. Það er mikið átak að gera slíkt, en nokkrar slíkar stöðvar eru þegar til. Þetta kerfi þarf að ná til landsins í heild og er gert ráð fyrir að það væri eðlilegast að byggja það upp þannig að FM-kerfið kæmi bæði til nota hljóðvarpi og sjónvarpi.

Ég ætla ekki að fara að gera ítarlega grein fyrir þeim viðfangsefnum sem við blasa í þessum efnum. Hæstv. menntmrh. skýrði frá því fyrr í þessari viku að Landsíminn hefði gert ítarlega áætlun um þessi efni og henni mundi verða útbýtt hér á Alþ. fljótlega. Hann vitnaði í þessa skýrslu um tiltekinn kostnað, og ég get sagt um þann kostnað, sem áætlað er að verði við nauðsynlegar og aðkallandi framkvæmdir varðandi dreifikerfi hljóðvarpsins, að gert er ráð fyrir að sá kostnaður einn nemi um 650 millj. kr. En þetta var aðeins hljóðvarpið. Ég segi: aðeins hljóðvarpið, af því að hvað varðar sjónvarpið er kostnaðurinn enn meiri. En maður skyldi ekki í raun og veru segja: aðeins hljóðvarpið, vegna þess að ef þörf er á framkvæmdum varðandi dreifingu sjónvarpsins, þá er þörf á því að koma dreifimálum hljóðvarpsins í viðunandi horf, því að það hefur þó starfað í hálfan fimmta áratug án þess að málum þess að þessu leyti hafi verið komið í lag.

Ég vil þá víkja að sjónvarpinu. Sjónvarpsdreifikerfið er byggt upp af aðalstöðvum og endurvarpsstöðvum. Aðalstöðvarnar eru nú um 10 og endurvarpsstöðvarnar um 70. Var gert ráð fyrir því í sjónvarpsáætluninni á sínum tíma, þegar skipulögð var uppbygging sjónvarpsins, að fyrst í stað skyldi byggt upp kerfi sem var ódýrara að byggja upp en önnur kerfi sem jafnframt eru fullkomnari. Ég ætla ekki að fara að skýra hér tæknimál, enda kannske ekki vel að mér sjálfur í þeim efnum, en ófullkomleiki endurvarpsstöðvanna, sem nú eru, er fólginn í því að það þarf ein stöð að varpa myndinni til annarrar og koll af kolli og á þessu ferðalagi óskýrist myndin, fram kemur snjór svokallaður á myndinni og þess vegna er í mörgu tilfelli strjálbýlið verr sett í þessum efnum en þéttbýlið, þar sem aðalstöðvar eru. Nú telja menn og hafa raunar alltaf talið að það þyrfti að bæta úr þessu. Leiðin til þess er að koma upp svokölluðu örbylgjukerfi, og það er brýnt viðfangsefni að gera það einmitt nú. Í raun og veru er það svo að það er ekki viðunandi að framkvæmdir í þessum efnum bíði.

Auk grundvallardreifikerfisins eru ýmis brýn viðfangsefni varðandi dreifingu sjónvarpsins. T. d. er brýnt viðfangsefni að byggja varanlegar sendistöðvar í staðinn fyrir bráðabirgðasendistöðvar, sem komið var upp víðs vegar í strjálbýlinu fyrir framtak, áhuga og dugnað heimamanna, vegna þess að þeir vildu ekki bíða eftir að að þeim kæmi í framkvæmdaáætlun sjónvarpsins. Þessar stöðvar eru í sjálfu sér ófullkomnar og var aldrei ætlað að vera varanlegar. Þær eru að ganga úr sér og verða allsendis ófullnægjandi. Það verður að gera sérstakar ráðstafanir, sem kosta verulegt fjármagn, til að bæta úr þessu. Það þarf að afla í stórum stíl varasenda og varatækja, og svo mætti nefna margt fleira. En í þessu efni eru og mjög stórir liðir, eins og t. d. að koma dreifingu sjónvarpsins í horf að það sjáist á fiskimiðunum umhverfis landið. Það var sérstaklega rætt í sambandi við fsp. hér í Sþ. s. l. þriðjudag, og ætla ég því ekki að fjölyrða um það. En hæstv. menntmrh. upplýsti, að sú framkvæmd ein mundi kosta um 650 millj. kr. Auk þess kemur svo það, sem ég og ýmsir fleiri alþm. hafa talið allsendis óviðunandi, að það er viss hluti þjóðarinnar, að vísu lítill, en sem síst skyldi, sem nær ekki til sjónvarpsins enn í dag, og það er vegna þess að sjónvarpsskilyrði eru ekki á sveitabæjum víðs

vegar um landið. Kostar verulegt fjármagn að gera átak í þeim efnum, þó ekkert að mínu viti til þess að skelfast yfir, og það á að mínu viti að ganga fyrir. Ég kem nánar að því í máli mínu á eftir. Það er einmitt um þetta atriði sem 2. mgr. þáltill. þeirrar, sem hér er til umr., fjallar um.

Þessi viðfangsefni, sem blasa við hjá Sjónvarpinu vegna dreifingarkerfis sjónvarpsins, eru talin kosta miðað við núv. verðlag, þau nauðsynlegustu, um 1300 millj. kr. Er augljóst að það eru engar smáupphæðir sem hér er um að ræða. Ef við leggjum saman kostnaðinn, sem áætlaður er vegna hljóðvarps og sjónvarps, er um tæpa 2 milljarða að ræða. Hér er um mjög brýn viðfangsefni að ræða. Það er því ekki að furða þótt við flm. þessarar þáltill. teljum nú rétt að ríkisstj. beiti sér sérstaklega í þessu máli. Þess vegna er gert ráð fyrir því að ríkisstj. vinni að því í samráði við Ríkisútvarpið að gerð verði sérstök kostnaðar- og framkvæmdaáætlun. Ég geri ráð fyrir að við starf fyrirhugaðrar n. eða þeirra manna, sem yrði falið að vinna þetta starf, kæmi í góðar þarfir það verk, sem Landssíminn hefur unnið í þessu efni, og auðvitað hlýtur að verða byggt á þeim upplýsingum og rannsóknum, enda hygg ég að þær séu óyggjandi. Auðvitað þarf að raða niður framkvæmdum, og kann að vera nokkur vandi á höndum í því efni. Ekki geri ég ráð fyrir að þetta verði framkvæmt allt á augabragði.

Auk þess tel ég að það sé mjög þýðingarmikið hlutverk þeirra aðila, sem vinna það verk, sem till. gerir ráð fyrir, að taka fyrir hvernig á að fjármagna þessar framkvæmdir, því að lítið verður gert í þessum efnum ef ekki verður gert myndarlegt átak í því efni. Ég geri ráð fyrir að það sé nauðsynlegt og ég sé ekki annað en það sé fullkomlega eðlilegt að það verði tekin veruleg lán til að flýta þessum framkvæmdum. En ég tel að það sé þó ekki einhlítt að taka lán og auðvitað þarf að greiða lán að lokum. Þess vegna þarf jafnhliða að leggja áherslu á að efla tekjustofna Ríkisútvarpsins. E. t. v. telja menn að það sé hægara sagt en gert, og auðvitað má það til sanns vegar færa. En ég bendi á að þeir tekjustofnar, sem hér er aðallega byggt á, afnotagjöld af hljóðvarpi og sjónvarpi og auglýsingatekjur, þessir tekjustofnar, og á ég þá sérstaklega við afnotagjöldin, hafa ekki verið hagnýttir eðlilega, langt frá því.

Af hálfu Alþ. og ríkisstj. hefur verið búið skammarlega að Ríkisútvarpinu og fullkomið ábyrgðarleysi hefur í seinni tíð ríkt í þessum efnum. Það hlýtur að vera skylda þessara aðila að sjá svo um að Ríkisútvarpið hafi eðlilegan fjárhagsgrundvöll til að standa undir eðlilegum rekstri sínum og þeirri þjónustu sem þessi stofnun veitir fólkinu í landinu og almenningur vill fá. Þeim mun frekar ætti þetta að vera þar sem vart er hægt að hugsa sér, þó að afnotagjöld útvarps væru stórlega hækkuð, að nokkur þjónusta, sem veitt er af opinberri hálfu, geti verið ódýrari en sú, sem Ríkisútvarpið veitir, miðað við þetta framlag og það sem það veitir þeim sem greiða afnotagjöldin.

Á fyrstu árum Ríkisútvarpsins og ég hygg lengi fram eftir var það svo, að talið var að það væri nokkurt samband og ákveðið hlutfall á milli afnotagjalda af útvarpi og áskriftagjalda af dagblöðunum. Það var talið rétt og stóð ekki á því, — ég held að mér sé óhætt að fullyrða það, — á þeirri tíð, að þegar dagblöðin hækkuðu, þá var Ríkisútvarpinu veitt heimild til að hækka sín afnotagjöld. En í þessu efni hefur orðið breyting og hennar fer að gæta, að ég ætla, um 1960. Frá 1960 hafa afnotagjöldin hækkað mikið, en þau hafa ekki hækkað til jafns við áskriftagjöld dagblaðs. Ég hef fyrir framan mig útreikning á þessu og samanburð frá 1960 til ársins 1974. Ég skal ekki fara að rekja það hvert ár, en strax upp úr 1960 fer að síga á ógæfuhliðina og heldur svo áfram með auknum þunga fram á þennan dag. Ef afnotagjald útvarps, sem var 300 kr. 1960, er látið hafa þá vísitöluna 100, þá er vísitala afnotagjaldsins nú 800 í staðinn fyrir 100. Afnotagjaldið er 2400 í staðinn fyrir 300. Ef áskriftargjald dagblaðs er með vísitöluna 100 1960, þá er áskriftargjaldið 480 kr., reiknað með því er vísitalan í ár 1300 og áskriftargjald dagblaðsins 6240. Hér er mikill munur á, og auðvitað hefur þetta haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir Ríkisútvarpið. Eðlilegar tekjur þess hafa verið skertar verulega. Það hefur komið fram í ýmsu og hlýtur að gera. E. t. v. hefur það að einhverju leyti komið fram í því, að það hefur verið hægt að verja minna til dagskrárgerðar.

En ég held mig í máli mínu núna við dreifikerfið, og það er augljóst að það hefði verið hægt að gera miklu meira fyrir dreifikerfið ef ekki hefði verið horfið að því óheillaráði að lækka afnotagjöld útvarps í hlutfalli við áskriftargjald dagblaðs. Hafa verið gerðir útreikningar af framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins, hvað þessi þróun hafi kostað Ríkisútvarpið — hljóðvarpið — tölulega á þessum tíma. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að lauslega áætlað hefði Ríkisútvarpið haft 600 millj. kr. a. m. k. meira ráðstöfunarfé miðað við núgildandi verðgildi peninga, ef afnotagjaldið hefði frá árinu 1960 fylgt verði dagblaðs.

Ég sagði áðan að samkv. upplýsingum Landssímans væru þau miklu verkefni, sem biðu úrlausnar varðandi dreifikerfi hljóðvarpsins, það umfangsmikil að þau mundu kosta 650 millj. kr. Það er ekki meira en nokkurn veginn það sama sem talið er öruggt að Ríkisútvarpið hafi misst af hreinlega vegna þess að Alþ. og ríkisstj. á hverjum tíma hafa ekki haft víðsýni og ábyrgðartilfinningu til að sjá um að Ríkisútvarpið hefði þann rekstrargrundvöll sem því var ætlað á fyrstu árum þess. Við vitum kannske allir að einhver hluti af ástæðunni fyrir þessu er sú að afnotagjaldið kemur inn í vísitölu framfærslukostnaðar á hverjum tíma.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um að lýsa því ástandi, sem nú er, né víkja að því sem liðið er. Aðalatriðið er að bæta úr þessu. Það verður ekki gert nema m. a. verði efldir tekjustofnarnir og hækkað afnotagjaldið. Við flm. þessarar till. teljum að það sé svo mikið vangert í sambandi við dreifikerfi hljóðvarps og sjónvarps að nauðsynlegt sé að taka til athugunar hvort ekki sé hægt að setja reglur um það, að ákveðinn hluti afnotagjaldanna gangi til dreifikerfisins. Við sláum ekki neinu föstu í þessu efni, en bendum á að rétt sé að athuga þetta. Það kann að vera

að þetta sé ekkert sáluhjálparatriði í sjálfu sér, því að aðalatriðið er að fá fjármunina, en þetta er hugmynd samt, sem okkur þykir þess verð að sé athuguð.

Það má aðeins minna á það að tekjustofnar hljóðvarps og sjónvarps eru eins byggðir nema að því leyti er varðar sjónvarpið, þá er ákveðið að tollur af innfluttum sjónvarpstækjum skuli ganga til dreyfikerfis sjónvarps. Þarna er farið inn á þá braut að ákveða að ákveðnar tekjur skuli ganga til ákveðinna þarfa, nokkuð í líkingu við það sem við tölum um í till. að verði tekið til athugunar almennt. En þess má geta að þessi tekjustofn, tollur af innfluttum sjónvarpstækjum, hafði þýðingu meðan innflutningurinn var mestur og verið var að byggja upp sjónvarpskerfið. En hann hefur minni þýðingu eftir því sem uppbygging sjónvarpsins nær lengra, en gæti fengið nýtt lífsmark í sig undir þeim kringumstæðum að skipt væri frá því, sem nú er, í litasjónvarp. En nú hefur þessi tekjustofn ekki meiri þýðingu en svo að fyrir árið 1973 voru þessar tolltekjur áætlaðar um 20 millj. kr. En á því ári þurfti 35—40 millj. í afborganir og vexti af skuldum, sem stofnað hafði verið til vegna dreifikerfis sjónvarpsins, þannig að af þessu má marka, að þó að þetta hafi haft sitt gagn, þá leysir þessi tekjustofn ekki þau viðfangsefni sem nú er við að glíma.

Þetta er um 1. mgr. till., og varðar þessi mál almennt. En í 2. mgr. er talað um að fela ríkisstj. að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða, ríkisstj. afli sérstaks fjármagns í þessu skyni og stefnt verði að því að ljúka framkvæmd þessari innan tveggja ára. Hér er þetta viðfangsefni sett í algeran sérflokk, og það er vegna þess, eins og ég kom lítillega inn á áður, að þetta varðar eina fólkið sem á heimilum sínum hefur ekki aðstöðu til að njóta sjónvarpssendinga vegna þess að þar eru ekki sjónvarpsskilyrði. Nú þarf ekki að ræða það hér né raunar á öðrum vettvangi hve þýðingarmikið menningartæki sjónvarpið er. Öllum ber saman um það. En svo þýðingarmikið sem það er í þéttbýlinu, þá er það enn þá þýðingarmeira í strjálbýlinu, einangruninni. Þess vegna er það, að það er verulegt framlag til að jafna aðstöðumuninn milli þéttbýlis og strjálbýlis að koma á sjónvarpi í strjálbýlinu. En ef svo vill til að sumir staðir njóti ekki sjónvarpsins og það séu einmitt þeir staðir sem helst þurfa stuðnings við til jafnvægis við þægindi fólksins í þéttbýlinu, þá verður sjónvarpið beinlínis til þess að breikka bilið á milli þessa fólks og þjóðarinnar almennt. Þess vegna er það, að þetta er óviðunandi ástand.

Hins vegar þurfa menn ekki að undrast það þó að Ríkisútvarpið sé ekki búið að leysa þessi mál. Ef menn hafa undrast það, þá vona ég að menn geri það ekki eftir þær upplýsingar sem ég hef gefið hér um fjárhag og viðfangsefni Ríkisútvarpsins. Auðvitað er það svo að vissu marki, að Ríkisútvarpið hefur orðið í uppbyggingu sinni að láta viss arðsemissjónarmið ráða nokkru, og við það er ekkert að athuga, þ. e. a. s. að fyrst sé lögð áhersla á að gera það sem gefur á móti mestar tekjur, í þeirri von að geta á þann hátt betur leyst önnur aðkallandi viðfangsefni. En þetta viðfangsefni varðandi þá sveitabæi, sem nú njóta ekki sjónvarpsskilyrða, er þess eðlis að þar er ekki hægt að koma að neinum arðsemissjónarmiðum. Það mundi aldrei borga sig fyrir sjónvarpið, a. m. k. ekki í næstu framtíð, peningalega að leggja í þann kostnað sem þarf til þess að koma sjónvarpsskilyrðum á þessa sveitabæi. En það eiga ekki að koma hér að nein arðsemissjónarmið. Hér er um að ræða jafnvægismál, mál sem varðar jafnvægi í byggð landsins, og hér er réttlætismál sem er svo aðkallandi að það á að leysa hvað sem líður öðrum þörfum sjónvarpsins og Ríkisútvarpsins í heild. Með tilliti til þessa höfum við flm. þessarar till. flutt þessa till. um sjónvarp á sveitabæi, sem nú er í 2. mgr. þessarar till., á tveimur undanförnum aðalþingum, á þinginu 1972—1973 og þinginu 1973—1974. En við höfum ekki fengið þá áheyrn sem hafi a. m. k. nægt til að málið fengi afgreiðslu. Því er það flutt hér á nýjan leik.

En hvers vegna er þá þessi þáltill. svo aukin og endurbætt og að vissu leyti önnur en áður? Það er vegna þess að við höfum alltaf verið áminntir um það, þegar mál varðandi sjónvarp á sveitabæi hafa komið hér á dagskrá, að það þyrfti að gera ýmislegt annað. Um það erum við alveg sammála. Það þarf að gera ýmislegt annað. Og þau viðfangsefni eru orðin svo knýjandi að það er líka nauðsynlegt að hefjast þar handa með öðrum hætti en hefur verið unnið að undanförnu að þeim málum. Þess vegna teljum við að ekki fari illa á því að hafa þessar tvær hliðar að vissu leyti á sama máli í sömu þáltill. Ég vil líka upplýsa það, að á síðasta aðalþingi flutti hv. 2. þm. Vestf. og fleiri till. varðandi sjónvarp á sveitabæi, sem var efnislega nákvæmlega eins og sú till. sem ég og minir meðflm. flytjum. Þessar till. komu báðar til athugunar í fjvn., það var seint á þinginu, en þar virtist málið horfa þannig við, að víðtæk samstaða um afgreiðslu næðist, ef væri jafnframt tekið upp í till. það sem varðar dreifikerfi hljóðvarps og sjónvarps almennt. Við flm. þessarar till. töldum því rétt að halda áfram þar sem frá var horfið á síðasta aðalþingi og freista þess að málið nái nú fram að ganga. Ég vona að málið nái fram að ganga þannig, að það verði ekki einungis samþ. fyrri mgr. þáltill., að vinna að áætlunargerð að þessu vandamáli almennt. Ég hygg að það geti naumast nokkur maður verið á móti því í sjálfu sér og það er ekki hægt að segja að það kosti mikla fjármuni að gera áætlanirnar. Fyrst þarf að gera áætlun. En ég vona líka, að það hræðist enginn hv. þm. að greiða atkv. með 2. mgr. till., að það sé mætt þessu sérstaka verkefni, að koma sjónvarpinu á sveitabæi sem ekki njóta sjónvarpsskilyrða, það kostar peninga, og það sé gert strax, eins og við viljum hafa það. Við viljum, að þetta sé framkvæmt undandráttarlaust á tveim næstu árum.

Fyrir 2—3 árum gerði Landssíminn ítarlega áætlun um hvað þetta mundi kosta. Þá var reiknað með að hér væri um 472 sveitabæi að ræða og það þyrfti 150 endurvarpsstöðvar fyrir þessa bæi. Það hrökkva margir við þegar verið er að tala um í þessu sambandi endurvarpsstöðvar. Menn sjá kannske fyrir sér mikinn vélakost,

stórar byggingar í sambandi við hverja endurvarpsstöð. En þetta er misskilningur. Þetta er ekki stórt í sniðunum, það er ekki byggt einu sinni hús yfir þessar stöðvar. Þessar stöðvar eru í smámálmkössum og tækin eru þannig að það kemur að fullum notum. Fyrir 2—3 árum var reiknað með að þessi kostnaður yrði um 150 millj. kr. Ég tók eftir því að sumir hrukku við og töldu að það væri hæpið, kannske óhæfa, að verja 150 millj. kr. til þessara hluta. Ég hef aldrei getað skilið það sjónarmið. Ég sagði þá við ýmsa menn: Þetta er ekki meira en einn skuttogari kostar, og það er varla svo rislág vík eða fjörður umhverfis þetta land, að menn fái sér ekki skuttogara ef þeir ætla sér að fá skuttogara. Auðvitað hefur þetta hækkað. Samkv. útreikningum Landssímans hygg ég, að það, sem reiknað var með að mundi kosta 150 millj. kr. fyrir 2—3 árum, sé nú talið kosta a. m. k. 220 millj. En ég held að þessi hækkun haldi ekki í við hækkun skuttogaraverðsins.

Hér er ekki um slíkt fjárhagsmál að ræða að menn þurfi að vera að velta því fyrir sér ár eftir ár, hvort þeir eigi að vinna þetta nauðsynjaverk og þetta réttlætisverk. Hér þarf ekki annað en það komi skýrt fram vilji hv. alþm., þá er hægt að framkvæma þetta og það hlýtur að verða framkvæmt. Ég treysti því, að hv. þm. samþ. þetta, hvar í flokki sem þeir eru. Ég hef ekki orðið var við neinn ágreining í þessu máli eftir flokkum. Menn geta fylgt góðu máli og réttlætismáli í hvaða flokki sem þeir eru, ef þeir vilja það við hafa. Hér er tækifærið.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til fjvn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er óneitanlega eitt gott við það þegar menn eru dálítið lengi að komast að kjarna málsins, áheyrendur verða svo fegnir þegar þeir gera það. Mönnum léttir. Flm. þessarar þáltill., hv. 3. þm. Vestf., kom að kjarna málsins þegar hann greindi frá tregðu hv. Alþ. og ríkisstj. gegn því að koma til móts við kröfur Ríkisútvarpsins. Mér rennur jafnan blóðið til skyldunnar þegar rætt er um málefni Ríkisútvarpsins, þegar rætt er um kröfur Ríkisútvarpsins um leyfi til að hækka greiðslur fyrir þjónustu sína á eðlilegan hátt.

Hv. 3. þm. Vestf. mun hafa setið á Alþ. flest þau ár sem hann tilgreindi að hallað hefði á ógæfuhliðina fyrir Ríkisútvarpinu fjárhagslega og átt þó nokkur ár sæti í útvarpsráði á þessu tímabili án þess að hafa beitt beinlínis aflsmun, sem flokkur hans hafði þó yfir að ráða, a. m. k. um nokkurt skeið, til þess að bæta úr þessari neyð Ríkisútvarpsins.

Ég byrjaði störf hjá Ríkisútvarpinu í apríl 1946, og þá þegar minnist ég þess að það var orðið nokkurt bil á milli afnotagjalds útvarps í eitt ár og áskriftargjalds dagblaðs, enda var hann orðinn þegar töluverður, þessi mismunur, árið 1960. Hann hefur aukist allar götur síðan, og þar kom flm. till. nefnilega að kjarna málsins þegar hann gat þess að í tíð viðreisnarstjórnarinnar var afnotagjald útvarps tekið inn í vísitöluna. Það var orðið hættulegt stjórnsýslumál að leyfa afnotagjaldi útvarps að hækka að því marki sem þörf var fyrir þessa öldnu stofnun.

Sú var tíð upp úr lokum heimsstyrjaldarinnar, að Ríkisútvarpið var býsna auðugt. Þegar ég kom til starfa 1946 átti útvarpið í sjóði næga peninga til þess að byggja yfir sig útvarpshús sem var talið að verða mundi eitt af þeim fullkomnustu í Vestur-Evrópu. Fjárins hafði m. a. verið aflað með þeim hætti að samþykkt var aukagjald ofan á afnotagjaldið og lagt í sérstakan sjóð, Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins. Svo þegar þessi sjóður var orðinn það gildur að Ríkisútvarpið ætlaði að byrja smíði útvarpshússins, þá var þessi sjóður náttúrlega tekinn af Ríkisútvarpinu, að parti til þess að greiða innstæðulausar ávísanir ríkissjóðs í Landsbankanum, að parti til þess að greiða gjaldfallnar skuldir Þjóðleikhússins, að parti til þess að lána út byggingarfélögum í Reykjavík. Síðan tók verðbólgan við þessum sjóði, útlánuðum. Skuldirnar hafa að vísu ekki verið greiddar alveg að fullu enn þá, en peningarnir, sem komu inn, upphæðirnar, sem komu inn, voru greiddar í mun léttari krónum.

Ef Ríkisútvarpið hefur þörf fyrir eitthvað núna til að bæta dreifikerfi sitt, bæta dagskrá sína, þá eru það sannarlega ekki áætlanir sem ríkisstj. standi að á einn eða annan hátt. Það liggja fyrir tæknilegar áætlanir, það liggja fyrir kostnaðaráætlanir um þær framkvæmdir sem gera þarf. Það vantar ekki áætlanir. Ríkisútvarpið vantar peninga, að sumu leyti peninga sem af því hafa verið hafðir með klaufaskap hins opinbera og að öðru leyti peninga sem fást mundu inn ef Ríkisútvarpið fengi nú að hækka afnotagjaldið á eðlilegan hátt, þannig að það samsvaraði að nýju áskriftarverði dagblaðs.

Það er orðið býsna langt síðan gerðar voru áætlanir um nýtt dreifikerfi fyrir gamla gufuradíóið, eins og Jón Múli kallar stundum hljóðvarpið í morgunútvarpinu. Þegar fyrir 15 árum lágu fyrir nokkuð nákvæmar áætlanir um að koma upp FM-kerfi fyrir landið allt til dreifingar á dagskrá þess. Af fjárhagsástæðum dróst þetta fram yfir það að sjónvarpi væri dreift um landið. Nú eru aðstæðurnar þær að með því að nýta grundvallarkerfi, undirstöðukerfi sjónvarpsins, sem komið hefur verið upp víða um landið, þ. á m. rafleiðslum og smáhúsakynnum, þá mundi FM-kerfið raunverulega kosta sáralítið á landsmælikvarða, sennilega ekki eins mikið og fjórðungur í skuttogara, sem flm. taldi þó að hægt væri að koma í hvert krummaklof kringum ströndina. Ríkisútvarpið hefði verið búið að leysa þetta vandamál ef því hefði ekki verið synjað um eðlilega fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera. Ríkisútvarpið hefði gert þetta af eigin rammleik og ekki þurft til fjárstyrk af hálfu hins opinbera, ef því hefði ekki verið synjað um eðlilega fyrirgreiðslu. Og ég held að við þurfum ekki að eyða í það löngu máli að Ríkisútvarpinu yrði kleift að koma sjónvarpsdagskránni sinni á stöku dreifða sveitabæi ef það fengi aðeins að starfa eðlilega.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt er nú þegar farið að ræða í fullri alvöru möguleika á því að hefja litaútsendingar frá íslenska sjónvarpinu og virðist

mikill þrýstingur vera í því máli, bæði af hálfu starfsmanna sjónvarpsins og hins vegar af hálfu sjónvarpsáhorfenda á Reykjavíkursvæðinu. Jafnframt er farið að ræða í fullri alvöru hugmyndir um að byggja jarðstöð fyrir margar millj. kr. til þess að taka á móti sjónvarpssendingum frá gervihnöttum, og mun svipað um það mál að segja og hitt, að þar mun ríkja mikill þrýstingur, að þetta verði gert, af tæknimönnum Sjónvarpsins annars vegar og einkum og sér í lagi áhorfendum sjónvarps á Reykjavíkursvæðinu hins vegar. Á sama tíma og þetta er rætt í fullri alvöru og aðeins virðist vera um tímaspursmál að ræða, hvenær af þessu verður, — að sjálfsögðu fjárhagslegt spursmál líka, — þá er stór hluti þjóðarinnar sem ekki nýtur útsendingar frá Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, nema með höppum og glöppum. Ég vil taka það sérstaklega fram að hér er um að ræða mun stærri hluta þjóðarinnar en menn almennt gera sér grein fyrir. Hér er um að ræða heila landshluta eins og Austfirðingafjórðung varðandi útsendingar hljóðvarps og stóra kaupstaði víðs vegar um land varðandi sjónvarpsútsendingar, enda líður varla svo kvöld að ekki sé tilkynnt í sjónvarpinu um bilaða senda úti á landi eða miklar truflanir á móttökuskilyrðum, sem gera það að verkum að fólk utan Reykjavíkursvæðisins nær ekki eðlilegum sjónvarpssendingum.

Hér hefur verið rætt nokkuð mikið um nauðsyn þess að hækka afnotagjöld hljóðvarps og sjónvarps. Spurning getur verið, hversu mikið af tekjum þessara tveggja fjölmiðla eigi að koma beint frá notendum og hversu mikið ætti e.t.v. að koma til þessara fjölmiðla úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Einungis vegna þess, að þegar um svo mikið misrétti er að ræða varðandi móttökuskilyrði á hljóðvarps- og sjónvarpssendingum, þá má segja að það geti verið í hæsta máta óeðlilegt að byggja tekjur þessara tveggja fjölmiðla á gjöldum þeirra, sem þeirra þjónustu njóta og ekki sitja við sama borð. Hv. þm. mun vera það mætavel kunnugt að slík reiði hefur oft verið úti á landsbyggðinni með þjónustu útvarpsins, þ.e.a.s. hljóðvarps og sjónvarps, að fólk þar hefur haft á orði að neita að greiða afnotagjöld sín að hluta eða jafnvel alveg.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að viðgerðarþjónusta á sendistöðvum, einkum og sér í lagi sjónvarpsins, virðist vera mjög slök. Það eru mörg dæmi þess að menn úti á landi þurfi að bíða dögum saman eftir því að sendi sé kippt í lag. Það eru jafnvel dæmi þess, að þegar þeir sjónvarpsmenn koma úr sumarfríi sínu og hefja sendingar sjónvarps á ný, þá séu endurvarpsstöðvarnar meira eða minna í ólagi. Síðasta dæmið, sem ég veit um þetta, er frá því í sumar, þegar sjónvarpið hóf sendingar sínar með því að senda út frá þjóðhátíðinni á Þingvöllum. Sjónvarpið var beðið um að gera þetta til þess að þjóðin öll gæti notið þeirrar hátíðar fyrir milligöngu þessa voldugasta fjölmiðils þjóðarinnar. Hins vegar gerðist það, að þegar ísfirðingar kveiktu á tækjum sínum á þessum degi, þá kom í ljós að endurvarpsstöðin til þeirra var biluð og þeir náðu engri sendingu. Þeir gátu ekki tekið þátt í þeirri þjóðhátíð sem m.a. við hv. alþm. vorum viðstaddir á Þingvöllum og aðrir landsmenn gátu notið í krafti ríkisfjölmiðlanna tveggja. Þetta er vitaskuld hreint hneyksli og algjörlega óforsvaranlegt, að þegar slík hátíð stendur yfir og sjónvarpið hefur fengið nóg ráðrúm til þess að ganga úr skugga um að allir sendar þess séu í lagi, þá gerist það þegar sendingar eiga að hefjast að endurvarpsstöð fyrir einn af stærri kaupstöðum landsins sé ekki í lagi, þannig að kaupstaðarbúar, sem voru búnir að hlakka til þess að njóta sömu réttinda og aðrir landsbúar, þ.e.a.s. að geta fylgst með þessum hátíðarhöldum, sjá ekkert nema snjó á skermum sínum. Þegar þannig er haldið á málum er ósköp eðlilegt að hitni í mönnum og þeir fari að orða það að neita að greiða afnotagjöld fyrir þá þjónustu sem þeir ekki fá.

Ég vil taka það fram, að mér finnst sjálfsagt að leggja út í nýjar framkvæmdir varðandi uppbyggingu útvarps og sjónvarps. Mér finnst sjálfsagt að reyna við fyrsta tækifæri að hefja litasendingar frá íslenska sjónvarpinu og koma upp móttökustöð hér á landi fyrir sendingar gervihnatta frá erlendum sjónvarpsstöðvum. En ég vil líka taka það skýrt fram, að ég mun ekki fylgja því að þetta verði gert á sama tíma og stór hluti þjóðarinnar, ekki aðeins nokkrir sveitabændur á afskekktustu stöðum, heldur heilir landshlutar og stórir kaupstaðir, nýtur ekki sendinga ríkisfjölmiðlanna tveggja nema með höppum og glöppum. Það á að ganga fyrir öðrum framkvæmdum á þessum sviðum að byggja upp eðlileg móttökuskilyrði um land allt. Þegar því er lokið, þá má fara að huga að litasendingum fyrir reykvíkinga og aðra þá sem nálægt höfuðborginni búa.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í stóru fjármálin í þessu sambandi eða þær umr. sem hér hafa farið fram um tekjuöflun Ríkisútvarpsins. Þessi till. fjallar öðrum þræði um bætta nýtingu íslenska sjónvarpsins, um möguleika á að fjölga þeim íslendingum sem eiga völ á því að njóta þess til fulls.

Hér hefur verið gerð rækileg grein fyrir mikilvægi sjónvarpsins sem menningartækis og afþreyingartækis. Erindi mitt hingað var að vekja athygli á hóp manna, sem ekki nýtur íslenska sjónvarpsins til fulls nú í dag, en gæti án allra þessara hundruð millj. kr. útgjalda notið þess í ríkari mæli með tiltölulega auðveldri breytingu. Þetta eru heyrnardaufir eða daufdumbir. Þessi hópur er allstór í þessu landi og líklega stærri en hópur þeirra sem alls ekki geta notið sjónvarps hér vegna þess að þeir búa á annesjum eða þröngum dölum. Hér er sem sagt um stækkandi hóp að ræða, — hóp sem sér myndirnar, en getur ekki heyrt hvað sagt er. Það, sem ég vil biðja þá n., sem tekur þetta mál til skoðunar, að athuga, er hvort ekki væri hægt að koma því til leiðar, að íslenska sjónvarpið stóryki texta sína, sitt skrifaða orð. Það væri ómetanlegt fyrir þetta fólk að geta fengið t.d. fréttir skrifaðar fyrir neðan myndina, geta fengið skrifað orð þegar menn eru í samræðuþáttum, og einnig að um íslenskar kvikmyndir væri eins og þegar erlendar myndir eru sýndar, þá væri skrifað orð fyrir neðan. Eins og ég sagði er þetta stór hópur. En þetta er ekki

bara stór hópur, þetta er einangraður hópur. Þetta er hópur sem er í raun og veru miklu einangraðri en fólk, sem býr einhvers staðar úti á landi. Þetta eru einhverjir einangruðustu borgarar þjóðfélagsins og hafa miklu meiri takmarkanir við að njóta af gæðum lífsins heldur en heilbrigt fólk.

Ég held að hér sé hægt að bæta um með tiltölulega litlu fjármagni. Það kostar að vísu eitthvað í rekstrarútgjöldum. En þetta mundi líka koma fólkinu út á landi að gagni. Ég veit það, þegar ég hef horft á sjónvarp úti á landi eða jafnvel hér í nágrenni, að þar truflast oft talið, og mundi vera til stórbóta ef meira væri um skrifað orð.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Oddi Ólafssyni fyrir málefnalegt framlag í þessar umr.

Mér varð á að segja áðan að ég teldi að það hlyti að verða algjör samstaða og eindrægni um framkvæmd þeirrar þáltill., sem hér er til umr., og menn mundu ekki skiptast eftir flokkum í þeim efnum. Mér varð þetta á að því leyti, að komið hefur fram að það er ein undantekning í þessu efni, þar sem er hv. þm. Stefán Jónsson. Hann kaus að standa hér upp, ræða ekki efnislega um þetta mál, heldur vera með óskiljanlegan skæting og þvætting og reyna að hefja einhverjar flokkspólitískar þrætur um þetta mál. Mér þykir miður, að hv. þm. skuli gera þetta, og þeim mun miður er það þar sem þetta er maður, eins og hann sagði sjálfur, sem um langt skeið starfaði hjá þeirri stofnun sem við ræðum hér um, Ríkisútvarpinu.

Hann var með nokkrar vafasamar fullyrðingar sem ég ætla ekki að fara að elta ólar við. Hann sagði að afnotagjöld Ríkisútvarpsins hafi ekki verið tekin inn í vísitölu fyrr en í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Ég leyfi mér að efast um að þetta sé rétt. Þá er hv. þm. að fara með það sem hann veit ekki, og þó liggur mér við að segja að ég gæti trúað, miðað við málflutning hans áðan, að hann vissi að þetta væri ekki rétt. Ég segi: miðað við málflutning. Hann minntist á setu mína í útvarpsráði. Ég get best sagt um það sjálfur og auk þess eru margir til frásagnar um að það, sem hann sagði um afstöðu mína til hækkunar afnotagjalda, var algjörlega rangt, gripið úr lausu lofti. Það vill svo til, að í hvert sinn sem hækkun afnotagjalda hefur verið til umr. í útvarpsráði hef ég alltaf verið með hækkuninni. Þó að ég hefði ekkert annað gert öll þau ár sem ég er búinn að vera í útvarpsráði, þá eru allir sammála um að þetta hafi ég gert, og það hef ég gert hvaða ríkisstj. sem í hlut hefur átt. Hann var með dylgjur um að ég hefði aldrei gert neitt til þess að lýsa vilja mínum eða reyna í verki að styðja að því, að Ríkisútvarpið hefði fjárhagslegan grundvöll fyrir starfsemi sinni. Þetta er líka út í loftið. Ekkert, sem þessi hv. þm. sagði, hefur neina stoð í veruleikanum, það sem skiljanlegt var, flest var óskiljanlegt.

Það var á síðasta kjörtímabili, í tíð síðustu vinstri stjórnar, sem keyrði um þverbak meðferðin á Ríkisútvarpinu. Þá kom það fyrir í fyrsta sinn frá stofnun Ríkisútvarpsins að fjárlög voru afgreidd með greiðsluhalla hvað við kemur rekstri Ríkisútvarpsins, — með greiðsluhalla upp á marga tugi millj. kr. Þetta hafði aldrei skeð fyrr. Þetta var vegna þess að ríkisstj. viðurkenndi að ekki var hægt að lækka útgjaldaáætlunina, en hún vildi ekki leyfa hækkun á afnotagjöldunum. Ég hélt ræður hér á Alþ. út af þessu máli. Ég bar fram till. um að þessi munur, greiðsluhallinn, yrði bættur með sérstöku framlagi úr ríkissjóði, brtt. við frv. til fjárlaga. Hún náði ekki fram að ganga, var felld af þáv. stjórnarflokkum. E. t. v. hefur hv. þm. Stefán Jónsson, sem er kunnastur fyrir dygga þjónustu við vinstri stjórnina, rétt upp höndina á móti þessu. A. m. k. ætla ég að hann hafi gert það, ef hann hefur verið þá á þingi.

Hvað á að þýða að vera að koma með svona skæting, rakalausan þvætting og staðlausar ásakanir á menn? Hvers vegna getur þessi hv. þm. ekki rætt málefnalega um þetta mál? Það er ekki mitt að svara, og ég get ekkert við þessu gert. Þetta er hvimleitt. En ég vænti þess að þetta framlag hv. þm. Stefáns Jónssonar verði ekki til þess að minnka stuðning hv. þm. almennt við það mikla hagsmunamál Ríkisútvarpsins og fólksins í landinu sem hér er til umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hvort mér hefur gengið svo illa að kveða sæmilega skýrt að orði eða hvort ábótavant er hæfileikum hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar til að skilja mælt mál vil ég ekki fullyrða að svo komnu máli. Ég staðhæfi aftur á móti að ég hafi ekki haldið því fram að hann hafi greitt atkv. nokkru sinni, hvorki sem fulltrúi í útvarpsráði né þm., gegn hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins. Hefði ég látið mér slíkt um munn fara, þá hefði það verið gegn betri vitund, vegna þess að þeim er það kunnugast, sem nærri hafa komið Ríkisútvarpinu, að hann hefur sannarlega stutt við bakið á þeirri stofnun, bæði sem útvarpsráðsmaður og sem alþm. Aftur á móti staðhæfði ég hitt, að á þeim tíma sem hann hefur setið á þingi hefur hallað undan fæti fyrir Ríkisútvarpinu, vegna þess að fjárhag þessarar stofnunar, sem byggði upp eigin fjárhag af eigin rammleik og með starfsemi sinni, — fjárhag þessarar stofnunar var ekki sinnt. Ríkisútvarpið var svipt möguleikanum til þess að halda áfram að vera efnahagslega sjálfstætt. Meginástæðan fyrir því hversu ört hefur hallað undan fæti fyrir Ríkisútvarpinu hin síðari árin eru einmitt þau 8 ár sem þm. nefndi. Meginástæðan var sú að afnotagjaldið var bundið í vísitöluna og kom með inn í pólitíska hráskinnsleik, sem aldrei skyldi verið hafa. En mér láðist að geta eins, sem skeði í fjárhag Ríkisútvarpsins á þessum síðustu og verstu tímum og olli miklu um versnandi hag, og það var þegar viðtækjaeinkasalan var lögð niður, sem Ríkisútvarpið hafði að meginstoð í fjárhag sínum.

Ég er því sannarlega hlynntur að yfirvöld gefi gaum að fjárhag Ríkisútvarpsins. Ég kynni að greiða atkv. með þáltill. eins og þeirri, sem hv. 3. þm. Vestf. mælti með hérna, ef í till. sjálfri

væri gerð grein fyrir raunhæfum ráðstöfunum til úrbóta, svo sem þeirri að viðtækjaeinkasalan verði endurvakin og Ríkisútvarpið fái tekjur af ríkiseinkasölunni til ráðstöfunar í því skyni að byggja upp dreifikerfi sitt, svo sem forðum var. Það væri ein leiðin til þess.

Ég vil umfram allt að málunum verði þannig hagað, þegar unnið verður að því á ný að bæta hag Ríkisútvarpsins fjárhagslega, að þessi aldna stofnun haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu, ekki mun af veita. Og ég mun ganga til liðs við hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, um að reyna að fá afnotagjöld Ríkisútvarpsins hækkuð á eðlilegan hátt og þannig um hnútana búið, að Ríkisútvarpið hafi frelsi til þess að hækka afnotagjöldin framvegis, þannig að þau standi bæði undir viðhaldskostnaði tæknibúnaðar og eins undir bættu dagskrárefni.

Ég vil ekki ræða langt mál nú, þó að ég hefði þar úr ýmsu að moða, varðandi þær áætlanir, sem fyrr hafa verið gerðar um endurbætur á tæknibúnaði Ríkisútvarpsins, þ. á m. verðum við að láta bíða til síðari tíma að hugleiða möguleikana á því að taka upp stereo-útvarp á Íslandi og kosti þess kerfis fyrir dagskrá Ríkisútvarpsins. En ég ítreka sem sagt, að ég mun gjarnan styðja þessa þáltill. að því tilskildu að þar verði einnig gerð grein fyrir fjáröflunarmöguleikum til að bæta tæknibúnað þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnumál aldraðra, þáltill. (þskj. 40). — Ein umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Í fjarveru 1. flm., hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum um þessa þáltill. okkar þremenninga, en hún er nú endurflutt frá síðasta þingi, þar eð hún varð þá ekki útrædd.

Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa í samráði við launþegasamtök landsins frv. til l. um atvinnumál aldraðra, og verði að því stefnt að allir, 67 ára og eldri, sem til þess hafa þrek og vilja, geti átt kost á atvinnu við sitt hæfi.“

Velferðarmál hlýtur það að teljast í fremstu röð þegar hlynnt er að öldruðum þegnum þjóðfélagsins á einn og annan veg. Þó að mörg ágæt spor hafi verið stigin til þess að létta þeim lífsbaráttu sína og gera ævikvöldið í mörgu bærilegra er enn margt óleyst í því efni og þá kannske helst í ýmsu því er snertir samskipti þessa fólks við þjóðfélagið, hina lifandi hringiðu mannlegs lífs, sem allir þurfa og eiga að vera í snertingu við sem lengst og best.

Efnaleg kjör og öryggi aldraðs fólks hafa tekið miklum og margvíslegum breytingum til batnaðar nú síðustu ár og má þó betur gera, því að enn er um lífeyri þessa fólks úr hinum ýmsu lífeyrissjóðum það að segja, að hann er ærið misjafn og sumir hafa þaðan ekkert til framfæris. Úr því var og er hinni svokallaðri tekjutryggingu ætlað að bæta, þó að seint verði metin þar jöfnuð að fullu. Við hljótum þó að álita að þar hafi svo þokast fram að viðunandi megi teljast. En þá koma upp ýmis önnur vandamál hinna öldruðu, aðallega félagslegs eðlis, en undir þann þátt flokkast hiklaust sú spurning um atvinnuaðstöðu, sem hér er fyrst og fremst til umr.

Ég er í þeirra hópi, sem telja það lífsnauðsyn hverjum og einum meðan þrek og lífsorka leyfir að fá að sinna hugðarefnum sínum sem best og einnig að hafa starf við hæfi sem allra lengst.

1. flm. benti á það í framsöguræðu í fyrra að sú röskun, sem yrði á lífi fólks þegar það næði hámarksaldri í starfi, hefði svo mikil vandkvæði í för með sér fyrir svo marga að við lægi að skilgreina mætti ellina sem vandamál í þjóðfélagi okkar í stað þess að vera eðlilegt tímabil á æviskeiði mannsins.

Þetta þekkjum við öll frá umhverfi okkar. Vandamál margs þessa fólks verða oft og tíðum yfirþyrmandi, einkum þegar sú tilfinning sækir á að viðkomandi sé ekki lengur gildur þjóðfélagsþegn, annaðhvort í eigin augum eða annarra.

1. flm. benti einnig á það í sinni framsögu að í Noregi hefði farið fram ítarleg félagsleg rannsókn um afleiðingar þess að fólk verður að hætta í starfi sakir aldurs. Vissulega væri hér verðugt verkefni einnig fyrir það unga fólk, sem nú sinnir þessum margháttuðu félagsfræðum í námi sínu við Háskólann, að taka þetta einnig hér til rækilegrar athugunar, þó að enginn efi sé á því að vandamálið er til staðar og úrræða þarf að leita til lausnar því.

Nú um sinn hefur verið vinnuaflsskortur hér á landi og aldrað fólk hefur sannarlega getað fengið nóg af erfiðisvinnu víðast hvar. Hvort tveggja er hins vegar staðreynd, að ekki hentar erfiðisvinna öllum þeim, sem vegna aldurstakmarks hætta fyrra starfi, og þó hitt mikilvægara, að erfiðisvinna yfirleitt, fullur vinnudagur og oftast vel það, á ekki að vera eina hlutskipti þessa fólks, í hvaða starfi sem það áður hefur verið.

Víðast hvar úti um land er þó ekki um neitt annað að ræða og reyndar er víst svipaða sögu að segja hér úr þéttbýlinu einnig. Á þennan hátt, á hinum almenna vinnumarkaði erfiðisstarfa, er ekki hægt að leysa vandamál aldraðra þjóðfélagsþegna nema þá að mjög takmörkuðu leyti og á margan hátt með öðru og betra skipulagi. Einmitt að því verkefni beinist tillaga okkar. Starfsþrek og starfslöngun þessa fólks á ekki og má ekki kæfa, heldur veita sem heppilegastan farveg, þar sem hvort tveggja vinnst, aukin lífsfylling fólksins sjálfs og þjóðfélagslegur ávinningur í skynsamlegri og réttri starfsnýtingu.

Við leggjum ekki til neinar breyt. á hámarksaldri í starfi, þó að raunar megi segja að æviráðning sem slík í starf sé ærið umhugsunarefni og raunar vandamál sem þarf að sinna og fá fram vissa breytingu á. Það er fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að sjötugur þjóðfélagsþegn leggi niður sitt fasta, fulla starf, en jafnóeðlilegt að sá hinn sami þegn eigi þá fárra eða engra kosta völ í störfum. Sumir finna sjálfum sér það hugðarefni sem orka og oft ærið lífsþrek beinist að. Aðrir eiga þess ekki kost. Enn aðrir standa ráðalausir og ráðvilltir. Og erfiðismennirnir halda gjarnan áfram sinu 10—12 tíma striti á dag, oft með tilheyrandi vinnu um helgar, enda einskis annars völ.

Í till. okkar er vikið að þeirri skyldu þjóð-

félagsins að finna ráð til úrbóta. Bent er á sérstaka vinnustaði sem eina leið, en á hitt leggjum við öll áherslu, að slík einangruð fyrirbæri, slitin úr tengslum við annað mannlegt umhverfi, eru því aðeins nauðsyn að annarra kosta sé ekki völ. Flest annað er heppilegra sé það kleift í framkvæmd. Lengd vinnudagsins skiptir mjög miklu og því er bent á það, að sú skylda verði t. d. lögð á atvinnufyrirtæki að sjá öldruðu starfsfólki sínu fyrir vinnu við sérstök léttari störf og styttri vinnutíma en almennt gerist. Það er mikilvægt að unnt sé að gera fólki kleift að starfa áfram í sama eða svipuðu umhverfi og það hefur unnið í, og þar þarf að finna einhverja færa leið. Það er rétt, vandamálið er viðamikið og torvelt úrlausnar. En það þarf að takast á við þennan félagslega vanda og leysa hann sem best og farsælast. Öll viljum við í einlægni að aðstaða aldraðs fólks verði sem best í hvívetna, og atvinnuaðstaða þess er framarlega, ef ekki hvað fremst í óleystum vanda margs þessa fólks, sem við svo sannarlega unnum þess að eigi ekki síður góða ævidaga í ellinni en á öðrum æviskeiðum. Því flytjum við þessa till.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari till. verði vísað til nefndar, ég er ekki viss um hvort það er atvmn. eða allshn. sem ætti að fá þessa till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Neðri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Nýting innlendra orkugjafa, þáltill. (þskj. 80). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 27). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi, frv. (þskj. 58). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. hefur áður verið lagt hér fram á hv. Alþ. og hlaut nokkra meðferð á þingi í fyrravetur þótt það nægði ekki að hljóta fullnaðarafgreiðslu.

Málefni verslunarskólanna eða verslunarmenntunin hafa ekki tilheyrt sviði menntmrn. fyrr en frá ársbyrjun 1970. En í marsmánuði það ár var þess farið á leit við skólastjóra verslunarskólanna beggja, Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands, að þeir gerðu till. til rn. um framtíðarskipan verslunarmenntunar í landinu. Þeir töldu aftur á móti hentugra að fleiri aðilar fjölluðu um það mál, svo að páv. menntmrh., dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 29. apríl 1971 n. til þess að semja frv. til l. um þetta efni. Í þessa n. voru skipaðir Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, formaður, deildarstjórarnir Andri Ísaksson og Indriði H. Þorláksson, skólastjórarnir séra Guðmundur Sveinsson og dr. Jón Gíslason, allir skipaðir án tilnefningar, Hjörtur Hjartarson forstjóri og Gísli V. Einarsson viðskiptafræðingur, báðir skipaðir samkv. tilnefningu Verslunarráðs Íslands, Eysteinn Jónsson alþm., skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. samvinnufélaga, Ölvir Karlsson oddviti, skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga.

Þessi n. vann svo mikið undirbúningsstarf, en samdi síðan og skilaði til rn. frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi. Var fullkomin einnig í þessari n. um frv. og það var lagt fram sem stjfrv. á 94. löggjafarþingi, óbreytt frá því sem n. gekk frá því. Frv. hafði verið sent mörgum aðilum til umsagnar og eru umsagnir þær, sem bárust, birtar með frv. sem fskj. Þessar umsagnir voru yfirleitt jákvæðar.

Eins og ég sagði áðan, varð frv. ekki útrætt á Alþ. hinu síðasta, en komst í gegnum Ed. sem gerði á því nokkrar breytingar. Það þótti samt ekki rétt nú í haust að taka þessar breytingar upp í frv. þegar það er lagt fram á ný, heldur leyfa því að koma fram í upphaflegri mynd, hvort sem Alþ. kýs að gera á því einhverjar breytingar eður ekki, enda er Alþ. nú öðruvísi skipað en það var fyrir kosningarnar, svo að það er engin trygging fyrir því að þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í fyrra, fyrir síðustu kosningar, séu í meira samræmi við vilja þessa þings en upphaflega frv. Þótti því réttara að leggja frv. fram bara alveg eins og n., sem samdi það, hafði gengið frá því upphaflega.

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur verslunarmenntun verið veitt í tveimur einkaskólum, Samvinnuskólanum og Verslunarskóla Íslands, og þessir skólar hafa hvor um sig notið nokkurs styrks í fjárl., sem á árinu 1974 nemur 5.2 millj. kr. til Samvinnuskólans og 33.8 millj. kr. til Verslunarskólans. Auk þess nýtur hinn síðarnefndi nokkurs stuðnings frá borgarsjóði Reykjavíkur. Það fer ekki á milli mála að ríkið hefur raunverulega vanrækt sinn þátt í verslunarmenntuninni, þar sem styrkur til einkaskólanna hefur engan veginn svarað til þess kostnaðar, sem rekstri þeirra hefur verið samfara, og ríkið hefur þannig sparað sér stórfé með þessu fyrirkomulagi í stað þess að taka verslunarmenntunina í sama mæli á sína arma og það hefur raunar gert um aðra sérmenntun í landinu. Hitt er svo annað mál, hvort þetta er hyggilegt, hvort þessi sparnaður er hyggilegur. Við sífjölþættari og fjölbreyttari atvinnu- og verslunarhætti og aukin umsvif innanlands og í samskiptum við aðrar þjóðir ber æ brýnni nauðsyn til þess að veita þeim fjölmenna hópi, sem fæst við jafnþýðingarmikil þjónustustörf og verslun og viðskipti eru, greiðan aðgang að traustri menntun til þess að skapa sér sem mesta starfshæfni, til þess að þjóðfélagið fái sem besta starfskrafta á þessu sviði. Störfin á sviði erlendra og innlendra viðskipta verða alltaf umfangsmeiri eftir því sem tímar líða og hinum auknu kröfum og þörfum þarf að mæta með aukinni þekkingu, aukinni starfsþjálfun og aukinni tækni.

Meginstefna þessa frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi er sú, að nemendur, sem lokið hafa skyldunámi, eigi þess kost að afla sér sérmenntunar til undirbúnings undir störf í viðskiptalífinu um leið og þeir treysta almennan þekkingargrundvöll sinn, eins og gengur. Námsefnið á að greinast í kjarna og kjörsvið. Í frv. eru tilgreindar 7 námsgreinar sem skulu verða í kjarna og þá kenndar öllum nemendum sem þetta viðskiptanám stunda. Þær eru þessar: Íslenska, stærðfræði, eitthvert Norðurlandamálanna, enska, vélritun, bókfærsla og hagfræði. Þessu til viðbótar eru svo kjörsvið. Það eru námsgreinar, sem menn geta valið sér eftir því sem námsbrautir og námstilhögun gefa tilefni til. En kjarnanámsgreinarnar eru öllum sameiginlegar, þeim sem verslunarnám stunda.

Gert er ráð fyrir, að námsefninu verði skipt í einingar, þannig að sem auðveldast verði að bæta við sig námi, þar eð gert er ráð fyrir að námið verði þáttur í meira eða minna samræmdri menntun á framhaldsskólastiginu almennt og geti t. d. farið fram í fjölbrautaskólum, þegar þeir koma til skjalanna, í menntaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla og svo hins vegar í sér-

stökum verslunarskólum, eftir því sem sérhæfing námsins gerir kröfur um. Er miðað við að slíkir sérstakir verslunarskólar til viðbótar þeim tveimur, sem fyrir eru, verði stofnaðir eftir því sem þörf krefur og fé er þá veitt til og þeir yrðu þá ríkisskólar. Samkv. ákvæðum frv. er gert ráð fyrir því að hinn fyrsti slíkra nýrra verslunarskóla yrði reistur á Akureyri.

Viðskiptamenntun sú, sem frv. gerir ráð fyrir, miðast við það að nemendur eigi völ á að búa sig undir almenn skrifstofustörf, bókhaldsstörf, afgreiðslustörf, deildarstjórastörf í verslunum og stjórnunarstörf. Jafnframt er opnuð leið til stúdentsprófs og þá framhaldsnáms í háskóla, en það er mjög nauðsynlegt að engar námsleiðir séu lokaðar, heldur geti menn haldið áfram námi ef hugurinn stefnir í þá átt.

Viðskiptanám á framhaldsskólastigi er ráðgert eins til fjögurra ára nám, þ. e. eins, tveggja eða þriggja ára almennt og sérhæft viðskiptanám og síðan eins árs viðbótarnám sem veitir menntun til stúdentsprófs og þá rétt til áframhaldandi náms á háskólastigi, hvort sem er á sviði viðskipta eða annars konar háskólanám. Hluti af viðskiptanámi á framhaldsskólastigi á að vera starfsþjálfun að sjálfsögðu og geta þeir skólar, sem slíka viðskiptamenntun veita, samið við viðskiptafyrirtæki um að annast tiltekna þætti þessarar þjálfunar, og er vitanlega bráðnauðsynlegt að á milli skólanna og viðskiptafyrirtækjanna, atvinnugreinarinnar mætti líka segja, ríki gott samstarf um þessi efni. Með þessum hætti verður nemendum enn ljósara en ella hvers hin ýmsu störf krefjast, og það verður þeim áreiðanlega góð vísbending um það, hvers konar þekkingaröflun þeim sé nauðsynlegust.

Að því er fjármálahlið þessa frv. varðar, þá er ekki því að leyna að það hefur aukin útgjöld í för með sér, eins og hv. þdm. munu hafa gert sér grein fyrir á síðasta þingi þegar þetta frv. var hér til meðferðar. Í fyrsta lagi er kveðið svo á í frv. að nýir skólar, sem stofnaðir kynnu að verða til þess að veita viðskiptamenntun, skuli verða ríkisskólar og þá auðvitað stofn- og rekstrarkostnaður þeirra greiddur að öllu leyti úr ríkissjóði, líkt og nú á sér stað um marga hliðstæða sérskóla. Í öðru lagi er tekið fram í frv. að aðrir skólar, sem viðskiptamenntun veita, svo sem í formi námsbrautar í framhaldsdeildum grunnskóla, fjölbrautaskólum og menntaskólum, skuli kostaðir af ríkissjóði samkv. kostnaðarákvæðum sem gilda um hvern þessara skóla, hvert þetta skólastig. Þannig mundi t. d. viðskiptanámsbraut í menntaskóla verða að öllu leyti kostuð af ríkinu. Í þriðja lagi er ákvæði um stuðning við þá einkaskóla sem núna starfa, Samvinnuskólann og Verslunarskóla Íslands, og þau ákvæði hafa það í för með sér, að útgjöld til þeirra aukast mjög mikið, bæði að því er varðar stofnkostnað, sem á kynni að falla og ríkið tekur nú engan þátt í, og svo einnig að því er varðar rekstrarkostnað. Rekstrarkostnað þessara skóla á samkv. frv. að greiða að fullu, en stofnkostnað, þ. e. a. s. kennsluhúsnæði og heimavistir byggt eftir gildistöku l., mundi ríkissjóður greiða að 80% samkv. ákvæðum frv.

Það var áætlað, þegar frv. var samið, að rekstrarframlag ríkisins til skólanna mundi verða miðað við óbreytta starfshætti þeirra, 12—15 millj. kr. til Samvinnuskólans, en 45—50 millj. kr. til Verslunarskólans. En þessar fjárhæðir hafa vitanlega hækkað síðan þetta var reiknað út. Ekki er gert ráð fyrir því í frv. að ríkisvaldið hafi afskipti af skólastjóra- eða kennararáðningum við einkaskólana þrátt fyrir þetta, en það er gengið út frá því, að stofnkostnaðarframlag ríkisins, sem kynni að renna til skólanna eftir slíkri breyttri löggjöf, yrði eign ríkisins og falli ekki til annarra ef verslunarskólarekstri yrði hætt. Það má vel vera að það kynni að þykja réttara að hafa um þetta öllu gleggri ákvæði en nú eru í frv., sbr. og það sem rætt var um þetta mál á síðasta þingi.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri við 1. umr. Ég held, að ég hafi minnst hér á þýðingarmestu þættina í frv. Það fjallar um menntun sem vissulega er mjög þýðingarmikil og umfangsmikil í okkar menntakerfi, og eins og ég sagði í upphafi: þörfin fyrir trausta og haldgóða menntun á viðskiptasviðinu fer í raun og veru vaxandi með hverju árinu sem líður.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þetta frv. til l. um viðskiptamenntun á framhaldsskólastigi og vænti þess að það fái jákvæðar undirtektir á þessu þingi og verði afgr. sem lög.

Eins og fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. mun þetta lagafrv. ekki hafa fengið afgreiðslu hér á þingi þrátt fyrir það að aðilar verslunarinnar í landinu hafi lýst yfir eindregnum stuðningi við frv. í því formi sem það er nú lagt fram. Þetta frv. hefur mjög mikla þýðingu, ekki aðeins fyrir verslunina í heild, heldur einnig fyrir þau hundruð nemenda sem stunda nám í Verslunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum.

S. l. fimmtudag var ég staddur á nemendafundi í Verslunarskóla Íslands, þar sem voru um 300—400 nemendur, og þeir ræddu af alvöru og ábyrgð um það frv. sem hér liggur fyrir Alþ. Það fer ekki á milli mála að þessi mikli fjöldi nemenda hafði mikinn áhuga á því að frv. yrði samþ. og Alþ. með þeim hætti styddi viðleitni þessa unga fólks til þess að verða betri og hæfari þegnar í þjóðfélagi okkar. Það er því von þessara nemenda og ég færi þau skilaboð — með leyfi hæstv. forseta, að Alþ. taki vel á þessu frv. og samþykki það eins og það liggur fyrir. Með því vinnst í fyrsta lagi fyrir nemendur á viðskiptasviði að öll námsskilyrði verða mun betri, í öðru lagi skapast betri möguleikar til þess að reka þessar stofnanir, Verslunarskólann og Samvinnuskólann, á viðunandi hátt, en vitað er að báðir þessir skólar hafa verið í svelti hvað rekstrarfé áhrærir í fjölda ára og hafa því miður ekki fengið álíka undirtektir hjá hinu opinbera sér til stuðnings sem margir aðrir framhaldsskólar. Til viðbótar kemur það í öðru lagi að stofnkostnaður þess kennsluhúsnæðis, sem nota verður í framtíðinni vegna þessarar menntunar, verður greiddur úr ríkissjóði að 80%. Hefur það geysilega mikla þýðingu fyrir þessa skóla báða. Í þriðja lagi mun frv. gera skólunum kleift að vera með námsefni sem bæði verður víðtækara og betra

en þessir einkaskólar hafa getað leyft sér að hafa til þessa.

Viðskiptamenntun hefur því miður ekki skipað þann sess né notið þeirrar viðurkenningar sem skyldi. Verslun og viðskipti verða stöðugt mikilvægari atvinnugrein í verkaskiptingu þjóðanna og einnig hér innanlands. Hefur því mikla þýðingu fyrir þjóðina í heild hvernig haldið er á viðskipta- og verslunarmálum. Góð skilyrði til menntunar á þessu sviði eru besta leiðin til að tryggja að góður árangur náist fyrir þjóðarbúið. Að því er stefnt með þessu frv. sem til þessa hefur ekki fengið afgreiðslu á Alþ., en eins og hæstv. menntmrh. sagði áðan er Alþingi nú skipað með öðrum hætti en á síðasta þingi og þess er því að vænta að betri skilningur ríki fyrir jákvæðri afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Afgreiðsla mála úr nefndum.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Áður en lengra er haldið með dagskrána langar mig til þess að vekja athygli nefndarformanna þessarar d. á því að ekkert mál hefur enn þá verið afgreitt frá neinni n. Nd. Ég vil eindregið fara þess á leit við nefndarformenn að þeir beiti sér fyrir því að afgreiðslu mála úr nefndum verði hraðað. Það hljóta einhver þeirra mála, sem fyrir liggja, að hafa fengið þá athugun að þau fari að verða tilbúin til afgreiðslu, en alls hefur 21 máli verið vísað til n. í d. Ég tel að það sé ekki vansalaust að láta þau vera óafgreidd öllu lengur. (**Gripið fram í:** Nefndirnar þurfa að skipta verkum fyrst.) Allar n. hafa skipt verkum í Nd. (**Gripið fram í:** Nei.) — Ég bið afsökunar, þetta byggist á upplýsingaskorti hjá mér. Samgn. þessarar d. mun ekki hafa skipt með sér verkum og vil ég biðja þá n. að gera svo vel að skipta með sér verkum hið fyrsta.

Námsgagnastofnun, frv. (þskj. 59). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Fyrrv. menntmrh., hv. 3. landsk. þm., Magnús T. Ólafsson, skipaði n. í júlí 1972 til þess að endurskoða l. um Ríkisútgáfu námsbóka og lög um Fræðslumyndasafn ríkisins með það fyrir augum, hvort ekki þætti tiltækilegt að sameina þessar stofnanir og tryggja sem hagkvæmast samstarf þeirra í milli og þá einnig við skólarannsóknadeild menntmrn. Í ráði var um hríð og lagaheimild er raunar fyrir því að sameina fræðslumyndasafnið og menntmrn., en við nánari athugun var talið réttara að kanna hvort ekki væri hentugra að sameina fræðslumyndasafnið ríkisútgáfu námsbóka. Í þeirri n., sem skipuð var til þess að endurskoða framangreind lög, áttu sæti Andri Ísaksson prófessor, sem var formaður n., Benedikt Gröndal forstöðumaður Fræðslumyndasafnsins, Ingi Kristinsson skólastjóri, Jón Emil Guðjónsson framkvstj. Ríkisútgáfu námsbóka og Guðbjartur Gunnarsson kennari. Hinir tveir síðast nefndu gátu litinn þátt tekið í störfum n. vegna fjarveru á því tímabili, sem n. einkum starfaði, en í stað Jóns Emils starfaði þá Gunnar Guðmundsson skólastjóri Laugarnesskólans, þáv. staðgengill Jóns hjá Ríkisútgáfunni. Auk nefndarmanna, sem ég hef nú greint, vann Guðný Helgadóttir fulltrúi í menntmrn. með n. að undirbúningi og öðrum störfum.

Samhljóða frv. þessu var lagt fyrir 94. löggjafarþing til kynningar. Það var lagt fram seint á þingi og ekki gert ráð fyrir að það yrði afgreitt þá.

Meginefni þessa frv. er að sameina Ríkisútgáfu námsbóka og Fræðslumyndasafn ríkisins í eina stofnun undir heitinu Námsgagnastofnun. Jafnframt er leitast við að efla þessa nýju stofnun til þess að gegna því þýðingarmikla hlutverki að sjá íslenskum skólum fyrir sem bestum og fullkomnustum náms- og kennslugögnum og annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hvers konar námsefnis og kennslutækja og fylgjast með margvíslegum nýjungum á þessu sviði, jafnframt því sem henni er ætlað að halda uppi fræðslu- og upplýsingastarfsemi meðal kennara að því er þessa þætti varðar.

Frv. fylgir mjög ítarleg grg. í aths. þess og ég ætla að spara tíma hv. þd. með því að leyfa mér að vísa til aths. með frv. og hafa ekki fyrir því lengri framsögu. En ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Nú á dögum er engan veginn nóg að byggja myndarleg og góð skólahús né heldur að þar starfi vel menntaðir og góðir kennarar. Til þess að ná svo árangri sem óskað er þurfa kennarar að hafa í höndum margvísleg kennslutæki og á síðustu árum hafa orðið gífurlega örar framfarir einmitt á sviði kennslutækja. Í upphafi var um að ræða prentaða bók eða prentað mál eitt, en nú fer kennslan fram með margvíslegum öðrum miðlum, bæði myndrænum og hljóðrænum. Í nútímaskólabókasafni eru ekki aðeins bækur, heldur eru upplýsingar geymdar í öllum þessum tækjum, flokkaðar saman, þannig að unglingar geta lært við það að afla sér upplýsinga og gagna sem þeir vita e. t. v. ekki fyrirfram hvort þeir finna í bók, á myndrænu, kvikmynd eða á annan hátt, eða hvort þeir finna eitthvað um það efni, sem þeir eiga að nema, á mismunandi tækjum.

Hér á landi er til mikið af kennslutækjum í skólunum. Ég býst við að þau skipti að verðmæti tugum milljóna, lauslega áætlað um 60 millj. fyrir 2—3 árum. En það er ákaflega mismunandi hvernig þessi tæki nýtast. Í sumum skólum eru þau notuð vel, og sumir kennarar eru meistarar í því ekki aðeins að nota þessi tæki sjálfir, heldur skilja að eitt hið merkasta við nútímakennslutækni er það hve tækin eru orðin einföld, og þau eru látin meira og meira í hendur nemendanna.

Ég held að það yrði stórt skref í framfaraátt fyrir skólakerfi okkar ef þær þrjár stofnanir sem annast útvegun og framleiðslu kennslutækja, kennslubóka, segulbanda, litskyggna og annars, væru settar undir einn hatt. Það er ekkert vit í því að vera að gefa út kennslubók um eitt, en

síðan litskuggamyndir eða kvikmyndir um eitthvað allt annað. Samræmi á að vera í þessu, þannig að ef einhvers konar myndefni eða hljóðefni á segulböndum eða hvort tveggja, t. d. á myndsegulböndum, sem ekki eru til í neinum íslenskum skóla, en breiðast nú víða út um nágrannalönd okkar, ef slíkt hentar, þá á að gefa þetta út saman. Þess vegna eiga þessar stofnanir að starfa saman. Það hafa þegar verið gerðar litlar tilraunir með að gefa út myndsegulbönd sem eiga við ákveðna kennslubók, um leið og hún kemur út.

Ég vil taka fram að það er ákvörðun Alþ. hverju sinni hversu mikið fé er veitt til útgáfu kennslubóka og hvort fylgt verður áfram, eins og ég geri ráð fyrir, þeirri reglu að hér sé Ríkisútgáfa námsbóka. En við erum að því leyti til allt að því einstæðir, þó ekki alveg, að námsbækur eru að langmestu leyti gefnar út af ríkinu. Um önnur kennslutæki er það að segja að skólarnir verða yfirleitt að afla sér þeirra og borga fyrir þau. Er ekkert óeðlilegt við það. Hér verður því ekki eingöngu um aukinn kostnað ríkisins að ræða, heldur starfsemi þar sem tekjur geta komið á móti. Í mörgum tilvikum mun breytingin verða sú, að framleidd verða hér á Íslandi ýmiss konar kennslutæki, keypt af íslenskum skólum, í stað þess að skólarnir kaupa þessi tæki utanlands frá og reyna að notast við þau, þó að textar og talað mál sé oft erlent, en ekki íslenskt.

Ég vil beina athygli hv. þm. að þessu frv. Hér er um mjög merka skipulagsbreytingu að ræða, sem ég tel nauðsynlega til samræmis við aðrar framfarir sem nú verða í okkar skólamálum. Það er of mikið sagt að við íslendingar séum vanþróuð þjóð á sviði kennslutækja, en skólakerfi okkar er ákaflega misþróað og við getum því aðeins bætt úr því að við gerum það átak sem hér er um að ræða.

Hugmyndir hafa komið fram um það, að ef þessar stofnanir yrðu sameinaðar í eina og kæmi ein stjórn yfir þær í staðinn fyrir tvær, sem eru núna, þá ætti að stefna að því að útvega húsnæði fyrir þessa starfsemi á lóð Kennaraháskólans, þannig að í þessum húsakynnum yrði jafnframt kennsla kennaraefna á þessu sviði og þau gætu notað húsakynnin sem tilraunastofu. Ef væri í framtíðinni hægt að koma þessu svo fyrir, þá mundu báðir aðilar, bæði Námsgagnastofnun og sú stofnun sem elur upp kennara fyrir þjóðina, hafa af því mikið gagn.

Ég vil því mæla mjög eindregið með því að þetta frv. verði athugað alvarlega í menntmn. og ekki látið sofa mörg þing áður en það verður að veruleika.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 15. fundur.

Þriðjudaginn 3. des., kl. 4 síðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Eftirfarandi bréf hefur mér borist:

„Reykjavík, 3. des. 1974.

Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna meiðsla í ökla hef því miður ekki getað sótt þingfundi nokkra undanfarna daga og get fyrirsjáanelga ekki sótt þingfundi næstu daga, fer ég fram á að varamaður taki sæti mitt á Alþingi í forföllum mínum. Þar sem 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Björn Jónsson, getur ekki tekið sæti mitt á Alþ. vegna anna, fer ég fram á í samræmi við 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Eyjólfur Sigurðsson prentari, taki sæti á Alþingi."

Ragnhildur Helgadóttir, forseti Nd.

Bréf hefur einnig borist frá Birni Jónssyni: „Vegna anna við skyldustörf get ég því miður ekki tekið sæti dr. Gylfa Þ. Gíslasonar á Alþingi í forföllum hans.

Reykjavík, 3. des. 1974.
Björn Jónsson."

Þar sem Eyjólfur Sigurðsson, prentari, hefur áður átt sæti á þingi á þessu kjörtímabili þarf ekki að rannsaka hans kjörbréf, og býð ég hann velkominn til starfa.

Minningarbúð um Jón Sigurðsson.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Áður en gengið er til dagskrár leyfi ég mér að tilkynna hv. Alþingi að s. l. sunnudag afhentu forsetar Alþingis húsnefnd Jóns Sigurðssonar-hússins í Kaupmannahöfn til umráða og varðveislu minningarbúð um ævi og störf Jóns Sigurðssonar. Fór afhendingin fram við hátíðlega athöfn í húsinu sjálfu. Viðstaddir athöfnina voru: Ásgeir Bjarnason, forseti Sþ., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, forseti Ed. og Ingvar Gíslason, varaforseti Nd. Forseti Sþ. hafði orð fyrir þingforsetum við athöfnina, en Sigurður Bjarnason sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn stjórnaði athöfninni. Þá var einnig viðstaddur af hálfu Alþingis Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri.

Eins og kunnugt er hafa þeir Lúðvík Kristjánsson sagnfræðingur og Steinþór Sigurðsson listmálari hin síðari ár unnið að því, skv. ósk og að ráði þingforseta, að búa minningaríbúðina í þann stakk sem hún nú hefur. Við athöfnina í Kaupmannahöfn s. l. sunnudag lýsti Lúðvík Kristjánsson minningaríbúðinni og gerði grein fyrir verki þeirra félaga.

Ég vil að lokum minnast þess, að Karl Sæmundsen, stórkaupmaður í Kaupmannahöfn og kona hans gáfu Alþingi hús Jóns Sigurðssonar fyrir nokkrum árum og er þar að leita upphafs þessa máls.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 16. fundur.

Þriðjudaginn 3. des., að loknum 15. fundi.

Skýrsla utanríkisráðherra um samkomulag um varnarmál, þskj. 88.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Rétt hefur þótt að birta í heild samkomulag það,

sem undirritað var í Reykjavík hinn 22. okt. s.l. milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál, og vil ég af því tilefni aðeins segja þetta:

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá 29. ágúst 1974 segir svo, með leyfi forseta:

„Öryggi landsins skal tryggt með aðild að Atlantshafsbandalaginu. Hafa skal sérstakt samstarf við Bandaríkin meðan starfrækt er hér varnar- og eftirlitsstöð á vegum Atlantshafsbandalagsins. Haldið skal áfram viðræðum um fyrirkomulag varnarmálanna með það fyrir augum að Keflavíkurstöðin geti gegnt hlutverki sínu í samræmi við öryggishagsmuni Íslands á hverjum tíma. Stefnt skal að því, að íslendingar taki við þeim verkefnum af varnarliðinu, sem ekki eru hernaðarlegs eðlis. Öllum aðgerðum í þá átt skal hraðað svo sem kostur er. Varnarliðsmenn verði búsettir á vallarsvæðinu strax og aðstæður leyfa. Greina skal á milli starfsemi varnarliðsins á flugvellinum og almennrar flugvallarstarfsemi."

Hinn 26. sept. s.l. átti ég viðræður við bandarísk stjórnvöld um varnarmál. Skýrði ég frá því, að ríkisstj. Íslands hefði horfið frá þeirri stefnu að tímasetja brottför varnarliðsins. Ríkisstj. hefði komist að þeirri niðurstöðu, að að svo stöddu væri rétt að ganga frá nauðsynlegum breytingum innan ramma varnarsamningsins frá 1951. Af þeirri stefnubreytingu leiddi það, að breytingu 7. gr. varnarsamningsins um endurskoðun á honum yrði lokið og samningurinn tæki fullt gildi aftur, ef samkomulag næðist varðandi þær breytingar í framkvæmd, sem nauðsynlegar teldust. Viðræður um ýmsar breytingar hefðu þegar farið fram á fyrri fundum og raunar allt frá myndun ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og væri nú hægt að halda þeim áfram.

Niðurstöðurnar af viðræðunum voru, að gengið var frá texta erindaskipta um endurskoðun skv. 7. gr. varnarsamningsins um að endurskoðun skv. 7. gr. varnarsamningsins væri lokið. Jafnframt var gengið frá orðalagi samkomulags og bókunar, sem undirrituð voru hinn 22. okt. 1974. Erindaskiptin hljóða þannig, — þeim hefur að vísu verið útbýtt, en ég ætla að leyfa mér að lesa þau, til þess að þau komist einnig inn í umræðupart þingtíðindanna:

„1. Orðsending sendiherra Bandaríkjanna til utanrrh.

Reykjavík, 22. okt. 1974.

Herra ráðherra. Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem nýlega áttu sér stað milli fulltrúa ríkisstjórna Bandaríkjanna og Íslands skv. ákvæðum 7. gr. varnarsamnings þess, sem í gildi er milli landanna og undirritaður var í Reykjavík hinn 5. maí 1951.

Ríkisstjórnir okkar eru sammála um, að núverandi ástandi heimsmála svo og öryggismála Íslands og þeirra ríkja, sem aðild eiga að Atlantshafsbandalaginu, sé þannig háttað að enn sé þörf fyrir þá aðstöðu, sem varnarliðið á Íslandi hefur notið skv. ákvæðum samningsins, á þann hátt, sem báðir aðilar geta sætt sig við.

Samkvæmt framansögðu hafa ríkisstjórnir okkar gert með sér samkomulag, er felur í sér áframhaldandi framkvæmd varnarsamningsins, og hafa þar með lokið endurskoðun samningsins samkv. ákvæðum 7. gr. hans.

Ég leyfi mér að leggja til að þessi orðsending og staðfesting yðar skuli fela í sér samkomulag milli ríkisstjórna okkar, svo sem að framan segir." — Undirskrift.

Annað skjalið er svar utnarrh. til sendiherra Bandaríkjanna, og þar er staðfest móttaka orðsendingar dags. sama dag, en að öðru leyti er skjalið eins, svo að ég sé ekki ástæðu til að þreyta hv. þm. á því að lesa það upp.

Í þriðja lagi er svo texti samkomulagsins:

„Ríkisstjórnir Bandaríkjanna og Íslands hafa gert með sér eftirfarandi samkomulag varðandi áframhaldandi nýtingu á aðstöðu varnarliðsins á Íslandi skv. ákvæðum varnarsamningsins frá 5. maí 1951:

1. Bandaríkin munu leitast við að fækka liðsmönnum varnarliðsins á þann hátt, sem ríkisstj. báðar hafa komið sér saman um.

2. Ríkisstjórnirnar eru sammála um, að innan hæfilegs tíma muni íslenskir starfsmenn, er þá hafi öðlast til þess nægilega starfshæfni og þjálfun, taka við tilteknum störfum á vegum varnarliðsins, sem bandarískir starfsmenn gegna nú. Hins vegar munu Bandaríkin ekki leitast við að ráða til starfa eða halda í vinnu fleiri bandarískum eða íslenskum starfsmönnum en aðstæður réttlæta og kunna því að breyta fjölda starfsmanna og skipulagi starfsgreina á vegum varnarliðsins innan ákvæða 3. og 4. gr. varnarsamningsins frá 1951.

3. Bandaríkin munu leitast við að byggja íbúðarhúsnæði innan hins umsamda svæðis, er nægi til að hýsa fjölskyldur varnarliðsmanna, sem rétt eiga á slíku húsnæði. Þessar byggingarframkvæmdir skulu háðar nauðsynlegum fjárveitingum, svo og því hvort nauðsynlegt efni og íslenskt vinnuafl er fyrir hendi. Á meðan ekki hefur verið lokið við byggingu þessa íbúðarhúsnæðis, skal bandarískum hernaðaryfirvöldum heimilt að annast milligöngu fyrir hönd þeirra starfsmanna, er búa utan hins umsamda svæðis, með það fyrir augum að tryggja hæfilegt húsnæði, sanngjarna húsaleigu og hæfilega leiguskilmála.

4. Eftir því sem fjárveitingar leyfa munu Bandaríkin leitast við að gera þær ráðstafanir, sem báðir aðilar koma sér saman um, til að skilja að á raunhæfan hátt starfrækslu farþegaflugstöðvarinnar og rekstur þann og aðstöðu, sem varnarliðið sjálft hefur með höndum á hinu umsamda Keflavíkursvæði. Þegar farþegaflugstöðin og starfsemi varnarliðsins hafa verið aðskilin, skulu aðgerðir beggja ríkisstjórna varðandi starfsemi lögregluyfirvalda og lögsögu þeirra fara eftir þeim ákvörðunum, sem báðir aðilar koma sér saman um, og skulu þær miðast við þær breyttu aðstæður, sem þá kunna að hafa skapast innan hins umsamda svæðis.

5. Eftir því sem fjárveitingar leyfa mun ríkisstj. Bandaríkjanna leitast við að láta í té tiltekinn búnað, sem á 10 ára tímabili muni skapa þá aðstöðu á Keflavíkurflugvelli, að hún fullnægi kröfum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir flugrekstur skv. flokkun nr. II.

6. Þetta samkomulag öðlast gildi þann dag, sem það er undirritað.

Undirritað í Reykjavík hinn 22. okt. 1974.

Fyrir ríkisstj. Íslands, Einar Ágústsson.

Fyrir ríkisstj. Bandaríkjanna, Frederick Irving."

Þá er það í fjórða og síðasta lagi samþykkt bókun.

„Eftirfarandi bókun var gerð um viðræður milli ríkisstjórna Bandaríkjanna og Íslands skv. ákvæðum 7. gr. varnarsamnings þess, sem í gildi er milli landanna:

A. Varnarliðið mun fækka liði sínu um 420 menn og í stað þeirra komi hæfir íslenskir starfsmenn eftir því sem þeir verða til reiðu til slíkra starfa. Varnarliðið mun annast þjálfun íslenskra starfsmanna, eftir því sem þörf krefur.

B. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun leita eftir fjárveitingum til byggingar íbúðarhúsnæðis á fjárhagsárunum 1975, 1976 og 1977 með það endanlega markmið fyrir augum, að öllum bandarískum hermönnum verði séð fyrir íbúðarhúsnæði innan takmarka varnarstöðvarinnar. Bandaríkin gera ráð fyrir, að eftir að fækkað hefur verið í varnarliðinu svo sem að framan greinir, muni viðbótarþörf íbúðarhúsnæðis innan takmarka varnarstöðvarinnar nema um það bil 468 húsnæðiseiningum. Sem vísbending um góðan ásetning Bandaríkjanna í þessu tilliti er í fjárlagafrv. fyrir fjárhagsárið 1975 að finna beiðni um fjárveitingu vegna byggingar 200 húsnæðiseininga, vegna undirritunar þeirra orðsendinga og þess samkomulags, sem hér um ræðir.

C. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun leitast við að finna leið til þess að vinna að því í samvinnu við íslensku ríkisstjórnina að aðskilja svæði þau, þar sem rekstur farþegaflugs og starfsemi varnarliðsins fer fram. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun taka þátt í byggingu nýrrar farþegaflugstöðvar, eftir því sem fjárveitingar heimila og varnarliðsrekstur krefst. Í þessu sambandi var rætt um að Bandaríkin kosti lagningu aðkeyrslubrauta fyrir flugvélar, byggingu flugvélastæða, lagningu vega, þar með talinn nýr bílvegur, svo og endurnýjun á kerfi því sem flytur eldsneyti að flugvélum.

D. Ríkisstjórn Bandaríkjanna samþykkir að athuga möguleika á því að festa kaup á heitu vatni til afnota fyrir varnarliðið, svo fremi að slík þjónusta verði látin í té af hálfu íslensku ríkisstj. á Reykjanessvæðinu.

E. Báðar ríkisstjórnirnar munu athuga leiðir til þess að efla samvinnu milli varnarliðsins annars vegar og íslensku landhelgisgæslunnar, almannavarna og flugmálastjórnarinnar hins vegar.

F. Viðræður um framkvæmd þeirra samkomulagsatriða, sem nefnd eru hér að framan, munu fara fram milli sendiherra Bandaríkjanna og yfirmanns varnarliðsins annars vegar og utanrrh. Íslands og tilnefnds fulltrúa hans hins vegar.“

Undirritað í Reykjavík af tilnefndum fulltrúum samningsaðila hinn 22. okt. 1974.

Með skjölum þessum er lagður grundvöllur að stöðugri athugun á þessum málum innan ramma varnarsamningsins, og verða málin tekin til ferkari athugunar á þeim grundvelli í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj.

Jafnframt því að birta þetta, herra forseti, tel ég mig hafa efnt loforð það, er ég gaf hv. 3. þm. Reykn. úr þessum ræðustól fyrir nokkru um það að þessi tilteknu atriði og málefni gætu komið til umr. hér á hv. Alþingi.

Gils Guðmundsson: Herra forseti: Ég vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir það hve vel hann hefur brugðist við þeim tilmælum sem ég bar fram f. h. okkar alþb.-manna um að gefa Alþ. skýrslu um nýgerða samninga við Bandaríkin, samninga um flugvallar- og herstöðvarmál, og sömuleiðis að birta þá samninga, sem um þetta efni hafa verið gerðir. Þessir samningar voru ekki birtir fyrr en í gær, og leit helst út fyrir að það væri alls ekki ætlun hæstv. ríkisstj. að birta þessa samningagerð. Fyrir þetta er ég sem sagt hæstv. utanrrh. þakklátur. Ég hefði vissulega kosið að eiga þess kost að þakka honum fyrir fleira í sambandi við þessi alvörumál, en athafnir hans á því sviði hina síðustu mánuði koma því miður í veg fyrir það. Það er bæði gömul og ný saga, að jafnvel hinir bestu menn geta tapað réttum áttum, geta leiðst út í ógöngur, ef þeir lenda í misjöfnum félagsskap.

Allt frá því að hæstv. núv. ríkisstj. var mynduð þá mátti að sjálfsögðu gera ráð fyrir umtalsverðum breytingum á stefnu íslenskrar ríkisstj. að því er tæki til hinna svonefndu varnarmála. Menn vissu hver stefna Sjálfstfl. var í þeim málum. Það höfðu þeir sjálfstæðismenn gert þjóðinni algerlega ljóst. Hún lá tiltölulega ákveðin og skýr fyrir. Menn töldu að Framsfl., hinn stjórnarflokkurinn, hefði einnig stefnu í þessum málum, stefnu sem væri töluvert önnur heldur en sú sem Sjálfstfl. hafði mótað. Þess vegna hygg ég að flestir hafi gert ráð fyrir því að sú stefna, sem hin nýja ríkisstj. þessara tveggja flokka mótaði í herstöðvarmálinu, yrði einhvers konar málamiðlun, þar sem ekki væri fylgt stefnu annars stjórnarflokksins, heldur hefðu náðst samnjngar um að fara þar með einhverjum hætti bil beggja, og e. t. v. hefði mörgum dottið í hug að það væri eitthvað töluvert af stefnu Framsfl. í slíku samkomulagi, þegar það lá fyrir að hæstv. núv. og fyrrv. utanrrh. átti að fara með þessi mál eftir sem áður, jafnt eftir stjórnarskipti eins og fyrir þau. Því miður lítur málið þannig út, að það sé stefna annars stjórnarflokksins hrein og bein, sem um hefur verið samið og hæstv. utanrrh. virðist nú hafa tekið að sér að framkvæma.

Ég held að það sé ástæða til í þessu sambandi að rifja upp, þótt ekki verði það gert í löngu máli, hina yfirlýstu og opinberu stefnu Framsfl. í sambandi við herstöðina á Reykjanesskaga.

Allt frá því er Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, þá hygg ég að það hafi verið hin yfirlýsta stefna Framsfl. að hér skuli ekki vera her á friðartímum. Það er að sjálfsögðu matsatriði hvenær eru friðartímar og hvenær ekki, það skal ég fúslega viðurkenna. En þetta stefnuatriði var frá upphafi beinlínis forsenda þess að framsóknarmenn féllust á það á sínum tíma, að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið. Þetta hefur komið fram við mörg tækifæri. Þegar herinn kom svo hingað að nýju árið 1951 var því lýst yfir af hálfu framsóknarmanna að þeir samþykktu herstöðvarsamninginn, sem þá var gerður, vegna þess hve þá væri ófriðvænlegt í heiminum, en jafnframt skírskotuðu þeir til fyrri yfirlýsinga um að hér skyldi vera herlaust land á friðartímum.

Á flokksþingi Framsfl. árið 1956 var samþ. að flokkurinn skyldi beita sér fyrir endurskoðun hins svonefnda varnarsamnings frá 1951 með það fyrir augum, eins og stendur í ályktun þessa flokksþings, „að varnarliðið hverfi úr landi". Og áfram segir í þessari samþykkt: „Fáist ekki samkomulag um þessa breytingu, verði málinu fylgt eftir með uppsögn skv. 7. gr. samningsins". Framsfl. varð, eins og menn muna, síðar þetta sama ár forustuflokkur hinnar fyrri vinstri stjórnar, ríkisstj. sem hafði brottför hersins á stefnuskrá sinni. Sú stjórn heyktist að vísu á framkvæmd þeirrar stefnu og bar við versnandi horfum í alþjóðamálum og yfirvofandi styrjaldarhættu. Ég fer ekki nánar út í þá sálma.

Mér er ekki alveg fullkunnugt um það, hverjar samþykktir framsóknarmenn gerðu í herstöðvarmálinu næsta áratug, en þó hygg ég að flokksþing þeirra á þessu tímabili, eitt eða fleiri, hafi áréttað hinn gamla fyrirvara um herleysi á Íslandi á friðartímum. Hitt er mér í tiltölulega fersku minni, að frá þingi Framsfl., sem haldið var nokkru fyrir alþingiskosningarnar 1971, kom ályktun þar sem einmitt var minnt á fyrirvarann um herlaust land á friðartímum. Síðan segir í þessari ályktun flokksþingsins frá því snemma á árinu 1971:

„Samkvæmt þessum fyrirvara og í samræmi við fyrri yfirlýsingar vill Framsfl. vinna að því, að varnarliðið hverfi úr landi í áföngum."

Mér er sérstaklega minnisstætt þetta ákvæði í samþykkt þeirra framsóknarmanna frá flokksþinginu 1971 vegna þess, að eftir alþingiskosningarnar það sumar átti ég þess kost að fylgjast með og taka nokkurn þátt í samningaviðræðum þriggja flokka um stjórnarmyndun, — samningaviðræðum sem leiddu til myndunar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Frá þeim dögum minnist ég m. a. og e. t. v. ekki hvað síst einkar ánægulegs samstarfs við núv. hæstv. utanrrh. Hann hafði þá að vonum, þá daga sem verið var að semja um þessa ríkisstj., mjög á lofti dálitla bók, sem hafði að geyma samþykktir síðasta flokksþings Framsfl., sem þá hafði verið haldið ekki alls fyrir löngu. Meðal margra atriða, sem samkomulag varð um að taka upp í málefnasamning vinstri stjórnarinnar sumarið 1971, var ákvæði sem hljóðaði á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Varnarsamningurinn við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu."

Hér var um að ræða eitt af grundvallaratriðunum í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Alþb. hefði að vísu kosið afdráttarlausara orðalags á þessu ákvæði málefnasamningsins. Það hefði vissulega viljað losna við herinn allan svo fljótt sem samningsákvæði framast heimiluðu. En hér var gengið til móts við samstarfsflokkinn með þeim hætti, að fallist var á orðalag, sem heita mátti nákvæmlega hið sama eða hafði sama innihald og sú samþykkt, sem flokksþing framsóknarmanna hafði gert þá fyrir fáeinum vikum eða mánuðum.

Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hafði verið mynduð gafst því Framsfl. alveg sérstakt tækifæri, gullið tækifæri til að framkvæma margyfirlýsta stefnu Framsfl. í herstöðvarmálinu, þá stefnu að láta herinn fara í áföngum. Hæstv. utanrrh., varaformanni Framsfl., var falin framkvæmd þessarar stefnu undir forsæti sjálfs flokksformannsins.

Þessa framkvæmdasögu ætla ég ekki að rekja í löngu máli. Það er því miður engin hetjusaga af hálfu þeirra leiðtoga Framsfl. og sögulokin eru óneitanlega fremur dapurleg. Eftir að stjórn Ólafs Jóhannessonar hafði verið mynduð var það viðurkennt af þeim flokkum öllum, sem að henni stóðu, að annað hinna stærstu mála, sem sú stjórn hafði á stefnuskrá sinni, útfærsla landhelginnar í 50 sjómílur, skyldi hafa algeran forgang af hinum stóru og viðkvæmu og mikilvægu málum. Hæstv. utanrrh. í þeirri stjórn og hinni, sem nú situr, lagði á það mjög ríka áherslu við ýmis tækifæri, að hann teldi ekki rétt að hefjast handa um að framfylgja öðru stórmáli herstöðvarmálinu, mánuðina fyrir og eftir útfærslu landhelginnar í 50 sjómílur. Á þetta féllumst við alþb.-menn eða sættum okkur a. m. k. við það í bili að þannig væri á málum haldið. Persónulega hlýt ég að játa, að það jók til muna traust mitt á því, að við samningsákvæði stjórnarsáttmálans um brottför hersins yrði staðið af samstarfsflokknum, hve myndarleg stefnubreyting varð að því er varðaði stefnumörkun og meðferð utanríkismála undir forustu hins nýja utanrrh., sem tók við 1971, frá því sem verið hafði á tímum viðreisnarinnar sælu, þegar ekki varð sagt að við héldum höfði sem fullvalda og sjálfstæð þjóð. Á alþjóðavettvangi, svo sem á þingi Sameinuðu þjóðanna og víðar vorum við Íslendingar skyndilega teknir að haga okkur eins og eðlilegt mátti telja um sjálfstætt smáríki. Við vorum ekki lengur eins og halakleppur Bandaríkja Norður-Ameríku.

Þegar fullt ár var liðið af kjörtímabilinu og engin hreyfing komin á herstöðvarmálið, þá hygg ég að það hafi farið að fjölga fsp. okkar alþb.-manna um það, hvenær ætlunin væri að hefjast handa um að framkvæma eitt aðalákvæði stjórnarsáttmála fyrrv. ríkisstj. Hæstv. utanrrh. svaraði því þá gjarnan til, að nauðsynlegt væri að undirbúa þetta mál svo vel sem nokkur kostur væri og afla sem mestra og gleggstra upplýsinga og gagna til að auðvelda ákvarðanatekt um framgangsmátann, um það hvernig ætti að standa að því að framkvæma ákvæði stjórnarsáttmálans.

Stjórnarandstaðan á þeim tíma, einkum forustumenn Sjálfstfl., hamraði og á því, að nauðsynlegt væri að fá umsagnir úr ýmsum áttum um hernaðargildi Íslands. Fljótlega sneri og hæstv. utanrrh. sér til framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins og fór fram á grg. frá honum eða bandalaginu um mikilvægi hersins og herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Á það var hins vegar frá upphafi og alveg sérstaklega á þessum tímum lögð áhersla af hálfu okkar alþb.-manna, að umsagnir, t. a. m. frá Atlantshafsbandalaginu sjálfu, frá Pentagon eða öðrum svonefndum hernaðarsérfræðingum, væru ekki sá grundvöllur, sem við Íslendingar gætum reist ákvarðanatekt okkar á. Spurningin um það, hvort herinn ætti að vera eða fara, hlyti að byggjast og hefði við myndun ríkisstj. byggst

á mati okkar sjálfra, hún hefði byggst á stjórnmálalegum og félagslegum rökum. Hitt, að spyrja hernaðarsérfræðingana, væri í rauninni ósköp svipað því og að biðja til að mynda bruggarafélagið um umsögn um það, hvort ekki væri rétt að hætta að brugga. Umsögn Atlantshafsbandalagsins kom að sjálfsögðu að vörmu spori að heita mætti, og hún var eins og öll efni stóðu til. Auðvitað telur stjórn bruggarafélagsins, að það sé ekki aðeins sjálfsagt að halda áfram að brugga, eiginlega þyrfti að brugga bæði fleiri og sterkari tegundir en áður. „Hernaðarmikilvægi Íslands fer vaxandi með hverju ári", segir þar. Það er endurtekin sama fullyrðingin og heyrst hefur úr þessari átt frá stjórnendum Atlantshafsbandalagsins í meira en 20 ár. Það hlakkaði vissulega í forstöðumönnum Sjálfstfl. og Morgunblaðinu, aðalmálgagni þess flokks, þegar hér var komið sögu. Þeir voru farnir að gera sér vonir um að hægt yrði að drepa þessu stórmáli á dreif og hindra framkvæmd eins allra mikilvægasta atriðis stjórnarsáttmálans, hindra það að herinn yrði látinn fara.

Þeim varð þó ekki að öllu leyti að von sinni um hrið. Seint og síðar meir hófst hæstv. utanrrh. handa um að æskja þess, að fram færi formleg endurskoðun herstöðvarsamningsins eins og mælt er fyrir um í þeim samningi. Mér og mörgum öðrum fannst að vísu sem framganga hæstv. ráðherra næstu mánuðina hefði þurft að vera töluvert einbeittari og skeleggari en raun varð á. Við reyndum að bera í bætifláka og bárum í bætifláka fyrir hann og fyrir þá forustumenn Framsfl. aðra, sem okkur fannst vera nokkuð deigir og hikandi við að framkvæma margyfirlýsta stefnu eigin flokks um brottför hersins í áföngum. Við vissum, að innan Framsfl. voru hernámssinnar og það töluvert öflugir, sérstaklega hér á þéttbýlissvæðinu í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, og sumir þeirra hernámssinna Framsfl. voru ekkert sérlega óliklegir til þess að samfylkja stjórnarandstöðunni til að hindra framkvæmd þessa atriðis málefnasamnings ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Við vissum, að þessi skoðun, að ekki ætti að framkvæma margyfirlýsta stefnu Framsfl., átti líka einhvern hljómgrunn hjá tilteknum framsóknarþingmönnum, að því er talið var. Von okkar hins vegar — og ég skal játa að það var ekki fyrr en seint og síðar meir sem sú von mín dofnaði, — var sú, að hinn ótvíræði meiri hluti í Framsfl., fólkið sem á undanförnum árum og áratugum hafði mótað þá stefnu flokksins, að herinn ætti að fara, að vísu á einhverju tímabili og í áföngum, þetta fólk mundi koma í veg fyrir þann óvinafagnað, sem annars væri í uppsiglingu, og tryggja stefnu Framsfl. sigur í þessu máli. Við héldum meira að segja sumir hverjir, að hæstv. utanrrh. bæði vildi vera og væri merkisberi þessa fólks, þessa meiri hluta síns eigin flokks, að vísu varkár merkisberi, kannske svolítið hikandi, en þó þeirrar skoðunar að standa ætti við hátíðlegar yfirlýsingar og gefin heit á flokksþingum og í stjórnarsáttmála. Aðrar og meiri kröfur gerðum við ekki en þær, að Framsfl. framkvæmdi markaða stefnu sína í þessu máli, þegar hann hafði tækifæri til. En þetta verkefni vafðist því miður ákaflega fyrir leiðtogum Framsfl.

Í október og síðan einnig í nóvembermánuði í fyrra fóru loks fram viðræður við bandaríkjamenn um herstöðvarmálið og um framkvæmd á stefnu ríkisstj. í því máli. Á nóvemberfundinum í fyrra lögðu bandaríkjamenn fram till. um tilteknar breyt. á herstöðinni, — till., sem gengu í þá átt að draga nokkuð úr umsvifum þar. En ríkisstj. Íslands, sú sem þá var, taldi þessar till. þó allsendis ófullnægjandi, enda var langur vegur frá að þær næðu því marki, sem sett var með stjórnarsáttmálanum.

Hófst nú nokkuð langvinnt umræðuþóf innan ríkisstj. og meðal stuðningsflokka hennar, sem lauk með því að stjórnarflokkarnir fyrrv. náðu í marsmánuði s. l. samkomulagi um umræðugrundvöll, sem lagður skyldi fyrir stjórn Bandaríkjanna. Kjarni þess samkomulags fólst í 1. gr. þess, sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Varnarlið það, sem nú er á Íslandi, skal hverfa af landi brott í áföngum. Skal brottflutningnum hagað þannig, að fyrir árslok 1974 verði fjórðungur liðsins farinn, helmingurinn fyrir mitt ár 1975, þrírfjórðu fyrir árslok 1975 og síðasti hlutinn fyrir mitt ár 1976."

Hér var sem sagt enn eftir langt þóf við forustumenn Framsfl. ítrekuð hin gamla og nýja stefna, yfirlýsta stefna þess flokks um brottför hersins í áföngum. Með þetta veganesti — einmitt þetta veganesti — fór svo hæstv. utanrrh. vestur til Washington á viðræðufund í aprílmánuði s. l. vor. Og einmitt á þessum grundvelli gengu fyrrv. stjórnarflokkar, allir þrír, til kosninganna nú í sumar, Framsfl. alveg eins og Alþb. og SF. Hæstv. utanrrh. hefur líka lýst því yfir af hreinskilni í blaðaviðtali og ég hygg einnig í sjónvarpi, að stefna Framsfl. í herstöðvarmálinu, hin eiginlega stefna hans, hafi ekkert breyst, hún sé eins og áður, að hér skuli ekki vera her á friðartímum og að herinn, sem hér sé nú, eigi að fara í áföngum. Það séu bara, bætir hann við, ekki tök á því að framkvæma þessa stefnu eins og sakir standa.

Hæstv. utanrrh. er nú orðinn utanrrh. í nýrri ríkisstj., en eftir sem áður oddviti íslenskra utanríkismála. Hann segist ekki vera þar nú þessa stundina til að framkvæma stefnu flokks síns í herstöðvarmálinu. Hann segir, að slíkt sé ekki kleift undir þeim kringumstæðum sem nú eru. Hann viðurkennir sem sagt að hann hafi orðið og hans flokkur að leggja þá stefnu á hilluna í bili, því að hún hafi ekki meirihlutafylgi á Alþ. En það, sem margan undrar, er þetta: Hæstv. utanrrh. virðist hafa tekið að sér að framkvæma allt aðra stefnu í herstöðvarmálinu en þá, sem hann hafði heitið að framkvæma í fyrri ríkisstj., og allt aðra stefnu en þá, sem er yfirlýst stefna hans eigin flokks, raunar þveröfuga stefnu, yfirlýsta stefnu Sjálfstfl. Svo vill nú raunar til, að sú stefna er einnig í afar góðu samræmi við stefnu Bandaríkjastjórnar í þessu herstöðvarmáli Íslands.

Það kann raunar að vera, að ekki sé það tilviljun ein, sem því veldur, að ekki verður auðveldlega greindur munurinn á stefnu Sjálfstfl. íslenska og bandarískra stjórnvalda að því er tekur til herstöðvarinnar á Miðnesheiði. Það er mikið vatn runnið til sjávar, enda 29 ár liðin síðan hinn nýkjörni varaformaður Sjálfstfl.,

hæstv. félmrh., stóð í ræðustól 1. des. 1945 og sagði þessi orð, með leyfi hæstv. forseta.

„Mér virðist, að ekki þurfi lengi að velta vöngum yfir því, hvað herstöðvar erlends ríkis í landi annarrar þjóðar höggvi stórt skarð í umráðarrétt hennar yfir landi sínu,"

Síðar í sömu ræðu áréttaði ræðumaður þessa skoðun með því að segja, að til fulls geti þjóðin ekki ráðið yfir landi sínu, meðan erlendur her er í landinu.

Nú eru viðhorfin önnur og hafa raunar lengi verið hjá forustumönnum Sjálfstfl. Nú styðja ýmsir forustumenn hans og kannske allir ekki aðeins erlenda hersetu hér um ófyrirsjáanlega framtíð, að því er virðist, heldur eru a. m. k. sumir þeirra, svo sem ræðumaðurinn skeleggi frá 1. des. 1945, hæstv. félmrh., reiðubúnir til að biðja bandaríkjamenn á Keflavíkurflugvelli að halda uppi sjónvarpi handa íslendingum.

En sú stefna Sjálfstfl., að hér skuli vera erlendur her og herstöðvar um ótímabundna framtíð, er engan veginn ný af nálinni. Hún kemur ekki nokkrum manni á óvart í dag. Það, sem margir furða sig á og eiga misjafnlega gott með að sætta sig við, er hitt, að Framsfl. skuli ekki aðeins hafa fallist á stefnu Sjálfstfl. í herstöðvarmálinu í bili, heldur skuli hann beinlínis taka að sér að framkvæma þá stefnu.

Ég ætla ekki að reyna að geta mér til um það, hvernig hæstv. utanrrh. bragðast innihald þess bikars, sem hann virðist hafa tekið að sér að tæma í botn. Það eitt vil ég segja þar um, að undir svipuðum kringumstæðum fyrr á öldum þótti hollráð að láta grön sía, ef ekki átti illa að fara. E. t. v. er það enn í gildi.

Ýmsir hafa látið í ljós furðu sína á því, að hæstv. utanrrh. skyldi ekki hafa tekist á þrem árum að framkvæma stefnu fyrrv. ríkisstj. í varnarmálunum, þessa margyfirlýstu stefnu hans eigin flokks. Þeim hinum sömu sem eru hissa á þessu þykir undarlega við bregða þegar það tekur hæstv. ráðh. ekki nema 3 vikur eða þar um bil að koma hinni stefnunni, stefnu Sjálfstfl., heilli í höfn að því er samninga snertir. Menn velta síðan yfir því vöngum, hvort það hafi í raun verið síðara stefnumarkið, áframhaldandi herseta um óskilgreinda framtíð, sem hafi staðið hug leiðtoga Framsfl. næst, en ekki hitt, að herinn ætti að fara í áföngum. Ég trúi því ekki að þessi skýring sé rétt, en hitt er staðreynd, og þar hygg ég að skýringuna sé að finna, að innan Framsfl. hafa lengi verið og eru enn í dag býsna sterk öfl, þótt þau hafi verið í minni hluta á flokksþingum, sem aðhyllast mjög líka stefnu í þessum málum eins og þá sem Sjálfstfl. hefur mótað, stefnu mikilla umsvifa, mikilla gróðamöguleika á Keflavíkurflugvelli. Ég hygg að það sé þessi armur Framsfl., — hann er eins og ég sagði áðan töluvert sterkur í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, — þessi armur sem löngum hefur látið nokkuð ófriðlega. Honum tókst fyrir kosningarnar s. l. sumar að skjóta forustumönnum Framsfl. skelk í bringu. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma, en rifja það aðeins upp, að rétt fyrir kosningarnar hafði dagblaðið Tíminn mjög undarleg ummæli eftir hæstv. utanrrh. um eðli og innihald þess samningsgrundvallar, sem vinstri stjórnin hafði gengið frá í marsmánuði. Ritstjóri Tímans, hv. 4. þm. Reykv., þingflokksformaður Framsfl., Þórarinn Þórarinsson, virtist vera orðinn svo smeykur við þetta hægra lið Framsóknar í Reykjavík, að hann var farinn að rifja upp gamlan samsetning, — við skulum orða það þannig, — um okkur Alþb.-menn, hann var farinn að viðhafa í Tímanum munnsöfnuð, sem ég hélt að Morgunblaðið hefði fengið einkarétt á fyrir löngu. Nú var það sem sagt af, sem verið hafði um skeið, meðan ég gat ekki betur séð en þeir framsóknarforingjarnir treystu okkur alþb.-mönnum a. m. k. jafnvel og sjálfum sér til margra góðra hluta.

Nú gerðist það rétt fyrir alþingiskosningarnar í vor, eins og ég áðan sagði, að ótti leiðtoga Framsfl. við hægra liðið í Reykjavík lagði í raun og veru grundvöllinn að þeirri stefnubreytingu sem greinilega kom í ljós eftir kosningar, þegar þessir leiðtogar virtust aldrei í alvöru vilja ljá máls á neinu öðru en stjórnarmyndun með Sjálfstfl. Eru það því að mínu viti hin sterku, ískyggilega sterku áhrif hægra liðsins og fésýslumanna Framsfl. í Reykjavík og Reykjaneskjördæmi, sem valda því að núv. ríkisstj. varð til, sem valda því að hæstv. utanrrh. hefur tekið að sér það lítt öfundsverða hlutverk að framkvæma stefnu Sjálfstfl. og hægra arms framsóknar í herstöðvarmálinu.

Eins og ég áður sagði þurfti engum að koma það á óvart eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, þótt veruleg stefnubreyting yrði í sambandi við flugvöllinn og varnarliðið sem svo er kallað. En hitt vekur furðu, eins og ég hef nú rakið að nokkru, hve gagnger þessi stefnubreyting er. Ég hafði a. m. k. gert mér vonir um eða gert ráð fyrir því að hæstv. utanrrh., fyrst hann hélt áfram í því embætti í nýrri ríkisstj., legði á það áherslu að bandaríkjamenn stæðu a. m. k. við þær till. sem þeir gerðu sjálfir í nóv. í fyrra og fyrrv. ríkisstj. taldi að vísu allsendis ófullnægjandi. En ekki einu sinni þetta hefur gerst. Sá samningur, sem nú er gerður, er að ýmsu leyti og raunar flestu leyti lakari heldur en það sem bandaríkjamenn virtust tilbúnir til að fallast á í samningagerð á fyrra ári.

Ég ætla þá að víkja nokkuð að einstökum atriðum í samningi þeim um hin svonefndu varnarmál, sem undirritaður var hinn 22. okt. s. l. og hæstv. utanrrh. hefur nú gefið skýrslu um og birt.

Þegar samningsdrög þessi voru til umr. í utanrmn. gerði fulltrúi Alþb. að till. sinni að samkomulag þetta yrði lagt fyrir Alþ. áður en ríkisstj. staðfesti það. Till. um þessa málsmeðferð var felld í n. Hafði því þó áður verið marglýst yfir, bæði af hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh., fyrrv. forsrh., að niðurstöður samkomulagstilrauna við bandaríkjamenn um herliðið og herstöðina yrðu lagðar fyrir Alþ. til ákvörðunar, hverjar sem þær yrðu. Nú virtist ekki lengur vera nein ástæða til þess að dómi þessara forustumanna. Hæstv. utanrrh. hefur sagt í viðtali við fjölmiðla að hann telji að ekki sé lagaskylda að bera samkomulag þetta undir Alþ., það hafi ekki verið það, þar sem þetta samkomulag sé gert á grundvelli og innan ramma herstöðvarsamningsins frá 1951. Vel má vera að þetta sé rétt að því er hina lagalegu hlið snertir. Hitt

er óneitanlega einkennilegt, að hinn sami hæstv. ráðh. sem marglýsti því yfir í tíð fyrrv. ríkisstj. að ekkert yrði afráðið endanlega í þessum efnum fyrr en Alþ. hefði þar um fjallað, skuli nú hafa talið slíka málsmeðferð ástæðulausa og óþarfa. Ég fæ raunar ekki betur séð en hér sé á ferðinni eitt dæmi þess af nokkuð mörgum hverjir það eru sem ráða á þessu nýja stjórnarheimili, og það virðist raunar vera því líkast sem þeir sjálfstæðismenn leggi á það töluverða áherslu að framsóknarleiðtogarnir beygi sig nokkuð djúpt, einkum á sviði utanríkismála. Hinir síðarnefndu, það verð ég að segja, eru furðufljótir að söðla um, furðufljótir að hlýða, hvort sem um er að ræða að breyta stefnu eða starfsaðferðum.

Afstaða Alþb. til þess samkomulags, sem nú hefur verið gert, hefur komið fram við ýmis tækifæri, fyrst með bókun í utanrmn., þá með samþykkt framkvæmdastjórnar og loks á landsfundi flokksins nú fyrir skömmu.

Alþb. er algerlega andvígt þessum samningi og fordæmir hann, fyrst og fremst vegna þess að með honum er gengið þvert á þá stefnu, sem fyrrv. ríkisstj. markaði, að hinn erlendi her skyldi hverfa af landi brott í áföngum á næstu árum. Með samningi þessum er aftur á móti ákveðið að ráðast í stórframkvæmdir á vegum hersins og er í raun og veru ekki hægt að skilja sum ákvæði þessa samkomulags og þeirrar bókunar, sem fylgir, á aðra lund en þá, að verið sé að búa í haginn fyrir langvarandi hersetu. Hér er gert ráð fyrir að herinn byggi hundruð íbúða fyrir sína menn, — íbúða úr varanlegu efni, — og talið er að slíkt muni kosta um 2 milljarða kr. a. m. k. Þá eru og ráðgerðar stórfelldar breytingar á flugvellinum og flugvallarrekstrinum og hefur í sambandi við þær framkvæmdir verið nefnd mjög há fjárupphæð — nokkrir milljarðar kr. Í slíkar stórframkvæmdir ráðast þeir einir sem hljóta að reikna með nokkuð varanlegri aðstöðu, hljóta að gera ráð fyrir nokkuð langri dvöl bandarísks herliðs á Miðnesheiði.

Í þeirri bókun, sem hinum nýja samningi fylgir, segir að varnarliðið muni fækka í liði sínu um 420 manns. En umsvif þessa svokallaða varnarliðs eiga þó ekki að minnka á einn eða neinn veg. Í stað þessara 420 bandarísku starfsmanna eiga að koma nákvæmlega jafnmargir íslenskir starfsmenn, að því er virðist til þess að taka við nákvæmlega sömu störfunum og hinir höfðu gegnt. Þeir eiga að koma og taka þarna við, þegar búið er að þjálfa þá og kenna þeim til verka, hvaða verk sem þetta kunna nú að vera. Mér skilst að þetta sé eitt þeirra samningsatriða sem hæstv. utanrrh. telji samningi þessum til töluverðs gildis.

En er það nú svo, að hér sé um að ræða ráðstöfun sem ástæða er til að státa verulega af? 420 Íslendingar, vafalaust á góðum starfsaldri, verða teknir út úr íslensku atvinnulífi og ráðnir í þjónustu bandaríkjahers, látnir taka þar við störfum þeirra 420 bandaríkjamanna sem þá eiga að hverfa heim. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem ekki vilja hafa hér erlendan her til frambúðar, hygg ég að það sé óneitanlega töluvert umhugsunarefni hvernig eigi að snúast við atriði eins og þessu, það sé í raun og veru töluvert umhugsunarefni og geti verið áhyggjuefni, ef íslendingar gerast atvinnulega og efnahagslega háðari herstöðinni en þó hefur verið nú um allmörg undanfarin ár.

Ég vík að því nokkru nánar hér á eftir, hvernig þetta atriði og önnur fyrirhuguð umsvif á Keflavíkurflugvelli koma til með að verka eða koma við sjávarútveg og fiskiðnað á Suðurnesjum, sem af ýmsum ástæðum berst í bökkum í dag og stendur raunar enn þá hallari fæti en sjávarútvegur og fiskiðnaður í öðrum landshlutum, og kemur þar ýmislegt til.

Það er afar einkennandi fyrir allt þetta samkomulag, sem hér hefur verið gert og er til umr., hversu óljóst og fljótandi orðalag er þar á fjölmörgum atriðum. Það er margendurtekið í samkomulaginu að Bandaríkjastjórn muni leitast við að gera hitt og þetta, að eitt og annað skuli gert innan hæfilegs tíma, eftir því sem fjárveitingar leyfa o. s. frv., o. s. frv. Segja má að í þessum samningi, ekki lengri en hann er, séu alveg ótrúlega margir fyrirvarar, margar hálfkveðnar vísur, og raunar er þarna miklu fremur um að ræða viljayfirlýsingu heldur en eiginlegan samning. Það má kalla þetta í rauninni lauslegan ramma og er því líkast sem samningsaðilar ætli svo að nota einhverja ókomna framtíð, sem ég veit ekki hversu löng á að vera, til þess að fylla út í þennan ramma, en það virðist auðsætt að það verði ekki gert nema á nokkuð löngum tíma, jafnvel allmörgum árum. Það er enn eitt einkenni þessa samkomulags að þar eru engar tímasetningar um eitt eða neitt, nema í 5. gr. segir að Bandaríkjastjórn lýsi því yfir að hún muni leitast við að láta í té tiltekinn búnað á Keflavíkurflugvelli, sem á 10 ára tímabili muni tryggja ákveðna aðstöðu eins og þar greinir.

Þá vil ég víkja nokkuð að E-lið þeirrar bókunar, sem samkomulaginu fylgir og er raunverulega hluti af því. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Báðar ríkisstj. munu athuga leiðir til þess að efla samvinnu milli varnarliðsins annars vegar og íslensku landhelgisgæslunnar, almannavarna og flugmálastjórnarinnar hins vegar.“

Ég vil nú leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvað felist í raun og veru að baki þessa ákvæðis. Er það ætlun íslenskra stjórnvalda að semja um það, að bandaríska herliðið á Keflavíkurflugvelli taki að sér einhverja ákveðna þætti þeirra málaflokka sem hér hafa verið nefndir, þ. e. a. s. málaflokka sem heyra undir landhelgisgæslu, almannavarnir og flugmálastjórn? Í hve ríkum mæli er ætlunin að auka þá samvinnu sem þarna er verið að nefna? Er að því stefnt að gera okkur á tilteknum mjög viðkvæmum sviðum sumum hverjum sem háðasta herstöðvarfólkinu? Getur það verið að sagan um herstöðvarsjónvarp kostað af bandaríkjamönnum handa íslendingum eigi eftir að endurtaka sig í dálítið breyttri mynd?

Ég vil leyfa mér að beina þeim varnaðarorðum til hæstv. utanrrh. að hann fari hér að með fullri gát. Ég vil treysta því að hann geri það. Ég minnist þess naumast að hafa séð eða lesið samning af svipaðri lengd og þennan, þar sem

jafnmörg atriði eru óljós og fljótandi, atriði, sem augljóslega virðist vera hægt að teygja og toga á ýmsa vegu. Mér þykir líklegt að það eigi í rauninni ekki aðeins við um mig, eða okkur alþb.-menn, heldur einnig þá mörgu framsóknarmenn víðs vegar um land, sem héldu í 3 ár að hæstv. utanrrh. væri að vinna að framkvæmd mótaðrar stefnu flokksins í herstöðvarmálinu, að þeim þyki þessi samningagerð öll heldur slæm. Margir hefðum við viljað kjósa hæstv. utanrrh. önnur örlög en þau að framkvæma herstöðvarstefnu Sjálfstfl. og Varins lands. Við hernámsandstæðingar höfum oft og einatt staðhæft, að langvarandi hersetu fylgi margvísleg miður holl áhrif á íslenskt þjóðlíf, og við höfum stundum bent á einstök dæmi þessu til sönnunar. Engin umtalsverð félagsleg rannsókn á þessum efnum hefur farið fram, en þó hefði vissulega verið full ástæða til að það hefði verið gert. Þess vegna má með nokkrum rökum segja, að hver hljóti að hafa um þessi efni þær skoðanir á áhrifum af herstöðinni eða frá herstöðinni sem honum þykja trúlegastar.

Öðru hvoru gjósa barna sunnan að sögusagnir um þjófnað, brask, smygl, sölu fíkniefna og annað af svipuðu tagi, og ósjaldan hygg ég að bæði íslendingar og bandarískjamenn þarna á vellinum og í tengslum við völlinn, hafi orðið uppvísir að einu og öðru af slíku tagi. Þetta þarf í rauninni engum að koma á óvart og ég ætla ekki að fjölyrða um þetta atriði nú. Það er í rauninni hinn vísi fylgifyskur ástands, sem er óeðlilegt og óheilbrigt, að erlent herlið búi áratugum saman í sambýli við íslenska borgara, bæði innan vallar og utan.

Ég tel hitt í rauninni meira undrunarefni, hversu mikið enn er að finna af viðnámsþrótti, af þjóðlegri reisn hjá fólkinu í útgerðarstöðunum á Suðurnesjum og í byggðunum þar, hjá því fólki, sem hefur mátt búa við þetta óeðlilega hernaðarástand um tugi ára og sumt hvað hefur ekki kynnst neinu öðru alla sína ævi. Það er í rauninni ekki svo lítið þrekvirki, að þrátt fyrir alla samkeppnina og allan herstöðvarmóralinn skuli útgerðarbæirnir og þorpin suður á Reykjanesi hafa getað haldið höfði, ef svo má segja, að það skuli hafa tekist á liðnum árum og áratugum, að reka á þessum stöðum með töluverðum myndarbrag útgerð og annan innlendan atvinnurekstur. En það væri, held ég, synd að segja að nú sé verið að létta lífið eða auðvelda þeim baráttuna, sjómönnum, útgerðarmönnum og fiskiðnaðarfólki á Suðurnesjum, þessum mönnum sem af mikilli seiglu hafa háð baráttu sem ég leyfi mér að kalla „landvarnarbaráttu“, baráttu gegn því að sá Mólok, sem hreiðrað hefur um sig á Miðnesheiði, legði undir sig Reykjaneskagann sunnanverðan eins og hann leggur sig.

Sú var tíðin og er ekki ýkjalangt síðan, að þrátt fyrir nábýlið við herstöðina voru aflabrögð og umsvif sjómanna og útvegsmanna á Suðurnesjum með þeim hætti og útgerð þaðan svo þróttmikil að fólk utan af landsbyggðinni flykktist þangað á vertíð. Nú er þetta liðin tíð og veldur því margt. M. a. veldur þar um mikil og góð atvinna um allt land. Gífurelg aflarýrnun á Suðurnesjum á síðustu vertíð hefur gert ástandið sérstaklega alvarlegt nú, miklu meiri aflarýrnun en almennt hefur átt sér stað víðast hvar annars staðar við landið. Þá hafa og suðurnesjamenn og aðrir íbúar Reykjaneskjördæmis engan veginn setið við sama borð og aðrir landsmenn að því er tekur til lánafyrirgreiðslu, til þess að byggja upp fiskiflota sinn og endurnýja hann, enda sýna skýrslur að meðalaldur fiskibáta á Suðurnesjum er nú orðinn iskyggilega hár, einhver hinn hæsti sem þekkist á landinu. Þetta út af fyrir sig eru uggvænleg tíðindi, þegar þess er gætt að þarna búa þó ófáar þúsundir manna og hafa sitt lífsframfæri af því sem fæst úr sjónum.

Allt þetta veldur því, að útgerð á Suðurnesjum stendur afar höllum fæti um þessar mundir. Þegar svo við aðra erfiðleika bar bætist harðnandi samkeppni við Keflavíkurflugvöll og herstöðina um það vinnuafl, sem þarna kann að vera tiltækt, þá er ljóst, að mjög óvænlega horfir fyrir þeim atvinnurekstri, sem þrátt fyrir allt hefur um langan aldur verið undirstaða venjulegs og eðlilegs mannlífs á Suðurnesjum.

Herra forseti. Eins og ég hef nú gert nokkra grein fyrir og allir mega sjá, þeir sem lesa þann samning sem hér er til umr., er ótrúlega margt í honum sem er óljóst og hægt er að túlka á ýmsa vegu. Það er í rauninni einkenni samningsins að hann virðist auðvelda bandarískum yfirvöldum alla túlkun á því hvað eigi að framkvæma og hvernig og hvenær, setur þeim í rauninni allt að því sjálfdæmi um framkvæmd ýmissa samningsatriða. Um þetta skal ég ekki fara fleiri orðum, þótt vissulega hefði e. t. v. verið ástæða til. En tvennt er það sem er býsna ljóst í þessum samningi, og á það vil ég að lokum leggja áherslu.

Hið fyrra er það, að með honum er sú endurskoðun á herstöðvarsamningnum frá 1951, sem vinstri stjórnin krafðist og var að láta framkvæma, algjörlega úr sögunni. Það segir berum orðum í samkomulaginu, að sú endurskoðun sé úr sögunni.

Síðara atriðið, sem ég legg einnig áherslu á, stendur að vísu ekki berum orðum í samningnum, en það verður í rauninni lesið út úr samningsgerðinni allri eins og hún leggur sig. Í þessum samningi er augljóslega gert ráð fyrir því, að bandarískt herlið dveljist á Keflavíkurflugvelli um nokkuð langa hríð enn. Þar er ekki verið að tjalda til einnar nætur.

Af þessum ástæðum og þessum ástæðum fyrst og fremst telur Alþb. þessa samningsgerð fráleita og fordæmanlega.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Alþfl. hefur allar götur frá stofnun Atlantshafsbandalagsins verið hlynntur aðild Íslands að því bandalagi. Flokkurinn hefur talið, að með tilliti til landfræðilegrar stöðu Íslands og sífelldrar ófriðarhættu ættu íslendingar vart annarra raunhæfra kosta völ, enda þótt hermennska sé þjóðinni lítt að skapi og andsnúin þjóðernislegum tilfinningum hennar. Alþfl. studdi einnig komu varnarliðsins til landsins á sínum tíma, enda tóku hernaðarleg viðhorf um það leyti stökkbreyting-

um og svipuð örlög gengu yfir Grænland, Asoreyjar og fleiri lönd, sem hafa aðstöðu ekki ólíka Íslandi.

Í grundvallaratriðum hefur Alþfl. fylgt þessari sömu stefnu og fylgir enn.

Nýafstaðið flokksþing hans ályktaði, að meðan svæðisbandalög þjóða í milli eru staðreynd telur flokkurinn íslendinga eiga heima í varnarsamtökum vestrænna þjóða. Eins og heimsmálum er nú háttað telur Alþfl. ekki tímabært að varnarliðið hverfi með öllu úr landinu, en vill að íslendingar taki í sívaxandi mæli að sér þau verkefni sem ekki krefjast vopnaburðar.

Kjarninn í stefnu Alþfl. er sem sagt sá, að hann styður aðild að bandalaginu á meðan önnur betri skipan friðarmála er ekki komin til sögunnar.

Þrátt fyrir þessa afdráttarlausu stefnu var það ósk og von Alþfl. frá upphafi og er enn, að þessi skipan íslenskra öryggismála þurfi ekki að verða varanleg svo og að nauðsynlegar aðgerðir vegna varnarmála hafi sem minnst áhrif á íslenskt þjóðlíf og helst engin áhrif á íslenskt sjálfstæði.

Alþfl. fór með stjórn utanríkis- og varnarmála í þrem ríkisstj. samfellt á 15 ára tímabili, 1956—1971. Stefna flokksins hefur verið að draga á hverjum tíma sem mest úr umsvifum varnarliðsins eftir því sem öryggi landsins og aðstæður hafa leyft. Ráðh. flokksins á þessu tímabili fækkuðu varnarliðsmönnum úr 4 600 árið 1956 í 2 400 árið 1965, svo að dæmi sé nefnt. Þetta er fimm sinnum meiri fækkun en sú sem nú er fjallað um og var þó varla nefnd í blöðum eða opinberum umr. á sínum tíma. Þegar herforingjaveldið steig einu sinni feti of langt spyrnti Guðmundur Í. Guðmundsson við fæti og var viðkomandi herforingi, sem var yfirforingi varnarliðsins, sendur af landi burt árið 1959. Þetta vakti athygli á sínum tíma, en hefur sem betur fer ekki verið ástæða til að endurtaka.

Það er því í fullu samræmi við þessa föstu meðferð varnarmála, sem Alþfl. hefur á nokkrum síðustu árum bent á það, að íslendingar verði sjálfir að taka í vaxandi mæli við störfum á Keflavíkurflugvelli, sem ekki krefjast vopnaburðar, enda þótt við getum að sjálfsögðu einnig haldið þar uppi nauðsynlegu lögreglu- og öryggiseftirliti. Meginatriðið er, að Íslendingar láti sér ekki nægja að sópa gólf, heldur nái smám saman valdi á rekstri varnarmannvirkjanna, því að þau verða ekki fjarlægð, flugvöllurinn „blífur“ hvaða tæki sem nota hann hverju sinni og hverjir sem það verða. Við verðum að búa okkur af skynsemi og raunsæi undir þá tíð þegar verulegar breyt. verða á þessum málum, því að þá verðum við að vera menn til þess að reka þarna allmikil mannvirki, sem eru eins og flugvellir, hafnir, vegir og flest annað sem gott þykir, jafn þýðingarmikil eða jafnvel enn þýðingarmeiri í hernaði en í friði.

Í síðustu alþingiskosningum urðu varnarmálin að miklu deilumáli og því miður tókst ýmsum öflum að gera þessi mál að baráttu um hrein öfgasjónarmið, þar sem ekkert virtist vera til á milli. M. a. var þá ráðist á mjög ósanngjarnan hátt að Alþfl. og afstaða hans gerð tortryggileg í voldugum fjölmiðlum, sem ætla mætti að hefðu einhverja ábyrgðartilfinningu í máli sem þessu. Kosningaúrslitin leiddu til þráteflis á Alþ., eins og flokkar skiptu sér s. l. vor, 30 með stefnu fyrrv. stjórnar, en 30 á móti. Þar með var sú stefna fallin á jöfnum atkv. að þingsköpum. Ekki stóð þó þráteflið lengi, því að Framsfl. tók kúvendingu í málinu, kastaði fyrir borð þriggja ára samningamakki við Alþb. og gekk til liðs við þá stefnu sem fyrrv. stjórnarandstaða hafði haldið fram. Þetta mundi teljast til stórtíðinda í pólitík hvar sem væri annars staðar í heiminum. En hér á landi þekkir þjóðin svo vel hinn pólitíska hringdans Framsfl., að ný spor koma þar engum á óvart. Samt sem áður undruðust menn geð framsóknarforustunnar, er hún fór til bandaríkjamanna til að sækja aftur neyðarkostina síðan í vor og biðja þá að dusta rykið af sínum eigin till. Það var samið um málið á nokkrum klukkustundum og hlýtur þeim Kissinger og Sisco að hafa þótt það vera ólíkt léttara að eiga við íslendinga, þegar þeir eru undir stjórn eins og nú situr, heldur en t. d. að eiga við araba eða gyðinga.

Sjálfstæð þjóð verður að leitast við að hafa nokkurt samhengi í utanríkismálum sínum, hvað sem gerist í innanlandspólitík, en þessi utanríkismálastefna á að byggjast á hagsmunum og vilja meiri hluta þjóðarinnar, en er ekki eins og strá í vindi. Þess vegna áttu íslendingar ekki að kasta öllu, sem gert hafði verið í varnarmálum í mörg ár, svo fljótt fyrir borð, heldur reyna að semja áfram, þótt veigamikil atriði breyttust. Við skulum minnast þess, að ríki verða að semja við vini sína ekki síður en óvini og samningar milli vina eru oft viðkvæmastir og erfiðastir.

Alþfl. hefur þegar lýst yfir, að hann er samþykkur því samkomulagi um varnarmál sem nú er lagt fyrir Alþ., svo langt sem það nær. Það er meginatriði frá okkar sjónarmiði, að öfgastefnunum sem settu svip sinn á kosningabaráttuna s. l. vor, hefur í reynd verið hafnað. Kröfum Alþb. um brottför varnarliðsins á tilteknum skömmum tíma hefur verið hafnað. Og kröfum Varins lands um, að ekki megi skerða varnir landsins hið minnsta er hafnað að því leyti, að fækkað verður um á fimmta hundrað manns í varnarliðinu. Farin er millistefna, sem er nokkuð í átt við það, sem Alþfl. hefur einna helst vakið máls á. Íslendingar eiga að taka við nokkur hundruð störfum á Keflavíkurflugvelli. Varnar- og flugstöðvaraðstaða verður aðskilin og fleiri smávægilegar breytingar eru fyrirhugaðar. Hins vegar er ekki um stórt skref að ræða og fjöldamargt um framkvæmd þessa virðist vera harla óvíst.

Það er áberandi, hve loðið orðalag er í fjölmörgum stöðum í þessu samkomulagi. Það er ætlunin að leitast við að gera þetta og hitt, og það er athyglisvert, að mestöll framkvæmd þeirra mála, sem hér á að heita að samið sé um, svo sem byggingar íbúðarhúsa eða byggingar flugstöðvar og það sem í kringum hana er, er háð fjárveitingum Bandaríkjaþings í Washington, og veit enginn hvernig þeim málum reiðir þar af. Framkvæmdavaldið í Washington, forseti og ráðuneyti hafa ekki það vald yfir fjárlögum, sem við eigum að venjast hér uppi á Íslandi. Því fer víðs fjarri. Svo virðist sem bandaríkjamenn ætli, ef

þing þeirra veitir til þess fé, að leggja flugbrautir og vegi að nýrri farþegaafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. En það er aðkallandi verkefni eins og allir viðurkenna. En hvar á að fá fé til þess að reisa sjálfa stöðina og hve mikið er áætlað að hún kosti? Þegar fyrir mörgum árum var fullyrt, að bandaríkjamenn hefðu lofað að útvega lánsfé í stöðina, en er það í raun og veru tryggt í dag?

Ýmsar fleiri spurningar væri ástæða til að leggja fram, því að Alþ. og þjóðin vita í rauninni sáralítið um það, hvað fram fer í varnarstöðvunum, en vart er ástæða til þess nú, þar eð mál þetta er ekki lagt undir dóm Alþingis og mun að líkindum ekki vera lagaleg þörf á því, heldur aðeins kynnt þinginu og samkvæmt kröfum þess. Hitt þykir mér þó líklegt, að allur þessi málatilbúnaður sé ekki síður sniðinn við það, að samkomulagið þurfi ekki að leggja fyrir bandaríska þingið í Washington heldur en fyrir Alþ. Þm. þar eru töluvert fleiri en við erum og þeir eru ekki allir á einu máli og þeir láta ekki framkvæmdavaldið alltaf segja sér fyrir verkum. Það er því að vanda og ekki síst í svona málum áhugamál embættisvaldsins í Washington, að þurfa ekki að leggja slík mál fyrir þingið.

Að lokum þetta: Varnar- og öryggismál eru beint framhald af sjálfstæðisbaráttu íslensku þjóðarinnar. Þess vegna er það harmleikur, að einmitt þessi mál skuli skipta þjóðinni í tvær öndverðar fylkingar, þar sem henni ríður mest á því að standa öll saman. Skoðanir einstaklinga og flokka á varnarmálum mótast af gjörólíkum sjónarmiðum. Sumir, eins og t. d. Alþb., sem er flokkur undir stjórn Marx-Leninista, stefnir að því að koma Íslandi í náið samband við önnur ríki, sem stjórnað er af skoðanabræðrum þeirra. Aðrir, sem kalla sig hernámsandstæðinga, og ég hygg að þeir séu miklum mun fleiri, taka afstöðu á grundvelli heiðarlegra íslenskra þjóðernistilfinninga, og margir þeirra viðurkenna hreinlega, að þeir taki þessar tilfinningar vísvitandi fram yfir heimspólitísk og hernaðarleg rök. Það er hægt að bera virðingu fyrir þessu fólki og skoðunum þess án þess að vera því sammála. Hinum megin standa fylgjendur landvarna, sumir hverjir ásakaðir um að taka afstöðu til þessara mála fyrst og fremst til þess að tryggja tengsl Íslands við hinn kapítalíska heim, og til þess að græða á hermangi, eins og það er orðað. Aðrir, og þeim megin eru þeir einnig miklu fleiri, taka afstöðu til þessara mála með því að líta á ástand heimsmála, stöðu og öryggi Íslands og láta það ráða stefnu sinni. Það tel ég vera heilbrigða og eðlilega afstöðu.

Áframhaldandi klofningur í svo stóru máli, í sjálfstæðismáli, er íslensku þjóðfélagi hættulegur. Við megum gæta þess, að hvert tröllið trylli ekki annað og þjóðin sundrist með þeim afleiðingum, sem saga okkar greinir frá að sundrungin leiðir af sér. Alþfl. gerir sér þetta ljóst. Ég vona, að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. geri sér þetta líka ljóst, og er þá ekki síður mikilsvert að þeim eða öðrum takist að gera viðsemjendum sínum, leiðtogum bandaríkjamanna, ljóst, hvað í húfi er fyrir íslendinga í þessum málum. Eftir þessum skilningi getur farið hvernig þessi mál snúast í framtíðinni.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Þegar aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var á sínum tíma samþ. í þessum sal, var það skýrt tekið fram, að innganga Íslands í hernaðarbandalag væri með því fororði, að í landinu væri ekki erlend herseta á friðartímum. Engu að síður hefur það gerst að nóg hefur það herlið, sem hingað kom tveim árum eftir inngönguna í Atlantshafsbandalagið, setið sem fastast í rúmlega 23 ár. Því er það, að ýmsir spyrja, hvert gildi hafi þær stefnuyfirlýsingar um enga hersetu á friðartímum, sem gefnar voru 1949 og voru líklega það eina í meðferð málsins, sem allir þingflokkar hefðu þá getað skrifað undir.

Markmiðið með ákvæðum stjórnarsáttmálans frá 1971 um brottför hersins í áföngum var að gera að veruleika stefnuna frá 1949, að á Íslandi sé ekki herseta á friðartímum. Ég ætla ekki að fara að rekja meðferð þessara mála í fyrrv. ríkisstj., öllum ætti að vera hún í fersku minni, en verð þó að minna á, að í mars s. l. var ákveðinn umræðugrundvöllur, sem lagður skyldi fyrir bandaríkjamenn um það að gera brottför hins erlenda hers af landinu að veruleika. Niðurstaða fékkst aldrei í því máli. Viðbrögð bandaríkjamanna komu aldrei fram, m. a. vafalaust vegna þess, að þeir vissu brátt, að á Íslandi dró að kosningum, og hafa viljað sjá, hverjar breyt. yrðu þar á þingstyrk.

Eftir kosningar var alls ekki einsýnt, að kosningaúrslitin þyrftu að hafa í för með sér fráhvarf frá þeirri stefnu, sem mörkuð hafði verið á stjórnarárum fyrri ríkisstj. Viðræður voru teknar upp til að kanna möguleika á myndun nýrrar ríkisstj. með svipaða stefnuskrá, en nokkuð breyttum stuðningi á þingi. Þar var hersetan og hernámið eitt af helstu umræðuefnum og bar vissulega töluvert á milli. En upp úr þessum viðræðum slitnaði áður en fullsýnt var hvort í þessu atriði gæti náðst samkomulag milli þeirra flokka, sem stóðu að fráfarandi ríkisstj., og Alþfl., sem kom til greina sem nýr stuðningsaðili og þátttakandi í stjórnarsamsarfi.

Það leikur ekki á tveim tungum, að með því samkomulagi, sem nú er kynnt Alþ., er um að ræða fráhvarf frá þeirri stefnu, sem fyrri ríkisstj. hafði markað, fráhvarf frá þeirri stefnu að gera að veruleika fyrirheitið frá 1949 um enga hersetu á Íslandi á friðartímum. Í bréfaskiptum þeim, sem fyrst eru birt í skýrslu hæstv. utanrrh. um þetta samkomulag, er komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Að við núv. ástand heimsmála og öryggismála Íslands sé enn þörf fyrir þá aðstöðu, sem varnarliðið á Íslandi hefur notið samkv. ákvæðum varnarsamningsins.“ Að því eru engin rök leidd í þeim plöggum sem birt hafa verið nú í málflutningi þeirra, utan þings eða innan, sem bera fram þetta samkomulag, að ástand heimsmála hafi breyst verulega frá því til að mynda s. l. vetur, þegar frá marssamkomulaginu var gengið, en einmitt um þær mundir sagði þáv. forsrh. og núv. dómsmrh. í ræðu á fundi flokksfélags síns í Reykjavík, með leyfi hæstv. forseta: „Það hefur a. m. k. verið svo til skamms tíma á meðal þjóðarinnar, að ég ætla, og meðal framsóknarmanna áreiðanlega, að menn hafa ekki hugsað sér að hér á landi væri varan-

leg herseta. Auðvitað lifum við í óvissum heimi og það veit enginn hvernig framvindan verður. Maður verður alltaf að reyna að hafa vit og þroska til þess að laga sig eftir aðstæðum og eftir því, hvernig þær þróast. En eins og stendur í dag, þá sé ég ekki ástæðu til þess að hvika frá því höfuðmarkmiði, sem sett er fram í málefnasamningnum, að varnarliðið í eiginlegum skilningi eigi að hverfa í áföngum."

Þetta var sagt á útmánuðum í vetur, og mér er spurn, hvað er það í heimsmálum, sem hnígur að þeirri niðurstöðu að nú í haust beri nauðsyn til að taka upp aðra stefnu, hverfa frá þeim sjónarmiðum, sem þarna eru sett fram. Nei, það, sem gerst hefur, er, að Framsfl. hefur gengið til stjórnarsamstarfs við Sjálfstfl. og látið það yfir sig ganga, að stefna Sjálfstfl. skuli í einu og öllu ráða ferðinni í þessu þýðingarmikla, viðkvæma og umdeilda máli.

Samkomulagið sjálft, sem hér er lagt fyrir, er að mörgu leyti kynlega orðað, með miklum fyrirvörum eins og aðrir hafa bent á. Segja má, að efni þess sé einkum það að þrengja ofurlítið, máske um hænufet, umsvif hins erlenda herliðs, að kvía herstöðina heldur betur af en gert hefur verið um áratuga skeið, og skal ég síst mótmæla því, að það sé gert. En jafnframt er um það að ræða, að fléttuð eru saman á viðsjárverðan hátt fjárframlög hersins og þarfir okkar Íslendinga sjálfra til framkvæmda í þágu íslensks farþegaflugs. Og loðnast og varhugaverðast tel ég orðalagið vera, þar sem um er að ræða framkvæmd á því ákvæði, að aðskilja skuli umsvif hersins og farþegaflugið um Keflavíkurflugvöll. Þar segir svo í C-lið bókunar:

„Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun leitast við að finna leið til þess að vinna að því í samvinnu við íslensku ríkisstj. að skilja svæði það, sem rekstur farþegaflugs og starfsemi varnarliðsins fer fram."

Hér eru ekki fyrirheitin ákveðnari en það, að bandaríkjamenn fallast á að leitast við að finna leið til að vinna að því, sem túlkað er sem endanleg ákvörðun í þessu samkomulagi, aðskilnaður herstarfseminnar og farþegaflugsins. Þetta tel ég átakanlegasta dæmið um hversu þetta samkomulag er í mörgu óákveðið, loðið og bundið alls konar fyrirvörum.

Á nýafstöðnum landsfundi SF var það eitt af atriðum, sem þar voru samþ. einróma, að eitt það, sem sér í lagi gerði það að verkum, að SF hlytu að veita núv. ríkisstj. fyllstu andstöðu, væri það fráhvarf, sem hún hefur látið sig henda frá stefnunni frá 1949, frá þeirri stefnu, að hið erlenda herlið hverfi loks brott af landinu. Gerð þessa samkomulags þýðir það, að hinum hörðu átökum um veru eða brottför hersins, sem staðið hafa um áratugi, munu halda áfram, hersetan verður áfram deilu- og átakamál í íslenskri stjórnmálabaráttu. Mars-viðræðugrundvöllurinn er úr sögunni í svipinn, en það er eindregin skoðun mín, að hann hafi sýnt, að full tök séu á því fyrir þau stjórnmálaöfl, sem í alvöru vilja standa við stefnuna frá 1949, að ná saman að binda endi á hina langvarandi hersetu í landinu.

Ég tel, að við, sem teljum, að tími sé til kominn að binda endi á hersetuna, hljótum að byggja málflutning okkar og baráttu á þeim grunni, sem lagður var með samkomulagsdrögunum frá í mars.

Ég fyrir mitt leyti vil vona að það komi í ljós, að einnig innan Sjálfstfl. muni þeirri skoðun vaxa fylgi, að ef við ætlumst til þess, að þjóðin taki alvarlega yfirlýsingar um, að stefnan frá 1949, sem allir stóðu þá saman um, sé enn í gildi, þá hljóti Sjálfstfl. einnig að skoða sitt ráð og kanna sína stefnu í þessu máli. Ég vil taka afstöðu mikils meiri hl. þeirra flokksmanna Sjálfstfl., sem fengust til að greiða atkv. nýlega hér á Alþ. um þáltill. um Keflavíkursjónvarpið, sem vísbendingu um það, að einnig í þingliði Sjálfstfl. eflist það viðhorf, að íslensk þjóðræknissjónarmið megi ekki virða að vettugi.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, formaður Alþfl., sagði í ræðu sinni áðan, að í alþingiskosningunum í sumar hefði þjóðin hafnað öfgastefnum í herstöðvamálinu. Hann skýrði mál sitt og bætti við, að með því að tala um öfgastefnur ætti hann annars vegar við þá stefnu Alþb. að vilja, að bandarískri herinn færi burt frá Íslandi undanbragðalaust svo fljótt sem ákvæði samningsins frá 1951 leyfa, hins vegar ætti hann við stefnu Varins lands, og var að heyra á hv. þm., að hann fagnaði því, að þjóðin hefði hafnað þessum öfgastefnum í alþingiskosningunum. Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á það, að þingflokkur Alþfl. gerði um það sérstaka hátíðlega samþykkt á s. l. vetri að lýsa yfir stuðningi við stefnu Varins lands í herstöðvamálinu, og það er ánægjuefni, ef Alþfl. hefur nú skipt um skoðun í þessum efnum og telur það öfgastefnu, sem hann lýsti stuðningi við fyrir minna en ári.

Sú skýrsla, sem utanrrh. hefur flutt í dag og er til umr., er talandi vottur um þá algeru stefnubreytingu, sem átt hefur sér stað í utanríkismálum við stjórnarskiptin á þessu ári. Það hefur verið fallið frá ákvörðun vinstri stjórnarinnar um algera brottför alls erlends herliðs frá Íslandi á næstu tveimur árum, en þess í stað tekin ákvörðun um að efla starfsemina í herstöðinni og fela íslendingum að gegna störfum þeirra fáeinu bandaríkjamanna, liðlega 10% af liðinu, sem talað er um að Bandaríkjastjórn muni leitast við að kalla heim, eins og komist er að orði. Það er stefna ráðamanna Sjálfstfl., sem hér kemur fram í einu og öllu, þótt utanrrh. sé úr Framsfl. Hernum er ætlað að sitja sem fastast. Ráðgerðar eru stórframkvæmdir í herstöðinni, nýbygging íbúðarhúsnæðis, sem samsvarar því, að byggður væri frá grunni nýr kaupstaður hér á Íslandi með um 2000 íbúum, og einnig bjóða Bandaríkjamenn fram aðstoð sína við að fjármagna nýja flugstöðvarbyggingu, sem gert er ráð fyrir að kosta muni fulla 5 milljarða ísl. kr. Er kveðið á um það í þessu samkomulagi, að Bandaríkjastjórn muni leita eftir fjárveitingum á þingi bandaríkjamanna til þessarar flugstöðvarbyggingar hér á Íslandi. En það hefur ekkert verið rætt um slíka flugstöðvarbyggingu á Alþingi íslendinga. Við kunnum að eiga eftir að upplifa það, að á Bandaríkjaþingi verði tekið að veita fé til flugstöðvarbyggingar hér á Ís-

landi, á okkar alþjóðlega flugvelli, án þess að Alþ. hafi nokkuð um það mál fjallað.

Í heild nema fyrirhugaðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli a. m. k. 7 milljörðum ísl. kr., en það er um 16 sinnum hærri upphæð en fyrirhuguð hækkun á framlagi ríkisins til Byggðasjóðs samkv. fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ. En sú hækkun til Byggðasjóðs hefur einmitt verið eitt helsta skrautblóm ríkisstj. Framkvæmdirnar á Keflavíkurflugvelli, sem fyrirhugaðar eru, eru 16 sinnum meiri. Talað er um að byggja á Keflavíkurflugvelli um 470 nýjar íbúðir, en það er 200 íbúðum fleira en svarar til fjölda þeirra íbúða, sem nú eru taldar setnar af hermönnum og skylduliði þeirra utan herstöðvarinnar. Hér er greinilega ekki ráðgert að tjalda til einnar nætur, enda gerir samkomulagið ráð fyrir, að viss hluti framkvæmdanna standi yfir í full 10 ár.

Samkv. samningnum frá 1951 höfum við Íslendingar hvenær sem er rétt til að óska eftir endurskoðun hans, sem taki eitt ár, og síðan að segja honum upp einhliða, ef samkomulag tekst ekki, og þá skal þetta ekki taka nema 1½ ár í allt. Þar er viðurkenndur einhliða réttur okkar til að losa okkur við herstöðina á Keflavíkurflugvelli á 1½ ári. Í þessu nýja samkomulagi er hins vegar gert ráð fyrir framkvæmdum, sem vari a. m. k. full 10 ár. Ég fullyrði ekki, að með þessu sé neinn réttur af okkur tekinn. En það leynir sér ekki að þeir, sem að þessu samkomulagi standa, ætla sér ekki að notfæra sér þann rétt sem Íslendingar hafa samkv. samningnum frá 1951. Þeir taka á sig ákveðna siðferðilega skuldbindingu gagnvart bandarískjamönnum að heimila þeim afnot af okkar landi í a. m. k. 10 ár enn.

Í samkomulaginu er sérstakt ákvæði um aukna samvinnu Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli við íslensku landhelgisgæsluna, við íslenskar almannavarnir og við íslenska flugmálastjórn. Segir svo í bókun, E-lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Báðar ríkisstjórnirnar munu athuga leiðir til þess að efla samvinnu milli varnarliðsins annars vegar og íslensku landhelgisgæslunnar, almannavarna og flugmálastjórnar hins vegar.“

Hv. þm. Gils Guðmundsson beindi áðan ákveðnum spurningum til hæstv. utanrrh. í sambandi við þessa bókun. Ég vona, að svör fáist við þeim spurningum. Með þessu ákvæði er svo að sjá sem að því sé stefnt að tengja herinn á Keflavíkurflugvelli enn fastar við okkar eigið þjóðfélag í því skyni að fá sem flesta til að trúa því að hann sé í rauninni ómissandi, hvort sem friðvænlega horfir í veröldinni eða ekki. Þýðir þetta e. t. v. það, að herinn á Keflavíkurflugvelli, sem gefið hefur sjálfum sér nafnið varnarlið Íslands, ætli nú að taka rögg á sig og hefja þátttöku í gæslu íslensku landhelginnar, vörnum gegn stórfelldum veiðiþjófnaði skipa frá annarri bandalagsþjóð okkar í NATO? Má e. t. v. vænta þess, að næsti þýski landhelgisbrjóturinn, sem færður verður til íslenskrar hafnar, verði færður þangað af ameríska hernum, en ekki varðskipinu Ægi, og landhelgisbarátta okkar verði þá máske ekki eingöngu til að kalla viðskiptaþvinganir yfir okkur Íslendinga af hálfu einstakra NATO-ríkja, heldur setji Vestur-Þjóðverjar þá væntanlega viðskiptabann á Bandaríkin sjálf? Eða er hitt e. t. v. meiningin, að samstarf ameríska hersins og íslensku landhelgisgæslunnar eigi að vera fólgið í því, að landhelgisgæsla okkar taki að sér sérstök störf fyrir hernaðarkerfi NATO og þar með m. a. hluta af sameiginlegri hernaðarstarfsemi NATO-þjóðanna, líka þeirra þjóða, sem við eigum í höggi við í landhelgisdeilunni og beitt hafa okkur ofríki á Íslandsmiðum? Á landhelgisgæsla okkar jafnhliða sínum löggæslustörfum á Íslandsmiðum að eiga sinn sérstaka hlut af vörnum Stóra-Bretlands og Vestur-Þýzkalands í hjáverkum, allt að sjálfsögðu innan hernaðarkerfis Atlantshafsbandalagsins? Og hvað um samstarfið við íslenskar almannavarnir? Er ætlunin að víkja sér enn undan þeirri sjálfsögðu skyldu, að íslenska ríkið komi sér upp nauðsynlegum þyrlum og öðrum tækjum til sjúkraflutninga og björgunarstarfa, en við séum í þeim efnum gustukafólk hjá erlendu setuliði, svo að dýrðin af mannúðarverkunum lendi örugglega á réttum stað?

Það mun hafa verið sá ágæti lagaprófessor, Sigurður Líndal, sem komst svo að orði fyrir 1—2 árum, að skilja mætti málflutning vissra blaða á þann veg, að eiginlega ættu íslendingar að biðja bandaríkjamenn afsökunar á því að vera menn til að bjarga sér sjálfir. En nú á sem sagt að auka samstarf hersins við íslenskar almannavarnir, og þá má e. t. v. vænta þess, að herinn á Keflavíkurflugvelli sæki einn daginn um inngöngu í Slysavarnafélagið, svo sem til að sanna sakleysi sitt.

Ég leyfi mér að ítreka þá beiðni sem hv. þm. Gils Guðmundsson bar fram áðan til utanrrh. um, að hann gefi nánari skýringar á því, hvað í þessum ákvæðum felst í þeirri bókun, sem hér er til umr. Og ég spyr einnig hæstv. utanrrh.: Hvert er tilefni þess, að slíkt ákvæði er tekið í þennan samning? Er þetta gert samkv. ósk íslenskra stjórnvalda eða er frumkvæðið frá bandaríkjamönnum komið?

Það hefur löngum verið opinber skýring stjórnmálamanna á Íslandi, sem tekið hafa ábyrgð á dvöl hersins hér, að hann dveldi hér af illri nauðsyn um stundarsakir vegna hættuástands í alþjóðamálum, eða svo var a. m. k. afsökuð koma bandaríska hersins til landsins á sínum tíma 1951. Þeir, sem í raun hafa trúað á þessa skýringu, hafa að sjálfsögðu jafnframt lagt á það þunga áherslu að varast bæri hvers konar aðild hins erlenda hers að þjóðfélagi okkar Íslendinga sjálfra og áhrif frá hernum á okkar eigið þjóðlíf, þetta bæri að varast. Um nokkurt skeið hefur verið ljóst, að í hópi þeirra, sem vilja að herinn dveljist hér áfram, hefur verið uppi athyglisverður ágreiningur um það, hvort líta ætti á dvöl hersins á Suðurnesjum sem sjálfsagðan og eðlilegan hlut í okkar íslenska þjóðfélagi, nánast sem fagnaðarefni, eða hvort skoða bæri veru hans sem tímabundna illa nauðsyn, sem umfram allt bæri að forðast að setti varanlegt mark á þjóðlíf og menningu okkar Íslendinga. Deilan um sjónvarp hersins á Keflavíkurflugvelli og hvernig menn hafa þar skipst í hópa hefur verið mjög skýrt dæmi um þennan ágreining. Mér sýnist, að með ákvæðum þessa samnings, og á ég þá við það sem talað er um aukið samstarf við landhelgisgæslu okkar, almanna-

varnir o. s. frv., þau ákvæði, sem gera ráð fyrir auknu samstarfi hersins við ýmsar stofnanir íslenska ríkisins, þá sé verið að ganga erinda þeirra aðila, sem líta á hersetuna sem fagnaðarefni, en ekki sem tímabundna illa nauðsyn, og af þeim ástæðum m. a. tel ég, að þetta samkomulag þoki málum til hins verra, stuðli að því að gera hersetuna varanlega. Menn hljóta reyndar að spyrja: Má eiga von á því, að ríkisstj. hugsi til þess að ætla hernum að taka upp samstarf við fleiri opinberar innlendar stofnanir en þær, sem þarna er rætt um? Hvað kemur næst, og hvar eru takmörkin?

Ég vil taka það fram, að persónulega trúi ég því ekki, að hæstv. utanrrh., Einar Ágústsson, sé í hópi þeirra manna, sem líta á hersetun sem fagnaðarefni og telja eðlilegt, að samstarf herliðsins við hinar ýmsu stofnanir íslenska ríkisins fari vaxandi. Miklu fremur vil ég trúa hinu, að það séu aðrir, sem hér marka stefnuna. Eitt er ég viss um, að vaxandi samstarf Bandaríkjahers við stofnanir íslenska ríkisins og gagnkvæm hluttaka þessara aðila í starfi hvors annars er í hrópandi andstöðu við vilja yfirgnæfandi meiri hl. kjósenda Framsfl.

Vert er að hafa ríkt í huga, að bilið er ákaflega breitt milli þeirra annars vegar, sem líta á veru Bandaríkjahers hér á Íslandi sem eðlilegan og sjálfsagðan hlut, jafnvel sem fagnaðarefni, og hins vegar hinna, sem í einlægni telja veru hersins nauðsynlega, en aðeins sem tímabundna illa nauðsyn. Ef grannt er skoðað mun þetta bil milli þessara tveggja hópa trúlega reynast breiðara en það sem skilur að okkur, sem erum andstæðingar hersetunnar, og ýmsa þá sem töldu sig beinlínis til neydda að taka ábyrgð á skammtímadvöl erlends hers í landinu vegna sannfæringar um yfirvofandi árásarhættu, sannfæringar sem að vísu reyndist ekki á rökum byggð.

Deilan um sjónvarp hersins á Keflavíkurflugvelli og þar með um frelsi þessa sama hers til áhrifa á íslenskt menningarlíf hefur leitt ákafelga skýrt í ljós þá skiptingu, sem ég minntist á hér áðan, og þessi skipting kom fram við atkvgr. hér á Alþ. fyrir fáum dögum.

Við Alþb.-menn og aðrir andstæðingar hersetunnar höfum fært fram býsna mörg rök gegn dvöl bandarískjamanna hér á landi, bandaríska hersins, m. a. rök um þá hættu, sem tilvera herstöðvarinnar leiðir yfir okkur, ef til styrjaldar dregur. En mesta hættan, sem af veru hersins í landinu stafar, er hættan á því, sem kallað hefur verið hernám hugarfarsins, þ. e. a. s. að menn hætti að líta á dvöl hersins sem undantekningarástand, en vilji þess í stað veita hernum vaxandi hlutdeild í okkar eigin þjóðlífi, eins og gesti, sem sest hefur að fyrir fullt og allt. Menn hafa stundum viljað gera lítið úr þessari hættu, en ég hygg að hún blasi í dag við sérhverjum hugsandi manni, ekki síst eftir þá atburði, sem gerðust hér á Alþ. í síðustu viku í sambandi við atkvgr. um sjónvarpstill. hv. 12. þm. Reykv.

Við umr. um þá till. komst hæstv. menntmrh. að orði eitthvað á þá leið, að það mundi einsdæmi í veröldinni, að stjórnvöld fullvalda ríkis færu bónarveg að erlendum her, sem í landi þeirra dveldist, og bæðu ráðamann slíks hers að halda uppi sjónvarpsútsendingum eða annarri fjölmiðlun í þágu þegna sinna. Ummæli hæstv. menntmrh. um þetta voru orð að sönnu. Engu að síður greiddu tveir hæstv. ráðh. í íslensku ríkisstj. atkv. með þeirri till., sem ætlað var, að skuldbinda íslensk stjórnvöld til að ríða á vaðið hvað þetta snertir, verða fyrst til í heiminum öllum að bera fram slíka bænaskrá til erlends hers, sem í landi þeirra dvelst. Og hæstv. forsrh. landsins sat hjá við þessa atkvgr. Ég leyfi mér að biðja hv. alþm. að íhuga af fullri alvöru, hversu óendanlega fráleitt það hefði verið talið, þegar herinn var kallaður hingað að nýju fyrir tæpum aldarfjórðungi, að slíkt gæti gerst. Ekki síst hefðu þeir talið slíkt fráleitt, sem herinn kölluðu til landsins.

En hvað hefur þá breyst? Hefur þjóðinni farið svona mikið fram? Er hún orðin þetta mikið frjálslyndari og víðsýnni? Eða er hér stórkostleg hætta á ferðum, sem skylt er að bregðast við með samstilltu átaki, áður en það er um seinan? Svör manna við þessum spurningum eru ugglaust misjöfn, önnur hjá þeim, sem telja hersetuna fagnaðarefni, en hjá hinum, sem líta á hana sem illa tímabundna nauðsyn eða eru henni andvígir. En hvað sem því líður, þá getur enginn lokað augunum fyrir breytingunni, sem hefur gerst. Atkvgr. um sjónvarpstill. hér á Alþ. í síðustu viku var m. a. til marks um þá breytingu. Aðvörunarmerkin dyljast engum, sem ekki neitar að sjá og heyra.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, að ef þeir alþm., sem árið 1951 féllust á að taka við Bandaríkjaher af ótta við yfirvofandi hernaðarárás, hefðu séð fyrir þá framvindu, sem orðin er síðan vegna dvalar hersins hér og berlegust varð í atkvgr. um sjónvarpstill., þá hefðu flestir þeirra ekki tekið í mál að veita hernum viðtöku. Spurningin um sjálfstæði smáþjóðar eins og okkar íslendinga, um fullveldi okkar sem þjóðríkis í lengd og bráð, er ekki fyrst og fremst spurning um yfirgang stórvelda í okkar garð, heldur spurningin um vilja okkar sjálfra, landsmanna allra í senn og hvers um sig og þá ekki síst þeirra, sem forusta hefur verið falin. Sé þessi vilji nógu stæltur, þá munum við þola hverja raun, líka yfirgang stórvelda. En dofni sá vilji að marki, þá þarf ekki að spyrja að leikslokum.

Sú skýrsla, sem hér er til umr., greinir frá nýju samkomulagi hæstv. ríkisstj. við bandaríkjamenn, samkomulagi, sem á margan hátt felur það í sér að festa Bandaríkjaher í sessi á Íslandi, eins og ég vék að áðan. Hér kemur t. d. fyrir það orðalag aftur og aftur, þar sem talað er um það sem báðir aðilar geti sætt sig við. Ég minni á, að í samningnum frá 1951 er ákaflega skýrt tekið fram, að það erum við íslendingar, sem förum með úrslitavaldið einir þrátt fyrir allt, og mér finnst, svo að ekki sé meira sagt, ekki góður bragur á þessu orðalagi, sem hér er endurtekið hvað eftir annað: „sem báðir aðilar geta sætt sig við.“

Alþb. er algerlega mótfallið þessu samkomulagi. Það vill nú sem fyrr brottför hersins úr landinu og uppsögn samningsins frá 1951, sem þetta nýja samkomulag er byggt á. Stefna Alþb. er jafnframt sú að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu og skipi sér á alþjóðavettvangi

við hlið yfirgnæfandi meiri hluta þjóða heims, þeirra um 100 þjóða, sem standa utan hernaðarbandalaga risaveldanna. En engin þeirra, engin þessara um 100 þjóða hefur orðið að þola hernaðarárrás af þeim ástæðum, að hún standi utan þessara bandalaga risaveldanna, allan þann tíma, sem Atlantshafsbandalagið hefur verið við lýði. Það er ekkert dæmi um það, að ráðist hafi verið á einhverja þessara þjóða af utanaðkomandi herveldi og hún mátt sakna þess að eiga ekki aðild að hernaðarbandalagi.

Alþb. getur til samkomulags við aðra fallist á, að þessi þróun, brottför hersins og úrsögn úr NATO, eigi sér stað í áföngum á sama hátt og það skeði í áföngum, að Ísland var flækt inn í hernaðarkerfi Bandaríkjanna. Þess vegna stóð Alþb. heils hugar að málefnagrundvelli vinstri stjórnarinnar, sem gerði ráð fyrir brottför hersins í áföngum, og einnig að samkomulaginu frá 21. mars s. l., sem kvað á um brottför alls herliðs frá Íslandi á næstu tveimur árum.

Þegar íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið árið 1949, var því haldið fram af forsvarsmönnum inngöngunnar, ekki síst Bjarna heitnum Benediktssyni, að sáttmálinn um þátttöku Íslands í NATO væri sáttmáli, eins og komist var að orði og ég vitna hér í orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, „sáttmáli um það, að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartímum". Þetta var sú yfirlýsing, sem Bjarni Benediktsson flutti á sínum tíma Alþingi íslendinga frá þáv. utanrrh. Bandaríkjanna.

Nú, þegar gengið er frá nýju samkomulagi um áframhaldandi hersetu á Íslandi, munu ugglaust ýmsir halda því fram, að ekki séu nú friðartímar, og má það að sjálfsögðu til sanns vegar færa, ef menn leggja þann skilning í hugtakið, að friðartímar renni þá fyrst upp, þegar öllum vopnaviðskiptum linni í veröldinn. En þá hafa heldur aldrei ríkt friðartímar í heiminum. Það fór hins vegar ekki á milli mála, að samkv. skilningi þeirra, sem mæltu fyrir inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið árið 1949, ríktu þá, 1949, friðartímar að þeirra skilningi, og því var einmitt lögð svo rík áhersla á, að þátttökunni í NATO fylgdu engar kvaðir um hersetu. En hafi mátt kallast friðartímar árið 1949, þegar kalda stríðið var í hámarki og barist var víða um heim, þá eru svo sannarlega friðartímar nú. Ég minnist þess reyndar, að hæstv. utanrrh. vakti býsna oft athygli á einmitt þessum samanburði, meðan hann var utanrrh. í annarri og ég leyfi mér að segja betri ríkisstj.

Þeir, sem í dag segja, að herinn verði að dveljast hér uns betri friður hafi komist á í veröldinni, vita annaðhvort ekki hvað þeir meina eða þeir meina í raun og veru að herinn skuli dveljast hér um alla framtíð. Okkur hefur mjög oft verið sagt, að við megum alls ekki láta herinn fara vegna þess, að svo ófriðvænlega horfi í heiminum. En það hefur líka borið allmikið og ekki síst upp á síðkastið á allt öðrum málflutningi og í raun og veru algerlega gagnstæðum af hálfu þeirra, sem eru talsmenn dvalar Bandaríkjahers hér á Íslandi. Þá hefur verið sagt sem svo, að einmitt vegna þess, hve sambúðin sé góð milli stórveldanna og þá fyrst og fremst milli risaveldanna tveggja og þau að nálgast samkomulag sín í milli um gagnkvæman brottflutning herja úr öðrum löndum, niðurskurð herafla, af þessum ástæðum megum við alls ekki trufla hinn góða gang mála hjá risaveldunum með því að ætla okkur sjálfum eitthvert eigið frumkvæði varðandi það að láta Bandaríkjaher fara frá Íslandi. Það er hið margumtalaða valdajafnvægi, sem ekki má raska samkv. þessari kenningu, sem oft er gripið til. Risaveldin, jafnt Sovétríkin sem Bandaríkin, hafa óspart notað þetta töfraorð, valdajafnvægi, til að viðhalda óbreyttu ástandi á áhrifasvæðum sínum. Það var með rökum valdajafnvægisins, að Sovétríkin sendu skriðdreka sína inn í Tékkóslóvakíu árið 1968, og það var líka m. a. í nafni valdajafnvægisins, að bandaríkjamenn kostuðu árum saman kapps um að sprengja Víetnam aftur á steinöld til að hindra, að kommúnistar næðu þar undirtökum. Sama réttlæting var vafalaust einnig að baki verka bandarísku leyniþjónustunnar við að kollvarpa lögmætri stjórn í Chile og efla þar fasista til valda. Það raskaði valdajafnvæginu í heiminum, að ríkisstj. andstæð Bandaríkjunum kæmist til valda og héldi völdum í Suður-Ameríku.

En spurningin er þessi: Eiga smáþjóðirnar og þ. á m. við íslendingar að hafa eigið frumkvæði, taka sínar eigin ákvarðanir út frá sínum forsendum og út frá sínu mati á aðstæðum eða eiga þær að lúta sameiginlegri kenningu risaveldanna um valdajafnvægið, sem í engu megi raska, og láta sér þannig nægja hlutverk peðsins, sem leikið er með í valdatafli risaveldanna? Það er ljóst, hvert hlutverk okkur íslendingum er ætlað samkv. hinu nýja samkomulagi, sem hér er rætt um. Við Alþb.-menn teljum, að hvað sem líður hinu svokallaða valdajafnvægi risaveldanna, þá beri okkur íslendingum að neita að láta hluta lands okkar í té undir herstöð. Allar aðrar norðurlandaþjóðir hafa staðfastlega neitað að láta erlendum stórveldum slíka aðstöðu í té og vaxið af þeirri afstöðu. Auðvitað skiptir það engu máli í þessu sambandi, þótt t. d. danir og norðmenn haldi uppi málamyndaher sjálfir, sem við gerum sem betur fer ekki. Varla dettur nokkrum í hug, að þeir, sem á annað borð vilja hafa hér bandaríska her eða telja það nauðsynlegt, teldu hans síður þörf, þótt hér væri til staðar svo sem 1—2 þús. manna íslenskt varnarlið búið vopnum, ef það væri hliðstætt við málamyndaher dana og norðmanna. Það er ákaflega athyglisvert líka, að bæði danir og norðmenn hafa á undanförnum árum skorið stórlega niður útgjöld sín til hermála og stytt herskyldutímann verulega, danir úr 18 mánuðum í 8 þrátt fyrir harðvítug mótmæli herforingjanna í NATO og ákall þeirra um röskun valdajafnvægis, sem af þessu leiddi. Útgjöld dana til hermála eru t. d. nú um helmingi lægri hluti af heildarútgjöldum fjárl. en þau voru fyrir 6—7 árum og niðurskurðurinn á hernaðarútgjöldum í Noregi hefur verið litlu minni. Þetta er að sjálfsögðu til marks um það, að stjórnvöld þessara ríkja taka í reynd ekkert mark á boðskapnum um að ekki megi raska valdajafnvæginu. Og það eigum við íslendingar ekki heldur að gera.

Það eru reyndar fleiri en norðurlandamenn,

sem hafna röksemdunum um nauðsyn valdajafnvægisins, sem eigi að ganga fyrir öllu öðru. Á síðasta ári var samþykkt í öldungadeild Bandaríkjaþings till. um að fækka bandarískum hermönnum erlendis um hvorki meira né minna en 40% á þremur árum, Öldungadeild Bandaríkjaþings féll að vísu aftur frá þessari samþykkt stuttu síðar, en meiri hlutinn fyrir þeirri afturköllun byggðist á örfáum atkv. Þetta sýnir svo ljóslega sem verða má, að meira að segja innan Bandaríkjanna sjálfra er fjöldi stjórnmálamanna, um helmingur þm. í Öldungadeild Bandaríkjaþings, sem neita með öllu að beygja sig undir formúlu valdajafnvægisins, þá formúlu, sem okkur Íslendingum er ætlað að byggja á okkar utanríkisstefnu í bráð og lengd. Engum heilvita manni dettur í hug, að skýringin á afstöðu um 50% bandarískra öldungardeildarþm. hvað þetta varðar, sem voru þeirrar skoðunar að það væri rétt að fækka bandarískum hermönnum erlendis um hvorki meira né minna en 40% á stuttum tíma, skýringin á afstöðu þessara manna væri sú, að þeir gangi erinda annarra stórvelda, eins og stundum heyrist nefnt hér á Íslandi um þá, sem senda vilja bandaríska herinn heim. Risaveldin tvö eru ekki þeir andstæðingar í alþjóðastjórnmálum sem menn vildu vera láta þegar bandarískt herinn var kvaddur hingað. Þau kjósa bæði að viðhalda óbreyttu ástandi, þar sem stórum hluta heimsins er skipt í áhrifasvæði þeirra beggja og hvert risaveldið um sig á sér hóp auðsveipra fylgiríkja. Sameiginlega hafa þau búið sér til formúluna um valdajafnvægi í því skyni að halda þjóðunum áfram í sömu spennitreyjunni.

Það ætti að vera höfuðmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu að brjótast út úr þessari spennitreyju. Með því að senda bandaríska herinn heim, gæfum við ákveðið fordæmi og legðum með því lið öllum þeim öflum, hvar sem er í heiminum, sem berjast fyrir framgangi þeirrar meginreglu, að herir stórvelda hafi ekki bækistöðvar í öðrum löndum. Sjálfra okkar vegna og vegna skyldu okkar í hópi þjóðanna teljum við alþb.-menn, að þá stefnu beri okkur Íslendingum að taka upp hið allra fyrsta. Við teljum vítavert, að samkomulagið, sem gert var við bandaríkjamenn í haust um herstöðvamálið, skyldi ekki vera lagt fyrir Alþ., áður en frá því var gengið, og við vörum alvarlega við hættunni á því að þetta samkomulag verði til að festa herinn í sessi til frambúðar í landi okkar. En samkomulagið er ekki aðeins í algerri andstöðu við stefnu okkar alþb.-manna, heldur gengur það þvert á markaða stefnu annars stjórnarflokkanna, eins og rakið hefur verið í þessu mumr.

Framsfl. hefur sem kunnugt er gert um það samþykktir á sínum flokksþingum hvað eftir annað á undanförnum árum að herinn skuli fara úr landinu. Svo furðulegt sem það er hafa hæstv. ráðh. Framsfl. nú hins vegar tekið að sér að framfylgja þveröfugri stefnu í þessu veigamikla máli, stefnu Sjálfstfl. um varanlega hersetu. Til þessa hafa þeir ekkert umboð kjósenda sinna. Meðan núv. ríkisstj. situr að völdum, er þess ekki að vænta, að snúið verði við af þeirri óheillabraut, sem farin er með þessu samkomulagi. Það er því fyrsta verkefni allra, sem vilja erlendan her burt frá Íslandi, að vinna að falli þessarar ríkisstj. Og Framsfl. þarf að læra þá lexíu, að hann sé sjálfum sér verstur, þegar hann tekur að sér að fylgja fram stefnu varanlegrar hersetu þvert gegn eigin samþykktum.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Umr. þessar hafa eins og vænta mátti farið nokkuð á víð og dreif, en ég hygg þó, að eftirtektarvert sé, að umr. hafa hnigið að uppgjöri milli fyrrv. stjórnarflokka innbyrðis fremur en að efni málsins sjálfs, hvort heldur er um breytingar á fyrirkomulagi íslenskra varna eða þá varðandi þörf á vörnum á Íslandi.

Um leið og ég vek athygli á þessu, þá finnst mér líka skylt að vekja athygli á því, þegar hv. 3. þm. Reykn. er að ræða þessi mál, þá hefur hann sérstaklega orð á því, að í málefnasamningi fyrrv. ríkisstj. hafi reyndar orðalagið verið óljóst að því er varðar varnarmál. Þetta vildu þeir alþb.-menn ekki viðurkenna meðan fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. Það er enn fremur eftirtektarvert, að það gætti töluverðrar sjálfsgagnrýni, jafnvel sjálfsásökunar, hjá þessum hæstv. þm., þar sem hann var að tala um, að e. t. v. hefði eftirrekstur þeirra alþb.-manna ekki verið nægilegur á framkvæmd hins óljósa orðalags. En hvað snertir uppgjör við fyrrv. samstarfsflokk, þá læt ég þá um að kljást um það og geri það ekki frekar að umræðuefni.

Eins og kom fram í ræðu utanrrh. hefur nú verið lokið við endurskoðun varnarsamningsins samkv. 7. gr. hans með þeim árangri, að engar breytingar hafa verið gerðar á samningnum og honum verður ekki sagt upp nema með 18 mánaða fyrirvara, eins og mælt er fyrir um í 7. gr. hans. Hins vegar hafa verið gerðar nokkrar beytingar á fyrirkomulagi varnanna í samræmi við stefnuskrá núv. ríkisstj., en þar eru einkum tvö atriði, sem máli skipta, ef ekki þrjú. Það er í fyrsta lagi aðskilnaður almenns flugs á Keflavíkurflugvelli og varnarstarfseminnar. Það er í öðru lagi búferlaflutningur allra varnarliðsmanna á varnarsvæðið eða Keflavíkurflugvöll. Og það er í þriðja lagi aukin þátttaka íslendinga í störfum þeim, sem innt eru af hendi á Keflavíkurflugvelli. Öll þessi atriði, sem stjórnarflokkarnir eru sammála um, horfa til bóta í framkvæmd varnarsamningsins og í því sambandi tel ég ekki ástæðu að fara mörgum fleiri orðum um þessar breytingar, en vil þó taka það fram að gefnu tilefni, að auðvitað er nauðsynlegt að hefja ýmsar framkvæmdir til að gera þessar breytingar að veruleika.

Það má að vísu vera matsatriði, hvort hér er um stórframkvæmdir að ræða eða ekki. En hvort heldur menn vilja kalla þetta miklar eða litlar framkvæmdir, þá geta þær vissulega valdið röskun á efnahagslífi landsmanna, ef ekki er að gætt og fylgst með því, að þær dragi ekki til sín vinnuafl frá framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar. A það verður lögð áhersla. Þá hygg ég, að það sé að vilja flestra íslendinga, að sú fækkun eigi sér stað í varnarliðinu, sem samrýmanleg sé öryggi landsins, þannig að það sé ekki skert. Og sú fækkun gerir það nauðsynlegt, ef eftirlitsstarfsemi á áfram að halda frá Kefla-

víkurflugvelli, að íslendingar taki aukinn þátt í þeirri starfsemi, sem þar er unnin. Ég tel aukna þátttöku íslendinga í þessari starfsemi hafa þannig tvíþætt gildi. Annars vegar verður þessi aukna þátttaka íslendinga í þessum störfum til þess að unnt er að fækka varnarliðsmönnum, og hins vegar er þátttaka íslendinga í ýmsum störfum á Keflavíkurflugvelli, m. a. og helst varðandi eftirlit um umferð umhverfis landið, til þess fallin að íslendingar sjálfir sinni þeirri sjálfsögðu skyldu að fylgjast með, hvaða umferð fer fram í loftinu yfir og umhverfis landið í sjónum, hvort heldur er ofan sjávar eða neðan sjávar í kringum landið. Ég er ekki smeykur við að þessi aukna þátttaka íslendinga í þessum störfum verði til þess að draga mátt úr íslenskum sjávarútvegi frekar en framkvæmdir þær, sem nauðsynlegar eru til að koma breytingunum á, heldur sé unnt að gera hvort tveggja, að koma í framkvæmd aukinni þátttöku íslendinga í störfum á Keflavíkurflugvelli og koma á breytingum þeim, sem það samkomulag, sem hér er á dagskrá, gerir ráð fyrir, án þess að draga mátt úr íslenskum sjávarútvegi eða öðrum atvinnuvegum landsmanna.

Ræðumenn hafa gagnrýnt, að samkomulag það, sem hér um ræðir, sé lauslega orðað. Í því sambandi vil ég aðeins taka það fram, að varnarsamningurinn frá 1951, sem er til grundvallar þessu samkomulagi, er svo eindreginn og ákveðinn að öllu leyti, eins og raunar ég hygg að hv. þm. Kjartan Ólafsson hafi einmitt skýrt tekið fram, að réttur íslendinga er alger og sjálfstæður. Við þurfum ekki að spyrja bandaríkjamenn um, hvernig við viljum í raun og veru framkvæma varnarsamninginn, nema að svo miklu leyti sem við óskum eftir atbeina þeirra. Ef eitthvað er í því samkomulagi, sem við erum hér að ræða í dag, sem óljóst er og við þurfum að knýja á bandaríkjamenn að efna eða framkvæma, þá getum við með tilvísun til varnarsamningsins frá 1951 krafist þess, að þeir framkvæmi nefnt atriði samkomulagsins. Og ef það er svo mikilvægt, að það geti ráðið úrslitum um afstöðu okkar, þá getum við bent þeim á, að við höfum vald til þess bæði að krefjast endurskoðunar varnarsamningsins og uppsagnar, þannig að í þessu felst engin hætta, en er sjálfsögð kurteisisskylda, að í samningum sé gert ráð fyrir því, að tekið sé tillit til beggja samningsaðila.

Það skýtur og nokkuð skökku við að heyra þá fulltrúa Alþb., sem hér hafa talað í dag, hafa uppi ýmsar getgátur um það, hvað fólgið sé í fyrirætlunum samkomulagsins um nánari samvinnu landhelgisgæslunanr íslensku, almannavarna og varnarliðsins. Þessir menn og málgagn þeirra hafa krafist þess, að varnarliðið tæki til varna, þegar erlend fiskiskip hafa brotið rétt á okkur íslendingum og tekið til við veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Ég vil taka það fram, að ég tel það algerlega óraunhæft og út í bláinn að setja slíka kröfu fram, því að varnarliðið eða þátttaka okkar í Atlantshafsbandalaginu getur ekki leyst innbyrðis ágreiningsatriði Atlantshafsbandalagsríkjanna sjálfra þeirra á milli. Því er væntanlega aukin samvinna á þessu sviði fyrst og fremst til þess fallin, að við sameiginlega fáum upplýsingar frá þeim og getum með þeim hætti betur gert okkur grein fyrir því, hverjir fara um okkar næsta nágrenni.

Ég skal ekki fara nánar út í einstök atriði samkomulagsins. Ég býst við því að hæstv. utanrrh. geri það, að svo miklu leyti sem tilefni hefur gefist til og fsp. hefur verið til hans beint. En ég vil taka það fram, að með þessu samkomulagi stendur óskert og óhaggað, að íslendingar eiga rétt til þess með einhliða yfirlýsingu að segja varnarsamningnum upp, þegar þeir telja hann ekki lengur nauðsynlegan. Við sjálfstæðismenn höfum haldið því fram, allt frá því að varnarsamningurinn var gerður 1951, að það yrði að fara eftir mati á aðstæðum á hverjum tíma, hvort varnarlið dveldist hér á landi eða ekki. 1949 og 1951 var var það skýrt þannig, að hér á landi skyldi ekki vera her á friðartímum. 1951 var styrjöld í Kóreu talin verða til þess, að nauðsynlegt væri að hafa hér varnarlið, þ. e. a. s. styrjaldarátök í Kóreu voru talin verða til þess, að um ófriðartíma væri að ræða

Frá lokum síðustu heimsstyrjaldar hafa brotist út átök og styrjaldir 54 eða 55 sinnum og samkv. því hafa sjaldan eða aldrei verið friðartímar í heiminum samkv. upprunalegri skilgreiningu, þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið og þegar við gerðum varnarsamninginn 1951. Og samkv. þeirri skilgreiningu eða samanburði væru ekki heldur friðartímar nú. En Bjarni heitinn Benediktsson, sem hv. þm. Kjartan Ólafsson vitnaði til áðan, skilgreindi einnig friðartíma og benti á, að vegna tækniframfara og breytinga í hernaðartækni, væri ekki rétt að miða við hugtakið friðartímar, heldur yrði að meta og vega aðstæður á alþjóðavettvangi hverju sinni, þegar menn tækju afstöðu til þess, hvort hér væri þörf varnarliðs eða ekki. Þetta er stefna Sjálfstfl. Sjálfstfl. telur það skyldu íslensku þjóðarinnar, ef hún vill vernda sjálfstæði sitt og öryggi, að meta það og vega hverju sinni, hvort þörf er á varnarliði hér á landi eða ekki. Og þegar það er gert, þá er hollt og rétt að hafa í huga hvaða hlutverki varnarliðið á að gegna. Það á í fyrsta lagi að stuðla að því að friður og friðarástand haldist í okkar heimshluta og koma í veg fyrir að árás verði gerð á landið. Það á í öðru lagi að reka héðan flug til eftirlits með siglingum í og á hafinu kringum landið og fylgjast með ferðum ókunnra flugvéla um íslenskt flugstjórnarsvæði svo og erlendra skipa ofan og neðan sjávar til að tryggja tímanlegar upplýsingar m. a. um hernaðarleg umsvif. Og það á í þriðja lagi, ef svo illa tekst til að með því er talið var áður tekst ekki að tryggja frið, að veita þá viðnám gegn árás á landið, ef gerð yrði, og halda uppi vörnum þar til frekari liðsauki berst. Ég hygg, að meiri hluti íslensku þjóðarinnar hafi goldið samþykki sitt við þessum sjónarmiðum í kosningunum í vor og það hafi hvorki verið meiri hl. á Alþ. því, er lét af störfum á s. l. vori, né á því Alþ., sem nú situr að störfum, fyrir því að gera Ísland varnarlaust. Að þessu leyti er Alþ. spegilmynd af skoðunum þjóðarinnar sjálfrar, eins og vera ber í lýðræðisríki.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. kemur fram það markmið, að Keflavíkurstöðin geti gegnt hlut-

verki sínu í samræmi við öryggishagsmuni Íslands á hverjum tíma. Í kosningastefnuskrá sjálfstæðismanna í utanríkis- og varnarmálum var tekið fram, að eitt af meginhlutverkum ríkisstj. væri að gera þjóðinni á hverjum tíma rækilega grein fyrir því, hvaða ytri atvik ráði mestu um öryggishagsmuni hennar. Ég tel, að með samkomulagi því, sem nú er gert við Bandaríkjastjórn, hafi skapast grundvöllur fyrir því, að stöðug athugun á varnar- og öryggishagsmunum landsins geti farið fram innan ramma varnarsamningsins og þannig sé unnt að breyta fyrirkomulagi varna á hverjum tíma, eins og best samrýmist hagsmunum Íslendinga. En auk þess er það skylda stjórnvalda og ég tel það skyldu núv. ríkisstj. að fylgjast svo með atburðarás og viðhorfum á alþjóðavettvangi, að unnt sé að hafa þessi mál öll í stöðugri endurskoðun og breyta um ýmislegt í framkvæmd varnarsamningsins, þegar ástæða þykir til.

Ef við leiðum hugann að því, hvað það er, sem við Íslendingar þurfum að kanna í þessu sambandi sérstaklega, þá hygg ég, að það fari ekki á milli mála, að það sé fyrst og fremst, að við verðum að fylgjast með umferð umhverfis landið. Við verðum að vita um það, hverjir fara um okkar næsta nágrenni. Í þessu sambandi er ómetanlegt það starf, sem rekið er frá Keflavíkurflugvelli og af Atlantshafsbandalaginu. Við getum ekki gert okkur grein fyrir því, Íslendingar, hvaða hættur steðja að öryggi okkar, ef við höfum ekki fullkomnar upplýsingar og yfirlit yfir þá og þau tæki, sem eru á ferð og á sveimi umhverfis okkar land.

Þá hlýtur það að vera skylda okkar að fylgjast svo með alþjóðastjórnmálum, að við gerum okkur grein fyrir því, hvort á hverjum tíma sé um hættuástand að ræða eða ekki. Ég held, að ég yki ekki, að frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar hafi stjórnmálamenn og fréttamenn sjaldnast verið jafnsvartsýnir um horfur og um þessar mundir. Þessi svartsýni stafar ekki fyrst og fremst af því, að spennan hafi aukist milli austurs og vesturs, heldur af því, að þrátt fyrir samkomulagsumleitanir milli austurs og vesturs hefur ekki tekist að ná neinum áþreifanlegum árangri, nema þeim árangri sem nýorðinn er í samningum milli rússa og bandaríkjamanna varðandi eftirlit með framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna. Ef við lítum á árangur öryggismálaráðstefnu Evrópu eða funda um gagnkvæman og sameiginlegan samdrátt herja í Mið-Evrópu, þá hefur sá árangur verið sorglega lítill. Það má hins vegar gleðjast yfir því, að Austur og Vestur talast við, og það er fyrsta skilyrðið til þess að samkomulag náist. Við Íslendingar stuðlum svo best að því að árangur náist í þeim samningaviðræðum, að við tökum fullkominn þátt í varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna, þar til áþreifanlegur árangur er kominn í ljós. Það má tala fjálglega um það, að jafnvægi í alþjóðastjórnmálum hafi ekki gildi fyrir fámenn ríki. Ég hygg, að við, sem erum sjálfstætt ríki, hljótum að óska eftir því að jafnvægisleysi verði ekki til þess að við missum okkar sjálfstæði. En það er vissulega hætta á því, ef tómarúm skapast hér á Íslandi, að sterk öfl mundu þá flæða að landinu, svo að ekki sé sagt yfir landið.

Ég held líka, að svartsýni manna á viðhorfin í alþjóðastjórnmálum eigi rætur sínar að rekja til ástandsins í efnahagsmálunum, til olíuvandamálsins, sem gerir það að verkum, eins og ég hygg að við öll, sem hér sitjum inni, gerum okkur grein fyrir, að setið er á sprengju í Mið-Austurlöndum nær og hvaða dag sem er getum við vaknað upp við það, að þar hafi styrjöld brotist út, og þegar styrjaldarbál er kveikt á einum stað, er ekki að vita hve mikið það kunni að breiðast út.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu lengri. En ég skal þó taka það fram að gefnu tilefni, að frændþjóðir okkar, danir og norðmenn, hafa ekki eingöngu talið óþarfa að hafa erlent varnarlið vegna þess að þeir hafa sinn eigin her, heldur og vegna þess að vegna legu sinnar eru þessi ríki í nánari tengslum við önnur Atlantshafsbandalagsríki heldur en við, sérstaklega þó danir. Hvað norðmenn snertir er stöðugt um að ræða heræfingar, varnaræfingar og heimsóknir frá bandalagsríkjum innan Atlantshafsbandalagsins, sem gerir það að verkum, að um sama gagn er að ræða og ef erlent varnarlið væri þar.

Um það viðhorf í lýðræðisríkjum að vilja draga úr hernaðarútgjöldum og stærð herja er það að segja, að þetta er eðlilegt viðhorf. Það er sama viðhorf og hjá okkur Íslendingum að vilja helst vera lausir við erlent varnarlið héðan af landi. Að þessu leyti mega lýðræðisríki gæta sín að sofna ekki á verðinum, þeim verði sem nauðsynlegt er að halda til þess að tryggja sjálfstæði og öryggi landanna. Í einræðisríkjum er ákaflega einfalt fyrir valdhafana að segja þegnunum, hvað þeir verði á sig að leggja til þess að halda vígbúnaðarkapphlaupinu áfram og skara fram úr í því. Þar er einræðisherrann alvaldur og hann getur skammtað mönnum brauð og smjör og daglegar lífsþurftir. Í lýðræðisríkjum verður það ekki svo. Þar þarf fólkið sjálft að vera sér þess meðvitandi að þörf er aðgæslu, þörf er að vera á verði. Og meðan einræðisríki er til, sem yfir vopnavaldi búa, þá eru lýðræðisríki ekki óhult. Við þurfum ekki annað en rifja upp söguna hvernig önnur heimsstyrjöldin komst af stað. Við hefðum þá gjarnan viljað að lýðræðisríkin hefðu verið á verði og eytt meiru í hernaðarútgjöld. Við erum þeirrar skoðunar og þeirrar sömu skoðunar voru flokksbræður hv. þm. Gils Guðmundssonar og Kjartans Ólafssonar fyrir seinni heimsstyrjöldina, að hefðu lýðræðisríkin þá verið á verði, þá hefði e. t. v. ekki komið til þeirrar styrjaldar og nasisminn ekki orðið sá ógnvaldur og bölvaldur sem raun bar vitni í annarri heimsstyrjöldinni.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja áherslu á það, sem hér hefur verið á minnst, að það er nauðsyn að íslendingar reyni eftir fremsta megni að ná sem mestri samstöðu í meðferð utanríkismála sinna. Það á ekki að nota utanríkismálin sem tæki eða vopn í baráttu flokkanna innanlands. Við eigum að hefja okkur upp yfir það að gera utanríkismálin á ábyrgðarlausan hátt að bitbeini í innanríkismálabaráttu okkar. Þegar við leitum sem víðtækastrar samstöðu meðal þjóðarinnar, þá held ég að það fari ekki á milli mála, að takmarkið hljóti að vera að vernda sjálfstæði og öryggi landsins.

Hér á Alþ. eru fulltrúar 5 stjórnmálaflokka. Ég hygg að það sé hægt að segja að þrír þeirra hafi skýra og ákveðna afstöðu til þess, að þátttaka í varnarbandalagi Atlantshafsríkjanna sé íslendingum nauðsynleg. Jafnvel mun hluti fjórða stjórnmálaflokksins vera sömu skoðunar. Það er aðeins einn stjórnmálaflokkur hér á Alþingi íslendinga, sem telur það ekki þjóna sjálfstæðishagsmunum íslendinga. Í þessum efnum er því mjög víðtæk samstaða meðal íslendinga hvað snertir þátttökuna í Atlantshafsbandalaginu. Og ég hygg að varðandi spurninguna um dvöl varnarliðs á Íslandi sé einnig töluverð samstaða meðal þessara flokka. Við teljum eðlilegt og sjálfsagt, að hér séu varnir í landinu fyrst um sinn, en síðar kunna leiðir að einhverju leyti að skilja, hvernig meta skuli viðhorfin í alþjóðastjórnmálum að þessu leyti, hve miklar varnirnar skuli vera, hve víðtæk þau varnar- og eftirlitsstörf, sem héðan eru rekin, eða hvernig þeim skuli háttað. Við skulum fremur leita samstöðu að þessu leyti, þessir 3 stjórnmálaflokkar og jafnvel 4 stjórnmálaflokkar, sem hér eiga fulltrúa á Alþ., heldur en gera mikið úr því sem kann að skilja á milli okkar í einstökum túlkunaratriðum eða matsatriðum á þessu sviði. Á þessum grundvelli hygg ég að unnt sé að ná víðtækri þjóðarsamstöðu í varnar- og öryggismálum, sem er skilyrði fyrir því að við getum tryggt sjálfstæði okkar í framtíðinni.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði á s. l. vetri töluverð afskipti af stefnumótun í þessu máli og með tilliti til þess sýnist mér erfitt að sitja og gera ekki grein fyrir afstöðu minni til þess nú. Það er reyndar fljótgert, hún er óbreytt. En ég vildi einnig nota tækifærið og styðja við bakið á hæstv. utanrrh. og leggja áherslu á það, að afstaða Framsfl. til þessa máls er óbreytt. Mig langar jafnframt í örfáum orum að gera grein fyrir afstöðu minni á breiðum grundvelli til þessa máls.

Ég eins og aðrir framsóknarmenn legg ríka áherslu á vinsamleg viðskipti við allar þjóðir. Við teljum það ekki á okkar færi eða okkar eðli að flokka þjóðir eftir þeim stjórnarháttum, sem þær kunna að hafa valið sér. Við leggjum hins vegar ríkasta áherslu á góð viðskipti við vestrænar þjóðir, teljum það eðlilegt vegna staðsetningar okkar á þeirra svæði vegna menningartengsla og mikilla viðskipta. Afstaða okkar til Atlantshafsbandalagsins er einnig ljós. Við teljum eðlilegt að eiga samleið með Atlantshafsbandalagsþjóðunum. Við teljum það af þeirri sömu ástæðu sem ég nefndi áðan. Ég vil einnig vekja athygli á því að Atlantshafsbandalagið hefur að verulegu leyti breytt um einkenni á undanförnum árum. Það hefur í vaxandi mæli hafið alls konar starfsemi, sem er ekki hernaðarlegs eðlis, og ég er sannfærður um að þátttaka okkar í þeirri starfsemi er okkur mikilvæg.

Afstaðan til varnarsáttmálans er hins vegar nokkuð breytileg, það skal viðurkennt. Hún er sannarlega mjög mismunandi í stjórnarflokkunum, sem nú ráða. Ég fyrir mitt leyti tel það ákvæði varnarsáttmálans mikilvægast, sem segir að hér skuli ekki vera her á friðartímum. Ég er þeirrar skoðunar og ég leyfi mér að fullyrða að mikill meiri hl. Framsfl. er þeirrar skoðunar, eins og glögglega hefur komið fram á margendurteknum samþykktum Framsfl. á flokksþingum, að varanleg herseta væri það krabbamein í íslenskum þjóðarlíkama, sem við fáum ekki búið við. E. t. v. segir einhver, eins og oft hefur heyrst nefnt: Hvað er við það að athuga, þótt nokkrir hermenn sitji suður á Miðnesheiði? Ég held, að ég lýsi afstöðu minni einna best með því að vísa í ágætan leiðara Morgunblaðsins um sjónvarpsmálið í sumar, þar sem sagt var á ágætan máta: Það er skylda hverrar frjálsrar þjóðar að takmarka athafnafrelsi annarra þjóða innan sinna vébanda. — Ég held að íslensk æska megi ekki alast upp við það að varanleg herseta sé okkur nauðsynleg.

Þarna skilja leiðir. Við framsóknarmenn reyndum eins og við áttum frekast kost á s. l. árum að gera okkur grein fyrir því hvort friðartímar væru. Ég fyrir mitt leyti skoðaði ástandið eins og ég fekast mátti, og ég komst að þeirri niðurstöðu, að það væru meiri friðartímar nú en hafa verið nokkru sinni frá því að við gengum í þetta bandalag. Hæstv. forsrh. ræddi hér áðan um skilgreiningu á friðartímum. Reyndar fékk ég ekki skilið hver sú skilgreining var. Og ég hygg satt að segja að það sé ákaflega erfitt að skilgreina friðartíma. Mér skildist, að það séu ekki friðartímar, þótt hvergi sé barist. Ég verð að viðurkenna að þetta er það lengsta sem ég get gengið. Mér sýnist það raunar eina skilgreiningin, sem okkur er stætt á. Þó er þar gengið nokkuð langt, því að fáir munu þeir tímar að ekki séu vopnaviðskipti einhversstaðar í okkar heimi. Þó hygg ég, að nú sé það næst þessu, jafnvel þótt langtum lengra sé leitað en til ársins 1949. Mín afstaða var því byggð á þeirri skoðun, sem ég gat best gert á ástandi í heiminum með tilliti til þessa ákvæðis varnarsáttmálans, að hér skuli ekki vera her á friðartímum. Og ég komst að þeirri niðurstöðu og ég er enn þeirrar skoðunar, að nú sé sannarlega sá tími kominn að þetta ákvæði varnarsáttmálans skuli koma til framkvæmda að nýju.

Ég verð að segja að afstaða bandalagsþjóða okkar olli mér sárum vonbrigðum, því að ég ætlast til meira af þeim. Þetta hefur sannarlega vakið ýmsar spurningar. Ætla þær ekki að standa við það ákvæði sem þær skrifuðu undir 1951, að hér skyldi ekki vera her á friðartímum? Er þetta meiningarlaust ákvæði í þeirra huga? Og ég verð að segja það út af ræðu hv. þm. Kjartans Ólafssonar áðan, að ég get vel skilið að sú spurning hljóti að vakna, hvort við íslendingar séum ekkert annað en lítið peð á taflborði stórveldanna. Ég undanskil þar engin stórveldi og engin veldi. Og þótt það sé raunar bannorð að blanda saman landhelgisdeilunni og varnarsáttmálanum, eru þó skyldar þjóðar sem eiga þar hlut að máli. Og ég fæ ekki séð annað en afstaða Vestur-Þjóðverja nú til okkar sýni mjög augljóslega að við erum ekkert annað en lítið peð á efnahagstaflborði þeirrar þjóðar. Þessu peði verður fórnað, ef það hentar hagsmunum hennar.

Ég held, að við íslendingar verðum að gera okkur glögga grein fyrir þessu og gera okkur

grein fyrir því, hvar við stöndum, þótt við vegna stöðu okkar og afstöðu, viðskiptakjara, menningartengsla teljum eðlileg samskipti okkar við þær nágrannaþjóðir sem í kringum okkur eru og kallast vestrænar þjóðir. Ég held, að við megum ekki ganga blindir til þess leiks. Ég held, að það sé nauðsynlegt, að við göngum sjáandi til þess samstarfs.

Afstaða bandalagsþjóðanna og m. a. bandaríkjamanna til ákvæða varnarsáttmálans frá 1949 vekur einnig upp þá spurningu í mínum huga, sem ég hef aldrei fengið svarað, hvort einhver sú afstaða hér á vellinum sé orðin þessum þjóðum svo mikilvæg nú að þær megi ekki missa hana. Oftast þegar á þetta er minnst heyrist hvíslað að það sé kafbátaeftirlitsstöðin, sem þar er komin upp, hana má víst alls ekki nefna. Hvernig komst þessi kafbátaeftirlitsstöð á fót? Ef það var ætlun okkar Íslendinga að standa við ákvæði varnarsáttmálans frá 1951, af hverju leyfðum við að sú aðstaða skapaðist þar sem gerir þennan völl e. t. v. — ég veit það ekki — nálægt því ómissandi fyrir varnarkerfi vestrænna þjóða? Ef við meintum eitthvað með þessu ákvæði frá 1951, áttum við að gæta þess vandlega að ekki yrði sköpuð sú aðstaða sem ekki mætti tapast. Ég hef ekki fengið svar við þessari spurningu. En e. t. v. geta einhverjir, sem voru við völd á þeim tíma þegar þetta var gert, svarað henni.

Ég ætla ekki að tala langt mál um þetta. Ég ætla að segja sem allra minnst um stjórnarsáttmálann að þessu leyti. Ég vil þó gjarnan taka það fram, að ég fyrir mitt leyti hefði heldur kosið að í stjórnarsáttmálanum hefði verið hreinlega tekið fram, að flokkarnir, sem að ríkisstj. standa, eru ekki sammála um varnarmálin, og ég hefði talið eðlilegast, að það hefði ekki verið látið kyrrt liggja. Þetta er staðreynd sem alþjóð má gjarnan vita og veit og hefur margsinnis verið ítrekað. En sú leið var valin fremur að reyna að ljúka þessu máli, a. m. k. að sinni, með þeim samningi sem nú hefur verið gerður.

Um samninginn sjálfan ætla ég ekki heldur mikið að segja. Mér sýnist hann vera ákaflega lítilfjörlegur satt að segja og skipta litlu máli. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. forsrh. áðan, að orðin, sem báðir aðilar geta sætt sig við" breyti í engu 4. gr. varnarsáttmálans, sem er skýlaus að því leyti, að ákvörðunarvaldið sé hjá okkur Íslendingum. Ég vona, að viðsemjendur okkar, bandaríkjamenn, skilji þetta einnig svo. Hér eru einnig önnur ákvæði, sem forvitnilegt væri að fá upplýsingar um, eins og t. d. um flugstöðvarbygginguna. Er það í raun og veru orðin ákvörðun að byggja slíkan — ég vil nefna það flalabeinsturn á Keflavíkurflugvelli í gerbreyttri aðstöðu millilandaflugs? Ég lenti fyrir nokkrum árum vegna óveðurs á Gander og þeir byggðu *slíkan turn sem stendur svo til auður, en skrautlegur* og fallegur og notast ekki. Hefur það í raun og veru verið skoðað, svo að viðunandi sé, hvort flugsamgöngur á Norður-Atlantshafi muni ekki þróast svo, að slík flugstöð sem kostar okkur þúsundir milljóna þegar allt er talið verði óþörf?

Ég vil einnig segja það í sambandi við störf Íslendinga á Keflavíkurflugvelli í auknum mæli, að ég fyrir mitt leyti er ekki hlynntur þeirri stefnu. Ég tel hana varhugaverða með tilliti til þess ákvæðis, sem ég hef oft nefnt, að við viljum að herinn fari brott svo fljótt sem unnt er. Það er alveg rétt, að Framsfl. hefur annað slagið ályktað svo. Hann gerði það 1967 á sínu flokksþingi, en að vísu felldi það út 1971 og aftur nú, þannig að afstaða til þessa hefur verið nokkuð á reiki.

Ég vil svo að lokum aðeins ítreka það enn einu sinni, að stefna okkar framsóknarmanna, a. m. k. mikils meiri hl. Framsfl., er óbreytt með tilliti til varnarsáttmálans. Þetta kemur mjög greinilega fram í samþykkt síðasta flokksþings, sem ítrekar og undirstrikar samþykkt flokksþingsins frá 1971 um það, að hér skuli ekki vera her á friðartímum og hann skuli hverfa brott í áföngum. Ég get aðeins sagt, að það er einlæg von mín, að það rofi til og við fáum losað okkur við þennan her á meðan ástandið í heiminum er þannig að það sé okkur kleift. Raunar var það athyglisvert sem kom hér fram áðan um afstöðu bandaríkjaþingmanna til þessara mála, því að staðreyndin er sú, að á Bandaríkjaþingi er vaxandi hópur nýrar kynslóðar sem er mjög andvígur þeirri stefnu sem bandaríkjamenn hafa fylgt um erlendar herstöðvar. Það skyldi nú ekki fara svo að það rofi til þar fyrr en hjá okkur. Það er von mín að við verðum á undan.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Nú er á mælendaskrá utanrrh. og hann talar sennilega mjög stutt og þá er hægt að ljúka þessum fundi fljótlega, ef fleiri kveðja sér ekki hljóðs. Ég vildi láta hv. þm. vita af þessu. Það er því möguleiki, ef enginn kveður sér hljóðs, að ljúka fljótlega fundi.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal taka það til greina að eyða ekki tíma þm. meira en þörf er á. — Það er ósköp eðlilegt og ég gekk ekki að því gruflandi að það mundi verða mjög skiptar skoðanir um það samkomulag sem ég hef hér kynnt, og ég verð að segja það að umr. hafa verið málefnalegar um málið. Þess vegna mun ég ekki gera neitt til þess að kveikja neitt bál hér um þessi viðkvæmu og vandasömu mál, en ég vona að þm. fyrirgefi mér það þótt ég segi nokkur orð og víki að nokkrum þeim atriðum sem fram hafa komið m. a. vegna þess að til mín hefur verið beint fsp. sem ég tel mér skylt að svara.

Ég vík þá fyrst að máli hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundssonar, og ég hygg, að með því að svara nokkrum atriðum í ræðu hans geti ég kannske látið þar við sitja, því að mörg þau *atriði, sem síðar komu fram*, eru einmitt hluti af hans máli.

Hann hóf mál sitt á því að segja að stefna Framsfl. hafi verið fyrir borð borin í stjórnarsamstarfinu að því er utanríkismálin varðar. Þetta er að nokkru leyti rétt. Eins og hv. 2. þm. Vestf. gat um er stefna Framsfl. sú, að varn-

arliðið eigi að fara burt héðan í áföngum, hefur verið það lengi og var áréttuð á nýafstöðnu flokksþingi. En engu að síður tel ég, að í samkomulaginu og í stefnuskrá ríkisstj. séu þó nokkur atriði sem framsóknarmenn geti mjög vel fellt sig við, enda kom það fram á því flokksþingi sem ég áður greindi frá, og það eru þau atriði, að nokkur hluti hersins fari. Að vísu taka íslendingar störfin að sér í staðinn, það er að aðskilnaður verði milli herflugs og farþegaflugs, og það er að varnarliðið verði einangrað og búi í eigin húsnæði á tilteknu svæði. Það er ekkert nýtt í því að í samstjórnum þurfi flokkar að sveigja stefnu sína nokkuð, eins og við höfum orðið að gera nú. Þess gat hv. þm. Gils Guðmundsson sjálfur, að Alþb. hefði 1971 orðið að sveigja nokkuð af leið sinni til þess að ná samstarfi við þáv. samstarfsflokk. Ég segi það ekki honum til lasts, heldur til hróss. En þetta er svona, við lendum í þessu af og til ýmsir að geta ekki fengið fram allt sem við óskum.

Hv. þm. sagði, að það væri vitagagnslaust að spyrja hernaðarsérfæðinga um það, hvort hernaður væri nauðsynlegur, það væri eins og að spyrja landabruggara að því hvort ekki ætti að halda áfram að brugga. Þetta er út af fyrir sig snjöll samlíking og ég er ekki frá því að það megi finna henni nokkurn stað. En ég bendi bara á það í þessu sambandi, að samkv. ákvæðum varnarsáttmálans frá 1951 er það skylda þess ríkis, sem óskar endurskoðunar, að leita umsagnar NATO-ráðsins um þýðingu varnarstöðvarinnar, og það var eingöngu það sem við vorum að gera, en ekki kannske endilega að búast við því að við fengjum þau svör, að varnarstöðin væri óþörf og allt það, sem þessir menn eru að gera, væri nánast út í loftið.

Till. ríkisstj. frá í mars 1974, frá í mars í vor, voru að mínum dómi mjög góðar. Ég hefði gjarnan viljað halda áfram að reyna að vinna að framgangi þeirra. En staðreyndin er bara sú, eins og hér hefur verið bent á af ýmsum, að þær hlutu ekki náð fyrir augum kjósenda. Það var ekki þingfylgi fyrir því að framfylgja þeirri stefnu, sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar markaði. Og þá stóð Framsfl. frammi fyrir þeirri spurningu, hvað gera skyldi vegna annarra mála. Þetta hef ég áður sagt og er ekkert nýtt í þessu og ég ætla ekki að fara að kveikja upp neinar umr., þótt ég rifji þetta upp, sem ég hef oft sagt áður, að það var vegna annarra mála fyrst og fremst sem Framsfl. gekk til samstarfs við Sjálfstfl. og sveigði af leið í varnarmálum. Ég tel alveg ástæðulaust að draga neina dul yfir það og geri það ekki. Ég held hins vegar, að það hafi ekki verið rétt, sem hv. 3. þm. Reykn. sagði, að af hálfu Framsfl. hafi aldrei verið léð máls á annarri ríkisstj. en þeirri, sem nú starfar með Sjálfstfl. Ég a. m. k. gekk til samningaviðræðna við Alþb., Alþfl. og SF í góðri trú og með góðan vilja um að slík stjórn gæti komist á. Hún komst ekki á, og ástæður þess mun ég ekki rifja upp hér, þar sem ég mun væntanlega halda síðustu ræðuna í þessu máli, en hins vegar væri mér það ekkert óljúft við annað tækifæri að fara um það nokkrum orðum.

Þá vil ég enn einu sinni neita því fyrir mitt leyti, að ég hafi svikið loforð um það, að samkomulag skyldi lagt fyrir Alþ. Þegar ég viðhafði þessi ummæli hafði ég ávallt í huga annaðhvort breytingu á varnarsamningnum frá 1951 eða uppsögn hans. Hvorugt hefur nú skeð, heldur hefur það gerst að samkomulag um tilteknar breytingar á fyrirkomulagi varnanna er gert innan ramma varnarsamningsins frá 1951. Þetta atriði tel ég að ekki þurfi að leggja fyrir Alþ. og hef aldrei talið, enda sýnir fortíðin, að aðrir hafa veri sömu skoðunar í því efni.

Ég get ekki fallist á þá skoðun að verið sé að búa í haginn fyrir langvarandi hersetu með þessu samkomulagi, og ég bendi á það alveg ákveðið enn þá einu sinni, að það eina, sem breyst hefur varðandi 7. gr. varnarsamningsins, er það, að til þess að koma henni aftur í gang þurfa að líða að nýju 6 mánuðir. Það er eini tíminn, sem íslendingar hafa tapað við þá samningsgerð eða samkomulagsgerð, sem hér um teflir. Ef aðstæður breyttust þannig hér, að meirihlutavilji væri fyrir því að segja samningnum upp eða flytja varnarliðið burt með samkomulagi, þá eru það 6 mánuðir, sem hér er um að ræða. Við höfum ekki bundið þjóðinni neina framtíðarbagga, og viðmiðun um 10 ára viðhald á Keflavíkurflugvelli á ekki við í þessu sambandi, þar sem ákvæði 7. gr. eru ótvíræð. Það er hins vegar gert ráð fyrir því og við hljótum að gera ráð fyrir því, að Keflavíkurflugvöllur haldi áfram að vera til þó að varnarliðið fari, og í augum þeirra, sem vilja og eru hlynntir aðild að NATO, er eðlilegt, að Keflavíkurflugvöllur sé í góðu lagi og hann sé tiltækur fyrir NATO, eins og ráðgert var í upphaflega samkomulaginu frá 1949, þegar framlag Íslands átti að vera það að sjá fyrir aðstöðu á Íslandi ef þörf yrði fyrir hana. Það er þessi aðstaða, sem við erum að tala um, það er verið að tala um að halda Keflavíkurflugvelli í fyrsta flokks standi.

Það má segja, að ýmislegt orðalag í samkomulaginu sé með fyrirvörum. Það er alveg rétt, sem hv. þm. hafa bent á, það eru fyrirvarar. Fyrirvararnir eru þeir, eins og hv. þm. Benedikt Gröndal, ef mig misminnir ekki, benti á, að framkvæmdavaldið í Bandaríkjunum er háð fjárveitingavaldinu og verður að sækja um fjárveitingar. Utanrrh. verður að sækja um fjárveitingar og varnarmálaráðuneytið verður að sækja um fjárveitingar til Bandaríkjaþings til þess að uppfylla þær skuldbindingar, sem það hefur undirgengist í þessu samkomulagi, og þeir vita sem er, að þeir hafa ekki meiri völd yfir fjárveitingavaldinu en svo að þeir verða að hafa þessa fyrirvara á. Ég tel hins vegar engan vafa á því að þessar fjárveitingar muni fást, — ég tel engan vafa á því. En fyrirvarinn er þarna, það er rétt.

Þá hafa hv. þm. Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn., og hv. 5. landsk. þm. talað um E-lið bókunarinnar, hvað í henni felist, hvað felist í því, að það á að vera samvinna við flugmálastjórn, landhelgisgæslu og almannavarnir, og spyrja að því, hvort Bandaríkin eigi að taka að sér einhverja þætti þessarar starfsemi. Svo er alls ekki. Það, sem við er átt, er fyrst og fremst að flugið verði í náinni samvinnu, flugafgreiðslan, flugstjórnin á Keflavíkurflugvelli, með hliðsjón af þeirri skiptingu farþegaflugs og hernaðar-

flugs sem ráðgerð er. Það geta verið margar spurningar og mörg úrlausnarefni, sem vakna við það, að þessi aðskilnaður á að fara fram, og þessi bókun er sett inn samkv. kröfu okkar íslendinga.

Um Landhelgisgæsluna er það að segja, að ég fyrir mitt leyti a. m. k. hef hug á því að Landhelgisgæslan taki að sér björgunar- og leitarflugið, sem varnarliðið hefur nú með höndum, og það gæti orðið til mikillar aðstoðar við framkvæmd þess atriðis, ef gott og náið samkomulag og samstarf yrði við varnarliðið að þessu leyti. Og almannavarnir lúta að náttúruhamförum. Ég tel fyrir mitt leyti, — menn kann að geta greint á um það, — að það sé eðlilegt að nota sér slíka aðstöðu sem varnarliðið ræður yfir, þegar náttúruhamfarir ber að höndum, og ég hygg að það séu fáir íslendingar, sem vilja vanþakka t. d. framlag varnarliðsins þegar Vestmannaeyjagosið stóð yfir.

Já, hv. þm. Gils Guðmundsson talaði um að það væri óæskileg samskipti hers og þjóðar. Ég er þessu algerlega sammála og að minu mati stefnir samkomulagið að því að bæta úr því með því að einangra herinn og láta hann búa innan vallarsvæðisins. Það er að vísu nokkur eftirsjón að 420 mönnum frá fiskvinnslu til þess að fara að taka að sér störf sem herinn hefur rækt. Ég skal viðurkenna það, að ég vísa til þess sem forsrh. sagði um það atriði áðan, að það yrði reynt að haga þessari breytingu sem haganlegast, þannig að hún kæmi sem minnst við atvinnuvegina. Ég er þó ekki viss um að allt þetta fólk yrði tekið frá fiskvinnslunni, þótt það fengist, og ég minnist þess að í till. fyrrv. ríkisstj. var einnig gert ráð fyrir því að nokkrir íslendingar tækju við störfum af varnarliðinu, þar sem við buðumst til þess í því samkomulagi að taka að okkur rekstur radarstöðvanna í Grindavík og Höfn í Hornafirði. Þar er að vísu um fámennari hóp að ræða heldur en hér um teflir, en engu að síður var stefnan í svipaða átt.

Ég vil svo endurtaka það, að endurskoðun á varnarsamningnum og fyrirkomulagi varnanna á að vera viðvarandi. Það er aðeins endurskoðunin samkv. 7. gr., sem fallið er frá að þessu sinni, en samkomulag er um það, að fyrirkomulag varnanna sé í stöðugri endurskoðun. Ég vona að við getum haldið þannig á þeirri endurskoðun, að breytingarnar verði íslendingum til hagsbóta, og að því mun reynt að stefna.

Ég mótmæli því sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði, að samið hefði verið á nokkrum klukkustundum. Eins og hér hefur komið fram í mínu máli og endurtekið var af hv. 3. þm. Reykn. tók samningsgerðin ekki nokkrar klukkustundir, heldur nokkrar vikur. Það þykir kannske ekki langur tími, en það er ástæðulaust að segja það styttra en raun ber vitni.

Ég ætla ekki — og síst af því að formaður Alþfl. gekk úr salnum — að ræða meðferð Alþfl. á varnarmálum. Hann sagði, að þeir hefðu fækkað úr rúmlega 4 þús. í 2600 á einhverju tilteknu tímabili. Það má vel vera að það hafi einhvern tíma komist í 2600. En ég tók við utanríkismálunum og varnarmálunum af Alþfl. og þá voru 3300 hermenn á Keflavíkurflugvelli.

Ég skal svo, herra forseti, láta þessi fáu orð nægja. Ég endurtek það að síðustu, sem ég hef áður sagt, að ég vona að þetta samkomulag verði íslendingum til hagsbóta, það verði spor — menn geta kallað það hænufet ef þeim sýnist svo — í þá átt að losna við herinn, en í þá átt stefnir það engu að síður.

Efri deild, 14. fundur.

Miðvikudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 25, n. 82). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, sem hér hefur verið gerð grein fyrir við 1. umr., og leggur n. til að frv. verði samþ. óbreytt. Það hefur áður verið gerð grein fyrir því að þetta frv. var undirbúið á síðasta þingi, og gert er ráð fyrir að á þessu þingi komi nýtt frv. með nýjum nöfnum til skoðunar, en í þessu frv. eru nöfn 53 manna. — Nefndin leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 55, n. 87). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið þetta frv. til athugunar og meðferðar. N. kallaði á sinn fund stjórnarformann Happdrættis Háskóla Íslands sem skýrði fyrir n. frv. og tilgang þess.

Með þessu frv. er stefnt að því, að það verði unnt að standa við þær framkvæmdir hjá Háskóla Íslands, sem teljast mjög brýnar á næstunni, og þessi breyt. á l. um Happdrætti Háskóla Íslands mundi gera Happdrætti Háskólans kleift að efla starfsemi sína á næstunni, þannig að unnt væri að standa við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Stjórn Happdrættis Háskóla Íslands hefur farið þess á leit og dómsmrh. gerði það reyndar einnig í framsögu sinni, að máli þessu verði hraðað eins og kostur er. Því vil ég fara þess á leit, herra forseti, að að lokinni þessari umr. fari 3. umr. einnig fram, þannig að hægt verði að afgreiða þetta mál frá Ed. í dag.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta mál, en n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 4. des., að loknum 14. fundi.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 55). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 91). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr., er um lántökuheimild til handa ríkisstj., um erlendar lántökur, en það hefur verið til athugunar undanfarna mánuði sem liður í nauðsynlegri fjármögnun framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar þessa árs. Hefur Seðlabankinn fylgst með þróun erlends lánamarkaðar fyrir ríkisstj. og telur nú tímabært að stofna til ráðgerðrar lántöku.

Eins og kunnugt er hafa lánamarkaðir utanlands verið ákaflega þröngir um alllangt skeið. Eru margar ástæður fyrir þessu, ekki síst olíukreppan. Aðaleinkenni lánamarkaðarins hafa verið mjög háir vextir, tregða til að lána nema til skamms tíma, jafnframt því sem framboð almennt á lánsfé hefur verið lítið. Ríkisstj. hefur nú ákveðið að ráðast í erlenda lántöku og flytur það frv., sem hér liggur fyrir, um lántökuheimildir erlendis.

Eftir gaumgæfilega athugun á lánamarkaðnum hefur niðurstaðan orðið að reyna nú lánsútboð allt að 15 millj. Evrópureikningseininga sem samsvarar nú um 2 120 millj. kr. Er lánið boðið út á þeim grundvelli að lánstíminn geti verið 5—20 ár en um vexti og útboðsgengi verði að fara eftir því sem markaðurinn segir til um. Undanfarið hafa svipuð lán verið með um 10% vöxtum og útboðsgengi um eða rétt innan við 100. Er ráðgert að lánið verði tekið í þessum mánuði. Nokkrar bankastofnanir í Englandi, Frakklandi, Belgíu, Lúxemburg og Kuwait hafa tekið að sér að annast um lánsútboðið. Er hér um að ræða lántöku hliðstæða þeirri sem ríkissjóður var með fyrir rúmlega einu ári á þessum sama markaði og nam þá 12 millj. Evrópureikningseininga.

Vegna óstöðugleika í gengismálum hefur það tíðkast æ meir í seinni tíð að lánsútboð á alþjóðamörkuðum eru gerð í reikningseiningum, sem eru tiltekinn fjöldi gjaldmiðla, og er það gert til að draga úr áhrifum gengisbreytinga. Evrópureikningseiningin hefur einna mest verið notuð í þessu sambandi og byggist á gjaldmiðlum Efnahagsbandalagslandanna níu. Skuldbinding lántaka breytist ef gengi allra gjaldmiðlanna hefur breyst og á sama tíma hafi meiri hl. þeirra breyst til sömu áttar, en skuldbinding lántaka fylgir breytingu þess gjaldmiðils sem minnst hefur breyst.

Ráðstöfun lánsfjárins er rædd ítarlega í frv. og aths. þess. Lántökuheimilda hefur áður verið aflað fyrir flestum liðunum, en leitað er hér heildarheimildar, sem er beinlínis sniðin við ráðgerða lántöku.

Ég legg á það áherslu að þm. átti sig á því að ekki er um nýtt fé að ræða til framkvæmda. Hafa Seðlabankinn og ríkissjóður veitt bráðabirgðalán áður fyrir flestum þeim framkvæmdum sem um er að ræða, og er gerð grein fyrir því í frv. Gert er ráð fyrir 800 millj. kr. endurláni til Framkvæmdasjóðs vegna fjáröflunar og framkvæmdaáætlunar á þessu ári. Það skal tekið fram að vegna hugsanelgs erlends láns sjóðsins er ekki ólíklegt að endurlán til sjóðsins verði 200 millj. kr. lægra eða allt að 600 millj. kr. Fari svo kemur að sjálfsögðu til kasta Alþ. að ráðstafa þeim mismun ef einhver verður.

Sá almenni fyrirvari fylgir þessu máli að svo geti farið að í fyrstu umferð verði hið erlenda lán lægra, hugsanlega 12 millj. einingar í stað 15, og fer það eftir markaðsaðstæðum. Verður ráðstöfun andvirðisins að breytast hlutfallslega þar til fullri fjárhæð er náð.

Að öðru leyti vísa ég til efnis frv. Það ríður á skjótri afgreiðslu þessa máls í þinginu, þar sem erlendir lánamarkaðir eru taldir ótryggir, og vænti ég þess að sú n., sem fær mál þetta til meðferðar, svo og hv. þd. geti verið mér sammála um að skjót afgreiðsla er að sjálfsögðu æskileg.

Ég legg svo til, forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 79). — 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Hæstv. forseti. Ég hef ásamt 8. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, leyft mér að flytja á þskj. 79 frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt. Brtt. okkar er í því fólgin að við leggjum til að tekjur sjómanna af bolfiskveiðum á bátaflotanum verði undanþegnar tekjuskatti.

Eins og við bendum á í grg. með frv. er það staðreynd að bolfiskafli bátaflotans hefur farið minnkandi ár frá ári nú á undanförnum árum. Þetta þýðir auðvitað að tekjur sjómanna, sem þessar veiðar stunda, hafa minnkað að sama skapi þar sem sjómenn byggja tekjur sínar á tilteknum hluta af heildarverðmæti aflans. Hefur þetta leitt til þess að oft á tíðum hefur verið mjög erfitt að manna þessa báta, jafnvel á hávetrarvertíð, og eru síendurteknar auglýsingar skipstjórnarmanna og útgerðarmanna í fjölmiðl-

um í byrjun hvers árs, þar sem auglýst er eftir mönnum á þann hluta bátaflotans sem bolfiskveiðar stundar, glöggt dæmi um hvaða ástand ríkir í þessum efnum. Fjölmiðlar birta um það fréttir einmitt í dag að fjöldi báta á Suðurnesjum komist ekki á sjó vegna manneklu.

Það skal viðurkennt að það er nokkur vandi á höndum að veita mönnum í einni atvinnugrein meiri skattfríðindi en öðrum. En á það ber að líta að sjómenn á fiskiskipaflotanum hafa um mörg undanfarin ár samkv. lögum haft nokkur skattfríðindi og hef ég aldrei orðið annars var en þetta væri talið eðlilegt og sjálfsagt. Byggist það að sjálfsögðu á því að viðurkennt er að störf sjómanna og afrakstur af erfiði þeirra er það sem þjóðin í heild byggir afkomu sína á og er ein aðalstoðin undir þjóðarbúskap okkar Íslendinga. Þetta er almennt viðurkennt og þess vegna hefur sá sjómannafrádráttur, sem í gildi er lögum samkv. verið talinn eðlilegur og sjálfsagður. Flm. telja því að það mundi ekki valda neinni röskun í framkvæmd skattalaga þó að frv. það, sem við höfum hér flutt, yrði samþ., enda hefur það verið viðurkennt frá fyrstu tíð og talið eðlilegt og sjálfsagt að sjómenn hæru meira úr býtum fyrir vinnu sína en almennt gerist hjá þeim sem í landi vinna, enda í flestum tilfellum um áhættusamari vinnu að ræða hjá sjómönnum og vinnutími þeirra oftast lengri og óreglulegri. Lengi vel var það svo, sem betur fer, að störf sjómanna gáfu meira í aðra hönd en almennt gerðist hjá þeim sem í landi unnu. Þessi hlutföll hafa því miður raskast hin síðari ár að því er varðar þann hluta bátaflotans sem bolfiskveiðar stundar. Sjómenn geta nú í dag haft betri afkomu við ýmis störf í landi en mögulegt er að sá hluti, sem ég hér hef rætt um, geti tryggt heim. Þetta er m.a. ástæðan fyrir því að mikill samdráttur hefur orðið í útgerð þessara báta sem leitt hefur til minnkandi heildarafla að því er þorskfiskafla varðar. Vitað er að ekki hefur verið hægt að gera hluta bátaflotans út á hávetrarvertíð á undanförnum árum á hinar hefðbundnu línu- og netaveiðar sökum manneklu, og höfðu þeir bátar, sem ekki gátu fullráðið, orðið að stunda aðrar veiðar, sem minna aflamagn gáfu eða liggja bundnir í höfn.

Samkv. skýrslum Fiskifélags Íslands er heildarafli bátaflotans undanfarin 5 ár sem hér segir: 1970 samt. 387 þús. tonn, 1971 343 þús. tonn, 1972 336 þús. tonn, 1973 285 þús. tonn og til 31. okt. nú í ár 225 þús. tonn á móti 264 þús. tonnum á sama tíma í fyrra.

Þessi skýrsla Fiskifélagsins sýnir glögglega að um verulegan samdrátt er að ræða í heildaraflamagni bátaflotans, sem bæði stafar af minnkandi aflamagni á fiskimiðum og einnig af því að ekki hefur verið hægt að manna bátaflotann að fullu til þeirra veiða sem mestan afla gefa.

Þegar þess er gætt að í mörgum sjávarplássum er það svo enn að afli þeirra báta, sem bolfiskveiðar stunda, er undirstaðan undir öllu atvinnulífi byggðarlagsins er alveg augljóst að stórhætta er á ferðum ef áfram heldur sá samdráttur sem orðið hefur í útgerð þessara báta á undanförnum árum. Þetta á auðvitað ekki við á þeim stöðum þar sem hinir nýju togarar hafa komið í stað bátanna.

En þó að á heildina sé litið, þ.e. samanlagðan afla togara og báta, sýna skýrslur Fiskifélagsins að um hættulega þróun er að ræða þar sem verulegur samdráttur hefur einnig orðið í heildaraflamagni báta og togara samanlagt, þ.e. þorskfiskafla. Árið 1970 var heildaraflamagn togara og báta samanlagt 467 þús. tonn, en árið 1973 var aflinn samtals aðeins 381 þús. tonn eða 86 þús. tonnum minni en árið 1970. Og í ár var hann aðeins kominn í 350 þús. tonn í októberlok. Þetta sýnir að aukinn togaraafli vegur hvergi nærri á móti minnkandi afla bátanna og er það þróun sem íslendingar verða sannarlega að gefa gaum að.

Í sambandi við framkvæmd þeirra breytinga, sem við leggjum til að gerðar verði á l. um tekju- og eignarskatt, leyfi ég mér að benda á, eins og reyndar kemur fram í grg. með frv., að í skýrslum Fiskifélags Íslands er alveg fast afmarkað hvað átt er við þegar talað er um bolfisk- eða þorskfiskafla, þannig að það ætti ekki að vera neinum vandkvæðum bundið fyrir skattayfirvöld að ákveða um hvaða tekjur er að ræða sem frv. gerir ráð fyrir að undanþegnar verði tekjuskatti.

Þá vil ég að lokum leyfa mér að benda á að störf sjómanna hafa ávallt af Alþ. verið metin á þann veg að sjálfsagt hefur þótt að veita þeim, sem þar eiga hlut að máli, aukinn frádrátt við álagningu tekjuskatts, og leyfum við okkur, flm. þess frv., sem hér liggur fyrir, að vona að frv. nái fram að ganga.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt hefur á undanförnum árum farið fram endurskoðun á l. um tekju- og eignarskatt og sú n., sem vann að þeim málum á vegum fyrrv. ríkisstj., lét í té mjög umfangsmikla og ítarlega skýrslu varðandi skattlagningu og hugmyndir um skattlagningu í framtíðinni. Ég gat um það í fjárlagaræðu minni að sú n. hafi verið leyst frá störfum, en að sjálfsögðu var hugsað að vinna áfram að endurskoðun skattal. og vonandi koma á yfirstandandi þingi fram einhverjar till. í sambandi við skattamálin.

Eins og fram kom í ræðu frsm. hefur Alþ. viðurkennt sérstöðu íslensku sjómannastéttarinnar með því að samþykkja í skattal. sérstakan frádrátt og talið að hér væri ekki um ósanngjarnt mál að ræða. Hversu langt á að ganga í þessum efnum er annað mál, hvort rétt er að ganga jafnlangt og hér er lagt til. Um það skal ég ekki segja á þessu stigi málsins, en get aðeins sagt að þeirri hugmynd, sem hér er hreyft, verður að sjálfsögðu gefinn gaumur í sambandi við þá endurskoðun og þær till. sem koma til með að verða lagðar fram varðandi breytingu á skattalögunum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst að hér sé hreyft við nokkuð stóru máli og sé ástæða til þess að skoða það nokkuð vel. Nú skal

ég segja þá skoðun mína strax að ég tel nauðsyn að eitthvað í átt við þetta sé gert að því er varðar sjómennina á þessum tiltekna bátaflota eða tilteknu veiðum. Það er svo matsatriði manna hversu langt á að ganga þannig að ekki verði annað slitið úr samhengi. En ég skal sem sagt strax taka það fram að ég fyrir mitt leyti tel að það verði eitthvað þessu líkt að gera til þess að það verði í reynd hægt að manna bátaflotann í landinu. En ég vil jafnframt vekja athygli á því og koma því hér á framfæri, að verði sú reyndin að til þessara aðgerða verði gripið, þá tel ég að það verði jafnframt þessu að skoða líka aðstöðu þess fólks sem tekur við aflanum í fiskvinnslustöðvunum og vinnur úr honum. Ég held að þarna hljóti að vera mikið samhengi í milli, að það séu gerðar nokkuð samhliða ráðstafanir til þess að líka sé tekið tillit til þess fólks sem vinnur við vinnsluna á aflanum, ásamt sjómönnunum sem afla hans.

Ég held að það hljóti að vera samdóma álit allra, eins og kom fram hjá flm. og frsm. fyrir frv., að það er alveg rétt að það horfir til stórvandræða með það að manna fiskiskipaflotann. Það er ekki að gerast bara núna, það hefur verið um nokkur ár. Það er rétt. En það horfir líka til stórvandræða með að fá fólk til vinnu í fiskvinnslustöðvum og það er líka mikið vandamál nú eins og verið hefur undanfarin ár. Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til skoðunar, að hún skoði líka þann þátt málsins, að það þarf líka að huga að því fólki sem tekur við í landi í *frystihúsunum og vinnur* að aflanum. Ég er á engan hátt með þessum orðum að draga úr nauðsyn þess að þetta sé gert fyrir sjómannastéttina, en ég held að það verði líka að skoða hitt, með því að hvorir tveggja þessir þættir eru mikilvægir að því er framleiðsluna varðar.

Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri nú strax við 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 90). — 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Frv. sama efnis og það, sem hér er flutt af 4 þm., hefur legið fyrir undanförnum þingum sem stjfrv. Þ. á m. var það lagt fyrir aukaþingið sem við héldum hér í vor. Hins vegar hefur málið ekki verið afgr. þótt það hafi verið oft lagt hér fram, illu heilli vegna þess að hér er um að ræða stórmál sem mér finnst óhjákvæmilegt og okkur flm. að Alþ. taki afstöðu til.

Ég hef áður gert mjög ítarlega grein fyrir þessu frv. og nauðsyn þess og hef ekki hugsað mér að ítreka það að þessu sinni. Þær ræður mínar og umr. um þetta efni eru prentaðar í Þingtíðindum og þar eiga menn aðgang að þeim. En meginefni frv. er það að jarðhitasvæðum er skipt í tvennt, annars vegar háhitasvæði og hins vegar lághitasvæði. Háhitasvæði er þannig skilgreint að það sé háhitasvæði ef innan þess finnst 200 stiga hiti ofan 1000 m dýpis, og til nánari skilgreiningar eru svo talin upp þau háhitasvæði, sem Orkustofnun eru kunn, en tekið fram síðar að Orkustofnun muni halda áfram að kanna útbreiðslu þeirra.

Um þessi háhitasvæði er svo ákveðið að ríkið eigi allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhita, vatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum sem í lögum þessum standa. Hins vegar er svo tekið fram að landeiganda sé rétt að hagnýta sér jarðhita á lághitasvæði og hvern annan náttúrulegan jarðhita á yfirborði lands á háhitasvæði eins og honum þykir best henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar o. s. frv.

Það er sem sé lagt til í frv., að háhitasvæðin séu tekin út úr, og því lýst yfir að ríkið eigi allan rétt til umráða og hagnýtingar á þeim svæðum. Frá þessu eru svo gerðar veigamiklar undantekningar í 2. gr. Þar segir að þau sveitarfélög, sem land eiga á háhitasvæði við gildistöku laga þessara, skuli hafa forgangsrétt um vinnsluleyfi á því landi og vera undanþegin leyfisgjaldi fyrir vinnslu á því landi, enda hafi þau sótt um vinnsluleyfi innan 15 ára frá gildistöku laganna. Og enn segir: „Nú æskir sveitarfélag eða samtök sveitarfélaga eftir vinnsluleyfi vegna hitaveituframkvæmda á háhitasvæði í eigu ríkisins, og skal þá ríkinu heimilt að veita slíkt leyfi án sérstaks leyfisgjalds.“ Þannig hafa sveitarfélögin sama rétt og ríkið í þessu efni að öðru leyti en því að ekki er gert ráð fyrir að *sveitarfélag geti komið í veg fyrir hagnýtingu* á háhitasvæði ef það hefur ekki sjálft áhuga eða bolmagn á því að nýta það.

Ástæðan til þess, að þetta frv. var upphaflega samið, var sú, að það kom í ljós þegar kannaður var eignarréttur manna á landi þar sem fyrirhugaðar voru meiri háttar framkvæmdir í *tengslum við jarðhita, að þessir landeigendur* gerðu sér æðiháar hugmyndir um verðmæti þess lands. Þeir reyndust ekki fáanlegir til þess að selja landið á venjulegu gangverði, heldur vildu verðleggja jarðhitann sérstaklega og fá fyrir hann greiðslu sem þessi könnun leiddi í ljós að mundi verða ákaflega há.

Nú er það svo um þennan háhita í iðrum jarðar að það hefur enginn einstaklingur bolmagn til að nýta hann. Hann er hluti af almennum náttúrugæðum Íslands, hann er í eðli sínu eins og sólin, sem skín á okkur og vindarnir, sem leika um okkur, og við höfum ekki aðstöðu til þess að nýta hann nema með ákaflega nákvæmum rannsóknum sem allar hafa verið framkvæmdar af íslenska ríkinu. Og ég hygg að hann verði ekki heldur nýttur, þessi háhiti, nema til komi frumkvæði ríkisins, frumkvæði almannavaldsins. Þarna er um að ræða svo stórfelldar framkvæmdir, svo kostnaðarsamar að slíkt mun ekki gerlegt neinum öðrum aðilum. Ég tel það vera siðferðilega rangt að einstaklingar, sem eiga þetta land, geti skattlagt þjóðarheildina í sambandi við framkvæmdir í þágu þjóðarinnar allrar, hvort sem þar er um að ræða hitaveitur eða hugsanlegan iðnað, en hvort tveggja kemur til greina í sambandi við þessi háhitasvæði. Ég hygg að þótt menn hafi mismunandi skoðanir um eignarrétt almennt, þá séu langflestir ís-

lendingar þeirrar skoðunar að það komi ekki til mála að hægt sé að skattleggja orku af þessu tagi, — orku sem ekki verður könnuð og ekki verður nýtt án þess að fjármunir almannavaldsins komi til, — og þessu þurfi þess vegna að skipa með lögum eins og lagt er til í þessu frv.

Mér hefur virst á undanförnum þingum, þegar um málið hefur verið fjallað, að meiri hluti sé á þingi fyrir samþykkt þessa frv. Iðnn. hv. Nd. hefur, að ég hygg, tvívegis skilað áliti um þetta frv. og meiri hl. n. mælt með samþykkt þess. Hún lagði til minni háttar breytingar sem tekið hefur verið tillit til við flutning þess nú, og ég á von á því að þessi afstaða sé enn óbreytt. Þess vegna geri ég mér vonir um að iðnn. muni geta tekið afstöðu til málsins á tiltölulega skömmum tíma núna, vegna þess að um málið hefur verið fjallað svo ítarlega áður. Það hefur verið sent til könnunar fjölmörgum aðilum. M. a. liggur fyrir álitsgerð frá lagadeild Háskólans um það að þarna séu í engu skert eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, og það er búið að kanna allar hliðar á þessu máli, þannig að nú er ekki um annað að ræða en menn geri upp hug sinn, taki afstöðu.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til 2. umr. og til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Nýting innlendra orkugjafa, þáltill. (þskj. 80). — Ein umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Þegar olíukreppan hófst á síðasta hausti og olía margfaldaðist í verði á skömmum tíma höfðu þeir atburðir veruleg áhrif á afkomu okkar og öryggi. Rekstrarkostnaður skipaflotans jókst stórlega, húshitun með olíu varð margfalt dýrari en áður og viðskiptakjör þjóðarbúsins versnuðu. Margvíslegar ráðstafanir hafa verið gerðar af þessum ástæðum og báru ýmsar með sér að þær hljóta að verða tímabundnar, og þær hafa að sjálfsögðu engan veginn leyst að fullu þann vanda sem að okkur hefur steðjað.

Við íslendingar erum að því leyti margfalt betur settir en ýmsar þær þjóðir, sem fyrir olíukreppunni urðu, að við eigum í landinu orkulindir sem enn eru aðeins nýttar að nokkrum hundraðshlutum. Á ýmsum sviðum geta þessar orkulindir okkar komið í stað innfluttrar olíu og á það ekki síst við húshitun. Tæpur helmingur þjóðarinnar hitar enn híbýli sín með olíu og hefur það fólk orðið fyrir verulegum búsifjum af völdum olíuhækkunarinnar þrátt fyrir ráðstafanir til að jafna þann aðstöðumun. Íslendingar hafa lengi stefnt að því að nota innlenda orkugjafa til húshitunar og annarra hliðstæðra þarfa, en fram að olíukreppunni var talið að þau umskipti tækju alllangan tíma, þar sem hið lága verð á olíu gerði hana samkeppnisfæra, ekki síst við raforku. En með olíukreppunni urðu mjög snögg og stórfelld umskipti.

Hin eðlilegu viðbrögð við slíkum umskiptum hlutu að verða þau að kanna á hvern hátt nýta mætti sem mest hitaveitu og húshitun með raforku. Ég sneri mér því í nóv. í fyrra, meðan ég gegndi störfum iðnrh., til Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen og fól henni að kanna hvernig unnt væri með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa til húshitunar og annarra þarfa í samvinnu við Orkustofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, Hitaveitu Reykjavíkur og aðra opinbera aðila. Í annan stað fór ég þess á leit við Seðlabankann að hafin yrði gerð fjármögnunaráætlunar sem stefndi að sama marki. Ég óskaði eftir því að verkinu yrði hraðað, svo að unnt yrði að leggja framvinduskýrslur um þessar athuganir fram á síðasta reglulegu þingi, og var það gert í fyrravor.

Meginniðurstöður voru þær að það væri mjög hagkvæmt þjóðhagslega að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar. Húshitun með raforku frá virkjun á borð við Sigöldu var talin verða 20—30% ódýrari en hitun með olíu, eftir því hvort um gömul eða ný hús væri að ræða. Talið var að hitaveitur utan Reykjavíkur gætu selt heitt vatn á verði sem gerði upphitun húsa 30—40% ódýrari en olíukyndingu. Talið var í skýrslunni að unnt væri að halda þannig á málum að jarðvarmaveitur yrðu að mestu komnar í full not um áramótin 1976—1977 og unnt yrði að tengja um 80% af fullum rafhitunarmarkaði í árslok 1981. Um rafhitun sagði síðan orðrétt svo í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæður til þess, að ekki er talið að unnt sé að hraða mettun markaðsins umfram þetta, er hin mikla fjárfesting og einnig mannaflaþörf við þessa vinnu, sem að stórum hluta krefst sérhæfðs vinnukrafts. Forsendur aukinnar rafhitunar eru að áfram verði haldið við virkjunarframkvæmdir og rannsóknir á nýtilegum virkjunarstöðum. Einnig er nauðsynlegt að stefna að tengingu alls landsins í eitt kerfi og jafnframt auka öryggi hvers landshluta gagnvart bilunum í raforkukerfinu."

Að öðru leyti mun ég ekki vitna frekar í þessa fróðlegu skýrslu. Hún er tiltæk þm. prentuð sem þskj. 562 á síðasta reglulegu þingi.

Í sambandi við þessa skýrslu lagði fyrrv. ríkisstj. til að Alþ. ákvæði með sérstakri ályktun að gerð yrði ítarleg framkvæmdaáætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Yrði áætlunin miðuð við árlega áfanga og sem mestan framkvæmdahraða og fæli í sér þau markmið sem skýrslan taldi raunsæ. Ætlun ríkisstj. var sú að lögð yrði fram á þessu þingi endanleg áætlun sem næði nokkur ár fram í tímann og fæli í sér jafnt verkþætti sem fjármögnun, þannig að þessi brýnu verkefni gætu haft algeran forgang meðan verið væri að leysa þau. Ég man ekki til þess að á þingi kæmi fram ágreiningur um þessa stefnumörkun, en því miður fór svo að till. var ekki afgreidd. Því olli, eins og allir muna, pólitísk sjálfhelda hér á þingi, auk þess sem þinghaldinu lauk með næsta skjótum hætti.

Eins og ég sagði áðan voru skýrslur þær, sem fram voru lagðar á síðasta þingi, aðeins framvinduskýrslur, og ætlun fyrrv. ríkisstj. var sú að unnið yrði kappsamlega áfram að þessu verk-

efni, eins og ég gat um áðan. En með myndun nýrrar ríkisstj. í sumar virðast þau viðhorf hafa gerbreyst þrátt fyrir fögur almenn orð í stefnuyfirlýsingu. Mér er kunnugt um að núv. hæstv. iðnrh. hefur ekki óskað eftir því að þessum störfum yrði haldið áfram. Síðan núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð hefur ekkert verið unnið að þeirri áætlunargerð, sem ég minntist á áðan, og verður vafalaust ekki gert nema Alþ. taki í taumana. Ég tel þetta mikið alvörumál fyrir þjóðarheildina og ekki síst fyrir þá landshluta sem hafa verið og eru mjög afskiptir á sviði orkumála. Ég er sannfærður um að mikill meiri hluti þjóðarinnar og meiri hluti Alþ. er mér sammála um þessi viðhorf og þyrfti núv. hæstv. ríkisstj. sem fyrst að átta sig á þeim staðreyndum.

Fyrrv. ríkisstj. vann ekki aðeins að áætlunum í þessu skyni, heldur og að framkvæmdum sem miðuðu að því að tengja öll orkuveitusvæði saman, en það er forsenda fyrir því að landsmenn allir geti notið hagkvæmra stórvirkjana. Í tíð fyrrv. stjórnar voru orkuveitusvæðin á Norðurlandi tengd saman, og hygg ég að fáir gagnrýni nú þá framkvæmd þótt lengi væri reynt að hafa hana að spotti af forustuflokki núv. ríkisstj. Á síðasta reglulegu Alþ. var svo samþ. að verja fé til þess að tengja saman Suðurland og Norðurland, en ákvörðun um þá tengingu tók fyrrv. ríkisstj. um leið og hún ákvað að ráðast í Sigölduvirkjun, svo að sem flestir landsmenn ættu kost á orku frá henni. Eftir að Alþ. hafði heimilað fjáröflun um síðustu áramót var hafist handa um lokaundirbúning, gerð hagkvæm kaup á staurum og öðrum búnaði og safnað tilboðum. Allt var undirbúið til þess að hefjast handa um framkvæmdir þann 15. sept. í haust um línulögn frá Andakíl að Laxárvatni, og eins og veðurfar hefur verið í haust væri þessi lína nú trúlega komin langleiðina að Holtavörðuheiði. Hún hefði þá getað verið komin alla leiðina næsta haust og flutt til norðlendinga 10—12 mw. næsta vetur. Síðan átti svo að hækka spennuna til þess að hægt væri að flytja margfalt meira magn þegar Sigölduvirkjun tæki til starfa.

Það fór eins um þessa framkvæmd og áætlunargerðina, ekkert hefur verið gert síðan núv. ríkisstj. tók við völdum. Staurar og annar búnaður liggja á hafnarbökkum. Mjög hagkvæm tilboð hafa verið látin falla úr gildi. Það hefur ekki einu sinni verið staðið í skilum við seljendur á búnaði. Þeir, sem rætt hafa við hæstv. iðnrh., hafa ekki fengið nein skýr svör um það hvort hann vilji hætta við þessa undirstöðuframkvæmd eða ætli að draga hana von úr viti. Það er a. m. k. sýnt að hjá honum er enginn áhugi á því að flýta svo sem unnt er nýtingu innlendra orkugjafa og undirbúa að sem flestir landsmenn eigi kost á orku frá Sigölduvirkjun um leið og hún kemur í gagnið.

Það hefur lengi verið ljóst að erfiðleikar landsmanna í raforkumálum stafa fyrst og fremst af því að fylgt hefur verið þeirri stefnu að hver landshluti ætti að búa að sínu, virkja í heimahéruðum án tengsla við heildarþróun. Þegar íslendingar réðust í fyrstu stórvirkjun sína, Búrfellsvirkjun, sem framleiddi raforku á mjög hagkvæmu verði, áttu landshlutar utan Suðvesturlands engan kost á þeirri orku. Í staðinn var 2/3 af afli Búrfellsvirkjunar ráðstafað til erlends fyrirtækis, Álbræðslunnar í Straumsvík, og samið um fast og afar lágt verð allt til ársins 1997. Þetta verð nemur nú um fjórðungi þess sem talið er eðlilegt rafmagnsverð til orkufreks iðnaðar um þessar mundir. En í krónum talið nemur sá mismunur nærri 1000 millj. kr. á ársgrundvelli. Ef þessi orka væri nú tiltæk landsmönnum á því meðalverði, sem Búrfellsvirkjun fær, væri ekki orkuskortur og ekkert álitamál að rafhitun húsa væri miklu hagkvæmari einstaklingum en húshitun með olíu. Af slíkri reynslu ber landsmönnum og stjórnarvöldum að læra.

Lengi hefur verið um það rætt að Landsvirkjun breytti gjaldskrá sinni til þess að ýta undir húshitun með raforku og auka þannig eðlilegan markað landsmanna fyrir Sigölduvirkjun. Slíkri lækkun var heitið fyrir réttu ári, en síðan hefur ekkert gerst og í síðustu viku heyrðu hv. alþm. hvernig hæstv. iðnrh. svaraði fyrirspurn frá hv. þm. Ingólfi Jónssyni um verðlag á raforku til húshitunar. Þar var ekkert sagt sem hægt var að henda reiður á. Í stað hinnar fyrirheitnu lækkunar á raforku til húshitunar mun nú liggja fyrir ríkisstj. ný ósk frá Landsvirkjun um að hækka raforkuverð enn einu sinni um 25% frá næstu áramótum. Yrði þá heildsöluverð frá Landsvirkjun til íslenskra viðskiptavina sinna komið nokkuð á þriðju krónu fyrir kwst. eða nærri tífalt hærra en raforkan til Álbræðslunnar. Ástæðan fyrir þessum sífelldu hækkunum á raforkuverði Landsvirkjunar er sú að aukinn tilkostnaður fyrirtækisins, aukinn fjármunamyndun og arðsemi verður einhliða á kostnað þeirra íslensku viðskiptavina sem fá aðeins þriðjunginn af aflinu. Hinn erlendi kaupandi býr við fast raforkuverð án tillits til aðstæðna hérlendis, án tillits til þarfa íslendinga. Það er ekki síst af þessum ástæðum sem verð á raforku til húshitunar er ekki í neinu samræmi við eðlilegan tilkostnað.

Ég gat þess í upphafi að það væri mikil efnahagsleg nauðsyn að auka nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttrar olíu. En þetta er einnig öryggismál og sjálfstæðismál. Við kynntumst því í olíukreppunni í fyrra hvernig hún var hagnýtt í pólitískum tilgangi, jafnt af olíuframleiðendum sem fjölþjóðlegum auðhringum. Slíkar aðgerðir geta komið upp á nýjan leik í hinum fjölbreytilegustu myndum. Því er okkur íslendingum það lífsnauðsyn á þessu sviði sem öðrum að verða sem sjálfstæðastir og óháðastir, geta sem mest búið að okkar eigin orkulindum í stað þess að eiga þarfir okkar meira en nauðsynlegt er undir viðhorfum og viðbrögðum annarra.

Síðast en ekki síst ber að nefna það grundvallaratriði að landsmenn allir njóti sömu réttinda og eigi sömu valkosti á sviði orkumála. Því marki verður aldrei náð nema með samtengingu allra orkuveitusvæða. Þá fyrst getur öllum orðið tiltæk sama orka á sama verði. Þá verður unnt að dreifa stórvirkjunum um landið, koma á samrekstri og hámarksnýtingu. Ég er þeirrar skoðunar að slíkar framkvæmdir séu óhjákvæmileg forsenda raunverulegrar byggðastefnu. Komi þær ekki til heldur misræmið áfram að magnast með öllum þeim afleiðingum sem af því hljótast. Núv. ríkisstj. segist fylgja byggðastefnu, en

þau viðbrögð hennar að stöðva verk fyrrv. ríkisstj. á sviði áætlanagerðar og framkvæmda í orkumálum segja því miður allt aðra sögu. Ég vitnaði í upphafi til skýrslu þeirrar sem ég flutti á síðasta þingi um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, en þar var m. a. komist svo að orði um framkvæmdahraða við rafhitun, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæður til þess að ekki er talið að unnt sé að hraða mettun markaðsins umfram þetta er hin mikla fjárfesting og einnig mannaflaþörf við þessa vinnu, sem að stórum hluta krefst sérhæfðs vinnukrafts."

Okkur er öllum ljóst það stórfellda átak sem hér er um að ræða og það mun kosta mjög mikla fjármuni. Til þess þarf verulegan innlendan sparnað og erlendar lántökur. Þessi fjárfesting mun ekki skila arði fyrstu árin, en þeim mun mikilvægari verður arðsemi hennar, jafnt fjárhagslega sem félagsleg, þegar stundir líða fram. Enn fremur verðum við að beina til þessara framkvæmda miklu og sérhæfðu vinnuafli. Einmitt þess vegna er áætlanagerð óhjákvæmileg nauðsyn. Við þurfum að gera okkur nákvæma grein fyrir því hversu miklu fé við getum ráðstafað á hverju ári og hvernig við ætlum að afla þess. Á sama hátt verðum við að fjalla um vinnuaflið. Við þessa áætlunargerð verðum við að sjálfsögðu að taka mið af öðrum athöfnum okkar þannig að ekki verði árekstrar. Á sama hátt verðum við að gera orkuspá sem gerir okkur kleift að tryggja það að orka verði jafnan tiltæk, eftir því sem markaður opnast, og hafi ekki verið ráðstafað til annarra þarfa, þannig að árekstrar hljótist af.

Við flm. erum þeirrar skoðunar að á sviði orkumála verði nýting innlendra orkugjafa í stað innfluttrar olíu hvarvetna um land að hafa algeran forgang og að önnur áform verði að bíða ef þau rekast á þessa brýnu nauðsyn. Þessi þáltill. er flutt til þess að kanna hvort allur þorri alþm. er ekki á sömu skoðun og freista þess að snúa við þeirri öfugþróun sem orðið hefur síðan núv. ríkisstj. tók við.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að till. verði að lokinni umr. nú vísað til hv. iðnn., sem mun að jafnaði fjalla um orkumál af þessu tagi.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur lokið ræðu sinni um till. sem hann hefur flutt ásamt hv. 2. þm. Austf. varðandi nýtingu innlendrar orku. Hann vék að þessu máli og lét fram koma í ræðu sinni að hann harmaði mjög þá stefnubreytingu, sem átt hefði sér stað við myndun núv. ríkisstj. varðandi þennan málaflokk og að þessi till. væri nú fram komin til þess að reyna að fá þeirri stefnu breytt sem ríkisstj. hefði tekið í þessum málum. Það væri dálítið annað, sem nú ætti að gera í þessum hlutum, reyndar væri það nánast ekkert, sem ætti að gera, saman borið við það, sem sú ríkisstj., sem þessi hv. þm. sat í, gerði í þessum stóra málaflokki. Auk þess vék hann að því sérstaklega hver áhugi hans hefði verið á þessum málum og hvað hann hefði látið gera til þess að enn væri hægt að auka á nýtingu innlendrar orku í landinu, og vék að því að hann hefði á síðasta þingi lagt fram skýrslu í þessu máli þar sem fram hefði komið áhugi hans á nýtingu innlendrar orku og hvað hann hefði aðhafst sem þáv. iðnrh.

Ég get ekki stillt mig um að rifja örlítið upp af þessu tilefni störf þessa hv. þm. sem iðnrh. í fyrri stjórn og „þann mikla áhuga" hans á því að nýta innlenda orku. Ég verð að minna á að byggðarlögin hér í kringum Reykjavík hafa lengi horft til Reykjavíkur og forustu Reykjavíkur í þessum málum, og þau höfðu vissulega áhuga á því að fá innlenda orku til upphitunar híbýla sinna og gerðu þess vegna samninga við Hitaveitu Reykjavíkur til framkvæmda í Kópavogi, í Garðahreppi og í Hafnarfirði. Þing eftir þing, þegar þessi hv. þm. var iðnrh., urðu þm. þessa kjördæmis að koma hér á Alþ. með fsp. um hvernig þessum málum væri komið, hvað hæstv. iðnrh. hygðist gera til þess að kleift væri að ráðast í þessar framkvæmdir og hvort hann hygðist standa að þeim gjaldskrárhækkunum sem Hitaveita Reykjavíkur hafði farið fram á til þess að fullnægja skilyrðum í erlendum lánasamningum, en það var grundvöllurinn að því að hægt væri að ráðast í frekari stækkun Hitaveitu Reykjavíkur.

Ég sagði, að það var þing eftir þing sem þm. þessa kjördæmis komu hér upp. Þeir höfðu áhuga á því að nýta innlenda orkugjafa fyrir þau byggðarlög sem þeir voru fulltrúar fyrir, en þeir töluðu hér fyrir daufum eyrum. Hæstv. iðnrh. hafði þá ekki uppgötvað þá miklu hagsmuni, sem þar væru í húfi, enda þótt forustumenn þess byggðarlags, sem hann þá hafði búið í alllengi, hefðu uppgötvað það fyrir mörgum áratugum og íbúar Reykjavíkurborgar notið þess í ríkum mæli.

Þá vil ég enn fremur vekja athygli á því þegar suðurnesjabúar lögðu fyrir ríkisstj. hugmyndir sínar um stofnun hitaveitufélags á Suðurnesjum og ræddu við hæstv. fyrrv. ríkisstj. um þau mál, þá strandaði málið, að ég hygg, hjá fyrrv. hæstv. iðnrh. vegna þess að frumkvæði þeirra þar syðra mátti ekki vera, heldur varð að koma til a. m. k. hlutur ríkissjóðs að helmingi, ef ríkissjóður ætti ekki að eiga þar stærri hlut. Það sýndi sig þar enn á ný hver raunverulegur áhugi þáv. hæstv. iðnrh. var í þessum efnum og þá var komið fram á seinasta árið sem hann gegndi embætti iðnrh.

Það, sem er merkilegast við þetta allt saman, er yfirlýsing ráðh. frá því á þinginu í vor þegar hann talaði fyrir till. þeirri sem ríkisstj. þá flutti í sambandi við skýrslu þá sem hún hafði gefið Alþ. Þá lýsti hann því yfir að þegar orkukreppan skall á hófst hann handa í þessu máli. Þá fyrst gerði hann sér grein fyrir því að það væri hagkvæmt að nýta innlenda orkugjafa, þegar olíukreppan var skollin á. Þessi hans eigin orð sýna betur en nokkuð annað að hér var um að ræða skilningsleysi hans sem ráðh. á þessum málum, enda til viðbótar þeim fsp., sem hér voru bornar fram á Alþ., eins og ég sagði áðan, þing eftir þing, höfðu þm. stjórnarandstöðunnar flutt till. á Alþ. öll þessi þrjú þing um að skora á ríkisstj. að vinna að þessum málum. Á þessar till. var ekki hlustað og þegar kom svo að lokum síðasta þings flutti hæstv. iðnrh. þá till.,

sem hann gat um hér áðan, um frekari nýtingu innlendra orkugjafa.

Þar sem ég hef nú rifjað upp er aðeins frammistaða hans í þessu máli. En mjög gjarnan vill hann í dag láta líta svo út sem mikið hafi verið um aðgerðir af hans hálfu í þessum málum er hann sat á stóli iðnrh., en núv. ríkisstjórn hafi tekið upp allt aðra stefnu. Og hann vék að því að núv. hæstv. iðnrh. hefði stöðvað aðgerðir í þessum málum sem hann hefði sjálfur sett í gang. Ég kannast ekki við að það hafi farið fram nein ákvörðunartaka um að stöðva með einum eða öðrum hætti framkvæmdir í þessum mikilvæga málaflokki, þ. e. a. s. um áframhaldandi og aukna nýtingu innlendra orkugjafa, heldur þvert á móti. Það hefur verið og verður allt gert til þess að koma á frekari nýtingu innlendra orkugjafa og vinna upp það sem niður hafði fallið í tíð fyrrv. ríkisstj.

Og þá vék hann sérstaklega að byggðalínunni og að nú væri það mál stöðvað, staurar látnir liggja og annað eftir því. En þar er enn fremur hægt að víkja að viðskilnaði þess hv. þm. þegar hann vék úr ráðherrastóli iðnrh. Þá var talið að um tæpar 200 millj. kr. þyrfti til framkvæmda á árinu 1974. Hann hafði aðeins tryggt 25 millj. til þeirra framkvæmda. Það hafði farið fram ákvörðunartaka um 40 millj. í viðbót án þess að til þess væri nokkur króna til. Þá skorti enn um 130 millj. til þess að hægt yrði að halda því verki áfram, eins og upprunalega var hugsað að standa að því af fyrrv. ríkisstj. Þannig var nú viðskilnaður þessa fyrrv. hæstv. iðnrh. í sambandi við byggðalínuna. Og þegar orkumálin eru skoðuð í heild með tilliti til veru hv. 3. þm. Reykv. sem iðnrh., þá held ég að það sé allt annað en meðmæli með hans verkum. Ég held að hv. þm. eigi miklu fremur að standa með í þeim aðgerðum, sem standa til, og þeim framkvæmdum, sem unnar verða í sambandi við nýtingu innlendra orkugjafa, en að koma hér í ræðustólinn til þess að reyna að fegra sína fortíð og reyna að telja mönnum trú um að sú ríkisstj., sem nú situr, muni ekkert hugsa sér að gera í þeim efnum.

Ég sagði áðan að eitt af þeim verkefnum, sem núv. ríkisstj. mun leggja höfuðáherslu á, er nýting innlendrar orku og það verður þess vegna að leggja meiri áherslu á þennan málaflokk vegna þess hvernig að honum var staðið í tíð fyrrv. iðnrh.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að leiðrétta nokkrar mjög furðulegar missagnir sem fram komu í ræðu hæstv. fjmrh. Hann hélt því fram að byggðirnar hér í nágrenni Reykjavíkur, þ. e. a. s. Kópavogur, Hafnarfjörður og Garðahreppur, hefðu átt í miklum erfiðleikum vegna þess að ég hefði staðið gegn því að þar yrði ráðist í hitaveitufram-kvæmdir með því að neita Hitaveitu Reykjavíkur um nauðsynlega hækkun á verði á heitu vatni. Þetta er tilhæfulaust með öllu. Hitaveita Reykjavíkur sótti ár eftir ár um hækkanir á heitu vatni og hún sendi til mín aftur og aftur fulltrúa bæði frá Kópavogi og frá Hafnarfirði til þess að mæla eindregið með því að Hitaveitan fengi þessa hækkun, svo að hægt væri að ráðast í framkvæmdir þar sem allra fyrst. En þegar Hitaveita Reykjavíkur var búin að fá þá úrlausn sem hún bað um, þá varð hins vegar minna úr efndunum gagnvart Hafnarfirði. Ég minnist ákaflega vel fundar, sem ég mætti á í Hafnarfirði ásamt bæjarstjórn Hafnarfjarðar og með mér var borgarstjórinn í Reykjavík. Þá var bæjarstjórn Hafnarfjarðar orðið það algjörlega ljóst að það stóð ekki á ríkisstj. í þessu sambandi. Það skorti vilja hjá borgarstjórn Reykjavíkur eins og þá stóðu sakir, og það er ekki hægt að færa nein rök að því að ég hafi á einn eða annan hátt bremsað þessar framkvæmdir. Öllu heldur gerðist það þegar þetta lá fyrir, að ég afgreiddi eina hækkunarbeiðni frá Hitaveitu Reykjavíkur með því skilyrði að staðið yrði við gefin fyrirheit gagnvart hafnfirðingum og ef það yrði ekki gert, þá mundi ég afturkalla þessa hækkun. Þetta þurfti til, til þess að knýja það fram að staðið yrði við þessi fyrirheit.

Hæstv. ráðh. minntist í þessu sambandi á það að Hitaveita Reykjavíkur hefði farið fram á að fá verð í samræmi við arðgjafarskilyrði frá erlendum lánveitendum. Þegar farið var að kanna það mál kom í raun og veru í ljós að einnig þetta var uppspuni með öllu. Það var ekki orð um það í samningi Hitaveitu Reykjavíkur við Alþjóðabankann að sett væru skilyrði um neina tiltekna arðgjöf. Það, sem staðhæft hafði verið um það efni, var tilbúningur frá rótum og það eru vægast sagt undarleg vinnubrögð.

Hins vegar var gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur afgreidd á ákaflega þægilegan hátt fyrir það mikilvæga fyrirtæki. Það var afgreitt á þann hátt að Hitaveitan getur lagt fé í þessar viðbótarframkvæmdir í Kópavogi og í Hafnarfirði og tekið meiri hlutann af því fjármagni, sem til þess þarf, af gjaldi fyrir heitt vatn og þarf því aðeins að taka minni hl. að láni erlendis. Þetta eru betri kostir en ég hygg að nokkur aðili á Íslandi, sem ræðst í meiri háttar framkvæmdir, geti haft. Flestir aðilar, sem ráðast í meiri háttar framkvæmdir, verða að sætta sig við það að taka lán fyrir miklum meiri hluta af þeirri upphæð sem varið er til framkvæmdarinnar. En Hitaveita Reykjavíkur fékk þessa ágætu fyrirgreiðslu, að geta sparað fyrir meira en helmingi af framkvæmdunum, að geta tekið það sem sparnað af sínum árlegu tekjum. Það er mikil fjarstæða að halda því fram að fyrirgreiðsla af þessu tagi beri ekki vott um áhuga á því að þessum málum yrði flýtt og auðveldaði ekki stórlega Hitaveitu Reykjavíkur að geta gert það, enda tel ég það vera hina brýnustu nauðsyn að þeim málum sé flýtt eins og mögulegt er. Þegar ég átti sem iðnrh. umr. um þetta við borgarstjórann í Reykjavík þá kom okkur saman um það að hafa um það fyllstu samvinnu, ef hægt væri, að flýta málum, þá skyldi ég gera mitt til þess að því leyti sem það kynni að koma til kasta ríkisins.

Enn fremur fullyrti hæstv. ráðh. að stofnun hitaveitu á Suðurnesjum hefði strandað hjá mér sem iðnrh. Þetta er algerlega út í hött. Mér finnst að þessi hæstv. ráðh. ætti að kynna sér málefni síns eigin rn. svolítið betur en hann virðist hafa gert, því að umr. um stofnun hitaveitu á Suðurnesjum fóru fram við fjmrn., við það rn. sem

þessi hæstv. ráðh. veitir forstöðu. Það var þar sem unnið var að undirbúningi málsins. Það var aðeins fylgst með af hálfu iðnrn., en allur undirbúningur, allt sem snerti fjármál, var í höndum fjmrn. og hafi eitthvað strandað, þá hefur það strandað þar. Ekki strandaði það á neinu hjá iðnrn.

Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði allt í einu vaknað þegar orkukreppan skall á s. l. haust og gert mér ljóst þá allt í einu að hagkvæmt væri að nýta innlenda orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Þetta hefðu aðrir menn vitað áður, ég hefði ekki vaknað fyrr en þetta gerðist. Þetta er ákaflega mikið fjarstæða eins og annað sem hæstv. ráðh. sagði. Þegar fyrrv. ríkisstj. ákvað að ráðast í Sigölduvirkjun var um leið ákveðið að tengja saman Norðurland og Suðurland til þess að sem stærstur markaður yrði fyrir þessa virkjun, og þá var fyrst og fremst verið að hugsa um hinn stóra húshitunarmarkað sem þar kynni að vera hægt að opna. Landsvirkjun var falið að setja inn í áætlanir sínar um framkvæmdirnar húshitunarmarkaðinn, eftir því sem menn teldu að hann kynni að mettast. Og þetta var gert. Áætlanir Landsvirkjunar voru allar við það miðaðar að tryggja næga orku til húshitunar á öllu þessu svæði. Þetta var ákvörðun fyrrv. ríkisstj. að þannig skyldi haldið á Sigölduvirkjun að orka frá henni færi til húshitunar á svæði, sem mikill meiri hl. þjóðarinnar býr á. Hins vegar var það mat sérfræðinga að þessi húshitunarmarkaður mundi ekki opnast nema á tiltölulega löngum tíma. Þeir einir mundu hafa áhuga á því að taka upp húshitun sem væru að byggja sér ný hús eða nýjar íbúðir og gætu hagað íbúðarbyggingum sínum í samræmi við það. Það var talið að kostnaður við að breyta frá olíukyndingu yfir í rafhitun yrði það mikill að menn mundu ekki telja fjárhagslega hagkvæmt að gera það. Þetta olli því að áætlanir manna um þróun á þessu sviði voru þær að þetta mundi taka alllangan tíma. Það var þetta sem breyttist um leið og orkukreppan skall á. Þá var munurinn svo mikill á því að nýta annars vegar innlenda orkugjafa og hins vegar erlenda, að það var augljóst að það gat svarað kostnaði að nýta raforku einnig í gömlum húsum og íbúðum, enda þótt þar yrði að koma upp nýju hitunarkerfi. Það var þetta sem breyttist með olíukreppunni. Og ég er satt að segja dálítið undrandi á því að hæstv. ráðh. skuli ekki gera sér grein fyrir þessari einföldu staðreynd.

Hæstv. ráðh. hafði uppi almennar staðhæfingar um frammistöðu mína á sviði orkumála þau þrjú ár sem ég gegndi ráðherrastörfum, og ég held að ég fari nú ekki að fara út í neitt almennt pex um þau atriði. Ég hygg, að hæstv. ráðh. þurfi ekki annað að gera en fletta fjárl. í nokkur ár til þess að átta sig á því að í tíð fyrrv. ríkisstj. voru framkvæmdir í orkumálum og framlög til orkumála margfölduð í raunverulegu verðmæti frá því sem var í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Það var unnið samtímis að meiri háttar virkjunum í öllum landshlutum. Það lenti á fyrrv. ríkisstj. að ráðast í Lagarfossvirkjun, þó að lagaheimild væri þar fyrir. Það lenti á fyrrv. ríkisstj. að leysa þann hrikalega vanda sem upp hafði komið á Norðurlandi vegna stefnu viðreisnarstjórnarinnar á því sviði, hinu fræga Laxármáli, sem, ef ekki hefði tekist að leysa það, hefði getað þýtt það að Laxárvirkjun væri ekki enn farin að framleiða orku. Það lenti á fyrrv. ríkisst. að ákveða með brbl. virkjun á Vestfjörðum vegna þess að viðreisnarstjórnin hafði ekki haft fyrirhyggju til þess.

Það hefur aldrei fyrr í sögu íslendinga verið unnið eins mikið að virkjunarframkvæmdum og framkvæmdum á sviði orkumála eins og í tíð fyrrv. ríkisstj. Þar með er ég ekki að segja að nóg hafi verið gert. Því fer fjarri. Orkuskorturinn um allt land sýnir það. En sá orkuskortur er einnig afleiðing af því að eftirspurn eftir raforku varð á þessum þremur árum miklu meiri en áður var. Menn reiknuðu áður með því að eftirspurn eftir orku mundi aukast um svo sem 7% á ári. Það var sá staðall sem stuðst var við í tíð viðreisnarstjórnarinnar. En sú mikla framsókn, sem hófst á öllum sviðum atvinnumála á Íslandi, bætti kjör almennings. Stóraukin notkun heimilistækja m. a. gerði það að verkum að í sumum landshlutum jókst raforkunotkun á einu ári um hvorki meira né minna en 27%, t. d. á Austfjörðum. Og að sjálfsögðu leiddi þetta til þess að allar áætlanir, allar orkuspár, sem miðaðar voru við lægri töluna, reyndust algerlega rangar.

En það sem máli skiptir í þessum efnum er ekki að karpa um liðna hluti, heldur að vinna að því að tryggja að þær orkulindir, sem þjóðin á og eru einhver dýrmætasta eign hennar, nýtist landsmönnum sem best, að þær nýtist fólki um allt land, að menn hafi jafnrétti á þessu sviði. Að því tel ég, að við verðum að vinna skipulega á næstunni og sú till., sem ég flyt ásamt hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, stuðlar að þessu og er áminning um þá till. sem flutt var af fyrrv. ríkisstj. á síðasta þingi.

Hæstv. ráðh. sagði að mér færist ekki að tala um byggðalínuna milli Norðurlands og Suðurlands, ég hefði ekki tryggt nægilegt fjármagn til þeirra framkvæmda. Ég hélt að hæstv. fjmrh. ætti a. m. k. að hafa gert sér grein fyrir því að lágmarksverkefni eins fjmrh. er að útvega þá fjármuni sem Alþ. felur honum að útvega. Síðasta þing heimilaði þáv. fjmrh. að afla fjár til byggingar byggðalínu, 200 millj. kr. Ég undirbjó svo gerð þessarar byggðalínu í samræmi við þetta. Það var ekki mitt að útvega fjármunina, það var hæstv. fjmrh. Og það kom aldrei upp á ríkisstjórnarfundi í tíð fyrrv. ríkisstj. nein till. um að hætta við þessa framkvæmd eða fresta henni. Það var engin ákvörðun hjá fyrrv. ríkisstj. önnur en sú að halda það strik sem tekið var með þessari tillögugerð og þess vegna beitti ég mér að sjálfsögðu fyrir því, að sú n., sem að þessu verki vann, yrði sér úti um efni eftir því sem hún gæti og gerði pantanir sem nema um 70 millj. kr., eins og hæstv. ráðh. minntist á, og nægði til þess að hægt hefði verið að hefja þetta verk 15. sept. í haust. Hafi eitthvað staðið hér á fjármunum þá getur hæstv. fjmrh. deilt um það við félaga sinn, hæstv. samgrh., en a. m. k. eftir 15. sept. hefði það átt að vera verkefni þessa hæstv. ráðh. að útvega fjármuni til þess að hægt væri þó að vinna úr þeim efnivið sem hér lá tilbúinn

á hafnarbökkum og hægt var að hefja framkvæmdir við strax 15. sept. Þetta var ákaflega aðkallandi og brýnt mál, eins og ég hygg að norðlendingar geri sér nú ljóst öðrum mönnum fremur. Mér er fullkunnugt um það að ein sendinefnd af annarri hefur komið frá Norðurlandi og átt viðræður við hæstv. iðnrh. og spurst fyrir um það hvers vegna þessar framkvæmdir séu ekki hafnar, en fengið ákaflega óskýr svör. Og ég veit ekki til þess að fyrir liggi nein yfirlýsing frá hæstv. iðnrh. um að þessi lína verði lögð, þó að ég geri mér sannarlega vonir um það að hin neikvæða afstaða hans komi ekki til með að ráða stefnunni. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. fyrir sitt leyti tryggi það fjármagn, sem ég er viss um að Alþ. ákveður að verja til þessa verkefnis, og hann láti það ekki stranda á einhverju framtaksleysi af sinni hálfu.

En eins og ég sagði áðan, held ég að deilur um fortíðina séu heldur gagnslitlar. Þau verkefni, sem fram undan eru á þessum sviðum, eru óhemjulega stór. Þau eru að mínu mati það brýnasta verkefni sem þjóðin sem heild þarf að einbeita sér að á næstu árum. Ég held að þarna sé um að ræða hreint undirstöðuatriði í efnahagskerfi okkar og orkukerfi og þess vegna þurfum við, eins og við erum menn til, að taka höndum saman, því að ég er sannfærður um að á þessu sviði er um að ræða ákaflega viðtæka þjóðareiningu, samstöðu landsmanna um að við verðum að vera menn til þess að nýta orkugjafa okkar til hlítar til þess að við verðum sem óháðastir innfluttri orku til þess að landsmenn allir geti búið við sem mest jafnrétti.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það mátti heyra á ræðu hv. 3. þm. Reykv. að þau orð, sem ég lét hér falla áðan, komu ekki vel við hann. Ég skil það líka mætavel. Hann vildi gjarnan reyna að láta líta svo út sem ég hafi ekki farið með rétt mál og að hans afstaða í þessum málum öllum hafi verið hin eðlilegasta og það sé ekkert út á það að setja hvernig hann brást við, þegar til hans var leitað í sambandi við nýtingu innlendrar orku.

Hann vék að gjaldskrárbeiðnum Reykjavíkurborgar, og eins og hann orðaði það að það hafi komið til sín sendinefnd eftir sendinefnd og þá úr Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði. Þetta er alveg hárrétt. Sendinefndir frá öllum þessum byggðarlögum fóru til hæstv. fyrrv. iðnrh. Vegna hvers? Halda menn að þeir hafi farið í erindisleysu til þessa ráðh.? Nei, erindi þeirra var að ýta við ráðh., vekja hann til umhugsunar um nýtingu innlendrar orku. (MK: Þetta er úrlausn hjá þér, en ekki hjá Reykjavíkurborg). Úrlausn ráðh. var sú, að 4—5 mánuðum eftir að Reykjavíkurborg hafði beðið um gjaldskrárhækkun, þá var leyfið veitt. En hvað hafði þá skeð í millitíðinni? Hæstv. fyrrv. iðnrh. gerði sér grein fyrir þeirri óðaverðbólgu sem var í landinu. Hann vissi að ef hann dró nógu lengi að svara Reykjavíkurborg, veita umbeðna gjaldskrárhækkun, þá væri arðsemi þessa fyrirtækis komin aftur niður fyrir núll og þess vegna ekki hægt að ráðast í þær framkvæmdir sem Hitaveita Reykjavíkur hafði hugsað sér að gera. Honum er fullvel ljóst að það er skilmáli þeirra samninga sem Hitaveita Reykjavíkur hefur gert í sambandi við lán á alþjóðavettvangi að fyrirtækið skili 7% arðsemi til þess að hægt sé að ráðast í nýjar framkvæmdir. Þannig lék þessi fyrrv. hæstv. ráðh. sér að þeirri óðaverðbólgu sem í landinu var, dró Hitaveitu Reykjavíkur hvað eftir annað á svari og það auðvitað framkallaði allar þær sendinefndir sem voru að ónáða ráðh. í hans ráðherratíð og hann sagði frá hér áðan. Og þegar hann að lokum vaknaði, þá sló hann bara í borðið og sagði við borgarstjórann í Reykjavík: Jæja, nú er ekkert með það, nú fær Hitaveita Reykjavíkur hækkunina, enda standið þið við ykkar samninga. — Menn muna þegar þetta bréf var skrifað, og það hlógu margir þegar hæstv. þáv. iðnrh. skrifaði borgarstjóranum í Reykjavík bréf til þess að reyna að láta líta þannig út að það væri Hitaveita Reykjavíkur sem á hefði staðið, en ekki þáv. hæstv. iðnrh.

Varðandi Hitaveitu Suðurnesja er mér það fullkomlega ljóst að þeir aðilar sneru sér til fjmrn. varðandi þetta mál, varðandi skattlagningu þessa fyrirtækis. Niðurstöðurnar urðu þær hins vegar að ríkið yrði aðili í sambandi við stofnun þessa félags, þar sem þar syðra væri notandi sem ríkið bæri vissa ábyrgð á. Þegar leitað var umsagnar iðnrn. var sagt: Þá verður hér að vera a. m. k. 50% eign ríkissjóðs. — Það var umsögnin og það var það sem kom frá rn. sem aðeins fylgdist með, eins og hæstv. fyrrv. iðnrh. vildi láta líta út áðan.

Hann vék að þeim orðum mínum þar sem ég sagði að hann hefði þá fyrst vaknað þegar orkukreppan skall á. Ég minnti á það sem þessi hv. þm., fyrrv. hæstv. iðnrh., sagði sjálfur og ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa upp hér upphafið að hans ræðu. Hann sagði:

„Í haust, þegar sýnt var hver þróunin væri framundan í olíumálum, þ. e. olíuskortur og mjög stórfelldar verðhækkanir olíu, sem flestir fróðir menn töldu að væru komnar til frambúðar, þótti mér einsætt að okkur íslendingum bæri að endurskoða öll áform okkar um nýtingu innlendra orkugjafa."

Það var ekki fyrr en orkukreppan skall á sem þáv. iðnrh. taldi ástæðu til þess að endurskoða, eins og hann orðar það, —endurskoða öll áform okkar um nýtingu innlendra orkugjafa. Þá var hann búinn að sitja í ráðherrastól í 2½ ár og hafði ekkert gert í því að endurskoða þessi mál, að hann segir hér.

Síðan vék hann að Sigöldu og þeirri virkjun sem þar er unnið að og hver hefði verið hugsun hans í sambandi við Sigölduvirkjun. Það má m. a. benda þessum hv. þm., fyrrv. hæstv. ráðh., á það að hann hugsaði sér að í sambandi við Sigölduvirkjun yrði leitað eftir fyrirtæki sem hér yrði stofnsett, — fyrirtæki sem þyrfti mikla orku. Hann setti þess vegna á stofn n. um orkufrekan iðnað og þegar hann fór úr ráðherrastól stóð til að hans dómi að hér yrði byggð verksmiðja, málmblendiverksmiðja, og það var hans fyrirætlan þegar hann fór úr ráðherrastól. Að sjálfsögðu hugsaði hann sér samtengingu á milli Sigölduvirkjunar og málmblendiverksmiðjunnar sinnar fyrirhuguðu við Hvalfjörð.

Hann vék að byggðalínu og vildi tengja. Jú, það er alveg rétt. Hann hafði stór orð um tengilínu þegar hann tók við og hún skyldi liggja norður yfir allt hálendið. Það var alveg sama hvernig íslensk vetrarveðrátta yrði, þangað skyldi lögð lína, hundurinn norður sem kallaður var, og það hlaut að vera af vonsku fyrrv. iðnrh. að ekki hafði verið lögð lína norður í land til þess að tengja saman raforkukerfið. Þessi lína var ekki byggð í tíð fyrrv. hæstv. iðnrh. Hann komst síðar meir á þá skoðun að fenginni reynslu að hyggilegra væri að standa að byggðalínu, sem meira og minna var vitað að kæmi upp eftir því sem orkuverin yrðu byggð, og kom á seinustu stundu fram með till. þar um. Og hann hafði ekki fyrirhyggju, eins og ég sagði áðan, til þess að tryggja fjármagn í sambandi við þær framkvæmdir. Það lét hann öðrum eftir, eins og hann sagði sjálfur, hæstv. fyrrv. fjmrh. og svo að sjálfsögðu þeim sem tók við af honum.

Ég hjó eftir því í lok ræðu hv. 3. þm. Reykv. að hann vonaðist til þess að þrátt fyrir neikvæða stefnu hæstv. iðnrh. í þessu máli, væri núv. fjmrh. ekki sama sinnis. Ég veit ekki til að hæstv. núv. iðnrh. sé neikvæður í þessu máli, miklu fremur hitt, að hann hefur uppi áform í þessum málum, miklu stærri áform en áður voru hjá fyrrv. ráðh. Við aðrir, sem í ríkisstj. sitjum, erum sammála um það og munum gera okkar til þess að nýting íslenskrar orku verði meiri í framtíðinni en hún hefur verið.

Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði að lokum: Við eigum sjálfsagt ekki að vera að karpa um þessa hluti. En þá veldur sá miklu sem upphafinu veldur.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. úr hófi. Ég er hv. 3. þm. Reykv. sammála um að það er kannske ekki frjótt að vera að deila mikið um fortíðina í þessum málum, raforkumálum. En þar sem hann vék nokkuð að þeim málefnum sem mér hafa verið hjartfólgin á undanförnum þingum, þ. e. a. s. orkumálum norðlendinga, tel ég mér skylt að fara hér nokkrum orðum um og leiðrétta sumt af því sem hann sagði um þau mál.

Þegar þessi hv. þm. varð orkuráðh. árið 1971 var svo ástatt á Norðurlandi að þar stóð deila ein mikil sem menn þekkja gjörla, Laxárdeilan, og hafði komið raforkumálum norðlendinga í nokkurn vanda. Það er rétt sem hann sagði að þessi deila var þess eðlis að það var erfitt að taka á henni, bæði fyrir fyrrv. ríkisstj. og eins á tíma viðreisnarstjórnarinnar. Hins vegar var það svo að hann ákvað einhliða, án þess að hafa samráð við norðlendinga, að leysa raforkumál norðlendinga með því að tengja þá þegar Norðurland við Landsvirkjunarsvæðið, og þessi ákvörðun var tekin þegar ákvörðun var tekin um Sigölduvirkjun. Það var þessi ákvörðun hæstv. ráðh. sem við margir norðlendingar gagnrýndum, ekki vegna þess að við værum mótfallnir tengingu landshluta eins og hann hefur oft haft á orði og látið blöð sín segja frá, heldur vegna þess að við töldum að á undan því að tengja saman landshluta ætti að koma að virkja nokkuð myndarlega á Norðurlandi þannig að það yrði til staðar orka bæði sunnan heiða og norðan til að miðla milli landshluta þegar lína yrði reist. Þá kæmi hún að fullum notum, en fyrr ekki. Enda var það svo að þegar þessi ákvörðun var tekin um að tengja Norðurland og Suðurland, þá var því miður engin rannsókn til á því hvernig fara mundi um línu milli þessara landshluta. Það var engin rannsókn til á því hvernig hanna ætti línu yfir hálendið, — upphaflega var ætlunin að línan lægi yfir hálendið, — og heldur engin önnur rannsókn til á þessari tengingu. Ef hæstv. ráðh. hefði farið að ráðum flestra forustumanna norðlendinga á þeim tíma þegar hann tók við orkumálum í sínu rn., hefði hann hafið þegar undirbúning að virkjun á Norðurlandi, t. d. gufuvirkjun sem þá voru þegar til skýrslur um að væru mjög jákvæðar virkjanir, og þá hefði verið allt öðruvísi um að litast á Norðurlandi í orkumálum. Þá hefði t. d. ekki verið skorin niður fjárveiting til þess að rannsaka Kröflu árið 1972 og 1973 eins og gerðist í hans ráðherratíð. Ef áhersla hefði verið lögð á þetta af hæstv. fyrrv. iðnrh. og hæstv. fyrrv. ríkisstj. hefði verið farin sú leið að virkja á Norðurlandi og tengja síðan Norðurland og Suðurland saman til þess að ná mætti ákveðinni hagkvæmni með því að miðla orku milli landshluta. Þetta er í stórum dráttum sá ágreiningur sem verið hefur á milli forustumanna norðlendinga og hæstv. fyrrv. ráðh. orkumála, hv. 3. þm. Reykv.

Ég taldi nauðsynlegt að rifja þetta upp vegna þeirra ummæla hans sem hér hafa fallið. Hann vill svo vera láta að nú stafi höfuðvandinn í orkumálum norðlendinga af því að mér skilst, að það hafi ekki verið hafist handa um byggðalínu en það hafi verið hægt að byrja á henni 15. sept. Nú er 4. des. Þarna er sem sagt þessi tími sem hæstv. ráðh. telur að hafi farið forgörðum í að reisa línu milli landshluta sem á að hafa ráðið úrslitum um það að þegar hefur verið stórfelldur orkuskortur á Norðurlandi. Það er fyrirsjáanlegt, að það tekur a. m. k. 2 ár að koma þessari línu upp. A. m. k. eru margir sérfróðir menn þeirrar skoðunar að það verði ekki minna en 2 ár sem taki að koma þessari línu upp, en hv. 3. þm. Reykv. telur að þessar fáu vikur, sem hann segir að hafi farið forgörðum í framkvæmd þessa verks, séu höfuðvandinn í dag.

Það mætti kannske út af þessu benda á það að þegar hæstv. fyrrv. orkuráðh. lét af embætti hafði hann ekki gert ráðstafanir til þess að það væri aðili til sem gæti staðið að framkvæmd þessa máls. Það var að vísu til n., sem hann hafði sett á laggir, sem átti að annast ýmislegt í sambandi við línuna, annast yfirumsjón með hönnun línunnar, efnispöntun og annað slíkt. Vitanlega gat sú n. ekki staðið að framkvæmd þessa verks. Ég vil benda hv. 3. þm. Reykv. á að það var fyrst í tíð núv. hæstv. ríkisstj. að Rafmagnsveitum ríkisins var falið formlega að annast þetta verk, og mér vitanlega hefur ekki verið tekin nein neikvæð afstaða til þessa verks nú, einfaldlega af þeirri ástæðu, að tíminn til að afla norðlendingum orku á annan veg er farinn forgörðum. Ég fæ ekki betur séð en það þurfi, jafnvel þótt mönnum þyki ýmislegt að þessu verki, að fara ofan í saumana á því hvort það sé ekki algerlega nauðsynlegt samt sem áður. Og

ég vænti þess að hæstv. orkuráðh. hafi þegar látið athuga það.

Ég segi enn og aftur, það hefði verið æskilegra að fara þá leið að virkja á Norðurlandi fyrst en tengja síðan þessa landshluta saman. Þá hefði m. a. verið hægt að kanna það, með hvaða hætti það hefði verið hagkvæmast. Ég veit ekki til þess að þeirri spurningu hafi verið svarað hvort það hefði verið æskilegra að fara öræfaleiðina svonefndu, ef svo hefði verið að staðið að næg orka væri fyrir hendi á Norðurlandi. Það liggur í augum uppi að það hefði verið miklu ódýrara fyrir alla aðila og þjóðina í heild að fara þá leið. En ég veit ekki til þess að þeirri spurningu hafi nokkurn tíma verið svarað hvort það hefði verið tæknilega hægt, hvað það hefði kostað í samanburði við byggðalínuna.

Ég vil hins vegar að lokum, til þess að forðast misskilning, enn undirstrika að það hefur ekki mér vitanlega verið tekin nein neikvæð afstaða gegn byggðalínu á því stigi sem nú er í okkar orkumálum, einfaldlega vegna þess að við höfum e. t. v. ekki annarra kosta völ til þess að afstýra stórfelldum vanda á Norðurlandi, stórfelldum orkuskorti sem er einfaldlega vegna þess að röng ákvörðun var tekin eftir lausn á viðkvæmri deilu. Ég veit að ráðh. var vandi á höndum, en hann tók því miður ranga ákvörðun í þessum efnum þegar hann var orkuráðh., og þar af er meginvandi okkar norðlendinga í orkumálum.

Flm. (Magnús Kjartansson): Mér er það ljóst, hæstv. forseti, að ég á ekki rétt til að halda hér neina ræðu. Þegar þessar almennu umr. eru hafnar af fullum krafti, er ég búinn að nýta þann ræðutíma sem þingsköp skammta mér og ég skal ekki hafa hér mörg orð.

Það er staðreynd, sem enginn getur borið á móti, að það var ekki hafist handa um byggðalínuna þegar öll skilyrði voru til þess að hægt væri að hefja verkið, 15. sept. í haust. Síðan eru 2½ mánuður liðinn. Ef unnið hefði verið að verkinu þá telja fróðustu menn að þessi lína væri komin frá Andakíl langleiðina norður á Holtavörðuheiði og að þá væri algjörlega öruggt að þessi lína gæti flutt orku norður fyrir næsta vetur. Það er ákaflega mikilvægt atriði fyrir Norðurland að þetta takist. En fyrst ekki var ráðist í þetta verkefni er mikil hætta á því að þetta geti ekki tekist. Þeir menn, sem komu í veg fyrir það að hafist væri handa, bera að sjálfsögðu þá ábyrgð.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni að ég hafi ekki falið Rarik að sjá um framkvæmd verksins. Það var ég búinn að gera löngu áður en ég hætti störfum sem ráðh. Það er ekkert sem arftaki minn hefur þar gert.

Hann minntist á það að rannsóknir í sambandi við Kröflu hefðu gengið of hægt. Það má kannske segja það. Hins vegar er það staðreynd að fé til rannsókna og rannsóknir allar voru margfalt meiri í tíð fyrrv. ríkisstj. en þær voru í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Það tókst að afla miklu meiri fjármuna en áður og rannsóknir voru stundaðar að miklu meira kappi. Um leið og áætlanirnar um Kröflu lágu fyrir, flutti ég hér á þingi frv. um heimild til að virkja við Kröflu, og um leið og frv. hafði verið gert að lögum skipaði ég sérstaka n. til að vinna að framkvæmd málsins. Þar er um að ræða algeran hámarkshraða. Ég kannast ekki við að unnið hafi verið á þennan hátt að öðrum hliðstæðum verkefnum. En það var að sjálfsögðu gert vegna þess að mér var ljóst að þessu verki þurfti að flýta eins og hægt væri.

Ég held að ég svari ekki hæstv. fjmrh. að öðru leyti en því sem hann stóð hér í þessum ræðustól og sagði um mig í sambandi við hitaveitu í Kópavogi og Hafnarfirði: Honum var ljóst að óðaverðbólga mundi eyðileggja þessi áform. Hann hagnýtti óðaverðbólguna til þess að koma í veg fyrir að hægt væri að ráðast í þessar framkvæmdir. — Þessi hæstv. ráðh. heldur því þannig fram að ég hafi ekki viljað að lögð yrði hitaveita í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðahreppi. Hæstv. ráðh. veit að sjálfsögðu að þessu trúir ekki nokkur maður, engu frekar en menn mundu trúa því ef ég væri að bera eitthvað slíkt upp á ráðh. Við getum deilt um það hvort við beitum réttum eða skynsamlegum vinnubrögðum við verkefni okkar, en að halda því fram að menn geri sér vitandi vits leik að því að koma í veg fyrir þjóðnýtar framkvæmdir, það er svo mikil firra að það er ekki sæmandi hæstv. ráðh. að vera með málflutning af þessu tagi.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hv. 3. þm. Reykv., hæstv. fyrrv. iðnrh., sagði um byggðalínuna og ákvörðun sína um að fela Rafmagnsveitum ríkisins framkvæmd í því máli, hann hefði fyrir löngu verið búinn að fela Rafmagnsveitum ríkisins framkvæmdir. Ég trúi því illa að hæstv. núv. iðnrh. hefði skrifað bréf í síðasta mánuði til Rafmagnsveitna ríkisins til þess að fela þeim þessar framkvæmdir ef í iðnrn. lægi bréf frá fyrrv. ráðh. um að Rafmagnsveitur ríkisins skyldu hafa þessa framkvæmd með höndum. Það má sjá í því fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir að til byggðalínunnar eru áætlaðar 250 millj. kr. Þegar fjárlagafrv. verður hér til endanlegrar afgreiðslu kemur að sjálfsögðu til ákvörðunar Alþ. að segja til um, með hvaða hraða skuli fara í áframhaldandi framkvæmdir, og fjármögnun því miðuð við það.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Hér hafa nú farið fram býsna athyglisverðar umr. og ætla ég ekki að fara að bræta við stuðningsmenn ríkisstj. um öll þau atriði sem hafa komið fram og vissulega væri ástæða til þess að víkja að, heldur ætla ég mér aðeins og vekja athygli á nokkrum mikilvægum atriðum þessa máls.

Í fyrsta lagi hafa hér farið fram nokkrar umr., aðallega á milli hæstv. fjmrh. og 3. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, varðandi nýtingu á jarðvarma, einkum hér suðvestanlands. Hæstv. fjmrh. vildi halda því fram að 3. þm. Reykv. og fyrrv. ríkisstj. hefðu torveldað framkvæmdir í hitaveitumálum á undanförnum árum, m. a. með því að heimila ekki Hitaveitu Reykjavíkur að hækka hitaveitugjöld nægilega mikið. Í þessum umr. gat hv. 3. þm. Reykv. þess að þannig væri nú

ástatt að Hitaveita Reykjavíkur hefði búið við slík rekstrarskilyrði að hún hefði haft í hreinan rekstrarafgang helming af öllu því framkvæmdafé, sem hún hefur þurft á að halda til þeirra stórframkvæmda, sem hún hefur unnið að. Hverju svaraði hæstv. fjmrh. þessu? Ekki einu einasta orði. Enda var auðvitað best fyrir hann að svara engu af því að hann veit að hann getur ekki borið á móti því að þetta er þannig. Hitaveita Reykjavíkur hefur á þessum árum verið rekin með stórkostlegum gróða og hún hefur því getað lagt fram í beinan stofnkostnað til þeirra framkvæmda, sem legið hafa fyrir, miklum mun meira af árlegum tekjum sínum en nokkurt annað fyrirtæki í landinu getur til slíkra framkvæmda. Hins vegar hafa forstöðumenn Reykjavíkurborgar í sífellu farið fram á hækkun á hitaveitugjöldum og beinlínis ætlast til þess að árlegur tekjuafgangur Hitaveitunnar væri svo mikill að hann dygði til allra stórframkvæmda. Þeim, sem stjórna Hitaveitu Reykjavíkur, var margsinnis bent á að það væri ekki einasta að afkoma fyrirtækisins væri óvenju góð, heldur stæði fyrirtækinu einnig til boða að taka lán með eðlilegum hætti til þeirra framkvæmda sem fyrir lágu. Það stóð því ekki á neinum nema þeim sem stjórnuðu Hitaveitu Reykjavíkur á þessum tíma, varðandi þær stofnframkvæmdir sem fyrir lágu. Þetta veit hæstv. fjmrh. mætavel.

En á þessum tíma, þegar þetta gerðist, var annað að gerast í íslenskum stjórnmálum. Þá lá Sjálfstfl. sérstaklega á að reyna að spana upp allt verðlag í landinu eins og hann mögulega gat. Því var það að forustumennirnir í Reykjavíkurborg með stuðningi núv. hæstv. fjmrh. og annarra af forustumönnum Sjálfstfl. lágu á því lúalagi að heimta hækkanir á hækkanir ofan og óskapast svo í Morgunblaðinu á eftir að það væri óskapleg dýrtíð sem gengi yfir í landinu. Þetta voru þeirra vinnubrögð. Dag eftir dag kom þetta fram. Nú er kominn þeirra tími. Nú geta þeir hækkað hitaveitugjöldin daglega. Af hverju gera þeir það ekki, svo að Hitaveitan hafi nægilega peninga milli handa? Hún gæti jafnvel tekið að sér að byggja allar hitaveitur í landinu fyrir þá sem ætla að ráðast í hitaveitufram kvæmdir bara af sínum árlega gróða. Af hverju er þessi leið ekki farin? Nei, það liggur alveg óumdeilanlega fyrir að það eru staðreyndir málsins að Reykjavíkurborg hafði samið við nálæg byggðarlög um að taka að sér að koma upp hitaveitum fyrir þessi byggðarlög, en Reykjavíkurborg stóð ekki við þessa samninga þó að hún hefði öll skilyrði til þess að gera það. Þetta er auðvelt að sjá fyrir hvern og einn hv. þm. sem nennir að hafa fyrir því að líta á reikninga Hitaveitunnar, skoða þær tölur sem þar liggja fyrir um afkomu hennar.

Þetta var annar hluti þeirrar deilu sem hér hefur átt sér stað. Hæstv. fjmrh. hélt því fram að fyrrv. ríkisstj. og þá sérstaklega hv. 3. þm. Reykv., sem var orkumrh. í þeirri ríkisstj., — að sú ríkisstj. og sá ráðh. hefðu komið í veg fyrir nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar hér á Suðvesturl. Það er fjarri því að ég sé búinn, herra forseti (**Forseti**: Ég vil aðeins beina því til hv. þm. hvort hann eigi langt mál eftir, því að fyrirheit höfðu verið gefin um að fundi skyldi ljúka kl. 4.) Ég er rétt að byrja, en er ekki hægt að fá að tala svolitið lengur. (**Forseti**: Þá verður að fresta fundi.) Er það alveg nauðsynlegt? (**Forseti**: Já.) Jæja þá verð ég að sjálfsögðu við því, en ég held mínu máli áfram síðar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 17. fundur.

Fimmtudaginn 5. des., kl. 2 miðdegis.

Málmblendiverksmiðja á Grundartanga í Hvalfirði, fsp. (þskj. 22). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Það er nokkuð umliðið síðan þessi fsp. var borin fram, og tilganginum með henni hefur í raun og veru verið náð. Það var haldinn fundur á Leirá í gær, — fundur sem heimamenn þar um slóðir höfðu lengi beðið eftir. Sá fundur var tvímælalaust sögulegasti fundur sem lengi hefur verið haldinn í Borgarfirði. Það, sem þarna gerðist, var það að formælendur málmblendiverksmiðju, tveir ráðh., seðlabankastjóri, forstjóri Heilbrigðiseftirlits ríkisins og tveir aðrir sérfræðingar fóru hinar herfilegustu hrakfarir fyrir andstæðingum verksmiðjunnar, heimamönnum og einnig þeim mönnum, sem voru komnir nokkuð langt að til þess að segja sína reynslu af fyrirtæki eins og þessu, tveimur ágætum mývetningum.

Ég held að það fari ekki á milli mála lengur að borgfirðingar frábiðja sér málmblendiverksmiðju. Það leikur ekki nokkur vafi á því eftir þennan fund. Ég vænti þess, að viðkomandi ráðherra hagi sér í samræmi við það, dragi réttar ályktanir af þessum fundi og hætti við þetta verksmiðjubrölt þar efra.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég tel mér skylt að gera grein fyrir því hvað hv. þm. spyr um, því að hann gerði það ekki sjálfur. Hann spyr: „Hvernig stendur á því, að á sama tíma og ríkisstj. ræðir aftur og aftur við bandarískan auðhring um að reisa málmblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði lætur hún alveg hjá líða að bera mál þetta undir það fólk sem byggir sveitirnar í grennd við Grundartanga?“

Þegar hv. þm. Jónas Árnason leggur fram þessa fsp. er auðvitað hverjum hv. þm. ljóst að henni er ekki fyrst og fremst beint til mín, heldur til fyrrv. iðnrh. sem hefur haft með höndum og undirbúið þessa málmblendiverksmiðju um þriggja ára skeið. Það er ljóst að í þessari fsp. felst ádeila á fyrrv. iðnrh. fyrir það að hann hafi ekki haft samband við fólkið, sem byggir sveitirnar, meðan hann hafi aftur og aftur verið að ræða við bandarískan auðhring.

Þó að ég telji ekki sérstaka ástæðu til að blanda mér í innanflokksdeilur þeirra Alþb.-manna né taka sérstaklega upp hanskann fyrir hæstv. fyrrv. iðnrh., sem þessi hv. þm. og sumir forsvarsmenn hans hafa ráðist mjög á að undan-

förnu og ekki síst á þeim fundi, sem hv. þm. minntist á í Leirár- og Melasveit í gær, tel ég þó rétt að rekja það sem fundist hefur í gögnum málsins um undirbúning og viðræður við fólkið sem byggir sveitirnar.

Þess er þá fyrst að geta að 28. sept. 1971 skipaði Magnús Kjartansson iðnrh. nefnd til að hafa á hendi viðræður við erlenda aðila sem áhuga hafa á þátttöku í orkufrekum iðnaði ásamt íslendingum. Verkefni n. var fyrst og fremst að kanna hvaða nýr orkufrekur iðnaður gæti helst komið til greina hér á landi sem gæti nýtt orku frá Sigölduvirkjun og tryggt henni fjárhagslegan grundvöll.

Eftir ítarlegar athuganir varð niðurstaðan sú að n. taldi hagkvæmast á þessu stigi að byggð yrði verksmiðja til framleiðslu á járnblendi eða ferrosilicon í samvinnu við og með eignaraðild bandarísku fyrirtækisins Union Carbide Corporation. Með bréfi 18. jan. 1973 lagði fyrirtækið fram ákveðna viljayfirlýsingu um að það vildi standa að byggingu ferrosilicon-bræðslu í samstarfi við íslensku ríkisstj. sem minnihlutaaðili. Gengið var frá viljayfirlýsingu 20. júlí 1973 frá fulltrúum fyrirtækisins og viðræðunefnd. Sú yfirlýsing var að sjálfsögðu háð samþykki ríkisstj. og stjórnar Union Carbide.

Á ríkisstjórnarfundi 7. ágúst 1973 samþ. ríkisstj. að heimila n. að halda áfram að undirbúa drög að samningi um stofnun ferrosiliconbræðslu í samræmi við meginatriði viljayfirlýsingarinnar. Var síðan unnið að gerð samningsuppkasts og í lok febr. 1974 skilaði viðræðunefnd um orkufrekan iðnað skýrslu til ríkisstj. um slíka bræðslu í Hvalfirði.

Eftir að sérfræðingar höfðu kannað málið og gert till. um að verksmiðjunni yrði valinn staður við Grundartanga í Hvalfirði, var af samgrn., sem hefur með hafnarmál að gera, skipuð nefnd til þess að hafa með höndum lokarannsóknir og skipulag iðnaðarsvæðis á þessum stað. Þessi n. rn. var skipuð 3. sept. 1973. Í n. voru skipaðir Ólafur S. Valdimarsson skrifstofustjóri, form., Daníel Ágústínusson, Akranesi, Gylfi Ísaksson bæjarstjóri, Akranesi, Sigurður Sigurðsson oddviti, Stóra-Lambhaga, Skilmannahr., og Vilhjálmur Lúðvíksson efnafræðingur í Reykjavík. Þessi n. kannaði nokkuð þessi mál og voru í framhaldi af þessu viðræður við bændur á þessu svæði 7. des. Viðræður munu því hafa átt sér stað við hlutaðeigandi bændur í desembermánuði.

Þetta er það helsta, sem fyrir liggur að því er þetta mál snertir, að viðbættu því að hæstv. núv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, ræddi um þessar mundir einnig sérstaklega við eigendur Grundartanga.

Eftir stjórnarskiptin, þegar tekið var að ræða þetta mál að nýju, stofnun málmblendiverksmiðju, taldi ég fyrir mitt leyti sjálfsagt að við fyrsta tækifæri yrði málið kynnt fyrir íbúum á þessu svæði og hafnar við þá viðræður, sem höfðu verið mjög af skornum skammti þangað til.

Niðurstaðan varð sú að hæstv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, og ég, ákváðum að boða til fundar með héraðsbúum og var sá fundur haldinn í gær í félagsheimili Leirár- og Melasveitar. Ég hafði stungið upp á því við oddvita Skilmannahrepps, þar sem umrædd jörð liggur, að fundurinn yrði haldinn þar í sveit, en niðurstaðan varð sú hjá hreppsnefndarmönnum þar að halda hann heldur að Leirá.

Þessi fundur var hugsaður þannig að það væru fyrst og fremst fjögur sveitarfélög, þ. e. Skilmannahr., Innri-Akraneshr., Strandarhr. og Leirár- og Melasveit, þ. e. a. s. byggðirnar sunnan heiðar, sem þarna yrði við rætt, ásamt Akraneskaupstað. Við boðuðum þennan fund sem almennan kynningarfund þar sem öllum var heimill aðgangur, og var ákveðið að að loknum þeim fundi mundum við síðan ræða við sveitarstjórnarmenn úr þessum fimm byggðarlögum sem ég nefndi, auk sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu, Náttúruverndarnefnd Borgarfjarðarsýslu og hreppsnefndarmenn og sýslunefndarmenn úr Kjós og af Kjalarnesi.

Á þessum fundi í gær, sem hófst kl. 14, fluttum við Halldór E. Sigurðsson inngangserindi til að kynna málið. Með okkur voru í ferð þrír menn, sem allir hafa mikinn kunnugleika á þessum málum, til þess að gera grein fyrir málinu og svara fsp. Það var form. stóriðjunefndar, dr. Jóhannes Nordal, það var yfirmaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Baldur Johnsen, og það var dr. Gunnar Sigurðsson verkfræðingur, sem hafði haft með höndum hönnun og undirbúning hafnargerðar. Á þessum fundi urðu miklar umr. og stóð hann frá kl. 2 í gær til kl. 9.30 í gærkvöldi.

Þessi fundur varð með nokkuð öðru sniði en fundarboðendur og heimamenn höfðu gert ráð fyrir og búist við. Það má vafalaust til sanns vegar færa hjá hv. þm. Jónasi Árnasyni að þetta hafi verið sögulegasti fundur sem haldinn hafi verið í Borgarfirði um langt skeið eða kannske svo lengi sem elstu menn muna. Svo er nefnilega mál með vexti að þessi hv. þm. ásamt öðrum þm. sama flokks, Stefáni Jónssyni, 5. þm. Norðurl. e., höfðu haft nokkurn viðbúnað og liðsafnað, en hafa ekki treyst nægilega á stuðning og fylgi og fundarsókn sinna manna úr héraði, höfðu því landið allt undir og buðu gestum bæði úr Mývatnssveit, Reykjavík og víðar að. Ýmsir þessara gesta tóku til máls á þessum fundi og það með þeim hætti að ræðumenn utan þessara byggðarlaga, sem ég nefndi, voru þar í miklum meiri hluta. Vegna þess að fundurinn stóð svo lengi vegna þessara sérkennilegu aðgerða þm. var ekki unnt fyrir sveitarstjórnarmennina úr hinum ýmsu byggðarlögum, sem þarna voru mættir, að vera þar lengur og varð því að fresta þeim fundi sem við ráðh. höfðum ætlað að halda með fulltrúum íbúanna á þessu svæði sérstaklega, hinum kjörnu fulltrúum, og verður hann haldinn síðar.

Það er svo ekki ástæða til þess, enda tíminn á þrotum eða búinn, að elta ólar við fullyrðingar hv. þm. um þær herfilegu hrakfarir sem við hæstv. samgrh. og þessir 3 sérfræðingar hafi beðið á þessum fundi. En sem sýnishorn af þeim málflutningi, sem þessir boðsgestir Jónasar Árnasonar og Stefáns Jónssonar höfðu, vil ég nefna það að einn þeirra, sem raunar hefur oft látið til sín heyra í Þjóðviljanum áður, skýrði borgfirðingum frá því, að þingeyingar eða mývetningar hefðu lært það af reynslunni að ráðamenn á Íslandi og embættismenn skildu aðeins eitt mál og það væri mál sprengjunnar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Láta mun nærri að hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen hafi kynnt borgfirðingum málefni málmblendiverksmiðjunnar með álíka sannindum í gær eins og hann fullyrti það nú að við Jónas Árnason hefðum smalað slíku fjölmenni á fund þennan úr Reykjavík og víðs vegar af landinu að tæpast hefði verið mögulegt fyrir heimamenn að komast þar að. Það er satt, að við létum mývetninga vita af því að þessi fundur yrði haldinn uppi á Leirá og fjallaði um stóriðju, og það kalla ég fundarsókn að þeir komu að norðan til að segja frá reynslu mývetninga af sambærilegri stóriðju heima hjá þeim.

Ég hygg að þótt hæstv. iðnrh. og hæstv. samgrh. hefðu fengið þessa 7 klukkutíma til að skýra málefni málmblendiverksmiðjunnar fyrir heimamönnum þarna efra, hefðu þeir kannske orðið litlu nær. Svörin, sem þeir gáfu við spurningum varðandi þessa málmblendiverksmiðju, voru ýmist loðin, engin eða ósönn.

Það kalla ég loðin svör þegar ekki fæst upp úr hæstv. iðnrh. svar við þeirri spurningu, hvaðan hann hefði þær upplýsingar að engin mengun stafaði frá þessari fyrirhuguðu verksmiðju. Það kalla ég ósönn svör þegar sérfræðingur hans svaraði því til að hvorki væri hætta á kvikasilfurs- né blýmengun frá útblæstri þessarar verksmiðju. Að vísu vitnuðu þeir í forstjóra Union Carbide sem hefði fullyrt að frá þessari verksmiðju yrði bókstaflega engin mengun.

Ekki fengust heldur svör við þeirri spurningu til hæstv. iðnrh. hvernig framkvæmdum yrði hagað í sambandi við stofnun þessarar verksmiðju. Hann hafði áður gefið í skyn að þá fyrst yrði sótt um leyfi til heilbrigðisyfirvaldanna fyrir þessari verksmiðju þegar búið væri að samþykkja stofnunina á Alþ., búið að gera samninginn við Union Carbide og stofna hið innlenda fyrirtæki um þessa verksmiðju.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram um fund þann sem haldinn var upp í Borgarfirði í gær, þykir mér rétt að undirstrika það, að ég tel að borgfirðingar muni hér eftir sem hingað til geta ráðið sínum málum sjálfir og þurfi ekki að stefna til þeirra mönnum norðan úr landi til þess að gefa þeim upplýsingar sem svo engar voru nema öfgar. Ég tel það ekki neinar upplýsingar að gagni fyrir borgfirðinga þó að fyrrv. oddviti þeirra mývetninga, sem hauðst til að gefa ráð, skýrði frá því að í hans heimabyggð, sem hann hefur stjórnað síðasta kjörtímabil, væri svo komið að ungmennafélagið væri klofið, karlakórinn hefði lagst niður og hann sjálfur fallið sem oddviti. Ég held að þeim heimamönnum í Borgarfirði hafi ekki fundist þetta stórkostlegar upplýsingar, enda bauðst hann til að svara spurningum, ef menn yrðu til að spyrja. Einn spurði um það atriði hvort kísilgúrverksmiðjan hefði haft þau áhrif sem hann þarna lýsti. Og við því gaf hann ekki svar. Ég hef líka sannanir fyrir því að þessi sami maður hafi á öðrum fundi hælt kísilgúrverksmiðjunni alveg sérstaklega og forustumönnum hennar, en þá var hann norðan heiða.

Ég held því að það sé rétt hjá hv. 5. þm. Vesturl. að þessi fundur hafi verið sérkennilegur og sérstæður einmitt vegna þeirrar smalamennsku sem átti sér stað af hans hendi um menn utan héraðs. Til þessa hefur hv. 5. þm. Vesturl. mætt á fundum í héraði án þess að hafa slíka smalamennsku. Hann hefur haft venjulega tilfærslu innan kjördæmisins en ekki seilst svo langt sem hann gerði þarna. Segi ég, að nú er Bleik brugðið fyrst sótt er lið svo langt að.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Þá reynir á karlmennsku og drengskap manna þegar þeir hafa beðið ósigur. Halldór E. Sigurðsson stendur hér upp til þess að ráðast á Sigurð bónda á Grænavatni Þórisson með dylgjum sem hann leyfði sér ekki að hafa uppi á fundinum á Leirá í gær, þar sem Sigurður Þórisson var sjálfur viðstaddur. Ég tel það líka nokkur tíðindi að þegar Halldór E. Sigurðsson ráðh. leyfði sér að hafa í frammi slíkar dylgjur með vægast sagt ósmekklegum hætti, þá hlær ríkisstjórn Íslands, hlær að manni sem er hvergi nærstaddur og hefur enga möguleika til að svara fyrir sig. Þetta er táknrænt, satt að segja, um ástandið í þessu máli og fjöldamörgum öðrum hjá okkur í dag, hvað valdamenn eru komnir óralangt frá Sigurði bónda á Grænavatni og fleiri slíkum. En það skal Halldór E. Sigurðsson vita að sá hlátur, sem honum tókst að vekja hjá ríkisstj. Íslands hér í dag, á eftir að bitna á honum sjálfum þegar hann kemur upp í Vesturlandskjördæmi.

Iðnrh. leyfði sér að halda því fram að annar þessara mývetninga hafi sagt að valdamenn á Íslandi skildu ekkert nema sprengjuna. Báðir þessir menn gerðu rækilega grein fyrir því hvers vegna mývetningar sáu sig tilneydda að ryðja burt því mannvirki sem þeir sprengdu úr Laxá til þess að eðlilegur samgangur yrði þar á milli ár og vatns, eðlileg tengsl yrðu aftur í því lífkerfi sem búið var að rjúfa með þessu mannvirki. Þeir gerðu þetta ekki fyrr en í fulla hnefana, þegar valdamenn höfðu þrjóskast við langa lengi að verða við bón þeirra um að ræða við þá.

En hér er ein spurning, sem borin var fram í gær, en hvorugur þessara ráðh. svaraði: Þegar það nú liggur fyrir að afstaða manna þar efra til þessarar verksmiðju er sú sem hún er, þá væri fróðlegt að heyra hvað verður gert ef systkinin á Klafastöðum (en þar á verksmiðjan að rísa, í landi Klafastaða, og eflaust að taka einhverja skika af næstu jörðum líka), ef þetta fólk neitar að fara, ef það situr sem fastast og neitar að fara? Ætlar þá ríkisstj. Íslands að senda á vettvang menn til þess að ryðja því burt svo að jarðýtur Union Carbide geti komist að?

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði í sambandi við jörðina Klafastaði, þá skýrði ég frá því á fundinum í gær, sem ég hafði áður skýrt frá opinberlega, að ég ræddi við systkinin á Klafastöðum 1973 um þetta mál. Svör þeirra voru þá þau sem ég sagði á fundinum í gær; þó að þau hefðu engan sérstakan áhuga á þessu mundu þau ekki koma í veg fyrir að þessi fram-

kvæmd yrði gerð. Þeir bræður voru á fundinum í gær, heyrðu mig segja þetta og var því á engan hátt mótmælt, enda veit ég að þeir hafa enga löngun til þess.

Út af öðru, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði hér áðan, þá er það venja hans að halda að hann einn geti látið menn brosa. Er það þar sem hann trúir á sína sterku hlið og er ekki nema gott um það að segja, gott þegar menn eru skemmtilegir.

En það var fleira sem gerðist á fundinum í gær, m. a. það að ég varð að taka upp vörn gegn ómaklegum ámælum sem voru borin á fyrrv. iðnrh., því að mér datt ekki í hug, þótt það væru flokksmenn hans sem báru það á hann, að láta því ómótmælt. Þeir báru sakir á hann á fundinum í gær. Þess vegna mótmælti ég því. Út af þessu brosir nú hv. 5. þm. Vesturl. ekki.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það er ósatt, að við höfum sérstaklega ráðist á fyrrv. iðnrh. á fundinum í gær. Við höfum hins vegar ekki, Alþb.-menn á Vesturlandi, farið neitt dult með skoðanir okkar á þessari verksmiðju og um það snerist málið. Við höfum alltaf gagnrýnt þetta, staðið gegn því og stóðum gegn því í kosningunum í vor, svo að það þurfti ekki að fara neitt á milli mála um okkar afstöðu.

En ég leyfi mér að spyrja hv. þingheim: Hvað segja menn um vinnubrögðin? Ráðh. kemur og lýsir því yfir sem tryggingu fyrir því að það muni vera allt í lagi fyrir auðhringinn Union Carbide að fara af stað, að hann hafi komið við á Klafastöðum 1973 og rætt þar í öllu sínu veldi að sjálfsögðu við systkinin, sem þar búa, og þau hafi sagt að þau hafi að vísu ekki neinn áhuga á málinu, en muni hins vegar ekki koma í veg fyrir að verksmiðjan verði reist. Þetta var 1973. Ég efast um að Halldór E. Sigurðsson hafi eytt miklum tíma í að útskýra málið. Að sjálfsögðu hefur hann komið og sagt: „Það stendur til að reisa verksmiðju“ — allt og sumt. Það hefur ekki verið útskýrt fyrir þessu fólki hvernig í pottinn er búið, það er alveg áreiðanlegt. En eftir það, sem nú er upp komið í upplýsingum og eftir fundinn í gær, er mér ekki grunlaust um að afstaða þeirra kunni að vera breytt. Sé svo, að hún hafi breyst svo rækilega að þau ætli að sitja sem fastast, þá vil ég svar við því: Hvað ætla stjórnvöld að gera?

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætlast til þess af hæstv. samgrh. að hann tilgreini þau hrakyrði sem ég eða hv. þm. Jónas Árnason höfum viðhaft um Magnús Kjartansson fyrrum iðnrh. á fundinum að Leirá í gær, að hann tilgreini þau. Það eina, sem ég vék að Magnúsi Kjartanssyni persónulega þarna í andsvari vegna ósannra upplýsinga núv. iðnrh. um afstöðu beggja ráðh. Alþb. í fyrrv. ríkisstj., — það eina, sem ég vék að Magnúsi Kjartanssyni í því sambandi, var að Magnúsi leyfðist innan Alþb. að hafa rangt fyrir sér.

Víkjum síðan aðeins að könnun ráðh. tveggja, sem voru efra á Leirá í gær, á afstöðu fólksins þar efra. Það hefur komið fram að Halldór E. Sigurðsson, hæstv. samgrh., kom við á Klafastöðum og hjalaði þar lauslega eina stund við eigendur landsins. Bóndinn á Katanesi, næstu jörð við, sem einnig mun missa land, ef úr verður, undir þessar verksmiðjuframkvæmdir, sagði frá því, að starfsmenn hæstv. iðnrh. hefðu kíkt inn í haughúsið hjá sér, en ekki talað við fólk á bænum. Öll aðferð í sambandi við þetta mál er fyrir neðan allar hellur og að því miðað að blekkja fólk, — fólkið sem býr við Hvalfjörð og allar götur norður í Mývatnssveit.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þó að hv. fyrirspyrjandi, Jónas Árnason, hafi nú sjálfur gleymt fsp. sinni og vilji ræða um fundinn í gær, þá skal ég að sjálfsögðu svara fsp., sem hann nú bar fram, hvað gert verði ef eigendur umræddra jarða neiti að leyfa byggingu verksmiðjunnar eða láta land af hendi. Vil ég taka fram að ég hef ástæðu til að ætla að það verði ekki ágreiningsmál, heldur muni þetta nást með góðum samningum við þá sem þarna eiga hlut að máli. Hitt er annað mál, að það kemur dálítið spánskt fyrir að þessi hv. þm. skuli bera eignarrétt einstaklinga ákaflega mikið fyrir brjósti, því að þess hefur ekki orðið sérstaklega vart að undanförnu í málflutningi hans og samflokksmanna hans eða tillögu- og frumvarpaflutningi þeirra þar sem eignarrétturinn virðist harla lítils virði, enda í samræmi við grundvallarskoðanir þeirra.

Hins vegar vil ég taka fram út af fsp. frá Stefáni Jónssyni, að það var í rauninni aðalinntakið í ræðu allra þeirra gesta, sem þessir tveir hv. þm. buðu viðs vegar að af landinu til þess að fræða heimamenn um hvað þeir ættu að gera, var að lýsa því sterkum, óhugnanlegum orðum hvílík eiturspúandi verksmiðja það væri sem ætti að fara að reisa þarna, hún mundi eitra andrúmsloftið, leggja byggðirnar í auðn, eyðileggja alla fiskgegnd í Hvalfjörð, eyðileggja laxveiði í þeim ám, sem þar væru nærri, fyrir utan náttúrlega að menga hugarfarið. Þessi eiturspúandi verksmiðja var ógnvekjandi, og árás þessara þm. og þeirra fólks á þessum fundi var auðvitað fyrst og fremst á fyrrv. iðnrh. sem í 3 ár hefur verið að undirbúa þetta mál og eins og skjalfest liggur fyrir var því eindregið fylgjandi og hvetjandi að þessi verksmiðja yrði reist. Og það er það, sem hæstv. samgrh. átti við með ummælum sínum.

Nú er þess í fyrsta lagi að geta, að þó að ýmsar efnaverksmiðjur í heiminum hafi þangað til fyrir nokkrum árum verið þannig úr garði gerðar að þær hafi valdið óþrifnaði og úr reykháfum þeirra hafi komið reykur og ryk, sem vafalaust hefur verið stórlega heilsuspillandi, þá ættu þessir hv. þm. að gera sér grein fyrir því að á hinum síðari árum, eftir að sú alda hófst um allan heim að vernda náttúruna, vinna gegn mengun, rányrkju og hvers konar slíkum eyðingaröflum, hefur orðið gerbreyting í þessum efnum. Ýmis fyrirtæki, þ. á m. Union Carbide, hafa á undanförnum árum varið til þess tugum millj. dollara að finna hreinsitæki og gera aðrar þær ráðstafanir sem gætu komið í veg fyrir slíkt. Einnig er vitanlegt að í Bandaríkjunum gilda nú strangari reglur, strangari kröfur eru

gerðar í þessum efnum, um varnir gegn mengun, heldur en í nokkru öðru landi. Hér á Íslandi höfum við einnig strangar reglur, og ljóst er að heilbrigðiseftirlitið og forstöðumaður þess, sem er kunnur að sínum mikla áhuga á að efla heilbrigðiseftirlitið og koma í veg fyrir hvers konar mengun, það hefur gjörsamlega í hendi sér að setja þær reglur sem þarf. Auk þess ber þess að gæta að eftir þeim till., sem fyrir liggja, verður þetta fyrirtæki, járnblendiverksmiðjan, ef af verður, að meiri hluta eign íslendinga og íslendingar í meiri hluta í stjórn, þannig að við getum sett hvaða kröfur til hreinlætis og þrifnaðar sem við teljum þörf á.

Sannleikurinn er sá að með þeim nýjustu tækjum, sem fundin hafa verið upp í þessu efni og þegar eru komin í notkun við nokkrar nýrri járnblendiverksmiðjur, er ekki um að ræða neina mengun frá reykháfum. Er talið að í mesta lagi um 1% af þessu fari út í andrúmsloftið og sé ósýnilegt og skaðlaust með öllu. Um afrennslisvatn frá þessari verksmiðju er ekki að ræða. Kælivatnið allt saman er í lokuðu kerfi. Að því er snertir frárennsli, þá er það eins og frá venjulegum íbúðarhúsum, verkstæðum og verksmiðjum, fylgir auðvitað venjulegum heilbrigðisreglum og reglum byggingarsamþykkta, og að því er snertir þann fasta úrgang, þá er það eldfastur steinn og grjót, sem engin mengun stafar af. A. m. k. hafa við ítarlegar rannsóknir á þeim efnum engin efni fundist sem geta valdið hættu eða mengun. Það, sem verið er að mikla fyrir fólki í sambandi við álverksmiðju, er viss flúorhætta, en ekki er um flúor að ræða við þessa framleiðslu.

Árásir þessara þm. tveggja og þeirra fylgismanna og þeirra, sem þeir smöluðu á fundinn, eru að meginefni til árás á fyrrv. iðnrh. Meira að segja gekk það svo langt að hv. þm. Jónas Árnason lýsti því yfir í lok fundarins á Leirá í gær, að ef ég gerði nú eitt, ef ég stöðvaði þessa járnblendiverksmiðju, þá skyldi hann lýsa því yfir opinberlega að núv. iðnrh. væri bæði skynsamari og farsælli iðnrh. heldur en sá sem gegndi embættinu á undan.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Því miður kom ég aðeins of seint á þennan fund og heyrði ekki upphaf þeirra umr. sem hér hafa farið fram, en ég verð að segja, að mér finnst þessar umr. vera býsna einkennilegar. Ég heyri ekki annað en að hér séu tveir hæstv. ráðh. að kvarta undan fundi sem haldinn hafi verið uppi í Borgarfirði í gær, hann hafi verið fjölmennur, það hafi verið safnað liði á fundinn. Mér finnst allt benda til þess að þessir ráðh. hafi farið halloka á þessum fundi, og þeir eru að kvarta yfir fundarsókn.

En sitt hvað kemur inn í þessar umr., m. a. það sem hæstv. iðnrh. var að enda við að segja. Hann hélt því fram að það, sem fram hefði komið í þessum umr., hefði aðallega verið ádeila eða a. m. k. dulbúin ádeila á fyrrv. iðnrh. fyrir störf hans í þessu máli. Svo heyrði ég að á það var minnst hver hefði verið afstaða ráðh. Alþb. í fyrrv. ríkisstj. til þessa máls. Það hefur legið mjög skýrt fyrir hver hefur verið afstaða mín. Ég hef allan tímann verið á móti byggingu þessarar verksmiðju. Það vita allir þeir ráðh. sem voru með mér í fyrrv. ríkisstj., því að þar var aldrei svo minnst á þetta mál að ég lýsti ekki yfir andstöðu minni við málið. Ég mætti einnig á fundum með þeirri stóriðjunefnd eða hvað hún heitir, sem vann að þessu máli, og lét skoðun mína greinilega uppi í hennar áheyrn og einnig reyndar með ýmsum öðrum fulltrúum í þessu þinghúsi, þar sem málið var síðast rætt og ég átti fundarsetu. Ég lét í eitt skipti bóka það á ríkisstjórnarfundi að ég væri mótfallinn þessari verksmiðjubyggingu. Er því ekki um annað að ræða í sambandi við það, sem fram kann að hafa komið hjá þeim tveimur hv. þm. Alþb. sem töluðu á þessum fundi, en að þeir hafi verið nokkuð svipaðrar skoðunar og ég hafði verið og margir aðrir í mínum flokki allan tímann, þó að hitt væri líka alveg ljóst, að hinn ráðh. okkar, Magnús Kjartansson, taldi að rétt væri að fara í þessa framkvæmd, þó að hann hafi alltaf haft vissan fyrirvara þar á og hafi nú sagt að hann telji önnur verkefni brýnni og þarfari en að fara í þessa framkvæmd.

Ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram varðandi afstöðu mína, því að ég kann betur við að skýra frá henni sjálfur heldur en að láta hæstv. núv. iðnrh. skýra frá afstöðu minni.

Ég vildi mjög gjarnan að ríkisstj. yrði við því að taka þetta mál til umr. á Alþ. fljótlega, þannig að mér og öðrum þm. gefist kostur á að skýra fyrir þingheimi og fyrir þjóðinni allri afstöðuna til málsins. Mín afstaða til málsins byggist ekki á mengunarhættu þó að hún geti eflaust verið mikil. Ég tel að fjárhagslega séð sé hér um einstaklega vitlaust fyrirtæki að ræða og hér sé verið að ráðstafa fjármunum okkar á mjög óheppilegan hátt, og gæti ég fært fyrir því rök ef tími væri nægur, en hann er ekki nægur hér.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umr. um þann fræga fund í Borgarfirði. Hins vegar sýnist mér að ég geti varla setið hér sem þátttakandi í þessari n., viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, án þess að segja örfá orð.

Ég vil fyrst geta þess að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hafði ákaflega gott samstarf við fyrrv. hæstv. iðnrh. og hvert einasta atriði, sem tekið var þar til meðferðar og ákvörðunar var gert í fullu samráði við hann. M. a. lagði hæstv. iðnrh. á það ríka áherslu að gætt yrði þess að þarna væru notuð hin fullkomnustu tæki til hreinsunar, og það var gert. Það var ekki eingöngu ráðgast við Union Carbide, það var ráðgast við sérfræðinga sem sérstaklega voru til þess fengnir, og málið lá allt ljóst fyrir.

Frá slíkum verksmiðjum, ef engin tæki eru, kemur ákaflega mikið ryk, kísilryk. Ég hef skoðað verksmiðjur bæði með og án slíkra hreinsunartækja. Í þessari verksmiðju verða, ef verksmiðjan verður byggð, fullkomnustu tæki sem þekkjast og taka allt að því 99% af því ryki sem myndast. Það getur lækkað, ef gat kemur á poka sem er í þessum tækjum. Ég hef ekki tíma til þess að fara út í það hér, en skv. mælingum í Bandaríkjunum, sem eru þær ströngustu

sem þekkjast, hreinsast u. þ. b. 96% að meðaltali af ryki frá verksmiðjunni (Gripið fram í: En kvikasilfrið?) Kvikasilfur er ekkert. Það er ekkert annað kvikasilfur en það sem er í náttúrunni. Það er ekkert kvikasilfur sem myndast í slíkri verksmiðju. M. a. vegna þess að mér er mjög annt um þessi mál hef ég tekið alls konar orðróm og beint fyrirspurnum ekki aðeins til Union Carbide, heldur til fleiri aðila um slíkan orðróm. Því hefur ávallt verið vísað á bug. Ég hef aldrei nokkurn tíma fengið staðfest að nokkuð slíkt myndist í þessari verksmiðju.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Það er fróðlegt fyrir nýja þm. að sitja hér og hlýða á umr. sem þessar. Sérstaklega er það athyglisvert þegar maður heyrir að þm. eru þáttakendur í fundum þar sem máttur sprengjunnar er boðaður með þeim hætti sem okkur var skýrt frá áðan. En það sem er e. t. v. fróðlegast að kynnast er þegar menn eru að nudda sér utan í alþýðuna utan þingsala og tala um að aðrir sýni hroka. Það vill svo til á Íslandi að menn skiptast ekki í alþýðu eftir því hvar þeir skiptast í flokka. Þetta ættu báðir hv. þm. að vita sem töluðu áðan um að valdamenn og stjórnendur landsins færu að þessu máli með hroka.

Það var mjög athyglisvert að hlýða á ræðu hv. 5. þm. Vesturl. Satt að segja fannst mér framsögn hans og háttalag hér vera hálfgert sambland af minnimáttarkennd og hroka. Það er hörmulegt ef ekki er hægt að ræða mál sem þessi á Alþingi Íslendinga án þess að menn þurfi að koma þannig fram. Og það er hörmulegt að þurfa að hlusta á það hér, að menn séu með dylgjur um að það standi til að reka fólk af jörðum sínum með valdi. Ég spyr hv. þm.: Hefur það tíðkast hingað til eða stóð þetta e. t. v. til í tíð fyrrv. iðnrh. þegar hann var að vinna að rannsókn þessa máls? Er það e. t. v. skýringin á því hversu erfiðlega honum gekk að koma þessu máli áleiðis innan Alþb.?

Ég held að enginn af þm., sem styðja núv. ríkisstj. og núv. iðnrh. hafi stutt þær aðgerðir að menn væru hraktir frá eignum sínum, hvort sem það væru jarðir eða húseignir í þéttbýli. En hv. þm. Jónas Árnason og Stefán Jónsson verða að þola það að rætt sé um nýjan iðnað á Íslandi og frumkvöðlar í stóriðju geti jafnvel verið þeirra flokksmenn.

Ég vil aðeins segja það að alþýðan á Íslandi — ég nota það orð — vill framfarir, en ekki úrtölur. Fólkið í landinu vill ekki tóma barnalega rómantík. Lífsbaráttan á Íslandi er raunverulega hörð, en ekki rómantískt hjal nokkurra þm. á Alþingi Íslendinga.

Jöfnun flutningskostnaðar á sementi, fsp. (þskj. 31). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Árið 1973 voru samþ. lög um verðjöfnun á sementi með það fyrir augum að sementsverð um land allt yrði líkt á þeim höfnum sem skip sigldu til. Í 1. gr. frv. er einnig heimildarákvæði um að láta verðjöfnunina ná til annarra staða, sem engar hafnir hafa, og verslunarstaða upp í landi. 1. apríl s. l. var gefin út reglugerð þar sem ákveðið var að láta verðjöfnunina ná til 40 staða auk þeirra hafna sem hún hafði áður náð til. Vegna þess að lögin eru fyrir hendi og reglugerðin hafa margir spurt hvenær þetta komi til framkvæmda því að enn er verðjöfnunin ekki komin til framkvæmda varðandi þessa 40 staði sem reglugerðin nær til. Það er enn fremur spurt hvort það verði ekki fleiri staðir en þessir 40 sem ætlað er að láta verkjöfnunina ná til. Enn er ekki búið að ákveða hversu mikið verður greitt í flutningskostnað, en þeir, sem versla með sement, halda því réttilega fram að ekki sé unnt að selja sementið úti á landi eftir að hafa flutt það með bifreiðum langar leiðir á sama verði og á hafnarbakkanum, nema flutningskostnaður sé að fullu greiddur. Flutningskostnaður er mjög dýr á landi, og það dugir ekki að segja að verðið eigi að vera svipað um allt land nema þessi kostnaður sé greiddur.

Á Suðurlandi er það þannig, að Selfoss er einn þessara staða sem verðjöfnun nær til, Hella, Hvolsvöllur og Vík í Mýrdal. Þeir, sem kaupa sement fyrir austan Mýrdalssand, fá enga verðjöfnun. Það liggur í augum uppi að sement austur á Kirkjubæjarklaustri hlýtur að vera miklu dýrara en í Vík. Það liggur einnig í augum uppi að eyfellingar, sem kaupa sement á Hvolsvelli eða Hellu, verða að fá sementið miklu dýrara en ákveðið er á fyrrnefndum verslunarstöðum. Einnig má minna á uppsveitir Árnessýslu, það kostar stórfé að flytja sementið frá Selfossi og nægir því ekki, þó að flutningskostnaður væri greiddur frá Reykjavík að Selfossi, til þess að árnesingar gætu fengið sement á lægsta verði.

Menn geta deilt um hvort réttmætt sé að hafa jöfnunarverð á sementi um allt land. Það er staðreynd að samþ. hafa verið lög um það og ríkisstj. hefur gefið út reglugerð í þeim tilgangi að láta þessa verðjöfnun koma til framkvæmda. En eins og háttað er enn í dag, þá er ekki um að ræða að unnt sé þrátt fyrir lögin, þrátt fyrir reglugerðina að hafa líkt verð á sementi um land allt.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fsp. er svo hljóðandi:

„Er ætlun ríkisstj. að nota heimild í l. til þess að jafna flutningskostnað á sementi á þann hátt, að líkt verð geti verið á þeirri vöru um land allt? Ef svo er, hvenær má vænta þess að það verði gert?“

Svarið er:

Lög um jöfnun flutningskostnaðar á sementi hafa verið framkvæmd frá 1. apríl s. l., en þá var sett reglugerð um framkvæmd l. svo og ákveðið flutningsjöfnunargjald, 700 kr. á hvert tonn, bæði innlent og innflutt. Jafnframt voru ákveðnir flutningsgjaldataxtar, bæði á sjó og landi.

Á næstunni mun stjórn sjóðsins, en í henni eiga sæti þrír menn: Valgeir Ársælsson, Svavar Pálsson og Örn Guðmundsson, athuga þau ágreiningsatriði um flutningsgjöld á landi, sem komið hafa upp, og önnur framkvæmdaatriði, þ. á m.

um þá verslunarstaði sem við er miðað í reglugerðinni.

Að því er snertir verðlag á sementi, þá heyrir það ekki undir viðskrn., heldur iðnrn. Skv. upplýsingum þeim, sem ég hef fengið frá framkvæmdastjóra Sementsverksmiðju ríkisins, er verð á sementi úr vöruskemmu nú hið sama á öllum þeim rúmlega 50 stöðum á landinu sem jöfnun flutningskostnaðar nær til. Í þessari reglugerð, sem er reglugerð nr. 78 frá 1974, þá eru taldir upp verslunarstaðir sem við er miðað. Þeir eru, telst mér til, alls 55, fyrst 13 verslunarstaðir sem jafnframt eru aðaltollhafnir, auk þess 42 aðrir sem jöfnunin á að ná til.

Í 1. gr. þessarar reglugerðar segir:

„Framkvæma skal jöfnun á flutningskostnaði sements þannig að kostnaður í vöruskemmu á hverri sementstegund frá hverjum innlendum framleiðanda eða innflutningsaðila verði hið sama á þeim verslunarstöðum sem jöfnunin nær til.“

Ég skal játa að ég hef ekki flett upp á lögunum, en ég vil ganga úr frá því að þessi gr. sé í samræmi við lögin. Þar af leiðandi er miðað við það að verðið sé hið sama á verslunarstað. Hitt getur auðvitað verið og er sjálfsagt, eins og hv. fyrirspyrjandi sagði, að þar með er ekki tryggt að raunverulegt verð til hvers notanda verði hið sama, því að það liggur í augum uppi, að flutningskostnaður frá verslunarstað til heimilis og til notkunarstaðar er mismunandi, og fljótt á litið sýnist mér að það muni vera erfitt að koma í veg fyrir slíkt. Hins vegar er hitt atriðið, sem hann benti á og sjálfsagt er að athuga og er í athugun, hvort ekki þurfi að koma fleiri verslunarstaðir þarna til greina. Hann nefndi Kirkjubæjarklaustur, það er ekki með í þessari upptalningu. Á Suðurlandi eru Vík, Hvolsvöllur, Hella, Selfoss, Þorlákshöfn. Það eru aðrir staðir þar sem gætu sjálfsagt komið til álita, eins og Hveragerði, Kirkjubæjarklaustur. Þetta eru atriði sem þessi n. er að athuga. Sömuleiðis er auðvitað álitamál og getur orðið ágreiningsatriði, hvort þeir flutningsgjaldataxtar, t. d. á landi, sem hann minntist á og ákveðnir hafa verið af n., eru réttilega metnir. Ég hef enga aðstöðu til að kveða upp neinn dóm um það, en það er eitt af þeim atriðum sem n. er að athuga.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin. Ég geri mér grein fyrir að erfitt er að framkvæma þessi lög þannig að það verði líkt verð á sementi um allt land. En það vantar mikið á að það hafi verið gert enn sem komið er og er gott að heyra það af munni hæstv. ráðh. að ætlunin er að vinna að þessu, þannig að lögin verði framkvæmd eins viðtækt og mögulegt er.

Ég ræddi við forstjóra Sementsverksmiðjunnar fyrir stuttu. Ég ræddi við tvo kaupfélagsstjóra á Suðurlandi. Þeir sögðu mér að það væri enn óákveðið hvað yrði greitt í flutningskostnað á sementi austur á Selfoss og austur í Rangárvallasýslu og forstjóri Sementsverksmiðjunnar staðfesti það. Í rauninni vita kaupfélagsstjórarnir eða verslunarstjórar ekki hvaða verð þeir geti haft á sementinu á meðan ekki er vitað hvað verður greitt úr þessum svokallaða sjóði í flutningskostnað. Forstjóri Sementsverksmiðjunnar bjóst við því að 700 kr. af hverju framleiddu tonni væri nú orðið allt of lágt gjald í þennan sjóð til þess að unnt væri að greiða raunverulegan flutningskostnað.

Það er örugglega fleiri staðir en Kirkjubæjarklaustur sem vantar inn í þá upptalningu, sem fylgir reglugerðinni, til þess að hægt sé að jafna þetta. Ég geri ráð fyrir að það sé nauðsynlegt að taka tillit til þess að frá hinum ýmsu verslunarstöðvum þarf að dreifa sementinu til notenda og flutningsgjaldið þurfi að vera ríflegra einmitt vegna þess.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og sérstaklega að hann vildi beita sér fyrir því að lagfæra það sem enn er ógert í þessu efni.

Brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi, fsp. (þskj. 41, tölul. 1). — Ein umr.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 41 er fsp. í þrem liðum frá Þór Vigfússyni, sem tók sæti sem varamaður minn í byrjun þessa þings. Spurningarnar eru um smíði brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes.

Þetta er orðið býsna gamalt mál hér á hv. Alþ. Það var á árunum 1952 og 1953 sem lagðar voru fram till. um smíði þessarar brúar með mjög ákveðnum rökstuðningi um nauðsyn brúargerðarinnar fyrir þorpin austan ár, útgerð og fiskvinnslu þar og afnot báta þorpsbúa af höfninni sem þá var ný í Þorlákshöfn. 1953 var samþ. á Alþ. að reisa brú hjá Óseyrarnesi, „enda leiði rannsókn í ljós að brúarstæði sé öruggt og brúarsmíðin sé mikill þáttur í að tryggja afkomu íbúanna í sjávarþorpum austan fjalls,“ eins og segir í samþykktinni.

Síðan eru liðnir tveir áratugir og engin brú á leiðinni svo að vitað sé, en hins vegar kunnugt að brúarstæði er öruggt og hafi brúargerð þá verið stór þáttur í að tryggja afkomu íbúanna, sem er vafalaust, þá er miklu meiri ástæða til þess nú.

Til þess að röksemdir komi beint frá þeim, sem vandinn brennur mest á, ætla ég — með leyfi forseta — að lesa grg. sem stokkseyringar sendu með áskorun á Alþ. og ríkisstj. nú í vetur um byggingu þessarar brúar. Grg. er svo hljóðandi:

„Stórframkvæmdir eru nú að hefjast við landshöfnina í Þorlákshöfn. Framkvæmdir þessar nýtast ekki næstu grannþorpum Þorlákshafnar, kauptúnunum austan Ölfusár, án brúar á Ölfusárósa.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í útgerð og fiskvinnslu á Stokkseyri síðustu ár. Fjárfesting í fiskiðjuveri staðarins nemur 110 millj. kr. á s. l. 5 árum og framleiðsluverðmæti afurða þess var á síðasta ári 180 millj. kr. og mun að líkindum nema á yfirstandandi ári 230 millj. kr. Frá Stokkseyri eru nú gerðir út 11 bátar. Allir eru þeir meira og minna háðir Þorlákshöfn vegna brimlendingar á Stokkseyri, og hinir stærstu eru þar alveg því að stærri bátar en 60 tonn geta ekki lent á Stokkseyri. Uppbygging Hraðfrystihúss Stokkseyrar og aukin afköst þess kalla á enn stærri skip til að tryggja því öruggt hráefni allt árið, sem er forsenda fyrir starfrækslu

þess og viðunandi afkomu þeirra sem þar vinna. Flutningskostnaður á fiski frá Þorlákshöfn til Stokkseyrar er nú þegar gífurlegur og mun enn aukast er skipin stækka og verða fleiri bundin Þorlákshöfn. Er þá ótalið óhagræði sjómanna að þurfa að fara svo langan veg til báta sinna.

Að framansögðu má ráða hve brýnt hagsmunamál stokkseyringa er að tengjast hinni nýju landshöfn í Þorlákshöfn, en brúin á Ölfusárósa mundi stytta leiðina fram og til baka milli Þorlákshafnar og Stokkseyrar úr 100 km í 34.“

Þetta var grg. stokkseyringa, en augljóslega gildir sama um íbúa Eyrarbakka. Af eigin orðum þessa fólks má vera ljóst hvílíkt nauðsynjamál er hér á ferðinni og þjóðhagslega hagkvæmt. Af þessum rökstuðningi sést einnig að fyllsta ástæða var til að varpa fram þeim spurningum sem fram koma í fsp., sem er á þessa leið:

„Hvað líður undirbúningi að smíði brúar yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi? Hver er nú talinn kostnaður við smíði þeirrar brúar? Hefur hæstv. samgrh. í hyggju að beita sér fyrir því, að Óseyrarnesbrúin verði tekin inn á vegáætlun næst þegar hún verður afgreidd á Alþingi?“

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fyrirspurninni á þskj. 41 vil ég gefa eftirfarandi svar.

Í fyrsta lagi: „Hvað líður undirbúningi að smíði brúar yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi?“

Fyrstu athuganir á brúarstæði á Ölfusá hjá Óseyrarnesi voru gerðar sumarið og haustið 1952. Þessi frumathugun leiddi í ljós að brúin þyrfti að vera um 440 m löng. Leiðin milli Eyrarbakka og Þorlákshafnar með brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi var síðan tekin í þjóðvegatölu árið 1955 undir nafninu Hafnarskeiðsvegur og er hann enn í tölu þjóðvega samkvæmt gildandi vegáætlun. Mun Jörundur Brynjólfsson, þáv. þm. árnesinga, hafa beitt sér fyrir því. Á árunum 1960—1963 voru gerðar frekari athuganir á brúarstæði þessu. Var þá m. a. komið upp sjálfritandi vatnshæðarmæli austan við ósinn árið 1962. Var það gert til þess að kanna hvort jakastíflur trufluðu mjög vatnsrennsli í ósnum. Vatnshæðarmæling var haldið áfram í 8 ár og reyndust truflanir af völdum íss mjög óverulegar. Í vegáætlun 1971 var veitt fé til jarðvegskönnunar á brúarstæðinu. Kom þá fram að Þjórsárhraunið nær vestur fyrir ósinn og á því að fást trygg undirstaða undir brú á þessum stað.

Þá kemur annar þáttur: „Hver er nú talinn kostnaður við smíði þeirrar brúar?“

Á gundvelli þeirra upplýsinga, sem að framan greinir, hefur verið gerð lausleg ágiskun um kostnað við vega- og brúargerð um Ölfusárós. Er kostnaður við brúna ágiskaður 280 millj. kr., en við veginn, sem yrði um 11 km langur, um 170 millj. kr. Er þá miðað við bundið slitlag. Yrði því ágiskaður heildarkostnaður 450 millj. kr. miðað við verðlag í ágúst þessa árs. Ef bundnu slitlagi yrði sleppt lækkar vegagerðarkostnaðurinn um 50 millj. kr.

Í þriðja lagi er purning um það hvort vegamálaráðh. vilji beita sér fyrir fjárveitingu til þessarar brúar á næstu vegáætlun. Er hún svo hljóðandi:

„Hefur hæstv. samgrh. í hyggju að beita sér fyrir því að Óseyrarnesbrúin verði tekin inn á vegáætlun næst þegar hún verður afgr. á Alþ.?“

Varðandi síðustu spurninguna, um það hvort samgrh. muni beita sér fyrir því að Óseyrarnesbrúin verði tekin inn á þá vegáætlun, sem lögð verður fram á yfirstandandi þingi, skal það tekið fram að mörg verkefni bíða úrlausnar þeirrar vegáætlunar. Þó að ekki verði að þessu sinni gefið fyrirheit um að þetta verkefni verði meðal þeirra, tel ég að það væri ánægjulegt verkefni og a. m. k. verði að koma til fjármagn til þess að ljúka fullnaðarrannsóknum um gerð brúarinnar. Æskilegt hefði verið að verkið hefði a. m. k. getað hafist á umræddu áætlunartímabili, þótt það verði ekki séð fyrr en við afgreiðslu vegáætlunar fyrir tímabilið 1975—1979, enda mun fjármagn það sem verður til ráðstöfunar ráða mestu um framkvæmdir á því tímabili. Rétt er í sambandi við þessa ákvörðun, þegar hún verður tekin, að taka tillit til þess við hafnarframkvæmdir þeirra staða sem mundu njóta brúarinnar.

Þetta svar vona ég að nægi hv. fyrirspyrjanda.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það hefur áður verið rætt um brú á Ölfusá í Óseyrarnesi af eðlilegum ástæðum og allir hafa haft áhuga á að koma þessu mannvirki á sem um það hafa rætt undanfarna tvo áratugi. En að brúin er ekki enn komin stafar eingöngu af því að fjármagn hefur vantað til þessara framkvæmda. Athuganir hafa leitt í ljós að þarna er unnt að gera brú, en lengi vel héldu menn að það væri tæknilega ómögulegt. Vegagerðin hefur haft rannsóknina með höndum og komist að raun um að brúin og vegurinn muni kosta 450 millj. kr. miðað við verðlag eins og það var í ágúst, en miðað við verðlag eins og það er í dag mundu það vera um 500 millj. kr.

Því hefur oft verið lýst hvaða hagræði gæti orðið að þessari brú. Hún mundi tengja saman kauptúnin á suðurströndinni og sveitarfélögin á Suðurlandi. Sérstaklega fær brúin gildi eftir að höfnin í Þorlákshöfn hefur verið lagfærð og gerð að raunverulegri höfn. Þessu þarf ekki að lýsa vegna þess að þetta þekkja flestir.

Ég vil aðeins við þetta tækifæri taka fram að ég tel að þetta sé eitt af þýðingarmestu verkefnum sem þm. Sunnl. þurfa að beita sér fyrir. Það verður svo að vera ákvörðun sunnlendinga í hvaða röð þeir vilja taka þau verkefni sem helst kalla að. Er það brúin í Óseyrarnesi, sem á að vera næsta verkefnið, eða er það eitthvað annað, sem liggur enn meira á? Á þeim tveimur mínútum, sem ég nú hef til umráða, er ekki tækifæri til að ræða frekar um það.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þó að hæstv. ráðh. hafi nú gengið burtu vil ég samt ekki láta hjá líða að þakka honum fyrir greinargóð svör og þær upplýsingar sem hann hefur gefið um undirbúning þessarar brúargerðar.

Ég vissi það fyrir, enda kom það fram í því sem ég sagði áðan, að undirstaða brúarinnar er

trygg. Þjórsárhraunið er þarna 12—15 m þykkt yfir allt svæðið þar sem brúin kemur til að standa.

Varðandi þá verðágiskun, sem hæstv. ráðh. kom hér með, blöskrar mér það ekki að svo löng og mikil brú sem kemur til með að gera svona mikið gagn kosti 280 millj. kr. Vegarspottana tel ég ekki með. Að sjálfsögðu þarf að leggja í vegi í þessu kjördæmi eins og annars staðar á landinu.

Því miður kom það í lokasvari hæstv. ráðh. að hann gæti ekki gefið fyrirheit um að þetta yrði tekið inn í vegáætlun næst komandi. Hins vegar fagna ég því og þakka honum fyrir að hafa þó sagt að hann vildi a. m. k. stuðla að því að fjármagn fengist til fullnaðarrannsókna. Oft hefur verið nauðsynlegt að koma brú yfir Ölfusá við Óseyrarnes, en nauðsynin hefur sennilega aldrei verið eins mikil og nú með þeim breyt. sem hafa orðið í útgerð í landinu og þessi þorp hafa nú í huga að tileinka sér til þess að hafa jafnt hráefni til vinnslu allt árið. Nú er Þorlákshöfn loksins að verða örugg höfn, sem hún hefur ekki verið, og Suðurland hefur ekki hingað til haft neinni öruggri höfn á að skipa. Þess vegna er nauðsyn brúarinnar aldrei meiri en nú.

Vissulega eru mörg verkefni í vegamálum og brúamálum á Suðurlandi og ekki skal ég draga úr því að mörg þeirra eru nauðsynleg. En ég vil leyfa mér að halda því fram að það liggi varla meira á nokkurri framkvæmd í þessum efnum en einmitt gerð þessarar brúar við Óseyrarnes.

Sameinað þing, 18. fundur.

Föstudaginn 6. des., kl. 2 miðdegis.

Varnir gegn slysahættu á fiskiskipum, þáltill. (þskj. 6). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rafvæðing dreifbýlisins, þáltill. (þskj. 13). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Varanleg gatnagerð í þéttbýli, þáltill. (þskj. 20). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bætt skilyrði hljóðvarps- og sjónvarpssendinga, þáltill. (þskj. 32). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Atvinnumál aldraðra, þáltill. (þskj. 40). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Útbreiðsla sjónvarps, þáltill. (þskj. 14). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 14 flyt ég ásamt 7 öðrum þm. Framsfl. till. til þál. um útbreiðslu sjónvarps. Till. þessi eða svipaðs eðlis var flutt á síðasta þingi. Sú breyting hefur verið gerð nú að till. nær einnig til útbreiðslu sjónvarps til báta á fiskimiðum.

Í grg. segir m. a. að veturinn 1972—1973 kom fram í svari við fsp. á hv. Alþ. að 407 býli bjuggu í lok ársins 1972 við slæm eða ófullnægjandi skilyrði til sjónvarpsmóttöku. Ég leyfi mér að fullyrða að þetta hafi breyst lítið á þeim tíma sem síðan er liðinn. Vera má að þessum býlum hafi fækkað nokkuð, en staðreyndin er sú að lítið hefur verið unnið að útbreiðslu sjónvarps á allra síðustu árum. Kemur þetta m. a. greinilega fram í skýrslu eða áætlun um sjónvarpsdreifikerfið, sem nýlega hefur verið lögð fram á Alþ. Áætlun þessi er hin fróðlegasta og gefur miklar upplýsingar um það mál sem hér er til umr. Þar er það staðfest að á síðustu árum hafi framkvæmdir verið í algeru lágmarki.

Í grg. er sömuleiðis áætlað að kostnaður við að koma móttöku sjónvarps til þeirra býla allra, sem þess njóta ekki nú, muni vera einhvers staðar á stærðargráðunni 225 millj. kr. á verðlagi um áramótin 1972—1973. Í fyrrnefndri áætlun er kostnaðaryfirlit. Þar kemur fram að kostnaður við nýjar stöðvar, sem yrði hver fyrir fleiri en 8 notendur, er áætlaður 49.5 millj. kr., en kostnaður við nýjar stöðvar, hver fyrir færri en 8 notendur, áætlaður 220 millj. kr. eða samtals kostnaðurinn við þennan þátt, þ. e. að koma sjónvarpsmóttöku til þeirra býla, sem þess njóta ekki í dag, 269.5 millj. kr.

Er því ljóst að stærðargráðan er eins og grg. till. gerir ráð fyrir, og má segja að þarna sé einn þáttur sem ekki hafi hækkað mikið á þeim tíma sem er liðinn, virðist hafa verið áætlaður nokkuð hár á árunum 1972—1973.

Til viðbótar koma fram í þessari athyglisverðu skýrslu áætlanir um sjónvarpsdreifikerfi fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland. Það er allmiklu meiri framkvæmd en hin, sem ég hef nú rætt um. Áætlað er að það muni kosta 650 millj. kr. að koma sjónvarpi til báta á fiskimiðum.

Allt er þetta skýrt mjög vandlega í umræddri skýrslu. Ætla ég ekki að fara að lesa það hér.

Þm. hafa fengið hana á borð sín, og sýnist mér að þar sé kominn ágætur grundvöllur til þess að hrinda í framkvæmd þriggja ára áætlun um móttöku sjónvarps, eins og lagt er til í umræddri till. til þál.

Í skýrslunni er jafnframt getið um ýmsar aðrar framkvæmdir sem nauðsynlegar eru fyrir sjónvarpsdreifikerfið, m. a. að koma örbylgjusambandi á. Það er allkostnaðarsöm framkvæmd, hátt á annað hundrað millj. kr. a. m. k., og mun það verk raunar þegar vera hafið. Það er víðs fjarri mér að vilja gera lítið úr þeim endurbótum. Þær eru hiklaust mjög nauðsynlegar. En þó vil ég leyfa mér að leggja áherslu á að einna nauðsynlegast sé nú í framkvæmdum sjónvarpsins að koma sjónvarpsmóttöku til allra íbúa landsins. Sjónvarps njóta nú 98.5 af hundraði. Staðreyndin er sú að þessir 1.5 af hundraði, sem njóta þess ekki, er í mörgum tilfellum sá hluti íbúa landsins sem einna mesta þörf hefur fyrir slíkt tæki sem sjónvarp. Iðulega eru þessir íbúar landsins einna einangraðastir og fá ekki notið þeirra lystisemda sem við njótum sem í þéttbýlinu búum. Ég vil taka undir það, sem hæstv. menntmrh. sagði hér á þingi í svari við fsp. fyrir rúmri viku, að þetta mál er mannréttindamál.

Að svo mæltu legg ég til að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áburðarverksmiðja, þáltill. (þskj. 60). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál.

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar gera könnun á því hvort ekki sé tímabært að hefjast þegar handa um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi, þannig að hún geti sem allra fyrst fullnægt þörf landsmanna fyrir framleiðsluvörur verksmiðjunnar.

Enn fremur verði gerð könnun á því hvort ekki komi til greina stækkun verksmiðjunnar með útflutning áburðar fyrir augum.

Ef könnun þessi leiðir það í ljós að stækkun verksmiðjunnar sé þjóðhagslega hagkvæm, felur Alþ. ríkisstj. að láta semja og leggja fram á Alþ. frv. um stækkun verksmiðjunnar.

Könnun þessari verði hraðað svo sem frekast er kostur, þannig að niðurstöður hennar liggi fyrir áður en þeirri raforku, sem tiltæk verður í landinu í nánustu framtíð, er ráðstafað til annarra greina orkufreks iðnaðar."

Till. þessari lét ég fylgja svo hljóðandi grg., sem ég mun nú lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alkunna hversu áburðarverð í veröldinni hefur hækkað stórkostlega undanfarið. Samkvæmt upplýsingum Áburðarverksmiðju ríkisins mun áburðarverð til bænda a. m. k. tvöfaldast á næsta vori.

Bændur hafa af því miklar áhyggjur hvernig þeir geti mætt þessari stórfelldu hækkun. Það er augljóst að allra leiða verður að leita til þess að halda niðri áburðarverðinu, enda hefur það áhrif á afkomu landsmanna allra.

Fyrirsjáanlegt er að notkun áburðar ætti að stóraukast í landinu á næstu árum, m. a. vegna þess að ákveðið hefur verið að gera mikið átak í landgræðslu.

Nú mun Áburðarverksmiðjan framleiða ⅔ af árlegri áburðarþörf landsmanna og það er fyrst og fremst hið háa kaupverð á þeim þriðjungi, sem við flytjum inn, en gætum að mestu leyti framleitt sjálfir, sem sprengir upp áburðarverðið svo mjög sem raun ber vitni. Þar sem framleiðsla áburðar í Gufunesi byggist að langmestu leyti á raforku úr fallvötnum, en ekki á olíu, eins og víðast er erlendis, hafa forsendur eldri áætlana breyst íslenskri framleiðslu í hag.

Flm. leggur áherslu á það, að eðlilegra sé að verja þeirri raforku, sem tiltæk verður í landinu í næstu framtíð, til áburðarframleiðslu fremur en til annarra greina orkufreks iðnaðar. Reynsla og verkkunnátta íslendinga við áburðarframleiðslu er fyrir hendi, þörfin á auknu framleiðslumagni er brýn, framleiðslan veldur ekki náttúruspjöllum, heldur hið gagnstæða, verkefnið ekki stærra en svo, að það er viðráðanlegt fyrir íslendinga, og eðlilegra að íslensk fallvötn mali fremur þessari þjóð gull en útlendingum."

Hér lýkur grg. og við hana vil ég einungis bæta þessu:

Um 20 ára skeið hefur Áburðarverksmiðja ríkisins verið starfrækt í Gufunesi. Fyrstu starfsár verksmiðjunnar gat hún framleitt meiri köfnunarefnisáburð en landsmenn höfðu þörf fyrir, en s. l. 13 ár hefur verksmiðjan þurft að flytja inn erlent köfnunarefni. Nú er svo komið að við verðum að flytja inn meira en ⅓ af þeim áburði sem við þurfum að nota.

Nú er verðlagi áburðar í heiminum þannig háttað að það hefur hækkað geysilega á síðasta ári, einkum vegna hinnar ógurlegu hækkunar á olíuverði, en flestar þjóðir aðrar en íslendingar nota olíu í stað vatnsorku til framleiðslunnar. Málum er svo komið að sá hluti áburðar, sem við þurfum að flytja inn, er mjög miklu dýrari en sá hluti sem framleiddur er í Gufunesi, svo sem lauslega var drepið á í grg.

Í till. þessari er bæði farið fram á að könnun verði gerð með stækkun verksmiðjunnar í Gufunesi fyrir augum, þannig að hún geti fullnægt þörf okkar fyrir framleiðsluvörur verksmiðjunnar, og í öðru lagi beinist könnunin að því, hvort útflutningur áburðar og þá væntanlega ammoníaks gæti komið til greina í stórum stíl.

Ég mun fyrst geta nokkuð um útflutningsframleiðslu. Í öðrum löndum eru stórar verksmiðjur taldar hagkvæmastar. Þær framleiða 800—1200 tonn af ammoníaki á dag og nota yfirleitt olíu. Til svo stórrar verksmiðju þarf geysimikla raforku, ca. 500—600 mw. í virkjun, þannig að ljóst er að til þeirrar framleiðslu getur ekki komið í allra nánustu framtíð, þó að sjálfsagt sé að íhuga möguleika á þess háttar framleiðslu og ég sé þess ekki fullviss að verksmiðjur með framleiðslugetu minni en 800 tonn geti e. t. v. verið hagkvæmar rekstrareiningar á heimsmarkaðnum.

Ég mun þá ræða sérstaklega um þá áfangastækkun verksmiðjunnar í Gufunesi sem mér sýnist möguleg og nauðsynleg hið fyrsta vegna brýnna hagsmuna íslensks landbúnaðar.

Stækkun áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi

gæti verið tvíþætt. Í fyrsta lagi þarf aukningu á ammoníakframleiðslugetu verksmiðjunnar. Nú munu vera framleidd í Gufunesi 30 tonn af ammoníaki á dag. Framleiðsla ammoníaks byggist á rafgreiningu vatns til vatnsefnisframleiðslu. Til framleiðslu á hverju tonni ammóníaks þarf ½ mw. í virkjun, þannig að til tvöföldunar núverandi framleiðslu úr 30 tonnum í 60 tonn á dag þarf viðbótarafl um 15 mw. Við athugun, sem gerð var seinni partinn í sumar, kom í ljós að hvert tonn ammoníaks framleitt í Gufunesi kostaði 177 dollara, en hvert tonn af því ammoníaki, sem Áburðarverksmiðjan átti kost á að kaupa frá útlöndum, kostaði þá 450 dollara komið í Gufunes. Auðséð er því að eftir nokkru er að sækjast. Þetta lága framleiðsluverð í Gufunesi byggist m. a. á því að verksmiðjan er ekki þung í afskriftum og býr við hagstætt orkuverð.

Í öðru lagi þarf nauðsynlega aukningu á framleiðslu saltpéturssýru. Hráefni til framleiðslunnar er fyrst og fremst ammoníak. Þessi framleiðsla er ekki mjög orkufrek. Ný áætlun um kostnað við byggingu sýruverksmiðju í Gufunesi af hentugri stærð bendir til þess að hún mundi kosta um 470 millj. kr. Sú verksmiðja getur risið þótt ekki yrði úr ammoníakframleiðslu. Ef nægileg saltpéturssýra væri fyrir hendi í Gufunesi, þá væri rekstur hinnar nýlegu NPK-verksmiðju gerður mun hagkvæmari, þar sem skortur á saltpéturssýru hindrar að hún sé rekin með fullum afköstum allt árið. Framleiðslugeta hennar er 65 þús. tonn á ári, en afköstin nú eru um 40 þús. tonn eða nýting um 65%.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að ég tel að þessar framkvæmdir séu ekki stærri eða mikilfenglegri en svo að við íslendingar ættum að geta hrundið þeim í framkvæmd einir og án mjög mikilla tafa ef fljótlega verður hafist handa um undirbúning verkefnisins. Mér er enn fremur kunnugt um að stjórn Áburðarverksmiðjunnar og forráðamenn hennar hafa fullan hug á því að athuga möguleika á stækkun verksmiðjunnar og hafa snúið sér til hlutaðeigandi yfirvalda með óskir þar um. Stéttarsamband bænda hefur óskað eftir því á síðasta aðalfundi að slík könnun yrði gerð.

Ég nefndi áðan hagsmuni íslensks landbúnaðar. Ég hefði fremur átt að segja að stækkunin væri bráðnauðsynleg vegna hagsmuna þjóðarinnar allrar. Að sjálfsögðu er öllum hv. þm. ljóst að fyrirsjáanleg stökkhækkun á áburðarverði er ekki mál okkar bænda einna. Áburðarkaup eru í langflestum tilvikum einn af stærstu tilkostnaðarliðum við hvert bú í landinu og hefur áburðarverðið afgerandi áhrif á verðlagningu landbúnaðarafurða hverju sinni. Áburðarliðurinn vegur nú um 9.03% í verðlagsgrundvellinum. 100% hækkun á áburðarverði, sem gengi beint út í verðlagið, miðað við verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara hækkar framfærsluvísitölu um 5.1 stig og kaupgjaldsvísitala hækkar þá um 2.5 stig, svo framarlega sem vísitalan er í fullu sambandi, og 2.5 stig í kaupgjaldsvísitölu gera 2.3% í almennri kauphækkun ef vísitölukerfið er í fullu sambandi.

Nú í haust var skipuð n. til að kanna á hvern hátt bráðasta vanda áburðarhækkunarinnar yrði bægt frá í bili. N. hefur þegar unnið mikið starf. Hún hefur unnið að gagnasöfnun og t. d. sent út fyrirspurnir til bænda, m. a. um það hvort þeir telji sig geta dregið úr áburðarnotkun.

Ég tel ekki að bændur geti né megi draga úr áburðarnotkun. Landið gefur okkur ekki þá uppskeru, sem við þurfum, nema við gætum þess vandlega að rányrkja það ekki.

Á þjóðhátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum í sumar var samþykkt myndarleg landgræðsluáætlun. Hún hefur einnig í för með sér stóraukna áburðarnotkun á næstu árum, og vel er það ef við getum greitt að nokkru þá skuld sem við erum í við þetta land sem hefur haldið lífinu í þessari þjóð í 1100 ár. Ef vel tekst til getum við bætt landið að nokkru og skilað því betra og byggilegra í hendur eftirkomenda okkar en við tókum við því. Auðæfi þessarar þjóðar eru land hennar og menning hennar, og við eigum að gæta vel þessara auðæfa, gæta þeirra fyrir ásælni annarra og fyrir skammsýni okkar sjálfra, búa hér sjálfir, búa hér einir og búa hér með það í huga að eftirkomendur okkar geti búið hér góða daga og langan aldur í ómenguðu landi sem þeir eiga sjálfir og einir, við sjó sem þeir hafa einir umráð yfir og við þá menningararfleifð sem þeir eiga sjálfir.

Þess vegna, herra forseti, leyfi ég mér að vekja sérstaka athygli á því að Áburðarverksmiðjan í Gufunesi er íslenskt fyrirtæki, fyrirtæki okkar sjálfra og okkar einna. Slík fyrirtæki eiga að mínum dómi nokkurs konar frumburðarrétt til þeirra þroskamöguleika er íslenskar orkulindir geta veitt og til þeirrar forsjár sem Alþingi íslendinga hefur tök á að veita. Þess vegna treysti ég því að Alþingi taki till. þessari vel. Ég veit að hæstv. landbrh. er máli þessu hlynntur. Ég vona, að ríkisstj. láti hraða þeirri könnun, sem farið er fram á, og ef hún reynist á þann veg sem ég tel líklegast að stækkun sé hagkvæm, þá verði undirbúningi stækkunarinnar hraðað og tillit tekið til orkuþarfa verksmiðjunnar áður en gengið verður frá því að ráðstafa þeirri orku, sem tiltæk verður á næstunni, til annarra greina orkufreks iðnaðar.

Að lokinni umr. um þetta mál hér í dag vil ég leyfa mér að gera till. um að málinu verði vísað til atvmn.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að lýsa stuðningi mínum við till. sem hér er til umr. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að bæta miklu við þá ræðu sem frsm. hefur hér flutt þar sem hún var mjög svo ítarleg.

Eins og hann gat um hefur nú um mánaðarskeið eða svo starfað n. til að fjalla um hin margvíslegu vandamál sem spretta af fyrirsjáanlegri hækkun áburðar í landinu. Meðal þess, sem rætt hefur verið í þessari n., er hugsanleg stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi. Hefur komið fram í þeim upplýsingum sem nefndin hefur getað aflað sér um það mál að verðmunur á innfluttu amoniaki og því, sem framleitt er í verksmiðjunni, er gífurlega mikill, svo að hið innflutta ammoniak er þrisvar til fjórum sinnum hærra — í hærra verði en innlend framleiðsla. Slíkur verðmunur á þessu þýðingarmikla áburðarefni gefur vissulega þegar til kynna að nauðsynlegt er að athuga ítarlega og hið allra fyrsta

hver hagkvæmni stækkunar áburðarverksmiðjunnar muni vera. Það er að vísu rétt, eins og fram kom í máli frsm. till., að áburðarverksmiðjan í Gufunesi býr að vísu við sérstök kjör að því leyti, að þar er um afskrifaða verksmiðju að ræða auk þess sem raforkuverðið er lágt. Ég veit að það hefur þegar verið ákveðið af þessari nefnd að þegar hún skilar áliti, sem væntanlega verður nú fyrir hátíðar, þá verður þetta einn af þeim meginþáttum sem hún leggur áherslu á, að kannað sé ítarlega hver hagkvæmni sé í því fólgin að stækka Áburðarverksmiðju ríkisins. Mér er enn fremur kunnugt um að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hefur ritað ríkisstj. bréf um þetta efni og eru þannig fleiri aðilar sem styðja að þessu máli og því sannarlega tímabært að því sé hreyft hér á hv. Alþingi.

Sú athugun, sem þarna verður væntanlega sett í gang, þarf að vinnast af þar til bærum sérfræðingum, — sérfræðingum sem ekki hafa beinna hagsmuna að gæta, hvorki viðskiptalega séð né á annan hátt. T. d. væri það ekki fullnægjandi að mínum dómi að velja til þessa verkefnis sérfræðinga sem starfa á vegum áburðarverksmiðja erlendis sem við erum í viðskiptum við, vegna þess að það gæti gefið undir fótinn tortryggni að þar kæmu einhver annarleg sjónarmið til greina. Þess vegna þarf að vanda vel val þeirra sérfræðinga, sem um þetta fjalla, og tryggja að niðurstöður verði sem allra hlutlægastar.

Það er augljóst mál, að áburðarnotkun verður naumast takmörkuð svo að nokkru nemi hér á landi. Áburðarnotkun landsmanna er undirstaða fóðuröflunar og undirstaða landbúnaðar í landinu og þess vegna er naumast um það að ræða, þó að það geti verið einhverjar árferðissveiflur í því, að áburðarnotkuninni sé haldið niðri eða úr henni dregið. Það er því tvímælalaust, að það þarf að gefa þessu máli fyllsta gaum og ráðast þegar í það verkefni, sem till. greinir, til þess að fáist úr því skorið hver hagkvæmni sé í því fólgin að stækka þessa verksmiðju. Enginn getur leitt að því getum hver þróun verður í áburðarverði í heiminum á komandi árum. Það er þó vitað að möguleikar okkar á því sviði að kaupa til landsins þessa vöru þrengjast m. a. vegna þess að sum áburðarefni í heiminum eru að ganga til þurrðar, að talið er, og ýmsar alþjóðastofnanir leggja áherslu á að áburði verði í meira mæli miðlað til svokallaðra þróunarríkja, sem eiga við hungur að búa, og er það sannarlega eðlilegt. Þetta m. a. veldur því, að þeir möguleikar þrengjast, sem við höfum til þess að kaupa þessa vöru, og þetta hefur áhrif á áburðarverðið erlendis.

Allt styður þetta það mál sem hér er flutt, og ég vildi með þessum fáu orðum lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innborgunargjald af vörum frá Vestur-Þýskalandi, þáltill. (þskj. 68). — Ein umr.

Flm. (Gunnar Sveinsson): Herra forseti. Við hv. 5. þm. Austf., Halldór Ásgrímsson, flytjum þáltill. á þskj. 68 um innborgunargjald af vörum frá Vestur-Þýskalandi, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar, að meðan EBE-löndin hafa ekki fullgilt tollasamninginn við Ísland, verði Seðlabanka Íslands falið að innheimta 25% innborgunargjald af vöruinnflutningi frá Vestur-Þýskalandi, sem geymt verði á bundnum reikningi í 90 daga.“

Till. þessi var lögð fram fyrir hálfum mánuði, en síðan hefur margt gerst í landhelgismálum okkar. Togari hefur verið tekinn innan 50 mílna lögsögunnar og vestur-þjóðverjar hafa sett löndunarbann á íslensk fiskiskip. Till. á því enn meira erindi til okkar hér á hv. Alþ. en þegar hún var flutt.

Hv. alþm. er vel kunnug forsaga þessa máls. Við færum út fiskveiðilögsögu okkar með einróma samþykki Alþ. 1. sept. 1972. Það var samróma álit allra er um þetta mál fjölluðu á sínum tíma, að aðalandstæðingar okkar í sambandi við þá útfærslu mundu verða bretar og vestur-þjóðverjar, og það reyndist orð að sönnu. Flestallir voru jafnframt á þeirri skoðun að auðveldara mundi verða að semja við vestur-þjóðverja, þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla væri lítill hluti af þjóðarframleiðslu þeirra og þess gætti þess vegna lítið í þeirra þjóðarbúskap. Það studdi einnig þetta álit að í byrjun deilunnar höguðu þjóðverjar sér betur en bretar. Þeir fiskuðu mest á mörkum 50 mílna takmarkanna og fluttu sig strax út fyrir, ef stuggað var við þeim, eins og sagt var. Samið var strax í byrjun deilunnar við belgíumenn, færeyinga og norðmenn en margar þjóðir viðurkenndu strax óformlega útfærsluna með því að senda ekki skip sín inn fyrir 50 mílna mörkin til veiða, svo sem austur-þjóðverjar og margar fleiri þjóðir.

Við þurfum ekki að rifja hér upp þorskastríðið við breta, herskipavernd þeirra, og fiskveiðar þeirra innan 50 mílna lögsögunnar með herskipavernd. Fyrrv. forsrh., Ólafur Jóhannesson, leysti þann hnút á farsælan hátt, eins og flestum er í fersku minni, með samningum við breta um takmarkaðar veiðar innan 50 mílna lögsögunnar, þó að því undanskildu að þar mættu ekki veiða verksmiðjutogarar eða frystitogarar. Þetta samkomulag gildir þar til í nóv. n. k. Það hefur alltaf verið ófrávíkjanlegt skilyrði í þessum samningum, að ekki yrði samið við neina aðila um veiðar frysti- og verksmiðjutogara innan 50 mílnanna. Þetta virðast vestur-þjóðverjar ekki hafa skilið og ekki skilja enn þá. Oft hefur verið reynt að semja við þá, en án árangurs og nú síðast í haust er þeir reyndu að semja sín verksmiðjuskip og frystitogara inn í íslenska fiskveiðilögsögu.

Þróun fiskveiðilögsögumálanna hefur verið okkur hagstæð á þessu tímabili, eins og flestum er kunnugt. Á hafréttarráðstefnunni, sem haldin var í Caracas í sumar, var ekki rætt um 50 mílur, heldur 200 mílur. Bretar sjálfir virðast vera komnir á þá skoðun að það sé hagstætt fyrir þá að færa fiskveiðilögsögu sína út í 200 mílur. Vaxandi fylgi er fyrir 200 mílna útfærslu í Bandaríkjunum og þróunin í þessum málum virðist benda eindregið til, að 200 mílurnar verði ofan á á hafréttarráðstefnunni í sumar í einhverri mynd.

Tollasamninur okkar við EBE-löndin felur í sér gagnkvæma lækkun á tollum samningsaðila, en bretar og þjóðverjar komu því ákvæði inn í samninginn, að hann tæki ekki gildi fyrr en deilan um fiskveiðilögsöguna væri leyst. Þetta hefur verið stærsta tromp þeirra í þeim samningum sem þeir hafa verið að reyna að þvinga inn á íslendinga.

Viðskipti okkar við vestur-þjóðverja hafa verið mikil en okkur mjög óhagstæð á undanförnum árum. Ekki líta þessi viðskipti betur út frá okkar sjónarmiði nú í ár. Skv. upplýsingum Hagstofu Íslands standa þau þannig fyrstu 10 mánuði ársins, frá jan. til okt., að við höfum flutt út til Vestur-Þýskalands fyrir 2 315 millj., en flutt inn frá Vestur-Þýskalandi fyrir 4 727 millj. Við höfum óhagstæðan verslunarjöfnuð við Vestur-Þýskaland þessa fyrstu 10 mánuði ársins upp á 2 412 millj., en það jafngildir því að það séu 240 millj. á mánuði. Ef við reiknum það út á hvern virkan dag þessa fyrstu 10 mánuði eru það 10 millj. á dag, sem viðskiptajöfnuður okkar við vestur-þjóðverja er óhagstæður.

Þegar litið er á öll þessi atriði, sem hér hafa verið nefnd í einu samhengi, og ekki síst það síðast nefnda verða viðbrögð þjóðverja okkur flestum óskiljanleg.

Við flm. þessarar till. um 25% innborgunargjald af vöruinnflutningi frá Vestur-Þýskalandi gerum okkur ljóst að hún hefur ekki mikil áhrif á þjóðarbúskap eða gjaldeyrisvarasjóð vestur-þjóðverja. En hún hefur það í för með sér að hún dregur úr viðskiptum við vestur-þjóðverja og minnkar þann geysilega halla sem nú er á viðskiptum við þá. Við teljum eðlilegt að að því sé stefnt, ekki síst nú eftir þær ráðstafanir sem vestur-þýska stjórnin hefur framkvæmt síðustu daga með löndunarbanni sínu.

Samþykkt þessarar till. sýnir líka hve alvarlegum augum við lítum á aðgerðir EBE-landanna og vestur-þjóðverja um að neita okkur um eðlileg viðskiptakjör á þeim grundvelli, að vestur-þjóðverjar hafa ekki fengið vilja sínum framgengt um veiðar innan íslensku fiskveiðilögsögunnar, og hve alvarlegum augum við lítum á nýtilkomið löndunarbann.

Við íslendingar höfum sýnt vestur-þjóðverjum mikið langlundargeð í viðskiptum við þá í landhelgismálinu. Þótt að þeim hafi verið unnið með festu og gát hefur það verið í von um að til eðlilegra samninga dragi við þá. En sú hefur ekki raunin orðið á. Vestur-þjóðverjar hafa haldið uppteknum hætti um heimildarlausa ásælni á löghelguðum fiskimiðum okkar og auk þess beitt okkur þvingunum, er jaðra við fjárkúgun, þar sem þeir standa á móti því að við njótum umsaminna tollakjara. Taka togarans Arcturusar var því eðlileg ákvörðun og eðlilegt svar við löndunarbanni þjóðverja. Jafnvel þó að það hafi ekki komið til eru eðlilegar hömlur á viðskiptum við þá og hagkvæmasta leiðin er að okkar flm. áliti sú að leggja 25% innborgunargjald á allan vöruinnflutning frá vestur-þjóðverjum, eins og hér er stungið upp á.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu, en ég leyfi mér að leggja til að þessari till. verði vísað til hv. utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

18 ára kosningaaldur, þáltill. (þskj. 72). — Fyrri umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Við þm. Alþfl. höfum á þskj. 72, flutt svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar, að gerð sé athugun á því hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi, og að jafnframt verði endurskoðaðar til samræmis við það aldurstakmarkanir laga á réttindum ungs fólks.

Athuganir þessar skal gera 9 manna n., kosin af Alþ. N. kýs sér sjálf formann."

Allt frá því alþfl.-menn voru fyrst kosnir til Alþ. fyrir tæpum 6 tugum ára hafa þm. hans haft forustu um breytingu í lýðræðis- og jafnréttisátt á l. um kosningarrétt og kjördæmaskipan. Á fyrstu árum Alþfl. sem stjórnmálafl. með fulltrúa á Alþ. höfðu þannig þeir einir atkvæðisrétt við kjördæmakosningar, sem voru orðnir 25 ára að aldri og stóðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Við landskjör giltu þá sömu skilyrði varðandi þá sem þegið höfðu af sveit, en kosningarréttur í þeim kosningum var miðaður við 35 ár.

Rýmkun kosningarréttarins var frá öndverðu eitt af mestu áhugamálum Alþfl. Alþfl. barðist fyrir því að numið yrði úr l. það ákvæði að fólk, sem vegna fátæktar eða sjúkdóma hafði neyðst til þess að þiggja sveitarstyrk og ekki getað endurgreitt hann, yrði svipt kosningarétti, og flokkurinn barðist fyrir því að kosningarréttur yrði miðaður við 21 árs aldur. Þetta ákvæði var m. a. í fyrstu stefnuskrá Alþfl.

Framan af mætti þessi barátta Alþfl. mikilli andstöðu, en þó tókst að lokum að fá stuðning víðsýnna manna úr öllum flokkum við þessi baráttumál Alþfl. Árið 1929 var svo 21 árs kosningaaldur lögfestur og sveitarstyrksákvæðið afnumið hvað varðar kosningar til sveitarstjórna. Með stjórnarskrárbreytingu árið 1934 voru sömu ákvæði tekin upp við þingkosningar.

Næsti áfangi í baráttu Alþfl. fyrir rýmkun ákvæða l. um kosningarétt og kjörgengi hófst árið 1963, en snemma á því ári hélt Alþfl. aukaþing, þar sem afgr. var ný og endurskoðuð stefnuskrá fyrir flokkinn. Eitt þeirra nýmæla, sem í stefnuskránni fólust var að Alþfl. tók upp baráttu fyrir 18 ára kosningaaldri. Þessa stefnu sína hefur Alþfl. og aðildarfélög hans síðan ítrekað á þingum sínum, nú síðast á 34. flokksþingi Alþfl., sem haldið var á árinu 1972 og á nýloknu þingi Sambands ungra jafnaðarmanna, 28. þingi þess, sem haldið var dagana 8.—10. nóv. s. l. Var á þessu þingi, 28. þingi SUJ, skorað á Alþ. að samþ. á yfirstandandi kjörtímabili lög um að kosningarréttur, kjörgengi og hjúskaparréttur karla og kvenna yrði miðaður við 18 ár.

Í beinu framhaldi af þessari stefnuskrársamþykkt frá árinu 1963 um 18 ára kosningaaldur fluttu þm. Alþfl., þeir Benedikt Gröndal, Birgir Finnsson, Friðjón Skarphéðinsson, Jón Þorsteinsson og Sigurður Ingimundarson, till. til þál. um 18 ára kosningaaldur á Alþ. árið 1965, 80. löggjafarþinginu. Till. hljóðaði svo:

„Alþ. ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp

18 ára kosningaaldur á Íslandi. Athugun þessa skal gera 7 manna n. kosin af Alþ. N. kýs sér sjálf formann. N. skal skila áliti fyrir setningu reglulegs Alþ. árið 1966.“

Í grg. með þessari till. þingflokks Alþfl. frá 1965 segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Því er haldið fram gegn 18 ára kosningaaldri að ungt fólk hneigist til ofstækis, öfga og yfirborðsmennsku. Þetta er sleggjudómur og mundi ráðlegra að sýna æskunni fullkomið traust. Þá fyrst mun reyna á þroska hennar og hann mun ekki bregðast í þessu efni fremur en hjá hinum eldri. Mikið er talað um vandamál æskunnar, ekki síst í velferðarríkjunum. Mun ekkert ráð betra í þeim efnum en að veita æskufólki sinn sess í þjóðfélaginu með fullri ábyrgð og trausti.

Íslenska lýðveldið þarf á hverjum manni og konu að halda og það krefst félagslegs þroska af hverjum einstaklingi. Því er tími til kominn að sýna hinni fjölmennu kynslóð, sem innan skamms á að erfa landið, það traust, að veita henni fulla íhlutun um stjórn landsins við 18 ára aldur.“

Þessar röksemdir úr grg. þáltill. frá 1965 með 18 ára kosningaaldri eiga ekki síður við nú en þær áttu við þá.

Framangreind þáltill. þm. Alþfl. frá 1965 var tekin til umr. á þessu þingi. Var henni vísað til athugunar hjá allshn. Sþ., og leitaði n. m. a. álits eftirtalinna aðila: SUS, SUF, SUJ, Æskulýðsfylkingarinnar, íslenskra ungtemplara og Sambands bindindisfélaga í skólum. Tveir þeirra síðast nefndu, þ. e. a. s. Íslenskir ungtemplarar og Samband bindindisfélaga í skólum, voru till. andvígir, en hinir umsagnaraðilarnir allir, öll stjórnmálasamtök ungs fólks í landinu, lýstu sig fylgjandi henni þegar árið 1965. Í áliti allshn. kom fram að n. þótti rétt og eðlilegt að láta fara fram sérstaka athugun á því hvort ekki væri tímabært að lækka kosningaaldurinn frá því sem þá var, en ekki náðist í nefndinni samkomulag um að tiltaka sérstaklega 18 ár í því sambandi. Þá taldi n. rétt að jafnframt yrðu endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins, svo sem fjárræðisaldur og hjúskaparaldur. Gerði n. nokkrar breyt. á till. þm. Alþfl. og lagði til, að hún yrði samþ. með svo hljóðandi breyt.:

„Tillgr. orðist svo:

Alþ. ályktar að gerð skuli athugun á því hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins. Athugun þessa skal gera 7 manna n. kosin af Alþ. N. kýs sér sjálf formann. N. skal skila áliti svo snemma að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþ. 1966.“

Þannig breytt var till. svo samþ. á fundi Sþ. 22. apríl árið 1965. Breyt. er sem sagt fólgin í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi því atriði, að í stað inn fyrir að miða við 18 ára kosningaaldur, eins og þm. Alþfl. gerðu ráð fyrir, er aldurstakmark niður fellt, og í öðru lagi að því leyti til að inn í till. er því bætt, sem mér og okkur flm. finnst eðlilegt, að jafnframt því sem endurskoðuð verði ákvæði laga um kosningarétt og kjörgengi unga fólksins, þá fylgi þeirri endurskoðun önnur endurskoðun á ákvæðum laga um önnur réttindi og aðrar skyldur sem ungt fólk þarf að gangast undir.

Með hliðsjón af þessu áliti allshn. Sþ. árið 1965 og því að Alþ. samþ. þessa niðurstöðu höfum við orðað till. núna eins og í tillgr. segir, að jafnframt því að athugað verði að færa kosningaaldurinn niður í 18 ár, þá verði jafnframt kannað að laga önnur ákvæði laga um réttindi og skyldur ungs fólks til samræmis við það.

Framhald málsins varð svo það að á næsta reglulega Alþ., 87. löggjafarþingi, sem var síðasta þing á kjörtímabili, var samþ. sú breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins að kosningarétt skyldi miða við 20 ár í stað 21 árs. Þessi stjórnarskrárbreyting varð tekin fyrir aftur á Alþ. á 88. löggjafarþingi, strax á fyrsta þingi að þingkosningum loknum, og samþ. þar endanlega hinn 29. mars árið 1968. Jafnframt voru á því þingi samþ. lög um breyt. á sveitarstjórnarl., nr. 58 frá 1961, þar sem kosningarréttur til sveitarstjórna var færður úr 21 árs í 20 ár, og lög um breyt. á l. um kosningar til Alþ., nr. 52 frá 1959, til samræmis við stjórnarskrárbreyt. Virðist full samstaða hafa ríkt meðal allra þingflokka um þessar breyt., nema hvað ágreiningur var uppi um aðrar breyt. á l. um kosningar til Alþ. sem gerðar voru og ekki fjölluðu um lækkun kosningaaldursins. Var sá ágreiningur einkum um 4. gr. lagabreyt., sem fól í sér að á eftir 2. málsgr. 27. gr. l. um kosningar til Alþ. skyldi koma ný málsgr. þar sem yfirkjörstjórn eru gefin fyrirmæli um hvernig með skuli fara beri sá aðili, sem skv. reglum flokks á að ákveða eða staðfesta framboðslista endanlega, fram mótmæli gegn því að listi sé í framboði fyrir flokkinn. Ágreiningurinn um þessa nýju lagasetningu, sem m. a. kom fram í þn. þeim sem um málið fjölluðu, var því ekki um lækkun kosningaaldursins, heldur aðrar breyt. sem gerðar voru jafnhliða og ekkert áttu skylt við lækkun kosningaaldurs úr 21 árs í 20.

Ég tek þetta sérstaklega fram og undirstrika það, að þegar þessi breyt. var gerð var ekki ágreiningur um hana sjálfa milli þingflokka á Alþ., heldur var hún gerð í fullri samstöðu allra þm. og þingflokka.

Þm. Alþfl. telja að með þessari lækkun á kosningaaldri hafi áfanga verið náð í því stefnumáli flokksins að færa kosningaaldur og önnur aldursákvæði, sem takmarka réttindi og skyldur ungs fólks, niður í 18 ár. Flokkurinn telur, að reynslan hafi ótvírætt sýnt að unga fólkinu var fyllilega treystandi fyrir þeim auknu réttindum og þeirri auknu ábyrgð, sem í breyt. fólust, og bendir í því sambandi á að engar raddir hafa heyrst opinberlega um að hækka beri aldursmarkið upp í 21 ár aftur, enda væri slíkt í algjöru ósamræmi við þá stefnu sem ríkir í slíkum málum meðal nálægra þjóða.

Þegar þm. Alþfl. fluttu þáltill. sína um 18 ára kosningaaldur var þegar hafin víða um lönd hreyfing fyrir slíkum breyt. til réttarbóta fyrir ungt fólk. Þá höfðu stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, þegar riðið á vaðið og miðað kosningarétt við 18 ára aldur, Sovétríkin út frá þeirri meginforsendu að við 18 ára aldur mætti búast við því að hver íbúi landsins hefði náð fullum vinnuafköstum og því að fullu orðinn

hlutgengur sem þjóðfélagsþegn, en Bandaríkin út frá þeirri meginforsendu að við 18 ára aldur væri þegar búið að leggja margvíslega ábyrgð á unga fólkið, svo sem að berjast og jafnvel fórna lífi sínu fyrir land sitt. Var þó 18 ára kosningaaldur þá ekki í gildi kominn í öllum fylkjum Bandaríkjanna. Það hefur orðið síðan.

Á þeim tæpa áratug, sem liðinn er frá því að þáltill. Alþfl.-þm. um 18 ára konsningaaldur var flutt, hefur þróunin í nálægum ríkjum haldið áfram í þá átt sem spáð var í grg. með þeirri till. Þannig er kosningarréttur í Bandaríkjunum nú almennt miðaður við 18 ár, í Stóra-Bretlandi sömuleiðis og einnig í Vestur-Þýskalandi og í Hollandi. Í Sviþjóð er miðað við 19 ára aldur og mikil hreyfing er í öðrum nálægum löndum fyrir breyt. í þessa átt. Þó skal það tekið fram að jafnvel þó að kosningarréttur sé í Sovétríkjunum miðaður við 18 ár er kjörgengi þó ekki miðað við 18 ár í öllum atriðum í sambandi við kosningar í því landi. Þannig er kjörgengi til æðsta ráðsins í Sovétríkjunum miðað við 25 ára aldur þó að kosningarréttur fáist í slíkum kosningum við 18 ára aldur.

Flm. þessarar till. telja að í ljósi reynslunnar, sem fengist hefur af lækkun kosningarréttar úr 21 árí í 20 ár, þeirrar þróunar, sem þegar hefur orðið og fyrirsjáanleg er í þeim málum meðal nálægra þjóða, svo og þeirra staðreynda að íslensk ungmenni eru yfirleitt virkari þátttakendur í atvinnulífi og félagsmálum þjóðar sinnar og er iðulega gert að axla meiri ábyrgð og meiri skyldur en tíðkast meðal ýmissa annarra þjóða, þá sé nú fyllilega tímabært að stíga sporið til fulls og miða kosningarrétt og kjörgengi við alþingis- og sveitarstjórnarkosningar á Íslandi við 18 ára aldur. Jafnframt telja flm. eðlilegt og sjálfsagt að endurskoðaðar verði til samræmis aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum og skyldum unga fólksins.

Við flm. þessarar till. teljum rétt að sami háttur verði hafður á þessum athugunum og árin 1965 og 1966, þ. e. að Alþ. kjósi til þess sérstaka n. og verði við það miðað að í henni eigi sæti fulltrúar frá þingflokkunum öllum. Með því móti væri auðveldað að samstaða gæti tekist á Alþ. um þær breyt. sem gerðar yrðu. Við flm. erum jafnframt þeirrar skoðunar að rétt sé og skylt að gefa n. rúman tíma til þess að ljúka athugun á þessu máli og samningu þeirra lagafrv. sem því fylgja. Jafnframt teljum við sjálfsagt að Alþingi og aðrir þeir, sem málið kann að varða, fái þann tíma sem til þarf til þess að kynna sér væntanlegar niðurstöður athugananna. Því væri eðlilegt að n. fengi tíma til athugunar á málinu þar til á öðru reglulegu Alþingi hér frá. Þá yrðu niðurstöður hennar kynntar opinberlega, en síðan teknar til umræðna og afgreiðslu á næsta þingi þar á eftir, síðasta reglulegu þingi á yfirstandandi kjörtímabili, þannig að stjórnarskrárbreytingin, sem gera verður varðandi lækkun kosningaaldursins, þurfi ekki að valda þingrofi og nýjum kosningum fyrr en þær ber að með réttum og eðlilegum hætti.

Herra forseti. Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessari þáltill. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 19. fundur.

Mánudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hafa borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 6. des. 1974.

Gunnar Sveinsson, 4. varaþm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna annarra starfa get ekki lengur setið á Alþ. í forföllum Jóns Skaftasonar, 4. þm. Reykn., fer ég fram á, að í samræmi við 138. gr. l. um kosningar til Alþ. taki 2. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, sæti á Alþ. í forföllum minum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Það þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi Ragnheiðar Sveinbjörnsdóttur bæjarfulltrúa.

Annað bréf hefur borist:

„Reykjavík, 6. des. 1974.

Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna annarra starfa mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Vesturlandskjördæmi, Skúli Alexandersson, Hellissandi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Það þarf einnig að fara fram rannsókn á kjörbréfi Skúla Alexanderssonar.

Þá hefur mér enn fremur borist bréf:

„Reykjavík, 6. des. 1974.

Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Sverrir Bergmann læknir, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Það þarf að rannsaka kjörbréf Sverris Bergmanns einnig.

Það eru því þrjú kjörbréf, sem þarf að rannsaka, og ég bið kjörbréfanefnd að skjóta á fundi og rannsaka þessi kjörbréf og kosningu þeirra, sem ég hef áður greint, og gef á meðan 10 mínútna fundarhlé. Fundur hefst að nýju kl. 15 mínútur gengin í tvö — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur prófað kjörbréf Ragnheiðar Sveinbjörnsdóttur sem 2. varaþm. Framsfl. í Reykn., Skúla Alexanderssonar sem 1. varaþm. Alþb. í Vesturl. og Sverris Bergmanns 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík.

N. hefur ekki neinar aths. að gera við kjörbréfin, eins og þau liggja fyrir, og gerir þá till. til hv. Sþ., að kosning þeirra Ragnheiðar Sveinbjörnsdóttur sem 2. varaþm. Framsfl. í Reykn., Skúla Alexanderssonar oddvita, Snæfellsási 1, Hellissandi, sem 1. varaþm. Alþb. í Vesturl. og Sverris Bergmanns læknis, Kleppsvegi 22, Reykjavík, sem 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík, verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 42 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir og Sverrir Bergmann, sem höfðu ekki áður setið á Alþingi, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Efri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 9. des., að loknum fundi í Sþ.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 25). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Í aths. við þetta lagafrv., sem raunar er ekki nema 5 línur, er rakið efni frv. í megindráttum og greint frá tilgangi þess. Í þessum aths. segir þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í gildandi útvarpslögum, nr. 19/1971, er mælt fyrir um að útvarpsráð skuli kjörið til fjögurra ára. Áður voru lagaákvæðin á þann veg að útvarpsráð skyldi kjörið eftir hverjar alþingiskosningar. Með því var tryggt að skipan útvarpsráðs, sem ber að gæta fyllstu óhlutdrægni, væri jafnan í samræmi við skipan Alþ. Þykir rétt að hverfa á ný að þessu ráði."

Við þetta hef ég nánast engu að bæta. Útvarpsráð hefur verið valið með hlutfallskosningu á Alþ. allt síðan 1939 eða í 35 ár. Það þýðir í

reynd að stjórnmálaflokkarnir ráða vali útvarpsráðsmanna og styrkleikahlutföll þeirra á þingi, þegar kosningin fer fram, segja til um hve marga fulltrúa hver stjórnmálaflokkur fær kjörna. Á meðan þessi háttur er á hafður sýnist mér eðlilegt að skipan útvarpsráðs sé jafnan í samræmi við skipan Alþ., en það getur hún af augljósum ástæðum ekki orðið nema kosning fari fram á fyrsta þingi eftir alþingiskosningar.

Ég fjölyrði ekki frekar um frv., en leyfi mér, herra forseti, að leggja til að því verði vísað til hv. menntmn. að lokinni 1. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Vorið 1971 var sett ný löggjöf um Ríkisútvarpið og rekstur þess. Í l. þessum voru ýmis nýmæli, og m. a. var þar kveðið á um það í 5. gr. að útvarpsráð skyldi kjörið á 4 ára fresti. Í grg. frv. var þessi ákvörðun rökstudd með þessum orðum, sem ég vil leyfa mér að lesa hér, með leyfi forseta:

„Þeirri skipan er haldið óbreyttri að Alþ. kjósi 7 manna útvarpsráð hlutfallskosningu.

Í upphafi var útvarpsráð skipað fulltrúum frá ýmsum stéttum og stofnunum, svo sem prestum, kennurum og Háskóla Íslands. Frá þessu var horfið árið 1934 og ákveðið að allir skráðir útvarpsnotendur skyldu kjósa hluta ráðsins. Þeirri skipan var breytt þegar eftir eitt kjörtímabil, árið 1939, en síðan hefur Alþ. kosið ráðið, 5 og síðar 7 menn. Þrátt fyrir nokkra gagnrýni hafa ekki komið fram till. um aðra skipan sem ætla má að betur dugi en þessi er valin var að fenginni reynslu af öðrum kerfum og hefur dugað í 3 áratugi.

Þá er gert ráð fyrir að útvarpsráð sé kosið til 4 ára hverju sinni. Árið 1939 var ráðið kosið til 3 ára en 1942 var l. breytt á þann veg, að hvert nýkjörið þing skyldi kjósa útvarpsráð. Hefur komið fyrir að kosið væri í útvarpsráð á sama ári og kjörtímabil ráðs væri innan við hálft ár.

Með núverandi skipan er Ríkisútvarpið nátengt við stjórnmálabaráttuna og sveiflur hennar. Virðist hyggilegra og meira í samræmi við hugmyndir samtíðarinnar um sjálfstæði Ríkisútvarpsins að útvarpsráð hafi fast kjörtímabil, eins og mikill meiri hluti þeirra stjórna og ráða, sem Alþ. kýs. Mundi það skapa meiri festu í störf útvarpsráðs og stofnunarinnar í heild.“

Alþ. fór að ráðum þeirrar n., sem undirbjó frv. um Ríkisútvarpið og breytti þessum ákvæðum á þann veg, að kjörtímabil útvarpsráðs væri 4 ár hverju sinni. Um þetta var enginn ágreiningur hér á Alþ. og menn virtust sammála um, að þetta væri, eins og sagði í grg., í mestu samræmi við hugmyndir samtíðarinnar um sjálfstæði Ríkisútvarpsins, og höfðu þá vafalaust í huga að meiri hluti þeirra stjórna og ráða, sem Alþ. kýs, eru kosin með þessum hætti. En sem sagt nú er aftur hlaupið til og gerð till. um að því skuli breytt, og þá er von að spurt sé: Hvað kemur til? Hver er ástæðan?

Það er augljóst að ástæðan er ekki sú að aðstæður hafi breyst. Allar aðstæður eru nú nákvæmlega þær sömu og þær voru þegar lögin voru sett fyrir þremur árum. Flokkaskipan hefur að vísu lítillega breyst, eins og vænta má að gerist í hverjum kosningum, en hitt er ljóst, að það er ekki þess vegna sem hlaupið er til að breyta þessu ákvæði. Tveir stærstu flokkarnir á Alþ. kusu tvo fulltrúa hvor í útvarpsráð seinast þegar kjörið var, en minni flokkarnir þrír kusu hver einn fulltrúa og er því ljóst að þeir fulltrúar, sem Framsfl. og Sjálfstfl. kusu fyrir þremur árum eru meiri hluti ráðsins.

Skýringin er ekki heldur sú að svo standi nú á að formaður útvarpsráðs sé ekki stuðningsmaður núv. stjórnarflokka, því að öllum hefur að sjálfsögðu verið ljóst að slíkt gæti alltaf gerst og hlyti oft að gerast. Þegar stjórnarskipti verða á miðju kjörtímabili, sem getur orðið oftar en einu sinni, þá getur að sjálfsögðu oft komið til þess að formaður ráðsins sé í stjórnarandstöðu. Það er því ekki skýringin. Það var staðreynd, sem blasti við öllum.

Nei, skýringin á þessu tiltæki blasir að sjálfsögðu við öllum sem til þekkja. Framsfl. er óánægður með einn af þeim fulltrúum, sem flokkur hans kaus í útvarpsráð fyrir þremur árum, og þess vegna krefst hann þess nú að fá að skipta. Og það þolir ekki einu sinni bið í eitt ár. Ástæðan er sem sagt einfaldlega pólitískt ofríki sem satt best að segja á sér ekki mörg fordæmi hér á landi. A. m. k. man ég ekki eftir því að stjórnarstofnun á vegum ríkisins væri sett af og önnur kosin í hennar stað vegna þess eins að einn flokkurinn, sem ætti menn í þeirri stofnun, felldi sig ekki við pólitískar skoðanir þess manns sem hann hefði kjörið í viðkomandi stofnun.

Ég held að það sé ósköp ljóst að flutningur þessa frv. er ekkert annað en pólitískt siðleysi, fyrst og fremst vegna þess að með því neitar einn flokkur, í þessu tilviki Framsfl., að fara eftir þeim leikreglum, sem hann sjálfur hefur sett hér á Alþ. og sjálfur staðið að og samþ.

Þegar vinstri stjórnin kom til valda fyrir rúmum þremur árum stóð eins á og nú að ýmsar mikilvægar stofnanir og ráð, sem kjörið hafði verið í af Alþ., áttu eftir að sitja í 1—2 ár, því að eins og kunnugt er fer það ekki nema sjaldan saman að kjörtímabil Alþ. og kjörtími viðkomandi stofnana falli á nákvæmlega sömu árin. Viðreisnarstjórnin sáluga hafði meiri hluta í þessum stofnunum í hálft annað ár eftir að hún fór frá og voru engar athugasemdir við það gerðar. Ég get nefnt sem dæmi bankaráð Búnaðarbankans, bankaráð Landsbankans, bankaráð Útvegsbankans, bankaráð Seðlabankans, stjórn Áburðarverksmiðjunnar, stjórn Sementsverksmiðjunnar, og fleiri dæmi mætti nefna, en að sjálfsögðu var þetta látið gott heita, enda þótt öllum hafi verið ljóst að því færi víðs fjarri að meiri hluti bankaráðs og einstakar gerðir hans væru þáv. meiri hluta Alþ. að skapi.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Ég vil aðeins segja það, að mér þykir leitt til þess að vita að jafnágætur maður og hæstv. menntmrh. skuli láta hafa sig í að flytja þetta frv. Ég skil ósköp vel að hann skyldi ekki vera að ómaka sig við að hafa mjög langa framsöguræðu um þetta mál, því að rök verða víst fá fundin því til stuðnings.

Ég viðurkenni fúslega að meiri hluti Alþ. hefur formlegt vald og formlegan rétt til þess að breyta l. um útvarpsráð á þennan veg. En ég

leyfi mér að halda því fram að það hafi ekki siðferðilegan rétt til þess, og ég tel að það sé siðleysi að breyta leikreglum, sem snerta lýðræði og frjálsa skoðanamyndun og allir flokkar hafa komið sér saman um, í þeim eina tilgangi að losa sig við ákveðna einstaklinga sem viðkomandi flokkur er ekki nógu ánægður með.

Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. og n., sem fær þetta mál til meðferðar, sjái sóma sinn í því að stuðla að því að það verði fellt hér í þinginu ellegar a. m. k. látið liggja í kyrrþey.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð að doka aðeins við í ræðustól þangað til hæstv. menntmrh. kemur inn, því að til hans ætla ég að beina orðum mínum, þó að ég geti verið stuttorður og með því móti tekið algjörlega undir orð síðasta ræðumanns.

Ég vil byrja með því að lýsa andstöðu minni við þetta frv. og undrast það að jafnágætur maður og hæstv. menntmrh. er skuli fást til að flytja frv. Það má vera mikil sú óánægja, sem ríkir innan Framsfl., til að knýja hann til þessara gjörða, enda valdi hann það ráð, sem skynsamlegt var, að hafa sem fæst orð um frv.

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar og studdi þá þróun, þegar l. var breytt 1971, að gera þessar stofnanir sem mest óháðar breytingu á pólitísku valdi í landinu. Ég tel, að þá hafi verið tekið lítið skref í þá áttina, en hefði mátt gjarnan ganga lengra.

Í aths. með frv. segir að það eigi að tryggja að skipan útvarpsráðs, sem ber að gæta fyllstu óhlutdrægni, væri jafnan í samræmi við skipan Alþ. Ég spyr einfaldlega: Hefði tekist að mynda vinstri stjórn, en ekki þá hæstv. ríkisstj. sem nú situr, hefði svona frv. séð dagsins ljós þá? Svari nú hver fyrir sig. Er þá verið að breyta samkv. vilja Alþ. og þess meiri hluta sem situr á Alþ? Nei, það er verið að breyta í þágu núv. ríkisstj. Ef til vill er frumhvötin til þess óánægja í öðrum stjórnarflokknum og tækifæri gripið til að hagnýta sér þetta sem átyllu.

Við getum deilt um það, hvort þessir ágætu menn hafa staðið sig eða ekki. Ég ætla ekki að leggja nokkurn dóm á það. Sjálfsagt gæti komið inn í þessi lög eins og önnur lög að það megi reka þá fyrirvaralaust, enda hefur slíkt skeð í sjálfu menntmrn., að menn eru reknir fyrirvaralaust og ekki gerð opinber grein fyrir því. Slíkt mun vera fátítt á Íslandi, að ríkisstarfsmenn séu reknir, og væri fróðlegt að fá slíkt vel upplýst. En e. t. v. er nauðsynlegt orðið á þeim erfiðu og vondu tímum, sem ganga yfir þjóðina, að fækka nú allhressilega og geta sett þak á fjárlögin í því skyni.

Ef við viljum að þessir miklu fréttamiðlar, sem bæði útvarp og sjónvarp eru, starfi sem best og skili hlutverki sínu sem best, þá tel ég persónulega að í stjórn þessarar stofnunar eigi að veljast menn sem mest óháðir pólitísku valdi í landinu. Við ráðum alls ekki yfir því með hvaða hætti Alþ. er skipað hverju sinni. Kosningar fara fram venjulega á fjögurra ára fresti, en geta farið fram með styttra millibili. Hins vegar má setja strangar reglur um að þessir menn skili starfi sínu vel og séu meira en eftirlitsmenn með dagskrá, heldur einnig að nokkrum hluta stjórnendur, í samráði þá við framkvæmdastjóra viðkomandi deilda.

Ég tel því hér stigið spor aftur á bak, í andstöðu við þá hreyfingu, sem var uppi 1971, og ég harma það og lít gjörsamlega fram hjá því hvaða menn hafa setið í ráðinu undanfarið. Þeirra verk hljóta að vera umdeild eins og allra manna verk. Sumir segja að þeir hafi staðið sig þokkalega, aðrir segja mjög miður, en á það legg ég engan dóm. Ég legg aðeins andstöðu mína gagnvart þeirri hugsun, sem hér kemur fram, að það eigi að hlaupa upp við hverjar kosningar eftir að Alþ. kemur saman og kjósa nýtt útvarpsráð. Það tel ég ekki rétt, vegna þess að mér segir svo hugur um, eins og ég sagði áðan, að ekki hefði verið staðið í þessu ef önnur ríkisstj. hefði verið mynduð, og á ég þá við vinstri stjórn.

Langeðlilegast væri að þetta frv. sofnaði núna í jólaönninni sem fram undan er, því að lítið hefur verið starfað í n. undanfarið, og væri langbest að sá háttur yrði á varðandi þetta frv. Ég sé enga sérstaka þörf fyrir þessa breyt. og engin heilbrigð rök fyrir að taka þetta skref aftur á bak. Ég held að mikill meiri hluti þjóðarinnar sé á því að þessar stofnanir eigi að starfa sem óháðast öllu pólitísku valdi, og ég er þeirri skoðun fullkomlega sammála. Okkur kann að greina á með hvaða hætti við tryggjum það, en til þess erum við hér á Alþ. að fjalla um slíkt og bæta úr. En hér er tekið skref aftur á bak að mínu mati og þess vegna lýsi ég andstöðu við frv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Um frv. af þessu tagi er raunar best að segja sem minnst, slíkt óbragð sem að því er. Ég skal því verða stuttorður.

Það hryggir mig að sjá minn góða vin, hæstv. menntmrh., verða að láta undan þeim öflum, sem hafa fjandskapast út í núv. meiri hl. útvarpsráðs og er nær eingöngu að finna í svartasta íhaldi þessa lands. Mergurinn málsins er auðvitað hræðsla, hræðsla þess íhalds, sem vill gera Morgunblaðið að biblíu allra landsmanna, hræðsla þess við, að ríkisfjölmiðlarnir birti of mikið af annars konar sannleika en þar birtist. Hafa ýmsir ærst bókstaflega þegar aðrar kenningar hafa heyrst en þeir telja sér þóknanlegar. Það er leitt, að hæstv. ráðh. skuli óbeint taka hér undir. Þetta skoðanafrelsi virðist nú eiga að fyrirbyggja. Og innsti draumurinn er auðvitað sá hjá vissum aðilum að gera ríkisfjölmiðlana að nýjum „Morgunblöðum“ svo að einokunin geti orðið sem algerust á skoðanamyndun fólks.

Ég óska núv. útvarpsráðsmeirihluta hjartanlega til hamingju með þennan ótta, þessa hræðslu, sem hefur skelft þetta íhald af og til, um leið og ég samhryggist hæstv. menntmrh. með það hlutskipti sem hann nú, áreiðanlega tilknúinn af sér verri mönnum, hefur tekið að sér. Það er sannarlega rétt að betri viðurkenningu var tæpast unnt að fá en árásir svartasta afturhaldsins í landinu, — árásir sem jafnvel eru gerðar í nafni meistarans frá Nazaret, í sömu andrá og þær hafa verið gerðar í nafni annarrar heilagrar þrenningar þar í bæ: NATO, Nixons og CIA, — árásir sem hafa verið gerðar með svipuðu prúð-

mannlegu orðfæri og gaf að líta í Morgunblaðinu nú um helgina út af 1. desember-samkomu stúdenta þar sem hvort tveggja fór saman, heilög reiði yfir orðfæri stúdenta, sem ég var reyndar sjálfur lítt hrifinn af sumu hverju, en einnig blandaðist inn í heilög reiði hinna hreinu vandlætara og siðameistara, orðbragð sem ekki er með nokkru móti prenthæft og ég verð því að sleppa tilvitnúnum í vegna virðingar þessarar hv. stofnunar.

Sams konar orðfæri blasti við í hneykslunarskrifum út af sögu ungrar stúlku í fyrra. Slæmt fordæmi var þessi saga sögð. En hvert var og er fordæmi okkar, jafnvel þeirra sem hæst létu og mér er ekki grunlaust um að hafi ritað suma pistlana með timburmenn helgarinnar í hausnum? Spegilmynd þjóðarinnar, spegilmynd meiri hl. fólksins, slíkt á útvarpsráð að vera samkv. kenningunni. Ja, svei! Man ekki hæstv. menntmrh. eftir því að á vinstristjórnarárunum var þessi kenning uppi höfð um Morgunblaðið af Morgunblaðinu sjálfu þegar það var að ærast út af vinstri stjórninni alveg sérstaklega í tilteknu máli? Þá þóttist það vera hin eina sanna spegilmynd þjóðarinnar. Við höfum slíka spegilmynd afskræmingarinnar nú þegar og þurfum síst af öllu að gera útvarp og sjónvarp að slíkum spegilmyndum einnig.

Hlutleysi útvarpsins getur ekki verið fólgið í algerri þögn um viss málefni sem e. t. v. eru mikilvægust allra. Hlutleysi getur ekki heldur verið fólgið í því að ákveðnir aðilar fái að fjalla um tiltekin efni og síðan ekki söguna meir. Þar þurfa og eiga einmitt að koma fram hinar ýmsu skoðanir í þjóðfélaginu, ekki síður þær sem eru í minni hl. Sá minni hl. getur orðið meiri hl. morgundagsins og á sama rétt á sér. Þetta sjónarmið sýnist mér núv. útvarpsráð hafa rækt með prýði.

Nauðsyn þess að losna þar við tiltekinn meiri hl. hlýtur að vera af þeirri rót runnin að vinnubrögð eigi að breytast. Ég óttast þau umskipti. Ríkisfjölmiðlar eiga að vera víður vettvangur frjálsra og opinskárra skoðanaskipta. Þar eiga sem flestar raddir að heyrast. Sumum kann ég að vera ósammála, sumum þeir Morgunblaðsmenn. En hvort tveggja á að koma fram. Við eigum svo sannarlega að vera menn til að hlýða á andstæðar skoðanir, eða hefur ekki orðið „lýðræði" eitthvað verið nefnt í þessu sambandi?

Ég skal ekki fara mörgum fleiri orðum hér um. Eitthvað býr undir. Hér liggur svo sannarlega fiskur undir steini, og það er grunur minn, að það sé farið að slá í hann, svo að ekki sé meira sagt. Hins vegar skal það besta vonað, m. a. að hæstv. ráðh. sjái svo til, að alræði íhaldsins verði ekki ofan á í nýju útvarpsráði, með því t d. að setja ekki sálufélaga þeirra úr liði Framsóknar þeim við hlið. Þá yrði svartnættisins ekki langt að bíða og fjölmiðlarnir okkar yrðu brjóstabörn Morgunblaðsins, og þá er illa farið, vægast sagt.

Innsta ósk mín er nú að hæstv. ráðh. dragi þessa frumvarpsómynd til baka, því að að hans eigin frumkvæði er hún varla komin hér inn á borð. Því skal ég a. m. k. seint trúa.

Umr. frestað.

Efri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 9. des., að loknum 16. fundi.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 91). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Erlend lántaka ríkissjóðs hefur verið til athugunar undanfarna mánuði sem liður í nauðsynlegri fjármögnun framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar þessa árs. Fyrir hönd ríkisstj. hefur Seðlabankinn fylgst með þróun erlends lánamarkaðar og telur nú, að tímabært sé að stofna til ráðgerðrar lántöku.

Eins og kunnugt er hafa lánamarkaðir utanlands verið ákaflega þröngir um alllangt skeið. Eru margar ástæður fyrir þessu, ekki síst olíukreppan. Aðaleinkenni lánamarkaðarins hafa verið mjög háir vextir, tregða til að lána nema til skamms tíma, jafnframt því sem framboð almennt á lánsfé hefur verið lítið.

Ríkisstj. hefur nú ákveðið að ráðast í erlenda lántöku og flytur það frv., sem hér liggur fyrir, um lántökuheimildir erlendis. Eftir gaumgæfilega athugun á lánamarkaðinum hefur orðið niðurstaðan að reyna nú lánsútboð allt að 15 millj. Evrópureikningseininga, sem svarar til 2120 millj. kr. Er lánið boðið út á þeim grundvelli, að lánstíminn geti verið 5—20 ár, en um vexti og útboðsgengi verði að fara eftir því sem markaðurinn segir fyrir um. Undanfarið hafa svipuð lán verið með um 10% vöxtum og útboðsgengi um eða rétt innan við 100%.

Er ráðgert að lánið verði tekið í þessum mánuði. Nokkrar bankastofnanir í Englandi, Frakklandi, Belgíu, Luxemborg og Kuwait hafa tekið að sér að annast lánsútboðið. Er hér um að ræða lántöku hliðstæða þeirri sem ríkissjóður var með fyrir rúmlega einu ári á þessum sama markaði og nam 12 millj. Evrópureikningseiningum. Vegna óstöðugleika í gengismálum hefur það tíðkast æ meir í seinni tíð að lánsútboð á alþjóðamörkuðum eru gerð í reikningseiningum, sem eru tiltekinn fjöldi gjaldmiðla, og er gert til að draga úr áhrifum gengisbreytinga. Evrópureikningseiningin hefur einna mest verið notuð í þessu sambandi og byggist á gjaldmiðlum Efnahagsbandalagslandanna níu. Skuldbinding lántaka breytist, ef gengi allra gjaldmiðlanna hefur breyst og á sama tíma hefur meiri hluti þeirra breyst til sömu áttar, en skuldbinding lántaka fylgir breyting þess gjaldmiðils sem minnst hefur breyst.

Ráðstöfun lánsfjárins er rædd ítarlega í frv. og aths. þess. Lántökuheimilda hefur áður verið aflað fyrir flestum liðunum, en leitað er hér sérstakrar heildarheimildar sem er beinlínis sniðin fyrir ráðgerða lántöku.

Ég legg á það áherslu, að hv. þm. átti sig á því, að ekki er um nýtt fé að ræða til framkvæmda. Hefur Seðlabankinn og ríkissjóður veitt bráðabirgðalán áður fyrir flestum þeim framkvæmdum, sem um er að ræða, og er gerð grein fyrir því í frv. Gert er ráð fyrir 800 millj. kr.

endurláni til Framkvæmdasjóðs vegna fjáröflunar- og framkvæmdaáætlunar á þessu ári. Það skal tekið fram að vegna hugsanlegs erlends láns sjóðsins er ekki ólíklegt að erlend endurlán til sjóðsins verði 200 millj. kr. lægri en allt að 600 millj. kr. Fari svo kemur að sjálfsögðu til kasta Alþ. að ráðstafa þessum mismun. Sá almenni fyrirvari fylgir þessu máli, að svo getur farið að í fyrstu umferð verði hið erlenda lán lægra, hugsanlega 12 millj. einingar í stað 15, og fer það eftir markaðsaðstæðum. Verður ráðstöfun andvirðisins að breytast hlutfallslega þar til fullri fjárhæð er náð.

Að öðru leyti vísa ég til efnis frv. Mikið ríður á skjótri afgreiðslu þessa máls í þinginu. Vonast ég til þess að sú n., sem fær þetta frv., svo og hv. þd. sjái sér fært að verða við þeirri beiðni minni að hraða afgreiðslu málsins, um leið og ég þakka hæstv. forseta fyrir fyrirgreiðslu hans til þess að málið geti í dag komið til 1. umr. í hv. Ed.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um þetta frv., en mér þótti athyglisvert að þegar er búið að ráðstafa þessu fjármagni með innanlandslántöku meira og minna og verður því um sáralitið nýtt fjármagn að ræða eða jafnvel ekkert. Í því tilefni datt mér í hug að forvitnast um hvernig liði möguleikum á því að fjármagna væntanlega hitaveitu Suðurnesja sem er alveg á döfinni. Frv. um það mál mun nú vera í burðarliðnum og jafnvel koma innan skamms og sýnilegt er að verulegt fjármagn þarf að útvega til þess að framkvæmdir geti hafist á næsta ári, eins og allir vona og vilja. Þetta snertir sérstaklega hæstv. fjmrh. og leikur mér þess vegna forvitni á að vita hvaða möguleika við höfum til að fjármagna væntanlega hitaveitu, þar sem hann upplýsir að mjög erfitt sé að fá nú lán á erlendum lánamarkaði. Einnig eru ýmsar aðrar stórframkvæmdir á döfinni og virðist mér ekki horfa vel um fjármögnun þeirra eftir þessum upplýsingum að dæma.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. landsk. þm. varðandi hitaveitu Suðurnesja og fjármögnun til hennar get ég aðeins sagt það, eins og hann gat réttilega um, að í burðarliðnum er framlagning frv. um hitaveitu Suðurnesja. Fjárhagsáætlanir hafa, held ég, ekki verið gerðar. Þar er einnig um að ræða sérstaka stofnun sem slíka með sérstakri stjórn, og ég á von á því að frá henni komi mjög fljótlega, eftir að sú stjórn hefur verið kjörin, áætlun um framkvæmdir við hitaveitu. Vonast ég til þess að með einhverjum ráðum verði þá hægt að afla fjár til þess að þetta mjög svo mikla hagsmunamál Suðurnesja þurfi ekki að stranda af þeim sökum, og veit ég að hann og aðrir hv. þm. úr því kjördæmi verða góðir liðsmenn í því máli þegar þar að kemur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — Frh. 1. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hafði nokkuð stór orð um sum efni, sem hann vék að í ræðu sinni. Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. um það hvernig núv. útvarpsráð hefur rækt hlutverk sitt, en hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða að mínu viti, og það leiðir af því hve ríkisfjölmiðlarnir eru þýðingarmiklir í sjálfu sér.

Í 1. gr. útvarpslaganna segir, að Ríkisútvarpið sé sjálfstæð stofnun í eign íslenska ríkisins. Ég hef alltaf talið, að leggja beri sérstaka áherslu á sjálfstæði Ríkisútvarpsins, sjálfstæði gagnvart öllum stofnunum, samtökum, flokkum og hagsmunahópum í þjóðfélaginu, og ekki nóg með það: sjálfstæði gagnvart handhöfum ríkisvaldsins á hverjum tíma. Þetta er grundvallaratriði í okkar frjálsa þjóðskipulagi. Þar sem lýðræði er ekki í hávegum haft eða einræði ríkir er þessi regla ekki í heiðri höfð, eins og við vitum. Þar beita valdhafarnir hinum voldugu ríkisfjölmiðlum til að viðhalda völdum sínum og til að tryggja sig í sessi. Þetta samrýmist ekki leikreglum lýðræðisins. Það hefur öllum verið ljóst og verið viðurkennt í þessu landi síðan Ríkisútvarpið hóf göngu sína.

En vegur sá, sem Ríkisútvarpinu hefur verið ætlaður, er vandrataður í mannlegum ófullkomleika. Aðalatriðið er samt að menn missi aldrei sjónir á leiðarljósum þeim sem eiga að varða veginn.

Í löggjöf okkar hafa frá fyrstu tíð verið reglur um þessi efni. Í gildandi útvarpslögum er þetta orðað svo: „Ríkisútvarpið skal í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Það skal virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.“ Hlutverk útvarpsráðs er að gæta þess, að ákvæðum þessum sé fylgt. Það er mikilvægt og vandasamt hlutverk.

Viðreisnarstjórnin lét fara fram vandaða endurskoðun á útvarpslögunum. Á grundvelli þessarar endurskoðunar samþ. Alþ. ný útvarpslög árið 1971. Ýmsar breytingar voru þá gerðar sem stefna í þá átt að efla sjálfstæði Ríkisútvarpsins, og þá var ákveðið að útvarpsráð skyldi kosið af Alþ. til fjögurra ára í senn. Áður gilti sú regla, eins og við vitum allir og hér hefur þegar verið bent á, að útvarpsráð skyldi kosið að loknum hverjum alþingiskosningum, þ. e. það fyrirkomulag sem nú er lagt til með frv. því sem hér er til umr. Ég leit svo á árið 1971 að breyting sú, sem var gerð á kosningu útvarpsráðs, væri til bóta. Hún lagði áherslu á þann skilning á hlutverki útvarpsráðs, að það ætti og því ætti að vera treystandi til að gæta óhlutdrægni í störfum sínum án tillits til þess hvaða ríkisstj. sæti að völdum, hvort stjórnarskipti yrðu eða ekki eða alþingiskosningar á kjörtímabili þess. Getur nokkur verið á móti því að útvarpsráð vinni störf sín í þessum anda? Það ætti ekki að vera.

En nú segja menn, að útvarpsráð eigi að vera svo skipað að það sé spegilmynd af styrkleika flokkanna á Alþ. sem kýs það. Hæstv.

menntmrh. notaði ekki þetta orð, „spegilmynd", í framsögu sinni áðan. Honum er vorkunn að hafa ekki gert það á sama veg og hann gerði í viðtali við Sjónvarpið um efni þessa frv., en í viðtalinu við Sjónvarpið gerði hann, að ég hygg, nokkru ítarlegri grein fyrir frv. og efni þess en í framsögu sinni áðan.

Það er fært fram sem rök fyrir breytingu þeirri, sem felst í þessu frv., að kjósa útvarpsráð að loknum hverjum alþingiskosningum, að þá sé útvarpsráð spegilmynd af Alþ. hverju sinni. Það er auðvitað rétt, að styrkleikahlutföll stjórnmálaflokkanna geta breyst og breytast oft við alþingiskosningar. En við skulum þá hafa í huga að styrkleikahlutföll stjórnmálaflokkanna geta breyst í þessu sambandi þó að engum alþingiskosningum væri fyrir að fara. Minnstu þingflokkarnir geta ekki fengið kjörinn fulltrúa í útvarpsráð nema með fulltingi eða í samvinnu við aðra flokka. Hvort þeim tekst það eða ekki getur farið eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þannig gæti stjórnarandstöðuflokkur orðið utangarðs við kjör í útvarpsráð í upphafi kjörtímabils, en haft möguleika síðar á kjörtímabilinu gegnum stjórnarsamstarf ef stjórnarskipti hefðu farið fram. Þannig gæti spegilmyndin af styrkleikahlutföllum á Alþ. verið breytileg. Ættum við þá e.t.v. til að öllu réttlæti verði framfylgt að kjósa nýtt útvarpsráð við hver stjórnarskipti.

Ég verð að segja það að ég legg ekki mikið upp úr þeirri einu ástæðu sem hæstv. menntmrh. færði fram fyrir flutningi þessa frv., eins og kom fram í framsögu hans hér áðan. Það má lengi finna eitthvað að aðferðinni við kjör útvarpsráðs. E.t.v. getum við sagt að núgildandi fyrirkomulag sé það versta að undanskildum þeim aðferðum sem við höfum áður reynt. En þegar við dæmum um, hver sé besta aðferðin við val á útvarpsráði, er mest um vert að missa ekki sjónar af hlutverki útvarpsráðs. Þó að menn séu kjörnir í útvarpsráð fyrir tilstyrk ákveðinna stjórnmálaflokka á Alþingi er það hlutverk þeirra að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum eins og segir í útvarpslögunum. Alþingiskosningar breyta engu um þetta. Þess vegna er grundvallarmisskilningur að halda því fram að það gildi það sama um útvarpsráð og mörg önnur ráð og nefndir sem Alþ. kýs að loknum alþingiskosningum. En þessi skoðun kom fram hjá hæstv. menntmrh., að því er mér virtist áðan, og ef hún kom ekki fram áðan, þá hefur hún komið í Sjónvarpinu í því viðtali sem ég vitnaði í.

Við verðum að hafa í huga að það er eðlilegt og getur verið nauðsynlegt að sá háttur sé hafður á um aðila, sem hafa það hlutverk að framkvæma þá stjórnarstefnu, sem meiri hl. Alþ. og ríkisstj. móta á hverjum tíma, að þar fari fram skipti á mönnum um leið og stjórnarskipti fara fram. Annars getur ríkisstj. ekki framfylgt stjórnarstefnu sinni. Við þessu er ekkert að segja, það er meira að segja sjálfsagt. En óhlutdrægni Ríkisútvarpsins á að vera í fullu gildi, hver sem stjórnarstefna kann að vera á hverjum tíma, og þetta er kjarni málsins.

Ég er enn sömu skoðunar og 1971 að þá breytingu, sem þá var gerð á reglum um kjörtímabil útvarpsráðs, hafi verið rétt að gera. Hvað getur þá réttlætt að hverfa aftur til hins gamla fyrirkomulags? Er það einhver reynsla sem fengist hefur af breyt. frá 1971? Ég heyrði ekki að það kæmi fram í ræðu hæstv. menntmrh. En ef verið er að breyta, er þá ekki rétt að spyrja að því og hvers vegna gerir menntmrh. það ekki, hvort reynslan sé sú að það þurfi að gera slíkt. Nú tel ég að það sé svo skammur tími liðinn síðan þetta skipulag var upp tekið að það sé ekki hægt að dæma beinlínis um breytinguna af reynslu sem hafi fengist.

En við skulum ekki fara eins og köttur í kringum heitan graut í þessu máli. Það hafa orðið breytingar á störfum útvarpsráðs á tímabilinu frá 1971. En það eru breytingar, sem að mínu viti verða ekki raktar til breytinga á reglum um lengd kjörtímabils útvarpsráðs. Þegar ég tala um breytingar á ég við þann ófrið og styr sem hefur verið um störf núv. útvarpsráðs og lýst hefur sér í almennum ásökunum um hlutdrægni og misnotkun í pólitískum tilgangi.

Ég á sæti í því útvarpsráði, sem nú situr, og ég ætti því að vera kunnugur hnútunum. Ég hef persónulega ekkert nema gott um alla núv. útvarpsráðsmenn að segja eins og alla samstarfsmenn mína í útvarpsráði fyrr og síðar. Það útvarpsráð, sem nú situr, hefur gert marga hluti góða og fitjað upp á ýmsum nýjungum í dagskrárgerð, eins og öll útvarpsráð hafa gert fyrr og síðar. En þessi skoðun mín breytir ekki því, að ég er sammála í höfuðatriðum gagnrýni þeirri, sem fram hefur komið, og skil hneykslun og reiði sem vakin hefur verið meðal almennings af þessum sökum. En ég ætla ekki á þessum vettvangi að fara að ræða þessi mál og taka upp deilur sem ég hef allt þetta kjörtímabil útvarpsráðs staðið í við meiri hl. útvarpsráðs, menn sem ekki eru hér viðstaddir.

En þó að þetta sé svo, að það sé óánægja með störf núv. útvarpsráðs, er það þá ástæða til þess að breyta útvarpslögunum og reglunum um kjörtímabil útvarpsráðs? Ég efast mjög um það. Ég tel að breytingin frá 1971 hafi haft við rök að styðjast og sé og hafi verið gerð í þeim anda sem þýðingarmest er að ríki í Ríkisútvarpinu, og það þarf meira en lítið að mínu áliti til þess að það réttlæti að víkja frá þeirri stefnu sem viðreisnarstjórnin markaði með lögum 1971. Ég leyfi mér að efast um að óánægja með útvarpsráð, sem hlýtur að vera tímabundin, því að kjörtímabil útvarpsráðs er tímabundið og mjög lítið á það, eigi að ráða úrslitum um það hvaða afstöðu við tökum til þessa máls. Ég leyfi mér að efast um það.

Ég vildi, herra forseti, lýsa þessari skoðun minni nú þegar við 1. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að taka heils hugar undir meginefnið í ræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar um frv., sem hér er fram komið. Sjálfum er mér í fersku minni mörg óánægjan út af mörgum útvarpsráðum allar götur frá því í apríl 1946. Við

skulum minnast þess, að útvarpsráð hefur aldrei verið kosið til þess að allir séu ánægðir með það. Ekkert slíkt útvarpsráð hefur setið, ekki nokkurn tíma. Ekkert útvarpsráð hefur heldur verið kosið til þess að endurspegla styrkleikahlutföll stjórnmálaflokka á þingi. Útvarpsráði hefur, að því er ég best veit, aldrei verið ætlað að endurspegla nokkurn skapaðan hlut af Alþ. — aldrei.

Ég hef orðið þess var að ýmsir þeir, sem kunnugastir eru starfsháttum Ríkisútvarpsins og mesta umhyggju bera fyrir því, eru einmitt þeirrar skoðunar, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson lýsti áðan, að nú sé um að gera að reyna til hlítar hið nýja fyrirkomulag á kosningu útvarpsráðs, ef vera kynni að nudda mætti málunum áleiðis í þá átt, sem ýmsir góðir menn hafa lengi viljað í stefna, því að gera útvarpsráð sem óháðast ríkisstj. hverju sinni.

Það nær ekki nokkurri átt, þó að ónefndur flokkur hafi asnast til þess að kjósa í útvarpsráð mann, sem reyndist vera öðruvísi en hann hafði reiknað með, að hlaupa til og breyta þriggja ára gömlum lögum varðandi kosningu í útvarpsráð. Sá flokkur verður að reyna að passa sig betur næst þegar kosið er í útvarpsráð. Það má ekki láta slíkan klaufaskap bitna á þessari öldnu stofnun eða e. t. v. ágætri lagasmíð um rekstur hennar.

Þessu frv. verður endilega að vísa frá, og ég held að það mundi spara okkur tíma að því verði ekki einu sinni vísað í nefnd.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim umr. sem hér hafa farið fram.

Ég vil fyrst árétta það, sem ég sagði þegar ég mælti fyrir frv., að málið væri ákaflega einfalt, felur það aðeins í sér að nú skuli taka aftur upp þá reglu að kjósa útvarpsráð eftir hverjar alþingiskosningar og með því tryggja það að skipan útvarpsráðs verði jafnan í samræmi við skipan Alþingis á hverjum tíma. Auðvitað getur hún ekki orðið það ævinlega, eins og einhver hv. þm. benti á í ræðu sinni, heldur jafnan, eins og segir í grg.

Hv. síðasta ræðumanni fannst það fullmikið að tala um að útvarpsráð ætti að endurspegla hlutföllin á Alþ. Það getur vel verið að ég hafi látið þessi orð falla, og ég sé að þau voru látin detta í umr. á Alþ. þegar flutt var till. um sams konar breytingu og liggur fyrir í þessu frv. Það fann enginn neitt athugavert við þau þá. En þó að menn ræði þetta aftur á bak og áfram og hvernig sem menn velta fyrir sér orðalaginu, þá fer ekki hjá því að þær nefndir og þau ráð, sem kosin eru hlutfallskosningu á hv. Alþ. og stillt upp til þeirra hlutfallskosninga eins og hér er viðtekin venja, að flokkarnir setja fram sína lista, þá verður náttúrlega ekki hjá því komist, að þau ráð og þær nefndir endurspegli styrkleikahlutföllin á Alþ. hverju sinni.

Eg er eiginlega undrandi yfir því hvað menn eyða mörgum orðum á þetta litla frv. Það hefur verið mjög breytilegt hvernig valið hefur verið til útvarpsráðs frá byrjun, þó að lengstan tímann hafi það verið eins og hér er lagt til að gert verði. Til fróðleiks má aðeins rifja þetta upp með örfáum setningum.

1930 var ákveðið að vissar stofnanir tilnefndu menn í útvarpsráð. Ráðh. skipaði formanninn, en síðan tilnefndu stofnanir eins og Háskóli Íslands, prestastefna og fleiri ágætar stofnanir menn í ráðið. Þetta er 1930. — Svo er fyrsta breytingin, að ég hygg, gerð 1934. Þá fara menn hálfa leið að því fyrirkomulagi, sem seinna varð ofan á, að Alþ. kysi útvarpsráð allt. Þá er tekinn upp sá háttur, að Alþ. kýs þrjá, en félag hlustenda þrjá og ráðh. tilnefnir svo formann. Þetta er 1934. — Svo hygg ég að næsta breyting sé gerð 1939 og þá er ákveðið að kjósa allt útvarpsráðið hlutfallskosningu á Alþ. og þá til þriggja ára. — En 1942 er breyting gerð á sama hátt og nú er lagt til að kosningar skuli fara fram á fyrsta þingi eftir alþingiskosningar. Ég fletti að gamni mínu upp í umr. um þetta frv. þá. Þær eru heldur snautlegar, því að flm. mælti nokkur orð fyrir því í annarri d. og frsm. n. í hinni örfá orð líka, að öðru leyti engar umr. Málið var að vísu ekki afgreitt shlj., en það urðu engar umr. um það og það var afgreitt með miklum meiri hl.

Síðan hefur þessi skipan haldist, þangað til mönnum hugkvæmdist það snjallræði árið 1971, eins og hér hefur verið minnst á, að breyta þessu aftur og ákveða að kosið skyldi á fjögurra ára fresti. Ég álít, að þetta hafi verið fljótræðisverk. Ég álít að hitt sé eðlilegri skipan, sem lengst af hefur verið á höfð, fyrst flokkarnir velja raunverulega með listakjöri hér á Alþ. menn í útvarpsráð, þá sé skipan ráðsins jafnan í samræmi við skipan Alþingis.

Ég er eiginlega svolítið undrandi á því hvað þetta fer fyrir brjóstið á hv. þm. Þeir virðast vera hálfargir yfir þessu og þeir segja að það hljóti eitthvað ekki gott að vera á bak við þetta og meira að segja að þetta sé beinlínis fráleitt, stefna að því að skipan þessa ráðs skuli vera með sama hætti og t. d. menntamálaráðs, sem er kosið eftir hverjar alþingiskosningar.

Það er hins vegar eðlilegt að menn greini á um þetta eins og flestallt annað. En mér finnst ekki ástæða til þess að ergja sig verulega yfir því. Og við skulum ekkert vera að vefja þetta fyrir okkur. Þetta er ákaflega einfalt, það er bara spurningin um hvort menn vilja taka upp aftur þessa skipan, sem hefur lengst af gilt, eða frá 1943 til 1971, að kjósa eftir hverjar alþingiskosningar, ellegar hafa hinn háttinn á. Það er, eins og ég segi, skiljanlegt, að það séu skiptar skoðanir um þetta, en ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að hafa uppi stóryrði út af þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 64, n. 102). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var flutt á síðasta Alþ. ásamt tveimur öðrum frv., sem gengu í þessa átt, þ. e.

a. s. að veita nemendum tiltekinna skóla aðild að skólanefnd. Þar var um að ræða Vélskólann og Fiskvinnsluskólann. Þetta frv. náði þá ekki fram að ganga í önnum síðustu vikna þingsins og er endurflutt nú í sama formi.

Menntmn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu, sem er að finna á þskj. 102. Einn nm., Steingrímur Hermannsson, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 102 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 9. des., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 91, n. 104). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur haft þetta frv. til athugunar og fjallaði um það á fundi sínum í síðustu viku. Efni frv. er að heimila ríkisstj. að taka erlent lán að fjárhæð allt að 2120 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri, eins og segir í 1. gr. frv. Í 2. gr. er síðan talið hvernig láninu verði varið, þ. e. til Framkvæmdasjóðs Íslands 800 millj., til Landsvirkjunar vegna virkjunarframkvæmda við Sigöldu 474 millj., til vegagerðar 496 millj. og til framkvæmda í orkumálum 350 millj.

Heimildir til þessarar lántöku er að finna reyndar í ýmsum lögum, en með þessu frv. eru þær heimildir færðar á einn stað þar sem óhentugt þykir að þurfa að vísa til margra lagaheimilda í skuldabréfum sem út verða gefin. Það er um að ræða hina almennu heimild í 22. gr. l. um Framkvæmdastofnun ríkisins þar sem Framkvæmdasjóði er heimilað með samþykki ríkisstj. að taka lán til starfsemi sinnar bæði innanlands og erlendis. Þá er heimild í l. um lántökuheimildir erlendis, lögum sem samþ. voru á Alþ. 29. apríl s. l., vegna ýmissa framkvæmda í orkumálum og svo l. nr. 37 frá 8. maí s. l. Heimild hefur hins vegar ekki verið fengin vegna vegaframkvæmda en eins og vitað er varð ekki af endurskoðun vegáætlunar á s. l. vori eins og til stóð.

Ég vil geta þess að til fundar við n. kom Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og veitti hann ýmsar upplýsingar. Þá vil ég einnig geta þess að það kom fram á fundi n. að til athugunar hefur verið hjá Framkvæmdasjóði að fá 200 millj. kr. lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópu og kann að reynast nauðsynlegt að fá heimild ríkisstj. til að taka það lán ef Framkvæmdasjóður fær ekki það fé, sem gert er ráð fyrir í áætlun frá lífeyrissjóðunum, en eins og er mun skorta nokkuð á að það fé fáist.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara um þetta mál fleiri orðum. Eins og fram kemur í áliti n. á þskj. 104 er n. sammála um að mæla með því að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 27, n. 99). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 99 er álit fjh.- og viðskn. varðandi þetta mál. N. hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 55). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr. og fjallar um breyt. á l. nr. 13 frá 13. apríl 1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, er flutt að beiðni háskólaráðs, en með því er stefnt að því að auka veltu og hagnað Happdrættis Háskóla Íslands á næstu árum svo að það geti lagt meira af mörkum til fyrirhugaðra bygginga á vegum Háskóla Íslands. En á slíku er mikil nauðsyn vegna mikilla byggingarframkvæmda og tækjakaupa og stóraukins kostnaðar vegna viðhalds húsa og búnaðar.

Frv. felur í sér eina breytingu frá gildandi l., þ. e. heimild til útgáfu sérstaks flokks hlutamiða, B-flokks, til viðbótar við þá 4 flokka, E, F, G og H, sem nú eru gefnir út. Endurnýjunarverð miða í hinum nýja flokki yrði fimmfalt hærra en í þeim flokkum, sem fyrir eru, og fjárhæð vinninga einnig fimmfalt hærri.

Breytingin, sem frv. felur í sér, er líkleg til að auka veltu og hagnað happdrættisins og gera framkvæmdir háskólans mögulegar án þess að verð miða verði hækkað í þeim flokkum sem fyrir eru, en það er nú 300 kr. á mánuði og var hækkað um síðustu áramót. Óbreytt verð gömlu miðanna á næsta ári gerir mörgum viðskiptavinum happdrættisins kleift að halda áfram þátttöku án aukins kostnaðar, en nýi flokkurinn gefur þeim, sem vilja auka þátttöku sína í happdrættinu, verulega möguleika á því á einfaldan hátt.

Helstu framkvæmdir, sem hagnaður af rekstri Happdrættis Háskóla Íslands rennur til á næstu árum, eru þessar: Sérhæfðar byggingar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild sem unnið er að í áföngum, byggingar almenns kennsluhúsnæðis

sem nú er orðin mikill skortur á, og sérhæfðar byggingar fyrir læknadeild og tannlæknadeild sem nú eru að hefjast á landsspítalalóð, en þær verða þó aðeins að hluta reistar fyrir happdrættisfé. Búnaður í háskólabyggingar og tæki til rannsóknarstarfsemi og kennslu eru keypt fyrir happdrættisfé og enn fremur er frágangur og viðhald lóða og viðhald húsakosts háskólans greitt af hagnaði happdrættisins.

Í grg. með fjárlagatill. stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands er skýrt frá því að tekjuáætlun happdrættisins væri reist á þeirri forsendu að viðbótarflokkur sá, sem frv. gerir ráð fyrir, fáist lögfestur nú á þessu ári, og drög að framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands eru einnig byggð á sömu forsendum.

Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Ed. Sú n., sem þar fékk það til meðferðar, fékk til athugunar nánari gögn um þetta mál sem liggja fyrir og sú n., sem fær það hér til meðferðar, hefur aðgang að. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta, en það er nauðsynlegt til þess að þetta komi að gagni að það verði að *lögum fyrir áramót. Þess vegna mælist ég* til þess við hv. n., sem frv. fær til meðferðar, að hún hraði meðferð þess.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh. -og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv

Neðri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 9. des., að loknum 16. fundi.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 91). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Innheimta gjalda með viðauka, frv. (þskj. 27). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 110).

Lánasjóður sveitarfélaga, frv. (þskj. 3, n. 107). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Eins og kemur fram í framlögðu nál. hefur n. fjallað um frv. Hún kvaddi á sinn fund Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Lánasjóðs sveitarfélaga sem gaf n. margs háttar upplýsingar og svaraði ýmsum fsp. sem þar komu fram.

Það skal tekið fram að ætla má að framlag til sjóðsins árið 1975 frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði verði sem hér segir: Frá Jöfnunarsjóðnum 89 millj. 150 þús. kr. og frá ríkissjóði 44 millj. 575 þús. kr., og eru þá lagðar til grundvallar tölur í frv. til fjárl. fyrir árið 1975 og gildandi lagaákvæði um tekjur Jöfnunarsjóðs.

Það er rétt til að skýra, hvernig þessar tölur eru fengnar, að vísa til frv. til fjárl. fyrir 1975, en þar segir, ef menn vilja bera þetta saman, á bls. 7, tekjuliður 1 15 01, að gert sé ráð fyrir aðflutningsgjöldum upp á 10 milljarða, en samkvæmt lagaákvæðum eiga 5% af þessum aðflutningsgjöldum að renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og það eru 500 millj. Auk þess er samkvæmt sama frv. á bls. 8 liður 1 17 01, söluskattur, 8% af þessum stofni eiga að renna í Jöfnunarsjóðinn af upphæðinni 16 milljarðar 877 millj. kr., sem gerði þá tekjulið fyrir jöfnunarsjóðinn upp á 1033 millj. Auk þess er tekjustofn fyrir sjóðinn landsútsvör, þau eru framreiknuð til þeirrar áætlunar sem ætla má að þau verði árið 1975, að upphæð 250 þús. kr. Tekjur Jöfnunarsjóðs í heild ættu þá að verða 1783 millj. kr., en skv. frv., sem hér er verið að fjalla um, ættu 5% af þessari upphæð að renna í Lánasjóð sveitarfélaga, sem yrðu þá 89 millj. 150 þús. kr. Helmingurinn af þessari upphæð ætti síðan að vera beint framlag ríkissjóðs, eða eins og segir í grg. 44 millj. 575 þúsund.

Það hefur verið dálítið um það rætt og kom fram í umr., ef ég man rétt, að það væri æskilegt og eðlilegt að hlutur ríkissjóðs í beinu framlagi til Lánasjóðsins yrði hinn sami og hlutur Jöfnunarsjóðsins til Lánasjóðsins. Var svo ráð fyrir gert upphaflega í l. að þetta yrði jöfn greiðsla af beggja hálfu, en í framkvæmd varð það aldrei. Sem dæmi má taka að á árunum 1967—1971, að báðum árum meðtöldum, var beint framlag frá ríkissjóði aðeins 30% af hluta Jöfnunarsjóðs. En á næstu árum jókst nokkuð, en þó breytilega hlutur ríkissjóðs og var árið 1972 46.7%, árið 1973 var hann 39,7% og árið 1974 53,3%. Ef frv. verður samþ., þar sem gert er ráð fyrir hlutdeild ríkissjóðs 50% af hluta Jöfnunarsjóðs, þá yrðu þessi hlutföll lögfest nokkuð í þá átt eins og er ætlað að þau verði árið 1974.

Það hefur einnig komið dálítið fram að með þessum breytingum að hækka framlag Jöfnunarsjóðsins til Lánasjóðs sveitarfélaga verði tekinn spónn úr aski þeirra sveitarfélaga sem njóta hins beina framlags Jöfnunarsjóðsins. Ef við lítum ofurlítið á hvernig þessar hreyfingar hafa orðið frá því að Lánasjóður sveitarfélaga tók til starfa, þá voru heildartekjur Jöfnunarsjóðsins á fyrsta

starfsári, 1967, um 258,8 millj. kr., en þá var framlagið til Lánasjóðs sveitarfélaga um 5.8% af heildartekjunum. Ef við lítum svo á árið 1971, þá eru tekjur Jöfnunarsjóðsins, þegar ég tek frá leiðréttingar, um 582,5 millj., en framlag Jöfnunarsjóðsins til Lánasjóðsins er þá ekki nema u. þ. b. 2,5% af tekjum sjóðsins. Árið 1973 hefur þessi hreyfing orðið á þann veg að þá er framlag Jöfnunarsjóðsins til Lánasjóðsins aðeins um 1,5% af heildartekjum sjóðsins, sem þá eru komnar í 988 millj. kr. Enda þótt við lögfestum þetta ákvæði núna um aukna hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í Lánasjóðnum erum við samt sem áður með u. þ. b. sama hlutfall og við vorum með á fyrsta starfsári sjóðsins, aðeins lægra þó. Það sést líka ef við skoðum umsvif sjóðsins og hvert hefur orðið hlutfallslegt framlag Jöfnunarsjóðs og ríkissjóðs til Lánasjóðsins í heild, að þá hefur þessi hlutdeild farið síminnkandi. T. d. á fyrsta starfsári er þessi hlutur um 80%, þ. e. a. s. framlag Jöfnunarsjóðs og ríkissjóðs, en hefur farið sífellt minnkandi, er kominn t. d. árið 1971, svo að ég taki sama ár og áðan, niður í 26,7% og 1973 er þessi hlutdeild komin niður í 13.6%.

Varðandi vaxandi umsvif sjóðsins er rétt að taka það fram að á liðnu ári voru lánsumsóknir til sjóðsins upp á 600 millj. kr. Þessar beiðnir skiptust þannig að það var sótt um til gatnagerðarframkvæmda lán að upphæð 300 millj. kr., til vatnsveitna 130 millj. kr., til skóla og íþróttamannvirkja í dreifbýli 95 millj. kr., til hitaveitufram kvæmda 45 millj. kr. og til ýmissa annarra framkvæmda um 30 millj. kr., samtals 600 millj. kr. En það er aðeins hægt að sinna þessu þannig að lán verða væntanlega um 180 millj. kr. á því ári sem nú fer að kveðja.

Menn geta séð á þskj. 3 hvernig útborguð lán hafa verið og hver eru helstu verkefni sem sjóðurinn hefur sinnt á undanförum árum. Ef við lítum á þetta sjáum við að hingað til hafa vatnsveitur og hitaveitur verið í hæsta flokki, en nú sjáum við að gatnagerðarframkvæmdirnar hafa skotist þar upp fyrir.

Ég sagði áðan að lánveitingar á þessu ári væru um 180 millj. kr. En ég vil þá í leiðinni geta þess að ef þetta frv. verður gert að lögum, þá ætti ráðstöfunarfé sjóðsins á næsta ári að vera um 300 millj. kr. ef ekki verður rýrnun að krónutölu á þeim lánum sem lánasjóðurinn hefur fengið hjá Framkvæmdasjóði Íslands.

Það er kannske rétt, áður en ég fer úr ræðustólnum, að geta þess að það eru um 20% af heildarlánveitingum sjóðsins sem eru vísitölutryggð eða gengistryggð lán, þriðji hluti af þeim lánum, sem koma frá Framkvæmdasjóði, eru gengistryggð lán, þriðji hlutinn eru vísitölutryggð lán og svo er þriðji hlutinn óverðtryggð lán.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, vænta þess að hv. þm. greiði leið þessa frv. gegnum Alþ. Það er rétt að taka það fram í lokin að n. var sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreyttu, þótt einstakir nm. áskildi sér rétt til að fylgja brtt., og ég vona að þetta frv. megi verða að lögum áður en þingið tekur jólafrí svo að sveitarstjórnarmenn, sem lögum samkvæmt eiga í þessum mánuði að vinna að fjárhagsáætlunum fyrir sín sveitarfélög, geti tekið eitthvert mið af því sem Alþ. kann að ákvarða í þessu efni.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og kunnugt er felur þetta frv. í sér að efla Lánasjóð sveitarfélaga og gera það á þann veg að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga leggi fram árlega 5% af tekjum sínum og helmingsframlag komi á móti þeirri fjárhæð úr ríkissjóði.

Í grg. frv. er getið um hverjar hefðu orðið tekjur sjóðsins af þessu á árinu 1974 hefði frv. þá verið í gildi og er það greint á bls. 2. Tekjur af þessu hefðu orðið 71 millj. kr. Nú hefur verið reiknað út, eins og kemur fram í áliti hv. n., að á næsta ári mundu þessar tekjur nema um 133 millj. 725 þús. kr. miðað við áætlun fjárlfrv. eins og það liggur fyrir. Sú fjárhæð, sem sjóðurinn fær á þessu ári, er 15 millj. úr Jöfnunarsjóði og 8 millj. frá ríkissjóði, samtals 23 millj. Með samþykkt þessa frv. er því ljóst að hér væri um að ræða mjög verulega eflingu sjóðsins, í stað þess að framlögin úr jöfnunarsjóði og ríkissjóði eru í ár 23 millj. yrðu þau a. m. k. 133—134 millj. á næsta ári. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða fyrir sveitarfélögin til eflingar þeirra fjárhag og framkvæmdum.

Ég vil þakka félmn. og form. hennar og frsm., hv. 4. þm. Vestf., fyrir góða afgreiðslu á málinu, þar sem hún mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt og vænti þess, eins og hv. frsm. tók fram, að þetta mál fái greiða för í gegnum þingið og verði lögfest fyrir jól þannig að það geti tekið gildi, eins og gert er ráð fyrir í 3. gr., 1. jan. 1975.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 98). — 1. umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Frv. þetta er um breyt. á lögum um dýralækna. Það var svo þegar þessi lög voru sett að dýralæknar voru ekki starfandi nálægt því á öllum stöðum í landinu. T. d. var þá enginn dýralæknir starfandi á Patreksfirði og ekki fyrr en rétt um það bil að til starfa tók dýralæknir á Ísafirði sem hafði ekki notið neinnar slíkrar þjónustu um langt árabil. Á s. l. sumri var hins vegar ráðinn til þessarar þjónustu dýralæknir á Patreksfirði. En þá hrukku menn upp við það að umdæmaskiptingin braut harla mikið í bága við hugsanlega þjónustu á þessu svæði. Ég vil nefna það sem dæmi að byggðir Önundarfjarðar eiga samkvæmt núgildandi l. að sækja dýralæknisþjónustu til Patreksfjarðar, en ekki til Ísafjarðar. Dýralæknirinn á Ísafirði hefur hingað til þjónað ekki aðeins við Ísafjarðardjúp og í grannsveitum Ísafjarðar heldur og Önundarfirði og Dýrafirði. Þarna eru

landfræðilegar aðstæður þannig að það er nánast óhugsandi fyrir mann, sem búsettur er á Patreksfirði, að sinna, sérstaklega að vetrinum, þjónustu sem þarf að inna af hendi í Dýrafirði t. d. Þess vegna hef ég að ósk heimamanna flutt þetta frv. Og ég vil taka það fram að ég hef haft samband við dýralæknana á þessum stöðum báðum sem og í Stykkishólmi, en í 1. gr. er gert ráð fyrir því að Flateyjarhreppur falli undir Snæfellsnesumdæmi, vegna þess að greiðari leiðir liggja með flóabátnum frá Stykkishólmi norður til Flateyjarhrepps og svo þaðan suður um aftur heldur en ofan frá landi í Barðastrandasýslu.

Þetta frv. er eingöngu flutt til þess að leiðrétta landfræðilegan misskilning, ef svo má segja, vegna þess að höfðatala á búpeningi getur þarna ekki verið ákvarðandi um þjónustuumdæmi frekar en höfðatala mannfólksins sem þarf að njóta þjónustu á ákveðnum svæðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Innflutningur og eldi sauðnauta, frv. (þskj. 89). — 1. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hinn 20. mars s. l. barst landbn. Nd. bréf frá Búnaðarfélagi Íslands sem hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands hinn 19. mars 1974 var gerð eftirfarandi bókun:

Í samræmi við samþykkt Búnaðarþings 1972 um nýja tilraun til innflutnings sauðnauta hefur stjórn Búnaðarfélags Íslands látið semja hjálagt uppkast að lagafrv. um það efni. Er það ósk félagsins að hv. landbn. Nd. taki við málinu og flytji það á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Halldór Pálsson."

Landbn. varð við þessari beiðni og flutti þetta frv. á síðasta þingi, en þar sem mjög var þá liðið á þingtímann komst málið aðeins til n. og er því endurflutt nú.

Þetta er ekki nýtt mál. Það voru samþ. lög hér á Alþ. 1929 um þetta efni og þá voru gerðar tvær tilraunir um innflutning á sauðnautum. Í ágústmánuði 1929 komu hingað til lands 7 sauðnautskálfar sem voru fluttir frá Austur-Grænlandi. Svo illa tókst til að 6 af þeim drápust skömmu eftir að þeir komu hingað. Hannes Jónsson dýralæknir taldi að það hefði verið bráðapest sem varð þessum kálfum að fjörtjóni. Einn kálfurinn lifði fram á veturinn, en drapst þá, að talið var úr sullaveiki. Árið eftir, í nóvembermánuði 1930, voru fluttir inn 7 sauðnautskálfar frá Noregi. 5 af þeim voru á vegum hins opinbera, en 2 voru keyptir af einstaklingum. 5 kálfarnir voru fluttir, eins og hinir fyrri, að Gunnarsholti, en hinir tveir að Litlu-Drageyri í Skorradal. Annar kálfurinn, sem þangað fór, fórst af slysförum, en hinn var þá fluttur til hinna kálfanna að Gunnarsholti og þar drápust allir kálfarnir sumarið eftir, sumarið 1931. Ekki liggur ljóst fyrir hvað varð þessum kálfum að fjörtjóni því að þeir voru allir bólusettir við bráðapest enda kom í ljós að það var annað sem olli þessum hörmulegu endalokum á þessari tilraun að gera dýralíf í landi okkar ögn fjölbreyttara. Dýralæknar telja að það hafi verið einhvers konar ormaveiki sem kálfarnir veiktust af og olli dauða þeirra, og telja þeir að nú muni vera hægt að koma í veg fyrir slíka sjúkdóma ef innflutningur á sauðnautum væri framkvæmdur nú.

Á undanförnum árum hafa margir áhugamenn á þessu sviði þrýst á stjórnvöld og Búnaðarþing að gera enn eina tilraun til að flytja sauðnaut hingað til lands. Sumir hafa t. d. bent á að í Norður-Ísafjarðarsýslu væri nú kjörið land fyrir sauðnautshjarðir, aðrir hafa bent á önnur landssvæði. Ef sleppa ætti þessum skepnum lausum yrðu litlar nytjar af þeim. En það hlýtur að vera ein meginröksemdin fyrir innflutningi á nýjum dýrastofni til landsins að í framtíðinni séu líkur fyrir að hann muni skila einhverjum arði, jafnframt sem við með þeim innflutningi gerum dýralífið ögn fjölbreyttara. Ég held líka að það væri ekki hyggilegt að sleppa hendinni af þessum dýrum, a. m. k. ekki fyrstu árin. Það þarf að fylgjast með því, hvort þessi dýr smitast af einhverjum búfjársjúkdómum frá okkar húsdýrum, og veita þeim læknishjálp eftir þörfum. Ekki verður það gert ef þessi dýr ganga hér villt. Það vill líka svo til að það er komin veruleg reynsla á það í öðrum löndum að hafa sauðnaut í girðingum svo að hægt sé að fylgjast með þeim og hafa af þeim nytjar. Þetta er t. d. gert í Kanada, í Bandaríkjunum, í Alaska og Norður-Noregi. Nytjar af þessum dýrum er fyrst og fremst ullin sem er mjög verðmæt. Það er sagt í þeim gögnum, sem mér hafa verið send, að í Noregi fáist um 700 kr. norskar fyrir hvert kg af ull af þessum dýrum, eða um 14000 kr. íslenskar. Og í Bandaríkjunum er talið að ullullarkg kosti þar um 100 dollara, eða tæplega 12000 kr. íslenskar. Talið er að af fullorðnum törfum fáist allt að 3 kg af ull á ári, en að meðaltali um 2.7 kg, eitthvað minna af kúm og yngri dýrum. Kjötið er talið mjög líkt og nautgripakjöt.

Á undanförnum áratugum hefur verið vaxandi áhugi fyrir þessum dýrum. Norðmenn hafa sleppt sauðnautum lausum í Dofrafjöll rétt sunnan við Þrándheim. Sú tilraun virðist hafa heppnast vel. Er talið að dýrin líti vel út og tímgist þar með eðlilegum hætti. Árið 1969 var settur búgarður um 70 km norðan við Narvík í Norður-Noregi. Byrjað var þar með 10 nautkálfa og 15 kvígur og hefur þessi tilraun gengið að óskum.

Enn fremur hafa verið flutt sauðnaut frá Austur-Grænlandi til Vestur-Grænlands í námunda við Straumsfjörð. Þar hafa þessi dýr dafnað mjög vel og eru stærri en í Norðaustur-Grænlandi. Sýnir það að skilyrðin fyrir þau í hinum nýju heimkynnum eru betri, og til marks um það er að kýrnar þar eiga frekar tvo kálfa en norður frá.

Í Alaska, þar sem frostið er 35—40 stig á Celc-

ius svo að vikum skiptir, dafna dýrin vel. Mikil votviðri virðast ekki heldur standa þeim fyrir þrifum. Hins vegar munu sauðnaut þola verr mikla hita því að þessi dýr hafa mjög litla svitakirtla og gengur því seint að kæla sig ef þau hitna mikið.

Þegar Nixon fyrrv. forseti Bandaríkjana fór til Kína hafði hann í vasanum gjafabréf upp á tvö sauðnaut, enda hefur það lengi verið siður stórhöfðingja að gefa gjafir í slíkum heimsóknum og slíkar gjafir voru þá sjaldan valdar á annan veg en þann að til gersema mætti teljast. Í staðinn fékk Nixon hjá kínverjum í líkum mæli tvö pandadýr sem eru meðal allra sjaldgæfustu spendýra. Þessir dýrgripir eru eflaust nú í dýragörðum í Peking og Washington.

Ég vil vekja athygli á því að hér er aðeins um að ræða heimildarlög þar sem hæstv. landbrh. er gefin heimild til að veita Búnaðarfélagi Íslands leyfi til að flytja sauðnaut til landsins með þeim skilyrðum sem eru sett í lögum þessum. Þó að frv. yrði samþ. þarf að fá leyfi íslenskra og danskra yfirvalda og einnig leyfi frá yfirdýralækni hér áður en hafist yrði handa. Ef tilskilin leyfi fengjust til að flytja inn sauðnaut, t. d. frá Austur-Grænlandi, þá er mér tjáð að áhugamannahópur sé tilbúinn að leggja fram fjármagn til að gera slíka tilraun mögulega.

Hugmyndir munu vera uppi um það að vænlegast til árangurs muni vera að setja dýrin fyrst í stað a. m. k. í ey, t. d. Flatey á Skjálfanda eða Grímsey, meðan verið er að rannsaka hvort einhverjir sjúkdómar séu í dýrunum, enn fremur að setja þau þar með íslensku búfé til þess að kanna hvort þessi dýr muni smitast af þeim eða öfugt. Fleiri staðir hafa verið nefndir sem til greina kæmu til að hafa þessi dýr á fyrst í stað, en um það verða sérfræðingar á þessu sviði og yfirdýralæknir að fjalla ef Alþ. verður við beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands og við áskorun Búnaðarþings um að samþ. þessi heimildarlög.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar við þessa umr., en þegar hæstv. landbn. varð við þeirri beiðni að flytja þetta frv. nú var þess óskað að n. fengi frv. aftur til meðferðar, enda fram tekið að einstakir nm. væru óbundnir um afstöðu til frv. Ég óska því eftir því að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 20. fundur.

Þriðjudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Lagning byggðalínu milli Norðurlands og Suðurlands, fsp. (þskj. 21). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Undanfarin ár hefur það blasað við að mikill orkuskortur væri fyrirsjáanlegur á Norðurlandi. Ástæðurnar eru margþættar, en vafalaust er sú veigamest að í tíð viðreisnarstjórnarinnar settu menn traust sitt á orkuöflun frá Laxá í Þingeyjarsýslu og höfðu uppi háfleyg áform um stórvirkjanir í Laxárdal í trássi við augljós náttúruverndarsjónarmið og án þess að ráða yfir rennsli þess vatns sem virkja átti.

Eftir að ný stjórn kom til valda og samningar tókust um lausn Laxárdeilunnar var fljótt ljóst að fljótvirkasta og hagstæðasta leiðin til að tryggja norðlendingum ódýrt rafmagn væri að leggja tengilínu milli Norður- og Suðurlands, enda væri almenn nauðsyn af hagkvæmnisástæðum að tengja rafmagnsveitur landsins í eitt orkuöflunar- og dreifikerfi. Reyndar er talsvert langt síðan fyrst var um það rætt að tengja saman orkuveitukerfin, og þess má geta að Landsvirkjun fékk heimild Alþ. til að leggja stofnlínu norður í land þegar árið 1965. Sama ár fékk Laxárvirkjun heimild til að leggja stofnlínu til Norðurlands vestra. Það var þó ekki fyrr en vorið 1973 að Alþ. veitti í fyrsta sinn fé til þessarar framkvæmdar. Því miður hefur undirbúningur verksins tafist nokkuð af tæknilegum ástæðum og þá fyrst og fremst vegna rannsóknar, sem fram þurfti að fara áður en ákvörðun yrði endanlega tekin um línustæðið. Hins vegar verður því ekki haldið fram með rökum að skortur á fjármagni hafi tafið framkvæmdir. Á fjárl. þessa árs og í l. um erlendar lántökur er gert ráð fyrir 300 millj. kr. fjármagnsútvegun til stofnlínu um Vestur- og Norðurland, en hún hefur vegna legu sinnar hlotið nafnið byggðalína manna á meðal. Ef unnt átti að vera að leiða orku eftir þessari línu veturinn 1975—76 hefðu framkvæmdir þurft að hefjast þegar í haust. Hönnun þess hluta verksins, sem vinna mátti á þessu ári, var lokið í ágústmánuði. Staurar höfðu verið pantaðir og var meginparturinn af þeim kominn í ágústlok, að því er mér er tjáð. Fyrir lá að reisa línu norður í Hrútafjörð þegar í haust„ þannig að í árslok næsta árs mætti flytja 5—10 mw. eftir 60 kw. línu norður í Húnavatnssýslu, en með því hefði mátt losna nokkurn veginn við alla dísilvélakeyrslu á Norðurlandi vestra síðari hluta næsta vetrar, veturinn 1976.

En um þessi sömu mánaðamót, í ágústlok, kom ný ríkisstj. til valda. Framkvæmdir hófust ekki eins og ráðgert hafði verið og síðan hefur hver mánuðurinn af öðrum liðið án þess að hafist væri handa. Hvað veldur þessum drætti? Gerir hæstv. iðnrh. sér ekki ljóst að með þessari töf er hann að koma í veg fyrir að byggðalína komi að notum á næsta vetri. Ég veit að vísu að í flokki hæstv. ráðh. eru ýmsir þm., sem í fyrravetur börðust af mikilli hörku gegn þessari byggðalínu og héldu margar ræður gegn þeirri framkvæmd, og þ. á m. var reyndar hæstv. núv. forsrh. En ég hef leyft mér að vona, að hæstv. iðnrh. væri annarrar skoðunar, og hefði verið seinn til að trúa því að hann léti hæstv. forsrh. eða aðra þm. taka ráðin af sér á sviði orkumála.

Um þetta er sem sagt spurt: Hvers vegna eru framkvæmdir enn ekki hafnar við lagningu byggðalínunnar milli Norður- og Suðurlands? Til viðbótar vil ég svo leyfa mér að bæta við einni spurningu, sem er náskyld þessari, þ. e. hvort ekki sé fyrirhugað að tengja orkuveitusvæði Skeiðsfossvirkjunar í Fljótum við orkukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Ég hef tilkynnt iðnrh. fyrir allöngu um þessa viðbótarfsp. og

hann hefur fallist á að svara henni um leið og hann svarar fyrri spurningunni, enda þótt þessi síðari fsp. liggi að vísu ekki fyrir á prentuðu þskj.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. *Ríkisstj. hefur ákveðið að háspennulínan frá* Suðurlandi til Norðurlands verði lögð og framkvæmdir hafnar svo fljótt sem auðið er. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er lögð áhersla á aukinn hraða í virkjun íslenskra orkugjafa, bæði til iðnvæðingar og í því skyni að gera Íslendinga óháðari innfluttri orku. Síðan eru talin þar meðal brýnustu verka að tryggja sem fyrst með nýjum virkjunum næga raforku á Norðurlandi og öðrum landshlutum sem eiga við orkuskort að búa.

Tenging Norðurlands og Suðurlands hefur lengi verið á döfinni og ýmsar leiðir þar til nefndar. Um hríð virtist mönnum álitlegasta leiðin vera sú að taka háspennulínu frá Þjórsá norður Sprengisand og til Norðurlands. Fyrir nokkru var sett á laggirnar sérstök n. eða vinnuhópur á vegum hæstv. fyrrv. iðnrh. til að kanna þessi mál og niðurstaðan var þá sú að velja heldur aðra leið, þ. e. a. s. línu um Borgarfjörð, Norðurárdal, Holtavörðuheiði, Húnavatnssýslu til Skagafjarðar og Akureyrar. Þessari leið var valið heitið byggðalína en rétt er að benda á að það er nokkuð vafasamt heiti af tveim ástæðum. Annars vegar eru flestar háspennulínur hér á landi að verulegu leyti í byggð, þær sem fyrir eru, og í annan stað liggur þessi lína ekki að öllu leyti í byggð. Hún liggur m. a. yfir Holtavörðuheiði og víða þar sem ekki er um byggð að ræða. Það skiptir að vísu ekki sérstaklega miklu máli hvaða heiti er valið á þessa línu þó að eðlilegra væri kannske að kalla hana norðurlínu.

Það var ákvörðun fyrrv. iðnrh. að tengja Norðurland og Suðurland saman með þessum hætti. Það lá annars vegar fyrir að þessi leið um Holtavörðuheiði var nokkuð dýr leið og dýrari en ýmsar aðrar, sem til greina komu yfir hálendið, en hins vegar var það talið henni sérstaklega til gildis að vegna þess að hún lægi að töluvert miklum hluta í byggð, þá væri auðveldara með viðgerðir á henni ef til kæmi, m. ö. o. meira öryggi.

Það var síðan skipuð n. manna af hálfu iðnrh. 5. mars 1974 til þess að vinna að þessu máli og var þessari n. falið að hafa í umboði rn. yfirumsjón með byggingu háspennulínu milli Norður- og Suðurlands eftir svonefndri byggðaleið. Í n. voru skipaðir Egill Skúli Ingibergsson, formaður, Guðjón Guðmundsson, Tryggvi Sigurbjarnason og Kristmundur Halldórsson. Þessi n. hefur undir forustu Egils Skúla Ingibergssonar unnið mikið starf að undirbúningi og hönnun þessa máls. Í skýrslu frá n. nú 29. nóv. er gerð ítarleg grein fyrir þessu undirbúningsstarfi, sem er að verulegu leyti lokið. Einstök atriði eru ekki fullhönnuð enn, segir t. d. í þeirri skýrslu að endanlegir útreikningar og stauralistar séu tilbúnir fyrir Borgarfjörð að Holtavörðuheiði, verið sé að vinna við kaflann norðan Holtavörðuheiðar og ætlað sé að því verki verði lokið fyrir áramót. En í meginatriðum er verkinu lokið að því er hönnun snertir.

Varðandi framkvæmdir er ljóst að þessi n., sem hæstv. ráðh. skipaði, hefur ekki lagalegan grundvöll sem framkvæmdaraðili, og kom það í ljós þegar farið var að panta staura vegna þessarar línu að það var ekki hægt að panta þá eða fá þá afgreidda á vegum n. heldur þurfti að gera það á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Að því er snertir framkvæmdirnar sjálfar var líka ljóst að eðlilegra var og raunar nauðsynlegt að fela öðrum aðila framkvæmdirnar og af þeirri ástæðu skrifaði ég 19. nóv. bréf til Rafmagnsveitna ríkisins, svo hljóðandi:

„Ráðuneytið felur hér með Rafmagnsveitum ríkisins að hafa með höndum framkvæmdir við lagningu háspennulínu til Norðurlands. Jafnframt er Rafmagnsveitum ríkisins falið að hraða framkvæmdum umræddrar norðurlínu svo sem kostur er, eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.“

Það var einnig talið mæla mjög með þeirri leið að fela Rafmagnsveitum ríkisins málið, þ. e. a. s. framkvæmdir, að Rafmagnsveiturnar hafa á að skipa þjálfuðum vinnuflokkum í þessu efni.

Varðandi kostnað við verkið er síðasta áætlun, sem er dags. 19. nóv., frá n., byggðalínunefndinni svokölluðu, 1 427 millj. kr., eða 1.4 milljarðar kr., þar af eru aðflutningsgjöld tæpar 414 millj. Ef þeim er sleppt, og ég vil taka það fram að ríkisstj. gerir ráð fyrir því að veitt verði heimild í fjárl. nú til að undanþiggja þessa línu og aðrar háspennulínur aðflutningsgjöldum, — að þeim slepptum er heildarkostnaður við línuna áætlaður nú 1 013 millj. kr. Þetta skiptist í þrjá kafla, þ. e. kaflinn frá Andakíl til Laxárvatns, frá Laxárvatni til Varmahlíðar og þriðji kaflinn frá Grundartanga til Andakíls, eins og það er orðað í skýrslu n. Þessi kafli, þ. e. a. s. tenging frá Andakíl við Landsvirkjun, hefur verið nokkurt vafaatriði hjá n., en í síðustu áætlun gerir hún ráð fyrir þessu.

Að því er snertir undirbúning málsins að öðru leyti hafa verið pantaðir u. þ. b. 1 300 staurar í þessa línu og tímaáætlun er sú að verkinu þ. e. a. s. lagningu norður til Varmahlíðar, megi ljúka haustið 1976.

Þetta er í stórum dráttum það, sem ég hef um málið að segja á þessu stigi, en ég vil bæta því við að í samræmi við málefnasamning ríkisstj. hefur að sjálfsögðu verið kannað hvernig er hægt með nýjum virkjunum að tryggja næga raforku á Norðurlandi, því að öllum er ljóst að á Norðurlandi er mjög alvarlegt ástand í raforkumálum, orkuskortur þegar, mikill kostnaður við dísilstöðvar og horft fram á algert vandræða- og jafnvel neyðarástand innan eins eða tveggja ára.

Það hefur að sjálfsögðu verið kannað hvort hægt væri að finna einhverjar fljótvirkar leiðir til aukinnar orkuframleiðslu á Norðurlandi. Kemur mönnum að sjálfsögðu fyrst í hug hvort möguleiki væri til einhverrar aukinnar orkuöflunar við Laxárvirkjun, en eins og hv. þm. er kunnugt virðist sá möguleiki ekki fyrir hendi, a. m. k. nú sem stendur eða á næstunni. Annar möguleikinn, sem hefur verið athugaður, er að auka orkuframleiðslu gufustöðvarinnar í Bjarnarflagi. Stjórn Laxárvirkjunar sótti um leyfi til þess vorið 1973, en fékk ekki hjá þáv. iðnrh. leyfi til þess. Það er hins vegar um seinan að

ætla að ráðast í það nú ef það ætti að bæta úr til bráðabirgða. Varðandi Kröflu má gera ráð fyrir að hún komist ekki í notkun fyrr en eftir 3—4 ár.

Á Norðurlandi eru auðvitað fjölmargir aðrir virkjunarmöguleikar, eins og Jökulsá, Skjálfandafljót, Jökulsá í Skagafirði, Blanda og margir fleiri möguleikar. En ljóst er að undirbúningi er það skammt á veg komið að allt mundi þetta taka mjög langan tíma. Það er því svo ástatt á Norðurlandi að vegna þess hve mjög hefur dregist að koma þar í gang virkjunum þá virðist enginn möguleiki sjáanlegur nú til að bæta úr þessu alvarlega ástandi þar annar en þessi norðurlína. Hins vegar er rétt að taka fram að það er ekki rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að þetta sé hagkvæmasta leiðin. Hún virðist vera eina leiðin sem er fær nú, en þetta er ákaflega dýr lausn, og vissulega hefði verið hagkvæmara fyrir þjóðfélagið í heild ef fyrr hefði verið ráðist í einhverjar virkjanir þar nyrðra.

Varðandi ádeilur hv. fyrirspyrjanda á núv. stjórn fyrir að dregist hafi að hefja framkvæmdir og þar hafi alls ekki verið um skort á fjármagni að ræða, þá ætla ég að leiða það mál hjá mér. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. samgrh., fyrrv. fjmrh., muni skýra það mál, hvers vegna ekki var í tíð fyrrv. stjórnar ráðist í þessar framkvæmdir þó að þessi 300 millj. kr. lánsheimild í fjárl. væri fyrir hendi.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, þótt ég að vísu saknaði svars við síðari spurningunni, sem ég hafði gert mér vonir um að fá svar við núna, en átti að vísu ekki heimtingu á að fá. Ég fagna yfirlýsingu hans að stofnlína frá Suðurlandi um Vesturland til Norðurlands skuli verða reist og að það liggi fyrir ákvörðun ríkisstj. um það efni, og ég fagna því einnig að svo var á honum að heyra að um byggðalínu yrði að ræða, enda þótt honum líkaði ekki alls kostar nafnið. Ég fagna því að þessi framkvæmd á að hans sögn að komast á svo fljótt sem auðið er. Aftur á móti kemst ég ekki hjá að átelja harðlega þann drátt, sem orðið hefur á því að hæstv. iðnrh. kæmist að þessari niðurstöðu.

Eins og ég tók fram áðan lágu allar staðreyndir þessa máls fyrir í ágústlok. Þá var hönnun verksins lokið og vilji Alþ. lá þá fyrir. Fjármagn hafði verið útvegað, en það stóð bara á því einu að hefjast handa. Síðan er ekki liðinn neinn smátími. Það eru liðnir rúmlega 3 mánuðir: september, október og nóvember. Hæstv. ráðh. segir að það hafi skort á formsatriði hvað snertir framkvæmdaaðila. En þurfti hann virkilega 11 vikur til þess að koma auga á það hvernig leysa mætti þetta formsatriði? Þurfti hann 11 vikur til þess að lyfta penna og setja saman það bréf sem hann loksins ritaði Rafmagnsveitunum upp úr miðjum nóvembermánuði? Nei, ég held það fari ekki milli mála að hér hefur orðið mjög óhæfilegur dráttur, sem getur orðið norðlendingum býsna dýr.

Iðnrh. kvaðst vonast til þess að stofnlínan yrði komin til Varmahlíðar haustið 1976. En æskilegra hefði verið að fá spádóma hans um það hvenær mætti vonast til þess að línan væri komin að Laxárvatni og hvort það yrði á vetrinum 1975—76, því að þá verður um verulega erfiðleika að ræða. Ég verð að játa það, að eftir að þessi mikli dráttur hefur orðið á að hæstv. ráðh. tæki á sig rögg og tæki ákvörðun og lyfti pennanum, eru vonir mínar og annarra harla litlar um að raforkuskorti á vetrinum 1975—76 verði bægt frá.

Ég vil að lokum minna á að þessi byggðalína er ekki aðeins spursmál um það að leysa úr raforkuskorti á Norðurlandi sem nú blasir við, og það er fráleitt, eins og ráðh. vildi gera, að meta hagkvæmni þessara framkvæmdar út frá því einu hvað mikil orka verður flutt á kannske einu eða tveimur árum. Bygging þessarar tengilínu er að sjálfsögðu forsenda þess að unnt sé að reisa verulega stóra virkjun á Norðurlandi, og það hefur lengi blasað við að ef ætti að vera unnt að fara í slíka framkvæmd, þá þyrfti að vera möguleiki að leiða þá orku til annarra byggðarlaga sem ekki nýtist á Norðurlandi, og bygging línu af þessu tagi er sem sagt forsenda þess að hyggilegt sé að ráðast af fullum krafti í undirbúning orkuvers á Norðurlandi.

Ég vil taka það fram að lokum að ég tel, enda þótt ég geti ekki rökstutt það frekar á þessum stutta tíma, að flest rök hnígi að því að virkjun, sem næst á eftir Kröflu og Sigöldu, yrði á Norðurlandi. Ég held að t. d. Blönduvirkjun kæmi þar mjög sterklega til greina. Og það er ljóst að byggðalína kæmi þá að mjög góðum notum, þar sem hún gæti flutt væntanlega 50 mw. norður og austur. Sem sagt þetta er undirstrikun þess, að það er rangt hjá hæstv. ráðh. að meta hagkvæmni þessarar línu út frá því einu hvað gagn hún gerir á næstu einu eða tveimur árum, heldur verðum við að horfa lengra fram í tímann og sjá að þessi línubygging er — ég er alveg að ljúka máli mínu, hæstv. forseti, — en þá sjáum við að bygging þessarar línu er forsenda fyrir því að þriðja stóra virkjunin héðan í frá verði virkjun á Norðurlandi.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Mér þykja undarlegar þær fullyrðingar hæstv. iðnrh. að þetta sé dýrasta lausnin á orkumálum Norðurlands og vildi mjög gjarnan fá að vita á hverju þetta er byggt. Ég hef ekki tíma á þeim tveimur mínútum, sem ég hef hér nú, til þess að gera grein fyrir mínu máli, þó vil ég freista þess að segja að samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er gert ráð fyrir því að kostnaður við framleiðslu orku með varmastöðvum á Norðurlandi sé um 1000 millj. kr. á fjórum árum. Sú lína, sem hér um ræðir, getur orðið 66 kw. í upphafi, en flytur þá aðeins u. þ. b. 6 mw., og ef miðað er við þetta þá er það sannarlega dýr lausn. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, eins og fram kemur í þeim upplýsingum sem ég hef, að línan geti orðið 132 kw. og flytur þá 16 mw. og með því móti sparast 800 millj. af þessum 1000 millj. á 4 ára tímabili. Auk þess er

það staðreynd, þegar endavirki eru fullgerð, m. a. tenging frá Andakíl í Búrfell, verður burðargeta þessarar línu 50—60 mw. Ég leyfi mér að efast um að sú virkjun finnist sem hagkvæmari er. Ég vil jafnframt vekja athygli á því að með þessu móti nýtast betur þær virkjanir, sem fyrir eru á Suðurlandi, og það ber einnig að taka með í reikninginn. Ég leyfi mér því að vefengja það að þetta sé dýrasta lausnin á raforkumálum Norðurlands.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að taka það fram að ég held að það hafi aldrei leikið neinn vafi á því að það yrði staðið við ákvörðun fyrrv. ríkisstj. um það að byggð yrði þessi lína norður. Ég held að það sé ekki nema tæpur hálfur mánuður síðan við samþingsmennirnir vorum báðir staddir á fundi bæjarstjórnar Sauðárkróks, og þá lýsti ég því að sjálfsögðu yfir að það yrði staðið við þá ákvörðun. Hins vegar skal ég ekki fara út í deilur að öðru leyti um það hvort þetta sé dýrari lausn eða ódýrari en einhver önnur hugsanleg, en þetta er langfljótvirkasta leiðin og sú eina sem sjálfsagt er að fara eins og sakir standa.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af hinni munnlegu fsp. hv. fyrirspyrjanda, Ragnars Arnalds, þá er svar við henni ekki tilbúið frá viðkomandi stofnun.

Það er í fyrsta lagi út af ummælum hv. 2. þm. Vestf., aths. hans við það að þetta sé dýrasta lausnin. Ef við erum að tala um dýra eða ódýra lausn, hagkvæma eða hagkvæmari, fer það auðvitað eftir því við hvað er miðað. Það er ósköp auðvelt að segja að þetta sé tiltölulega ódýr lausn, ef miðað er við sparnað á olíu í dísilstöðvum fyrir norðan. Til að losna við mikla framleiðslu með olíukyndistöðvum fyrir norðan er þetta mjög hagkvæmt. Þegar ég tala um að þetta sé dýr lausn, þá á ég sumpart við að þetta er dýrara en sumar aðrar leiðir til samtengingar Norðurlands og Suðurlands, en fyrst og fremst átti ég að sjálfsögðu við hitt, að það hefði verið miklu ódýrara að byggja í tæka tíð nýjar virkjanir fyrir norðan. Það er enginn vafi á því að hefði fyrrv. hæstv. iðnrh. haft framtak til þess að undirbúa fyrr og betur Kröfluvirkjun, t. d. tveimur árum fyrr, þá mundi Kröfluvirkjun bjarga við þessum málum þannig að það yrði ekki nauðsyn að leggja þennan milljarð í línuna norður.

Ég vil taka fram að framtíðarstefnan er að sjálfsögðu sú að það verður að tengja saman orkusvæðin, landsfjórðungana. En auðvitað þarf að kanna í hvaða röð þessi mál eiga að koma. Ég er þeirrar skoðunar að það væri hagkvæmara bæði fyrir Norðurland og fyrir landið allt, ef í tæka tíð hefðu verið framkvæmdar virkjanir fyrir norðan og síðar hefði verið ráðist í þessa framkvæmd.

Þegar fyrirspyrjandi, Ragnar Arnalds, leyfir sér að vera með ásakanir í minn garð eða núv. ríkisstj. um þessi efni, þá er ég sannast sagna furðu lostinn. Þessi hv. þm. er form. fyrir þeim flokki sem fór með orkumálin undanfarin 3 ár. Hvað hefur gerst á Norðurlandi á þessum tíma? Eftir að möguleikar lokuðust með frekari orkuöflun í Laxá, sem lá fyrir þegar vinstri stjórnin var mynduð, hefur sannast sagna ekkert gerst. Hvers vegna var ekki þá þegar hafinn undirbúningur að því að virkja Kröflu í tæka tíð? Hvers vegna var ekki hafinn undirbúningur að því að virkja Jökulsá í Axarfirði, Dettifoss, Skjálfandafljót, Jökulsá í Skagafirði, Blöndu eða eitthvað, sem að gagni gæti komið? Allt er látið reka á reiðanum. Þegar svo allt er komið í algert óefni er ráðist í þessa byggðalínu, sem svo er kölluð, og ástandið fyrir norðan er þannig að nú er engin lausn sjáanleg önnur en þessi lína. En þegar þeir, sem hafa staðið að þessum drætti og trassaskap, leyfa sér að koma hér í ræðustól og deila á aðra fyrir að þetta sé þeim að kenna, þá er skörin farin að færast upp í bekkinn.

Varðandi hins vegar ástæðuna til þess að ekki var hafist handa fyrr um byggðalínuna, þá er það sumpart vegna þess að hönnun hefur ekki verið lokið fyrr, en er að mestu leyti lokið nú. Eins og kom fram í skýrslu, sem ég las upp hér áðan frá sjálfri byggðalínunefnd er hönnun ekki lokið að fullu enn þá. Þó er auðvitað hægt að hefja framkvæmdir. En hvers vegna voru ekki hafnar framkvæmdir í sumar? 300 millj. heimild var sett inn í fjárl. Það var ákveðið af fyrrv. ríkisstj. og liggur fyrir skriflega frá fjmrn. að það var ákveðið að skera þetta niður í 25 millj. Í staðinn fyrir 300 millj. skyldi á þessu ári varið 25 millj. kr. til byggðalínunnar og því skyldi öllu varið til hönnunar. Þetta liggur skriflega fyrir. Það er furðulegt þegar menn, sem hafa staðið jafnnærri fyrrv. ríkisstj. og Ragnar Arnalds, leyfa sér að ásaka okkur, sem nú höfum tekið við, fyrir að við framkvæmum þetta ekki þegar í stað sem fyrrv. ríkisstj. lagði á hilluna.

Meginatriði málsins er að á undanförnum 3 árum hefur verið gersamlega vanrækt að undirbúa virkjanir fyrir norðan. Því er svo komið sem komið er fyrir þann drátt, að það er engin leið til önnur en að fá rafmagn að sunnan og þess vegna verður nú að ráðast í þessa línu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil síður en svo taka undir ásakanir hv. þm. Ragnars Arnalds í garð hæstv. iðnrh. fyrir nær 3 mánaða drátt á því að hefja framkvæmdir við byggðalínuna norður, þar sem í ljós hefur komið að hann hefur notað þennan tíma mjög vel, en að vísu með takmörkuðum árangri, til þess að velta fyrir sér heiti línunnar eða að öðrum kosti möguleikunum á því að flytja hana þannig til að nafnið passi. Sannleikurinn er sá í sambandi við Laxárvirkjunina, sem hæstv. iðnrh. nefndi enn sem æskilegan möguleika til þess að leysa orkuvanda Norðurlands eystra nú í vetur, að vinstri stjórnin tók þarna við framkvæmd viðreisnarstjórnarinnar þar sem unnið var að 50 mw. virkjun, þar sem síðast settar voru niður 50 mw. vélar í 50 mw. göng til þess að virkja 12 mw. vatn, sem ekki hefði fengist ef fyrrv. iðnrh. hefði ekki skorist í leikinn til þess að leysa eitraða deilu sem orðin var þarna nyrðra.

Við einu atriði vildi ég fá svar, sérstaklega af því að hæstv. samgrh. hefur þegar kvatt sér hljóðs í þessu máli. Ég heyrði hann segja undir rösklega 200 votta nú fyrir nokkrum dögum að lögn byggðalínunnar norður væri gjörsamlega komin undir því að reist yrði málmbræðsla í Hvalfirði, — að lögn byggðalínunnar norður væri undir því komin að þessi verksmiðja yrði reist í Hvalfirði. Þar sem nú hæstv. iðnrh. nefndi tengingu við Grundartanga í beinu samhengi við línuna norður, þá vil ég gjarnan fá svar við *því hvort þessi fullyrðing hæstv. samgrh. sé sönn.*

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég er almennt séð ekki þeirrar skoðunar að fsp. séu vettvangur fyrir almennar umr. um mál, enda er tíminn ekki til þess. Ég held að manni séu skammtaðar 2 mínútur. En ég kemst ekki hjá því að leiðrétta hrein ósannindi sem hæstv. iðnrh. fór með. Hæstv. iðnrh. spurði m. a. eða gaf í skyn að ég hefði getað lagt fram frv. um Kröfluvirkjun tveimur árum fyrr en ég gerði. Forsendur Kröfluvirkjunar voru að sjálfsögðu rannsóknir og þeim rannsóknum var ekki lokið fyrr en haustið 1973. Um leið og þeim var lokið, aðeins örfáum vikum síðar, lagði ég fyrir þing frv. um heimild til slíkrar virkjunar, miklu fyrr en nokkur dæmi eru um í sambandi við slíka rannsókn. Þegar þetta frv. hafði verið gert að lögum skipaði ég sérstaka n. til þess að undirbúa málið og einnig til þess að flýta því. Og ég hygg að það sé alkunna, að þessi n. hefur unnið mjög myndarlega og tryggt að eins mikill hraði væri á þeim framkvæmdum og hægt er.

Hæstv. iðnrh. sagði einnig að það hefði legið fyrir, þegar vinstri stjórnin var mynduð, að það hafi verið búið að loka fyrir áformin um virkjun í Laxá sem áður voru uppi. Staðreyndin er sú að iðnrh. viðreisnarstjórnarinnar gaf út heimild til virkjunarframkvæmda við Laxá eftir að viðreisnarstjórnin var komin í minni hluta í kosningunum 1971, og með þann arf sat maður uppi. Einmitt þess vegna fór óhemjumikill tími í að jafna þær deilur sem þar voru uppi, en það var forsenda þess að Laxárvirkjun tæki yfirleitt til starfa og framleiddi nokkurn skapaðan hlut að þær deilur yrðu jafnaðar. Það tókst sem betur fer. En ef það hefði ekki tekist væri ástandið á Norðurlandi miklum mun alvarlegra en það er þó nú.

Hæstv. iðnrh. sagði einnig að hönnun byggðalínu hefði ekki verið lokið fyrr en nú fyrir nokkrum vikum. Þetta er ósatt með öllu. Hann skýrði frá því í upphafsræðu sinni að hönnun á þeim kafla sem liggur frá Andakíl að Holtavörðuheiði hefði verið tilbúin í ágúst, og ætlunin var alltaf að hefja það verk 15. sept. Ef það hefði verið gert, væri línan komin að Holtavörðuheiði núna og það hefði getað flýtt verkinu svo mikið að raforku hefði verið hægt að flytja þegar á næsta hausti.

Sitthvað fleira sagði hæstv. ráðh. sem ég hef ástæðu til að gera athugasemdir við, en því miður er ekki möguleiki á því í þessu umræðuformi.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn frá hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefáni Jónssyni, vil ég segja það, að ég lýsti því yfir á fundinum á Leirá að einmitt byggðalínan væri tengd verksmiðjunni á Grundartanga og það gerði hana miklu hagkvæmari en aðrar línur sem voru athugaðar til flutnings á rafmagni norður, enda mun það vera svo að byggðalínan er talin frá Hvalfirði en ekki lengra. Það er þó ljóst að flutningur á rafmagni til Hvalfjarðar og yfir hann, annað hvort, eins og talað er um, beint frá Sigöldu eða yfir fjörðinn sjálfan, verður að koma til til þess að þessi lína nýtist að fullu eins og fyrirhugað er í framtíðinni. Þetta hef ég tengt saman og hafði komið inn í þær umr., sem fóru fram um þetta mál í ríkisstj.

Í öðru lagi út af því sem sagt hefur verið um fjármálin, þá er það rétt að heimilað var í fjárlögum að taka lán til þessara framkvæmda sem og til margra fleiri verka á sviði rafmagnsmála. Þegar komið var fram á sumar var ljóst að óhugsandi var að koma öllum þeim verkum áfram með því framkvæmdafé sem heimiluð var lántaka til. Af þeim ástæðum lét ég athuga möguleika á því hvað hagkvæmast væri talið og yrði að ljúka á þessu ári af þeim verkum sem átti að vinna. Kom í ljós að þegar búið var að stilla því dæmi upp var búið að ráðstafa þessum 300 millj. og meira en það. Þetta liggur fyrir og frá þessu skýrði ég í umr. bæði í ríkisstj. og ég veit ekki betur en það hafi verið haft samráð við iðnrn. um þetta. Hins vegar skal það skýrt tekið fram að þáv. iðnrh. játaði ekki að það væri sín ákvörðun að þessu yrði frestað, það skal undirstrikað. Hins vegar skýrði ég einnig frá því í umr. um stjórnarmyndunina að til þess að koma þessu verki í framkvæmd yrði að útvega meira fé en heimild hefði verið til á gildandi fjárlögum. Ég sem ráðh. í ríkisstj. sem hafði ekki meiri hl. á Alþ. taldi mig ekki hafa möguleika eða rétt til þess að útvega meira fé en fjárlög heimiluðu.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í viðbót einmitt í tilefni af því, sem hæstv. samgrh. sagði áðan. — Hæstv. iðnrh. hélt því fram að fyrrv. ríkisstj. hefði ákveðið að verja aðeins 25 millj. af þeim 300 millj. sem heimilaðar voru á fjárlögum þessa árs. Þetta er ekki rétt. Fyrrv. ríkisstj. tók enga slíka ákvörðun. Hitt er alveg rétt, að hæstv. fjmrh. gerði okkur grein fyrir því sem hann taldi vera vandamál í því sambandi, en það var engin ákvörðun um það tekin að skera þetta verk niður, og af minni hálfu var það undirbúið á þann hátt, sem Alþ. hafði gefið heimild til, og raunar ráðstafað þar einum 70 millj. kr.

Í sambandi við byggðalínu og hugsanlega járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var sá háttur á hafður í sambandi við hönnun þessarar línu að gera þar tvo valkosti: annars vegar að reikna með því að þarna yrði verksmiðja, hins vegar að reikna með að verksmiðjan yrði ekki, en í báðum tilvikum er þessi byggðalína bæði sjálfsögð og hagkvæm lausn á þessu vandamáli og raunar forsenda þess að hér verði einhver skynsamleg þróun í raforkumálum á næstunni.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég tók það fram áðan, að þegar vinstri stjórnin var mynduð í júlí 1971 þá lá það fyrir að ekki mundi verða um frekari framkvæmdir við Laxá að ræða. Þetta held ég að öllum hafi verið ljóst. Þá hefði auðvitað þegar í stað þurft að byrja á því að undirbúa aðra virkjunarmöguleika. Það tel ég að hafi ekki verið gert.

Fyrrv. iðnrh. segir að hann hafi lagt fram frv. um virkjun Kröflu strax þegar undirbúningi var nægilega langt á veg komið. Má vel vera að það sé rétt. En hvers vegna tók undirbúningurinn svona langan tíma? M. a. vegna þess, að fyrrv. ríkisstj. og þingmeirihluti neitaði um fjárveitingar, sem gerðar voru till. um hér á Alþ. tvö ár í röð, um aukið fé til þess að hraða þessum rannsóknum. M. ö. o. vegna þess að rannsóknirnar fengu of lítið fé og gengu þess vegna of hægt hefur þetta mál dregist.

Varðandi fjárveitingarnar til byggðalínunnar er hægt að skýra aðeins nánar frá, en raunar gerði fyrrv. fjmrh. því skil áðan. Málið liggur þannig fyrir, að í fjárlögum fyrir 1974 var veitt heimild til að taka 300 millj. kr. að láni vegna þessarar byggðalínu. Á miðju ári var ákveðið, að nota aðeins 25 millj., en ekki 300 millj. til byggðalínunnar, og því skyldi varið til hönnunarkostnaðar. Þetta liggur fyrir í skjölum frá fjmrn. (**Gripið fram í:** Var það ákveðið af ríkisstj.?) Þetta liggur fyrir í bréfi frá fjmrn. (**Gripið fram í:** Fjmrn., en ekki frá ríkisstj.) Ég get ekki blandað mér í það, hvaða deilur hafa verið innbyrðis á ráðherrafundum eða ríkisstjórnarfundum með hæstv. ráðherrum. Þetta liggur fyrir frá ráðuneytisstjóra fjmrn. í bréfi til iðnrh. frá 10. júlí s. l., að vegna fjárhagsvandræða Rafmagnsveitna ríkisins hafi þeim lánsmöguleikum, sem þarna var um að ræða, verið beint að verulegu leyti til annarra þarfa í raforkumálum. Hann segir að það hafi verið till. ráðuneytismanna í fjmrn., hagsýslustjóra o. fl. að fresta byggðalínunni milli Norður- og Suðurlands að öðru leyti en tekur til hönnunarkostnaðar, 25 millj. kr., þar eð viðræður við Seðlabankann leiddu í ljós að þess var enginn kostur að afla frekara fjármagns að láni en gert var. Ráðuneytisstjórinn segist hafa skilið niðurstöður þessara samtala svo að þessi niðurskurður í 25 millj. væri ákveðinn, og síðan segir hann að efniskaup til þeirrar línu séu ekki möguleg að svo stöddu. Ég skal ekkert segja um hvað hafi farið fram á ráðherrafundum, hvort ágreiningur hafi verið milli fjmrh. og iðnrh., það veit ég ekki um, þeir geta borið saman bækurnar sjálfir. En hitt er staðreynd, að svona var þetta ákveðið a. m. k. af hálfu fjmrn. og þegar fyrrv. iðnrh. lét af störfum hafði hann ekki tryggt fé til þessarar línu, aðeins þessar 25 millj. til hönnunarkostnaðar, annað **ekki.**

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef vist þegar talað tvisvar og hef aðeins leyfi til að segja fáein orð. Það hefði að vísu verið gott að geta svarað hér ýmsum fjarstæðum sem fram hafa komið í málflutningi hæstv. iðnrh. Varðandi seinasta atriðið var okkur kunnugt um það og það kom fram í stjórnarmyndunarviðræðunum í sumar að Halldór E. Sigurðsson þáv. fjmrh. hafði uppi hugmyndir um að skera niður fjármagn til byggðalínunnar. En hann fékk að heyra það þá og hann vissi að það kæmi alls ekki til greina af okkar hálfu, og hann féllst á það. Ég veit að mörg vitni voru um það, þannig að það bréf, sem hæstv. iðnrh. er hér að vitna til, virðist ekki vera annað en ómerkilegt pappírsgagn, sem enginn formlegur aðili stóð að af ríkisstj. hálfu.

Ég vil aðeins bæta því við að ég tel mjög óviðfelldið hvernig málmblendiverksmiðjan hefur flækst inn í þessar umr. Því er reynt að halda fram að í raun og veru sé málmblendiverksmiðjan forsenda fyrir byggingu byggðalínunnar. Ég vil upplýsa það hér, að á fundi fjh.- og viðskn. Ed. í fyrra kom orkumálastjóri og ræddi við okkur um byggðalínuna og hann upplýsti þá að ef málmblendiverksmiðjan yrði ekki reist, þá yrði línan lögð frá Soginu norður í Lundarreykjadal austan við Þingvelli og hún yrði 50 millj. kr. dýrari með þeim hætti vegna þess að leiðin væri heldur lengri, en hann bætti því við að vegna þess að ekki þyrfti að byggja sérstaka spennistöð, eins og ella yrði að gera við Grundartanga, þá spöruðust við það 20 millj. kr., þannig að í heild yrði línan eftir þeirri leið aðeins 30 millj. kr. dýrari. Sjá þá allir hversu ómerkilegur sá áróður er sem byggist á því að tengja saman málmblendiverksmiðjuna og byggðalínuna.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að endurtaka margt af því sem ég sagði hér áðan. Það er hvorki á mínu færi né annarra að skapa fjármuni sem ekki eru til né heldur að taka lán fyrir ríkissjóð sem ekki eru heimildir fyrir. Allar heimildir, sem voru í fjárlögum til lántöku voru notaðar. Þetta mál var í afgr. í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins og iðnrn., að undanteknum ráðh., hann var fjarverandi þegar var verið að fjalla um þetta mál. Þá var um að ræða tilfærslur til að stöðva ekki önnur verk sem Rafmagnsveiturnar töldu að yrði að framkvæma. Þetta er staðreynd, það voru notaðir allir þeir möguleikar sem til voru. Hitt er rétt, að iðnrh. samþ. þetta ekki. Ég skýrði frá því í umr. um stjórnarmyndun á sl. sumri, að til þess að koma þessu verki áfram yrði að útvega fjármuni.

Í öðru lagi get ég sagt að það hefur alltaf verið rætt um Grundartangaverksmiðjuna í sambandi við þessa línu, enda gerir hún línuna miklu ótvíræðari og traustari en ella mundi verða.

Söluskattur af farmflutningsgjöldum, fsp. (þskj. 41). — Ein umr.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég var ekki við því búinn að fylgja fyrirspurninni úr hlaði, enda var hún gerð af varamanni mínum hér á þingi. Þess vegna vildi ég biðja hæstv. forseta að gera svo vel og fresta málinu að sinni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Vegarstæði yfir Þorskafjörð, fsp. (þskj. 62). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti: Á undanförnum árum hefur verið mikið rætt um vegagerð yfir Þorskafjörð. Þetta hefur m. a. komið fram í því að sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur látið málið til sín taka, og með bréfi 4. júní 1973 tilkynnti sýslumaður barðstrendinga, Jóhannes Árnason, að sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefði á síðasta aðalfundi sínum samþ. að beina þeim eindregnu tilmælum til samgrh., að hann láti fara fram hið fyrsta ítarlega könnun á vegarstæði yfir Þorskafjörð frá Stað á Reykjanesi að Skálanesi og að jafnframt verði gerð kostnaðaráætlun um verkið. Þetta segir í bréfi sýslumanns til samgrn.

Samgrn. mun hafa brugðist svo við þessari málaleitan að fela Vegagerð ríkisins þetta verk, að láta fara fram könnun á þessu vegarstæði.

Hér er um að ræða ákaflega mikilvægt mál á ýmsan hátt. Það er í fyrsta lagi um að ræða mikla samgöngubót fyrir allar meginbyggðir Vestfjarða. Það er um það að ræða að stytta veginn, sem nú liggur fyrir þrjá firði, Þorskafjörð, Djúpafjörð og Gufufjörð, og taka af tvo fjallvegi, Hjallaháls og Ódrjúgsháls. Þetta er enn fremur og af sömu ástæðum alveg sérstakt hagsmunamál fyrir þær byggðir sem liggja að þessu svæði, byggðir Austur-Barðastrandarsýslu.

Í sambandi við þetta mál hafa einnig komið upp hugmyndir um fiskrækt í þorskafirði og allt sýnir þetta hve mál þetta er stórt og mikilvægt.

Með tilliti til þesst hefur mér þótt hlýða að bera fram þá fsp. til hæstv. samgrh., hvað líði könnun á vegarstæði yfir Þorskafjörð frá Stað á Reykjanesi að Skálanesi?

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 62 er fyrirspurn frá hv. 3. þm. Vestf. sem er svo hljóðandi:

„Hvað líður könnun á vegarstæði yfir Þorskafjörð frá Stað á Reykjanesi að Skálanesi?"

Svar við þessari fsp. er á þessa leið:

Á árunum 1968 og 1969 var gerð lausleg dýptarmæling í mynni Þorskafjarðar á mótorbáti. Á grundvelli þeirrar mælingar var lauslega áætlað að vegfylling yfir fjörðinn yrði 400—600 þús. rúbikmetrar eftir því hvaða breidd yrði á garðinum að ofan. Á grundvelli þessarar lauslegu athugunar er giskað á að kostnaður við vegagerðina yrði 200—250 millj. kr.

Eftir að ákveðið var í vegáætlun 1972—1975 að gera Djúpveg akfæran á áætlunartímabilinu var farið að athuga, hvort endurbyggja ætti núverandi veg yfir Þorskafjarðarheiði eða leggja nýjan veg úr Djúpi yfir Kollafjarðarheiði. Einn liður í athugunum á síðari valkostinum yrði eðlilega könnun á því hvort hagkvæmt yrði að stytta núverandi Vestfjarðaveg milli Bjarkarlundar og Kollafjarðar með því að leggja veg yfir Þorskafjörð utarlega eða innarlega og fyrir Djúpafjörð og Gufufjörð ef innri leiðin yrði valin um Þorskafjörð.

Unnið er nú að þessum athugunum og var um þetta rætt við þm. Vestfjarðakjördæmis á s. l. vetri að niðurstöður athugananna ættu að geta legið fyrir í meginatriðum í árslok 1975 eða fyrri hluta ársins 1976, það snemma að hægt yrði að hafa niðurstöðuna til hliðsjónar þegar vegáætlun fyrir árið 1976 og 1977 yrði endurskoðuð og ný áætlun samin fyrir árin 1978 og 1979. — Frekar hef ég ekki um þetta mál að segja.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svar hans. Það ber með sér að það er unnið að þessum málum, og á það verður að leggja ríka áherslu. En ég tel að það beri að vinna sjálfstætt að þessu máli án tillits til þess hvaða framtíðarleið verður valin úr Ísafjarðardjúpi suður yfir hálendið, hvort það er Þorskafjarðarheiði eða Kollafjarðarheiði sem talað er um. Hér er um hið þýðingarmesta mál að ræða í báðum tilfellum og ég vil mega vona að þannig verði unnið að athugun þessa máls, því að ég tel að undir öllum kringumstæðum verði að halda svo á málum að við verðum viðbúnir því að leggja í þessa mikilvægu framkvæmd.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. — Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. var gerð áætlun um þetta á árunum 1968—1969. Ég vil gjarnan að það komi fram að hún var fyrir frumkvæði heimamanna sem gerðu sjálfir þá mælingu sem áætlunin var byggð á. Það kom hins vegar í minn hlut að skrifa vegamálastjóra og óska eftir kostnaðartölum og fékk þær og þær sömu og hæstv. ráðh. fór með áðan. Hins vegar leitaði ég einnig til starfandi verkfræðings og bað um áætlun um þetta, og sú tala var langtum lægri en hjá vegamálastjóra. Ég held að ég fari rétt með að hann hafi áætlað kostnaðinn um 150 millj. kr. Þetta stafar af því að efnistaka er ákaflega góð þarna beggja vegna fjarðarins, alveg sérstaklega góð, laust stórgrýti sem hentar vel í þessa fyllingu. Ég er þeirrar skoðunar að til þess hafi ekki verið tekið nægilegt tillit í áætlun Vegamálaskrifstofunnar.

Nú fagna ég því að Vegamálaskrifstofan er með þetta í nánari athugun, og mér er kunnugt um að yfirverkfræðingur skrifstofunnar var þarna á ferðinni í haust og kynnti sér þessi mál. Hins vegar verð ég að segja það, að ég er ósammála hv. 3. þm. Vestf. þegar hann telur að þetta verði að skoða sjálfstætt, án hliðsjónar af því hvernig farið verður yfir í Ísafjarðardjúp. Þetta er mikill þáttur í því. T. d. verður varla farið yfir í Ísafjarðardjúp yfir Kollafjarðarheiði án þess að lausn sem þessi sé fengin, því að það er til lítils að fara þar yfir og lenda síðan á tveimur fjallvegum, sem eru oft, a. m. k. annar, ófærir mikinn hluta vetrar.

Það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., er jafnframt í samræmi við það sem vegamálastjóri tjáði okkur. Ég fagna því að þessar áætlanir eiga allar að liggja fyrir þegar vegáætlun verður endurskoðuð.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég fór ekki út í það í máli mínu hér áðan að fara að tíunda hvað ég hefði gert í þessu máli eða við hverja ég hefði talað. Ég gæti svo sem sagt frá því að mér barst í hendur áætlun um þetta verk í gær frá kunnáttumanni sem athugaði það. Samkvæmt þeirri áætlun er reiknað með að þetta kosti 250 millj. kr.

Ég undrast það að hv. 2. þm. Vestf. skuli vera mér ósammála um að það skuli athuga þetta mál sjálfstætt, án tillits til þess hvort framtíðarvegur verður yfir Þorskafjarðarheiði eða Kollafjarðarheiði. Ég undrast það vegna þess að þá gleymir þessi hv. þm. því hvað þessi framkvæmd er mikilvæg fyrir byggðirnar sem liggja að þessu svæði.

Rafvæðing dreifbýlisins, fsp. (þskj. 49). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í nóv. 1971 lagði þáv. iðnrh. fram hér á þingi till. að þriggja ára áætlun um lúkningu sveitarafvæðingar. Hún var lögð fram í tilefni af fsp. sem ég lagði fram þá um framkvæmd á þessu sviði. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir því að koma rafmagni frá samveitum til 765 býla af þeim 930 sem upplýst er í þessari áætlun að ekki hafi hlotið rafmagn frá samveitum. Þar er jafnframt að finna upplýsingar um hvenær einstök byggðarlög verði rafvædd og einnig upplýsingar um þau býli sem eftir verða að þessu áætlunartímabili loknu.

Ég held að það sé ekki ofsagt að þessi áætlun hefur síðan verið biblía þeirra sem vænst hafa rafmagns frá samveitum og oft verið litið til hennar og gert ráð fyrir að við hana verði staðið, enda hef ég enga ástæðu til að ætla annað. Hins vegar er það staðreynd að framkvæmd þessarar áætlunar hefur dregist allmikið. Til þess liggja eflaust ýmsar ástæður. Oft er um þær spurt og ég held að það sé gott að fá þær fram. Einn liður í minni spurningu er því þannig. En ekki síður er að því spurt og menn vilja fá að vita hvort öruggt megi ekki vera að við áætlunina verði staðið og lokið við rafvæðingu þeirra 765 býla sem gert er ráð fyrir að rafvæða, þótt nú sé lokið því þriggja ára tímabili sem áætlunin nær til.

Með tilliti til þessa hef ég lagt fram fsp. á þskj. 49 og er sú fsp. í 5 liðum. Ég spyr í fyrsta lagi að því hvað líði framkvæmd þriggja ára áætlunar um rafvæðingu dreifbýlisins. 2) Hvaða meginbreyt. hafa verið gerðar á þeirri þriggja ára áætlun um rafvæðingu dreifbýlisins sem lögð var fram í nóv. 1971? Til skýringar þessu verð ég að segja, að því miður hygg ég að við þm. dreifbýlisins höfum orðið að stríða við ýmsar hugmyndir um breyt. á þessari áætlun. Tel ég það að ýmsu leyti alvarlegt. Þegar mönnum hefur verið lofað rafmagni á þennan máta er nauðsynlegt að standa við það. 3) Hvenær má ætla að framkvæmdum skv. þessari áætlun verði lokið? 4) Hvað hefur valdið töfum á framkvæmd umræddrar áætlunar? 5) Hvenær er gert ráð fyrir rafvæðingu Árneshrepps í Strandasýslu? Það er ekki að ástæðulausu að ég spyr að þessu því að s. l. vor voru uppi hugmyndir um að sleppa Árneshreppi í Strandasýslu úr þessari áætlun, en sem betur fer tókst að koma í veg fyrir það. Hins vegar hefur línustæðið þar ekki enn verið hannað og undirbúið eins og nauðsynlegt er ef framkvæmdir eiga að verða næsta sumar. Því spyr ég sérstaklega um þann hrepp.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er ástæðulaust að lesa upp fsp. því að hæði liggja þær fyrir á þskj. og auk þess hefur hv. fyrirspyrjandi lesið þær upp.

Veturinn 1970—1971 gerði iðnrn. í samvinnu við Orkustofnun till. að lúkingu sveitarafvæðingar á 4 árum Þegar fyrrv. ríkisstj. tók við völdum í júlí 1971 lagði hún svo fyrir að þessi áætlun yrði endurskoðuð á þann veg að ljúka rafvæðingunni á þremur árum í stað fjögurra, þ. e. a. s. á árunum 1972—4 að báðum meðtöldum. Reynslan hefur sýnt, að þessi áætlun hefur ekki staðist. Þegar þessi áætlun var gerfð voru taldar 930 bújarðir í sveitum utan samtengingar við veitukerfin. Af þessum 930 býlum var gert ráð fyrir skv. áætluninni að tengja 765 býli og var skiptingin þessi: Á fyrsta ári, árinu 1972, gerði áætlunin ráð fyrir að tengd yrðu 328 býli. Hins vegar varð í framkvæmd ekki tengt meira á því ári en 241. Á næsta ári, 1973, gerðu áætlanir ráð fyrir að tengd yrðu 239 býli. Í framkvæmdinni voru tengd 260. Á þriðja árinu, 1974, var ráðgert að tengja 198 býli skv. áætluninni, en skv. upplýsingum Rafmagnsveitna ríkisins verður ekki lokið við að tengja á árinu nema 100 býli. Samtals hefur því á þessum þrem árum, sem þriggja ára áætlunin gerði ráð fyrir, verið tengt 601 býli af 765, sem gert hefur verið ráð fyrir bæði í fyrri og síðari áætluninni að tengja.

Skv. upplýsingum Rafmagnsveitnanna hafa engar verulegar breyt. verið gerðar á hinni upprunalegu áætlun um rafvæðingu sveitanna aðrar en þessi, að framkvæma skyldi hana á þremur í stað fjögurra ára.

Af þeim 765 býlum, sem áætlunin gerði ráð fyrir að tengd yrðu, falla úr allmörg býli, sumpart vegna þess að þau hafa farið í eyði, sumpart vegna þess að þau hafa einkavatnsaflstöðvar og hafa því ekki óskað eftir tengingu. Þá hafa í nokkrum tilfellum verið tengd viðbótarbýli sem voru utan áætlunar. Af þessum ástæðum er áætlað að heildarfjöldi tengdra býla fækki um 60—70, miðað við hina upprunalegu áætlun. Skv. því ætti nú að vera lokið við tengingu um 600 býla, eins og ég gat um, en ólokið að tengja um 100 býli af þeim u. þ. b. 700 sem hin endurskoðaða áætlun tekur til, með með hliðsjón af þeirri breytingu til fækkunar sem ég gat um.

Standa vonir til að þessi 100 býli, sem eftir eru, verði tengd samveitum á næsta ári, 1975. Verður þá reyndin sú að þessi þriggja ára áætlun tekur yfir 4 ár, eins og upphaflega hafði verið áætlað.

Það, sem valdið hefur fyrst og fremst töfum á framkvæmdum þessarar þriggja ára áætlunar, er að ekki hefur verið veitt nægilegt fé til framkvæmdanna, miðað við að framkvæma þetta á þremur árum. Vaxandi dýrtíð og aukinn kostnaður við framkvæmlir hafa haft sitt að segja í

þessu sambandi. Til skýringar má benda á að kostnaður við rafvæðingu nú í ár, 1974, var áætlaður 206 millj. kr. miðað við verðlag 1. mars s. l. Í fjárl. ársins var hins vegar gert ráð fyrir 161 millj kr. til þessara framkvæmda og síðar á árinu var sú fjárveiting lækkuð um 60 millj. eða niður í 101 millj. Af þessu sést að ekki var í reynd veitt fé nema sem svaraði helmingi af framkvæmdaáætluninni, en við þetta bætist svo hækkaður kostnaður á þessu ári síðan í mars, sem er talinn nema um 25% af fyrrgreindri áætlun. Það hefði skv. þessu orðið að verja samtals um 257 millj. kr. til framkvæmda á þann hátt sem ætlað var að gera á árinu 1974.

Það gefur auga leið að töluvert átak þarf til þess að ljúka þessari rafvæðingu. Hefur ráðuneytið fyrir hönd Rafmagnsveitna ríkisins farið fram á verulega aukningu á fjáröflun til þessa verks. Er enn til athugunar að kanna með hverjum hætti væri hagkvæmast að sjá þeim býlum fyrir raforku sem njóta hennar ekki enn og er unnið áfram að því verkefni.

Með þessu hefur í meginatriðum verið svarað fyrstu fjórum liðum fsp. En varðandi 5. liðinn skal þetta tekið fram: Í þriggja ára áætluninni var gert ráð fyrir dreifiveitu um Árneshrepp, en ekki gerð nánari grein fyrir á hvern veg ætti að afla orkunnar. Nú hafa Rafmagnsveitur ríkisins að beiðni rn. athugað þessi mál og svar þeirra er sem hér segir:

„Áætlanadeild telur að rafvæðingu Árneshrepps verði á hagkvæmastan hátt hagað þannig að einfasa háspennulína 19 kw. verði lögð frá Hólmavík og norður í Árneshrepp. Háspennulínan nær nú þegar nokkuð inn fyrir Hólmavík og yrði þá haldið áfram með línuna yfir Trékyllisheiði norður í Árneshrepp og alla leið til Ófeigsfjarðar. Flutningsgetan yrði um 300 kw., sem er talið fullnægjandi eins og er. Heildarkostnaður er áætlaður 35 millj. kr., en rafvæðingin nær til 27 heimila, félagsheimilis og barnaskóla."

Þetta var svar Rafmagnsveitna ríkisins eða áætlanadeildar. Þar sem þar er ekki getið um það atriði, sem hv. fyrirspyrjandi spyr um, hvenær gert sé ráð fyrir þessari rafvæðingu, vil ég bæta því við að gert er ráð fyrir henni á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Steingrímur Hermannsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Mikilvægast í þessum svörum var að sjálfsögðu það sem ég skil þannig að staðið verði við þessa áætlun, og ég tók svar hans svo að það yrði gert á þessu ári, 1975, þ. e. a. s. þetta yrði 4 ára áætlun í stað þriggja og það gerir ekki gæfumuninn. Aðalatriðið er að þeir, sem eiga von á raforku frá samveitu, fái hana. Hins vegar þykir mér rétt að koma því á framfæri hér, sem hæstv. ráðh. er auðvitað vel kunnugt um, að á frv. til fjárlaga er aðeins gert ráð fyrir 50 millj. kr. framlagi, ef ég man rétt, og 60 millj. kr. lánsheimild, eða 110 millj. kr. alls. Hygg ég að við getum verið sammála um að það er hvergi nærri fullnægjandi til að ljúka rafvæðingu þeirra 100 býla sem ólokið er nú. Mér sýnist, miðað við þær upplýsingar, sem hann gaf um kostnað á þessu ári, að örugglega sé nauðsynlegt að tvöfalda þá upphð ef ekki meira. Vil ég eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh. að hann beiti áhrifum sínum til þess að slíkt fjármagn fáist. Það held ég sé höfuðnauðsyn ef standa á við þessa áætlun eins og fullyrt er.

Mig langar jafnframt að koma því hér á framfæri að ég hef haft mörg tækifæri til þess að fylgjast með þessari framkvæmd, og því miður verð ég að segja, að ég hygg að skipulag rafvæðingarinnar sé ákaflega lélegt og þar þarf að gera stórátak mjög nauðsynlega. Ég hygg, að það sé miklum fjármunum sóað með þeim framkvæmdamáta sem nú er. Ég meina þetta ekki sem gagnrýni á það fólk sem að þessu starfar. Það getur vel verið að mikið hafi verið lagt undir og ekki unnist tími til að skipuleggja það sem skyldi. En ég er sannfærður um að svona er málum háttað og þarf að lagfæra það. — Svo þakka ég aftur hæstv. ráðh. svörin.

Eftirlit með veiðarfæraútbúnaði erlendra fiskiskipa, fsp. (þskj. 65). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Á þskj. 65 leyfi ég mér að flytja svo hljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„1. Hvernig hefur verið staðið að framkvæmd reglugerðar nr. 263 frá 3. des. 1970 um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu?
   a) Hversu mörg skírteini eftirlitsmanna, sbr. 7. gr. reglug., hafa verið gefin út, hvenær voru þau gefin út, og hverjir hafa þau með höndum?
   b) Hversu oft hefur verið farið um borð í erlend fiskiskip við Ísland skv. ákvæðum 8. gr. til þess að kanna búnað veiðarfæra, hverra þjóða hafa þau skip verið og hver urðu málalok? Sérstaklega er spurt um þessa framkvæmd á árunum 1972, 1973 og það sem af er árinu 1974.
   c) Hafa íslenskir eftirlitsmenn verið hindraðir í störfum sínum og ef svo er, hver hafa þá verið viðbrögð stjórnvalda?
2. Hefur verið farið um borð í erlend fiskiskip innan 50 mílna lögsögunnar eða í höfnum á Íslandi í þeim sérstaka tilgangi að kanna hvort um löglegan búnað veiðarfæra sé að ræða? Ef svo er, þá hversu oft og hverra þjóða hafa þau skip verið? Sérstaklega er spurt um framkvæmd þessa á árunum 1972, 1973 og það sem af er árinu 1974."

Ég geri mér grein fyrir því, að þessi fsp. er töluvert ítarleg og e. t. v. erfitt að svara henni í stuttu máli. En ég vænti þess þó fastlega að hæstv. ráðh. svari henni eftir því sem tök eru á.

Eins og þm. er kunnugt hafa verið settar tvær reglugerðir um þetta efni sem í gildi eru. Það er annars vegar reglug. frá 16. maí 1974 um möskvastærðir botnvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda, sem gildir um eftirlit, sem hér er spurt um, innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Á hinn bóginn er það reglugerð nr. 263 frá 3. des. 1970 um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu, en sú reglug. er sett í framhaldi af samþykkt Norðaustur-Atlants-

hafsfiskveiðinefndarinnar um takmarkanir á möskvastærðum og annað þar að lútandi sem ég hef hér í enskum texta, en tel ekki ástæðu til að rekja frekar.

Það fer ekkert á milli mála, að það er rík þörf á því að í heiðri sé haft það verndunarsjónarmið, sem fram kemur í þessum tveimur reglugerðum. Hins vegar er uppi rökstuddur grunur, meðal sjómanna sérstaklega, um að það eftirlit sem samkv. reglug. á að framkvæma sé ekki framkvæmt sem skyldi. Ég segi að þetta sé rökstuddur grunur, m. a. vegna þess að það hefur oft borið við að íslensk fiskiskip hafa fengið slitur úr veiðarfærum erlendra fiskiskipa á línu í önnur veiðarfæri sem sýna það og sanna að þeir, sem veitt hafa með þeim, hafa haft ólöglegan búnað á sínum veiðarfærum. Í þessu sambandi vil ég — með leyfi forseta — vitna í nýjustu frétt um þetta efni, sem kom í Morgunblaðinu 6. des. s. l. Þar segir svo í fyrirsögn:

„Þjóðverjar klæða vörpuna með 45 mm neti."

Í fréttinni segir, að Morgunblaðið hafi haft tal af Erlingi Guðmundssyni skipstjóra á m. b. Örvari BA 14. Segir Erlingur að hann hafi fengið í línu skipsins stykki af neti u. þ. b. 32 sjómílur norðvestur af Blakk. Netið er mjög smáriðið, aðeins 45 mm riðill. Telur Erlingur að þýskir togarar klæði poka á vörpum sínum með þessum netum, og brýtur það að sjálfsögðu í bága við öll ákvæði um möskvastærðir í Norður-Atlantshafi.

Þetta er ekki eina fréttin um svipuð mál sem upp hefur komið í blöðum. Margar fréttir væri hægt að rekja og mér er kunnugt um það úr mínu kjördæmi að þar er rökstuddur grunur um að sérstaklega erlend fiskiskip virði ekki þær reglur um búnað veiðarfæra sem settar hafa verið. Er kvartað mjög undan því að eftirlit með þessu sé slælegt. Ég er ekkert að draga dul á að uppi eru ýmsar flugufregnir þar um ástæðurnar fyrir því, að skírteini til eftirlitsmanna hafi veið seint og illa útgefin.

Ástæðan fyrir þessari fsp. minni er að fá svar við þeim spurningum, m. a. til þess að það komi fram sem rétt er og satt í þessu máli.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef óskað eftir upplýsingum frá Landhelgisgæslunni varðandi þá fsp., sem hér liggur fyrir. Hefur hún sent mér svo hljóðandi bréf, sem dags. er 25 nóv., það er nokkuð síðan fsp. kom fram, en það er ekki mín sök að henni hefur ekki verið svarað fyrr.

„Með vísan til fsp. frá Sighvati Björgvinssyni alþm. til hæstv. dómsmrh., sem lögð hefur verið fram á Alþ. um eftirlit með veiðarfærabúnaði erlendra fiskiskipa við Ísland." Og síðan eru svörin, tekin í þeirri röð, sem fsp. eru settar fram og merktar með stöfum á þskj. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þær, þar sem fyrirspyrjandi las þær upp.

1. a. Alls hafa 8 menn verið þjálfaðir til þess að framkvæma fyrrnefnt eftirlit og tilkynntir skrifstofu Norðaustur-Atlantshafsnefndarinnar í London. Frá Landhelgisgæslunni eru þessir: Benedikt Guðmundsson stýrimaður, sem vinnur að mestu leyti að þessum störfum í landi, Ólafur V. Sigurðsson stýrimaður, Ásgrímur Ásgeirsson stýrimaður, Hálfdán Henrýsson stýrimaður, Baldur Halldórsson stýrimaður. Frá Hafrannsóknastofnuninni: Sæmundur Auðunsson skipstjóri, Sigurður Árnason skipstjóri. Benedikt Guðmundsson hefur haft skírteini frá því árið 1970, þrír aðrir síðan snemma á þessu ári og skírteini hinna eru tilbúin. Fleiri af stýrimönnum Landhelgisgæslunnar eru í þjálfun.
1. b. Um borð í erlend fiskiskip í sjó við Ísland hefur verið farið sem hér segir: 1972 ekkert í sjó, aðeins í höfnum. 1973 tveir breskir togarar, gerð athugasemd við útbúnað veiðarfæra beggja. 1974 8 belgískir togarar, tólf athuganir á þessum 8 og gerð athugasemd við útbúnað veiðarfæra í 9 skipti. 9 breskir togarar, athugasemd við útbúnað veiðarfæra í þremur tilfellum. 3 færeyskir togarar, fjórar athuganir, athugasemd gerð í eitt skipti.
1. c. Íslenskir eftirlitsmenn hafa aldrei verið hindraðir í störfum sínum við veiðarfæraeftirlit.
2. Á undanförnum 3 árum hefur verið farið um borð í erlend veiðiskip til athugunar á veiðarfærum sem hér segir: 1972 athugaðir 14 breskir togarar, 6 vestur-þýskir togarar, 3 belgískir togarar. 1973 2 breskir togarar (landhelgisdeilan hindraði eðlilegar athuganir). 1974 9 breskir togarar, 10 belgískir togarar, 3 færeyskir togarar."

Og undir þetta ritar Pétur Sigurðsson.

Þetta eru nokkrar tölur og ég get að sjálfsögðu látið fyrirspyrjanda í té afrit af þessu. Ég gef aðeins þessar upplýsingar, en ræði að öðru leyti ekki það málefni sem hér er um að ræða þar sem það er ekki vettvangur til þess í fyrirspurnartíma.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. mjög greinargóðar og ítarlegar upplýsingar. Því miður kemur það í ljós sem ég óttaðist og ýmsir þeirra, sem við mig hafa talað, að árið 1970 þegar reglugerðin um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu er sett í kjölfar sérstakrar samþykktar sem Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin gerir, þá fær einn maður skírteini útgefið skv. samþykkt Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar. Síðan gerist ekkert í málinu fyrr en á árinu 1974, eftir heil 3 ár. Þá fyrst fá 3 aðrir eftirlitsmenn útgefin eftirlitsleyfi. Og svo er þess að vænta að 4 aðrir, sem nú hafa lokið slíkri þjálfun, fái eftirlitsleyfi útgefin. Þetta tel ég ekki með öllu vansalaust fyrir þjóð eins og okkur sem stöndum í hörðum slag í landhelgismáli þar sem ein sterkasta röksemdin er verndunarröksemdin, að þá skuli því vera þannig farið, þegar við fáum ýmsar viðsemjendaþjóðir okkar til þess að fallast á reglugerðir eða samþykktir um eftirlit með veiðarfærabúnaði skipa í nánd við Ísland að þá skuli ekki betur að framkvæmdinni staðið hjá okkur en það að það líði 3 ár, næstum 4 ár, frá því að slík reglugerð er sett og þangað til tiltækir eru 4

eftirlitsmenn á Íslandi til þess að fylgja þeirri reglugerð eftir. Þetta er ekki framkvæmd að minu skapi og því miður staðfestir þetta það sem t. d. vestfirskir sjómenn hafa haldið fram, að eftirlitið hafi ekki verið eins raunhæft og nauðsynlegt hefði verið.

Ég játa það vissulega og okkur er það öllum ljóst að landhelgisdeilan hefur haft slæm áhrif á aðstöðu til þess að koma þessu eftirliti við. En þetta er eingöngu og einvörðungu íslensk framkvæmd, að skipa eftirlitsmenn til þess að framkvæma það eftirlit sem þessar þjóðir allar hafa gengist undir að íslendingar geti framkvæmt.

Ef við lítum á aðrar tölur, sem hæstv. ráðh. nefndi, og ég þakka honum enn og aftur fyrir mjög greinargóð svör, þá kemur það í ljós t. d. að á árinu 1972 er aldrei farið um borð í erlent skip utan 50 mílna lögsögunnar þar sem íslenskir eftirlitsmenn hafa fullt leyfi til þess að fara um borð til að athuga veiðarfærabúnaðinn. Það er aldrei á því ári farið um borð í erlent fiskiskip, erlendan togara til þess að athuga, hvort veiðarfæraútbúnaður hans sé löglega frá genginn. Það er e. t. v. ekki furða þó að þessir erlendu togarar leiki þann leik að veiða hér upp við Ísland með veiðarfærum sem vinna eins og ryksugur, hreinsa allan fisk, ekki aðeins þann fisk sem þeim er ætlað að fá, heldur smáfisk líka, með því að klæða poka og jafnvel alla vörpuna með smáriðnu neti, þegar ekki er betur að framkvæmdinni staðið af okkar hálfu.

Ég ætla ekki að gagnrýna þessa framkvæmd frekar. Meginatriði málsins er að úr því, sem vanrækt hefur verið fram til þessa, sé bætt. Ég vil skora á hæstv. dómsmrh. að sjá til þess, að við íslendingar stöndum í stöðu okkar hvað þetta varðar og látum það ekki á okkur sannast að við séum ekki menn til þess að standa fyllilega fyrir okkar hlut í sambandi við eftirlit með fiskveiðum í kringum landið, eftirlit með veiðum erlendra togara, þegar það liggur fyrir að íslendingar hafi gefið út fyrir 4 árum reglugerð um þetta efni, sem er gefin út eftir að aðildarþjóðir Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar hafa gert samþykkt sem er grundvöllur að þessari reglugerð og heimilar okkur að framkvæma það eftirlit sem við höfum svo illa framkvæmt til þessa.

Atvinnulýðræði, fsp. (þskj. 65). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Á þskj. 65 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„1. Hvernig miðar störfum n. sem félmrh. skipaði 30. ágúst 1973 til þess að semja frv. til laga um atvinnulýðræði?

2. Er þess að vænta, að ríkisstj. leggi slíkt frv. fyrir þing það sem nú situr að störfum?“

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur nú um talsverða hríð staðið yfir í nálægum löndum athugun á félagslegum nýmælum í samskiptum atvinnurekenda og launþega. Ný mál hafa verið innleidd í stjórnmálabaráttuna af jafnaðarmönnum í þessum löndum og taka þau mið af því stefnumáli þeirra að útfæra grundvallarkenningar lýðræðisins í hið daglega líf almennings, þannig að lýðræði ríki ekki aðeins í stjórnmálum, heldur einnig í efnahagsmálum og atvinnumálum. Meginrökstuðningurinn fyrir þessum nýju hugmyndum er að sjálfsögðu sá að eigi mannlegt samfélag að grundvallast af lýðræði, þ. e. a. s. jöfnum rétti allra manna til aðildar að ákvarðanatöku um sameiginleg málefni, þá verði það lögmál lýðræðis, sem sjálft stjórnarfarið byggist á, að gilda jafnt um aðra þætti mannlegra samskipta, svo sem í atvinnulífi, í menntakerfi og víðar. Sé það viðurkennt að allir þegnar samfélagsins, sem fullnægja ákveðnum skilyrðum eigi að hafa jafnan íhlutunarrétt við stjórn sameiginlegra mála ber einnig að viðurkenna slíkan jafnan rétt allra manna til áhrifa og ákvarðanatöku í öðrum málum en stjórnmálum sem varða hag hvers og eins ekki minna en þau mál sem almennt eru flokkuð undir stjórnmál. Fyrr en það er orðið er ekki hægt að segja að þjóðfélagið grundvallist á lýðræði og lýðræðislegum aðferðum við stefnumótun og ákvarðanatöku.

Stórt atriði í því að hefja lýðræðisleg lögmál til verks í daglegu lífi er að skapa launþegum aðstöðu til áhrifa á ákvarðanir, sem teknar eru í atvinnugreinum eða atvinnu, sem launþegarnir starfa við. Afstaða jafnaðarmanna er sú að fyrirtækin séu til fyrir fólkið, en ekki fólkið fyrir fyrirtækin, og þar eð fyrirtækin eiga að starfa í þágu heildarinnar og þar á meðal þeirra mörgu sem við þau starfa, þá er rétt og eðlilegt að starfsfólkið, sem leggur fram orku hugar og handar við framleiðslustörfin, eigi ekki minni rétt til áhrifa á hvaða ákvarðanir eru teknar í fyrirtækisins nafni en þeir sem leggja fram fjármagnið. Maðurinn hlýtur að vera og eiga að vera rétthærri en auðurinn. En meðan sá, sem einvörðungu getur lagt fram vinnu sína, hefur minni áhrif á stefnumótun í atvinnulífinu en hinn, sem byggir áhrifaaðstöðu sína á afli auðsins, er þessu öfugt farið. Stefnan hlýtur að vera sú, að öllum sé skapaður sami réttur til slíkra áhrifa. Auðurinn einn á hvorki að vera afl né réttur. Maðurinn er gullið þrátt fyrir allt. Í þeim anda eru mótaðar þær till. um efnahags- og atvinnulýðræði, sem jafnaðarmenn um heim allan hafa borið fram og berjast fyrir.

Íslenskir alþfl.-menn hafa eins og aðrir jafnaðarmenn í öðrum löndum brotið fyrstir manna upp á þessum nýju baráttumálum um efnahags- og atvinnulýðræði. Alþfl. hefur fylgst mjög náið með þróun þessara mála í nálægum löndum og hefur fyrstur íslenskra stjórnmálaflokka tekið baráttu fyrir efnahags- og atvinnulýðræði upp á stefnuskrá sína. Í beinu framhaldi af því hafa þm. Alþfl. oft hreyft þessu máli hér á Alþ., ýmist með því að flytja frv. um hlutdeild starfsliðs í stjórn fyrirtækja almennt eða með till. varðandi einstök ríkisfyrirtæki. Slíkar till. eru góðar, svo langt sem þær ná. En okkur þm. Alþfl. er ljóst að nauðsynlegt er að setja heildarlöggjöf um þessi mál, rammalöggjöf sem kveður á um þessi almennu réttindi, en veitir launþegasamtökum svigrúm til sérsamninga um málið eftir sérstæðum. Þá er okkur einnig ljóst að vegna þess hve íslenskar aðstæður eru um margt ólíkar því, sem gerist í öðrum löndum, þarf eflaust bæði

að afla sem víðtækastra upplýsinga um fyrirkomulag þessara mála þar, og aðlaga þá framkvæmd íslenskum aðstæðum.

Vegna þessa flutti þingflokkur Alþfl. á þingi 1973 svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. til að semja frv. til l. um atvinnulýðræði, þar sem launþegum verði tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra.“

Till. þessari var vísað til ríkisstj., en sú ríkisstj., sem þá sat, hafði m. a. svipuð mál á stefnuskrá sinni. Í framhaldi af þessari afgreiðslu og jafnframt með hliðsjón af því, að ríkisstj. hafði í málefnasamningi sínum heitið því að beita sér fyrir framkvæmd atvinnulýðræðis á Íslandi, skipaði þáv. félmrh. 30. ágúst 1973 n. til þess, eins og segir í skipunarbréfi n., að semja frv. til l. um atvinnulýðræði og í starfi sínu skuli n. m. a. hafa hliðsjón af ákvæðum málefnasamnings stjórnarfl. og till. til þál. um atvinnulýðræði fluttri af Gylfa Þ. Gíslasyni o. fl.

Nú er liðið talsvert á annað ár frá því að n. þessi tók til starfa. Ætti því að mega ætla að starfi hennar færi senn að verða lokið og þá væntanlega að í framhaldi af því verði lagt fram frv. eða frumvörp að lögum um atvinnulýðræði á Íslandi. A. m. k. væntum við alþfl.-menn þess að þess verði skammt að bíða.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, fluttu þm. Alþfl. till. til þál. um þetta mál á þinginu 1972—73. Fyrsti flm. þess var Benedikt Gröndal, en ekki Gylfi Þ. Gíslason, eins og kemur fram í skipunarbréfi n. Þessu frv. var vísað til ríkisstj. 10 apríl 1973. 30. ágúst sama ár skipaði félmrh. Björn Jónsson n. til að semja frv. til l. um atvinnulýðræði. Í n. áttu sæti: formaður var Hallgrímur Dalberg, ráðuneytisstjóri, 3 menn tilnefndir af ASÍ voru þeir Baldur Óskarsson, Jón Snorri Þorleifsson og Óskar Hallgrímsson, 2 tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, Jón H. Bergs og Ólafur Jónsson, og einn nefndarmanna tilnefndur af Vinnumálasambandi SÍS, Skúli Pálmason. Í skipunarbréfinu er tekið fram að n. skuli m. a. hafa hliðsjón af ákvæðum málefnasamnings stjórnarflokkanna frá 14. júlí 1971, löggjöf og reynslu á þessu sviði á öðrum Norðurlöndum og till. til þál. um atvinnulýðræði, sem áður er getið. Ég hef beðið n. að láta í té umsögn um þessa fsp., og er svar n. á þessa leið:

„Hæstv.. félmrh. hefur óskað þess að n. sú, sem skipuð var af félmrh. 30. ágúst 1973 til þess að semja frv. til l. um atvinnulýðræði, svaraði tveimur fsp. frá Sighvati Björgvinssyni alþm. um nefnt frv.

Fyrri fsp. er svo hljóðandi. „Hvernig miðar störfum n. er félmrh. skipaði 30. ágúst 1973 til að semja frv. til l. um atvinnulýðræði?“

Svar: Tveir bókaðir fundir voru haldnir í n. í sept. 1973 auk óbókaðra viðræðufunda. Í október sl. ár (þ. e. 1973) var ákveðið að gera ótímabundið hlé á störfum n., svo að fulltrúar ASÍ, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna gætu athugað nánar hvernig samtök þeirra teldu réttast að staðið yrði að afgreiðslu þessa máls. Var mál þetta m. a. til meðferðar hjá aðilum vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninganna á sl. vetri. Líklegt má telja að fundir hefjist bráðlega að nýju í n. Í n. eiga sæti 3 menn tilnefndir af ASÍ. Einn þeirra flutti fyrir nokkru af landi brott, en ASÍ mun tilnefna mann í hans stað mjög bráðlega. Þá eiga enn fremur sæti í n. tveir menn tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og loks einn tilnefndur af félmrh. og er hann formaður nefndarinnar.“

Síðari fsp. er svo hljóðandi: „Er þess að vænta að ríkisstj.. leggi slíkt frv. fyrir þing það, sem nú situr að störfum?“

Svar: „N. getur að sjálfsögðu ekki svarað til um það hvort þess sé að vænta að ríkisstj. leggi slíkt frv. fyrir þing það sem nú situr að störfum. Hins vegar vill n. lýsa því yfir að hún mun stefna að því að ljúka störfum og skila niðurstöðum sínum til félmrh. svo fljótt sem verða má.“

Þetta var svar n. Ég vil svo aðeins bæta því við að í niðurlagi svars n. kemur ekki fram hvort hún muni skila frv. til l. eða skila niðurstöðum sínum í öðru formi. Áður en það liggur fyrir er ekki hægt neitt um það að segja hvort ríkisstj. muni leggja frv. frá n. fyrir þetta þing. En rétt er að taka það fram, að mér er kunnugt um að það er álit a. m. k. sumra manna í þessari n. að æskilegra sé að aðilar vinnumarkaðarins semji um fyrirkomulag þessara mála heldur en að löggjöf sé um þau sett. Með þessu vil ég ekkert um það segja, hver niðurstaðan kann að verða, en að því er ríkisstj. snertir tel ég rétt að bíða eftir niðurstöðum n. sem ég vænti að hljóti að koma áður en langt um líður.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þegar þm. Alþfl. fluttu till. til þál. um atvinnulýðræði á löggjafarþinginu 1972—73 þá stendur svo í grg., með leyfi forseta:

„Hér á landi hefur mikið verið rætt um atvinnulýðræði, málið kannað og skýrslur skrifaðar, en lítið orðið úr aðgerðum.“

Síðan skipar hæstv. félmrh. n. til þess að gera eitthvað eftir samþykkt Alþ. Þá virðist ekki bara vera hætt að gera hlutina, það virtist líka vera hætt að ræða um þá og kanna þá.

Á því röska ári, sem n. hefur haft til starfa, hefur hún haldið tvo bókaða fundi, nokkra óformlega viðræðufundi og svo samþ. að taka sér hlé frá störfum. Sennilega hafa þeir verið búnir að fá nóg, þessir ágætu nm., verið orðnir þreyttir á þexinu.

Hér er um að ræða eitt stærsta pólitíska mál, sem komið hefur upp á síðari tímum í öllum nálægum löndum. Hér er verið að gera tilraun til þess að færa lýðræði *út í daglegt líf. Hér* er verið að gera tilraun til þess að koma í veg fyrir að lýðræðið lýsi sér aðeins í því að almenningur fái að ganga tvisvar, annað eða fjórða hvert ár, að kjörborði og gera kross. En áhuginn hjá okkur íslendingum, þessari miklu lýðræðisþjóð, er ekki meiri en svo, að þegar n. er skipuð í málið, þá heldur hún tvo bókaða fundi og ákveður svo að taka sér hlé um óákveðinn tíma til þess að hvíla sig.

Það er alveg fráleitt að það taki mikinn tíma að vinna að upplýsingasöfnun um þetta mál. Við erum ekki margir þm. Alþfl., því miður, en við höfum þó haft tíma til þess, á þeim tíma sem við höfum til ráðstöfunar, að verða okkur úti um mikið magn af lögum, frv., till. og hugmyndum um þetta mál frá næstu nágrannaþjóðum. Það er alveg sjálfsagt að Alþfl. láni þessari ágætu n. þessi gögn, ef hún hefur ekki haft framtak í sér til að verða sér úti um þau.

Það er búið að ræða það fyrir mörgum árum á Norðurlöndum, hvort það eigi að láta aðila vinnumarkaðarins semja um þetta í frjálsum samningum eða setja löggjöf um þessi mál, og allir aðilar eru sammála um það þar eftir þær viðræður, sem þar hafa farið fram, að þetta verði ekki framkvæmt betur eða fljótar með öðrum hætti en þeim að viðkomandi löggjafarþing setji rammalöggjöf um málið. sem verkalýðshreyfingin hafi síðan svigrúm til þess að semja í frjálsum samningum um framkvæmd á innan ákveðinna marka.

Mér láðist í upphafi máls míns að þakka hæstv. ráðh. fyrir ágæt og skýr svör. Það vil ég hér gera, en ég vil jafnframt skora á hann og hvetja hann til þess að fara þess á leit við n. að hún hætti nú að taka sitt ótímabundna hlé, hún geri það nú tímabundið, bindi enda á þetta ótímabundna hlé hið allra fyrsta og hefji störf til þess að ljúka því verkefni sem henni var falið. Ef hún hefur ekki uppburði í sér til að afla sér þeirra gagna, sem n. þarf, þá er sjálfsagt að þingflokkur Alþfl. láni henni þau.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég skil vel undrun hv. fyrirspyrjanda á því að n. skuli hafa farið svo hægt í sakirnar eins og raun ber vitni. Það eru í þessari n., eins og kom fram, þrír fulltrúar frá verkalýðssamtökunum, og ég skal ekki segja hvort það verður talið rétt að hafa með höndum verulegan eftirrekstur. Ég geri ráð fyrir því að samtökin telji sig þurfa að hafa nokkurn tíma til að kynna sér málið.

En út af þessu máli annars vil ég taka það fram, að þingflokkur sjálfstæðismanna hefur tekið þetta mál, atvinnulýðræði, einnig til umr. og skoðunar. Ég get tekið undir ákaflega margt sem hv. fyrirspyrjandi segir í þeim efnum, að æskilegt sé að vinna að auknu atvinnulýðræði, en þar eru auðvitað ákaflega margar leiðir hugsanlegar. Á sínum tíma, fyrir allmörgum árum, fluttu þm. Sjálfstfl. úr hópi hinna yngri manna till. um aukið atvinnulýðræði, þ. e. a. s. fyrst og fremst um hlutdeild starfsmanna í stjórn fyrirtækja, arðskiptifyrirkomulag o. fl. Tel ég nauðsyn að kanna þessi mál til hlítar, en að sjálfsögðu æskilegt að það, sem í þeim málum verður gert, verði í samstarfi og samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins.

Í sambandi við þetta mál vil ég svo skýra frá því, að mér hefur fyrir nokkru borist skýrsla um atvinnulýðræði sem ungur lögfræðingur, Ingólfur Hjartarson, hefur samið á vegum Minningarsjóðs um Ármann Sveinsson. Í þessari skýrslu, sem er mjög fróðleg og ítarleg, er m. a. gerð grein fyrir þróun atvinnulýðræðis í Noregi, í Danmörku, í Vestur-Þýskalandi og Júgóslavíu og síðan samantekt og yfirlit um markmið og leiðir í þeim efnum.

Ég hef að sjálfsögðu rætt um það við form. þessarar n., hvort hún gæti ekki hraðað störfum og skilað frá sér, áður en langt um líður, niðurstöðum sínum og mun gera það áfram. En ég vil taka það fram líka, að að sjálfsögðu verður að ætla samtökum þeirra aðilja, sem hér eiga hlut að máli, hæfilegan tíma til að gera upp við sig viðhorf sín til málsins. Það hefur að mínu áliti verið of lítið rætt um þetta merka mál hér á landi og full ástæða til þess að taka það meira á dagskrá en hingað til hefur verið.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég stend nú hér upp til að taka undir þau orð hæstv. fyrirspyrjanda að vinnubrögð þeirrar n., sem hér um ræðir, eru sannarlaga einkennileg. Ég vil taka undir það að hér er á ferðinni merkilegt mál sem satt að segja hefur gengið furðulega erfiðlega að koma verulega á dagskrá hér á landi. Ég sem sagt tek mjög eindregið undir það, að hér er um að ræða óhæfilegan drátt á nefndarstörfum.

Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að koma því á framfæri að mér þótti dálítið broslegt, svo að ekki sé meira sagt, þegar hv. fyrirspyrjandi hélt því fram og fór um það mörgum hátíðlegum orðum að Alþfl. hefði alla tíð haft forustu fyrir því að koma þessu máli á dagskrá. Ég er ekki að reyna að draga það af Alþfl. að hann kunni að hafa haft einhvern áhuga á þessu máli á undanförnum árum, en ég verð að segja það, að mér fannst hv. fyrirspyrjandi berja sér á brjóst af litilli smekkvísi, svo að ég gat ekki orða bundist.

Ég sat á Alþ. á árunum 1963—1967 og ég get fullyrt að þetta mál bar aldrei á góma hér á Alþ. að frumkvæði Alþfl. og vildi gjarnan fá ábendingar um ef þetta væri rangt hjá mér. Aftur á móti vil ég nefna það hér að ég flutti þáltill. mörg þessara ára einmitt um það að skipuð yrði n. til að gera áætlun um aukið lýðræði í íslensku atvinnulífi. Ég átti þá von að hljóta einhvern stuðning af hálfu alþfl.-manna, sem þá áttu sæti hér á þinginu, en frá þeim heyrðist aldrei hósti eða stuna. Ég var að vonast til þess að Alþfl., sem þá var í stjórn, mundi kannske aðstoða mig við að koma þessu máli á framfæri, en því miður, það var aldrei minnsta viðleitni af hálfu þm. Alþfl. til að styðja okkur í því að þetta mál væri tekið á dagskrá. Ég er ekki að segja þetta til þess að miklast af þeirri till., sem við fluttum hér, heldur einungis vegna þess að mér þótti dálítið brosleg viðleitni hv. fyrirspyrjanda til þess að faðma þetta mál svo innilega að sér.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mér þykir dálítið broslegt yfirlæti hv. síðasta ræðumanns svo og hitt hversu minnislaus hann virðist vera. Á þeim árum, sem hann talaði um, einbeittum við alþfl.-menn okkur að því í fyrsta lagi, að starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins fengju sæti í stjórn verksmiðjunnar, og í öðru lagi að reynt yrði við Áburðarverksmiðjuna að koma upp samstarfsnefnd hins vinnandi fólks og verk-

smiðjustjórnarinnar. Það sáu allir, sem sjá vildu á þeim árum, að ekki var fullkomið samkomulag milli stjórnarflokkanna sem þá voru, þó að báðir hefðu á sína vísu áhuga á málinu. Fyrra málið, að starfsfólk Sementsverksmiðjunnar fengi hlutdeild í stjórn verksmiðjunnar, komst ekki áfram. Hins vegar minnir mig að það hafi verið samþ. með atkv. Alþfl.-manna og þáverandi stjórnarandstöðu gegn atkv. þáverandi iðnrh. og félaga hans í Sjálfstfl. að gera tilraun með að setja upp samstarfsnefnd við Áburðarverksmiðjuna. Við völdum okkur sem sagt ákveðið svið og það eðlilegasta svið, sem tvær stórar ríkisverksmiðjur eru, og vorum að reyna að vinna að málinu á því sviði. Fullyrðingar hv. þm. um aðgerðaleysi eða stuðningsleysi við hann eru því ekki með öllu réttar.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Hv. þm. Ragnar Arnalds kvartar yfir því að ég hafi ekki viljað faðma hann. Það er nú svo. Hins vegar er best að taka það fram, að þegar Alþfl.-menn eða réttara sagt Alþfl.-menn, sem hér sátu fyrir mína tíð, byrjuðu að berjast fyrir þessum málum hér á Alþ., þá var hv. þm. Ragnar Arnalds hvergi nærstaddur til þess þeir gætu tekið hann í fangið. En það er sjálfsagt að taka hann í fangið nú, fyrst hann er kominn með okkur í þessu máli.

Það er rangt að aðrir aðilar en Alþfl. hafi haft forustu og frumkvæði um að taka upp atvinnulýðræði sem baráttumál í íslenskri pólitík. Ég átti sjálfur sem kornungur maður sæti í stefnuskrárnefnd Sambands ungra jafnaðarmanna árið 1959, 1960 og 1961. Þá var samin ný stefnuskrá fyrir Samband ungra jafnaðarmanna upp á um 70 síður, og það var í fyrsta sinn sem stjórnmálafl. eða stjórnmálahreyfing kom opinberlega fram með baráttu fyrir atvinnulýðræði á Íslandi. Ég skora á form. Alþb. að koma með eitthvað slíkt frá sínum flokki sem fyrr hefur verið komið í gang en þetta.

Hv. þm. Benedikt Gröndal minnti á nokkur þau mál, sem við komum með fyrst hér. Ég get endurtekið þau og minnt á það, sem er þáttur í þessu máli líka, hverjir það voru sem áttu upptökin að bæjarútgerðunum og þeirra rekstri. Var það ekki atvinnulýðræði í vissri mynd? Hins vegar er sjálfsagt að fallast í faðma við Ragnar Arnalds og aðra hv. Alþb.-menn um þetta mál nú þegar þeir eru tiltækir.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við skulum nú ekki pexa öllu meira um þetta mál. Ég sagði það eitt að á árunum 1963—1967, þegar ég átti sæti hér á Alþ., hefði furðulítið heyrst í þeim Alþfl.-mönnum varðandi þetta mál, og sú fullyrðing stendur óhrakin enn. Hv. þm. Benedikt Gröndal færði það til að á þessum árum hefði Alþfl. verið að reyna að koma fulltrúum í stjórn Sementsverksmiðjunnar, en það hefði bara því miður ekki tekist. Þetta átti sem sagt að sanna að hugur hefði fylgt máli. Ég vil bara bæta því við að hér á Alþ. urðum við ósköp lítið varir við þessa viðleitni Alþfl. Það má vel vera að hún hafi átt sér stað, en við urðum afskaplega lítið varir við hana a. m. k. á þessum árum, hvort sem eitthvað gerðist í þessu máli seinna. Ég er ekki frá því að það hafi verið í kringum 1968 eða 1969 sem eitthvað gerðist í því máli — eða kannske enn seinna. En það stendur sem sagt alveg óhaggað að á þessum árum heyrðist aldrei hósti eða stuna frá þessum ágætu samþingismönnum mínum á þeim tíma.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Orðið atvinnulýðræði er ansi stórt orð. Ég er hræddur um að við komum því nú ekki á án þess að breyta eignarréttarskipan æðimikið frá því sem nú er. Hins vegar er hægt með löggjöf að tryggja aukin áhrif starfsmanna á rekstur fyrirtækja, og ég held að það sé ákaflega mikið nauðsynjaverk að gera það og verður að kanna það hér á landi út frá þeim sérstöku forsendum sem við búum við. Atvinnurekstur á Íslandi er á margan hátt öðru vísi en annars staðar.

Ég vil í sambandi við þetta minna á að í tíð fyrrv. stjórnar var komið upp samstarfsnefnd af þessu tagi við Sementsverksmiðjuna, og það var gert í samráði við Alþýðusambandið og aðra aðila til þess að afla reynslu um þetta. Það sama gerðist í Landssmiðjunni, og þar hygg ég að öllu meira hafi verið að þessu unnið. Í sumar var breytt reglum um þetta samkvæmt ábendingu starfsfólksins þar út frá þeirri reynslu sem þar hafði fengist. Það stóð einnig til að þetta fyrirkomulag yrði tekið upp í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Þetta var af minni hálfu hugsað sem tilraunastarfsemi, því að ég held, að við verðum að átta okkur á því að þróun af þessu tagi tekur æðilangan tíma og við verðum að vinna þessa hluti út frá okkar eigin forsendum. Ég hygg því að sú reynsla, sem kann að fást frá þessum ríkisfyrirtækjum, geti verið býsna mikilvæg, ef rösklega er að þessu unnið af starfsfólkinu í fyrirtækjunum sjálfum.

Þjóðhátíðarmynt, fsp. (þskj. 78). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 78 til hæstv. viðskrh. um sölu og hagnað af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynt í sambandi við þjóðhátíð 1974, en fsp. hljóðar svo og er í þrem liðum:

„1. Er sölu þjóðhátíðarmyntar lokið?

2. Hve mikill ágóði hefur orðið af sölunni?

3. Verður ráðstöfun þess fjár lögð fyrir Alþ. til ákvörðunar?“

Upphaflegt tilefni þessarar fsp. er frétt sem birtist í Morgunblaðinu 27. júlí s. l. þar sem haft er eftir bankastjóra Seðlabankans og aðalféhirði hans, að þá þegar væri búið að selja umrædda þjóðhátíðarmynt fyrir 455 millj. kr., en heildarsöluverðmæti væri 578 millj. Enn fremur kom það fram að ekki væri þá hægt að segja um hvernig hagnaðinum yrði varið, þar sem endanlegar tölur lægju ekki fyrir, en stjórn Seðlabankans mundi í samráði við ríkisstj. Íslands ráðstafa fénu.

Nú er ég raunar að nokkru leyti búin að fá svar við spurningum mínum varðandi þetta mál.

Á ég þar við frétt sem birtist í sama blaði, Morgunblaðinu, nú í byrjun des., fáeinum dögum eftir að fsp. mín var lögð fram á Alþ. Þar er greint frá því að allar gerðir þjóðhátíðarmyntar séu nú uppseldar nema nokkuð af sérsleginni silfurmynt, sem sé enn óseld fyrir nokkra tugi millj. Þar kemur fram einnig að hagnaður af sölu myntarinnar, þegar allt er selt, muni nema 250—300 millj. kr., en ekki sé ákveðið, hvernig þessum fjármunum verði ráðstafað. Er þá enn ósvarað síðasta lið fsp. minnar, hvort ráðstöfun þessarar fjárupphæðar verði lögð fyrir Alþ. til ákvörðunar.

Nú er ég ekki haldin neinni tortryggni um að umræddum hagnaði af sölu þjóðhátíðarmyntar yrði ekki vel og skynsamlega varið af þeim samráðsaðilum, stjórn Seðlabankans og ríkisstj. Íslands, sem getið er um í fyrr tilvitnaðri blaðafrétt. Heyrst hefur orðrómur um að fénu skuli varið sem framlagi til byggingar þjóðarbókhlöðu eða á annan hátt til varðveislu íslenskra menningarverðmæta. Væri það sannarlega vel til fallið. En það, sem fyrir mér vakir, er þetta: Ég tel mjög óeðlilegt, að Seðlabankinn ráðstafi svo stórri fjárupphæð, 250—300 millj. kr., utan við fjárlög ríkisins, og jafnvel þótt ríkisstj. kæmi til sem samráðsaðili, þá hefur hún ekki heldur samkv. anda stjórnarskrárinnar heimild til slíkra fjármunaráðstafana án samráðs og samþykkis Alþ. Ég tel nauðsynlegt, að Alþ. láti það koma skýrt fram, að það eitt fer með fjárveitingavald í íslenska ríkinu, og sé vel á verði gegn því að einstakar valdamiklar stofnanir seilist inn á verksvið þess.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er kannske ekki ástæðulaust að minna á það, til hvers fsp. eru. Þær eru til þess að fá upplýsingar og ekki til annars. Ef menn vilja svo ræða það mál frekar og finnst þær upplýsingar, sem fram koma, gefa tilefni til þess, þá eru önnur form tiltæk til þess að taka málin upp á Alþ.

Ég sendi fsp. þessa Seðlabankanum og fékk frá honum svo hljóðandi bréf, sem er svar við þessari fsp.:

„Tilvísun er gerð til bréfs yðar, dags. 28. nóv. 1974, varðandi fsp. á Alþ. um þjóðhátíðarmynt, sem lögð hefur verið fyrir viðskrh.

Heildarupplag og sala þjóðhátíðarmyntarinnar hefur orðið eftirfarandi:

1. Venjuleg slátta. Af henni voru slegnir 12000 gullpeningar hver að verðmæti 10 þús. kr., 70 þús. silfurpeningar hver að verðmæti 1000 kr. og 70 þús. silfurpeningar hver að verðmæti 500 kr. og eru þeir allir uppseldir.

2. Sérunnin slátta. Af henni voru slegnir 8000 gullpeningar hver að verðmæti 10 000 kr. og eru þeir allir uppseldir. Einnig voru slegnir 58 þús. 1000 kr. silfurpeningar og 58 þús. 500 kr. silfurpeningar. Þessi tegund myntarinnar er ekki enn þá að öllu leyti seld, en upplýsingar um eftirstöðvarnar liggja ekki fyrir enn þá. Uppgjör frá erlendum söluaðilum varðandi myntina hefur ekki borist og því ekki á þessu stigi verið hægt að gera upp endanlegan ágóða af sölunni. Hins vegar er búist við því, að þær áætlanir, sem gerðar voru í upphafi, muni væntanlega standast, en þá var reiknað með því, að hagnaður yrði á bilinu 250—300 millj. kr.

Í upphafi árs, þegar ákvarðanir voru teknar um útgáfu þjóðhátíðarmyntarinnar, skýrði bankastjórn Seðlabankans ríkisstj. frá því, að þegar endanlegt uppgjör lægi fyrir, mundi bankinn gera till. um ráðstöfun fjárins, en jafnframt óska þess, að ríkisstj. og Alþ. tækju lokaákvörðun um hana. Mun því málið koma til kasta Alþingis, þegar þar að kemur.

Davíð Ólafsson.
Sigurður Örn Einarsson.“

Ég vænti, að með þessum upplýsingum sé fsp. svarað.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans. Ég fékk raunar ekki — kannske var það af því að ég vék að sessunaut mínum, að ég taldi mig ekki hafa fengið svar við síðasta lið fsp. minnar um það, hvort ráðstöfun hagnaðarins kæmi fyrir Alþ. Það var þetta sem var mergurinn málsins í minni fsp. (**Gripið fram í: Það kom fram.**) Það kom fram, þá bið ég afsökunar. En hafi það verið á þann veg að Alþ. yrði ákvörðunaraðili, þá er tilgangi minnar fsp. náð, og ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir. Mér þótti, eins og ég gat um í fyrri framsögu minni, einkennilegt að hvergi væri á það minnst að Alþ. yrði ákvörðunaraðili um ráðstöfun þessa fjár. Það er óneitanlega svo að í okkar þjóðfélagi eru sérfræðingar og embættismenn oftar en ekki óþarflega fyrirferðarmiklir í okkar stjórnsýslu, og ég tel að Alþ. þurfi að gæta þar vissrar virðingar að láta ekki stór fjármunaspursmál fram hjá sér fara. Og ég sé ekki betur en 41. gr. stjórnarskrár Íslands kveði skýrt á um þetta, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ekkert gjald skal greiða af hendi nema heimild sé til þess í fjárl. eða fjáraukalögum.“

Ég vil líka minna á, að árið 1968 voru sett sérstök lög eða réttara sagt bráðabirgðaákvæði aftan við lög um gjaldmiðil Íslands vegna útgáfu á minnispeningi um Jón Sigurðsson og var ríkissjóði heimilað með þessu bráðabirgðaákvæði að leggja 50% álag á nafnverð og þeim hagnaði skyldi varið til framkvæmda á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri. Þetta m. a. varð til þess að ég spurði mig sjálfa: Væri ekki full ástæða til þess að fara eins að nú og binda með lögum og ákvörðun Alþ. ráðstöfun á þeim miklu fjármunum sem hér er um að ræða.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það kom fram skýrt svar við þessari fsp., sem hv. þm. vantaði aðeins svar við. Þegar allt kom til alls hafði hv. þm. fengið allt annað upplýst, en það kom alveg skýrt og greinilega fram. Ég hef kannske ekki lesið það nógu greinilega, en hér stendur: „Þegar endanlegt uppgjör lægi fyrir, mundi bankinn gera till. um ráðstöfun fjárins, en jafnframt óska þess, að ríkisstj. og Alþ. tækju lokaákvörðun um hana. Mun því málið koma til kasta Alþ., þegar þar að kemur.“

Hitt er svo, eins og ég sagði áðan, að hug-

leiðingar um það, hvort sérfræðingar séu orðnir of áhrifamiklir í landsstjórninni eða ekki, eiga ekki heima í sambandi við fsp. En ef einhver þm. er þeirrar skoðunar, þá er honum í lófa lagið að koma fram með þáltill. um það, almenna eða takmarkaða við eitthvert tiltekið svið, að áhrif sérfræðinga skuli takmörkuð, og þá er hægt að ræða það (**Gripið fram í:** eða utan dagskrár.) — jafnvel utan dagskrár, sem helst ætti þó ekki að gera nema væri um aðkallandi mál að tefla.

Ég skal heldur ekkert fara út í umr. hér um stjórnarskrá eða skilning hv. þm. á því, hvernig 41. gr. stjórnarskrárinnar eigi að skilja. Auðvitað er það öllum vitanlegt að Seðlabankinn er ekki á fjárl. og svo er um ýmsar fleiri ríkisstofnanir og þar með um alla ríkisbankana, þannig að það þyrfti kannske ýmislegt að breytast ef ætti að framfylgja til hlítar þeim hugmyndum sem mér virtust vaka fyrir hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég verð nú að segja að mér finnst ég ekki hafa verðskuldað neinar snupur fyrir að bera fram þessa fsp. Það, sem vakti fyrir mér, var einungis þetta, sem ég þarf ekki að endurtaka hér, og eftir þeim skilningi sem ég hef komist að með því að pæla í gegnum lög Seðlabankans, þá sé ég ekki enn að það sé á hans valdsviði að ráðstafa fjármunum svo stórum sem hér eru annars vegar.

Sameinað þing, 21. fundur.

Þriðjudaginn 10. des., að loknum 20. fundi.

Síldarverksmiðjur ríkisins í Grindavík, þáltill. (þskj. 83). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stofnlánasjóður stórra atvinnubifreiða, þáltill. (þskj. 86). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kostnaður á veitt kíló af bolfiski, þáltill. (þskj. 93). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Öryggisþjónusta Landssímans, þáltill. (þskj. 97). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verðjöfnun á flugvélabensíni, þáltill. (þskj. 101). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Útbreiðsla sjónvarps, þáltill. (þskj. 14). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Áburðarverksmiðja, þáltill. (þskj. 60). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Innborgunargjald af vörum frá Vestur-Þýskalandi, þáltill. (þskj. 68). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

18 ára kosningaaldur, þáltill. (þskj. 72). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi, þáltill. (þskj. 53). — Fyrri umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er flutt af okkur öllum þm. Vestf. Till. er um það að fela ríkisstj. að heimila væntanlegri Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila að virkja Suður-Fossá á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu í allt að 2 mw. raforkuveri og leggja það an aðalorkuveitu til Patreksfjarðar til tengingar þar við aðalorkukerfi Vestfjarða. Jafnframt er ríkisstj. falið að gera nú þegar af sinni hálfu ráðstafanir til að hraðað verði eins og frekast er unnt framkvæmdum þessum. Enn fremur segir í till. að stefnt sé að því að ljúka virkjunarframkvæmdum fyrir lok ársins 1976.

Þessi till. var flutt á síðasta Alþ., en hlaut þá ekki afgreiðslu. Málið kom þá nokkuð seint fram og ég hef litið svo á að það, að málið hlaut ekki afgreiðslu, hafi verið frekar vegna þess hve síðbúið það var heldur en vegna hins, að andstaða væri gegn máli þessu. En nú er þessi till. til þál. endurflutt. Það er ekki að ástæðulausu að við komum með þetta mál hér inn á hv. Alþ. Á undanförnum missirum hafa skapast þau viðhorf í orkumálum heimsins að einskis má láta ófreistað í viðleitni landsmanna til að auka raforkuframleiðsluna. Mikið veltur á að engar ónauðsynlegar tafir verði á framkvæmd virkjana, sem þegar er hægt að byrja á, vegna þess að undirbúningsrannsóknum og athugunum er lokið. Eitt slíkt verkefni, sem bíður framkvæmda, er virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Þegar árið 1951 beindist athygli manna að virkjun Suður-Fossár. Var þá gerð áætlun á vegum raforkumálastjóra um litla virkjun þar. Var hér um að ræða eina af mörgum athugunum sem gerðar voru vegna könnunar á orkuöflun fyrir Vestfirði. Reyndist hér um að ræða hagkvæmustu orkuöflunina, sbr. grg. í ársskýrslu Sambands ísl. rafveitna frá árinu 1952.

Árið 1961 voru teknar upp virkjunarathuganir að nýju við Suður-Fossá. Var þá gert yfirlit yfir jarðfræðilegar aðstæður og sama ár var enn fremur gert yfirlit yfir virkjunarmöguleika. Þá var árið 1965 mælt langsnið stíflusvæðis og gerð lausleg kostnaðaráætlun fyrir 1.75 mw. virkjun sem áætlað var þá að kostaði 36.6 millj. kr. Í júlí 1970 samþykkti sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu að hafa forgöngu og frumkvæði að frekari könnun á virkjun Suður-Fossár. Þá var verkfræðifyrirtækið Virkir h. f. fengið til að gera áætlun um þessa virkjun.

Virkjun sú, sem hér er lagt til að gerð verði í Suður-Fossá, er byggð á tillögum þeim og áætlunum sem Virkir h.f. lagði fram í nóv. 1970. Þar segir að virkjun Suður-Fossár sé tæknilega einföld Gert sé ráð fyrir að nýta afrennsli 18 ferkm vatnasvæðis og miðla vatnsrennslinu í tveim uppistöðulónum og virkja með 160 m fallhæð. Gefur þetta tveggja mw. virkjun með 10 gwst. árlegri orkuframleiðslu. Áætlað var að virkjun þessi kostaði 63.1 millj. kr. miðað við verðlag ársins 1970. Í fyrra var þessi kostnaður ásamt kostnaði við aðalorkuveitu til Patreksfjarðar áætlaður um 145 millj. kr., en nú er þessi upphæð að sjálfsögðu allmiklu hærri.

Með till. þessari er lagt til, að ráðh. heimili væntanlegri Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila að virkja Suður-Fossá. Er þá gert ráð fyrir að Vestfjarðavirkjun verði sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaganna á samveitusvæði Vestfjarða. Slíkt væri eðlileg framkvæmd á stefnumörkun í raforkumálum Vestfjarða samkv. þál. sem samþ. var 5. apríl 1971, en þessi þál. um raforkumál Vestfjarða var fram borin á þeim tíma af öllum þm. Vestf.

Í þessari þál. segir, að kannaðar verði óskir sveitarfélaganna um þátttöku í virkjunarframkvæmdum með það fyrir augum að stofna sameignarfyrirtæki ríkis og sveitarfélaganna á samveitusvæðum. En þó að þessi stefna, sem ég hygg að hafi algert fylgi Vestfirðinga, þó að hún hafi verið mörkuð þegar árið 1971 þá er svo háttað enn þann dag í dag að ekki hafa þessi skipulagsatriði komið til framkvæmda. Þess vegna er í þáltill. þeirri, sem við nú leggjum fram, gert ráð fyrir að annar háttur geti orðið á um eignaraðild ef nauðsyn þykir, t. d. þar til komið verði á væntanlegri Vestfjarðavirkjun.

Virkjun sú, sem þáltill. fjallar um, er á suðurenda samveitusvæðis Vestfjarða og eykur því verulega öryggi notenda þess, einkum þeirra er búa sunnan Arnarfjarðar. Hér er því um að ræða virkjun sem gegnir hliðstæðu hlutverki að þessu leyti og vatnsaflsstöðvarnar á norðurenda samveitusvæðisins, á Ísafirði og í Bolungarvík. Með framkvæmd þessari er því verið að búa svo í haginn að í framtíðinni verði minni þörf á hinum mjög svo óhagkvæmu dísilrafstöðvum sem varastöðvum á þessum hluta samveitusvæðisins.

Þó að hér sé um að ræða virkjun sem fullnægir litlu af framtíðarorkuþörf Vestfjarða, er framkvæmd þessi mikilvægur þáttur í uppbyggingu raforkukerfis Vestfjarða. Virkjun þessi á að framleiða meiri orku en sem svarar núverandi orkunotkun sunnan Arnarfjarðar og nemur vinnslugeta hennar meir en ⅓ af raforkuframleiðslu Vestfjarða í dag.

Nauðsynlegt er að undirbúningi verði hraðað svo við virkjun Suður-Fossár að framkvæmdir geti hafist sumarið 1975. Við ætlum að þá megi gera ráð fyrir að hægt verði að ljúka verkinu og orkuvinnsla geti hafist í árslok 1976. Þá verður komin í gagnið, eins og reiknað hefur verið með, Mjólkárvirkjun II sem nú er í byggingu og ætlað er að gefi 29 gwst. árlega orkuframleiðslu. Báðar þessar virkjanir eru mikilvægur þáttur í heildaruppbyggingu raforkukerfis Vestfjarða. En jafnframt er nú brýn nauðsyn til að halda áfram virkjunarframkvæmdum, rannsóknum og hönnun nýrra mannvirkja, svo að séð verði á næstu árum fyrir orkuþörf Vestfjarða. Og þá verður að sjálfsögðu að hafa hugfast að mæta verður hinni stórauknu þörf fyrir raforku til húshitunar og aukins iðnaðar á Vestfjörðum.

Á síðasta þingi, þegar ég mælti fyrir þessari till., fór ég nokkuð út í það að lýsa orkumálum Vestfjarða í heild. Ég ræddi um virkjunarmál Vestfjarða almennt, raforkuþörf, virkjunarskilyrði, brýn viðfangsefni og undirbúning nýrra virkjana. Ég sé ekki ástæðu til þess nú að fara að ræða þessi mál almennt aftur, en aldrei verður nógsamlega mikil áhersla lögð á það, að svo mikla þýðingu sem rafmagnsvirkjanir hafa fyrir aðra landshluta, þá hafa þær óvíða meiri þýðingu en einmitt á Vestfjörðum, vegna þess að þar er jarðhiti af mjög skornum skammti og ekki vel í sveit settur til upphitunar íbúðarhúsa. Á Vestfjörðum verður að byggja meir á raforku til upphitunar heldur en víðast hvar annars staðar á landinu.

Ég vænti þess að þessi till. okkar allra þm. Vestf. hljóti nú góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu þannig að hægt verði sem fyrst að hefjast handa með næsta vori.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði till. þessari vísað til hv. fjvn.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Virkjun Suður-Fossár hefur á undanförnum árum komið mjög til orða og verið athuguð. Á sínum tíma var áætlun um hana lögð til hliðar vegna Mjólkárvirkjunar. Ég held hins vegar að Suður-Fossá sé álitleg virkjun og æskilegt að þar gæti af framkvæmdum orðið.

Í þessari till. er gert ráð fyrir því að heimila ráðh. að fela Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila framkvæmdir í málinu. Ég geri ráð fyrir því að ef þessi till. yrði samþ. mundu Rafmagnsveitur ríkisins hanna framkvæmdir að sínu leyti eins og um virkjun Mjólkár og hafa þetta mál með höndum, þangað til Vestfjarðavirkjun yrði stofnuð. Hins vegar er eðlilegt að að því sé unnið að koma á slíku fyrirtæki — sem yrði þá væntanlega eign heimamanna, sveitarfélaga þar og ríkisins saman — eins og unnið er að því að koma

á fót Norðurlandsvirkjun sem virkjunaraðila fyrir Norðurland. En þangað til slíkt fyrirtæki væri stofnað, væri eðlilegast að Rafmagnsveitur ríkisins hefðu málið með höndum.

Nú er það svo að sumir hugsa fyrst og fremst um að virkja í stórum stíl, um stórvirkjanir og leiða svo rafmagn út um byggðir landsins frá þeim. Auðvitað er mikil nauðsyn að framkvæma stórvirkjanir sem oft framleiða tiltölulega ódýra orku. Hins vegar má alls ekki leggja til hliðar hugmyndir um smærri virkjanir heima í héruðum af mörgum ástæðum, m. a. vegna öryggis, því að í okkar veðráttu þekkjum við allt of mörg dæmi þess þegar háspennulínur, sérstaklega sem liggja yfir heiðar og fjöll, bila, að þá er mikil trygging í því að hafa virkjanir heima í héruðunum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þessa till., en vil mæla með því að hún verði samþ. á Alþ. og þá mundi að sjálfsögðu hafist handa með þessum hætti, sem ég gat um, að undirbúa og framkvæma þá virkjun. Það er að sjálfsögðu rétt að sú n., fjvn. væntanlega, sem fær málið til meðferðar, kanni hvort möguleikar eru á því að ljúka henni fyrir árslok 1976. Ég geri ráð fyrir að það mundi fyrst og fremst velta á afgreiðslutíma á vélum og rafbúnaði, en sjálfsagt er að hraða verkinu eins og tök eru á. Ég mæli því með samþykkt þessarar till.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka hæstv. iðnrh. góðar undirtektir hans við þessa þáltill. og vænti þess að aðrir alþm. sýni þessu máli sama velvilja og hann virðist ætla að gera.

Það er nú einu sinni svo að vestfirðingar eru e. t. v. ekki kvartsárir menn. Því fer það fram hjá mörgum hvernig ástandið er í þeirra raforkumálum, því að aðrir menn úr öðrum landshlutum hafa e. t. v. hærra um ástandið hjá sér. Staðreyndin er sú að með þessari till. er verið að leitast við að leysa úr algeru neyðarástandi, sem ríkir í raforkumálum fjórðungsins, og sú virkjun, sem hér er lagt til að ráðist verði í, er lítil eins og fram hefur verið tekið. Henni er aðeins ætlað að vera í mesta lagi 2.4 mw. virkjun. Það fullnægir auðvitað hvergi nærri þörfinni, en hins vegar til þess gert að draga úr mjög sárum raforkuskorti sem ríkir t. d. á Patreksfirði og suðurfjörðunum.

Ástandið í raforkumálum vestfirðinga er þannig að það hefur mjög alvarleg áhrif á atvinnulífið í fjórðungnum. Það hefur oft gerst og iðulega að t. d. fiskvinnslufyrirtæki verði að hætta að keyra sínar vélar, heimilistæki liggi undir skemmdum vegna spennufalls og lítils straumstyrkleika, og það hefur líka komið fyrir, eins og hv. þm. er í fersku minni, að bilað hafa línur fyrir vestan sem hefur tekið marga daga og jafnvel margar vikur að lagfæra. Á meðan hafa vestfirðingar setið í orkuskorti.

Það hafa mjög nýlega verið gerðar athuganir á virkjunarþörf á Vestfjörðum og framkvæmdahraða í þeim efnum. Og ég held að það sé rétt til þess að fylgja þessari till. enn eftir, til þess að hv. þm. geti gert sér grein fyrir hve þörfin er mikil, að rekja það í örfáum orðum.

Uppsett vatnsafl á orkuveitusvæði Vestfjarðaveitu er í dag 3.96 mw. Á næsta ári, þegar Mjólkárvirkjun II verður tilbúin til orkuframleiðslu, vex afl vatnsorkuveranna um 5.7 mw. eða í um 9.7 mw. Ársorkuvinnslugeta ofangreindra vatnsaflsvirkjana er um 58 gwst. miðað við húshitun á markaðssvæðinu.

Nú er það svo, eins og menn kannske vita, að það hafa verið gerðar sérstakar athuganir á því á Vestfjörðum hve mikið kostar að kynda hús þar með olíu. Ástæðan fyrir þessari athugun, sem framkvæmd var m. a. á vegum Fjórðungssambands Vestfjarða, var sú að það er stefna sveitarfélaganna á Vestfjörðum að breyta húshitun með olíu yfir í húshitun með rafmagni. Í ljós kom við þessa athugun að það er um 18% dýrara að kynda hús á Vestfjörðum með olíu heldur en kynda hús hér á Suðvesturlandi með olíu. Ástæðurnar fyrir því eru tvær: í fyrsta lagi kaldara veðurfar og í öðru lagi eldri hús, en það er einkennandi fyrir Vestfirði að flestöll íbúðarhús þar eru ákaflega gömul og úr sér gengin og dýr í kyndingu. Einmitt þess vegna er það mikið nauðsynjamál og stefnumál vestfirðinga að sem allra fyrst verði unnt að hefja hitun húsa með raforku, og geta menn farið nærri um hversu langt það virðist eiga í land þegar ástandið er þannig nú að iðnaðurinn á Vestfjörðum og þá einkum og sér í lagi fiskiðnaðurinn er í orkusvelti vegna ástandsins.

Samkv. nýjustu athugunum er talið að heildarorkuþörf til húshitunar á veitusvæðinu sé áætluð 85 gwst. á ári miðað við 12 þús. kwst. orkuþörf á íbúa og íbúafjölda 7100. Það er ekki gert ráð fyrir íbúaaukningu fram til 1975 á Vestfjöðum, en síðan er ráð fyrir því gert að hún vaxi í 1% fram til ársins 1980 og sá vaxtarhraði haldist óbreyttur úr því. Sé gert ráð fyrir fullri rafhitun frá og með árinu 1975, eins og vonir stóðu til á sínum tíma, þá verður heildarorkuþörf Vestfjarðaveitu á því ári 114 gwst. Til samanburðar er orkuvinnsla Vestfjarðaveitu nú eftir að Mjólká kemur í gagnið eða verður 1975 58 gwst. en þörfin 114. Á árinu 1980 verður þörfin orðin 127 gwst., á árinu 1985 148 gwst. Aflþörfin á orkuveitusvæðinu 1980 er 28 mw., 1985 33.

Með hliðsjón af framansögðu vantar á núverandi vatnsafl á Vestfjörðum, þ. e. þegar Mjólká II er tilbúin til orkuframleiðslu, þá vantar árið 1975 um 56 gwst. á ári, 1980 69 gwst. á ári og þá er viðbótaraflþörf 19 mw., 1985 19 gwst. og viðbótarþörf 23 mw. Það gefur því auga leið að það er brýn nauðsyn til þess að nú þegar verði hafinn undirbúningur að stórvirkjunum fyrir vestfirðinga.

Það er nú uppi áætlun um, mér er ekki kunnugt um hvort hún hefur verið samþ. eða í framkvæmdina hefur verið ráðist, en áætlað var jafnhliða áætlunum um Mjólká II að veita Hófsá yfir í inntakslón Mjólkár II, þ. e. í Borgarhvilft. Með þeirri framkvæmd, sem væntanlega yrði þá gerð í beinu framhaldi af Mjólká II, gæti orkuvinnslugeta Mjólkár I vaxið um 7 gwst. sem er ekki nema brot af því sem til þarf.

Þær leiðir, sem einkum hafa verið til umr. til viðbótarorkuöflunar fyrir Vestfjarðaveitu, eru þrjár:

1. Virkjun Dynjandisár með um 8.3 mw. orkuveri í Dynjandisvogi og um 48 gwst. orkuvinnslu lauslega áætlað. Afbrigði er að veita Dynjandisá yfir á vatnasvæði Mjólkár og fá viðbótarvirkjun í Borgarvogi. Þetta var fyrsta leiðin sem hugsað er um.

2. Rætt er um háspennulínu frá byggðalínunni í Hrútafirði að Mjólká, sem er ca. 150 km vegalengd.

3. Þá væri svo virkjun Þverár á Langadalsströnd í 7—12 mw. orkuveri með 40—70 gwst. ársorkuvinnslugetu. Þetta er breytilegt með tilliti til þess hvaða ám yrði veitt inn á vatnasvið Þverár.

Ýmsar aðrar hugmyndir koma til greina, t. d. virkjanir við norðanvert Ísafjarðardjúp og enn fremur stórvirkjun á Ströndum í Hvalá og Rjúkanda, en það er mjög lítið kannað mál. Lauslegar athuganir benda hins vegar til þess að hagkvæmast sé annaðhvort að virkja Dynjandisá eða Þverá auk byggðalínunnar, þannig að það eru þessir þrír möguleikar, sem ég nefndi áðan, sem virðast vera raunhæfastir.

Ég segi það eins og er að ég er sammála þeirri stefnu hæstv. fyrrv. iðnrh. að það sé rétt og það sé skylt að tengja orkuveitusvæði landsins saman til þess að koma á eins miklu öryggi og mögulegt er að hafa í okkar raforkumálum. Hins vegar tel ég ekki síður ástæðu til þess að virkja í heimahéruðum, vegna þess að eins og við vitum þá getur það gerst og hefur iðulega gerst að raflínur hafa farið í sundur, kannske á stöðum sem erfitt er að komast að í vetrarveðrum til viðgerða, og því er nauðsynlegt að í heimahéruðum séu virkjanir sem sé hægt að treysta á. Þess vegna mundi ég telja, að auk þess að leggja áherslu á að leggja háspennulínu frá byggðalínunni í Hrútafirði að Mjólká þyrfti hið bráðasta að taka ákvörðun um stórvirkjun á Vestfjörðunum sjálfum.

Það er rétt að taka fram að það hefur verið farið fram á bæði af vestfirðingum og öðrum þeim, sem að þessum málum hafa unnið, að nokkru fjármagni yrði varið til undirbúningsvirkjana. M. a. var farið fram á það við Rarik að í sumar yrði unnið að gerð loftmyndakorts af Þverársvæðinu. Var lagt til að settir yrðu upp rennslismælar og síritarar á nokkrum stöðum, m. a. við Hvalá og víðar. Einnig var lagt til að jarðfræðiathuganir yrðu gerðar í sumar, a. m. k. við Þverá. Þá var einnig lagt til að endanlegar mælingar við Dynjanda yrðu gerðar á þessu sumri. Svo hefur hins vegar farið að ekkert af þessu hefur verið gert og borið við fjárskorti. Þeir sérfræðingar, sem að þessum málum hafa unnið, höfðu áætlað að ef þessar framkvæmdir hefðu verið unnar í sumar, þessar nauðsynlegu undirbúningsframkvæmdir, þá hefði verið hægt að koma á næstu virkjun á Vestfjörðum þannig að hún gæti tekið til starfa 1978—1979. Vegna þess að ekki hefur verið staðið við þau fjárframlög og þau fyrirheit sem gefin hafa verið í sambandi við rannsóknir fyrir vestan, þá telja þessir sömu sérfræðingar að þessari virkjun seinki a. m. k. um eitt ár og við vestfirðingar getum ekki átt von á því að fá nýja stórvirkjun, að fá öryggi í orkumálum fyrr en í fyrsta lagi á árunum 1980—1981. Ég legg mjög mikla áherslu á að samhliða því að Alþ. afgreiði þessa till. til þál. um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi, sem við þm. Vestf. flytjum og fengið hefur góðar undirtektir hjá hæstv. ráðh., þá verði þegar í stað hafinn undirbúningur að nýrri stórvirkjun á Vestfjörðum þannig að vestfirðingar geti þó átt von á því að fá að búa við sæmilegt öryggi í raforkumálum eftir 1980.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég get tekið undir allt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði um mikilvægi þess að vinna að stórframkvæmdum í raforkumálum Vestfjarða. Ég lagði raunar áherslu á það í máli mínu áðan.

Ég stóð hér upp til þess að lýsa ánægju minni yfir því sem fram kom í ræðu hæstv. iðnrh. Það er ánægjulegt að heyra að hann hefur fullkominn skilning á þörf þess að hrinda í framkvæmd þessu máli, sem hér um ræðir, virkjun Suður-Fossár. Og ég vil sérstaklega — og ég veit að ég mæli þar fyrir munn allra flm. og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur þegar talað fyrir sig, — færa hæstv. iðnrh. þakkir okkar fyrir yfirlýsingu hans um stuðning við þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bygging kvenlækningadeildar Landsspítalans, þáltill. (þskj. 73). — Ein umr.

Flm. (Geirþrúður H. Bernhöft): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., er þess efnis að ríkisstj. geri þegar í stað ráðstafanir til að lokið verði við byggingu fæðingar- og kvensjúkdómadeildar Landsspítalans eða kvenlækningadeildar, eins og læknarnir vilja nefna deild þessa. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að gera þegar í stað ráðstafanir til að lokið verði við byggingu kvenlækningadeildar Landsspítalans á árinu 1975."

Ástæðan til þess, að þessi þáltill. er flutt, er mjög brýn þörf þess að fyrrnefndri byggingu verði lokið svo fljótt sem unnt er. Allt fram til ársins 1949 fæddu flestar konur í heimahúsum. Nokkur fæðingarheimili hafa þó verið rekin, bæði úti á landi og í Reykjavík, upphaflega mest fyrir forgöngu ljósmæðra.

Fyrsta fæðingarheimilið hér í Reykjavík var að Baldursgötu 20. Jónína Jónsdóttir setti það á fót árið 1929. Voru þar aðeins tvö rúm og aðallega ætluð ógiftum og umkomulausum mæðrum. Rak Jónína fæðingarheimili þetta í tvö ár.

Árið 1932 setti Ása Ásmundsdóttir á stofn fæðingarheimili við Tjarnargötu. Hún fékk sjúkrahúsleyfi og var stofnunin nefnd Sólheimar. Á þessu sjúkrahúsi voru m. a. tvö rúm fyrir sængurkonur.

Helga Níelsdóttir ljósmóðir hóf rekstur fæðingarheimilis að Eiríksgötu 37 árið 1933. Það var fyrsta fæðingarheimilið á landinu sem byggt var sem slíkt. Rak Helga Níelsdóttir það fæðingarheimili þar til í ársbyrjun 1940. Tveimur áratugum síðar var Fæðingarheimili Reykjavíkur sett á stofn í sama húsnæði og Helga hafði áður rekið sitt.

Guðrún Halldórsdóttir setti einnig á fót fæðingarheimili á Rauðarárstíg um 1950, og Guðrún Valdimarsdóttir ljósmóðir rak fæðingarheimili um nokkurra ára skeið í Stórholti.

Allar höfðu þessar konur samvinnu við lækna. Hafa ljósmæður þannig reynt að bæta úr mikilli þörf eftir bestu getu með rekstri fæðingarheimila á meðan sjúkrahúspláss var ekki til.

Sömu sögu má segja á landsbyggðinni. Víða á landinu hafa verið rekin fæðingarheimili ljósmæðra á s. l. tveim til þrem áratugum.

Árið 1931 var opnuð fyrsta fæðingardeild landsins á 3. hæð Landsspítalans. Þar voru aðeins 14 rúm, enda var frá upphafi ætlast til að þangað kæmu eingöngu konur sem búast mætti við afbrigðilegum fæðingum hjá. Flestöllum öðrum konum var því áfram ætlað að fæða börn sín í heimahúsum. Mjög fljótlega fór þó að bera á þrengslum á þessari litlu deild. Aðsókn kvenna fór sífellt vaxandi, enda gerðu konur sér fljótlega ljóst hvílíkt öryggi var í því fólgið að geta fætt þar sem hægt var að fá fullkomnustu læknishjálp ef eitthvað bar út af, en um slíkt er ómögulegt að segja fyrir fram með neinni vissu. Fæðing getur alltaf verið lífshættuleg, þann möguleika er aldrei hægt að útiloka. Það er því ósköp auðskilið að konur óski eftir öllu því öryggi sem læknavísindi og mannlegur máttur geta veitt.

Í lok síðustu heimsstyrjaldar var vandræðaástand í þessum málum orðið slíkt að heilbrigðisyfirvöld hófu undirbúning að byggingu núv. fæðingardeildar. Var hún tekin í notkun árið 1949. Þessi nýja fæðingardeild var einnig ætluð konum með kvensjúkdóma og hafði alls 53 sjúkrarúm. Hún bætti þá úr mjög brýnni þörf þótt mörgu væri að vísu ábótavant þegar í upphafi og er þar af leiðandi enn. M. a. má nefna að alliri hreinlætisaðstöðu er þar mjög ábótavant.

Aðsókn að núv. fæðinga- og kvensjúkdómadeild hefur sífellt farið vaxandi, enda var svo komið árið 1972 að minna en 2% kvenna á öllu landinu fæddu í heimahúsum. Miklu fleiri konur hafa fætt á deildinni en viðunandi aðstaða er til að taka á móti. Þekkja margar konur þrengslin af eigin raun þar sem fjöldi kvenna hefur fætt annaðhvort á baði eða göngum deildarinnar, og allar konur, sem legið hafa á deildinni, vita hvernig hreinlætisaðstaðan er. Auk þess hefur þurft að vísa konum frá fæðingardeildinni þegar útilokað hefur verið að bæta fleiri rúmum við á það eða ganga og er það vitaskuld óviðunandi ástand.

Hinn þátturinn í starfi fæðingardeildarinnar eru kvensjúkdómar. Hefur sá þáttur farið vaxandi með hverju ári og sérstaklega eftir að krabbameinsleitarstöðin tók til starfa. S. l. ár komu næstum allar konur á landinu, sem voru með krabbamein í legbol eða leghálsi, til meðferðar á vegum læknadeildarinnar, í bili þó í húsi handlækningadeildar Landsspítalans eða þar til nýja viðbyggingin verður tekin í notkun. Öll aðstaða þar er mjög ófullkomin, vægast sagt. Mörg hundruð kvenna eru stöðugt á biðlista. Nærri má geta um líðan þeirra kvenna sem neyðast til að bíða langtímum saman eftir e. t. v. lífsnauðsynlegri læknishjálp í fullri óvissu um hvernig fer. Getur hver sagt sér það sjálfur hversu slík bið er óviðunandi, bæði fyrir konuna sjálfa og alla aðstandendur.

Árið 1975 er kvennaár Sameinuðu þjóðanna. Ef hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. vilja minnast íslenskra kvenna í tilefni ársins, tel ég að það verði best gert fyrst og fremst með því að bæta aðstöðu kvenna í þjóðfélaginu þar sem brýnust er þörfin, þ. e. að tryggja íslenskum konum fullkomnustu læknishjálp við fæðingu og einnig nýfæddum börnum þeirra, ef voða ber að höndum. Öllum hlýtur að vera ljóst að oft þarf skjótra aðgerða við til þess að mögulegt sé að bjarga mannslífi. Jafnnauðsynlegt er einnig að stytta biðtíma þeirra kvenna sem bíða eftir sjúkrarúmi á kvensjúkdómadeild.

Nýbygging eða viðbygging fæðinga- og kvensjúkdómadeildar Landsspítalans hófst árið 1971. Þegar gengið er um bygginguna í dag finnst manni að aðeins vanti herslumun til að byggingunni sé lokið, en þó mun áætlaður kostnaður við að fullgera bygginguna vera um 130 millj. kr. Kunnugir telja þó að hann kynni að verða minni ef unnt reyndist að hraða framkvæmdum.

Flestöll lækningatæki eru þegar fengin og eru í geymslu, en þó mun eitthvað af sjúkrarúmum og fleiru liggja hér í vörugeymslu þar sem fé skortir til að leysa það úr tolli.

Í upphafi voru það samtök kvenna sem áttu stærstan þátt í því að bygging Landsspítalans varð að veruleika. Það voru enn samtök kvenna sem hófu fjársöfnun um land allt til að hrinda í framkvæmd nýbyggingu fæðinga- og kvensjúkdómadeildarinnar sem nú er í byggingu. Áformað var í upphafi að byggingin tæki 3 ár. Það hefur því miður ekki tekist. Þess vegna er nú skorað á hæstv. ríkisstj. að gera þegar í stað ráðstafanir til að lokið verði við byggingu kvenlækningadeildar Landsspítalans á næsta ári.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ellilífeyrisgreiðslur til lífeyrissjóðsfélaga, þáltill. (þskj. 75). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Með þáltill. þessari leggja flm. til að Alþ. feli ríkisstj. að láta kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að breyta lífeyrisgreiðslukerfi óverðtryggðra lífeyrissjóða þannig, að eftirlaunagreiðslur þessara sjóða fullnægi eðlilegri framfærsluþörf sjóðfélaga. Jafnframt verði kannað með hvaða hætti unnt verði að tryggja að allir lífeyrisþegar sitji við sama borð gagnvart eftirlaunum með tilliti til ævitekna og framfærslukostnaðar á hverjum tíma.

Eitt af meginmarkmiðum þróaðra þjóðfélaga ætti að vera að tryggja eldra fólki góðan aðbúnað að lokinni langri starfsævi. Eftir því sem velmegun þjóðar er meiri ætti að vera auðveldara að ná þessu markmiði ef einlægur vilji er fyrir hendi. Hérlendis hefur margt verið gert í þessum efnum á liðnum áratugum af hálfu hins opinbera, félagasamtaka og einstaklinga. En dregið skal í efa að nægilega hafi verið að gert, bæði með

tilliti til framlags þess fólks, sem hér um ræðir, til þjóðarbúsins á liðinni starfsævi og einnig samanborið við þær stórfúlgur sem varið er til annarra þarfa. Sem dæmi mætti nefna þær hundruð millj. sem árlega renna í fræðslukerfið vegna menntunar stúdenta og verðandi stúdenta. Þar virðast árlega fara í súginn hundruð millj. kr. af fjármunum þjóðarinnar, auk þess sem það virðist vera mörgum stúdentum mikil raun að þurfa að þiggja þetta fé og þar með möguleika til menntunar úr hendi íslenskra skattborgara, úr hendi sjómanna, verkamanna, iðnaðarmanna og útgerðarmanna, bænda og verslunarmanna o. s. frv., þ. e. a. s. fólks sem með vinnu sinni og arðsköpun hefur lagt grunninn að íslensku fyrirmyndarþjóðfélagi, því að þrátt fyrir allt er íslenskt þjóðskipulag að mörgu leyti til fyrirmyndar.

Íslendingar eru gott fólk, þjóð sem hefur lifað og þroskast í stéttlausu þjóðfélagi friðar og *umburðarlyndis*. Stórir árgangar eldra fólks, sem átt hafa hvað mestan þátt í sköpun Íslands nútímans, eru nú að hverfa af vinnumarkaðnum. Margt af þessu fólki hefur jöfnum höndum byggt upp umhverfi sitt og þar með auðvitað framtíð þeirra kynslóða er við taka, og einnig hefur það leitast við að leggja til hliðar, sparað nokkurt fjármagn til elliáranna í þeim tilgangi að verða öðrum ekki til byrði. Sparnaðurinn er fólginn í ýmsu, m. a. í formi húseigna, íbúða, innistæðu í bönkum og svo í lífeyrissjóðum. Illu heilli hafa ytri og innri aðstæður á Íslandi síðustu árin verið á góðri leið með að gera vonir þessa fólks um gott ævikvöld að engu. Sem dæmi má nefna að ákveðinn hópur stjórnmálamanna virðist ætíð vera reiðubúinn til að hækka skatta á fasteignum og íbúðum og gera eldra fólki þannig erfitt með að búa í og halda eignum sínum. Sem betur fer hefur yfirleitt tekist að koma í veg fyrir slík áform. Hins vegar hefur ekki tekist að koma í veg fyrir rýrnun sparifjár og fjármuna lífeyrissjóða í verðbólguþróun síðustu ára og verja stóran hluta aldraðs fólks fyrir *áföllum af þeim sökum*. Og við þessar breyttu aðstæður hefur ekki tekist sem skyldi í gegnum almannavaldið að tryggja eldra fólki meiri og réttmætari hlutdeild í sameiginlegum fjármunum þjóðarinnar sem eru til skiptanna á hverjum tíma.

Í því sambandi vaknar sú spurning, hvort Alþ. eigi ekki að taka til rækilegrar endurskoðunar núv. skiptingu fjárframlaga á fjárl. og úr lána- og styrkjakerfum vegna ýmissa lítt þurfandi framfærsluaðila. Minna fjármagnsstreymi til þessara aðila og frekari beining þess til þeirra sem hafa meiri þörf fyrir það, þ. e. a. s. í þessu tilfelli að fullnægja þörfum aldraðs fólks, kæmi að betri notum og það er einmitt tilgangur okkar að undirstrika það, því að það er þetta fólk, sem hefur með ævistarfi sínu lagt grundvöllinn að því borgaralega þjóðfélagskerfi sem við íslendingar nú búum við.

Það er verðugt umhugsunarefni fyrir hv. alþm., sem ég sé að eru nú ekki margir hér inni, enda flestir víst komnir á verðtryggt eftirlaunakerfi, — það er samt verðugt umhugsunarefni fyrir hv. alþm. að hugleiða nokkuð ellilífeyriskjör þess fólks, sem býr ekki við verðtryggðan ellilífeyri, og ræða yfirleitt meir um stöðu og afkomu aldraðs fólks, því að sem fyrr segir stafar afkomu eldra fólks sérstök hætta af mikilli verðbólgu og sérstaklega óðaverðbólgu og eru ástæðurnar augljósar. Ef undan eru skildir opinberir starfsmenn er búa við verðtryggðan ellilífeyri, er gamalt fólk, sem komið er á eftirlaun, gersamlega berskjaldað fyrir hinum miklu verðhækkunum, sem verðbólgu eru samfara. Staðreynd er að þótt einhverjar leiðréttingar eigi sér stað í gegnum almannatryggingakerfið eru þær hlutfallslega litlar miðað við það umfang verðhækkana í óðaverðbólgu sem nú eiga sér stað og hafa átt sér stað, auk þess sem slíkar leiðréttingar eða bætur koma seint og þá löngu eftir á.

Meðal þýðingarmestu þátta í félagsmálaþróun síðustu áratuga er stofnun lífeyrissjóða er hafa fyrst og fremst það markmið að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fullnægjandi lífeyri til þess að lifa sómasamlegu lífi. Í *lýðfrjálsum* þjóðfélögum hefur ýmist verið stofnað til þessara mikilvægu réttinda í gegnum frjálsa samninga aðila vinnumarkaðarins eða með löggjöf í samráði við þessa aðila. Hérlendis hafa flestir öðlast aðild að lífeyrissjóðum í gegnum frjálsa samninga. Er nú svo komið að meginþorri vinnandi fólks hefur hlotið þessi *réttindi*. Af skiljanlegum ástæðum binda lífeyrissjóðsfélagar og þau fyrirtæki, er greiða í formi iðgjalda samanlagt 10% af launum starfsmanna í lífeyrissjóðakerfið, miklar vonir við að viðkomandi starfsmaður geti notið góðar elli að lokinni starfsævi fyrir tilstilli lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum. Verðbólga síðustu ára er að gera þessar vonir að engu. Er nú svo komið að sjóðfélagar óverðtryggðra lífeyrissjóða hljóta óverulegar lífeyrisbætur sem hvergi nærri nægja til lágmarksframfæris.

Í uppbyggingu þess lífeyrissjóðakerfis, sem hérlendis þekkist, er í grundvallaratriðum miðað við verðbólgulaust þjóðfélag þar sem rauntekjur á mann vaxa árlega um 2—3% á því 30 ára tímabili sem lífeyrisréttindi eru að myndast. Við slíkar aðstæður þyrftu sjóðirnir að vera á 7—8% ársvöxtum til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar samkv. gildandi reglugerðum. Á grundvelli framangreindra forsendna, aldursskipting eftir dánarlíkum sjóðfélaga o. s. frv. eru lífeyrisgreiðslur síðan ákveðnar í lok iðgjaldagreiðslutímabils sjóðanna. Yfirleitt er um að ræða ákveðna hundraðshlutagreiðslu, 60—70% af meðallaunum síðustu 5 starfsára eða síðasta starfsárs. Er þá miðað við mánaðarlaun. Eftir að þessi upphæð hefur einu sinni verið reiknuð út og úrskurðuð, tekur hún ekki breytingum í krónutölu meðan ellilífeyrisgreiðslur eru inntar af hendi til viðkomandi sjóðfélaga. Þetta á við um lífeyrissjóði, sem taka á sig takmarkaða áhættu vegna kaupgjaldsþróunar, þ. e. a. s. þeir taka á sig ákveðna áhættu vegna kauphækkana sem eiga sér stað á starfsævinni, en á hinn bóginn breytist lífeyrir ekki eftir að einu sinni er búið að úrskurða hann. Er þetta algengasta tegund óverðtryggðra lífeyrissjóða sem stofnaðir voru fyrir árið 1970.

19. maí 1969 undirrituðu aðilar vinnumarkaðarins samning um að stofnaðir skyldu almennir lífeyrissjóðir fyrir þann hluta verkalýðshreyf-

ingarinnar, er naut ekki þá þegar þessara réttinda. Unnið var að samningu almennra leiðbeininga og reglugerða fyrir þessa sjóði síðari hluta sama árs og komu sjóðirnir til framkvæmda 1. jan. 1970. Útreikningar eftirlauna hjá almennu sjóðunum eru nokkuð frábrugðnir útreikningum eldri sjóða. Iðgjöld hvers almanaksárs eru umreiknuð í stig. Aunnin réttindi fara síðan eftir verðgildi iðgjaldanna eins og þau voru þegar þau voru innt af hendi. Nefnist þetta stigakerfi. Í reglugerðum þessara sjóða er gert ráð fyrir möguleikum til endurskoðunar á lífeyrisgreiðslum á 5 ára fresti þannig að hægt sé að endurskoða hina ákveðnu og föstu krónutölu.

Með samningunum frá 1969 má segja að öllum launþegum í landinu hafi verið tryggð lífeyrissjóðsréttindi. En gildi þessara réttinda var og er æði mismunandi eftir því hvort um er að ræða aðild að verðtryggðum eða óverðtryggðum lífeyrissjóði. Meðan verðbólgunni var haldið innan ákveðinna takmarka var þessi munur ekki eins augljós og síðar kom í ljós með vaxandi verðbólgu. Er nú svo komið að regindjúp er á milli lífeyrisgreiðslna til ellilífeyrisþega verðtryggðu hins vegar. Verður nánar vikið að því tryggðu hins vegar. Verður nánar vikið að því hér á eftir.

Alvarlegast við verðbólguþróunina og lífeyrissjóðina hina óverðtryggðu er eftirfarandi:

1. Lífeyrisgreiðslur óverðtryggðu lífeyrissjóðanna eru nú þegar algerlega ófullnægjandi og rýrna stöðugt með vaxandi verðbólgu þar sem greiðslurnar eru krónutölubundnar. Litlar líkur eru fyrir því að unnt verði að sveigja árlega verðbólguþróun niður fyrir ávöxtunarmögulcika sjóðanna og styrkja með þeim hætti greiðslugrundvöll þeirra.

2. Svo til allir starfandi aðilar atvinnulífsins utan opinberra fyrirtækja, þ. e. a. s. utan þess fólks í verkalýðshreyfingunni sem starfar hjá opinberum fyrirtækjum og nýtur þá réttinda samkv. því hjá hinu opinbera, — svo til allir starfandi aðilar atvinnulífsins eru í óverðtryggðum lífeyrissjóðum eða sjóðum sem hafa litla möguleika til að veita slíka tryggingu. Opinberir starfsmenn búa hins vegar við verðtryggðan ellilífeyri eins og ég drap á áðan. Þetta ólíka fyrirkomulag skapar mikið misrétti, þjóðfélagslegt ranglæti, sem verður að leiðrétta. Eftir því sem lengur dregst að finna æskilega og framkvæmanlega lausn þessara mála verður staða lífeyrissjóðsfélaga óverðtryggðu sjóðanna verri. Í því sambandi er rétt að menn geri sér í upphafi ljóst að í þessu efni dugir ekki að benda á einhverjar einfaldar skipulagsbreytingar á rekstri og stjórn sjóðanna með því að þjóðnýta þá. Það er einföld og ódýr leið fyrir stjórnmálamenn að segja: Við steypum öllum lífeyrissjóðunum í eitt kerfi og verðtryggjum allan ellilífeyri um leið. Málið er ekki svona einfalt og það er m. a. af eftirgreindum ástæðum:

1. Lífeyrissjóðir atvinnulífsins eru stofnaðir í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins. Við þá verður að semja um allar skipulagsbreytingar.

2. Til sjóðmyndunar er stofnað á grundvelli lögverndaðs eignarréttar aðila.

3. Með tilliti til þessa vilja aðilar fá svigrúm til að mæta breyttum kringumstæðum með aðgerðum er gera þeim sjálfum kleift að halda sjálfstæðri starfsemi sjóðanna áfram í samræmi við upprunalegan tilgang þeirra.

4. Lífeyrissjóðirnir eru misjafnlega sterkir til að mæta verðbólguþróuninni með viðeigandi aðgerðum.

5. Uppbygging sjóðanna og tryggingarskuldbindingar eru ólíkar.

6. Erfitt er að benda á tekjustofna sem eru handhægir til að mæta þeim vanda sem við blasir.

Við lausn á vandamálum óverðtryggðu lífeyrissjóðanna virðist því þurfa að leita fleiri leiða en einnar. Ávöxtunarleiðinni eru ákveðin takmörk sett við ríkjandi verðbólguaðstæður, svo sem nú skal nokkuð rakið:

Miðað við verðvísitölu þjóðarframleiðslunnar var árleg verðbólga hér á landi tímabilið 1970—1973 um 16.7% eftir því sem næst verður komist. Við þær aðstæður hefði árleg ávöxtun sjóðanna þurft að vera 24—25% ef vel hefði átt að vera. Arleg verðbólga áratuginn 1960—1970 mun hafa verið tæplega 13%. Þá hefði ávöxtunin þurft að vera 18—19% á ári. Raunveruleg ávöxtun sjóðanna umræddan áratug mun hafa verið á bilinu 6—8%. Óðaverðbólga 1973—1974 mun að öllum líkindum verða á bilinu 30—40%. Er einsýnt að við slíka verðbólgu er það verðtryggingakerfi ekki til sem íslenskir atvinnuvegir eða skattborgarar geta staðið undir, miðað við lífeyriskerfið í heild, að tryggja ávöxtun sjóðanna þannig að þeir gætu staðið við skuldbindingar sínar og veitt þann viðbótarlífeyri sem nægir til eðlilegs framfæris. Virðist sem endurskoða verði lífeyrissjóðakerfið í heild, verðtryggt sem óverðtryggt, og finna þann ramma sem er þjóðfélagslega hagkvæmur og jafnframt réttlátur gagnvart öllum lífeyrisþegum.

Eigi er unnt að fjalla svo um þetta mál að ekki sé reynt að skýra fyrir hv. alþm. með einföldum og skýrum dæmum, hversu mikill tekjumismunur er fólginn í eftirlaunagreiðslum úr verðtryggðum eða óverðtryggðum lífeyrissjóði. Skýrist þá einnig enn betur hversu lök staða lífeyrisþega óverðtryggðu sjóðanna er miðað við greiðslur úr þeim. Er þá ekki tekið tillit til greiðslna úr almannatryggingakerfinu.

Samkv. l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29 frá 29. apríl 1963, 12. gr., er upphæð ellilífeyris opinberra starfsmanna hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Opinberir starfsmenn og ríkið greiða í umræddan lífeyrissjóð með svipuðum hætti og gerist hjá öðrum lífeyrissjóðum, en ríkissjóður ábyrgist viðbótargreiðslur til að fullnægja greiðsluskuldbindingum samkv. fyrrnefndri lagagr.

Alþingi Íslendinga hefur til þessa leitt hjá sér að fjalla um vandamál þeirra þúsunda lífeyrissjóðsfélaga sem eru í óverðtryggðu lífeyrissjóðunum, á sama tíma sem það hefur í gegnum fjárlög aukið á misréttið gagnvart þegnunum. Hefur þetta viðgengist í fjölda ára. Sem dæmi má nefna að árið 1972 fékk lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna 118 millj. kr. í aukaframlag frá ríkissjóði til þess að standa við skuldbindingar

sínar. Árið 1973 var þetta framlag 205 millj. kr. Samkv. fjárl. 1974 var þetta framlag áætlað 246 millj. kr. Í fjárl. fyrir árið 1975 er áætlað að þessi greiðsla nemi 395 millj. kr., en vitað er að greiðslurnar fara yfirleitt langt umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlögum.

Eigi skal dregin í efa þörf gamalla opinberra starfsmanna fyrir þær lífeyrisgreiðslur sem þeir taka nú samkv. þessu kerfi. En til þess að sýna hvílíkt regindjúp er nú orðið á milli lífeyrisgreiðslna til lífeyrisþega í verðtryggðum lífeyrissjóði annars vegar og óverðtryggðum hins vegar, skal eftirfarandi dæmi tekið. Er þá miðað við að lífeyrir sé greiddur samkv. 9. launaflokki, taxta Verslunarmannafélags Reykjavíkur og sambærilegur launaflokkur tekinn hjá ríkisstarfsmanni:

Í fyrsta dæmi, sem ég hef tekið, er gert ráð fyrir að maður hafi byrjað að taka lífeyri hjá lífeyrissjóði sem greiðir samkv. 5 ára meðaltalsreglunni óverðtryggt þótt greiðslan hafi byrjað í upphafi árs 1969, og er þá gert ráð fyrir því að viðkomandi sjóðfélagi hafi verið 30 ár í þeim lífeyrissjóði sem um er að ræða. Þessi aðili hefði fengið í ársbyrjun 1969 9250 kr. á mánuði. Og sú upphæð tekur ekki breytingum þegar hún hefur einu sinni verið úrskurðuð. Á sama eða svipuðum launagrundvelli í opinbera kerfinu næmi lífeyrisgreiðsla úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins nú 38000 kr. á mánuði. — Svo að dæmið sé tekið enn frekar: Ef taka lífeyris hefði hafist í byrjun þessa árs, þ. e. a. s. í jan. 1974, og gert væri ráð fyrir 30 ára tímabili, þá næmi greiðsla úr óverðtryggðum sjóði nú 24 þús. kr. á mánuði og væri föst upphæð, en lífeyrir ríkisstarfsmanns væri nú 38 þús. kr. á mánuði og tæki áframhaldandi breytingum til hækkunar miðað við viðkomandi launaflokk. Ef launahækkanir yrðu t. d. 20% á næsta ári mundi staðan verða þannig: Lífeyrissjóðsfélagi óverðtryggða sjóðsins fengi áfram óbreytta krónutölu, 24000, en sjóðfélagi verðtryggða sjóðsins fengi 43200 kr., þ. e. a. s. 80% meira. Ef verðbólgan héldi áfram og yrði 20% þar næsta ár, yrði dæmið þannig að sá, sem tæki ellilífeyri úr óverðtryggðum sjóði, fengi helmingi minna en hinn sem tæki úr verðtryggða sjóðnum. Eftir því sem sagt sem verðbólgan eykst og laun starfsmanna hins opinbera hækka mun þetta bil breikka.

Í þessu felst ekki eingöngu að lífeyrisgreiðslur óverðtryggðu sjóðanna séu ófullnægjandi heldur er hér einnig á ferðinni þvílíkt ranglæti og misrétti að furðu gegnir að þessi mál skuli ekki hafa verið hér til umr. í hv. Alþ. Það er þess vegna nauðsynjamál og réttlætismál að komið verði í veg fyrir að hérlendis verði um að ræða tvær stéttir í ellinni, annars vegar eftirlaunastétt hinna ríku, lífeyrisþega opinbera kerfisins, og hins vegar ellilífeyrisþegar, þ. e. a. s. hinir fátæku lífeyrissjóðsfélaga óverðtryggðra lífeyrissjóða atvinnulífsins.

Fyrir tillögumönnum vakir að rækileg könnun verði gerð á því hvernig unnt er að bæta hag þessa fólks, þ. e. a. s. fólksins í óverðtryggðu sjóðunum, og það sem fyrst. Þær athuganir, sem gerðar hafa verið hingað til, bæði af vinstri stjórninni og síðustu viðreisnarstjórn, hafa ekki skilað tilætluðum árangri, og það er tími til kominn að Alþ. sjálft ásamt ríkisstj. og aðilum vinnumarkaðarins taki þessi mál fastari tökum og leysi þau á ábyrgan hátt og það sem fyrst því að við ríkjandi verðbólgu stórversnar staða þessa fólks með hverjum mánuði sem líður svo að ekki sé sagt með hverju ári sem líður.

Það virðist því miður ekki vera um margar leiðir að ræða til þess að leiðrétta það sem hér um ræðir. Verðtrygging á útlánum sjóðanna er ein leið til þess að ná þessu marki. En verðtryggingu eru takmörk sett ef ekki á að ofbjóða greiðslugetu lántakenda, hvort sem um er að ræða fyrirtæki eða einstaklinga. Verðtryggingaleiðina verður því að fara með gát, enda skilar hún sér hægar og seinna en sú leið sem ég leyfi mér að benda á hér á eftir.

Víða erlendis í því ríkjandi verðbólguástandi sem nú er, bæði í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, þar sem lífeyrissjóðir eru mjög þekkt fyrirbrigði, hefur verið gripið til þess ráðs vegna mikillar verðbólgu að nota hluta iðgjalda og vaxtatekna umfram skuldbindingar til þess að hækka eftirlaunagreiðslur. Er nauðsynlegt að kannað verði til hlítar, hvort óverðtryggðir lífeyrissjóðir hérlendis verði ekki að fara þessa leið að einhverju marki ásamt verðtryggingu útlána. En til þess að það sé hægt, þarf að breyta reglugerðunum eða veita fjmrh. heimild til þess að reglugerðum verði breytt þannig að þessi leið verði fær. Flm. er ljóst að til langframa verður ekki úr neinum sjóði tekið meira en inn hefur komið í iðgjöldum og vöxtum. En eins og nú háttar mun íslenska lífeyrissjóðakerfið geta staðið undir eftirlaunagreiðslum á grundvelli framangreindra leiða á meðan unnið er að því að kanna betur með hvaða hætti þessi mál verða tryggð og einnig meðan unnið er að því að koma þeirri skipan á í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar að verðbólguþróunin stöðvist og henni verði snúið til baka.

Á næstu áratugum mun árlega koma mun meira fé inn í lífeyrissjóðina í heild en rekstrarkostnaði og tryggingalegum skuldbindingum nemur. Geta kerfisins ásamt auknum tekjum vegna takmarkaðra verðtrygginga í útlánum sjóðanna til að greiða meira í ellilífeyri er fyrir hendi að ákveðnu marki. Sem dæmi mætti nefna að í sumum sjóðum er það þannig að lítið meira en 10—15% af því, sem kemur inn í þá, fer til þess að borga tryggingalegar skuldbindingar eða standa undir rekstri sjóðanna, sem sagt 80—90% fara út í útlánakerfið, ýmist í sambandi við húseignir eða fasteignalán eða til atvinnuveganna, eftir því sem sjóðirnir kunna að ákveða.

Augljóst er að við vaxandi verðbólgu umfram ávöxtunarmöguleika hefur grundvellinum gersamlega verið kippt undan núverandi uppbyggingu lífeyrissjóða landsmanna. Þá er einnig augljóst mál að atvinnulífið er raunverulega að leggja fé inn á 30 ára bók sem skilar ekki þeim verðmætum aftur sem greiðendur og væntanlegir lífeyrissjóðsþegar gera kröfu til að fá. Að vísu njóta sumir kerfisins að hluta vegna lána sem sjóðfélagi getur fengið hjá sjóðnum út á fasteignir, en svo eru aðrir sem aldrei neyta þess réttar. Auk þess voru lífeyrissjóðir aldrei stofnaðir í þeim tilgangi að vera fyrst og fremst

lánastofnanir, heldur voru þeir fyrst og fremst stofnaðir til þess að vera tryggingasjóðir fyrir fólkið í ellinni. Þeim mun fyrr sem ráðstafanir verða gerðar til að rétta hlut aldraðs fólks, útrýma misrétti og ranglæti í greiðslu ellilífeyris og koma þessum málum í viðunandi horf, þeim mun betra er það fyrir alla aðila. Virðing Alþ. og stjórnvalda mundi vaxa ef málefni aldraðs fólks á þessum sviðum sem öðrum nyti þess forgangs sem þessu heiðursfólki ber.

Í samningum verkalýðshreyfingarinnar s. l. vetur var lögð mikil áhersla á að málefni lífeyrissjóðanna yrðu tekin til meðferðar með þeim hætti sem ég hef nú á drepið. Þá er það einnig í stefnuskrá núv. ríkisstj. að stefnt skuli að því að leiðrétta það misræmi er ríkir í greiðslu ellilífeyris, eins og það er orðað í stjórnarsáttmála. Með þessari þáltill. viljum við árétta þetta atriði sem fram hefur komið í viðræðum og samningum aðila vinnumarkaðarins vegna þess fólks sem býr í elli við svo lakan kost sem ég greindi frá áðan. Við leyfum okkur jafnframt að benda á nýja leið eða leiðir sem gætu hraðað framgangi þessa réttlætismáls, og við væntum þess að þessi mál fái meiri tíma og umhugsun á hv. Alþ. í framtíðinni.

Ég leyfi mér, herra forseti, að vona að þessi till. fái góðar móttökur og verði vísað til hv. fjvn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Með þessari þáltill. er komið inn á mjög stórt mál og aðkallandi, þ. e. a. s. verðtryggingu hinna almennu lífeyrissjóða. Það var strax séð þegar þessir sjóðir voru stofnaðir, fyrst og fremst með samningunum 1969, að eins og gengið var frá þeim málum öllum hlaut þetta vandamál að koma afar fljótt til athugunar, þ. e. a. s. hvernig hægt væri að verðtryggja lífeyrissjóðina. Þessum málum hefur verið hreyft víða síðan og m. a. hér á Alþ., og ég vil minna á að alþb.-menn fluttu hér á þinginu 1971 till., það var ályktunartill. í Nd. um verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks. Hún var þess efnis að ríkisstj. væri falið að semja frv. til l. um verðtryggingu lífeyrissjóða verkafólks. Sú till. fékk þá afgreiðslu að henni var vísað til ríkisstj. í trausti þess að ríkisstj. léti fara fram athugun og undirbúning að frumvarpsgerð um verðtryggingu lífeyrissjóða. Þá var Viðreisnarstjórnin sæla við völd og upp úr þessu var sett á laggirnar heilmikil n. sem að mestu leyti hefur setið síðan og fjallað um þessi mál og önnur sem varða viðskipti lífeyrissjóðanna og ríkisvaldsins, en kannske fyrst og fremst verið eins konar samningsstofnun um, hvernig fé lífeyrissjóðanna yrði notað í þágu ýmissa framkvæmda í landinu, sem sagt til fjárfestingarsjóðanna. Það hefur nú kannske verið hennar aðalstarf, en einnig fjallað um önnur mál. Sömuleiðis hefur í samningunum við atvinnurekendur síðan verið fjallað um þessi mál og síðast í samningunum í febr. s. l. vetur voru samningsaðilar sammála um og undirrituðu þar um yfirlýsingu að vinna að því að almennu lífeyrissjóðirnir yrðu verðtryggðir og að þessu skyldi unnið í samráði við ríkisvaldið. En sem sagt, nú má segja að ekki hefur enn mikið gerst. Þó ber að segja það að sjóðirnir hafa núna á þessu líðandi ári möguleika til þess að kaupa verðtryggð skuldabréf fyrir um 20% af ráðstöfunarfé sínu.

Þessi till., sem hér liggur fyrir markar út af fyrir sig ekki mikla stefnu, ekki er þar um stórar ákvarðanir að ræða. Hún er fyrst og fremst um það að þessi mál verði könnuð, og að sjálfsögðu er þess þörf en meira verður til að koma. Eins og nú er háttað eru annars vegar þeir lífeyrissjóðir sem hafa ágæta verðtryggingu, þ. e. a. s. lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna og nokkrir aðrir sem má segja að séu vel settir, en svo hins vegar hinir óverðtryggðu lífeyrissjóðir. Hér voru nefnd dæmi um hvernig þessi mismunur kemur út og verður úr hróplegt ranglæti, ranglæti, sem ekki getur viðgengist. Auðvitað er það höfuðtilgangur þessara lífeyrissjóða að tryggja fólki lífeyri á elliárunum. Það má eiginlega segja að nú sé hlutverk þessara óverðtryggðu sjóða, almennu lífeyrissjóðanna, í raun og veru allt annað. Það er ekki sjáanlegt, án þess að verðtryggíng komi til, að þeir geti staðið undir því hlutverki sínu að vera lífeyrissjóðir. Það er aðallega tvennt sem þeir þjóna í þjóðfélaginu í dag. Það er annars vegar að vera helsta uppspretta sparifjármyndunarinnar í þjóðfélaginu og svo hins vegar lánastofnun fyrir sjóðfélagana. Það er þetta tvennt sem má segja að sé þeirra aðalverkefni í dag. Sparifjármyndunin kemur náttúrlega þjóðfélaginu mjög að notum og eins kemur hún að sjálfsögðu að notum þeim sjóðfélögum sem fá lán úr þessum lífeyrissjóðum, að svo miklu leyti sem þeir sjóðfélagar festa það fé í varanlegri eign.

Hér var áðan af frsm. bent á hugsanlegar leiðir í þessum efnum. Það var líka getið um, hvað það kostar ríkissjóð í dag að halda uppi verðtryggingu sjóða opinberra starfsmanna. Þá mætti að sjálfsögðu spyrja: Hvað mundi kosta á sama hátt að verðtryggja almennu lífeyrissjóðina? — Ég heyrði tryggingafræðing fyrir stuttu giska á hvað það mundi kosta í dag, þ. e. a. s. ef sjóðfélagarnir í almennu sjóðunum ættu réttindi á borð við þá í opinberu sjóðunum, þá mundi það kosta ríkissjóðinn í dag sennilega milli 5 og 6 milljarða á einu ári og sjá þá allir hvað lagt væri á skattþegnana.

Það er að sjálfsögðu margt sem hér kemur til greina og ég ætla ekki að fara að telja upp hugsanlega möguleika en ekki held ég að sé rétt að þessi mál séu rædd án þess að sá möguleiki, sem manni kannske virðist liggja mest í augum uppi, sé einnig nefndur og það er að þessu kerfi verði gerbreytt, það verði ekki eins og nú er byggt á sjóðsmyndun fjármagns sem síðan missir verðgildi sitt á skömmum tíma, heldur verði þetta fé notað jöfnum höndum til þess að greiða tryggingarnar. Það má segja, að þá haldi það sínu verðgildi nokkurn veginn. Í þessu efni kemur náttúrlega einnig inn í hvort ekki er rétt að búa til eitt kerfi sem á við alla landsmenn og inn í væru einnig felldar núverandi almannatryggingar.

Eins og háttað er í þjóðfélaginu í dag, þá virðist í raun og veru þetta vera það eina sem vit væri í. En ég ætla ekki að fara að gera lítið úr þeim erfiðleikum sem sigrast þyrfti á til þess að koma þessu öllu í kring. Lífeyrissjóðirnir eru sumir orðnir gamlir og viðhorf sjóðfélaganna

til þessara sjóða er á þann veg að það er ekkert vafamál að þarna yrði margt vandasamt skref að stíga áður en þessi leið væri gengin til enda.

En sem sagt, ýmislegt annað getur komið til mála. Sjóðirnir geta fyrstu árin tekið á sig verðtryggingu, en með því móti vel að merkja eru þeir að syndga upp á framtíðina, taka forskot á sæluna ef svo mætti segja, því að að því kæmi, þegar tryggingabyrði þeirra yrði meiri, að þeir *gætu að sjálfsögðu ekki staðið undir slíkum* tryggingum eins og þeir gætu út af fyrir sig tekið á sig í dag, þegar réttindi sjóðfélaganna eru enn þá mjög takmörkuð, en gætu það á næstu árum. Þetta væri hægt að gera, en þá leiðir það að sjálfsögðu til þess að endanleg ákvörðun um hvernig þessum málum verði skipað fyrir alla í framtíðinni má ekki bíða, það má ekki bíða lengi að sú ákvörðun verði tekin. Þetta tvöfalda kerfi og mikla ranglæti, sem sjóðfélagar óverðtryggðu sjóðanna búa við, getur ekki gengið, það verða allir að skilja. Og það er náttúrlega alveg jafnljóst að kjör þess fólks, sem í dag er í verðtryggðu sjóðunum, verða ekki skert. Úrlausnarefnið er það eitt að fá hinum ótryggðu lífeyrissjóðsfélögum fullkomið öryggi á borð við þá tryggðu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki of djúpt í árinni tekið af þeim, sem hér hafa talað um þetta mál, þegar þeir hafa sagt að hér væri um stórmál að ræða. Hér er um ekki aðeins stórmál í þess orðs merkingu að ræða heldur og slíkt réttlætismál innan félagsmálahliðar þeirrar starfsemi sem fram fer að því er þetta varðar í landinu, að það hlýtur að vera réttlætiskrafa allra þeirra, sem eru innan vébanda hinna almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna að hér sé tekið til hendi og reynt að koma á samræmingu að því er þetta varðar. Það liggur auðvitað í augum uppi að það verður ekki öllu lengur við það búið að þær mörgu þúsundir launþega í hinum almennu lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna, — *sem að vísu eru tiltölulega ungir,* — þeir beri svo skarðan hlut frá borði í þessum efnum miðað við þá launþega sem eru í hinum opinberu sjóðum.

Það mætti auðvitað margt segja um þetta, en ég tel ekki ástæðu til þess að þessu sinni að fara mörgum orðum þar um. En ég vil aðeins taka fram fyrir mitt leyti að ég tel sjálfsagt og nauðsynlegt að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að þessi mál séu skoðuð, en þó verður það að gerast að mínu áliti í mjög nánu samstarfi við verkalýðshreyfinguna í landinu. Þessum málum verður ekki ráðið til lykta, svo að vel sé, án þess að verkalýðshreyfingin verði höfð þar með í ráðum. En það er eigi að síður nauðsynlegt að þetta mál komist sem allra fyrst á dagskrá til þess að eitthvað verði farið að gera til þess að koma þessum málum í höfn. Það er einnig rétt sem hér hefur komið fram að það má búast við því að það taki nokkuð langan tíma að fá þá lausn þessara mála sem menn telja sig geta sæmilega eða vel við unað.

Það voru nefndar hér áðan af 1. flm. og frsm. fyrir þessari þáltill. svo skelfilegar upphæðir að því er varðar mismuninn í þessum efnum, að ég efast um að almennt hafi sjóðsfélagar í hinum almennu lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna gert sér grein fyrir því, hversu hér er um að ræða herfilega mismunun á aðstöðu og réttindum manna eftir því hvaða lífeyrissjóði þeir tilheyra. Og ef það er rétt, sem ég dreg ekkert í efa vegna þess að ég þekki það ekki, sem hv. síðasti ræðumaður upplýsti hér, að vísu eftir ágiskun, að það muni kosta 5—6 milljarða í dag að verðtryggja hina almennu lífeyrissjóði, þá sjá menn í hendi sér hversu herfileg mismunun og óréttlæti það er sem hér er um að ræða að því er varðar þessa sjóðfélaga.

Ég ætla ekki að fara út í frekari umr. um ýmsa þætti og ýmsa hluti sem mætti nefna í þessu sambandi, eins og t. d. hugmyndir manna um einn allsherjar lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. En ég vil aðeins undirstrika það og láta það koma fram af minni hálfu, að ég tel að hér sé um svo mikið nauðsynja-, sanngirnis- og réttlætismál að ræða að það verði vart öllu lengur við það unað að ekki verði hafist handa í þá átt a. m. k. að minnka verulega þennan aðstöðumun sem nú er fyrir hendi. Það kom að vísu, held ég, fram hjá síðasta ræðumanni að í ár gátu hinir almennu lífeyrissjóðir verðtryggt sem svarar um 20% ráðstöfunarfé sjóðanna með kaupum á skuldabréfum, en eftir sem áður eru um 80% sem eru án verðtryggingar. Og það er stór hluti í krónum talið eða réttindum.

Ég vil sem sagt fyrir mitt leyti taka undir það sem hér hefur komið fram. Þetta er svo stórt mál og lífsnauðsynlegt að farið verði að hreyfa því í alvöru, að það er full ástæða til þess að vekja athygli á því hér á Alþ. Ég vil samt sem áður undirstrika það að slíkt mál verður ekki til lykta leitt svo að vel verði nema því aðeins að verkalýðshreyfingin verði höfð með í ráðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kaup á farþegaskipi, er sigli milli Íslands, Færeyja, Noregs, Sviþjóðar og Danmerkur, þáltill. (þskj. 77). — Fyrri umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 77 hér í Sþ. eftirfarandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa nú þegar kaup á sérsmíðuðu farþegaskipi, er hafi reglubundnar ferðir milli Reyðarfjarðar (Búðareyrar), Þórshafnar í Færeyjum, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. Stefnt skal að því, að skipið geti hafið ferðir milli landanna að vorlagi 1976."

Ég mun nú lítillega gera grein fyrir viðhorfi mínu í þessu efni og stikla á stærstu atriðunum í sjálfri grg.

Þegar m/s Gullfoss var seldur úr landi, hvarf síðasta sérsmíðaða farþegaskipið úr eigu Íslendinga. Margir munu sakna Gullfoss, utan þings sem innan. Ýmsar raddir hafa verið uppi um það á undanförnum árum að nauðsyn væri á því að endurnýja skipakost okkar Íslendinga í farþegaskipum en hf. Eimskipafélag Íslands, einu sinni nefnt óskabarn þjóðarinnar, hefur ekki talið

sér fært, telur sér það sem sé um megn að kaupa nýtt skip og ber við að allir útreikningar þeirra sýni að ekki geti verið um beinan hagnað að ræða af rekstri slíks skips. Ég vil líta svo á að kaup á svona skipi séu liður í samgöngukerfi þjóðarinnar og því beri að athuga um kaupin þótt beinn rekstrarhagnaður sé ekki tryggður við fyrstu yfirsýn né á fyrstu árunum þegar vextir eru hvað mestir og afborgun hvað erfiðust. Arðsemi svona skips kemur á margan hátt fram sem beint framlag til eflingar annarri starfsemi í þjóðfélaginu og með því fyrirkomulagi, sem ég hugsa mér fyrst og fremst, mun það verka til hagsbóta úti um land. Ekki er nokkur vafi á því að rekstur á svona skipi yrði mikil lyftistöng fyrir Austfirði og héruðin bæði fyrir norðan og sunnan sérstaklega. Hins vegar skapar hringvegurinn í raun nýtt viðhorf í samgöngukerfi okkar og einmitt þess vegna ber að endurskipuleggja að mínu mati staðsetningu aðalhafnar fyrir farþegaskipið er siglir reglubundið til hinna Norðurlandanna.

Ég tel að það eigi að vera metnaðarmál okkar að hafa ákveðið kaup á sérsmíðuðu farþegaskipi á næsta ári og það sem fyrst. Það er ekki sæmandi fyrir íslendinga að eiga ekki gott farþegaskip, þótt það sé staðreynd að yfirgnæfandi meiri hluti farþega fari nú með flugvélum milli Íslands og annarra landa. Þrátt fyrir það má ekki gefast upp við að reka hér gott farþegaskip og tryggja með því reglubundnar samgöngur á sjó, einkum milli eyþjóðanna, svo og Noregs og Danmerkur.

Ég geri mér grein fyrir því að mikill vandi er að velja rétta stærð af skipi með hentugum útbúnaði sem tryggi jafnframt öryggi farþeganna og sé einnig ódýrt í rekstri. Þess vegna legg ég til að sérfróðum og duglegum mönnum, sem áhuga hafa á málinu, verði falið að rannsaka hvaða gerð og stærð muni best henta okkur með hliðsjón af því fyrirkomulagi sem ég legg til að verði á ferðunum. Sumum kann að finnast að þetta sé nokkuð byltingarkennt fyrirkomulag, en ég held einmitt að það sé mjög stór þáttur í því að skipið nái nauðsynlegum árangri. Ég hef farið með nýju skipi á milli Hirtshals og Kristjánssands, sem ég tel að geti verið fyrirmynd að góðu skipi fyrir okkur. Ég tel að skipið verði að hafa minnst 16 mílna ganghraða að jafnaði svo að tími á sjónum sé ekki of langur og skipting vegalengda kemur vel út með þessum ganghraða, eins og greinilega er tekið fram í grg. þáltill. og óþarfi er að lesa sérstaklega upp.

Mikilvægt atriði er að farþegar séu ekki að jafnaði yfir einn sólarhring um borð án þess að koma að landi. Þetta segja mér mjög reyndir menn í farþegaskiparekstri að sé metið mikils af farþegum þegar þeir velja á milli skipa eða annarra farartækja. Yfirlitið um tíma á milli siglingastaða sýnir að með 16 mílna hraða á klst. er komið vel til móts við betta sjónarmið farþeganna. Sjálfsagt má koma með till. um annað fyrirkomulag ferða eða staði, en n. mun þá kanna það betur. Ég vil þó leyfa mér að nefna að t. d. aðra hvora ferð yfir vissan árstíma gæti komið til greina að sigla þannig: Reyðarfjörður —Þórshöfn—Bergen eða Kristianssand og svo beint til Hirtshals, sem er nyrst á Jótlandsskaga eða norðarlega, þaðan svo með viðkomu aftur í Aberdeen og Þórshöfn og jafnvel til Akureyrar í staðinn fyrir Austfirðina. Þetta er skemmtileg tilbreytni sem mundi örugglega draga að sér viðbótarhóp farþega, sérstaklega frá Mið-Evrópulöndunum, en í mjög vaxandi mæli fer þetta fólk nú í bíl norður um Evrópu og yfir til Noregs.

Miðað við þær upplýsingar, sem ég hef handbærar, má ætla að skip með þægilegt pláss fyrir 350—400 farþega, svo og rúm fyrir allt að 90 fólksbíla, geti hentað vel. Öllum ber saman um að rétt sé að reikna með því að bíll fylgi að meðaltali 4—5 farþegum og má vænta þess að fólk taki bílinn enn meir með sér ef hentugt skip er til ráðstöfunar. Þar sem flestir farþegar eiga þess kost að koma á land einu sinni á sólarhring, segja mér einnig fróðir menn í þessum efnum að mun skynsamlegra sé að hafa eins konar kaffiteríusnið á matarþjónustu um borð og hætta þar með að hafa mikið og dýrt þjónalið, en í þess stað verða farþegar að ná í matföng sín sjálfir. Þá eru að jafnaði fáir og léttir réttir til reiðu. Hins vegar mætti einnig koma til móts við það sjónarmið að hafa betur útbúinn sal fyrir nokkra tugi farþega þar sem gæti þá farið fram góð þjónusta við ákveðinn hóp manna, ef þeir ferðast þannig í hópum, og jafnvel hef ég látið mér detta í hug að einnig gæti þar farið fram menningarleg starfsemi meðan á ferðunum stendur, myndlistarkynning á listamönnum okkar og annarra Norðurlandaþjóða, einsöngur, upplestur o. s. frv. Því ekki að koma með smátilbreytingu einmitt á svona leiðum og nánari kynningu á verkum okkar manna?

Ég geng hér ákveðið út frá því að heimahöfn þessa skips sé á Austfjörðum. Ég vænti þess að ekki komi til sérstaks hrepparígs innbyrðis um staðarvalið. En telji menn hins vegar að einhver ákveðinn staður annar sé heppilegri vegna annarra atvika, set ég mig ekki á móti slíku. Nauðsynlegt er að gera góða aðstöðu fyrir skipið svo að allt geti gengið greiðlega við afgreiðslu og farþegar þurfi ekki að verða fyrir óþarfatöfum. Þótt skipið sé fyrst og fremst fyrir farþega, er einnig vel hugsanlegt að nokkurt magn af vörum gæti komið með í hverri ferð og þá auðvitað flutt í gámum. En ég hef sannreynt það að samgöngur milli Noregs og Íslands voru um tíma í fyrra það erfiðar, að nærri tók tvo mánuði fyrir menn að fá vörur frá Noregi til Íslands.

Nú munu einhverjir halda því fram að gersamlega vonlaust sé að reka svona skip, þar sem verkefnin séu aðeins 6—8 mánuði á ári. Auðvitað er mikið til í þessu. En ég vil koma hér með þá hugmynd einnig, að í stað þess að íslendingar flykkist inn á hótel á Spáni eða á öðrum stöðum Suðurlanda, þá megi athuga að láta skipið hafa samastað í góðri höfn um veturinn og nýta það þar í okkar þágu. Gætu íslendingar ekki dvalið þar um borð eins og á dýrum hótelum og notað flugvélakost okkar til þess að flytja okkur á milli áfangastaða?

Ekki vil ég leggja ákveðið til, hvaða aðilar skuli annast þennan rekstur. Ég tel þó nauðsynlegt að ríkið eigi hér stóran hlut að máli og hafi ákveðna ábyrgð á rekstrinum og bakábyrgð í greiðslum gagnvart seljanda skipsins eða skipa-

smíðastöð. Það er von mín að ekki komi til átaka um rekstrarformið, heldur verði samstaða um að kaupin verði gerð og þar með tryggð. Mér er ekki kunnugt um kaupverð á svona skipi í dag og verðlag er nú allt mjög breytilegt. En ekki er unnt að spá um á þessu stigi. Hins vegar tel ég rétt að útboð í smíði skipsins verði gerð á öllum Norðurlöndunum og aðstoð við fjármögnun fengin einnig þar.

Norðurlandaráð hefur tekið samgöngumálin til sérstakrar meðferðar og vil ég vænta þess að frá þeirri stofnun megum við eiga von á jákvæðum stuðningi. Þessi hugmynd hefur þegar verið rædd þar, þó ekki í beinu formi við það sem ég legg til, en mér skilst, eftir því sem ég best veit, að jákvæðar raddir hafi komið fram um bættar samgöngur hér á milli með hliðsjón af siglingum.

Enginn vafi er á því að hjá færeyingum er brennandi áhugi á málinu, og veit ég þar um ákveðinn þm. sem hefur mjög beitt sér fyrir því að þessi hugmynd komist til framkvæmda, svo að þaðan eigum við öruggan stuðning í þessu efni. Þeir mundu sennilega njóta hvað mests ávinnings af að fá svona skip og væri það vel, svo góð samskipti sem við höfum haft við þessa frændþjóð okkar í mörg ár og þeir oft hjálpað okkur þegar mannaflaskortur var hér á vertíðum áður fyrr.

Hér kom fram á hv. Alþ. — ekki á sumarþinginu, heldur hinu þinginu, 94. löggjafarþingi, — frv. um skipan ferðamála. Var það mikill bálkur en varð ekki útræddur. Ferðamálin eru stórmál og vaxandi þáttur í okkar þjóðarbúskap. Menn hafa komið með ýmsar hugmyndir í því efni, hvernig standa skuli að þeim málum. Margir hafa talað um vissar áætlanir, t. d. 3 ára áætlun eða 5 ára áætlun og ég tel vel viðeigandi að svona skip komi þar inn í.

Við vitum að fólk vill ferðast í frítíma sínum á milli landa. Alþ. hefur þegar samþykkt að hvetja til vetrarorlofs og hafa margir hagnýtt sér slíkt hér á landi og mun verða í vaxandi mæli. En ég tel að með svona gerbreyttri skipan á ferðamálum á sjó munum við einnig tryggja það að menn munu hagnýta sér þennan möguleika verulega og við munum fá vaxandi þátt í gegnum þessa starfsemi á sjónum og með þessu fyrirkomulagi. Þess vegna er þessi till. flutt, að ég vænti þess að henni verði tekið jákvætt og málið látið fá eðlilega athugun. Það vannst einnig tími til þess í fyrra sinnið þegar till. kom fram.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að hlé verði gert á umr. og till. vísað til fjvn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég lýsti í fyrra eindregnum stuðningi við þessa till., enda er mér málið nokkuð skylt. Tvær ástæður liggja til þess aðallega. Sú fyrsta að hv. flm. gerir mínum heimastað svo hátt undir höfði að betur verður ekki gert. Það er reyndar vissa okkar gömul, byggð á reynslu fyrri tíma siglinga, að Reyðarfjörður er hin ágætasta höfn og liggur sérlega vel við í þessu efni.

Önnur ástæða fyrir þessu er sú, að jómfrúræða mín hér fyrir 17 árum fjallaði einmitt um fastar skipaferðir milli Austfjarða og útlanda og Reyðarfjörður var vitanlega nefndur í því sambandi, en þar var reyndar um vöruflutninga að ræða sem aðaluppistöðuna í sambandi við þá till.

Margt hefur breyst síðan og eins og hv. flm. benti á hefur hringvegurinn opnað nýja möguleika, alveg sérstaklega fyrir raunverulega ferðamenn. Með raunverulegum ferðalöngum á ég við þá sem vilja sjá og skoða eigið land og svo önnur lönd til viðbótar og geta gert það á þennan hátt í sömu ferðinni. Það er einmitt þessi tegund ferðalanga sem ég vil hlynna að og greiða fyrir sem allra mest, á sama tíma. Hef ég lýst því yfir að ég vilji skattleggja sérstaklega Suðurlandaferðir og er sömuleiðis lítt hrifinn af einhverri flóðbylgju erlendra ferðamanna hingað, að ekki sé talað um hugsjónir í líkingu við Kleifarvatnsloftkastalann sem við höfum nú haft fyrir augum nýlega. En nóg um það.

Hringvegurinn hefur þegar sannað gildi sitt og þegar höft hans eru horfin og góður vegur er alla leið héðan af mesta þéttbýlissvæðinu á Reyðarfjörð, þá held ég að hér sé aðeins um sjálfsagða og ákjósanlega ferðaleið að ræða. Ég reikna með því að flm. hugsi sér þetta þannig, að menn fari á bíl sínum austur, fari svo með bílinn til Norðurlanda, aki þar um sér til ánægju, komi svo heim hingað á ný og aki norðurleiðina til baka. Þetta væri mjög ákjósanlegt í alla staði. Sömuleiðis væri auðvitað um hinn möguleikann að ræða, en mér dettur hann nú í hug þegar hv. þm. Stefán Valgeirsson ber í borðið, að fara norðurleiðina fyrst og suðurleiðina til baka. — Spurningin um vetrarsamgöngurnar á þessum leiðum er auðvitað meiri og í því sambandi vakna eflaust upp nokkrar efasemdir.

Ég vil upplýsa hv. flm. um það að reyðfirðingar, mínir heimamenn, hafa fagnað þessari till. mjög og eru honum ákaflega þakklátir fyrir. Þeir undirbúa nú einmitt hafnarframkvæmd sem m. a. mundi tryggja góða aðstöðu þessa umræddu skips. Við höfum fleira í huga þessu skylt. Við álítum t. d. að þar ætti annað aðalsetur Skipaútgerðar ríkisins að vera, hitt aðalsetrið ætti að vera á Vestfjörðum, og við álítum líka og höfum um það von að Eimskip geri alvöru úr því að gera Reyðarfjörð að umskipunarhöfn, virkilegri umskipunarhöfn, eins og það hefur reyndar lýst yfir að það ætli að gera með ákveðinni dreifingu á vörum til nágrannastaða. Ef eitthvað af þessu kæmist í framkvæmd þá rennur það vitanlega allt stoðum undir betri aðstöðu í landi í hvivetna slíku farþegaskipi til handa.

Svo aðeins til viðbótar get ég ekki stillt mig um það að lýsa þeirri skoðun minni hér að þetta muni vera ólíkt farsælli atvinnugrein fyrir reyðfirðinga en sú óhugnanlega hugmynd, sem nú hefur skotið upp kollinum hjá Norsk Hydro, að fá leyfi til að flæma okkur burt úr firðinum með álbræðslu. Ég fagna sem sagt till. og vona að hún nái fram að ganga. Sú staðreynd, að Austfirðir liggja nær Norðurlöndum en Reykjavík, ætti að vera nokkuð ljós óneitanlega og ferðamátinn, sem till. gerir ráð fyrir, er ekki óraunhæfur. Hann er þvert á móti að mínu viti bæði æskilegur og sjálfsagður.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru nú örfá orð aðeins. Þessi till. var flutt á síðasta aðalþingi, að mig minnir, og ég hef heyrt ýmsa ræða þessa till. og þá hugmynd sem í henni felst. Dómar manna eða ályktanir um till. hafa verið mjög misjafnir. Ég hef heyrt ýmsa fordæma hana algerlega og telja hana með öllu ólíklega til þess að komast nokkurn tíma í framkvæmd. Mér er það vitanlega ljóst að mál eins og þetta, sem er þetta mikil nýjung, hlýtur að þurfa að athuga vandlega áður en það kemst á framkvæmdastig. En ég vil leyfa mér að segja það hér, að ég álít að þetta mál sé þannig vaxið að það eigi alls ekki að svæfa það eða þegja það í hel á nokkurn hátt, heldur veita því þá allra bestu skoðun sem hægt er í té að láta.

Ég vil algerlega taka undir þau ummæli flm. að það sé ekki vansalaust fyrir íslendinga, sem eru strandþjóð og þar að auki eyþjóð langt úti í hafi, að eiga ekkert farþegaskip. Ég var áður flm. að því hér á Alþ. að það yrði hafist handa um að smíða farþegaskip til mannflutninga með ströndum fram. Það mál hefur verið athugað töluvert og menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að fyrir slíku skipi væri enginn grundvöllur. Ég hef aldrei sannfærst um það fyllilega, en það hefur orðið niðurstaða þeirra sem um það mál hafa fjallað. En eftir stendur það að við búum hér á þessum hólma, dreifðir um alla ströndina og eigum ekkert skip sem getur flutt fólk með venjulegum nútímahætti, hvorki innanlands né heldur landa á milli, síðan Gullfoss var seldur. Þetta er annað meginatriði till., að bæta úr þessu ófremdarástandi að nokkru leyti.

Hitt er svo það og ég vil vekja alveg sérstaka athygli á því að hér er hreyft þeirri hugmynd, sem ég tel mjög merkilega, að opna nýjar dyr, nýjan inngang að landinu. Ég held að það sé fyllilega tímabært að við förum að venja okkur við þá hugsun, íslendingar, að það er víðar hægt að koma hér við land, hvort sem menn koma í lofti eða á sjó, heldur en bara á einum stað. Og það er óeðlilegt að byggja upp ferðamannaaðstöðu og ganga út frá því sem algerlega óumbreytanlegu að allur ferðamannastraumur að og frá landinu þurfi að fara út frá einum punkti.

Ég skal ekki fella neinn dóm um það hvort endanlega reyndist vera rekstrargrundvöllur fyrir skipi af þessu tagi. Ég get alveg tekið undir það með hv. flm. að þó að það sé ekki hægt að gera ráð fyrir að slíkt skip yrði rekið með hagnaði, þá tel ég að það eigi að skoða málið mjög vandlega fyrir því.

Ég vil svo segja það að ég er flm. þakklátur fyrir að hreyfa þessu máli nú á ný, halda þessu máli gangandi. Og eins og ég sagði áðan, það eru tvö meginatriði í þessari till. Annars vegar að opna nýjar dyr að og frá landinu og hins vegar að stuðla að því að íslendingar eignist aftur farþegaskip. Mér finnst þessi tvö atriði vera þannig vaxin að þessi till. sé allrar athygli verð og beri að skoða hana í fullri alvöru.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er einn af þeim sem eru þeirrar skoðunar að það hafi verið mikið áfall í raun og veru fyrir okkur þegar við misstum Gullfoss og fengum ekkert farþegaskip í hans stað.

Eins og fram hefur komið hér, er þetta nú ekkert nýtt mál. Þessi till. hefur verið flutt hér áður, og að mig minnir fyrir nokkrum árum var flutt till. af líkri gerð. En það, sem hefur nú komið í veg fyrir það að úr framkvæmdum yrði, er sem sagt vantrúin á að hægt sé að reka svona skip.

Það kom fram í ræðu flm. áðan að t. d. færeyingar hefðu áhuga á því að þetta mál kæmist í framkvæmd, og ég er raunar ekkert hissa á því. En þá kemur mér í hug spurning sem ég vil láta koma hér fram: Er óhugsandi að það gæti hafist samvinna á milli t. d. færeyinga, norðmanna og íslendinga um smíði og rekstur á svona skipi? Það er líklegra, ef samvinna gæti hafist um slíkt, að það yrði meiri áhugi hjá þessum þjóðum að nota skipið, t. d. frá hendi norðmanna til að koma hingað. Þetta er mál sem þarf að kanna.

Ég er einn af þeim sem óttast að það verði erfitt að reka svona skip. Það er enginn vafi á því að það verður nokkuð dýrt í byggingu. Mér þætti það ekki mikið þó að skip af þeirri gerð, sem flm. er að tala um og setur hér fram, muni kosta yfir milljarð og þá er sýnilegt að það þarf töluvert til að reka þetta skip, ekki síst ef það eru ekki not fyrir það nema kannske 7—8 mánuði eða varla það. En þá þyrfti sú n., sem fær málið til skoðunar, að athuga það og jafnvel að reyna að afla sér upplýsinga um hvort þetta gæti komið til, að t. d. norðmenn og færeyingar og jafnvel Norðurlöndin öll mundu geta staðið að því að byggja og reka svona skip.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá öllum ræðumönnum að hér er hreyft þýsna athyglisverðu og merkilegu máli og ég er hv. flm. þakklátur fyrir að hann skuli nú að nýju leggja þetta mál hér fram til umr. og athugunar.

Ég vil aðeins upplýsa það í sambandi við þessa hugmynd um skip sem gangi milli Íslands og annarra Norðurlanda, að hún hefur verið rædd allmikið í samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs þar sem ég hef átt sæti síðustu árin, og á fundi n. nú í okt. var undirbúin till. sem fjallar um það að Norðurlandaráð athugi möguleika á rekstri slíks skips eins og hér er talað um, þ. e. a. s. bílferju- og farþegaskips sem gangi á milli Færeyja, Íslands og annarra Norðurlanda. Að þessari till. standa fulltrúar frá Norðurlöndunum öllum, og hún verður væntanlega til umr. og afgreiðslu á þingi Norðurlandaráðs sem verður haldið hér í febrúarmánuði. Í þessari till. er ekkert um það hvert rekstrarfyrirkomulag slíks skips eigi að vera eða eignarfyrirkomulag, heldur aðeins er vakin athygli á þeirri staðreynd að nú gengur ekkert farþegaskip hvorki til Færeyja né Íslands og vakin athygli á þörfinni á því og undirstrikað að það geti a. m. k. verið samnorrænt mál að bæta hér úr.

Ég vildi aðeins að þessar upplýsingar kæmu

fram og skal eingöngu bæta því við að ég hef orðið var við mikinn áhuga fulltrúa allra Norðurlandanna á því að eitthvað jákvætt gerist í þessum málum og að samgöngur á sjó með nútímafyrirkomulagi geti hafist á ný milli Íslands, Færeyja og annarra Norðurlanda.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka öllum ræðumönnum fyrir jákvæðar undirtektir undir frumhugmyndina um athugun á kaupum á þessu skipi. Það var einmitt hringvegurinn og sala Gullfoss sem ýtti við mér að móta nýja till. gjörólíka þeim viðhorfum sem áður höfðu verið. Það er ekkert undarlegt þó að sumir segi: Þetta er fjarstæða. Það kom mér ekkert á óvart. Fyrrv. forseti Sþ. kallaði þetta mjög merkilega byltingarkennda hugmynd, einhverja þá sérstæðustu sem fram hefði komið um fjölda ára skeið. Það, sem mig skiptir mestu máli og ég held að það sé sami tónninn hjá þeim sem tóku til máls er að hrinda þessari hugmynd í athugun fyrst og fremst og síðan til framkvæmda eftir því sem tök eru á og kostnaður leyfir okkur.

Ég þakka síðasta ræðumanni, 3. þm. Reykn., mjög fyrir hans þátt í þessu máli. Ég veit, að hann hefur flutt þessa hugmynd, kannske ekki bókstaflega eins og ég hef sett hana fram, en verið mjög hvetjandi að þetta mál yrði athugað í Norðurlandaráði. Ég tel einmitt að staðsetningin á Austfjörðum sé einn mikilvægasti þátturinn í þessu máli, vegna þess að það stuðlar að slíku fyrirkomulagi að rekstur á þessu skipi og gerð þess verður með allt öðrum og ódýrari en öruggari hætti en ella hefði verið með því að þurfa að sigla hingað til Reykjavíkur. Hef ég fyrir mér mann, sem var um árabil skipstjóri, sem ráðgefanda í þessu efni.

Einnig vil ég upplýsa það að ég hef haft samband við fleiri ferjuaðila, ef svo mætti segja, á Norðurlöndum og víðar sem hafa komið inn með svipuð skip og ég hef hér í huga. Fyrst í stað hefur þetta gengið slarkandi eða jafnvel treglega, en eftir að almenningur komst í kynni við góða þjónustu og þægilegt skipulag með bíla, eins konar fjölskyldufarþegamöguleika, þá hefur sívaxandi eftirspurn verið alls staðar. Það getur vel verið að það sé of draumórakennt að reikna með því hingað til landsins, en ég vil nú samt sannreyna það og athuga alveg sérstaklega.

Ég vænti þess að till. fái eðlilega meðferð í fjvn. og eðlilega athugun. Og þrátt fyrir það að sumum finnist hún draumórakennd, þá held ég að það sé með svona till eins og margt annað. Sumir eru á móti því að byggja hér á Íslandi veglegar og miklar brýr því að þær muni ekki bera neinn arð, er sagt, fyrstu árin. Það getur vel verið að þetta skip geri það ekki. En ég lít á þetta skip út af fyrir sig sem sérstaka brú milli Íslands og Norðurlandanna og sú brú skilar auðvitað ekki arði fyrstu árin. Þetta er liður í samgöngukerfi landsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Launaskattur, frv. (þskj. 108). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 108 er frv. til l. um breyt. á l. um launaskatt. Hér er um að ræða framlengingu á gildandi lögum alveg óbreyttum eins og þau eru nú og hafa verið frá því að lög um skattkerfisbreytinguna tóku gildi. Eins og rakið er í grg. með frv. eru lögin að stofni til frá 1965, en þá var lagður á 1% launaskattur. Árið 1970 var lagður á sérstakur launaskattur, 1.5%, í tengslum við efnahagsráðstafanir sem þá voru gerðar. Launaskattur hækkaði enn nú í ár um 1%. Var sú hækkun tengd ráðstöfunum til lausnar vinnudeilu sem uppi var fyrri hluta þessa árs.

Gildistími launaskatts samkv. lögum um skattkerfisbreytingu rennur út nú um n. k. áramót. Frv. á þskj. 108 gerir ráð fyrir að gildistíminn verði enn framlengdur um eitt ár og hefur verið við það miðað við gerð fjárlagafrv. Í fjárlagaræðu minni gerði ég þessa skattheimtu að umræðuefni, sérstaklega hvernig draga mætti nokkuð úr þeirri pappírsvinnu sem samfara er þeim mikla fjölda gjaldstofna sem við búum við.

Það er einnig óeðlilegt að binda gildistíma skatta í lögum, en þar sem hér hefur verið talið um bráðabirgðaskattheimtu að ræða að hluta til er að sjálfsögðu rétt að framlengja gildistíma laganna aðeins um eitt ár.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 106). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 106 er frv. til l. um breyt. á vegalögum. Ég vil nú gera grein fyrir þessu frv. og nokkrum öðrum atriðum er varða vegamálin í landinu.

Hinn almenni tilgangur með flutningi þessa frv. má segja að sé að efla sýsluvegasjóðina vegna breyttrar tækni við mjólkurflutninga og auk þess að styrkja gerð þjóðvega í þéttbýli, gera framlag ríkisins til þéttbýlisveganna hreyfanlegra, þannig að unnt sé að bæta það í samhengi við vegakerfið. Í 1. gr. frv. er viðbótarákvæði um að vegáætlun skuli einnig ná til þjóðgarðsvega og vega til fjölsóttra ferðamannastaða. Í skýringu er vísað til 11. gr. frv., en þar er rangt með farið því að þar er um að ræða 12. gr.

Verðbreytingar á undanförnum árum hafa gert óhjákvæmilegt að víkja nokkuð frá röð framkvæmda, einkanlega á síðari árum vegáætlunartímabilsins. Hér er því lagt til að sú breyting verði gerð að nákvæm sundurliðun um einstakar

framkvæmdir verði aðeins 3 fyrstu árin, en fjórða árið verði til þess að jafna þann slaka sem kynni að verða kominn á vegáætlunina ef yrði að breyta vegna breyttra kostnaðaráætlana. Telja verður að þetta fyrirkomulag, sem hér er lagt til, ef að því verður horfið, auki líkur á því að unnt sé að halda í einu og öllu við áætlunina, þar sem það mundi gera auðveldara að jafna hallann sem væri orðinn á, eins og ég áður sagði.

Vegna aukinna framkvæmda í óbyggðum, en þar til má nefna Sigölduvirkjun, þykir rétt að einskorða heimildina ekki við býli, en láta hana einnig ná til orkuvera. Jafnframt er gert ráð fyrir því að heimilt sé að taka í tölu landsbrauta vegi að flugvöllum utan kaupstaða, þar sem reglubundið áætlunarflug hefur verið starfrækt samkv. leyfi samgrn. í eitt ár eða lengur. Til þess að eðlilegt samhengi sé í samgöngukerfinu þykir nauðsynlegt að nokkuð tryggar og góðar samgöngur séu að flugvöllum þessum, sem hljóta að teljast mikilvægir fyrir það byggðarlag sem þeir þjóna. Verði heimild þessi nýtt að fullu lengist þjóðvegakerfið um 7 km. Þá þykir eðlilegt að heimilt sé að taka í tölu landsbrauta vegi að skólastöðum þar sem vísir að þorpi hefur myndast, þó að þessir vegir nái ekki 2 km. Er þetta gert í samræmi við sams konar undanþáguheimildir varðandi kauptún og mundi auk þess létta nokkuð á ýmsum sýsluvegasjóðum. Sama gæti gilt um heilsuhæli.

Varðandi breytingu í 4. gr. frv., c-lið 19. gr., er það að segja að með tilliti til bættrar öryggis- og heilbrigðisþjónustu þykir rétt og eðlilegt að sýslunefndir hafi heimild til að taka vegi að sjúkraflugvöllum í tölu sýsluvega. Sjúkraflugvellir munu nú vera um 70 talsins á landinu.

Samkv. gildandi l. er ekki heimilt að taka í tölu sýsluvega vegi sem eru styttri en 200 m og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m ef hann endar þar. Hér er lagt til að allir vegir að býlum verði sýsluvegir nema síðustu 50 metrarnir. Vegna aukinnar umferðar, m. a. vegna tankvæðingar kúabúa, hefur kostnaður við gerð og viðhald á vegum að býlum stóraukist. Er því svo sem nú er háttað í dag erfitt fyrir marga bændur að halda við heimreiðum að býlum sínum og kemur slíkt viðhald ójafnt niður þar sem heimreiðir sumra býla geta orðið allt að 400 m langar. Ekki þykir þó rétt að fara nær býlum en 50 m og verður þá vegurinn heim einkavegur.

Í einstökum sýslum taka nú sumarbústaðahverfi yfir víðáttumikið landssvæði. Þykir því eðlilegt að fella vegi um þessi hverfi a. m. k. að einhverju leyti inn í vegakerfi sýslnanna og er því lagt til að heimilt verði að styrkja vegi þessa með fé sýsluvegasjóðs með tilteknum skilyrðum. Ákvæði um þetta eru í 5. gr. frv.

Með vísun til þess kostnaðarauka fyrir sýsluvegasjóði, sem einkum kemur til vegna ákvæðis 3. mgr. 3. gr. frv., er lagt til í 6. gr. frv: að hvert hreppsfélag geti ákveðið að greiða sýsluvegasjóði allt að tvöfalt hærri upphæð en nú er ákveðið í lögum. Sýsluvegasjóðsgjald samkv. 23. gr. vegal. er mjög lágt og víðast naumast talið svara kostnaði að innheimta það. Til þess að gjald þetta nái tilgangi sínum með hliðsjón af 4. gr. frv. þessa er lagt til að hækka það um pro mill-tölu af matsverðinu sem skatturinn nemur. Er lagt til í 7. gr. frv. að talan verði um 2 af 1000 í stað 0.3 eða 3 í stað 0.6 sem nú er.

Samkv. gildandi l. um framlag ríkissjóðs samkv. 28. gr. vegal. kemur það ekki til greiðslu fyrr en 1—2 árum eftir að framlag hreppsins er greitt. Í 8. gr. er lagt til að heimilt verði að greiða framlag þetta á sama ári og framlag hrepps er innheimt og skal það renna óskipt til sýsluvegasjóða í viðkomandi hreppi. Er þetta lagt til m. a. vegna þeirrar tankvæðingar sem þegar er hafin og fyrirsjáanleg er, svo sem áður er vitnað til. Til framkvæmda kemur á næstu árum mikill kostnaður við styrkingu vega, sem af þessum sökum er æði misjafn í einstökum hreppum, og þykir því rétt að leggja það í sjálfsvald þeirra hve langt skuli gengið í gjaldheimtu til sýsluvegasjóða gegn óskertu ríkisframlagi sama ár.

Í kauptúnum landsins er nú mikil hreyfing í þá átt að ganga frá götum og vegum með bundnu slitlagi. Til þess að fleiri kauptún geti notið fjárframlags samkv. 32. gr. vegal. er lagt til í 10. gr. að miða við 200 íbúa kauptún í stað 300 áður. Miðað við manntal 1. des. 1972 munu eftirtalin kauptún til viðbótar njóta ríkisframlags samkv. þessari gr.: Búðardalur, Súðavík, Hofsós, Hrísey, Stöðvarfjörður og Vogar. Til samræmis þessu er sams konar breyting gerð á 9. gr. c-lið í 30. gr. gildandi vegal., sbr. 4. og 9. gr. frv.

Í 11. gr. frv. er lagt til að árlega skuli halda eftir 25% af heildarframlagi því sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum í stað 10% svo sem nú er. Þetta er lagt til til þess að auðvelda fámennum kauptúnum og kaupstöðum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi samkv. 30. gr. Nýmæli er að skylt er að leita umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga um skiptingu fjár þess, sem hér um ræðir, áður en hún er endanlega ákveðin. Til þessa hefur framlag þetta verið bundið í Hafnarfjarðarvegi um Kópavog og Suðurlandsvegi um Selfoss, en nú er gert ráð fyrir frekari dreifingu þessa fjár.

Lagt er til að þjóðvegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum skuli taldir sérstaklega í vegáætlun, svo sem verið hefur um aðalfjallvegi. Vegi þessa hefur hingað til eigi verið heimilt að taka inn í vegáætlun en vegna stóraukinnar umferðar ferðamanna og þar af leiðandi aukins álags þykir nauðsyn bera til að tekið sé tillit til þeirra við gerð vegáætlunar.

Reynslan hefur sýnt að í mörgum tilfellum hefur viðhald brúa á sýsluvegum reynst sýslusjóðum ofviða og er því lagt til í 13. gr. frv. að það verði greitt í sömu hlutföllum og stofnkostnaður.

Loks er í 14. gr. frv. lögð til breyting á gildandi vegalögum í samræmi við lög nr. 11 1973 um framkvæmd eignarnáms.

Þetta eru helstu atriði, sem ég hef um að segja í sambandi við vegalagafrv. það sem hér liggur fyrir. En auk þess sem hér er talið þykir mér rétt að gera nokkra frekari grein fyrir málefnum í vegamálum sem hafa verið til athugunar á yfirstandandi ári.

Það var í sept. s. l. sem ég óskaði eftir því við vegamálastjóra að gerð yrði athugun á því hvaða vegir eða vegakaflar væru um landið almennt sem hægt væri að leggja varanlegt slitlag

á án þess að þeim væri breytt frá því sem nú er. Það svæði, sem ég bað um að athugað yrði fyrst, var svæðið frá Hvolsvelli um Reykjavík og vestur um land allt til Akureyrar. Þessi athugun hefur nú farið fram og þykir mér rétt að gera nokkra grein fyrir henni.

Hér er um að ræða vegi sem eru 94 km á lengd. Í fyrsta lagi er það vegurinn frá Hvammsvík í Brynjudalsvog, sem er rúmir 8 km. Gert er ráð fyrir að kostnaður við þessa vegagerð yrði um 84 millj. kr. tæpar. Næsti kafli, sem þannig er ástatt um, er frá Hrafnabjörgum að Kalastaðahæð, sem eru tæpir 7 km, og er gert ráð fyrir að kostnaður sé 63 millj. kr. Í þriðja lagi er vegurinn frá Fiskilæk að Hafnará, sem er 5 km og gert er ráð fyrir að kosti um 37 millj. kr. Í fjórða lagi er svo vegur frá Hrútatungu að Þóroddsstöðum í Hrútafirði, sem er 13.5 km og kostnaður er áætlaður tæpar 73 millj. kr. Í fimmtalagi er vegur frá Nípukoti að Gröf í Húnavatnssýslu, það eru rúmir 7 km og 62 millj.. kr. kostnaður. Í sjötta lagi er vegurinn frá Gljúfurá í Húnavatnssýslu að Öxl í Þingi, sem er tæpir 6 km og kostnaður 47 millj. kr. Í sjöunda lagi er vegur frá vegamótum Reykjabrautar og Norðurvegar til Blönduóss, sem er um 11 km og gert er ráð fyrir að kosti um 78 millj. tæpar. Enn fremur vegur frá Blönduósi að Fagranesi í Langadal, sem er 14 km og kostnaður líka 77 millj. kr. Hér er um að ræða næstum því samfellda leið, sem er um 25 km. Þá er Kjálkavegur að Valagilsá, 12 km og kostnaður 113 millj. kr. Og í Öxnadal er um að ræða tæpa 10 km og 77 millj. kr. kostnað.

Eins og ég áðan sagði er hér um að ræða lagningu vega, sem eru 94 km, og heildarkostnaðurinn við þetta slitlag yrði 711 millj. kr. Hér er nokkurt verk að vinna, en ekki orkar tvímælis að þarna er um að ræða stórkostlega framför og ábyggilega mundi þetta verða til þess að greiða fyrir vegamálunum almennt, og á þennan hátt er líka farið að vinna að varanlegri vegagerð um landið víða.

Í framhaldi af þessu þykir mér rétt að greina frá því í stórum dráttum hvað það mundi kosta að gera varanlegan veg austan frá Hvolsvelli um Reykjavík og allt norður til Akureyrar. Það skal að vísu tekið fram að eins og kemur fram í þessu yfirliti frá Vegagerðinni er hér um að ræða lauslega áætlun sem gæti breyst við nánari athugun sérstaklega á þeim köflum sem enn eru óundirbyggðir. Í þessari athugun er um að ræða vegakafla innan Rangárvallasýslu sem eru 31 km, í Árnessýlu rúmir 3, í Kjósarsýslu 41, í Borgarfjarðasýslu 45 km, í Mýrarsýslu 69, í Strandasýslu 15, í Vestur-Húnavatnssýlu 63 og Austur-Húnavatssýslu 65, í Skagafjarðarsýslu 53 og Eyjafjarðarsýslu 52. Allur kostnaður við vegagerð úr varanlegu efni á þessari leið er talinn nema 5 milljörðum 728.6 millj. kr. og við brúargerðir er einnig gert ráð fyrir að kostnaður á þessari leið mundi verða 1 milljarður 621 millj., eða 622 millj. kr. Hér er því um að ræða kostnað upp á um rúma 7 milljarða kr. Þetta eru vegir, sem eru 439 km á lengd, sem yrðu gerðir úr varanlegu efni ef af þessari framkvæmd yrði.

Ég vil við þetta tækifæri lýsa þeirri skoðun minni að ég tel brýna nauðsyn bera til að hefja nú þegar á þessu ári eða næsta ári framkvæmdir við þá vegarkafla, sem ég talaði um áðan að hefðu þá sérstöku stöðu að vera tilbúnir undir það að væri hægt að leggja á þá varanlegt slitlag, því að það mundi bæta vegina og það mundi einnig draga úr viðhaldskostnaði á þessum vegum.

Þá hef ég einnig látið athuga kostnað við endurbætur á vissum köflum á hringleiðinni til austurs og hef látið gera kostnaðaráætlun um þá vegi: Í fyrsta lagi Eldhraun að Skálm í Vestur-Skaftafellssýslu, þar er um 43 km vegalengd að ræða og mundi kostnaður alls verða 158 millj. kr. Ástæðan til þess að þessi vegur er dýr er vegna þeirra brúa sem þarf að gera í sambandi við þessa vegarlagningu. Jafnhliða þessu hefur verið athugað hvað kostaði að gera góðan veg á Mýrdalssandi til viðbótar því sem þegar er búið að gera, en þar er um að ræða 25 km veg, og vegagerðin ásamt brúm mundi kosta 38 millj. kr. Næsta atriði, sem Vegagerðin hefur skoðað, er vegurinn fyrir Hvalneshorn. Það er vegur sem er 138 millj. kr. að kostnaði og 35 til brúargerða eða samtals 173 millj. kr. Svo hef ég einnig látið athuga að gera góðan veg á Breiðamerkursandi. Þar er um að ræða veg sem kostar 56 millj. kr.

Hér er því um að ræða vegi sem kosta yfir 400 millj. kr., í þessum heildarhringvegi, sem ég hef verið að láta sérstaklega athuga. Það, sem eftir er þá í sambandi við þessar vegaathuganir á hringveginum, er svæðið frá Akureyri austur til Hvalness, en víða eru á þessari leið nýuppbyggðir vegir þótt nokkuð skorti á að svo sé alls staðar.

Af framkvæmdum, sem ég hef einnig beðið um skoðun á, er vegurinn á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur eða Kópavogs, sem svo nú er að verða. Um það er það að segja að allar þessar áætlanir eru með fyrirvara, en það er talið að kostnaður við lagningu nýrrar akreinar frá Hlíðarvegi í Kópavogi að vegamótum við Engidal mundi nema um 200 millj. kr. og er þá miðað við ágústverðlag. Í þessu er falin ný brú á Kópavogslæk og ný akbraut með tengivegum á sama plani í Arnarvog og við Vífilstaðaveg.

Af þessu sést að mörg verkefni bíða í vegagerð. Þeim verður ekki lokið nema mikið fjármagn komi til. Eitt af stærstu verkefnum sem nú á næstunni eru í vegagerð er brú yfir Borgarfjörð milli Borgarness og Seleyrar. Undirbúningi að því verki er nú senn lokið og næsta föstudag mun Vegagerðin halda fund með bændum uppi í Borgarfirði út af þessu máli, en áður hafa tveir fundir verið haldnir með þeim í sambandi við þessa brúargerð. Það hefur komið fram í áliti sumra manna, og kannske er sú skoðun útbreiddari en kunnugir gera sér grein fyrir, að þessi brúargerð sé frekar ævintýrakennd heldur en í raunveruleikanum. En við athugun sérfræðinga á þessu máli er ekki um það að ræða. Krókurinn inn fyrir Borgarfjörð og til Borgarness, sem félli niður í sambandi við þessa vegargerð, er um eða yfir 30 km og styttingin á veginum yrði fast að því 30 km. Þessi vegur inn fyrir Borgarfjörð er með elstu vegum, bæði veginn og allar þær brýr, sem þar eru, yrði að endurbyggja. Þegar sá samanburður er gerður er hag-

kvæmni við brúarbyggingu yfir Borgarfjörð og veginn þar yfir talin gefa í kringum 20% í arðgjöf. Þetta er því eitt með betri verkum í vegagerð hér á landi. Kom þetta fram hjá dönskum verkfræðingum sem athuguðu þetta mál fyrir nokkuð mörgum árum og þetta hefur einnig komið fram í þeim athugunum sem síðar hafa verið gerðar. Hér er því um hagkvæmnisframkvæmd að ræða sem nauðsyn ber til að hraða, enda mun verða farið í þessa framkvæmd á næsta ári því að vegakerfið inn fyrir Borgarfjörð er nú gersamlega að bila. Þetta er einn þáttur í þeim tölum sem ég nefndi áðan um framkvæmd við vegagerð á Vesturlandsvegi og á leiðinni norður til Akureyrar.

Ég vil í sambandi við vegamálin geta þess að nú, áður en fjárlög verða afgreidd, mun samgrn. skila fjmrh. og fjvn. áætlun um vegagerð á næsta ári. Ég tel nauðsynlegt í sambandi við fram komið frv. um happdrættissölu á bréfum til vegagerðar að þar verði um að ræða nokkra stefnumörkun sem einnig var gerð með afgreiðslu á tekjuöflunarfrv. til vegagerðar á yfirstandandi ári. Sala á happdrættisskuldabréfum til vegagerðar hefur gefist vel og hefur salan á þessu ári orðið mun meiri en nokkur hafði gert sér grein fyrir eða vonast til. Talið var í sumar að ekki væru líkur fyrir því að það þýddi að gefa út þau 150 millj. kr. bréf sem ætlað var að selja vegna Skeiðarársandsvegar. Þegar Djúpvegurinn bættist við var það þó talið enn þá fráleitara. Hins vegar varð reynslan sú að bréfin til Djúpvegar seldust upp á nokkrum dögum eða fyrr en nokkur hugði. Það varð til þess að út voru gefin þessi 150 millj. kr. bréf til vegaframkvæmda í sambandi við Skeiðarársandsveginn, og ég veit ekki annað en þau bréf séu einnig uppseld. Það verður því till. samgrn. að í vegáætlun fyrir næsta ár verði tekin upp happdrættislánabréfasala fyrir 500—600 millj. kr. Ég tel eðlilegt að í meðförum Alþ. komi inn í frv. það um Norðurveg, sem liggur fyrir samgn. hv. Nd., að færa þetta út, þannig að það geti verið um heildarsölu að ræða á skuldabréfum til hringvegarins og þá einnig til Suður- og Austurlandsins.

Út frá því, sem ég sagði áðan, að það mundi kosta á nútímaverðlagi eina 7—8 milljarða að gera varanlega vegi frá Reykjavík austur á Hvolsvöll og frá Reykjavík til Akureyrar og svo veginn til Hafnarfjarðar og áframhald vegarins austur á bóginn og byrja á þeim stöðum, sem verstir eru. Þá mun vera að ræða um ca. 8 milljarða eða eitthvað slíkt. Ég tel nauðsyn bera til að gera áætlun um það á hve löngum tíma við ætlum okkur að leysa þetta verk og 2—3 vegáætlunartímabil mundi ég telja líkleg í þeim efnum.

Það er ekki nokkur vafi á því að framkvæmdir í vegamálum hér á landi eru stórkostlegt fjárhagslegt spursmál og stórkostlegur ávinningur að öllum vegabótum. Íslendingar eiga orðið það mikið af bifreiðum í landi sínu núna að það skiptir verulegu máli hvort þessar bifreiðar endast lengur eða skemur. Þær kosta það mikið og viðhald á bifreiðum núna er svo dýrt að það er geysilegur munur hvort hægt er að aka á góðum vegi eða slæmum. Sama er að segja um bensín og aðra orkugjafa, það er líka geysilegur munur hvort vegurinn er góður eða slæmur. Ég tel að skynsamlegast sé fyrir hv. alþm. nú við gerð vegáætlunar, sem verður lögð fram eftir áramótin, því að hún verður ekki lögð fram í jólaösinni. Það hefur enga þýðingu að öðru leyti en því sem hún verður tekin með fjárl. Skynsamlegast er að gera eina heildaráætlun um lagningu hringvegarins út frá þeim áætlunum sem ég hef hér greint, og mun ég í framhaldi af þessu láta halda áfram að vinna við áætlun á aðalveginum um Vesturland þar til þessum hring er lokið. Að minni hyggju ber brýna nauðsyn til þess að vinna að málinu á þennan veg því að það verður afskaplega erfitt að vera með margar áætlanir í gangi og þess vegna væri best að steypa þeim sem allra mest saman.

Þetta mál mitt er nú orðið alllangt, enda hef ég farið víðar en sjálft frv. gaf tilefni til. En ég taldi brýna nauðsyn bera til þess að við grg. með þessu frv. kæmi fram frásögn af þeirri athugun sem gerð hefur verið í vegamálunum og jafnframt verði sagt frá hugmynd af þeirri stefnu sem nauðsyn ber til að verði fylgt í framkvæmdum í vegamálum.

Ég geri ráð fyrir því að á fjárlagafrv. verði niðurstöðutala til vegamála tæpir 4 milljarðar. Er það ekki mikil hækkun frá því sem verður á yfirstandandi ári, ca. 30% af framkvæmdakostnaði, og verður að segja eins og er að það er tæplega að það haldi í við framkvæmdir á þessu ári. Þess vegna er ljóst að hjá því verður ekki komist að fara þá leið til tekjuöflunar sem ég greindi hér frá áðan og ég tel brýna nauðsyn bera til að það náist samstaða um hana hér á hv. Alþ. Þess vegna hef ég tekið inn í þetta dæmi frásögn af þeim vegarspottum, sem ég tel mesta þörf að leggja, og jafnframt þeim vegarspottum sem eru undir það búnir að verja þá varanlegu slitlagi og draga þannig úr viðhaldi og koma þeim í framtíðarhorf.

Ég veit að allir hv. þm. hafa áhuga á vegamálum og samgöngumálum á landi og samgöngumálum yfirleitt. Ég tel því að það þurfi að gera heildaráætlun um samgöngukerfið, bæði í landi, lofti og á legi, því að það mun reynast okkur hagkvæmast. Verkefni þeirrar n., sem vinnur að því að athuga um flutningskostnað á landsbyggðina, einn þáttur, sem væri tengdur því, gæti einmitt verið samgönguþáttur í öllum greinum samgöngumála. Ég er einnig með í athugun að fara fram á það að á vegum flugráðs verði gerð áætlun í sambandi við flugvelli og uppbyggingu flugvallanna sem samgöngutækja. Ég tel, að það þurfi einnig þar að gera áætlun til lengri tíma en eins árs til þess að vinna að því að skipulega sé að þessum málum staðið.

Herra forseti. Ég mun nú ljúka máli mínu. Ég hef viljað leggja áherslu á að skýra hv. þdm. frá því í fyrsta lagi hvaða breytingar eru fólgnar í þessu frv. og þar vil ég nefna að þar er sérstaklega bætt úr fyrir sýslusjóði og einnig fyrir kauptún og kaupstaði um varanlega gatnagerð innan sins byggðarlags. Fleiri þættir eru í því máli eins og ég hef áður greint frá.

Ég hef einnig skýrt frá því hvað búið er að gera til þess að vinna að því að gera varanlegt slitlag á vegi, og það eru þó nokkrir vegakaflar

víðs vegar um landið sem hægt er að leggja á varanlegt slitlag nú þegar, án þess að um frekari undirbúning sé að ræða. Þetta eru tæpir 100 km. Inn í þetta dæmi eru ekki teknir vegakaflar sem eru styttri en hálfur km. Ég hef einnig tekið fram um stærstu verkefni önnur á hringveginum. Hins vegar hef ég ekki farið út í einstaka vegi nema inn í hringveginn kemur að sjálfsögðu Djúpvegurinn sem verður lokið við á næsta ári og eru fjármunir til framkvæmda þar nú afgangs af happdrættissölunni á yfirstandandi ári. Ég efast ekkert um áhuga á því að koma þessum málum áfram og veit að sú leið, sem valin hefur verið til þess að styðja fjárhagskerfi veganna, á góðan byr á hv. Alþ., enda ber brýna nauðsyn til þess.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Umr. frestað.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 91, n. 113). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um lántökuheimildir erlendis til athugunar og er sammála um að leggja til að frv. verði samþ. óbreytt. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að ríkisstj. fái heimild til þess að taka erlent lán að fjárhæð 2 milljarðar 120 millj. kr. til þess að endurlána það til Framkvæmdasjóðs, Landsvirkjunar, til vegagerðar og framkvæmda í orkumálum.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja mál þetta frekar. En þar sem hér er um mjög brýnt mál að ræða og aðkallandi vil ég fara þess á leit, herra forseti, að að lokinni þessari umr. fari þegar fram 3. umr. um þetta mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 11. des., að loknum 18. fundi.

Lántökuheimildir erlendis, frv. (þskj. 91). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 129).

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 64). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vegalög, frv. (þskj. 106). — Frh. 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal halda mig við þetta frv. sem mest og ekki fara náið út í þær almennu hugleiðingar, sem kannske eiga frekar heima í umr. síðar í vetur, þegar ný vegáætlun sér dagsins ljós. Ég vil þó þakka hæstv. ráðh. fyrir mjög greinargóðar upplýsingar sem hann gaf okkur áðan um ýmsar áætlanir sem framkvæmdar hafa verið á vegum hans rn., og alveg sérstaklega vil ég þakka honum fyrir þær athuganir, sem hann hefur gert í sambandi við vegakafla á hringleiðinni austur, og vona svo sannarlega að þar fylgi fleira á eftir.

Þessi þáttur ríkisútgjaldanna er hvort tveggja mikilsverður í hvívetna svo og fjárfrekur, og þarf þar vissulega margs að gæta. Þar steðja vissulega óvæntir erfiðleikar að þegar bensínverð hefur hækkað svo gífurlega og því erfiðara um vik að sinna þeim tekjustofni sem drýgstur hefur verið til vegaframkvæmda í landinu. Þó var á sumarþinginu bætt þar ríflega við og má þó vera að sumum þyki ekki nóg að gert.

Ég dreg enga dul á það að ég sé ekki eftir hækkun bensínskatts sem rennur beint til vegaframkvæmda sé þar staðið að á þann veg sem ég tel eðlilegast, þ. e. að frumatriði þess máls sé fólgið í sem mestu jafnrétti öllum til handa hvar sem þeir kunna að búa á landinu.

Frv. þetta, sem hér er til umr., tel ég vera til bóta svo langt sem það nær. Aðalspurningin er reyndar eins og fyrrum, eins og ég vék að áðan, um framkvæmd vegamála almennt hér á landi næstu ár, spurningin um það hvort hraðbrautir út frá höfuðborgarsvæðinu verða látnar sitja í fyrirrúmi eða stefnt að bættri samtengingu landshluta og fyrst og fremst, sem ég vildi þó helst af öllu, bætt ástand akvega innan landshlutanna. Það er það verkefni sem mér fyndist að ætti í raun að vera forgangsverkefni Vegagerðar ríkisins því að svo miklu skiptir þetta verkefni samgöngurnar innan hvers landshluta um alla þróun okkar byggðamála. Úr þessu fæst skorið með næstu vegáætlun, en ég óttast þó að hraðbrautirnar verði þar of frekar til fjárins. Það sýndi a. m. k. vegáætlun lögð fram í vor í heldur ríkum mæli. Það má vera að önnur fjáröflun leysi þessi hraðbrautarmál eða lagningu bundins slitlags á þjóðvegina svo sem frv. hefur komið fram um, — frv. sem hæstv. ráðh. vék að og kom fram í hv. Nd., sem snýr enn aðeins að annarri hlið þess máls því að ekki þarf síður áfram að halda austur á bóginn, halda áfram hringvegarframkvæmd þeirri sem enn er aðeins rúmlega hálfnað verk. Verði út í þessa fjáröflun farið af fullum krafti þá þarf vitanlega að hvoru tveggja að huga og verður vonandi gert og ég fagna mjög orðum hæstv. ráðh. þar að lútandi, einkum hvað snertir veginn austur á bóginn.

Það kom mjög skýrt fram í máli hans að hann yrði ekki látinn sitja á hakanum ef af þessari fjáröflun yrði. En verði þarna rösklega að staðið ætti það um leið að létta vanda Vegasjóðs sjálfs vegna hraðbrauta út frá Reykjavík og meira ætti þá að koma til annarra verkefna, þ. e. þeirra verkefna sem ég álít brýnust varðandi almenn vegamál. Samtenging einstakra byggðarlaga innbyrðis er slík lífsnauðsyn að fátt veit ég betri stuðning við bætta möguleika íbúanna til samskipta af hvers konar tagi þjónustulega séð, öryggisins vegna svo og allra menningarlegra samskipta. Það er því ekki vegna neinnar andúðar við góðar hraðbrautir út frá höfuðborgarsvæðinu sem ég legg slíka áherslu á þetta forgangsverkefni. Þörfin er aðeins svo brýn og aðkallandi annars staðar, að gera vegina úti á landsbyggðinni nokkurn veginn akfæra mestan hluta ársins a. m. k. að þeir vegir verða að ganga fyrir úthlutun hins almenna vegafjár og eru þó tveir þættir þar enn ótaldir, sem ég hef lagt sérstaka áherslu á og með tillöguflutningi á Alþ. vikið að alveg sérstaklega og bent á ákveðnar leiðir. Þetta frv. kemur einmitt inn á vissa hluta þessarar till., í sumu þó ekki á þann veg kannske sem skyldi og í öðru vitanlega ekki. Ég tek dæmi um viðunandi lausn samkv. 9. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að íbúamörk þeirra staða, sem þéttbýlisvegafjár njóta, færist úr 300 í 200, þótt ég hafi nú á síðustu tímum hallast að því að hér um gildi öll þéttbýlismyndun, allir þéttbýlisstaðir, því að íbúaaukning þeirra sumra hverra, þótt smáir séu í byrjun, kallar fljótt á viss verkefni, sem sinna þarf, og þá vaknar sú spurning hvort ekki eigi að gera það frá upphafi þéttbýlismyndunar á hverjum stað eftir að hún er kominn upp yfir vissa tölu, sem gæti þá allt eins miðast við 50 jafnvel eða 100. En ég fagna sem sagt þessari leiðréttingu, hún er vissulega til bóta.

Algert sérvandamál, sem ég sé ekki beina lausn á í þessu frv. þó að það komi vitanlega þar inn í óbeint, eru þjóðvegirnir sem liggja eftir endilöngum kauptúnum og kaupstöðum landsins eða að miklum hluta. Ég hef margbent á það að hér þurfi til að koma alveg sérstök fjárveiting eða ráðstöfun fjár í þessu skyni auk þéttbýlisvegafjárins. Þetta er einkanlega orðið aðkallandi nú, þegar hin ýmsu sveitarfélög una ekki lengur við malar- og moldargötur sínar, heldur leggja á göturnar bundið slitlag. Þetta er nefnilega verkefni sem er svo gerólíkt að umfangi og kostnaði að engin samlíking kemst að miðað við fyrra ástand þessara vega. Einmitt þetta hlýtur að kalla á sérstaka fjáröflun til viðbótar, — hreinlega til viðbótar við núverandi fjáröflunarkerfi Vegasjóðs. Ríkisvaldið getur ekki lagt þessa byrði á sveitarfélögin á sama hátt og áður þegar verkefnið var allt annað og smærra í sniðum. Ég verð sem sagt að vona og vil trúa því að 11. gr. frv. snerti ekki þetta sérstaka mál neitt, sé ekki fyrst og fremst hugsuð varðandi þessa þjóðvegi í sambandi við gegnumaksturinn um kauptúnin, heldur sé hér um að ræða verkefni svo sem einmitt segir greinilega í grg. með frv. Ég álít að þessu verkefni eigi að sinna sérstaklega og ég treysti því að viðkomandi þm. svo og hæstv. ríkisstj. sjái til þess að þar verði séð fyrir sérstakri fjárveitingu, því að ég álít og miða þar við reynslu frá minum heimastað að ríkið verði hér að taka á sig hlut umfram þéttbýlisvegaféð og utan þess jafnvel sem almennt vegafé gefur til annarra vegaframkvæmda.

11. gr. frv. er sú gr., sem ég hef helst staldrað við og er að því er ég vil skilja hana mjög til bóta, en þó hefði ég kosið vegna fyrri reynslu að ákvæði gr. sjálfrar hefði verið ótvíræðara og meira í samræmi við þá grg. sem frv. fylgir eða aths. við frv. Reynslan að þeim 10% af þéttbýlisvegafé, sem hingað til hefur verið haldið sérstaklega eftir, er a. m. k. ekki góð fyrir landsbyggðina og hefur raunar farið í örfáar stórframkvæmdir, nauðsynlegar skulum við segja. Þessi reynsla, ég vil segja vandræðasaga þessa 10% gjalds, er einmitt undirstrikuð í grg. eða aths. með frv. Nú þegar lögð er til hækkun þessa sérstaka gjalds, sem eftir er, haldið upp í 25%, þá er að vísu bætt þar inn í að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem er vissulega til bóta, en að öðru leyti sýnist mér sama orðalag gilda og hefur verið notað beinlínis til rökstuðnings því, eins og í grg. segir, að þetta fé hefur verið notað í því skyni einu að binda við tvær aðalframkvæmdir, við Hafnarfjarðarveginn í Kópavog og í Suðurlandsveginn á Selfossi. „En gert er ráð fyrir frekari dreifingu fjár þessa," segir með mjög svo hógværu orðalagi í niðurlagi grg. eða aths. með 11. gr. Hins vegar segir fyrr í grg. eða aths. um 11. gr., með leyfi forseta:

„Hér er lagt til að árlega skuli halda eftir 25% af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstögum og kauptúnum, í stað 10% svo sem nú er. Er þetta lagt til til þess að auðvelda fámennum kaupstöðum og kauptúnum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi skv. 30. gr."

Það er mín skoðun vegna fyrri reynslu að þetta ákvæði, sem þarna er mjög skýrt og ákveðið og ágætt, hefði í raun þurft að standa í sjálfri frvgr. svo að ekkert færi þar á milli mála og raunar miðast beinlínis við vegina almennt á þessum stöðum, að það séu ekki bara þjóðvegirnir heldur gatnagerðin á þessum stöðum yfirleitt. Ég sem sagt vona að þm. geti fært þetta til betri vegar því að ég neita því ekki að að öðrum kosti óttast ég að framkvæmdin verði svipuð eða gangi a. m. k. eitthvað í sömu átt og verið hefur. Byggðanefnd Alþ. hefur mjög um þetta fjallað og þar hefur það ítrekað komið fram og að ég held einróma að þessi prósenta þyrfti að vera hvort tveggja hærri og eins að hún kæmi sveitarfélögum þeim, sem nú standa í stórframkvæmdum, mest byrjunarframkvæmdum í lagningu bundins slitlags á vegi sína, fyrst og fremst til góða, eins og grg. eða aths. með 11. gr. víkur mjög glögglega að og ég tel fullkomlega rétta. Ég hefði sem sagt viljað fá hér um skýrari ákvæði og ég hef að vísu einnig uppi um það eindregnar óskir að þetta framlag yrði fært upp í a. m. k. 35% ef séð verður til þess að ákvæðin standi sem nánast þessu sem þarna segir, til þess að auðvelda fámennum kauptúnum og kaupstöðum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi.

Ég skal ekki fara að endurtaka það sem ég

hef áður sagt um þessi mál hér á Alþ. frekar en ég hef nú þegar gert. Hins vegar veit ég að hér þarf til alveg sérstakt átak, alveg sérstaka aðstoð. E. t. v. færir efling Lánasjóðs sveitarfélaga okkur þar nokkuð í áttina, ég reikna heldur með því. E. t. v. fær Byggðasjóður þarna viðbótarverkefni einnig, það kann vel að vera, að með eflingu hans fari hann að taka einhvern þátt í þessu, t. d. varðandi sveitarfélögin. En fleiri leiða þarf eflaust að leita svo að sveitarfélögin fái sinnt verkefninu með fullum sóma og án þess að skapa sér óviðráðanlegrar byrðar.

Til viðbótar þessu get ég lýst fullum stuðningi við breytingarnar varðandi vegi að sjúkraflugvöllum svo og breytingu á sýsluvegum og einnig þá um leið nauðsynlegri hækkun framlaga til þeirra. Hinu er svo ekki að neita, að kaupstaðirnir sleppa þarna of vel miðað við ýmis sveitarfélög sem þeim eru svipuð að stærð og legu, en það er reyndar önnur og meiri saga. Jafnvel eru til um það dæmi að sveitarfélög hafi sótt um kaupstaðarréttindi til kannske ekki annars meira en að losna við sýsluvegagjöldin. Ég skal hins vegar játa það, að ég er ekki eins hrifinn af hugmyndinni í 5. gr. um að heimila að styrkja af fé sýsluvegasjóðs lagningu og viðhald vega að sumarbústaðahverfum, þó að samkomulag náist um mótframlag af hálfu eigenda um afnot vegarins. Ég álít að sýsluvegasjóður hafi næg verkefni, þrátt fyrir að þarna komi til aukning fjár til hans, þó að þessu verði ekki bætt inn. Út af fyrir sig hef ég ekkert á móti því að það fólk, sem hefur efni á því að byggja sér sumarbústað og jafnvel heilar hallir í þessu efni, komist þangað nokkurn veginn klakklaust, en ég held að það eigi þá að bera þann kostnað sjálft, ef það þarf að fara það mikið út úr vegakerfinu að það sé nauðsynlegt. Að öðru leyti bíðum við þm. vitanlega vegáætlunarinnar nýju með nokkurri óþreyju, enda gefst þá vitanlega betra tækifæri til umræðna um málið almennt og einnig með tilliti til hinna ýmsu verkþátta vegamála í landinu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vildi með örfáum orðum lýsa ánægju minni með þær upplýsingar, sem fram komu í ræðu hæstv. ráðh., og þó kannske sérstaklega ánægju minni með þann stórhug, sem þar kom fram um vegagerð í landi okkar. Ég er honum sammála. Það þarf að vinna að þessu máli með áætlun til lengri tíma, og ég get tekið undir það sem hann sagði um varanlega vegagerð. Þetta er orðið ákaflega aðkallandi með þeim mikla bifreiðafjölda, sem landsmenn eiga nú orðið. Undir þetta get ég allt tekið.

Ég get þó ekki annað en minnt hæstv. ráðh. á það að einnig eru til Vestfirðir. Þar er ekki enn lokið hringvegi. Að vísu er að því unnið og við metum það sem þar störfum. En þar er ákaflega mikið átak enn ógert, eins og m. a. kom fram í sambandi við fsp. á Alþ. í gær. Þetta þarf að leysa um leið og rætt er um hringveg um landið. Við annað getum við ekki unað.

Ég tek, eins og ég segi, undir það að hrinda ætti því í framkvæmd að gera áætlun um meiri háttar átak í vegamálum okkar. Ég sé ekkert að því að taka erlent lán til slíkra framkvæmda á því er enginn vafi að það sparast óhemju í viðhaldi bifreiða sem allt er sparnaður á erlendum gjaldeyri.

Að öðru leyti kvaddi ég mér hljóðs til þess að ræða um þéttbýlisféð og gera grein fyrir því, sem byggðanefnd hefur um það fjallað, en síðasti hv. ræðumaður hefur gert það að verulegu leyti og skal ég reyna að forðast að endurtaka það. Ég get tekið undir allt það sem hann sagði um þann þáttinn. Þó vil ég geta þess að byggðanefnd fjallaði um tvær leiðir til þess að auka þann hluta vegafjár sem renna mætti til varanlegrar vegagerðar um landið án höfðatölureglunnar. Ég veit að hv. þm. þekkja það að nú er varið 90% af þessu þéttbýlisfé til slíkra framkvæmda eftir höfðatölureglu, því er skipt eftir höfðatölureglu, en 10% eru til ráðstöfunar að till. vegamálastjóra til meiri háttar framkvæmda. Byggðanefndin taldi að sumu leyti eðlilegra að skipta þessum 90%, en láta þessi 10% vera, því að skiljanlegt er að slíkt fjármagn þarf að vera fyrir hendi til að grípa til í ýmsum tilfellum. Því var það megintillaga byggðanefndar að hluta af þessum 90%, t. d. 40% af þessum 90%, yrði skipt á milli landshluta til varanlegrar vegagerðar eftir þörfum þeirra. Mætti þá orða það: í öfugu hlutfalli við það sem gert hefur verið af slíkum framkvæmdum í viðkomandi landshlutum. Til vara settum við fram þá till. að auka þessi 10% verulega, a. m. k. upp í 40%, eins og raunar kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, — hann ræddi að vísu um 35%, en ég hygg að við höfum rætt um 40%. Við getum að vísu fallist á annað í þessu sambandi, aðrar en þessar till. voru settar fram við hæstv. samgrh., sem var annar en nú er, og settar fram einnig í ræðu hér á þingi.

Ég vil því fyrir mitt leyti áskilja mér rétt til að skoða þessa gr. vandlega og jafnvel flytja við hana brtt. í þeim anda, sem ég hef nú lýst. Ég held að það sé óumdeilanlegt að þörfin hjá hinum smærri sveitarfélögum sé orðin gífurleg og raunar, ef ég má orða það svo, úr öllu hlutfalli við það sem er á hinum stærri stöðum, eins og t. d. Reykjavíkursvæðinu, þar sem betur fer, hefur tekist að ná upp miklum hala og vinna stórvirki að þessu leyti. Það er margt sem knýr á, ekki aðeins krafa, sjálfsögð krafa íbúanna sjálfra, sem ekki vilja lengur una við það að þurfa að vaða aurinn upp að hnjám í minnstu úrkomu, heldur einnig krafa þjóðfélagsins, þ. e. krafa þjóðfélagsins til hollustuhátta í sambandi við frystihúsin. Þarna er átak sem verður að leysa ekki eingöngu vegna íbúa þessara staða, heldur vegna þjóðfélagsins í heild. Við fáum ekki lengi flutt út okkar sjávarafurðir án þess að yfirborð gatna í nágrenni við vinnslustöðvar verði bundið, það vitum við og sýnist mér þetta jafnvel eitt réttlæta að verulega meira sé af mörkum lagt til þessara framkvæmda en verið hefur og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Mér sýnist einnig að síðustu setninguna þurfi að athuga, þar sem svo segir, með leyfi forseta: „þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.“ Þetta er takmarkað. Ég tek undir það sem fram kom hjá síðasta hv. ræðumanni. Ég held þetta þurfi að víkka út.

Að öðru leyti vil ég endurtaka ánægju mína með það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. Það er einlæg von mín að unnið verði að þessum málum eins og hann lýsti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil á sama hátt og þeir aðrir hv. þm., sem hér hafa tekið til máls á eftir hæstv. samgrh., þakka honum fyrir greinargóðar upplýsingar um væntanlega varanlega slitlagslagningu á vegi, sem mér skildist, ef ég man rétt, ná yfir 500 km til viðbótar við aðra vegalagningu og vegaviðgerðir að sjálfsögðu líka. Hann kom víða við og talaði m. a. um þann áfanga, sem ég held að Stór-Reykjavíkursvæðið bíði nú hvað mest eftir að verði lagður, þ. e. Kópavogur — Engidalur, talaði um að það kostaði 200 millj. kr., sem er gríðarlega há upphæð. Þetta er nú fjölfarnasti vegarkafli landsins. Ég vona að hann komist í notkun sem allra fyrst. Eins ef brú yfir að Borgarnesi styttir vegalengdina um 30 km, þá skil ég að sjálfsögðu eins og allir aðrir þörfina og hagkvæmnina í því að byggja þá brú.

En það, sem kemur mér til að standa upp, er fjármögnunarleiðin sem hæstv. ráðh. minntist á. Það er happdrættisskuldabréfalán til að leysa þennan vanda að upphæð 5—6 þús. millj. kr., ef vel ætti að vera. Ég vona að ég fari þar ekki rangt með, en alla vega talaði hann um happdrættisskuldabréfalán. Nú vitum við að ríkissjóður á í gríðarlegum erfiðleikum með að standa í skilum vegna happdrættislána sem tekin voru fyrir 10 árum. Eins og komið hefur fram hafa hverjar 100 þús. kr. hækkað á þessum 10 árum í 1200 þús. kr. Og hvort það er sagt í grínі eða alvöru, þá getur ríkissjóður ekki staðið í skilum við handhafa þessarar skuldabréfa á gjalddögum. Hann þarf þess vegna að gefa út ný happdrættislánaskuldabréf. Þetta getur verið sagt í grínі en ég hef tekið það sem staðreynd þegar ég hef heyrt þetta sagt.

Ég er hræddur við þessi happdrættislánaskuldabréf og hef hingað til talið rétt, áður en lengra er gengið á þeirri braut, að láta fara fram athugun t. d. á vegum fjmrn. eða hagdeildar Seðlabanka Íslands, hvað peningakerfi þjóðarinnar þoli af slíkum lánum, sem tekin eru í samkeppni við hið almenna lánakerfi þjóðarinnar og hljóta á einhvern hátt að hefta eðlilega sparifjármyndun í peningastofnunum. Framkvæmdir þær, sem gerðar eru með slíkum lánum eins og happdrættisskuldabréfalánum, eru til viðbótar þeim framkvæmdum, sem þjóðarbúið getur staðið undir af eðlilegu framkvæmdafé, eins og er áætlað í fjárl. hverju sinni. Ég held að við séum að gera hér of mikið á of skömmum tíma fyrir of lítið eigið fé og e. t. v. fyrir of dýrt fé.

Ég held að það sé hættulegt að vera í samkeppni um sparifé þjóðarinnar á þann hátt sem hér er að staðið, að mínu mati er það stórhættuleg stefna. Ég hef áður komið að þessu máli á sama hátt í þessari hv. d. og ég vildi gjarnan að sú könnun, sem ég minntist á að færi fram á vegum fjmrn. eða hagdeildar Seðlabanka Íslands, yrði látin fara fram áður en við tökum of mikið af lausafjármunum þjóðarinnar og festum varanlega og eigum svo við vanda að etja eftir á, sem við komumst ekki út úr, a. m. k. ekki með eigin afli.

Ég tel alveg nauðsynlegt að gert sé myndarlegt átak í vegamálum og á þann hátt sem hæstv. ráðh. minntist á áðan, og ég mun standa að því með honum á allan þann hátt sem ég tel mér mögulegt. En mér þætti eðlilegri aðferð við þær stórframkvæmdir, sem vegagerð um land allt er, að að henni yrði staðið á sama hátt og að stórvirkjunum okkar hingað til, það yrði gerð myndarleg áætlun um vegi með varanlegu slitlagi um allt land. Við gætum takmarkað það við einhvern ákveðinn km-fjölda, hvort við hefðum það 2 000, 3 000 eða 5 000 km., og það yrði gerð kostnaðaráætlun og þá fyrir alla landsfjórðunga í einu og síðan boðið út á alþjóðamarkaði á sama hátt og við höfum gert hingað til og eðlilegt er þegar svona stór mannvirki eru í framkvæmd, sem sagt að þessu staðið á sama hátt og við gerum með okkar stórvirkjanir. Ég álít að með slíkum vinnubrögðum væri hægt að vinna varanlega vegagerð á Islandi á ekki meira en 5—10 árum, miðað við að eitt stórt verktakafyrirtæki fengi verkið eða þá tvö eða fjögur minni, ef eitt verktakafyrirtæki væri í gangi í hverjum landsfjórðungi og öll á sama tíma.

Ég gerði það að gamni mínu áður en ég kvaddi mér hljóðs að hringja út í Seðlabanka og tala þar við einhvern úr hagdeildinni og biðja um upplýsingar um gengi bandaríska dollarans eins og hann stóð á þessum degi 1964. Gengi bandaríska dollarans þá var 43,06 kr., sölugengi. Gengi bandaríska dollarans í dag er 117,70, sölugengi. Gengi 100 þús. kr. í þessum happdrættislánaskuldabréfum 1964 var 100 þús. kr., í dag er það 1200 þús. kr. Það segir sig sjálft að það hlýtur að vera miklu ódýrara fyrir okkur að taka erlent lán og gera stórátak um allt landið í einu og borga þá á 10 árum þrisvar sinnum stofnkostnaðinn, heldur en að taka innlent lán og borga 12 sinnum stofnkostnaðinn að 10 árum liðnum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri. Ég ætla bara að vona að hæstv. samgrh. sé mér sammála um það að endurskoða þurfi fjármögnunarleiðina, að átakið sé stórt og myndarlegt, sem hann hefur hér lagt fram, hef ég viljað leggja til að það verði enn þá stærra og öðruvísi að staðið, á sama hátt og okkar virkjanir eru, og að erlent lán verði tekið. Ég álít það vera a. m. k. helmingi ódýrara, ef ekki meira, heldur en happdrættislánaskuldabréfin. Að öðru leyti lýsi ég ánægju minni með það, sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh., og mun styðja hann í hans góða starfi í þessa átt.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil eins og annar ræðumaður, sem hér hefur komið, bera fram þakklæti mitt til hæstv. samgrh. fyrir þá ítarlegu grg. og skýringar sem hann hefur gefið okkur þm. í sambandi við það frv. sem hér er til umr. Þær voru vissulega fróðlegar og athyglisverðar allar þær upplýsingar og sú heildaryfirsýn sem maður fékk við að hlusta á ræðu ráðh. Þegar rætt er um vegamálin og nauðsyn á lagningu varanlegs slitlags á vegi landsins kemur ofarlega í huga manna — ekki síst okkar sem teljum okkur vera fulltrúa dreifbýlisins, að ævinlega þegar talað er við þá aðila, sem þar eru búsettir, þá finnur maður að efst á óskalista allra

þeirra, sem búa fjærst þéttbýlinu, eru framkvæmdir um bættar samgöngur. Þess vegna vek ég athygli á því til að mynda hvernig komið er málum í austurhluta Norður-Þingeyjarsýslu, að þar er ákaflega margt vangert og mjög nauðsynlegt að fljótlega verði tekið til alvarlegrar athugunar að bæta úr þeim miklu vanköntum sem eru til að mynda á vegasambandinu milli þorpanna við Þistilfjörð, Þórshafnar, Raufarhafnar og Kópaskers, því að eins og ég sagði fyrr: frumskilyrði þess að hægt sé yfirleitt að halda við byggð í dreifbýlinu eru bættar samgöngur. Ef hægt er að fullnægja óskum fólksins sem býr þar um það veigamikla atriði, þá held ég að mönnum komi almennt saman um að það séu margvíslegir kostir sem fylgja því einmitt að vera búsettur í dreifbýli, sem gætu vegið upp á móti því sem við köllum gæði þess að búa í þéttbýlinu.

Ég vil því leggja mikla áherslu á það að við afgreiðslu þessa frv. verði tekið til mjög gaumgæfilegrar athugunar að reyna eftir föngum að veita meira fjármagn til þess að bæta úr hinum miklu vandkvæðum sem þetta fólk á við að etja. Ég get vel fallist á þær skoðanir, sem hér hafa komið fram, um það jafnvel að breyta einhverju í sambandi við hlutfallaskiptingu af svokölluðu þéttbýlisfé.

Eins og kom fram í ræðu ráðh. er hér um gífurlega mikla upphæð að ræða sem það kostar að vega, ef svo mætti að orði komast, hið strjálbýla en víðfema land okkar. E. t. v. má segja og það af nokkurri sanngirni, að það sé líka kraftaverk hvað okkur hefur tekist að gera í vegamálum við jafnerfið skilyrði og við að mörgu leyti eigum við að etja sem byggjum þetta land.

Ráðh. kom inn á fjármögnunarleiðina og eins og oft áður í því sambandi verður maður var við, þegar rætt er um að fjármagna framkvæmdir í þessu þjóðfélagi, að þá er ráðamönnum mjög tamt að stöðvast við þá hugmynd að bjóða út svokölluð verðtryggð skuldabréf eða happdrættisbréfalán. Ég get tekið undir þau aðvörunarorð sem hv. 12. þm. Reykv. flutti hér áðan, að í sambandi við þessa tilhögun um útvegun fjármagns bæði til vegaframkvæmda og annarra framkvæmda í þessu þjóðfélagi, þá er það skoðun mín, að við séum komin nú þegar svo langt, að það nálgist hættusviðið í þeim málum, að nota þann hátt við fjármagnsútvegun sem hefur verið að bjóða út lán með þessum kjörum að lánin séu verðtryggð.

Ég hef einhvern tíma áður gert grein fyrir þeirri skoðun minni að fólgin sé stórkostleg hætta fyrir allt fjármálakerfi þjóðarinnar í þeirri stefnu sem fengið hefur að ráða og hefur verið allt of mikilsráðandi í sambandi við fjármunaöflun til framkvæmda í þessu þjóðfélagi, einhliða heimild hins opinbera til þess að verðtryggja skuldbindingar. Eins og kom greinilega fram í ræðu hv. 12. þm. Reykv. erum við á þennan hátt að keppa í of ríkum mæli um hið takmarkaða sparifé landsmanna sem á að standa undir öllum venjulegum rekstri og framkvæmdum og er fyllsta ástæða til þess að hafa hér gát á. Eins og hann benti á er svo komið að þessi fjármögnunarleið hefur að mínum dómi verið ofnýtt og er algjört ábyrgðarleysi ef nú er ekki stungið við fótum og þessi mál athuguð gaumgæfilega alveg niður í kjölinn. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það verður ekki lengur haldið áfram á þeirri braut að ríkið, einn aðili í þessu þjóðfélagi, geti notað þá aðstöðu að sitja sem einn aðili að þeim markaði að bjóða út verðtryggð skuldabréf, enda er svo komið, eins og bent hefur verið á, að þetta er eins og að lenda í höndum á verstu okurklóm.

Þau mál eru ekki til umr. núna og vonandi gefst tækifæri til að ræða þau á öðrum vettvangi. En ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun minni hér, að ég er ekki í nokkrum vafa um að almenn fjárhagsmál þjóðarinnar verða ekki leyst nema með því að opna hér almennan verðbréfamarkað í þjóðfélaginu þar sem við fjármögnun, hvort heldur er til almennra eða opinberra framkvæmda, verði greitt fyrir fjármagnið eins og það kostar á hverjum tíma og framboð og eftirspurn ein látin ráða.

Ég vil svo að öðru leyti lýsa stuðningi mínum við frv. og endurtek þakklæti mitt fyrir þá greinargóðu ræðu sem hæstv. samgrh. flutti í sambandi við þetta mál. Ég vona að þegar málið fær afgreiðslu verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar að reyna að hafa það sjónarmið fyrir augum að bæta úr þeim vandkvæðum sem dreifbýlið á við að búa í sambandi við samgöngumál almennt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir það hvað þeir hafa tekið þessu máli vel, og reyndar vissi ég fyrir fram að því yrði vel tekið, því að hér er um að ræða eitt af mestu málum þjóðar okkar. Næst atvinnumálunum eru samgöngumálin undirstöðuatriði að góðri afkomu í þjóðfélaginu. Það gleður mig að heyra það að undir þetta mál skuli vera tekið svo sem raun ber vitni um hér í hv. deild.

Ég vil í sambandi við þær upplýsingar, sem ég gaf hér áðan, geta þess að ég hefði haft ánægju af því að gefa enn frekari upplýsingar úr þessari merkilegu og vel unnu skýrslu frá Vegagerð ríkisins, sem ég er mjög þakklátur fyrir. Í þeirri áætlun er tekið fram um breytingu vega og annað þess háttar og flokkað niður í einstaka kafla, eins og ég gat um áðan, í sambandi við þá vegakafla sem hugsanlegt væri að leggja á varanlegt slitlag. Hér er unnið að stórri áætlunargerð. Það er vegurinn frá Hvolsvelli að austan hér vestur um og alla leið til Akureyrar, sem er aðalbrautin, unninn hér út í köflum og auk þess er svo til viðbótar tekinn, eins og ég gat um áðan, vegurinn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og stærstu hlutar vegarins um Suðurland til Austurlands. Þetta yfirlit gæti ég látið hv. samgn. fá þegar hún fer að vinna að þessu máli, sérstaklega þó þegar verður farið að vinna að vegáætluninni. Ég vil svo segja það að ég mun í samráði við Vegagerðina leitast við að halda áfram með þennan hring, sem hér er um að ræða, og taka það sem eftir er óunnið af þessu stóra máli.

Mér finnst líka ánægjulegt að heyra að hv. þm. eru sammála um að í þessu máli þurfi að taka heildarstefnu. Það er nauðsynlegt fyrir

okkur að gera slíka áætlun og það gladdi mig að heyra hér frá fleiri en einum þm. að það var síður en svo að þeim yxi þetta verkefni í augum, heldur vildu þeir tímasetja það með ekki minni hraða en ég nefndi hér áðan.

Út af því sem fram kom hér í ræðu hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljans, þá er að alveg rétt hjá honum að það er jafnnauðsynlegt að tengja innanhéraðs eins og milli héraða. En hvorugt má vanrækja og það verður að játast eins og er af okkur sem höfum setið lengi á þingi að við höfum verið meiri áhugamenn um að tengja vegina innan héraðs heldur en heildarveginn. Þetta hefur stafað einfaldlega af því að þegar við komum inn í þessi verk þá var svo mikið ógert í einstökum vegum úti um landsbyggðina að nauðsyn bar til að vinna að því máli. Það hefur verið gert, og eins og hv. 12. þm. Reykv. tók fram áðan höfum við leyst samgöngumálin með undraverðum hraða af svo fámennum hópi í þessu stóra landi. Hins vegar er orðin nú brýn nauðsyn að gera ærlegt átak í aðalveginum þar sem hann er hættur í raun og veru að þola þá umferð sem um hann fer, bæði bílafjöldann og bílastærðina, sem hvort tveggja er orðið allt annað en vegirnir voru byggðir til, bæði vegir og brýr, því að þetta nálgast það að bílarnir taki út í brúarhandriðin og þunginn sé líka ofraun þeim mörgum og svo er einnig með vegina, þess vegna þurfum við að gera um það ákveðna áætlun. Hin atriðin innan kjördæmanna tökum við aftur með venjulegum hætti við afgreiðslu vegáætlunarinnar eins og venja er til, og þess vegna fór ég ekki sérstaklega út í það í sambandi við þetta mál nú.

Það er eitt atriði í þessu frv. sem er nokkuð í samræmi við það, sem hv. 7. landsk., Helgi F. Seljan vék hér að, og það er ákvæðið um þjóðvegi heim í þéttbýliskjarnana sem eru að myndast, t. d. í kringum skólastaði og aðra slíka staði. Þetta hefur verið mikið vandamál. Þarna eru oft komnar margar fjölskyldur, getur verið 50—100 manns sem eru tengd slíkum stöðum, og væri því óeðlilegt að hafa ekki heimild til þess að mega taka þennan veg eins og aðra, þegar um einstaka bæi er að ræða, því að þarna eru oft miklu fleiri heimili en á þeim bæjum sem tengdir eru í enda á þjóðvegi.

Um það, sem hv. þm. sagði um þéttbýlisvegaféð í kaupstöðum og kauptúnum, vil ég í fyrsta lagi segja það að tveir stærstu þættirnir sem hafa verið í sambandi við þetta og fyrst og fremst þó sá stærsti, vegurinn gegnum Kópavog til Hafnarfjarðar, ríkið tók hann að sér að öllu leyti á s. l. ári, þannig að hann er ekki lengur tengdur þessu þéttbýlisfé. En rétt er það að þessi 10% fóru í þessa tvo staði, eins og kemur fram í grg., annars vegar Kópavog og hins vegar Selfoss. Gegnum Selfoss hefur nú einnig verið lokið við að gera varanlegan veg, svo að þessir stærstu staðir eru út úr dæminu og verða því fleiri sem njóta en ella svo að hér er um að ræða meira en tilfærsluna í prósentum. Hitt er svo annað mál að það er auðvitað hugsunin í þessu, eins og kemur fram í frv., að það séu þjóðvegirnir innan þessara kauptúna sem hafi forgang með þessu. Að því leyti er þetta þéttbýlisfé eins og kom fram í hans ræðu, að t. d. eins og á Reyðarfirði og Eskifirði mundi aðalvegurinn í gegnum þessa staði, sem tengdur er við þjóðveginn, verða að hafa þar forgang. En þetta léttir að sjálfsögðu fyrir í þessum byggðarlögum. Með þessari breytingu fá þeir miklu meira fjármagn og eru fljótari að leysa þetta verkefni, sem gerir það að verkum að það er líka auðveldara að fást við önnur verkefni að þeim loknum eða samhliða, eftir því sem hagkvæmt væri. Þess vegna er þetta nú veruleg breyting. Hins vegar það, sem hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, talaði um, að breyta hlutfallinu eins mikið og hann talaði um og miðað við höfðatölureglunа, var ekki talið rétt að lagt yrði til af hálfu rn. Ef það ætti að gerast, þá yrði það að vera í hv. Alþ. En hér er stigið verulegt spor einmitt í þá átt að bæta þarna um og gera kaupstöðunum og kauptúnunum léttara fyrir en ella, auk þess sem tekjurnar eru miklu meiri af hinu almenna gjaldi en áður hefur verið.

Ég tek undir það með hv. þm. Helga F. Seljan, að mér finnst það ekki óeðlilegt verkefni þó Byggðasjóður annaðhvort lánaði eða léti fé til vegagerðar, sem yrði nú sennilega fyrst og fremst lán, því að það eru fá byggðamál fyrir utan sjálf atvinnumálin, eins og ég áðan gat um, sem eru hagkvæmari en góðar samgöngur. Mér finnst því ekki óeðlilegt þótt Byggðasjóður með sínu aukna fjármagni lánaði til vegaframkvæmda í sambandi við ákveðin verk á ákveðnum stöðum til þess að greiða úr þessu máli.

Út af því, sem hv. 7. landsk. þm. sagði um sumarbústaðahverfin þá er hér eingöngu átt við hverfi. Þó að hann eða ég færi að byggja sumarbústað mundi það ekki þýða það að við fengjum veg þangað. Hins vegar væri sýslunefnd heimilt, eins og sýslunefnd Árnessýslu í þessu tilfelli, að taka þátt í kostnaði við veg heim að Ölfusborgum og sýslunefnd Mýrasýslu að taka þátt í kostnaði við vegagerð að Munaðarnesi til hverfanna sem hafa myndast á þessum stöðum. Nú er um þetta sem annað hægt að hafa mismunandi skoðanir. Hinu megum við ekki gleyma að það er verulega mikils virði fyrir héruðin að fá þessi stóru hverfi sem eiga veruleg viðskipti í byggðarlögunum og eru þeim þess vegna nokkur lyftistöng. Ég tel mig þekkja nokkuð til í mínu heimahéraði að þessu leyti og það má ekki gera lítið úr því hve mikils virði það hefur verið fyrir héraðið að fá það stóra hverfi sem þarna hefur byggst upp og heldur áfram að stækka. Sama er með Ölfusborgir og slík hverfi, að það er ekki ósanngjarnt þó að sýslunefnd eða sýsluvegasjóður legði eitthvað til þessara mála þegar um slíkt er að ræða.

Ég tek undir með hv. 7. landsk. um myndun kaupstaða, sem sleppa við sýsluvegasjóðsgjöldin. Ég hef yfirleitt verið á móti öllu slíku og hef sagt, kannske í nokkru grini, en þó held ég í meiri alvöru, að ég vonaðist til að öll mín ráð yrðu búin að vera í mínu heimabyggðarlagi áður en þar yrði gerður kaupstaður. Ég vil láta þessi kauptún vera í tengslum við byggðarlögin. Þessi byggðarlög hafa á margan hátt byggt þau upp og mér finnst sú stefna röng að slíta þau frá á þennan hátt. Ég hugsa að ég verði ekki svo gamall að ég skipti um skoðun á því

Út af því, sem hv. 2. þm. Vestf. sagði, þá nefndi

ég einnig Djúpveginn sem þátt í hringvegi, og það er meira að segja svo að það er til fé til þess að halda því verki áfram, sem er afgangur af þeim happdrættisbréfum sem seld voru á s. l. ári.

Ég held að það sé ekki rétt hjá hv. 12. þm. Reykv. að ríkissjóður hafi ekki getað greitt þau ríkisskuldabréf sem hann hefur þurft að innleysa, heldur hafi það verið þannig að það hefur ekki verið áhugi á því að það yrði gert. Eigendurnir hafa gjarnan viljað endurselja þau þótt þeir gætu fengið þau borguð út. Ég veit að þessi lán, sérstaklega spariskírteinalánin, eru dýr því að þau eru tengd byggingarvísitölunni. En hinu er ekki að neita að það er líka óskaplegur kostnaðarmunur hvort við erum að framkvæma uppbyggingu í dag eða við vorum að framkvæma hana fyrir 10 árum eða svo. Á því er orðin geysilega mikil breyting.

Ég vil segja það í sambandi við mál hv. 12. þm. Reykv. sem því miður er hér ekki viðstaddur, að auðvitað er engri loku fyrir það skotið að til komi erlent fjármagn til þessara verka, ekki síst stórverka, og m. a. hef ég fregnað af því að það geti komið til að erlendir aðilar gerðu tilboð í stórverk og hefðu möguleika til að fjármagna það með hagkvæmum hætti. Ég vil ekki hafa neina fordóma í því né öðru. Það verður að fara eftir því sem metið er hagkvæmast og líka hvað hægt er að taka að láni í erlendri mynt.

Út af því, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, þá tek ég undir það með honum að það er fátt sem fólkið úti á landsbyggðinni hefur meiri áhuga á en vegagerð og góðum samgöngum. Það er svo mikil breyting á þeirra lífi að hafa góðar samgöngur að brýna nauðsyn ber til þess að styðja vel að því máli.

En út af happdrættisbréfunum vil ég geta þess að þau hafa fleiri hliðar, sem ég tel til kosta, heldur en verðtrygginguna. Líka er það nokkur ánægja fyrir fólk að kaupa slík bréf til þess að stuðla að því að greiða fyrir samgöngubótum. Það er ekki nokkur vafi á því, að þetta hefur komið greinilega fram í sambandi við Skeiðarársandsveginn og þetta hefur einnig komið greinilega fram í sambandi við Djúpveginn. Ég held líka að það muni koma fram um einstaka þætti sem verða boðnir út. Að nokkru leyti hefur þetta orðið til þess að auka sparnað. Ég veit að það hefur að einhverju leyti farið í þetta fé, sem að öðrum kosti hefði lagst inn hjá lánastofnunum, en það hefur líka komið fé sem hefði að öðrum kosti ekki verið fest á þennan hátt eins og gert hefur verið. Hitt er ég honum sammála um, að nauðsyn ber til að gera þessi mál almennari. Ég hef löngum verið á þeirri skoðun að það væri afskaplega hæpið að halda áfram þeirri peningapólitík, sem við höfum gert, að hafa verðtryggingu á lánastarfsemi ekki meiri en gert hefur verið. Í því sambandi get ég vel tekið undir með honum um almennan verðbréfamarkað, að það sé skynsamleg leið. Það er svo t. d. með lífeyrissjóði hjá þeim aðilum sem hafa þá í óverðtryggðu fé, að þetta verður ekki að neinu. Því er brýn nauðsyn að taka þessi mál miklu fastari tökum og til alvarlegrar athugunar í framtíðinni. Ég get því verið honum sammála um það, að að þessu leyti er nauðsynlegt að taka þetta mál almennara en verið hefur. En kostur er líka við þessi happdrættislán að fólki þykir vænt um veginn sinn og það er stundum eins og mönnum þyki enn þá vænna um það sem þeir hafa lagt til að einhverju leyti.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Ég endurtek þakkir mínar og mun að sjálfsögðu verða til samstarfs við hv. n., þegar farið verður að vinna í þessu máli, og mun taka við ábendingum sem til betri vegar horfa, því að mestu máli skiptir að minni hyggju að ná upp heildarmynd af hinum stærri verkum okkar í vegagerð og gera áætlun um hvað við ætlum að vera fljótir að vinna það verk.

Umr. frestað.

Neðri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Innflutningur og eldi sauðnauta, frv. (þskj. 89). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til landbn. með 29 shlj. atkv.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 55, n. 114). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Allt fjh.- og viðskn. er á þskj. 114. N. mælir með því að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Það var skýrt hér við 1. umr. af hæstv. dómsmrh. og ég sé því ekki ástæðu til að hafa hér fleiri orð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Lánasjóður sveitarfélaga, frv. (þskj. 3). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 25). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar með nöfnum 14 erlendra ríkisborgara var lagt fram á síðasta reglulegu Alþ. Frv. var síðan vísað til hv. allshn. Ed. að lokinni 1. umr. N. fól formönnum allshn. beggja þd. og skrifstofustjóra Alþingis að athuga frv. og umsóknir þær sem því fylgdu, svo og umsóknir um ríkisborgararétt sem síðar bárust n., og var það sama málsmeðferð og tíðkuð hefur verið um afgreiðslu sams konar frv. á undangengnum þingum. Að þessari athugun lokinni lagði allshn. Ed. til, sbr. nál. á þskj. 889, dags. 7. maí s. l., að frv. yrði samþykkt með þeirri breytingu, að alls yrði 53 erlendum ríkisborgurum veittur ríkisborgararéttur. Frv. kom þó eigi til frekari umr. í þinginu og dagaði uppi þegar Alþ. var rofið.

Það hefur þess vegna nú orðið að ráði að flytja nýtt frv. þar sem upp væru teknir þeir umsækjendur sem allshn. hafði mælt með, svo sem ég hef rakið, og fullnægja þeim skilyrðum sem allshn. beggja þd. hafa komið sér saman um. Þetta frv. hefur nú verið samþ. óbreytt í hv. Ed. og ég geri ráð fyrir því að við þá afgreiðslu hafi verið höfð sömu vinnubrögð og áður, að það hafi verið haft samráð við allshn. Nd. eða formann allshn. Nd.

Ég leyfi mér með skírskotun til þess, sem ég hef rakið, að óska eftir því að þetta frv. geti fengið skjóta meðferð í þinginu og þá í þessari hv. d. eins og það hefur þegar fengið í hv. Ed. Hins vegar er svo stefnt að því síðar á þessu þingi að flutt verði nýtt frv. með nöfnum þeirra ríkisborgara sem síðar hafa sótt um ríkisborgararétt.

Ég vona að hægt verði að afgreiða þetta frv. fyrir áramót, eða áður en þingi lýkur, þannig að þeir, sem sótt höfðu um ríkisborgararéttinn á sínum tíma í vor og fullnægðu skilyrðum, þurfi ekki að verða fyrir frekari óþægindum vegna dráttar sem orðið hefur á því að frv. yrði afgreitt.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að fara fram á að frv. verði vísað til 2. umr. og fengið hv. allshn. til meðferðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Iðnfræðsla, frv. (þskj. 103). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 11. maí 1966, um iðnfræðslu, sem er á þskj. 103, gerir ráð fyrir breytingu á 12. gr. núgildandi l. um iðnfræðslu. Þetta frv. má segja að geri í meginatriðum ráð fyrir tveimur breytingum að því er varðar núgildandi lög. Í fyrsta lagi er ákveðið í núgildandi l. að aðeins einn iðnskóli skuli vera í hverju skólaumdæmi. Hér er lagt til að það, sem er hámarkstala í núgildandi l. að því er varðar iðnskóla í hverju skólaumdæmi, verði lágmarkstala framvegis. Í öðru lagi er hér um að ræða breytingu í þá átt að gera Barðastrandarsýslur að sérstöku skólaumdæmi.

Það er megintilgangur með flutningi þessa frv. að opna leið til, með þessum tveim breytingum á núgildandi iðnfræðslulögum, sem hér eru lagðar til, er geri kleift að reka áfram þann iðnskóla sem rekinn hefur verið á Patreksfirði í rösk 30 ár. Iðnaðarmannafélagið á Patreksfirði stofnaði iðnskóla þar í jan. 1942 og starfar sá skóli enn. Fram til ársins 1972 höfðu 137 nemendur innritast í skólann en 91 hafði lokið prófi. Margir þeirra, sem þarna um ræðir, hafa haldið áfram námi, þ. e. a. s. þeir sem ekki luku prófi á Patreksfirði. Skóli þessi, sem starfræktur hefur verið þetta lengi, hefur ekki notið neinnar fyrirgreiðslu að því er ég best veit úr ríkissjóði og hefur búið alla tíð við allþröngan kost, þótt ekki sé meira sagt, að því er varðar skólahúsnæði og allan aðbúnað. Þessi þrönga aðstaða hefur að sjálfu sér leitt til takmörkunar á nemendafjölda en innritunarár á þessu tímabili hafa aðeins verið 13. Skólinn hefur samt sem áður getað sinnt að mestu leyti þörfum þorpsins fyrir iðnfræðslu, þótt sumir hafi þó orðið að leita annað.

Eins og ég gat um áðan munu þeir, sem annað hafa leitað, undantekningarlítið eða undantekningarlaust hafa leitað hingað til Reykjavíkur til náms. Ég held að það liggi ljóst fyrir að ef ekki verður hér á breyting frá því sem nú er, á þann hátt að Iðnskólinn á Patreksfirði verði viðurkenndur af hálfu ríkisins, þá sé hætta á því á næstunni, vegna fjárhagslegra erfiðleika og slæmrar aðstöðu, að þessi skóli leggist niður. En með samþykkt þess frv., sem hér um ræðir, skapast grundvöllur til að efla þennan iðnskóla á Patreksfirði svo að iðnnemar á sunnanverðum Vestfjörðum neyðist ekki í framtíðinni til þess að leita til Reykjavíkur með iðnnám sitt.

Það er vonandi öllum hv. þdm. ljóst, ef þeir kynna sér þetta mál, að mikill áhugi hefur verið af hálfu heimamanna á því að skapa þann grundvöll sem til þarf til þess að festa örugglega í sessi til framtíðar þetta skólasetur þeirra Barðstrendinga. Bæði almenningur, sveitarfélagið og sýslunefndir svo og Fjórðungssamband Vestfjarða hafa gert ályktanir um þetta mál og allar fara þær í þá átt að óska þess eindregið að gerð verði breyting á iðnfræðslulögum til þess að þetta megi verða.

Það þarf ekki að taka það fram að nú að undanförnu hefur mikið verið rætt og ritað um aukna verkmenntun í skólakerfi hér á landi. Ég held að m. a. sé það, sem hér er lagt til, eitt af þeim atriðum sem styrki þá viðleitni sem uppi hefur verið til að auka verkmenntun í landinu og það sé því einn þáttur til þess að bæta þá viðleitni. Ég held líka að svo langur starfstími sem hér um ræðir hjá Iðnskóla Patreksfjarðar hljóti að hafa sannað þá nauðsyn sem á því er að slíkt skólasetur sé starfrækt á þessum slóðum.

Ég ætla svo ekki á þessu stigi máls að hafa um þetta öllu fleiri orð, en ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Tæknistofnun vestfirðinga, frv. (þskj. 105). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 105 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um Tæknistofnun vestfirðinga. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að sett verði á stofn á Ísafirði slík Tæknistofnun vestfirðinga sem nánar er gerð grein fyrir í frv. og henni ætlað það verkefni að starfa sem ráðgefandi aðili og taka að sér rannsóknarstörf, hönnunarstörf og eftirlitsstörf sem vinna þarf á Vestfjörðum á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einstaklinga sem þess óska.

Það er öllum hv. þm. kunnugt að á undanförnum árum og áratugum hefur hallað mjög á fjölmargar byggðir úti um landið, fjármagnið hefur streymt frá byggðarlögunum hingað til Reykjavíkursvæðisins, og það er einnig hægt að segja að byggðarlögin mörg hver úti um landið hafi farið á mis við allt of stóran hluta af þeirri þekkingu sem okkar menntakerfi skapar. Það er tilgangurinn m. a. með því frv., sem hér er til umr., að vinna þarna nokkuð á móti, hamla gegn því að fjármagn og þekking renni frá þeim byggðarlögum, sem í vök eiga að verjast, hingað til Reykjavíkur í jafnmiklum mæli og verið hefur og stuðla að því að vörn verði snúið í sókn í þessum efnum.

Það hefur verið svo að langstærsti hluti þess fólks, sem aflað hefur sér tæknimenntunar á undanförnum árum, hefur sest að hér á Reykjavíkursvæðinu, þ. á m. mikill fjöldi af fólki sem farið hefur til náms frá byggðarlögum úti um landið. Ég hygg að það liggi nokkuð í augum uppi að það sé tvímælalaust æskileg þróun að þá verkþekkingu, sem hinar ýmsu framkvæmdir úti um land á vegum bæði opinberra aðila og einkaaðila krefjast, þurfi ekki að sækja hingað suður til Reykjavíkur eins og nú er, heldur sé að sem allra mestu leyti hægt að færa sér hana í nyt heima í viðkomandi héruðum, að þeir sérfræðingar, sem á þarf að halda, séu þar til staðar.

Það hafa verið uppi margvíslegar hugleiðingar um að koma upp útibúum úti um land frá hinum ýmsu stofnunum ríkisins. Oft verður mótbáran gegn slíku sú að um sé að ræða of smáar einingar til að slíkt geti talist skynsamlegt. Það má segja að meginhugsunin í þessu frv. sé sú að sameina undir einni stjórn í einni stofnun verkefni, sem nú eru dreifð á margar stofnanir hér í Reykjavík eða á Reykjavíkursvæðinu, og gera þannig kleift að halda uppi einni myndarlegri slíkri stofnun á Ísafirði.

Þetta frv. miðar eingöngu við það að slík stofnun verði sett upp á Ísafirði. Að sjálfsögðu gæti komið til greina að hafa sama hátt á á fleiri stöðum, en ég hygg þó að allsterk rök séu fyrir því að einmitt á Vestfjörðum verði hafist handa í þessum efnum. Enginn landshluti hefur orðið jafnilla úti í þeim búferlaflutningum, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum og áratugum, og þar af leiðandi má segja að þörfin sé tvímælalaust hvergi meiri að vörn verði snúið í sókn. Það var fyrst á síðasta ári eftir mjög langt árabil að fólki í Vestfjarðakjördæmi fjölgaði lítillega á ný eftir árlega fækkun um langan tíma. Það er ákaflega mikil þörf á að fylgt verði eftir þeirri viðspyrnu sem þarna hefur þó orðið. Myndun slíkrar stofnunar, sem hér um ræðir, gæti að mínu viti stuðlað mjög að því að koma í veg fyrir frekari fólksflótta frá Vestfjörðum og snúa vörn í sókn.

Það er gert ráð fyrir því í 2. gr. þessa frv. að Framkvæmdastofnun ríkisins sé falið að hafa frumkvæði að því að slík tæknistofnun verði á fót sett. Og ég vil undirstrika það hér að ég tel að það sé nauðsyn að ríkisvaldið hafi þarna frumkvæðið í sínum höndum. En það er jafnframt tekið fram að þetta skuli gert í samvinnu við landshlutasamtök á Vestfjörðum. Varðandi stjórn þessarar stofnunar, sem talað er um í 4. gr. frv., þá er hins vegar gert ráð fyrir því að landshlutasamtökin, þ. e. a. s. Fjórðungssamband vestfirðinga, hafi meiri hluta í stjórn, 3 menn af 5 á móti 2 mönnum frá Framkvæmdastofnun ríkisins.

Ég vil aðeins minna á, hvaða verkefni það eru sem slík stofnun gæti haft með höndum og miðað er við í þessu frv. Í 3. gr. er talað um rannsóknar-, hönnunar- og eftirlitsstörf sem vinna þarf á Vestfjörðum á vegum ríkis, sveitarfélaga eða einstaklinga sem þess óska. Þarna getur verið um að ræða m. a. áætlanagerð, hönnun og eftirlit með byggingu hafna, rannsóknir, hönnun og eftirlit með byggingu raforkuvera, jarðvarmaveitna og fjarvarmaveitna. Hönnun vega, brúa og jarðganga, gerð flugvalla, gerð skipulags kaupstaða og kauptúna. Hönnun og eftirlit með hvers konar opinberum byggingum, svo sem skólum og sjúkrahúsum, hvers konar öryggiseftirlitsstörf, svo sem rafmagns- og eldvarnaeftirlit. Þá er enn fremur bent á það í grg. með frv. að eðlilegt sé að sú áætlanagerð, sem nú þegar er unnið að og launuð er að 3/4 hlutum af Framkvæmdastofnun ríkisins, þ. e. a. s. Framkvæmdastofnun ríkisins greiðir samkv. núgildandi l. 3/4 hluta launa eins starfsmanns, sem vinna skal við áætlanagerð í þessu ákveðna kjördæmi, og það er gert ráð fyrir því hér að eðlilegt væri, ef slíkri tæknistofnun væri komið á fót, að þessi störf verði unnin í tengslum við slíka stofnun eða beinlínis innan hennar.

Ég rakti hér áðan ýmis þau verkefni á vegum ríkisins sem eðlilegt væri að fela slíkri stofnun undirbúning að. Það má nefna framkvæmdir á vegum sveitarfélaga, svo sem gatna-, holræsa- og vatnsveitugerð, og einnig væri hægt að gera ráð fyrir því að útibú frá ákveðnum stofnunum hér í Reykjavík, t. d. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem er minnst á í grg., störfuðu í tengslum við eða innan við þessar ákveðnu tæknistofnun.

Í sambandi við verkefni stofnunarinnar er enn fremur vakin athygli á því að ef á stað eins og Ísafirði væru starfskraftar, sem við slíka stofnun ynnu og byggju yfir sérþekkingu hver á sínu sviði þá væri ekki ólíklegt að við þær aðstæður, sem þar eru, gætu þessir kraftar einnig komið að notum þannig að þeir sinntu að einhverju marki kennslu sem stundakennarar við hina ýmsu framhaldsskóla á staðnum. Þarna er um að ræða, eins og hv. þm. er kunnugt, bæði, menntaskóla og tækniskóla, vísi að tækniskóla.

Þá er kostnaðarhliðin í sambandi við þetta mál sem vert er að fara um fáum orðum. Ég

hygg að því þyrfti ekki að fylgja ýkjamikill aukakostnaður þó að þau verk, sem í dag eru unnin hér í Reykjavík, væru unnin vestur á Ísafirði, þau verkefni sem hér um ræðir. Laun mannanna væru væntanlega þau sömu og með því að tengja saman verkefni sem í dag eru á hendi allmargra stofnana hér, þá hygg ég að ætti að geta orðið full nýting þeirra starfskrafta sem þarna væri um að ræða. Það færi þó ekki hjá því að um nokkurn stofnkostnað yrði að ræða og er lagt til í þessu frv. að slíkur stofnkostnaður greiðist að 4/5 hlutum úr ríkissjóði en af 1/5 af samtökum sveitarfélaga í Vestfjarðakjördæmi. Og síðan segir í 5. gr. frv.: „Miða skal við að stofnunin selji þjónustu sína á gangverði, en verði um hallarekstur að ræða greiðist hann af sömu aðilum og í sömu hlutföllum og stofnkostnaður."

Hér er sem sagt ráð fyrir því gert að hinar ýmsu stofnanir ríkisins eða sveitarfélaga eigi þess kost að kaupa þá þjónustu, sem þær þurfa nú að kaupa hér suður í Reykjavík, þær eigi þess kost að kaupa þessa þjónustu af slíkri tæknistofnun á Ísafirði sem hér um ræðir á því verði sem eðlilegt má teljast á hverjum tíma.

Það er hér gert ráð fyrir því, að væri slík stofnun komin á fót, sé ríkisstofnunum og opinberum framkvæmdaaðilum yfirleitt skylt að leita fyrst til Tæknistofnunar vestfirðinga varðandi verkefni á Vestfjörðum þar sem um er að ræða þjónustu sem slík stofnun væri fær um að láta í té, en leita því aðeins annað að hún geti ekki tekið verkefnið að sér af einhverjum ástæðum með sambærilegum hætti og aðrir aðilar eða aðrar stofnanir. Þess skal getið að í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir því að slík stofnun geti sett upp útibú innan sama kjördæmis, að fengnu þó samþykki Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Ég vil láta þess getið að frv., sem ganga í svipaða átt og þetta, hafa áður komið fram á Alþ., en þau hafa þó öll, að ég hygg, en ég minnist tveggja, gengið mun skemmra. Þar hefur verið um að ræða verkfræðiskrifstofu eingöngu, þar sem gert hefur verið ráð fyrir kannske einum starfsmanni eða svo. En það frv., sem ég mæli hér fyrir, gerir ráð fyrir því að sem allra mest af t. d. hönnunarverkefnum, sem nú eru unnin hér í Reykjavík fyrir framkvæmdir á Vestfjörðum, verði á hendi þeirrar stofnunar sem þetta frv. gerir ráð fyrir að sett verði á stofn.

Ég mun ekki flytja miklu lengra mál til rökstuðnings því frv. sem ég hef lagt hér fram, en ég vil að lokum minna á að á Fjórðungsþingi vestfirðinga, sem haldið var í ágústmánuði s. l., var samþykkt einróma till. sem felur í sér tilmæli í þessa átt, og þessi samþykkt er svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Fjórðungsþing vestfirðinga 1974 skorar á þm. kjördæmisins að beita sér fyrir því á Alþ. að sett verði á stofn tæknibjónustustofnun á Vestfjörðum í samvinnu við sveitarfélögin, sem annist allt hönnunarstarf er framkvæma þarf á vegum ríkisins og sveitarfélaga í fjórðungnum. Það er álit Fjórðungsþingsins að slík stofnun gæti verið það stór að starfrækja mætti hana á tveim stöðum í fjórðungnum. Fjórðungsþingið minnir á að á hverju ári renna tugir millj. kr. út úr fjórðungnum til greiðslu á sérfræðivinnu, auk þess sem fjórðungurinn fer algerlega á mis við þá hagkvæmni sem af því leiðir að þessir menn séu búsettir í héraðinu."

Þetta var sem sagt tilvitnun í samþykkt Fjórðungsþingsins.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu, en legg til að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn., með tilliti til þess, að þarna er gert ráð fyrir að landshlutasamtök sveitarstjórna fari með meiri hluta í stjórn stofnunarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, frv. (þskj. 85). — 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef ásamt þeim Garðari Sigurðssyni, hv. 5. þm. Sunnl., og Þórarni Sigurjónssyni, hv. 2. þm. sama kjördæmis, leyft mér að flytja á þskj. 85 frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 frá 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Frv. okkar gerir ráð fyrir að tekið verði inn í l. ákvæði, sem áður var í gildandi l., um heimild fyrir smærri báta til veiða í sérstöku hólfi við suðurströndina tiltekinn tíma á ári. Þetta ákvæði hljóðar svo í hinum eldri l., með leyfi forseta:

„Skipum, 105 brúttólestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 15. febr. til 16. apríl upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Urðarvita og Faxaskersvita beri saman, og að vestan af línu réttvísandi suðvestur frá Þjórsárósi."

Þannig voru ákvæðin í hinum eldri l. varðandi þetta atriði, og er 1. gr. í frv. okkar shlj. þessu ákvæði að öðru leyti en því, að nú eru austurmörk svæðisins miðuð við Faxaskersvita og austurkant Ystakletts í stað Urðarvita áður, en Urðarviti sá, sem miðað var við, er nú kominn undir hraun og verður því ekki lengur við hann miðað.

Ég vil mjög undirstrika að hér er aðeins um veiðiheimild að ræða í tvo mánuði á ári hverju og að á þessu svæði er hvorki um hrygningarsvæði að ræða né uppeldisstöðvar. Fiskur gengur inn á þetta svæði á vissum tíma að vetri til eins og annars staðar við suðurströndina en stöðvast þar ekki. Sama ákvæði og hér um ræðir er í gildandi l. um tiltekið svæði við Reykjanes, hið svonefnda Grindavíkurhólf, að öðru leyti en því að þar er veiði heimiluð frá 1. jan. til 15. sept.

Frv. það, sem við flytjum hér, er flutt eftir tilmælum Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum, en veiðiheimildin, ef til kæmi, mundi að sjálfsögðu ná til allra báta hvaðan sem væri af landinu. Það sýndi sig, að meðan þetta svæði var opið til togveiða var það mjög mikilvægt fyrir þá báta sem stunduðu þessar veiðar við suðurströnd landsins. En togveiðar þarna valda engu tjóni, þar sem hvorki

er um að ræða uppeldisstöðvar ungfisks né hrygningarsvæði, eins og ég hef áður bent á.

Ég vil í sambandi við þetta mál láta þá skoðun mína í ljós, að ég tel að íslendingar verði að nýta fiskimið sín eftir því sem föng eru á og með þeim veiðarfærum, sem best henta á hverjum tíma og hverjum stað, en gæta þess jafnframt að ofveiði eigi sér ekki stað. En í veg fyrir ofveiði verður að mínum dómi aðeins komið með því að alfriða tiltekin svæði á helstu hrygningarstöðvum ákveðinn tíma meðan á hrygningu stendur, eins og nú er gert t. d. á Selvogsbankasvæðinu, og einnig að alfriða tiltekið svæði á helstu uppeldisstöðvum ungfisksins allt árið, en ekki aðeins lítinn hluta úr ári, tvo mánuði, eins og nú er gert úti fyrir Norðausturlandi. — Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á áliti fiskifræðinga okkar, sem fram hefur komið í fjölmiðlum, að þegar sé um ofveiði að ræða á helstu uppeldisstöðvum ungfisks. Tel ég að Alþ. verði að gefa gaum að þessari aðvörun fiskifræðinga og endurskoða afstöðu sína og auka enn frekar friðun við þessar eldisstöðvar en verið hefur.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þegar fjallað var um l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni í des. á s. l. ári voru gerðar fjölmargar breytingar á veiðiheimildum, eins og öllum þm. er kunnugt. Áður hafði verið heimilt að stunda togveiðar á minni skipum á tveim svæðum við suðurströndina upp að landi, þ. e. á Grindavíkursvæðinu, sem einkennt er með D. 6 í núgildandi l., og á því svæði, sem hér um ræðir. Grindavíkursvæðið var áfram opið, en þessu umtalaða svæði var lokað, enda fékkst ekki nein samstaða um það í hv. sjútvn. að hafa það opið áfram.

Nú hafa formenn í Vestmannaeyjum, einkum á minni bátunum, en þeir bátar eru margir, um 40 talsins og flestir gamlir og geta varla stundað fjarlæg mið, — formenn á þessum bátum hafa lýst miklum áhyggjum yfir lokun svæðisins og hafa mjög ákveðið farið fram á að það verði opnað aftur þótt ekki sé nema tvo mánuði ársins. Helstu mótbárur þeirra manna, sem ekki vildu halda svæðinu opnu á sínum tíma, voru þær að hér væri um smáfiskveiði að ræða og ekki kæmi til mála af þeim sökum að opna upp í land. Því er til að svara að af þessu svæði kemur að langmestu leyti góður fiskur, enda eru formenn þessir fullkomlega á því að fiskifræðingar hafi eftirlit með að ekki verði um smáfiskadráp að ræða, enda hafa sjómenn í Vestmannaeyjum löngum beitt sér fyrir verndun fisks, m. a. með því að hvetja til friðunar netasvæða og stækkunar á möskvum veiðarfæra, svo að eitthvað sé nefnt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., en ég treysti því, herra forseti, að þetta mál fái fljóta og góða afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 22. fundur.

Fimmtudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Jafnrétti sveitarfélaga í dreifbýli og Reykjavíkur í húsnæðismálum, þáltill. (þskj. 112). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sérkennslumál, þáltill. (þskj. 115). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Dýpkunarskip, þáltill. (þskj. 116). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi, þáltill. (þskj. 53). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og til fjvn. með 47 shlj. atkv.

Bygging kvenlækningadeildar Landsspítalans, þáltill. (þskj. 73). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 47 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ellilífeyrisgreiðslur til lífeyrissjóðsfélaga, þáltill. (þskj. 75). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 45 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kaup á farþegaskipi, er sigli milli Íslands, Færeyja, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, þáltill. (þskj. 77). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til fjvn. með 45 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég hef beðið um orðið utan dagskrár vegna þess að undanfarna daga hefur sérstæður atburður verið að gerast norður í Húnaflóa, sem sprottið hefur af tilraunum sjútvrn. til að koma í veg fyrir starfrækslu rækjuvinnslunnar á Blönduósi.

Við umr. á Alþ. 5. febr. s. l. sagði þáv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, að hann teldi óvinnandi veg

að kveða upp úr um það að tilteknir menn eða tiltekin fyrirtæki á ákveðnu svæði sætu ein að afla. En núv. hæstv. sjútvrh. virðist hins vegar vera á annarri skoðun og telja sér mögulegt að úthluta sameiginlegum náttúruauðlindum til einstakra fyrirtækja, m. a. með því að binda rækjuveiðileyfi tveggja Blönduósbáta því skilyrði að þeir legðu ekki upp afla sinn hjá vinnslustöð í heimahöfn. Ýmsir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, hafa komið til min og efast um lögmæti slíkra einokunarsjónarmiða nú á dögum. Eins og fram kom í sjónvarpinu nýlega hefur verið samin lögfræðileg álitsgerð um þetta efni að tilstuðlan þessara manna og hef ég aflað mér hennar. Hún er samin af hlutlausum aðila, Magnúsi Thoroddsen borgardómara, og fjallar um eftirfarandi spurningu:

„Er lögmætt að binda rækjuveiðileyfi skv. 10. gr. 1. mgr. 2. tölul. l. nr. 102/1973 því skilyrði að afli verði eða verði ekki lagður upp til vinnslu hjá tiltekinni vinnslustöð?“

Svar borgardómarans er á þessa leið, með leyfi forseta, en það er stutt:

„Samkv. hinu tilvitnaða lagaákvæði getur ráðh. veitt undanþágu til að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum innan fiskveiðilandhelginnar. Skal binda leyfin þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.

Við túlkun á því, hvaða skilyrði fyrir leyfisveitingu þyki nauðsynleg, ber að hafa í huga, hver er tilgangur l. nr. 102/1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni. Tilgangur l. er tvímælalaust sá að vernda fiskistofna, þ. á m. rækjustofninn hér við land, gegn ofveiði. Því væri löglegt að setja í veiðileyfin þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að ná þeim tilgangi, svo sem um gerð veiðarfæra, stærð skipa og fjölda, hámarksafla á skip, hámarksafla á tilteknu veiðisvæði eða skilyrði um fjölda úthaldsdaga eða togtíma svo að einhver hugsanleg skilyrði séu nefnd, en þó hvergi nærri tæmandi talin, enda mörg önnur skilyrði upp talin í þeim eyðublöðum sem rn. notar er það veitir leyfi þessi. Þegar hins vegar er farið að veita veiðileyfi með því skilyrði að afli verði ekki lagður upp til vinnslu hjá tiltekinni veiðistöð, þá getur það skilyrði ekki talist sett til að þjóna þeim tilgangi l., því að það þjónar engum verndunartilgangi, hvort rækjubáturinn A leggur upp afla sinn hjá vinnslustöð B eða C. Þá er tilgangurinn með skilyrðinu orðinn sá að vernda atvinnulíf á ákveðnum stað eða stöðum, en ekki sá að vernda fiskistofna. En slíkt skilyrði, sem er utan tilgangs l., tel ég óheimilt að setja í leyfi nema það byggðist á öðru settu lagaákvæði er heimilaði að setja slíkt skilorð. Þessi skoðun byggist fyrst og fremst á því að í 69. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33 17. júní 1944, segir: „Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til.“ Með vísan til þessa stjórnarskrárákvæðis ber að skýra þröngt allar lagaheimildir sem leggja bönd á atvinnufrelsi manna.

Í grg. með frv. til l. nr. 102/1973, þar sem fjallað er um 2. tölul. 10. gr. l., er varðandi skilyrði einungis tekið fram:

„Hér er þó kveðið skýrt á um heimild ráðh. til þess að binda leyfin þeim skilyrðum sem honum þykja nauðsynleg, m. a. að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.“

Þetta er eðlilegt skilyrði og í samræmi við tilgang laganna. Á hitt er hvergi minnst að ráðh. hefi heimild til þess að setja skilyrði í veiðileyfi er miði að því að vernda rækjuvinnslu tiltekinna sjávarplássa sem atvinnugrein, enda væri slíkt annarlegt skilyrði miðað við tilgang laganna.

Þá er rétt að benda á það að í auglýsingu sjútvrn. þetta ár varðandi umsóknir um rækjuveiðileyfi á Húnaflóa og fleiri stöðum er þess getið að veiðileyfin verði bundin skilyrðum. Nokkur þeirra eru talin upp, en ekkert minnst á það að sett kunni að verða skilyrði eins og það sem hér er um að tefla. Enn fremur má á það benda að framangreint skilyrði fer í bága við grundvallarreglur um jafnræði þegnanna þar sem ekki er vitað til að rn. hafi bundið önnur rækjuveiðileyfi nefndu skilyrði.

Að endingu má á það benda að í svari sjútvrh. á hinu háa Alþ. 5. ferbr. 1974, sbr. Alþingistíðindi þar um, út af fsp. um rækjuvinnslu á Húnaflóasvæðinu kemur fram að sjútvrn. telur sig þá ekki hafa heimild til þess að banna mönnum að setja á stofn rækjuvinnslustöðvar. Þessi ummæli sjútvrn. eru til þess fallin að skapa góða trú hjá forsvarsmönnum Særúnar h. f. um það að sjútvrn. mundi ekki banna þeim að vinna rækjuafla á Blönduósi ef þeir kæmu sér upp vinnslustöð.“

Þá er tilvitnunum lokið, en ég hef borið þessa fsp. fram vegna þess að þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, telja að þeir njóti ekki atvinnufrelsis samkv. stjórnarskrá landsins.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta var mikill og merkilegur lestur sem hv. þm. viðhafði hér áðan, en í l. um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi segir:

„Ráðh. getur veitt undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.“

Í auglýsingu sjútvn., þar sem auglýst er eftir umsóknum um rækjuveiðileyfi á Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa, segir:

„Rækjuveiðar á Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og Húnaflóa munu hefjast 1. okt. n. k. Veiðileyfi verða sem fyrr bundin þeim skilyrðum að veiðileyfishafi og eigandi báts hafi verið búsettur á viðkomandi svæði í a. m. k. eitt ár og báturinn sé þar skráður. Auk þess kann rn. að setja sérstakar reglur um stærðarmörk báta eða aðrar reglur sem horfa til takmörkunar á bátafjölda ef ástæða þykir til.“

Síðan segir að umsóknir skuli hafa borist fyrir tiltekinn tíma o. s. frv.

Það hefur verið gerður mikill úlfaþytur út af verksmiðju sem hefur verið reist á Blönduósi nýlega og sérstaklega í sambandi við veiðileyfi til tveggja báta frá Blönduósi sem sjútvrn. hefur gefið út. Ég ætla að lofa hv. alþm. að heyra

þessi skilyrði í því bréfi sem skipstjóri annars þessa báts fékk með sínu leyfi, en hitt leyfið er samhljóða. Það er á þessa leið:

„Með tilvísun til 10. gr. l. nr. 102 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, vill rn. leyfa Kára Snorrasyni skipstjóra á mb. Aðalbjörgu HU 25 að láta stunda rækjuveiðar með venjulegri rækjuvörpu á Húnaflóa. Leyfi þetta gildir frá 15. okt. 1974 til 30. apríl 1975 með þeim skilyrðum og takmörkunum sem greint er frá í bréfi þessu.

1. Telji rn. áframhaldandi veiðar óæskilegar vegna ástands rækjustofnsins eða annarra ástæðna, fellur leyfið úr gildi er ráðh. hefur tilkynnt stöðvun veiðanna. Auk þess skal reikna með að leyfisbréf þetta verði afturkallað þegar samanlagður afli þeirra báta, sem leggja upp rækjuafla til vinnslu á Hvammstanga, hefur numið 250 smálestum.

2. Fiskifélagi Íslands skal send skýrsla hálfsmánaðarlega um veiðarnar á eyðublöðum, sem Fiskifélagið leggur til, útfylltum eins og mælt er fyrir á þeim hvern veiðidag.

3. Í einu kg af vetrarrækju mega eigi vera fleiri en 300 stykki.

4. Möskvastærð rækjuvörpu skal hvergi vera minni en 36 mm miðað við blautt efni, sbr. 1. gr. og bráðabirgðaákvæði í reglugerð nr. 104 16. maí 1974, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

5. Leyfið miðast við að rækjuafli bátsins verði verði unninn til manneldis í viðurkenndri rækjuvinnslustöð á veiðisvæðinu.“ — Þessu bið ég hv. þm. að taka eftir.

„6. Leyfishafi skal gefa eftirlitsmönnum rn. sannar og réttar upplýsingar um aflamagn í hverri veiðiferð.

7. Leyfishafi skal hlíta reglum sem forráðamenn rækjuvinnslustöðva og rækjuveiðinefnd koma sér saman um, svo og lögum og reglum sem settar kunna að verða um meðferð og vinnslu rækju og hámarksstærð hennar.

8. Brot á ákvæðum veiðileyfis þessa og sérhver misnotkun á því að dómi rn. varðar sviptingu leyfisins um tiltekinn tíma eða missi þess eftir ákvörðun rn. Leyfisbréf þetta geymist um borð í bátnum.“

Svo mörg eru þau orð. Þessum ákvæðum hefur ekki verið breytt á einn eða annan veg frá því sem hefur tíðkast í sjútvrn. í fjöldamörg ár bæði hjá ráðh. sjávarútvegsmála úr Alþfl., ráðh. Alþb. og af mér. En ég leyfði mér að setja í leyfið — eða rn.: „frá viðurkenndri vinnslustöð“. Á því tímabili, sem þetta bréf er gefið út, er engin viðurkennd vinnslustöð á Blönduósi, og ef þetta er brot á stjórnarskránni, þá verður að taka því, þá leita þessir menn réttar síns. Svo hafa þessir ágætu menn sent rn. skaðabótakröfu upp á tæpar 15 millj. fyrir það að rn. hafi bannað þeim að byggja rækjuvinnslustöð á Blönduósi, og þeir koma með þessa kröfu 10 mínútum fyrir 5 á föstudegi og og vilja fá svar á mánudegi. Ég var ekkert að flýta mér að svara þessu. Ég veit ekki, hvað þeir meina, þessir herrar og talsmenn þeirra, sem mér skilst að séu komnir inn á Alþ. með þessa kröfu. Svo fara þeir og byggja rækjuverksmiðju á eftir og eru byrjaðir að vinna rækju og segja svo að ég, þessi vondi sjútvrh., sé margfalt verri en Lúðvík, hann sé eini frambærilegi fulltrúi einkaframtaksins og frelsisins, — ég hafi neitað. Hvar standa þessir menn? Svo eru skrifaðar hér dag eftir dag í blöð æsifregnir og æsigreinar, á sama tíma og það, sem ég er að gera, er það sem Lúðvík gerði ekki og ekki heldur Eggert G. Þorsteinsson. Ég vil fá samræmingu á veiðum sem eru háðar leyfum og fá til þess lagaheimild að koma einhverju skipulagi á að það fari saman, veiðar og vinnsla. Þessi lagaheimild er ekki fyrir hendi. Þess vegna er þessi Blönduósverksmiðja komin upp. Þess vegna eru þeir að vinna rækju. En þær gera ekki hlutina einfaldari, yfirlýsingar forsvarsmanna þessarar verksmiðju sem lýsa því yfir að þeir ætli ekki að hlíta neinum reglum. Þeir ætla að veiða þegar aðrir bátar hætta núna í des. — eins og bátar á öllum þessum svæðum gera — og þeir ætla sennilega að veiða líka á jólunum, eftir því sem blöðin segja.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég ætla að fylgja því mjög strangt eftir að einn eða tveir bátar haldi ekki áfram veiðum á tilteknum svæðum. Hér hefur öll þessi ár, — það geta fyrirrennarar mínir í embætti sjútvrh. borið um, — alltaf náðst samkomulag á veiðistöðvunum um að veiðar skuli lagðar niður á ákveðnu tímabili og hafnar aftur með samkomulagi á milli þessara aðila og sjútvrn. Ég ætla að nota mér heimild, á meðan hún er ekki tekin úr þessum lögum, til að stöðva menn sem ætla að halda áfram og vera einir og sér og halda að þeir séu einir í heiminum. Ég ætla að stöðva þær veiðar og láta þá sitja við það sama og aðra sem hafa stundað þessar veiðar og byggt lífsafkomu sinna kauptúna á þessum veiðum í fjölmörg ár.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. undraðist þá lesningu sem ég las upp. Ég las tilvitnun úr grg. eftir borgardómara og breytti ekki einu orði. Það, sem snýr að mér, er saga þessa báts sem heitir nú Aðalbjörg HU 25. Þessi bátur var lengi skráður í Reykjavík og búinn að hafa hér langt úthald. Þá þótti Alþ. hlýða að loka Faxaflóa fyrir bæði þessum bát og mörgum öðrum vegna verndunarsjónarmiða almennt talað. Eigendur þessa báts og margir fleiri töluðu við mig og áreiðanlega fleiri þm. sem eru hér í salnum núna, og við stóðum að því ýmsir eða meiri hl. hér á Alþ. að loka Faxaflóa í þágu almennra fiskveiða. Þá voru þessir menn sjólausir ef svo má segja. Þeir urðu að sækja langt út í Miðnessjó. Síðan reyndu þeir að fiska á Breiðafirði. Þeim var bannað það líka. Síðan reyndu þeir að fiska á Húnaflóa, þessir ungu menn sem standa að þessum bát. Þeim var bannað það líka. Og mælirinn er raunverulega fullur gagnvart þessum mönnum, ekki af því að þeir skilji ekki að það eigi að veiða fiskinn með ákveðnum hætti á ákveðnum tíma. Mér er það alveg nýtt, miðað við það sem þeir hafa talað við mig, ef þeir hlíta því ekki að hætta í dag ef tímabilið er úti í dag. Það er alveg nýtt fyrir mér. Þeir hafa marglýst því yfir í mín eyru að þeir muni sætta sig við það.

Það, sem þeir átta sig ekki á gagnstætt stjórnarskránni, er sú skerðing á atvinnufrelsi og að skipstjórnarréttindi þeirra gildi ekki nema á vissum svæðum. Það kom upp ein spurning, hvort bílstjóri, sem ekur leiðina Akureyri—Reykjavík, þurfi að fá sérstakan bílstjóra sem aki í Húnavatnssýslu. Það er kannske langsótt, en það mætti alveg eins hafa það með sama hætti ef vegirnir í Húnavatnssýslu eru sérstaklega viðkvæmir. Þessir menn eiga ekki svo auðveldan leik og þetta var meira gert til þess að vekja athygil á málinu varðandi framtíðina, með hvaða hætti við komum því fyrir, að þessum mönnum séu tryggð eðlileg starfsskilyrði við landið, — þessum mönnum sem eru á smábátum, — þegar það þykir rétt að binda þetta við búsetu og margt fleira. Alþ. verður að gera sér grein fyrir því að þessir menn hafa enn þá full starfsréttindi eða eiga að hafa. Hins vegar hefur þótt hlýða að loka vissum svæðum í heild, en ekki úthluta þeim á ákveðnar verksmiðjur eða ákveðna báta varðandi ákveðið aflamagn. Og verksmiðjan, sem um er rætt hérna, var viðurkennd síðar. Ég veit ekki annað en Fiskmat ríkisins hafi viðurkennt hana sem fullgilda vinnslustöð, og þá ætti það að vera frjálst. Þessi bátur og þessir tveir, sem aðallega er nú rifist um, hafa landað til skiptis á Hvammstanga og Skagaströnd og hafa þá þegar brotið af sér ef þeir hafa aðeins átt að landa á einum stað.

Þetta vildi ég að kæmi fram, herra forseti, jafnframt því sem ég þakka fyrir að mér skyldi vera gefinn kostur á að vekja athygli á þessu máli.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka það sérstaklega fram að þegar rækjuverksmiðja sú, sem hér var rætt um, rækjuverksmiðjan á Blönduósi hóf stafrækslu, þá hafði hún öll sín vinnsluvottorð í lagi. Þangað kom ekki rækja fyrr en öll vinnsluvottorð voru í lagi og allar heimildir, sem verksmiðjan þarf að hafa lögum samkv. til starfrækslu. Meginatriði málsins er svo auðvitað að það kemur fram í álitsgerð borgardómara að ráðstafanir sjútvrn. séu ekki löglegar, hvort sem þær eru réttlætanlegar eða ekki. Og þá vaknar sú spurning, hvort dómsmrh., sem á að sjá um framkvæmd tilskipana sjútvrn., ætlar að láta taka þessa báta þegar fyrir liggur álitsgerð frá borgardómara um að ráðstafanir sjútvrh. standist ekki lög.

Það er út af fyrir sig ánægjulegt til þess að vita, að formælendur hins frjálsa framtaks í landinu telji nú nauðsynlegt að taka upp áætlunarbúskap sem þeir hingað til hafa nefnt fjárfestingarhöft, boð og bönn. En ég er hræddur um að þeir hafi lært sinn áætlunarbúskap á skökkum stað, vegna þess að mér finnst þetta bera keim af því þegar Stalin sálaði var að fara af stað með sína fyrstu 5 ára landbúnaðaráætlun sem miðaði að því að útrýma kúlökkunum, sjálfseignabændunum í Sovétríkjunum.

Ég hef nokkrar áhyggjur af þessu máli, ekki sérstaklega varðandi Blönduós og Blönduósbúa, heldur vegna fólks sem stundar svipuð störf í mínu kjördæmi. Nú liggur það fyrir að um þessar mundir er verið að tvöfalda vélakost rækjuverksmiðju í Djúpuvík á Ströndum. Stjórn Byggðasjóðs hefur samþykkt lánveitingu til verksmiðjunnar, uppsetningu véla er að ljúka og verksmiðjan telur sig nú þegar hafa hráefni úr einum bát til vinnslu og forráðamenn hennar gera sér vonir um fleiri báta. Af þessu tilefni og vegna aðgerða sjútvrh. nú leyfi ég mér að spyrja hann: Er það meiningin að beita sömu viðbrögðum gegn þessari stækkuðu Djúpuvíkurverksmiðju og beitt hefur verið gegn verksmiðjunni á Blönduósi?

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil nú fyrst taka það fram, að ég felli mig ekki við það sem hér kom fram hjá hæstv. forseta, að ræðutími, þegar um er að ræða umr. utan dagskrár, sé takmarkaður með sama hætti og ákveðið er í fundarsköpum varðandi tilteknar fyrirspurnir. Þessu hefur verið mótmælt hér jafnan áður og aldrei beitt og ég tel það ekki viðunandi að það sé ekki hægt að taka hér upp umr. utan dagskrár án þess að þær séu skornar þannig niður að tímalengd. Ég vek athygli á því að þetta hefur aldrei verið gert. (**Forseti:** Það hefur oft verið gert.) Nei, ég vek athygli á því að umr. utan dagskrár hafa ekki verið takmarkaðar við tíma.

En í sambandi við það mál sem hér hefur verið tekið upp, þá þykir mér það alleinkennilegt. Það er engu líkara á því svari, sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh., en að það, sem sagt hefur verið um þetta mál að undanförnu, sé allt byggt á misskilningi, því að nú segir hæstv. ráðh. um þessa báta við Húnaflóa sem allur styrinn stendur um, að hann ætlist til þess að þeir sitji við sama borð og aðrir, hann vilji ekki láta þá veiða eina ef aðrir hætti. Ef málið er svona og hefur verið svona allan tímann, þá held ég að menn geti lagt alla þessa baráttu niður, því að ég trúi ekki að menn haldi lengi uppi baráttu þarna við Húnaflóann um það að ein hverjir tveir bátar frá Blönduósi fái meiri rétt en allir aðrir.

Ég vil líka segja það að þau skilyrði, sem sett voru af hálfu rn. fyrir þessum veiðileyfum voru að mínum dómi á allan hátt eðlileg og eins og áður hefur verið. Það sérstaka atriði, að ákvæði hafa verið um að rækjan skuli unnin í viðurkenndri rækjuvinnslustöð, það hefur alltaf verið miðað við það að slíkt ætti sér stað. Ég tók eftir því að hæstv. ráðh. sagði, að þegar leyfin voru veitt, þá hafi þessi stöð ekki verið til eða viðurkennd. Það breytir auðvitað ekki nokkru um þetta atriði. Þegar stöðin kemur og fær sína viðurkenningu, þá vitanlega fellur hún undir þessi skilyrði, og ráða þá þessar skilyrðisreglur auðvitað í þessu tilfelli eins og öllum öðrum. En ég vil hins vegar segja það í sambandi við þetta mál. — Já, hæstv. forseti, ég vildi aðeins fá að ljúka hér máli mínu vegna þess að ég tel að hér sé um umræður utan dagskrár að ræða um mál sem sé eðlilegt að menn fái að ræða um. Ég skal hins vegar vera stuttorður. — Hér er um það að ræða, sýnist mér, hvort á að taka upp þá reglu sem fram kemur í því frv. sem hér hefur verið flutt á Alþ. af hæstv. ríkisstj. um þetta mál, hvort það á að fara að

binda saman veiðileyfi í slíkum tilfellum sem þessum og það að setja megi skilyrði af hálfu rn. um það hvaða vinnslustöðvar eigi að vinna aflann. Ég fyrir mitt leyti er alveg á móti þessari stefnu. Ég tel hana hættulega og ranga og það eigi hér ekki að koma til aðrar hömlur en þær sem miða að því að þeir, sem veita fjárfestingalán, geti sett sín skilyrði fyrir lánveitingum. En að gefa sjútvrh. eða hvaða öðrum ráðh. sem er eða starfsmönnum hans leyfi til þess að segja að tiltekinn afla, sem leyft er að veiða, skuli vinna hjá tilteknu fyrirtæki, það tel ég mjög hæpið og við eigum ekki að fara inn á þá braut. Ég tel t. d., að það sé lítið unnið við það fyrir sjútvrh. að fá leyfi til þess að hann megi skera úr um hvaða rækjuvinnslustöð á Ísafirði eigi að vinna þar allan aflann.

Ég bið nú hætsv. forseta að endurskoða þessar reglur sínar, því að það verður ekki unað við það að ekki sé hægt að taka upp umr. utan dagskrár á Alþ. Það hefur verið bent á það áður, hverjar yrðu afleiðingar af slíku. Ef það er ekki hægt, þá verður það aðeins til þess að menn biðja um orðið í næsta máli á dagskrá og halda ræðu sinni áfram undir þeim lið, ef á að fara að beita slíku, og þá hefur þessi regla enga þýðingu í framkvæmd.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 2. þm. Austf. sagði, að það hefði aldrei fyrr á Alþ. komið fyrir að umr. utan dagskrár væru látnar sæta sömu þingsköpum og fyrirspurnir þær sem bornar eru fram á þinglegan hátt með nægilegum fyrirvara, þá er það algjörlega rangt. Ég mun síðar á þessum fundi vitna til þess, að það hefur oft komið fyrir áður. Ég tilkynnti í upphafi þessara umr. að sami háttur yrði hafður á um umr. utan dagskrár nú og um fsp. samkv. þingsköpum. Því andmælti enginn og ég mun halda mér við það sem ég tilkynnti þá.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Að vísu má segja að það sé til lítils að standa upp og ræða þetta hitamál á svo skömmum tíma sem veittur er og tek ég undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um það atriði. Þó vil ég freista að koma hér að tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi vil ég mótmæla þeim skilningi hv. fyrirspyrjanda að heimild sjútvrh. sé bundin við það eitt sem varðar fiskstofnana í sjónum. Við sátum báðir í þeirri n. sem undirbjó þetta frv., og ég hygg að hann muni minnast þess að ég vildi gjarnan koma þá að ákvæði um byggðasjónarmið, en það fékkst ekki. En ég varð aldrei var við það að því sjónarmiði mínu væri hins vegar mótmælt. Ég er þeirrar skoðunar að ríkisstj. beri, þegar hún veitir slíkt leyfi, að taka til greina öll þau mál sem hana varðar og varða landsmenn. Og ég tel að byggðasjónarmiðin séu þar ákaflega mikilvæg, það er viðurkennt mál. Og það er staðreynd að á þessu svæði eru byggðasjónarmiðin ákaflega mikilvæg.

Ég vil vekja athygli á því að atvinnulíf í Strandasýslu hefur bókstaflega byggst á því að strandamenn hafa lengi einir haldið uppi rækjuveiðum þegar þorskurinn hvarf af Húnaflóasvæðinu. Og ég vil einnig vekja athygli á því að á Skagagrönd hefur atvinnulíf verið endurreist með því að koma þar á rækjuvinnslu. Ég vil einnig vekja athygli á því að á þessu svæði eru 5 afkastamiklar vélar sem geta afkastað samtals um 4000 tonnum, en heimild er til að veiða þar 2300 lestir. Ég held að það sé óumdeilanlegt ef þarna bætast við tvær vélar í viðbót, að slíkt leiði aðeins til þess að þrýstingur verður vaxandi í þá átt að fleiri bátum verði hleypt inn á svæðið og getur ekki leitt til annars en að þarna verður hrun á rækjuveiðum á svipaðan máta og varð á Ísafjarðardjúpi og ég get ekki rakið hér.

Ég vil einnig vekja athygli á því að fiskifræðingar hafa fullyrt að rækjuveiðar á Húnaflóa séu núna í hámarki og komnar að hættumörkum og það megi ekkert út af bera. Ég tel það skyldu framkvæmdavaldsins við leyfisveitingar að taka tillit til þessarar mikilvægu staðreyndar. Ég fyrir mitt leyti mun ekki una við neitt annað.

Ég lýsi furðu minni á því sem fram kom hjá hv. 8. landsk. þm. áðan í þessu máli í sambandi við Árneshreppinn. Hann fullyrti að þar væri verið að tvöfalda vélakost. Mér er ekki kunnugt um það. Þar hefur aldrei verið rækjupillunarvél áður. Hins vegar hefur í Árneshreppi verið unnin rækja langan tíma með handpillun sem er varla eða ekki leyfð lengur. Þar er verið að setja upp eina litla danska vél til þess að halda því fólki við sem enn þá er á Djúpuvík. Þar er ekki um annað að ræða. Þar hefur verið gerður út bátur á rækju. Ég vildi gjarnan fá að vita hvort hann litur það einhverjum öfundaraugum.

Ég vil bæta því við að lokum að mér finnst satt að segja ástæða til að vara við því þegar fjármálamenn úr Reykjavík fara út á land til að ávaxta sína peninga á þann máta sem hér er um að ræða.

Ellert B. Schram: Herra forseti: Á þessu stigi málsins snýst deilan um rækjuveiðarnar á Húnaflóa um þá ákvörðun hæstv. ráðh., hvort banna eigi vinnslustöðina á Blönduósi. Auðvitað er það mjög slæmt að til slíkra takmarkana þurfi að koma, að umsvif manna séu takmörkuð með þessum hætti, og ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að vera mjög sterk rök til þess að setja slíkar takmarkanir. Ráðh. hefur sett fram sín sjónarmið og það verður auðvitað að meta undir þessum kringumstæðum eins og öðrum, hvort þetta eigi rétt á sér eða ekki. Hins vegar vek ég athygli á því, að það er auðvitað mjög algengt og ekkert nýtt, hvorki af hálfu ráðh. Sjálfstfl. né annarra, að það séu lagðar fram ýmsar reglugerðir sem fela í sér takmarkanir á umsvifum einstaklinga í atvinnurekstri og öðru, og þurfa þm. ekki að undra sig á slíkum reglugerðum.

Ráðh. hefur bætt inn í reglugerðina ákvæði þar sem segir að það skuli vera til staðar viðurkenndar vinnslustöðvar. Deilan snýst um það, hvort hann hafi lagastoð til þess að setja slíkt ákvæði inn í reglugerðina. Á það verður að sjálfsögðu að reyna — sjálfsagt hjá dómstólum — hvort slíkt reglugerðarákvæði stenst, og mun ég ekki blanda mér inn í þær deilur frekar hér.

En ég stend upp vegna þess að hv. 1. landsk. vakti athygli þm. á raunverulegum orsökum þessa vandamáls. Orsök þessa vandamáls er sú, að norður á miðin í Húnaflóa sækja sjómenn sem ekki hafa aðstöðu til þess að sækja mið á sínum heimastöðvum. Og þar á ég við að þarna er um að ræða, svo sem er á allra vitorði, báta sem gerðir hafa verið út hér sunnanlands, en nú hafa sótt á miðin í Húnaflóa. Þessir bátar sækja á önnur mið vegna þeirrar staðreyndar að þeirra heimamið eru lokuð núna. Faxaflóinn er lokaður fyrir þeim sem gerðir eru út á þessu svæði. Nú er svo komið fyrir mönnum, sem gera út þessa báta og eiga þá, að þeir geta ekki gert út á heimamið. Þeir geta ekki heldur selt sína báta vegna þess að þeir eru ekki gjaldgengir annars staðar vegna þeirra reglugerðarákvæða sem um það gilda og banna það að menn veiði eða geri út báta, nema þeir séu búnir að vera á skrá þar um tiltekinn tíma.

Ég vil ítreka þetta sjónarmið. Orsök þessa vandamáls er þessi fyrst og fremst að það er ekki búið að bátum hér sunnanlands, hér við Faxaflóann, sem skyldi. Ég skora á þingheim að taka það mál til rækilegrar athugunar og reyna að leysa þennan vanda Faxaflóabátanna með öðrum hætti en þeim að standa í stríði norðanlands.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal fúslega taka undir það sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan að það er vitaskuld mikið vandamál sem þessir bátar syðra eiga við að stríða. En vandamál þeirra verður ekki leyst á þann hátt að þeir flykkist til staða þar sem veiðar eru háðar leyfum og þar sem er takmarkaður afli. Ef við fjölgum þessum bátum verulega á þessum svæðum, þá er afkoma þeirra, sem fyrir eru, hrunin, enda hefur ekki gengið á öðru, frá því að ég kom í sjútvrn., en bréfum og sendinefndum frá þeim svæðum við Húnaflóa sem hafa stundað rækjuveiðar og rækjuvinnslu. Þeir hafa bent hvað eftir annað á þá miklu hættu sem er samfara því að fjölga verksmiðjum og fjölga bátum verulega frá því sem verið hefur, að þá sé í húfi þeirra afkoma. Og ég verð að segja það að þeir, sem eru brautryðjendur í rækjuveiðunum við Húnaflóa, eru strandamenn, eins og hv. 2. þm. Vestf. gat um, aðallega hólmvíkingar. Þessir menn þraukuðu mörg aflaleysisár við óskaplega erfiða afkomu og loksins þegar rækjan finnst þarna, þá byggist þeirra atvinnulíf upp að nýju. Síðan kemur Drangsnes, þar á eftir kemur Skagaströnd sem átti sína miklu erfiðleika og svo síðast Hvammstangi. Svo kemur hér einn þm., sem var í framboði á Vestfjörðum, landsk. þm., og er alveg undrandi á að það skuli ekki vera gert allt í senn — fjölgað sem sagt verksmiðjum og bátum, öllu eftir hentugleikum. Og auðvitað tekur 2. þm. Austf. undir, því að honum finnst lofið gott, að vera talinn eins frjálslyndur og hann hefur fengið að heyra frá kapítalistunum að undanförnu. Hv. 8. landsk. þm. spurði: Verður þessu ákvæði beitt gagnvart Djúpuvík, að banna stækkun verksmiðjunnar? Hv. 2. þm. Vestf. hefur nú leiðrétt það, þar er engin verksmiðja fyrir. Mér finnst þetta bera vott um mikinn ókunnugleika hjá mönnum sem búnir eru að vera í framboði í einu kjördæmi. Ég hef ekki beitt neinu ákvæði um að banna þessa verksmiðju á Blönduósi og ekki heldur þar af leiðandi á Djúpuvík, af þeirri einföldu ástæðu að ég hef ekki lagalegt leyfi til þess. Þess vegna er verksmiðjan á Blönduósi komin upp. Ég hélt að þetta væri auðskilið og ég vona að þm. skilji þetta núna.

Hitt er annað mál, samræming vinnslu og veiða verður að eiga sér stað ef á ekki að fara út fyrir allt velsæmi í þessum efnum þannig að það eigi að leggja niður atvinnulífið á þessum stöðum. Það verður ekki byggt upp í einu vetfangi, því skulu menn gera sér grein fyrir. Hér er ekki um neinar þvingunarráðstafanir að ræða. Alþ. er sammála um að beita þeim ákvæðum að þessar veiðar skuli háðar leyfisveitingum samkv. lögum. Þetta hefur verið framkvæmt af mörgum sjútvrh. á alveg sama hátt hvað snertir bátafjölda og allt í sambandi við veiðarnar, og það hef ég gert líka, að öðru leyti en því að þeir hafa aldrei beitt stærðarákvörðunum, en það hef ég sannarlega í huga að gera fyrir næstu vertíð til þess að koma í veg fyrir stórfellda fjölgun þessara báta á öllum þessum svæðum. Við skulum ekki heldur láta það liggja á milli hluta að þessar veiðar hafa verið svæðisbundnar, og það hefur ekki gilt fyrir reykvíkinga eina. T. d. um veiðar við Ísafjarðardjúp, þeir sem átt hafa báta á Súgandafirði hafa ekki fengið rækjuveiðileyfi við Ísafjarðardjúp, hvorki hjá Eggert G. Þorsteinssyni, Lúðvík Jósepssyni né mér. Þetta hefur verið algjörlega svæðisbundið. Sama er að segja um Arnarfjörðinn. Sama er að segja um Húnaflóann. (Gripið fram í.) Nei, ég var ekki að svara þessum hv. þm. Ég var búinn að því. Þessi svæði eru bundin við heimabáta. En ef við ætlum að hafa einhverja skynsemi og skipulag á sambandinu á milli vinnslu og veiða sem háðar eru sérstökum leyfum, þá sé ég ekki annað fært en að það frv., sem hér liggur fyrir, verði samþ., annað hvort óbreytt eða þá með einhverjum breyt. sem ekki breyta markmiði þess. Ég vænti þess að Alþ. beri gæfu til þess að samþ. slíkt frv. þó að það sé ekkert skemmtilegt að hafa slík ákvæði í höndum. Ég gæti mjög vel fellt mig við að einhver ákveðin stofnun hefði það, en ekki sjútvrn., því að rækjumálin hafa tekið þar allt of langan tíma.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki teygja lopann í þessum umr. frekar en þegar er orðið, en ég vil aðeins leiðrétta það sem hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, sagði hér áðan og hv. 11. landsk. þm. líka, að hér væri um eitthvert nýtt ákvæði að ræða í lögum um uppsetningu slíkra verksmiðja sem hér um ræðir. Sannleikurinn er sá að þetta er búið að vera um áratuga skeið í gildi í fiskmatslögum og er því ekkert nýtt.

Hitt langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. um: Ef það er rétt sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson segir, að veiðarnar á þessum svæðum hafi verið komnar á hættustig, var það þá rétt af Framkvæmdastofnuninni, sem þeir áttu báðir sæti í, hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Stein-

grímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., að gefa leyfi til byggingar á nýrri verksmiðju á Djúpuvík? Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þessir menn geri hreint fyrir sínum dyrum. Þeir segja á sömu stundinni að veiðarnar séu á algjöru hættustigi á þessu svæði, en veita jafnframt fjármagn til byggingar verksmiðju á svæðinu sem hlýtur óhjákvæmilega að framkalla auknar veiðar.

Það er rétt hjá hæstv. sjútvrh. að rækjumálin hafa tekið mikinn tíma alls starfsliðs rn. og ráðh. sjávarútvegsmála undanfarin ár. En það hefur alltaf tekist svo giftusamlega til að um þessi mál hefur náðst samkomulag við sérfræðinga á þessu sviði, þ. e. a. s. fiskifræðingana, og hlutaðeigandi verksmiðjur sem eðlilega kalla á aukið hráefni.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að þessir tveir þm., hæstv. ráðh. og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, svari síðar fyrir það að auka á þessa hættu með Djúpuvíkurverksmiðju og hve mikið þessi hætta eykst með tilkomu Blönduósverksmiðjunnar.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Í sambandi við þær umr., sem hér hafa orðið, vil ég láta mína skoðun koma fram.

Ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um það í hópi þm., að eðlilegt sé að sérstök leyfi þurfi til veiða á rækju og öðrum sjávarafla, sem líkt er ástatt um. Þannig hefur þetta verið og skoðun mín er sú að það sé tvímælalaust eðlilegra að það séu ákveðin tengsl á milli veiða og vinnslu í þessum efnum og það geti verið ástæða til þess að takmarka af hálfu stjórnvalda heimild til byggingar vinnslustöðva ekkert síður en heimildir til veiðanna.

Í því sérstaka tilviki sem hér er um að ræða, þá vil ég ekki segja neitt um það, ekki síst vegna þess hvað tíminn er takmarkaður, hvort þau skilyrði, sem sjútvrn. hefur sett, séu fyllilega í samræmi við lög eða ekki. Ég vænti þess þó að svo sé, en úr því munu dómstólar skera ef til kemur. Hitt vil ég taka fram, að miðað við þær sérstöku aðstæður, sem fyrir hendi eru í þeim byggðarlögum sem hér um ræðir, þá er málið þannig vaxið, að um er að ræða allmörg sjávarþorp: Hólmavík, Drangsnes, Skagaströnd og Hvammstanga, sem hafa verið ákaflega illa sett hvað atvinnulíf snertir um langan tíma á undanförnum árum. Þarna hefur atvinnulíf rést við á allra síðustu árum fyrst og fremst vegna tilkomu rækjuvinnslunnar, og það er um að ræða það mikla hagsmuni fyrir þessi þorp, að verndun þeirra hagsmuna verður að ganga fyrir öðru. Á Blönduósi er atvinnulífið hins vegar ekki byggt á sjávarafla, heldur öðru. Við getum hugsað okkur það að þarna væri reyndar um að ræða þorp eða kaupstað sem stæði kannske enn þá traustari fótum atvinnulega en Blönduós gerir, hefði engu að síður ekki byggt á sjávarafla, en allt í einu kæmu fjármálamenn úr Reykjavík til að reisa á slíkum stað rækjuverksmiðju sem gæti haft ákaflega alvarlegar afleiðingar fyrir þorp, sem á rækjunni hafa byggt. Í slíkum tilvikum verða stjórnvöld að hafa rétt til að grípa inn í.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég hygg, að það komi hins vegar mjög til greina, að vald í þessum efnum sé ekki eingöngu á hendi ráðh. eins og frv., sem hér hefur spunnist inn í umr., gerir ráð fyrir, en þetta vald verður að vera fyrir hendi hjá ábyrgum opinberum aðilum að mínu viti og það ber að nota.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 2. þm. Austurl., að ég felli mig hreint ekki við það, að ræðutíminn í svo mikilvægu máli sem hér um ræðir sé skorinn niður með þessum hætti. Ég veitti því ekki athygli, þegar hæstv. forseti kvað upp úr um þetta, en ég kvartaði undan því margsinnis undir stjórn Eysteins Jónssonar á sínum tíma, að hann stóð höggréttur með skeiðklukku í hendinni og skók skellu að mönnum í tíma og ótíma. Þetta vil ég biðja hæstv. forseta að athuga sérstaklega.

Það kom í ljós, að fyrir utan það sem hv. þm. 1. landsk. taldi ástæðu til að vekja athygli á þessu máli með því að koma hér upp, þá var aðalerindi hans að einhverjir kunningjar hans á smábát, sem ekki ná vopnum sínum annars staðar, eru á svingli við strendur landsins, og hann taldi þess vegna eðlilegt að þeir fengju að veiða norður í Húnaflóa. Og í leiðinni fór hann einhverjum orðum um það að lokað hefði verið Faxaflóa. Ég vil benda á, að þetta kemur því máli ekkert við sem hér um ræðir og hann notaði sér sem tækifæri til að standa upp út af kunningja sínum á þessum smábát. Annað mál er að líta sérstaklega á hans nauðsyn.

Hv. 8. landsk., Sighvatur Björgvinsson, sagði að meginatriðið væri það, sem kæmi fram í einhverju áliti borgardómara. Hvenær gafst þessum hv. borgardómara alræðisvald? Hvenær tók hann upp á því að segja upp lög hér á landi? Það er auðvitað ekkert meginatriði, þótt einhver borgardómari setji fram eitthvert álit. Meginatriðið er hvað er rétt og ekki síst hvað er sanngjarnt og eðlilegt í þessu tilfelli.

Lúðvík Jósepsson, hv. 2. þm. Austurl., lét það í ljós að þetta væri hættuleg og röng stefna, að binda þetta tvennt saman, og lét eiginlega að því liggja að hér væri um nýja stefnu að ræða. Ég vil benda á það, að í lögum frá 1938, um Síldarverksmiðjur ríkisins, segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta, sem byrjaður er nú að skaka skellu sína: „Hver sá, er reisa vill eða stækka síldarverksmiðju hér á landi, skal hafa til þess leyfi ríkisstj.“ Þetta er bundið í lögum. Svo er að því gætandi hvort hv. þm. hefur ekki kynnt sér þetta, hefur kannske byggt og stækkað verksmiðju t. d. í Neskaupstað án leyfis.

Ég vil ljúka máli mínu aðeins þetta: Þetta er ekki geðfellt í sjálfu sér að þurfa að grípa til þessara aðgerða sem gert hefur verið. En hver er undirstaðan í þeim reglum sem við höfum sett okkur í sambandi við veiðar og nýtingu fiskstofnanna? Undirstaðan er vitanlega tillit til báta, stærða og gerða þeirra, stærða og gerða veiðarfæranna og að það sé tekið sérstakt tillit til landssvæðanna. Ég var ekki ánægður með innihald þeirra reglna, sem settar voru, þó að ég félli mig við þær að sinni. Ég taldi að það þyrfti að stjórna þessu miklu lipurlegar en gert er. En eftir sem áður er þetta meginundir-

staða málsins eins og það liggur fyrir, og fyrir því er það að til þessara ráða er gripið og fjarri lagi, að hér sé verið að beita einhverjum ofsóknum gegn einhverjum lögfræðingum úr Reykjavík, sem langar til þess að græða fé, af því að þeir höfðu frétt, að þarna væri stórgróði á ferðinni hjá öðrum rækjuverksmiðjum. Ekkert sambærilegt er það heldur að lítið byggðarlag eins og Djúpavík, sem áður hefur fengist við nýtingu þessa sjávarafla, nái aðeins vopnum sínum með einum litlum bát, sem aðeins sækir í fjörðinn. Á allt þetta ber að líta. Um þetta höfum við verið sammála hér á hv. Alþ., að á þessi sérstöku skilyrði þyrfti að líta hverju sinni. Og þó að manni sé það ekki skapfellt eða öllu heldur mjög óskapfellilegt að setja slík ákvæði eins og um getur í því frv., sem lagt hefur verið fram, til laga um að það haldist í hendur vinnsla og veiðar, þá brýtur hér nauðsyn lög.,

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég fæ ekki varist því að undrast orð síðasta ræðumanns, er hann telur sjálfsagt að taka sérstakt tillit til báta, bátstærða og landssvæða, ef þau aðeins eru utan Reykjavíkur og Faxaflóa, og ég vil taka mjög undir þau orð sem hv. 11. þm. Reykv. hér viðhafði um vandamál þessara litlu báta héðan úr Reykjavík, sem m.a. er ein forsendan fyrir þessu vandamáli í Húnaflóa. Það er enginn vafi að þarna hefur verið farið illa að eigendum báta úr Reykjavík. Þeir hafa engar skaðabætur fengið vegna lokunar Faxaflóans eða fyrir það að bátar þeirra eru ónýttir og þar á meðal með þessu ákvæði, sem gerir að verkum að það er ekki hægt að selja þá til staða úti á landi.

En það er eitt atriði, sem var hér komið aðeins inn á, sem ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um, það hefur enginn annar komið inn á þetta frekar, og það eru þau ákvæði, sem eru í reglunum um kaup bátanna, að skipstjórnarmenn þeirra verða að hafa verið búsettir á staðnum um eins árs skeið. Nú er mér kunnugt um að með þeim bát, sem hér hefur verið nafngreindur og er til umr., munu hafa flust tveir fyrri eigendur, sem báðir eru með fyllstu skipstjórnarréttindi. En þegar báturinn kom í sína nýju heimahöfn máttu þeir ekki gegna skipstjórn á bátnum. Hins vegar mun 17 ára unglingur hafa fengið undanþágu fyrir, að mig minnir, 150 kr. uppi í ráðuneyti til þess að fara með skipstjórn á bátnum. Og það er innan við þann aldur sem þeir verða að hafa sem setjast í skipstjórnarskóla.

Vegna þeirra miklu umr. sem hafa orðið bæði hér á þingi og utan þings á undanförnum vikum um öryggi sjómanna, um aukið öryggi þeirra, sem allir eru sammála um, að m.a. eykst með því að skipstjórnarmenn séu betur menntir en þeir sem fá sín réttindi með 150 kr. gjaldi uppi í rn. og við höfum allir viðurkennt þetta, — ég hef ekki heyrt neinn mótmæla því, — þá vil ég aftur í framhaldi af mínum fyrri orðum leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort þetta geti verið rétt?

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessari fyrirspurn 8. þm. Reykv. Það hefur verið ákvæði í þessum skilyrðum, að ég held frá upphafi eða a.m.k. nú um þó nokkuð mörg ár, að skipstjóri hafi þurft að vera búsettur á svæðinu, enda eru veiðileyfi gefin út á nafn skipstjóra. En út af hinu atriðinu, sem þm. minntist á og er alveg rétt, að skipstjórinn, sem fékk þetta tiltekna veiðileyfi á Blönduósbát, fór, held ég, sjaldan með bátinn. Það var sótt um undanþágu fyrir son hans, en undanþágurnar eru afgr. í samgrn. og er rétt að þær kosta 150 kr. og þær voru veittar þar. En mér er sagt að þessi undanþága hafi verið afturkölluð, en það var ekki fyrir tilstilli sjútvrn., því að við gætum okkar mjög að koma ekki inn á starfsemi annarra ráðuneyta. Ég skal taka undir það sem hv. þm. sagði, að það er orðið ákaflega leiðinlegt að það sé hægt að veita undanþágur til eiginlega hvers og eins sem um þær sækir til þess að vera yfirmenn á bátum, jafnvel skipstjórar, fyrir 150 kr., en svo eru aftur strönga ákvæði um aldur manna er mega setjast í stýrimannaskóla og þeir verða að hafa haft ákveðinn reynslutíma á sjó. Það brann bátur 1. sept., held ég, í haust. Þar var stýrimaður á undanþágu, sem ég held að hafi verið 16 ára. Hann hefði ekki fengið inngöngu í stýrimannaskólann, en hann mátti vera stýrimaður á þessum bát af því að hann fékk undanþágu á 150 kr. Þessi undanþágufaraldur er auðvitað kominn langt út fyrir allt velsæmi og ég tek alveg undir það sem hv. þm. sagði hvað þetta snertir.

Út af því, sem 4. landsk. þm. sagði varðandi Djúpuvík, þá þarf ég ekki því við að bæta, sem 2. þm. Vestf. sagði. Ég tók ekki þátt í neinni afgreiðslu á lánum til Djúpuvíkur, þó að eg telji að þeir hafi átt það margfalt skilið, þessi nyrsti hreppur. Það skiptir töluverðu máli hvort þessi atvinnurekstur hefur verið í mörg ár og þarna er einn bátur, og kannske skiptir það mestu hvort þarna er einhver atvinnuvegur til að þetta fólk haldi áfram að búa þar, en hverfi ekki burtu.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar, en ég vænti þess, að þegar frv. um samræmingu vinnslu og veiða kemur frá n., þá geti menn fengið að tala eins og þeir vilja án þess að forseti slái svo í bjöllu sína sem hefur farið í taugarnar á sumum.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. forseti sagði að það væri ekki rétt, sem ég hefði haldið fram, að það hefði ekki verið takmarkaður tími á þennan hátt þegar um umr. utan dagskrár hefði verið að ræða. Það má vel vera að það finnist þess einhver dæmi að slíkt hafði verið gert, en það er líka auðvelt að sýna það, að farið hafa fram á hverju einasta þingi langar og miklar umr. utan dagskrár án þess að tími hafi verið takmarkaður. Og ég held að þessar umr. hafi greinilega leitt það í ljós, að ef um er að ræða umr. utan dagskrár, þá er ekki réttmætt að takmarka þær á þennan hátt. Ég vonast nú til að hæstv. forseti athugi það framvegis að þetta fær illa staðist.

Ég fyrir mitt leyti hef ekki hér tekið neina afstöðu til Húnaflóamálsins sem slíks. Ég get tekið undir það sem hér hefur verið sagt um þörf margra byggðarlaga þar til þess að rétta

sig af atvinnulega. Hæstv. sjútvrh. meira að segja leyfði sér að snúa þannig út úr orðum mínum, að ég væri að taka hér undir kröfur um fjölgun báta og fjölgun vinnslustöðva. Allt er þetta auðvitað algerlega út í hött. Ég hef einmitt tekið það fram að ég er sammála um að það verði að takmarka, þegar svo stendur á, fjölda báta og það þurfi að setja skilyrði á svipaðan hátt og rn. setti. Ég lýsti því yfir að ég væri sammála þessu og ég geri mér grein fyrir því að hér er um svæðisbundnar veiðar að ræða. Það, sem ég tel vera kjarnann í þessu máli er ekki það hvernig atvinnulífið á að vera á Skagaströnd, Blönduósi eða Hólmavík. Kjarninn í málinu er: Á að fara að binda veiðiheimildir, veiðileyfi báta við það í hvaða vinnslustöð þeir leggja upp afla sinn, og á að gefa einhverjum ráðh. eða embættismönnum hans heimild til að ákveða að sá afli, sem veiddur er í Ísafjarðardjúpi, sé unninn í tilteknu frystihúsi? Það er sem ég sjái það, ef ég hefði t. d. beitt þessu þannig að rækjuvinnslubátarnir á Ísafirði hefðu átt að leggja allan sinn afla upp í eitt eða tvö frystihús þar, af því að það væri hagkvæmara. Þá er ég nú hræddur um að einhverjir hefðu risið upp. Ég fyrir mitt leyti er á móti þessu. Ég tel það rangt. Ég tel hins vegar eðlilegt að þær lánastofnanir, sem fjalla um það hvort á að veita ný stofnlán til nýrra fyrirtækja, geta neitað að bæta við lánum umfram það sem orðið er. Hitt er í rauninni algjör nýlunda og ég er hræddur um að úr því verði mikil flækja þegar málið verður komið þannig að einn ráðh. eða embættismenn hans geta sett það skilyrði í sambandi við veiðileyfi að mennirnir leggi upp afla sinn hjá tilteknu fyrirtæki, en þannig er einmitt það frv., sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt hér fram. Að þessu leyti til er ég á móti þessu frv.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur að nokkru svarað þeirri fsp. sem hv. fyrrv. sjútvrh. hv. þm., Eggert G. Þorsteinsson, beindi til okkar, út af lánveitingum úr Byggðasjóði. Ég sé hann reyndar ekki í salnum, en ég vil þó svara. Ég greiddi atkv. með þessari lánveitingu, enda er aðstaða í Árneshreppi allt, allt önnur en á Blönduósi. Ég veit að hv. þm. gerir sér grein fyrir því að sú vél, sem þar á að setja upp, afkastar aðeins broti af því sem hinar afkastamiklu vélar á Blönduósi geta unnið. Hún afkastar u. þ. b. 100 kg á klst., en hinar margföldu því magni. Auk þess hefur verið unnin rækja í Árneshreppi lengi. Þar er gerður út einn bátur, og fyrir þessa vél er þessi eini bátur nóg. Með þessu er ekki verið að ofgera aflanum eða veiðinni á Húnaflóa.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því hins vegar að ég hef ávallt litið svo á, að í þessu sambandi beri að taka til greina fleiri sjónarmið en aflamagn og megi kannski tefla á tæpara vað, ef önnur sjónarmið eru þar mikilvæg einnig. Ég hef tvívegis flutt í Ed. frv. um leyfi til að reisa vinnslustöðvar á þeim sviðum, þar sem aflatakmörkun er, og í því frv. kemur greinilega fram, að ég ætlast til þess, að einnig sé tekið tillit til byggðasjónarmiða. Ég vona því að afstaða mín til þessa máls sé ljós.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. sagði áðan að þetta mál hefði tekið mikinn tíma í hans rn. Það skal mig ekki undra, ef það er rétt, eins og virðist hafa komið fram við þessar umr., að hann skilur ekki um hvað málið fjallar, því að í þessum umr. hefur hann talað þvert á það sem við hinir höfum verið að segja. Hann hefur talað algjörlega í kross við okkur. Hann er alltaf að fjasa um það, að ég og aðrir, sem hér hafa tekið til máls og gagnrýnt þessar ákvarðanir hans, viljum opna öll rækjumið fyrir öllum bátum. Hann fjasaði um þetta þegar það frv. var til umr. hér í þinginu, sem hefur dregist inn í þessar umr., og hann fjasar um það enn, en það er alls ekki um það sem við erum að tala. Við erum ekki að fara fram á að öll rækjumið séu opnuð öllum bátum. Hér er um það að ræða að sjútvrn. virðist ætla að ráða því hvar rækjuafli er unninn án þess að hafa til þess lagalega heimild. Það er málið, sem verið er að ræða um, og Flóabardagi hinn nýi, eins og hann hefur verið kallaður, stendur um það, hvort sjútvrn. eigi að standa í vegi fyrir nýrri rækjuverksmiðju á Húnaflóasvæðinu. Ef sjútvrh. hefur eitthvað misskilið þetta, þá er hægt að leggja fyrir hann hreina og klára fsp., sem mundi hljóða svo:

„Hefur ráðh. á móti því, að þeir bátar, sem þegar hafa fengið veiðileyfi í Húnaflóa og uppfylla öll skilyrði, semji við rækjuvinnslustöðina á Blönduósi um vinnslu síns rækjuafla?“

Ástæðan fyrir því að ég tók til máls hér áðan, var sú, að á sama tíma og rn. grípur til þessara aðgerða gegn nýrri rækjuverksmiðju á Húnaflóasvæðinu, verksmiðjunni á Blönduósi, er önnur ný verksmiðja að taka til starfa í Djúpuvík, og ég spurði hvort ætla mætti að sjútvrn. beitti sömu aðferðum gagnvart þeirri nýju verksmiðju við Húnaflóa og það hefur beitt gegn hinni nýju verksmiðju á Blönduósi.

Hv. 2. þm. Vestf. talaði um mikla afkastagetu verksmiðjanna sem fyrir eru á Húnaflóasvæðinu. Þetta er rangur útreikningur. Hann er miðaður við að verksmiðjurnar séu keyrðar 24 klst. á sólarhring og yfir lengri tíma en vinnslutíminn er. Ég vil taka það fram líka, — ég er alveg að ljúka máli mínu, forseti, — ég vil taka það fram líka, að ég hef í höndum upplýsingar, staðfestar af Hafrannsóknastofnuninni, um afla á Húnaflóasvæðinu, rækjuafla, sem gjörsamlega stangast á við þá fullyrðingu hv. 2. þm. Vestf., að þar sé um ofveiði að ræða. Á s. l. 4 árum, segja þessar tölur okkur, að rækjuaflinn hafi farið vaxandi ár frá ári yfir veiðitímann og ár frá ári á togtíma, og það bendir ekki til þess að stofninn sé í hættu, og það bendir ekki til þess að sjútvrn. eigi að grípa til þeirra ráðstafana gegn verksmiðjunni í Djúpuvík á Ströndum að nota sömu aðferðir gegn henni eins og nú er verið að nota gegn verksmiðjunni á Blönduósi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal reyna að halda mér innan þeirra tímamarka, sem þér hafið sett í þessum umr., og styð till. yðar um að takmarka umr. sem eiga sér stað utan dagskrár.

Í umr. þessum hafa nokkrir hv. þm. getið þess, að ekki sé réttlætanlegt að peningamenn úr

Reykjavík fjárfesti úti á landi. Vonandi er þetta ekki sagt til þess að auka á tortryggni í garð Reykjavíkurvaldsins svokallaða. Ég mundi fagna því, ef fjármagn er fyrir hendi hjá reykvíkingum eða öðrum landsmönnum, að þá noti þeir það til uppbyggingar á atvinnufyrirtækjum úti á landi og sem víðast. Hugsanlega gætu slíkar fjárfestingar létt á bankakerfinu og minnkað ásókn sveitarfélaga almennt um aðstoð frá því opinbera eða frá peningastofnunum til að byggja upp atvinnuskapandi fyrirtæki í hinum ýmsu byggðarlögum. Að sjálfsögðu eiga íslendingar allir að ráða því, hvar í landinu þeir nota sína fjármuni. Vonandi eykst samstarf milli stórhuga manna á hinum ýmsu stöðum, sem gæti orðið til uppbyggingar atvinnulífi og hagsældar hvar sem þeir fjárfesta á landinu. Málið sjálft vil ég ekki ræða hér. Ég tel að umr. hafi farið út úr þeim stakki, sem þeim hefði átt að sníða. Hér er um deilu að ræða og ég treysti engum betur en hæstv. sjútvrh. til að finna farsæla lausn, sem allir megi vel við una.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég vil taka fram eftirfarandi út af því, sem hv. 2. þm. Austf. sagði þegar hann hóf mál sitt hið fyrra sinn, að það hefði aldrei fyrr verið beitt takmörkunum á ræðutíma utan dagskrár. Það má vel vera að hv. þm. hafi aldrei orðið var við það, því að hann hefði fráleitt sagt þetta ef hann hefði vitað betur. En til þess að staðfesta það sem ég sagði áðan, þá var 28. jan. 1974 beitt svipuðum takmörkunum og nú af Gils Guðmundssyni, forseta Nd. Og 13. febr. 1974 var einnig beitt sömu takmörkunum af Gils Guðmundssyni. 19. febr. 1974 var einnig beitt takmörkunum á ræðutíma utan dagskrár af Eysteini Jónssyni, forseta Sþ., og ennfremur 26. febrúar 1974 af forseta Eysteini Jónssyni. Ég geri ráð fyrir því, að það megi finna slík dæmi miklu oftar í þingsögunni, en það hefur ekki unnist tími til þess að leita að því nú. En þetta vildi ég upplýsa til þess að staðfesta það er ég áðan sagði.

Þá hefur hv. 4. þm. Austf. beðið um orðið utan dagskrár og verður einnig í því máli, er hann ræðir, viðhafður sami ræðutími og þingsköp leyfa um fsp. sem bornar eru fram skriflega.

Umræður utan dagskrár.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ástæðan til þess að ég kvað mér hljóðs utan dagskrár, er sú að miklir og alvarlegir erfiðleikar eru í raforkumálum Austurlands og fyrirsjáanlegur skortur á raforku í vetur.

Eins og kunnugt er átti Lagarfossvirkjun að taka til starfa um n. k. áramót, en það hefur nú skeð, sem raunar hefur verið upplýst hér áður, að hún mun ekki komast í gagnið fyrr en seinast í marsmánuði eða jafnvel síðar. Einnig er þess að geta að orkuþörf á Austurlandi hefur vaxið síðan í fyrra á sama tíma um sem svarar 1 mw. Loðnuvinnslutíminn á Austurlandi varir fram í marsmánuð, að líkindum fram í miðjan mánuð eða jafnvel lengur. Í fyrra var það um miðjan marsmánuð sem lauk loðnuvinnslu eystra. Það er því sýnilegt, að það horfir til vandræða í sambandi við loðnuvinnsluna á komandi loðnuvertíð, og er talið að það muni vanta um 2 mw af raforku til þess að fullnægjandi megi heita fyrir loðnutímabilið. Á þessu svæði eru 11 síldarverksmiðjur og litlu fleiri frystihús og starfræksla þessara fyrirtækja er geysilega þýðingarmikill þáttur í að hagnýta loðnuna. Heildarverðmæti loðnuaflans í fyrravetur, þegar búið er að framleiða mjöl, lýsi og frysta loðnu, mun nema um 4.2 milljörðum kr. Þar af er hlutur Austurlands um 32.4% eða 1365 millj. kr., þannig að hér er mikið í húfi ef þessar verksmiðjur og frystihús skortir rafmagn til þess að hægt verði að starfrækja þessi atvinnutæki á loðnuvertíðinni í vetur.

Í fyrravetur var um að ræða orkuskort og þá var þetta mál leyst þannig, að tekin var á leigu gastúrbínuvél frá Noregi, sem framleiddi um 1300 kw. eða 1,3 mw. Nú er þessi möguleiki ekki fyrir hendi. Það er ekki hægt að fá þessa vél eða vélar þaðan leigðar í vetur, aðeins hægt að fá þær keyptar og þær eru rándýrar, kosta um 40 millj. kr. og þar að auki mjög eyðslufrekar. En hvað er þá til ráða? Það þarf að hefjast handa strax. Það má enginn dráttur á verða. Ég vil benda á tvær leiðir í þessu efni. Önnur leiðin er sú að keyptar verði dísilvélar frá Bandaríkjunum, sem hægt er að fá keyptar, litlar vélar, sem framleiða um 1 mw. af raforku og kosta um 14 millj. ísl. kr. Það er víst hægt að fá þær afgreiddar með litlum fyrirvara og þyrfti tvær vélar, sem mundu kosta 28 millj. kr. Í öðru lagi er hugsanlegt, að hægt sé að finna gamlar bátavélar, stærri báta, sem ekki eru notaðar eða jafnvel vélar úr togurum, sem hafa verið lagðar af, og tengja rafal við þær og hagnýta þær þennan tíma sem loðnuvertíðin varir. Það er sýnilegt að hefjast þarf handa mjög rösklega í þessu máli, ef ekki á að verða hætta á að truflanir verði á starfrækslu loðnuverksmiðjanna og jafnvel frystihúsanna.

Ég vil því beina þeirri fsp. til hæstv. raforkurh. hvort hann geti upplýst þingheim nánar um þetta mál, annaðhvort nú eða þá síðar, þegar hann hefur fengið meiri tíma til að undirbúa svar sitt og jafnframt að hann beiti áhrifum sínum til að tryggja næga raforku á Austurlandi í vetur til þess að loðnuvinnslunni verði ekki stefnt í hættu á komandi vertíð vegna raforkuskorts. Það liggur fyrir fsp. frá hv. 5. þm. Austurl. um þetta efni, en tíminn hleypur frá okkur og þetta er auðvitað mjög skammur tími til þess að gera ráðstafanir, og þess vegna vildi ég leyfa mér að hreyfa þessu máli hér og beina þessari fsp. og þessum tilmælum til hæstv. raforkurh.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hv. 4. þm. Austf. hefur beint til mín fsp. og tilmælum í sambandi við hið alvarlega ástand orkumála á Austurlandi. Í ræðu sinni gerði hv. þm. allglögga grein fyrir ástandi og horfum þessara mála.

Ég vil í því sambandi fyrst geta þess að nú fyrir nokkru var lagt fram á Alþ. stjfrv. um virkjun Bessastaðaár, þar sem gert er ráð fyrir að orkuframleiðslan verði 30—32 mw., en gera

má ráð fyrir að sú virkjun gæti tekið til starfa eftir u. þ. b. 4 ár, ef vel gengur. Þegar ég lagði þetta frv. fram gerði ég nokkra grein fyrir ástandi í orkumálum Austfjarða. En svo er mál með vexti að núverandi vatnsaflsstöðvar þar eru u. þ. b. 5 mw. að afli og Lagarfossvirkjun, sem er í smíðum, mundi hafa um 7.5 mw. Þegar hún er komin í notkun fara þessar vatnsaflsstöðvar nokkuð langt til þess að fullnægja orkuþörfinni rétt í bili, en skortir þó nokkuð á engu að síður, þannig að ljóst er að mikil þörf er á því að hraða sem unnt er hinum næsta áfanga í þessum efnum sem er virkjun Bessastaðaár.

Í framsöguræðu minni um það mál rakti ég gang Lagarfossvirkjunar í stórum dráttum. Ætlunin var að hún væri komin í notkun nú, en dráttur hefur orðið verulegur á tækjum og rafbúnaði frá Tékkóslóvakíu. Í sept. var það mál tekið upp alvarlega í viðræðum við fulltrúa tékka, og í okt. snemma varð það að ráði að ég sendi skeyti til iðnrh. Tékkóslóvakíu til að skora á hann að ganga sjálfur í þetta mál, þannig að ekki yrði frekari dráttur, og benti á það mjög svo alvarlega ástand sem af gæti hlotist ef dráttur yrði enn í þessu máli, bæði fyrir almenningsnotkun á Austurlandi og atvinnulíf og ekki síst loðnubræðsluna, ef loðnan veiðist í stórum stíl nú eftir áramót eins og við vonum að verði.

Eftir rúman mánuð eða snemma í nóv. barst svo skeyti frá iðnrh. Tékkóslóvakíu þar sem hann skýrði frá því að hann hefði lagt sig fram um að kippa þessu í lag og mundi verða lögð á það áhersla að afgreiða allan þennan tækjabúnað sem fyrst, þannig að hann gæti orðið tilbúinn um miðjan des. Nú horfir svo að þetta muni standast, þannig að þessar vélar og rafbúnaður, sem er síðasti hluti af afhendingu þeirra vegna virkjunarinnar, geti farið í skip í Hamborg 20. des., og er gert ráð fyrir að það geti komið til Reyðarfjarðar 24. des. ef áætlanir standast. Þá mundu þegar í stað gerðar ráðstafanir til að flytja þessi tæki til Lagarfoss og koma þeim þar fyrir, og ef þessar tímaáætlanir standast má gera ráð fyrir því að vélar Lagarfossvirkjunar gætu farið í gang til reynslu um miðjan febr., en samkvæmt samningum eiga þessir aðilar rétt á, að ég held, 8 vikna reynslutíma. Það er því ekki að vænta framleiðslu í þessari stöð fyrr en í fyrsta lagi seinni hluta febr., e. t. v. ekki fyrr en í mars eða apríl.

Þetta er varðandi Lagarfossvirkjun. Þannig standa þau mál eins og nú horfir. Ljóst er að hér er um mikið vandamál að ræða. Undanfarnar vikur og mánuði hafa verið gerðar tilraunir til þess að fá á leigu dísilvélar til þess að bæta úr þessum alvarlega skorti. Eins og hv. 4. þm. Austf. gat um, hefur ekki tekist að fá slíkar vélar á leigu, eins og hins vegar tókst frá Noregi í fyrra, þannig að nú er ekki um annað að ræða en að festa kaup á slíkum vélum. Það sem helst er í ráði nú er að vinda bráðan bug að því að kaupa slíkar vélar og ég ætla að líklegust sé sú leið, sem hv. þm. minntist hér á, kaup á slíkum dísilvélum frá Bandaríkjunum, sem munu vera fáanlegar með tiltölulega stuttum afgreiðslufresti. Ég vil svo aðeins taka fram að það verður lögð megináhersla á að gera allt sem unnt er til að leysa úr þessum mikla vanda.

E. t. v. er rétt að minnast á Austur-Skaftafellssýslu og Hornafjarðarsvæðið í þessu sambandi. Eins og kunnugt er varð þar mjög alvarlegur raforkuskortur á síðasta vetri vegna langvarandi frosta. Smyrlabjargaárvirkjun stöðvaðist eða varð vatnslaus um nokkurn tíma. Það vatn, sem var í því lóni sem þar var til, eyddist fljótt. Nú í sumar og haust hefur verið gert annað uppistöðulón til viðbótar. Mér er tjáð að ástandið sé þannig nú varðandi Smyrlabjargaárvirkjun að eftir nokkra daga verði vatn búið úr eldra lóninu, ef veðrátta breytist ekki muni það endast í fáeina daga í viðbót. En í nýja lóninu má gera ráð fyrir að sé vatnsmagn til u. þ. b. hálfs mánaðar. Varðandi þetta svæði er því einnig alvarlegt ástand fram undan eða getur orðið. Það veltur mjög á veðráttu. Hins vegar er gert ráð fyrir því að gufutúrbínustöð, sem nú er á Blönduósi, verði alveg á næstunni flutt til Hornafjarðar og þá gert ráð fyrir að með þeim ráðstöfunum mundi afstýrt vandræðum að þessu leyti. Varðandi Blönduós er hins vegar verið að koma þar fyrir töluvert stærri stöð eða vélum heldur en ætlunin er að flytja burt.

Ég vil aðeins gefa þessar upplýsingar á þessu stigi, hefði gjarnan viljað hafa þær fyllri og gefst væntanlega tækifæri til þess síðar, þegar fsp. um þetta mál kemur formlega til umr. í þinginu. En tel rétt að gefa þessar upplýsingar á þessu stigi og endurtaka, að það mun að sjálfsögðu af rn. hálfu verða gert allt sem unnt er til að reyna að bæta úr þessu alvarlega ástandi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það verður vitanlega ekki ofsögum sagt af því alvarlega ástandi sem ríkir nú í orkumálum Austurlands. Nú á fyrstu frostdögum að kalla eftir einmunatíð, a. m. k. að því leyti að úrkoma hefur verið töluverð á liðnu hausti, þá er svo komið að raforkuskortur er til þeirra þarfa, sem nú eru fyrir hendi. Ekki er einvörðungu að það blasi við að um algeran skort sé að tefla til þeirra hluta, sem þörf er á í sambandi við vinnslu sjávarafurða á loðnuvertíð. Það er þegar hafin skömmtun á rafmagni og ástandið er blátt áfram að segja hættuástand, að vísu ekki enn í jafnstórum stíl og varð í Austur-Skaftafellssýlu á orkuveitusvæði Smyrlabjargaár á s. l. hausti. En það eru öll teikn á himni um að svo kunni að verða innan tíðar.

Þær upplýsingar, sem nú komu fram frá hæstv. iðnrh. um ástandið í Austur-Skaftafellssýslu, eru ekki til þess að vekja mönnum bjartsýni, þar sem nú, þrátt fyrir tíð sem verið hefur miklu betri en var í fyrra, er rétt um það bil svo komið að vatnið er að verða búið í gömlu stíflunni og í hinni nýju er aðeins vatnsmagn til hálfs mánaðar orkugjafar.

Það er auðvitað hryggilegt, að svo skuli hafa til tekist varðandi Lagarfossvirkjunina sem raun ber vitni um. Í apríl 1973 kom hér til umr. fsp. frá mér til hæstv. þáv. iðnrh., hv. núv. þm. Magnúsar Kjartanssonar. Þar tók ég það fram að þær fréttir hefðu borist frá tæknimönnum að fullkomin ástæða væri til að óttast, að um drátt á afgreiðslu véla til virkjunarinnar yrði að tefla frá Tékkóslóvakíu. Í svari sínu þennan

dag upplýsti þáv. iðnrh. að engin þau atvik hefðu upp komið, að nein ástæða væri til að ætla að þetta þyrfti að óttast, þannig að við þá afgreiðslu yrði staðið sem um hefði verið samið, miðað við 1. júlí 1974. Nú upplýsir hæstv. iðnrh., sem hann hefur áður gert, þá staðreynd að hér verður um verulega seinkun að tefla fram á vetur, enginn veit nema það verði fram á vor, þannig að e. t. v. verður hér um seinkun allt að einu ári að ræða. Er auðvitað ástæða til að ætla að það geti brugðið til beggja vona, þar sem það tekur ráðh. í Tékkóslóvakíu mánuð að svara skeyti, eins og fram kom.

Ef betur hefði til tekist um þetta mál væru ástæðurnar allt aðrar á Austurlandi en menn hafa nú fyrir augum, þar sem hér hefði þá bæst inn á nýtt afl, 7.5 mw., að segja ef Lagarfljót hefði þá skilað því vatnsmagni sem þarf til að knýja vélasamstæðuna, skilað því afli, sem um getur. En það er allt annað mál, að því miður hafa komið nýjar upplýsingar um, að mikil hætta sé á að á vetrarlagi að um allt of lítið vatnsmagn verði að ræða í Lagarfljóti til þess að nokkur líkindi séu til að þessu afli verði skilað.

Ég fagna þeim ummælum hæstv. iðnrh., að allt verði gert sem mögulegt er til þess að bægja frá því hættuástandi, sem blasir við í þessum málum á Austurlandi, og lögð verði meginhersla á, eins og hann sagði, að gera allt sem í hans valdi og rn. stendur til þess að forða því, að slík ókjör dynji yfir eins og við höfðum fyrir augum í fyrra í Austur-Skaftafellssýslu, sem öll teikn eru um nú að kunni að endurtaka sig um allt Austurland.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það vandamál, sem hér er um að ræða, er vissulega mikið, því að það er mikið í húfi, að það verði til nægileg raforka á Austurlandi, þegar kemur nokkuð fram yfir áramótin og loðnuvertíðin byrjar. Mér sýnist satt að segja, að hér sé komið í hið mesta óefni.

Eins og komið hefur fram í fréttum, er þegar farið að skammta rafmagn til almennrar notkunar á Austurlandssvæðinu, og þó er það svo að um þetta leyti árs er reksturinn í fiskvinnslustöðvunum á Austurlandi allajafna lítill, miklum mun minni en í meðallagi. Ég efast ekkert um að frystihúsin á þessu svæði nota nú varla meira en hálfa orku á við það sem þau þurfa að nota þegar reksturinn er þar kominn í fullan gang, eins og verður nokkuð upp úr áramótum. Auk þess liggur svo hitt fyrir, að engin af loðnuverksmiðjunum er rekin nú, en á þessu svæði, ef maður tekur Hornafjarðarsvæðið með, er um að ræða 10 loðnuverksmiðjur sem þurfa á allmikilli raforku að halda. Mér sýnist því að það sé rétt, sem forstöðumenn fyrir rafmagnsmálum á Austurlandi hafa sagt að undanförnu og reyndar í marga mánuði, að það sé alveg fyrirsjáanlegt að þeirra dómi, að hér lendi þetta í hinu mesta óefni, þegar kemur fram á þennan vinnslutíma, ef ekki kemur eitthvað viðbótarafl til inn á þetta svæði.

Ég álít að það sé í rauninni alveg tilgangslaust að tala hér nokkuð um Lagarfossvirkjun og um einhverjar tafir sem orðið hafa á einstökum hlutum til þeirrar virkjunar. Það hefur nú komið í ljós, að það ætli að fara svo, þó að tékkarnir séu búnir að margbregðast í sambandi við afhendingu á ýmsum hlutum frá þeim, þá koma svo hlutir til þessarar virkjunar frá ýmsum öðrum og þeir ætla að verða miklum mun seinni í afhendingu, svo að það stendur meira á þeim. Ég held að það sé rétt, sem þeir segja sem þarna vita best um, að það eru ekki miklar líkur til þess að Lagarfossvirkjunin komi inn að neinu gagni fyrr en einhvern tíma í marsmánuði, og áður verður komin stöðvun á þessu að öllum líkindum eða þá verður að grípa til mikillar skömmtunar á rafmagni á þessu svæði. Því held ég að það sé í rauninni ekki um annað að gera, eins og komið er, en að bregðast við og útvega vélar til framleiðslu á raforku til bráðabirgða fyrir þetta svæði.

Það er langt síðan kom í ljós að ekki er hægt að fá þær túrbínustöðvar leigðar, sem menn höfðu gert sér vonir um. Það er langt síðan það kom í ljós. Og ég verð að segja að það er æðiseint á ferðinni að mínum dómi að segja það nú, að það muni líklega ekki vera um aðra leið að ræða en að kaupa dísilvélar og þá helst frá Ameríku. Ég tel að það eigi að kaupa þessar vélar tafarlaust og í rauninni, miðað við allar þær upplýsingar sem lágu fyrir, hefði átt að vera búið að kaupa þær, því að loðnuvertíðin getur byrjað eftir reynslunni upp úr miðjum jan., í kringum 20. jan. eða svo, og þá er aðeins rétt rúmur mánuður til stefnu. Það, sem skiptir máli á þessu svæði, er að það séu vinnslumöguleikar í upphafi loðnuvertíðar. Annars er hún gengin hjá, og það verða ekki aðeins aðilar á Austurlandi, sem þar tapa fé, heldur tapar auðvitað þjóðarbúið gífurlegum fjárhæðum ef svo illa tækist til, að það væri ekki hægt að reka loðnuvinnsluna þar með eðlilegum hætti. En ég dreg í efa fyrir mitt leyti að hægt verði með því vélafli, sem þarna er til staðar nú, og þeim orkuverum, sem þarna eru nú, að komast fram úr þessum vanda á þann hátt að takmarka aðeins raforkusöluna við almenna notkun. Ég efast um, að það verði hægt.

Ég fagna því að sjálfsögðu, sem hæstv. iðnrh. sagði hér, að það verði allt gert til þess að reyna að leysa þennan vanda, og ég efast ekkert um að ríkisstj. gerir sér grein fyrir því og hæstv. ráðh., að það er mikil þörf á því. En ég vildi fara fram á það við hann, að nú yrði ekki tapað neinum tíma úr því sem komið er með að festa kaup á vélum, sem hægt er að nota til raforkuframleiðslu á þessu svæði, og reyna að hraða því eins og mögulegt er, því að það má hafa þar fullan hraða á, ef þær eiga að vera komnar í gagnið upp úr miðjum jan. Á þetta vil ég leggja höfuðáherslu, að þetta verði gert og ekki beðið lengur, því að ég tel að þarna hafi verið beðið of lengi.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skil ákaflega vel áhyggjur manna og sérstaklega þm. Austf. út af því hörmungarástandi sem er í orkumálum þar um slóðir. En mér finnst ástæða til að nota þetta tækifæri til að vekja athygli hv. þm. á því, að á Laxárvirkjunarsvæðinu eru líka mjög mikil

vandræði. Þar er um varanlegan orkuskort að ræða vegna þess að við höfum ekki nógu mikil tæki til þess að framleiða vatnsorkuna og enn fremur eru ákaflega miklar truflanir á þeirri orkuframleiðslu. Hins vegar er á þessu svæði ein mesta iðnaðarframleiðsla á landinu, sem er ákaflega orkufrek, og til þess að mæta þeim vanda, sem þarna skapast, hefur um nokkuð langan tíma og sífellt í vaxandi mæli orðið að grípa til þess ráðs að framleiða orku með olíu, sem er ákaflega dýr, og ekki undir neinum kringumstæðum hægt að selja orkuna á því verði sem kostar að framleiða þessa orku. Orkuframleiðsla sem þessi er fjárhag Laxárvirkjunar gersamlega ofviða, þannig að ef svo heldur áfram sem nú stefnir, þá er fyrirsjáanlegt fjárhagslegt hrun Laxárvirkjunar sem fyrirtækis. Ég held að það sé því kominn tími til að það mál verði tekið til mjög alvarlegrar athugunar, og ég beini þeim tilmælum til hæstv. ríkisstj. að það verði hið fyrsta tekið til alvarlegrar athugunar að greiða verulega niður olíuverð, fyrir þá olíu, sem notuð er til orkuframleiðslu til að viðhalda nauðsynlegri starfsemi á svæði eins og því sem Laxárvirkjun útvegar orku til. Ég álít, að hér sé um fyllstu sanngirniskröfu að ræða og það verði undir engum kringumstæðum hægt að ætlast til þess, að virkjanir og rafveitur sem slíkar, eða orkuframleiðandi eins og t. a. m. Laxárvirkjun geti staðið undir því að framleiða orku með jafndýrum hætti og þetta og fá ekki nema brot af framleiðslukostnaði til baka aftur, — þarna verði ríkisvaldið að koma til hjálpar og það sé ein fyllsta sanngirniskrafa. Ég leyfi mér að vænta þess, að þetta verði tekið til athugunar hið allra fyrsta.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir skýr og ágæt svör um þetta efni með litlum fyrirvara. Það kom fram í hans ræðu og hans svari að ástandið í þessum málefnum á Austurlandi og víðar raunar, ef farið er að ræða þetta almennt, er vægast sagt mjög alvarlegt og það getur skollið á neyðarástand hvenær sem er. Það, sem menn óttast kannske hvað mest þar eystra, er að sumar af dísilvélunum, sem notaðar eru til þess að framleiða raforku, eins og t. d. stærstu stöðvarnar eða stærstu vélarnar í Neskaupstað og Seyðisfirði, sem framleiða samtals 3.4 mw., 1700 kw. hvor, ef þær bili, þá geti skapast þarna þegar í stað algert neyðarástand, vegna þess að það tekur nokkuð langan tíma að afla varahluta og gera við ef bilanir verða. Þannig er alveg sýnt að ekkert má út af bera í þessum efnum til þess að algert neyðarástand raunverulega verði í þessum málum. Jafnvel nú þegar álagið er miklum mun minna en það verður, þegar vertíðin er komin í gang, þegar frystihúsin eru farin að vinna með fullum afköstum og af fullum krafti, bæði við vinnslu bolfisks og loðnufrystingu, og síðan þegar 11 síldarverksmiðjur eru komnar í ganginn og farnar að vinna loðnuna er ástandið alvarlegt. Hér er um mjög hættulegt ástand að ræða, sem þarf að gefa mjög glöggan gaum að þegar í stað.

Ég vil enn fremur þakka hæstv. iðnrh. fyrir yfirlýsingu hans um að hann muni beita sér fyrir því að allt verði gert sem unnt er til þess að leysa þann mikla vanda, sem þarna er á ferðinni, og leggja áherslu á það, að eins og mál horfa nú orðið sýnist sú lausn, sem þarna kemur helst til greina, nægilega fljótvirk, þ. e. að festa kaup á þessum dísilvélum, sem hægt er að kaupa í Bandaríkjunum. En þær eru á sérstökum vögnum, sem hægt er að tengja við bíla og keyra á milli staða, þannig að þær eru mjög hagkvæmar til þess að færa til, ef nauðsyn ber til þess. Ég vil vænta þess, að það yrðu þegar í stað gerðar ráðstafanir til að festa kaup á þessum vélum.

Ég minntist á það í fyrri ræðu, að skynsamlegt væri að athuga að nota gamlar vélar, sem setja má upp með sáralitlum fyrirvara og tengja við þær rafal og væru notaðar 1½—2 mánuði með sæmilegum árangri. Ég kann ekki skil á því, að hve miklu leyti væri hægt að leysa þessi mál á þennan hátt. En mér er kunnugt um að það er þess vert að hyggja að þessum möguleika, þar sem tími er svo mjög skammur.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hef borið fram formlega fsp. varðandi þetta mál í þinginu, og ég vænti þess að þessi mál liggi ljósar fyrir þegar sú fsp. kemur til umr.

Í sjálfu sér er það vandamál, sem blasir við á Austurlandi, ofureinfalt. Það er þannig háttað, að fyrir stuttu, þegar var fjögurra stiga frost, var raforkuþörfin 8 mw. á Grímsárssvæðinu. Það afl, sem er til staðar á þessu svæði, er 7 mw. í dísilafli, og það er ekki hægt að vænta þess að meira afl en 1 mw verði til staðar í vatnsafli, þannig að það er rétt svo að þeirri þörf sé fullnægt sem nú er til staðar. En þegar vertíðin fer þar í gang og þær loðnuverksmiðjur, sem eru á þessu svæði, komast í gagnið, þá þurfa þessar verksmiðjur um það bil 2 mw., þannig að ef ekki kemur til frekara afl, þá er það í sjálfu sér ósköp einfalt, að það er ekki hægt að skammta þetta rafmagn annars staðar en hjá þessum sömu loðnuverksmiðjum. Það kemur ekki til, að það verði hægt að skammta 2 mw. í venjulegri neyslu, þannig að það er ekkert annað sem blasir við en það, að þessar sömu verksmiðjur fari hreinlega ekki í gang. Þetta er vandamálið, stórkostlegt vandamál, en liggur mjög ljóst fyrir.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu.

Forseti (Gils Guðmundsson): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs, og er þessum umr. utan dagskrár þar með lokið. — Ég vil þó í framhaldi af þeim, þar sem hinn almenni fundartími hefur nú farið algerlega í umr. utan dagskrár, lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel mjög æskilegt, að forsetar Alþingis og formenn þingflokkanna ræddu það mál, með hverjum hætti rétt væri að haga reglum um þessar umr., því að það hefur óneitanlega átt sér stað áður að það hafi komið fram mismunandi sjónarmið alþm. í sambandi við umr. utan dagskrár. Ég tel eftir atvikum rétt að minna á það, sem ég sagði um þetta mál 13. febr. s. l., þar sem skoðun mín er algerlega óbreytt, en ég sagði þá efnislega eitthvað á þá leið, að ég teldi eðlilegt að þegar um væri að ræða mál, sem mjög auðvelt væri að bera

fram um fsp. með venjulegum hætti, þá væru umr. utan dagskrár ekki leyfðar eða ef þær væru leyfðar um slík mál, þá teldi ég eðlilegt að svipaðar reglur giltu eins og um almennar fsp., en reynt væri að koma í veg fyrir að umr. utan dagskrár snerust upp í almennar stjórnmálaumr., svo sem óneitanlega hefur átt sér stað, þó að það hafi alls ekki verið í sambandi við tvennar umr. utan dagskrár sem eingöngu snerust um þær fsp. sem óskað var svara við.

Ég vil árétta það, að í þingsköpum eru engin ákvæði um umr. utan dagskrár og þar af leiðandi ekki um það, hvernig þær skuli fara fram. Ég vil árétta það, að ég tel æskilegt að hægt yrði, t. d. af hálfu forseta þingsins og formanna þingflokka, að finna þarna eðlilega og skynsamlega leið til þess að það gæti legið nokkurn veginn ljóst fyrir með hverjum hætti slíkar umr. skuli fara fram. Umr. utan dagskrár eru, að því er ég best veit, mjög gamlar, mjög gömul „tradisjón" hér á Alþ., og ég hygg, að enginn telji ástæðu til eða rétt að þær leggist niður. Hins vegar hljóta þær að þurfa að vera innan skynsamlegra takmarka og ekki að snúast í það að verða almennar stjórnmálaumr., eins og stundum hefur átt sér stað.

Þess hefur verið farið á leit, að þingfundi verði ekki lengur fram haldið vegna þingflokkafunda, að ég hygg, og verða þess vegna tekin af dagskrá 8.—13. dagskrármál.

Efri deild, 20. fundur.

Föstudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Lánasjóður sveitarfélaga, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Lánasjóður sveitarfélaga var stofnaður með l. frá 1966. Hann hafði verið undirbúinn af sérstakri n. sem skilaði mjög ítarlegu áliti og till. um það efni og hafði m. a. kynnt sér bæði þarfir sveitarfélaganna fyrir lánastofnun eða lánasjóð og fyrirkomulag slíkra mála í nágrannalöndum. Í frv. var gert ráð fyrir því að stofna Lánasjóð sveitarfélaga og að árlegt stofnfjárframlag skyldi vera 15 millj. kr. frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og sama upphæð frá ríkissjóði.

Þetta frv. var lagt fram á Alþ. 1964—1965, en náði ekki fram að ganga. Það var borið fram aftur ári seinna og þá lögfest, en með þeirri breytingu að ákvæðið um framlag ríkissjóðs var tekið út úr frv., en hins vegar ákveðið að úr ríkissjóði skyldi veitt fé árlega eftir því sem ákveðið yrði í fjárl. Lengst af hafa framlögin verið þessar lögboðnu 15 millj. úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og síðan 4.5 millj. úr ríkissjóði, en síðustu 3 ár hefur það verið nokkru hærra og á árinu 1974 er framlagið 8 millj. Samtals er því nú í ár óafurkræft framlag Jöfnunarsjóðs og ríkissjóðs til Lánasjóðsins 23 millj.

Þessi sjóður hefur lánað í margvíslegar framkvæmdir sveitarfélaganna og er gerð grein fyrir því á bls. 3 í frv. eða grg. þess. Það eru vatnsveitur, hitaveitur, skóla- og íþróttamannvirki, gatnagerð og holræsi, sjúkrahús, læknisbústaðir o. fl. Á því er enginn vafi að sjóðurinn hefur þegar komið að góðu gagni, en hins vegar mikill annmarki þar á, hversu févana hann hefur verið.

Samband ísl. sveitarfélaga hefur beitt sér fyrir því að sjóðurinn yrði efldur, og hefur það samþykkt ákveðnar till. í því efni sem eru nú fluttar með þessu frv. Þær eru í stuttu máli á þá leið að í staðinn fyrir fast 15 millj. kr. framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði hið árlega framlag 5% af vergum tekjum sjóðsins, og að því er ríkissjóð snerti, þá skuli framlag hans vera ákveðið eigi minna en helmingur af þessu framlagi Jöfnunarsjóðs eða eigi lægri upphæð en 2.5% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í grg. frv. er skýrt frá því, hverjar tekjur sjóðsins hefðu af þessum ástæðum orðið ef þetta frv. hefði verið í gildi árið 1974. Þá var miðað við áætlaðar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og gert ráð fyrir að þessi framlög samtals yrðu 71 millj. kr. Ef hins vegar er miðað við raunverulegar tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þessu ári, þá má gera sér nú, þó að árinu sé ekki lokið, grein fyrir því hverjar tekjur hans mundu verða. Samkv. því mundi þetta 5% framlag á árinu í ár hafa numið 68.8 millj. og helmingsframlag frá ríkissjóði 34.4 millj., eða samtals um 103 millj. kr., þar sem tekjur Jöfnunarsjóðs reynast á þessu ári allmiklu hærri en þessar tölur í grg. frv. gerðu ráð fyrir.

Varðandi tekjur Lánasjóðsins á næsta ári, ef frv. verður samþ., er gerð grein fyrir því í áliti félmn. Nd. á þskj. 107. Þar er spáin sú, og er þá byggt á tölum fjárl. um tekjur Jöfnunarsjóðs og gert ráð fyrir því samkv. þeim, að frá Jöfnunarsjóði mundi Lánasjóðurinn fá 89 millj. 150 þús. og þá frá ríkissjóði 44 millj. 575 þús. kr. Samtals ættu því tekjur Lánasjóðsins á næsta ári samkv. þessum áætlunartölum að verða 133 millj. 725 þús. kr. Hér er að sjálfsögðu um verulega upphæð að ræða, þar sem slík framlög kæmu í stað þeirra 23 millj. kr. sem Lánasjóðurinn fær nú í ár frá þessum tveim aðilum.

Þetta frv. er flutt eftir einróma ósk og tilmælum Sambands ísl. sveitarfélaga og stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaganna. Í hv. Nd. fékk málið ágætar undirtektir og félmn. mælti einróma með því óbreyttu. Ég vænti þess að málið fái góðar undirtektir í þessari hv. d., vil mælast til þess vinsamlegast við hv. félmn. þessarar d. sem væntanlega fær málið til meðferðar, að hún reyni að hraða afgreiðslu málsins þannig að henni geti lokið áður en þingi verður frestað fyrir jól.

Ég legg svo til að frv. verði vísað til 2. umr. og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 106). — Frh. 1. umr.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Samgöngumál þjóðarinnar eru áhugaefni allra landsmanna og þess vegna vil ég nota tækifærið að lýsa yfir ánægju með ýmsar breytingar sem koma fram í þessu frv.

Í fyrsta lagi kemur í ljós við lestur þessa frv., að það er áætlað og reiknað með að áætlunargerð Vegagerðarinnar verði bætt að nokkru leyti. Það má segja að Vegagerð ríkisins hafi riðið á vaðið með allgóða áætlunargerð ríkisstofnana hér á landi og hefur orðið allmikið ágengt í þeim efnum, en þetta frv. ber það með sér samkv. 2. gr. að meiri sveigjanleiki verður í áætlunargerð, þannig að ekki er eins rígbundið við þá upphaflegu áætlun sem gerð er.

Eins vil ég fagna því að sýslusjóðir verða undanþegnir verulegum kostnaði í sambandi við gerð vega, og eins er ákvæði í 11. gr. um varanlega gatnagerð í þéttbýli verulega til bóta. Ég vil því koma því á framfæri við þá n. sem fær þetta frv. til athugunar, að það verði tekið til athugunar að lækka enn 200 íbúa markið, t. d. niður í 100, vegna þess að ég tel mjög erfitt að binda markið við 200 íbúa. Það gætu komið þarna inn örfá þorp sem ekki eru mjög fjölmenn, en ættu að mínum dómi verulegan rétt á að koma inn.

Vandamál sveitarfélaga við lagningu varanlegra gatna í þéttbýli eru mjög mikil. Þetta frv. mun að sjálfsögðu, ef það verður að l., bæta þar allmikið úr. Ég tel þó nauðsynlegt að til viðbótar þessu komi til breyting á skiptingu þéttbýlisvegafjár, og í öðru lagi tel ég eðlilegt að Byggðasjóði verði heimilað að lána til sveitarfélaga vegna varanlegra gatna í þéttbýli. Ég tel að hlutverk Byggðasjóðs eigi að vera fyrst og fremst að efla atvinnulíf úti á landsbyggðinni. Ég tel þó að það komi mjög til álita að hann láni til þessara framkvæmda, þ. e. a. s. varanlegrar gatnagerðar í þéttbýli sem ekki kemur undir þessi lög.

Það var allmikið rætt um það við þá umr., sem fór fram á síðasta fundi d., að það væri mjög nauðsynlegt að leggja varanlegt slitlag á vegi landsins og það mundi spara þjóðinni stórkostlega fjármuni. Ég vil að sjálfsögðu taka undir það. En ég vil einnig geta þess, að það mun einnig spara þjóðinni stórkostlegt fé ef lagðir verða vegir um þau höft og þær eyðar sem eru í vegakerfinu. Það er víða búið að gera góða vegi úti um land, en það er hörmulegt að sjá þær eyðar sem víða eru í vegakerfinu og verða þess valdandi að sú fjárfesting, sem búið er að leggja í, nýtist alls ekki sem skyldi. Þess vegna mun það verða til þess, ef fyllt verður í þessar eyðar, að spara þjóðfélaginu verulegar upphæðir. Ég vil aðeins geta þessa vegna þess að mér finnst rétt að líta ekki síður á þessa hlið málsins heldur en að leggja áherslu á lagningu varanlegs slitlags á helstu vegi landsins.

Það hefur verið rætt allmikið um happdrættisskuldabréf ríkissjóðs. Hefur verið rætt um að hér sé um stefnu að ræða sem sé hættuleg þjóðfélaginu vegna þess að fjármagn sé dregið út úr bankakerfinu. Ég vil mótmæla þessum fullyrðingum, vegna þess að ég tel að þessi happdrættisskuldabréf stuðli verulega að sparnaði í þjóðfélaginu. Sparnaður í þjóðfélaginu kemur ekki eingöngu þannig fram að menn leggi peninga í banka. Það eru ýmsir sem spara sitt fé á þann hátt að leggja t. d. í íbúðarhúsnæði, og að mínum dómi er það alger hártogun að halda því fram að allir þeir peningar, sem fara í happdrættisskuldabréf, færu endilega inn í bankastofnanir. Einstaklingar verða að fá að ráða því á hvern hátt þeir spara sitt fjármagn. Ég er þess fullviss að mikið af því fjármagni, sem fer í happdrættisskuldabréf, færi annars í ýmiss konar fjárfestingu, íbúðabyggingar og jafnvel hreina eyðslu, þannig að ég tel þarna um algera rangtúlkun að ræða.

Það er orðið mjög algengt meðal annarra þjóða að einstaklingar í þjóðfélaginu eigi þess kost að kaupa hluti í fyrirtækjum í atvinnulífi þjóðarinnar. Slíkir kostir eru ekki hér á landi. Að mínum dómi er mjög eðlilegt að almenningi í landinu sé gefinn kostur á því að fjárfesta í því mikilvæga fyrirtæki sem samgöngunet þjóðarinnar er, þannig að ég tel það alls ekki vera rétt að hér sé um hættulega stefnu að ræða. Ég tel hér um rétta stefnu að ræða sem stuðli að auknum sparnaði í þjóðfélaginu.

Það hefur komið fram frv. í Nd. um útgáfu happdrættisskuldabréfa fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg. Í sjálfu sér taldi ég þetta frv. vera óþarft, en þó hefur orðið allmikil þót á því í n., þ. e. a. s. þær brtt. sem fjh.- og viðskn. hefur lagt til, að hluti af þessu renni einnig í Suðurlands- og Austurlandsveg. Ég tel þó vera aðalatriði að þetta fjármagn á að fara í allan hringveginn. Hringvegurinn er allur jafn nauðsynlegur og á í sjálfu sér ekki að þurfa að afmarka það. Ég vil leggja áherslu á það, að ég tel ekki rétt að varanleg gatnagerð miðist eingöngu út frá Reykjavíkursvæðinu þó að það sé vissulega nauðsynlegt líka. Ég tel eðlilegast að í þetta sé farið á þann hátt að byrjað verði á varanlegri gatnagerð út frá allflestum fjölmennustu þéttbýliskjörnum í landinu.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þarf nú ekki að gerast langorður um þetta frv., sem hér er til umr., við 1. umr. málsins þar sem ég á þess kost að koma fram mínum sjónarmiðum í þeirri n. sem mun fá það til meðferðar. En ég vil aðeins vekja athygli á einu eða tveimur atriðum sem mér sýnist að væri vert að hugleiða um leið og þetta mál er krufið.

Í aths. með frv. er sagt að það sé flutt til þess að efla sýsluvegasjóðina, m. a. vegna breyttrar tækni við mjólkurflutninga, styrkja gerð þjóðvega í þéttbýli og ná betra samhengi í samgöngukerfið. Að sjálfsögðu eru allir sammála um að það beri að keppa að slíku markmiði eins og hér er lagt til. En þetta má gera að sjálfsögðu með ýmsum hætti. Á skipulagningu samgöngukerfisins, samhengið í samgöngukerfinu, finnst mér nokkuð skorta og hef verið að hugleiða það á hvern hátt mætti fullkomna það betur en hér er lagt til. Það er gert ráð fyrir því að gera þá breytingu á sýsluvegum í landinu frá því sem er í gildandi vegal., að sýsluvegir megi ekki ná nær hverju býli en að 50 metrar séu til vegarenda. Þó er um leið sagt að breytingar séu gerðar á l. til þess að styrkja vegakerfið vegna breyttrar tækni í mjólkurflutningum. Þessir 50 metrar sem eru síðastir og næstir mjólkurtankinum sem mjólkin er flutt úr, um þá er ekkert ákvæði, hver eigi að sjá um að þeir séu í lagi. Það má segja að það sé kannske ekki langur spotti að halda við, 50 metra vegur,

en þó er hann æðikostnaðarsamur víða um land þar sem langt er að sækja ofaníburð. Um það er ekki rætt í þéttbýli að hinn almenni borgari kosti neinu til um vegagerð og mætti því ætla að í öllu strjálbýli væri þetta á vegum sveitarstjórnanna, og svo ætti það að sjálfsögðu að vera. En það er hvergi lagastafur um að svo skuli gert. Ég held að það sé þetta, sem vantar, að taka upp hið forna ákvæði um hreppavegi sem sveitarstjórnunum sé skylt að halda við.

Ég minnist þess frá því að tankvæðingin svokallaða reið yfir, t. d. í minu sveitarfélagi, þá gerðist það á sama tíma að farið var að flytja fóðurvörur í tankbílum sem eru mjög þungar bifreiðar og olíu til húsahitunar, sem er líka flutt á þungum tankbílum, heim á bæina. Það, sem var langerfiðasta viðfangsefnið í sambandi við að taka við þessum bifreiðum, var að styrkja heim við bæjarvegginn svo vel, að þegar verið var að snúa þessum þungu bílum við, þá færi ekki allt niður. Þess vegna tel ég að það sé mjög mikið atriði að frá þessu sé gengið, ef við á annað borð ætlum okkur að stuðla að því að samgöngukerfið verði í lagi við þá breyttu tækni sem er í flutningunum.

Þetta var höfuðatriðið af því sem ég hafði áhuga á að minnast á hér í sambandi við vegina. Það eru að vísu fleiri atriði sem mér virðist að þyrfti að taka til athugunar, m. a. sýnist mér að það kæmi til greina að setja inn í 12. gr. l., 3. gr. frv., ákvæði um að heimilt væri að taka í tölu landsbrauta ákveðna vegi sem liggja t. d. að björgunarskýlum Slysavarnafélagsins, því sums staðar stendur svo á að það er æðilangt frá opinberum vegi að þessum slysavarnaskýlum, en geysilega mikilvægt að þeir séu færir fyrir björgunarsveitirnar ef eitthvað verður að. Þetta vildi ég líka láta koma fram við þessa umr.

Þriðja atriðið, sem mér finnst vert að hugleiða, er í sambandi við hraðbrautagerðina sem að vísu er ekki komið inn á í þessu frv. En eins og við þekkjum til eru hraðbrautirnar með varanlegu slitlagi að sjálfsögðu fyrst lagðar út frá þéttbýliskjörnunum þar sem umferðin er mest. Þegar slík framkvæmd hefur verið gerð, þá leiðir það til þess að umferðin verður hraðari á þessum vegum heldur en áður var og orsakar um leið að t. d. öll hestaumferð hlýtur að hrökklast út af þessum vegum. Nú er hestasportið langmest einmitt í mestu þéttbýliskjörnunum og ég álít að það sé illa fyrir hlutunum séð ef ekki verður séð fyrir hæfilegum reiðbrautum meðfram hraðbrautunum. Það hlýtur að verða að telja það til hraðbrautaframkvæmda að leggja reiðbrautir, því að ég á ekki von á því að einn einasti maður telji að það sé meiningin með bættu samgöngukerfi, bættum vegum að útiloka einhvern aðila frá því að ferðast um landið. Ég veit að það er öllum ljóst að hestamennskan er orðin það stór liður í tómstundaiðju landsmanna að fram hjá því verður ekki gengið að greiða fyrir því að hana sé hægt að stunda, án þess að stórhættulegt sé fyrir þá sem hana stunda.

Herra forseti. Ég held að það sé ástæðulaust að ég fari fleiri orðum um þetta frv. Þetta eru þeir efnisþættir sem ég sérstaklega vildi benda á á þessu stigi málsins, en mun væntanlega koma með til athugunar fleiri atriði í nefnd.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég hygg að hv. 6. þm. Sunnl. hafi ekki vegna sinna anna í fjvn. verið hér þegar ég mælti fyrir frv. Það er ekkert bann frá minni hendi nema síður sé að einhverjar breytingar verði gerðar á málinu þar sem betur má horfa. Ég hef einmitt verið að velta þessu fyrsta atriði fyrir mér sem hann vék að og tel að það væri kannske betra a. m. k. að hafa þetta ekki alveg að bæjarvegg, nema þá væri veittur styrkur til þeirrar vegagerðar að öllu leyti svo að menn þyrftu eitthvert tillit að taka til þess að ekki væri meiri óhagræðing við staðsetningu íbúðarhúsa eða fjósa heldur þyrfti að vera.

Þetta með björgunarskýli er alveg rétt, þangað þurfa að vera góðir vegir. Hins vegar getur þetta verið nokkuð langt, og öll slík tilfelli finnst mér að væri þá betra að styrkja að einhverju leyti heldur en að taka þau beinlínis upp í vegalögin.

Viðvíkjandi síðasta atriðinu sem hv. 6. þm. Sunnl. ræddi um, vil ég segja það að mér hefur borist bréf frá formanni Landssambands hestamanna einmitt um þetta atriði. Það er nú heimild í l. um slíka vegi, reiðvegi, og ég hef rætt það við vegamálastjóra að þegar vegáætlunin yrði til meðferðar, þá yrðu lagðir einhverjir fjármunir í slíka vegi sem hv. 6. þm. Sunnl. ræddi um, því að mér er ljóst að um venjulegar hraðbrautir fara menn ekki á hestum, og það er mjög fjarri mér að vilja koma í veg fyrir að menn stundi þessa skemmtilegu og mjög svo ánægjulegu íþrótt, ef maður má orða það svo, sem hestamennskan er. Mun verða reynt að líta til þess þegar vegáætlun verður lögð fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 122). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um breyt. á l. frá 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

1. jan. 1974 tóku gildi lög um löndun á loðnu til bræðslu. Þessi lög voru sett í framhaldi af lögum um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu frá áramótum 1972 og var við undirbúning þeirrar lagasetningar tekið tillit til þeirrar reynslu sem fékkst af eldri lögum um skipulag loðnulöndunar á vertíðinni 1973. Á síðustu loðnuvertíð stunduðu 135 skip veiðar á móti 90 skipum árið áður. Af því leiddi að mun meiri erfiðleikar urðu í sambandi við loðnulöndun og einstakir aðilar reyndu að fara í kringum lögin eins og mögulegt var, sérstaklega þar sem þau náðu aðeins yfir löndun á loðnu til bræðslu en ekki til frystingar. Til þess að reyna að ráða bót á

þessu er lagt til að 2. og 5. gr. gildandi l. verði gerðar nokkru fyllri en þær eru.

Jafnframt er lagt til að heimild verði veitt til að greiða kostnað af framkvæmd l. úr loðnuflutningasjóði, en innheimta sérstaks gjalds af hverri smálest hefur þann ókost í för með sér að hún veldur verksmiðjum sérstaklega aukinni bókhaldsvinnu, þar sem þær eiga að standa loðnunefnd skil á gjaldinu. Hins vegar er ekki lagt til að heimild til að innheimta gjaldið verði felld niður úr gildandi l., þar sem grípa yrði til þeirrar heimildar, ef Verðlagsráð sjávarútvegsins kynni að ákveða við verðlagningu einhverju sinni að loðnuflutningasjóður yrði ekki starfræktur.

Samkv. 4. gr. þessa frv. er lagt til að veitt verði heimild fyrir setningu reglna um löndun á loðnu til frystingar, ef samstaða er fengin um þær milli hagsmunaaðila, og er þetta gert í samráði við fulltrúa þeirra.

Það má segja að 4. gr. sé ekki mjög ákveðin, þar sem hér er um að ræða að setja reglur um löndun á loðnu til frystingar, „enda ríki um þær samstaða milli sölusamtaka hraðfrystihúsanna og samtaka útvegsmanna og sjómanna.“ Það var haldinn fundur í sjútvrn. með fulltrúum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, fulltrúum Landssambands ísl. útvegsmanna, fulltrúum skipstjórafélaga og fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og þar náðist samkomulag um þetta orðalag á 4. gr. Hins vegar ef n., sem fær frv. til meðferðar, þykir þetta ekki nógu ákveðið, þá auðvitað er hennar að taka ákvörðun um það, hvort hún vilji breyta þessu ákvæði á þann veg að reglur verði settar að fengnum till. sölusamtaka frystihúsanna og samtaka útvegsmanna og sjómanna. Það gæti því kannske orðið fyllra og ákveðnara, en á þessu stigi náðist ekki samkomulag sérstaklega við frystihúsaeigendur um annað orðalag.

Ég held að ég geti sagt það með góðri samvisku að sú reynsla, sem fékkst af þessum lögum á s. l. vertíð, hafi sannað að skipstjórnarmenn og sjómenn hafi sýnt afar mikinn og góðan samstarfsvilja. Hins vegar var um að ræða að það var farið fram hjá lögunum, sérstaklega hvað snerti frystihúsin og hagsmuni þeirra við loðnuverksmiðjurnar. Þess vegna er nú verið að leitast við að gera hér breytingu á til þess að koma á fastara og traustara skipulagi, og eftir því er mjög ríkt leitað, sérstaklega af fulltrúum sjómanna og útvegsmanna almennt.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 108, n. 133). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. þetta til athugunar og mælir með því að það verði samþ. óbreytt. Hér er um það að ræða, að með l. nr. 10 22. mars 1974 var ákveðið að frá 1. apríl 1974 til loka þessa árs skyldi almennur launaskattur vera 3½%, og lagt er til að svo verði einnig á árinu 1975, en það er lagt til að gildistími l. verði aðeins eitt ár. Það eru ýmsar ástæður fyrir því, og eins og er tekið fram hér í aths. við þetta lagafrv. er það sérstaklega vegna þess að það eru fyrirhugaðar breytingar á gjöldum sem launagreiðendum er gert að greiða ríkissjóði og Tryggingastofnun vegna starfsmanna sinna. Það mundi verða mjög mikið hagræði að því að sameina þessi gjöld. Þess vegna þykir ekki rétt að gildistími l. sé meira en eitt ár.

Að mínum dómi ber að hafa í huga, að ef af því verður að virðisaukaskattur yrði tekinn upp hér á landi, þá kæmi mjög til athugunar að hækka launaskattinn jafnhliða vegna þess að virðisaukaskattur er þannig gerður að hann færir skattbyrðina frá fyrirtækjunum yfir á heimilin, og til þess að sporna við slíku kæmi mjög til álita að hækka launaskattinn jafnhliða.

Að svo mæltu vil ég fyrir hönd n. leggja til að frv. þetta verði samþ., og þar sem hér er um allbrýnt mál að ræða vil ég fara þess á leit, herra forseti, að 3. umr. fari fram þegar að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 21. fundur.

Föstudaginn 13. des., að loknum 20. fundi.

Launaskattur, frv. (þskj. 108). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. 10400 gistingar í Síðumúla á síðasta ári vegna ölvunar. Nær öll alvarleg afbrot, svo sem árásir, nauðganir, manndráp o. fl., má rekja til áfengisneyslu, segir Bjarki Elíasson fulltrúi lögreglustjóra sem hefur staðið í þessu í 20 ár. Um tíðni slíkra afbrota höfum við einmitt fengið óhugnanlegar upplýsingar nú á þessu ári og ekki hvað síst núna síðustu vikurnar.

Óhófsdrykkja okkar er ekkert nýtt fyrirbrigði, þótt nú keyri um þverbak. Á 18. öldinni skrifaði einn biskupinn bænaskrá til konungs þess efnis, að bannaður yrði innflutningur á áfengi til landsins. Þess sagðist hann beiðast vegna drykkju-

skapar presta og annars fyrirfólks, eins og hann orðaði það. Í Suðurnesjaannál Sigurðar Sivertsens er þess víða getið, er menn urðu úti á ferð milli byggðarlaga, og alloft er þess og getið að þeir hafi verið orðnir ölvaðir er þeir lögðu upp úr verslunarstaðnum.

Nú ganga menn ekki lengur milli byggðarlaga, en frásögn af viðburðum síðustu áratuga mun í nokkrum mæli geta dauðaslysa og slysa, er örkumlum valda, í farartækjum nútímans, slysa er stundum hlutust af drykkju viðkomandi eða félaga.

Áhrif óhófsdrykkju á okkar þjóðfélag nú í dag eru geigvænleg. Áfengi má vissulega nefna mesta mengunarvald nútímans, óþverra sem mengar bæði huga og hönd og hefur einnig sín skaðlegu áhrif á umhverfið. Þegar ávanaefnið alkohól hefur fengið tækifæri til að beita sínum ávanahæfileikum og leitt til óhóflegrar ílöngunar í drykkju, þá skeður margt í senn. Heilastarfsemi smálamast vegna fjöldadauða heilafruma og almennrar heilarýrnunar, athygli og hugsun sljóvgast og á sama tíma smágefa sig önnur líffæri, svo sem lifur, æðar, meltingarfæri og taugar. En það er fleira sem gefur sig: maki, afkomendur, bræður, systur, foreldrar. Allir þessir aðilar verða fyrir áföllum. Ofdykkja þessa eina, sem um er rætt, getur gerbreytt lífi fjölda annarra, eyðilagt eitt eða fleiri heimili, skapað ótal flókin félagsleg vandamál. Um þessi efni ræddi ég nokkuð er ég bar fram frv. svipaðs efnis á þingi í vor og má um það lesa í 24. hefti Alþt. 1973—74. Þess vil ég þó geta að það liggur nokkuð ljóst fyrir og er í samræmi við rannsóknir síðustu ára að drykkja, einkum drykkja unglinga og kvenfólks, hefur farið stórvaxandi nú undanfarið. Hvað þessu veldur er ekki gott að segja, en talið er að meiri fjárráð og einnig breytt staða konunnar í þjóðfélaginu eigi þarna nokkra sök á. Samkv. nýjustu heimildum er það rúmlega þriðjungur 13 ára unglinga sem hefur neytt áfengis nú og 93.9% af piltum 17 ára hafa neytt áfengis.

Það eru nokkur þúsund manns í þessu landi sem eru með einkenni drykkjuskapar og drykkjusýki og þess vegna er ekki óeðlilegt að álykta sem svo að nú verði að reyna að hreinsa til, að vinna gegn menguninni, því að hvað sem segja má um almenn áhrif áfengis, þá er víst að þessi skaðvaldur verður árlega fleiri mönnum að bana í þessu þjóðfélagi en við gerum okkur grein fyrir. Og það er kannske ekki það versta. Verst er að það stórspillir líðan og framtíðarmöguleikum fjölda fólks í þjóðfélaginu. Þetta kemur fyrst og fremst niður á aðstandendum þeirra sem stunda óhóflega drykkju. Það kemur líka niður á atvinnu þeirra og þeim sem veita þeim atvinnu og það kemur niður á þjóðfélaginu í heild.

Öllum er ljóst að það er erfitt að lækna áfengissýki. Það má segja að þær aðgerðir, sem stundaðar eru til þess að reyna að hafa áhrif á umbætur í þessu efni, séu a. m. k. tvenns konar. Það er í fyrsta lagi að reyna að hafa áhrif á að menn stundi ekki ofdrykkju, þar er almenningsálitið einna sterkasti þátturinn í, en enn fremur hvers konar fræðsla um skaðsemi áfengis, bæði á einstaklinginn sjálfan og umhverfið. Í öðru lagi er vitað mál að það má snúa ýmsu til betri vegar sem farið hefur aflaga í þessu efni. Þess vegna eru stundaðar lækningar drykkjusjúkra og lækningar þeirra sem eru farnir að neyta áfengis verulega, en þó ekki hægt að telja drykkjusjúkt fólk.

Það er reynsla flestra þeirra sem að þessum málum vinna, að þarna sé erfitt viðfangsefni, og talið að fjölbreytni í þessari meðferð sé nokkurs virði. Þarna dugi ekki bara eins og við marga aðra sjúkdóma að ríkisvaldið gangi hart fram og ýmist útrými orsökinni eða grípi fólkið og loki það inni og lækni það. Þarna er talið að ýmis félagsleg áhrif, persónuleg kynni og fræðsla geti gert allmikið gagn, en að sjálfsögðu séu til stofnanir fyrir þá sem þess þurfa með, og það bæði stofnanir þar sem hægt sé að taka ölvað fólk til afvötnunar og þar sem hægt sé um leið að rannsaka það bæði andlega og líkamlega, — þar sem hægt sé að rannsaka ástand fjölskyldunnar og þeirra nánustu og bæta úr bæði líkamlega og félagslega þar sem þörf er á. Nokkur hluti þessa fólks þarf að vera um tíma á hælum. Eftir þann tíma þarf að fylgjast lengi með þessu fólki, skapa því aðstöðu til endurhæfingar og vinnu. Allt er þetta mikil kerfja og erfitt viðfangs.

Til þess að bæta nokkuð um möguleika í þessu efni hef ég nú á ný borið fram frv. til l. um stofnun sjóðs til aðstoðar við drykkjusjúklinga. Frv. er efnislega að mestu leyti hið sama og í vor, en þó er á því veigamikil breyt., þannig að áður hafði ég ætlað þessu frv. að vera eingöngu viðbót við þær varnir og lækningar sem ríkið sæi um, en nú er það svo að þessi hjálp stendur opin öllum þeim sem að þessum málum vinna.

1. gr. frv. hljóðar eins og áður: „Af hverri 3 pela flösku af sterku víni, sem Áfengisverslun ríkisins selur, skal í næstu 10 ár greiða gjald að upphæð 100 kr. og hlutfallslega af öðrum flöskustærðum. Gjald þetta skal renna í sérstakan sjóð til varnar gegn drykkjusýki. Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.“

Mér finnst það ekki óeðlilegt að þeir, sem kaupa áfengi, greiði eins konar iðgjald, greiði í sjóð sem á að vera eins konar tryggingasjóður fyrir þetta fólk og fyrir þá sem þeir kynnu að veita af sínum innkaupum. Þetta er því eins konar „kaskótrygging“, eins og ég sagði áður, og á að vernda þá sem verða fyrir áföllum af völdum áfengisneyslu. Þetta er í raun og veru ekki mikið gjald. Þetta hækkar þessar sterku tegundir, þær ódýrustu um ca. 7—8%, og þýðir aðeins að menn verða að láta líða aðeins lengra á milli innkaupa á flösku. Þetta á eingöngu við um sterk vín og byggist á því að ég tel að hin skaðvænlegu áhrif séu miklu meiri af sterku víni heldur en af léttu vínunum og að það sé of lítill verðmismunur á léttum og sterkum vínum hér í landi.

2. gr. frv. hljóðar svo: „Fé því, sem rennur í sjóð til varnar gegn drykkjusýki samkv. 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til félagasamtaka og annarra aðila er vinna að því að hamla gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Veita má lán og styrki til þess að koma á fót afvötnunar- og ráðleggingarstöðvum fyrir drykkjusjúka, dvalar-

heimilum, vinnu- og endurhæfingarstöðvum. Þá er heimilt að verja allt að 10% af árstekjum sjóðsins til styrktar þeim er reka áróður gegn áfengisneyslu. Lán og styrkir úr sjóðnum til stofnana mega nema allt að 75% af stofnkostnaði.“

Þarna skapast auknir fjármagnsmöguleikar fyrir báða þessa aðila sem ég áður gat um, þá sem vinna að vörnum og einnig þá sem vinna að lækningum. Ég tel, eins og ég hef áður sagt, að við höfum á undanförnum árum lagt of lítið fjármagn til þessarar starfsemi og þessi lög eiga að bæta úr því ef samþ. verða.

Um það, hvað mikla fjármuni sé hér um að ræða, má upplýsa það á árinu 1973 voru seldir um 1 230 000 lítrar af sterku víni. Þetta mundi þýða að þarna yrði um að ræða 130—150 millj. kr. árlega. Þó er ekki ólíklegt að þessi hækkun kunni að leiða til þess að aðeins færri flöskur verði keyptar og er tvennt um það að segja: Í fyrsta lagi verður þessi upphæð allhá fyrir því en þar að auki er sú minnkaða neysla, sem það mundi hafa í för með sér, til bóta eins og ég hef áður getið um, ekki aðeins fyrir einstaklinginn, heldur fyrir þjóðfélagið í heild. Þess vegna vona ég að hv. d. taki þessu frv. vel og láti það fá greiðan gang gegnum d. og legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til heilbr.- og trn. að umr. lokinni.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fagna því sérstaklega að þetta þarfa og ágæta mál er komið hér til umr. á ný á Alþ. Ég vil einnig þakka hv. flm. þess fyrir að hafa á nýjan leik komið því hér á dagskrá.

Áfengismálin í heild hef ég ekki talið rétt að ræða hér. Ég vona svo sannarlega, að ég fái tækifæri til þess nú á næstunni með því að fylgja úr hlaði till. sem ég hef leyft mér að flytja í Sþ. ásamt 4 öðrum hv. þm. um nefndarskipun í þessum málum. Eitt skal þó aðeins undirstrikað. Alþingi Íslendinga getur ekki látið sem ekkert sé, þegar barna- og unglingafylleri helganna eru eins yfirþyrmandi og raun ber vitni, þegar hanastélsboð heimahúsanna eyðileggja heimilisfrið og enda jafnvel á morðum, þegar skemmtanalífið einkennist framar öllu af ofneyslu áfengis, sem einnig hefur manntjón í för með sér. Þegar æ fleiri verða siúklingar eða úrhrök mannlegs samfélags af völdum þess tekjustofns, sem er driúgur búbætir íslenskum ríkissjóði.

Þetta frv. snertir einmitt hið síðast talda og það sem mikilvægast er, það er ekki til þess einvörðungu að hiálpa drykkjusiúkum, heldur til varnar gegn drykkjusýki. Hinar fyrirbyggjandi aðgerðir, sem nú eru æðstar á blaði í heilsugæslu og heilbrigðismálum okkar, þurfa þarna eins og annars staðar að sitja í fyrirrúmi. Ég fagna þeim ákvæðum frv. alveg sérstaklega.

Í tölunum um ágóða ríkisins af áfengissölunni er aðeins tæplega hálfur sannleikur sagður. Það vantar nefnilega frádráttarliðina, þá frádráttarliði, sem ég drap á áðan, og hver veit nema þeir færu riflega upp fyrir tekiuliðina ef grannt væri skoðað. Ég fagna því að 10% af sjóði þessum skuli varið til styrktar þeim er reka áróður gegn áfengisneyslu eða til þess er a. m. k. ótvírætt heimild. Þeir aðilar hafa farið varhluta af fé til starfsemi sinnar. Og af því að útvarpslög eru sennilega hér næst á dagskrá hlýt ég að benda á sjónvarpið sem þann aðila sem daglega ætti að vara við þessu vandamáli í stað þess gagnstæða oft á tíðum, sbr. kvikmyndirnar okkar, sem nær allar eru með áfengi sem ómissandi lið á dagskránni.

Ég ítreka aðeins stuðning minn við frv. og vona svo sannarlega að með því sé stigið skref fram á við til viðnáms gegn því hrikalega vandamáli, sem tröllríður okkar þjóðfélagi í dag með hinum hörmulegustu afleiðingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92, n. 127). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 127 hefur menntmn. athugað frv. og eins og þar segir voru fjarverandi á þeim fundi þeir Ragnar Arnalds, Þorv. Garðar Kristjánsson og Jón Árm. Héðinsson, en undirritaðir nm. mæla með samþ. frv. óbreytts.

Við 1. umr. málsins hér í hv. d. urðu allmiklar umr. og að nokkru leyti, að mér fannst a. m. k., á óskiljanlegan og óeðlilegan hátt. Látið var að því liggja að í frv. fælist pólitískt ofríki, pólitískt siðleysi og fleira þvílíkt. Slíkar fullyrðingar og stóryrði finnst mér óviðeigandi. Menn getur greint á um hvernig skipa beri útvarpsráð, hvernig kjörtímabil þess skuli vera o. s. frv. Reynslan sannar að menn hafa á 46 ára ferli útvarpsráðslaganna verið að leita eftir mismunandi leiðum í þessu efni og gerðar hafa verið margbættar breyt. á því hvernig útvarpsráð hefur verið valið, hve margir hafa átt sæti í því, og hvernig kjörtímabil þess hefur verið.

Eins og hæstv. menntmrh. tók fram í framsöguræðu sinni fyrir frv. hér í hv. d. hefur kosningu í útvarpsráði verið hagað með ýmsu móti. Árið 1928 var lagt fyrir Alþ. frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til rekstrar á útvarpi. Þá var ákveðið að útvarpsráð yrði skipað þremur mönnum. Ríkisstj. skipaði forseta ráðsins, Háskólinn annan og Félag útvarpsnotenda þann þriðja. Skv. þessum l. var hafin bygging á útvarpsstöð. Þegar á árinu 1930, áður en útvarpsstöð Íslands sendi út sína fyrstu dagskrá, sem var eins og kunnugt er 20. des. það ár, samþ. Alþ. breyt. á l. Var þá bætt við 2 fulltrúum í ráðið, einum fulltrúa presta og einum fulltrúa kennara. Þannig var útvarpsráð skipað til 1934. Þá var l. breytt þannig að þá var útvarpsráð skipað 7 mönnum, 3 kosnum hlutfallskosningu á Alþ., 3 kosnum hlutfallskosningu af öllum útvarpsnotendum í landinu, en hinn 7. skyldi kennslumálaráðh. skipa. Þá var kjörtímabil útvarpsráðs 4 ár.

Í því frv., þar sem fyrst er lagt til að útvarpsráð verði að hluta kosið af Alþ. og að hluta af útvarpsnotendum, segir í grg. frv. m. a.:

„Með 4. gr. frv. er í fyrsta lagi lagt til að horfið sé frá þeirri leið, að dagskrárstjórn útvarpsins verði skipuð fulltrúum stétta og stofn-

ana, en lagt til að hún sé skipuð á lýðræðislegan hátt, svo að skipunin verði á hverjum tíma í samræmi við vilja þjóðarinnar allrar og útvarpsnotenda sérstaklega. Ríkið hefur upphaflega stofnað þetta fyrirtæki, ber á því fjárhagslega ábyrgð, setur því lög og reglugerðir. Þykir því rétt að 3 af 6 kjörnum fulltrúum í dagskrárstjórn séu kjörnir hlutfallskosningu á löggjafarsamkomu þjóðarinnar."

Þó að Alþt. frá þessum tíma beri með sér að um margt greindi menn á, þá töldu flestir að þessi aðferð við kosningu útvarpsráðs væri til bóta frá því sem áður var. Skv. þessari skipan var kosið í útvarpsráð vorið 1935, í fyrsta og síðasta sinni skv. þeirri skipan, því að 1939 var l. enn breytt á þá leið, að ráðið skyldi skipað 5 mönnum, öllum kosnum hlutfallskosningu á Alþ. Hið fyrra fyrirkomulag hafði þá ekki gefið þá raun sem vænst hafði verið. Í grg. með frv. þá segir að kosningarnar hafi orðið að mestu pólitískar, sé líklegast að svipuð hlutföll haldist við hlutfallskosningar á Alþ. Í frv. var fyrst lagt til, að kjörtímabil ráðsins yrði 2 ár, en í meðförum Alþ. varð sú breyt. á, að kjörtímabilið var ákveðið 3 ár. Í þetta sinn greindi alþm. einnig á um kosningafyrirkomulagið og fjölda útvarpsráðsmanna, en urðu sammála um, að kjörtímabilið skyldi verða 3 ár. Þannig var skipan þessara mála til 1943. Þá var lögunum breytt í þá átt, að útvarpsráð skyldi kosið á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Í grg. með frv. þá segir um þetta efni m. a.:

„Með gildandi lögum er Alþ. fengin kosning útvarpsráðs, en kosning gildir til nokkurra ára í senn án tillits til breyt. þeirra sem verða kunna á styrkleikahlutföllum á Alþ. við almennar kosningar. Þetta er óeðlilegt, því að úr því að Alþ. er fenginn þessi kosningaréttur sýnist sjálfsagt að hvert nýkosið Alþ. kjósi útvarpsráð að nýju. Með því einu móti er skapaður möguleiki fyrir því, að útvarpsráð sé í samræmi við óskir almennings á hverjum tíma. Sami háttur er hafður á um kosningu menntamálaráðs og hefur gefist vel, og er því með frv. lagt til að svo verði einnig varið með útvarpsráð."

Meiri hluti allshn. flutti lagabreyt. og tók brtt. aðeins til þessa eina ákvæðis laganna, þ. e. um hvenær útvarpsráð skuli kosið. Sú breyt. var samhljóða þeirri breyt. sem nú er lagt til að gerð verði á l. Litlar umr. urðu um málið, en í framsögu sagði frsm. með leyfi forseta:

Þetta frv. fer í þá átt að samræma kosningu í útvarpsráð við það sem er um menntamálaráð, þannig að hvor tveggja n. sé kosin á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Bæði þessi ráð eiga að starfa að menningarmálum og hafa hliðstæðum og þýðingarmiklum störfum að gegna. Og sýnist eðlilegt, að sami kosningaháttur gildi um hvort tveggja, enda er ljóst, að þar sem ætlast er til þess, að útvarpsráð sé spegill af vilja Alþ., þá er rétt að sá spegill sé í samræmi við vilja kjósendanna á hverjum tíma, eins og hann hefur komið fram við alþingiskosningar."

Árið 1966 var svo fjölgað í útvarpsráði úr 5 í 7. Þessi skipan ríkti svo til 1971, að upp var tekin sú skipan, sem nú er, þ. e. að kjörtímabil útvarpsráðs er enn á ný 4 ár. Þá voru gerðar margar breyt. aðrar á l. og þau gerð ítarlegri en þau voru fram að því. Varðandi breyt. á kjörtímabili útvarpsráðs segir m. a. í frv., með leyfi forseta:

„Með núverandi skipan er Ríkisútvarpið nátengt við stjórnmálabaráttuna og sveiflur hennar. Virðist hyggilegra og meira í samræmi við hugmyndir samtíðarinnar um sjálfstæði Ríkisútvarpsins, að útvarpsráð hafi fast kjörtímabil, eins og mikill meiri hluti þeirra stjórna og ráða, sem Alþ. kýs. Mundi það skapa meiri festu í störf útvarpsráðs og stofnunarinnar í heild."

Það er mín skoðun, að þessu marki hafi ekki verið náð. Eins og vænta mátti, þar sem um svo veigamikil nýmæli og mörg var að ræða í frv. auk margra breyt. á eldri ákvæðum, þá urðu umr. ekki sérstaklega miklar um þetta atriði, þ. e. um kjörtímabil útvarpsráðs. Margir ræðumenn lýstu sig fylgjandi breyt., þó að sumir létu í ljós nokkurn ugg í þessu sambandi. Till. kom m. a. fram um að fjölga í útvarpsráði úr 7 í 15, en sú till. náði ekki fram að ganga.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir því, hvernig útvarpsráð hefur verið byggt upp frá byrjun og hvert kjörtímabil ráðsins hefur verið hverju sinni. Á 46 ára starfsferli hefur þetta verið breytilegt eins og fram hefur komið. Það er ekki óeðlilegt, að leitað sé nýrra leiða í þessum efnum sem öðrum. Ljóst er að sú skipan að kjör útvarpsráðs fari fram eftir alþingiskosningar hefur gilt langlengst eða um 28 ár af 46 ára starfsferli útvarpsráðs.

Þegar menn kynna sér þær umr., sem orðið hafa varðandi þessi atriði, og till. til breyt., þá er það rétt, að fyrir 1943 urðu um þetta atriði deilur, en þær voru málefnalegar. Um breyt. 1943 varðandi þetta atriði og svo aftur 1971 eru ekki umr. eða deilur um þær breyt., hvorki þegar ákveðið var að útvarpsráð skyldi kosið eftir hverjar alþingiskosningar, eins og ákveðið var 1943, né að kjörtímabil ráðsins skyldi vera 4 ár, eins og samþ. var 1971.

Ég fæ ekki með neinu móti skilið þann málflutning, sem var viðhafður hér í hv. d. við 1. umr. þessa máls, þar sem talað var um pólitískt ofríki, pólitískt siðleysi og því um líkt. Þvílíkum ásökunum vísa ég algjörlega á bug. Hver hv. þm. hefur auðvitað sínar skoðanir á því hvernig hann telur þessum málum sem öðrum best fyrir komið. Í þessu efni hafa margar leiðir verið reyndar. Hér er lagt til að taka upp þann háttinn sem lengst hefur verið við hafður, þ. e. að útvarpsráð verði kjörið að loknum alþingiskosningum.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. samþ. og því vísað til 3. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og kunnugt er er það frv., sem hér um ræðir, flutt í þeim gagngera tilgangi að losna við nokkra óþæga einstaklinga úr útvarpsráði, sem löglega hafa verið til þess kjörnir til 4 ára og eiga því enn eftir 1 ár af kjörtíma sínum. Þetta er sem sagt aðaleinkenni þessa máls, sem hér er til umr. Hitt virðist einnig einkenna þetta frv., að flm. þess virðist liggja meira en lítið á, það má ekki fá eðlilega og sjálfsagða meðferð hér í þinginu, heldur er allt kapp á það lagt að þræla því

í gegnum þingið með ífrafári og óþinglegum vinnubrögðum.

Á miðvikudagsmorguninn var boðaður fundur í menntmn. Ed. Þá stóð svo á að ég var veðurtepptur norður í landi, hafði skroppið þangað kvöldið áður, en á miðvikudag lögðust flugsamgöngur víðast hvar á landinu niður vegna snjókomu, svo að ég átti þess engan kost að komast suður þennan dag. En það voru fleiri en ég sem gátu ekki komið á umræddan nefndarfund þennan morgun, svo að hann féll niður. Hins vegar var nýr fundur boðaður að loknum deildarfundum þennan sama dag. Áður en til þess fundar kom var ég búinn að hafa samband í gegnum síma við nokkra meðnefndarmenn mína í menntmn. Ed. til að koma á framfæri eindreginni ósk minni, að á þessum fundi yrði málinu frestað og því yrði vísað til umsagnar nokkurra aðila, þ. á m. stjórnar Blaðamannafélags Íslands.

Hér er um að ræða viðkvæmt ágreiningsmál, sem eins og kunnugt er mætti harðri andstöðu þm. úr þremur flokkum, þegar það var rætt við 1. umr. í Ed. Það er ljóst að hér er verið að kollvarpa þeim leikreglum, sem allir stjórnmálaflokkar höfðu komið sér saman um að gilda skyldu við kjör manna í útvarpsráð og höfðu verið samþ. einróma hér á Alþ. Og það sem meira er, þetta er verið að gera í þeim gagngera pólitíska tilgangi að pota ákveðnum erindrekum stjórnarflokkanna inn í útvarpsráð einu ári fyrr en þeir eiga rétt til lögum skv. Þegar slík mál eru á ferðinni, sem er sem betur fer ekki oft, þá er það algert lágmark að menn fái tækifæri til að ræða þessa breyt. í n. og eigi þess kost að fá um hana umsagnir aðila utan þingsins, en á nefndarfundi menntmn. s. l. miðvikudag gerðist sá óvenjulegi og furðulegi atburður að meiri hl. n., 4 hv. þm., ákveða að báðum fulltrúum stjórnarandstöðunnar fjarstöddum að neita að fresta afgreiðslu málsins og neita að fá um það nokkra umsögn. Þetta ákveður sem sagt 4 manna meiri hl. n. enda þótt 5. stjórnarþm., hv. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson væri ekki heldur mættur á fundinum, en hann hafði einmitt lýst andstöðu sinni við frv. við 1. umr. málsins og reyndar var hann sá eini af stjórnarþm. í menntmn., sem hafði fyrir því að taka til máls við 1. umr. og lýsa skoðunum sínum.

Nei, það leynir sér ekki, að stjórnarflokkunum er heldur en ekki brátt í brók að koma tryggum erindrekum sínum inn í útvarpsráð og það sem allra fyrst. Það má sem sagt ekki viðhafa þingleg vinnubrögð og senda málið til umsagnar. Það má ekki einu sinni fresta málinu um einn dag þegar ófærð í lofti hamlar för manna á nefndarfund. Nei, það má greinilega engan tíma missa að koma réttum mönnum með réttan hugsunarhátt í útvarpsráð, og dettur manni þá einna fyrst í hug að það hljóti að vera dagskráin um jólin eða um nýárið, sem stjórnarflokkarnir vilja fyrir hvern mun tryggja að verði nægilega NATO-sinnuð og pólitísk stemmd fyrir íhaldsöflin í landinu. Hvað annað veldur þessum óvenjulegu og óþinglegu vinnubrögðum? A. m. k. leynir sér ekki að það er einhvers staðar þrýst á bak við tjöldin af miklum pólitískum þunga. Ég er sannfærður um að formaður n., sem er þekktur að hæversku og háttprýði, gerir það ekki með neinni ánægju að viðhafa þvílík vinnubrögð. Það er greinilegt að ákveðnir forustumenn flokksins hafa ákveðið, að málinu skuli hraðað eins mikið og nokkur kostur sé, og formaður n. er þá tilneyddur að taka að sér það skítverk að kreista málið út úr n. með forgangshraða.

Þessi hamagangur allur er ekki síður athyglisverður fyrir þá sök að nú í vikunni gerðist sá einstæði atburður að einn af þm. stjórnarflokkanna varð fyrir harðri árás í ritstjórnargrein í eigin flokksblaði fyrir afstöðu sína í þessu máli. Satt að segja man ég ekki eftir því á seinni árum að nokkur þm. hafi orðið fyrir þvílíku, að vera opinberlega hirtur í ritstjórnargrein í aðalstuðningsblaði sínu, meira að segja sérstaklega nafngreindur, en þetta gerðist nú fyrir fáum dögum, og sá sem fékk þessa óþokkalegu skvettu yfir sig úr eigin herbúðum var enginn annar en hæstv. forseti þessarar d. og framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstfl., hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson. Slíkur er nú ofsinn og ófyrirleitnin, sem liggur að baki flutningi þessa máls. Sem sagt þegar einn af hv. þm. Sjálfstfl. leyfir sér að segja persónulega skoðun sína á þessu máli og talar þar af þekkingu og reynslu sem fulltrúi í útvarpsráði um langt skeið, þá er honum ekki svarað hér í þinginu á málefnalegan hátt. Það stendur ekki upp einhver forustumaður Sjálfstfl. til þess að rökræða málið og leiða honum fyrir sjónir að hann hafi hugsanlega rangt fyrir sér. Nei, flokksforustan kann önnur ráð til þess að setja ofan í við óþæga þm. Það er sem sagt einn hælbiturinn í ritstjórnarstól Morgunblaðsins sendur á vettvang, og hann er í ritstjórnargrein látinn tyfta hæstv. forseta þessarar deildar, refsa honum í áheyrn alþjóðar, fyrir að vera ekki reiðubúinn til þess að fallast á það pólitíska ofstæki, sem felst í þessu frv.

Ég vil að lokum segja það, að mér finnst satt að segja óhugnanlegt, hvað Morgunblaðinu hefur tekist vel að æsa liðsmenn sína gegn núv. útvarpsráði. Það er t. d. óspart reynt að nota dagskrá stúdenta 1. des. s. l. til áróðurs gegn núv. meiri hl. útvarpsráðs. Það er eins og aldrei fyrr hafi heyrst pólitísk dagskrá 1. des. en núna 1974. Sú var nú tíðin, eins og margir muna, að hægri menn voru í meiri hl. meðal stúdenta í Háskóla Íslands. Þetta voru að vísu heldur ömurlegir 1. des., ekki eitt ár eða tvö, heldur mörg ár í röð. Þá voru stórpólitískar ræður fluttar af forustumönnum úr Sjálfstfl. og Alþfl., t. d. eitt árið man ég um nauðsyn þess að fella gengi krónunnar og flytja fjármagnið til í þjóðfélaginu til þeirra, sem fyrir athafnalífinu stæðu, og frá þeim sem minna mega sín, annað árið um nauðsyn þess að hafa hér her um varanlega tíð í landinu og þriðja árið um nauðsyn þess að gera samning við breta um landhelgismálið. Ég minnist þess, að þessi grófi áróður var fluttur á sínum tíma í gegnum útvarp beint frá fullveldishátíð stúdenta 1. des. og hneykslaði marga. En að sjálfsögðu datt þá engum í hug að koma í veg fyrir, að þessum áróðursræðum hægri manna væri útvarpað, jafnvel þótt mönnum líkaði þær ekki. Og enn síður datt mönnum í hug að blanda pólitískt kjörnu útvarpsráði inn í þær deilur, sem nú er óspart gert af pólitískum skriffinnum Morgunblaðsins

og Vísis. Það var að vísu síðasta innlegg í þessu máli að koma fram sem húsmæður í Vesturbænum.

Nei, staðreyndin er auðvitað sú, að núv. útvarpsráð hefur talið sjálfsagt að gæta þess vandlega að mismunandi skoðanir og ólík sjónarmið ættu jafnan og greiðan aðgang að útvarpi og sjónvarpi, og það er þetta sem útvarpsráð er sakfellt um að hafa gert. En þannig verður þetta að vera og þannig á það að vera. Hitt er svo annað mál, að áhrifaaðstaða hægri afla í landinu yfir sjónvarpi og ríkisútvarpi hefur augljóslega verið mjög mikil frá gamalli tíð, eins og oft hefur komið í ljós. Mér er t. d. minnisstætt, þegar undirskriftasöfnun Varins lands stóð yfir á s. l. vetri og birtar voru í sjónvarpinu auglýsingar dag eftir dag, þar sem skorað var á landsmenn að rita undir undirskriftalista Varins lands. Þessar auglýsingar voru algjört lögbrot. Þær sem sagt stönguðust á við skýr ákvæði reglugerðar útvarpsins um sjónvarpsauglýsingar, þar sem bannað er að birta auglýsingar með pólitísku efni. Ég minnist þess, að þegar Samtök herstöðvaandstæðinga á sínum tíma vildu halda þó ekki væri nema einn lítinn fund, þá var þeim algjörlega meinað að koma auglýsingum á framfæri í sjónvarpnu. En þegar svo Varið land fór af stað og þurfti að hvetja landsmenn til þess að undirrita sína undirskriftalista, þá gátu auglýsingar af því tagi dunið í sjónvarpinu dag eftir dag, án þess að við þeim væri blakað. Og það þurfti talsvert átak, — ég skal viðurkenna að ég tók þátt í því átaki, — en það þurfti talsvert átak til þess að fá þetta lögbrot stöðvað. En þá hafði Varið land fengið sitt fram með því að koma þessum auglýsingum á framfæri um allmarga daga. Menn geta svo rétt ímyndað sér hversu tröllsleg viðbrögð Morgunblaðsins hefðu orðið, ef hlutverkum hefði verið skipt og Samtök hernámsandstæðinga hefðu átt í hlut í þetta sinn. Menn þurfa svo sem ekki að efast um það, að Ríkisútvarpið og forusta þess í útvarpsráði hefði verið hundelt með þessum venjulegu ósvífnu glósum og kommúnistastimplum í anda kalda stríðsins og MacCartys, sem öll þjóðin þekkir svo vel.

Nei, ég þarf ekki að fara mörgum frekari orðum um þetta efni. Um þetta mál má fara mörgum orðum og ég ætla ekki hér að fara að endurtaka röksemdir mínar, sem ég flutti fram gegn frv. við 1. umr. málsins. En ég endurtek það sem ég sagði þá og vil segja enn, að þetta mál ber vott um pólitískt ofríki og ofstæki og er aðstandendum sínum til lítils sóma. Við eigum að halda þær leikreglur, sem allir flokkar hafa komið sér saman um að viðhafa við kosningu í útvarpsráð að vandlega athuguðu máli, og við eigum ekki að fara að hrófla við dagskrárstjórn útvarpsins í hvert sinn sem breytingar verða á skipan Alþ. Það er ekki heilbrigt fyrir þessar stofnanir, að fá kannske yfir sig þrjú útvarpsráð á sama árinu, eins og verður með þessu skipulagi, ef tvennar kosningar verða á sama árinu vegna breytingar á einhverju ákvæði stjórnarskrárinnar. Auk þess mega menn vita, að ef þessi ríkisstj. kemst upp með það að skipta um í útvarpsráði eingöngu í pólitískum tilgangi, þá er með því verið að gefa síðari ríkisstjórnum mjög varhugavert fordæmi. Er ekki eins líklegt, að næst þegar mynduð verður ríkisstj., sem ekki unir við þá einstaklinga, sem sitja í þáv. útvarpsráði, þá verði lögunum aftur breytt, hvort sem alþingiskosningar eru nýlega afstaðnar eða ekki. Það er alltaf auðvelt að finna einhverjar ástæður til breytinga.

Herra forseti. Ég hef ekki skilað nál. vegna þess að ég átti þess ekki kost að sitja nefndarfund um þetta mál. En ég legg á það áherslu hér, að mergurinn málsins er sá, að ef núv. forustumenn leyfa sér að breyta útvarpslögunum í þeim eina tilgangi að losa sig við óþæga einstaklinga, þá er verið að opna fyrir pólitíska íhlutun af þessu tagi í hvert skipti sem nýr þingmeirihluti er myndaður hér á Alþ. Þeir, sem það vilja, greiða þessu frv. atkvæði sitt, en þeir, sem telja slíka þróun óæskilega og hættulega, sameinast um það, hvaða flokk sem þeir annars fylla, að fella þetta frv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. menntmn. undraðist hve umr. um þetta mál væru lítt málefnalegar. Ég spyr nú hv. frsm.: Hvernig eiga umr. um þetta mál að verða fullkomlega málefnalegar, þegar málefnið er ekkert, tilefnið ekkert sem tilgreint hefur verið, en allir vita að ekki má nefna þá snöru í hengds manns húsi, sem er hin raunverulega ástæða og hv. frsm. nefndi vitanlega ekki heldur. En það ætti svo sannarlega að vera okkur óbreyttum þm. stjórnarandstöðunnar fagnaðarefni, þegar röksemlega er að verki staðið og vinnubrögð n. eru skjót og góð. A. m. k. ætti ég persónulega að fagna því, þar sem ég á sæti í þrem þingnefndum hér í hv. d. og hef enn ekki þurft að ómaka mig á lengri fund í neinni þeirra en nemur 5 mínútum. Loks hefur sem sagt hæstv. ríkisstj. tekið fjörkipp sem um munar, enda stefnumarkandi stórmál á ferð sem vænta mátti.

Það hefur vægast sagt verið fátt um fína drætti hjá okkur þm. varðandi ný lagafrv. frá hæstv. ríkisstj. og m. a. þess vegna hef ég átt fulllétta veru í n. til þessa. Þó er skylt að geta þess, að merkast og fyrirferðarmest er einmitt frv. frá hæstv. menntmrh., þ. e. a. s. ekki þetta vitanlega, heldur frv. um fullorðinsfræðsluna. Einhvern veginn hafði mér skilist á þeim sjálfstæðismönnum hæstv., að margt þyrfti að lagfæra og mörgu að kippa í liðinn eftir óstjórn síðustu ára. En frv. þeirra eru mestallt gamlar lummur frá vinstri stjórninni, sem vitanlega ber að fagna, að þeir hafa þó haft vit á að taka upp. Raunar heyrist þessi ásökun um vonsku vinstri stjórnarinnar enn þá, þegar þeir eru að senda samstarfsmönnum sínum tóninn út af vinstri syndunum, og vekur oft furðu mína hvernig margir ágætir framsóknarmenn, sem bera ólíkt hlýrri tilfinningar í garð fyrri stjórnar en þessarar, fá þar setið undir þegjandi. Vekur raunar athygli, að þeir vilja alls ekki sitja undir þessari umr., nema einn varaþm. þeirra.

Rétt er þó þrátt fyrir verkleysi hér á þingi að minna á hve vel þeim stjórnarherrum sækist barátttan við dýrtíðina, hve sigursæl stefnan er í lækkun ríkisútgjaldanna margumtöluðu, að ekki sé talað um þá ótvíræðu staðreynd, hve verðstöðvunin er alger og fullkomin. Allt þetta ber

vitanlega að meta og þakka á sinn hátt. En allt hverfur þetta þó greinilega í skuggann fyrir þessu máli málanna, sem hér er á dagskrá. Hér er hið brýnasta viðfangsefni á ferðinni. Losna þarf við ákveðna aðila úr ákveðnu ráði einu ári fyrr en lög ákveða. Manni dettur nú helst í hug — þó að það sé næstum syndsamlegt — óróleg samviska eða eitthvað þess háttar. Ja, miklir menn og voldugir að áhrifum eru þeir Njörður Njarðvík og Ólafur Ragnar og greinilega hættulegri en svo að hættandi sé á að hafa þá þetta eina ár til viðbótar í forsjá Ríkisútvarpsins. Öllu meiri heiður og traust er erfitt að sýna mönnum en það, að sérstök lög skuli þurfa að hespa af í grængolandi hvelli til að losna við áhrifavald þeirra á sama tíma og öll mál ganga í rólegheitum hér á þingi.

Ég hef nú eiginlega verið að vona að málefnafátæktin stafaði af því hér á hv. Alþ., að íhaldinu gengi svolítið illa að kenna Framsókn hinn rétta hægri gang í öllu, a.m.k. inni á þingi, þó að utan þess hafi það tekist svo ágætlega sem raun ber vitni og einstök samningsafrek hæstv. utanrrh. sanna. En þetta mál á sem sagt að fá þá réttu hægri vængi og fljúga á þeim gegnum þingið og fylgir þar arnsúgur mikill, svo sem vænta má af stórmáli.

Hæstv. forseti þessarar d. virðist eftir nál. að dæma ekki einu sinni fá að vera með í þessu listflugi, enda sennilega heldur ófús þess, ef miða á við orð hans hér á dögunum, alvöruorð, rækilega rökstudd, sem áttu ólíkt meiri rétt á sér en flumbruháttur meiri hl. menntmn. Og nú er málið komið hér til 2. umr. án þess að minni hl. hafi átt þess kost að gera í n. grein fyrir afstöðu sinni og málsmeðferð. Er nema von að menn spyrji: Hvað skyldi standa til að gera í útvarpsráði úr ríkisfjölmiðlum? Það hlýtur að standa mikið til. Sumum hefur flogið í hug andaktin margumrædda í lok hverrar dagskrár, sem vondir menn hafa ekki viljað leyfa. Mönnum hefur jafnvel flogið í hug að sameina ætti þessa andakt guðskristninnar annarri heilagri kenningu, trúnni á NATO, og þá mætti hugsa sér að launaður erindreki þessara samtaka hér á landi, sem er eitthvað tengdur útvarpsráði, fengi einkarétt á andaktinni og gerði þá minna til þó að guðskristnin gleymdist af og til, ef þeim mun betur væri fyrir hinni séð. En það er von að mönnum detti ýmislegt í hug. Siðbótin hlýtur að verða afgerandi og afdráttarlaus, og þá þykir sjálfsagt rétt að hefja hana á jólunum, sér í lagi með tilliti til þess að ötulir kaupahéðnar þessa lands hafa gert þessa einföldu fagnaðarhátíð jafnaðar og bræðralags að uppskeruhátíð ágóðans. Við skulum vona að uppskera siðbótarinnar í útvarpsráði verði ekki síðri þeim, sem hér að standa, svo að menn öðlist þá fyrri sálarró.

Annars er lítil þörf endurtekningar þess, sem ég sagði hér á dögunum. Morgunblaðið hefur blessunarlega og opinskátt staðfest það, sem ég sagði þá um frumástæðu þessa frumvarpsflutnings. Og ekki hefur þögn Tímans verið síðra sönnunargagn. Allt ber því að sama brunni. Hér eru fyrst og fremst að verki öfl sem gjarnan kenna sig, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds sagði, við húsmæður í Vesturbænum og fleiri viðlíka gáfnafyrirbæri, fyrirbæri eins og jafnvel birtast í formanni L.Í.Ú., sem hélt tímamótaræðu um útvarpsmál m.a. norður á Akureyri á dögunum, en ég verð svo sannarlega að hlífa nú af mannlegri vorkunnsemi eftir þá rassskellingu sem hann fékk frá sjómönnum Íslands, verðuga og réttmæta.

Hæstv. menntmrh. er vitanlega ekki viðstaddur þessar umr. Ég skil það mæta vel, samviskan er ekki góð. Ég verð samt að biðja flokksbræður hans að skila því til hans, að enn biðji ég hann þess að hann láti ekki þau öfl, sem þarna eru á ferðinni, villa sér sýn. Þetta frv. er almennt fordæmt, það ber allan keim þeirra vinnubragða, sem hreinlega sæma ekki svo ágætum manni sem hæstv. ráðh. er. Ég skal því enn sem fyrr skora á hann að láta kyrrt liggja, svæfa þetta frv. nú í kyrrþey og vekja það ekki til lífs á ný. Það væri honum líkara en þetta frumhlaup.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það vekur eðlilega athygli að hæstv. menntmrh. er ekki staddur við þessa umr. þrátt fyrir það þótt frsm. hv. menntmn. Ed. útskýrði það lystilega hversu þetta frv. að l. um ríkisútvarpið væri beint framhald af merkilegum fyrri tilraunum til þess að finna hina einu sönnu aðferð til að velja gott útvarpsráð. Um tíma við upphaf umræðnanna var heldur enginn framsóknarmaður viðstaddur þessa umr., og rifjaðist þá upp fyrir mér á ný sú staðreynd hversu það hefði verið sláandi við umr. um stjfrv. hér á Alþ. í vetur að framsóknarmenn hafa forðast að taka þátt í þeim. Þeir hafa látið eins og það væri nóg að Ólafur Jóhannesson myndaði þessa ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, þótt þeir þyrftu ekki líka að standa upp á Alþ. og verja hana.

Frv. það, sem hér hefur verið lagt fram nú frá hv. menntmn., hefur fengið þar sína skrýtilegu meðferð, sem e.t.v. er við hæfi frv., þó að hún sé tæpast við hæfi þeirrar virðingar sem Alþ. hæfir, — þetta frv. var tekið til meðferðar í menntmn. þegar einungis fylgismenn þess gátu sótt fundinn, eins og áður hefur verið að vikið hér. Það var samþ. úr n. án þess að leita umsagnar réttra aðila, svo sem útvarpsstjóra, e.t.v. Starfsmannafélags útvarpsins og stjórnar Blaðamannafélags Íslands. Ekkert samráð var haft við þá menn sem unnu að samningu þeirra útvarpslaga sem hér var verið að breyta. N. lagði ekki á sig neina vinnu til að kanna hvort lagabreytingin væri til bóta eða til hins verra, þrátt fyrir það þótt hæstv. forseti þessarar þd., Þorv. Garðar Kristjánsson, sem um árabil hefur átt sæti í útvarpsráði, þrátt fyrir það þótt hann hefði með gildum rökum gert grein fyrir því hvílíkt rannsóknarstarf og hvílík alúð var lögð í samningu þeirra laga sem enn áttu eftir að fá að standa um sinn. Vinnubrögð n. sýna raunar ljóslega að með þessu frv. á aðeins að klóra yfir innanflokksskyssur í flokki hæstv. menntmrh., samtímis því sem hæstv. menntmrh. lætur að vilja Morgunblaðsklíkunnar í Sjálfstfl. um þess háttar hreinsun hjá Ríkisútvarpinu sem hæfir pólitísku siðgæði nýrrar afturhaldsstjórnar. Hér er sem sagt boðað nýtt tímabil, sem við gætum kallað tímabil Moggaþjónustu Tímaklíkunnar. Það bend-

ir margt til þess að störf Alþ. á næstu missirum kunni að einkennast býsna mikið af þjónkun Framsfl. við andstæðinga kjósenda sinna, við hina hlaupkenndu stefnu flokksins.

Frv. um breytingu á útvarpslögunum, sem hæstv. menntmrh. réttlætir með því að útvarpsráð eigi að endurspegla styrkleikahlutföll á Alþ., er rétt einn vottur þessarar undarlegu stefnu. Breyting á styrkleikahlutföllum á Alþ. hefur ekki orðið nein hvað útvarpsráð varðar síðan í það var kosið. Við umr., sem þegar hafa orðið um frv. í þessari hv. deild, hefur raunar komið í ljós að núv. útvarpsráð nyti nú meiri þingfylgis en þegar það var kosið, ef ekki kæmi til breytt stefna þingflokks Framsfl. Þar við bætist svo hitt, að lögum samkvæmt er útvarpsráði alls ekki ætlað að endurspegla styrkleikahlutföll á Alþ. Frv. endurspeglar að vísu dálítið. Við gætum kallað það, sem það endurspeglar, dálítið grátbroslega hentistefnu Framsfl. Ég get, vegna þess að það snertir á vissan hátt orsakirnar fyrir því að nú á að hreinsa til í útvarpsráði, nefnt eitt lítið dæmi um það hvernig afleiðingarnar af þessari hentistefnu blasa við okkur nær daglega þessar vikurnar. Í fyrradag lá á borðinu mínu hér í þessari hv. d. sendibréf frá manni nokkrum, sem kvaðst heita Nguyen Phoung Thiep og vera sendiherra Vietnam með aðsetri í Þýskalandi. Hann þakkaði mér í þessu bréfi kærlega stuðning íslenskra alþm. við kjör hans í stjórn Alþjóðaþingmannasambandsins. Ekki kannaðist ég við að eiga neinar sérstakar þakkir skildar í sambandi við kjör þessa manns í virðingarstöðu né heldur bar ég kennsl á hann að öðru leyti en því að ég þóttist þó sjá af ættarnafni hans að hann mundi vera einn af fjölmörgum ættingjum Thieps þess sem Bandaríkjastjórn hefur fyrir lepp í Saigon í Suður-Vietnam. Svo sá ég mynd af því í blöðunum í fyrradag hvar þessi silkiklæddi herramaður var að afhenda skilríki sín sem sendiherra á Íslandi fyrir lýðveldið Suður-Vietnam, landið sem hefur mátt þola fleiri tonn af sprengjum á hvern ferkílómetra, fleiri eiturlítra á hvern hektara ræktaðs lands en nokkurt annað ríki í heiminum, hvort tveggja frá bandamönnum okkar, amerikumönnum. Ein af þeim sökum, er meiri hl. sá í útvarpsráði, sem Framsfl. vill nú víkja frá, er oftast borinn í Morgunblaðinu, er að opna ríkisfjölmiðlana fyrir gagnrýni óhlutdrægra aðila og þá helst svía á óhæfuverkum bandaríkjamanna í Vietnam og á það undarlega siðferði sem birtist í því að leppar árásarríkisins skuli sitja í ráðherrastólunum í Saigon og koma fram fyrir hönd vietnömsku þjóðarinnar út á við. Þannig má segja að heimsókn Nguyens Phoung Thiep sendiherra til Íslands nú standi í nokkru samhengi við frv. Vilhjálms Hjálmarssonar, hæstv. menntmrh., um kjör nýs útvarpsráðs, sem henti betur til að endurspegla undirlægjuhátt ráðh. Framsfl. við sjónarmið Morgunblaðsklíkunnar og málstað þess herveldis, sem utanrrh. Framsóknar hefur nú tryggt herseturétt á Miðnesheiði um fjölda komandi ára. Má því að vísu segja að þetta dæmafáa plagg, þetta frv. hæstv. menntmrh. sé hæfilegur virðingarvottur af hálfu ríkisstj. við Nguyen þennan Phoung Thiep sem nú gistir Ísland í boði framsóknarráðherra.

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hélt uppi gagnrýni um að þetta mál hefði fengið óþinglega meðferð. Ég mótmæli því, að svo hafi verið. Hér var boðað til fundar í n. með eðlilegum hætti og hægt er að benda á fjölmörg hliðstæð dæmi um að slíkt hafi verið gert. Ef talað er um hraða þann stutta tíma sem var liðinn frá því að frv. var lagt fram á Alþ. á mánudag og boðaður fundur á miðvikudag, þá er slíkt ekki óeðlilegt og allra síst á dögum rétt fyrir þinghlé. (**Gripið fram í:** Af hverju leituðuð þið ekki umsagna?) Herra forseti. Ég hef orðið, er það ekki?

Varðandi gagnrýni um það, að ekki var leitað umsagna um það hvort Alþ. ákvæði að kjörtímabil útvarpsráðs yrði eins og nú er lagt til, þ. e. a. s. að útvarpsráð skuli kosið eftir hverjar almennar kosningar, þá er því til að svara, að árið 1943, þegar nákvæmlega sams konar breyting var gerð, og það er eina tilvikið, sem hægt er að vitna í í þingsögunni þar sem einungis þessi einasta breyting var gerð á útvarpslögunum, þ. e. a. s. varðandi kjörtímabil útvarpsráðs, þá var því máli ekki vísað til umsagnar af n., ekki heldur 1966, þegar fjölgað var í ráðinu úr 5 í 7. Því var ekki vísað til umsagnar, enda er þetta ákvörðunaratriði Alþ., hlýtur að vera. Og að vísa slíku til umsagnar Blaðamannafélagsins, — menn geta haldið slíku fram sem hálfgerðu gamanmáli og ég er ekkert á móti því og tel allt í lagi að menn geri það, ég trúi því ekki að þeir meini raunverulega neitt með því.

Varðandi þinglega meðferð málsins til þessa er það að segja, að það hefur verið farið að nákvæmlega eins og í öðrum málum og varðandi þetta sérstaka atriði nákvæmlega eins og áður hefur verið gert þegar um tiltekna breytingu er að ræða nákvæmlega samhljóða þeirri, sem hér um ræðir.

Það er rétt að það hafa stundum orðið nokkuð víðtækar umr. einmitt um kjör útvarpsráðs og ég vil segja að þær umr., sem eiga sér stað núna, séu komnar kannske aðeins út fyrir efni málsins. Ekki er ég að lasta það, en ekki held ég að því verði á móti mælt að þær umr. hafi aðeins farið út fyrir efnishlið málsins. Í umr. 1939, þegar fyrst var lagt til að Alþ. kysi útvarpsráðsmenn í stað þeirrar kosningar sem áður hafði farið fram þá einmitt héldu fulltrúar Sósialistafl. uppi mjög svipuðum málflutningi varðandi þetta atriði og nú hefur verið gert og töluðu um málið á ákaflega víðum og breiðum grundvelli. Það er út af fyrir sig ekkert um það að segja. Ég er ekkert að eltast við að svara því sem kemur þessu máli ekkert við.

Ég endurtek: Hér hefur ekki verið um neina óvenjulega meðferð á málinu að ræða eða óþinglega meðferð, því vísa ég algerlega á bug. Hér er um að ræða einfalt mál, að taka upp á ný þann hátt, það fyrirkomulag, sem gilt hefur í 28 ár af 46 ára starfsferli útvarpsráðs.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði varðandi það, sem hv. frsm. meiri hl. menntmn. sagði hér áðan. Ég skal upplýsa hann og aðra hv. þm. hér um það að í fyrra, stuttu fyrir jól, þá var þn. með mál í athugun, mjög

þýðingarmikið mál. Það var talið áríðandi af ráðh. og reyndar af flestum í þn. að þessu máli yrði komið fram fyrir áramót. Ég var þá form. í þessari n. og við skiluðum okkar meirihlutaáliti, sem þurfti endilega að vera minni hlutaálit, ágætur hv. þm., sem ekki er nú hér lengur í þinginu, með vissar vöflur í málinu og skilaði áliti, sem þurfti endilega að vera minnihlutaálit, þrátt fyrir að hv. þm. væri okkur sammála. Eftir þessu áliti var beðið og tekið tillit til í fleiri daga, þangað til hv. þm. loksins kom því á prent. Þetta varð til þess að málið dagaði uppi. Þetta er smádæmi um leiðsögn þeirra sjálfstæðismanna í meðferð mála á Alþ. Það hefði því ekki verið óeðlilegt, þó að a. m. k. minni hl. n. hefði fengið að koma fram sínu nál. áður en þetta mál var tekið hér fyrir til umr.

Hv. frsm. furðaði sig á umsagnaraðilanum, sem hv. þm. Stefán Jónsson nefndi, Blaðamannafélagi Íslands. Þegar ég var í heilbr.- og trn. þessarar hv. d. formaður, þá komu þeir hv. sjálfstæðismenn stundum með till. um umsagnaraðila sem þeir þurftu margar mínútur til að skýra út fyrir mér, hvers vegna í ósköpunum ætti að senda til umsagnar, og voru beinlínis í þeim tilgangi gerðar að tefja fyrir málinu eða jafnvel reyna að eyðileggja það.

Einnig í sambandi við efnismeðferð þessa máls, þar sem hv. frsm. kvartar yfir því að við höfum farið hér út fyrir efni málsins, er það af eðlilegum ástæðum. Þetta mál, þótt sérstakt sé og einkennilegt, snertir ýmislegt annað og á áreiðanlega eftir að gera. Þá vil ég líka benda á að þeir hv. sjálfstæðismenn kenndu mér mjög skemmtilega aðferð við að tala um mál hér í þinginu s. l. vor. Þá voru þeir að ræða grunnskólalögin og gerðu það af mikilli speki og miklu viti, eins og nærri má geta, og eyddu ræðutíma sínum hér hálftímum og klukkutímum saman í að ræða um vinnslu sjávarafurða.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. frsm. menntmn., að er útvarpslögin voru endurskoðuð síðast var þeim ekki vísað til umsagnar útvarpsstjóra eða til útvarpsráðs eða útvarpsstjórnar, vegna þess að það voru þessir aðilar, sem sátu í n. þeirri, er samdi hin nýju lög, nákvæmlega þeir aðilar sem nú hefði átt að leita umsagnar hjá varðandi breyt. á þessum lögum.

Það kann vel að vera að hv. frsm. hafi þess háttar álit á Blaðamannafélagi Íslands að hann telji það næstum því skoplegt að leitað væri álits þess um fyrirkomulag kosningar í útvarpsráð eða starfsemi útvarpsráðs. Það getur vel verið að það sé vegna þess að mér er fremur hlýtt til þessa félags, sem ég átti lengi sæti í, að ég ímynda mér það enn í dag, að einmitt Blaðamannafélag Íslands væri fært um að leggja á ráð um meðferð svona mála, að ógleymdri heimspekideild Háskóla Íslands. Það kann líka vel að vera að hv. frsm. menntmn. þessarar þd. hafi slíkt vit á þessum málum að hann þurfi ekki að fara í skóla til neinna annarra. Það má vel vera. Ég held eigi að síður að það hafi ekki verið vegna visku meiri hluta menntmn. sem ekki var leitað umsagna réttra aðila um þetta frv., heldur af allt öðrum hvötum. Ástæðan er sú, að það á núna að setja lög til þess að rýma burtu löglega kjörnum starfsmönnum úr útvarpsráði. Það liggur svo mikið á að losna við þessa menn.

Ég þarf ekki að endurtaka hér, þó að ég gæti það eftir minni, helstu rök hv. þm. Þorv. Garðars gegn þessum vinnubrögðum. Sannleikurinn er sá að l. sem sett voru um kjör útvarpsráðs á sínum tíma, voru einmitt miðuð við það að rjúfa samhengið á milli kosninga Alþ. og kjörs útvarpsráðs. Ég er enn þeirrar skoðunar að þar hafi verið unnið að á réttan hátt, og ég hef lúmskan grun um að hinir vitrari fulltrúar í meiri hluta menntmn. séu í hjarta sínu sammála mér um þetta.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í raun og veru þarf ég ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Ég lýsti afstöðu minni við 1. umr. og ég spurðist þá fyrir um það, sem enn hefur ekki verið svarað svo að ég viti til, hvað hefði skeð ef myndun vinstri stjórnar hefði átt sér stað. Hefði þá verið farið af stað með þetta frv.? Það væri fróðlegt að fá svar við því við þessa umr. Ég held nefnilega að þá hefði ekki verið hreyft við þessu. Það eru þess vegna annarleg sjónarmig sem liggja að baki svona frv.-flutnings. Ég lýsi undrun minni á þessari meðferð mála hérna í d. og hjá n. og raunar má gera það um störf Alþ. almennt nú í haust. Það hefur sama og ekkert verið starfað í n., eins og hægt er að rekja með að birta heildaryfirlit yfir nefndarfundi og afgreiðslu mála fyrr en nú alveg á seinustu dögum. Og þá ber allt að sama brunni. Ég var bundinn í fjvn. og átti þess engin tök að koma á þennan nefndarfund. Ég var búinn að mæta á öðrum og þá mættu aðrir ekki og síðan er þetta hespað af og maður veit ekkert meira fyrr en við sjáum þetta nál. En hvað um það, ef andrúmsloftið er þannig hjá meiri hl. að knýja þetta í gegn og gera um leið útvarpið enn að pólitískri stofnun, meir en það hefur verið, andstætt því sem við vildum á sínum tíma að það yrði síður undir slíkum áhrifum, þá er það fróðlegt út af fyrir sig. Ég tel hins vegar að þessar fréttastofnanir, Ríkisútvarpið og Sjónvarpið, sem slíkar og almennar menningarstofnanir, eigi að vera sem sjálfstæðastar og óháðar pólitískum sveiflum í landinu. Það er mín persónulega skoðun. Það má deila um það endalaust með hvaða hætti við kjósum í þetta ráð eða í stjórn þessarar stofnunar, það má mjög deila um það og hafa verið mismunandi aðferðir við það, en ég tel að við séum að taka skrefið aftur á bak. Það litla skref, sem ég benti á að við hefðum gert 1971, var í jákvæða átt, að gera þessar stofnanir sjálfstæðar og óháðar pólitískum sveiflum og deilum í landinu og ég tel vel að svo hafi verið gert.

Eins og kom fram í ræðu Þorv. Garðars, 3. þm. Vestf., á sínum tíma, þá taldi hann að reynslan þessi 3 ár væri svo stutt að það ætti ekki að hlaupa til og breyta l. þess vegna. Það er sama hvaða útvarpsráð situr, það verður alltaf umdeilanlegt. Þetta eru ósköp venjulegir dauðlegir menn, eins og við hér hv. alþm. Um störf okkar

er deilt og um störf þessara manna verður deilt líka. Þá er að leggja hér fram rökstuddar skýrslur raunverulega um þeirra afglöp, ef nauðsynlegt er að reka þá þegar í stað. Það er lágmarkskurteisi við þá. Ég vissi ekki annað en við fengjum a. m. k. tök á því í n. að heyra eitthvað frá þessum mönnum eða útvarpsstjóra, en því var alveg hafnað. Þetta, segi ég, eru hrein ofbeldisvinnubrögð, og ég átel þau mjög harðlega.

Að öðru leyti skal ég ekki lengja þessar umr. vegna þess að þær eru komnar á það svið, sem hefur leiðindabrag á sér.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:5 atkv.
2. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 19. fundur.

Föstudaginn 13. des., kl. 2 miðdegis.

Happdrætti Háskóla Íslands, frv. (þskj. 55). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 146).

Lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, frv. (þskj. 51, n. 123). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Álit fjh.- og viðskn. er á þskj. 123. N. hefur athugað frv. á nokkrum fundum sínum. Hún fékk til fundar við sig Þorstein Geirsson deildarstjóra í fjmrn., og veitti hann n. ýmsar upplýsingar. N. mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt. Ég held ég verði að láta fylgja hér örfá orð til viðbótar.

Eins og ljóst er er tilgangur frv. sá að koma betri skipan á fjármál einstakra ríkisfyrirtækja og lántökur þeirra sérstaklega, enn fremur að tryggja það að fjmrn. hafi á einhverjum tíma yfirsýn yfir þær lántökur, sem þessir aðilar stofna til, en á það hefur nokkuð skort án þess ég sjái ástæðu til að ræða það sérstaklega nánar.

1. gr. frv. er í samræmi við 40. gr. stjórnarskrárinnar og reyndar bein útfærsla á henni, en hún kveður á um að ekki megi taka lán er skuldbindi ríkið nema lagaheimild sé fyrir hendi. 1. gr. kveður því á um að ríkissjóði og stofnunum, er greinir í A-hluta ríkisreiknings, sé óheimilt að taka innlend lán, eða stofna til skulda innanlands nema til þess séu heimildir í sérstökum lögum eða fjárl. Þó er heimilt að stofna til skulda í tengslum við kaup á fasteignum, enda séu fasteignakaupin samþykkt af fjmrn. Þetta ákvæði mun einkum vera vegna þess að við slík fasteignakaup þarf oft að yfirtaka áhvílandi lán.

Um 3. gr. urðu nokkrar umr. í n. og var nokkur ótti meðal nm. um að þessi ákvæði mundu verða nokkuð þunglamaleg í framkvæmd, en þar er kveðið á um að ríkisfyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, sem um getur í B-hluta ríkisreiknings, — þar eru fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðjan, Síldarverksmiðjurnar o. fl. — sé óheimilt að stofna til skulda eða taka lán nema til þess sé heimild í sérstökum l. eða fjárl. eða fyrir liggi sérstakt samþykki viðkomandi rn. og fjmrn., eins og segir í gr. Slíkar heimildir þarf þá til samninga um yfirdrátt á viðskiptareikningi í bönkum o. fl. þess háttar, t. d. sölu á víxlum. Ég vek athygli á því, að í aths. við þessa gr. frv. segir, að framkvæmd ákvæða gr. þessarar sé fyrirhuguð þannig að rn. setji viðkomandi stofnunum meginreglur, sem þær starfi eftir. Þetta þýðir raunverulega að það þarf að setja sérstakar reglur fyrir hvert einstakt fyrirtæki vegna þess að það getur ekki átt það sama við alls staðar. Það getur ekki átt það sama við um, svo að ég nefni dæmi, Síldarverksmiðjur ríkisins og Ríkisútvarpið og fleira mætti þannig telja.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því að fjmrh. setji reglugerð um þessi viðskipti.

Í 4. gr. eru ákvæði um að aðilar, sem um ræðir í 3. gr. og hafa lántökuheimildir samkv. sérstökum l., skuli, eigi síðar en 1. nóv. ár hvert, gera viðkomandi rn. og fjmrn. grein fyrir áformuðum lántökum á næsta fjárlagaári.

Það er öllum ljóst að það getur verið mjög erfitt fyrir einstök ríkisfyrirtæki að gera nákvæmar áætlanir á þessum tíma og þar á það sama við og ég nefndi áðan að það er ákaflega ólík aðstaða hinna einstöku ríkisfyrirtækja. Ég get enn tekið dæmi um Síldarverksmiðjurnar annars vegar, sem eiga vissulega erfitt með að gera nákvæmar áætlanir svo löngu fyrir fram, áður en vitað er um aflabrögð og áður en vitað er um sölumöguleika á afurðunum, en aftur auðveldara fyrir aðrar stofnanir, eins og t. d. Ríkisútvarpið, svo ég nefni það aftur. Ég legg áherslu á að rn. það, eins og segir í 4. gr., er með mál fyrirtækis eða sjóðs fer og fjmrn. geta breytt slíkri lántökuáætlun. Þannig á það að vera tryggt að það sé hægt að breyta fyrri áætlunum ef nauðsyn krefur.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en eins og ég sagði í upphafi leggur n. til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Ráðning starfsmanna og húsnæðismál ríkisstofnana, frv. (þskj. 52, n. 124, 125). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Álit allshn. er á þskj. 124. N. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum sínum og fékk til fundar við sig form. BSRB, form. BHM og Þorstein Geirsson deildarstjóra í fjmrn. Þessir aðilar veittu n. ýmsar upplýsingar. N. mælir með því

að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem hún flytur á þskj. 125. Ég mun nú rekja þessar brtt. n. og ég tek það fram strax að þær eru allar gerðar í samráði við fjmrn. og hæstv. fjmrh.

Það er þá l. brtt. Hún er við 2. gr. frv. Þar er lagt til að eitt orð falli niður í fyrstu línu, orðið „lausráðna“. Setningin hljóðar þá þannig: „Óheimilt er að láta starfsmenn starfa í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana nema fjárveiting eða heimild til launagreiðslu sé fyrir hendi.“ Ég skal skýra þetta aðeins á eftir, það eru fleiri brtt. sem eiga sér sömu orsakir og þessi

3. gr. Þar eru brtt. þær, að 1. og 2. málsgr., eins og þær eru í frv., falli niður, en þess í stað komi ný málsgr. sem hljóðar þannig: „Þegar starfsmaður, sem l. nr. 46 1973 taka til, er ráðinn í þjónustu ríkisins, skal það gert með skriflegum gerningi. Skal þar tekið fram hvort um skipun, setningu eða ráðningu er að ræða.“ Það sem þarna breytist, og á það sama við um breytinguna í 2. gr., er að það er siglt fram hjá því, ef svo má segja, að vera að greina á milli fastra starfsmanna og lausráðinna. Það er álit BSRB og BHM að það eigi ekki heima í l. sem þessum, heldur eigi slíkar skilgreiningar heima í l. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þessar brtt. n. og aðrar, sumar hverjar, eru fluttar m. a. til þess að forðast ágreining við þessa aðila.

Þá er brtt. við 5. gr. Hún er orðuð upp að nýju þannig: „Ráðningarnefnd ríkisins skipa 3 menn, form. fjvn., einn skipaður af ríkisstj. og einn af fjmrh. og er hann formaður n. Varamann form. fjvn. skipar fjvn., en ríkisstj. og fjmrh. skipa sinn hvorn varamanninn.“ Breyt. þarna er sú að hagsýslustjóri ríkisins skuli ekki samkvæmt l. eiga sæti í þessari n. Ég þarf náttúrlega ekki að taka það fram að þessari brtt. er ekki á nokkurn hátt beint gegn þeim ágæta manni, sem skipar það embætti, heldur er hér um stefnumál að ræða, að menn skuli ekki vegna stöðu sinnar, hver sem hún kann að vera, eiga þess vegna sæti í tilteknum n. Hins vegar gæti fjmrh. að sjálfsögðu skipað hann ef honum sýndist svo.

Þá er brtt. við 9. gr. frv. Hún á sér sömu rætur og brtt. við 3. gr., að 2. og 3. málsgr. falli niður og í stað þeirra komi ný málsgr. og verður þá 2. málsgr. 9. gr., svo hljóðandi: „Starfsmaður á rétt á að fá í hendur afrit af ráðningarbréfi sínu staðfestu af viðkomandi rn. og fjmrn.“ Það mun vera svo nú, að mikill fjöldi opinberra starfsmanna hefur raunverulega ekkert í höndunum um það að þeir séu opinberir starfsmenn. Þeir hafa hvorki ráðningu né skipun í embætti og ekki bréf upp á það að þeir eigi þarna einhvern rétt. Þarna er kveðið á um það að allir, sem ráðnir eru í þjónustu ríkisins, eigi rétt á ráðningarbréfi staðfestu af viðkomandi rn. og fjmrn.

Þá er ein brtt. eftir. Hún er við 10. gr. um að niður falli úr fyrstu línu orðin „og 2.“ Það leiðir af brtt. við 3. gr.

Þá hef ég gert grein fyrir brtt. n. Megintilgangur þessa frv. er sá að tryggja að starfsmannahald ríkisins hverju sinni ráðist af fjárveitingum og þar með að Alþ. geti fylgst náið með starfsmannafjölda ríkisins og umfangi ríkisstofnana. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en n. leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 125,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 125, 2 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 125, 3 (ný 5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 125, 4 samþ. með 24 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 125,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
11.—13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar, frv. (þskj. 17, n. 134, 135). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur K. Jónsson): Hæstv. forseti. Ég nýt þeirrar ánægju að vera frsm. sameinaðrar fjh.- og viðskn. í því mikla og merka máli, sem hér er til umr., þ. e. frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs f. h. Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg, sem raunar er gert ráð fyrir að bera muni heitið: „Lög um happdrættislán ríkissjóðs f. h. Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg,“ ef Alþ. samþ. frv., sem ég vissulega vona og treysti, því að hér er á ferðinni mál, sem marka mun þáttaskil í samgöngumálum landsmanna, ef að lögum verður, og þm. allir hafa vissulega mikinn áhuga á, líklega meiri en flestum málum öðrum sem starfsfé þjóðarinnar er til varið.

Eins og að líkum lætur spunnust miklar umr. um mál þetta er það var til fyrstu meðferðar hér í d. Fjallaði málið þá einungis um fjáröflun til Norðurvegar og ræðumenn allir lýstu skilningi á því að hraða framkvæmd við gerð þess vegar, en bentu margir á brýn og aðkallandi verkefni við vegagerð annars staðar. Síðan hafa miklar viðræður farið fram um málið á nefndarfundum og í viðræðuhópum alþm. En loks auðnaðist í gærmorgun að ná fullri samstöðu í hv. fjh.- og viðskn. um breyt. á frv. og stuðning allra nm. við framgang þess. Leyfi ég mér að vænta þess að aðrir hv. þdm. séu málinu samþykkir og það geti jafnvel fengið lokaafgreiðslu hér í hv. Nd. nú í dag.

Ég mun nú gera grein fyrir breyt. þeim sem n. leggur til að gerðar verði á frv., en brtt. eru að finna á þskj. 135.

Fyrst er þess að geta, að lagt er til að í stað 1200 millj. í 1. gr. frv. komi 2 milljarðar, og að í stað orðanna „á næstu árum“ komi „á næstu 4 árum“. Það er sem sagt lagt til að boðnar verði

út 2 000 millj. kr. á næstu 4 árum í happdrættisskuldabréfum.

Við 7. gr. er gerð breyt. og er lagt til að hún verði efnislega orðuð á þann veg að fjármunir, sem koma inn fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skuli renna til Vegasjóðs og ⅔ hlutar fjárins skuli fara til Norðurvegar, en ⅓ hluti til Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða um Suðurland. Önnur efnisbreyting er ekki í þeirri brtt.

Þá er loks 3. brtt. að við fyrirsögn bætist orðin „og Austurveg".

Eins og brtt. þessar bera með sér, hefur samkomulag náðst um það annars vegar, að hækka verulega upphæð þá, sem aflað verður með útgáfu happdrættisskuldabréfa, eða úr 1200 millj. í 2 milljarða, og er þá gert ráð fyrir 4 ára tímabili þannig að heildarútboðið nemi 500 millj. kr. ár hvert. Hins vegar er nú gert ráð fyrir, að því viðbótarfjármagni, sem aflað verður með þessum hætti, verði varið til tveggja meginverkefna í stað eins, þ. e. Norðurvegar og Austurvegar, en ekki til fyrrgreindu framkvæmdarinnar einnar. Skulu ⅔ þess fjár, sem aflað verður, eða 1333 millj. kr. renna til Norðurvegar, en ⅓ til Austurvegar eða 667 millj. kr. Við flm. frv. getum vel við þessa niðurstöðu unað, því að upphæð sú sem til Norðurvegar rennur hækkar fremur en lækkar, því að í okkar frv. var gert ráð fyrir 1200 millj. kr., eins og áður segir.

Rétt er að leggja á það áherslu, að hugmyndin hefur ætíð verið sú, að því fé, sem með þessum hætti er aflað, sé varið til sérstakra meiri háttar verkefna, án þess að skipting vegafjár á vegalögum raskist. Þannig var það um Skeiðarársand og Djúpveg og þannig geri ég ráð fyrir að enn verði. Þó er skylt að geta þess, að sumir kusu fremur að fjáröflunin með happdrættisskuldabréfum yrði miðuð við hringveginn svonefnda allan, en ég og fleiri lögðum á það megináherslu að við útboð væri miðað við ákveðin, afmörkuð verkefni. Vera má að eðlilegt geti talist við gerð vegáætlunar til næstu ára að taka sérstakt tillit til þess kafla hringvegarins, sem frv. þetta nær ekki til, t. d. aðalvegarins austur frá Akureyri og í vesturátt frá Egilsstöðum, og á sama hátt þess hluta hringvegar hins meiri, sem um Vestfirði á að liggja, og tengingu þess landshluta við Norðurland og Vesturland.

Hitt er að mínu mati mjög mikilvægt, og þá skoðun hafa margir tekið undir, m. a. hér í þessum ræðustól, að happdrættisútboð sem þetta eigi að vera einskorðað við ákveðnar vegaframkvæmdir, þannig að fólk hafi það ekki á tilfinningunni að það sé að verja fé sínu í hina svokölluðu ríkishít, heldur ráði það hvað af fjármununum verður. Ég tel sjálfsagt að haga útboðum samkv. væntanlegum lögum um Norðurveg og Austurveg þannig, að sérstök bréf væru boðin út vegna Norðurvegarins og önnur vegna Austurvegar, jafnvel þótt útboð færi fram á sama tíma. Menn gætu þá ráðið því til hvorrar framkvæmdarinnar þeir verðu fé sínu, og jafnvel gæti skapast heilbrigð samkeppni um að ljúka útboði hvors flokksins um sig. Í frv. er þó ekki tekin ákvörðun um þetta efni, en framkvæmd öll lögð í hendur stjórnvalda.

Vegagerð ríkisins hefur að undanförnu unnið að áætlun um fullnaðargerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur annars vegar og hins vegar Austurvegar frá Reykjavík að Hvolsvelli og mun ég nú gera þeirri áætlun nokkur skil, en víkja síðan að öðrum verkefnum á Suðausturlandi og Austurlandi.

Áætlunin sem hér um getur, er gerð í okt. s. l. og kannar, eins og ég sagði, leiðina Akureyri—Reykjavík og Reykjavík—Hvolsvöllur. Á fyrri leiðinni er slitlag komið á kaflann frá Reykjavík í Kollafjörð og þeirri síðari á kaflann Reykjavík—Selfoss og unnið að áframhaldi þaðan að Skeiðavegamótum, svo að athugunin beinist í raun réttri að Kollafirði til Akureyrar og Skeiðavegamótum að Hvolsvelli. En áætlunin er miðuð við kostnað í ágúst s. l. Er gert ráð fyrir því að framkvæmdum verði hagað þannig að slitlag sé ekki lagt á sama ár og uppbygging er gerð, heldur sé umferð látin þjappa fyllingar. Vegurinn er ýmist 7½ m á breidd eða 8½ og á einstökum köflum 10 metrar, þ. e. a. s. hér næst Reykjavík og út frá Akureyri. Heildarkostnaðaráætlun við veginn sem talinn er munu verða 405 km, er 5 milljarðar 338 millj. að viðbættum brúm, sem eru 1 milljarður 604 millj. Heildarkostnaður nálgast því 7 milljarða og skiptist hann þannig: Í Kjósarsýslu er 41 km og vegurinn kostar þar 733 millj., en brýr 219. Í Borgarfjarðarsýslu eru 45 km, vegur kostar 666 millj., en brýr 700 millj. Í Mýrasýslu eru tæpir 70 km, vegur kostar 1 milljarð 60 millj., en brýr 135 millj. Í Strandasýslu eru 15 km, vegur kostar 270 millj., brýr 54. Vestur-Húnavatnssýsla, þar eru 64 km, vegur kostar 630 millj., brýr 97. Austur-Húnavatnssýsla, 65 km, kostnaður við veg 733 millj., en við brýr 114. Í Skagafjarðarsýslu eru 53 km, kostnaður við veg 610 millj. og við brýr 242. Í Eyjafjarðarsýslu eru 52 km, þar er kostnaður við veg 634 millj. og við brýr 41. Að því er aftur á móti varðar veginn austur að Hvolsvelli þá á að ganga endanlega frá honum. Þar er um að ræða í Rangárvallasýslu 31 km, kostar vegurinn 350 millj. og brýr 18 millj., og í Árnessýslu 3 km, og þar kostar vegur 41 millj. eða samtals 509 millj. eða um það bil. Þess er getið sérstaklega að ýmsir kaflar séu nú þannig byggðir að hægt sé þegar að leggja á þá slitlag, sem væri hægt að vinna strax á næsta ári og líklegt væri og heppilegt væri að gera. Er þar helst um að ræða um 8 km í Hvalfirði, 5 km undir Hafnarfjalli, síðan eru 13 km í Hrútafirði og 7 aðrir í Vestur-Húnavatnssýslu, en þar er umferð ekki svo mikil að ástæða væri til að hraða þar olíumöl. En hins vegar eru 25 km tilbúnir undir slitlag beggja vegna Blönduóss og virðist sjálfsagt að hraða framkvæmdum við lagningu bundins slitlags þar því að þar er mjög mikil umferð. Og síðast en ekki síst er svo vegurinn út frá Akureyri, tæpir 10 km, sem þegar á næsta ári mætti leggja á bundið slitlag.

Ef þessir kaflar yrðu teknir, sem ég nefndi sérstaklega, þ. e. a. s. 8 km í Hvalfirði og 25 km við Blönduós og tæpir 10 km út frá Akureyri, þá mundi kostnaður við það vera nálægt 315 millj. og mundi þá mestur hluti þess fjár, sem aflað er samkv. þessum væntanlegu lögum, renna til þessara framkvæmda. En auðvitað yrði samhliða að hraða uppbyggingu annarra vega og búa þá undir að á þá verði lagt slitlag á þar

næsta ári. Þá yrði það auðvitað fyrst og fremst út frá Akureyri, miðsvæðis í Skagafirði, nálægt Hvammstanga, í Borgarfirðinum, Hvalfirði og svo auðvitað hér á Kjalarnesinu, en þar er ekki unnt að leggja slitlag á næsta ári, þar sem vegur hefur ekki verið undirbyggður.

Þetta eru megindrættir þessarar áætlunar.

A Vegamálaskrifstofunni hef ég aflað mér upplýsinga um kostnað við þau verkefni, sem brýnast er að vinna á Austurvegi, auk þess verkefnis að ljúka veginum að Hvoltvelli, sem ég hef áður gert grein fyrir.

Þá er það fyrst Mýrdalssandur. Þar eru á kafla allþung snjóalög oft og það þarf að hækka veginn, en framkvæmdir þar eru ekki ýkjadýrar. Er gert ráð fyrir að allur kaflinn frá Blautukvísl og austur að Skálm mundi verða hækkaður og þar mundu brýr kosta 13 millj., en uppbygging 25 millj. eða samtals 38 millj. kr. Í Skaftártungum er líka lélegur og erfiður vegur. Þar er gert ráð fyrir að byggja hann mun neðar en hann nú er og brúa Kúðafljót þar niður frá. Sú brú mundi kosta 115 millj. og vegur 43 millj. eða samtals 158 millj. kr. En þegar þessi vegur væri kominn má segja að allt frá honum í Eldhraunið og austur yfir Skeiðarársand yrði kominn mjög góður og fullkominn vegur. Breiðamerkursandur, að byggja veginn upp þar kostar 56 millj. kr. Það er ekki dýrari framkvæmd en svo, að í hana ætti að vera hægt að ráðast strax á næsta ári ef frv. þetta verður samþ. Og síðan er Lónsheiðin margumrædda. Þar er rætt um að fara fyrir Hvalneshorn og mundu brýrnar kosta 35 millj., en vegurinn sjálfur 138 millj. eða samtals 173 millj. kr. Þessi 4 meginverkefni, sem mundu hafa gífurlega þýðingu fyrir Austfirðinga og raunar landsmenn alla, mundu þess vegna kosta um 425 millj. kr. Það er ekki stærri upphæð. Hins vegar gat ég um að það mundi kosta um 508 millj. kr. að ljúka fullnaðarfrágangi vegarins að Hvolsvelli. Hér er því um að ræða framkvæmd upp á 933—934 millj., en þar að auki væri eðlilegt að reyna að leggja slitlag á næsta nágrenni Egilsstaða. Ef við hugsum okkur að það kostaði 60—70 millj., þá er hér um einn milljarð að ræða, en samkvæmt frv. þessu er gert ráð fyrir aukafjárveitingu til viðbótar við fjárveitingar á vegalögum, sem nemur til Austurvegar 667 millj., svo að ljóst er að unnt ætti að vera á þessu tímabili að ljúka öllum þessum stórverkefnum sem vissulega mundi gleðja landsmenn alla og þá austfirðinga alveg sérstaklega. Þetta er ekki stærra átak en svo að við eigum vel að geta lokið því á næsta vegáætlunartímabili.

Í grg. frv., eins og það upphaflega var fram lagt, var gert ráð fyrir því að samhliða þessari fjáröflun, framlögum á vegalögum og á samgönguáætlun Norðurlands yrði leitað erlends lánsfjár til að hraða framkvæmdum.

Von mín er sú að samþykkt þessa frv. muni leiða til þess að íslendingar aki innan tiltölulega fárra ára á fullkomnum vegi milli Akureyrar og Reykjavíkur og Reykjavíkur og Hvolsvallar, samhliða því sem hinar þýðingarmestu vegarbætur verða gerðar á Austurvegi. Auðvitað deila menn ætíð um framkvæmdaröð og við því er ekki nema gott eitt að segja. Sjálfur hef ég verið þeirrar skoðunar, að fjárveitingar til vegaframkvæmda yrði að takmarka, svo illt sem það er, á meðan verið er að byggja upp trausta atvinnuvegi. Nú hygg ég hins vegar að svo sé komið að þau atvinnutæki, sem fyrir eru í landinu, og þau áform, sem uppi eru um atvinnuuppbyggingu og útfærslu landhelginnar í 200 mílur á næsta ári, vonandi ekki síðar en á miðju næsta ári, nægi til að tryggja atvinnuöryggið á næstu árum ef rétt er á haldið, þess vegna sé röðin komin að stórframkvæmdum í samgöngumálum og þar muni hvert stórvirkið verða unnið af öðru í nánustu framtíð.

Ekki er því að leyna, að raddir hafa heyrst um það, að óeðlilegt sé að skerða sparifé í bönkum með skuldabréfaútgáfu á borð við þá sem hér um ræðir. Sumir segja að verðtryggð lán séu allt of dýr fyrir ríkissjóð. Mín skoðun er sú að hvort tveggja sé á misskilningi byggt. Í fyrsta lagi er heilbrigt að nokkur hluti framkvæmdafjár ríkisins sé fenginn að láni hjá borgurunum. Þeir hafa þá eignarráð á því fé, gagnstætt því sem vera mundi ef ríkið heimti fé með skatti, og fjárhagslegt sjálfstæði borgaranna verður meira en ella. Skuld ríkissjóðs við einstaklinga þjóðfélagsins má gjarnan vaxa nokkuð ár frá ári eftir því sem umsvif aukast í þjóðfélaginu, og einmitt bréf sem þessi geta orðið grundvöllur viðskipta á frjálsum verðbréfamarkaði þar sem þau ganga kaupum og sölum fyrir skráð gangverð.

Þá er einnig ósýnt að mikið af því fjármagni, sem varið er til þessara kaupa, mundi kyrrt liggja í bönkum og sparisjóðum. Hættara er við hinu, að því yrði varið til kaupa ýmiss konar innflutts varnings, t. d. bifreiða og annars. Það yrði eyðslufé, en ekki sparifé.

En er féð þá of dýrt fyrir ríkið? Verða vegirnir of dýrir, þegar endurgjalda verður lánið með verðtryggingu. Skoðun mín er sú, og til þess bendir óneitanlega reynsla undangenginna ára, að vegagerðarkostnaður hækki mun meira en vísitölutryggingunni nemur þannig að vegirnir yrðu ríkinu enn dýrari, ef frestað væri lagningu þeirra, heldur en er þrátt fyrir allt með slíkri lántöku og er þá ekki metinn hinn geysilegi sparnaður, sem allir bifreiðaeigendur njóta er vegakerfið batnar. Allt ber því að sama brunni að hér sé um að ræða það verkefni sem alþýða hefur hvað mestan áhuga á að hrinda í framkvæmd og að hér sé um sparnaðarmál að ræða, að varanleg vegagerð sé í senn mál þjóðþrifa og þjóðarmetnaðar.

Á miðju þjóðhátíðarári var hringvegur opnaður um landið. Það fer vel á því í lok ársins að taka ákvörðun um mestu stórframkvæmdir í samgöngumálum hingað til og sameinast um að hrinda þeim í framkvæmd á næstu árum.

Ingólfur Jónsson: Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að sjá að hv. n. hefur komið sér saman um afgreiðslu þessa máls. Við 1. umr. málsins vakti ég og fleiri þm. athygli á því, að það nægði ekki að afla fjár til vegarins frá Reykjavík til Akureyrar, ef annað væri skilið eftir sem ekki væri þýðingarminna. Þm. Sunnl. og þm. Austf. gerðu

sér grein fyrir því að við svo búið mátti ekki standa. Hæstv. samgrh. hafði sagt, að það bæri að leggja höfuðáherslu á Vesturlands- og Norðurlandsveg. Út af fyrir sig var það rétt, það varð að leggja áherslu á þennan veg, en auðvitað jafnhliða á aðra vegi sem hefðu eins mikla eða meiri umferð. Ég fagna því að það er komin nokkur breyt. á því sem áður var.

Þegar till. til vegáætlunar var lögð fram á s. l. vetri var gert ráð fyrir að verja til hraðbrauta, þ. e. vega með bundnu slitlagi 2 550 millj. kr. á 4 árum. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir að vegir á Suðurlandi fengju aðeins 270 millj. kr. af upphæðinni. Sem betur fer var sú till. til vegáætlunar ekki samþykkt í því formi og hún hefur enn ekki verið samþ. En vegáætlun verður vitanlega samþ. á þessu þingi.

Ég hef rætt við hæstv. samgrh. um þessi mál og um væntanlega vegáætlun og ég geri mér fyllilega vonir um, að hann vilji beita sér fyrir því að vegafénu verði skipt á sanngjarnan hátt. Það er þess vegna sem við sunnlendingar og austfirðingar sættum okkur við að fá að þessu sinni aðeins ⅓ af því fjármagni sem kann að safnast með sölu verðtryggðra happdrættisbréfa. Það er vegna þess að við reiknum með því að fá réttlátan hlut í skiptingunni af hinu almenna vegafé. Þegar talað er um réttlátan hlut, þá er um það að ræða að meta umferðina á vegunum og gildi þeirra fyrir þjóðina. Það er þessi margumtalaði hringvegur sem hér er rætt um. Vegurinn austur til Egilsstaða frá Reykjavík, vegurinn norður til Akureyrar frá Reykjavík, og hv. frsm. minntist á veginn á milli Akureyrar og Egilsstaða. Auðvitað verður þeim kafla ekki gleymt þegar um hringveg er rætt.

Þetta allt út af fyrir sig er ágætt, en þrátt fyrir það þótt þessu frv. sé breytt eins og raun ber vitni, að gera ráð fyrir 2 000 millj. kr. bréfasölu á 4 árum, þá er ekki um hærri upphæð að ræða en það sem er selt af slíkum bréfum á þessu ári. Sparifjármyndunin er mikil. Ætli hún verði ekki nálægt 6 þús. millj. á þessu ári? 500 millj. af þeirri upphæð eru ekki það mikið fjármagn, það há prósenttala að hægt sé með réttu að tala um, að bréfasalan verði til þess að tæma sparisjóði eða bankana. Ég held að það sé nauðsynlegt að við tökum lán hjá okkur sjálfum, innlend lán til nauðsynlegra framkvæmda. Ég held, að við verðum að hugsa okkur vel um áður en við höldum áfram að taka mikið af erlendum lánum, sem auka ekki beinlínis gjaldeyrisöflunina. Það má segja að með því að gera varanlega vegi sé verið að gera ráðstafanir til þess að spara gjaldeyri. En það er eigi að síður spurning hvort það er nægilegt til þess að réttlæta miklar erlendar lántökur, eins og nú er komið. Við þurfum að leggja áherslu á að taka aðeins erlend lán til þeirra mála sem auka erlendan gjaldeyri, sem beinlínis auka framleiðsluna. Það verður að viðurkenna það að skuldasöfnun erlendis er mikil og greiðslubyrðin í vöxtum og afborgunum er þungbær ef eitthvað bjátar á og framleiðslan dregst saman. En erlendar lántökur til framkvæmda, sem auka framleiðsluna, sem auka erlendan gjaldeyri, eiga vitanlega rétt á sér og hlýtur ávallt að verða að athuga á hvern hátt unnt sé að auka framleiðsluna.

Ég held að bréfasala sé rétta leiðin til fjáröflunar í vegamálum, þar sem aðrar leiðir eru lokaðar, til viðbótar því sem Vegasjóður fær með öðrum hætti og skipt er af hv. Alþ. á 4 ára fresti. Það er enginn vafi á því, að þessar höfuðlínur, aðalvegir, Austurvegurinn og Vestur- og Norðurlandsvegurinn, hafa mestan umferðarþunga yfirleitt. Ég vil þó í þessu sambandi minna á að á Suðurlandi eru fleiri vegir sem eru í hraðbrautatölu og með það miklum umferðarþunga að þeim verður ekki haldið við með því að bera lausamöl á þá vegi. Ég get nefnt Eyrarbakkaveg. Ég fór hann nokkrum sinnum á s. l. sumri þannig að hann var í rauninni ófær. Þetta var eins og bárujárn, en ekki eins og venjulegt bárujárn vegna þess að bárurnar voru miklu stærri. Það varð þess vegna að skipta niður í annan gír til þess að halda bílnum á veginum. Þar er umferðin orðin mjög mikil og má ekki dragast að setja olíumöl á veginn. Það þarf að muna eftir því þegar skiptingu fjárins samkv. vegáætlun verður ráðstafað.

Það má einnig tala um Þorlákshafnarveg þar sem umferðin er mjög mikil og þung og vaxandi, þar sem margar þús. tonna, jafnvel tugir þús. tonna af fiski er flutt frá Þorlákshöfn til Suðurnesja. Þessi vegur er mörgum stundum ófær, og þótt allt sé gert til þess að hefla hann og reyna að halda honum færum, þá er umferðarþunginn orðinn það mikill að það er raunverulega ekki hægt. Þegar umferðarþunginn er kominn að vissu marki á malarvegum, þá er ekki unnt að halda þeim ökufærum nema binda slitlagið.

Grímsnesvegur hefur einnig fengið þennan mikla umferðarþunga og beðið er eftir því að koma bundnu slitlagi á hann. Sama máli gegnir um Skeiðaveginn. Það er þess vegna ekki nóg að fjármagn sé útvegað í aðallínuna, þar sem umferð er, miklir hliðarvegir, eins og á Suðurlandi, eru einnig fyrir hendi.

Það er ekki ástæða til að tala langt mál að þessu sinni út af frv. Það er aðeins ástæða til þess, að lýsa ánægju yfir því, að Alþ. virðist ætla að sameinast um lausn í þessu máli og virðist hafa í huga að skipta því fjármagni, sem til ráðstöfunar verður í Vegasjóði, bæði lánsfé og öðru fjármagni, sem sjóðurinn hefur, réttlátlega niður. Er þá horfið frá þeirri leið sem mörkuð var á síðasta þingi, þegar átti að skammta sunnlendingum 270 millj. til hraðbrauta, þegar ætlaðar voru í Vesturlandsveg 2 280 millj. Það er eðlilegt, þegar um fjármuni er að ræða og hagsmuni heilla byggðarlaga, heilla landsfjórðunga, að þá verði að því spurt, hvað sé sanngjarnt, hvað sé réttlátt og á hvern hátt þær fjárhæðir, sem aflað er, komi að sem bestum notum. Ég er vongóður um að það sjónarmið verði nú ráðandi hér á hv. Alþingi.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég á sæti í fjh.- og viðskn. sem hafði með þetta mál að gera, og ég tók þátt í að gera samkomulag um framgang þessa máls á þeim grundvelli sem hér liggur nú fyrir. Ég tel að eftir atvikum sé hér um

eðlilega lausn að ræða. Ég hafði sagt það fyrr í umr. um þetta mál að ég teldi mjög eðlilegt að áfram yrði haldið fjáröflun samkv. þessari leið sem hér er rætt um, þ. e. a. s. að afla Vegasjóði tekna með útgáfu happdrættisskuldabréfa. Og það hefur komið í ljós að ekki er óeðlilegt að gera ráð fyrir því að fjáröflun að þessari leið verði í kringum 500 millj. kr. á ári á næstu árum miðað við þá reynslu sem fengist hefur af þessari fjáröflun til þessa.

Ég hafði þá einnig lýst því yfir sem minni skoðun, að ég teldi æskilegt að þessari fjáröflun yrði sérstaklega beint í að fullgera hringveginn í kringum landið, ekki aðeins þann hluta af hringveginum, sem liggur um Skeiðarársand, sem athyglin hefur beinst að til þessa, heldur yrði því verki haldið áfram að gera að góðum vegi hringveginn um allt landið. Þá er auðvitað enginn vafi á því, að þau verkefni, sem þar hljóta að verða næst og eru stærst, eru að gera góðan veg frá Reykjavík til Akureyrar um Vesturlandið og síðan að gera á sama hátt góðan veg frá Reykjavík um Suðurlandið til Austurlands.

Ég held að það geti varla verið mikill ágreiningur um að það er eðlilegt að leggja höfuðáherslu á þessa tvo þætti á fyrsta sprettinum. Það er mín skoðun að síðan eigi að sjálfsögðu að halda áfram með sömu fjáröflunarleið og ljúka við allan hringinn og þá yrði að sjálfsögðu stefnt að því að gera einnig sæmilega góðan veg frá Egilsstöðum á Austurlandi og til Akureyrar.

Ég tel að ekki sé réttileg sú skipting sem samkomulag varð um á þessu fé, þar sem gert er ráð fyrir að 2/3 hlutar renni til Norðurvegar, sem hér er nefndur, þ. e. a. s. vegarins frá Reykjavík til Akureyrar um Vesturland, og 1/3 til Austurvegar, en þannig nefnum við veginn frá Reykjavík um Suðurland, austur til Austurlandsins og til Egilsstaða. Ég játa að það er um miklu meiri umferðarþunga nú að ræða á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar vestur um og verður eflaust um langa tíð, og þá er ekki óeðlilegt, eins og málin standa nú, að þangað renni allmiklu meira fé.

Ég vil taka það fram í sambandi við það samkomulag, sem hér hefur verið gert, að ég fagna því að þetta samkomulag hefur náðst og tel að hér sé stefnt í rétta átt. Það ætti með þessu að vera hægt að þoka áfram þessum stóru verkefnum á allmyndarlegan hátt, þó að það sé að vísu augljóst að hér skortir enn á allmikið fé til viðbótar við þetta í báða þessa stóru áfanga.

Það er rétt, sem hér kom fram hjá hv. frsm. fjh.- og viðskn. að það komu upp nokkuð mismunandi sjónarmið í n. um það, hvort rétt væri að halda þannig á málum að gera útboð á þessum happdrættisskuldabréfum sér í lagi fyrir Norðurveg og sér í lagi fyrir Austurveg, eða hvort hér yrði um sameiginlegt útboð að ræða hverju sinni og síðan aðeins skiptingu. Þetta er opið samkvæmt frv. og verður auðvitað að ákveðast á sínum tíma af þeim, sem framkvæmdavaldið hafa, og þá verður að vænta þess að valin sé sú leið sem eftir nána athugun telst vera hagkvæmust. En sem sagt hlutfallið í fjáröfluninni er ákveðið með þessu samkomulagi.

Ég vil svo taka það fram, að að sjálfsögðu er ætlunin sú að það verði reynt að leggja bundið slitlag á þessa vegi eftir því sem hagkvæmt þykir og fært þykir fjárhagslega á hverjum tíma, jafnt á Austurveginn sem Norðurveg, frá Reykjavík og norður. Þar verður fjárhagur að sjálfsögðu að ráða og allar aðrar aðstæður. En með þessu frv. er að sjálfsögðu ekki slegið neinu föstu um það hvernig staðið verður að þeim framkvæmdum, hvaða kaflar verði sérstaklega ákveðnir fyrst í sambandi við bundið slitlag. Það verður eins og ég segi að fara eftir aðstæðum að mínum dómi.

Það er enginn vafi á því, að kaflar á þeim veg, sem við nefnum Austurveg, skipta hér mestu máli. Það eru þeir kaflar, sem við höfum minnst á áður í þessum umr., þ. e. að gera veginn miklu traustari um Suðurlandsundirlendið, um Rangárvallasýslu og sömuleiðis að lagfæra vegina allverulega á Mýrdalssandi, leggja veg alveg að nýju um Breiðamerkursand og alveg nýjan veg í stað vegarins yfir Lónsheiði um Hvalnesskriður og síðan að sjálfsögðu þá vegarkafla frá Hvalnesskriðum og austur að Egilsstöðum þar sem vegakaflarnir eru allra veikastir, þola augljóslega ekki mikla umferð. En þannig er einmitt ástatt þar nú um ýmsa kafla.

Ég skal ekki tefja hér umr. frekar. Ég vildi aðeins láta það koma fram að ég hef staðið að þessu samkomulagi og tel að hér sé um mikilsvert mál að ræða og beri að standa að framkvæmdum í þessum efnum þannig, að við höfum fyrst og fremst í huga þessa miklu vegagerð, að gera góðan hringveg allt í kringum landið, og þá að sjálfsögðu að standa þannig að verkinu að þeir kaflarnir verði teknir fyrst sem mesta þýðingu hafa, eins og ég tel að þetta samkomulag raunverulega miði að.

Tómas Árnason. Herra forseti. Ég er einn af fimm þm. sem sæti eiga í fjh.- og viðskn. og stend að því samkomulagi sem hér hefur verið gert um sérstaka fjáröflun til hringvegarins frá Akureyri til Reykjavíkur um Suðurland og austur að Egilsstöðum. Hér er um meiri háttar fjáröflun að ræða og talsvert merkur atburður, ef Alþ., sem við vonumst til, samþykkir þetta mál, því að gert er ráð fyrir sérstakri fjáröflun að upphæð 2000 millj. kr. á næstu 4 árum. Ég hefði heldur kosið, að þessi fjáröflun hefði verið tengd við hringveginn hreinlega, og lét þá skoðun í ljós þegar við vorum að ræða þetta mál í n. En það hefur náðst fullt samkomulag um að haga þessari tillögugerð á þann hátt sem greint er frá á þskj. 17 og 135 og að því leyti til er málið útrætt af minni hálfu hvað það snertir.

Það getur verið spurning um hvaða aðferðir á að nota til að afla fjár til vegaframkvæmda og það getur vaknað spurning um það, hvort hægt sé að telja svona fjáröflunaraðferð vísa. Þetta verða menn að reyna að meta miðað við það, sem hefur skeð á þessum vettvangi. Það er náttúrlega ekki gefið mál að hægt verði að selja slík happdrættisskuldabréf, eins og hér er fyrirhugað að selja, fyrir 500 millj. á hverju ári, en við vonum að það verði reyndin. Ef við lítum til baka til þeirra tveggja tilfella þar sem slíkt hefur verið gert áður, þá gerðist það að happdrættisskuldabréfin seldust upp á undraskömm-

um tíma og það var mjög mikil eftirspurn eftir þeim, bæði þegar um fjáröflunina var að ræða til Skeiðarársands og einnig um Inndjúpsfjáröflunina. Þess vegna verðum við að vona að þessi fjáröflun verði, þegar til kemur, vís, og á þeim grundvelli er málið náttúrlega byggt.

Það hefur verið rætt dálítið almennt um þessi mál hér í umr. Ég hef áhuga á því að gera það, en vegna þess að vegáætlunin kemur til afgreiðslu og meðferðar í þinginu eftir áramótin og þá gefst nægur tími til þess að koma á framfæri almennum skoðunum um þessi efni mun ég nú stytta mitt mál.

Það er í raun og veru aldrei lögð of mikil áhersla á hverja þýðingu það hefur að hraða uppbyggingu vegakerfisins í landinu. Það hefur sýnt sig á undanförnum árum og áratugum að sú breyting, sem orðið hefur við uppbyggingu vegakerfisins, þó að það sé ekki nærri nógu fullkomið í dag, — sú breyting, sem orðið hefur í landinu hefur í raun og veru skapað hreina — ég vil segja byltingu á sviði atvinnumála og hreina byltingu í þjóðlífinu á ýmsan annan hátt. Það er nú hægt að koma við aðferðum í atvinnulífi sem voru óhugsandi og eru óhugsandi án þess að vegakerfi sé, jafnvel eins og það er í dag, að ekki sé talað um hvernig hægt væri að hagnýta vegakerfið síðar meir, þegar það hefur verið fullkomnað eins og stefnt er að.

Það hefur verið margtekið fram í umr. um þetta mál að við austfirðingar höfum sérstakan áhuga á alveg ákveðnum vegaköflum, eins og kom fram í ræðu hv. frsm. Það er Mýrdalssandurinn og að bæta veginn hér austur um Suðurland það er Breiðamerkursandinn, það er veginn fyrir Lónsheiðina eða fyrir Þvottár- og Hvalnesskriður. Þetta eru þeir vegakaflar sem við höfum hvað mestan áhuga á að úrbætur verði gerðar á hið fyrsta, vegna þess að þetta eru allt saman verulegir umferðartálmar ef nokkuð ber út af. Markmiðið er að gera fullkominn veg með varanlegu slitlagi allan hringveginn og þá kemur einnig til tenging Vestfjarða við hringinn. Við vitum nú orðið nokkurn veginn hvers konar vegi við viljum fá. Það hefur orðið alger bylting í þessum málum á undanförnum árum frá því sem áður var. Við finnum það vel t. d. í kringum höfuðborgina hversu mikla þýðingu það hefur að fá í not fullkomna vegi af þeirri gerð, sem við stefnum að því að gera. Sú bylting, sem átt hefur sér stað hér t. d. á Reykjanesi með tilkomu Reykjanesvegar, og þau áhrif, sem vegagerðin austur fyrir fjall hefur haft á, — ég vil segja bæði atvinnulíf og á mörgum öðrum sviðum, slíkt fer yfirleitt ekki fram hjá neinum manni. Hér er um að ræða málefni sem væntanlega mun stuðla að því að myndarlegur áfangi náist að því markmiði að gera veg kringum landið með varanlegu slitlagi.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til þess að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir afgreiðslu þessa máls og það samkomulag sem þar hefur tekist, sem ég er mjög ánægður yfir. Ég held að það sé ljóst að við, sem höfum áhuga á Vesturlandsvegi og vegi norður til Akureyrar, höfum enga löngun til þess að hinir yrðu afskiptir í þessum efnum, og finnst mér þess vegna þetta mál hafa ráðist vel. Ég veit að þetta mál á því auðveldan gang í gegnum hv. Alþ., og ég er líka sannfærður um að það mun eiga auðveldan gang hjá þjóðinni í framkvæmd.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram í umr. að með þessari leið er ekki eins mikið um það að fé fari út úr bönkum og sparisjóðum og menn vilja vera láta. Það á sér þarna stað verulegur sparnaður. Happdrættisbréfin eru mikið keypt til þess að gefa í sambandi við afmæli, fermingar og alls konar slíka tyllidaga eða atburði í lífi manna og er það mikið ánægjuefni. Svo hefur það aðra þýðingu líka. Það er það að menn hafa áhuga á því að vera þátttakendur í þessum framkvæmdum. Ég hef hitt marga sveitunga mína sem hafa sagt mér frá því að þeir hafi keypt bréf í Skeiðarársandsveginum, og þeir voru glaðir, m. a. vegna þess að þeir höfðu fengið vinninga, þessir menn sem sögðu mér frá þessu, en þeir voru líka mjög glaðir yfir því að hafa átt sinn þátt í því að hrinda þessu stórvirki í framkvæmd og hafa haldið áfram einmitt að nota þá fjármuni og bætt því við sem þeir höfðu þannig eignast í gegnum þessi happdrætti með því að kaupa bréf á nýjan leik. Ég er því sannfærður um að þessi leið er vinsæl og farsæl og ég held að það sé líka ljóst að það eigi að vera hægt að selja þetta miðað við þá reynslu sem af þessu hefur orðið.

Ég skal ekki lengja mál mitt hér að þessu sinni. Ég vil aðeins skýra frá því, að ég gat þess í hv. Ed. í sambandi við frv. um breyt. á vegal. að nú þegar hefur verið gerð athugun á kostnaði við þá vegakafla á leiðinni vestur og norður sem þegar væri hægt að leggja varanlegu slitlagi, þeir eru þannig undirbúnir. Það eru um 100 km tæpir sem þar er um að ræða og mundi kosta um 700 millj. kr. Það hefur einnig verið gerð athugun á því að leggja varanlegan veg austur á Hvolsvöll og kostnaður við það frá Skeiðavegamótunum er um 400 millj. kr., að ljúka varanlegum vegi alveg austur að Hvolsvelli frá Skeiðavegamótunum. Í þriðja lagi hefur verið gerð athugun á kostnaði við að leggja veg yfir Eldhraun að Skálm og á Mýrdalssandi og enn fremur fyrir Hvalneshorn og á Breiðamerkursandi, og er hér um að ræða fjárhæðir sem eru um 450 millj. kr. Það verður haldið áfram að gera athugun á því, hvað kostar að leggja varanlegt slitlag á vegi landsins og liggur hér fyrir frumáætlun um það, hvað mundi kosta að gera varanlegan veg frá Hvolsvelli vestur um land til Akureyrar. Eru það rúmir 7 milljarðar miðað við það verðlag sem nú gildir. Þetta er að vísu gróf áætlun, en gefur þó nokkra hugmynd um þetta. Mér sýnist að það takmark, sem við gætum sett okkur og það kom fram í ræðum hv. alþm. í Ed., sé að ná hringveginum saman úr sæmilega varanlegu efni á svo sem þremur vegáætlunartímabilum eða eitthvað þar í kring. Þá verður haldið áfram að skoða þann hluta landsins þar sem er ekki búið að gera grófar áætlanir um varanlega vegi, — þ. e. frá Akureyri austur um að Hvolsvelli, og það mun verða gert næsta sumar. Enn fremur liggur einnig áætlun fyrir um Reykjanesveginn suður í Engidal og er talið að það

muni kosta um 200 millj. að gera þann veg með brúnni á Kópavogslæk sem er nú stærsti liðurinn í þessu.

Hér hafa verið gerðar frumáætlanir um þetta og að sjálfsögðu verða svo fjárhagsmál Vegagerðarinnar til meðferðar við framlenging vegáætlunar, en ég geri ráð fyrir að verði horfið að því að leggja fram nýja vegáætlun sem verður svo unnin á eðlilegan hátt af hv. fjvn. og Alþ. Í þessum athugunum er einnig Djúpvegur, en þar er nokkurt fé eftir af því, sem seldist af happdrættisbréfunum í fyrra, til framkvæmda á næsta ári.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta því að ég hef áhuga á því að málið komist áfram. Ég endurtek þakkir mínar til hv. n. og veit að samstaða mun halda áfram um málið hér í hv. Alþ., enda er enginn vilji til annars en að koma vegamálunum almennt áfram í landinu. Þurfum við að gera heildaráætlun um hvað við ætlum okkur langan tíma til þeirra verka.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð við þessa umr. Hér er vissulega stórt mál komið upp, enn stærra en það var þegar frv. var lagt fram, og ég verð að játa að ég hrökk dálítið við þegar 1200 millj. voru komnar upp í 2 000. Á þessu er þó augljós skýring, þar sem annar landshluti er kominn þarna inn í.

Ég vil lýsa því yfir að ég mæli ekki gegn þessu máli og ég unni norðlendingum, austfirðingum og sunnlendingum af heilum hug þeirra umbóta í vegamálum sem þarna er um að ræða. Fullkomið vegakerfi um allt landið er vitanlega það sem við stefnum að, og ég álít að hreppa- eða kjördæmasjónarmið geti verið þar hættuleg og við megum ekki dreifa átakinu um of. Þetta stóra átak nú fyrir þessa landshluta er auðvitað öllum landsmönnum í hag, og við skulum ekki einskorða okkur of mikið við þann landshluta sem við kunnum að hafa sterkastar taugar til og þekkja hvað best til. Hv. 1. þm. Sunnl. sagðist mundu sætta sig við þessa ákvörðun með það í huga að fjárskipting og vegáætlun kæmi réttlátlega niður, og ég verð að segja að ég þakka hv. þm. ekkert fyrir það þó að hann uni bærilega sínum hlut. Ég sé ekki betur en Suðurland og Austfirðir hafi fengið þarna mjög stórum hlut áorkað og ég vil óska hv. 1. þm. Sunnl. innilega til hamingju með það sem honum hefur orðið hér ágengt. Ég veit að Suðurland þarf umbóta við á sínum vegum og ég er í engum vafa um að Austfirðir þurfa þess mjög nauðsynlega.

Frsm., hv. 4. þm. Norðurl. v., sagðist vænta þess að þetta stóra happdrættislán til vegagerðar á Norðurvegi og Austurvegi yrði ekki til þess að raska vegáætluninni. Ég skil orð hans svo að hann ætlist til að vissu marki að þetta komi ofan á það fé sem Norðurlandsvegi kann að vera úthlutað í almennri ráðstöfun vegafjár. Ég tók hins vegar sérstaklega eftir því að þessi hv. þm. sagði að sérstakt tillit hlyti að verða tekið til tengingar Vestfjarða í sambandi við þetta stóra áform og það met ég við hann og legg þunga áherslu á að verði gert. Það er nú svo, að þeim, sem búa við jafnófullkomna vegi og víða gerist á Vestfjörðum, finnst það kannske dálítið súrt í brotið þegar talað er um jafnstórt fjárhagslegt átak til þess að fullkomna vegi með fullkomnu slitlagi, á meðan liggur við að heil byggðarlög þar vestra fari í eyði vegna ófullkomins vegasambands. En þetta á við bæði um Austur-Barðastrandarsýslu og vestasta hluta Vestur-Barðastrandarsýslu. Þarna er að vísu ekki um fjölmenn byggðarlög að ræða. Það eru sveitahreppar, ekki mjög fjölmennir og ekki mjög arðgefandi fyrir þjóðarheildina, það viðurkenni ég, en okkar byggðasjónarmið stefnir nú fyrst og fremst að því að afstýra því að nokkur landshluti fari í eyði vegna þess að hann sé afskiptur af þeim fjármunum sem koma til skiptingar milli hinna ýmsu landshluta. Því verður ekki of mikil áhersla á það lögð að við megum ekki horfa á höfðafjöldann þegar við ræðum um mikilvægi byggðaátaka í hinum dreifðu byggðum landsins. Þetta er sjónarmið. Um leið og við höldum á lofti byggðastefnu, — það gera allir flokkar, — þá megum við ekki gera okkur sek um að meta um of fjölmenni, umferðarþunga á vegum og jafnvel arðsemi og tekjuöflun í þjóðarbúið.

Ég hjó eftir því að hv. 2. þm. Austf. lagði, að ég tel alveg réttilega, áherslu á að átak okkar í vegamálum þyrfti að beinast að hringvegi um allt landið. Ég er honum hjartanlega sammála. En þessi hv. þm. eins og forðaðist að minnast á Vestfirði í þessu sambandi. Ég er nú dálítið hissa, því að ég sem vestfirðingur hneigist til þess og tel það sjálfsagt að taka Vestfirði og Austfirði alltaf í sama númerinu. Ég held að mér mundi aldrei verða það á í umr. um þetta mál að gleyma Austfjörðum, eins og virtist koma fyrir hjá þessum hv. þm. Þegar hann talaði um hringveginn allan, þá byrjað hann á að tala um veg frá Reykjavík til Akureyrar, síðan frá Reykjavík til Egilsstaða um Suðurland og frá Egilsstöðum norður um til Akureyrar og þar með er hringurinn búinn. En Vestfirðir eru nú enn til, og ég vænti þess að þetta sé gleymska, en ekki ásettri andúð gegn Vestfjörðum að kenna, að hv. þm. varð þetta á í sinni ræðu. Sannleikurinn er sá að tenging Vestfjarða er auðvitað ákaflega brýnt hagsmunamál landsfjórðungsins. Þar eru fjórar heiðar sem þurfa ýmist endurbóta við eða nýbyggingar á vegum. Það er Þorskafjarðarheiðin, það er Tröllatunguheiðin, það er Laxárdalsheiðin og það er fyrirhugaður vegur um Kollafjarðarheiði sem að vísu er ekki búið að taka ákvörðun um og á þessu stigi málsins nokkuð deildar meiningar um, hvort eigi að velja sem tengingu Vestfjarða við Vesturlandsveginn eða endurbæta og breyta veginum yfir Þorskafjarðarheiði. Hitt er svo annað mál, þegar við tölum um tengingu Vestfjarða við Norðurlandsveginn, þá hefur það komið hér fram áður að við þurfum að fara alla leið suður í Fornahvamm til þess að komast á leiðina norður, þannig að ég vil leggja áherslu á það sem hv. 4. þm. Norðurl. v. benti á, — náið er nú nef augum, Vestfirðir og Norðurl. v., — að það verði mjög eindregið haft í huga að tengja Vestfirðina beint við Norðurlandið í staðinn fyrir að það þurfi að krækja suður undir Reykjavík til þess að komsat á veg-

inn norður. En ég er sannfærð um, að það verði tillit tekið til þessa. Vegáætlun er óunnin, og ég treysti því að þar verði sérstakt tillit tekið til Vestfjarðanna hvað snertir þá stórfjármuni sem nú er verið að bjóða út í happdættisláni til Norður- og Austurvegar.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram á Alþ. og nú síðast í ræðu hæstv. samgrh., að ég tel happdrættislánin jákvæða fjáröflun. Hún stuðlar að sparnaði og það er landsfólkið sjálft sem leggur sína fjármuni fram í hluti sem það veit hvað er. Við vestfirðingar þurfum ekki að kvarta undan slæmum undirtektum varðandi okkar litla happdrættislán í Djúpveginn. Þau happdrættisbréf runnu út eins og heitar lummur á 3—4 dögum, og við væntum okkur góðs af þeim afgangi af 80 millj. sem munu fara til þess að fullgera Djúpveg á næsta ári. Vitanlega má benda á að slík happdrættisskuldabréf geta verið hættuleg fjárskuldbinding fyrir ríkissjóð, ekki síst á þeim óðaverðbólgutímum sem yfir okkur hafa gengið. En í von um stöðvun á þeirri þróun og ákveðnara og meira jafnvægi í okkar fjármálum, þá held ég að þetta sé leið sem við getum verið ánægð með og sé í alla staði eðlileg.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vænti þess að þessi þarfa framkvæmd komist á með sem skjótustum og bestum hætti og allir landsmenn njóti góðs af.

Páll Pétursson: Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallaði upphaflega um Norðurveg. Nú er það farið að fjalla bæði um Norðurveg og Austurveg og ég vil taka það sérstaklega fram að mér þykir það ljómandi gott. Það hafa orðið um það alllangar umr. hér í hv. d. og það hefur verið ofurlítill undirtónn af togstreitu vegna ýmissa sérâhugamála hinna einstöku þm. Það er vissulega rétt að það er alls ekki nóg að komast hringinn í kringum landið, við verðum að komast um allar byggðir, og ég lít svo á að þetta frv. verði þróun vegamála og öllum framkvæmdum í vegamálum sérstaklega til framdráttar. Þessi fjáröflun léttir á vegáætluninni, og hún má ekki verða til þess að fé í hana minnki. Það er undirstrikað sérstaklega. Vegáætlunin á að hafa meira fjármagn til ráðstöfunar til annarra verkefna. Og verkefnin eru mörg og það mega engin byggðarlög gleymast, það vil ég sérstaklega taka fram. Það er ekki nóg að tala um hringveg, það mega engin byggðarlög gleymast því að vegamálin eru einn meginþáttur byggðastefnunnar, samgöngumál yfirleitt hafa áhrif á alla lífsafstöðu fólksins í dreifbýlinu, bæði á sviði atvinnumála, menntamála og félagsmála.

ATKVGR.

Brtt. 135,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 135,2 (ný 7. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 135,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 20. fundur.

Föstudaginn 13. des. að loknum 19. fundi.

Lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, frv. (þskj. 51). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ráðning starfsmanna og húsnæðismál ríkisstofnana, frv. (þskj. 52). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar, frv. (þskj. 141). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 132). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Í orkumálum er nýting jarðhita til hitunar húsa eitt hið mikilvægasta. Hitaveitur hér á landi, fyrst í Reykjavík og síðar annars staðar, hafa þegar sýnt gildi sitt. Nú er orðið alllangt síðan fyrst komu upp hugmyndir um hitaveitu fyrir Suðurnes og hafa þar ýmsar leiðir og möguleikar verið nefndir. Árið 1971 voru boraðar tvær holur í Svartsengi nálægt Grindavík eftir ósk Grindavíkurhrepps og gáfu þær holur góðar vonir. Síðan hafa farið fram athuganir og nú á þessu ári boraðar holur til viðbótar, og er í fáum orðum hægt að segja að þessar rannsóknir og tilraunaboranir hafa gefið mjög góða raun, þannig að nú þykir alveg sýnt að á Svartsengi megi byggja mannvirki sem geti orðið hitaveita fyrir öll Suðurnes.

Í grg. þessa frv. er gerð allítarleg grein fyrir málinu í heild og ég skal því vera fáorður hér í framsögu.

Haustið 1973 var stofnuð samstarfsnefnd Suðurnesja til þess að vinna að þessu máli og hrinda

því í framkvæmd. Sú samstarfsnefnd hefur unnið að framgangi málsins og haft samráð við iðnrn. og fjmrn. Er þetta frv. samið í samvinnu þessara aðila og um það fullt samkomulag.

Nú var mér að berast bréf frá samstarfsnefnd sveitarfélaga á Suðurnesjum, en að henni standa 7 sveitarfélög og beina fulltrúar þessara sveitarfélaga því til Alþ. að veita frv. brautargengi og fara eindregið fram á það að það geti orðið að lögum áður en til jólaleyfis alþm. kemur.

Það er rétt að taka það fram að um er að ræða 7 sveitarfélög sem að þessu máli standa. Það eru Keflavíkurkaupstaður, Njarðvíkurhreppur, Gerðahreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur, Grindavíkurkaupstaður og Vatnsleysustrandarhreppur. Það kom til athugunar að sjálfsögðu og umræðu hvort og þá í hve ríkum mæli ríkið ætti að vera aðili að slíkri framkvæmd. Hitaveitur þær, sem áður hafa verið reistar hér á landi, eru eign sveitarfélaganna. Hins vegar kom það snemma til að eðlilegt væri að ríkið væri þarna meðeigandi, m. a. og einkum vegna flugvallarins sem er á þessu svæði og hefur niðurstaðan af þeim samningaviðræðum orðið sú, eins og greinir í 2. gr. frv., að eignarhluti ríkissjóðs skuli vera 40%, en sveitarfélögin skuli samtals eiga 60%.

Í 7. gr. er svo ákveðið um stjórn Hitaveitunnar. Gert er ráð fyrir að iðnrh. og fjmrh. skipi hvor einn fulltrúa í stjórnina og sveitarfélögin, sem eru aðilar að fyrirtækinu, skipi 3 stjórnarmenn og eru svo nánari ákvæði um þetta í gr.

Það er rétt, til þess að menn átti sig á hversu hér er um stórt mál að ræða, að geta þess að þegar þessi væntanlega hitaveita er borin saman við rafstöðvaafl og mælt í megawöttum, þá er gert ráð fyrir því að varmaþörf þessara byggða og flugvallarins sé um 110 mw. og er því gert ráð fyrir að þessi hitaveita geti framleitt þann hita eða þann varma. En 110 mw. eru á stærð við Búrfellsvirkjunina eins og hún var í fyrstu, en hún var 105 mw. Af þessu geta menn nokkuð ráðið um stærð þessa fyrirtækis.

Gert er ráð fyrir því í þeim áætlunum sem hér liggja fyrir, að fyrst sé ráðist í hitaveitu fyrir sveitarfélögin, og eins og menn sjá af grg. og því korti, sem er á bls. 7 í frv., er gert ráð fyrir að 6 sveitarfélög verði í fyrstu aðnjótandi hitaveitu. Það eru Grindavík, Vogar og Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvík, Keflavík, Gerðar, Sandgerði. Einn aðilinn, sem stendur að þessu, Hafnahreppur, er ekki talinn með í þessum áætlunum vegna þess að það er til athugunar, hvort sú leið þætti heppilegri að Hafnahreppur fengi hitun með öðru móti, t. d. með rafmagni, en sú upphitun mundi að sjálfsögðu verða á vegum þessa fyrirtækis, Hitaveitu Suðurnesja. Ég get þessa sérstaklega hér vegna þess að sveitarfélögin eru 7, en í þessum áætlunum og greinargerðum er gert ráð fyrir að á þessu stigi verði þau 6, sem njóti hitaveitunnar. Skýringin er þessi, og er þetta allt í góðu samráði við fulltrúa Hafnahrepps.

Gert er ráð fyrir að varmaþörf sveitarfélaganna sé um 40 mw., en þegar bæði Hafnir og flugvöllurinn koma til, þá mundi heildarvarmaþörfin verða 110 mw. Er gert ráð fyrir að á 2—3 árum megi koma hitaveitu til þessara sveitarfélaga og tengja þau hús sem þar er um að ræða.

Þær rannsóknir, sem fram hafa farið, og borholur, sem þegar hafa verið gerðar, benda eindregið til þess að jarðhitavatnið sé ekki nothæft beint til upphitunar og verður því að nota varmaskipti. Hafa verið gerðar umfangsmiklar tilraunir til þess að finna heppilegustu aðferð í því efni. Ætlunin er að hita upp kalt vatn með jarðhitavatni og gufu í varmaskiptum, og telja þeir sérfræðingar sem að þessu hafa unnið frá Orkustofnun og Fjarhitun að þau mál sé tiltölulega auðvelt að leysa og fjarri því að vera nokkur frágangssök. Í þessum áætlunum, sem hér liggja fyrir, er varmaskiptistöð eða stöðvar að sjálfsögðu innifaldar.

Gert er ráð fyrir því í nýjustu áætlunum, eins og greint er á bls. 6, að stofnkostnaður veitunnar án flugvallarins verði alls um 1800 millj. kr. og er það kostnaðaráætlun, sem gerð var í júní s. l. Í frv. eru veittar heimildir til lántöku og ríkisábyrgða fyrir samtals allt að 2000 millj. kr. og er það í samræmi við þessa kostnaðaráætlun sem ég gat um. Ef þetta mál er borið saman — ekki við rafstöð eins og Búrfellsvirkjunina, heldur t. d. við Hitaveitu Reykjavíkur, þá geta menn einnig gert sér nokkra grein fyrir stærðinni. Þegar Hitaveita Reykjavíkur var tekin í notkun í des. 1944, var afkastageta hennar um það bil 55 mw. eða helmingurinn af því sem Hitaveitu Suðurnesja er ætlað þegar hún er fullgerð. Hitaveita Reykjavíkur hefur hins vegar margfaldast síðan og er í grg. þessa frv. nefnt að afkastageta hennar, áður en hún var stækkuð til nágrannabyggða, þ. e. a. s. miðað við árið 1973, hafi verið um 280 mw. og hafa því afköst hennar á þessum árum frá stofnun og til ársins 1973 um það bil fimmfaldast.

Varðandi þau hitaréttindi, sem hér er um að ræða í Svartsengi, eru þau a. m. k. að verulegu leyti í einkaeign og er gert ráð fyrir eignarnámsheimild í 14. gr. þessa frv. Hins vegar er skýrt tekið fram, og það vil ég undirstrika, það er skýrt tekið fram í grg., um 14. gr. að æskilegt er að samningar geti tekist milli aðila um kaup á jarðhitaréttindum og öðrum réttindum, sem nefnd eru í gr., og reynt verður til þrautar að ná samkomulagi áður en til eignarnáms kæmi.

Ég vænti þess að þetta stórmál fái góðar undirtektir hjá hv. Alþ. Það er ljóst að hitaveita eins og hér er um að ræða yrði til mikils hagræðis og fjárhagslegs gagns fyrir íbúana sem hennar nytu, hefði í för með sér verulegan sparnað, auk þess sem varla þarf fram að taka hversu mikinn gjaldeyrissparnað slík framkvæmd mundi hafa í för með sér fyrir þjóðarbúið. Ég vænti góðra undirtekta og skjótrar afgreiðslu og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með að þetta frv. er nú fram komið og hafði raunar vænst þess að það gæti komið fram snemma eða þegar í þingbyrjun, en það hefur dregist af einhverjum ástæðum sem mér eru ekki fullkunnar. Þetta er tvímælalaust mjög mikilsvert mál, ég vil segja stórfellt framfaramál fyrir Suðurnesin og hefur í rauninni orðið þeim mun mikilvægara sem olíuverð hef-

ur hækkað meira. Ég skal ekki fara frekari orðum um það, hvílíkt hagræði verður að því þegar byggðirnar á Suðurnesjum fá hitaveitu. En það verður varla ofsögum af því sagt, hversu mikið hagræði og hversu mikill gjaldeyrissparnaður er að slíku.

Ég vil aðeins láta í ljós ánægju mína með að þetta frv. er nú fram komið og aðilar virðast hafa komið sér saman um þau meginatriði sem þarna þurfti um að semja. Þess er því að vænta að þetta mál geti fengið hér greiðan gang í gegnum hv. Alþ.

Ég vildi aðeins í sambandi við þetta mál víkja nokkrum orðum að því atriði, sem hæstv. iðnrh. nefndi í ræðu sinni, að hitaréttindi þau, sem hér um ræðir, og landsréttindi eru eins og hann sagði að mestu leyti í einkaeign. Mér er ekki grunlaust um, að það hafi tafið nokkuð framkomu þessa máls að það hefur verið í nokkurri óvissu hvort tækist að ná eðlilegum samningum við þá aðila sem hér eiga landsréttindi og hitaréttindi, og það er vel að í 14. gr. þessa frv. er heimild til þess að taka slík réttindi eignarnámi ef nauðsyn ber til, en segir þó í aths. við 14. gr., að æskilegt sé að samningar geti tekist milli aðila um kaup á þessum jarðhitaréttindum og öðrum réttindum sem hér er um að ræða. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh., hvort honum er kunnugt um, hvar þessi samningamál eru á vegi stödd eða hvort líkur séu á því að samningar takist við eigendur þessara jarðhitaréttinda á næstunni eða hvort svo geti farið að undirbúningur undir þetta stórmál dragist enn af þeim sökum, ellegar í fjórða lagi að það verði ekki látið dragast lengi, heldur verði notuð heimild 14. gr. þessa frv. sem væntanlega verður að lögum nú fljótlega.

Ég vildi sem sagt, um leið og ég undirstrika að ég tel þetta mjög mikilsvert mál fyrir suðurnesjabúa, spyrja að þessu atriði, hvort hæstv. ráðh. er kunnugt um, hvar þessi samningamál við landeigendur eru nú á vegi stödd og hvort nokkur hætta eigi að vera á því að slíkir samningar tefji þetta mikilsverða mál allra íbúa Suðurnesja.

Benedikt Gröndal: Hæstv. forseti. Eins og orkumálum er komið í heiminum hljótum við íslendingar að undrast það að við skulum ekki á liðnum áratugum hafa gert miklu meira átak til að hagnýta möguleika lands okkar á þessu sviði. En það er auðvelt að vera vitur eftir á og þýðir því ekki um það að fást og mætti jafnvel geta þess að átök eins og hitaveitan í Reykjavík eiga sér fáa líka í veröldinni.

Engu að síður er rík ástæða til þess, eins og nú er komið málum, að við leggjum á það áherslu framar öllum öðrum verklegum framkvæmdum að hagnýta orkulindir landsins og reyna að spara þjóðinni þá milljarða sem hún verður að borga fyrir innflutt eldsneyti. Á þessu sviði er enginn vafi á því að sameiginleg hitaveita fyrir Suðurnes öll er eitt af stærstu málum, og ég vil lýsa yfir fyrir hönd míns flokks, að við teljum þetta vera stórmál og munum veita því brautargengi og stuðla að því, eftir því sem við getum að það verði afgreitt eins skjótlega og unnt er hér í þinginu.

Ég vil einnig taka það fram út af mjög ákveðnum skoðunum og till. sem við höfum flutt um eignarrétt lands og landsnytja, að við gerum okkur vonir um það að ekki komi til neinna vandræða á því sviði í sambandi við þetta mál. Það eru allar nauðsynlegar heimildir í þessum lögum til þess að þjóðarheildin fái vilja sínum framgengt ef þess þarf, en að sjálfsögðu vonast allir til þess að það takist að ná samkomulagi, þó að hinu sé að okkar hyggju ekki hægt að neita, að þessum málum verður að gefa gaum á landsmælikvarða og skipa þeim í heild til frambúðar. Við teljum þetta vera mikið hagsmunamál fyrir fjölmenn byggðarfélög og viljum láta í ljós von okkar um að framkvæmd þessa máls verði með þeim hraða sem mestur geti orðið og það gangi í alla staði vel.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Ég mun ekki við þessa umr. ræða einstakar gr. þessa frv., en ég vil aðeins lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli vera komið fram, og þakka hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. fyrir forgöngu þeirra í málinu. Ég legg megináherslu á að þetta frv. nái fram að ganga nú fyrir jól. Það skiptir miklu máli fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum að ekki verði þarna tafir á og þau geti ásamt ríkinu hafið undirbúning af fullum krafti nú þegar, eins og reyndar gert er ráð fyrir í frv. Er gert ráð fyrir að lokið verði skipun í stjórn fyrir 1. jan. n. k.

Það þarf að sjálfsögðu ekki að ræða mikilvægi þessa máls fyrir alla aðila. Slíkt er hafið yfir allan vafa. Fleira ætla ég ekki að segja við þetta tækifæri, aðeins að lýsa ánægju minni yfir því að málið skuli komið fram.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með þeim, sem fagna því að þetta frv. er komið fram. Hér er um ákaflega veigamikið mál að ræða að mínu mati. Ég hef oft gert grein fyrir því, að ég lít svo á að það stórvirki, sem íslendingar þurfa að einbeita sér að á næstu árum sé að nýta sína eigin orkugjafa sem allra mest í stað þess að flytja inn olíu, sem er orðin ákaflega dýr og þar sem hætta er á pólitískum vandamálum í tengslum við hana. Ég tel, að þessi mikli áfangi, hitaveita á Suðurnesjum, þurfi að falla inn í heildaráætlun, sem okkur beri að gera, eins og fyrrv. ríkisstj. lagði til og till. hefur verið gerð um á þessu þingi, þannig að við einbeitum okkur að því verkefni að nýta jarðvarmann hvar sem hann er tiltækur, en hraða eins og við erum menn til að flytja næga raforku til annarra landshluta, sem ekki eiga kost á jarðvarma, og það á fyrst og fremst við um Vestfirði og Austfirði og ýmsa smærri staði á Norðurlandi og víðar.

Þetta frv. var að verulegu leyti undirbúið í tíð fyrrv. ríkisstj. og í því eru ekki ákvæði, sem ég tel mig þurfa að ræða neitt sérstaklega. Hins vegar er vissulega farið fram á ákaflega mikið, þegar óskað er eftir því, að Alþ. afgreiði þetta mál á einni viku innan um önnur stórmál, sem þarf

að fjalla um, eins og fjárlög og ýmis slík mál. Mér finnst þetta mál sem sé koma fram undarlega seint. Ég átti von á því, að það kæmi fram þegar í þingbyrjun, þannig að Alþ. fengi ráðrúm til að fjalla um það á venjulegan hátt. Hins vegar skil ég ákaflega vel áhuga þeirra suðurnesjamanna á að fá sem fyrst tök á því að hefja þarna framkvæmdir og mun fyrir mitt leyti stuðla að því að frv. verði afgreitt hér á þingi eins fljótt og hægt er.

Í þessu sambandi hefur verið minnst á 14. gr. frv., þar sem ráðh. er veitt heimild til þess að leyfa Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi jarðhitaréttindi, vatnsréttindi, lönd og mannvirki og önnur réttindi o. s. frv., eins og í gr. stendur. Í þessu sambandi kom hv. þm. Gils Guðmundsson með fsp., sem hæstv. ráðh. hefur ekki svarað enn. En ég vil í sambandi við þessa gr. minna á það, að fyrir þessu þingi liggur frv. til l. um breyt. á orkulögum, þar sem er að finna alveg ný ákvæði um háhitasvæðin svokölluðu, sem skilgreind eru sérstaklega í frv., og eitt þessara háhitasvæða er Svartsengi. Í þessu frv. segir svo um þessi svæði:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhita og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.“

Ég hygg, að það væri ákaflega skynsamlega að verki staðið hjá Alþ. að afgreiða þessi tvö mál samhliða. Ég hygg, að það mundi leysa ærið mikinn vanda sem kann að koma upp á Suðurnesjum ef búið væri að afgreiða frv. eða ef það yrði afgreitt jafnhliða frv. um háhitasvæðin. Ég býst við, að það mundi geta falið í sér umtalsverða fjármuni, bæði fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum og ríkissjóð, sem stofnkostnaður yrði ódýrari en ef annað hvort yrði að sæta þeim kröfum, sem eigendur þarna gera sér hugmyndir um, sem mér er kunnugt um að eru mjög háar, eða leggja málið undir mat dómkvaddra manna, því að við höfum reynslu af því að slíkt mat er yfirleitt mjög hátt. Ég tel að þarna sé um að ræða sameign, sem er algerlega augljós, og að hin almennu eignarréttarákvæði í þjóðfélagi okkar eigi ekki að ná til verðmæta af þessu tagi.

Ég held að það gildi einu hvaða afstöðu menn hafa til eignarréttar almennt. Þessi orka, sem er í iðrum jarðar og hvorki verður könnuð né nýtt nema almannafé og forusta ríkisins komi til, er þess eðlis, að einstaklingar geta ekki átt rétt á stórum fjárhæðum fyrir nýtingu hennar. Það er eðlilegt, að þeir eigi sinn almenna rétt hvað varðar landið og annað slíkt, en að þeir eigi rétt á stórfelldum fjármunum fyrir það að verið er að nýta orku jarðar í þágu alþjóðar tel ég vera algerlega rangt. Lagadeild Háskólans hefur úrskurðað að hún telji að ákvæði frv. um háhitasvæði stangist ekki við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, og hv. d. er búin að fjalla um þetta mál svo gaumgæfilega, að það eiga ekki að þurfa að verða nein vandkvæði á því, að iðnn. þessarar d. afgreiði þessi mál samhliða. Ég held, að slík afgreiðsla sé forsenda þess, að unnt sé að tryggja það, að hægt verði að stofna Hitaveitu Suðurnesja á eins hagkvæman hátt og kostur er, ella séum við að tefla í tvísýnu hvað þetta atriði varðar. Þar er bæði um að ræða fjárhagslegt atriði og siðferðislegt atriði að minni skoðun.

Ég vil sem sé mælast mjög eindregið til þess við hæstv. ráðh., að hann beiti sér fyrir því að þessi mál verði afgreidd samhliða, vegna þess að ég fæ ekki betur séð en frv. um háhitasvæði sé hreinlega forsenda þess að skynsamleg lausn fáist á eignarréttarvandamálum í sambandi við Hitaveitu Suðurnesja.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykn. hafa látið orð falla í þá átt, að frv. þetta sé undarlega seint fram komið og það hafi dregist af ástæðum „sem mér eru ekki kunnar“, eins og hv. 3. þm. Reykn. komst að orði.

Þegar hv. þm. kemst svo að orði hljóta það að vera einhverjar ástæður hjá fyrrv. ríkisstj., sem honum eru ekki kunnar, því að eins og hér kom fram var mál þetta á döfinni hjá fyrrv. ríkisstj. og það strax í jan. 1973, hálfu öðru ári áður en fyrrv. ríkisstj. lét af störfum, sem Orkustofnunin skilaði ítarlegri grg. um varmaveitu frá Svartsengi og mælti með að í hana yrði ráðist. Hvers vegna málið hefur dregist svo lengi hjá fyrrv. ríkisstj. er mér ekki kunnugt, en staðreyndin er að þrátt fyrir það þótt það væri svona lengi á döfinni hjá henni, hafði hún ekki lokið þeim undirbúningi, að hún legði málið fyrir þingið. Hins vegar eftir að stjórnarskiptin urðu var þetta mál þegar í stað tekið upp og hefur verið fylgt eftir með þeim hraða, sem unnt hefur verið í samráði og samvinnu ágætri við fulltrúa sveitarfélaganna, svo að þessi ummæli þessara tveggja þm. eru á misskilningi byggð að því er snertir núv. stjórn. En hverjar ástæður eru til þess að fyrrv. stjórn lauk þessu ekki þannig að leggja það fyrir þingið, það veit ég ekki.

Varðandi fsp. hv. 3. þm. Reykn. um viðræður við eigendur hitaréttinda í Svartsengi vil ég taka fram að þær viðræður hafa átt sér stað að undanförnu og standa yfir. Það eru bæði fulltrúar sveitarfélaganna eða framkvæmdanefndin, sem hafa tekið þátt í þeim viðræðum, auk fulltrúa frá iðnrn. og fjmrn. Hvar þær viðræður eru á vegi staddar er ekki hægt að gefa neinar upplýsingar um nú, nema það mun hafa í vor eða sumar komið fram tilboð af hálfu landeigenda þar, það var fyrir stjórnarskiptin. Nú hefur verið kannað hvort það tilboð eða sú uppástunga stæði, og það mun vera vafasamt, en þessar viðræður standa sem sagt yfir milli fulltrúa ríkisins og sveitarfélaganna annars vegar og landeigendanna hins vegar.

Ég vil undirstrika það, sem tekið er fram í grg. um 14. gr. og ég las hér upp áðan, að æskilegt sé, að samningar um það takist. Ef hins vegar svo fer, að þeir takast ekki, þá er eignarnámsheimild í frv.

Frv. um háhitasvæði ætla ég ekki að ræða hér, það gefst tækifæri til þess síðar að ræða það mál. En ef ætti að afgreiða þessi tvö mál samtímis þýddi það að frv. um Hitaveitu Suðurnesja næði ekki fram að ganga á þeim tíma sem fulltrúar sveitarfélaganna óska eftir, því að í frv. um háhitasvæðin eru ýmis ágreiningsefni eins og kom fram á síðasta þingi, ekki síst frá hálfu

ýmissa sveitarfélaga sem vildu ekk fella sig við sum ákvæði þess frv.

Hvort samþykkt slíks frv. mundi greiða fyrir þessu máli varðandi kaup á hitaréttindum og landsréttindum, það veit ég ekki um og skal ekkert um segja, hvort það mundi greiða fyrir. Sannleikurinn er sá, að ef til eignarnáms kemur, veltur það fyrst og fremst á túlkun dómstólanna á stjórnarskránni, hvort eða hverjar bætur landeigendur eiga, en ekki fyrst og fremst á almennum lögum, sem Alþ. setur. Það er fyrst og fremst eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og túlkun þess, sem þar ræður úrslitum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Launaskattur, frv. (þskj. 108). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 108 er frv. til l. um breyt. á l. um launaskatt. Hér er um að ræða framlengingu á gildandi l. alveg óbreyttum eins og þau eru nú og hafa verið frá því að l. um skattkerfisbreytingu tóku gildi. Eins og rakið er í grg. með frv. eru l. að stofni til frá 1965, en þá var lagður á 1% launaskattur. Árið 1970 var lagður á sérstakur launaskattur, 1.5%, í tengslum við efnahagsráðstafanir, sem þá voru gerðar, og launaskatturinn enn hækkaður í ár um 1% í tengslum við ráðstafanir til lausnar vinnudeilu, sem uppi var á fyrri hluta þessa árs.

Gildistími l. um launaskatt rennur út um næstu áramót. Frv. á þskj. 108 gerir ráð fyrir, að gildistíminn verði enn framlengdur um eitt ár, og hefur verið miðað við það við gerð fjárlagafrv.

Ég gerði grein fyrir því í fjárlagaræðu minni, hvernig hægt væri að draga úr þeirri pappírsvinnu, sem er samfara fjölda gjaldstofna, sem við búum við og með hvaða hætti mætti ráða bót þar á. Það er einnig óeðlilegt að binda gildistíma skatta í l., en þar sem hér hefur verið talað um bráðabirgðaskattheimtu að hluta til, er að sjálfsögðu rétt að framlengja gildistíma l. aðeins um eitt ár.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 119). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 119 hef ég leyft mér ásamt 4 öðrum hv. þm. að flytja frv. um breyt. á l. um almannatryggingar. Þetta frv. er gamall kunningi héðan úr þingsölum, hefur verið flutt í einu eða öðru formi allnokkrum sinnum og m. a. á síðasta þingi. Það hefur verið borið fram af þm., sem hafa haft skilning á vandamálum íþróttahreyfingarinnar og skyldum málefnum.

Það hefur verið svo í okkar þjóðfélagi, að meir og meir hefur verið gengið í þá átt að tryggja borgarana fyrir áföllum, sem þeir verða fyrir í lífinu, og íþróttahreyfingin hefur í þessu tilliti sett fram þá sanngjörnu ósk af sinni hálfu að fara fram á, að íþróttafólk, sem verður fyrir áföllum vegna íþróttaiðkana, fái bætt það tjón sem hlýst af þeim áföllum. Íþróttahreyfingin hefur rekið sjálfstæða slysatryggingasjóði um nokkur ár, og hafa þeir sjóðir getað leyst úr minni háttar slysatjónum. Þessir sjóðir hafa verið fjármagnaðir með fé íþróttastarfseminnar sjálfrar, enda þótt það fé sé sannarlega ekki til skiptanna. Þessir sjóðir eru hins vegar engan veginn færir um að greiða bætur vegna varanlegrar örorku eða dauðsfalla og það yrði merkasta og mikilvægasta breytingin í þessum efnum, ef slík slys yrðu bætt eins og frv. gerir einmitt ráð fyrir og stefnir að.

Það unga fólk, sem stundar íþróttir, er í blóma lífsins, er að hefja lífsbaráttuna, koma fótunum undir sig og sína fjölskyldu og það er mikið áfall, þegar fjölskyldufaðirinn fellur frá eða verður varanlega öryrki vegna íþróttaiðkana. Og það er engan veginn vansalaust að þjóðfélagið geti ekki stutt við bakið á þeim sem eftir standa. Þetta segi ég vegna þess, að þjóðfélagið og þegnar þess hafa haft skilning á íþróttastarfseminni og viljað stuðla að henni sem mest hjá æskufólki, og því er það eðlileg og réttlát krafa í framhaldi þar af, að þjóðfélagið hjálpi til, þegar til slíkra slysa eða áfalla kemur, eins og oft vill verða við íþróttaiðkanir. Því er það einlæg von mín, að þetta frv. nái nú fram að ganga, en það felur í sér, eins og fyrr segir, að það gangi inn í hið almenna tryggingakerfi, að íþróttamenn, sem verða fyrir slysum, fái tjón sitt, tap sitt og kostnað sinn bættan eins og þegar um önnur slys er að ræða á vinnustöðum og í lífinu almennt. Íþróttahreyfingin hefur fyrir sitt leyti viljað leggja fram fjármagn og hún hefur boðið, að höfuðstólar slysatryggingasjóðanna, sem nú eru starfandi, renni óskiptir til þess að standa undir iðgjaldagreiðslum til að byrja með og samkv. nánara samkomulagi.

Ég tel ekki ástæðu til, herra forseti, að skýra þetta mál öllu frekar. Það er alveg ljóst, hvert efni frv. er. Þetta er gamalt baráttumál íþróttahreyfingarinnar og yrði mikið fagnaðarefni af hennar hálfu, ef hið háa Alþ. sýndi nú þann skilning að samþykkja þetta frv. eins og það liggur fyrir eða í aðalatriðum í svipuðu formi.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting innlendra orkugjafa, þáltill. (þskj. 80). — Frh. einnar umr.

Lúðvík Jósepsson [frh.]: Herra forseti. Það er nú svo langt um liðið síðan þetta mál var hér síðast á dagskrá og ég varð að hætta mínum

málflutningi í miðri ræðu, að ég á nú erfitt með að finna endann á þeirri ræðu og halda áfram og er þá kannske best, úr því sem komið er, að stytta mál sitt, enda sýnist mér vera þannig mætt á þessum fundi, að það taki því nú kannske ekki að fara að halda hér uppi löngum málflutningi.

Ég minnist þess þó, að ég hafði sérstaklega vikið að einum þætti, sem fram hafði komið í þessum umr., en það var sá þáttur, sem sneri að nýtingu innlendra orkugjafa hér á Suðvesturlandi í sambandi við húshitun, og fullyrðingar, sem hér höfðu komið fram frá hæstv. fjmrh. um það, að fyrrv. ríkisstj. hefði m. a. torveldað framkvæmdir í þeim málum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, sem hafði tekið að sér að koma upp hitaveitum á þessu svæði fyrir nálæg byggðarlög. Ég hafði bent á, að þetta væri rangt og væri auðvelt að sanna að þetta fengi ekki staðist. En fullyrðingar af þessu tagi hafa sést æðioft áður hér í blöðum af hálfu þeirra sjálfstæðismanna, þar sem þeir hafa haldið því fram, að fyrrv. ríkisstj. hafi ekki heimilað Hitaveitu Reykjavíkur að hækka hitaveitugjöld, þannig að hún gæti í raun inni staðið undir þeim verkefnum með eðlilegum hætti, sem hún hafði þarna tekið að sér. En það er auðvelt að sjá það, að þó að fyrrv. ríkisstj. hafi að vísu ekki heimilað Hitaveitu Reykjavíkur allar hækkanir á hitaveitugjöldum um leið og óskir komu fram, þá heimilaði hún þó mjög miklar hækkanir og að mínum dómi meiri hækkanir en hafa verið forsvaranlegar í raun og veru miðað við þau verðlagsmál, sem við vorum að glíma við á þessum tíma.

Ég tók eftir því, að í umr. í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir nokkrum dögum hafði það komið fram, að hitaveitugjöld höfðu hækkað hér á eins árs tímabili, frá des. á s. l. ári og fram í des. nú, um 110%. Þetta geta menn borið saman við t. d. almenna kauphækkun á þessu tímabili, sem er langt undir þessu marki. Það er því enginn vafi á því, að Hitaveitan hefur fengið að hækka sín gjöld og auka sínar tekjur og hefði getað af þeim ástæðum staðið við þá samninga, sem hún hafði gert um framkvæmdir í hitaveitumálum hér í nálægum byggðarlögum.

Ég skal svo ekki fara um þetta mörgum orðum, en vil aðeins til viðbótar til sönnunar á minu máli í þessum efnum vitna í bréf, sem borgarstjórinn í Reykjavík skrifaði til þess rn., sem ég hafði með að gera á þeim tíma, þann 11. jan. 1974 eða í ársbyrjun þessa árs. Í þessu bréfi segir borgarstjórinn í Reykjavík, þegar hann er að gera grein fyrir þessu máli, að samkv. áætlunum, sem gerðar hafi verið um hitaveituframkvæmdir í þessum nágrannabyggðarlögum Reykjavíkur, þ. e. a. s. í Kópavogi, Hafnarfirði og Garðahreppi, og einnig í Reykjavík sjálfri, hafi verið áætlað, að kostnaður við þessar framkvæmdir mundi nema 1660 millj. kr., þar af, eins og segir í bréfinu, 1296 millj. kr. vegna virkjana aðalæða og dreifikerfa í áðurnefndum þremur sveitarfélögum og 364 millj. kr. vegna dreifikerfis í Reykjavík, sem sagt, samtals 1660 millj. kr. En í þessu bréfi segir orðrétt — með leyfi hæstv. forseta — á þessa leið:

„Greiðsluyfirlitið, sem fylgir þessu bréfi, sýnir enn fremur, að Hitaveitan muni hafa til ráðstöfunar eigið fé á þessum sömu árum um 1450 millj. kr. til hitaveituframkvæmdanna, vaxtagreiðslna og umsaminna afborgana eldri lána.“

Eins og ég segi, hér fylgir með alveg grg. yfir þessi ár, þar sem sýndur er tekjuafgangur Hitaveitunnar, það fé, sem hún hefur laust vegna afskrifta, og það er hvorki meira eða minna en þetta. Það fer því auðvitað ekkert á milli mála, að afkoma Hitaveitunnar hefur verið þannig, að menn hafa verið að gera ráð fyrir því, að þeir gætu haft lausa fjármuni út úr rekstri Hitaveitunnar nægilega mikla til þess að annast allar þessar stofnframkvæmdir í byggðarlögunum hér í kring. Sannleikurinn er auðvitað sá, ef menn vilja snúa málinu þannig, að hér hafa verið uppi kröfur um það, að þeir, sem nota hitaveituvatnið hér í Reykjavík, ættu að borga í verði umfram það, sem nauðsynlegt var, allar þessar stofnframkvæmdir nú.

Eins og ég hef sagt hér áður, leikur enginn vafi á því, að þetta fyrirtæki hefur fengið að verðleggja sína þjónustu á allt annan hátt en aðrir aðilar hafa fengið leyfi til af verðlagsyfirvöldum, og stjórnvöldum nú á síðari árum. Það hefur sem sagt verið gert ráð fyrir því, að fyrirtækið fengi að safna upp mjög álitlegum greiðsluafgangi til þess að standa undir þessum framkvæmdum. Það hefur svo einnig legið fyrir allan tímann, að fyrirtækinu hefur staðið til boða að taka lán til framkvæmdanna, eins og nauðsynlegt hefur verið, að því leyti til sem eigin fjármunir fyrirtækisins hrykkju ekki til. Allar fullyrðingar um, að fyrrv. ríkisstj. hafi ekki heimilað þessu fyrirtæki að hækka tekjur sínar til samræmis við eðlilegar þarfir, eru algerlega út í hött og allar afsakanir, sem menn hafa haft uppi um það, að þeir hafi ekki staðið við gerða samninga um framkvæmdir í þessum efnum fyrir nálæg byggðarlög, af því að ríkisstj. hafi ekki viljað verða við beiðnum þeirra, sem stjórnuðu þessu fyrirtæki, eru líka rangar, svo að ekkert af þessu fær staðist. En hitt gefur svo auðvitað auga leið, að stjórnvöld hljóta að reyna að hafa einhvern hemil á því, hvernig þýðingarmikil gjöld hækka á tímum eins og hefur verið nú á síðustu árum og eru enn, og ég efast ekkert um það, að núv. ríkisstj. hlýtur að vilja taka þarna eitthvert tillit til, jafnvel þótt kaupgjaldsvísitalan sé bundin föst í bili, því að hún gerir sér auðvitað grein fyrir því, að látlausar hækkanir, sem koma auðvitað inn í vísitöluútreikninga, segja til sín fyrr en seinna. Það er því engin leið út úr þessum vanda að ætla að hækka þetta endalaust og þrotlaust.

Ég minni líka á það, að í umr. í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir fáum dögum kom það einnig fram, að á eins árs tímabili höfðu verið samþykktar hækkanir á rafmagnsgjöldum hér hjá Rafmagnsveitunni, sem næmu hvorki meira né minna en 180%. Þessir aðilar þurfa sannarlega ekkert að kvarta undan því, að þeir hafi ekki fengið sínar hækkanir. En þessi fyrirtæki bæði, bæði Rafmagnsveitan, sem stendur líka í miklum umsvifum og hefur alltaf staðið, og Hitaveitan, þetta eru mjög góð fyrirtæki, sem vinna þarft verk, og það er auðvitað afar þýðingarmikið, að hægt sé að koma áfram hitaveituframkvæmdum á þessu svæði og ber auðvitað að hlúa að því, að það sé hægt, en það tel ég, að hafi verið gert

eftir eðlilegum leiðum. Það blessast hvergi að ætla að stilla þessum hlutum þannig, að fyrirtækin eigi að geta staðið í stórfelldum stofnframkvæmdum eingöngu með rekstrarafgangi viðkomandi árs.

En eins og ég sagði hér í upphafi míns máls, þá er það langt síðan þessar umr. voru, að ég held að ég hefji mig ekki mikið hærra til flugs í þessu, ekki nema þá einhverjir aðrir komi til og fari að gefa nýtt tilefni til, og skal ég því láta máli mínu lokið að þessu sinni. En aðalatriðið varðandi þær umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, er auðvitað að það séu gerðar allar hugsanlegar tilraunir til þess að reyna að nýta innlenda orkugjafa í stað þeirra erlendu, sem við notum nú. Til þess þarf að hafa hraðan á. Það er ekki aðeins, að við stefnum þannig að því að leysa yfirvofandi vandamál, eins og í raforkumálum og hefur verið rætt nú síðustu dagana í raforkumálum Norðurlands, Austurlands og víðar á landinu. Það er auðvitað enginn vafi á því, að það er skaðlegt að tefja það að koma á raforkulínusamtengingunni á milli Suðurlands og Norðurlands. Það væri auðvitað hægt, þegar sú samtenigng er komin á, að losa sig við allmikinn kostnað af erlendum orkukaupum og koma þessu yfir á innlenda notkun og að því ber að vinna og það má ekki tapa þarna neinum tíma. En mér sýnist, miðað við þær upplýsingar, sem hér liggja fyrir nú, að þá hafi því miður tekist þannig til, að samtengingarlínan á milli Suður- og Norðurlands hafi nú dregist um a. m. k. 3 mánuði umfram það, sem hefði þurft að vera, sennilega vegna þess að það hefur verið uppi einhver ágreiningur um það, hvort ætti að halda þessari framkvæmd áfram eða ekki.

Þetta er auðvitað kjarni þessa máls, hvort við gerum allt sem unnt er til þess að hraða þessum málum, því að ég hygg að allir séu sammála um það, að að þessu beri að stefna, að nota innlendar orkulindir, en hverfa hið fyrsta frá notkun þeirra erlendu, af því að það muni verða okkur mjög til sparnaðar, þegar á heildina er litið.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Mig langar að leggja nokkur orð í belg í þessum umr., sem hér hafa farið fram að undanförnu, þó að nú sé að vísu nokkuð langt um liðið síðan þeir flm. töluðu um þetta mál og síðasti ræðumaður hafði ekki lokið sinni ræðu, þegar málinu var frestað og kemur nú eftur á dagskrá. Hvort sem orð mín verða nú til þess að hann hefji sig til flugs eða ekki, þá finnst mér ekki hjá því komist að vekja athygli á þessum sérstæðu umr., sem hér hafa farið fram. Það hefur nefnilega ekki getað hjá því farið, að andstæðingar Alþb. hefðu lúmskt gaman af því innanflokksuppgjöri, sem þm. þessa flokks hafa verið að setja hér á svið á hinu háa Alþ. síðustu daga, og einna mest hefur þar kveðið að hv. þm. Jónasi Árnasyni, enda mun hann aðalhöfundur þeirrar „tragikomedíu", sem flutt hefur verið.

En hv. þm. Lúðvík Jósepsson bar þó svo sannarlega uppi einn þáttinn hér síðast, er þetta mál var til umr. og hann flutti fyrri hluta þeirrar ræðu, sem hann nú var að ljúka. Hann kvaddi sér hljóðs, þegar hv. 1. flm. till., Magnús Kjartansson, hafði talað sig dauðan, eins og það er kallað, og flestum virtist raunar málið þá vera útrætt. En hv. þm. Lúðvík Jósepssyni fannst allt annað. Hann greip til þess í ræðu hér að lýsa furðu sinni á því, að öllum væri ekki fullkunnugt um afstöðu ráðh. Alþb. í fyrrv. ríkisstj. til byggingar málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. „Ég hef allan tímann verið á móti byggingu þessarar verksmiðju", sagði þessi hv. þm. orðrétt og vék síðan að afstöðu hins ráðh. og sagði: „Hann taldi, að rétt væri að fara í þessa framkvæmd", orðrétt einnig. Síðar í ræðu sinni nefndi hann þetta fyrirtæki orðrétt „einstaklega vitlaust fyrirtæki". Og það leyndi sér ekki, til hvers refarnir voru skornir. Þm. var á einkar „smekklegan" hátt að koma höggi á félaga Magnús Kjartansson, hv. þm. Það var öllum ljóst. Og auðvitað gerði hann það, þegar sá síðarnefndi gat ekki tekið til máls. Og hv. þm. Jónas Árnason, meginhöfundur þessa þáttar, sem hér hefur verið fluttur í fleiri málum en einu, reyndar þrem, ræddi málin þó á meðan andstæðingur hans, hv. þm. Magnús Kjartansson, gat tekið til máls. Hann sagði í ræðu sinni: „Við höfum alltaf staðið gegn byggingu þessarar verksmiðju, Alþb.-menn." Þetta er einnig orðrétt, enda þótt öllum landslýð sé ljóst, að meginhvatamaður framkvæmdarinnar var annar ráðh. þeirra. En síðan kom í ljós, að honum, þ. e. a. s. hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, orðrétt einnig eftir einum þm.: „ leyfðist að hafa rangt fyrir sér innan Alþb." Þetta var raunar hv. þm. Stefán Jónsson, sem þessi orð lét falla, er hann lét ljós sitt skína um þessar deilur, sem mjög eru háværar innan Alþb. og illvígar. Þeir geta ekki leynt þeim innan sinna vébanda, heldur þurfa jafnvel að koma með þær hingað inn í Alþ.

Það er nú svo, að hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni leyfist að hafa rangt fyrir sér innan Alþb. Raunar er þetta liðin tíð. Honum leyfist ekki lengur að hafa sína skoðun á þessu máli innan Alþb. Hann hefur á nýafstöðnum landsfundi Alþb. verið látinn ganga undir það jarðarmen að flytja sjálfur fordæmingartill. á verk sín í ríkisstj. í þessu máli. Að öðrum kosti skyldi honum sýnt í tvo heimana. Þessi fyrrv. ráðh. hefur vafalaust vænst þess, að þar með væri hann búinn að kaupa sér frið flokksmanna sinna og þyrfti því aðeins út á við, en ekki innan flokksins, að standa í ströngu til varnar þeirri stefnu, sem hann fylgdi í sinni ráðherratíð. En þar sást honum yfir þau fræði, sem hann kunni þó svo vel hér fyrr á árum og ætti að þekkja allra manna best. Í röðum kommúnista er nefnilega yfirleitt ekki látið við það sitja að knésitja þann, sem hefur skrikað á línunni, flatur skal hann vera. Og dag eftir dag í máli eftir máli er hv. þm. Magnús Kjartansson niðurlægður af flokksbræðrum sínum, þeirri deild Alþb., sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson stjórnar. Og eins og menn vita, eru helstu „korporalar" hans einmitt þeir hv. þm. Alþb., sem hér hafa tekið þátt í umr. um orkumál og orkuflutning og önnur þau mál, þar sem innanflokkserjur Alþb. hefur borið á góma, þeir hv. þm. Jónas Árnason, Stefán Jónsson og Ragnar Arnalds. Sá síðast nefndi vakti rækilega athygli á vanrækslusyndum fyrrv. orkumálaráðh.

gagnvart norðlendingum, þegar hann flutti hér fsp. um byggðalínu og hv. síðasti ræðumaður sat sig ekki úr færi um að vekja einnig á því athygli, hverjir erfiðleikar norðlendinga væru í raforkumálum eftir stjórn hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar á þeim málum, þegar hann sagði, að byggðalínan yrði til einhverra bóta, og réttilega, að það kæmi seint. Þrír mánuðir, sem hann var að tala um, að það frestaðist. Það var ekki það, sem hann átti við. Hann var að benda á, að úrlausn málefna norðlendinga hefði verið frestað í 3 ár og rúmlega það og ekkert í þeim málum gert. En hann kann lagið á því að koma höggi á andstæðing sinn.

Þessar umr. koma í kjölfar upplýsinga nokkurra forustumanna norðlendinga í sjónvarpsþætti, þar sem um orkumál þessa fjórðungs var farið þeim orðum, að ástandið væri geigvænlegt, hörmulegt og ekkert varaafl væri til. Þessar umr. rifja raunar upp þær staðreyndir að fyrrv. orkumálaráðh. hindraði tvær virkjanir norðanlands, sem fullhannaðar voru og hefðu getað bruað bilið — og takið eftir: þær hefðu meira að segja getað borgað sig að fullu á því tímabili, sem líður, miðað við það verð, sem nú er á olíu, ef hv. fyrrv. orkumálaráðh. hefði ekki hindrað þessar framkvæmdir. Að vísu heimilaði hann seint og um síðir virkjun í Fljótaá í Skagafirði, litla virkjun en mjög hagstæða, en hana dró hann engu að síður um 2 ár, og ekki var leyft að samtengja Skeiðsfossvirkjun við Skagafjarðarveitu, þótt verulegt afgangsafl væri við Skeiðsfoss og hefði strax verið hægt að nota í stað olíukeyrslu. Sú samtenging er enn ekki komin. Það eru ekki tugir millj., að ég hygg, heldur hundruð, sem með þessum hætti fóru í súginn, og skal ég ekki rekja þá sorgarsögu og hef þá hliðsjón af því, að hv. þm. Magnús Kjartansson getur ekki talað oftar í þessum umr., en þess vegna vil ég ekki bera hann sökum, hvorki beint né óbeint og sist á þann hátt, sem Lúðvík Jósepsson og hans félagar gera, þann lævísa hátt, hinir svokölluðu samherjar hans. (LJós: Er ekki verið að gera þetta? *Vissi þm. ekki, hvað hann var að segja?*) Vissi hann ekki, hvað hann var að segja? Jú, jú, hann hefur mjög góða hugmynd (LJós: Var hann ekki að bera sakir á einhvern?) Þær eru ekki alveg nýjar, hann hefur haft tækifæri til þess, hv. þm. Magnús Kjartansson, að svara þessu áður. En ég kem að hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni á eftir með öðrum hætti og öðrum hætti en hv. þm. Lúðvík Jósepsson umgengst hann og bið ég þm. að doka örlítið við.

Ég vil nefnilega taka það fram, að skoðun mín er sú, að í ráðherratíð sinni hafi hv. þm. Magnús Kjartansson gert það best að halda áfram áformum um uppbyggingu iðnaðar, sem grundvallaðist á stórvirkjunum og nýtingu hinnar miklu orku, sem við eigum í fallvötnum og hverahita. Hann átti, eins og kunnugt er, vinsamlegar viðræður við fleiri aðila en Union Carbide. Hann fór t. d. til Sviss þar sem hann ráðgaðist við forustumenn Alusuisse um stækkun álbræðslunnar í Straumsvík og jafnvel bar á góma byggingu annarrar álverksmiðju. Þær hefðu kannske orðið tvær, ef honum hefði gefist færi á að sitja lengur í ráðherrastóli, en vonandi aldrei þó 20 eða nokkurn veginn öll heimsframleiðslan, svo að rifjuð séu upp gamanyrði, sem þessi annars mjög alvörugefni þm. lagði mér í munn sællar minningar og ósönn eru.

En samskipti ráðh. við þennan erlenda aðila, sem hefur um árabil átt við okkur samstarf, Alusuisse, olli því, að þetta fyrirtæki og önnur fengu fullt traust á því, að unnt væri að starfa með íslendingum, hvaða stjórn sem væri hér við völd. Eftir að hafa e. t. v. óttast að vinstri stjórn yrði kröfuharðari í þeirra garð en stjórn annarra flokka, þá sannfærðust þeir um það gagnstæða. *Þannig var t. d. horfið frá kröfum um,* að dýr hreinsitæki yrðu sett upp við álverksmiðjuna í tíð vinstri stjórnarinnar og forustumenn hins svissneska fyrirtækis höfðu aldrei haft ánægjulegri samskipti við æðstu ráðamenn hérlendis en einmitt þá. En samhliða var í ráðherratíð hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar sleitulaust unnið að því að ná samningum við aðra erlenda aðila um atvinnurekstur hérlendis og samkv. ákvörðun hans var sérstaklega kappsamlega unnið að samningagerð við bandaríska fyrirtækið Union Carbide, og allir samningar meira og minna frágengnir á liðnu vori og mjög þrýst á, að þingflokkarnir samþykktu þá. Sjálfur vildi ráðh. raunar nefna þetta framtak sitt iðnbyltingu, þótt það orð hafi nú líklega verið helst til stórt. En þetta, einmitt þetta, ber að þakka fyrrv. iðnrh. og mun verða mikils metið þegar iðnsaga landsins verður skráð og þróunin á þeim tíma, sem við nú lifum, fær mikið rúm.

En hv. þm. Jónas Árnason er ekki alveg á sömu skoðun. Það var áður getið um ræðu hans hér í þingi, en mig langar til að víkja örfáum orðum að viðtali einu miklu, sem við hann birtist í blaði hans, Þjóðviljanum, föstudaginn 6. þ. m. undir fyrirsögninni, — ja, hvað haldið þið? „Siðferðilegu undanhaldi snúið í sókn". Já, það er auðvitað siðferðisskortur aðalforgöngumannssins sem er alvarlegasta áhyggjuefni þm. Og mig langar til, — með leyfi forseta — að lesa smákafla úr nefndu viðtali. En Jónas er spurður að því, hvers vegna hann sé á móti málmblendiverksmiðju, og segir:

„Það er af mörgum ástæðum, sem eru af félagslegum, umhverfisverndarlegum, byggðalegum og siðferðilegum toga spunnar, svo að maður skelli fram öllum tískuorðum á einu bretti.

Union Carbide á sér einna óþokkalegastan feril allra auðhringa að því er varðar mengun og mannréttindi. Ég hef í höndum skýrslu, sem sannar, að í heimalandi þessa auðhrings, Bandaríkjunum, hefur hann neytt allra bragða til að sniðganga gildandi lög um mengunarvarnir og enginn auðhringur er eins illa þokkaður hjá því fólki sem berst gegn mengun og fyrir náttúruvernd.

Ég hef líka í höndum skýrslu, sem sannar, að enginn auðhringur er eins illa þokkaður og Union Carbide hjá hinum nýfrjálsu ríkjum Afríku, enda heyrir maður fulltrúa þeirra nefna Union Carbide í ræðum sínum vestur á þingi Sameinuðu þjóðanna, þegar þeir ræða hraklega meðferð á svörtu fólki. Í Rhódesíu og Suður-Afríku eru umsvif þessa auðhrings mikil og hvítir verkamenn, sem vinna hjá fyrirtæki hans þar, fá allt að því tíu sinnum hærri laun en svartir. Meðferð auðhringsins á svörtu fólki er öll eftir þessu.

Hann hefur aðstoðað fasistastjórnina í Rhodesíu dyggilega við að rjúfa það viðskiptabann, sem Sameinuðu þjóðirnar og þ. á m. Bandaríkin samþykktu að setja á hana. Yfirleitt má segja, að þessi auðhringur sé sérstakur ástmögur fasistastjórnanna í Rhódesíu og Suður-Afríku. Þótt ekki komi til aðrar ástæður en þessar, mundi ég beita mér gegn samningum um málmblendiverksmiðjuna. Union Carbide er vægast sagt ekki nógu göfugur félagsskapur fyrir þjóð eins og okkur íslendinga.

Enn ein siðferðileg mótbára mín er sú, að í Grundartangaverksmiðjunni á að framleiða ferrosilikon. Efni þetta er til margs nytsamlegt, en fyrst og fremst er það notað til að herða stál og það þarf hart stál í vopn. Efni þetta er því ein af helstu nauðsynjum vopnaframleiðenda. Hlutverk okkar íslendinga í sveltandi heimi á að vera að framleiða matvæli, en ekki efni til að auka áhrifamátt drápstækja.“

Og síðar: „Vegna þessarar samtvinnunar herstjórnar og auðhringa hafa þeir síðast nefndu notað bandarísku leyniþjónustuna, CIA, sem sinn einkaspæjara og raunar orðið oft uppvísir að stuðningi við fasistisk valdarán í ýmsum löndum, eins og nærtækast er í Chile“. Og loks: „Þau margendurteknu vinnubrögð stjórnvalda í stórmálum að taka ákvarðanir án minnsta samráðs við almenning, en í andstöðu við vilja hans, hafa því miður haft sín áhrif. Það er komin siðferðisþreyta í sumt fólk, sem lýsir sér helst í því, að menn yppta öxlum og segja: Er ekki hvort sem er búið að ákveða þetta?“

Þetta voru orð hv. þm. Jónasar Árnasonar og sendingin, sem hann birti í Þjóðviljanum, sem er enn þá hans blað að vísu, en hv. þm. Magnús Kjartansson var sem lengst ritstjóri við og hv. þm. Kjartan Ólafsson stjórnar núna, og hefur vafalaust við skulum ekki fara að skipa honum í dilk að sinni, það kemur upp, hvorum megin hann liggur um það er lýkur.

Í upphafi þessarar tilvitnunar er talað um ástæður þær, sem þm. tilgreinir fyrir andstöðu sinni við málmblendiverksmiðjuna. Þær eru félagslegar, umhverfisverndarlegar, byggðalegar og siðferðilegar. CIA og fasistiska valdaránið er ekki meðtalið nema að því leyti sem það kann að falla undir siðferðisbrest — eða „siðferðisþreytu“ nefnir víst þm. það, — forgöngumannsins, hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar. Efnislega eru samningarnir ekki gagnrýndir, enda segir raunar um þá á öðrum stað í nefndu viðtali, að þeir séu „bisniss“ og ekkert annað. Það er sem sagt ekkert verið að gagnrýna núv. valdhafa fyrir eitt eða neitt, sem gert hefur verið, heldur fyrrv. ríkisstj. fyrir hennar verknað og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst iðnrh. þeirrar stjórnar, sem ábyrgð bar á öllu því, sem hv. þm. Jónasi Árnasyni finnst erfiðast að kyngja. Það var hann, iðnrh. fyrrv. ríkisstj., sem spann þráðinn, og þm. segir, að andstaða sín sé af félagslegum, umhverfisverndarlegum, byggðalegum og siðferðilegum toga spunnin. Þetta er þráður Magnúsar.

Úr því að hv. þm. Lúðvík Jósepsson valdi þann kost að halda þessum umr. áfram eftir að hv. þm. Magnús Kjartansson var úr leik, þá taldi ég mér skylt að taka upp varnir fyrir hinn síðarnefnda. Við vorum ósammála og öttum kappi, er umr. fóru fram um byggingu álbræðslunnar í Straumsvík. Hann var þá eindreginn andstæðingur stóriðjuframkvæmda og samvinnu við erlenda fjármagnseigendur. Ég taldi hins vegar rétt að fara inn á þá braut að vissu marki. En síðan snerist hv. þm. hugur, er hann var orðinn ráðh., og framtak hans í stóriðjumálum í ráðherratið hans ber að þakka og mun verða þakkað, þótt hins vegar hljóti afskipti hans af orkumálum að öðru leyti að verða gagnrýnd, þótt ég skuli ekki gera það frekar hér en orðið er.

Ég skal svo ekki tefja þessar umr. lengur og vona, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson, sem mun hafa kvatt sér hljóðs, fái tilefni til að taka sig svolitið á loft, eins og hann gat um áðan.

Forseti (Ingvar Gíslason): Ég vil geta þess að það var ekki hugsunin að halda þessum fundi lengur áfram en fram til kl. 17.45, þannig að það má þá gera ráð fyrir að ef hv. þm. hefur ekki lokið máli sínu þá verði hann að taka upp þráðinn síðar.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það er ótrúlegt að það þurfi nú að slíta í sundur ræðu mína hér aftur. Það hefur gerst allmerkilegur hlutur í þessu máli. Það er sýnilegt að hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur farið hér málavillt, hann talar um allt annað mál en það, sem er á dagskrá, og vitnar hér í umr., sem voru um allt annað mál en það, sem hann hélt að hann væri að tala um. Hann segir í sinni ræðu, að þegar svo hafi verið komið í þessum umr., að 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hafi verið „dauður“, eins og talað er um í umr. eða hafi ekki haft rétt til þess að tala hér áfram, þá hafi ég kvatt mér hljóðs í þessu máli. (**Gripið fram í:** Er það ekki rétt?) Leyfið mér að halda áfram, þá ferð þú að skilja samhengið því að þú ert ruglaður enn þá. En til þess auðvitað að koma nú, eins og hann segir, höggi á Magnús, þegar hann gæti ekki borið hönd fyrir höfuð sér, þá hafi ég sagt hver mín afstaða væri til málmblendiverksmiðjunnar o. s. frv. Þetta er mesti misskilningur. Hv. þm. getur lesið allan þann hluta af minni ræðu sem ég flutti um þetta mál, og þar er hvergi minnst einu einasta orði á þetta, sem hann er að segja, ekki einu einasta orði, af því að þetta mál var alls ekki á dagskrá. Hann er að rugla hér saman tveimur málum og því, sem ég sagði hér um allt annað mál. Þá var hér til umr. í þinginu fsp. frá Jónasi Árnasyni í sambandi við málmblendiverksmiðjuna. Þær umr. höfðu farið hér fram samkv. þingsköpum. Ég kvaddi mér þá hljóðs rétt í lok þeirra umr. og gerði þar smáaths. og greindi þar m. a. frá því hver hefði verið afstaða mín allan tímann til málmblendiverksmiðju. Ég sagði í þessum stutta fsp.-tíma, þar sem ég mátti ráða yfir tveimur mínútum, að ég vildi óska þess, að ríkisstj. hlutaðist til um að umr. um þetta stórmál gætu farið hér fram með eðlilegum hætti í þinginu sem fyrst svo að mér og öðrum gæfist kostur á því að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. En ég sagði það í einni setningu, að frá fjárhagslegu sjónarmiði, teldi ég þetta einstaklega vit-

laust fyrirtæki og óhagstætt. Ég hef hins vegar ekki fengið neitt tækifæri til þess að gera grein fyrir því í umr. um þetta mál á hverju ég byggi þessa afstöðu mína.

Þetta er sem sagt alger misskilningur hjá hv. þm. að þetta hafi ég sagt, sem hann segir hér í sambandi við þessar umr. og þessa stöðu Magnúsar Kjartanssonar, þegar umr. var komið það langt um þetta mál, að Magnús Kjartansson átti ekki kost á því að tala hér lengur. En ég var flm. með honum að þessari till., sem hér var til umr. og er til umr., og því tók ég hér til máls til þess að ræða frekar við fulltrúa ríkisstj., sem höfðu haldið uppi sínum sérstaka málflutningi í þessum efnum, og vék að því sem þeir höfðu sagt, m. a. á þann hátt, sem ég var að gera hér áðan og þessi hv. þm. auðvitað hafði ekkert um að segja, ekkert. Hann grautar því hér saman óskyldum málum og heldur, að hér sé málmblendiverksmiðjumálið á dagskrá. En það er nú ekki því að heilsa að málið sé þannig. Það kemur hér væntanlega á dagskrá, og þá gefst okkur tækifæri til þess að ræða um það. Hitt kemur svo auðvitað engum á óvart, ekki a. m. k. mér, að þessi hv. þm. þarf ekki að heyra annað í einu miklu máli en það að einhver ráðh. eða einhverjir hafi talað við útlendinga t. d. um að kaupa af okkur orku og þá er sjálfsagt að verja það mál og halda uppi vörnum fyrir hann og bjóða honum liðstyrk á allan hátt, hann þarf ekki meira. Þannig stillir hann upp málinu.

En hans málflutningur var svo býsna sérstæður hér á annan hátt en þann að rugla þessum málum svona saman. Svo kom hann hér auðvitað með hinar svæsnustu árásir á Magnús Kjartansson, eftir að hann var búinn að taka það fram, að nú gæti Magnús ekki lengur talað í þessu máli, og sagði, að hann hefði hindrað í 3 ár raforkuframkvæmdir á Norðurlandi og því væru menn þar skildir eftir við geigvænlegt ástand, hörmulegt ástand o. s. frv., og svo auðvitað þegar hann var búinn að ryðja öllum þessum stóru ásökunum út úr sér, þá sagði hv. þm.: „Ekki ætla ég nú að ásaka Magnús Kjartansson.“ Svona var allur málflutningurinn. Þetta er þessi venjulegi málflutningur sem við þekkjum svo vel úr Morgunblaðinu. En þetta var auðvitað þarna flest á höfði hjá hv. þm. Hann veit mætavel að þeir erfiðleikar, sem nú eru fyrir hendi í raforkumálum á Norðurlandi, eru afleiðingar frá því sem við var tekið af viðreisnarstjórninni á sínum tíma. Það vissu allir að það var ráðist í mjög dýrt orkuver við Laxá sem átti að leysa þessi raforkumál á Norðurlandi. Og sú stjórn hélt áfram með þau mál út í algerar ógöngur, þó að hún sæi að þetta gæti aldrei farið á annan veg en illa. Vinstri stjórnin tók við þessu erfiðleikamáli og hún stóð í því alllangan tíma að reyna að ná þar samkomulagi, og þetta varð auðvitað til þess að framkvæmdir í raforkumálum á Norðurlandi drógust, af því að þeir menn, sem höfðu með framkvæmdir í raforkumálum á Norðurlandi að gera, stóðu áfram í þessari deilu og vildu halda deilunni áfram. Það er vitanlega ekki á færi ríkisstj. að ákveða að ráðast í framkvæmdir í raforkumálum á Norðurlandi þvert gegn vilja þeirra sem með þau mál hafa að gera þar í fjórðungnum, eins og t. d. stjórnar Laxárvirkjunar, sem hélt áfram þessari deilu. Þetta veit auðvitað þessi hv. þm. mætavel, þó að hann kjósi nú frekar, sérstaklega með tilliti til þess að Magnús Kjartansson hefur hér takmarkaða aðstöðu til þess að taka til máls, þótt hann óski eftir því, að snúa þarna sannleikanum gersamlega við.

Á svipaða lund var hjá honum sannleikurinn þegar hann fór að ræða um það, hvað Magnús Kjartansson hefði gert í sambandi við viðtöl hans við forsvarsmenn Alusuisse. Hann veit mætavel um þau viðtöl, sem Magnús Kjartansson á sínum tíma átti við þessa aðila, af því að það hefur komið fram opinberlega. Hann veit, að þar var fyrst og fremst verið að reyna að losa um þann vandræðasamning sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert í raforkusölu til þessa fyrirtækis, sem hefur kostað okkur ekki aðeins hundruð millj., heldur þúsundir millj. í töpuðu fé, vegna þess að orkan er þar seld á óheyrilega lágu verði. Það voru gerðar tilraunir til þess að losa um þessa samningagerð og það fannst möguleiki á því, vegna þess að hinir erlendu aðilar urðu að viðurkenna það að samningarnir væru þeim svo hagstæðir að það væri full ástæða til að taka þá til endurskoðunar. Hv. þm. veit mætavel að þessi viðtöl voru á þessum grundvelli.

En það smekklega við ræðuhald þessa þm. var eins í öllum greinum. Hér þuldi hann svo langan lestur um afstöðu Jónasar Árnasonar í sambandi við málmblendiverksmiðjumálið, hvað hann hefði sagt og skrifað, vitandi það að Jónas Árnason er hér ekki á þingi og hefur enga aðstöðu til þess að svara honum á neinn hátt og vitandi það einnig að væntanlega kemur þetta stóra ágreiningsmál til umr. í þinginu með eðlilegum hætti inann skamms og mönnum gefst þá kostur á því að gera grein fyrir afstöðu sinni.

Eitt af því sem hv. þm. sagði hér um afstöðu Magnúsar Kjartanssonar var að hann hefði horfið frá því að skylda álverksmiðjuna í Straumsvík til þess að setja upp dýr hreinsitæki. Þetta er auðvitað þveröfugt við það sem liggur fyrir. Ég hygg meira að segja að Morgunblaðið hafi á sínum tíma skýrt nokkurn veginn rétt frá því sem gerðist í málinu, en þessi hv. þm., sem jafnframt er ritstjóri Morgunblaðsins, vill auðvitað ekki hafa hið sanna í þessu máli, sérstaklega með tilliti þess að hann er að koma þarna höggi á Magnús Kjartansson, sem ekki getur talað við hann í þessum umr., og svo segir hann á eftir: Auðvitað er ég að verja Magnús Kjartansson fyrir Lúðvík Jósepssyni. Ja, þvílík öfugmælavísa!

Það kemur að sjálfsögðu í ljós þegar umr. verða hér um málmblendiverksmiðjuna á Grundartanga, hver hefur verið og hver er afstaða mín til þess máls og væntanlega einnig afstaða Jónasar Árnasonar og annarra manna úr Alþb. og Magnúsar Kjartanssonar. Magnús Kjartansson hefur staðið að því að flytja tillögu á okkar landsfundi í Alþb., þar sem því er slegið föstu að hann telji, eins og okkar flokkur, ekki rétt, miðað við þær aðstæður, sem við búum við nú, að eyða fjármunum okkar eða raforku til þessarar verksmiðju. Ég geri fyllilega ráð fyrir því að Magnús muni gera hér grein fyrir sinni afstöðu til þessa

máls þegar þar að kemur, og er í rauninni alveg óþarft að ætla að draga það inn í þessar umr. Mig langar mikið til þess að fá tækifæri til þess hér á Alþ. að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Það verður alls ekki gert á þessum 15 mínútum, ég þarf nokkrar 15 mínútur til þess að fara yfir þetta mál.

Ég tel mig geta sannað það á alveg óumdeilanlegan hátt að samningar á þeim grundvelli, sem liggja nú fyrir í sambandi við þessa verksmiðjubyggingu, séu okkur óhagkvæmir, fjárhagslega, óhagkvæmir, miðað við það að við ráðstöfum þeirri orku, sem gert er ráð fyrir að selja til þessarar verksmiðju, á annan veg. En það bíður að sjálfsögðu að ræða það mál.

Ég vil svo segja það að það er algerlega óþarft af hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfi K. Jónssyni, að hafa neinar áhyggjur af ástandinu innan Alþb. og það trúir því víst enginn nú og hann ekki sjálfur þó að hann reyni að stagast á því að hann sé þar að taka upp hanskann fyrir einn eða annan í sambandi við málarekstur innan okkar flokks. Við tókum það skýrt fram allan tímann, og þá ekki síst Magnús Kjartansson í tíð fyrrv. ríkisstj., að Alþb. sem flokkur hefði ekki tekið sína flokkslegu afstöðu til þess hvort rétt væri að ráðast í byggingu þessarar verksmiðju eða ekki. Það höfðu reyndar aðrir flokkar ekki heldur gert þá. Hér fór fram sérstök könnun á því í viðræðum við erlenda aðila hvort hagkvæmt væri að selja tiltekinn hluta af orku hins nýja orkuvers á þennan hátt. En nú sem sagt höfum við, og þannig hygg ég að sé ástatt með flesta aðra flokka, — við höfum tekið afstöðu til þessa máls og að sjálfsögðu út frá þeim forsendum, sem nú liggja fyrir, og okkar afstaða er þarna mjög skýr. Ég efast hins vegar ekkert um það, að í máli eins og þessu, eins og reyndar mörgum öðrum málum, leggja hinir einstöku aðilar innan flokksins misjafna áherslu á það, hvað þeir telja þýðingarmest. Ég hef þá afstöðu fyrir mitt leyti, til þessa máls, að ég tel frá efnahagslegum sjónarhól séð, að þátttaka í þessari verksmiðju og samningar um orkusölu til hennar séu óhagkvæmir. Það er eitt höfuðatriði að ég tel að við eigum að nota okkar orku þarna á annan veg. Jónas Árnason hefur lagt áherslu á það, eins og fram kom í þeim upplestri, sem hv. þm. hafði hér með höndum úr viðtali Jónasar Árnasonar við tiltekið blað, — hann leggur hér mikla áherslu á ýmsa aðra þætti, sem vissulega ber að taka tillit til einnig, en ég fyrir mitt leyti legg höfuðáherslu á þetta sem ég sagði.

Það er líka gersamlega út í bláinn, að það sé innan Alþb. einhver meginágreiningur, það séu einhverjar deilur á milli mín og Magnúsar Kjartanssonar. Allt slíkt er bara bull út í bláinn. Engu slíku er til að dreifa. Það kann vel að vera að það komi upp ýmis mál, sem við getum haft skiptar skoðanir á. Það er ekkert nýtt.

Ég vildi svo aðeins segja það, ef frekari umr. eiga að verða hér um þetta mál, þá vildi ég óska eftir því að menn ræddu það mál, sem er á dagskrá, en ekki eitthvert allt annað mál, nema til þess sé ætlast af stuðningsmönnum ríkisstj., að við tökum hér upp undir þessum dagskrárlið almennar umr. um málmblendiverksmiðjumálið. Þá getum við auðvitað gert það. En þá viljum við fá fullan ræðutíma til þess. Það verður ekki tekið upp, þegar við erum búnir að tala okkur út í þessu máli, undir þessum dagskrárlið. Við viljum fá fullan ræðutíma til þess.

Ég vil svo að menn taki eftir því að hv. 4. þm. Norðurl. v. hafði í rauninni ekkert um það mál að segja sem á dagskrá var, en kastaði sér út í allt annað mál.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að efna það loforð að tala ekki lengi. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hélt því fram að ég stæði í þeirri meiningu að málmblendiverksmiðjan væri hér á dagskrá. Ég veit, að það er verið að tala um innlenda orkugjafa, en mér skilst nú að það þurfi töluverða orku í málmblendiverksmiðju, svo að ekki er nú óeðlilegt þó að hún blandist inn í slíkar umr. En ég vakti sjálfur á því athygli að það hefðu verið í fleiri en einu og fleiri en tveimur málum sem þetta innanflokksuppgjör hefði farið hér fram á Alþ., sem ég var sérstaklega að ræða um. Hann sagði að það hefði verið í annarri ræðu en um þetta mál sem hann gat þess að ósamkomulag hefði verið á milli ráðh. Alþb. í afstöðunni til málmblendiverksmiðjunnar, hv. þm. Magnús Kjartansson hefði verið með henni en hann á móti. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt. En hann hafði sérstaklega orð á því að ég talaði hér þegar Stefán Jónsson hv. þm. væri ekki viðstaddur. En ég spyr hv. þm. Lúðvík Jósepsssn: Var Magnús Kjartansson hér viðstaddur þegar þessi ummæli voru látin falla? Var hann viðstaddur hér í þingsölunum? Var hann viðstaddur þegar hv. þm. Stefán Jónsson og Jónas Árnason réðust á hann? Ég veit ekki betur en hann hafi verið fjarstaddur, og þess vegna var tækifærið notað. (**LJós:** Þetta er slúður að ég hafi ráðist á hann, það er —) Og kannske slúður líka, að Lúðvík Jósepsson hafi gert það. (**LJós:** Já, já, það er auðvelt að skoða það í þingtíðindum.) Já, já. Það var um hreinsitækin. Þau eru ekki komin upp, það er staðreynd. Við skulum ekkert vera að deila um það neitt frekar. Orkuskorturinn á Norðurlandi er afleiðing vanrækslusynda viðreisnarstjórnarinnar. Síðan liðu 3 ár, ástandið versnar ár frá ári og er orðið geigvænlegt núna að áliti norðlendinga, og þetta á að vera viðreisnarstjórninni að kenna sem fór frá fyrir 3½ ári. Nei, menn skilja fyrr en skellur í tönnum, hv. þm. Lúðvík Jósepsson, hvern er verið að ráðast á. Það er ekki verið að ráðast á orkumálaráðh. viðreisnarstjórnarinnar, heldur þeirrar, sem tók við, og þessa kúnst kann þm.

Að lokum var sagt, að ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af ástandinu innan Alþb. Þar loksins kom þó sannleikskorn. Ég hef hreint engar áhyggjur af ástandinu innan Alþb. Ég hef haft það stundum áður en nú gleðst ég yfir því að það er aldeilis eins og það á að vera. Alþb. er í upplausn.

Umr. frestað.

Efri deild, 22. fundur.

Laugardaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, frv. (þskj. 51). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Við 1. umr. fjárl. var gerð grein fyrir flutningi tveggja frv. af hálfu ríkisstj. og eru þau til umr. nú í hv. Ed. Annars vegar var frv. til l. um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja og hins vegar frv. um ráðningu opinberra starfsmanna og leiguhúsnæði ríkisstofnana.

Frv. um lántöku ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja á þskj. 51 er nánari skýring á ákvæðum 40. gr. stjórnarskrárinnar, sem gerir ráð fyrir því að ekki megi taka lán, sem skuldbindi ríkið, nema skv. lagaheimild. Í samræmi við ákvæði þessi hefur yfirleitt verið leitað fjárlagaheimildar til töku fjárfestingarlána innanlands, en hins vegar sérstakrar lagaheimildar til lántöku erlendis. Þó hafa fasteignakaup ríkisins iðulega verið þannig gerð, að ríkissjóður hefur tekið við áhvílandi lánum án þess að til sliks væri bein heimild í lögum. Um nokkurt skeið hefur verið fylgt þeirri reglu að fjmrn. tæki lán vegna ríkissjóðs og stofnana, sem um er getið í A-hluta ríkisreiknings, en eins og kunnugt er er ríkisreikningnum skipt í tvo hluta, A-hluta og B-hluta. Í A-hluta er ríkissjóður og ríkisstofnanir, en í B-hluta eru ríkisfyrirtæki og sjóðir, sem flestir hafa einhvern rekstur með höndum. Frv. þetta gerir ráð fyrir óbreyttri reglu hvað snertir A-hluta fyrirtæki, að fjmrn. taki fyrir hönd ríkissjóðs öll lán vegna þeirra, sem þar eru, en fyrirtækjum í B-hluta sé því aðeins heimilt að taka lán, stofna til skulda eða taka ábyrgð á skuld að fyrir liggi heimild í sérstökum l. eða fjárl. eða fyrir liggi samþykki viðkomandi rn. og fjmrn., en skort hefur á að slíkar lagaheimildir, sem áður var getið, hafi verið fyrir hendi þegar fyrirtæki B-hluta hafa staðið að lántöku.

Frv. þetta er gagngert flutt til að koma í veg fyrir að einstök fyrirtæki geti hlaðið upp skuldum, án þess að viðkomandi rn. sé um það kunnugt fyrr en í hreint óefni er komið. Veruleg skuldasöfnun fyrirtækja ríkisins án skýrra lagaheimilda getur ekki heldur talist í samræmi við eðlilega fjármálastjórn. Jafnframt er með þessum till., ef að lögum verða, betur tryggt að stjórnvöld sinni vandamálum þessara fyrirtækja fyrr en raun hefur orðið á að undanförnu. Ákvæði þessa frv., ef að l. verður, ætti því að tryggja að jafnan liggi fyrir yfirlit um heildarlántökur ríkisins og fyrirtækja þess svo og að ekki séu teknar skuldbindingar án þess að fjármálayfirvöld hafi um það fjallað.

Í grg. frv. er nánari grein gerð fyrir frv. og einstökum greinum þess og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og vænti þess að sú n. taki málið til skoðunar og hv. þd. með þeim hætti að hægt verði að ljúka afgreiðslu þess hér í hv. þd. fyrir jólaleyfi þm.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég þarf ekki mörg orð með þessu frv. Eðlilegt er að þetta komi fram og hefði sennilega átt að vera komið fram fyrir alllöngu. Einhver brögð munu hafa verið að því að fyrirtæki á vegum ríkisins hafi fitjað upp á yfirdrætti á viðskiptareikningi í bönkunum án samráðs við sitt rn. Þess vegna er þetta frv. vel tímabært, og ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil lýsa þegar yfir stuðningi við frv. og tel eðlilegt að það geti haft greiðan gang í gegnum báðar þd. og orðið að lögum nú fyrir jól.

Það er mjög hvimleitt, eins og við höfum orðið varir við í fjvn., að einstakir forsvarsmenn ríkisfyrirtækja bera sig illa upp um greiðslugetu og ýmislegt og eru í einkafjármagnsútvegunum. Ég tel miklu fremur að þeim beri skylda til að gera greiðsluáætlun og leggja fyrir sitt rn., jafnframt því sem þeim er þá tryggt eðlilegt fjármagn eftir áætlun, sem þeir sjálfir gera fyrir árið, og leggi það fyrir viðkomandi rn.., eins og óskað hefur verið eftir af hálfu fjvn., í tæka tíð, það verði því aðhald á báða bóga bæði af hálfu viðkomandi rn. að tryggja eðlilegt fjármagn eða Alþ., og einnig aðhald frá fjárveitingavaldinu eða viðkomandi ráðh. að tryggja að ríkisfyrirtæki fari ekki út fyrir þann ramma, sem því hefur verið markaður. Þess vegna fagna ég þessu frv. og lýsi yfir því, að ég fellst mjög á að veita því greiðan gang í gegnum nefnd og deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Ráðning starfsmanna og húsnæðismál ríkisstofnana, frv. (þskj. 137). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Síðara frv., sem ég gat um áðan, er frv. á þskj. 52 og 137 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana. Með l. nr. 48 1958 voru lögfest ákvæði varðandi starfsmannahald ríkisins. Lög þessi segja fyrir um það með hvaða hætti skuli fjalla um ráðningar starfsmanna í þjónustu ríkisins og um húsnæðis- og bifreiðakostnað ríkisins. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er endurskoðun á þessum l. að fenginni reynslu. Gert er ráð fyrir því að þeir annmarkar, sem komið hafa fram varðandi þá löggjöf sem ég gat um áðan, væru sniðnir af og hægt yrði með þeim ákvæðum endurskoðuðum að ná betri árangri í sambandi við ráðningu opinberra starfsmanna.

Það er staðreynd að gjarnan þegar ríkisstofnanir hafa ekki fengið jákvætt svar við beiðni sinni um fjölgun opinberra starfsmanna, þá hefur í vaxandi mæli verið farið inn á þá braut að ráða opinbera starfsmenn svokallaðri lausráðningu og þannig gengið fram hjá þeim lagaákvæðum sem um þessi mál hafa gilt. Til þess að koma í veg fyrir þetta eru gerðar hér till. um breytingar, þannig að bæði rn. viðkomandi stofnunar svo og fulltrúar stofnunarinnar sjálfrar fái tækifæri til þess að skýra og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum hjá ráðningarnefnd ríkisins, áður en til afgreiðslu viðkomandi máls kann

að koma. Auk þess eru till. gerðar um það, að leggi viðkomandi ráðh. svo ríka áherslu á þá mannafjölgun, sem í einstökum tilfellum er farið fram á, þá hafi hann tækifæri til þess að taka málið upp á ríkisstjórnarfundi í stað þess að í dag er málinu lokið með synjun hinnar svokölluðu bremsunefndar. Þetta eru að mínum dómi skynsamlegri vinnubrögð gagnvart stofnunum og rn., og vonast ég til að það leiði til þess að ráðningar opinberra starfsmanna komist í betra horf.

Þá er gert ráð fyrir í þessu frv. að við framlagningu fjárlagafrv. ár hvert verði lögð fram skrá um opinbera starfsmenn og í frv. gert ráð fyrir hvað það geri ráð fyrir mikilli aukningu, — tæplega má reikna með að fækkun sé, þó getur það að sjálfsögðu komið fyrir, — þannig að þinginu sé gert grein fyrir hver sé fjöldi opinberra starfsmanna við afgreiðslu fjárl. hverju sinni.

Við framlagningu frv. í hv. Nd. var í frv. till. um skilgreiningu á því hverjir væru fastir starfsmenn og hverjir lausráðnir starfsmenn. Það kom fram eftir athugun hjá stjórn BSRB og BHM, en ég hafði fengið þeim frv. til skoðunar til gagnrýni á því, að í þessu frv. væri ekki ástæða til að hafa skilgreiningu á þessu, því að hér væri um að ræða réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og þess vegna eðlilegt að skilgreining á þessu væri í þeirri löggjöf, enda hefur nefnd unnið s. l. ár að endurskoðun þeirrar löggjafar.

Ég gat mjög vel fallist á þessi sjónarmið og hét því og gerði grein fyrir því við 1. umr. málsins í Nd. að beita mér fyrir að hv. fjh.- og viðskn. Nd. breytti þessu, og á þskj. 137 er frv. breytt eftir 2. umr. Þær breytingar, sem á því voru gerðar, eru í samkomulagi við fjmrn., fjmrh. og stjórnir þessara tveggja samtaka og skilgreiningin tekin út úr frv.

Það hefur farið fram málflutningur og dómsuppkvaðning í tveimur málum sérstaklega varðandi réttindi opinberra starfsmanna. Árið 1971 var kveðinn upp dómur og komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri að ráða starfsmann í þjónustu ríkisins með tilteknum uppsagnarfresti og skyldi starfsmaður því teljast æviráðinn, þótt í ráðningarbréfi hans væri ákvæði um 3 mánaða gagnkvæman uppsagnarfrest. Þetta var dómur Borgardóms Reykjavíkur nú á þessu ári. Þessum dómi var áfrýjað og um það er getið í grg. frv. Nú hefur verið kveðinn upp dómur í Hæstarétti og vil ég láta þess getið hver niðurstaða hans var, en þar er, eins og komist er að orði, ríkissjóður sýknaður af kröfu þess aðila, sem málið höfðaði og það staðfest að heimilt sé að ráða menn til ríkisins með ákveðnum uppsagnarfresti.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og legg fram sömu ósk og áðan, að hv. þd. sjái sér fært að taka málið til afgreiðslu fyrir jólaleyfi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til hv. fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar, frv. (þskj. 141). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 17, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr. í þessari hv. d., er þmfrv., sem var flutt í hv. Nd. og hlaut þar afgreiðslu á fundi í gær. Í meðferð málsins í fjh.- og viðskn. hv. Nd. var gerð nokkur breyting á frv. og varð algert samkomulag í n. um málið eins og það fór frá henni. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að gefin verði út á næstunni, svo sem 4 árum, happdrættisskuldabréf vegna vegagerðar til Norður- og Austurvegar allt að 2000 millj. eða ca. 500 millj. kr. á ári. Þetta er gert til þess að hraða varanlegri vegagerð í landinu á því svæði, sem hér er tilgreint. Þetta svæði, sem um er að ræða, nær til flestallra kjördæma landsins, þó að það sé í mismunandi ríkum mæli, en með því er ekki heldur ætlunin, eins og ég greindi frá í hv. d., er ég talaði fyrir vegalagafrv., að láta þar staðar numið um athugun á þessum málum, heldur hefur Vegagerðinni verið falið að vinna áfram á svipaðan hátt og hún hefur nú gert, bæði við veginn frá Akureyri til Egilsstaða, aðalveginn, og einnig í sambandi við Djúpveginn að halda áfram að tengja þann veg við aðalvegakerfi í hringvegi landsins. En um þann veg er það að segja, að nokkur afgangur er af þeim happdrættisskuldabréfum, sem seld voru á þessu ári, til framhaldsvinnu í þeim vegi og er þar helst um að ræða rannsóknir á væntanlegri tengingu úr Djúpinu á Vestfjarðaveginn, yfir Þorskafjarðarheiði eða á annan hátt. Það er ætlun Vegagerðarinnar og samgrn. að beita sér fyrir því að láta gera heildaráætlun um gerð hringvegarins kringum landið og á þá höfuðvegi, en að sjálfsögðu þýðir ekki þetta það að ekki eigi að sinna einnig vegum innan hinna einstöku héraða. Það verður hins vegar meira mál, eins og þetta reyndar allt, afgreiðslumál í sambandi við vegáætlun, og eru þeir þættir betur á veg komnir en þessi þáttur. Það er hins vegar veruleg trygging fyrir því í sambandi við vegagerðina að fá ákvörðun Alþ. slíka sem þessa til þess að hafa í bakhöndinni í sambandi við þessa framkvæmd.

Ég treysti því að hér í hv. d. verði það eins og í hv. Nd., að það verði samstaða um þetta frv. og afgreiðslu þess geti orðið hraðað, svo að það megi verða afgr. fyrir þinghlé nú. Ég vil endurtaka það, sem ég hef áður lýst yfir í þessari hv. d. að þeim höfuðþáttum í athugun á helstu vegaleiðum landsins, sem ekki er þegar búið að ljúka frumskoðun á, verður haldið áfram, og e. t. v. get ég skýrt eitthvað betur frá þeim málum þegar vegáætlun verður lögð fram, sem ég vona að geti orðið fljótlega eftir að þing hefur störf hér á nýjan leik í vetur.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um þetta mál. Ég vil endurtaka það að þetta er trygging fyrir þessum framkvæmdum í vegamálum og á ekki að útiloka neina aðra, nema síður sé. Að heildarmálinu á að vinna með skynsamlegum og sanngjörnum hætti. Ég legg því til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég er efnislega með þessu frv., en vildi þó gera nokkrar athugasemdir eða fsp. réttara sagt og vildi þá byrja á því að fjalla um 4. gr. þar sem segir svo: „Skuldabréfin eru verðtryggð og undanþegin framtalsskyldu, vextir og vinningar eru skattfrjálsir.“ Ég man nú ekki betur en lengi hafi verið deilt um þetta atriði, að ekki skyldi vera sett á nafn, þegar talað var um verðtryggð bréf í mun minna mæli en hér er fjallað um. Ég vildi spyrja hæstv. samgrh. og fyrrv. fjmrh. af hverju við setjum ekki á nafn hér. Þegar við erum að fjalla um upphæð sem er um 2 þús. millj. kr., tveir milljarðar. Þetta er ávísun á framtíðina og miðað við þá verðbólgu, sem verið hefur undanfarið, er hér um nærri því óútfyllta víxil gagnvart framtíðinni að ræða. Það þarf einhver beita að vera fyrir þá, sem kaupa þessa upphæð, en þó að um nokkra beitu sé að ræða og á ég þar við verðtrygginguna, þá ætti ekki að vera gefinn kostur á því að hafa af þessu aukagagn og þurfa ekki að telja fram nafn sitt í sambandi við kaupin á bréfunum. Ég legg því persónulega á það sérstaka áherslu að þarna verði bætt inn í, að bréfin skuli skráð á nafn kaupanda. Þegar við erum að ráðstafa svona gífurlegum upphæðum fyrir framtíðina og binda með því verulegan bagga fyrir fjárveitingavaldið fyrir fram, þá tel ég að eigi að vera á hreinu hvernig bréfunum er ráðstafað og hverjir kaupa þau, afdráttarlaust. Ég tel þetta nærri forsendu fyrir stuðningi í því efni. Í annan stað sé ég breytingu á þskj. 141 og er með vangaveltur um það af hverju sé verið að úthluta vissum skömmtum á hringveginn þegar við erum hér með sameiginlegu átaki fyrir alla þjóðina, af því að við höfum hækkað upphæðina. Upphaflega var þetta ákveðinn áfangi og þá miðað við miklu minni upphæð, nú hafa allir sameinast um að leysa þetta mál, sem ég tel út af fyrir sig vel. En þá finnst mér að við eigum að líta á landið sem eina heild og miða við almennar þarfir, ekki að úthluta landinu fyrir fram í slík svæði, eins og þessi till. gengur út á.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu og heyra viðhorf samgrh., vegna þess að hér mun áreiðanlega koma til að allir landsmenn þurfa að standa í skilum þegar að greiðsluskyldu kemur, sem eigi verður síðar en innan 10 ára, eins og segir í 2. gr. Að öðru leyti vil ég lýsa yfir efnislegum stuðningi við frv., en vildi vekja athygli á þessum þáttum.

Umr. frestað.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — 3. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta lagafrv., sem fram fór í gær, heiðraði hæstv. menntmrh. þessa d. ekki með nærveru sinni. Hann kaus að vera staddur annars staðar meðan frv. var rætt. Samflokksmenn hans í þessari hv. d. tóku ekki til máls, gerðust ekki til andsvara gegn gagnrýni á þetta frv., sem var þó býsna hörð. Þeir létu við það sitja, ef svo má segja, að rétta upp við afgreiðslu málsins, að rétt upp, — mér liggur nú við að segja skottin — hendurnar.

Þetta mál hefur ekki verið rætt á eðlilegan hátt í d. Í menntmn. þessarar d. hlaut frv. ekki eðlilega afgreiðslu og nú æski ég þess, að menntmrh. heiðri d. með nærveru sinni, þannig að hann geti svarað fyrir ýmsa gagnrýni, sem komið hefur fram á þetta frv. hans, og mun ég gera hlé á máli mínu á meðan hæstv. menntmrh. er sóttur. (**Forseti:** Það verður athugað hvort hæstv. menntmrh. er í húsinu.)

Herra forseti. Þar sem hæstv. menntmrh. hefur nú orðið við ósk okkar um að heiðra okkur með stuttri heimsókn hér í d. meðan rætt er um frv. hans um breyt. á l. ríkisútvarpsins, þá vil ég fyrst víkja til hans þeirri spurningu hvort honum sé ljóst, að frv. hans hefur fengið mjög svo óviðurkvæmilega og allt að því óþinglega meðferð hér í d., þar sem menntmn. d. hylltist til þess að halda fund um málið þegar andstæðingar frv. gátu ekki sótt fundinn, einnig að málið var afgr. í n. án þess að leitað væri álits lærðra aðila sem sjálfsagt var um svo nauðsynlega breyt. á l. sem hann hafði gert grein fyrir, er hann mælti með frv. Ég vil ítreka hér þá staðhæfingu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, forseta þessarar hv. d., að í grg. með frv. um lagabreyt. kom engin ástæða fram önnur en sú, að núv. útvarpsráð endurspeglaði ekki styrkleikahlutföll á Alþ. eins og þau væru núna. Einnig vil ég ítreka fsp. hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar í því sambandi til hæstv. menntmrh. um það, hvernig hann hefði þá brugðist við því, hvort hann hefði borið fram lagafrv. um þessa breyt. á l. um ríkisútvarpið ef mynduð hefði verið vinstri stjórn, eins og til stóð um tíma, upp úr þeim þingmeirihluta sem hér var á Alþ., hvort þá hefði verið borið fram frv. í áttina við þetta. Það útvarpsráð, sem nú situr hefði getað endurspeglað meirihlutavald á þingi.

Sannleikurinn er náttúrlega sá, að hér er ekki um það að ræða, að l. séu talin óheppileg, heldur mennirnir, sem kosnir voru skv. þessum l. Ríkisstjórnarflokkarnir ráða yfir dagblöðum núna, sem seljast í 60 000 eintökum, á að giska sexföldum blaðakosti á við stjórnarandstöðuna. Nú á að gera enn þá betur og treysta enn betur áróðursaðstöðu ríkisstj. og við getum gert okkur nokkuð í hugarlund, hvers konar málstaður það sé, sem þarfnast þessarar hervæðingar andans, sem hér á að framkvæma.

Nú skyldum við ætla að það væri rétt, sem flutningsaðili, hæstv. menntmrh., heldur fram, að ætlunin sé aðeins að leiðrétta það ákvæði útvarpslaganna, sem fjallar um kjör útvarpsráðs. Væri svo að aðeins þetta væri ætlunin, þá skyldum við einnig ætla, að löglega kjörnu útvarpsráði, sem nú situr, væri ætlað að sitja út kjörtímabil sitt skv. gömlu lögunum. Væri það aðeins tilgangur hæstv. menntmrh. að bæta löggjöfina, en ekki sá að losa sig við ákveðna einstaklinga væri náttúrlega látið við það sitja að breyta l. á þá lund, að næsta kjör útvarpsráðs væri látið fylgja alþingiskosningum og núv. útvarpsráð sæti þá áfram að störfum fram á árið 1975, en þá yrði kjörið nýtt útvarpsráð er sæti fram yfir næstu alþingiskosningar.

Það er kannske til of mikils mælst af hæstv.

menntmrh., sem hefur þó, ég skal gera þá játningu, fengið það orð á sig og ég hygg að verðugu að vera annað eiginlegra en að segja ósatt, það er kannske til of mikils mælst af honum nú eftir að hann hefur tekið sæti í íhaldsstjórn, að hann segði beinlínis satt um ástæðurnar fyrir þessu lagafrv. En það er ekki aðeins ætlunin að breyta l. um kjör útvarpsráðs. Ef hægt hefði verið að svipta núv. meiri hluta í útvarpsráði umboði sínu án þess að breyta l. hefði það verið gert, því að sannleikurinn er sá að l., sem nú eru í gildi um kjör útvarpsráðs, þessi lög eru æskileg. Það er ekki hægt að svipta núv. útvarpsráð umboði sínu með öðru móti en því að breyta góðum l. og skemma þau. Hlutverk hins nýja útvarpsráðs, sem á að kjósa eftir lagabreyt., á fyrst og fremst að vera það, ef unnt skyldi reynast að lengja lífdaga annars óhæfrar íhaldsstjórnar í landinu.

Hér hafa fyrr verið flutt spakleg erindi um fyrri aðferðir við að kjósa útvarpsráð. Sagt hefur verið frá uppgjöfinni við það að kjósa útvarpsráð utan vébanda Alþ., er forráðamenn Ríkisútvarpsins leituðu ráða með logandi ljósi til þess að losa stofnunina undan smáskítlegu valdi stjórnmálabraskara, en máttu gefast upp fyrir þeirri staðreynd, að utan veggja alþingishússins eru starfsaðferðir þeirra manna, sem vinna innan þessara veggja, jafnvel enn þá óprúttnari en þær, sem þykja þrátt fyrir allt hæfa virðingu Alþ., og þarf þá talsvert til. Síðan hefur útvarpsráð verið kosið á Alþ.

Ég vakti athygli hæstv. menntmrh. á því áðan, að ekki var leitað álits lögfróðra manna, þó að ekki væri um annað en það að löglega kjörið útvarpsráð verði nú án rökstuðnings svipt umboði sínu í sambandi við þessa lagasmíð. Þá er það ótalið, að hv. menntmn. þessarar d. skuli ekki sýna Ríkisútvarpinu, þeirri stofnun, sem hæstv. menntmrh. ber svo mjög fyrir brjósti, þá virðingu, að leita álits forstöðumanns hennar á þessu frv. áður en n. mælir með lögfestingu þess. Tilgangurinn er annar en sá að bæta l. um Ríkisútvarpið. Ég gæti rakið ykkur mörg dæmi um það, hvernig útvarpsráð kjörin eftir þeirri reglu, sem nú á að kjósa nýtt útvarpsráð eftir, hafa verið notuð til þess að treysta í sessi vondar ríkisstjórnir og verja þær fyrir eðlilegri gagnrýrni. Dæmin eru ákaflega mörg. Eitt dæmið, af því er þetta varðar nú raunverulega, stendur í holdlegum tengslum við hið virðulega Alþ., er um það, er starfsmaður Ríkisútvarpsins, sem aflaði útvarpsefnis af Keflavíkurflugvelli, lét sig henda það í stjórnartíð Stefáns Jóh. Stefánssonar að segja frá íslenskum hundi sem hann hitti fyrir á Keflavíkurflugvelli og var þar í fóstri ameríkskra hermanna, og gat þess að hundur þessi hefði heitið Sloppy Joe. Honum var vikið úr starfi vegna þess að nafn hundsins rímaði á móti nafni forsætisráðherra sem stundum var kallaður Stebbi Jóh. Dæmin um valdníðslu útvarpsráða sérkjörinna til þess að ganga erinda ríkisstj. í líkingu við þá ríkisstj., sem nú hefur verið kölluð yfir okkur, eru óteljandi. Nú á sem sagt að breyta l. um Ríkisútvarpið til þess að kjósa útvarpsráð, sem endurspegli, að því er mér skildist, vilja þess meiri hluta kjósenda, sem kaus meiri hluta á Alþ. Ef hæstv.. menntmrh. gæti haldið áfram að heiðra hv. Ed. með athygil sinni vildi ég bera fram fyrir hann þessa spurningu. Heldur hann að þeir kjósendur sem kusu Framsfl. í síðustu kosningum, hafi ætlast til þess af honum, að hann setti sérstaka löggjöf til að treysta yfirráð hernámssinna yfir Ríkisútvarpinu?

Frsm. meiri hl. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég vil enn á ný mótmæla því, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að að málinu hafi verið staðið á óþinglegan hátt varðandi boðun fundar í menntmn. þessarar hv. d. Til þess fundar var boðað með eðlilegum hætti, og það hefur vitanlega oft komið fyrir áður að menn hafi ekki allir getað mætt. Ég hygg að nefndarálit, sem hv. þm. hafa fyrir framan sig á borðunum, sýni hvað gleggst að slíkt kemur fyrir. Það tel ég ekki ásökunarefni fyrir þá sem efna til fundar með þeim sem mætt geta. Það er hin venjulega aðferð hér á Alþ.

Í öðru lagi það, að þetta mál hafi ekki verið sent til umsagnar, þá vitnaði ég til þess í gær, þess eina fordæmis, sem fyrir er um þetta efni í sögu Alþ., það er frá 1943, þegar nákvæmlega sama breyt. var gerð á þáv. útvarpslögum og nú er gerð, þ. e. a. s. að fram að því gilti að útvarpsráð var kjörið til 4 ára, en þá kom fram brtt. um að það skyldi kosið að afloknum alþingiskosningum, sem sagt nákvæmlega shlj. brtt. og þetta frv. felur í sér og því var ekki vísað til umsagnar þá. Þess vegna segi ég: Það er fordæmi fyrir því, sem ég studdist við þegar ég ákvað að eigin frumkvæði að hafa ekki forustu um að vísa málinu til umsagnar, enda tel ég þetta mál sem Alþ. sjálft verði að ákveða, en eigi ekki að spyrja hvorki útvarpsstjóra né starfandi útvarpsráð að. Þetta er mín skoðun.

Ég mótmæli því öllum aðdróttunum varðandi afgreiðslu málsins og endurtek það sem ég sagði í gær. Ég rakti þar í nokkru máli á hve margan hátt útvarpsráð hefur verið skipað á 46 ára starfsferli þess, hvernig kjörtímabili þess hefur verið háttað, sem hefur verið með allbreytilegu móti. Menn hafa verið að leita eftir leiðum í þessu efni, en sú till. eða það frv., sem hér liggur fyrir, gengur í þá átt að færa þessi ákvæði til sama vegar og ákveðið var 1943 og gilt hafa í 28 ár af 46 ára tima, sem lög hafa gilt um útvarpsráð. Að þetta hafi ekki fengið þinglega meðferð, herra forseti, í n. því mótmæli ég harðlega.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Áfram er þetta mál keyrt af miklum hraða, augljóslega í þeim tilgangi að þjóðin megi verða þess aðnjótandi að eignast nýtt útvarpsráð fyrir næstkomandi jól.

Ég verð að játa það, að þó að ég hafi verið hér á Alþ. í æðimörg ár, þá minnist ég þess tæpast að stjórnarfrv. hafi verið fram borið hér í þinginu með jafnlitlum rökstuðningi og jafnlitlum tilburðum af hálfu forsvarsmanna sinna til að rökstyðja efni þess. Hæstv. menntmrh. fylgdi þessu frv. úr hlaði hér fyrir fáum dögum og eins og menn muna var ræða hans harla stutt og mögur, eins og á þó vel við hæstv. menntmrh. að flytja litríkar og efnismiklar ræð-

ur. En í þetta sinn átti nú ekki vel við hann að teygja lopann eða breiða sig út um efni frv. og virtist eins og eitthvað skorti á að sannfæring hans væri í lagi. Að honum undanskildum, frsm. sjálfum, hafa ekki aðrir talsmenn stjórnarflokkanna mælt fyrir þessu frv. að undanskildum frsm. menntmn., sem hér hefur sagt fáein orð um málið og einungis vitnað til þess, að þessi skipan, sem nú eigi að taka upp, hafi verið býsna lengi við lýði.

Þetta er alveg rétt hjá hv. þm., að um mjög langt skeið var þessi skipan á höfð, en hún var lögð niður árið 1971 að vandlega athuguðu máli, eftir að n. hafði fjallað um það alllengi, eftir að þáv. ríkisstj., sem Sjálfstfl. hafði forustu fyrir, hafði komist að þeirri niðurstöðu að eðlilegt væri að breyta skipulaginu í það form að tengja ekki lengur kjör útvarpsráðs við kjörtímabil Alþ., eftir að búið var að fjalla um málið hér á Alþ., að því er ég held tvo vetur í röð, og ræða það hér af fulltrúum allra flokka, m. a. mjög ítarlega í n. Mér er nær að halda, að þar hafi gefist tækifæri til að skoða þetta mál í n. um nokkurra mánaða skeið, fá um það umsagnir valinkunnra manna og stofnana og að lokum varð niðurstaða fulltrúa allra flokka að þetta skipulag ætti að vera við lýði. En nú sem sagt á að fúska þessu af á fáeinum dögum. Þó að ég hafi aldrei haldið því fram, að hv. menntmn. Ed. hafi ekki haft lagalegan rétt til þess að afgr. mál úr n., sem til hennar var komið, með þeim hætti sem hún gerði, að fjarstöddum næstum helmingi n. sem vitað var að var andstæður málinu og vitað var að a. m. k. sumir þeirra gátu ekki komist til nefndarinnar.

Ég hef ekki haldið því fram, að þessi málsmeðferð hafi verið ólögleg að formi til. Að sjálfsögðu getur meiri hluti nefndar hvenær sem er ákveðið að senda mál út úr n. aftur af sinni hálfu, afgreiða það. En ég gat ekki látið hjá líða að bera fram kvartanir yfir því, að ekki skyldi tekið tillit til óska minni hlutans um að málinu væri frestað, þótt ekki væri nema einn dag, og leitað yrði umsagna, vegna þess að það má líta á það sem þinglega venju að reyna að verða við slíkum tilmælum þegar þau eru sett fram. Og sem sagt, ég vil aðeins segja það, að það er út af fyrir sig rétt, sem hv. þm. Axel Jónsson segir, að hann er í hinum fyllsta lagalega rétti að fara að með þessum hætti. En það er ekki þar með sagt, að meðferð málsins sé þingleg, og þar er átt við venjur innan þingsins, sem skapast hafa á löngum tíma og miðast m. a. við að taka eðlilegt tillit til óska, sem fram koma af hálfu stjórnarandstöðuþm., a. m. k. þegar bersýnilegt er að þess á að vera einhver kostur.

Hér hefur því verið haldið fram af okkur sem höfum gagnrýnt þetta frv., að það einstæða við eðli þess, væri að hér væri verið að senda frv. gegnum 6 umr. á Alþ., ef ekki fleiri, í þeim eina tilgangi að losa útvarpsráð við fáeina einstaklinga, sem ekki virðast vera eins þægir fulltrúar viðkomandi flokks og vænst var þegar þeir voru kosnir í ráðið. Þessu hefur að sjálfsögðu ekki verið mótmælt, enda þótt gerð hafi verið tilraun til að breiða yfir þessa staðreynd með þögninni.

Ég vil taka skýrt fram að ég gæti verið til viðræðu um að kerfisbreyt. ætti sér stað hjá okkur á þann máta, að tekið væri til athugunar, hvort rétt væri yfirleitt, þegar nýr þingmeirihluti væri myndaður, að þá væri almennt skipt um alla helstu embættismenn ríkisins og að þá gilti eins um allar n. og ráð sem störfuðu af hálfu ríkisvaldsins, að þessar stofnanir hyrfu úr sögunni um leið og sá þingmeirihluti, sem studdi þær til valda, væri fallinn. En eins og menn vita er flutningur þessa frv. alls ekki liður í neinni kerfisbreytingu af þessu tagi. Ekki er mér a. m. k. kunnugt um að svo sé. Það væri satt að segja fróðlegt að fá svör hæstv. menntmrh. við þeirri spurningu, hvort e. t. v. sé von á sams konar frv., sem snerta önnur þau ráð og stjórnir, sem kosnar eru af Alþ. og ætti að vera alveg jafnrík ástæða til að skipta um í eins og varðandi útvarpsráð. Hér gætu t. d. komið til greina stofnanir eins og bankaráð Búnaðarbanka Íslands, bankaráð Landsbanka Íslands, bankaráð Útvegsbanka Íslands. Öll þessi ráð eru kosin til fjögurra ára í senn og kjörtími þeirra er þar af leiðandi ekki tengdur kjörtíma Alþ. Væri ekki eðlilegt að skipta um í þessum ráðum, úr því að farið er inn á þessa braut á annað borð? Ég mundi mjög gjarnan óska eftir því, að hæstv. menntmrh. treysti sér til að svara þessari spurningu, og þykist vita það, að ef hann telur einhverja skynsemi liggja bak við þetta frv., þá hafi einnig þessi hlið málsins verið rædd af þeim, sem það hafa undirbúið, þ. e. a. s. ríkisstj. Eins er um bankaráð Seðlabanka Íslands, nákvæmlega eins. Bankaráð Seðlabanka Íslands er kosið til 4 ára í senn, og það er nú ekkert smáræðisvald, sem Seðlabankinn hefur í stjórnkerfi okkar, þar sem er m. a. valdið til þess að ráða gengisskráningu íslensku krónunnar.

Eins og menn vita hefur Seðlabankinn margháttað annað vald, sem mjög snertir stjórn þessa þjóðfélags, og ef á annað borð væri ætlunin að tryggja stöðu ríkisstjórnarmeirihlutans hverju sinni með því að veita honum tryggari yfirráð yfir fjölmiðlum eins og Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi og sjónvarpi, þá ætti að vera enn ríkari ástæða til þess, að ríkisstjórnarmeirihlutinn hefði örugga áhrifaaðstöðu í Seðlabankanum og í bankaráði hans. Ég vildi sem sagt eindregið fara þess á leit við hæstv. menntmrh., að hann svaraði þessari spurningu, og veit, að hann mun ekki skjóta sér undan því.

Ég vil bæta því hér við, að sé þeirri spurningu ekki svarað og eigi það að standa eftir, að þessi breyting sé ekki þáttur í heildarkerfisbreytingu, sem nú standi fyrir dyrum, þá verður því ekki neitað, að þetta frv. er borið fram í þeim eina tilgangi að losa sig við óþæga einstaklinga. Og þá verður það ekki af hæstv. ríkisstj. skafið, að í þessu máli sýnir hún pólitískt ofríki og ofstæki, sem á sér tiltölulega fá fordæmi á síðari árum. Ég vil, um leið og ég skora á hæstv. menntmrh. að svara þeirri spurningu, sem ég hef hér lagt fyrir hann, þá vil ég um leið eindregið skora á hann að taka þetta mál í heild sinni til endurskoðunar og stuðla að því, að það verði ekki afgr. með þeim hraða sem nú er á þessu máli. Ég vil skora á hann að hugleiða hvort ekki sé hyggilegt til frambúðar að haldnar séu þær leikreglur, sem allir flokkar hafa komið sér saman um að viðhafa við kosningu í útvarpsráð að

vandlega athuguðu máli, og hvort þetta áhugamál ríkisstj. og ráðh., að losna við einhverja einstaklinga, hversu mjög sem þeir hafa farið í taugarnar á viðkomandi flm. þessa frv., hvort þar sé um svo stórt mál að ræða, að ekki sé meira um vert að skoða þetta mál í stærra ljósi og af meiri víðsýni.

Ég legg á það sérstaka áherslu, að breytingin, sem gerð var árið 1971, var svo sannarlega ekki út í loftið. Hún var m. a. gerð með það í huga, að ef Alþ. þóknast einhverju sinni að breyta stjórnarskrá landsins og af þeirri ástæðu þurfi að fara fram kannske tvennar kosningar á því sama ári, þá upplifa menn það að á því sama ári eru þrjú útvarpsráð starfandi. Ég veit að þeir, sem undirbjuggu útvarpsráðslögin árið 1971, gerðu sér fyllilega ljóst, að þetta væri mjög óheppilegt, að stofnun eins og Ríkisútvarpið með sínum mörgu deildum þyrfti að búa við það að hafa kannske þrjár stjórnarstofnanir yfir sér á sama árinu. Þar með væri verið sem sagt að tæta í sundur það samhengi í störfum stofnunarinnar, sem þörf er á að ríki, og einmitt þess vegna varð niðurstaðan að binda ekki kjörtímabil útvarpsráðs við kjörtímabil Alþ. Auk þess vil ég minna hæstv. menntmrh. á það, að hann má vita það að ef hann og þessi ríkisstj. kemst upp með þetta áform sitt að skipta um í útvarpsráði eingöngu í pólitískum tilgangi, þá er hann og þá er ríkisstj. að gefa síðari ríkisstjórnum hættulegt fordæmi, mjög hættulegt fordæmi sem hann og flokksmenn hans eiga kannske síðar eftir að harma að hafi nokkurn tíma verið gefið. Hann má vita það, að næst þegar mynduð verður ríkisstj., sem er ekki að öllu leyti ánægð með þá einstaklinga, sem valist hafa til þess verks að sitja í útvarpsráði, þá mun hún vafalaust minnast þessa óhappaverks, sem hæstv. menntmrh. ætlar hér að hafa forgöngu fyrir, og beita sér fyrir því, að lögunum verði breytt. Það þarf ekki að efast um það, að hugmyndaflug manna er á hverjum tíma nægilegt, þannig að það verður ævinlega hægt að láta sér detta eitthvað í hug, sem þörf sé á að breyta og þannig, að ástæða eða tilefni gefist til þess að skipta aftur um í útvarpsráði. Það vantar ekki, að þegar menn þurfa á því að halda, þá finna menn fljótt tylliástæðurnar. En eins og ég segi, ef þetta fordæmi er gefið, þá er víst, að það verður notað aftur síðar.

Nei, ég vil sem sagt undirstrika það hér að lokum og leggja á það alveg sérstaka áherslu við hæstv. menntmrh., að ef hann og hæstv. ríkisstj. leyfa sér þann munað, þann pólitíska munað, að breyta útvarpslögunum í þessum eina tilgangi, sem við blasir, að losna við nokkra menn, sem Framsfl. er ekki sérstaklega ánægður með, þá er verið að opna fyrir pólitíska íhlutun á þessum viðkvæma stað, þar sem er þessi áhrifamesti fjölmiðill þjóðarinnar, í hvert einasta skipti sem nýr þingmeirihl. er myndaður hér á Alþ. Það er varhugavert fordæmi.

Ég treysti því, að hæstv. menntmrh. svari þeim spurningum, sem ég hef hér lagt fyrir hann, og ég treysti því líka, að hann taki þetta mál til nýrrar athugunar og geri sér fyllilega grein fyrir því, að hér er verið að stuðla að bróun sem er hættuleg pólitískt séð fyrir lýðræðið í landinu og óæskilegt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ekki er ég nú alveg sammála hv. samflokksmanni mínum Ragnari Arnalds um það, að hæstv. ráðh. sé með þessu frv. fyrst og fremst að losna við óþægan svonefndan fóstra sinn úr ráðinu. Ég hygg að það búi annað og meira þar að baki, þ. e. það sem ég hef áður bent á. Það er hins vegar sjálfsagt rétt, að það er ósköp ákjósanlegt og gott að gera það í leiðinni. En ég hygg að grunnástæðan sé nú allt önnur.

Mig langar aðeins til þess vegna þess að ég var hér með svolítið órökstuddar fullyrðingar í gær út af þeim hraða, sem á þessu frv. er, og því skjóta nefndarstarfi, sem hér var leyst af hendi, að þá var ég með nokkurn samanburð við þingið í fyrra varðandi það og fór þá betur ofan í það í morgun og sá, að sá samanburður var allhrikalegur fyrir þetta þing miðað við þingið í fyrra. Þetta er kannske einhver sérstæð reynsla fyrir mig. Ég á nú sæti hér í þrem nefndum og á móti 4 fundum nú voru 15 fundir í þessum sömu nefndum í fyrra, 12 sinnum fleiri frv. frá hæstv. ríkisstj. í fyrra en nú og a. m. k. 20 sinnum lengri fundartími í þessum nefndum, svo að ekki sé meira sagt. Því athyglisverðara er það, þegar svona stór mál koma eins og hér virðist vera um að ræða, og nefndarstörf ganga svona fljótt og vel fyrir sig og mál komast svona fljótt í gegnum n. eins og rauu ber vitni. Sjálfur er ég búinn að koma hér með tvö frv., og ég hygg að menn séu allsammála báðum. En lítið hefur gerst varðandi þau mál bæði og öðru þeirra var fyrst vísað til umsagnar í gær eftir líklega liðlega 3—4 vikur.

Af því að hæstv. menntmrh. var hér ekki viðstaddur umr. í gær, þá vildi ég nú enn einu sinni koma þeirri áskorun á framfæri við hann að hann endurskoðaði afstöðu sína í þessu máli. Það er nú einu sinni svo, að hver maður á leiðrétting sinna fyrri fljótræðisverka og málið er einu sinni þannig vaxið, að ég hef orðið þess mjög glögglega var, að það er almennt fordæmt. Ég hef orðið þess var, að almenningsálitið er á móti svona aðferðum, hvað sem líður viðhorfum þess til einstakra útvarpsráðsmanna eða meiri hluta núv. útvarpsráðs. Fólk óttast, eins og hv. síðasti ræðumaður talaði um áðan, að þetta sé bara upphafið að einhverju öðru verra. Og fólk er enn þá það heilbrigt í hugsun og skoðunum, að það er hrætt við slíkar pólitískar ofsóknir sem þetta gæti vel verið upphafið að. Það er skoðun manna yfirleitt, held ég, að þetta frv. hefði betur orðið steinbarn þeirrar svokölluðu húsmóður í Vesturbænum, sem lengi hefur alið þetta afkvæmi undir brjósti. Hæstv. ráðh. veit mætavel hverjir hafa fjandskapast út í útvarpsráð, meiri hl. þess útvarpsráðs sem hér er greinilega verið að losa sig við. Hæstv. ráðh. veit það jafnvel og ég, að það eru ekki hans flokksmenn, sem hafa hér verið að kvarta, og Tíminn síðustu daga sannar þetta mjög vel. Hann er þögull um málið og vill lítið um það segja. Við vitum það mætavel hverjir það eru, sem hafa verið að óskapast út í þetta mál. Það er íhaldið í landinu, og þar á ég við þetta svarta íhald, m. a. það íhald, sem saknar nú svo sárlega Kanasjónvarpsins síns og finnst kannske að í þessu fái það einhverjar smávægis sárabætur. Og

það er einmitt þess vegna sem ég tek það skýrt fram, að mér þykir sárt að sjá hæstv. ráðh. ganga erinda þessara aðila. Ég tel að það sé gert með þessu, fyrir utan það fordæmi sem hér er gefið, fordæmi sem er hættulegt, sem ég er andvígur og ég held að geti orðið fleirum hættulegt eða varhugavert en þeim sem nú eru í stjórnarandstöðu, komið illa við þá. Það eru sviptingar í íslenskum stjórnmálum, og ef menn fara að misnota vald sitt á allan mögulegan máta þannig og fá til þess fordæmi og réttlætingu, þá er ekki gott að vita á hverjum eldurinn brennur heitast þegar öll kurl eru til grafar komin. Þar af leiðandi held ég, að slíkur drengskaparmaður sem hæstv. ráðh. er ætti ekki að taka hér í nokkurn þátt og hreinlega láta þetta mál sofna, eins og Morgunblaðið orðaði það svo fallega fyrir mig núna á dögunum: „svæfa það undir jólasálmum.“ Ég var mjög ánægður yfir þessu orðalagi og ég hygg, að ráðh. ætti einmitt að fara að þessu orðalagi Morgunblaðsins, í þessu eina tilfelli þó.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er verið að tala um óþinglega og óvenjulega meðferð á þessu máli. Ég get nú ekki fremur en formaður hv. menntmn. þessarar d. fallist á það. Það er alvanalegt að fundir í n. séu haldnir, þótt ekki séu allir nm. mættir, og er ekkert nýtt við það í sjálfu sér. Það er einnig ákaflega misjafnt hvað langur tími er tekinn í meðferð mála í n. hér á Alþ. Það vita allir hv. þm., þó að við séum stundum að ræða þetta í ýmsum tóntegundum, að á tímabilinu fyrir jól og í þinglok er oft tekinn styttri tími en endranær til nefndarstarfa o. s. frv. Eins er hitt, sem einhver þeirra hv. þm., sem hér hafa talað, minntist á, að það hefði borið að leita álits hæfra aðila utan þings um efni þessa frv., sem eins og ég benti á þegar ég reifaði málið hér við 1. umr., er aðeins eitt einstakt atriði: hvort kjósa skuli útvarpsráð að afstöðnum alþingiskosningum ellegar á fjögurra ára millibili. Ég get ekki með nokkru móti séð að það verði fundnir hæfari aðilar utan þings heldur en Alþ. sjálft til þess að meta þetta afmarkaða atriði, sem frv. fjallar um. Ég veit að það er oft gert — þarf ekki að fara að rekja dæmi um það — að afgr. mál á Alþ. sem eru einföld og eru þannig vaxin að þm. telja Alþ. eðlilegasta aðilann til að meta þau, þá er það algengt að þau eru ekki send til umsagnar. Hitt er svo líka mjög algengt, sérstaklega um mál, sem eru margslungin, að þn. og þm. kynni sér viðhorf einstaklinga og hópa utan þingsins, viðhorf þeirra til málsins undir meðferð þess.

Ég get þess vegna ekki séð að það sé neitt óvenjulegt eða óeðlilegt við meðferð málsins á Alþ. og allra síst nokkuð óþinglegt. Það hefur aðeins verið minnst á það, að e. t. v. væri vafasamt að hér væri um fyllilega lögmætar aðgerðir að ræða, að breyta kjörtíma með löggjöf og taka þannig umboð af n., sem kosnar hafa verið hér á hv. Alþ. Ég held að um þetta þurfi menn ekki að bollaleggja, því að þetta hefur svo oft verið gert áður, að það kemur varla til mála að menn hafi þá æ ofan í æ verið að brjóta lög, án þess að nokkur hreyfði við því andmælum. Svo hefur verið lögð mikil áhersla á það hér í ræðum hv. þm., að hér sé um nýmæli að ræða. En eins og ég sagði áðan er það ekki, þetta hefur oft verið gert áður. Og fyrst það er ekki nýmæli hér í lagasetningu á Alþ. þá er ekki heldur með þessu verið að gefa neitt fordæmi, sem ekki hefur verið til áður, það er alger misskilningur. Það eru ýmis fordæmi fyrir lagabreytingu, sem hefur leitt af sér styttingu á kjörtímabili stjórna og nefnda sem Alþ. hefur kosið.

Mér finnst að í málflutningi þeirra, sem andmæla þessu frv. hér, séu einkanlega tvö meginatriði: Annars vegar það að þeir eru sífellt að gefa það í skyn að útvarpsráðsmenn einhverjir, þeir séu svo erfiðir og baldnir og óþægilegir fyrir tiltekna flokka að menn vilji því ekki una. Ég hef aldrei gefið slíkt í skyn og ætla mér ekki heldur að gera það hér nú. Þetta eru þeirra hugmyndir, sem svo tala. Hitt atriðið er svo það, að hér eigi að treysta áróðursaðstöðu ríkisstj. með þessu. Ég hef séð blaðaskrif í þessa stefnu og ummæli höfð eftir einum tilteknum útvarpsráðsmanni, þar sem hann lætur í ljós þá skoðun að þetta sé gert til þess að treysta áróðursstöðu ríkisstj. Ég get nú ekki rannsakað hjörtun og nýrun. En eitthvað er nú hugarfar þessara manna, sem sífellt eru að klifa á þessu, á þá leið að þeir virðast svo sem vel geta hugsað sér þennan möguleika.

Ég held að það sé vilji okkar allra hér á Alþ. eins og þeirra þm., sem hér sátu þegar útvarpslögin voru sett 1930, að útvarpið gæti fyllstu óhlutdrægni. Og ég vísa algerlega á bug tali um að það sé vilji þeirra, sem standa að þessu frv., eða annarra alþm., að útvarpinu sé beitt af hlutdrægni. Ég vísa því algerlega á bug.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagðist vilja fá að vita allan sannleikann um þetta, og mér skilst að hann vilji fá að vita þann sannleika, sem honum hentar og honum er efst í huga og það er þetta einasta eitt að það sé verið af pólitískum ástæðum að bola mönnum burtu og það sé verið að breyta l. til þess að geta misbeitt útvarpinu í þágu ríkisstj. Hann fær ekki þennan sannleika frá mér. Hann verður að búa sér hann til sjálfur. Það er auðvitað hverjum frjálst að mynda sér sinn eigin sannleika, ef þeim líkar ekki það, sem aðrir hafa til mála að leggja. Já, mér fannst það ósköp leiðinleg ummæli hjá þessum hv. þm. að hann sagði eitthvað á þá leið að menn hefðu verið að reyna að koma útvarpsráði undan smáskítlegum afskiptum stjórnmálafl. (**Gripið fram í:** Stjórnmálabraskara, sagði ég.) — stjórnmálabraskara. Ég kann ekki við svona tal á hv. Alþ., að kalla okkur sem stöndum að kosningu þessa ráðs og höfum gert allt síðan 1939. Ég kann ekki við þessi ummæli. En þau benda náttúrlega til þess, að sá sannleikur, sem þessum hv. þm. er efst í huga og hann óskar sér að fá staðfestan frá mér o. fl., að hann sé eitthvað ekki hugguleg.

Ég skal svo bara endurtaka það, sem ég sagði þegar ég talaði fyrir þessu frv. í upphafi, að tilgangur frv. er sá að stuðla að því að skipan útvarpsráðs verði jafnan í sem nánasta samræmi við skipan Alþ. á hverjum tíma.

Umr. frestað.

Lánasjóður sveitarfélaga, frv. (þskj. 3, n. 142). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur hv. félmn. tekið til athugunar og hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts. Ég sé ekki ástæðu til þess við framsögu að þessu nál. að fara mörgum orðum um efni frv.

Með þessu frv. er Lánasjóður sveitarfélaga efldur. Samkvæmt núgildandi l. eiga að greiðast í sjóðinn 15 millj. árlega úr Jöfnunarsjóði og úr ríkissjóði eftir ákvörðun fjárl. hverju sinni. Þetta var ákveðið fyrir nær 10 árum. En þessi ákvæði hafa reynst ófullnægjandi fyrir starfsemi sjóðsins, og af því er lagt til að auka tekjur sjóðsins á þann veg, að í 1. gr. frv. er svo kveðið á að hin árlegu óafturkræfu framlög til sjóðsins verði í ákveðnu hlutfalli við tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þ. e. framlag Jöfnunarsjóðs verði árlega 5% af bráttótekjum sjóðsins. Enn fremur er tekið fram að mótframlag ríkissjóðs verði ákveðið í fjárl. hverju sinni og miðað við 2.5% af bráttótekjum Jöfnunarsjóðs.

Í 2. gr. frv. eru ákvæði um að skuldabréf sjóðsins skuli undanþegin stimpilgjaldi. Þetta ákvæði er hliðstætt ákvæði um aðra fjárfestingarlánasjóði. Í þessu sambandi má vekja athygli á því að lántakendur sjóðsins eru einvörðungu sveitarfélög.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi, sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um efni frv. Það hefur farið ágreiningslaust í gegnum hv. Nd., var afgr. ágreiningslaust í hv.. félmn. þessarar d., og ég vænti þess að það verði samþ. ágreiningslaust sem lög frá þessari hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 21. fundur.

Laugardaginn 14. des., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 119). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 29 shlj. atkv.

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 64). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. var lagt fyrir Ed. Þar hefur sú breyting verið gerð á frv., að lagt er til að skólanefndarmenn við Hótel- og veitingaskólann verði 7 í stað 6, sem var í upphaflega frv., og hef ég ekkert við það að athuga. Í aths. við þetta frv. segir svo:

„Með frv. þessu er lagt til, að nemendur fái aðild að skólanefnd Hótel- og veitingaskóla Íslands. Hafa nemendur látið í ljós ósk um það. Rn. álítur þessa stefnu eðlilega og mun einnig athuga um breytingar í þessa átt við aðra skóla, þar sem nemendur eiga ekki nú þegar svipaða aðild."

Ég hef í sjálfu sér engu við að bæta þessar aths. og leyfi mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Sjóvinnuskóli Íslands, frv. (þskj. 69). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Hæstv. forseti. Það frv., sem hér er til umr., felur í sér heimild til stofnunar farskóla, sem eins og segir í 2. gr. frv. hafi að verkefni að kenna þá sjóvinnu sem þörf er talin á vegna náms í stýrimannaskóla og einnig fyrir þá sem hyggja á nám við slíkan skóla, enn fremur að annast kennslu við verknám gagnfræðastigs við unglingaskóla og fjölbrautaskóla, annast kennslu í sjóvinnunámskeiðum fyrir yngri aðila, 13—15 ára, og fyrir aðra þá aðila, t. d. útvegsmenn eða sjómannafélög, sem beita sér fyrir slíkum námskeiðum, og einnig að standa fyrir námskeiðum fyrir leiðbeinendur og kennara, er kennslu í sjóvinnu stunda. Frekari markmiðum skólans, sem fram koma í 8. og 9. tölul. 2. gr., kem ég að síðar.

Það munu að sjálfsögðu margir hafa ástæðu til að spyrja hvaða þörf sé á kennslu í þessum störfum sem til þessa dags hafa að mestu verið sjálflærð, og einnig hvort þörf sé á slíkum lúxus eins og skóla og hvort fyrra fyrirkomulagið geti ekki nægt. Til þess að hv. þm. geti gert sér betur grein fyrir svörum við þessum spurningum, hlýtur hugurinn að leita að því, hvaða þróun hafi verið í þessum málum frá fyrstu tíð. Þótt svo sé orðið áliðið þings sem nú er og tími orðinn naumur fyrir þm. að sinna einstökum málum, þá vil ég samt leyfa mér að gera nokkra grein fyrir þessu atriði frá mínu sjónarmiði, og reyndar er það ekki aðeins mitt, heldur margra annarra, og þá leyfi ég mér líka að vitna til mjög ítarlegs sögulegs ágrips um sjóvinnukennslu, sem birtist í tímariti Fiskifélagsins, Ægi, snemma á þessu ári. Áður en kemur að því verður að hafa í huga að frá fyrstu tíð, frá því að útgerð hófst hér á landi, hefur menntun, ef hægt er að tala um hana sem slíka, og kennsla í sjóvinnu að sjálfsögðu farið fram á útgerðarstöðunum sjálfum, sem frá því fyrsta var bundin við heimilin, og þar lærðu unglingar og nýliðar þau vinnubrögð, sem nauðsynleg voru talin til þess að geta róið til fiskjar í þann tíð á árabátum. Ég þekki það sjálfur og er ekki lengra síðan, enda sonur fiskimanns,

sem stundaði þau störf nær alla sína ævi og það var einnig þannig til skamms tíma, að þessi vinna barst inn á heimili slíkra manna fyrir vertíðar, við undirbúning vertíðar og í öðrum hléum. Þannig komust unglingar einnig í kynni við þessi störf. En að sjálfsögðu hefur þessi kennsla að mestu leyti, ef um kennslu er að ræða, farið fram á þann veg, að í sjávarplássunum voru drengirnir og unglingarnir í beinu sambandi við bryggjurnar og bátana, við beitingaskúrana, þar sem þeir lærðu með því að horfa á það, sem fram fór, og með því að fá að taka þátt í þessum störfum, eftir því sem áhugi þeirra leyfði.

Það má segja, að þegar fram í sótti, eftir að vélatíminn og tækniöldin gekk í garð í okkar útgerð, þá hafi orðið börf á frekara námi í þessu efni. Ég veit hins vegar, að það varð ekki verulegt vandamál fyrr en við komu nýsköpunartogaranna í lok síðustu heimsstyrjaldar. Þá var það mikið af vönum mönnum á þeim skipum, að ég minnist þess, að fyrstu kynni mín og fleiri ungra manna, sem þá ætluðu að leggja þetta starf fyrir sig, voru í því fólgin að leyfa okkur að benda skipstjóra skipsins á, að við óskuðum eftir því, að ákvæðum sjómannalaga væri breytt þess efnis, að menn ættu að taka framförum og þekkingu í starfi, sem auðvitað kom niður ekki aðeins á þeim yfirmönnum skipsins, sem áttu að sjá um þessar framfarir, heldur og á bökum þeirra unglinga, sem leyfðu sér að segja þetta, einfaldlega vegna þess að þeir eru þá látnir vaka sí og æ á frívöktum til að læra þessa sömu hluti. En þannig var þetta til skamms tíma í okkar þjóðfélagi. Það hefur engin bein kennsla farið fram í þessum efnum fyrr en þá Æskulýðsráð Reykjavíkur tók upp formlegt námskeið til þess að kenna unglingum og laða þá að störfum sjóvinnunnar. Og það má segja, að það hafi einnig verið hér í Reykjavík og það svo snemma, að það var árið 1951, að þetta námskeiðahald var tengt skólakerfinu, en þá var það að hinn ágæti skólastjóri, Jón Á. Gissurarson, beitti sér fyrir fastri sjóvinnukennslu við Gagnfræðaskóla verknáms. Þetta starf hefur haldið áfram síðan á vegum æskulýðsráðs og á vegum þessa gagnfræðaskóla, en það hefur aðallega verið Fiskifélag Íslands sem hefur ýtt undir, að þetta starf yrði fært út, og það hefur verið látið ganga lengra. Ég held, að það hafi fyrst tekið verulegan fjörkipp nú fyrir nokkrum missirum, eða í tíð fyrv. sjútvrh., er hann beitti sér fyrir að veita fé til starfseminnar og framkvæmdin var að nokkru falin Fiskifélagi Íslands. Alla vega fengu þeir, sem gegndu starfinu, aðstöðu þar og gátu beitt Fiskifélaginu og fulltrúum þess til þess að koma því áleiðis, og sú hugsun hefur orðið æ ríkari hjá þeim mönnum, sem hafa áhuga fyrir þessum málum, að tímabært væri að gera þetta að formlegra starfi heldur en áður hefur verið. Ég vitna enn til hinnar gagnmerku greinar um þróun þessara mála, sem kom í umræddu tímariti Fiskifélagsins.

Til þess að hlaupa langt yfir skammt vil ég um leið og ég bendi á þessa þróun og óskir, ekki aðeins fulltrúa, sem eru innan raða Fiskifélagsins og hafa mætt á þingum þess og hafa lagt fram þessar óskir sínar, sem hafa samþ. þær nær einróma, ég vil líka benda á óskir útvegsmanna í þessu efni og ég verð því miður að segja um leið, að það hafi ekki verið þeirra hagsmunasamtök, sem þarna hafa átt stærstan hlut að máli, heldur þeir fulltrúar, sem sitja þing Fiskifélags Íslands, sem þá aftur mér mun ábyggilega verða svarað að séu hinir einu og sömu. En ég minnist þess, að það hefur verið nokkurt áhugaefni sjómannafélaga að koma á og halda við ekki aðeins þessum námskeiðum, heldur og að gera þau fastari í sessi.

Nú mun kannske einhver spyrja: Hvað er það, sem veldur því, að nú er gengið til þess leiks að flytja frv. um stofnun skóla og formlegri kennslu í þessum efnum en verið hefur? Ég hef bent á það, sem kannske voru mín fyrstu kynni af þessu, því að ég var sjálfur ungur maður og var að byrja mína sjómennsku. Það má líka benda á, að hugur minn mótaðist mikið í þessu efni, þegar ég sjálfur var við nám í Stýrimannaskólanum, en þar einmitt sá maður hve mikið vantaði á þá verklegu kennslu sem þeim mönnum, sem þaðan eiga að koma, er nauðsynleg, þótt ég hins vegar haldi því fram að kennslan í þeim verklegu fögum, sem þar var kennd, hafi verið alveg frábær.

Í grg. með frv. mínu kemur m. a. fram áhugi minn strax þegar ég tók sæti á Alþ. að reyna að betrumbæta þessi mál, og að vísu kemur líka þar fram, sem ég tel ekki minnsta atriðið, að reyna að láta felast í þessari kennslu það nám, sem gerði viðkomandi aðilum, og þó sérstaklega væntanlegum skipstjórnarmönnum, mögulegra að leita sér atvinnu þegar og ef þeir þyrftu í land að leita. En það má segja, að þetta sé eina stéttin, sem sjómennsku stundar, sem býr við það að á henni er eiginlega ekki tekið mark fyrr en í land er komið. Hún hefur engan stöðulegan rétt, ef farið er í land að leita. Vélstjórar, matsveinar, loftskeytamenn og aðrir slíkir geta gengið í sambærileg störf í landi og notið launa í samræmi við sínar stöður. En hinir, sem jafnvel hafa verið skipstjórar á okkar stærstu og bestu skipum, verða þá frekar að taka sér önnur störf, þar eð þeir geta ekki notið sinnar menntunar.

Ég hafði líka í huga og hef haft, þegar ég hef verið að hugsa um þetta frv. ýmiss konar námskeið, sem verkafólki standa til boða, bæði verkamönnum og verkakonum og eins iðnverkafólki, sem jafnvel er stutt af opinberu eða hálfopinberu fé, og auðvitað sjóvinnunámskeiðin, sem ég hef þegar getið um, sem haldin hafa verið hér í Reykjavík og nú síðustu missirin víðs vegar um land, m. a. vegna frumkvæðis fyrrv. sjútvrh.

Eitt atriðið, sem hefur fengið mig til þess að flytja þetta frv., er það að ég átti þess kost ásamt öðrum hv. þm., sem hér situr, hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, að skoða skóla í Leningrad, verknámsskóla fyrir hafnarverkamenn og reyndar fleiri, sem var til mikillar fyrirmyndar að mér fannst og einmitt var stofnaður til þess að gera þá hæfari til síns starfa, en líka til þess að gefa þeim færi á framhaldsnámi. Og þar var kannske það, sem æskilegt er, ljóst, að þar gat maður, sem hafði farið í gegnum þennan verklega skóla fyrst, sem var ákaflega vel búinn öllum tækjum, átt kost á því að halda áfram til frekara

náms og jafnvel til þess, sem hér á Íslandi hefur verið kallað æðra nám.

Ég hef þegar getið um það, að ein ástæðan er sá mikli áhugi, sem hefur orðið vart við, sérstaklega á síðustu Fiskifélagsþingum og m. a. vegna ályktana þaðan hef ég tekið inn nær óbreyttar tvær samþykktir frá því þingi, sem eru undir tölul. 8 og 9 í 2. gr. frv.

Þá er kannske komið að þeim atriðum, sem ég tel alls ekki veigaminnst, en það eru öryggismál sjómannanna sjálfra. Þegar mér var falið að semja ályktun fyrir síðasta sjómannasambandsþing um öryggis- og slysavarnarmál, sem var svo samþ. með miklum breytingum og hefur reyndar birst að stórum hluta hér á þskj., þá varð mér hugsað til þess að auðvitað væri ekkert betur til þess fallið, og auðvitað hefur það legið fyrir öllum hugsandi mönnum, að ekkert væri betur til þess fallið að forðast slys til þess að mæta þessari nýju þróun, vélmenningunni og tækniþróuninni, öllum þessum tækjum, en kynna þeim mönnum, sem við eiga að vinna, þær hættur, sem geta skapast af þeim. Og þegar við höfum það í huga að það má heita undantekning, ef við opnum fréttablað nú síðustu vikurnar, að ekki sé getið um eitthvert sjóslys, annaðhvort banaslys, strand eða bruna, þá finnst mér, að Alþingi Íslendinga eigi að vera komið á það stig að taka þetta mál alvarlegum tökum. Og ef þetta gæti verið leiðin, þá tel ég, að það eigi ekki að vera að tvínóna við að ganga til þess verks að stofna formlega slíkan skóla.

Það er auðvitað fleira, sem liggur til grundvallar, en þetta. Ég t. d. tel skilyrðislaust að það eigi að gefa þeim mönnum, sem að þessum störfum hafa unnið að undanförnu, stöðulegan rétt sem kennurum innan ríkiskerfisins. Það hafa valist til þessara starfa á undanförnum árum hinir prýðilegustu menn og ágætlega verkfærir menn og við eigum ekki að vera að fara fram á þjónustu þeirra til þessara nauðsynlegu starfa öðruvísi en gefa þeim sama rétt og öðrum kennurum innan skólakerfisins.

Ég hef tekið það fram í grg., að þetta frv. er í megindráttum byggt á frv. sem var samið vegna samþykktar áðurnefndrar þáltill., sem ég flutti á sínum tíma ásamt Eggert G. Þorsteinssyni, og þeir, sem frv. sömdu, tóku fram að það væri byggt á starfi sambærilegra skóla í Danmörku og þó kannske sérstaklega í Þýskalandi, því að slíkir skólar, sem eru einn eða tveir í Danmörku, kváðu frekar vera fyrir verslunarskip og flota þeirra. Eins hafa menn meira snúið sér að hinu eiginlega verkefni, vinnunni á fiskiskipunum, í skólunum í Þýskalandi.

Herra forseti. Ég skal ekki vegna tímaleysis deildarinnar nú fyrir jólahlé vera að orðlengja þetta miklu lengur, þótt ég gæti það. En ég er þess fullviss og það eru allir þess fullvissir, að ef slík formleg kennsla kæmist á, þá mundi það auka ekki aðeins öryggi þeirra, sem að þessum störfum vinna, heldur mundi það auka hæfni þeirra sem á skipunum eru. Og ég leyfi mér, herra forseti, að vitna orðrétt í orð sem fylgdu upphaflega frv., sem er að vísu nokkuð mikið breytt núna, en þau eru á þessa leið:

„N. varð sammála um, að brýn þörf sé á sérstökum sjóvinnuskóla. Á meðan þjóðin byggir afkomu sína að jafnmiklu leyti og verið hefur á sjávarútvegi og er ekki sjáanlegt annað en svo verði í náinni framtíð, er það lífsnauðsyn þessarar atvinnugreinar, að nægur fjöldi manna fáist til þess að vinna við hana. Frumskilyrðið er að hægt sé að manna skipaflotann hæfum mönnum. Verður að teljast fyllsta ástæða til, að því máli verði sýndur fullur skilningur, og telur n. að sjóvinnuskóli þar sem unglingar, er leggja fyrir sig sjómennsku, fengju tækifæri til að læra algengustu vinnubrögð um borð í skipum, áður en þeir fara til sjós, mundi bæði glæða áhuga þeirra fyrir þessu starfi og gera þá hæfari til þess. Allir, sem sjómennsku hafa stundað, þekkja að fyrir óvana menn fer talsverður tími í að kynnast störfum um borð í skipum og að full vinnuafköst nást ekki fyrr en þau störf hafa verið lærð."

Ég vil svo að síðustu aðeins taka það fram, að að sjálfsögðu þarf, þar sem mest aðsókn væri að slíkum skóla, að skapa honum aðstöðu og reyndar víðar, á þeim stöðum t. d. þar sem stýrimannaskólanám er stundað. Það vill svo til að það hefur um margra ára skeið, ef ekki áratuga skeið, verið áætlun um að skólahús á lóð Sjómannaskólans hér í Reykjavík yrði reist sem einmitt mundi hýsa hina verklegu kennslu þeirra sjómanna sem þar stunda nám. En það er að vonum ekki að búast við því að það hús sé komið upp meðan skólahúsið sjálft er hvorki vatns- né vindhelt. En þetta er enn á áætlun um framkvæmdir á þessari lóð. Við skulum hafa það í huga líka að þrátt fyrir fleiri hundruð nemendur í þessu húsi þá er ekki hægt að hafa verklega kennslu fyrir nemendur þar nema fyrir 10—15 menn í einu, þannig að það mætti auðvitað gera margt í einu með því að reisa slíkt hús á lóðinni þar. En auðvitað er meginatriðið að þeir, sem við skólann starfa, séu til taks að fara til kennslu hvar sem er á landinu, en að sjálfsögðu þá samkv. fyrirframgerðri áætlun.

Ég hef nú nokkuð farið í gegnum og lýst einstökum gr. enda skýra þær sig sjálfar og kannske ekki ástæða til að gera það frekar fyrr en við 2. umr., ef frv. kemst til hennar. En það auðvitað segir sig sjálft, að það er lagt til jafnframt að hin verklega sjóvinnukennsla við Stýrimannaskólann falli niður eða falli til þessa skóla. Auk þess eiga væntanlegir nemendur, sem fara í þessa skóla, að vera búnir að ljúka námi frá honum. Aðrar greinar skýra sig sjálfar og þykist ég ekki þurfa að hafa fleiri orð fyrir þessu frv., en ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og sjútvn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég stend hér upp til þess í fyrsta lagi að lýsa þeirri skoðun minni, að sú meginhugsun, sem liggur að baki þessa frv., eigi hinn fyllsta rétt á sér, og vil jafnframt með nokkrum orðum nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli hv. þdm. á því og leggja áherslu á það, hversu verknám almennt séð hefur allt of lengi setið á hakanum innan hins íslenska skólakerfis og þar verður að verða gerbreyting á. Það er vissulega verið að hreyfa hér merkilegra máli en e. t. v. ýmsir gera sér grein fyrir í fljótu bragði áður en þeir hafa at-

hugað aðstæður. En ég fullyrði, að hér er um að ræða mál, skipulag sjóvinnukennslumála, sem hefur verið tímabært í langan tíma, en verður enn þá brýnna og nauðsynlegra með hverju árinu sem líður vegna breyttra þjóðfélagshátta, eins og hv. flm. vék að í sínu máli.

Ég held að sé óhætt að fullyrða það að verkleg menntun hefur setið á hakanum í hinu íslenska skólakerfi nú um býsna langt skeið. Menn viðurkenna að vísu, alþm., ráðh. og aðrir, nauðsyn hennar í orði og eitt og annað er gert, en það er í flestum tilvikum of lítið og of seint. Verklega menntunin hefur ekki notið og nýtur ekki enn þeirrar viðurkenningar á borði sem henni ber og okkur er lífsnauðsyn að hún njóti ef við eigum að halda áfram að standa undir því þjóðfélagi sem við þó gerum í dag.

Ég vil aðeins í stuttu máli nefna nokkur atriði, þar sem mér virðist að skortur nægilegs skilnings á gildi verkmenntunar hafi komið fram á síðari tímum.

Það er, að ég hygg, áratugur síðan eða meira, að ég ásamt öðrum hv. þm., Geir Gunnarssyni, bar fyrst fram þáltill. um tæknistofnun sjávarútvegsins. Við lítum þannig á að þar sem um það væri að ræða að við keyptum og ættum mikinn og dýran skipaflota með margvíslegum tækjum og veiðarfærum sem skiptu ekki tugum, heldur hundruðum millj., þá væri allt eins nauðsynlegt að einhver og ekki nein lítil stofnun hefði með þau mál að gera að framkvæma rannsóknir og miðla upplýsingum í sambandi við öll þessi mál. Við bentum á það og það hefur oft verið gert síðan, að t. a. m. bændastéttin hefði rannsóknastofnanir og hefði marga ráðunauta í sinni þjónustu og engum dytti í hug að fækka þeim, heldur hefði þeim jafnvel fjölgað verulega í tímans rás, en þessu væri sáralítið sinnt að því er snertir sjávarútveginn, þar sem er þó enn stórkostlegri fjárhæðir og verðmæti um að ræða. Síðan flutti hæstv. fyrrv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, frv. um tæknistofnun sjávarútvegsins sem einmitt var byggt á þessari meginhugsun. Því miður fékk það frv. ekki þann byr hér á hv. Alþ., sem full ástæða var til, og verður að teljast furðulegt, að menn skuli ekki hafa enn í dag séð nauðsyn slíkrar stofnunar sem ynni fyrir sjávarútveginn, því að það lítið sem hefur verið gert í þessum efnum. Það hefur verið allt af svo skornum skammti, að það er rétt að það taki að nefna það.

Þá vil ég minna á, að ég hygg að það hafi verið með fræðslulöggjöf þeirri, sem sett var á 5ta áratugnum, sem góðu heilli var ákveðið að verknám skyldi tekið upp í framhaldsskólum. Þessi fræðslulöggjöf mun hafa verið sett 1946, ef ég man rétt. Hún var að þessu leyti og mörgu fleiri ágæt, en því miður hefur orðið miklu minna um framkvæmdir í þessum efnum en ástæða hefði verið til og nauðsyn hefði borið til. Iðnskólana vil ég aðeins nefna í þessu sambandi. Þeir hafa mjög lengi búið við slæman kost af hálfu ríkisvaldsins. Þar hefur í mörgum tilvikum bæði skort húsnæði og tæki og alla aðstöðu og eitt og annað má segja um uppbyggingu þeirrar fræðslu í heild sinni, þótt ég fari ekki út í það í sambandi við þetta mál.

Þá hefur þessi skortur á skilningi í framkvæmd á nauðsyn þess að efla verklega menntun komið mjög óþyrmilega niður á Sjómannaskólanum sem reistur var fyrir um það bil 30 árum. Það hefur komið í ljós nú, jafnvel hinar síðustu vikur, sem margir vissu, að frágangi þessa húss hefur verið ábótavant, og má raunar segja að þeim byggingarframkvæmdum, sem þarna voru fyrirhugaðar, sé engan veginn lokið enn. Árum saman skorti fé til þess að ganga þannig frá skólalóðinni að þar væri ekki stórkostleg slysahætta, og ekki fékkst árum eða jafnvel áratugum saman nauðsynlegt fé til þess að ganga þannig frá þessum skóla að sómasamlegt væri.

Ég nefni í þessu sambandi, hversu seint við fengum tækniskóla og hversu erfiðlega gekk að koma slíkri nauðsynja-menntastofnun á fót. Það verður hins vegar að viðurkenna að nú er komin allgóð undirstaða í því efni og nokkur skriður er á þeim málum, þrátt fyrir það að löngum hafi verið um að ræða allsendis ófullnægjandi fjárveitingar til þeirra miklu framkvæmda, sem þar voru og eru nauðsynlegar.

Fiskiðnskólinn er nú loksins risinn og verður að segjast, að þar var furðuseint byrjað á nauðsynlegu starfi og enn virðist svo að það ætli að ganga allt of seint að byggja upp þá bráðnauðsynlegu menntagrein sem þar er um að ræða. En vissulega má fagna því, að það er þó hafist handa og verður ekki aftur snúið í þeim efnum, heldur verður knúið á um nauðsynlegar fjárveitingar til þess að byggja upp slíka fiskiðnkennslu, eins og hún þarf að vera, svo bráðnauðsynleg sem hún er.

Ég vil leyfa mér í sambandi við þetta mál að vekja með nokkrum orðum athygli á bréfi sem ég hygg að öllum hv. alþm. hafi verið sent nú fyrir rúmri viku. Það er bréf frá Nemendafélagi Fiskvinnsluskólans, frá Skólafélagi Vélskóla Íslands og frá Skólafélagi Stýrimannaskólans. Ástæðan til þess að ég vek athygli á þessu bréfi nú er engan veginn sú að ég vilji drepa á dreif því máli, sem hér er til umr., sjóvinnuskólanum, með því að koma þar að öðrum atriðum. Ég skal víkja nánar að sjóvinnuskólahugmyndinni hér á eftir. En ég tel fulla ástæðu til þess að nota tækifærið til þess að vekja athygli á og undirstrika nokkur þau atriði, sem eru í bréfi þeirra ungu námsmanna og áhugasömu manna sem hafa sent alþm. sínar aths. að því er snertir það hvernig búið er að þeim skólum þar sem þeir stunda hið allra nauðsynlegasta nám. Ég skal ekki lesa mikið úr þessu bréfi en vil aðeins — með leyfi virðulegs forseta — lesa stuttan kafla, þar sem segir svo:

„Nú liggur fyrir Alþ. fjárlagafrv. fyrir árið 1975. Með þessu bréfi viljum við nemendur Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði, Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík mótmæla harðlega, hversu þessum skólum er ætlaður lítill hlutur á fjárl. fyrir árið 1975. Ástæðurnar fyrir mótmælum okkar er að finna í því, sem hér fer á eftir“ — og skal ég aðeins vitna til þessara atriða sem nú segir:

„Í fjárl. fyrir árið 1974 var áætlað, að 30 millj. færu í byggingarframkvæmdir við Sjómannaskólann í Reykjavík, en sú staðreynd blasir við að

ekki ein einasta króna hefur farið í þessar framkvæmdir. Ástæðan fyrir því, að ekkert hefur verið byggt, er sú, að ekkert hefur verið gert af hálfu ríkisvaldsins til að hefja byggingarframkvæmdir. Samkv. upplýsingum fulltrúa í menntmrn. eru þessar 30 millj. enn til, en í fjárlagafrv. fyrir árið 1975 er þess getið, að þessi fjárhæð verði dregin til baka. Í samtali, sem við áttum við fulltrúa þann, sem áður er greint frá, kom fram eftirfarandi í sambandi við fjárlagafrv. fyrir árið 1975:

Stjórn Sjómannaskólahússins sendi beiðni um 93 millj. kr. til byggingarframkvæmda árið 1975 til menntmrn. Í meðförum rn. lækkar þessi upphæð niður í 43 millj. kr. Frá menntmrn. fer síðan beiðni til fjmrn. upp á 43 millj. Fjármálasérfræðingar þess rn. samþykktu síðan aðeins 3 millj. kr. til þessara byggingarframkvæmda.

Skólanefnd Fiskvinnsluskólans fer fram á 5.5 millj. kr. í stofnkostnað í sínum till. Í fjárlagafrv. eru honum veittar 3.5 millj. Nú liggur fyrir beiðni frá skólanefndinni um 12 millj. til stofnkostnaðar skólans. Er það krafa okkar, að sú beiðni verði tekin til greina," segja hinir ungu menn.

Í sambandi við þetta síðasta atriði, sem ég las úr bréfi þeirra, skal þess getið að í þeim brtt. hv. fjvn., sem verið var að útbýta, sé ég að er hækkun til Fiskvinnsluskólans úr 3.5 millj. í 6.5 millj. kr., og ber vissulega að meta þá viðleitni sem þar kemur fram.

Ég skal ekki lesa meira úr þessu bréfi, þar sem allir hv. alþm. hafa, að ég hygg, fengið það, en vil aðeins undirstrika það að hér kemur fram, að því er mér sýnist, töluvert rökstutt enn eitt dæmið um það hvernig fjárveitingavaldið á líðandi og liðnum tíma hefur vanmetið nauðsynina á hinni allra brýnustu og bráðustu verkmenntun sem við megum síst án vera.

Ég skal svo snúa mér aðeins aftur að frv. því, sem hér er til umr., frv. um Sjóvinnuskóla Íslands, og ég vil þá enn undirstrika það að kennsla í sjóvinnu er okkur og hefur reyndar lengi verið brýn nauðsyn. Sú nauðsyn verður brýnni með hverju ári sem líður vegna hinna breyttu þjóðfélagshátta sem við búum við. Slík kennsla kostar að sjálfsögðu töluvert, en við verðum að vera menn til þess að standa undir þeim kostnaði ef við ætlum að halda áfram að byggja á sjávarútvegi að mjög verulegu leyti það þjóðfélag, sem við höldum hér uppi.

Það geta að sjálfsögðu verið eitthvað skiptar skoðanir um það hvernig haga beri sjóvinnukennslunni í einstökum atriðum, og ég mun ekki fara langt út í þá sálma að gera aths. við það frv. sem hér er um að ræða. Mér sýnist að margt sé vel um það, en tel þó ástæðu til þess fyrir þá n., sem fær það til meðferðar og ég vona að taki málið alvarlega, að vinna að því sem að mínu viti er mikil nauðsyn, að tengja betur saman þá kennslu í sjóvinnu sem hér er fyrirhuguð, og þá kennslu, sem nauðsynlegt er að taka upp í framhaldsskólum landsins, í verkmenntum ýmsum og þá ekki hvað síst sjóvinnu. Það er enginn efi á því að hin gamla hugmynd um verknámsskóla þarf að komast miklu víðar og miklu betur til framkvæmda en orðið er enn í dag. Kennsla í sjóvinnu á vissulega, a. m. k. á öllum hinum stærri og fjölmennari stöðum, að verða gildur þáttur í þeirri verkmenntun sem unglingarnir eiga að mínu viti að fá í skólunum, hinum almennu framhaldsskólum. En þrátt fyrir það þótt að því verði stefnt, þá hygg ég að það sé full nauðsyn á einhverjum föstum punkti í sambandi við sjóvinnukennsluna og þá m. a. til þess að mennta þá menn sem kæmu til með að kenna sjóvinnu á hinum ýmsu stöðum, þar sem ég vænti þess að hún verði tekin upp sem beinn liður í skólakerfinu.

Ég vil sem sagt mæla eindregið með því, að þetta frv. verði athugað gaumgæfilega, og þakka hv. flm. fyrir að flytja það nú og fyrir áhuga hans á þessum málum bæði fyrr og síðar. Ég vil svo að síðustu, án þess að það skipti miklu máli, þar sem það kemur ekki fram í grg. frv. og kom ekki heldur fram í ræðu hv. flm., minna á að þetta mál, sem hér er hreyft, þ. e. a. s. skipuleg kennsla í sjóvinnu, hefur verið áhugamál mitt um langan aldur. Ég hygg að frv. um sjóvinnuskóla hafi verið annað hvort fyrsta eða annað málið, sem ég lagði fram á hv. Alþ., þegar ég kom hér fyrst inn fyrir dyr fyrir rúmum 20 árum eða árið 1953. Þá naut ég við undirbúning slíks frv. mikilvægrar aðstoðar m. a. þess kennara, sem þá kenndi verklega sjóvinnu við Stýrimannaskólann, Ársæls Jónassonar, og fleiri manna og lagði frv. um þetta efni fram hér á Alþ. Því miður var ekki mikið hlustað á það mál þá, nægur skilningur var þá ekki fyrir hendi og málinu var vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Ég vænti þess að á þeim rúmum 20 árum, sem síðan eru liðin, hafi skilningur bæði hv. alþm. og landsmanna almennt á gildi og nauðsyn þess að mennta unga menn til vinnubragða bæði á sjó og við sjávarsíðu, vaxið, og svo mikið er víst, að nauðsynin á því að koma góðu skipulagi á slíka kennslu hefur stórvaxið. Ég vil á engan hátt vanmeta það sem gert hefur verið á síðustu árum að því er varðar kennslu í sjóvinnu. Sú viðleitni er vissulega lofs- og þakkarverð, en hér þarf tvímælalaust að gera enn betur og miklu betur en enn þá hefur verið gert.

Ég vil svo að síðustu leyfa mér að vitna til lítils kafla í þeirri grg. sem fylgdi frv. mínu frá 1953, þar sem ég hygg að það, sem þar segir, sé enn í fullu gildi og nauðsynin sé, eins og ég sagði, jafnvel enn brýnni nú en hún var þó fyrir rúmum 20 árum. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslendingar hafa átt því láni að fagna að eiga röska og vel verki farna sjómannastétt. Íslenskir sjómenn hafa sýnt með afköstum sínum og öllu starfi, að þeir hafa staðið stéttarbræðrum sínum í öðrum löndum fyllilega á sporði, og er þá ekki fast að orði kveðið. Svo hefur jafnan verið á liðnum tíma að eldri kynslóð kenndi hinni yngri öll algeng störf, bæði til sjávar og sveita. Þeir æskumenn, sem ólust upp við sjávarsíðu, hófu þegar á ungum aldri þátttöku í störfum hinna fullorðnu og kynntust því snemma öllum verkháttum til sjávar. Var það algengt, að drengir kynnu algeng sjávarstörf um fermingaraldur eða fyrr og töldust því fullgildir í skiprúm þegar er þeir höfðu líkamsburði til. Reyndist þeim auðvelt að ná fullum tökum á starfinu þegar undirstaðan hafði verið rétt lögð og nægilega snemma.

Á síðari tímum hafa orðið gagngerar breytingar á íslensku þjóðlífi, ekki síst vegna aukinnar tækni og sérhæfingar sem einkennir okkar tíma. Hins er ekki að dyljast, að bróun þjóðfélagsins hefur átt drjúgan hlut að því að beina hug og hönd æskufólks frá framleiðslustörfum og í aðrar áttir. Nú er sem betur fer af sú tíð er vel gefnir unglingar áttu þess engan kost að afla sér æskilegrar þekkingar og fræðslu í þeim menntum sem á bók verða lærðar. Hitt þykir mörgum nokkurt íhugunarefni hvort ekki sé nú stefnt út í gagnstæðar öfgar. Er sú skoðun tekin að ryðja sér til rúms að naumast verði öllu lengur við það unað að bóknám sé allsráðandi í skólum og börn og unglingar kynnist að litlu eða engu leyti hagnýtum störfum við atvinnuvegi landsmanna. Svo er ráð fyrir gert í hinu viðamikla fræðslukerfi sem nú hefur gilt um skeið," segir hér, „að innan ramma þess sé verknámsdeildum ætlað nokkurt rúm. Hins vegar verður enn lítið vart verknámsdeilda þessara og mun þess að öllum líkindum langt að bíða, að þær komist á fót víðs vegar um land og í sæmilegt horf."

Enn fremur segir:

„Þess gætir nú í æ ríkari mæli að ungir menn veigra sér við að gera sjómennsku sér að atvinnu, svo sem brýna nauðsyn ber þó til eigi okkur íslendingum að auðnast að halda hér uppi menningarþjóðfélagi og standa efnahagslega á eigin fótum. Hefur sú þörf þó aldrei verið brýnni en nú að sjómannaefni kynnist þegar í æsku hinum ýmsu hliðum sjómennskunnar. Því er svo farið um sjómennsku sem aðrar starfsgreinar að stóraukin tækni hefur gert það nauðsynlegt að nútímasjómaður hafi til að bera margvíslega kunnáttu og þekkingu í starfi, ef hann á að geta talist fullgildur verkmaður og vera fær um að skipa rúm sitt með sæmd."

Ég skal ekki breyta hv. bdm. á því að lesa meira úr þessari gömlu grg., en vil aðeins segja það, að svo réttmæt sem ég hygg að þessi ummæli hafi verið fyrir 20 árum, þá eiga þau e. t. v. enn þá brýnna erindi nú, þar sem tækninni hefur þó a. m. k. fleygt fram á þeim tíma, eins og allir vita.

Ég vil svo ljúka þessum orðum með því sem ég hóf máls á, að mæla fastlega með því að þetta frv. verði athugað gaumgæfilega og nú komist hið fyrsta fullur skriður á það að koma þessum málum þannig fyrir að sómasamlegt geti talist og til nokkurrar frambúðar. En jafnframt vil ég að það verði mín síðustu orð í sambandi við þetta mál að mat okkar alþm. og þjóðarinnar á hinni verklegu mennutn þarf að breytast. Það þarf að verða með þeim hætti, að verkleg menntun sé talin a. m. k. fyllilega jafnnauðsynleg og jafnrétthá og sú menntun sem einungis verður lærð á bók.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr., aðeins segja hér nokkur orð.

Ég fagna því að þetta frv. er flutt, og er því sammála í öllum höfuðatriðum og get tekið fyllilega undir það með hv. flm. og raunar með síðasta ræðumanni, að við íslendingar höfum gert allt of lítið að því á undanförnum árum að auka verknámið. Það hefur í raun og veru verið útundan og er sannarlega kominn tími til þess að gera hér verulegar breytingar, og þetta frv. er að vissu leyti spor í rétta átt.

Hv. síðasti ræðumaður minntist nokkuð á tæknimál sjávarútvegsins sem að vísu eru ekki beint í sambandi við þetta mál. Það er mjög vandasamt mál, hvernig á að bæta þar úr. Það eru allir sammála um að það þurfi að koma betri og fullkomnari skipan á þau mál. Það frv., sem var flutt um nýja tæknistofnun af fyrrv. sjútvrh., náði ekki fram að ganga, — ég held, að það hafi verið flutt á tveimur síðustu þingum, — vegna þess að það eru nokkuð skiptar skoðanir um á hvern hátt á að leysa þessi mál. Ég var á fundi fyrir tveimur dögum með mörgum framámönnum í sjávarútvegi og þar voru m. a. rædd tæknimál sjávarútvegsins. Þar voru menn ekki á eitt sáttir hvernig ætti að leysa þau og voru afar skiptar skoðanir bæði hjá fulltrúum sjómanna, fulltrúum útgerðar, fulltrúum stærsta stofnlánasjóðs sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóðs, og fleiri aðilum. En ég hef mikinn hug á því að reyna að leita eftir nánara samstarfi allra þessara aðila um það að þeir geti staðið að sameiginlegri tillögugerð til þess að leysa þennan mikla vanda, sem ég tek alveg undir að er fyrir hendi, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um. Það eru aðeins tvö atriði í sambandi við þetta frv. sem ég vildi aðeins minnast á með það í huga að hv. þn., sem fær það til afgreiðslu athugi í fullri vinsemd.

Það hefur verið mikið rætt um það á síðustu árum, hve margar stofnanir ættu aðsetur hér í Reykjavík og það þyrfti að dreifa stofnunum um landið. Um þetta var mikið rætt á tíma fyrrv. ríkisstj., sérstaklega þó í byrjun valdatímabils hennar. Það var minna farið að ræða um þetta í lokin, hvernig sem á því stendur. En ég vil segja það sem mína skoðun, að það hljóta að vera á því afar miklir erfiðleikar að flytja gamlar og rótgrónar stofnanir héðan burt úr Reykjavík með öllu sínu starfsliði, skipa starfsmönnum þeirra að flytjast til þess staðar sem stofnuninni er ætlað aðsetur eða segja upp ella. Hitt er svo annað mál, hvort við eigum að halda áfram alltaf á þessari braut og tengja heimilisfang allra slíkra stofnana við Reykjavík. Það er sú aths. sem ég vil gera við 1. gr. þessa frv., að heimilt skuli að stofna farskóla, sem heiti Sjóvinnuskóli Íslands, og hafi hann heimilisfang í Reykjavík. Ég er ekki sannfærður um að það sé brýn nauðsyn á því að heimilisfang farskóla af líku tagi og hér er átt við frá hendi flm. sé í Reykjavík, þó að í Reykjavík sé Stýrimannaskóli Íslands. Vildi ég mjög eindregið benda á að menn athugi þetta nánar og í fullri vinsemd.

Svo er annað atriði sem skiptir þetta frv. í raun og veru töluverðu máli þó að það geti ekki leyst þann vanda. Það eru þau kjör sem þeim mönnum eru ætluð sem búnir eru að ljúka námi á þessum námskeiðum. Eiga þeir að hafa sömu kjör, þegar þeir koma um borð í skipin, og unglingar sem ekkert hafa lært og koma alls ófróðir um alla vinnu á sjónum? Þetta er mál sem skiptir sjómannasamtökin og samtök útvegsmanna mjög miklu máli. Ef við ætlum að gera alvöru úr því að auka verknámið, stofna sjóvinnuskóla, eins og

þetta ágæta frv. gerir ráð fyrir, þá verður að fylgja því að menn hafi áhuga á því að fara í þetta nám af því að það verði litið svo á þá, þegar þeir koma til starfa, að þeir eigi að bera meira úr býtum en sá sem ekkert hefur kynnt sér, en skráir sig aðeins í skip. Þetta held ég að hafi mjög mikið að segja í sambandi við að gera þetta málefni virkt, þannig að áhugi ungra manna verði meiri að stunda nám í sjóvinnuskóla ef þeir eiga að njóta þess eitthvað þegar þeir koma út í lífið og hefja sína vinnu. Ég vil líka benda á við 1. umr. að það getur vel verið, að n. sjái leið til þess að ræða þetta mál við forustumenn sjómannasamtakanna og forustumenn útvegsmanna og brýna fyrir þeim að það sé ætlun og vilji Alþ. að koma þessum námskeiðum á og hér þurfi einnig að gera breytingar.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem hafa komið fram við frv. hjá þeim ræðumönnum sem hér hafa tekið til máls, og ég vil undirstrika það vegna orða hv. 3. þm. Reykn. að það er eingöngu gleymska mín að hafa ekki getið um einmitt það eftirtektarverða frv. sem hann flutti á sínum tíma hér á Alþ. fyrir um það bil tveimur áratugum, sem ég tel einmitt að hafi máske verið frumkvöðull þess, alla vega mikill og góður stuðningur við það að námskeiðum þeim var komið á fót og haldið við sem ég gat um í minni ræðu.

Vegna þeirrar aths., sem kom fram hjá hæstv. ráðh., vil ég taka það fram, að ástæða mín fyrir því að tengja heimilisfangið Reykjavík er eingöngu það að höfuðstöðvar Fiskifélagsins eru hér. Það er enginn vafi að sú mikla og jákvæða þróun, sem hefur orðið nú á síðustu missirum í þessum málum, er einmitt því að þakka að þeir menn, sem sjútvrn. fól þessi störf, áttu aðgang að aðalstöðvum Fiskifélagsins hér í Reykjavík og gátu notað þær skrifstofur og starfsfólk til þess að koma sínum boðum til skila til útvegsmanna, sjómanna, kennara og annarra skólamanna úti um landið allt. Í sjálfu sér sé ég enga ástæðu til þess að binda mig við þetta heimilisfang, en ég tel hins vegar, að ef af þessum skóla verður, þurfi hann að eiga innangengt hjá Fiskifélagi Íslands.

Vegna hugleiðinga ráðh. um sömu kjör og ómenntaðri menn, þá tel ég að þetta ætti kannske frekar að vera samningsatriði. Ég minnist þess á sínum tíma þegar ég var togarahátseti með stýrimannaskólapróf, að við vorum 11 á sama skipinu búnir að ganga í gegnum þann skóla og höfðum hreint ekkert meiri laun fyrir það, við höfðum bara okkar hásetalaun, nema þeir sem voru netamenn. Ég geri ráð fyrir því, að þessir menn mundu vera á sama báti. En hins vegar hafa þeir möguleikann á því að ganga frekar upp til annarra starfa sem betur eru launuð heldur en aðrir. En ég vil ekki svipta þá menn, sem ekki eiga kost á að fara í slíkan skóla, þeim möguleika að geta líka verið á hærri launum, enda vitum við að það eru margir afburðaverkmenn þótt þeir hafi aldrei og muni aldrei í neinn skóla fara.

Umr. frestað.

Launaskattur, frv. (þskj. 108, n. 145). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Eyjólfur K. Jónsson: Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað frv. það, sem hér er til umr. og mælir með því að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 22. fundur.

Laugardaginn 14. des., að loknum 21. fundi.

Launaskattur, frv. (þskj. 108). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 151).

Rafveita Ísafjarðar, frv. (þskj. 148). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Á þskj. 148 er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán fyrir rafveitu Ísafjarðar, en Rafveita Ísafjarðar hefur ákveðið að festa kaup á 2100 kw. dísilrafstöð. Kaup þessi eru talin nauðsynleg til þess að tryggja frystihúsum á Ísafirði og reyndar víðar um Vestfirði næga raforku komi til truflana á afhendingu orku frá Mjólkárvirkjun. Er þess skemmst að minnast að á s.l. ári fór sæstrengur frá Mjólkárvirkjun í sundur þannig að til stórtjóns horfði á birgðum frystihúsanna á Ísafirði. Seljendur dísilstöðvar þeirrar, sem hér um ræðir, óskuðu ríkisábyrgðar á láni sem fylgir stöðinni. Ríkisstj. vill fyrir sitt leyti greiða fyrir því að kaup á þessari stöð geti átt sér stað og er því lagafrv. þetta lagt fram.

Ég legg til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Vonast ég til þess að hv. þdm. verði við þeirri beiðni að hér geti verið um skjóta afgreiðslu að ræða svo að lagafrv. þetta geti öðlast lagagildi áður en þm. fara í jólaleyfi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Sjóvinnuskóli Íslands, frv. (þskj. 69). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég skal ekki tefja umr. um þetta mál, það eru aðeins örfá orð við þessa 1. umr.

Ég vil sérstaklega taka undir það, sem hér hefur komið fram í þessum umr., að sú vanræksla, sem orðið hefur um áraraðir að því er varðar verknámskennslu í skólakerfi hér á landi, er til vansæmdar að mínu áliti og það er því sérstaklega þess vert að taka undir það, að hér er hreyft mikilsverðu máli, og mér finnst ástæða til þess að taka undir þakkir til flm., sem gerði grein fyrir þessu máli hér í framsögu, því að hér er sannarlega um mikilsvert mál að ræða. Ég vænti þess að n., sem þetta mál fær til meðferðar, skoði það gaumgæfilega og í áframhaldi af því leggi hart á um það að hér verði virkilega tekið til höndum og málum hrint í framkvæmd.

Það verður að segjast eins og er að það er til vansæmdar íslensku skólakerfi að ekki skuli hafa verið á undanförnum árum og áratugum betur sinnt þessum þætti skólamála, sem er í reynd undirstöðuatriði að því er varðar fjölda atvinnugreina landsmanna. Ég vil því nota tækifærið hér við 1. umr. málsins til að taka undir með flm. og leggja áherslu á, að hér verði vel að verki staðið og málið skoðað gaumgæfilega og í áframhaldi af því verði hrundið í framkvæmd því sem þarf að gera og að það verði gert á sem allra skemmstum tíma.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Það var sérstaklega ein gr. þessa lagafrv. sem mig langaði til að benda hv. þn., sem það mun fá til meðferðar, á, en það er 10. gr. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðh. skipar 4 menn í skólanefnd samkv. tilnefningu eftirtalinna aðila: Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og fimmta manninn samkv. tilnefningu Fiskifélags Íslands og er hann formaður skólanefndar.“

Mér dettur í hug og þá sérstaklega með tilliti til 4. liðar 2. gr. frv., sem hljóðar svo — með leyfi forseta — um markmið skólans:

„Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum við verknám gagnfræðastigsins við unglingaskóla og fjölbrautaskóla hinna stærri staða í samvinnu við viðkomandi fræðsluyfirvöld.“

Ég sé ekki betur en það væri eðlilegt og nauðsynlegt með tilliti til 4. gr., sem ég vil sérstaklega taka undir, að skólanefnd væntanlegs sjóvinnuskóla yrði skipuð einnig fulltrúa frá hinu almenna grunnskólastigi. Ég tel það ákaflega mikilvægan þátt og vil leggja áherslu á að þessi sjóvinnuskóli eða þessi sjóvinnukennsla komi inn í hið almenna nám unglingaskólanna að svo miklu leyti sem hægt er. Það er satt best að segja að hugmyndin um sérverknámsskóla hjá okkur hefur ekki tekist sem skyldi og þess vegna tel ég rétta þá stefnu að færa hina verklegu menntun og almenna verkþjálfun með eðlilegum hætti inn á námsskrá skólanna við hlið annarra námsgreina, en skipa ekki verknáminu, eins og hingað til hefur verið gert, í óþarflega miklum mæli í sér bása. Þessi sjóvinnukennsla hefur í rauninni farið fram víða í helstu útvegsbæjum landsins og gefist mjög vel. Þar hafa verið nýttir kennslukraftar, sem fyrir eru á staðnum, verkvanir menn sem vita, hvernig á málum skal halda þar, og ég tel eðlilegt og sjálfsagt, að stefnt yrði einmitt í þá átt að hver staður yrði sem mest sjálfum sér nógur með alla útvegun kennslukrafta frekar en að stýra þessu með ráðleggingum og stjórnun héðan frá Reykjavík. Vil ég taka þar mjög eindregið undir orð hæstv. sjútvrh., að það yrði skoðað hvort nauðsynlegt er að binda þetta Reykjavík fremur en öðrum stöðum á landinu, sem mikilvægir eru í sjávarútvegi og fiskveiðum.

Það er aðallega um þetta atriði, sem ég vildi koma ábendingum til hv. sjútvn., um 10. gr. Ég vil lýsa sérstöku samþykki mínu við 8. gr. sem fjallar um slysa- og öryggismál í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands. Það hafa vissulega orðið þeir atburðir og verða þeir atburðir sem minna okkur á að leiðbeiningar og varnaðarráðstafanir í þessu efni eru mjög nauðsynlegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 100). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Frv. þetta á þskj. 100 um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt flytja auk mín þm. Karvel Pálmason, Benedikt Gröndal og Eyjólfur Sigurðsson. Efni frv. er það að nýr stafliður bætist aftan við 10. gr. laganna. Tilgangurinn er sá, að tekjur verkafólks í fiskiðnaði fyrir nætur- og helgidagavinnu verði undanþegnar tekjuskatti. Jafnframt er lagt til í 2. gr. frv. að lögin öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1974.

Verkafólk í fiskiðnaði býr jöfnum höndum við minna atvinnuöryggi en starfsfólk í flestum öðrum atvinnugreinum og meira vinnuálag, einkum á ákveðnum árstímum, en hollt getur talist. Í mörgum verstöðvum ríkir skortur á vinnuafli við fiskvinnslustörf, þannig að vinnuálagið á því fólki, sem við fiskvinnu starfar, keyrir úr hófi fram. Þarf þá að leggja nótt við dag til þess að bjarga verðmætum sjávarafla og er oft á tíðum unnið jafnt helga daga sem virka um langa hríð, einkum og sér í lagi á þetta sér stað í smærri kaupstöðum við sjávarsíðuna og sjávarþorpum. Kvartar verkafólkið á þessum stöðum undan hinu gífurlega vinnuálagi en gengst þó undir það af tveimur meginástæðum: í fyrsta lagi vegna þess að fiskvinnslustörfin eru meðal lægst launuðu starfa í þjóðfélaginu og verkafólkið í þeirri atvinnugrein þarf á öllu sínu að halda til þess að hafa í sig og á, og í öðru lagi vegna þess viðhorfs, sem er ríkjandi í verstöðvum landsins, að verðmætum sjávarafla verði að bjarga frá skemmdum svo að þjóðarbúið geti til fulls notið ávaxtanna af vinnslu auðlinda hafsins.

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því við forseta, að þetta mál yrði tekið fyrir að viðstöddum hæstv. fjmrh. Það kemur fram í ræðu minni síðar, hvers vegna ég vil að hæstv. ráðh. sé við.

Ég hef kynnst þessum málum, sem hér um ræðir, töluvert, bæði af eigin reynslu af störfum í fiskiðnaði, en eins og flestir skólapiltar úr sjávarplássum stundaði ég almenna verkamannavinnu og þá fyrst og fremst fiskvinnu í sumarleyfum mínum, bæði á Patreksfirði og Ísafirði, og einnig af síðari kynnum mínum af verkafólki í fiskiðnaði. Mikið vinnuálag á þessu fólki hefur verið landlægt um margra áratuga skeið, en sú breyting hefur orðið á síðari árum í þeim sjávarplássum, sem ég þekki best til, sjávarplássunum á Vestfjörðum, að í stað þess, að þetta mikla vinnuálag var áður tímabundið, bæði við vertíðirnar og eins milli landana, þannig að álagið var sveiflukennt, fólk fékk nokkurt hlé til hvíldar inn á milli, þá er ástandið nú svo að þetta mikla vinnuálag er nokkuð jafnt árið um kring. Ástæður þess eru ýmsar, t. d. aukin fjölbreytni í vinnslu sjávarafurða, eins og með rækjuvinnslunni, sem skapar mikla vinnu milli vertíða, og eins hitt, að hin mikla fjölgun togara, sem gerðir eru út á bolfiskveiðar allt árið um kring, hefur mjög aukið atvinnuna í landi.

Á ferðum mínum um Vestfjarðakjördæmi bæði í vor, sumar og í haust varð ég áþreifanlega var við þetta. Á svo til öllum stöðunum var verulegur skortur á vinnuafli í fiskvinnslunni með þeim afleiðingum að fólkið þurfti að leggja nótt við dag til þess að hafa undan og vinna um helgar ekkert síður en virka daga Fólkið var orðið dauðþreytt, bókstaflega útkeyrt, og enda þótt hin mikla atvinna skapaði því öryggi, sem það fagnaði og er nauðsynlegt, þá kvartaði það undan hinu óhóflega álagi. Bæði verkstjórar og verkafólk sögðu mér, að meginástæðan fyrir því, að fólkið fengist til þess að gangast undir þetta mikla álag, væri það viðhorf, sem ávallt hefur ríkt í sjávarplássum á Íslandi, að allt yrði að gera til þess að bjarga verðmætum sjávarafla frá skemmdum svo að þjóðarheildin gæti notið þess til fullnustu sem sjórinn legði henni til.

Þótt þjóðarbúinu sé mikill akkur í því að þetta verkafólk leggi á sig svo mikla vinnu til þess að færa henni björg í bú og standa undir lífsafkomu annarra atvinnustétta fer ekki hjá því að þetta mikla vinnuálag hefur óheillavænleg áhrif bæði á félagslíf og almennt menningarlíf úti á landsbyggðinni, en þó fyrst og fremst á heilsufar fólksins, sem undir það þarf að gangast.

Þegar svo mikið vinnuálag eins og hér um ræðir, er orðin regla, en ekki undantekning, fer ekki hjá því, að hætta er á varanlegu heilsutjóni af þess völdum. Þessu atriði þykir mér ekki nægilegur gaumur gefinn og væri jafnvel ástæða til þess að láta kanna það sérstaklega hvort þessi langvarandi þreyta verkafólksins við sjávarsíðuna væri ekki þegar farin að ógna heilsufari margra í þess hópi.

Flm. þessa frv. telja, að þjóðarbúið hafi ekki sem skyldi metið vinnuframlag þessa fólks og það óhóflega vinnuálag sem það leggur á sig í þágu heildarinnar. Bæði er, að störf þess eru illa launuð, og svo hitt að hið opinbera, ríki og bæjarfélög, hirða til sín í opinber gjöld bróðurpartinn af launum þess og þá fyrst og fremst af þeim viðbótarlaunum sem þetta fólk hlýtur fyrir hina óhóflegu aukavinnu. Kvartar fólkið réttilega undan því og þykir það lítil viðurkenning fyrir það viðhorf sitt að leggja á sig vinnu langt umfram það sem tíðkast hjá flestum öðrum atvinnustéttum til þess að bjarga verðmætum fyrir þjóðarbúið, að sú vinna verði til þess að lyfta því í hæstu skattstiga með þeim afleiðingum að önnur hver króna, sem það fær fyrir nætur- og helgidagavinnuna, gangi beinustu leiðina til þeirra opinberu aðila sem mestan hag hafa af því að þessi vinna sé af höndum leyst.

Við flm. þessa frv. teljum það bæði réttlátt og sanngjarnt að þessu sé breytt á þann veg að verkafólk í fiskiðnaði verði undanþegið tekjuskatti fyrir nætur- og helgidagavinnu. Vissulega er sú ábending réttmæt, að annað láglaunafólk, sem þarf að vinna slíka vinnu til þess að hafa í sig og á, ætti að njóta sömu réttinda, og ég er fylgjandi því að slíkt sé athugað mjög gaumgæfilega, m. a. vegna þess að slíkt mundi ekki hafa í för með sér verulega rýrnun á skatttekjum ríkissjóðs. En einhvers staðar verður að byrja og mér þykir rétt að byrjað sé eins og við flm. leggjum hér til á því að veita fiskverkunarfólki þessa undanþágu.

Ástæðurnar fyrir því, að mér þykir rétt að hefjast þar handa, eru einkum þrjár: Í fyrsta lagi sú, að störf fiskverkunarfólksins eru þjóðfélaginu ákaflega mikilvæg, þar eð hér er um að ræða störf við sjálfan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar sem stendur undir almennum lífskjörum hennar og þá bæði beint og óbeint undir lífsafkomu annarra atvinnustétta. Í öðru lagi sú sérstaða sem fiskverkunarfólkið nú hefur og felst í því að víðast hvar er yfirvinnuálagið á því til muna meira en á öðrum atvinnustéttum. Í þriðja lagi sú staðreynd að fiskiðnaðurinn stendur höllum fæti í samkeppni við aðrar atvinnugreinar um vinnuafl. Það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt að gera þessi störf eftirsóknarverðari en þau eru í dag og það mundi vera hægt að gera með samþykkt þessa frv.

Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að reyna að gera sér einhverja grein fyrir því, hvað þetta frv., ef að lögum yrði, kæmi til með að geta kostað ríkissjóð í tekjutapi. Eins og við segjum í grg. með frv., teljum við að þar sé ekki um verulega fjármuni að ræða. Tiltölulega auðvelt ætti að vera að sannreyna það af þeirri hv. n. sem málið fær væntanlega til meðferðar að lokinni þessari umr. Ég vil þó hér og nú nefna nokkur atriði sem ættu að geta varpað nokkru ljósi á þetta.

Flest verkafólk í fiskiðnaði þiggur laun í samræmi við fimmta taxta Dagsbrúnar. Eftir eins árs starf fær það fyrir unna dagvinnustund kr. 234.10, unna eftirvinnustund kr. 327.70 og unna nætur- eða helgidagavinnustund kr. 421.40. Fast vikukaup þess er kr. 9.364,00. Auk þess hafa víða verið gerðir sérstakir samningar um bónusvinnu og launauppbætur til þeirra sem vinna í tengslum við bónusvinnuna, og fær verkafólkið víða töluverðar bónustekjur til viðbótar við fasta kaupið. En þá er á það að líta, að til þess að svo geti orðið, þurfa afköst þess að fara yfir ákveðið

mark og með því eykst enn vinnuálagið á þessu fólki og er það þó meira en nóg fyrir. Ég hef engar tölur getað fundið um skiptingu vinnu fiskverkafólks í dagvinnu, eftirvinnu og nætur- og helgidagavinnu sem gefið gætu heildarmynd af ástandinu um land allt eða í einstökum landshlutum þar sem fiskverkunin er helsta atvinnugreinin, en það ástand er auðvitað mjög breytilegt eftir landshlutum. Þó hefur kauplagsnefnd gert eða látið gera úrtaksathugun á vinnutíma fiskverkafólks í Reykjavík einni. Tölurnar um vinnuskiptinguna fyrir 2. ársfjórðung 1974 voru þessar:

Unnir dagvinnutímar 38.9 á viku, unnir eftirvinnutímar 9.2 á viku og unnir næturvinnutímar 10 á viku. Fyrir þessa vinnu þiggur verkafólkið í vikulaun kr. 16.592.84, og er þá miðað við vikukaupsfólk. Þetta samsvarar því að nætur- og helgidagavinnan sé um það bil 25% af útborguðum vikulaunum verkafólksins.

Þessi niðurstaða, sem byggð er á úrtaksathugunum í Reykjavík einni, er áreiðanlega ekki rétt viðmiðun fyrir landið allt, þar eð víðast hvar, a. m. k. þar sem ég þekki til, er unnin töluvert meiri nætur- og helgidagavinna. Mætti segja mér að nætur- og helgidagavinnan gæti numið allt að 20 stundum á viku að jafnaði þar sem vinnuálagið er hvað mest eða allt að 40% af útborguðu vikukaupi, jafnvel meiru. Sé miðað við Reykjavíkurtölurnar gefa þær fiskverkafólki í hámarkstekjur 858 þús. á ári eða þar um bil og þar af nemur nætur- og helgidagavinna um 212 þús. kr. og tekjur fyrir dag- og eftirvinnu 646 þús. kr. Eru þá að sjálfsögðu ótaldar aðrar skattskyldar tekjur, svo sem yfirfærslutekjur, hugsanlegar tekjur af eigin húsaleigu o. s. frv.

Samkv. fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. er gert ráð fyrir um 45% hækkun á skattvísitölu við álagningu næsta ár, þannig að persónufrádráttur einstaklinga verði 424 850 kr., hjóna 648 925 kr. og hjóna með eitt barn 741 þús kr. Lætur því nærri, miðað við þær tekjutölur, sem ég nefndi hér áðan, svo og þær viðbótartekjur sem yfirfærslutekjur og tekjur af eigin húsaleigu, er við bætast til skatts, að það sé nætur- og helgidagavinna fiskverkunarfólksins, sem fyrst og fremst sé skattlögð af því opinbera, þ. e. a. s. að ríkið skattleggi fiskverkafólk fyrst og fremst fyrir tekjur þess vegna hins óhóflega vinnuálags, sem ég nefndi hér áðan og fólkið leggur á sig vegna þess að aðrar tekjur þess nægja því ekki til að hafa í sig og á og vegna þess að það vill forða verðmætum frá skemmdum svo að þjóðarbúið fái notið þeirra. Það er fyrir þetta starf, sem verkafólkið er fyrst og fremst skattlagt, fyrir nætur- og helgidagavinnuna, fyrir hið óhóflega vinnuálag. Því meira álag sem þessu fólki er gert að gangast undir, þeim mun meira tekur ríkið til sín.

Samkv. skýrslum um slysatryggðar vinnuvikur fyrir árið 1971 má gróflega áætla að um 90 þús. manns stundi störf á hinum almenna vinnumarkaði í landinu. Þar af er um 8.1% vinnuaflsins í fiskiðnaði eða gróflega reiknað um 7200 manns. Hvort í þessari tölu eru aðrir starfsmenn í fiskiðnaði en verkafólk er mér ekki kunnugt, en sé svo lækkar þessi tala að sjálfsögðu að sama skapi hvað áhrærir ákvæði frv. þessa sem stefnir að því að undanþiggja nætur- og helgidagavinnutekjur verkafólks í fiskiðnaði tekjuskatti. En hvað sem því líður, er þetta ekki stór hópur hlutfallslega af vinnuaflinu í landinu, eins og tölur þær, sem ég nefndi hér áðan, sýna greiðir þetta láglaunafólk enn minni hundraðshluta af tekjuskattstekjum ríkissjóðs en nemur hlutfallslegum fjölda þess. Það gefur því auga leið að þótt frv. þetta yrði að lögum mundi ríkissjóður sem áætlað er að hafi á næsta ári nokkuð á 8. þús. millj. kr. í tekjur af tekjuskatti einstaklinga, ekki missa verulegan spón úr sínum aski. Samþykkt frv. mundi hins vegar hafa þeim mun meiri áhrif á kjör láglaunafólksins í fiskiðnaðinum, því að það, sem lítill pokaskjatti í ríkissjóði rúmar, er mikið fé í augum láglaunamannsins.

Í sambandi við mál þetta vil ég sérstaklega geta þess að mælt hefur verið fyrir frv. hér á Alþ. á þskj. 79 um að undanþiggja tekjuskatti tekjur sjómanna af bolfiskveiðum á bátaflotanum. Við flm. þessa frv. teljum eðlilegt að slíkri breytingu, sem við erum meðmæltir, fylgi einnig sambærilegar ráðstafanir varðandi það verkafólk í sjávarútvegi sem stundar störf sín í landi. Því markmiði væri náð með samþykkt þessa frv., og ég hef þá trú að þeir, sem það frv. fluttu, muni skilja okkar sjónarmið og standa með okkur í því að fá það frv. fram sem hér hefur verið lagt fyrir.

En við eigum von á því að eiga fleiri hauka í horni, eiga fleiri góða menn að, þ. á m. sjálfan hæstv. fjmrh. Á 94. löggjafarþinginu flutti hann, þá óbreyttur þm., ásamt öðrum núv. hæstv. ráðh., Matthíasi Bjarnasyni, frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt. Það var sérstaklega tekið fram af flm., sem fluttu það mál fyrir hönd þingflokks Sjálfstfl., að hér væri það að gerast í fyrsta sinn í þingsögunni að þingflokkur í stjórnarandstöðu legði fram frv. um heildarbreytingu á tekjuskatti og eignarskatti. Vel og vendilega var að verki unnið, sögðu þeir hv. flm. Ábyrgt og sanngjarnt var það og auðframkvæmanlegt. En hvað fólst í þessu frv? Í 2. gr., 4. tölul., segir m. a. svo með leyfi forseta:

„Nýr liður bætist við 13. gr. l., er verði g-liður, svo hljóðandi:

Heimilt skal fjmrh. að veita þeim, er við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.“

Það er sérstaklega tekið fram í grg. með þessu frv. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þær till., sem hér liggja fyrir um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, eru fyllilega tímabærar. Jafnframt teljum við,“ — þ. e. a. s. flm., hæstv. núv. fjmrh. og hæstv. núv. sjútvrh., — „að þessar breytingar séu viðráðanlegar fyrir ríkissjóð, þar sem hann getur bætt sér upp tekjumissinn með breyttri efnahagsstefnu, sparnað á ríkisútgjöldum, hagræðingu í ríkisrekstrinum og ef nauðsyn krefur með breyttum fjáröflunarleiðum.“

Ekki er ég í vafa um það að þetta er rétt og satt mælt sem þessir ágætu þm., núv. hæstv. ráðh., sögðu og þeir hafa ætlað sér að standa við þetta mál og ætla að gera það einnig nú. Þess vegna þykist ég mega vænta stuðnings frá þessum

hæstv. ráðh. báðum og vitna þá í því sambandi sérstaklega til ummæla hæstv. núv. fjmrh. á Alþ., þar sem hann fylgdi þessu frv., sem ég gat áðan um, úr hlaði, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Þá er bætt nýjum stafl. í þessa grein, þar sem fjmrh. er veitt heimild til að veita sérstakan frádrátt þeim til handa sem við fiskvinnslu starfa. Því ber ekki að neita, að það gerist oft að vinnuaflsskortur sé í sambandi við fiskvinnslu, og er með þessari frvgr. gert ráð fyrir því að fjmrh. hafi heimild til þess að veita sérstakan frádrátt handa því fólki, sem við fiskvinnslu starfa til þess að hvetja fólk til að taka þátt í fiskvinnslustörfum."

Að vísu er það nú svo, að þó að við megum eiga von á því að njóta stuðnings tveggja hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj., þeirra ráðh. Matthíasar Á. Mathisen og Matthíasar Bjarnasonar, sem fluttu þetta frv. og svo fagurlega mæltu á þinginu hér í fyrra, þá er e. t. v. ekki sama að segja um hugarfar allra hæstv. ráðh., vegna þess að þáv. fjmrh. andmælti þessu frv. þeirra Matthíasanna ákaflega harkalega í umr. á Alþ. í fyrra. Orðin, sem hann hafði um það frv., voru: „Nei, nei, nei, þetta er ekki hægt, þetta er ekki framkvæmanlegt. Dettur raunverulega nokkrum hv. þm. í hug að þetta sé framkvæmanlegt?" sagði hæstv. fyrrv. fjmrh. Og þá er gripið fram í, væntanlega af 1. flm. frv., hæstv. núv. fjmrh., og sagt: „Það má setja reglugerð." Það er hægt að framkvæma þetta sem við leggjum hér til. — Síðan hélt hæstv. þáv. fjmrh. áfram og sagði: „Ég er undrandi á því, þegar slíkir menn eins og t. d. hv. 5. þm. Reykv., fyrrv. fjmrh., með jafnmikla reynslu sem fjmrh. og sem borgarstjóri í Reykjavík, skuli láta sér í alvöru detta þetta í hug. Og mér dettur ekki í hug að honum komi þetta til hugar í alvöru, því að það væri alveg óhugsandi. Ef við samþykktum þetta frv., þá dytti andlitið af Sjálfstfl. Slíkt slys hefðu þeir aldrei getað hugsað sér að lifa af."

Þetta sagði hæstv. fyrrv. fjmrh. um þá till. þeirra Matthíasanna tveggja, hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj., að veita fólki, sem við fiskvinnslu starfar, sérstakar undanþágur frá tekjuskatti.

Auðvitað á ég þess von að ásjóna Sjálfstfl. sé nú á þessum vetri sú sama og hún var á s. l. vetri og það sannist ekki á þá ágætu sjálfstæðismenn að þeir hafi tekið niður grímuna. Þess vegna vænti ég þess fastlega að frv. þetta hljóti góðar viðtökur á Alþ., bæði af óbreyttum þm. og þá ekki síður hæstv. fjmrh. sem raunverulega hefur flutt fyrir aðeins ári frv. um mál sem var í nákvæmlega sömu átt og þetta mál. Þá var hann spurður: „Er þetta hægt, Matthías?" Og hann svaraði: „Já, þetta er hægt, Halldór."

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það mátti vel heyra á ræðu hv. 8. landsk. þm. að það frv., sem hann flytur hér ásamt þremur öðrum þm., er ekki hugmynd sem hann átti sjálfur eða þeir sem frv. flytja. Hv. þm. gerði grein fyrir því í ræðu sinni, hvaðan hugmyndin væri komin, og vildi gjarnan eiga von á því að hugmyndasmiðirnir yrðu nú ekki síður liðtækir í stuðningi við hans frv. heldur en hvað þeir voru hugvitssamir sjálfir þegar þeir sömdu frv. sitt á síðasta þingi.

Nú langar mig aðeins til að benda þessum hv. þm. á að ég lét þess getið hér fyrir nokkrum dögum á Alþ., þegar til umr. var frv. til l. um breyt. á sömu l. á þskj. 79, en flm. þess frv. eru hv. 3. þm. Sunnl. og hv. 8. þm. Reykv. og fjallar það um frádrátt til handa sjómönnum, að það hefði verið rætt um með hvaða hætti hægt væri að koma til móts við útveginn og við fiskvinnsluna til þess að fá fólk til vinnu og tryggja þannig að sá sjávarafli, sem á land kemur, fái vinnslu á sem allra skemmstum tíma frá því að hann kom á land, til þess að sem minnstur skaði yrði að og varan sem allra best til neyslu, hvort heldur er innanlands eða til útflutnings. Ég vakti athygli á því — það var enginn vísdómur eða nein uppfinning að málið væri töluvert vandasamt, af því að ég gerði mér einmitt grein fyrir því, sem hér var vikið að af hv. 8. landsk., að það væri ekki aðeins um að ræða þá sem öfluðu fisks, heldur væri um að ræða vandamál hjá þeim aðilum sem yrðu að vinna úr aflanum þegar á land væri komið.

Nú hafa þessir hv. 4 þm., sem ég vék hér að áðan, tekið upp þann hluta þessa vandamáls sem er nokkuð í samræmi við þá till. sem við hæstv. núv. sjútvrh. fluttum á síðasta þingi. En enn kemur í ljós hjá þessum þm. eins og þeim, sem fluttu frv. varðandi tekjur sjómanna af bolfiskveiðum á bátaflotanum, að málið er töluvert vandasamara en þeir gera sér grein fyrir. Og úr því að þeir voru á annað borð að taka upp þessa annars ágætu hugmynd, þá hefði ég í þeirra sporum tekið hana upp orðrétt, því að í till. frá því í fyrra, á þskj. 171, mál 132, stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt skal fjmrh. að veita þeim, er við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt skv. nánari ákvæðum í reglugerð."

Þetta er sérstaklega orðað svona þar sem okkur var ljóst að það væri ekki aðeins verkafólkið sem vinnur við fiskvinnsluna, þar væru ýmsir aðilar sem til greina koma. Við skulum taka dæmi: Ef skip kemur að landi og ekki fást bifreiðastjórar til þess að aka fiskaflanum til fiskvinnslustöðvanna vegna þess að þeir fá ekki frádregið til skatts eins og þeir sem inni í frystihúsunum vinna, þá er til lítils að veita aðeins verkafólkinu frádrátt. Þess vegna er þessi till. okkar orðuð með þessum hætti: að veita fjmrh. heimild til þess að setja um þetta reglugerð, af því að okkur var fyllilega ljóst, að hér er um mjög vandasamt mál að ræða sem þarfnast sérstakrar skoðunar, og líka hitt, að vel má vera að slíkar undanþágur séu réttlætanlegar á ákveðnum tímum, þó að þeir tímar geti komið sem ástæðulaust er að veita slíkan frádrátt. Ég er nákvæmlega sama sinnis í dag. Þetta verður að skoða út frá þessum tveim sjónarmiðum: annars vegar á hvaða tímum á að gera slíkt, og þá verður að gera það með þeim hætti að ekki slái saman tveimur hópum manna sem vinna að sjávaraflanum og gæti haft þær afleiðingar að það næði ekki tilgangi sínum, það sem fram kemur í frv. þessara hv. 4 þm.

Ég vil svo gjarnan vekja athygli á því, að ég gat um það í minni fjárlagaræðu að gert væri ráð fyrir 500 millj. kr. lækkun á tekjum reiknuðum af tekjuskatti vegna breytinga á skattalögunum. Ég gerði grein fyrir því að sú n., sem hafði það hlutverk á vegum fyrri stjórnar að gera athugun og úttekt á skattamálum, hefði verið leyst frá störfum, hennar störfum hafi verið lokið, og unnið yrði áfram að till. um breyt. á skattal., þar sem m. a. gert yrði ráð fyrir að þessar 500 millj. kr. kæmu til með að verða til sérstakrar athugunar, þ. e. a. s. með hvaða hætti tekjuskattur yrði lækkaður.

Ég gat þess í ræðu minni þegar frv. á þskj. 79 var hér til meðferðar að mér fyndist sjálfsagt að þær till. yrðu skoðaðar sem þar komu fram, og gildir nákvæmlega sama um það frv. sem hér er til meðferðar. Og ég get glatt þennan hv. þm. og hans meðflm. með því, — ég veit þeir hafa ánægju af því, — að ég hef ekki gleymt þeim till. sem ég flutti hér á Alþ. fyrir ári síðan í sambandi við skattalögin. Hitt væri með öllu óeðlilegt að þm., sem gerðist flmrh. færi að taka upp sínar eigin till. og flytja þær sem þm. Hann verður að sjálfsögðu að skoða þá löggjöf sem hér er til umr. og sjá með hvaða hætti honum getur tekist innan ríkisstj. að koma fram þeim breytingum sem hann áður hefur haft áhuga á að næðu fram að ganga.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil enn vekja athygli á því að á s. l. ári, þegar það frv. til l., sem hæstv. ráðh. núv. mæltu fyrir, þeir Matthíasarnir tveir, var lagt fram, þá var sérstaklega tekið fram að frv. væri mjög vel og vendilega unnið, það væri auðframkvæmanlegt, það hefði farið fram yfirgripsmikil rannsókn og útreikningur á ákvæðum þess, og segir í grg. með þessu frv. að þær till., sem hér liggi fyrir, séu fyllilega tímabærar. Hafi þær verið fyllilega tímabærar fyrir einu ári, hvaða ástæða er þá til þess nú að þurfi að taka sér góðan tíma til að skoða þær í sambandi við endurskoðun skattalaga? Ef þær voru tímabærar í fyrra, er þá ekki enn þá tímabærara að taka þær til endanlegrar afgreiðslu nú?

Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það er sama hugmyndin, sem felst í frv. þm. Sjálfstfl. frá í fyrra um heimild til fjmrh. að veita þeim sem við fiskvinnslu starfa, sérstakan frádrátt, og í frv. okkar nú. Munurinn er sá, að í frvgr. frá því í fyrra er ekki kveðið á um hvernig þetta skuli framkvæmt, í frv. okkar nú er það sagt.

Hæstv. fjmrh. segir um þetta mál að þar sé töluverður vandi á höndum. Þetta hefur heyrst áður. Þetta sagði nefnilega hæstv. fyrrv. fjmrh. við hæstv. núv. fjmrh. í svarræðu sinni í fyrra. Og það er mjög athyglisvert og virðist bera vott um að hæstv. núv. fjmrh. hefur numið vel sín fræði af hæstv. fyrrv. fjmrh. að hann tekur nákvæmlega sama dæmið um vandkvæðin á framkvæmd þessa frv., sem við leggjum fram núna, og hæstv. fjmrh. tók fram í ræðu sinni í fyrra, þ. e. a. s. um bílstjórana. Hæstv. fjmrh. sagði í fyrra með leyfi forseta að svo hefðu þeir — þ. e. a. s. hæstv. ráðh. sem þarna sitja nú — átt að labba út á götuna, þar sem maður var að vinna við gatnagerð, og segja: „Nei, nei, nei, þú vinnur við gatnagerð góði, og þú skalt ekki fá neinn sérfrádrátt. Svo eru bílstjórarnir, sem keyra fiskinn, og alls konar fólk, sem kemur að þessu óbeint: Nei, nei, nei, þið fáið ekki neitt, ég ákvað að þeir þarna inni í salnum skyldu fá þetta. Dettur raunverulega nokkrum hv. þm. í hug að þetta sé framkvæmanlegt af fjmrh.?“ — Og þá grípur einhver fram í, væntanlega núv. hæstv. fjmrh. og segir: „Það má gera þetta, það má setja reglugerð um þetta. Þetta er hægt.“ — Svo kemur hann nú einu ári síðar og ber fyrir sig nákvæmlega sömu röksemdir og hann mótmælti hjá hæstv. fyrrv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir áþekku máli.

Það er oft gott að eiga sér varalið. Ég á mér einn mann, einn hauk í horni enn, sem ég ætla nú að kalla fram á vettvanginn til þess að svara hæstv. fjmrh. nú eins og hann svaraði hæstv. fjmrh. í fyrra, þegar hæstv. fjmrh. í fyrra bar fyrir sig að það væri ekki hægt að framkvæma þetta nema eftir gaumgæfilega athugun því að það væri svo mikið vandaverk. Það vill svo vel til að þessi varaliðsmaður minn í þessu máli er þriðji ráðh., hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen. Hann svaraði í þingræðu á fundi í Nd. í fyrra f. h. hæstv. núv. fjmrh. gagnrýni þeirri sem hæstv. þáverandi fjmrh. hafði beint að honum fyrir þetta ákvæði. Í svari sínu við því, hvort hér sé um vandasamt mál að ræða, segir hæstv. núv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen:

„Hér er um reginmisskilning að ræða ... Nú er það þannig að í l. eru margs konar frádrættir heimilir, þeim hefur lengi verið beitt í skattal., t. d. sérstakur sjómannafrádráttur, frádráttur vegna hlífðarfata, frádráttur vegna fæðis, það hefur verið námsfrádráttur og frádráttur af alls konar félagslegum ástæðum, og hefur ekki, að ég ætla, komið svo mjög að sök að slík ákvæði væru í lögum. En þetta sérstaka ákvæði fordæmir hæstv. ráðh. svo að hann lýsir yfir sérstakri undrun á því að slíkir menn sem hv. 5. þm. Reykv.“ — þ. e. a. s. Gunnar sjálfur — „skuli bera fram slíka fásinnu.“

Ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — enn að vitna í minn ágæta varaliðsmann, núv. hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen, þegar hann svaraði hæstv. fjmrh. í fyrra og nota hans svar til að svara hæstv. fjmrh. nú. Hann segir svo, þáv. hv. þm. Gunnar Thoroddsen: „Í ályktun um skattamál frá kjaramálaráðstefnu ASÍ 12. okt. 1973 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Verkalýðsfélögin ítreka þá kröfu að nauðsynlegt sé að persónufrádráttur til skatts fyrir einstakling verði ekki lægri en 300 þús. kr.“ Síðan segir að auk þess fái verkafólk, er vinnur við fiskvinnslu, sérstakan skattfrádrátt ... Það, sem gert er í frv. okkar sjálfstæðismanna er því að við höfum tekið upp þessa einróma kröfu verkalýðssamtakanna á Íslandi um að verkafólk, sem vinnur við fiskvinnslu, fái sérstakan skattfrádrátt. Það er fróðlegt fyrir þá, sem að þessari kröfu hafa staðið, að heyra undirtektir hæstv. ríkisstj. um þetta mál.“

Og hæstv. ráðh. heldur áfram og segir:

„Það var vitanlegt að það skapar vissa erfiðleika að hafa undanþágur í skattalögum. En hjá

því verður ekki komist ef menn vilja taka tillit til félagslegra ástæðna, til þeirra ástæðna að menn eru misjafnlega settir. Sumir þurfa á sérstökum skattfríðindum að halda vegna veikinda, vegna aldurs og vegna slysa, vegna náms eða af öðrum ástæðum. Þróunin í skattamálum hefur verið sú hjá okkur íslendingum að við höfum viðurkennt þessi félagslegu, þessi líknartillit meira og meira í okkar skattalögum. Og hvort sem okkur þykir ljúft eða leitt verður að horfast í augu við það að hér er í flestum tilvikum um mikið sanngirnismál að ræða."

Nú vænti ég þess að sjálfsögðu að þessi ágæti núv. hæstv. ráðh., sem svo rösklega svaraði fyrir þá þm. Sjálfstfl. í fyrra, þegar þáv. fjmrh. fann ýmis vandkvæði á því að framkvæma hugmynd þeirra um að veita fólki við fiskvinnslustörf sérstakar undanþágur frá tekjuskatti, að hann komi nú að máli við núv. hæstv. fjmrh., lesi honum pistilinn síðan í fyrra, minni hann á að hann hafi verið fyrsti flm. í fyrra að frv., sem gekk í svipaða átt og þótti þá fyllilega tímabært og auðframkvæmanlegt, og kenni honum upp aftur það sem virðist vera að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi frá honum tekið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég nenni ekki að vera að leita í umr. frá fyrri tíma til þess að kynna mér það, sem núv. hæstv. ráðh. hafa áður sagt sem óbreyttir þm., eins og sagt er, í stjórnarandstöðu. Það á ekki við bara um þetta mál, því að það er engu líkara, ef litið er yfir þessa hluti, heldur en það hafi átt sér stað alger heilaþvottur að því er varðar skoðanir frá því að vera stjórnarandstæðingar og til þess að vera stjórnarliðar, ég tala nú ekki um hæstv. ráðh. Þar væri hægt að draga fram mörg dæmi þess að menn segja sitt hvað í stjórnaraðstöðu og stjórnarandstöðu, og það á svo sannarlega við núv. hæstv. ráðh. í ríkisstj. En ég ætla ekki frekar að fara út í það.

Ég vakti máls á því hér fyrir nokkru þegar til umr. var frv. til l. um breyt. á tekjuskattslögunum, sem var þess efnis að auka skattfrádrátt til handa sjómönnum, þá vakti ég athygli á því að mér fyndist að ef ætti að taka upp aukinn skattfrádrátt til handa sjómönnum, þá teldi ég að það mætti ekki gerast án þess að það yrði skoðað líka í samhengi að því er varðaði það fólk sem tekur við fiskinum til vinnslu í frystihúsunum. Ég tel nefnilega að það hafi sýnt sig að svo slæmt sem hefur verið að manna bátaflotann til róðra, þá hefur líka og ekki síður verið ýmsum örðugleikum háð að manna frystihúsin til vinnslunnar. Ég held að það verði því, hvort sem mönnum þykir það ljúft eða leitt, að skoða þessa hluti í samhengi. Ég get tekið undir það hjá hæstv. núv. fjmrh., auðvitað eru ýmsir annmarkar á því að gera þessa hluti. En ég sé ekki annað en það séu nákvæmlega sömu annmarkarnir í þessum efnum, hvort sem hæstv. fjmrh. núv., fyrrv. eða hverjum sem væri yrði fengin slík heimild í reglugerð, heldur en að setja slíkt ákvæði beint inn í löggjöf. Ég held að það hljóti að vera að þarna sé um sömu annmarkana að ræða, hvort sem það á að vera í reglugerðarformi eða á að koma inn í lagafrv., þannig að það er ekkert atriði sem ég lít sérstaklega á. Ég viðurkenni hins vegar, að hér er ýmis vandamál við að glíma sem erfitt er að draga hreinar línur um. Þó held ég að flestir, sem hafa kynnt sér þessi mál, — ég tala nú ekki um þá sem hafa kynnst þeim í reynd, — hljóti að vera sammála um að sjómenn og það fólk sem vinnur í frystihúsunum að vinnslu aflans hljóti að vera númer eitt að því er þessa hluti varðar. — Það má vel vera að menn geti tínt til bifreiðastjóra sem aka fiski frá bátshlið til frystihúss. Menn geta líka tínt til vélgæslumenn í frystihúsum og annað slíkt. Þetta er auðvitað allt hægt að tína til. En það, sem er númer eitt að mínu áliti, eru sjómennirnir og það fólk sem vinnur við aflann í landi. Og hér held ég að sé hægt að draga nokkuð hreina línu, þó að, eins og ég sagði áðan, geti verið einhverjir annmarkar þar á. En þeir eru hinir sömu hvort sem það á að gerast í reglugerð settri af einum ráðh. eða setja það inn í löggjöf.

Það voru ekki eingöngu þeir núv. hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. sem töluðu hér langt mál í stjórnarandstöðu á undanförnum þingum um sérstaka nauðsyn þess að létta þá gífurlegu skattbyrði, sem eins og þeir orðuðu það og færðust fullt í fang, þá gífurlegu skattbyrði, skattpíningu, sem þessir aðilar, þ. e. a. s. sjómenn í þessu tilfelli, verkafólk í landi hefðu orðið fyrir í tíð fyrrv. ríkisstj. Hafa ýmsir fleiri af þm. Sjálfstfl. komið hér upp í ræðustól á Alþ. og fjargviðrast yfir þessari skattpíningu af hálfu fyrrv. ríkisstj. og mætti eyða löngu máli í að tína þessar ræður til og gera grein fyrir þeim hér á Alþ. En ég ætla ekki að fara út í það að þessu sinni a. m. k. Það má vel vera að það gefist til þess tækifæri við frekari umr., ef af þeim skoðanaskiptum verður sem mér virðist hæstv. fjmrh. ætli sér að taka frá því að hann var hér fyrir rúmu ári að tala um þessa hluti, — ef það á í reynd að verða svo í framkvæmd að hann ætli ekki að taka tillit til þeirra hugsjóna, sem ég ætla að hafi verið hjá honum þegar hann var flm. að þessu frv. á s. l. þingi, — ef hann ætlar nú að snúast gegn sams konar breyt. að því er varðar skattalöggjöfina og hann var sjálfur að tala um. Allt þetta kemur í ljós og það skal a. m. k. af minni hálfu bíða betri tíma að tala um það mál, ef sú verður reyndin á að honum hefur snúist svo gersamlega hugur eins og mér fannst einhvern veginn að fram kæmi í hans ræðu hér áðan.

Hann lauk máli sínu á því að segja að hann hefði svo sannarlega ekki gleymt till., sem hann hefur flutt í þessum efnum. Ég er alveg með á að hann muni þær, en aðalspurningin er þessi: Ætlar hann að standa að því að þær nái fram að ganga þegar hann hefur til þess aðstöðu eins og nú er? — Það er aðalspurningin.

Ég skal ekki eyða frekari orðum að þessu, en ég taldi rétt við umr. um frv., að því er varðaði sjómenn og skattfrádrátt þeirra, að gera þá grein fyrir skoðun minni að því er varðaði fiskvinnslufólkið og ég ítreka það. Þess vegna er ég meðflm. að því frv., sem hér er til umr., að ég er þeirrar skoðunar að það verði líka að taka tillit til þessa fólks í þeirri stöðu sem þessi atvinnuvegur er nú í, vegna þess að það er a. m. k. í mörgum tilfellum mjög miklum erfiðleikum háð að fá fólk til að vinna að þessari frumframleiðslu.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Mér þótti leiðinlegt, þegar hv. 5. þm. Vestf. lýsti því yfir hér að hann nennti ekki lengur að lesa upp úr ræðum ráðh. frá því að þeir voru í stjórnarandstöðu. Hann gerði þetta hér, eins og þm. muna, um alllangan tíma og við, sem vorum ræðumennirnir í þessum tilfellum, lögðum á það megináherslu að hann héldi þessu áfram, því að hann gæti að sjálfsögðu ekki flutt betra mál á Alþ. en að lesa upp úr okkar ræðum. Við hljótum því að sjálfsögðu að hryggjast yfir því þegar hann kemur svo hér fyrir Alþ. til að lýsa því yfir sérstaklega að hann sé hættur að lesa upp úr ræðunum. En hann um það.

Ég varð satt að segja ákaflega undrandi á ræðu hv. 8. landsk. þm., síðari ræðu hans hér áðan. En ég hef skýringar á því hvernig stendur á henni. Hann hafði talið sér trú um það að þegar hann væri búinn að halda hér sína fyrri ræðu, þá mundi núv. fjmrh. standa upp og segja um það mál sem hann flutti hér og hans frv., að það væri gjörsamlega ómögulegt og það væri ekki hægt að athuga það og þetta gengi alls ekki. Síðan kemur hann svo með sína síðari ræðu í takt við þessa hugsun og segir að núv. fjmrh. hafi komið hér upp í ræðustólinn, sagt allt annað núna en hann sagði í fyrra, og vekur athygli á því að hér sé um algerlega breytta skoðun hans að ræða.

Ég vakti athygli hv. þm. á því, að hann væri að flytja mál sem hefði komið hér fram á þingi flutt af tveimur núv. ráðh. og hefði inni að halda viðtækari heimildir í sambandi við sérstakan frádrátt heldur en að hann í sinni till. vildi lögfesta. Ég vakti athygli hans á því, að till. í frv. frá því í fyrra var grandskoðuð einmitt vegna þess hversu margslungin skattamálin eru og til þess að fyrirbyggja að þar gæti rekið sig eitt á annars horn. Og það staðfesti einmitt hv. 5. þm. Vestf. Hann kom hér upp og sagði, að aths. hans við frv. þeirra hv. þm. Guðlaugs Gíslasonar og Péturs Sigurðssonar hefðu verið þess eðlis að sér hefði fundist eðlilegt að flytja þetta frv. Það, sem hér er um að ræða, er sérstakur frádráttur til handa þeim sem að fisköflun og fiskvinnslu vinna. En ég taldi að það væri eðlilegra að um þetta yrði sett sérstök reglugerð og þeir aðilar, sem gerst þekkja skattamálin, þau flóknu mál, semdu slíka reglugerð fyrir fjmrh. Og ég benti á ákveðið dæmi í ræðu minni áðan. Hv. 8. landsk. þm. las þá upp úr ræðu hæstv. fjmrh. og sagði merkilegt að báðir skyldu hafa komið með sama dæmið. Það, sem fyrir mér vakti, var að benda þessum hv. þm. á að það eru fleiri sem koma að fiskvinnslunni heldur en sá sem handfjatlar fiskinn við fiskvinnsluna, m. a. sá sem flytur aflann frá skipshlið að fiskvinnslustöðvunum. Vandamál þessara aðila þarf að sjálfsögðu að skoða líka.

Ég vék að því atriði í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga, þar sem beinlínis er gert ráð fyrir stórum fjárupphæðum til þess að gera breytingar á skattalögunum. Ég sagði að í sambandi við þær brtt., sem unnið verður að, muni að sjálfsögðu þær hugmyndir, sem fram komu í frv. mínu og hæstv. sjútvrh. á síðasta þingi, fá þá skoðun sem þær eiga að sjálfsögðu skilið sem mjög góðar hugmyndir í þessum málum. En þrátt fyrir allt þetta kemur þessi hv. þm. hér upp og talar þannig að hæstv. fjmrh. hafi komið hér nú upp og lýst sig andvígan þessu öllu saman, það sé allt annar hugur hjá honum í þessu máli nú en fyrir ári. Þetta getur að sjálfsögðu ekki átt neinar aðrar skýringar en þær að hv. þm. var búinn að semja ræðuna sína heima, miðað við að núv. fjmrh. kæmi upp í ræðustólinn og afneitaði sínum fyrri skoðunum og sínum fyrri till. En það gerðist alls ekki og þess vegna kom þessi ræða hv. þm. þvert á þær umr. sem höfðu farið fram á undan.

Að breyt. á skattalögum hefðu átt að vera til umr. á þingi þá daga sem fjárlögin eru hér til meðferðar, því get ég ekki beinlínis áttað mig á. Í öðru lagi er sá tími, sem slíkar till. eru til umr. á Alþ., undir flestum kringumstæðum þegar komið er fram yfir áramótin og áður en skattlagning á sér stað á næsta ári. Það verður að sjálfsögðu unnið að þessu máli með nákvæmlega sama hætti, og ég, eins og ég sagði áðan, get fullvissað flm. þessa frv. um að sú till., sem að mínum dómi er skynsamlegri í þessum málum heldur en sú sem þeir hér flytja, hún verður að sjálfsögðu skoðuð eins og aðrar ágætar till. í sambandi við skattamálin.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Það er stundum gaman að hlusta á umr. hér fyrir nýja menn, eins og ég sagði um daginn. En það er sérstaklega skemmtilegt að hlusta á það þegar þm. koma hér og tala um mál eins og þeir hafi uppgötvað þau, en það fannst mér á hv. 8. landsk. þm., Sighvati Björgvinssyni. Það er nú þannig með þetta mál sem hér liggur fyrir í formi frv. til laga, að fiskiðnaður í landinu hefur haft mikinn áhuga á þessu máli í áratugi og að sjálfsögðu verkalýðshreyfingin. En það er alveg rétt, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., að það eru fleiri en hann sem hafa sagt að það muni reynast töluvert erfitt að framkvæma það, sem hér um ræðir, og hann er ekki einn um þá skoðun.

Það var minnst áðan á, að þetta mál hefði verið til meðferðar á kjaramálaráðstefnu Alþýðusambands Íslands s. l. haust, og vitnað í ræðu núv. iðnrh., þar sem hann vísar í samþykkt þessarar ráðstefnu um sérstakan skattfrádrátt vegna eftir- og næturvinnu verkafólks í fiskiðnaði. Það vill svo til að á þessari kjaramálaráðstefnu, þar sem þetta mál var til meðferðar, voru mjög skiptar skoðanir um hvort Alþýðusambandið ætti að taka þetta upp sem baráttumál, og það furðulega skeði að margir af forustumönnum Verkamannasambandsins voru andvígir því að þessi stefna yrði upp tekin. Það gekk svo langt að andstaða við það náði jafnvel inn í raðir Alþfl.-manna, að sú stefnumörkun yrði ákveðin á kjaramálaráðstefnunni. Þetta segi ég nú til þess að upplýsa hv. 8. landsk. þm., svo að hann viti betur hver staða hans kann að vera innan Alþfl. í þessu máli. Hins vegar kom fram mjög ákveðin skoðun hjá þeim meiri hl., sem myndaðist á þessari kjaramálaráðstefnu, að það ætti að berjast fyrir því að fá umræddan frádrátt á eftir- og næturvinnutekjum verkafólks í fiskiðnaði. Og það var á grundvelli þessarar samþykktar sem

náðist fram með naumum meiri hl. á kjaramálaráðstefnunni haustið 1973, sem þetta mál var tekið upp hér á Alþ. af þeim sjálfstæðisþm. sem vitnað var til áðan. Ég segi það fyrir mitt leyti, að ég kann þeim þakkir fyrir hversu vel þeir tóku á málinu og hafa tekið það upp greinilega með þeim hætti að menn gera sér nú vonir um að eitthvað geti orðið af þessu óskamáli verkafólks í fiskiðnaði í nánustu framtíð. Ég hef verið eindreginn stuðningsmaður þessa, ekki af pólitískum ástæðum, heldur vegna þess að ég tel þetta mikið nauðsynjamál fyrir stöðu þess iðnaðar sem hér um ræðir, fiskiðnaðarins í landinu.

Það er rétt, sem segir í grg. með frv. því sem hér er til umr., að það fólk, sem vinnur í fiskiðnaði, vinnur við óhóflegt vinnuálag og störf þessa fólks hafa verið og eru enn illa launuð. Enda er svo komið að það eru helst gamalmenni og ungmenni sem fást til þess að vinna í fiskiðnaði landsmanna. Þess vegna er það ekkert álitamál að það verður að fara inn á þær brautir að það fólk, sem vinnur þessi störf, beri hlutfallslega meira úr býtum en það gerir í dag, miðað við aðrar stéttir. En það er ekki þar með sagt að sú leið þurfi endilega að vera sú eina, þó að ég sé fylgjandi því sem hér um ræðir, að skapa frádráttarheimildir vegna eftir- og næturvinnu. Ég tel eðlilegri leið og heilbrigðari að það fólk, sem vinnur í fiskiðnaði landsmanna, fái sambærilegan frádrátt gagnvart skatti og t. d. sjómenn hafa í dag. Það er mun heilbrigðara að gera ráð fyrir því að það sé líka um að ræða heildartekjur manna vegna dagvinnu ekki síður en eftir- og næturvinnu. Ég er einnig þeirrar skoðunar að það beri að draga línuna þannig í sambandi við slíkan frádrátt gagnvart fólki sem vinnur í fiskiðnaði, að það sé um að ræða fyrst og fremst það fólk sem fellur undir taxta hinna almennu verkamannafélaga. Þótt aðrar stéttir hafi nú verið dregnar inn í umr., er það svo að vosbúðin er mest við sjálfa vinnsluna, við móttöku fisks í vinnslusal og í tækjaklefum sérstaklega í frystihúsunum. Þess vegna held ég að það sé eðlilegra að Alþ. fjalli um þetta mál á sama og hliðstæðum grundvelli og á sér stað núna í sambandi við skattfrádrátt fyrir sjómenn. Hins vegar get ég tekið undir það hjá fjmrh., að eins og mál standa í dag, þá er alveg eins hægt að framkvæma það sem það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir, í gegnum reglugerð eins og með sérstökum lögum. En ég vil undirstrika það að ég er fylgjandi því að fólk í fiskiðnaði fái umræddan skattfrádrátt. En ég vil ganga lengra. Ég vil að þetta fólk hafi sambærileg kjör gagnvart skatti eins og sjómenn hafa í dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Siglingalög, frv. (þskj. 118). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur Sigurðsson): Herra forseti. Það frv. til l., sem ég er flm. hér að, fjallar um tryggingar sjómanna og er um breytingar á siglingalögum. Ég vil í upphafi máls míns lofa þeim þm., sem enn þá sitja hér á deildarfundi, að ég skal ekki hafa mörg orð um þetta, frv. skýrir sig mest sjálft. En ég vil í upphafi máls míns fagna þeim áhuga sem komið hefur fram hér í Nd. og reyndar í báðum deildum í haust á málefnum sjómanna, og er þá sérstaklega til að nefna þáltill. um öryggismál sjómanna og frv. um Sjóvinnuskóla Íslands sem kynnt var hér í dag, og bendir það til þess að nú ríki almennt á þingi mikill áhugi á sjómennsku, þ. e. a. s. málefnum þeirra manna sem sjómennsku stunda og eru okkur svo nauðsynlegir í þeim undirstöðuatvinnuvegi sem íslenska þjóðin byggir á.

Þær meginbreytingar, sem ég legg til að verði gerðar á lögum nr. 108 frá 31. des. 1972, um breyt. á siglingalögum, nr. 66/1963, eru þær, að í bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 108 um dánarbætur sjómanna séu þær 1 millj. kr. við dauða, er greiðist nánustu vandamönnum og aðstandendum hins látna. Ég er í því frv., sem ég flyt hér, með hækkun í 2 millj., þ. e. a. s. um helming. Í öðru lagi er ég hér með breytingar á bótum, þ. e. a. s. örorkubótum, úr 3 millj. í 6 millj. Þessar tölur eru helmingshækkun frá því sem var í lögunum frá 31. des. 1972.

Það er ljóst og á að vera ljóst öllum mönnum, ekki bara þm., heldur öllum, hvað það er mikil nauðsyn á því að tryggingar sjómanna séu í sem bestu horfi og að þeir, sem stunda störf sín á hafinu, séu vel tryggðir og þurfi ekki að óttast um afkomu sína verði þeir fyrir slysi eða ættingjar eða fjölskyldur þeirra þurfi að bíða verulegt tjón að því fjárhagslega ef þeir verða fyrir slysum á sjónum. Það er því miður staðreynd að tugir sjómanna farast hér við land árlega, og hefur það verið þannig á undanförnum árum að bætur fyrir þá sjómenn, sem farist hafa í hafi, hafa verið skammarlega litlar og ástæða til þess að menn íhugi það nánar að við slík störf sem sjómennskan er verða menn að vera vel tryggðir.

Það er þannig í lögunum frá 1972 að þar er talað, eins og ég sagði áðan, um ákveðnar millj. í bætur fyrir örorku. En þegar slíkir tímar eru eins og verið hafa tvö s. l. ár, þar sem verið hefur óðaverðbólga, þá hafa þessar upphæðir rýrnað mikið og koma því að mjög takmörkuðu gagni þeim sem þær eiga að fá, hvort sem menn hafa orðið fyrir slysi eða ættingjar fá dánarbætur. Þess vegna er það nú megintilgangur minn með flutningi þessa frv. og þeim lið þess, sem fjallar um vísitölubindingu þessara upphæða sem ég gat um áðan, að framvegis þurfi ekki að bíða eftir lagabreyt. á Alþ. til þess að menn fái eðlilegar tryggingabætur, heldur sé það reiknað út árlega af Hagstofu Íslands 1. des. hvert ár — hversu háar bæturnar eru, miðað við byggingarvísitölu þess árs sem er að líða. En þannig er með þessar tryggingar að þær eru teknar hjá hinum almennu tryggingafélögum á frjálsum markaði, og þess vegna er nauðsynlegt, fyrir hin almennu tryggingafélög að vita af því með nokkrum fyrirvara hvernig áætla á iðgjöld fyrir næsta ár með tilliti til þeirrar hækkunar sem orðið hefur á viðkomandi tryggingabótum samkv. vísitöluútreikningi 1. des. þess árs sem út er reiknað.

Margir sjómenn hafa tjáð mér að þeir fari alls ekki á sjó nema kaupa sér sjálfir tryggingar fyrir slysum, vegna þess hvað slysabætur í dag eru lágar, og telja það skyldu sína gagnvart fjöl-

skyldum sínum að vera vel tryggðir. En því miður er það nú þannig að allflestir gera það ekki, og því er nauðsynlegt að það sé tryggt með lagasetningu að svo sé. Eins og öllum er kunnugt hefur það verið gert að ákveðnu marki, en dánarbætur og örorkubætur hafa verið bundnar við ákveðna upphæð í lögum. En ég legg til í þessu frv., eins og ég hef getið að framan, að í næstu framtíð verði þetta reiknað út frá vísitölu þannig að þeir geti verið öruggir um að dánarbætur þeirra séu metnar með tilliti til þeirrar verðbólgu sem yfir gengur á hverju ári.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri um þetta frv. Eins og ég sagði í upphafi, skýrir það sig að mestu leyti sjálft og er sanngirnisfrv., sem ég vona að Alþ. hraði eftir því sem frekast er unnt og að það verði að lögum sem fyrst eftir næstu áramót. En ég vil að lokum mælast til þess að þessu frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og síðan til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 23. fundur.

Laugardaginn 14. des., kl. 3.30 síðdegis.

Breyting fjárlagaárs, þáltill. (þskj. 128). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það voru nokkur orð sem ég vildi segja hér utan dagskrár í tilefni af þeim orðaskiptum sem áttu sér stað á síðasta fundi í Sþ. á milli mín og hæstv. forseta. Ég mótmælti þá, að upp væri tekinn sá háttur að takmarka ræðutíma þm. þannig í sambandi við umr. utan dagskrár að þm. væri skorinn tími niður í 2 mínútur, og ég hafði orð um það að ég teldi að þetta hefði aldrei verið gert fyrr. Síðar í þessum umr. sagði ég, að það mætti kannske vera að það fyndust einhver dæmi um það, að slíkt hefði verið gert, en ég minntist þess ekki, en hitt mundi ég mætavel, að umr. hefðu allajafna verið á annan veg.

Í sambandi við þetta sagði hæstv. forseti, að hann hefði dæmi um að það hefði verið farið svipað að. Ég tók eftir því að hann sagði ekki „eins“, heldur hefði verið hafður svipaður háttur á með ræðutíma, og tilnefndi þar þrjú sérstök tilfelli. Ég hef síðan kynnt mér þessi tilfelli, og mér þykir ástæða til þess, af því að hér er um mikilvægt mál að ræða, að hið rétta komi fram varðandi það hvernig með þessi mál hefur verið farið. Þau tilfelli, sem hæstv. forseti nefndi og ég skrifaði hjá mér, voru umr. utan dagskrár 28. jan. 1974 í fyrsta lagi. Þá hafði kvatt sér hljóðs Gylfi Þ. Gíslason utan dagskrár í Nd. Hann hóf mál sitt og síðan var honum svarað af öðrum þm. án þess að nokkrar aths. kæmu fram hjá forseta í það skipti um takmörkun á ræðutíma. En þegar þessir tveir ræðumenn höfðu talað utan dagskrár gerði þáv. forseti, Gils Guðmundsson, stutta aths. og hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í tilefni af því að þegar hafa 5 hv. þm. kvatt sér hljóðs utan dagskrár vil ég aðeins vekja athygli á því að sú skoðun forseta þingsins að umr. um fsp., sem bornar eru fram utan dagskrár, eigi eftir því sem frekast er kostur að vera innan þess ramma, sem sniðinn er skriflega frambornum fsp. Ég vænti þess að hv. þdm. séu mér sammála um að það sé ekki eðlilegt að slíkar fsp., fram bornar utan dagskrár, eigi að hafa annan forgang fram yfir venjulegar fsp. en þann að þær komast strax að og þeim er samstundis svarað. Ég vænti þess að hv. ræðumenn, sem kvatt hafa sér hljóðs, geti orðið mér sammála um þetta atriði.“

Hér var sem sagt greinilega ekki um það að ræða, að forseti notaði vald sitt til þess að skera niður ræðutíma, heldur voru tilmæli frá hans hálfu til þm. Næsti ræðumaður á eftir var Gunnar Thoroddsen, og hann tók þá strax fram að hann væri þessu mótfallinn, hann gæti ekki sætt sig við það. Hann sagði m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar settar voru svo strangar skorður 1972 við umr. um fsp., að þm. almennt megi ekki tala lengur en 2 mínútur, var ekki um það talað og ekki gert ráð fyrir að rýra á nokkurn hátt heimildbundinn rétt manna til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár út af mikilvægum málum.“ Og fleiri orðum fór hv. þm. um þetta.

Síðan héldu þessar umr. áfram og ræðutími var ekki miðaður við 2 mínútur, eins og glögglega kemur fram í þingtíðindum, heldur töluðu menn mun lengur. En ég vil taka það fram, að ég tel mjög eðlilegt að forsetar reyni — og ég tel það í rauninni vera skyldu — að hafa hemil á því að umr. verði ekki óeðlilega langar og þeir leiti eftir samstarfi við þm. um það. Ég skil mætavel að fram á slíkt sé farið og ég tel mér skylt að reyna að verða við slíkum óskum forseta eins og hægt er, svo að ég er ekki að deila á hæstv. forseta fyrir að beita sér fyrir slíku.

Annað tilfellið, sem hæstv. forseti minntist á í þessu tilfelli, var fsp. utan dagskrár 13. febr. 1974. Í það skipti kvaddi sér hljóðs utan dagskrár Pétur Sigurðsson, þm. Þá var heldur enginn tími takmarkaður á neinn hátt í þessum umr. og 5 ræður höfðu verið fluttar í þetta skiptið án þess að nokkuð kæmi til takmörkunar á ræðutíma. En þegar 5 ræður höfðu verið fluttar kemur fram að forseti, sem þá var í Nd., Gils Guðmundsson, hafi sagt á þessa leið:

„Þessar umr. utan dagskrár hafa nú staðið nokkuð á annan klukkutíma og þær verða nú skornar niður senn. Tveir hv. alþm. höfðu kvatt sér hljóðs, þegar ég ákvað að skera þessar umr. niður, og ég mun gefa þeim kost á að leggja enn nokkur orð til þessara mála. Annar þeirra kemst væntanlega af með stutta aths. og hinn, sem þegar hefur talað tvisvar, væntanlega með örstutta. En þó verð ég að segja, að þar sem hæstv. ráðh. hefur nú beint til hans allmörgum orðum, mun ég láta gott heita, ef hann gerir stutta aths., þótt hún verði ekki örstutt.“

Þarna er sem sagt um það að ræða að þegar forseta þykir umr. hafa dregist úr hófi fram, þá beitir hann því, sem þingsköp mæla fyrir um, að hann hefur leyfi til þess að skera niður umr. Síðan héldu þessar umr. áfram og er ekki að sjá að hér hafi orðið um neinn frekari niðurskurð að ræða. Reyndar kom svo annar þm. fram í sama skipti og kvaddi sér hljóðs utan dagskrár og var þá ekki um neina sérstaka tímamörkun að ræða.

Þriðja tilfellið, sem hæstv. forseti vitnaði hér til, var í sambandi við umr. utan dagskrár 19. febr. 1974, en þá kvaddi sér hljóðs utan dagskrár í Sþ. Jón Árm. Héðinsson. Áður en þær umr. hófust talaði hæstv. forseti. Sþ., sem þá var Eysteinn Jónsson, og það kemur greinilega fram hjá honum að hann fer fram á samstarf við þm. og óskar eftir góðri samvinnu við þá um að reyna að takmarka sig við þennan tilgreinda tíma. Það er hins vegar ljóst að það hefur ekki orðið og ræður manna hafa orðið miklum mun lengri. Síðar í þessum umr. kemur það svo fram að Jóhann Hafstein mótmælir því að það hafi nokkurn tíma verið gert nokkurt samkomulag um, að umr. utan dagskrár ættu að fara eftir þessum afmarkaða ræðutíma sem gildi um skriflegar fsp., og telur að það hafi ekki átt sér stað. Eysteinn Jónsson forseti svarar því á þessa leið: „Út af orðum 1. þm. Reykv.“ þ. e. Jóhanns Hafsteins, „tek ég undir það með honum að ég varð ekki var við að það væri neitt formlegt samkomulag í sambandi við þingskapabreytinguna um að stytta ræðutíma í umr. utan dagskrár. Það er laukrétt hjá honum.“ En hann ítrekar enn einu sinni að hann óskar eftir því að þm. treysti sér til þess að takmarka ræður sínar á þann hátt.

Ég tel það því alveg ljóst, þegar þessi dæmi eru skoðuð og þingræður metnar sem þarna voru haldnar, að hér var ekki á sama hátt og gerðist að þessu sinni hér í Sþ., þar sem ákveðið var strax í upphafi umr. að umr. yrðu bundnar við þennan stutta ræðutíma.

Ég fletti síðan þingtíðindum ársins og vil í framhaldi af þessu benda á að í öll önnur skipti, og var það þó sannarlega oft, sem hér fóru fram umr. utan dagskrár, bæði í deildum og Sþ. á þessu ári, þá voru engin tímamörk sett í neinu tilfelli.

Ég segi þetta ekki til þess að halda hér uppi neinum þrætum við hæstv. forseta. Ég skil mætavel að hann og aðrir forsetar vilja reyna að stytta umr. á þingi, og ég tel, eins og ég hef sagt áður, mér skylt sem öðrum að reyna að verða við óskum þeirra eins og mögulegt er. En ég vitna þá einnig til þess, að það er ekki hægt að segja að á þessu þingi hafi stjórnarandstaðan notað tækifærið til þess að koma með umr. utan dagskrár, því að þær hafa yfirleitt ekki verið, og það var ekki heldur hægt að segja að hér væri verið að tefja tíma á einn eða neinn hátt. En hér var á dagskrá málefni nokkuð viðkvæmt, mikið umrætt og umtalað, en af þm., sem voru bundnir við tveggja mínútna ræðutíma, mátti segja að væri tekið orðið í þessum umr. Það var þetta sem ég vildi ekki sætta mig við.

Ég vil nú óska eftir því og ég trúi satt að segja ekki að hæstv. forseti Sþ. fari að taka hér upp þennan hátt, sem var hafður á í þessum umr., sem neina fasta reglu um umr. utan dagskrár, slíku verði ekki beitt nema þá í einhverjum sérstökum tilfellum þegar þannig stendur á. En auðvitað vitum við öll að hæstv. forseti hefur vald til þess að skera niður umr. og getur beitt því með ýmsum hætti. En ég tel að það hafi ekki verið ástæða til þess að þessu sinni og hér sé ekki um þingvenju að ræða, og ég er því algerlega mótfallinn ef ætti að fara inn á þessa braut. Ég trúi því varla, eins og hefur verið staðinn vörður um það á Alþ. um langan tíma að vernda umræðufrelsi manna á Alþ., að það verði farið inn á þá braut almennt séð, þegar um almennar umr. utan dagskrár er að ræða, að binda ræðutíma jafnknappt og þarna var gert.

Ég vil svo endurtaka það að ég er ekki að finna almennt að stjórn hæstv. forseta sem forseta. Hann hefur verið hér sem góður forseti, og ég hef ekkert undan samstarfi við hann að kvarta. En ég var óánægður með þennan úrskurð, mótmælti honum um leið og ég kom í ræðustól, gat það ekki fyrr, en tel að það, sem sagt var síðan um þessar umr., sanni ekki að þetta hafi verið regla. Mér er ekki kunnugt um það enn, að í einu einasta tilfelli hafi komið fyrir að það hafi verið tilkynnt og bundið við það að þessi tveggja mínútna ræðutími skyldi gilda. Og ég man ekki eftir því úr minni þingsögu að ræðutími minn hafi verið skorinn þannig niður, að ég hafi ekki fengið í almennum umr. hér að tala lengur en í 2 mínútur, eins og átti sér stað í þessu tilfelli, og það vona ég að verði ekki hér eftir heldur.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Mál það, sem hv. 2. þm. Austf. gerði hér að umræðuefni, er mjög þýðingarmikið varðandi starfshætti Alþingis. Í þingsköpum mun ekki vera einn stafur um umr. utan dagskrár. Það er því algerlega á valdi forseta hvort hann yfirleitt leyfir slíkar umr. og hvernig hann hagar þeim. Hins vegar er fyrir því löng hefð, að forsetar leyfi þessar umr. yfirleitt og hafi yfirleitt ekki sett þeim strangar skorður, enda þótt þeir reyni yfirleitt, sem eðlilegt er, að láta þær ekki brjóta eðlileg bönd eða hindra aðra vinnu á þinginu. Hins vegar hefur orðið á þessu breyting eftir 1972, þegar þingsköpum var breytt, og síðan þá hafa forsetar oft minnst á að þeir telji rétt að sömu tímatakmörk gildi um ræðuhöld utan dagskrár eins og um fsp.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að umr. geti átt sér stað utan dagskrár, vegna þess að það koma oft fyrir þau atvik í þjóðfélaginu sem gera óhjákvæmilegt að Alþ. ræði þau þegar í stað. Eftir því sem ég best veit eru ýmsar mismunandi leiðir til þess að slíkar umr. geti átt sér stað í öllum lýðfrjálsum þingum.

Um þetta hafa menn hugsað töluvert mikið og eftir þær deilur, sem urðu nú nýlega, gerði ég mér það til dundurs, að ég samdi frv. um breytingu á þingsköpum þar sem sett væru inn ákveðin ákvæði um þessar umr. Ég lagði þetta frv. inn í gær og það er í prentun, og ætlun mín var að koma með því af stað umr. um það hvort við ættum ekki að setja þetta mál í fastar skorður.

Umr. utan dagskrár eru oft í því formi að menn byrja á því að spyrja ráðh. um eitt eða annað varðandi atvik sem gerst hafa, og það er þess vegna sem forsetar hafa borið þessar umr. saman við fsp. En í raun og veru eru umr. oftast miklu víðtækari og því alls ekki eðlilegt að láta gilda um þær sömu reglur og gilda um fsp. þó að til séu þau atvik að ástæðulaus sé lengri ræðutími. Hitt er svo rétt að viðurkenna líka, að umr. utan dagskrár eru oft notaðar í pólitískum tilgangi, er menn reyna að komast þar að til þess að vekja athygli á sjálfum sér og málum sínum, og fjölmiðlar eru óneitanlega sekir um að skýra meira frá umr. utan dagskrár heldur en innan dagskrárinnar.

Frá sjónarmiði Alþingis er æskilegt að umr. utan dagskrár verði ekki það fyrirferðarmiklar, að þær gangi út yfir önnur þingstörf. En ég endurtek, að ég tel það einn þýðingarmesta þátt í starfi Alþ., að hægt sé að hefja hér þegar í stað umr. um ýmsa atburði sem gerast í þjóðfélaginu. Þeir eru oft, t. d. atburðir á vettvangi utanríkismála, landhelgismála eða annars slíks, með þeim hætti að með öllu er fráleitt að takmarka menn við tveggja mínútna ræðutíma.

Af því að mál þetta ber nú á góma vil ég aðeins skýra frá því, að ég hef lagt þetta frv. fram og það kemur væntanlega til umr. eftir jól svo að menn geta þá íhugað hvort rétt er að viðurkenna tilvist slíkra umr. og setja einhver ákvæði inn í þingsköp um þær. Mætti þá e. t. v. skilja á milli þess, ef umr. utan dagskrár eru tiltölulega einföld fsp. til ráðh. þá má láta tímatakmörk fsp. gilda og þá er það rétt, sem t. d. Eysteinn Jónsson sagði oft, að hann teldi algerlega óeðlilegt að menn gætu skotið inn fsp. utan dagskrár og þar með fengið sérréttindi fram yfir alla þá sem leggja fram fsp. skriflega eftir þingsköpum og verða stundum að bíða í margar vikur eftir að fá svör.

Þetta eru vandamál sem eru leyst á mjög sérkennilegan hátt í sumum þingum. Það er t. d. algengast í breska þinginu, ef menn vilja fá að tala á svipaðan hátt og við gerum utan dagskrár, þá flytur þm. till. um að fundi skuli slitið. Þeir líta svo á að till. um það, að fundi skuli slitið, sé svo víðtæk að í sambandi við hana megi tala um allt milli himins og jarðar. Þeir gera þetta yfirleitt seint á fundum sem lýkur venjulega um tíuleytið á kvöldin hjá þeim. En ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það að þörfin er viðurkennd víða og ýmsar leiðir farnar. En við skulum íhuga hvort við eigum ekki að setja þetta í fastan ramma.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hér hefur komið fram í umr. utan dagskrár, hefur það aldrei hvarflað að mér að skera algerlega niður umr. utan dagskrár. Það er fjarri mínum huga og ég mun ekki beita mér fyrir slíku, ég skal fullvissa þingheim um það. En heldur lítið réttlæti er í því þegar einstakir hv. þm. taka í fsp.-tíma utan dagskrár mestallan ræðutímann frá öðrum hv. þm. og málefnum á dagskrá, þannig að þarna er margs að gæta. Ég hef ekki neinu að svara hv. 2. þm. Austf. öðru en því sem ég sagði hér fyrir nokkrum dögum og ég vitna til þess. Það nægir. Það hefur í þessum umr. engu verið hnekkt af því sem ég þá sagði.

Sameinað þing, 24. fundur.

Mánudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1975, frv. (þskj. 1, n. 149 og 152, 143, 147, 150.). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 150. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft fjárlagafrv. til athugunar og rætt það á samtals 28 fundum sínum. Með tilliti til þess, að Alþ. hóf ekki störf sín að þessu sinni fyrr en í lok októbermánaðar var sýnt að n. mundi hafa mjög takmarkaðan tíma til að gera frv. þau skil sem nauðsynlegt er hverju sinni. Það var með hliðsjón af því að undirnefnd fjvn., sem eins og kunnugt er er skipuð einum manni frá hverjum þingfl., kom saman til fundar nokkru fyrir þingtímann og hóf athugun sína á fjárlagagerðinni. Á þessum fundum sínum ræddi n. m. a. við ýmsa forstöðumenn ríkisstofnana sem veittu margvíslegar upplýsingar um málefni stofnana og fjárþörf.

Síðan Alþ. kom saman hefur fjvn. unnið svo að segja sleitulaust að athugun sinni á frv. Enda þótt fjvn. hafi ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins og skili því tveim nál. er það svo, að þær brtt., sem n. flytur á tveim þskj., 143 og 147, eru fluttar af n. sameiginlega, en eins og fram kemur í nál. áskilur minni hl. sér rétt til að hafa óbundnar hendur við að fylgja og flytja brtt. við frv.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka meðnm. mínum gott samstarf við afgreiðslu málsins. Allir hafa lagt sig fram um að hjálpa til að störfin í n. mættu ganga sem best. Á þetta jafnt við fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem hina, því að ég tel að allir hafi viljað leggja sig fram um að afgreiðsla málsins gengi sem best fyrir sig, og fyrir það vil ég þakka.

Því er hins vegar ekki að neita að hinn naumi tími, sem n. hefur haft til umráða, hefur leitt til þess að ekki hefur unnist jafngóður tími sem oftast áður til skoðunar á ýmsum málum. Þá ber að geta þess að starfsmenn hagsýslustofnunar fjmrn. hafa veitt n. ómetanlega aðstoð, og fyrir það vil ég einnig þakka. Auk þess sem forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana ganga á fund n. og bera upp málefni sín, þá hefur nú hin síðari ár í vaxandi mæli átt sér stað, að sendinefndir utan af landsbyggðinni og forsvarsmenn sveitarfélaga koma til Reykjavíkur á þessu tímabili og óska eftir að fá sérstaka fundi með n. til að fylgja eftir beiðnum sínum um fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmda sem ríkissjóður stendur undir að meira eða minna leyti. Fjvn. hefur undantekningarlaust orðið við þessum tilmælum sveitarstjórnarmanna og auk þess margra einstaklinga sem erindi hafa átt við n., en allt þetta er mjög tímafrekt og takmarkar möguleika nm. að öðru leyti.

Fjvn. er löngu ljóst, að til þess að auðvelda fjárlagagerðina og tryggja að þau málefni, sem fjármögnuð eru af hálfu þess opinbera, séu sem best undirbúin, þurfa umrædd erindi að hafa borist viðkomandi rn. í tæka tíð, svo að þau liggi a. m. k. fyrir fjvn. þegar Alþ. hefur störf sín að haustinu.

Á undanförnum árum hefur undirnefnd fjvn. tekið til athugunar ýmsa þætti í ríkisbúskapnum og komið með ábendingar um það, sem n. hefur talið að betur mætti fara. Þá hefur n. beitt sér fyrir því að sérfræðingum eða sérfræðistofnunum yrði falið að kanna og gera till. um bætt skipulag og aukna hagræðingu í rekstri ríkisstofnana.

Eftir því sem fjárlagadæmið verður stærra, verður augljósara með hverju árinu sem líður, að ekki verður komist hjá því að fjvn. fái lengri tíma til undirbúnings og afgreiðslu fjárlagafrv. en nú á sér stað og það enda þótt þinghald hefjist á venjulegum tíma eða um 10. okt. Ýmsum vinnubrögðum þarf að breyta og þá sérstaklega í þá átt að skipuleggja opinberar framkvæmdir og gera áætlanir lengra fram í tímann.

Við höfum þegar komið á 4 ára vegáætlun, sem gefist hefur vel. Nú stendur til að lokið verði við 4 ára áætlun um hafnarframkvæmdir og er þá gert ráð fyrir að árið 1975 verði hið fyrsta í þeirri áætlanagerð. Hafnamálaskrifstofan hefur að undanförnu unnið að því að byggja upp slíka áætlanagerð. Í því sambandi hafa sveitarfélögin lagt fram sínar till. og óskir um framkvæmdir, en Hafnamálaskrifstofan síðan raðað framkvæmdum niður á árin. Ég hef ekki heyrt um að ágreiningur sé milli Hafnamálaskrifstofunnar og heimamanna um það framkvæmdamagn sem menn telja eðlilegt á umræddu tímabili. Hitt greinir menn á um, hvort umrædd framkvæmd eigi að vera á framkvæmdastigi einu ári fyrr eða síðar.

Aðrir málaflokkar, sem brýn nauðsyn er að skipulagðir verði fram í tímann, eru byggingar skóla og sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Hér er um tvo málaflokka að ræða, sem árlega taka til sín verulegan skerf af því framkvæmdafé sem til ráðstöfunar er innan ramma fjárlagafrv. Það segir sig sjálft, að slík vinnubrögð sem hér um ræðir eru ekki aðeins æskileg frá sjónarmiði ríkissjóðs, heldur einnig og ekki síður ætti slík áætlanagerð að vera sveitarfélögunum hagstæð.

Þá eru að lokum raforkumálin eða orkumálin, sem nauðsyn ber til að tekin verði föstum tökum og áætlanir gerðar fram í tímann, — áætlanir, sem byggðar eru á fullkomnum rannsóknum, þannig að ekki sé ráðist í fjárfrekar framkvæmdir áður en öll grundvallaratriði hafa verið fullkönnuð og tryggð, en á það hefur því miður allt of oft skort, svo sem mörg dæmi sanna. Hér gegnir sama máli hvort um er að ræða hagnýtingu vatnsorkunnar eða jarðvarmans, hvort um er að ræða orkuréttindin eða náttúruvandamálið. Viðbótartill. um fjárveitingar vegna raforkuframkvæmda og virkjana biða að þessu sinni til 3. umr. Að sjálfsögðu gildir nokkuð sama máli um heimildir til lántöku og beinar fjárveitingar. Hvort tveggja hefur sínar takmarkanir við greiðsluþol þjóðarinnar og þeirra fyrirtækja sem verið er að fjármagna hverju sinni.

Eins og fram kemur í aths. um fjárlagafrv. eru launaliðir þess miðaðir við kauplag eins og það var í septembermánuði s. l. og gjaldaliðir almennt miðaðir við verðlag á sama tíma. Að því leyti áttu áhrif kjarasamninganna á síðasta vori að vera komin inn í fjárlagafrv. Sama máli gegndi um áhrif gengislækkunarinnar frá í sept., sölu-

skattshækkunina, sem tók gildi 1. okt. s. l., og aðrar gjaldahækkanir, sem hafa orðið á árinu.

Varðandi launakostnaðinn var gengið út frá 35% hækkun, ef miðað er við fjárlagatölur yfirstandandi árs, en þar sem 400 millj. kr. fjárupphæð var til ráðstöfunar á fjárlögum 1974 til að mæta hækkun launakostnaðar, en þá stóðu yfir samningar á vinnumarkaðinum, svo sem kunnugt er, er þessi mismunur enn meiri eða sem nemur 8.8%.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjvn. liggja nú fyrir nýjar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári og mun ég koma nánar að því síðar hvaða breyt. á fjárlagafrv. er nauðsynlegt að gera með tilliti til þeirra nýju upplýsinga. Það bíður að öðru leyti til 3. umr. eins og venjulega að bera fram brtt. við tekjubálk frv.

Ég mun því þessu næst bera fram brtt. við fjárlagafrv., sem fjvn. flytur sameiginlega við þessa umr., en þær eru á þskj. n. 143 og 147. Koma þar fyrst brtt. sem falla undir menntmn. Ég vil taka fram strax að hjá n. eru enn óafgreidd mál, sem þetta rn. snerta, og verða þau tekin til afgreiðslu á milli umr. Þar á meðal eru atriði, sem snerta Háskóla Íslands, Stýrimannaskólann o. fl. sem ég fer ekki nánar út í að skýra að þessu sinni.

Hér er fyrst lagt til, að liðurinn Endurskoðun námsefnis lækki um 3 millj. kr. frá því sem er í frv., en þess í stað er till. um samtals 6 millj. kr. hækkun við liðinn Iðnfræðsluráð, annars vegar 4 millj. kr. hækkun við launaliðinn og hins vegar 2 millj. kr. við liðinn Önnur rekstrargjöld. Báðar þessar upphæðir eru vegna námsskrárgerðar í verkfræðslu í samráði við menntmrn. Ætlast er til að námsskrá iðnfræðslu verði endurskoðuð svo að hún samræmist námsskrá framhaldsskólastigsins. Hér er um 3 millj. kr. hækkun að ræða frá því sem er í frv., en samtals er hækkunin 9 millj. 529 þús. kr. frá fjárl. yfirstandandi árs.

Þá er lagt til, að tekinn sé inn nýr liður að upphæð 1 millj. kr. vegna námskeiðahalds fyrir barnakennara, sem ekki hafa full réttindi.

Lagt er til að inn komi nýr liður vegna bókasafns í Húsi Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn, 100 þús. kr.

Til orðabókar Háskólans er tillaga um að launaliður hækki um 555 þús. kr. Er það til ráðningar sérfræðings í stöðu, sem hefur ekki verið skipað í um skeið. Að sjálfsögðu nægir þessi upphæð ekki fyrir fullum launum til sérfræðingsins, en talið er að fjárveiting til orðabókarinnar að öðru leyti sé það rúm, að hún fylli mismuninn. Samtals verður því fjárveiting til þessarar merkilegu bókar 8 millj. 469 þús. kr.

Menntaskóli á Austurlandi: Það er till. um 15 millj. kr. hækkun á byggingarframlagi, þannig að liðurinn í heild verður þá 30 millj. kr.

Launaliður menntaskóla almennt hækkar um 1500 þús. kr., svo sem til greiðslu á launum kennara, sem eru í orlofi, en nota sinn orlofstíma við samningu nýrra kennslubóka.

Lagt er til að viðhaldsliður menntaskóla hækki um 5 millj. kr., en það er fyrst og fremst vegna menntaskólans á Akureyri, sem þarf á verulegu viðhaldsfé að halda um þessar mundir.

Til Stýrimannaskólans í Rvík er till. um 3 millj. kr. fjárveitingu, en það er vegna kaupa á ratsjártækjum. Í fjárlagafrv. er till. um að veita 9 millj. kr. í þessu skyni, en viðbótarfjárveiting er vegna gengisbreytingarinnar. Um Stýrimannaskólann er að öðru leyti það að segja, að ekki verður hjá því komist að veita skólanum verulega upphæð til viðhalds, en það mál er hjá n. enn þá, eins og ég vék að fyrr, og verður afgr. fyrir 3. umr.

Til Iðnskólans í Reykjavík er lagt til að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 328 þús. kr., og til iðnskóla almennt er lagt til að gjaldfærður stofnkostnaður, þ. e. byggingarstyrkir, hækki um 4 millj. kr., en um skiptingu á heildarupphæðinni, sem verður þá samtals 34 millj. kr., vísast til þess sem fram kemur á þskj. 143.

Fiskvinnsluskólinn: Tekið hefur verið á leigu húsnæði fyrir skólann í Trönuhrauni í Hafnarfirði. Þar er um verulegan kostnað að ræða vegna innréttinga og tækjakaupa, og lagt er til að fjárveiting til skólans að þessu sinni verði 3 millj. kr.

Til Verslunarskóla Íslands er till. um 11 millj. 400 þús. kr. hækkun, og til Samvinnuskólans í Bifröst er till. um 1600 þús. kr. hækkun. Þá er lagt til að fjárveiting til Bréfaskóla SÍS og ASÍ hækki um 240 þús. kr.

Næst kemur liðurinn Héraðsskólar. Lagt er til að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 27 millj. kr., en um skiptingu á upphæðinni vísast til þess sem fram kemur á þskj. 143.

Til Skálholtsskóla er till. um 7 millj. kr. fjárveitingu, en í fjárl. 1974 er þessi upphæð 6 millj. Liður þessi hafði verið felldur niður í fjárlagafrv.

Til grunnskóla er till. um hækkun sem nemur samtals 218 millj. 884 þús. kr. Hér var úr miklum vanda að ráða og sú hækkun, sem hér á sér stað milli ára, nemur 360 millj. 484 þús. kr. Sérstök undirnefnd hafði með þessi mál að gera innan n. ásamt með athugunum með öðrum skólamannvirkjum og eyddi til þess miklum tíma. Um till. n. um skiptingu á heildarupphæðinni milli einstakra skólabygginga vísast til þess, er fram kemur í þskj. á sérstöku yfirliti. En til þess að gera sér grein fyrir þeirri miklu þörf, sem jafnan er fyrir hendi í þessum málaflokki, vil ég vekja athygli hv. þm. á listanum til undirbúnings að framkvæmdum fyrir nýjar skólabyggingar. Hér er um 36 skólamannvirki að ræða, en ekkert þeirra er komið á framkvæmdastig. Þær fjárveitingar, sem hér um ræðir og eru 300 þús. kr. til hvers skólamannvirkis, eru að sjálfsögðu aðeins til frumundirbúnings.

Þá er lagt til að liðurinn Til útgáfustarfa hækki um 150 þús. kr. og er það hækkun á framlagi til Hins ísl. bókmenntafélags.

Til Myndlistarskólans í Rvík er till. um 90 þús. kr. hækkun, en áður hafði styrkur til skólans verið hækkaður um 250 þús.

Liðurinn Til jöfnunar á námskostnaði er lagt til að hækki um 10 millj. kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs er fjárveiting í þessu skyni 75 millj., en verður nú alls 110 millj. kr. eða hækkar um 47% frá síðustu fjárlögum.

Til Landsbókasafns hækkar launaliður um 280 þús. kr., en það er vegna ráðningar manns í hálft starf við vörslu í lestrarsal.

Þá er framlag til byggðasafna. Till. er um 500 þús. kr. hækkun, en skipting á þessum lið fer fram á vegum þjóðminjavarðar og er þar um litlar upphæðir að ræða til styrktar hinum ýmsu byggðasöfnum í landinu.

Til Listasafns Íslands hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 300 þús. kr. sem er vegna viðgerðar á málverkum Jóns Stefánssonar listmálara, sem safnið keypti. Að öðru leyti liggur hjá n. beiðni frá Listasafni Íslands og menntmrn. um fjárveitingu til byggingarframkvæmda við listasafnshúsið við Fríkirkjuveg, en til þeirrar beiðni hefur fjvn. enn ekki endanlega tekið afstöðu og verður það mál athugað nánar á milli umr.

Þá er lagt til að framlag til Vísindasjóðs hækki um 2 millj. kr. og verður þá samtals 5 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að Vísindasjóður fái 12 millj. kr. af arðsjóði Seðlabankans og mun því hafa til ráðstöfunar um 17 millj. kr. á næsta ári.

Þá koma fjárveitingar til leiklistar. Er lagt til, að fjárveiting til Leikfélags Rvíkur hækki um 1200 þús. kr., til Bandalags leikfélaga um 200 þús. og til leiklistarstarfsemi almennt um 2 millj. kr., en þar er ætlunin að helmingur upphæðarinnar gangi til Leikfélags Akureyrar sem nú gerir tilraun til þess að reka svokallað atvinnuleikhús.

Lagt er til að styrkur til Rithöfundasambands Íslands hækki um 50 þús. kr.

Til leiklistarskóla er till. um 800 þús. kr. hækkun og verður styrkurinn um 2 millj. og 300 þús. Skólar þessir eru tveir, en um það standa samningar að skólarnir sameini starfsemi sína í einn skóla. Með því ætti að nýtast betur það fjármagn sem til þessarar starfsemi er varið.

Lagt er til, að upp verði tekinn nýr liður að upphæð 200 þús. kr. til Söngskólans í Rvík. Hér er um nýjan skóla að ræða sem tók til starfa á s. l. ári, en auk þess fær skólinn rekstrarfé eins og aðrir tónlistarskólar skv. lögum.

Til Tónlistarskólans í Árnessýslu er till. um 100 þús. kr. fjárveitingu vegna endurbóta, sem fram fara á húsnæði skólans. — Til Tónlistarskólans í Garðahreppi 500 þús., en sá skóli er um þessar mundir að eignast húsnæði ásamt með öðrum félagssamtökum í hreppnum. — Til Tónlistarskólans í Rvík og Barnamúsikskólans er till. um 3 millj. kr. fjárveitingu. Tónlistarfélag Rvíkur, sem staðið hefur undir kostnaði af rekstri þessara skóla, hefur ákveðið að hefja byggingu á nýju húsnæði fyrir skólana og hefur yfir nokkru fjármagni að ráða til framkvæmdanna. Skv. erindi sem fjvn. barst frá skólastjórum þessara skóla, er farið fram á að ríkissjóður styrki bygginguna að ¼, Reykjavíkurborg að ¼, en að öðru leyti mun Tónlistarfélagið standa undir byggingarframkvæmdum.

Jöklarannsóknafélagið fór fram á hækkaða fjárveitingu til jöklarannsókna og mælinga og er lagt til að liðurinn Til jöklarannsókna og mælinga hækki um 100 þús. kr., og er þá orðið við beiðni félagsins.

Þá kemur liðurinn Norræn samvinna. Lagt er til að fjárveiting hækki um 100 þús. kr. og að sú upphæð renni til Norræna félagsins. Verður þá styrkur til félagsins alls 500 þús. kr.

Á árinu 1976 er fyrirhugað þing Norræna vatnafræðifélagsins hér á landi. Lagt er til að veittur verði 100 þús. kr. styrkur í þessu skyni.

Þá er lagt til að fjárveitingar til íþróttamannvirkja hækki um 12 millj. 932 þús. kr. Upphæð þessi nægir til þess að fjárveitingin, samtals 53 millj. 932 þús., stendur undir annarri greiðslu af fjórum, sem samið var um við aðila, að þannig skyldi greiða hallann, sem myndast hafði. Auk þess er full fjárveiting til greiðslu á fyrsta hluta af fjórum til íþróttamannvirkja, sem samþ. voru í fjárl. 1974, og loks til undirbúnings nýrra íþróttamannvirkja. Vísast í þessu sambandi til lista yfir framkvæmdirnar á þskj. 143.

Til Ungmennafélags Íslands er lagt til að fjárveiting hækki um 800 þús. kr. — Til KFUM og KFUK er lagt til að tekinn verði nýr liður til styrktar þeirri starfsemi, að upphæð 500 þús. kr. — Til Íþróttasambands Íslands er till. um hækkun sem nemur 3 millj. 200 þús. kr., og til Íþróttafélags fatlaðra 250 þús. kr.

Til blaðsins Lögberg-Heimskringla í Kanada er lagt til að fjárveiting hækki um 108 þús. kr. Er hér um að ræða að bæta upp vegna gengislækkunar ísl. krónunnar, en jafnframt er lagt til að hinn árlegi styrkur við þetta merkilega blað hækki um 1000 dali frá því sem verið hefur. Með því að fjárveiting var nokkuð hækkuð í fjárlagafrv. nægir þessi viðbótarupphæð til að tryggja að styrkurinn til blaðsins verði 1000 dölum hærri en verið hefur á undanförnum árum.

Lagt er til, að Náttúrugripasafnið í Borgarnesi fái 100 þús. kr. — Styrkur til Skáksambands Íslands hækkar um 350 þús. — Til Bandalags ísl. skáta vegna hjálparsveita er till. um 600 þús. kr. hækkun og til Dýraverndunarfélags Íslands 50 þús. kr. hækkun.

Til n. hárust erindi um fjárbeiðnir í tilefni af hinu svokallaða kvennaári. Samþ. var að leggja til að styrkur til Kvenfélagasambands Íslands hækki að þessu sinni um 800 þús. kr. — Lagt er til að styrkur til Zonta-klúbbs Akureyrar vegna Nonnahúss hækki um 25 þús. kr. — Til Landakotsskóla er till. um 500 þús. kr. hækkun, og til Hlíðardalsskóla er till. um 600 þús. kr. hækkun, — Til sumarnámskeiða að Leirárskóla er till. um 400 þús. kr. hækkun, en Sigurður Guðmundsson skólastjóri hefur haldið uppi eins konar íþróttaskóla að Leirá undanfarin sumur við góðan orðstír. — Og til Íslenska dýrasafnsins er lagt til að fjárveiting hækki um 100 þús. kr. — Þá er loks lagt til, að teknir verði upp 3 nýir liðir, þ. e. til Bridgefélags Íslands 100 þús., til varðveislu gamla verslunarhússins á Flateyri 100 þús. og byggingarstyrkur til barnaheimilis í Kumbaravogi 125 þús. kr.

Þessu næst koma brtt. fjvn. við málefni sem heyra undir landbrn.

Lagt er til að launaliður við Búnaðarfélag Íslands hækki um 600 þús. kr. vegna ráðningar á tölvuritara í nautgriparækt.

Til rannsóknastöðva landbúnaðarins eru till. um hækkanir á eftirtöldum liðum: Til búfjárræktardeildar vegna uppsetningar á tækjum, sem gefin voru frá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í tengslum við FAO, 500 þús. kr., til bútæknideildar vegna byggingar á íbúðarhúsi að Hvanneyri fyrir einn starfsmann 5 millj., til gróðurrannsókna, hækkun launa vegna ráðningar starfsmanns, 790 þús. kr. Þá er till. um 3 millj. kr. fjárveitingu

til tilraunastöðvarinnar á Akureyri vegna flutnings á tilraunastöðinni að Möðruvöllum.

Lagt er til að samþ. verði 1 millj. kr. fjárveiting vegna ylræktarverkefnis í Hveragerði, en það er einnig í tengslum við FAO. — Við landgræðslu er till. um að liðurinn Gjaldfallinn stofnkostnaður hækki um 6 millj. kr., en það er til að hefja framkvæmdir við nýtt starfsmannahús að Gunnarsholti, en á því er mikil nauðsyn. — Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður vegna grænfóðurverksmiðjunnar í Gunnarsholti að upphæð 6 millj. kr. Er það styrkur til að standa undir kostnaði við kaup á nýjum vélum fyrir verksmiðjuna, en hinar eldri eru mikið úr sér gengnar og taldar nær ónýtar.

Þá er till. um, að framlag til Fiskræktarsjóðs hækki um 1 millj. kr. og verður þá alls 5 millj. kr. fjárveiting á árinu. Skv. upplýsingum, sem fjvn. fékk hjá veiðimálanefnd, er talið að ógreiddir styrkir út á fiskvegi og eldisstöðvarhús á árinu 1973 og áður muni nema um 7 millj. kr., og áætlað er að við bætist á yfirstandandi ári um 4 millj. Liðurinn Jarðræktarlög er lagt til að hækki um 7 192 þús. Upphæðirnar skiptast þannig að 2 192 þús. eru vegna ráðningar á 4 nýjum ráðunautum og 5 millj. kr. vegna aukningar á framlögum á framkvæmdaári. Í frv. er sá hluti, sem ætlað er að greiða út á jarðræktarframkvæmdir á framkvæmdaári, áætlaður um 15 millj. kr. og verður því alls um 20 millj. verði þessi till. n. samþ.

Þá er till. um að framlag til veðdeildar Búnaðarbankans hækki um 3 millj. kr.

Til Landssambands hestamanna er till. um 75 þús. kr. hækkun til leiðbeininga í hestamennsku. — Lagt er til að framlag til Efnarannsóknastofu Norðurlands hækki um 150 þús. kr. og til Tilraunastöðvar Búnaðarsambands Suðurlands er till. um 1200 þús. kr. vegna byggingarframkvæmda Búnaðarsambandsins.

Þá er lagt til að framlög til Garðyrkjuskólans að Reykjum hækki sem hér segir: Laun nýs kennara við skólann 843 þús., gjaldfærður stofnkostnaður vegna viðhalds 500 þús. og til skipulagsgerðar 500 þús. kr.

Þá koma brtt. varðandi sjávarútvegsmál. Þar er fyrst till. um hækkun á liðnum Skýrsludeild, lagt til að liðurinn hækki um 600 þús. kr., en upphæðin gengur til hækkunar á þóknun til trúnaðarmanna í hinum ýmsu verstöðvum úti á landi, en þóknun þessi hefur á undanförnum árum verið mjög lág.

Þá eru till. um hækkaðar fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunarinnar. Kemur þar fyrst 6 millj. kr. hækkun vegna Bjarna Sæmundssonar til kaupa á nýjum tækjum og til m.s. Drafnar, einnig til kaupa á nýjum tækjum, 2 millj. kr. Vegna útibús Hafrannsóknastofnunarinnar á Húsavík er lagt til að fjárveiting hækki um 950 þús., en það er vegna launa starfsmanns við útibúið. Þá er gert ráð fyrir að Hafrannsóknastofnunin setji á stofn nýtt útibú á árinu 1975 á Höfn í Hornafirði og er áætlaður kostnaður við það um 1500 þús. kr.

Vegna Rannsóknastofu fiskiðnaðarins er till. um 950 þús. kr. hækkun og eru það laun starfsmanns við útibú stofnunarinnar á Ísafirði. Við liðinn 299, Ýmislegt á sviði sjávarútvegs, er lagt til að sú breyting verði gerð að liðurinn 05 falli niður, en það eru 25 millj. kr. vegna rekstrarhalla togara 1973, en þess í stað hækki liðurinn 04, Vegna rekstrarhalla togara árið 1974, um sömu upphæð.

Þá koma næst till. varðandi dóms- og kirkjumál. Er þar fyrst lagt til, að löggæslukostnaður við sýslumannsembættið á Blönduósi hækki um 900 þús. kr., en það er vegna ráðningar eins lögregluþjóns á Skagaströnd.

Lagt er til að launaliður við sýslumannsembættið á Hvolsvelli hækki um 1500 þús. Skiptist upphæðin þannig að 900 þús. eru vegna ráðningar á einum lögregluþjóni og 600 þús. vegna aukinnar aðstoðar á skrifstofu sýslumanns.

Til sýslumanns og bæjarfógeta í Keflavík er lagt til að launaliður hækki um 1800 þús. kr. vegna ráðningar tveggja lögregluþjóna og 900 þús. kr. vegna ráðningar eins lögregluþjóns í Grindavík.

Þá er till. um 700 þús. kr. fjárveitingu vegna ráðningar á einum kvenfangaverði við fangelsið við Síðumúla.

Lagt er til að taka upp fjárveitingu að upphæð 4 millj. kr. til kaupa á húsnæði í Grindavík sem ætlað er til fangavörslu og lögregluvarðstofu. Hér er um tveggja hæða hús að ræða og á bæjarfélagið efri hæð hússins.

Þá koma næst till. varðandi þjóðkirkjuna. Er þar fyrst till. um 300 þús. kr. hækkun, en það er til greiðslu á viðbótarkostnaði við skrifstofu biskups. Lagt er til að liðurinn Kirkjuþing hækki um 200 þús. og liðurinn Prestar og prófastar um 1 millj. og 50 þús., en það er vegna nýs prestsembættis í Breiðholti í Reykjavík. — Til Skálholtsstaðar er till. um 800 þús. kr. hækkun, en talin er brýn nauðsyn á því að verja meira fé til viðhalds á Skálholtsstað. — Til Hallgrímskirkju í Reykjavík er till. um 635 þús. kr. fjárveitingu og er það nýr liður vegna stólakaupa til kirkjunnar, en þessi upphæð nemur áætluðum innflutningsgjöldum af umræddum stólum. — Þá er lagt til að tekinn sé inn nýr liður að upphæð 1 millj. kr. til Hallgrímskirkju í Saurbæ, en það er ætlað til minningar í tilefni 300 ára ártíðar Hallgríms Péturssonar. — Loks er lagt til að fjárveiting til Kirkjubyggingasjóðs hækki um 3 millj. kr.

Þá koma brtt. sem varða félmrn. Þar kemur fyrst brtt. við stofnun skipulagsstjóra og er hún við 3 liði. Lagt er til að launaliður hækki um 2 millj., liðurinn Önnur rekstrargjöld um 1 millj. og liðurinn Til sveitarfélaga er lagt til að hækki um 6 millj. kr. Samtals eru þetta 9 millj. og er afleiðing nýrrar löggjafar, sem samþ. var á síðasta Alþingi.

Lagt er til að fjárveiting til vatnsveitna hækki um 4 millj. og 500 þús. kr. og að upphæðin gangi til viðbótar því, sem áður var ætlað, til Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Til Landssambands verslunarmanna er till. um 50 þús. kr. hækkun, til félagsins Heyrnarhjálpar 500 þús. kr. hækkun og til Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra er till. um 100 þús. kr. hækkun. — Þá er lagt til að Stéttarfélagi félagsráðgjafa verði veittur 250 þús. kr. styrkur til þess að standa undir kostnaði við norrænt félags-

ráðgjafaþing, sem halda á hér í Reykjavík á komandi sumri, en slík félagsráðgjafaþing eru haldin árlega á Norðurlöndum til skiptis.

Þá eru næst brtt. varðandi heilbr.- og trmrn. Þar er lagt til að stofnkostnaður við Landsspítalann hækki um 35 millj. kr., og til fæðingardeildar Landsspítalans er till. um 60 millj. kr. hækkun og verður þá liðurinn samtals 80 millj. kr. — Til sjúkrahússins á Vífilsstöðum er lagt til að inn sé tekinn nýr liður að upphæð 10 millj. kr., en upphæðin er ætluð til byggingar dagvistunarheimilis fyrir sjúkrahúsið. — Till. er um 4 millj. kr. fjárveitingu til Kristneshælis, en það er vegna kostnaðar við nýja lyftu sem setja á í sjúkrahúsið.

Liðurinn Læknishéraðasjóður er lagt til að hækki um 2 millj. og 500 þús. kr. Og liðurinn Til byggingar sjúkrahúsa o. fl. er lagt til að hækki um 166 millj. og 600 þús. kr. Hér er um hlutfallslega mesta hækkun að ræða í samanburði við aðra framkvæmdaliði fjárlfrv. Fjvn. er það fullljóst að enda þótt svo hárri fjárhæð sé varið til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva sem hér er lagt til þá verður vandinn ekki minni á næsta ári, nema síður sé. Ég tel að ekki megi fresta lengur að taka ákvörðun um það, sem ég vék að í upphafi máls míns, að gerð verði áætlun fram í tímann um byggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, því að án þess að slík vinnubrögð verði viðhöfð verður allt málið erfiðara og ófyrirsjáanlegt á hvern hátt ríkið getur staðið undir sínum hluta við byggingarkostnaðinn, en á því lenda skv. gildandi lögum um 85% af heildarkostnaðinum, nema ríkisspítölunum, þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnaðinn. Að öðru leyti vil ég vísa um skiptingu á þessari stóru fjárhæð til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva til yfirlits sem fram kemur á þskj. 143.

Þá er lagt til að liðurinn „Til héraðslækna og heilsugæslustöðva“ hækki um 2 millj. 270 þús. kr., en það er ætlað til tækjakaupa fyrir heilsugæslustöðvarnar.

Lagt er til að fjárveiting til St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði hækki um 1500 þús. kr.

Til matvælarannsókna er till. um 512 þús. kr. hækkun. — Vegna námskeiða fyrir sjúkraliða er lagt til að fjárveiting hækki um 1 millj. og 400 þús. kr. — Á komandi sumri verður haldin ráðstefna hér í Reykjavík á vegum háls-, nef- og eyrnalækna. Gert er ráð fyrir að um 450 manns sæki ráðstefnu þessa og er lagt til að fjárveiting hennar vegna verði 300 þús. kr.

Þá er lagt til að liðurinn Sjúkraflug hækki um 500 þús. kr. Þessum lið er skipt milli fjögurra flugfélaga, sem staðsett eru víðs vegar um landið og gegna þar þýðingarmikilli þjónustu fyrir landsbyggðina.

Þá er lagt til að fjárhæð Gæsluvistarsjóðs verði skipt milli fjögurra aðila, svo sem fram kemur á þskj. 143. Óbreytt stendur fjárveiting til Bláa bandsins 1200 þús. kr. og til félagsins Verndar 500 þús. kr.

Þá koma næst brtt. við málefni fjmrn. Þar er aðeins ein brtt. og hún er um að liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun hækki um 4 millj. 708 þús. kr. Um skiptingu á heildarupphæðinni, sem nemur 17 millj. 936 þús., vísast til þess sem fram kemur í yfirliti á þskj. 143.

Brtt. við málefni samgrn. koma næst. Þar kemur fyrst till. n. um hækkun til hafnarmannvirkja og lendingarbóta. Lagt er til að liðurinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 51 millj. 610 þús. kr. Til ferjubryggju er till. um 3 millj. kr. hækkun, og framlag til Hafnarbótasjóðs hækkar um 6 millj. 192 þús., en það er í beinu sambandi við fjárveitingu til hafnarmannvirkja, en skv. lögum skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins nema 12% af framlagi ríkissjóðs til hafnarmannvirkja. Til sjóvarnargarða er till. um 800 þús. kr. hækkun. Um skiptingu á fé þessu milli framkvæmda vísast til sérstakra yfirlita á þskj. og á það við um alla þessa liði: hafnarmannvirki, lendingarbætur, ferjubryggjur og sjóvarnargarða.

Við liðinn Sjóslysanefnd er lagt til að fjárveiting hækki um 300 þús. kr. Hjá n. liggur erindi, sem barst ekki fyrr en á síðasta fund n. áður en gengið var frá till. til 2. umr., en það er um fjárveitingu vegna rannsókna á reki gúmmíbjörgunarbáta, sem er skv. samþ. þáltill. frá síðasta þingi. Það mál er að sjálfsögðu til athugunar hjá n. og verður afstaða til þess tekin fyrir 3. umr.

Þessu næst koma brtt. varðandi fjárveitingar til flugmála. Þar er lagt til að liðurinn Flugmálastjórn hækki um 19 millj. og 600 þús. Hækkun þessi skiptist þannig að 18 millj. koma til hækkunar á framkvæmdum við flugvallargerð og 1600 þús. kr. til snjómoksturs á flugvöllum. Samtals verður varið til snjómoksturs á flugvöllum 5 millj. kr. og er það í fyrsta skipti tekið inn sem sérstakur liður. Að öðru leyti vísast til yfirlits á þskj. 143 um skiptingu á upphæðinni á milli framkvæmda.

Þá er lagt til, að gjaldfærður stofnkostnaður við Veðurstofu hækki um 1 millj. kr., en það er vegna gengislækkunar í sambandi við tæki, sem stofnunin kaupir erlendis frá.

Til flugbjörgunarsveita er lagt til að fjárveiting hækki um 350 þús. kr.

Loks er till. um hækkun á fjárveitingu til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins að upphæð 1 millj. kr.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns bíða nokkur mál frekari athugunar hjá n. Eru þar málaflokkar, sem heyra undir iðnrn., svo sem Rafmagnsveitur ríkisins og orkumál, þ. á m. vegna Kröfluvirkjunar og væntanlegrar virkjunar Bessastaðaár í Fljótsdal, sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi o. fl., enn fremur aðrir málaflokkar, svo sem vegna almannatrygginga, en þar verður um verulega hækkun að ræða frá því sem nú er í frv., bæði hvað snertir sjúkratryggingar og lífeyristryggingar. Þá er eftir að gera grein fyrir endurskoðun á tekjum Vegasjóðs og enn fremur málefnum Pósts og síma, en báðir þessir málaflokkar eru nú í athugun hjá n.

Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir þeim brtt. við fjárlfrv., sem n. flytur sameiginlega við þessa umr. Verði þessar till. n. samþ. hefur það í för með sér hækkun á gjaldabálki fjárlfrv. sem nemur 802 millj. 879 þús. kr.

Eins og ég hef áður að vikið mættu á síðasta fundi n. nú fyrir afgreiðslu málsins við 2. umr. fulltrúar frá Þjóðhagsstofnun. Gáfu þeir n. marg-

vislegar upplýsingar um þróun efnahagsmála þjóðarbúsins á yfirstandandi ári, jafnframt því sem þeir skýrðu frá því að þeir væru að ljúka við frumdrög að nýrri þjóðhagsspá fyrir næsta ár. Nú hafa n. borist þessar upplýsingar í skýrsluformi, svo að það ætti að vera auðveldara fyrir nm. og aðra að taka afstöðu við endanlega afgreiðslu fjárlfrv. um málið í heild, þegar það kemur til 3. umr., væntanlega í lok þessarar viku. Það kom fram á þeim fundi, sem þeir fulltrúar Þjóðhagsstofnunar áttu með fjvn., að allar áætlanir stofnunarinnar eru byggðar á þeim grundvelli að full atvinna haldist allt árið og að atvinnuvegirnir gætu einnig starfað við eðlileg skilyrði. Þjóðhagsstofnunin hefur gefið sér 3 dæmi um áætlaðar innheimtar tekjur ríkissjóðs á næsta ári, sem að sjálfsögðu eru byggðar á mismunandi forsendum. Nú við lok ársins liggur það betur fyrir en áður hvað ætla megi að atvinnutekjur hafi hækkað á árinu á mann. Það er álit Þjóðhagsstofnunar að breytingin verði meiri en gert var ráð fyrir við samningu fjárlfrv. Nú er talið að atvinnutekjur á mann muni reynast um 50% hærri, en í frv. er gengið út frá 35% hækkun. Með tilliti til þessa ber að sjálfsögðu að hafa í huga að endurskoða þarf þá skattvísitölu, sem miðað verður við, en eins og í fjárlfrv. kemur fram er þar miðað við skattvísitölu 145 stig. Þessi þrjú dæmi, sem Þjóðhagsstofnunin setur fram og eru, eins og ég áðan sagði, byggð á mismunandi forsendum, gera ráð fyrir því að við vissa viðmiðun geti heildartekjur ríkissjóðs hækkað frá því, sem er í fjárlfrv., samkv. fyrsta dæmi um 3 028 millj. kr., samkv. 2. dæmi um 1 milljarð 954 millj. og samkv. 3. dæmi um 1 milljarð 433 millj. kr.

Um þessar niðurstöður sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða að sinni eða þær brtt. sem fjvn. flytur. Ég hef því lokið máli mínu, herra forseti, og legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Þegar ljóst var á sumarþinginu, að Alþ. yrði ekki kallað saman aftur fyrr en undir mánaðamótin okt.-nóv., átti ég viðræður við hæstv. fjmrh. og form. fjvn. og lýsti þeirri skoðun minni að ég teldi óhjákvæmilegt að fjvn. eða a. m. k. undirnefnd fjvn. kæmi saman ekki síðar en í byrjun okt. og reyndi að ljúka sem mestu af viðtölum við forráðamenn ríkisstofnana og helst sveitarfélaga einnig áður en þing hæfist, ella væri ólíklegt að n. ynnist tími til að ljúka störfum við fjárlfrv. í tæka tíð fyrir jól. Þessi tilhögun var höfð á að því leyti, að undirnefnd fjvn. lauk viðtölum við allmarga forstöðumenn stofnana, eins og form. n. greindi frá áðan, en af viðræðum við sveitarstjórnarmenn varð því miður ekki. Ég tel að sá tími, sem undirnefnd notaði til viðtala fyrir þingbyrjun, hafi verið of stuttur, en notast vel og þau störf hafi reynst forsenda þess að fjárl. verði afgreidd fyrir jól. Hins vegar er það skoðun mín að tíminn frá þingbyrjun hafi verið nýttur miklu síður en skyldi og miður en ég hef áður þekkt, einkum í upphafi þings. Þetta hefur leitt til þess að á síðustu stundu hefur orðið að afgreiða mál af of mikilli skyndingu og án þess að tími gæfist til að ræða hin ýmsu erindi og málaflokka sem skyldi. Hefur n. þó oft áður verið hart keyrð í þessu efni, en aldrei eins og nú. Þá tel ég að tengsl n. við fjárlaga- og hagsýslustofnun hafi verið of lítil að þessu sinni og miklu minni en áður.

Um þessi atriði skal ég ekki hafa fleiri orð. Þessir vankantar hafa ekki bitnað á einum aðila öðrum fremur, en ég tel einsýnt að gera verði ráð fyrir að enda þótt þing komi saman á venjulegum tíma, um 10. okt., þá verði undirnefnd fjvn. að hefja störf varðandi einstök atriði í fjárlfrv. ekki síðar en einum mánuði áður en þinghald hefst. Með því að skipuleggja störf n. í heild og undirnefnda, sem fjalla um einstaka málaflokka, í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun, og ætla meiri tíma en nú hefur verið gert til nefndarfunda til upplýsingaöflunar fyrstu vikurnar eftir að þing kemur saman gæfist rýmri tími til ákvarðanatöku seinni hluta starfstímans.

Þrátt fyrir þá annmarka sem verið hafa á störfum n., annmarka, sem sumir eiga sér eðlilegar orsakir og eru ekki að koma fyrst upp núna, þá hefur samstarf innan n. verið með miklum ágætum og flyt ég samnm. mínum bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf, einkum form. n. fyrir þá sérstöku lipurð og ljúfmennsku, sem honum er lagin og mér er áður vel kunn frá fyrri formannstíð hans.

Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjvn. stöndum sameiginlega að nál., sem birt er á þskj. 152. Að venju flytur n. sameiginlega margar brtt. Um þær gildir hið sama og venjulega. Slík tilhögun þýðir ekki að hver einstakur nm. sé sammála öllum till., sem þar eru fluttar. Við nm. í minni hl. höfum óbundnar hendur um afstöðu til einstakra brtt., sem fluttar eru í nafni allrar n., og höfum áskilið okkur rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Mjög margir veigamiklir þættir fjárlfrv. eru óafgreiddir í n. auk tekjuhliðar þess og auk þess ýmis smærri atriði. Vegna þess hve seint 2 umr. fer fram, hún hefur aldrei verið svo seint svo langt sem ég man, gefst, miðað við hversu margt er samt sem áður óafgreitt, tiltölulega lítill tími milli 2. og 3. umr. að þessu sinni.

Minni hl. n. flytur ekki sem slíkur brtt. við þessa umr. a. m. k. Hann hefur reynt að koma sínum sjónarmiðum að við afgreiðslu einstakra mála í n., eftir því sem tækifæri hefur gefist til í þeim óhemju tímaskorti, sem þar hefur ríkt, einkum eftir að afgreiðsla loksins hófst. En að sjálfsögðu hljóta ríkisstjórnarflokkarnir hverju sinni að móta heildarstefnuna og ákvarða heildarútgjöldin. Tilraunir minni hl. n. þegar til afgreiðslu kemur í þinginu til að koma fram breytingum á frv. koma því að jafnaði fyrir lítið, jafnvel er ólíklegra að slíkar till. nái fram að ganga en till. einstakra þm. Þar að auki hefur stjórnarvöldum að þessu sinni tekist að spenna rekstrarkostnað ríkisins og samsvarandi skattheimtu svo ógnarlega upp, að hverjum og einum hlýtur að óa við að þar sé við bætt og er þó vissulega þörf á fjárveitingum til málefna, sem engan veginn er nægilega séð fyrir í fjárlfrv. eða þeim brtt., sem n. flytur. Er þar bæði um að ræða framkvæmdaliði og þó einkum framlag til lífeyristrygginga.

Við 1. umr. rakti ég fjárlfrv. nokkuð. Í höfuðatriðum hefur starf fjvn. og ákvarðanir meiri hl. hennar milli umr. ekki raskað aðaleinkennum frv. og mun ég því ekki fjalla um það í mjög löngu máli nú, þegar það kemur öðru sinni til umr., enda er nú svo komið afgreiðslu þess, að eigi að ljúka henni n.k. föstudag eða laugard., þá mun n. ekki veita af að 2. umr. ljúki tiltölulega fljótt, svo að frv. komist sem fyrst í hendur n. að nýju, þar sem mjög mörg meiri háttar mál bíða afgreiðslu.

I fjárlfrv., eins og það var lagt fram, var gert ráð fyrir að skattheimta ríkisins á næsta ári yrði rúmlega 16 þús. millj. kr. hærri en í núgildandi fjárl., en með þeim hækkunartill. sem fluttar eru á þskj. 143 og 147 og nema um 800 millj. kr., og þeim hækkunum, sem fyrirsjáanlegar eru þar til viðbótar, má gera ráð fyrir að skattheimta ríkisins á næsta ári nemi 47—48 milljörðum kr. og hækki frá núgildandi fjárl. um 17,5—18 þús. millj. kr. og verður aukningin, aðeins aukningin á skattheimtunni á næsta ári, miðað við núgildandi fjárl., a.m.k. 1 þús. millj. kr. hærri upphæð en nemur öllum tekjum ríkissjóðs á fjárl. 1972. Fjárl. hækka nú í einu lagi um hærri fjárhæð en nemur öllum fjárl. 1972. Fjárlög hækka því að þessu sinni um 60—62% frá núgildandi fjárl., og mun það vera langsamlega mesta hækkun á fjárl. sem um getur í þingsögunni, og gerist hæstv. fjmrh. þegar í stað alger methafi á þessu sviði. Það er svo kaldhæðni örlaganna að hann skuli hafa fyrir ári haldið því fram hér á hv. Alþ. að það væri auðvelt — ekki aðeins unnt, heldur auðvelt að skera niður ríkisútgjöld um 4 300 millj. kr. á árinu 1974, en það gæti svarað til 6 þús. millj. kr. á því ári, sem fjárlfrv. snýst um. Nú, 12 mánuðum seinna beitir flm. frv. um skattalækkunina miklu, núv. hæstv. fjmrh., sér fyrir því að auka skattheimtuna um 18 þús. millj. kr. á næsta ári. Það munar ekki minni upphæð en 24 milljörðum eða um 82% af niðurstöðutölum núgildandi fjárl. Minna hefði mátt gagn gera.

Við framlagningu fjárlfrv. kom í ljós að hæstv. ráðh. taldi, þegar á hólminn var komið, ekki eins auðvelt að skera niður ríkisútgjöld og minnka skattheimtuna og hann áleit í fyrra, heldur vildi þá afgr. fjárl. með 16 þús. millj. kr. hækkun þess í stað. Nú kemur hann aftur og telur verkefnið ekki auðveldara en svo að enn þurfi hann um 2 þús. millj. kr. í viðbót. Lækkun ríkisútgjalda átti að dómi hæstv. núv. fjmrh. að vera auðveld með því að minnka framkvæmdahraða og með sparnaði á vissum sviðum, eins og hann orðaði það. Þessum sviðum hefur hæstv. ráðh. sýnilega misst sjónar af og ekki fundið enn.

Ég hef áður haldið því fram, bæði í stjórnaraðstöðu og í stjórnarandstöðu, að ekki sé einfalt og auðvelt að koma við skynsamlegum stórsparnaði í ríkiskerfinu eins og það er upp byggt, sérstaklega ef menn taka mark á æviráðningu starfsmanna ríkisins, en það eru aðrir í ríkisstj. en hæstv. fjmrh., sem hafa síðustu dagana gert tilraunir í því efni að setja æviráðningu ekki of mikið fyrir sig. En þó að þær óútskýrðu patentlausnir til stórlækkunar í ríkisútgjöldum, sem boðaðar voru í fyrra, hafi verið sparðar að þessu sinni, hefði mátt vænta þess eftir svo karlmannlegar yfirlýsingar fyrir ári að þess sæjust einhvers staðar merki í fjárlfrv. og við meðferð stjórnarliða á því á Alþ. að það væri haft í huga a.m.k., að aðgát skyldi höfð við ákvörðun rekstrarliða, en það sést hvergi svo mikið sem örla á tilhneigingu til þess. Í grg. með frv. er beinlínis tekið fram að liðirnir Önnur rekstrargjöld hækki meir en almennt verðlag, eða um 65,7%, eftir að þá er búið að draga frá útgjaldaaukningu vegna sérstakra hækkana á verði olíu til skipa ríkisins og vegna hækkana á prentkostnaði hjá Ríkisútgáfu námsbóka, en þessir þættir hafa hækkað umfram annað í þjóðfélaginu sem kunnugt er. Þrátt fyrir að áhrif þessara sérstöku hækkana hafi verið dregin frá, hækka önnur rekstrargjöld um 65.7% eða meira en almennt verðlag í landinu.

Forráðamenn Reykjavíkurborgar hafa ekki getið sér orð fyrir sérstaka aðhaldssemi um rekstrarútgjöld borgarsjóðs og eyddu mjög miklu umfram tekjur á þessu ári, eins og komið hefur til umr. hér á hv. Alþ. í umræðum um neyðarráðstafanir sem grípa varð til í lánamálum til að draga þá að landi. En þannig stendur hæstv. fjmrh. að afgreiðslu fjárlfrv. fyrir ríkissjóð, að jafnvel borgarstjórinn í Reykjavík hendir á lofti hinar gífurlegu hækkanir á rekstrarliðum fjárlfrv. og hælist um í borgarstjórn og á síðum aðalmálgagns Sjálfstfl., er hann ber þessar risahækkanir rekstrarútgjalda hjá hæstv. fjmrh. saman við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir næsta ár. Það er sem sagt að koma á daginn að nú er þannig haldið á málum ríkissjóðs, að ekki aðeins hæstv. fyrrv. fjmrh., Halldór E. Sigurðsson, er hvítþveginn af öllum fyrri ásökunum Sjálfstfl. um óráðsíu, heldur sér jafnvel borgarstjórinn í Reykjavík sér leik á borði að fá syndakvittun líka út á frammistöðu hæstv. núv. fjmrh.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1974, sem lagt var fram í fyrrahaust, hækkuðu eiginleg rekstrargjöld ríkissjóðs, en þá er átt við útgjöld að frádregnum mörkuðum tekjustofnum, um 26.6% frá þágildandi fjárlögum, en útgjaldaþættirnir Önnur rekstrargjöld hækkuðu þá um 20.2% eða um 24.1% minna en útgjöldin í heild. Nú er þessu á annan veg farið. Nú hækka Önnur rekstrargjöld um 37.7% meira en hækkun er á áætluðum heildarútgjöldum. Heildarhækkun eiginlegra rekstrarútgjalda er 47.7%, en hækkun liðanna Önnur rekstrarútgjöld 65.7%.

Ég gat þess við 1. umr. að með fjárlagafrv. væri lagt til, að 53 lausráðnir ríkisstarfsmenn verði fastráðnir og 69 að auki, sem ekki hafa verið starfsmenn ríkisins, verði einnig fastráðnir. Þessar ráðningar 122 manna koma til viðbótar aukningu í kennarastétt. Í till., sem lagðar eru fyrir til afgreiðslu við 2. umr., er enn lagt til að bæta við þessa tölu. Þar er um að ræða lögreglumenn, 4 búnaðarráðunauta og jafnvel prest. Það er sama hvernig árar hjá þjóðinni, enn virðist tímabært að þenja út rekstrarkostnaðinn, hvað sem líður öllum yfirlýsingum ráðamanna um gagnstæðan vilja. Það kann að vera eðlilegt, að þar sem fólki fjölgar mest fjölgi líka prestum, en að mínum dómi er fráleitt að taka ekki um leið til athugunar að fækka þeim, þar sem fólksfækkun og stórbættar samgöngur gefa tilefni til. Ég er þeirrar skoðunar að Alþ. eigi ekki að ljá máls á því að fjölga þessum starfsmönnum í þéttbýli fyrr en tala þeirra og niðurröðun úti á lands-

byggðinni hefur verið færð til samræmis við breyttar aðstæður þar.

Þótt n. eða meiri hl. hennar öllu heldur hafi nú þegar samþ. fjölgun landbúnaðarráðunauta og presta, hefur engin afstaða verið tekin til beiðni sem fyrir liggur frá stjórn ríkisspítalanna um fjölgun starfsfólks hjá sjúkrastofnunum, en sótt er um 225 nýjar stöður. Vegna þess hversu mikið átak hefur verið gert í þessu efni síðustu ár eftir langa vanrækslu fyrri ára er astandið í þessu efni ekki jafnslæmt og fyrr. Í fyrra var t. d. veitt heimild fyrir 165 nýjum störfum á sjúkrastofnunum og þjónustustofnunum ríkisspitalanna. Með of mikilli tregðu á ráðningu þessa fólks er aðeins verið að fresta vandanum og gera hann enn meiri á næsta ári og næstu árum En að sjálfsögðu ber að veita aðgæslu við þessar ráðningar sem aðrar. Hættan er sú, sem ég er hér að benda á, að þegar afgreiðslu er svo hagað að aðrar beiðnir um mannaráðningar en til sjúkrahúsanna eru teknar fyrir fyrst, þá sé sýnd meiri linkind gagnvart óþarfari stöðum, störfum og beiðnum, sem er síður brýnt að sinna, en afgr. eru þegar menn hafa ekki eins rekið sig á þau mörk, sem tekjuáætlunin setur og verður jafnan á síðasta stigi afgreiðslu í fjvn. Síðan, þegar á loks að taka fyrir beiðni um ný störf hjá sjúkrastofnunum, er komið á það stig að lítið rúm er fyrir frekari hækkanir, og þá er tregðast meira við að ráða menn í ný störf en þegar fjallað var um búfræðingana og prestana. Þetta er ekki sagt þessum starfsmönnum sérstaklega til lasts né heldur er ég að halda því fram að þessi vinnubrögð séu ný, en niðurstaða mín er sú, að fjvn. eigi að afgr. allar beiðnir um ný störf samtímis í heild og í samhengi og velja þá og hafna úr öllum hinum mismunandi umsóknum á sama tíma.

Í ræðu sinni fyrir frv. um lækkun skattheimtu ríkisins í fyrrahaust lýsti hæstv. núv. fjmrh. því yfir, eins og ég hef áður getið, að auðvelt væri að brúa bilið í rekstri ríkisins, annars vegar með sparnaði á vissum sviðum og hins vegar með minni framkvæmdahraða. Ég hef nú lýst því yfir, að varðandi sparnaðinn í ríkisútgjöldum hefur verið haldið í þveröfuga átt þegar það kom til kasta flm. skattalækkunarfrv. að leggja fjárlagafrv. fyrir Alþ. Í fjárlagafrv. voru hins vegar skorin niður framkvæmdaframlög í samræmi við það, að í grg. með fjárlagafrv. kemur fram sú yfirlýsta stefna stjórnarfl., Sjálfstfl. og Framsfl., að dregið skuli úr verklegum framkvæmdum ríkisins, þ. e. a. s. minnkuð skuli framlög úr ríkissjóði til ýmissar uppbyggingar úti á landsbyggðinni, uppbyggingar sem ríkið stendur annaðhvort að eitt eða leggur fram fé að ákveðnum hundraðshluta á móti sveitarfélögunum. Þessari stefnu er haldið á lofti annars vegar til þess að auðvelda ríkissjóði að standa undir útþenslunni á rekstrarliðunum, sem hækka meira en almennt verðlag í landinu, og hins vegar er ætlun ríkisstj. með þessu að hamla gegn því sem hún kallar þenslu á vinnumarkaðnum. En í því felst m. a. sú stefna hægri flokka, að fjárfesting einkaaðila eigi að sitja fyrir fjárfestingu vegna samfélagslegra þarfa, þegar erfitt verður um útvegun vinnuafls eigi að draga saman framkvæmdir opinberra aðila úti um alla landsbyggðina til þess að byggingarframkvæmdir einkaaðila á mestu þéttbýlissvæðunum geti gengið ótruflaðar og án þess að framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga valdi á vinnumarkaðnum samkeppni við þessa aðila.

Í þágu þessara aðila, einkaaðila sem fá lánsfé úr opinberum bönkum og sjóðum og njóta verðbólgugróðans, eru ætlaðar slíkar ráðstafanir ríkisstj. sem boðaðar eru í grg. fjárlagafrv. um samdrátt verklegra framkvæmda. Þær sérstöku ráðstafanir, sem ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. hefur gert til þess að skerða kjör sjómanna umfram kjör annarra stétta í landinu, verða ekki til þess að vinnuaflið, sem stjórnarflokkarnir hafa í stefnuyfirlýsingum sínum ætlast til að hyrfi frá störfum við opinberar framkvæmdir, leiti til starfa á fiskiskipaflotanum, nema atvinnuleysi neyði menn til þess. En sjómannasamtökin líta svo á, að í stefnuyfirlýsingu stjórnarflokkanna um samdrátt í opinberum framkvæmdum felist tilraun til þess að láta heppnast aðför hægri stjórnarinnar að sjómannastéttinni í landinu til að knýja það fram, að sjómenn fáist á flotann fyrir þau launakjör, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa skammtað. Enda er þetta sett í samhengi í grg. fjárlagafrv., þar sem fjallað er um magnminnkun verklegra framkvæmda. En í grg. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og kunnugt er hefur ríkt mikið þensluástand í landinu, sem m. a. hefur bitnað á útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar, og er gerð tilraun til þess að hamla gegn því ástandi.“

En allar fyrirætlanir ríkisstj. að láta samdrátt í samfélagslegum framkvæmdum og minnkandi atvinnu af þeim sökum knýja sjómenn til að sætta sig við lögboðna kjaraskerðingu munu mistakast. Og jafnvel þeirri yfirlýstu stefnu ráðh. í ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. um samdrátt í verklegum framkvæmdum ríkis og sveitarfélaga úti á landsbyggðinni tekst ekki að framfylgja í þeim mæli, sem að var keppt með fjárlagafrv.

Í störfum fjvn. hefur orðið bilbugur á þm. að framfylgja þessum stefnuyfirlýsingum eins verulega og ríkisstj. hefur ætlast til. Þetta á einkum við um framlög til sjúkrahúsabygginga og grunnskólaframkvæmda, enda er óhægt um vik í þeim málaflokkum að draga snögglega úr framkvæmdum. Framlög til skólabygginga, skólamannvirkja, sem eru í byggingu, eru umsamin, og þannig var að fjárveitingum til sjúkrahúsabygginga staðið í fyrra að óhjákvæmilegt er að halda þeim framkvæmdum áfram, sem eru hafnar, og nýta það fjármagn, sem þar hefur þegar verið bundið. Enn fremur var í fyrra veitt heimild til mjög margra sveitarfélaga til að undirbúa framkvæmdir í heilbrigðismálum. Þeim undirbúningi er nú lokið og viðkomandi aðilar telja, að nokkur fyrirheit um framkvæmdafjárveitingu í ár hafi falist í framlagi til undirbúnings framkvæmda í fyrra.

Í þessum málaflokkum er því all erfitt að knýja fram þegar á fyrsta ári stefnu núv. ríkisstj. um samdrátt verklegra framkvæmda úti á landi í þeim mæli sem hún óskar. Öðru máli gegnir um fjárveitingar til framkvæmda í hafnargerð og flugvallagerð. Þar eru áfangar ekki jafnbundnir af undanfarandi fjárveitingum, enda nær ríkisstj. betur fram sínu takmarki um samdrátt í þessum málaflokkum. Í framlögðum till. skortir þannig um 21% á að framlög til hafnar-

gerða haldi sama framkvæmdagildi og í ár og varðandi flugvallagerð skortir 36% á.

Á árinu 1973 voru samþ. ný hafnalög, þar sem hlutur ríkissjóðs í hafnargerð sveitarfélaga var stórlega aukinn. Samþ. þessara nýju laga var fylgt eftir með stórauknum framlögum til hafnargerða við afgreiðslu núgildandi fjárlaga, þegar veittar voru úr ríkissjóði 444 millj. kr. til almennra hafnarframkvæmda sveitarfélaga og 169 millj. kr. vegna sérstakra framkvæmda í Grindavík og Höfn í Hornafirði. Þessar fjárveitingar voru taldar algerlega óhjákvæmilegar, m. a. vegna uppbyggingar skuttogaraflotans, sem dreifðist á útgerðarstaði víðs vegar um landið, þar sem víðast hvar skorti og skortir enn aðstöðu fyrir þessi skip, sem hafa orðið undirstaða að endurreisn atvinnulífsins á þessum stöðum, þar sem áður ríkti landlægt atvinnuleysi. Auk þess var ástandið þannig í mörgum höfnum, þar sem ekki voru skuttogarar, að aðstaða fyrir vélbáta var algerlega óviðunandi og allur bátaflotinn jafnan í stórhættu í áhlaupaveðrum. Það hefði því vissulega þurft að fylgja eftir því, sem gert var við afgreiðslu núgildandi fjárlaga til að stórauka hafnarframkvæmdir um land allt, í stað þess að draga úr framkvæmdum eins og nú er ætlunin.

Ég get ítrekað þá skoðun, sem ég lét í ljós við 2. umr. um núgildandi fjárlög, þegar ég taldi, að framlög til hafnargerða hefðu um mjög langt árabil verið stórum of lág og hjá þjóð, sem á allt undir sjósókn og fiskvinnslu, verði ekki undan því vikist að gera hafnirnar þannig úr garði að þeim, sem vilja leggja það á sig að sækja sjóinn, sé ekki gert það ókleift vegna óviðunandi aðstöðu fyrir fiskiskipaflotann, þegar að landi er komið.

En framlög ríkissjóðs til hafna eru ekki nema hluti þess vandamáls, sem hafnarframkvæmdir eru, að vísu stærsti þátturinn. Annar aðalþátturinn er á hvern veg sveitarfélög geta séð fyrir sínum hlut, 25% kostnaðar við hafnarmannvirki.

Nú hefur ekki aðeins syrt í álinn varðandi hafnarframkvæmdir að því er varðar fjárframlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda, sem nú á að draga verulega úr, heldur hefur af hálfu stjórnvalda verið lýst yfir, að þegar ríkissjóður hefur aukið sinn hlut í 75% af öllum hafnarframkvæmdum sveitarfélaga, þá eigi sveitarfélögin að geta séð um sinn hlut upp á eigin spýtur úr því. Ég bjóst naumast við öðru, þegar hægri stjórn tók við völdum, en að hún kippti að sér hendinni um framlög úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda eins og nú er að gerast. Slík stjórn metur einkafjárfestingu meir en samfélagslega og vill ekki að af fjárframlögum úr ríkissjóði hljóti einkareksturinn samkeppni um vinnuaflið. En ég átti naumast von á svo afdráttarlausri stefnubreytingu varðandi stuðning ríkisins við sveitarfélög í því skyni að gera þeim kleift að reiða sinn hlut af hendi. Ég er ekki þeirrar skoðunar að enda þótt hlutur ríkissjóðs sé nú 75% af framkvæmdakostnaði, þá sé hlutur sveitarfélaganna þar með orðinn svo léttur að ríkið þurfi helst ekki nærri því að koma að aðstoða sveitarfélög við þeirra hluta nema í undantekningartilfellum. Ég var sömu skoðunar í fyrra, þegar ég gerði grein fyrir till. fjvn. um hæsta framlag sem nokkru sinni hefur verið veitt úr ríkissjóði til hafnarframkvæmda í landinu, og lagði þá áherslu á að til úrbóta í hafnamálum dygði ekki það eitt að veita fé á fjárlögum til að kosta þau 75% framkvæmdakostnaðar við hafnarframkvæmdir, sem ríkið á að sjá um. Þá benti ég á að víða væri hag hafnarsjóða svo komið, að þeir væru einskis megnugir og gætu í raun og veru ekki bætt á sig kostnaði við nýjar framkvæmdir, m. a. vegna erlendra lána, sem hækka með hverri gengisfellingu. Ég taldi óhjákvæmilega nauðsyn og þjóðfélagslega sanngjarnt að gerðar yrði ráðstafanir til að létta greiðslubyrði þeirra hafnarsjóða sem verst eru settir. Til þess að sinna þessu verkefni voru sumarið 1973 veittar 40 millj. kr. samkv. sérstakri heimild á fjárlögum til hafnarsjóða víðs vegar um land í lán til 15 ára, afborgunarlaus fyrstu tvö árin. Það var einróma álit fjvn. þá, að þessa fyrirgreiðslu hefði þurft að veita sem framlög, en ekki lán, þótt það hafi vissulega komið sjóðunum að miklu gagni.

Á þeim fjárlögum, sem samþ. voru um þetta leyti í fyrra, er heimild til að taka 50 millj. kr. lán til ámóta fyrirgreiðslu til hafnarsjóða og veitt var 1973, en sú heimild hefur ekki verið notuð og enn hafa alls engin lán verið veitt úr Hafnabótasjóði til sveitarfélaga á þessu ári, þótt í dag sé 16. des. Ef sú á að verða í reynd stefna hægri stjórnarinnar, sem nú situr, eins og komið hefur fram, að láta vanda hafnarsjóðanna sem mest lönd og leið, þá verður að sjálfsögðu með tiltölulega auðveldum hætti náð því marki, sem e. t. v. er keppikefli, að draga að verulegu ráði úr hafnarframkvæmdum sveitarfélaga og fjárútlátum úr ríkissjóði í því sambandi. Það kæmi þá nokkuð af sjálfu sér.

Vanskilaskuldir hafnarsjóða námu s. l. áramót um 58 millj. kr. Ef þær hafnir, sem hér er um að ræða, eiga ekki að dæmast úr leik varðandi frekari lífsnauðsynlegar hafnarframkvæmdir, verður að koma til sérstök aðstoð til þeirra, og þess ber sérstaklega að gæta, að þeim aðilum, sem hafa staðið í skilum með sín lán með útsvarsálagningu á íbúa sveitarfélagsins, verði að gera kleift að halda áfram framkvæmdum án slíkra byrða sem lagðar eru á þetta fólk umfram aðra landsmenn. Vandamál fólks í sjávarplássunum varðandi lífsnauðsynlega hafnargerð, sem er í þágu allra landsmanna, eru ekki leyst með einu saman 75% framlagi úr ríkissjóði, þótt einhverjir kunni að ímynda sér það.

Til þess að gefa hv. þm. nokkra mynd af því, hvað fólk í sjávarplássunum tekur á sínar herðar með því að standa undir kostnaði við hafnarframkvæmdir að ¼ hluta, skal ég nefna sem dæmi, að í Sandgerði var í hittiðfyrra veitt upphafsfjárveiting til hafnarframkvæmda, sem síðan hefur verið veitt meira fé til og hafnar eru, en ætla má, að þær kosti sveitarfélagið um 26 millj. kr. Ef til vill þykir einhverjum sem fjalla um þær 47 þús. millj. kr., sem ný fjárlög munu spanna, þetta engin ógnarupphæð, 26 millj. kr., jafnvel ekki stærri en svo, að það sé ofætlun, að ríkissjóður eða Hafnabótasjóður þurfi að koma þar nærri með fjárframlag eða aðra aðstoð eftir að ríkissjóður hefur greitt 75% framkvæmdanna. En ef tekið er tillit til mannfjölda á þessum stað, þá er það svo, að sú upphæð, sem þessu fólki er ætlað að greiða, svarar til þess að reykvíkingar

þyrftu að greiða nálega 2 300 millj. kr. vegna áfanga í hafnargerð. En það er ekki fjarri því að vera um það bil sú upphæð, sem Reykjavíkurborg ver til allra verklegra framkvæmda, gatnagerðar, skólabygginga, byggingar íþróttamannvirkja, heilbrigðisstofnana o. fl., á tveim árum. Þess má geta í leiðinni, að miðað við núgildandi verðlag hafa íbúar í þessu sjávarplássi í sambandi við fyrri hafnarframkvæmdir áður greitt með útsvörum ámóta upphæð og þeim er nú ætlað öðru sinni. Ég þarf ekki að minna á í þessu sambandi að fólk hvarvetna um landið borgar á sama tíma skatt til Reykjavíkurhafnar í verði svo til hverrar vöru, sem það kaupir til daglegrar neyslu, hafnargjöld til Reykjavíkur eru hluti af verði svo til allrar innfluttrar vöru. Svo hrikalegur er aðstöðumunur fólks í þessu landi.

Þótt e. t. v. þyki ekki til of mikils mælst að fólk í sjávarplássum úti á landi, það fólk sem sinnir mikilvægustu framleiðslustörfunum, standi undir fjórðungi kostnaðar við hafnarframkvæmdir til þess að gjaldeyrisöflun geti farið fram, hygg ég að ýmsir taki að skilja ofurþunga þessarar byrðar, þegar hún er færð upp í mælikvarða höfuðborgarinnar og gert væri ráð fyrir, að byrðin ætti að leggjast af hlutfallslega sama þunga á borgarbúa þar.

Ég tel að Hafnabótasjóð þurfi að efla verulega til þess að unnt sé að beita því ákvæði hafnalaga, sem heimilar að framlag til hafnargerða frá ríkissjóði og Hafnabótasjóði geti samanlagt numið allt að 90% af framkvæmdakostnaði. Það yrði drjúgur áfangi í þá átt að leysa fólk í sjávarplássum undan þeirri byrði að ofan á framlag sitt til gjaldeyrisöflunar með daglegri vinnu þurfi það umfram aðra landsmenn að leggja það einnig til gjaldeyrisöflunar þjóðarinnar að kosta ½ hluta af hafnarmannvirkjum.

Það hefur komið fram, að fyrirgreiðsla hefur verði veitt af hálfu Byggðasjóðs til hafnarsjóða sem verið hafa í vanskilum með hafnarlán. Ég er þeirrar skoðunar að ráðstöfun á fé, sem kemur úr ríkissjóði og varið er til fyrirgreiðslu við hafnarsjóði, eigi að vera á vegum aðila sem hafa yfirsýn yfir málefni allra hafnarsjóða í landinu og taki tillit til fleiri atriða en vanskila, svo sem þess hvað sveitarstjórnirnar hafa lagt á íbúana í skattgreiðslum til þess að hafnarsjóður standi í skilum, þannig að þeir aðilar séu ekki látnir gjalda þess að þeir leggja hart að sér til þess að greiða sínar skuldir. Byggðasjóður skiptir landinu í fyrirgreiðslusvæði og þannsvæði, þar sem Reykjanessvæðið er auk Reykjavíkur, þannig að hugsanlegt er að staður eins og Akureyri, þar sem fólksfjölgun er hvað mest, njóti fyrirgreiðslu í sambandi við hafnamál á sama tíma og sjávarpláss á Suðurnesjum, svo sem Grindavík og Sandgerði, þar sem verður að leggja ofurbyrði á íbúana vegna hafnamála, geti engrar fyrirgreiðslu vænst. Ég tel því rangt að flytja fjármagn og vald frá Alþ. til slíkra sjóða að því er varðar fyrirgreiðslu í hafnamálum sem eru nokkurs sérstaks eðlis. Ég tel eðlilegra að Hafnabótasjóður sé efldur og ákvarðanir um styrki og aðra fyrirgreiðslu til hafnarsjóða vegna framkvæmda séu í höndum viðkomandi rn. og fjvn., þeirra aðila, sem fjalla um fjárveitingar úr ríkissjóði til að kosta 75% þessara sömu framkvæmda og eiga að hafa yfirsýn yfir mál allra hafnarsjóða, en ekki aðeins þeirra, sem eru á viðurkenndum svæðum Byggðasjóðs.

Ef aukið framlag úr ríkissjóði í Byggðasjóð á að verða annars vegar til þess að dregið verði úr fjárveitingum til hafnarframkvæmda eins og nú gerist og hins vegar til þess að dregið sé úr umsvifum Hafnabótasjóðs miðað við það sem ella hefði orðið og færa frá honum verkefni til annarra aðila, þá er ég andvígur slíkum ráðstöfunum. Ég tel hluta af auknu framlagi til Byggðasjóðs væri betur varið til aukinna fjárveitinga til hafnarframkvæmda og þó einkum til eflingar Hafnabótasjóðs.

Ég hef gerst nokkuð langorður um hafnamálin, enda vil ég leggja áherslu á að ég tel þau ein allra mikilvægustu málin sem fjallað er um í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og þykir það alvarleg ákvörðun Alþ. að draga úr fjárveitingum til þessara framkvæmda.

Undanfarið hefur verið rætt mjög um þátt verkmenntunar í námskerfinu og ætla ég ekki að eyða tíma í að ræða frá mínu sjónarmiði um ágalla þess kerfis, sem um langt skeið hefur byggt á þeirri grundvallarmeinloku að líta á hæfileika nemenda á verklegu sviði sem annars flokks hæfileika og talið það eitt til gáfna sem snýr að hæfileikum til bóknáms. Því hafa verknámsdeildir í skólum of lengi verið meðhöndlaðar sem eins konar tossadeildir bóknáms og sú afstaða einnig komið fram í sérskólum verknáms á þann hátt að þar sé hægt að bjóða upp á annars flokks aðbúnað, miðað við það sem gerist í þeim skólum sem hafa sinnt annars konar hæfileikum nemenda. Af þessari grundvallarmeinloku er komið meira en nóg og tímabært að ganga út frá þeirri einföldu staðreynd, að gáfur eru margs konar og engin ástæða til að gera upp á milli þeirra, hvort heldur þær duga betur við meðhöndlun bóka eða annarra tækja. Þess vegna var ánægjulegt að heyra hæstv. menntmrh. lýsa því yfir að hann vildi taka þessum málum tak. Og þótt orð séu til alls fyrst, þá þarf samt meira en orð ef árangur á að nást. En hæstv. ráðh. virðist ætla að láta orðin nægja við afgreiðslu þessara fjárlaga. Engin merki áhuga hans sjást í fjárveitingum til verknámsskóla. Framlög til iðnskóla stórlækka að framkvæmdagildi. Þau þyrftu að vera 41% hærri til þess að halda framkvæmdagildi til jafns við fjárveitingar á núgildandi fjárlögum.

Í fyrsta skipti síðan Fiskvinnsluskólinn tók til starfa fær hann ekki þá fjárveitingu sem forráðamenn hans telja nauðsynlega til þess að halda megi áfram eðlilegri uppbyggingu hans. Framlög til Sjómannaskólahússins eru lækkuð úr 26.3 millj. kr. í 3 millj. Þar með er því slegið föstu að stöðva þær framkvæmdir. Á sama tíma er framlag til Kirkjubyggingasjóðs hækkað um 60% og eru þeir betur settir sem hljóta fjárframlög í stað orðanna einna.

Hin endurfædda helmingaskiptastjórn Sjálfstfl. og Framsóknar hefur setið að völdum í um það bil 3½ mánuð. Síðan hún tók við völdum í þeim yfirlýsta tilgangi að draga úr verðbólgunni hefur vísitala framfærslukostnaðar hækkað svo að svarar til nær 60% verðbólguvaxtar á ári, og er það mesta verðbólga á rúmlega 3 mán. tímabili sem

um getur. Eins og endranær hjá hægri stjórnum töldu stjórnarherrarnir of hátt kaup höfuðorsök verðbólgunnar og afnámu frekari verðlagsbætur á laun, tóku kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi með lögum sem gilda að sinni a. m. k. til 1. júní n. k. En þeir hafa látið verðlagið leika lausum hala með þeim árangri sem ég áðan nefndi, enda eru sumir sjálfstæðisflokksmenn nú búnir að uppgötva verðbólgu í öðrum löndum, olíuverðshækkun o. fl., sem þeir höfðu litlar fregnir af um það leyti sem kosið var til Alþ. í sumar. Verðlag hefur undanfarið hækkað meir en á nokkru öðru jafnlöngu tímabili, þrátt fyrir bindingu kaupgjaldsvísitölu, og kaupmáttur launa rýrnað að sama skapi. Þótt þessi þróun bitni mjög á öllu launafólki, þá kemur hún langsamlega harðast niður á þeim öryrkjum og gamalmennum, sem hafa ekki annað sér til lífsframfæris en lífeyri almannatrygginga, tekjutrygginguna. Lífeyrisgreiðslur þessa fólks hafa aðeins hækkað um 10% og almennur lífeyrir um 6%, þegar framfærslukostnaður hefur hækkað um 20%, en kjaraskerðing þessa fólks, sem getur ekki annað keypt en brýnustu lífsnauðsynjar, er þó enn meiri en þessar tölur sýna, þar sem matvæli hafa hækkað meir en allt annað. Fyrirsjáanlegt er, að verðlagshækkanir halda áfram í ríkum mæli. T. d. mun við afgreiðslu fjárl. verða reiknað með 35.4% hækkun gjaldskrár Pósts og síma og hækkanir annarra þjónustugjalda eru á næsta leyti.

Þegar fulltrúar Þjóðhagsstofnunar komu á fund fjvn. gerðu þeir ráð fyrir því, að meðalverðlag 1975 yrði 27—29% hærra en meðalverðlag 1974 og að verðhækkanir innanlands frá næstu áramótum til ársloka yrðu a. m. k. 10%, þótt laun hækkuðu ekki nema um umsamin 3%. Kaupmáttur launa og lífeyrisgreiðslna á nú eftir að lækka enn verulega, ef svo fer fram sem horfir. En við afgreiðslu fjárlaga hefur ekki til þessa verið gert ráð fyrir einni krónu til þess að bæta þá kjaraskerðingu, sem gamalmenni og öryrkjar hafa þegar orðið fyrir og fyrirsjáanleg er til viðbótar, og líklegast er, að meiri hl. Alþingis láti nægja að gera einungis ráð fyrir umsömdum hækkunum til annarra. Er þó hér um að ræða lífsafkomu aðila sem verða að eiga allt sitt lífsviðurværi undir ákvörðun Alþ. og hafa engin tök á að ráða neinu um kjör sín.

Gengislækkun, hækkun söluskatts, binding kaupgjaldsvísitölu, allar þessar ráðstafanir eru gerðar vitandi vits til þess að rýra kjör launþega í þeim yfirlýsta tilgangi að draga úr því sem hagspekingarnir kalla „eftirspurnarþenslu“. En á sama tíma eru rekstrarútgjöld ríkissjóðs þanin svo út, að ríkisstj. krefst 12 þús. millj. kr. meiri ríkistekna á næsta ári en raunverulegum tekjum nemur á þessu ári. Tekjuhlið fjárlaganna byggir ríkisstj. því upp á forsendum sem samrýmast ekki aðgerðum hennar í efnahags- og verðlagsmálum, því að hvernig á að stórrýra lífskjörin með samdrætti í atvinnu og með verðlagshækkunum, sem renna til ýmissa aðila í þjóðfélaginu, og reikna síðan með 12 þús. millj. kr. hækkun á sköttum, sem að langmestu leyti eru neysluskattar?

Það er e. t. v. fremur ástæða til að ræða tekjuhlið fjárlagafrv. við 3. umr. en nú. En vegna upplýsinga sem fjvn. fékk frá fulltrúum þjóðhagsstofnunar um þann þátt frv. vil ég þó aðeins nefna nokkur atriði sem ljóst er að tekjuhliðin og þessi risavaxna tekjuaukning ríkissjóðs er byggð á. Hún er í fyrsta lagi byggð á viðskiptahalla, sem gæti numið um 10 milljörðum króna á næsta ári. Í öðru lagi á erlendu neysluláni sem nemur milljörðum kr. Það er tekið til þess að geta tryggt það ákvæði í EFTA-samningi að engin höft eða takmörkun sé á innflutningi og til þess að tryggja það magn innflutnings, sem dugir ríkissjóði í því meginverkefni að afla nægilegra neysluskatta til þess að standa undir útþenslunni í rekstrarútgjöldum. Í þriðja lagi á því, að gengið verði á vörubirgðir, þannig að í afrakstri næsta árs felist meira en svarar til framleiðslu á því ári. Í fjórða lagi, að gjaldeyrissjóðir rýrni um 1—2 milljarða. Í fimmta lagi, að áfram renni í ríkissjóð þær stórauknu skatttekjur, sem fást af innflutningsgjöldum og söluskatti vegna sérstakrar hækkunar á verði bensíns og olíu, þrátt fyrir þær fyrri kröfur Sjálfstfl. að þessar sérstöku aukatekjur af bensíni og olíu renni í Vegasjóð. Tekjur í Vegasjóð eiga svo að fást í auknum mæli með sölu verðtryggðra skuldabréfa, sem ríkissjóður á að greiða síðar og ekki þarf að hafa áhyggjur af þessa stundina. Í sjötta lagi er í tekjuáætluninni byggt á því, að þrátt fyrir minnkaðan kaupmátt launa og að samtímis fari fram verðhækkanir á áfengi og tóbaki, þá skili Áfengis- og tóbaksverslunin metgróða, eða 3.6 milljörðum kr. Í sjöunda lagi meiri bjartsýni um aflahorfur en spár fiskifræðinga gefa tilefni til. Í áttunda lagi, að verðlag á útflutningsvöru hækki um 3—4%, þótt ýmsir, sem best til þekkja, séu svartsýnni í þessu efni. Í níunda lagi, að innflutningur minnki ekki að magni til um meira en 2% frá þessu ári, þótt margt bendi til, að minnkunin verði mun meiri. Í tíunda lagi eru endarnir teygðir saman með því að skerða stórlega kjör öryrkja og gamalmenna sem hafa allt sitt lífsframfæri af lífeyrisgreiðslum almannatrygginga.

Hér er því sannarlega margt athugavert við þá undirstöðu, sem fjárhagsafgreiðslan er byggð á. En auðsæjust er þó sú sjálfhelda, að samtímis því sem ríkisstj. gerir ráðstafanir til samdráttar með stórfelldari kjaraskerðingu eykur hún svo gífurlega rekstrarútgjöld ríkissjóðs, að ekkert nema aukinn kaupmáttur frá því, sem nú er, og óbreytt umsvif í atvinnulífinu getur tryggt, að þessir stórfelldu neysluskattar komi til skila eins og þeir eru áætlaðir. Ef eitthvað bregður síðan út af, þá vitum við hvað gerist. Þá verða með sérstökum lögum enn skornar niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda úti á landsbyggðinni, en ekkert getur hins vegar haggað fyrirhuguðum milljarðafjárfestingum af öðrum toga spunnum í næsta nágrenni beggja vegna höfuðborgarinnar.

Áætluð hækkun skattheimtu ríkissjóðs á næsta ári frá raunverulegum tekjum á þessu ári nemur 52—54 þús. á hvert mannsbarn í landinu. Skattheimta hefur áður hækkað milli ára, þótt aldrei hafi hækkunin nálgast þá upphæð sem nú er um að ræða. En undanfarin ár bjó almenningur við vaxandi kaupmátt launa. Nú er fólki hins vegar ætlað að mæta þessari stórhækkuðu skattheimtu með launum sem hafa rýrnað að kaupmætti vegna

þeirra auknu skatta, sem ríkisstj. hefur komið fram þegar á þessu ári, og vegna stórfelldra hækkana vöruverðs og þjónustu, sem renna til annarra aðila en ríkissjóðs, og þar að auki er gert ráð fyrir, að flest stærri sveitarfélög hækki útsvör um 10%. Um margra ára skeið naut launafólk vísitölubóta á laun til jafns við verðhækkanir, en nú er því ætlað að mæta allt að 12 milljarða kr. aukinni skattheimtu og öðrum hækkunum með óbreytt laun að frátalinni umsaminni 3% hækkun á grunnlaunum. Verstar eru þó horfurnar hjá því fólki, sem ekkert hefur nema tryggingabætur að lifa á. Það getur ekkert gert til að bæta kjör sín, það á allt undir löggjafanum, stjórnvöldunum, sem nú undanfarið hafa gert sérstakar ráðstafanir til að snúa við þeirri þróun í lífskjörum þessa fólks sem átt hefur sér stað undanfarin ár. En þá tryggðu þau stjórnvöld, sem þá réðu, í fyrsta sinn þann rétt þessa fólks til lífeyris, að það geti komist af án þess að vera upp á aðra komið.

Þau fjárlög, sem nú er verið að afgreiða, bera margt í sér sem er miður en skyldi, stórfelldustu hækkun rekstrarútgjalda, sem um getur, samdrátt í mikilsverðustu samfélagslegum framkvæmdum, stóraukna skatta á launafólk. En svartasti bletturinn er sú ákvörðun sem felst í því að skerða að yfirlögðu ráði verulega kjör þeirra sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu og ekkert er í rauninni unnt að taka af. Engin ríkisstj. á Íslandi önnur en einmitt stjórn þeirra tveggja flokka, sem nú fara með völd, gæti staðið að slíkri ráðstöfun til þess að ná saman endum við afgreiðslu fjárlaga.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég get nú raunar stytt mál mitt mjög, þar sem frsm. minni hl. hefur gert grein fyrir viðhorfi okkar í langri ræðu og drepið á ýmis þau atriði, sem ég hefði annars gert.

Það er augljóst, að við afgreiðslu þessara fjárl. er hækkun meiri á milli ára en dæmi eru til. Það er þó einkar athyglisvert að rifja upp nál. frá fulltrúum Sjálfstfl. um yfirstandandi fjárlög, en það nál. er dags. 11. des. 1973. Þá deila þeir mjög á þá þenslu, sem orðið hefur í ríkisbúskapnum, og á bls. 3. í því nál. — með leyfi forseta — segir orðrétt:

„Hér hefur áður verið vakin athygli á því hversu stórkostleg hækkun hefur orðið á fjárl. í heild í tíð núv. ríkisstj.“ — þ. e. vinstri stjórnarinnar. „Sýnt hefur verið fram á að sú hækkun stafar í stórum mæli af ört vaxandi ríkisbákni og ríkisafskiptum en hefur ekki að sama skapi orðið vegna verklegra framkvæmda, enda hafa þær í heild ekki aukist að magni til.“

Því miður getum við tekið undir þessi orð enn þá og sagt hið sama, að enn stefnir allt í sömu átt: aukin útgjöld, fleiri krónur og meiri verðbólga. Þetta er eðlilegt, vegna þess að eina ráðið til þess að bjarga atvinnuvegunum, eins og sagt er, er gengisfelling og ekkert nema gengisfelling. Það er alltaf gripið til hins sama ráðs, að færa á milli og jafna það með gengisfellingu. Það leiðir auðvitað af sjálfu sér að fjárlög hljóta að hækka ár frá ári, hver sem situr í valdastóli. Það hefur komið fram hér nú og kom fram við 1. umr., að það er ekki svo létt að breyta til með þessum aðferðum, þegar við hér á hinu háa Alþ. þorum ekki annað en fella blessaða krónuna og gera hana verðminni og slétta þannig út hugsanlega erfiðleika sem skapast hafa fyrir atvinnulífið í landinu. En er þetta eina leiðin? Er ekki kominn tími til þess að hugleiða það kerfi sem við búum við og þora að takast á við þann vanda sem við er að etja? Er það eina leiðin að millifæra í niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum um 3½ milljarð? Er það eina leiðin að borga með kindakjötinu um 720 millj. í útflutningsuppbætur? Er það eina leiðin hjá okkur að flytja út yfir 3000 tonn af kindakjöti og gera nágrannaþjóðum okkar það mikinn greiða, að á stóru svæði í Norður-Noregi eru allar frystikistur uppseldar til þess að kaupa íslenskt kindakjöt? Það má sjálfsagt velta vöngum yfir þessu. Sumir mundu segja að ég væri hér að ráðast að bændastéttinni, en það er alls ekki svo. Ég er aðeins að deila á það kerfi, sem hefur verið við lýði í fjöldamörg ár og virðist ekki mega með nokkru móti endurskoða. Ég tel að það væri bæði gott fyrir bændur og launþega í landinu og hið háa Alþ. að taka þetta kerfi til rólegrar yfirvegunar og reyna að finna á því betri og heppilegri flöt.

Það er einnig víðar mikil millifærsla í þjóðarbúskapnum eða atvinnulífinu. Gífurlega mikil millifærsla á sér stað í sjávarútveginum, og þess vegna er fellt gengið enn einu sinni, þó að sú millifærsla eigi sér fyrst og fremst stað innbyrðis í atvinnugreininni, frá sjómönnum yfir til útgerðarinnar. En ég mun ekki ræða það mál meira hér.

Af því, sem fram hefur komið hér við aðra umr., er augljóst að mjög stórir þættir í ríkisbúskapnum eru enn óafgreiddir, óvenjulega margir, og hefur þegar verið drepið á orkumál. Póstur og sími er enn í deiglunni, en hefur fengið samþykki fyrir 35% hækkun á almennri þjónustu núna um áramótin, auk þess sem viss sérþjónusta fær mun meiri hækkun. Ríkisútvarpið og vandamál þess eru óleyst. Mikið vandamál er hjá Þjóðleikhúsinu, viðhald og lagfæringar á þeirri byggingu, þó að reksturinn þar sé orðinn mjög umfangsmikill og ef ég man rétt tekur yfir 100 millj. úr ríkissjóði, og einnig rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en þessir tveir þættir munu nú taka nálægt 200 millj. úr ríkissjóði. Ýmiss konar önnur félagsmálastarfsemi á í vök að verjast, og man ég eftir Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, sem sækja á mun meiri fjármagnsfyrirgreiðslu en þegar hefur verið samþ. Þetta er þó starfsemi, sem ég held allir þm. séu sammála um að megi ekki skerða, þar sem starfsemi á vegum þessara samtaka, sem eru landshlutasamtök, er öllum til góðs og til hollrar uppbyggingar fyrir æskuna og allt fólk í landinu.

Ég vil minna hér á einn þátt sem ekki hefur verið drepið á núna við 2. umr., en verður að bíða til 3. umr. Það er Lánasjóður námsmanna. Það er sérstakt vandamál sem ég kom hér inn á við 1. umr. og hæstv. fjmrh. fjallaði þá nokkuð um. Ég man ekki betur en hann gæfi í skyn

að nýtt frv. um Lánasjóðinn yrði tilbúið í tæka tíð og jafnvel afgreitt fyrir áramót. Það hefur ekki enn komið fram. Ég læt hiklaust í ljós þá skoðun að við ættum að þora að verðtryggja vissan hluta af þessu kerfi, þannig að eftir 5 ár færi kerfið að skila eðlilegu fjármagni til baka, því að ella sæjum við fram á það, að við þyrftum fyrr eða síðar að veita úr ríkissjóði 1½ milljarð eða jafnvel allt að 2 milljörðum kr. í þetta kerfi. Spá mín er sú að það verði okkur um megn. Við ráðum bókstaflega ekki við þetta nema horfast í augu við að það fólk sem nýtur þessara lána, sem er nú blessunarlega mun stærri hópur en var áður, verði að gera sér grein fyrir því að hluta af þessu fjármagni verður að greiða í raunhæfum krónum til baka. Ég hef hugsað mér að kannske 1/5 eða allt að 1/4 yrði verðtryggður og með þá hagkvæmum vöxtum. Þetta ætti engum ungum manni að vaxa í augum. Það er miklu skynsamlegra að vita að hann fái eðlilegri eftirspurn fullnægt, þegar hann er að læra, og það er fjárfesting í hans námi og hann er að læra til þess að hafa góð kjör síðari hluta ævinnar. Ég tel þess vegna að allir alþm. ættu að standa að því að taka þessa stefnu. Og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. greini okkur eitthvað frá hvað er í deiglunni í þessu efni. Við komum sennilega til með að þurfa að rétta þessum sjóði enn þá nokkur hundruð millj. í viðbót við það, sem er á fjárl. Þeir hafa farið fram á rúman milljarð, en enn liggur þetta í fjvn.

Það hefur verið drepið á vissa aðra þætti hér, svo að ég get sleppt því, eins og Sjómannaskólann. Það verður að gera sérstakt átak til þess að hressa upp á þá byggingu. Hún er þegar orðin það gömul, að það verður ekki gengið fram hjá því lengur að gera sérstakt átak fyrir þá byggingu. Einnig verður að veita Fiskvinnsluskólanum meiri fyrirgreiðslu. Hann er að undirbúa vissan þátt í starfsemi sinni, sem ekki verður fram hjá gengið að gera, ella er starfsemi hans lömuð. Til þess þarf fáeinar millj. í viðbót.

Síðan eru orkumálin og Rafmagnsveitur ríkisins. Þetta er mjög stór málaflokkur, sem ekki hefur enn verið tekinn til endanlegrar meðferðar í fjvn., en mun þurfa mjög vaxandi fjármagn. Rannsóknatilraunir einar vegna hitaveitu munu kosta marga tugi millj. kr., og liggja fyrir beiðnir er nema mörgum tugum millj. og ekki er vitað hvernig afgreiddar verða. Þessar rannsóknir eiga að fara fram bæði norðanlands og sunnanlands og því mikilvægt fyrir þá staði, sem bíða eftir niðurstöðu í því sambandi, að fá afstöðu hins háa Alþ. sem fyrst.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að Áfengisverslun ríkisins skili nettógróða upp á rúmlega 3.5 milljarða eða jafnvel 3.6 milljarða. Gæsluvistarsjóður á að hafa vissar tekjur af áfenginu. Umr. urðu um áfengisvandamál hér á Alþ. fyrir nokkru, og þá lýsti ég því yfir og reyndar fleiri að við yrðum að líta á áfengissjúklinga með breyttu viðhorfi og líta á þá sem raunverulega sjúklinga, en ekki eingöngu ógæfumenn. Ég hefði því kosið að við sýndum Gæsluvistarsjóði meiri ræktarsemi en frv. gerir ráð fyrir. Í byggingu er nú myndarlegt heimili fyrir þá sem verst eru settir, en fjármögnun í það gengur rólega. Þó að hún sé nú nokkur, þá tel ég samt sem áður að við þurfum að gera hér myndarlegra átak, því að sjúkrahús á þeim vettvangi eru ekki fyrir hendi. Þessir vesalings menn, sem eru sjúklingar vegna áfengisneyslunnar, eiga hvergi höfði sínu að halla og fá ekki inngöngu í venjulegt sjúkrahús nema að undangengnum miklum harmkvælum. Það er gert nú mjög myndarlegt átak í uppbyggingu sjúkrahúsa á landinu, óvenjulega myndarlegt, og er það vel. En við megum samt ekki gleyma þessum þætti, sérstaklega ekki þegar við getum gert ráð fyrir svo stórum tölum í tekjuhlið sem raun ber vitni um. Því vildi ég mjög mælast til þess að það yrði endurskoðað, að Gæsluvistarsjóður gæti fengið nokkra viðbót.

Landsspítalinn er enn óafgreiddur endanlega, en fjármagnsþörf þar er verulega mikil, og í nýjan áfanga í læðingarheimilinu eru veittar 60 millj., umsókn var um lágmark 80 millj. Á tveimur árum er talað a. m. k. um 130 millj. til að ljúka hinni margumræddu byggingu. Síðan var mjög fast sótt með byggingu á nýjum áfanga fyrir tannlækningar o. fl. og breytingu á Hringbraut, en það mál allt er nú lagt til hliðar. Þó kom byggingarnefnd á fund okkar í fjvn. og lagði mjög ríka áherslu á það, og einnig hefur það komið fram frá háskólarektor, að brýna nauðsyn bæri til að hefjast handa í þessum þætti Landsspítalans, sem er sameinaður einnig við Háskólann. Allt er þetta ákvörðun um fjármögnun á næstu árum upp á mörg hundruð millj. En ég sé ekki betur en hæstv. ríkisstj. hafi lagt það til hliðar varðandi næsta ár og muni ekki sinna þeirri beiðni.

Margar aðrar beiðnir liggja auðvitað óafgreiddar eins og ævinlega og eitthvað verður hlustað á þær fyrir 3. umr. og þarf ég því ekki að fjalla nánar um þær að sinni í von um það að hlustað verði á þær þrátt fyrir mikla hækkun, þar sem sums staðar er um óhjákvæmileg atriði að ræða, sem við verðum að mæta.

Því miður er það svo í fjárlagafrv., að „önnur rekstrargjöld“ hjá ríkissjóði hækka um 65.7%. Einhver hlutfallsleg breyting kann að eiga sér stað við afgreiðslu fjárl., en þetta er auðvitað gífurleg hækkun á milli áranna. Veldur þessu margt. Erlend verðbólguáhrif eru í vaxandi mæli núna hjá okkur. Olían hefur þrefaldast og ýmsar aðrar rekstrarvörur hafa einnig stórhækkað, og gert er ráð fyrir í þeirri þjóðhagspá, sem minnst var á hér áðan af báðum ræðumönnum, að áhrif almennrar erlendrar vöru séu a. m. k. 10% til hækkunar á næsta ári. Þetta er geigvænleg þróun fyrir ríkisbúskapinn og von að þröngt sé um fyrir Alþ. eða fjárveitingavaldið að hreyfa ríkisútgjöldin, þegar þau eru orðin svo mjög bundin eins og fjárlagafrv. ber með sér. Það er því í raun mjög lítil tala frá ári til árs, sem við getum hreyft, eins og þetta er fram sett.

Miðað við fyrri till. frá hæstv. fjmrh., sem drepið var á af síðasta ræðumanni, vildi ég nú samt sem áður sjá sérstakar till. eða vangaveltur um endurskipulagningu á fjármálum ríkisins og nýja stefnu, því að svo oft talaði hann um það og hans menn, bæði í fjvn. og í fjh.- og viðskn., að ég sakna þess að sjá ekki nú, þótt tími sé fremur naumur, eins og oft hefur verið drepið á, nokkur merki þess, að hann leggi til,

eins og talað er um þó í aths. við frv., sérstaka breytingu í gerð ríkisfjárlaga og meira aðhald í ríkisrekstrinum en verið hefur. Þó muna hv. alþm. það, að fyrir Alþ. liggja nú tvö frv. sem ég tel mjög jákvæð. Það er um aukið aðhald hjá forstjórum ríkisstofnana að binda ekki viðkomandi stofnanir, sem þeir veita forstöðu, skuldbindingum öðruvísi en viðkomandi rn. hafi um það fjallað, og þakkaði ég hæstv. fjmrh. við 1. umr. þess frv. í Ed. fyrir það frv. Einnig á að móta fastar fastráðningu alls starfsliðs á vegum ríkisins og birta um það skrá með hverju fjárlagafrv. Hvort nafnaskráin verður upp á 10—12 þús. manns, skal ég ekki segja, og hvaða gildi það hefur út af fyrir sig að birta alla nafnaskrána, en ég tel a. m. k. rétt að birta hvað hvert rn. hefur af starfsliði undir sínum verndarvæng. Allt þetta ætti að stuðla að því, að útþensla í ríkisbúskapnum væri hófleg og væri ekki verðbólguvaldandi.

Því miður get ég ekki séð annað en þetta fjárlagafrv., sem við erum nú að ræða hér, sé annað en verulega verðbólguvaldandi, þar sem ríkisþenslan er jafngeigvænleg og raun ber vitni um. Það er auðvitað verðbólguvaldandi að treysta á svo mikinn innflutning til landsins, að halli á viðskiptum gæti numið allt að 10 millj. Sumt í þessu er auðvitað stórar rekstrarvörur og sumt kapitalvörur, en engu að síður reiknar Þjóðhagsstofnunin með, að á 3. milljarð a. m. k. geti verið um hreinan neysluvöruinnflutning að ræða umfram útflutningstekjur. Þetta tel ég mjög hæpið. En ríkisbúskapurinn er allur kominn á það svið, að það er ekki um margt að velja í þessu efni annað en að lifa á gæsku annarra og fá að skulda. Auk þess sem umsvif ríkisins eru nú meiri að þessu leyti en oftast áður er nú treyst á það, að margs konar fjármögnun eigi sér stað í ríkisframkvæmdum hér heima með happdrættiskerfi. Hér er farið út á varhugaverða braut. Það má fara með nokkurri gát í þessu efni. En að stefna í margmilljarða happdrættiskerfi jaðrar við það að við séum að senda framtíðinni óútfylltan víxil, ef ekki verður hamlað miklu meira á móti verðbólgu en verið hefur hér undanfarin ár. Og það eru nú varla drengileg vinnubrögð af hv. alþm. í dag að stofna til stórframkvæmda og segja öðrum að borga síðar. Ég held að við verðum að hugleiða með hvaða hætti við fjármögnum þetta af samtíma lánsútvegun eða samtímatekjum og gá að okkur í þessu efni. Sjálfsagt er þetta réttlætanlegt á ýmsu stigi, en í þessu efni verður að vera hóf sem í mörgum öðrum.

Í upplýsingum Þjóðhagsstofnunar segir, að almennt verðlag í landinu sé að meðaltali nú um 19% hærra í árslok, og gert er ráð fyrir að veruleg verðhækkun verði áfram út næsta ár, þó að nokkuð dragi úr þessari þróun. Þetta er mjög alvarlegt mál. Ég held að það sé tími til kominn fyrir alla hv. alþm. að sameinast um að byrja að draga úr kostnaði í ríkiskerfinu, og við ættum að sýna þá djörfung alveg hiklaust að byrja hér á hinu hv. Alþ. að draga úr rekstrarkostnaði þeirrar stofnunar. Það gæti verið góð fyrirmynd að öðru.

Mörgum ógnar sú þróun í verðrýrnun sparifjár og peninga almennt sem á sér stað í landinu, og er það eðlilegt. Það gæti verið verulega áhrifarikt sálfræðilegt atriði að sýna það, að alþm. vilja standa saman um það að gæta hófs og draga úr þenslunni. Sumir kunna að brosa í kampinn yfir svona vangaveltum. En þetta gæti verið meira atriði en margir huga, því að ef við sýnum ekkert aðhald sjálfir og erum jafnan það veikir fyrir ýmsum beiðnum, sem okkur eru sendar, að aldrei megi neita neinu og aldrei megi viðurkenna þær tekjur sem við höfum fyrir ríkisbúskapinn, þá er ekki von að vel fari, og er þá sama hver situr við stjórnvöl.

Það er ágætt að eiga lánstraust erlendis. En miðað við þá þróun, sem fram undan er, verður svo gengið á gjaldeyrisvarasjóð okkar, að við verðum nú að lifa á sérstökum skyndilánum svo að við getum staðið við skuldbindingar okkar út á við. Þetta er ekki sæmandi fullveðja og sjálfstæðri þjóð til lengdar. Áföll eru ekki það mikil í okkar þjóðarbúskap að við getum vænst þess, miðað við fjölda annarra þjóða, sem eiga við miklu verri kjör að ræða, að við þurfum ekki að herða lítils háttar mittisólina, þegar verr árar hjá okkur en hjá mörgum öðrum þjóðum. Og það er engin skömm að því að lifa af því, sem við búum til og framleiðum sjálfir, og stilla erlendum lántökum í hóf í neyslu og einnig í eyðslu.

Sú spá, sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram, byggist á mjög miklum bílainnflutningi áfram. Þeir hafa þó sett upp 3 dæmi, og er augljóst, að í þriðja tilvikinu, sem þeir tilnefna, eru hugsanlegar lausar tekjur um 1½ milljarð og miðað við þá afgreiðslu, sem þegar hefur átt sér stað á fjárl., þá er þegar búið að ráðstafa liðlega helmingnum af þessum væntanlegu tekjum. Svo stórir þættir eru enn eftir til afgreiðslu, að ég ætla að þeir muni nema svipaðri upphæð eða um 800 millj. kr. Þá erum við þegar komnir fram yfir hið þriðja dæmi, er Þjóðhagsstofnun setur upp, og verðum að huga að dæmi nr. 2, en getur gefið okkur 1.9 milljarða í auknar tekjur frá því, sem frv. gerði ráð fyrir. Það byggist á verulega miklum bílainnflutningi og verulega miklum vöruinnflutningi af hátollavöru, sem sagt að eyðslan sé í hámarki. Enn eitt dæmi er sett upp og það skilar okkur nærri 3 milljörðum í tekjuauka. En ég tel persónulega og reyndar heyrðist mér það einnig á talsmönnum frá Þjóðhagsstofnun, að það dæmi sé meira reikningslegt en raunhæft. Ef við viljum vera aðeins raunsæir og fara leið nr. 2 og 3 eða þar á milli, þá er sýnilegt, að svigrúm til að breyta fjárl. mikið frá því, sem þegar er sýnilegt, er ekkert nema hæstv. ríkisstj. ætli að afgreiða þessi fjárlög með halla og honum verulegum. Ég tel það óverjandi, eins og ástandið er í dag, gersamlega óverjandi, þegar fjárl. eru hærri en nokkru sinni og hækka um 50% á milli ára, að afgreiða þau með halla.

Hér er því um nokkurt vandamál að ræða. En ég veit ekki til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi sérstök áform um að mæta þessum vanda. Það hefur ekki komið fram í fjvn. enn þá, en á eftir að koma kannske fram í ræðu hæstv. fjmrh. hér á eftir, hvernig hann vill snúast við þessu vandamáli. En þetta er sérstakt vandamál sem Alþ.

hlýtur að fá að vita um hvernig ríkisstj. hyggst standa að nú innan skamms. Ég tel að tekjurnar séu settar eins hátt og hægt er og jafnvel óvarlega, þegar reiknað er með að útflutningstekjur hækki enn bæði að magni og verðlagi. Útlitið er, eftir því sem ég veit best, ekki á þann veg að við getum treyst slíku. Ég tel einnig hæpið að treysta því að þjóðin noti svo mikið áfengi og svo mikið af tóbaki að það gefi okkur um 3.6 milljarða í hreinar tekjur. Það getur vel verið að það megi hækka þetta enn og fá, eins og mun vera reiknað með eftir síðustu hækkun sem var um 15%, um 600 millj. í óvæntum tekjum, en ég dreg það þó mjög í efa að kaupgeta almennings sé svo mikil að það komi fram í hreinni ágóðamyndun.

Herra forseti. Ég vil ekki hafa þessi orð lengri enda fyrirhugað að gera nú hlé á þingfundi þar sem kl. er orðin fram yfir 16, en ég vænti þess að hæstv. fjmrh. svari einhverju varðandi þessar vangaveltur um ráðstöfun á þeirri litlu tekjuaukningu sem endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir og einnig viðhorfi hans til Lánasjóðsins og þeirra þátta er bæði ég og síðasti ræðumaður drap á að enn eru óafgreiddir, en munu útheimta mörg hundruð millj. ef mæta á þörfum þeirra. — [Fundarhlé.]

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum í ágústmánuði s. l. hafði um þriggja ára skeið í tíð vinstri stjórnarinnar átt sér stað gjörbreyting á viðhorfum stjórnvalda til alhliða uppbyggingar atvinnulífs og félagslegrar þjónustu úti á landsbyggðinni frá því sem áður var. Í valdatíð viðreisnarinnar sálugu var ástand mála orðið þannig að heilu landshlutarnir höfðu verið hreinlega sveltir að því er varðaði fjárframlög til hinna ýmsu framkvæmdaliða í uppbyggingu úti á landi. Það var engu líkara en þeir aðilar, sem þá héldu um stjórnvölinn, hefðu gert það upp við sig og tekið þá ákvörðun að dreifbýlisfólk skyldi í auknum mæli verða utangarðs í því nútímaþjóðfélagi og þeirri félagslegu aðstöðu og þjónustu sem verið var að byggja upp hér á höfuðborgarsvæðinu, enda var það svo í tíð viðreisnar að deyfð, drungi og vonleysi hafði gripið um sig hjá því fólki sem byggir hinar dreifðu byggðir.

Sú ríkisstj., sem við tók sumarið 1971 eftir fall veiðreisnarstjórnar, gerði sér strax ljóst í hvert óefni var komið, enda höfðu þeir flokkar, sem að vinstri stjórninni stóðu, gagnrýnt harðlega þá stefnu í efnahagsmálum sem viðreisnin hafði að leiðarljósi. Enginn vafi er á því að sú gjörbreyting, réttara sagt bylting, sem átti sér stað á þriggja ára valdaferli vinstri stjórnarinnar og laut að uppbyggingu úti á landi, hafði breytt þeirri deyfð, drunga og því vonleysi þessa fólks í bjartsýni og aukinn söknarhug. Allir þeir, sem tekið hafa þátt í eða fylgst með og kynnt sér þessa hlið mála, hljóta að vera sammála um að fráhvarf frá þessari uppbyggingarstefnu er slíkt reiðarslag fyrir það fólk sem á hlut að máli, slíkt hnefahögg í andlit þess, að það þarf mikla dirfsku til að snúa nú af þessari braut yfir til þess sem áður var. Slíkt afturhvarf sýnir í reynd forkastanlega lítilsvirðingu af hálfu stjórnvalda í garð þess fólks sem áður hefur um árabil háð harða baráttu fyrir að njóta jafnréttis án tillits til búsetu.

Því miður er svo að sjá að sú ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., ómenguð íhaldsstjórn sem að völdum settist í ágúst s. l., ætli að sýna það svart á hvítu að hún ætli sér að hverfa frá þeirri uppbyggingarstefnu sem vinstri stjórnin beitti sér fyrir. Og engan þarf að undra þá stefnubreytingu núv. ríkisstj. þegar litið er til þess, hvernig Sjálfstfl. snerist öndverður gegn landsbyggðarstefnu vinstri stjórnarinnar. Hitt hlýtur að koma almenningi í landinu spánskt fyrir sjónir að Framsfl., sem hlut átti að uppbyggingarstefnu vinstri stjórnarinnar, skuli nú snúast gegn þeirri stefnu eða réttara sagt vera notaður til þess að koma í veg fyrir að sú stefna haldi áfram.

Nú, þegar til umr. eru fyrstu fjárlög hægri stjórnar, verður manni ósjálfrátt hugsað til þeirrar miklu og hörðu gagnrýni sem Sjálfstfl. beitti gegn fyrrv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst gegn þeirri eyðslustefnu, eins og þeir sjálfir orðuðu það, sem lýsti sér í nokkurri hækkun fjárl. frá því sem áður var. En sú hækkun, sem þá varð á fjárl. milli ára, átti fyrst og fremst rætur sínar að rekja til stóraukinna fjárframlaga úr ríkissjóði til hinna ýmsu framkvæmdaþátta fjárl. og samfélagslegrar uppbyggingar, gjörbyltingar í uppbyggingu atvinnulífs dreifbýlisins, stórhækkaðra fjárveitinga frá því sem áður hafði þekkst til hafnamála, Hafnabótasjóðs, til dagvistunar- og sumardvalarheimila, til íþróttamála, til flugmála og til jöfnunar námsaðstöðu og námslána og framlaga til almannatrygginga. Í mörgum þessara málaflokka var um að ræða margfalda hækkun fjárframlaga frá því sem áður var, ekki bara í krónutölu, heldur og í raungildi framkvæmdanna.

Það var þessi uppbyggingarstefna sem Sjálfstfl. hefur barist harkalega gegn síðustu 3 árin. Það er þessi stefna sem Sjálfstfl. ætlar nú með tilstyrk Framsóknar að brjóta á bak aftur. Það fjárlagafrv., sem hér er nú til umr. og er fyrsta fjárlagafrv. núv. ríkisstj., ber þess svo sannarlega merki að hverju skuli stefnt á sviði efnahagsmála. Þetta fyrsta fjárlagafrv. núv. ríkisstj. undirstrikar vel það ákvæði stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. að dregið skuli úr framkvæmdum á vegum ríkisins. En þó mun þessi byrjun líklega lítil miðað við það sem koma skal. Ljóst er, sem betur fer, að fulltrúar stjórnarflokkanna í fjvn. hafa gefist upp við að knýja fram þá miklu niðurskurðarstefnu sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir og ríkisstj. vildi framkvæma. Um stefnuna vita allir. Það er undirstrikað í frv. að það marki ekki að þessu sinni djúp spor í fjármálastefnu ríkisstj. miðað við það sem koma skal. Hæstv. forsrh. ítrekaði þetta í stefnuræðu sinni hér á Alþ., og ekki dró hæstv. fjmrh. úr þegar hann mælti fyrir frv. hér á Alþ. og ætlar hann greinilega ekki að vera eftirbátur í þessum efnum, enda til alls líklegur eins og sjá má og heyra.

Það er sem sagt yfirlýst af þeim hæstv. ráðh. í ríkisstj. sem ráða ferðinni, að sá niðurskurður verklegra framkvæmda, sem frv. gerir ráð fyrir og flestum finnst allharkalegur, sé nú ekki mikill

miðað við það sem koma skal. Hæstv. fjmrh. er svo aðsópsmikill í þessu, að hann sagði í fjárlagaræðunni að haga beri meðferð opinberra fjármála þannig að stutt sé að jafnvægi innanlands og utan. Þetta merkir auðvitað, að hæstv. fjmrh. ætlar greinilega að leita út fyrir landssteinana að því er varðar niðurskurðaráformin, fái hann ekki nægan vettvang hér innanlands, og vita þá nágrannar vorir hvað til síns friðar heyrir í þeim efnum.

Það, sem er spurningin að því er varðar áformin um niðurskurð á samdráttarstefnu, er hvernig ráðandi öflum ríkisstj. gengur að fá fylgdarliðið til harðrar atlögu eða hvort þeir íhugi að rétt sé að fara eftir hinu gamla spakmæli sem segir að sígandi lukka sé best. Eitt er víst, að ráðh. virðist ekki vanta viljann.

Hæstv. fjmrh. núv. **virðist að því er best verður** séð hafa ofboðið svo útþensla og skattheimta ríkisins hjá fyrrv. ríkisstj., að hann settist niður fyrir um ári og samdi frv. þess efnis að minnka bæri skattheimtu ríkisins um hvorki meira né minna en 4300 millj. kr. á þáv. gengi og lýsti jafnframt yfir, að auðvelt væri að brúa það bil sem þarna skapaðist við tekjumissi ríkissjóðs með sparnaði í ríkisrekstrinum og minni framkvæmdahraða. Þeim flokksbræðrum hæstv. fjmrh. hefur sjálfsagt orðið mun léttara um andardráttinn þegar ljóst var, hver varð aðnjótandi hins eftirsótta stóls fjmrh. Enginn vafi er sjálfsagt á því að þeir sjálfstæðismenn hafa talið ríkisfjármálunum vel borgið að því er varðar sparnað í kerfinu, þegar sjálfur faðir þessarar frv.-smíðar hafði öðlast það hnoss að verða hið mótandi afl í meðferð ríkisfjármála og þar með kominn í þá aðstöðu að geta í reynd komið í framkvæmd innihaldi þessa framburðar síns í sparnaði ríkisútgjalda. En þá skeður undrið.

Í þessu fjárlagafrv., því fyrsta sem hæstv. ráðh. leggur fram, er gert ráð fyrir því að „önnur rekstrarútgjöld", þ. e. rekstrarkostnaður ríkisins, hækki nokkru meira en sem nemur verðlagshækkunum á árinu eða meira en nokkru sinni áður. Það er því eðlilegt, að menn spyrji nú: Er þetta hægt, Matthías? (**Gripið fram í:** Hvert var svarið?) Það er ekki komið. (**Gripið fram í:** Það kom.) Það á eftir að koma.

Eins og áður hefur verið að vikið, hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í fjvn., sem betur fer, segi ég, gefist upp við að halda til streitu þeim stórkostlega niðurskurði sem ríkisstj. ætlaði sér á opinberum framkvæmdum. Í aths. með frv. er tekið fram að þótt stefnt sé að samdrætti og niðurskurði í opinberum framkvæmdum, þá sé þess gætt að slíkur niðurskurður komi ekki fram á þjóðhagslega mikilvægustu framkvæmdum, en nú við 2. umr. fjárl. liggur það fyrir að stórkostlegur niðurskurður á sér stað í mikilvægum málaflokkum haldi stjónarliðið fast við þær ákvarðanir sínar sem nú liggja fyrir.

Ég ætla hér að nefna tvo málaflokka sem mest áberandi eru. Þrátt fyrir þá staðreynd, að þörfin fyrir stóraukna framkvæmdir í hafnamálum vegna tilkomu hins glæsilega togaraflota er brýnni en nokkru sinni fyrr, þá er lagt til að raungildi framkvæmda í hafnamálum sé skorið niður um 21% frá gildandi fjárl. Og þótt hér sé talað um 21% heildarniðurskurð, þá kveður svo rammt að, að sumir landshlutar, sem byggja afkomu sína á þessum undirstöðuatvinnuvegi sem er sjávarútvegurinn, eru skornir niður að því er varðar framkvæmdir í hafnamálum allt að 65% frá núgildandi fjárl. Það er greinilegt að núv. stjórnarliðar telja það ekki þjóðhagslega mikilvægar framkvæmdir að stuðla að því að það fólk, sem berst harðri baráttu til þess að skapa þjóðfélaginu þann auð sem allt byggist á, fái bætta aðstöðu til aukinnar verðmætasköpunar þjóðarbúinu til handa. Það verður því að láta á það reyna hér í þinginu, hvort meiri hluti sé fyrir því að beita svo harkalegum aðgerðum gegn landsbyggðarfólki. Einnig liggur nú fyrir við 2. umr. að framlög til flugvallagerðar þyrftu að vera 36% hærri en þau nú eru til þess að halda sama raungildi og fjárlög yfirstandandi árs. Og þótt hér hafi aðeins verið staðnæmst við tvo stóra málaflokka, þá mætti nefna mörg fleiri dæmi þess hvern hug núv. stjórnarflokkar bera til þess fólks sem verst stendur að vígi í lífsbaráttunni.

Það verður ekki hjá því komist að benda á í sambandi við hafnamálin að jafnhliða slíkum niðurskurði í framkvæmdum heldur stjórnarliðið svo á málum að engar lánveitingar hafa átt sér stað úr Hafnabótasjóði á þessu ári, þótt sú staðreynd blasi við að fjárhagsstaða flestra hafnarsjóða er með þeim hætti að óhjákvæmilegt er að sérstakar aðgerðir af hálfu ríkisvaldsins komi til, ef sveitarfélögin eiga að geta staðið straum af sínum hluta framkvæmdanna. Slíka fyrirgreiðslu ber tvímælalaust að veita í gegnum Hafnabótasjóð.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á þeim yfirlýsingum núv. stjórnvalda að sveitarfélög eigi sjálf að geta séð fyrir sínum hluta í framkvæmdum þótt vitað sé með hliðsjón af getu sveitarfélaganna að um slíkt er ekki að ræða. Hér er um að ræða stefnu sem ekki hefur áður verið fylgt og er enn eitt dæmið um þann hug sem núv. ríkisstj. sýnir landsbyggðarfólki.

Eftir því sem mál horfa nú við 2. umr. mun ríkisstj. ætlast til þess að langsamlega flest þeirra félaga, sem vinna að mannúðar- og menningarmálum og notið hafa framlaga á fjárl., haldi óbreyttri krónutölu til sinnar starfsemi á sama tíma og rekstrarkostnaður ríkisfyrirtækja hækkar um 65.7%. Þessi afstaða stjórnarliða er auðvitað fjarstæða og má furðulegt teljast ef þeir ætla þar enga breytingu á að gera.

Sú skrautfjöður, sem núv. stjórnarflokkar hafa hampað hvað mest, er sú mikla aukning sem þeir telja verða á framlögum ríkissjóðs til Byggðasjóðs og sýni glöggt stórfellda byggðastefnu stjórnarliða. Það er vert að íhuga þetta nánar. Því hefur verið haldið fram af okkur stjórnarandstæðingum að sú breyt., sem hér um ræðir, muni ekki í reynd þýða aukna uppbyggingu úti á landsbyggðinni, því að samhliða þessu aukna framlagi til Byggðasjóðs verði dregið úr framlögum ríkissjóðs til ákveðinna framkvæmdaþátta. Ég held að ekki þurfi lengur að deila um það að við stjórnarandstæðingar höfum rétt fyrir okkur að því er þetta varðar og skulu færð að því rök hér.

Á fjárl. yfirstandandi árs er heimild til handa ríkisstj. til að taka 50 millj. kr. lán til þess að létta greiðslubyrði hafnarsjóða er verst eru settir,

Nú hefur það fengist upplýst að ríkisstj. ætlar sér ekki að notfæra sér þessa heimild, en ætlar sér þess í stað að yfirfæra þessa fyrirgreiðslu yfir á Byggðasjóð og Framkvæmdasjóð og láta þessa aðila í kerfinu ákveða hvaða bæjar- eða sveitarfélög verða aðnjótandi þessarar fyrirgreiðslu. Sú heimild, sem hér um ræðir, er samhljóða heimild í fjárl. fyrir árið 1973 nema hvað núv. heimild er 10 millj. kr. hærri og var ætluð af ríkisins hálfu sem framlag ríkissjóðs til þess að létta á þeim hafnarsjóðum sem verst eru settir, auk þeirrar fyrirgreiðslu sem hugsanlega kæmi annars staðar frá. Á þennan hátt var heimildin frá 1973 notuð. Það er því augljóst að hér er farið inn á nýjar brautir og verið að létta af ríkissjóði með því að færa yfir á Byggðasjóð ýmsa útgjaldaliði. En ekki nóg með það, hér er verið að draga valdið úr höndum fjvn. og Alþ. með því að ríkissjóður veitir fé til Byggðasjóðs sem hann á síðan að eigin geðþótta að útdeila. Hér er enn eitt dæmið um þá breyttu stefnu sem núv. hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir.

Ég tel rétt hér og nú að láta þá skoðun mína í ljós, að ég tel að störfum fjvn. hafi að þessu sinni verið hagað með öðrum og óæskilegri hætti en þau 3 undanfarin ár sem ég hef átt þar sæti. Ég tel, að núv. meiri hl. fjvn. hafi verið um of einstrengingslegur í afstöðu sinni gagnvart minni hl. Ég minnist þess ekki þann tíma sem ég hef setið í fjvn., að jafnlítið tillit hafi verið tekið til óska einstakra nm. úr minni hl. eins og nú átti sér stað. Ég held að hér sé rangt að farið, ef meining manna er að viðhafa sem skynsamlegust vinnubrögð. Þetta taldi ég rétt að kæmi hér fram, af því að ég tel að það sé nauðsynlegt að um störf fjvn. í heild ríki sem best samstaða, ef árangur á að nást sem bestur.

Að sjálfsögðu mætti miklu fleira segja því að af nógu er að taka, bæði að því er varðar það sem þegar liggur fyrir og einnig þau mörgu mál sem enn hafa ekki verið afgreidd og bíða 3. umr. Ég ætla þó ekki að fara frekari orðum að þessu sinni, nema ástæða gefist til, um þessa hlið mála. En ég vil að síðustu, herra forseti, gera grein fyrir brtt. sem ég hef flutt ásamt nokkrum öðrum hv. þm.

Ég gat þess hér áðan, að svo væri staðið að afgreiðslu að því er varðar fjárl. til einstakra málaflokka, að til þess eru dæmi að heilir landshlutar eru skornir niður um 65% í framkvæmdum. Nú ætla ég ekki að gera samanburð að því er þetta varðar, en þær brtt., sem eru á þskj. 153 og ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 8. landsk. þm. og hv. 3. landsk. þm., eru við brtt. fjvn á þskj. 143, 64. lið, þ. e. í sambandi við hafnarmannvirki og lendingarbætur. Þessi brtt. gerir ráð fyrir því að fyrir 584 millj. 610 þús. komi 598 millj. 610 þús. og að sundurliðunin breytist þannig:

1. Ísafjörður, sem er í 12. lið að ég held núna í sundurliðuninni, í staðinn fyrir 13.4 millj. komi 21.4 millj.

2. Nýr liður að því er varðar Súðavík, sem ekki er inni með fjárveitingu eins og málið er afgreitt nú frá fjvn., þar komi inn 6 millj. kr. fjárveiting.

Það er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um, hvað til grundvallar liggur að þess er freistað hér við 2. umr. að bera fram brtt. til þess að fá fram nauðsynlegar fjárveitingar til þess að halda áfram framkvæmdum á þessum stöðum.

Að því er varðar Ísafjörð, þá er hér um að ræða frágang á framkvæmd sem staðið hefur um nokkurra ára bil og nauðsynlegt er að ljúka. Einnig kemur það til að svo mikil áhersla er lögð á þennan hluta núna að því er varðar Ísafjörð, að þar er um að ræða malbikun á hluta af hafnarsvæði sem er í nánum tengslum við þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir að eigi sér stað á Vestfjörðum á næsta sumri að því er varðar varanlegt slitlag á götur. Það er nauðsynlegt talið að ná sem flestum verkefnum inn, til þess að hægt verði að nýta þau tæki sem verða til staðar á Vestfjörðum á næsta sumri, en ekki lengur, þannig að liðið geta nokkur ár þangað til slíkt tækifæri gefst aftur til að hagnýta þessa hluti. M. a. vegna þess og einnig vegna ótal fleiri atriða, sem fram koma að því er varðar þessa brýnu framkvæmd, þá er nauðsynlegt að þetta fáist nú fram.

Að því er varðar Súðavík, þá er þar um að ræða áframhald framkvæmda sem staðið hafa yfir. Súðavík var ekki inni með fjárveitingu til hafnarframkvæmda í núgildandi fjárl. og var þá byggt á því að það var upplýst af hálfu Vita- og hafnamálaskrifstofunnar að ekki væri tæknilegum undirbúningi nógu langt komið til þess að raunverulegt væri að veita fjárveitingu á þessu ári, en fyrirheit um það gefið að á fjárl. fyrir árið 1975 yrði inn tekin fjárveiting til þessara hluta. Það, sem hér er því á ferðinni, er um það að staðið verði við þau fyrirheit sem búið var að gefa forsvarsmönnum þessa staðar um það að fjárveiting fengist á fjárl. ársins 1975 til að halda áfram brýnum og nauðsynlegum áfanga á Súðavík.

Ég vona a. m. k. að hv. alþm. standi með okkur, sem að þessari till. stöndum, í því að fá þessa leiðréttingu, þannig að ekki komi til að horfi til stórvandræða á þessum stöðum sem hér um ræðir á næsta ári. Hér er ekki um að ræða að verið sé að flytja sýndartill. af einu eða neinu tagi, hér er um blákaldar staðreyndir að ræða, staðreyndir sem nauðsynlegt er að hv. alþm. geri sér grein fyrir. Við vestfirðingar leggjum höfuðáherslu á að hægt sé að halda áfram vinnu við þessar mikilvægu framkvæmdir.

Í öðru lagi stöndum við sömu þm. að flutningi á brtt. við 69. brtt. frá fjvn., þ. e. í sambandi við flugmál. Hún er þess efnis, að fyrir 485 millj. 725 þús. komi: 505 millj. 725 þús. — og liðurinn fjárfestingar í flugmálum í 72. brtt. breytist þannig að inn komi nýr liður á eftir 2. tölul., sem verði Ísafjörður með 20 millj.

Að því er þetta varðar, þá er rétt að gera þá grein fyrir þessari brtt. að um áraraðir hafa verið uppi áform um það að malbika Ísafjarðarflugvöll. Ef ég man rétt — það verður þá leiðrétt hér á eftir fari ég rangt með — ef ég man rétt var þessi framkvæmd inni í hinni svokölluðu Vestfjarðaáætlun þegar hún var á döfinni og var í framkvæmd þannig að það var gert ráð fyrir þessari framkvæmd þá. Síðan hefur þetta verið dregið ár eftir ár og engar framkvæmdir hafa orðið. Fyrst var því borið við að ekki væri hægt að fara í framkvæmd malbikunar á Ísafjarðar-

flugvelli vegna þess að það væri allt of lítið verkefni til þess að fara að flytja stórvirk tæki og dýr bara til þess að framkvæma þetta verkefni þarna. Tækin komu á þessu sumri. Það var reynt að fá fjárveitingu inn fyrir árið 1974. Að vísu var það seint upp tekið, en það tókst ekki, en þá var einnig um það talað að Ísafjarðarflugvöllur kæmi inn með fjárveitingu á árinu 1975. Hér er um að ræða svo brýnt verkefni sem einnig er í samhengi og tengslum við þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í lagningu varanlegs slitlags á götur þar vestra, að það er brýnt nauðsynjamál til þess að þær framkvæmdir geti átt sér stað, sem nú er verið að undirbúa, að einnig þetta komist inn, til þess að verði hægt að framkvæma það. Það er ekki farið fram á meira en það að hægt sé að malbika brautarenda á Ísafjarðarflugvelli. Það er ekki um að ræða alla malbikun flugvallarsvæðisins, heldur aðeins um það að ræða að gert sé ráð fyrir því að hægt sé að malbika brautarenda og e. t. v. líka við afgreiðslu flugstöðvarinnar.

Verði ekki orðið við þessari beiðni okkar vestfirðinga að þessu sinni, bæði að því er varðar flugvallargerðina, malbikunina, og að því er varðar malbikun hafnarsvæðisins á Ísafirði, þá eru allar líkur á því að ekkert verði úr þeim framkvæmdum í gatnagerð og lagningu varanlegs slitlags á götur sem fyrirhugaðar eru á Vestfjörðum á næsta ári. Ég heiti því á alþm. að þeir komi til liðs við okkur og styðji okkur í þessu mikilsverða máli, þannig að við getum haldið áfram því starfi sem upp var tekið á þessu ári til þess að hrinda þessum málum í framkvæmd.

Að síðustu flyt ég ásamt hv. 7. landsk. þm. og hv. 1. landsk. þm. brtt. á þskj. 153 við brtt. fjvn. á þskj. 143, þ. e. 16. tölul., við 4. gr., þ. e. til jöfnunar á námskostnaði. Í fjárlagafrv., eins og það var fram lagt, var gert ráð fyrir 100 millj. kr. fjárveitingu til þessa þáttar. Í meðförum n. hefur þetta verið hækkað upp í 110 millj., en er talið alls ófullnægjandi til þess að það þjóni þeim tilgangi sem lögin, sem sett voru um þetta efni, fyrst og fremst gerðu ráð fyrir. Ég ætla að leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að að lesa hér bréf sem fjvn. barst frá námsstyrkjanefnd. Það er svo hljóðandi:

„Í frv. því til fjárl., sem nú liggur fyrir Alþ., er gert ráð fyrir 100 millj. kr. fjárveitingu til jöfnunar á námskostnaði. Í fjárl. ársins 1974 voru veittar 75 millj. kr. til þessara mála. Heildarúthlutun vegna skólaársins 1973—74 var um það bil 79 millj. kr., þ. e. tæpar 4 millj. umfram fjárlög. Í áætlun námsstyrkjanefndar vegna fjárlagaársins 1975 er gert ráð fyrir 140 millj. kr. fjárveitingu, sem er lágmarksfjárveiting vegna yfirstandandi skólaárs. Slík fjárveiting mundi taka tillit til verðhækkana og lítils háttar aukningar á námsstyrkjum. Samkv. könnun, sem n. hefur látið fara fram, hefur námskostnaður hækkað um 45—50% frá s. l. skólaári, sem þýðir að miðað við óbreytt raungildi námsstyrkja ætti fjárveiting 1975 að vera sem næst 120 millj. kr. og er þá gert ráð fyrir óverulegri fjölgun námsstyrkja. Slík fjárveiting hefði hins vegar í för með sér stöðnun á þeirri þróun sem verið hefur undanfarin ár og er megintilgangur laganna, þ. e. að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda."

Undir þetta rita fyrir hönd námsstyrkjanefndar Sigurvin Einarsson, fyrrv. alþm., form. n. og Örlygur Geirsson, ritari. Ég tel að Alþ. geti ekki verið þekkt fyrir það að synja slíkri beiðni eins og hér kemur fram. Hér er sýnt fram á það, að ef ekki verður orðið við þessari nauðsynlegu beiðni sem hér um ræðir, þá er stigið skref til baka frá því sem var á árinu 1974. Við höfum því, þessir 3 þm., leyft okkur að leggja fram brtt. til hækkunar á þessum lið, brtt. sem gerir ráð fyrir því að orðið verði við óskum námsstyrkjanefndar um að fjárveiting til þessara mála verið 140 millj. kr. í fjárl. ársins 1975. Ég trúi því ekki fyrr en ég sé það og á það reynir að hv. alþm. neiti þessari beiðni sem mér sýnist vera reist á fullkomnum rökum og gerir ráð fyrir því að framkvæmd séu þau lög sem fyrir tiltölulega stuttu voru sett og eru þess eðlis að gera ráð fyrir að jafna þann mismun sem verið hefur í námsaðstöðu með tilliti til þess hvar nemendur hafa verið búsettir á landinu. Ég treysti því a. m. k. að hv. alþm. verði við þessari beiðni.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil í upphafi leyfa mér að færa nm. fjvn. og form. fjvn. þakkir fyrir störf þeirra í sambandi við fjárlagafrv. og þá miklu vinnu sem þeir nú eins og endranær hafa lagt af mörkum til þess að það gæti tekist á þessu þingi eins og áður að ljúka afgreiðslu fjárl. fyrir jólaleyfi. Ég vil jafnframt þakka starfsmönnum fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. fyrir aðstoð þeirra við fjvn. og fyrir þá vinnu sem þeir hafa innt af hendi.

Mér er fullkomlega ljóst að allar aðstæður við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. eru nokkuð sérstæðar og það hefur þess vegna verið nauðsynlegt kannske nú meira en áður að það næðist góð samstaða um afgreiðslu málsins, því að eins og fram hefur komið í ræðum þeirra hv. nm. sem hér hafa talað, þá er frv. lagt hér fram á Alþ. töluvert seinna en venjulega. En ástæðan var að sjálfsögðu sú að þing kom saman síðar á árinu en vanalegt er. Engu að síður hafði vinna við fjárlagafrv. hafist af undirnefnd sem skipuð hafði verið af fyrrv. fjmrh., og var það gert til þess að hægt væri að hraða afgreiðslu málsins eins og mögulegt væri til þess að ná settu marki.

Mér er fullkomlega ljóst að það er hægt að gagnrýna undirbúning fjárlagafrv., og ég held að það hafi engum dottið í hug að það yrði ekki gert. En ástæðurnar eru, auk þess sem ég greindi áðan, þær, að í sumar, um það leyti sem kosningar fóru fram, var mönnum ekki ljóst, hverjir skyldu í ráðherrastóla fara, og menn þess vegna haft misjafnt tækifæri til þess að vinna að málefnum rn. sinna. Þeir, sem jafnvel gerðu sér grein fyrir því að það væri ekki öruggt að þeir sætu í stólunum áfram, voru að sjálfsögðu ekki með till. sínar reiðubúnar og létu það eftir þeim, sem við tóku, að koma fram með till. varðandi gerð fjárlagafrv. En hvað um það, þessi vinnubrögð verða hér vonandi ekki á hverju

ári. En það er ýmislegt annað sem betur mætti fara í sambandi við undirbúning fjárlagafrv. og vinnu við fjárlagafrv. í þingi og í fjvn. og ég get sagt það að ég er meira en reiðubúinn til samstarfs við fjvn. um það. Ég hafði hugsað mér sjálfur að beita mér fyrir ákveðnum breytingum á þeim vinnubrögðum sem þar hafa verið.

Ég vék að því áðan að till. einstakra rn. hefðu kannske verið síðbúnar vegna mannaskipta. En það á að sjálfsögðu ekki að koma að sök, því að þær stofnanir, sem gera till. til fjmrn., eiga auðvitað að skila sínum till. það tímanlega að hægt sé að grandskoða þær og þær fái mun betri skoðun en ef verið er að leggja þær till. fram á fundum fjvn. kannske örfáum dögum eða vikum fyrir jólaleyfi. En þetta hefur viljað brenna við í mörg ár, að síðbúnar till. hinna ýmsu stofnana hafa tafið fyrir afgreiðslu mála og gert það að verkum að ekki hefur verið hægt að skoða málin ofan í kjölinn eins og skyldi.

Ég læt mér nægja þessi orð um vinnubrögð við fjárlagagerð bæði nú og í framtíðinni, en ég vænti þess að fjvn. verði við framlagningu næsta fjárlagafrv. betur undir það búin að vinna að því heldur en nú. Og ég veit reyndar að það er ósk fjvn.-manna að svo verði, og skal það að sjálfsögðu gert.

Hér hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar gjarnan komið fram með samanburð á fjárl. 1974 og fjárlagafrv. fyrir 1975. Gerður hefur verið margs konar samanburður og tölur settar fram. Mér er fullkomlega ljóst að það fjárlagafrv., sem við erum nú að fjalla um, og þau fjárl., sem sett verða fyrir árið 1975, eru hæstu fjárlög sem samin hafa verið. Það eru út af fyrir sig kannske engin ný sannindi að fjárl. hækki ár frá ári. En það ógnarstökk, sem nú er við gerð fjárlagafrv. og gerð fjárl. fyrir 1975, er algerlega óeðlilegt með tilliti til fjárl. á undanförnum árum.

Varðandi það, hverjar orsakir eru fyrir þessu stóra stökki, komum við að þeim ágreiningi sem er á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. En ég held að það liggi í augum uppi að fjárlagafrv. hvers árs beri nokkuð mikinn keim af þeirri þróun sem átt hefur sér stað á því ári sem fjárlagafrv. er samið. Þróun efnahagsmála, þróun fjármála á þessu ári hefur verið algert einsdæmi og okkur hefur tekist að slá ekki aðeins Íslandsmet í verðbólgu, heldur erum við methafar þjóða Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Verðbólgan hefur verið svo geysileg að við erum þar nr. 1 þeirra landa sem tilheyra þeirri stofnun. Og þá er mér spurn: Hverjir slógu það met? Það gæti vel verið að þeir hv. tveir þm., sem hér töluðu áðan, hv. þm. Geir Gunnarsson og hv. þm. Karvel Pálmason, eigi einhvern þátt í því meti sem Ísland sló í verðbólgu á þessu ári.

Þegar farið er að bera saman fjárlagafrv. 1975 og fjárl. 1974 þá verðum við líka að gera okkur grein fyrir því, með hvaða hætti afgreiðsla fjárl. fór fram hér fyrir einu ári. Við skulum taka aðeins einn lið, niðurgreiðslur. Þær voru áætlaðar í fjárl. 1974 1500 millj. Það var þá þegar vitað að niðurgreiðslur yrðu töluvert miklu meiri miðað við þann grundvöll sem þá var varðandi niðurgreiðslur. En þá kom þáv. formaður fjvn. og sagði ósköp pent: Það er áætlað að lækka niðurgreiðslurnar og þess vegna þarf ekki að áætla þær nema 1500 millj. Niðurgreiðslurnar 1974 voru áætlaðar 1500 millj. Hver varð svo niðurstaðan? Í júnímánuði voru þær enn auknar, og tölurnar í dag eru ekki 50%, ekki 60%, ekki 80%, ekki 100%, heldur 120% umfram það, sem fjárl. 1974 gerðu ráð fyrir. 30. nóv. eru niðurgreiðslur 3 milljarðar 316 millj. kr. Og það er ósköp eðlilegt að menn taki sér reikningsstokk í hönd og reikni út hvað niðurgreiðslurnar árið 1975 eru miklu hærri en á fjárl. 1974? Þeir fá út að sjálfsögðu tölu sem er eitthvað töluvert á annað hundrað prósent. En þá ber þess að geta hverjar forsendur eru fyrir grunntölunni, sem miðað er við og þær voru þær sem ég gat um hér áðan.

Við skulum taka eina stofnun ríkisins, Rafmagnsveitur ríkisins, og gera okkur grein fyrir því hvernig staða þess fyrirtækis er. Það hefur verið skýrt frá því að rekstrarhalli þessa fyrirtækis muni nema milli 700 og 800 millj. kr. á árinu 1974. En þegar gerð er áætlun um rekstrarliði Rafmagnsveitna ríkisins 1975 eru auðvitað lögð til grundvallar fjárl. 1974, en þá skortir hvorki meira né minna en tæpar 800 millj. kr. á rekstrarliðina til þess að réttur samanburður komi út. Auk þessa höfðu verið samþykktar til Rafmagnsveitna ríkisins 200 millj. í umframfjárfestingu, þannig að þetta eina fyrirtæki fer sennilega langt í milljarð fram úr fjárl. 1974. Þegar þessi tvö dæmi eru skoðuð, þá sjá menn í raun og veru hversu raunhæf þessi fjárlög voru.

Hv. 11. landsk. þm. vék sérstaklega að þeirri rekstrargjaldahækkun sem væri nú í þessu fjárlagafrv. og sýndi það raunverulega, hvernig núv. fjmrh. stefndi í þveröfuga átt við það sem í stjórnaryfirlýsingunni var sagt, þarna væri ekki dregið úr, þarna væri aukið á ríkisbáknið. Mér skildist að hans dómi hefði átt að draga þarna mjög mikið úr. Síðan kom hann að liðnum verklegar framkvæmdir, þar hefði verið dregið úr framkvæmdahraða í fjárlagafrv. og þá að sjálfsögðu var það ekki eftir höfði hans né þeirra annarra stjórnarandstæðinga sem hér hafa talað. Ég fæ það ekki til þess að koma heim og saman. Í öðru orðinu er talað um að rekstrargjöldin mættu ekki auka, en verklegar framkvæmdir mættu hins vegar ekki minnka.

Nú skulum við gera okkur grein fyrir því í hverju stærsti hluti hækkunar fjárlagafrv. liggur, og gera okkur þá grein fyrir hvar viðkomandi þm. hefði viljað skera niður. Í fyrsta lagi hækka laun um 2 milljarða og 300 millj. kr. Launin eru samkv. launasamningum. Niðurgreiðslur hækka um 2.1 milljarð. Þær eru þó lægri en þær hefðu verið ef ákvarðanir frá tíð fyrri stjórnar hefðu verið óbreyttar 1975. Í þriðja lagi hækkar tryggingaliðurinn um 3.2 milljarða. Það er samkv. þeirri löggjöf sem gildir í dag. Síðan koma markaðir tekjustofnar upp á 2.9 milljarða samkv. löggjöf. Hér er um að ræða hækkun upp á 10.5 milljarða, 70% af hækkun fjárlagafrv. Ég er alls ekki með þessu að segja að ekki væri hægt að gera á þessu dæmi einhverjar þær breytingar að til sparnaðar gæti orðið. En ég geri ekki ráð fyrir því að í sept. á þessu ári hafi nokkur aðili haft aðstöðu til að breyta þessum 4 liðum sem allir eru bundnir, þannig að þegar komið er og sagt: Þessir liðir, þ. e. a. s. rekstrarliðirnir, hækka upp úr öllu valdi, það má alls ekki, — þá um

leið eru menn að leggja til að einhverjir af þeim liðum, sem ég taldi hér upp áðan, hefðu verið skornir niður, enda þótt þeir greinist ekki í sjálfu frv. til annarra rekstrargjalda eða eftir því sem hv. þm. kallaði fram í. En þegar við leggjum saman þessa tölu á ellefta milljarð og fjárl. frá því í fyrra, erum við komin í 40 milljarða, eftir standa 5 milljarðar.

Þegar svo komið er og talað um 60 og eitthvað prósent hækkun á rekstrargjöldum, þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því á hvaða grundvelli það er. Kemur í ljós að þegar um er að ræða hækkun sem nemur á öðrum rekstrargjöldum um 65.7% sem hv. 11. landsk. vék hér að áðan, þá eru þessir útgjaldaliðir byggðir á verðlagshækkun sem nemur um 64%. Svo er í öðru tilfelli líka, þannig að hér eru nánast rekstrargjöldin vegna þeirrar verðlagshækkunar sem orðið hefur á milli ára, þ. e. a. s. þeirra mánaða ársins sem fjárl. eru samin á, og það verður ekki sagt um hvorki núv. fjmrh. né hans flokksbræður að þeir beri ábyrgð á þeirri hækkun sem öll á sér þó stað áður en þeir koma til setu í núv. ríkisstj.

Nei, það ber allt að sama brunni eins og ég sagði áðan. Hér er um að ræða þróun efnahags- og fjármála á s. l. ári sem hefur þessi áhrif að fjárlagafrv. fyrir 1975 og fjárl. ársins 1975 verða þau alhæstu og miklu hærri en nokkru sinni áður. En við verðum að gera okkur grein fyrir því, í hverju það er fólgið, og reyna að bregðast við, reyna að koma málum þannig fyrir að slíkt þurfi ekki að koma til.

Eitt af því, sem hér þarf að skoða, er að opinberar framkvæmdir verði ekki til þess að skapa þá spennu í efnahagslífinu sem verður okkur öllum til óhags. Það er ástæða til þess að draga úr opinberum framkvæmdum þegar slík spenna er í þjóðfélaginu, en auka opinberar framkvæmdir þegar aftur öfugt ástand hefur skapast. Það er það sem verið er að reyna. Ég held að þegar menn tala og gagnrýna annars vegar hækkun rekstrarútgjalda og koma svo jafnframt og gagnrýna að dregið er úr verklegum framkvæmdum, þá eru þeir að hitta sjálfa sig með því sem þeir segja í síðara orðinu.

Mig langar þá aðeins til þess að víkja að tveimur atriðum sem hv. 11. landsk. kom hér inn á í sambandi við hafnamál og þá sérstaklega hversu illa það kemur við sveitarfélögin, að dregið er að einhverju leyti úr hafnarframkvæmdum. Ég er sammála um það, að að sjálfsögðu hafa sveitarfélögin minna til þess að láta vinna í hafnarframkvæmdum ef fjárlög draga þar að einhverju leyti úr hraðanum. En ég trúi ekki að það hafi verið ástæðan fyrir því hversu illa sveitarfélögin voru öll komin þegar hv. 11. landsk. þm. hafði ekki lengur áhrif á gang mála. Ég trúi ekki að það hafi verið hans forusta, eins og hann vildi láta hér koma fram, í hafnamálum sem olli því hvernig komið var fyrir sveitarfélögunum. Gagnvart sveitarfélögunum verðum við að sjálfsögðu að líta á þeirra vandkvæði og meta hverju sinni, hvort það er einu sveitarfélagi hagkvæmara og betra að fá auknar hafnarframkvæmdir eða fá auknar sjúkrahúsaframkvæmdir. En á það var ekki heldur minnst í ræðu hans hér, að framlögin til sjúkrahúsabygginga hækkuðu miklu meira en rétt hlutfallslega. Að sjálfsögðu hlýtur það að koma fram annars staðar í opinberum framkvæmdum ef dregið er úr einum lið, enda þótt stefnt sé að því að allt meðaltal verði innan við það sem það hafði verið áður í magni.

Hann vék þá að sjómönnum og hvernig farið væri með þá, hvernig núv. ríkisstj. ætlaði sér að ganga til móts við þá í launamálum og öðru. Ég vil aðeins vekja athygli hans á því, að þegar núv. ríkisstj. tók við voru málefni sjávarútvegsins, fiskvinnslunnar, síður en svo í því lagi að það væri ástand sem íslenskir sjómenn óskuðu eftir. Það var og hlaut að verða fyrsta verkefni þessarar ríkisstj. í sjávarútvegsmálum að reyna að tryggja að fiskvinnslan yrði rekin hallalaust.

Mér er hins vegar ljóst að það hefur ekki tekist að leysa allan vandann í sjávarútveginum og það kannske tekst aldrei. Mér er líka fullkomlega ljóst, að þrátt fyrir þessar ráðstafanir tókst ekki að tryggja rekstrargrundvöll fyrir togaraútgerð og báta eins og skyldi. En við skulum vonast til þess að það sé ekki öllu lokið í þeim efnum og þar verði komið fram með einhverjar leiðréttingar til úrbóta. Mér er ljóst að hæstv. sjútvrh. hefur sent sjútvn. Alþ. till. sínar um það með hvaða hætti eigi að verja hluta gengissjóðsins og er þar um að ræða einn þátt í þeim till.

Það var sérstaklega vikið að því hér af hv. 1. landsk. þm. hvað ríkisstj. hygðist gera í sambandi við Lánasjóð námsmanna. Ég vék að því, eins og hann gat um, í fjárlagaræðu minni, að það frv., sem hér lá á borðum þm. á síðasta þingi í fyrra, væri til skoðunar og ég vonaðist til að það gæti orðið að lögum áður en afgreiðslu fjárl. yrði lokið. Þetta hefur því miður ekki reynst svo og þess vegna verður að taka ákvörðun um það á milli 2. og 3. umr. fjárl., hvað gera skal í sambandi við þá fjárhæð sem fjárveitingavaldið vill leggja til Lánasjóði námsmanna. En það er skoðun mín að þá tölu þurfi að finna út með þeim hætti að lánin haldi raungildi sínu frá því á s. l. ári og að gera verði ráð fyrir að þeir skólar, sem hefðu undir eðlilegum kringumstæðum getað notið þessa samkv. framlögðu frv. í fyrra, komi til með að njóta þess miðað við breytta löggjöf og að sá nýi kostnaðargrundvöllur, sem stúdentar hafa látið vinna, verði tekinn til skoðunar af trúnaðarmönnum ríkisstj. og reynt að nota hann eftir því sem sú skoðun gefur ástæðu til, þannig að við 3. umr. fjárl. þurfi að taka þessi sjónarmið inn og gera breytingu á því framlagi, sem frv. gerir ráð fyrir.

Þá vék hv. 1. landsk. þm. að því, til hvers þær auknu tekjur, ef til koma, sem samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar verða einhverjar, yrðu notaðar við afgreiðslu fjárl. Það er að sjálfsögðu ljóst, að tryggingakerfið kallar á við 3. umr. fjárl. sennilega á milli 500 og 600 millj. og fyrir því verður að sjá, þannig að auk þeirra hækkana sem þær till., sem hér liggja fyrir, koma til með að valda, þá verður að reikna með því við 3. umr., auk þess sem eftir eru ýmsir aðrir liðir, sem hér hefur verið getið um bæði af hv. 1. landsk. þm., hv. 11. landsk., svo og hv. 5. þm. Vestf., en formaður fjvn., hv. 2. þm. Vesturl., gerði grein fyrir því í sinni ræðu hér þ. á m. eru raforku-

málin, vegamálin og ýmsilegt fleira sem fjvn.-menn þekkja e. t. v. hvað best.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv. við þessa umr. Ég ítreka þá ósk mína að okkur takist að ljúka afgreiðslu þessa máls fyrir þinghlé, og ég veit að ég hef þingheim allan með til þess að slíkt geti tekist

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það var í senn átakanlegt og lærdómsríkt að heyra hæstv. fjmrh. lýsa sínu eigin frv. með þeim orðum að hækkunin á frv. væri algerlega óeðlileg, að þessi hækkun væri algert einsdæmi, að með þessari hækkun á fjárl. værum við að slá algert verðbólgumet í Evrópu. Þetta var lýsing hæstv. fjmrh. á sínu eigin fjárlagafrv. (**Gripið fram í.**) Það væri afleiðing verðbólgumets, já. Það er m. a. afleiðing af þeirri verðbólgu sem núv. ríkisstj. hefur skipulagt. Í hennar tíð hefur verðbólguaukningin orðið sem svarar 60% á ári, hvorki meira né minna.

Hæstv. ráðh. hafði þann hátt á eins og oft áður að vilja kenna fyrirrennurum sínum um allt í þessu sambandi og ég ætla ekki að fara að deila við hæstv. ráðh. um það. Ég vil aðeins minna hann á að hann stóð hér fyrir einu ári í þessum sama ræðustól og þá hafði hann ekki heldur háar hugmyndir um þá þróun sem orðið hefði á undan, en þá taldi hann sér samt fært að skera niður upphæð fjárl. með einu pennastriki um 4 300 millj. kr. Það er upphæð sem jafngildir svo sem 6 000 millj. kr. núna. Þetta sagðist hann geta gert með einu pennastriki fyrir ári þrátt fyrir þá þróun sem orðið hafði á undan. Þrátt fyrir þá afleitu stjórn sem verið hafði á landinu í 3 ár, að hans mati, þá gat hann gert þetta með einu pennastriki. Svo fær þessi hv. þm. allt í einu ráðherrapenna, honum er gert kleift að framkvæma það sem hann var að boða hér á Alþ. fyrir ári, og hvað gerist? Lækkuðu fjárl. um 6 000 millj. kr. eins og hann taldi auðvelt verk fyrir ári? Nei, þau hækka um 18 000 millj. kr. Munurinn er hvorki meira né minna en 24 000 millj. Það hefur margt komið fyrir alþm. þann tíma sem ég hef fylgst með gjörðum þeirra hér á þingi, en ég hygg það sé algert einsdæmi að nokkur maður hafi orðið að sporðrenna sínum eigin orðum og sínum eigin stefnumiðum á svipaðan hátt og hæstv. fjmrh. hefur orðið að gera. Að undanförnu höfum við heyrt það undarlega orð „menningarneysla“. Það er hægt að búa til orðið „fjármunaneysla“, og ég hygg að maður, sem sporðrennir 24 000 millj. kr. á einu ári, hafi algjört heimsmet í þeirri íþrótt.

En það eru fleiri menn en fjmrh. sem búa til fjárlög. Fjárl. taka til allra þátta í stjórnarkerfinu og það reynir á marga fleiri en hæstv. fjmrh. að standa þannig að verkum að fjárl. séu sem réttlátust og skynsamlegust. Ég sé nú að vinnubrögðin við þessi fjárl. eru þannig, að jafnmikilvægur þáttur og orkumálin, sem ég tel vera það vandamál sem nú brennur heitast á okkur, á ekki að koma fyrr en við 3. umr., þannig að það verður naumast nokkurt ráðrúm til þess að fjalla um þann mikilvæga þátt. En í frv., sem liggur fyrir nú við 2. umr., eru þó þættir sem snerta heilbrigðis- og tryggingamál og ég hafði sérstakan hug á því að ræða örlítið um nokkur atriði í því sambandi. Ég hafði skýrt hæstv. heilbr.- og trmrh. frá því að ég óskaði eftir að ræða þau mál við hann og bera upp við hann ýmsar fsp. í því sambandi, og mér hefði verið þökk á því, hæstv. forseti, að það yrði kannað hvort hann er hér í þinghúsinu, þannig að hann geti verið viðstaddur þessa umr. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. komi fljótlega. Það er hans verkefni að vera hér á þingi og hlusta á það sem þm. segja. (**Forseti:** Starfsmaður Alþ. er að kanna hvort hæstv. ráðh. er í húsinu.) Fjárlög eru einhver mikilvægasti þáttur starfa okkar hér á þingi, og ráðh. eru ekkert of góðir til þess að vera hér í þingsalnum og ræða við okkur þm. við afgreiðslu fjárlaga. (**Forseti:** Mér er tjáð að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi fengið þau tilmæli, sem hv. ræðumaður hefur flutt, um að vera hér viðstaddur umr.) Ég hinkra þá svolitla stund meðan hæstv. ráðh. er að koma í salinn.

Ég vil bjóða hæstv. heilbr.- og trmrh. velkominn í þingsalinn. Mér finnst fara vel á því að ráðh. séu viðstaddir þegar rætt er um fjármál og fjárlög, vegna þess að þau eru undirstaða margra þeirra starfa sem við eigum að vinna í þjóðfélaginu, og það er ekki til of mikils mælst að ráðh. séu viðstaddir og að við getum rætt við þá.

Að því er heilbrigðis- og tryggingamál varðar, þá eru þau einhver allra mikilvægasti þáttur fjárl. Þangað rennur, að ég hygg, um það bil þriðja hver króna sem tekin er af landslýðnum í fjárl., og það er ákaflega mikilvægt hvernig þeim fjármunum er varið og hvernig gætt er hagsmuna þess fólks sem þessi málaflokkur snertir. Það er um ákaflega mikinn fjölda manna að ræða. Elli- og örorkulífeyrisþegar munu vera 21 000 og þar við bætast ótaldar þúsundir sem fá öðruvísi bætur frá almannatryggingakerfinu. Þjóðin öll á hagsæld sína undir því að vel sé staðið að heilbrigðismálum.

Fyrrv. stjórn leit mjög stórum augum á þessa málaflokka og lét þá ákaflega mikið til sín taka. Á þessum sviðum var náð árangri á síðustu 3 árum sem breytti þjóðfélagi okkar verulega til vaxandi jafnréttis og öryggis. Öll þau 3 ár, sem fyrrv. ríkisstj. starfaði, var unnið samfellt að endurskoðun á almannatryggingakerfinu. Ég ætla ekki að fara að tíunda þau verk hér en ég hygg að allir séu sammála um það að að þessum málum var mjög mikið unnið. — Eitthvert mikilvægasta verkefnið var að hækka lífeyri aldraðs fólks og öryrkja, en hann var svo lágur, áður en fyrrv. ríkisstj. tók við, að hann var þjóðfélagi okkar til algjörrar vansæmdar. Þá var svo ástatt að fólk, sem átti afkomu sína undir tekjum almannatrygginga, var langt fyrir neðan það að hafa tekjur sem nægðu því til einfaldasta mataræðis. Það gerðist á þessum árum margsinnis að fólk kom til læknis vegna þess að það var veikt, og úrskurður læknisins var sá að það þjáðist af næringarskorti. Á þessu sviði var unnið ákaflega mikið verk og náð árangri sem enn þá stendur sem betur fer þótt farið sé að skerða hann til muna.

Ég vil minna á það að á tímabilinu frá 1. maí 1971 til 1. apríl 1974 hækkaði lífeyrir þeirra, sem

aðeins höfðu bætur almannatrygginga til lífsframfæris, um 285%. Almennur elli- og örorkulífeyrir hækkaði um 149% en vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 56% á þessu sama tímabili. Rauntekjurnar hækkuðu því mjög verulega, nær þeföldust hjá þeim sem áður höfðu versta afkomu. Í fyrra var svo ákveðið að tekjutrygging næði einnig til fólks með minni háttar tekjur, t. d. úr lífeyrissjóðum eða fyrir minni háttar störf, tekjur sem næmu allt að 200 þús. kr. á ári. Þessar breyt. höfðu í för með sér fjármunatilfærslur í þjóðfélaginu sem námu milljörðum kr., og þetta var þeim mun stærra og erfiðara verkefni sem á sama tíma voru lagðir niður nefskattar sem áður voru hafðir til að standa undir tryggingunum og lögðust að sjálfsögðu þyngst á þá sem lægstar höfðu tekjurnar.

Á meðan ég gegndi störfum sem heilbr.- og trmrh. taldi ég það vera verkefni mitt að tryggja hlutdeild fólks sem á viðskipti við almannatryggingakerfið. Ég beitti mér fyrir því að almennar hækkanir, sem urðu á almennu verkamannakaupi, kæmu þegar í stað til framkvæmda hjá þessu fólki, en áður hafði það verið dregið, oft mánuðum saman. Ég beitti mér fyrir því að það yrði tryggt að þessar bætur hækkuðu í samræmi við hækkun á framfærsluvísitölu. Í þessu sambandi gerði ég miklar og mjög erfiðar kröfur til þáv. fjmrh., Halldórs E. Sigurðssonar, og ég veit að ég bar fram kröfur, sem oft ollu honum erfiðleikum. Hitt skal ég mjög fúslega viðurkenna, að Halldór E. Sigurðsson, þáv. hæstv. fjmrh., tók þeim kröfum alltaf vel og reyndist alltaf maður til þess að leysa þessi vandamál, í samræmi við stefnu þáv. ríkisstj.

En nú er sannarlega komin önnur öld. Nú er svo ástatt að heilbr.- og trmrh. og fjmrh. eru báðir í Sjálfstfl. Þannig eru kjör aldraðs fólks og öryrkja orðin að eins konar innanflokksmáli hjá forustu Sjálfstfl. og afleiðingarnar láta ekki á sér standa. Í stjórnarsáttmálanum, sem birtur var í ágústmánuði var ekki orð að finna um heilbrigðis- og tryggingamál. Hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason mun ekkert hafa verið ófús að setjast í ráðherrastól, en hann reyndist ekki hafa nein málefni að berjast fyrir á þessum vettvangi. Hann hafði ekkert um þau að segja, ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég hygg að æðimargir hafi veitt því athygli að á þessu þingi í vetur hefur ekki verið borið fram eitt einasta frv., ekki ein einasta till. frá heilbr.- og trmrn. Ég hygg að öll önnur rn. hafi flutt frv. og till., en ekki þetta rn. Hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason virðist ekki hafa neinn áhuga á þessum málefnum, sem snerta þó ákaflega stóran hluta þjóðarinnar.

Síðan núv. ríkisstj. tók við hefur verðlag í landinu hækkað um 20%. Almennur lífeyrir aldraðs fólks og öryrkja hefur hins vegar aðeins hækkað um 6% og almennur lífeyrir að viðbættri tekjutryggingu hefur hækkað um 10%. Í þessu sambandi vil ég minna á það að þegar núv. ríkisstj. tók að fjalla um svokallaðar láglaunabætur var fyrst uppi hjá henni hugmynd um að greiða 4 500 kr. mánaðarlega á mann og væri þá miðað við dagvinnu. Í viðræðum við verkalýðssamtökin báru verkalýðssamtökin fram þá sjálfsögðu kröfu að slíkar bætur yrðu einnig greiddar í eftirvinnu og næturvinnu og þarf ég að sjálfsögðu ekki að rökstyðja það sjónarmið. Það liggur í hlutarins eðli að þessi krafa er fullkomlega rökrétt, en hæstv. ríkisstj. brást þannig við henni að hún féllst að vísu á að greiða láglaunabætur á eftirvinnu og næturvinnu, en hún lækkaði dagvinnubæturnar úr 4 500 kr. í 3 500 kr. eða um 1000 kr. á mánuði. Með þessu móti var verið að skerða kjör þess láglaunafólks sem ekki vinnur eftirvinnu og það er æðistór fjöldi, ekki síst í iðnaði, þar sem tekjur eru lágar. Og þarna var verið að skerða alveg sérstaklega bæturnar til aldraðs fólks og öryrkja, og ég veit ekki til þess að hæstv. heilbr- og trmrh. hafi haft nokkra aths. við þetta að gera.

Ég nefndi áðan prósentur, annars vegar um verðhækkanir og hins vegar um tekjur. En við skulum minnast þess að neyslugrundvöllur aldraðs fólks og öryrkja, sem ekki hefur aðrar tekjur en bætur almannatrygginga, er allt annar en neyslugrundvöllur hinnar almennu vísitölu. Á þessum 3 mánuðum, sem liðnir eru síðan núv. ríkisstj. var mynduð, hafa matvæli hækkað meira en allt annað. Á 3 mánuðum hækkuðu þau um 25%, en það jafngildir hvorki meira né minna en 100% á ári ef haldið verður áfram á þann hátt sem gert hefur verið undanfarna 3 mánuði. Ég skal nefna nokkur dæmi um hækkanir á algengustu neysluvörum. Mjólkin hefur hækkað í tíð þessarar ríkisstj. um 65.5%, rjómi um 54.6%, skyr um 88%, smjör um 130.5%, ostur um 36.5%, súpukjöt um 64.5%, læri um 57.1%, kótelettur um 51%. Maður, sem fær fulla tekjutryggingu, er með tæpar 20 000 kr. í mánaðartekjur. Tekjur hans fara fyrst og fremst í mat, ljós og hita. Þegar verðlag hækkar, eins og gert hefur undanfarna mánuði, verður slíkur maður að spara við sig. Þegar mjólkurafurðir hækka um allt að 131% þá getur slíkur maður, sem á að lifa á bótum almannatrygginga, ekki gert annað en að spara við sig neyslu á mjólkurafurðum. Þegar kjöt hækkar um allt að 64% verður slíkur maður að spara við sig kjötneyslu. Þetta eru þær einföldu staðreyndir sem blasa við. Við skulum átta okkur á því að það eru mannleg viðhorf á bak við þær tölur sem við erum að flíka í þessum sal, og það er nú þegar búið að skerða mjög verulega kjör þess fólks sem á erfiðasta afkomu á Íslandi og á afkomu sína undir því hvernig við hér á þingi og þeir sem gegna ráðherrastörfum duga við að gæta hagsmuna þessa fólks. Þetta fólk hefur ekki samtök. Þetta fólk getur ekki gert verkfall. Þetta fólk á afkomu sína undir því að við höfum skilning á því að okkur ber að tryggja afkomu þess.

Á fjárl. þeim, sem hér liggja fyrir til afgreiðslu, er ekki gert ráð fyrir því að þeir, sem eiga afkomu sína undir bótum almannatrygginga, fái neinar bætur á næsta ári, hversu mjög sem vísitalan hækkar. Sú upphæð, sem reiknað er með á fjárl., er við það miðuð að engar slíkar bætur verði greiddar. Þótt verðbólgan æði áfram eins og hún hefur gert að undanförnu, verða kjör þessa fólks skert jafnt og þétt. Ef þessi þróun heldur áfram sem verið hefur undanfarna 3 mánuði og við náum 60% verðbólgu á einu ári, þá jafngildir það því að bætur almannatrygginga kæmust á svipað stig og þær voru í lok viðreisnartímabilsins, svipað smánarstig.

Ég flyt á þskj. 153 till. um að ákveðnar verði 800 millj. kr. til þess að greiða uppbót á tekjutryggingu til aldraðs fólks og öryrkja. Þessi till. er algert lágmark og raunar þó nokkuð mikið fyrir neðan það sem hún þyrfti að vera. Við reiknum með því að kjör þessa fólks skerðist um 15% á þessu ári og að á næsta ári verði meðalverðbólga 25% eins og sérfræðingar ríkisstj. reikna með. Þá er þarna um 40% skerðingu að ræða. Á fjárl. mun vera reiknað með að 1100 millj. fari til tekjutryggingar, þ. e. a. s. viðbótargreiðslna til þeirra sem ekki hafa aðrar tekjur eða mjög litlar aðrar tekjur. Til að bæta upp 40% verðbólgu mundi þurfa um 450 millj. kr., en til þess að tryggja heildarkaupmátt þessa fólks þ. e. a. s. almennu trygginguna að viðbættri tekjutryggingunni, mundi þurfa á annan milljarð króna, og að sjálfsögðu er það slíkt markmið sem við ættum að setja okkur. Og þá er eftir að huga að barnalífeyri, að mæðralaunum, að bótum og lífeyri til ekkna og ekkla, sem allt brennur upp á eldi verðbólgunnar.

Till. mín er ekki hærri vegna þess að ég vil freista þess að fá samstöðu um hana, og í því sambandi vil ég sérstaklega skírskota til þm. Framsfl. Þeir hafa hrósað sér af framförum í tryggingamálum í tíð vinstri stjórnarinnar, og ég vil ekki hafa neinn heiður af Framsfl. í því sambandi. En ef þeir fallast á að láta bætur almannatrygginga brenna þannig upp í eldi verðbólgunnar, sannast það eitt að þeir eru ekki frumkvöðlar að neinni stefnu. Þeir geta fylgt félagshyggjustefnu í samvinnu við Alþb., en þeir geta alveg eins fylgt andfélagslegri stefnu í samvinnu við Sjálfstfl. Þess vegna held ég að það sé afar fróðlegt fyrir almenning um allt land að fylgjast með því hvernig sérstaklega þm. Framsfl. bregðast við þessari brtt.

Mér er kunnugt um annað í sambandi við fjárlagafrv. Í því dæmi, eins og það liggur fyrir okkur núna, er ekki gert ráð fyrir því að aldrað fólk og öryrkjar fái þá 3% almennu kauphækkun sem kom til framkvæmda 1. des. Það er ekki reiknað með því að aldrað fólk og öryrkjar fái þá sams konar hækkun sem á að koma 1. júní á næsta ári. Þetta er ekki í dæminu, og ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort það sé ekki algert lágmark að reyna þó að tryggja að þessar almennu kauphækkanir komi þessu fólki einnig til góða.

Fyrst inn í dæmið eins og það er lagt fyrir okkur núna vantar jafnsjálfsagða hluti og þessa, vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann hafi áttað sig á því að á síðasta þingi voru sett lög um aukinn kostnað vegna tannlækninga, og inna hann eftir því, hvort gert sé ráð fyrir því í þessu fjárlagadæmi. Frá og með næstu áramótum eiga greiðslur sjúkrasamlaga vegna tannlækninga að ná til barna á forskólaaldri, til 16 ára unglinga, til öryrkja, til ellilífeyrisþega og til vanfærra kvenna.

Ég sagði áðan að þessi till. um 800 millj. væri mun lægri en hún hefði þurft að vera. En ég vænti þess að menn spyrji hvar eigi að taka fjármunina. Því er í sjálfu sér ákaflega auðsvarað. — Ég sé að hæstv. fjmrh. er horfinn hér úr salnum. Hann er kannski nærstaddur samt. En það er a. m. k. hægt að skila því til hans að hann gæti borið saman aukningu á rekstrarútgjöldum Reykjavíkurborgar, sem stjórnað er af flokki sem ég hygg að hann hafi ekkert ógeð á, og hækkun á rekstrarútgjöldum ríkisins. Og ef hann léti sér nú nægja sömu prósentu og Reykjavíkurborg, að rekstrarútgjöldin hækkuðu ekki nema um sama hlutfall og hjá Reykjavíkurborg, þá mundu sparast á því 800 millj. kr. Það er nú ekki farið fram á mikið. Það er farið fram á það að fjmrh. láti sér nægja sömu hækkun á rekstrarútgjöldum og Reykjavíkurborg. Svo get ég aftur minnt á manninn sem taldi í fyrra að það væri hægt að lækka tilkostnað í fjárl. um upphæð sem jafngildir 6 000 millj. með einu pennastriki.

Eitt mikilvægasta verkefni fyrrv. stjórnar á sviði heilbrigðismála var setning heildarlöggjafar um heilbrigðisþjónustu sem tók gildi um síðustu áramót. Á fjárl. í ár var fé veitt til framkvæmda við heilsugæslustöðvar og læknismóttökur á 13 stöðum og fé til undirbúningsframkvæmda á 8 stöðum. Í tíð fyrrv. stjórnar var unnið að undirbúningi að fjárlagagerð þeirri sem við fjöllum um nú, og ég hef til fróðleiks borið saman till. rn. og frv. eins og það liggur nú fyrir. Á sama hátt hef ég borið saman till. um elliheimili, en fyrri ríkisstj. setti merk lög sem áttu að tryggja að ríkissjóður greiddi þriðjung af kostnaði við þau. Þau dæmi, sem ég bendi á, eru þessi: Rn. lagði til að Kleppsspítali fengi 20 millj. kr. til nauðsynlegra framkvæmda, í fjárlagafrv. er ekki ein króna til þessa verkefnis. Lagt var til að Heilsugæslustöðin í Rvík fengi 30 millj., í frv. eru 20 millj. Lagt var til að til framkvæmda í Borgarnesi yrði varið 22 millj., í frv. eru 17 millj. Lagt var til að á Blönduósi yrði ráðist í viðbyggingu við sjúkrahúsið, heilsugæslustöð, og varið til þess 15 millj., í frv. eru 10 millj. Á Sauðárkróki var gert ráð fyrir viðbyggingu við sjúkrahúsið, heilsugæslustöð, og lagt til að varið yrði til þess 16 millj. Í frv. eru 10 millj. Á Egilsstöðum var lagt til að lokið yrði þar við mjög merka framkvæmd með því að verja til hennar 15.8 millj., í frv. eru 6.5 millj. Á Seyðisfirði var lagt til að varið yrði 10 millj. kr., sú upphæð er skorin niður í 1 millj. Í Neskaupstað var gert ráð fyrir að varið yrði 28 millj. til sjúkrahússins, en það var nauðsynleg upphæð til þess að ná þeim byggingaráfanga sem næstur er, sú upphæð er skorin niður í 18 millj. Á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík var gert ráð fyrir framlagi til læknismóttöku, 6 millj. kr. á hvorn stað, þær upphæðir eru skornar niður í 4 millj. á hvorn stað. Á Kirkjubæjarklaustri var lagt til að varið yrði 10 millj. kr. til heilsugæslustöðvar, sú upphæð er skorin niður í 1 millj. Samt var þar um að ræða verk sem var fullkomlega undirbúið og hafði verið unnið að af miklum áhuga af heimamönnum. Lagt var til að Sólvangur í Hafnarfirði fengi 10 millj. kr., sú upphæð er skorin niður í 2 millj. Lagt var til að Laugarás fengi 7.5 millj., sú upphæð er skorin niður í ekki neitt. Þetta gerist á sama tíma og verðbólga geisar. Það er oft sagt og er vissulega nokkuð til í því að rn. séu há í kröfum sínum og geri ráð fyrir því að þær verði skornar niður, og til þess höfum við ágæta menn, eins og kunnugt er, í kerfinu. En byggingarvísitalan hefur hækkað svo hrikalega

á þessu ári að ég er alveg sannfærður um að hinar upphaflegu till. rn. eru miklum mun lægri en nokkur skynsemi er í, vegna þess hver verðbólguþróunin hefur orðið. Þar hefur verið framkvæmdur sá niðurskurður sem sannarlega hefði átt að duga.

Sama máli gegnir um elliheimili. Ég gat áðan um þá merku löggjöf sem sett var á því sviði og átti að ýta undir framkvæmdir sem eru ákaflega brýnar um allt land. Þar var óskað eftir 56 millj. kr., sú upphæð hefur verið skorin niður í 38.3 millj. Framkvæmdir á Ísafirði eru skornar niður úr 5 millj. í 800 þús., Ólafsfirði úr 5 millj. í 3 millj., Dalvík úr 5 millj. í 3 millj., Húsavík úr 5 millj. í 800 þús., Vopnafirði úr 5 millj. í 3 millj., Hellu úr 5 millj. í 3 millj, Blönduósi úr 2 millj. í ekki neitt og Hafnarfirði úr 2 millj. í ekki neitt.

Sama máli gegnir um læknisbústaði. Læknisbústaður á Hellissandi átti að fá 1.5 millj., fær ekkert, Húsavík 3 millj., í frv. stendur 1.5, Ólafsvík átti að fá 3 millj., þar eru 900 þús. í frv., Fáskrúðsfjörður, gerð till. um 3 millj., skorin niður í 1 millj. Og óskir um, að Læknishéraðasjóður fengi auknar tekjur til þess að kaupa tæki sem mikill skortur er á úti um allt land og tekið var að vinna að að endurnýja í tíð fyrrv. ríkisstj., eru skornar niður um helming.

Hér er mjög greinilega að verki mikil samdráttarstefna, ekki síst þegar hliðsjón er höfð af þeirri feiknalegu hækkun byggingarvísitölunnar sem ég gat um áðan. Ég hygg einnig að það sé mikið álitamál hvernig ráðh. hefur tekist að meta þarfir einstakra landshluta. Ég er sannarlega þeirrar skoðunar að enginn landshluti sé ofhaldinn af því fé sem hann hefur fengið eða á að fá samkv. þessu frv. En ég hygg að æðimargir spyrji hvort ekki sé ástæða til þess að gera mun betur við þá landshluta sem afskiptastir eru á sviði heilbrigðismála, en það var sérstaklega tekið fram í löggjöfinni að þeir ættu að ganga fyrir um framkvæmdir.

Ég er ekki með neinar brtt. í sambandi við þessi mál. Ég geri ráð fyrir að þm. einstakra kjördæma líti á þau. En ég vildi aðeins vekja athygli á því að einnig þarna er um mjög alvarlega stefnubreytingu að ræða.

Önnur till., sem ég flyt á þskj. 153, er um það að kostnaður vegna reglugerðar um iðjumengun hækki úr 1.5 millj. í 6.5 millj., þ. e. a. s. um 5 millj. kr.

Eins og kunnugt er var sett ítarleg heilbrigðisreglugerð fyrir allt landið í febr. 1972 og sérstök reglugerð um varnir gegn mengun frá iðjuverum í júní sama ár. Þarna var unnið brautryðjandaverk, ákaflega mikilvægt, og við vissum þá og vitum enn að Heilbrigðiseftirlitið var vanbúið að takast á við þetta vandamál. Það hafði allt of lítið fjármagn og of lítið starfslið. Við höfum á undanförnum árum orðið að fást við verkefni sem við höfum enga reynslu af, eins og t. d. mengun frá kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn og álbræðslunni við Straum. Báðum þessum fyrirtækjum var skipað í tíð fyrrv. stjórnar að setja upp hreinsibúnað, og það var Heilbrigðiseftirlitið sem annaðist afgreiðslu á umsókn um það hvernig þeim hreinsibúnaði yrði háttað. Í álverinu var Jóni Þórðarsyni uppfinningamanni heimilað að gera tilraunir á merku tæki sem hann hafði fundið upp, til að kanna hvort það hentaði til að hreinsa eins og vert væri á þeim stað. Því miður kom í ljós að þessi tæki dugðu ekki eða a. m. k. að tilraunir með þau yrðu að halda svo lengi áfram að það væri ekki unnt að bíða eftir því. Þess vegna fyrirskipaði ég álbræðslunni í sumar að setja upp fullgildan hreinsibúnað. En til þess að meta það, hvað er fullgildur hreinsibúnaður í verksmiðju af þessu tagi, duga ekki neinir erlendir staðlar. Það þarf að meta þetta á sjálfstæðan hátt frá íslenskum forsendum. Þetta verður Heilbrigðiseftirlit ríkisins að meta, og þegar það hefur ekki starfskrafta með fullri reynslu á þessu sviði, verður það að tryggja sér erlenda starfskrafta sem að þessu geta unnið í samvinnu við okkur. Það er t. d. hægt að leita til Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem hefur á að skipa mjög hæfum sérfræðingum á þessu sviði. Þess vegna fékk ég inn í fjárl. á sínum tíma þessa upphæð sem ég nefndi áðan, hálfa aðra millj., en ég tel að það sé nauðsynlegt að auka hana núna um 5 millj., vegna þess að til viðbótar við þær verksmiðjur, sem ég hef nefnt, er nú rætt um að koma hér upp járnblendiverksmiðju. Þar munu koma upp mjög erfið og flókin og viðkvæm mengunarvandamál, og auðvitað getum við ekki leyst þau vandamál skv. einhverjum bandarískum stöðlum eða skv. einhverjum upplýsingum sem seljendur hreinsitækja gefa upp. Þetta verður Heilbrigðiseftirlit ríkisins að meta á sjálfstæðan hátt. Til þess að geta ráðið sér nægа starfskrafta í þessu skyni þarf fjármuni, og þessi till. er flutt til þess að þeir fjármunir séu tiltækir.

Í þessu sambandi kemst ég ekki hjá því að víkja að næsta furðulegum atburði sem gerðist í síðustu viku, en þá var Einari Val Ingimundarsyni umhverfisverkfræðingi sagt upp störfum við Heilbrigðiseftirlit ríkisins frá og með næstu áramótum. Á sínum tíma kom Baldur Johnsen forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins til mín og óskaði eftir því að honum væri gert kleift að ráða Einar Val til starfa hjá stofnuninni, þar sem hann væri eini íslenski sérfræðingurinn á þessu sviði og gæti orðið stofnuninni ómetanlegur. Ég brá þegar við og útvegaði fjármuni til þess að ráða Einar Val. Hann var þá í framhaldsnámi og varð að samkomulagi að hann lyki því ásamt störfunum og hagaði framhaldsnáminu svo að það kæmi Heilbrigðiseftirlitinu að sem mestu gagni. Mér er fullkunnugt um það, að Einar Valur hefur reynst mjög duglegur og áhugasamur í starfi. Hins vegar mun hafa komið upp ágreiningur milli hans og Baldurs Johnsens um það hvernig ætti að standa að vistfræðilegum ákvörðunum í sambandi við iðjuver, og veit ég þó ekki til þess að Einar Valur hafi á nokkurn hátt farið út fyrir eðlilegt verksvið sitt í sambandi við þann ágreining. Það gegnir furðu að reka slíkan mann úr starfi einmitt þegar Heilbrigðiseftirlitið þarf að fást við erfiðari vandamál en það hefur áður þurft að glíma við og hefur engan annan íslenskan sérfræðing í staðinn. Ég óska eftir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. gefi skýringar á því, hvernig á þessu stendur, og lýsi afstöðu sinni til þessa máls.

Þriðja till., sem ég flyt á þskj. 153, fjallar um

verulega hækkun á framlögum til Gæsluvistarsjóðs. Á þessu þingi hafa verið fluttar margar till. og margar ræður um áfengismál. Mér hafa fundist sumar till. dálítið yfirskinsfullar, þótt vissulega beri að meta þann góða vilja og þann áhuga sem till. eru til marks um. M. a. kom nýlega fram frv. frá hv. þm. Oddi Ólafssyni sem leggur til að stofnaður verði sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka með tiltekinni tekjuöflun í því sambandi, 100 kr. af hverri flösku af sterku áfengi. Hv. þm. virðist ekki hafa hugmynd um að slíkur sjóður er til í landinu og hefur verið starfandi um 10 ára skeið og hefur nákvæmlega það verkefni sem felst í frv. þessa hv. þm. Þessi sjóður heitir Gæsluvistarsjóður, og ákvæðin um hann eru í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra frá árinu 1964. Þessi sjóður á að gera allt það sem felst í frv. hv. þm. Odds Ólafssonar. Mér finnst þetta vera til marks um það að menn átta sig stundum ekki á því hvað eru staðreyndir í málum sem þeir eru þó að flytja hér á þingi. Skyldi það ekki vera forsenda þess að menn geti komið með skynsamlegar till. að þeir leggi á sig þá vinnu að átta sig á því hvernig slíku kerfi er háttað í landinu og hvar hægt er að gera ráðstafanir sem að gagni koma?

Gæsluvistarsjóður hefur síðustu árin fyrst og fremst verið notaður til þess að koma upp lokuðu drykkjumannahæli á Vífilsstöðum. Upphaflega var þetta ákveðið í sérstöku samráði við Reykjavíkurborg sem ætlaði að koma upp að sínu leyti opnu drykkjumannahæli. Því miður hafa efndirnar hjá Reykjavíkurborg ekki verið í samræmi við þær óskir sem fram voru bornar í upphafi. En lokaða hælið á Vífilsstöðum er að verða fullbúið. Það hefur hins vegar reynst Gæsluvistarsjóði ofvaxið fjárhagslega að standa undir þessari merku framkvæmd. Gæsluvistarsjóður mun skulda ríkissjóði vegna byggingarkostnaðar á þessu ári um 18 millj. kr. Auk þess vantar svo 15 millj. kr. til þess að kaupa húsbúnað í þetta hæli. Þannig vantar 33 millj. kr. til þess að þessi stofnun geti tekið til starfa, og hún þarf að taka til starfa sem allra fyrst á næsta ári.

En þessi sjóður skuldar því miður meira. Hann skuldar raunar Kleppsspítala 6 millj. kr., hann skuldar raunar Gunnarsholti aðrar 6 millj. kr. Það hefur verið gerð áætlun um nýjar framkvæmdir í Gunnarsholti fyrir 6 millj. kr. í viðbót. Það hefur verið gert ráð fyrir framkvæmdum í Víðinesi fyrir 12 millj. kr. Og þessi sjóður, Gæsluvistarsjóður, átti að standa undir þessum framkvæmdum. Ég flyt till. um að sjóðnum verði gert kleift að standa undir þessum verkefnum öllum, og ég hygg að ég þurfi ekki að rökstyðja það frekar fyrir hv. þm. sem einmitt á þessu þingi hafa lagt svo mikla áherslu á nauðsyn þess að gripið yrði til raunhæfra aðgerða gegn áfengisbölinu. Auk þess legg ég svo til að sjóðurinn fái til annarra verkefna, í rannsóknir, styrki o. fl., 5 millj. kr., og eru þá þarfir sjóðsins í allt 68 millj. kr. í stað þess að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 29.7 millj. sem hrökkva ekki einu sinni til þess að koma af stað hælinu á Vífilsstöðum, nema þá hæstv. fjmrh. gefi eftir þær 18 millj. kr. sem sjóðurinn hefur notað á þessu ári umfram heimildir.

Ég trúi því ekki að þm. hafi hér uppi stór orð um nauðsyn virkrar baráttu í áfengismálum en ætli á sama tíma að svelta Gæsluvistarsjóð, þá stofnun sem vinnur mest raunhæf störf á þessum vettvangi. Og ég vil sérstaklega spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort það sé ekki ætlun hans að láta hælið á Vífilsstöðum taka til starfa og hvernig hann ætli að gera það ef fjármunir til Gæsluvistarsjóðs eru skornir svo við nögl sem fjárlagafrv. ber með sér.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla að segja hv. þm., sem var að ljúka hér máli sínu áðan, það að ég var ekkert að slóra, ég var að störfum hér í húsinu. Flestir þm., venjulegir þm., hafa látið sér nægja undir flestum kringumstæðum að flytja mál sitt í áheyrn annarra ráðh. En þessi hv. þm., þegar hann sat í ráðherrastól, þá svaraði hann einu sinni: Ég sit ekki í ráðherrastól til þess að svara fsp. þm. — og með töluverðu yfirlæti eins og hans var háttur. En ég ætla ekki að hafa þennan hátt á, eins og þessi fyrrv. ráðh. gerði og varð sér auðvitað alltaf til stórskammar í hvert skipti sem hann hafði slík ummæli hér um hönd sem von er. En hins vegar eru takmörk fyrir því hvað þm. geta spurt ráðh. að alveg skilyrðislaust og ætlast til þess að fá tölulegar upplýsingar um fjölmörg atriði án þess að sýna þá kurteisi að segja frá því um hvað á að ræða. En þó að þessi hv. þm. hafi flutt hér langa lofgerðarrollu um sjálfan sig, er hann einn til þess, aðrir opna ekki sinn munn orðið til þess, og hann verður að flytja þessa lofgerðarrollu sjálfur. Hann hefði þess vegna getað lofað mér að vera aðeins lengur á fundinum, sem ég var á hérna niðri, því að ég er búinn að hlusta svo oft á þessa lofgerðarrollu af hans vörum að ég hefði ekkert misst.

Þessi hv. þm. talaði um gífurlega hækkun á verðlagi í landinu. Þegar hann fór úr ráðherrastól var eftir að taka til eftir hann, þá var eftir hrúga af erindum, hrúga af vandamálum sem voru færð yfir á næstu ríkisstj. Hækkun á verðlaginu er því synd þessara herra sem eru á brott hlaupnir, og engir gengu lengra en þeir, sem eru farnir, í því að stuðla að þessu ástandi sem ríkjandi var. Svo hneykslast þeir yfir því að verðlag hafi hækkað, hneykslast yfir því hve litlu er varið til hinna ýmsu mála í fjárl. og tala um hundruð millj. eins og ekkert sé, á sama tíma og þeir eru að hneykslast yfir, hvað fjárl. hækka. Það má segja að það sé ekki heil brú í ræðuflutningi þessa hv. þm. og ég vil segja að að sumu leyti var hann nú fullfljótur á sér. Ég vil benda honum á að hér eru nú fjárlagafrv. til 2. umr., en ekki 3. umr. Það hefur skeð áður og meira að segja þegar Magnús Kjartansson var heilbr.- og trmrh. og iðnrh. að það var beðið með margar breytingar á fjárlagafrv. til 3. umr.

En mikið var þm. óheppinn þegar hann fór að taka upp listann sinn frá því í fyrra, hvað hann hefði nú lagt til að taka upp af fjárveitingum til þess málaflokks sem hann fór með stjórn á, og bera það svo saman við fjárlagafrv. eins og það stendur núna. Hann sagði að í sambandi við

elliheimilin hefði verið á listanum sínum framlag til Ísafjarðar 5 millj. kr., nú væru í fjárlagafrv. 800 þús. Og hann nefndi fleiri staði í þessu sambandi. En það er sitt hvað óskalisti herra Magnúsar Kjartanssonar eða gildandi fjárlög fyrir þetta ár sem samþ. voru af herra Magnúsi Kjartanssyni. Þar er t. d. framlag til elliheimilis á Ísafirði ekki 5 millj. eins og á óskalistanum hans Magnúsar Kjartanssonar, heldur 800 þús. Þannig var með margar þessar tölur sem hann var að fara með. Það er sitt hvað óskalistinn eða fjárl., sem hann samþykkti. Og það voru þau sem giltu í þessu sambandi. (MK: Það voru fjárlög næsta árs.) Það voru till. um fjárlög ársins á undan, þetta var till. sem Magnús Kjartanson sagði hér áðan að væri 5 millj. til elliheimilisins á Ísafirði, svo að dæmi séu nefnd. Það eru 800 þús. kr. í fjárlagafrv. En það er auðveldara að bera fram og lesa upp óskalista heldur en það sem Magnús Kjartansson fékk inn í fjárl. sem hann stóð að. Þetta veit hann mætavel. Það þarf ekki að vera að gjamma fram í þess vegna hvað eftir annað, enda eru taugarnar ekki í góðu lagi hjá þm. Það vita allir að hann hefur verið kúskaður og laminn í sínum flokki, hefur orðið að svíkja hugsjónamál sitt eins og málmblendiverksmiðjuna, og þá brýst þetta út í ergelsi og árásum út af því hve hinar og þessar fjárveitingar hafi verið miklu meiri og stærri hjá honum sem heilbrrh., því að einhvers staðar verður hann að fá rós í hnappagatið þegar búið er að klæða hann úr hverri spjör hvað snertir afrek hans á sviði iðnaðarmála af hans eigin flokki.

Hvernig er með niðurgreiðslur á vöruverði? Hvaða breyting er á niðurgreiðslum á vöruverði í frv. núna frá fjárl. yfirstandandi árs? Þær hafa hækkað um hvorki meira né minna en um 2 170 millj. kr. Það var létt verk að lækka landbúnaðarafurðir í vor og gefa bara út víxil sem aðrir áttu að taka við og borga, eins og þessir herrar gerðu. Hvaða tekjuöflun átti sér stað þegar brbl. voru gefin út rétt fyrir kosningar? Við sitjum svo eftir með það núna, vegna þess að það er ekki fært að draga meira úr niðurgreiðslum en raun ber vitni. Hvernig er ástandið í sambandi við niðurgreiðslurnar? Hvað verður samfélagið að greiða niður af vöruverði? Af dilkakjöti er greitt niður kr. 151.30, af ærkjöti 85 kr., af smjöri 377 kr. á kg, og þannig má lengi telja. Það er auðvelt að taka svona ákvarðanir eins og Magnús Kjartansson gerði í vor og hlaupa svo í burtu. Hann tók enga ákvörðun um hvernig ætti að afla fjár. Þessi sami maður flutti frv. hér á sumarþinginu um hækkun og um gjald á raforku til þess að jafna hinn mikla halla sem er á Rafmagnsveitum ríkisins. Svo snerist hann öndverður gegn þessu frv. um leið og hann fór úrráðherrastólnum. Þetta er framkoma sem er engum manni til sóma.

Þessi hv. þm. talar hér mikið um lífeyristryggingarnar og um almannatryggingarnar almennt og afrek sín á þessu sviði. Viðreisnarstjórnin, sem var svo bölvuð að hans dómi, gekk frá löggjöf um almannatryggingarnar sem átti að taka gildi þegar leið á haustið, þá var þessi maður kominn í ráðherrastól. Það gerðist að þessi löggjöf tók gildi, kom til framkvæmda. Það er það sem hann er að gorta af núna.

Ef við lítum á, hvað er í þessu fjárlagafrv. til lífeyristrygginga og berum það saman við fjárl. fyrir árið 1974, þá hækkar ellilífeyrir úr 2 522 millj. í 3 573 millj. samkv. frv. eins og það liggur fyrir eða var lagt fram á s. l. hausti. Örorkulífeyrir hækkar frá fjárl. úr 764.1 millj. í 904.4 millj., örorkubætur úr 180.4 millj. í 231.2 millj., barnalífeyrir úr 189.4 millj. í 318.3 millj., mæðralaun úr 160.4 millj. í 205.9 millj., fæðingarstyrkir úr 107.5 millj. í 139.5 millj. og ekkjubætur og lífeyrir úr 115.8 millj. í 203.9 millj. Þegar við leggjum þetta saman án fjölskyldubóta, þá er í fjárl. ársins í ár þetta samtals 4 039.7 millj., en í frv. til fjárl., sem hér liggur fyrir til umr., er það komið í 5 576.4 millj. kr.

1. des. kom til framkvæmda 3% almenn launahækkun. Hún kemur á ellilífeyrinn frá 1. jan. Sama er að segja um þá hækkun samkv. kjarasamningum, sem á að verða 1. júní, 3%. Með henni verður reiknað í sambandi við afgreiðslu þessara fjárl. og eins þessari 3% launahækkun frá 1. des. Þetta kemur allt til útborgunar mánuði síðar.

Ef við lítum á láglaunabæturnar, sem hv. þm. telur að séu einskis virði, og lítum á þær og þá breytingu sem gerð var á almannatryggingalögunum, — tiltekin atriði innan almannatryggingganna náðu ekki til þessara laga og því varð að gefa út sérstaka löggjöf, — þá er hér um bætur að ræða sem hækka samkv. þessum lögum og reglugerð um hvorki meira eða minna en 676 millj. kr., ef ég man rétt. Það má segja út af fyrir sig að þegar við tökum þetta í smærri einingar á mánuði séu þetta ekki háar upphæðir. En þegar við lítum á þessa heildarupphæð og heildarupphæðina til allra lífeyristrygginga og sjúkratrygginga, þá er hér um mjög verulegar hækkanir að ræða.

Í sambandi við sjúkratryggingarnar, þá hækka þær frá gildandi fjárl. úr 4 979 millj. í 7 005 millj. M. ö. o.: hækkun sjúkratryggingganna er yfir 2 milljarða eða 2 026 millj. Og hér á eftir að gera eina breytinguna enn á milli 2. og 3. umr., vegna þess að talið er að hækkanir verði á rekstri sjúkrahúsanna sem verða teknar upp í daggjöldin. Ég skal ekki á þessu stigi alveg fullyrða hver sú tíll. verður, en mér finnst ekki ósennilegt, eftir því sem mál liggja fyrir, að hér geti orðið um hækkanir að ræða upp á hvorki meira né minna en 450 millj. kr. Og það er engin smáupphæð. Það eru því engar smáupphæðir sem varið verður til sjúkratrygginga og til lífeyristrygginga og síst minni en voru í tíð fyrrv. ráðh.

En það er líka annað sem skiptir miklu máli í sambandi við þessi mál öll, og það er hvernig ástandið er í þjóðfélaginu út á við, hvernig ástandið er um sölu á afurðum okkar, og um það verðfall sem hefur átt sér stað. Það hlýtur að hafa áhrif á alla menn og alla málaflokka, bæði í sambandi við afgreiðslu fjárl. og þá ekki síður í sambandi við rekstur fyrirtækja og lífnaðarhætti alls fólks sem þetta land byggir. Þetta eru atriði sem menn verða að hafa í huga, jafnvel þótt þeir séu nýkomnir úr ráðherrastólum.

Hv. þm. spurði mig um Gæsluvistarsjóðinn. Þegar ég kom í heilbr.- og trmrn. var málum þannig háttað að hver eyrir var uppétinn. Fyrirrennari minn í því starfi skildi ekki eftir digra sjóði. Það var yfirleitt búið að yfirdraga allt, það var búið að eyða fyrir fram. En ég hef ekki látið hjá líða að fylgjast með því sem er að gerast í þeim málum og heyrir undir Gæsluvistarsjóð. Ég fékk því framgengt í góðri samvinnu við hæstv. fjmrh. að haldið var áfram framkvæmdum við drykkjumannahælið á Vífilsstöðum, og þar var um verulega umframfjárveitingu að ræða á þessu ári, sem var eitthvað milli 10 og 11 millj. kr., til þess að halda framkvæmdum áfram. Framlag til byggingar drykkjumannahælis á Vífilstöðum er mér sagt að nægi til þess að ljúka byggingu og kaupa búnað í húsið á næsta ári, og það er það sem að er stefnt.

En það verður ekki sama sagt t. d. um ástandið eins og það var í sambandi við byggingu kvensjúkdómadeildarinnar, fæðingardeildarinnar, þegar hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. fór frá. Þá höfðu, held ég, aðeins tveir karlar verið þar í vinnu allmargar vikur að undanförnu, því að öll fjárveiting var búin og ekkert hugsað frekar fyrir fjárveitingum til þess að halda áfram. Það hefur verið erfitt um vik að fá peninga til allra hluta, og það voru aðeins teknar inn 20 millj. kr. í þetta fjárlagafrv. En fyrir atbeina okkar og með góðri aðstoð fjvn. og fjmrh. eru þessi framlög nú hækkuð um 60 millj. kr., eða upp í 80 millj. kr., til þess að halda áfram framkvæmdum við kvensjúkdómadeildina.

Ég vona að hv. þm. verði pínulítið hægara og minna niðri fyrir eftir að hafa fengið þær upplýsingar að eftir er að taka inn hækkanir á milli 2. og 3. umr., og sömuleiðis hef ég gefið honum þær upplýsingar sem ég hef getað.

En það var ein spurning sem hann lagði fyrir mig, það var í sambandi við starfsmann Heilbrigðiseftirlitsins. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins tjáði mér um þennan mann, Einar Valur held ég að hann hafi verið nefndur, að það hafi verið við hann ráðningarsamningur út þetta ár, hann hafi ekki verið nema hluta af árinu í starfi, að hluta hafi hann verið við nám, hann hafi ekki talið ástæðu til þess að endurnýja samning við þennan mann og jafnframt að hann hyggðist halda áfram námi. Þetta eru upplýsingar sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins gaf mér fyrir örfáum dögum, eftir að hann hafði tekið þessa ákvörðun, en ég vissi ekki um hana fyrr en eftir á. Hann hefur talið að hann þurfi á því að halda að ráða mann í þetta starf, sem starfi allt árið, og geti ekki búið við að það sé maður í starfinu sem fari frá öðru hvoru eða sé aðeins nokkra mánuði á ári í starfinu og þá vanti mann þar á móti. Þetta er það sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins tjáði mér.

Í sambandi við tannlækningarnar, sem hv. þm. spurði um, eru þær inni í sjúkratryggingunum eftir útreikningi tryggingafræðings Tryggingastofnunar ríkisins. Hins vegar skal ég játa að það eru ekki í fjárlagafrv. laun fyrir starfsmann til þess að fylgjast með tannlækningum, en það erindi mun verða sent til fjvn. á milli 2. og 3. umr. En það er eðlilega ófrávíkjanlegt skilyrði að einhver hafi með þessi störf að gera, og það mun standa í vegi fyrir því að endanlega verði gengið frá samningum á milli Félags tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins að einhver sérstakur, ákveðinn starfsmaður í rn. hafi með þessi mál að gera, og verður ekki komist hjá því að þar verði tannlæknir í þessu starfi.

Ég vona, að það hafi ekki verið bornar upp spurningar sem mér hefur láðst að svara. En það gefst nú e. t. v. tækifæri síðar til að ræða ýmis önnur mál sem væri fróðlegt að ræða við þennan hv. þm. um, þó að ég geri það ekki núna við afgreiðslu fjárl., því að ég ætla ekki að eyða lengri tíma frá fjárlagaumr.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég geri mér grein fyrir því að það standa mörg spjót á hæstv. ríkisstj. þessa dagana hvað snertir beiðnir um hækkun á fjárveitingum. En það er eitt mál sem ég ber sérstaklega fyrir brjósti og vil gjarnan gera hér að umtalsefni, en það eru fjárveitingar til íþróttastarfseminnar.

Það er ljóst af fjárveitingum bæði nú og áður að þetta málefni hefur átt í vök að verjast og virðist vera nokkur þörf á því að útskýra og upplýsa hv. þm. og ágæta stjórnarherra um þau mál og þau verkefni sem unnin eru á þessum vettvangi, þó sérstaklega um þær miklu fjárþarfir sem knýja á í því sambandi. Ég vonast til þess að menn hafi skilning á því að þetta er hafið yfir pólitískar deilur og á ekki að leiða til flokkadrátta manna á meðal, enda þótt þetta málefni, sem snertir æskulýðs- og uppeldismál með þjóðinni, sé gert hér að umtalsefni.

Fjárveiting á fjárl. árið 1974 var aðeins rétt tæpar 10 millj. og í fjárlagafrv., sem lagt var fram nú í haust, var ekki gert ráð fyrir mikilli hækkun, eða sem nam um 600 þús. kr. og upphæðin er 10 millj. 317 þús. í frv. Þetta hefur verið hækkað nokkuð í meðförum fjvn. og er nú komið upp í 13.5 millj. kr. Þess er að geta að Íþróttasamband Íslands fór fram á í erindi sínu til fjmrn. og fjvn. að fjárveiting til Íþróttasambands Íslands næmi 20 millj. kr., og var það að mínu áliti hófleg beiðni vegna þess að þar er um að ræða sömu beiðni og á síðasta ári. Til þess að skýra út þá fullyrðingu mína, að Íþróttasambandið sé orðið nokkuð eftir á í fjárveitingum frá hinu opinbera, vildi ég upplýsa til fróðleiks fyrir hv. þingheim að árið 1965, fyrir 10 árum, námu fjárlög 3 milljörðum 525 millj. kr. sem sagt 3½ milljarði, fjárl. 1965. Þá fékk Íþróttasamband Íslands á fjárl. 3 millj. 151 þús. kr. Núna, 10 árum síðar, má gera ráð fyrir því að fjárl. verði um það bil 47 milljarðar, en það er hækkun um 1245%. En á fjárveitingunni til Íþróttasambands Íslands, ef hún verður einhvers staðar á bilinu milli 10 og 14 millj., er um 205% hækkun að ræða. En ef sömu hlutföllum hefði verið haldið á þessu 10 ára tímabili, þá hefði fjárveiting til Íþróttasambands Íslands fyrir fjárlagaárið 1975 numið 43 millj. kr. Er þá ekki gert ráð fyrir þeirri aukningu íþróttaiðkenda og þeirri vaxandi starfsemi sem orðið hefur á þessu tímabili. Má geta þess að samkv. skýrslum, sem fyrir liggja, voru árið 1965 um 22 þús. iðkendur íþrótta á Íslandi, en samkv. þeim skýrslum, sem liggja

fyrir um iðkendur árið 1973, er þessi tala komin upp í 50 þús. iðkendur.

Árið 1965 var stigið það myndarlega spor að ætla íþróttastarfseminni nokkra aura af hverjum seldum sígarettupakka. Var þá ákveðið, að 22.5 aurar af hverjum seldum sígarettupakka rynni til Íþróttasambands Íslands. Árið 1964 var t. d. Camel-pakkinn seldur í útsölu á 25.20 kr. og námu þá tekjur Íþróttasambandsins af þessari ákvörðun eða þessu fyrirkomulagi 2.3 millj. kr. Í dag er Camel-pakkinn seldur, að mér skilst, á 127 kr., í staðinn fyrir 25.20 1964, en enn í dag fær Íþróttasamband Íslands 22.5 aura af hverjum seldum sígarettupakka, og má þá sjá hversu ótrúlega þessi fjáröflun hefur dregist aftur úr. Nú verða menn líka að hafa í huga að þessar tekjur, sem þarna eru upp taldar af sígarettusölu, eru innifaldar í þeim tölum sem ég nefndi áðan um heildarfjárveitingar til Íþróttasambands Íslands. M. ö. o.: í 10 millj. 317 þús. kr. eða 13.5 millj., sem nú er gert ráð fyrir í brtt. fjvn., er fjáröflunin vegna sígarettusölunnar innifalin.

Nú má álíta að einhver haldi að það sé frekja af minni hálfu og af Íþróttasambandsins hálfu að fara fram á aukna fjárupphæð, eftir að fjvn. hefur samþykkt þó þessa hækkun, sem er þakkarverð. En það er mín skoðun og okkar, sem sinnum íþróttamálefnum, að enda þótt þessi hækkun eigi sér stað núna milli umr., þá geri það ekki meira en halda í við þær almennu verðlagshækkanir, sem átt hafa sér stað á þessu eina ári, og að raunverulega hafi ekki komið til neitt aukaátak til þess að efla eða auka fjárveitingar til þessarar starfsemi.

Ég hef orðið var við að það gæti nokkurs misskilnings þegar menn eru að fjalla um fjárveitingar til Íþróttasambands Íslands, og standa margir í þeirri trú að þetta fé renni beint til Íþróttasambandsins og rekstrar þess. En það er allmikill misskilningur. Við skulum gera ráð fyrir því að Íþróttasamband Íslands fengi 20 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði eða á fjárl. og þá hefur Íþróttasamband Íslands sett upp áætlun um skiptingu á þessu fé. Sú skipting hljóðar á þá leið, að það er gert ráð fyrir því að til Íþróttasambands Íslands sjálfs, þ. e. a. s. rekstrar þess, skrifstofunnar og annars sem lýtur að yfirstjórn sambandsins, fari 6 millj. kr., í námskeið fyrir leiðbeinendur almennt á íþróttasviðinu fari 1 millj. kr., í útbreiðslu vegna íþróttastarfs fyrir fatlaða er gert ráð fyrir 1 millj. kr., til héraðssamband víðs vegar um allt land, ungmennafélaga og héraðssambanda, 27 samtals, færu 7 millj. kr., og til 15 sérsambanda, sem eru sundsamband, handknattleikssamband, körfuknattleikssamband o. s. frv., o. s. frv. fari 5 millj. kr. — 5 millj. kr. skiptast á 15 sérsambönd sem hvert fyrir sig rekur mjög þróttmikla starfsemi.

Jafnvel þó að gert væri ráð fyrir þessari skiptingu og þessari tölu sem ég nefndi áðan, þ. e. a. s. 20 millj. kr., þá hlýtur öllum að vera ljóst að hlutur hvers einstaks aðila, sem fær fé af þessari heildarupphæð, er ákaflega lítill og takmarkaður. Miðað við þær tölur, sem ég nefndi áðan, og þá skiptingu, sem gert væri ráð fyrir, kæmu t. d. í hlut Fimleikasambands Íslands tæpar 300 þús. kr., í hlut Sundsambands Íslands 350 þús. kr. og í hlut Skíðasambands Íslands 330 þús. kr. Og svona mætti áfram telja. Þetta eru auðvitað hlægilega lágar upphæðir og ekki boðlegt þegar haft er í huga að það er rekin ákaflega lífleg starfsemi á vegum þessara sambanda. Það er mikill fjöldi ungmenna og æskulýðs, sem keppir og æfir undir merkjum þessara íþróttagreina, og það er áhugi og vilji til þess hjá þjóðinni að æskulýðurinn stundi íþróttir og þjóðfélagið hvetji æskulýðinn til þess.

Til samanburðar, þegar við ræðum hér um fjárveitingar til íþróttastarfseminnar, vil ég geta þess að í Svíþjóð voru veittar á síðasta ári eða sennilega á árinu 1973 2000 millj. kr. — ekki 10 millj. kr., ekki 13 millj. kr., heldur 2000 millj. kr. Þó er íþróttaáhugi mjög mikill í Svíþjóð og keppni gefur af sér allmiklar tekjur, þannig að það eru líkur til þess að íþróttastarfsemin sem slík standi undir sér. En þá koma þessir peningar frá hinu opinbera til viðbótar til þess að efla íþróttirnar, til þess að útbreiða þær meðal þjóðarinnar.

Það er nú svo komið fyrir íþróttastarfseminni, sem hefur innan sinna vébanda 50 þús. iðkendur, að það er varla mögulegt fyrir menn að standa lengur í störfum þar af áhuga einum saman. Þessi starfsemi er orðin það umfangsmikil og tímafrek að það er ekki hægt að ætlast til þess að einstaklingar leggi þar mikið starf af mörkum ár eftir ár. Stór sérsambönd hafa ekki haft tök á því að hafa launaða starfsmenn á sínum vegum, enda þurfa stjórnarmenn og forustumenn að vinna störfin af áhuga og endurgjaldslaust, og er ekkert við því að segja. En auðvitað er æskilegt og eins og ég segi að verða bráðnauðsynlegt að þeir hafi tök á því að ráða til sín starfsmenn sem launaðir eru a. m. k. að einhverju leyti. Þetta væri unnt ef hið opinbera kæmi að einhverju leyti og betur til móts við íþróttahreyfinguna í fjárveitingum heldur en verið hefur um nokkuð langan tíma.

Eins og ég gat um í upphafi hefur Íþróttasamband Íslands lagt fram beiðni um hækkaða fjárveitingu í 20 millj. kr. Ég er sannfærður um að slík fjárveiting mundi margfalt borga sig fyrir ríkissjóð þegar af þeirri ástæðu að ef þessi rekstur svo umfangsmikillar starfsemi lenti í höndum hins opinbera, þá mundi þetta margfaldast ár frá ári. Það er æskilegt og það er gott að þessi starfsemi sé rekin af áhuga, og fjárveitingavaldið á að hvetja til þess og reyna að hjálpa til eftir bestu föngum, þannig að starfið gangi með eðlilegum hætti áfram eins og verið hefur í langan tíma á Íslandi.

Ég hafði í hyggju að flytja till. um hækkaða fjárveitingu til Íþróttasambands Íslands með þeim rökum sem ég hef flutt hér. En í samráði við fjmrh. og formann fjvn. mun ég ekki láta verða úr þeim tillöguflutningi að svo stöddu, og það er þá gert í trausti þess að fjárbeiðni frá Íþróttasambandinu verði tekin til jákvæðrar athugunar og afgreiðslu á milli 2. og 3. umr.

Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir: Herra forseti. Ég flyt hér brtt. við frv. til fjárl. um 1 millj. kr. fjárveitingu til Sjóminjafélags Íslands. Sjóminjafélag Íslands var stofnað á s. l. vori af

áhugafólki víðs vegar að af landinu. Helstu stefnumál félagsins eru að veita væntanlegu Sjóminjasafni Íslands, sem rísa mun í Hafnarfirði, brautargengi, vinna að björgun og varðveislu gamalla báta og sjóminja sem síðar munu varðveitast á safninu, svo og að stuðla að hugsanlegri byggingu knarrar fyrir safnið, eins og hugmyndir voru uppi um fyrir þjóðhátíð þótt eigi kæmust í framkvæmd þá.

Sjóminjafélag Íslands hefur fyllsta samráð við þjóðminjavörð, sem raunar er einn af félagsmönnum, og formaður félagsins á sæti í nefnd þeirri er vinnur að undirbúningi sjóminjasafnsins. Félagsmenn hafa nú þegar bjargað þremur bátum, einum frá Stað í Grindavík, en tveimur vestan af Barðaströnd, en óþrjótandi verkefni eru fram undan. Allt starf við þetta er unnið af áhugamennsku og endurgjaldslaust, en tilkostnaður er samt allmikill við hverja ferð, þó að eigendur flutningstækja þeirra, er notuð hafa verið, hafi stillt verði mjög í hóf. Félagið hefur á vegum Þjóðminjasafnsins fengið útihús á Bessastöðum til afnota til að varðveita áðurnefnda báta svo og þá báta og muni, er safnast munu á næstunni. Mikill hugur er í félagsmönnum að halda áfram söfnun báta og annarra sögulegra sjóminja víðs vegar um land, en fjárskortur háir tilfinnanlega. Því er þessi till. flutt hér í von um skilning og velvilja, enda oft dagamunur hvenær ómetanlegir sögulegir munir glatast sé þeim eigi bjargað og ólíkt ódýrara að styrkja áhugamannasamtök til þessa en að safna munum á ríkisins kostnað þegar væntanlegt safn er komið á legg.

Herra forseti. Þar sem ég treysti því að hv. fjvn. muni taka þessu máli með velvilja og skilningi mun ég ekki láta till. ganga til atkv. við þessa umr., heldur fara þess á leit við hv. fjvn. að hún taki málið til meðferðar á milli 2. og 3. umr. Ég endurtek að ég treysti henni til þess að leggja málinu lið og taka upp þessa till. mína í þeim till. sem hún gerir við 3. umr. fjárlagafrv. Að öðrum kosti mun ég að sjálfsögðu endurflytja hana við þá umr.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég hef á þskj. 150 lagt fram brtt. við fjárlög fyrir árið 1975, þ. e. við brtt. hv. fjvn. á þskj. 143 við frv. til fjárl. fyrir árið 1975. Brtt. er við tölul. 55, lið a, um sjúkrahús o. fl., að á eftir tölul. 5 komi tölul. 6, svo hljóðandi: „Reykjavík, til hönnunar B-álmu Borgarsjúkrahússins (langlegudeild) 33 millj. kr.“ Tölul., sem á eftir koma, mundu svo hækka um einn tölul. Upphæðin, 33 millj. kr., er í samræmi við áætlaða þörf að mati forráðamanna Reykjavíkurborgar og nauðsyn þessarar framkvæmdar. Bygging langlegudeildar er mjög svo í samræmi við reynslu lækna, jafnt sjúkrahúslækna sem heimilislækna. Vil ég í framhaldi af þessu fara nokkrum orðum um heilbrigðisþjónustuna hér í borg og þá einkum það sem veldur því að hún er ekki slík sem við vildum og hverjar leiðir eru helst til úrbóta að mínum dómi. Ég tel rétt að geta þess strax, að enda þótt þetta varði fyrst og fremst íbúa höfuðborgarsvæðisins, þá er svo háttað uppbyggingu heilbrigðisþjónustu í landinu að hér er á ferðinni mál, sem varðar alla landsmenn, og það vona ég að muni skýrast í máli mínu hér á eftir.

Það er rétt að geta þess, að um margt er heilbrigðisþjónustan á höfuðborgarsvæðinu ágæt og ekki verri en gerist í bæjarfélögum af svipaðri stærð annars staðar. En orsakir þess, að heilbrigðisþjónustan er þó ekki eins og best væri á kosið, eru einkum þessar:

1. Heimilislæknar hafa verið of fáir.

2. Uppbygging heimilislæknakerfisins hefur fram undir þetta ekki þróast í samræmi við breytta staðhætti.

3. Það er svo, að þrátt fyrir byggingu ágætra sjúkrahúsa með raunverulega allt að því nægjanlegum fjölda sjúkrarúma til þess að sinna rannsóknarsjúklingum og sjúklingum með bráða sjúkdóma, þá er löng og mjög svo óeðlileg bið eftir sjúkrarými á flestum ef ekki öllum deildum sjúkrahúsanna í Reykjavík, og þetta er mál sem varðar ekki aðeins okkur, sem búum á þessu svæði, heldur alla landsmenn.

4. Verulegur skortur er á rými fyrir langlegusjúklinga.

Augljóslega eru þessir orsakaþættir samtvinnaðir. Mikilvægt er að þessir þættir eru almennt viðurkenndir og það er allgóð samstaða um hversu þeir skuli leystir og málum þar með komið í betra horf. Raunar er sá skilningur forsenda að allri lausn sem og það að augljóst má vera að allir þessir þættir verði að leysast nokkuð samtímis. Það er þannig ánægjuefni að sjá í fjárl. æskilega fjárveitingu til heilsugæslustöðva á Reykjavíkursvæðinu, en vekur jafnframt nokkra furðu að sjá þar ekki eðlilega fjárveitingu til byggingar langlegudeildar.

Hvað viðkemur fæð heimilislækna er því til að svara, að veruleg fjölgun læknastúdenta hefur átt sér stað og munu því á næstu árum allmiklu fleiri stúdentar útskrifast úr læknadeild en verið hefur til þessa. Augljóst er nú þegar með tilliti til þeirrar menntunar, sem orðin er innan einstakra sérgreina læknisfræðinnar, að stór hópur þessara læknastúdenta mun starfa sem heimilislæknar eða hyggja á slíkt starf. Kann því þessi þáttur vandans að leysast í næstu framtíð. En hins vegar helst þá í hendur nauðsyn þess að aðstaða heimilislæknisins sé færð í annað horf en nú er, því að ella munu færri ungir læknar fara í þetta starf en annars mundi vera.

Á því er nú fullur skilningur að uppbyggingin muni hagkvæmust í mynd heilsugæslustöðva þar sem læknar vinna hópstarf og komið verði saman á einum stað heilsugæslu og almennri læknaþjónustu, og má þá auðvitað ekki gleymast að þetta mundi einnig reynast hagkvæmast þeim er þjónustunnar þurfa með. Því fagna ég því enn að á fjárl. er veitt umbeðið fé til heilsugæslustöðva hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er spor til lausnar annars þáttar þessa vanda.

En þá kemur að þeim þætti vandans sem tekur til sjúkrahúsanna. Svo stendur á um fjölda sjúkrarúma í sjúkrahúsum höfuðborgarinnar að þar er raunverulega vel fyrir hlutunum séð um nokkurt árabil ef rúm þessi gætu eingöngu nýst til þjónustu við sjúklinga með bráða sjúkdóma eða þá sjúklinga sem þurfa að gangast undir sérstakar rannsóknir og aðgerðir er ekki verða annars staðar framkvæmdar. Hins vegar er nú

staðreyndin sú að um það bil þriðjungur nefndra sjúkrarúma nýtist ekki til þess, sem nefnt var, vegna þess að þau eru setin — eða eftir atvikum legin — langlegusjúklingum, sem ekki hafa í önnur rúm að fara, og er þá ótalinn fjöldi langlegusjúklinga, sem ekki kemst í þessi rúm, en dvelur í heimahúsum þar sem engan veginn verður komið við nægjanlegri þjónustu oft og tíðum hvað sem líður góðum vilja og dugnaði og fórnfýsi aðstandenda viðkomandi. Hefur þetta síðan augljóslega í för með sér að biðlistar sjúkrahúsanna eru á sama tíma óeðlilega langir. Þar bíða sjúklingar svo að tugum skiptir við einstakar deildir, og því miður í allt of mörgum tilfellum svo að hundruðum skiptir, eftir ákveðnum nauðsynlegum rannsóknum og aðgerðum. Þetta atriði snertir ekki aðeins okkur, íbúa höfuðborgarsvæðisins, heldur alla íbúa þessa lands, því að svo er háttað og verður enn um sinn að á sjúkrahúsin hér í borg muni sjúklingar þurfa að leita til þeirra rannsókna og aðgerða sem krefjast mest tækniútbúnaðar a. m. k. Þetta ástand hefur einnig áhrif á þjónustu við sjúklinga með bráða sjúkdóma og ekki síður þjónustu við þá sem verða fyrir slysum. Yfirlæknir slysadeildar Borgarsjúkrahússins hefur tjáð mér, og ég þekki það raunar einnig af gamalli reynslu, að iðulega verður að senda fólk heim til eftirlits þar af leikmönnum eftir slys vegna þess að engin rými eru á sjúkrahúsunum. Þótt blessunarlega takist til í svona tilfellum vita þó engir betur en læknar slysadeildarinnar að hér er tekin nokkur áhætta. Þetta ástand hefur einnig sín áhrif á heimilislæknaþjónustuna. Heimilislæknar hafa tjáð mér að mestu erfiðleikar þeirra í starfinu séu að koma sjúklingum inn á sjúkrahús, oft og tíðum án óeðlilegrar tafar, og fá rúm fyrir langlegusjúklinga. Raunar eru þó ógleymdir erfiðleikar þeirra að koma sjúklingum til sérfræðinga innan læknisfræðinnar.

Svo slæmt sem þetta er fyrir sjúklingana fyrst og fremst, verður einnig að hafa það í huga að aðstöðuleysi af þessu tagi fælir menn beinlínis frá heimilislæknisstarfinu og grefur þannig undan hinum nauðsynlegu forsendum fyrir úrbótum á heimilislæknaþjónustunni og dregur þar með úr bótum á heilbrigðisþjónustunni í heild.

Ég hef dregið þetta fram til að vekja athygli á því hversu allir þessir þættir eru samofnir og hversu nauðsynlegt er að þeir séu leystir hönd í hönd. Það yrði nokkur lausn heimilislæknaþjónustunni, með tilliti til sérfræðiþjónustu, að hraðað yrði byggingu svonefndra þjónustudeilda þar sem hluti sérfræðiþjónustunnar gæti farið fram. Það er fjárveiting í fjárl. til þjónustudeildar Borgarspítalans, en hún er verulega skorin niður miðað við óskir forráðamanna Reykjavíkurborgar og mætti hv. fjvn. vel taka það mál til endurskoðunar. En lausn á vandamáli sjúkrahúsanna, læknanna innan þeirra og utan og síðast en ekki síst hinna sjúku sjálfra liggur fyrst og fremst í tvennu:

1. Að rannsóknadeildir séu vel upp byggðar þannig að þær geti annað sínu hlutverki fljótt og vel.

2. Að séð sé fyrir nægjanlegum sjúkrarúmafjölda fyrir langlegusjúklinga.

Nú munu hv. þm. spyrja: Hver er hinn raunverulega nauðsynlegi rúmafjöldi fyrir langlegusjúklinga? Og svarið er það að sú þörf er ekki fullkunn, því að það hefur engin rannsókn farið fram er sýni nákvæmlega, hve mikil þessi þörf er. Og hv. þm. munu þá kannske spyrja í beinu framhaldi, hvort ekki sé nægjanlegur sá rúmafjöldi fyrir langlegusjúklinga sem hér er fyrir hendi. Svarið við því er það, að samkv. reynslu bæði heimilislækna og sjúkrahúslækna og fólksins sjálfs, vel að merkja, er svo ekki því að þriðjungur rúma sjúkrahúsanna er leginn langlegusjúklingum og kemur í veg fyrir, að þessi dýru sjúkrarúm nýtist sem skyldi, og dregur verulega úr gæðum þeirrar heilbrigðisþjónustu sem ella gæti verið fyrir landsmenn alla, skapar ótöldum sjúklingum veruleg vandræði og veldur læknum talsverðum erfiðleikum í sínu starfi.

Bygging langlegudeilda er því aðkallandi verkefni og mjög svo nauðsynlegt, samhliða verkefni þeim ráðstöfunum öðrum sem nú er verið að gera í þá átt að skapa betri heilbrigðisþjónustu í landinu.

En hvað er langlegudeild, og hverjir vistast á slíkar deildir? Augljóslega að einhverju leyti fullorðið fólk er þarfnast stöðugs eftirlits og hjúkrunar að meira eða minna leyti og umfram það sem komið verður við í heimahúsum. En augljóslega þurfa einnig að vistast þar þeir sjúklingar sem sjúkdóma fá er langan tíma tekur að jafna sig af og nefni ég í því sambandi t. d. sjúklinga er fá heilablóðfall, einnig sjúklingar er þurfa sjúkrahúsvistar við vegna eftirlits með meðferð eða prófunar á meðferð, auk þess sem á slíkri deild mundu dveljast sjúklingar sem væru að ná sér eftir aðgerðir og/eða slys. Venjuleg elli- og dvalarheimili, sem við svo nefnum, geta ekki að óbreyttri uppbyggingu tekið við nema hluta af þessum sjúklingum, ekki aðeins rúmafjölda þeirra vegna, heldur ástands sjúklinganna vegna, a. m. k. ekki nema til komi ákveðinn staðall um uppbyggingu og þjónustumöguleika slíkra stofnana, og er raunar full ástæða til að gefa slíku gaum. En eins og nú stendur og eins og ég hygg að lengst af muni standa, eru tölur nú um rými á elli- og dvalarheimilum ekki nema að hluta lausn og þá ekki nema að hluta svar við því vandamáli, sem öllum er sjúkt fólk stunda er vel kunnugt um og búið að vera lengi. Það eru aðeins langlegudeildir í beinum og sem allra nánustum tengslum við sjúkrahús sem geta leyst þennan vanda á besta veg, og því er bygging langlegudeildar einmitt við sjúkrahús, í þessu tilfelli Borgarsjúkrahúsið, enn mikilvægara.

Herra forseti. Bygging langlegudeilda einmitt fyrir sjúkrahúsin sjálf er afar þýðingarmikið og mjög aðkallandi mál. Slík framkvæmd mundi meir en margt annað bæta mjög heilbrigðisþjónustuna, ekki aðeins hér á höfuðborgarsvæðinu, heldur kæmi þetta öllum landsmönnum til góða. Ekki aðeins mundi slík framkvæmd bæta mjög aðstöðu margra þeirra, sem nú dveljast sjúkir í heimahúsum, heldur auka mjög afköst og umsvif sjúkrahúsanna sjálfra og margfalda not hinna dýru sjúkrarúma. Slík framkvæmd mundi einnig bæta verulega aðstöðu heimilislækna hér á höfuðborgarsvæðinu og raunar, þegar betur er að gáð, einnig nokkuð aðstöðu héraðslæknanna á

landsbyggðinni, sem mundu eiga þá hugsanlega léttara með að koma hingað á sjúkrahús sjúklingum með bráða sjúkdóma. Það er af þessum ástæðum sem ég hef flutt þessa brtt.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, við þessa umr. að óska þess, að till. mín komi ekki til atkv. að umr. lokinni, heldur verði henni vísað til hv. fjvn. til athugunar milli umr. svo að hún geti, ef henni svo sýnist, gert þessa till. að sinni, ella mun ég áskilja mér rétt til þess að taka hana upp aftur við 3. umr. málsins.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þrem litlum brtt. sem mér er reyndar ekki fullljóst um hvort athugun hafi fengið í hv. fjvn. eða fullnaðarafgreiðslu, svo óljóst sem nú virðist um hvaða þættir þar hafa verið afgreiddir eða ekki.

Ég mæli fyrst fyrir lítilli brtt. um aukinn fjárstyrk til Íslenskra ungtemplara. Sú vargöld, sem nú ríkir í öllum okkar áfengismálum, er verð fyllstu athygli og umhugsunar. Ekki síst ber að huga að þeim aðilum, sem hafa hér uppi nokkurt viðnám, og þá alveg sérstaklega þeim sem vitað er að eru virkastir og áhrifaríkastir gagnvart þeim ungu sem á vegamótum standa varðandi spurninguna um áfengisneyslu eða ekki.

Íslenskir ungtemplarar standa þar ótvírætt fremstir í flokki. Starf þeirra ber árlega mikinn árangur, og þann eina félagsskap veit ég geta snúið almennu áliti og viðhorfi ungs fólks gegn áfengisneyslu og einmitt með sérstöku tilliti til skemmtanalífsins sem er svo snar þáttur sem raun ber vitni í lífi ungs fólks í dag og er raunar sjálfsagt. Ríkisvaldið þarf að sýna að það kunni að meta slíkt viðnámsstarf, sjálfboðaliðsstarf, sem unnið er af miklum myndarskap og hefur greinilega borið árangur, þrátt fyrir allt, — starf sem þarf og á að eflast þar eð hér er um ungt fólk að ræða sem er af fullri alvöru og í einlægni að reyna að hamla á móti sívaxandi áfengisneyslu *jafnaldra sinna og gerir það einmitt á þann* hátt sem vænlegastan má telja til áhrifa á þann aldurshóp, þar sem sérstaklega ber að vinna að þessu á þann veg að áfengisneysla verði óþarfur þáttur í félags- og skemmtanalífi þessa unga fólks, gagnstætt því sem því miður virðist reyndin í dag.

Ég vísa til bréfs sem alþm. mun hafa verið sent frá Íslenskum ungtemplurum þar sem þeir telja sig knúða til að sækja um hærri styrk til starfsemi sinnar en nú er, ef einhver meiri árangur á að nást og starfsemin að geta aukist sem mest. Við hljótum að vera sammála um það að einmitt svo þurfi að vera.

Till. mín um 150 þús. kr. styrk ríkisvaldsins til þessa ágæta félagsskapar getur vart talist ofrausn og ekki vansalaust að láta fjárhæð til hans vera óbreytta ár eftir ár. Ég treysti því á stuðning þm. eða hv. fjvn. við þetta litla mál, sem snertir eitt stærsta vandamál okkar þjóðfélags og gæti orðið til ávinnings í þeirri baráttu sem þar þarf nú að efla á öllum sviðum.

Ég mæli einnig hér fyrir brtt., nánar tiltekið við lið 999 hjá félmrn., ýmis framlög, að þar komi inn nýr liður, styrkur til Styrktarfélags vangefinna á Austurlandi að upphæð 300 þús. kr. Styrktarfélagið sótti um 500 þús. kr. til fjvn., en við vitum að í mörg horn er að líta og von að einhver verði út undan í því flóði öllu. Hér er hins vegar um umsókn að ræða sem ég vona að menn séu mér sammála um að eigi rétt á sér, því að vanræksla ríkisvaldsins gagnvart þeim, sem hér eru bornir fyrir brjósti, hefur verið vítaverð og ekki síst í þeim landshluta sem hér um ræðir. Framtak austfirðinga, almenn þátttaka þeirra og virðingarverður áhugi almennings sem sveitarstjórna er sérstakt, og ég er sannarlega stoltur af að hafa mátt eiga þar að litinn hlut, bæði hér og heima í héraði. Nauðsyn á að sinna þessu fólki sem best er svo sannarlega orðin öllum ljós, sem betur fer. En það er ekkert smáátak, þar sem áður hefur nær ekkert verið að gert og Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi stendur andspænis stórverkefni sem þegar hefur í margháttuðu undirbúningsstarfi kostað stórfé. Heimaaðilar hafa létt þessa byrði mjög myndarlega, en til þess að endar nái saman að fullu þarf til að koma stuðningur ríkisvaldsins ef unnt á að reynast að halda þeirri áætlun okkar og staðföstum ásetningi að hefja byggingu vistheimilis fyrir vangefna á næsta ári. Þar er undirbúningur allur í fullum gangi. En félagið hefur einnig efnt til námskeiða, fræðslufunda, hyggst reka sumarbúðir og í samvinnu við skólayfirvöld, með góðum velvilja hæstv. menntmrh., að koma á sérkennsluaðstöðu í fjórðungnum strax á næsta hausti, þótt í smáum stíl yrði. Ofrausn væri það ekki af Alþ. að tryggja þetta margþætta starf í þágu þessara borgara sem hafa lengst af verið olnbogabörn, og því treysti ég á stuðning við sæmilega fjárveitingu til Styrktarfélags vangefinna á Austurlandi. Sú fjárveiting fer ekki í súginn og á fyllsta rétt á sér að mínum dómi, svo að engin hætta verði á að fjárskortur hái því mikla átaki sem þar er fram undan.

Þá hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. *til fjárl. um að þar komi inn undir liðinn* Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins aðgreindur liður: Til steinefnaleitar á Austurlandi 1 millj. kr. Þessi liður er okkur austfirðingum lífsnauðsyn gagnvart öllum okkar byggingarframkvæmdum, því að rannsóknir þær, sem þegar hafa verið gerðar, benda til mjög alvarlegs ástands fyrir mörg stærri byggðarlög á Austurlandi og reyndar víðast um Austurland. Nauðsynin er því ótvíræð. Hún var viðurkennd í fyrra með sérstakri fjárveitingu frá þessari stofnun upp á ½ millj. kr. auk aðstoðar frá Byggðasjóði einnig. Þessi fjárveiting kom sér vel og mikið ávannst í þessum efnum. En betur má ef duga skal, og allra úrræða verður að leita til að unnt verði að finna þau byggingarefni sem dugi sem næst heimastu þéttbýlisstöðum.

Ég frétti reyndar núna rétt áðan að lokaákvörðun hefði einmitt ekki verið tekin í hv. fjvn. um þennan lið, og því legg ég þessa till. inn til þess fyrst og fremst að málið gleymist ekki eða týnist í þeirri hv. n., því að svo furðulegt sem það er þá eigum við austfirðingar engan fulltrúa í hv. fjvn. til að fylgja þessum málum eftir af okkar hálfu og verðum að treysta á liðsinni ann-

arra góðra þm. þar. Ef það upplýsist að málið eigi eftir að fá afgreiðslu í n., þá mun ég að sjálfsögðu taka till. aftur til 3. umr. og, ef viðunandi úrlausn fæst draga hana alveg til baka, enda skal ekki öðru trúað að óreyndu fyrst ekki er farið að taka á þessu máli í alvöru.

Aðeins að lokum vildi ég mega lýsa mjög eindregnum stuðningi mínum við 1. brtt. á þskj. 153, til jöfnunar á námskostnaði, sem hv. 5. þm. Vestf. er 1. flm. að og hefur þegar talað fyrir henni fyrir hönd okkar þriggja tillögumanna. Ég átti sæti í n. þeirri er undirbjó þessi lög, og með tilliti til þróunarinnar frá því að þau voru samþ. er óhætt að segja að sú tala sem nú er lagt til að verði 140 millj. í stað 110, er í fullu samræmi við þann ásetning er við allir nm. úr öllum flokkum álitum sjálfsagðan til að jafna að fullu námskostnað nemenda af landsbyggðinni miðað við þéttbýlið. Hér varð á nokkurt áfangasamkomulag, sem þegar var viss óánægja með, en nú ætti að vera hafið yfir efa, að ná ætti markinu að fullu, og því skal skorað á hv. þm. að sýna þessum nemendum þá rausn að koma til móts við þá á þann hátt, sem hér er lagt til og brýn og rökstudd þörf er fyrir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði út af ræðu hv. 5. þm. Vestf. sem ég þarf að gefa skýringu á, en ég skal að öðru leyti ekki fara að blanda mér í þessar umr.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess út af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um Hafnabótasjóðinn, að till. að skiptingu á fé Hafnabótasjóðs var sent fjvn. í dag, og það er rétt að það er seint á ferðinni, en ástæðan fyrir því að það er svo seint á ferðinni sem raun ber vitni um er sú að Hafnabótasjóður hefur ekki fengið afgreiðslu á sínum málum fyrr en nú í s. l. viku. Í fyrsta lagi fékk hann það hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í þessum mánuði og hjá Framkvæmdasjóði Íslands í s. l. viku, og er till. miðuð við það eftir að þær afgreiðslur hafa komið. Fjvn. fær nú allt þetta mál til meðferðar og getur sagt skoðanir sínar á því, hvort hún metur þessar till. þannig að hún vill samþykkja þær eða gera á þeim einhverjar breytingar. Hér er um að ræða að Hafnabótasjóður hefur alls 185 millj. kr. til skiptingar, og er gerð till. um það sem n. getur fjallað um. Það verður að segjast eins og er, eins og ég áðan sagði, að þetta er seint á ferðinni, en hins vegar eru skýranleg dæmi fyrir því, sem liggja í þeirri stjórnarbreytingu, sem varð á þessu ári, og þeim málum sem hefur orðið að vinna að síðan, því að þótt nokkuð væri búið að vinna í þessum málum þegar stjórnarbreytingin varð, þá var það að sjálfsögðu ekki búið nema að takmörkuðu leyti, eins og ég hef áður skýrt frá í sambandi við störf ráðh. fyrrv. ríkisstj.

Út af hafnarframkvæmdum almennt í landinu, sem hv. 5. þm. Vestf. vék að, vil ég í fyrsta lagi segja að það er náttúrlega ekki hægt að gera ráð fyrir því, þegar svo hraustlega er stokkið sem gert var í fyrra í hafnarframkvæmdum, að þá væri hægt að taka annað langstökk á þessu ári, ekki síst þar sem samgrh. er nú ekki neinn íþróttamaður eins og hv. þm. Vestf. er. Hins vegar er nú nokkuð vel fyrir þessum málum séð í fjárlagafrv. þegar það er haft í huga að verið er að vinna í landshöfnum og verið er að vinna í stærstu hafnaframkvæmd sem gerð hefur verið á Íslandi, sem er Þorlákshöfn. Að sjálfsögðu verður ekki unnið að hafnarframkvæmdum í Grindavík, sem nú er að mestu lokið, á næsta ári, en það var framkvæmd upp á um 170 millj. kr. Þrátt fyrir það að þetta sé tekið út úr dæminu, þá hækka nú fjárveitingar til hafnarframkvæmda og þó að með réttu megi segja að í magni sé það ekki miðað við að gera dýrtíðardæmið upp, eins og gert er, en ef landshafnirnar eru teknar með, þá er um meiri framkvæmdir að ræða hlutfallslega en áður var. Þess vegna held ég að rétt sé með farið, að nokkuð vel sé fyrir höfnunum séð, enda ber að gera það, og ég efast um að væri hægt að framkvæma öllu meira á árinu 1975 heldur en er ætlast til samkv. hafnaáætlun og er í þeirri fjárlagaafgreiðslu sem gerð hefur verið.

Út af því, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um hafnirnar á Vestfjörðum, þá lét ég eftir fund þann, sem ég átti með þeim hv. þm. Vestf., skoða það mál betur, og þá kom í ljós að um Súðavíkurhöfn er það að segja að þar liggur ekki fyrir ákvörðun um hvernig sú höfn verður byggð, hvort þar verður um stálþil að ræða eða höfn sem yrði byggð úr timbri. Að dómi verkfræðings vitamálaskrifstofunnar, sem hefur skoðað það mál, þá telur hann að með stálþili mundi notagildi þess hafnarbakka, sem fyrir er, ekki verða eins hagstætt og það er núna vegna þess að bára mundi aukast við hafnargarðinn sem hefði slæm áhrif á viðlegukant þann, sem nú er til staðar. Ef hins vegar verður farið í timburbryggju, þá styttist það bil sem þarf að gera með uppfyllingu á, og ákvörðun um þetta liggur þess vegna ekki fyrir. Hins vegar vonast ég til og get endurtekið, það að ég mun beita mér fyrir því að í hafnarframkvæmdaáætlun, sem lögð verður fyrir Alþ., er það kemur saman á nýjan leik, og gildir í næstu 3 ár til viðbótar þessu, þá mun stefnt að því að vinna þetta verk á árinu 1976.

Ekki lá heldur fyrir hjá hafnamálastjórninni áætlun um framkvæmdina á Ísafirði eða hvernig með það skyldi farið. Það varð því að ráði að sú viðbót, sem gerð var á höfnum á Vestfjörðum var miðuð við að gera það sem hægt var að gera í Bolungarvík, miðað við þær aðstæður sem þeir hv. þm. lýstu að framkvæmanlegt væri. Þetta vildi ég upplýsa hv. þm. um til þess að þeir vissu hvað við var að fást, fyrir utan það sem ég veit að hv. 5. þm. Vestf. gerir sér grein fyrir að þessu eru sem öðru takmörk sett.

Út af flugvellinum vildi ég segja að það er mál sem mér þykir mjög miður að skuli ekki hafa verið fyrr á ferðinni í mín eyru en það var, en það var síðasta föstudag sem hv. þm. töluðu við mig, og þá var búið að ganga frá skiptingu á því fjármagni sem til flugvalla átti að ganga hjá fjvn. Það var ekki í þeim till. flugmálastjórnarinnar eða flugráðs til fjárl., sem lágu fyrir í haust þegar ég kom í samgrn., nein till. um Ísafjarðarflugvöllinn. Og í þeim umr., sem flugmálastjóri hefur átt við mig, hefur þetta ekki komið fram. Ég skil hins vegar vel, að miðað við það að unnið verði að malbikun á Ísafirði

á næsta sumri, þá ber brýna nauðsyn til þess að reyna að leysa þetta verk. Án þess að ég geti nú gefið fyrirheit um það, því að ég tel að það sé óhugsandi að úr þessu verði framkvæmdaliður sem þessi opnaður, því að það hefur yfirleitt verið sú regla hér að slíkum framkvæmdaliðum hefur ekki verið breytt eftir 2. umr. Það er búið að vinna þá í undirnefndum og þess vegna verður ekki hægt að leysa málið á þann hátt. Hins vegar mundi ég reyna að leita að öðrum leiðum til þess að vita hvort það væri hægt að koma þessu í framkvæmd á næsta sumri þegar unnið yrði að slíkum framkvæmdum þar vestra sem stefnt er að með malbikun, því að ég skil það, ef malbikunarframkvæmdir verða á þessum stað og tæki þar að lútandi verða síðan flutt burtu, þá er ekki hægt að flytja þau vestur til þess arna. Þess vegna mun ég athuga það mál nánar, þótt ég geti ekki gefið fyrirheit um að um lausn verði að ræða. Hins vegar er ég nokkurn veginn öruggur um það, að ef þessi till. um Ísafjarðarvöll hefði verið í till. flugráðs á s. l. hausti, þá hefði hún ekki fallið fyrir borð. En ég skal sem sagt taka það mál til nánari athugunar og vita hvort er hægt að finna leið til þess að leysa það.

Þessar skýringar vildi ég gefa.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það má vel vera að séð hafi verið býsna vel fyrir fjárveitingum til hafnarframkvæmda annars staðar en á Norðurl. e. A. m. k. vantar upp á fjárveitingar til hafnar á Húsavík á að giska tæplega helminginn af því fé sem ætlað er til þess háttar hafnarbóta á Akranesi sem henta til þess að flytja knattspyrnuáhugamenn til Reykjavíkur.

Við flytjum hér þrír till. um breyt. á fjárveitingum til hafnarinnar á Húsavík á þá lund, að í stað 12.6 millj. kr. fjárveitingar til hafnarinnar komi 24 millj. Þessa till. okkar Jóns Árm. Héðinssonar og Karvels Pálmasonar vil ég rökstyðja með því að sjómenn á Húsavík hafi að vissu leyti algera sérstöðu um nýtingu hafnar sinnar. Í fjárlagafrv., eins og það kemur nú frá fjvn., eru ætlaðar 12 millj. kr. til lífsnauðsynlegra framkvæmda sem munu kosta 30 millj. kr. og til þarf a. m. k. 24 millj. kr. fjárveitingu á fjárl. ef úr framkvæmdunum á að verða. Hér er um að ræða gerð 30 m hafnargarðs, svokallaðs Norðurgarðs, við Húsavíkurhöfn. Þessi garður er hluti af þeim mannvirkjum sem áætluð eru á líkani því sem gert var af Húsavíkurhöfn og ljóst að höfnin verður ekki trygg fyrr en þessi garður hefur verið reistur. Garðurinn á að loka höfninni fyrir báru að því marki að hægt sé að taka upp legufæri eða múrningar úr höfninni og fiskibátar þeirra húsvíkinga fáist tryggðir við bryggju. Ekki er nú farið fram á meira en það. Húsavíkurbátar eru nú um hálft hundrað að tölu. Í fyrra skiluðu þeir 6 þús. tonnum af fiski til vinnslu í fiskiðjuverið sem var rekið með þeim hætti að það greiddi 13 millj. kr. í uppbætur á umsamið fiskverð. Ekki ber að líta á þessa till. okkar þremenninganna á þá lund að við teljum að nægilega vel sé búið að hafnarframkvæmdum annars staðar í Norðurl. e. Því fer víðs fjarri. Við 3. umr. um fjárl. mun ég bera fram brtt. varðandi fjárveitingar til hafna á Ólafsfirði og Raufarhöfn. En ég staðhæfi að sjómenn á Húsavík eigi skilið meiri stuðning en þann sem fram kemur í fjárveitingu til Húsavíkurhafnar, eins og hún birtist í talnadálkum fjárlagafrv.

Síst vildi ég kasta rýrð á dugnað þeirra sjómanna sem sækja frá öðrum höfnum, og ég ætla að á engan hátt sé á þá hallað þó að ég fullyrði að húsvíkingar hafi til þess unnið sérstaklega að tekið sé tillit til afreka sem þeir hafa unnið í sjósókn við erfiðar aðstæður. Brtt. sú, sem ég flyt hér ásamt fyrrnefndum tveimur hv. þm., miðar að því að haldið verði áfram með eðlilegum hraða framkvæmd sem miðar að því að Húsavíkursjómenn geti fengið keypta ábyrgð á bátana sína í höfninni, þannig að þeir þurfi ekki að hafast við um borð í þeim á nóttu sem degi.

Ég treysti mér ekki til þess á einu kvöldi að útskýra fyrir hv. alþm. þá sérstöku manndáð sem birtist í smábátaútgerð húsvíkinga. En þeir hv. þm., sem ekki þekkja til sjóstundunar þeirra við Skjálfanda, verða að trúa mér til þess að segja það satt að þeir þm., sem ekki treysta sér til að greiða atkv. með þessari lágmarksfjárveitingu til Húsavíkurhafnar, þeim 24 millj. sem þarf til þess að sinna nauðsynlegum framkvæmdum þar í sumar, þurfa tæplega að reikna með því að verða teknir alvarlega ef þeir kynnu að taka sér í munn orðið byggðastefna.

Og rétt aðeins í lokin, þá er það kunnara en frá þurfi að segja, að hvergi komu áhrif vinstri stjórnarinnar eins fram og í dreifbýlinu. Þar urðu straumhvörf á þeim þremur árum sem vinstri stjórnin sat við völd. Flóttinn að norðan, austan og vestan til Reykjavíkur stöðvaðist, og áður en lauk hafði það skeð, sem áður var óheyrt, að fólk var tekið að leita frá Reykjavík út á land, og raunar stóð þar á engu nema húsbyggingum þótt vasklega væri að unnið að taka á móti fleira fólki út í byggðirnar. Framkvæmdir í dreifbýlinu voru þróttmeiri en nokkru sinni fyrr. Á fjárlagafrv., sem hér liggur frammi, þykist ég sjá að nú hljóti að verða breyting á og fólkið í dreifbýlinu muni nú reyna, hvort það var í tíð vinstri stjórnarinnar heldur að þakka áhrifum Alþb., sem nú er horfið úr ríkisstj., eða Framsfl., sem nú situr í ríkisstj., hverjar framfarir urðu í dreifbýlinu á þessum þremur árum.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar brtt. við fjárlagafrv. sem ég vildi gera grein fyrir.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 162. Þar er fyrst um að ræða tvær smátill., í fyrsta lagi gert ráð fyrir, að undir liðnum íþróttamannvirki verði bætt við tveimur nýjum liðum, þar sem gert er ráð fyrir að Golfklúbbur Neskaupstaðar komi inn með 50 þús. kr. fjárhæð og í öðru lagi að veittar verði til skíðamiðstöðvar í Oddsskarði 100 þús. kr. Hér er um alveg hliðstæðar fjárveitingar að ræða og ýmsar aðrar sem er að finna á þessum sama lið í fjárlagafrv., en það hefur fallið niður að taka upp fjárveitingar til þessara aðila. Hér er sem sagt um smáfjárveitingar að ræða og alveg hliðstæðar því, sem er til annarra,

og vil ég því vænta þess að þessar till. geti náð fram að ganga.

Þá er á þessu sama þskj., 162, till. sem ég flyt varðandi Hafrannsóknastofnunina. Þar legg ég til að undir liðnum útibú á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar verði fjáreviting til útibús á Höfn í Hornafirði hækkuð úr 1.5 millj. í 4 millj. kr. Það kemur fram í grg. um þetta mál að þessi takmarkaða fjárveiting, 1.5 millj. til útibús í Höfn í Hornafirði, er við það miðuð að aðeins verði unnið að undirbúningi þess máls á næsta ári, en ég tel að sjálfsagt sé að standa þannig að framkvæmdum í þessum efnum með útibú frá Hafrannsóknastofnuninni að komið verði þar upp á næsta ári og hafist handa um rekstur á einu nýju útibúi. Á yfirstandandi ári var opnað útibú frá Hafrannsóknastofnuninni á Húsavík, og til þess var ætlast þegar ákvörðun var tekin um þessi útibú, að a. m. k. eitt útibú bættist við í rekstur á ári, og því tel ég sjálfsagt að auka nokkuð við þessa fjárveitingu svo að hægt sé að halda þessari upphaflegu áætlun.

Þá legg ég til að upp verði tekin ný fjárveiting, einnig í sambandi við Hafrannsóknastofnunina, 50 millj. kr. í sambandi við undirbúning að kaupum eða smíði á nýju hafrannsóknaskipi og þarna verði um undirbúningskostnað að ræða og einnig fyrsta fjárframlag. Það hafði verið unnið í sjútvrn. talsvert að athugun á því máli að hægt væri að eignast eitt hafrannsóknaskip til viðbótar þeim, sem fyrir eru, og það er min skoðun að brýn þörf sé á því að við eignumst slíkt skip. Og ég álít að það eigi að taka upp fjárveitingu í þessu skyni nú og þannig verði hafist handa um undirbúning þessa máls á næsta ári og þarna komi til fyrsta fjárveiting til kaupa á slíku skipi.

Þá er á þessu sama þskj. till. frá mér varðandi Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, líka varðandi útibú frá þeirri stofnun, og þar legg ég til að í stað 4 millj. 118 þús. á þeim lið komi 8 millj. 118 þús., þessi liður hækki um 4 millj. kr., en ég geri þar einnig ráð fyrir að það verði gert meira en að opna á næsta ári fyrsta útibúið á vegum þessarar stofnunar samkv. fyrri ákvörðun, heldur verði einnig unnið að opnun annars útibús. En ég hef ekki séð ástæðu til að taka neitt fram um hvort það yrði það útibú sem ákveðið hefur verið að opna í Neskaupstað eða þá á Siglufirði. Það skiptir mig ekki höfuðmáli heldur að unnið sé samkv. áætlun að opna útibú í útgerðarbæjunum úti um land samkv. fyrri ákvörðun um þetta efni. En ég tel að fjárveitingin samkv. þeim till., sem liggja fyrir, sé of lág.

Þá flyt ég á þskj. 170 till. varðandi flugmál með hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljan, þar sem lagt er til að í sambandi við flugvallaframkvæmdir bætist við tveir nýir liðir. Annar er varðandi Borgarfjörð eystri, að til flugvallar þar verði varið 1.5 millj., og í öðru lagi að til flugvallar við Djúpavog verði varið 3 millj. kr. Það er mikil þörf á því að þeir litlu flugvellir, sem eru á báðum þessum stöðum, verði lagfærðir verulega, þannig að þeir geti komið að fullum notum, og af því eru þessar till. fluttar. Þetta er líka í samræmi við óskir heimamanna og þá reynslu sem fram hefur komið í sambandi við notkun þessara flugvalla.

Ég hygg að það séu ekki fleiri till. sem ég hef flutt við þessa umr. fjárlagafrv., en ég vonast fastlega eftir því að hv. fjvn. endurskoði till. sínar nú á milli 2. og 3. umr., bæði varðandi till. um skólabyggingar og eins varðandi till. um byggingu sjúkrahúsa. Það vekur m. a. sérstaka athygli mína að gert er ráð fyrir mun minni fjárveitingu til byggingar fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað en gert hafði verið ráð fyrir og mér er kunnugt um að þörf er á til þess að standa við þá áætlun sem gerð hefur verið um þá framkvæmd, og ég trúi varla öðru en hv. fjvn. leiðrétti till. sína í þessum efnum. En verði það ekki gert fyrir 3. umr. mun ég að sjálfsögðu flytja brtt. varðandi þennan lið. Í von um að n. komi með till. í þessa átt, þá hef ég ekki flutt hana að þessu sinni.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar hér um þessar till. né gera fjárlagafrv. sem slíkt að umtalsefni. Það gefst eflaust tækifæri til þess síðar, en ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í neinar almennar umr. um það mál eins og nú standa sakir.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég flyt hér á tveimur þskj. nokkrar brtt. við frv. til fjárl. og ætla að fara um þær nokkrum orðum. Ég geri ekki ráð fyrir að það þýði mikið að hafa um þær langt mál, því að það eru ekki möguleikar, jafnvel þótt maður yrði langorður og sannfærandi, að sannfæra mjög marga hv. alþm., þar sem þeir eru ekki svo ýkjamargir hér í salnum.

Á þskj. 154 hef ég leyft mér að flytja átta brtt. og á þskj. 170 á ég eina brtt.

Fyrstu 3 brtt., sem ég flyt á þskj. 154, eru alveg sérstaklega til þess fluttar að reyna að leggja á það áherslu hvílík nauðsyn það er að verklegt nám verði aukið og því verði skipað eðlilegt og sjálfsagt rúm í íslensku skólakerfi, að það verði ekki öllu lengur við það unað að verklega námið sé þar hornreka og sé ekki metið til jafns við það hreina bóklega nám. Það er nú svo, að ég hygg að ekki aðeins núv. hæstv. menntmrh., sem skamma hríð hefur gegnt því embætti, heldur fyrrv. menntmrh., flestir þeir sem ég man til, hafa látið í ljós að þeir teldu nauðsynlegt að þeir skólar, sem mennta fólk til starfa á hinum ýmsu sviðum, verði efldir og metnir til jafns við hina skólana, þar sem um bóknám er eingöngu að ræða. En þrátt fyrir þessar yfirlýsingar þeirra menntmrh. sem ég man sérstaklega eftir, tveggja, þriggja síðustu menntmrh., þá hefur það einhvern veginn farið svo, að ég hygg vegna þess að hinn almenni skilningur hefur ekki verið fyrir hendi, að verknámsskólarnir hafa löngum setið eftir.

Fyrsta brtt. er um það að gjaldfærður stofnkostnaður Tækniskóla Íslands hækki verulega, eða úr 18 millj. kr. í 64 millj. kr., en það er sú upphæð sem menntmrh. lagði til að tekin yrði inn á fjárl. til þess að hægt yrði að ná mjög nauðsynlegum áfanga í sambandi við byggingu þessa nýja og mikilvæga skóla.

Önnur brtt. er um Fiskvinnsluskólann. Þar er um það að ræða að gjaldfærður stofnkostnaður hækki úr 3.5 millj. kr. í 12 millj. Það er

einnig sú upphæð, sem menntmrn. telur að þurfi til þess að ná þeim áfanga sem þyrfti að nást á næsta ári.

Þriðja brtt. á þskj. 154 er um Sjómannaskólahúsið hér í Reykjavík, að gjaldfærður stofnkostnaður þar hækki úr 3 millj. í 43 millj. kr. Ég ræddi nokkuð um þetta ágæta hús hér í sambandi við umr. um frv. til l. um sjóvinnuskóla fyrir nokkrum dögum og skal ekki endurtaka margt af því sem ég sagði þá. Ég vil aðeins á það minna að þetta hús, sem er nú u. þ. b. 30 ára gamalt, er engan veginn fullfrágengið enn í dag á þann hátt sem þurft hefði að vera, og eru margir til vitnisburðar um það og þá sérstaklega nemendur og kennarar þeirra skóla, sem þarna starfa. En þar að auki var aldrei byggður nema hluti af því húsnæði sem frá upphafi var talið nauðsynlegt fyrir þessa skóla, þ. e. a. s. Stýrimannaskólann og Vélstjóraskólann. Enn er óbyggt það hús, þar sem hin verklega kennsla ætti að fara fram fyrst og fremst. Það er til þess að ná áfanga í byggingu þess húss og til þess að gera þær allra nauðsynlegustu aðgerðir á Sjómannaskólahúsinu, sem óhjákvæmilegar eru, að þessi brtt. er flutt, en hún er í samræmi við það sem menntmrn. lagði til að veitt yrði til þessara framkvæmda á næsta ári. En þess vil ég geta að till. eða hugmyndir skólanefnda og skólayfirvalda um það, sem þyrfti að koma á næsta ári í fjárveitingu var miklu hærri, ég hygg um eða yfir 80 millj. kr.

Þessar þrjár fyrstu till. eru sem sagt fluttar til þess alveg sérstaklega, að leggja áherslu á það að við megum ekki láta svo til ganga áfram, eins og of mikið hefur átt sér stað á undanförnum árum og áratugum, að verknámsskólarnir sitji á hakanum, bæði að því er byggingar snertir og ýmiss konar búnað. Ég vil láta þess getið að ég mun taka til baka til 3. umr. a. m. k. 3. till., um Sjómannaskólahúsið, þar sem hv. form. fjvn. skýrði frá því í ræðu sinni í dag, að það mál væri enn í athugun hjá n. og líkur til þess að flutt yrði till. um fjárveitingu til nauðsynlegra viðgerða á því húsi.

4. brtt. mín, í tveimur liðum, snertir Reykjaneskjördæmi og er í fyrsta lagi um það að skóli í Grindavík, sem gert er ráð fyrir að veittar verði til 3 millj. kr., fái 8.9 millj., en það er sú upphæð sem menntmrn. telur algerlega nauðsynlegt að sá skóli hljóti, ef á að ná þeim áfanga sem að er stefnt og bráðnauðsynlegt er að unnið verði á næsta ári. Ég legg alveg sérstaka áherslu á að þessi framkvæmd er mjög brýn og þætti mikils virði ef hv. fjvn. vildi taka þetta atriði til endurskoðunar alveg sérstaklega, þar sem óvíða held ég að þörfin sé brýnni fyrir fjárveitingu til skólabyggingar heldur en þarna.

Í öðru lagi flyt ég undir þessum lið, framlög til byggingar grunnskóla, till. um það að til Digranesskóla í Kópavogi, þar sem áætlaður er nýr og nauðsynlegur áfangi, verði veittar 10 millj. kr. í stað 4 millj. Það eru að sjálfsögðu ýmsir fleiri skólar í byggingu í Reykjaneskjördæmi sem ekki fá þá fyrirgreiðslu sem æskileg hefði verið, en ég hef einungis flutt hér till. um tvo skóla, og ég hygg að a. m. k. að því er Grindavík snertir sé þörfin alveg sérstaklega brýn, að við þessu verði orðið með þeim hætti sem hér er lagt til.

5. brtt. mín á þskj. 154 er um Menningarsjóð, að framlag til hans hækki úr 10 millj. 720 þús. kr. í 15 millj. Hér er að vísu ekki eingöngu um beint framlag úr ríkissjóði að ræða, hér er að verulegu leyti um að ræða áætlun á tekjustofnum Menningarsjóðs, en þar til viðbótar kemur nokkurt fjárframlag úr ríkissjóði. Sú upphæð, sem í fjárlfrv. er, 10 millj. 720 þús. kr., þýðir mjög umtalsverða lækkun á framkvæmdafé Menningarsjóðs á næsta ári, sem vissulega hefur sinnt og sinnir ýmsum mikilsverðum verkefnum á sviði menningarmála, ekki aðeins bókaútgáfu, heldur einnig stuðningi við íslenska kvikmyndagerð, við tónlistarstarfsemi ýmiss konar og stendur fyrir þeirri starfsemi, sem nefnd hefur verið „List um landið“ og ég hygg að hv. alþm. kannist nokkuð við. Til þess að Menningarsjóður geti haldið í horfinu á næsta ári mun hann hiklaust þurfa þá fjárveitingu sem hér er lagt til að hann fái, 15 millj. kr.

6. brtt. mín á sama þskj. fjallar um það að almenningsbókasöfn, þ. e. a. s. bæði bæjar- og héraðsbókasöfn og sveitabókasöfn og lestrarfélög, fái svolitla úrlausn sinna mála, en hv. alþm. mun kunnugt að þar hefur ríkt kyrrstaða nú um alllangt skeið. Það er nokkuð síðan, — ég hygg að það séu 2 eða 3 ár, — síðan endurskoðuð var löggjöf um almenningsbókasöfn og samið frv. sem átti að bæta allverulega úr þeim efnum. M. a. var þar gert ráð fyrir verulega auknu framlagi ríkisins til þessara bráðnauðsynlegu og mikilsverðu menntastofnana. En einhverra hluta vegna og að því er manni er tjáð vegna ágreinings um einhver minni háttar atriði hefur þetta frv. ekki náð fram að ganga og raunar ekki séð dagsins ljós nú um sinn, eftir að það hlaut nýja endurskoðun, að ég hygg í fyrra, en hefur að vísu verið boðað að það muni verða lagt fram á þessu þingi. Till. mín um að tvöfalda þessar lítilfjörlegu upphæðir, sem hafa nú um nokkurt skeið verið á fjárl. til þessara mikilsverðu stofnana, er aðeins til þess að undirstrika nauðsyn þessa máls. Þessi hækkun á fjárhæðinni hefði vissulega þurft að vera miklu meiri og verður það væntanlega þegar frv. það, sem trúlega kemur nú fljótlega fram um almenningsbókasöfn, verður að lögum. En það er auðséð að það dregst enn nokkuð, og á meðan það er ekki orðið að lögum væri þó viss bót í því að hv. Alþ. samþ. þessa litlu hækkun, sem ég tel vera, þó að um tvöföldun sé að ræða á þeirri fjárveitingu sem fjárlfrv. ætlar til þessara mála.

7. brtt. mín, sem er í 3 liðum, fjallar um nokkra hækkun á listamannalaunum. Það er í fyrsta lagi að heiðurslaun listamanna hækki úr 4 millj. í 6 millj. kr., að starfslaun listamanna hækki úr 3.3 millj. í 5 millj. og hin almennu listamannalaun, sem svo hafa verið nefnd, hækki úr 13 millj. í 18 millj. kr. Ég hafði talið og tel að það sé full ástæða til þess fyrir Alþ. að láta þessar fjárveitingar til listamanna ekki liggja eftir þegar um er að ræða þær verðlagsbreytingar sem yfir okkur ganga. Það er að vísu svo, að ég er þeirrar skoðunar að gera þurfi verulegar breytingar á því fyrirkomulagi, sem er á þessu listamanna-

launakerfi okkar öllu, og gæti vel hugsað mér og teldi það raunar geta horft til verulegra bóta að í staðinn fyrir þetta þrefalda kerfi, ef svo má segja, sem við búum við nú, í fyrsta lagi heiðurslaun listamanna, í öðru lagi starfslaun listamanna og í þriðja lagi hin almennu listamannalaun, verði aðeins um tvenns konar listamannalaun að ræða. Annars vegar verði heiðurslaun, þar sem þeir listamenn, sem þau hafa einu sinni hlotið, geti gert ráð fyrir því að hljóta þau framvegis til æviloka og þar verði um að ræða sómasamlegar fjárhæðir. Ég geri ekki ráð fyrir að þjóðin telji sig hafa möguleika á að heiðra á þann hátt nema takmarkaðan fjölda sinna bestu listamanna, og þá verður það e. t. v. oft svo að þau hljóta listamenn, sem komnir eru á fullorðinsár. En svo verði í annan stað um verulega upphæð að ræða, sem gæti í rauninni heitið starfslaun listamanna, og yrðu veitt til ákveðins tíma og þá gert ráð fyrir að þeir listamenn, sem þau hljóti, geti sinnt því starfi þann tíma sem þeir njóti starfslaunanna, en síðan geti þeir ekki gert ráð fyrir því að halda slíkum listamannalaunum eftir þann tiltekna tíma, sem þeim hafa verið veitt þau, fyrr en þá að þeir fengju starfslaun aftur síðar, ef ástæða þætti til, og þyrfti ekki að líða langur tími á milli. En ég held að þessi almennu listamannalaun, sem hafa á undanförnum árum numið eins og í besta tilviki svo sem tveggja mánaða launum, komi að mjög takmörkuðu gagni og starfslaunin ættu að geta gert þarna miklu meira gagn. Ég vil aðeins benda á þetta til athugunar, en hef ekki treyst mér til að gera um þetta till. í sambandi við fjárlfrv. nú, heldur aðeins um nokkrar hækkanir á þessum þremur liðum listamannalauna til þess að þau rýrni a. m. k. ekki að ráði við þær verðlagsaðstæður sem við búum nú við.

8. brtt. er um að lítil fjárveiting til vísinda- og fræðimanna, sem menntamálaráð hefur lengi úthlutað, hækki úr 800 þús. í 1 millj. og 600 þús. kr. Þessi fjárhæð, sem hefur, að ég hygg, komið ýmsum fræðimönnum, ekki síst hinum alþýðlegu fræðimönnum okkar, að nokkru gagni, hefur stundum hækkað um leið og listamannalaunin, en stundum legið þar eftir og það raunar oftar. En ég tel ástæðu til, ef leiðrétt verða listamannalaun, að þá verði þessir fræðimannastyrkir einnig leiðréttir nokkuð.

Loks á ég eina litla till. á þskj. 170. Það er 3. till. á því þskj. og er þess efnis að fjárhæð sú, sem ætluð er á fjárlfrv. til sjóvinnunámskeiða og skólabáta, 3 millj. 536 þús. kr., hækki upp í 6 millj. kr. Þarf ekki að hafa um þessa till. mörg orð. Það er enginn efi á því, eins og kom fram hér við umr. um frv. til l. um sjóvinnuskóla nú nýlega, að þau sjóvinnunámskeið, sem hafa verið haldin síðustu ár, hafa komið að verulegu gagni og þessi tiltölulega litla upphæð hefur notast býsna vel. Og það er enginn efi á því að það er full þörf á að auka þessa starfsemi. Hækkun upp í 6 millj. mundi gera dálítið betur en að halda í við dýrtíðina og á því er vissulega full þörf.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessar brtt., herra forseti, en vænti þess að á þær verði litið af hæstv. alþm. með skilningi og velvild.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég mun ekki lengja þessar umr. með því að taka hér til umr. fjárlfrv. almennt eða þá stefnu sem í því felst. Það hefur fulltrúi Alþb. í fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, þegar gert og ég ætla ekki að bæta þar neinu við. Ég mun hins vegar ræða hér örfáum orðum um nokkur mikilvæg hagsmunamál Norðurl. v. og brtt. sem ég hef lagt fram við fjárlfrv. í því sambandi.

Fráfarandi ríkisstj. var við völd í 3 ár og skildi sporin víða eftir sig. Opinberar framkvæmdir víðs vegar um land voru stórauknar í tíð fyrri stjórnar og atvinnulífið tók mikinn fjörkipp. Atvinnuleysi, sem víða hafði herjað, varð úr sögunni og sem sagt víða um land urðu mikil umskipti. Ég held þó að flestir geti verið mér sammála um að óvíða urðu *jafngagnger* umskipti og einmitt á Norðurl. v. Þar hafði atvinnuleysið verið ríkjandi, ekki aðeins í 3—4 ár eins og víðast hvar annars staðar, heldur í meira en áratug. Þar var atvinnuleysið meira en tvöfalt meira en annars staðar og meðaltekjur fólks lægri en í flestum öðrum landshlutum. Þessi hluti landsins var sem sagt augljóslega vanræktur og það ekki aðeins í atvinnumálum, heldur einnig hvað snertir opinberar framkvæmdir, t. d. í skólamálum og hafnamálum, og er auðvelt að rökstyðja þá fullyrðingu með tilvísun til fjárl. á síðasta áratug. Á þessu varð allmikil breyting á skömmum tíma, eins og ég hef þegar sagt, og fyrir það ber að þakka.

Nú höfum við fengið nýja ríkisstj., og er ekki ætlun mín að halda því fram að í þessu fjárlfrv. verði svo alger umskipti að Norðurl. v. sé orðið út undan eins og var áður fyrr. Á s. l. ári varð mikil aukning í framlögum til hafna á vestanverðu Norðurl., enda augljóst að þar var orðin æpandi þörf á miklum framkvæmdum, og þeirri stefnu er nú haldið áfram. Það ber fúslega að viðurkenna og ég vil því ekki bera hér fram neinar till. um auknar fjárveitingar til hafna í þessu kjördæmi, eins og ég hef þó oft áður gert. En það er einkum á tveimur sviðum sem ég hef orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með till. fjvn. Það er í skólamálum annars vegar og í heilbrigðismálum hins vegar.

Það er viðurkennd staðreynd og hefur margoft komið fram í skýrslum embættismanna menntmrn., að sveitahéruðin á Norðurl. v. voru langt á eftir öðrum landshlutum í skólamálum. Úr þessu hefur verið reynt að bæta með miklum byggingarframkvæmdum á seinustu árum og hafin bygging margra skóla samtímis, og í samræmi við þetta hefur menntmrn. einnig á þessu ári lagt áherslu á að framkvæmdir í þessu kjördæmi hefðu forgang, eða a. m. k. margar framkvæmdir þar. Ég vil geta þess að í till. menntmrn. var lögð áhersla á það að fjármagnsþörf vegna hafinna framkvæmda, miðað við að aðrar framkvæmdir færu ekki af stað, væri í þessu kjördæmi 143 millj. af samtals 1009 millj. á öllu landinu. Nú hefur aftur á móti verið ákveðið að taka inn allmarga aðra skóla, og afleiðingin verður sú, að þótt framkvæmdafjárhæðin sé mjög svipuð og ég nefndi áðan hvað snerti landið allt, þ. e. a. s. 1009 millj., þá hefur þetta kjördæmi nú verið skorið niður í 112 millj. sem er

augljóslega hlutfallslega lægri fjárhæð en var á seinasta ári.

Ég hef flutt till. á þskj. 170 sem ætlað er að hamla nokkuð á móti þessum niðurskurði. Ber þar fyrst að nefna langstærstu framkvæmdina í kjördæminu, sem er skólabyggingin í Varmahlíð. Þar er verið að keppast við að ljúka miklum áfanga, og í till. rn. var gert ráð fyrir því að það þyrfti að lágmarki að veita til þessa skóla 41.5 millj. Þetta var sem sagt ein af forgangsframkvæmdunum sem þurfti nauðsynlega að komast með. Við niðurskurð var þessi upphæð lækkuð í 33 millj., sem augljóslega mun ekki nægja til að ljúka þessum áfanga. Það er að sjálfsögðu mjög óskynsamlegt að fjárveitingin nægi ekki til þess að unnt sé að nýta það mikla fjármagn sem komið er í þennan skóla, og þar af leiðir að ég hef gert till. um að þessi upphæð standi áfram og verði 41 millj. og 500 þús. Ég vil bæta því við, að enda þótt búið sé að leggja æðimikla fjármuni í þennan skóla nú þegar eða líklega um 50—60 millj., þá kemur hann ekki að neinu gagni öðruvísi en að þessum áfanga sé lokið að fullu. Þá fyrst nýtist það fjármagn sem þegar hefur verið lagt í þessa framkvæmd.

Á seinustu fjárl. var gert ráð fyrir 300 þús. kr. fjárveitingu til byggingar skóla í Haganeshreppi, en það er skólinn á Sólgörðum í Fljótum. Hann er mjög illa aðþrengdur hvað snertir plássleysi, bæði fyrir kennslu og fyrir starfsmenn, og þetta var ein af þeim framkvæmdum sem menntmrn. lagði áherslu á að þyrfti að veita forgang og hafði ætlað í þessa skólabyggingu 9.2 millj. Þessi till. rn. kemur sem sagt í framhaldi af því að í fyrra er veitt undirbúningsfjárveiting að upphæð 300 þús. kr. til að hanna mannvirkið. Þetta var ein af þeim framkvæmdum sem urðu fyrir barðinu á skurðarhnífnum, og ég hef því leyft mér að flytja hér till. um að eftir standi 5 millj. kr. fjárveiting eða sem sagt helmingurinn af því sem rn. lagði til að yrði meðal forgangsframkvæmda.

Eins er með skólabyggingu á Skagaströnd, þar sem var byrjunarfjárveiting, — reyndar ekki í fyrra, heldur í hittiðfyrra, að ég held, — en í fyrra mun hafa verið veitt 1 millj. til verksins og rn. hafði gert ráð fyrir því að á þessu ári færu í þetta 3 millj., en það hefur síðan verið skorið niður í 1 millj., sem að sjálfsögðu dugir ekki til eins eða neins. Ég hef því gert hér till. um að þessar 3 millj. standi áfram.

Í fjórða lagi er svo að nefna sundlaugarbyggingu á Hvammstanga sem hefur verið í undirbúningi í mörg ár og var veitt byrjunarfjárveiting til á s. l. ári, gert þá að sjálfsögðu ráð fyrir því að áfram yrði haldið á þessu ári. Rn. hefur gert ráð fyrir 4 millj. kr. fjárveitingu eða nánar til tekið 4 millj. 162 þús. til þessarar framkvæmdar, en hún hefur verið skorin niður og ég geri hér till. um að 4 millj. standi eftir.

Ég vil svo víkja að hinum þætti opinberra framkvæmda á Norðurl. v., sem ég er ekki nægilega sáttur við að verði ekki meiri en fjárlfrv. eða till. fjvn. gera ráð fyrir, en það eru heilbrigðismálin.

Ef litið er á fjárveitingar til heilbrigðismála á Norðurl. v. og annars staðar á landinu, þá kemur í ljós að til þeirra eru ætluð aðeins 5% af samanlögðum fjárveitingum til sjúkrahúsa viðs vegar á landinu, og er þá ekki meðtalið það fé sem rennur til t. d. Landsspítalans og annarra þeirra framkvæmda sem eiga að heita á vegum landsins alls, heldur einungis til staðbundinna framkvæmda sem unnar eru í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög. En fjárveitingin á Norðurl. v. er áberandi langsamlega lægst. Ég nefni hér til samanburðar að fjárveiting á Vestfjörðum, sem mun vera næstlægst, er 13% eða upp undir þrisvar sinnum hærri, og þetta sker mjög í augu.

Ég skal fúslega viðurkenna að fjárveitingar til heilbrigðismála á Norðurl. v. voru ekki nægilega miklar í tíð fyrri stjórnar og vantaði þar mikið á. Það var eins þá að fjárveitingar til heilbrigðismálanna voru mjög skornar við nögl, og það var eiginlega það svið helst sem við höfðum yfir að kvarta í tíð vinstri stjórnarinnar. En í fyrra hafði fjvn. þá afsökun að það væri ekki endanlega búið að teikna tvö mikil verkefni sem átti að ráðast í og var mikil áhersla lögð á í fyrra, þ. e. a. s. heilsugæslustöðvarbyggingar á Blönduósi og á Sauðárkróki. Á það var bent í fyrra að hönnun væri ekki lokið hvað þessi verk snerti og menn yrðu því að sætta sig við að á því ári yrði aðeins varið 1 millj. kr. til hvors staðar. Þetta sættu menn sig við, að sjálfsögðu í þeirri von að fjárveitingin yrði þá þeim mun rausnarlegri þegar kæmi að næstu afgreiðslu fjárlaga. En eins og ég hef skýrt frá, þá er því ekki að heilsa. Það er að vísu um að ræða fjárveitingu sem nemur 10 millj. kr. til hvors verkefnis, annars vegar á Blönduósi og hins vegar á Sauðárkróki, en ég mun ekki þurfa að segja mönnum nein tíðindi að það er allt of lítið í báðum tilvikum. Í því tilviki er varðar heilsugæslustöð á Sauðárkróki höfðu menn vænst þess að hún gæti orðið um 33 millj. á þessu ári, til þess að hægt væri að ná þeim áfanga að steypa upp húsið, og 10 millj. munu í mesta lagi duga til þess að ganga frá grunnveggjum og steypa botnplötu, sem er allt of lítil byrjun á þessu ári. Ég hef því leyft mér að flytja á þskj. 170 tvær till. Aðra varðandi Blönduós og hina varðandi Sauðárkrók, um hækkun í 20 millj. í fyrra tilvikinu og 25 millj. í því síðara, varðandi Sauðárkrók.

Að lokum vil ég nefna eina till., sem ég geri hér varðandi heilbrigðismálin á Norðurl. v., en það er í sambandi við byggingu elliheimila. Till. um byggingu elliheimila eru 15 frá hv. fjvn., á 15 stöðum á landinu, samtals 38 millj. kr. En engin þessara fjárveitinga er til Norðurl. v., ég þarf ekki að taka fram að það er að sjálfsögðu eina kjördæmið sem verður þannig algjörlega útundan. Ég hef því leyft mér að bera fram till. um að ellideild héraðshælisins á Blönduósi fái 800 þús. kr., og getur það ekki talist mikil kröfugerð eða framhleypni að bera fram þá ósk að veitt yrði þessi upphæð til þess að undirbúa og hanna ellideild á Blönduósi.

Að endingu vil ég geta till., sem ég flyt einnig á þskj. 170, en það er eina till. sem snertir atvinnumálin á Norðurl. v. Svo er mál með vexti að ríkissjóður á verksmiðju á Siglufirði, sem heitir Lagmetisiðjan Siglósíld. Um verksmiðju

þessa voru sett lög árið 1972, og í þeim lögum er gert ráð fyrir að varið verði ákveðinni upphæð til endurbóta og tækjakaupa, enda mun ekki hafa veitt af að gera þar allmiklar breyt. þannig að verksmiðjan gæti komið að nokkrum notum. Fyrsta fjárveitingin, sem rann til þessarar verksmiðju, var á árinu 1973, 5 millj. kr., sem fjárhaldsmaður ríkisins, fyrrv. fjmrh., var svo hyggginn að taka upp í gamla skuld, þannig að verksmiðjan fékk ekki neitt af því framlagi. Þá voru nánar tiltekið teknar 4.5 millj. kr. upp í gamla skuld, þannig að af því fjármagni nýttist nánast ekkert. Á árinu 1974 fékk svo verksmiðjan aðrar 5 millj., og er svo í fjárlfrv. næsta árs í þriðja sinn, 5 millj. Nú er það hins vegar svo að framkvæmdir í verksmiðjunni hafa numið 14 millj. kr. á þessu ári einu og er þá átt við tækjakaup ýmiss konar. Endurbætur á húsnæði hafa numið tæpum 2 millj. kr., og í samráði við fjmrh. og iðnrh. var ráðist í kaup á húsnæði fyrir sérfræðilega menntaðan forstöðumann verksmiðjunnar, að fjárhæð 3 millj. kr. Þetta veldur því að verksmiðjan er í miklum fjárhagskröggum eins og er og þess vegna hef ég gert till. í samræmi við óskir, sem borist hafa frá stjórn Lagmetisiðjunnar Siglósíld til okkar þm. og til fjvn., að með hliðsjón af stórhækkuðu verðlagi verði þessi fjárhæð hækkuð úr 5 millj. í 10 millj.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þær till. sem ég hef gert, en vænti þess fastlega að hv. alþm. líti á þær af velvild og skilningi.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Nokkur orð vegna þeirra ummæla hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar að ég muni ekki hafa þekkt til Gæsluvistarsjóðs er ég bar fram frv. mitt um sjóð til aðstoðar við drykkjusjúka. Nú verð ég að viðurkenna að ég var á fundi annars staðar í húsinu er þm. flutti ræðu sína, en efnislega mun rétt eftir haft, og það einnig að sem stjórnarþm. hefði ég heldur átt að leggja áherslu á aukningu til Gæsluvistarsjóðs en að bera fram slíkt frv. sem þetta.

Það er nú svo að ég þekki til Gæsluvistarsjóðs, og það er kannske ekki síst ferill Gæsluvistarsjóðs sem gerir það að verkum að ég flyt þetta frv. mitt.

Vikurnar og mánuðina fyrir alþingiskosningarnar 1971 mátti oft lesa í Þjóðviljanum ófagrar lýsingar á því ófremdarástandi er ríkti í málefnum drykkjusjúklinga. Að mínu viti var mikið til í þessu, þetta var að miklu leyti rétt. Kannske var ástæðan sú að sú stjórn, sem þá var við völd, hafði lagt megináherslu á uppbyggingu þriggja stærstu sjúkrahúsa í landinu og þá var það eins og oft áður, að einmitt þessi hópur varð afgangs. Og þó var til Gæsluvistarsjóður og hafði verið til í mörg ár. Svo skeði það eftir kosningarnar 1971 að ritstjóri Þjóðviljans varð heilbrmrh., fékk því öll völd og aðstöðu til þess að bæta úr því ófremdarástandi sem lýst hafði verið og að vissu leyti var rétt. Og nokkru eftir að hann kom til valda valdi hann sér aðstoðarráðh., þá konu sem ég tel að einna heilust sé í þeim málum og vilji af einlægustum hug gera eitthvað til að bæta hag drykkjusjúklinga, þá birtist í blöðum og öðrum fjölmiðlum ákvörðun um að reisa skyldi drykkjuhæli á Vífilsstöðum, 20 manna drykkjuhæli. Síðan var þessi ráðh. við völd í 3 ár. Drykkjumannahælið á Vífilsstöðum var í byggingu og það er enn í byggingu og mun þurfa til þess að ljúka þeirri byggingu fyrir þessa 20 drykkjusjúklinga jafnmikið fé og búið er að verja til þess í dag. En hvað þá um Gæsluvistarsjóð? Jú, þegar vinstri stjórnin tók við völdum voru tekjur Gæsluvistarsjóðs 19.6 millj. kr. Í fyrstu fjárl. þeirrar stjórnar voru tekjur þessa sjóðs auknar upp í 20.8 millj. En Adam var ekki lengi í Paradís. Árið 1973 er framlagið 19.8 millj. og á síðustu fjárl. þeirrar stjórnar, 1974, er framlagið til Gæsluvistarsjóðs komið niður fyrir það sem það var í síðustu fjárlögum viðreisnarstjórnarinnar, þ. e. a. s. niður í 19.4 millj. úr 19.6 millj. kr. Á sama tíma hafði aftur á móti byggingarvísitalan hækkað úr 528, að ég held, upp í 1290.

Þegar ég leit yfir þennan feril bjóst ég við á þessum árum að eitthvert undur mundi ske í þessum málum. Ég átti von á því að einmitt þetta fólk, sem var við völd og hafði aðstöðu til þess að gera eitthvað fyrir drykkjusjúklinga, mundi gera það. En það dróst og dróst, og loks var svo komið að í vor bar ég fram frv. mitt um sjóð til aðstoðar við drykkjusjúka. Vegna hvers? Vegna þess að ég treysti ekki Gæsluvistarsjóðnum. Það hefur sýnt sig að þrátt fyrir sihækkandi verðlag, jafnvel þrátt fyrir góðan vilja þeirra, sem við völdin voru og höfðu hug á að sinna þessum málum, þá stóð sjóðurinn í stað, þ. e. a. s. hann minnkaði ætíð að raungildi. Og ástæðan var að sjálfsögðu augljós. Það var jafnan í svo mörg horn að líta að hjálp við þetta fólk varð eins og áður afgangs. Ég get ekki kallað það aðgerð, þótt umbætur séu gerðar á aðalgeðveikrasjúkrahúsi landsins, og það er engin grundvallarhjálp við drykkjufólk. En kannske er skýringin líka sú, sem form. Alþb. viðhafði núna, einmitt fyrir einni eða tveimur mínútum í þessum stól, að á vinstristjórnarárunum var fé til heilbrigðismála mjög skorið við nögl. (**Gripið fram í:** Ég átti við kjördæmið hjá mér.) Jæja, en það gat samt átt við hitt. Hins vegar kemur hv. þm. Magnús Kjartansson og vill nú gera bragarbót og stórauka Gæsluvistarsjóð. En ég vil upplýsa hv. þingheim um það, að eftir þá reynslu sem er af sjóðsmyndun sem ríkisstjórnir geta haft áhrif á, ríkisstj. sem ætíð vantar peninga, þá er ekkert öryggi fyrir því að þeir sjóðir fái aðstöðu til að sinna því málefni, sem þeir eiga að sinna. Ef aftur á móti þetta frv. mitt verður að lögum, sem er á þann veg að hver sem kaupir eina flösku af sterku brennivíni greiði fyrir það 100 kr. viðbót, þá er hér kominn mikill, sterkur og góður tekjustofn, sem um 10 ára skeið mun veita það fjármagn sem þarf til þess að gera verulega stórt átak í þessum málum. Og jafnvel þó að stjórnvöldin hefðu hug á því að dreifa þessu fjármagni til annarra þarfamála, sem ég efast ekki um að eru alltaf fyrir hendi, þá eiga þau þess ekki kost eftir að búið er að samþ. þessi lög. Það er munurinn á þessu lagafrv. og á því að leggja fé til meðferðar drykkjusjúkra á fjárl. hverju sinni.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Á þskj. 171 hefur fjvn. leyft sér að bera fram litla brtt. Það er brtt. við brtt. á þskj. 143, 55. tölul., við 4. gr., bygging sjúkrahúsa o. fl. Sundurliðun breytist þannig undir tölul. 32, Vík í Mýrdal, að fyrir „12 millj. 800 þús." kemur: 6 millj. 900 þús., og 33 Kirkjubæjarklaustur, fyrir „1000" kemur: 6 millj. 900 þús.

Þm. Suðurl. komu að máli við n., ekki þó allir, og óskuðu eftir, að þessi breyt. yrði gerð á þessum fjárveitingaliðum. N. hefur orðið við því að flytja þessa brtt., og hún hefur ekki í för með sér hækkun.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil freista þess að koma á framfæri hér örfáum aths. við þetta frv. eins og það er nú.

Í aths. meiri hl. kemur fram að fjvn. hefur ekki haft tíma til að skoða raforkumálin og mun það bíða til 3. umr. Engu að síður vil ég leyfa mér að gera nokkrar aths. einmitt við raforkumálin í þeirri von að það verði tekið til greina fyrir 3. umr.

Ég held að við séum allir sammála um það, þm., að á sviði raforkumála þarf að gera ákaflega mikið átak. Við höfum keppst um það hér í þingsölum að lýsa mikilvægi þeirra mála, nauðsyn þess að virkja okkar fallvötn til upphitunar okkar húsnæðis, nauðsyn þess að leggja byggðalínu, dreifa raforku um landið o. s. frv. Mér sýnist því með tilliti til þessa nokkuð alvarlega stefna með fjárveitingar á þessu mikilvæga sviði.

Við Orkustofnun er að vísu hækkun sem nemur 32 millj. kr. í 274 millj. rúmar, en ég hygg að allir muni sjá að sú hækkun nemur ekki verðhækkun á þessu eina ári, langt frá því. Þó verður þetta að sumu leyti alvarlegra, sýnist mér, þegar litið er á sundurliðun sem að vísu kemur ekki fram í þessu fjárlagafrv., en ég hef aflað mér upplýsinga um. Til vatnsvirkjunarrannsókna var farið fram á 138.8 millj. kr., en í meðferð fjárlagastofnunar var það skorið niður í 105.9 millj. kr. Í þessu sambandi er m. a. skorinn niður liður sem var til rannsókna á vatnsvirkjun á Vestfjörðum úr 9.84 millj. kr., sem ekki getur talist há upphæð, niður í 3.22 millj. kr. Ég held að það sé alveg ljóst og þurfi ekki að fara um það mörgum orðum, að ákaflega litlar rannsóknir verða framkvæmdar fyrir 3 millj. kr. á svæði eins og Vestfjörðum.

Ég ætla ekki að fara að flytja hér langa ræðu um raforkumál Vestfjarða. Hér hafa þm. keppst við að lýsa ástandi í hinum ýmsu landshlutum. Ég hygg að við þm. Vestfjarða getum farið svipuðum orðum um ástandið þar. Þar kemur ný virkjun í gagnið, Mjólká, á næsta ári eða í lok næsta árs vonandi, en hún gerir ekki meira en að fullnægja þeirri þörf sem þegar er orðin og fullnægt er nú á heldur slakan máta, vil ég leyfa mér að segja, með disilvélum og fullnægir á engan máta vaxandi þörf fyrir upphitun. Þar er leitað að frekari lausn þessara mála. Verið er að skoða virkjunarmöguleika vítt og breitt og einnig þann möguleika, að tengja landshlutann væntanlegri byggðalínu. Þessar rannsóknir verða með engu móti framkvæmdar fyrir 3 millj. kr., það er alveg ljóst.

Ég get einnig nefnt það, til fróðleiks að áætlað var til rannsókna í Skagafirði, í jökulsánum þar, 5.56 millj. kr. Þar eru einkum tveir virkjunarstaðir sem verið er að athuga. Þetta var skorið niður í 2 millj. kr. Þarna er svipaða sögu að segja. Er fjárlagastofnunin með þessu að marka aðra stefnu í raforkumálum en mér sýnist greinilega koma fram hér á Alþ.? Því þarf að svara áður en fjárlagafrv. er afgr.

Á síðasta ári var varið til vatnsvirkjunarrannsókna 89.3 millj. kr. Þær hækka nú upp í 105.9 millj. kr. Hækkunin er ákaflega lítil og að mínu viti fullnægir hvergi nærri þeirri gífurlegu þörf sem ég hef farið um örfáum orðum. Við alþm. verðum sannarlega að taka afstöðu til þessarar stefnumörkunar áður en frv. til fjárl. er afgr.

Svipað má segja um jarðhitarannsóknir. Á yfirstandandi ári var varið 119.5 millj. kr. til þeirra. Farið var fram á 155.2 millj., en gert er ráð fyrir í frv. 119.2. Þess má geta, að rannsóknir á Þeistareykjum eru algjörlega skornar niður úr 19 millj. í ekkert og Kröflurannsóknir úr 19.4 í 14 millj. kr. Vel má vera að fresta megi athugun á Þeistareykjum, en ég hygg að ekki verði frestað eða dregið úr rannsóknum á Kröflu vegna þeirrar virkjunar sem þar er fram undan og stefnt er að tilbúin verði a. m. k. ein vél„ ef ekki fleiri, 1978. Á því er mjög brýn nauðsyn, á því leikur enginn vafi.

Svipaða sögu má segja um Rafmagnsveitur ríkisins. Þar eru ætlaðar til framkvæmda 680 millj. kr., af því er lántaka 660, en ég hygg, að farið hafi verið fram á um það bil 1 milljarð umfram það sem þarna er. Vel má vera að eitthvað megi lækka upphaflegar áætlanir. En ef litið er á það sem hefur komið fram í skýrslum til Alþ., t. d. um að styrkja dreifilínur um landið til þess að koma raforkunni til upphitunar, sem við viljum gera eins fljótt og unnt er, þá er vafalaust að þarna er þörfin gífurlega mikil. Ég vil eindregið leggja til að þetta verði endurskoðað og meiri lánsheimild veitt til þess að vinna megi ötullega að þessum mikilvægu málum. Ýmislegt mætti segja um áætlanir Rafmagnsveitna ríkisins, en ég mun nú ekki lengja umr. hér um of. En þó vil ég geta þess að í áætlunum Rafmagnsveitna ríkisins er gert ráð fyrir því að veita 93.7 millj. kr. til þess að ljúka Mjólká II og er þetta í frv. Hins vegar var jafnframt gert ráð fyrir því að miðla lítilli á yfir til Mjólkár I, en Mjálká I missir að verulegu leyti sitt vatn þegar Mjólká II kemst í gagnið. Það er nauðsynlegt, hjá því verður ekki komist, að sjá Mjólká I fyrir vatni, og sýnist mér að ekki sé gert ráð fyrir þeirri framkvæmd. Hún er nauðsynleg ef Mjólká II á að koma að þeim notum sem til er ætlast. Fleiri munu slík dæmi sem ég ætla ekki að rekja hér.

Ég geri mér grein fyrir því að til raforkumála þarf ákaflega mikið fjármagn og mjög miklu meira en gert er ráð fyrir í frv. Ég vil eindregið beina því til fjvn., að hún skoði þetta mál, og raunar ekki síður til ríkisstj., því að ég hygg að þar þurfi ríkisstj. sjálf að taka um ákvörðun.

Ég vil að lokum geta þess að ég er eindreginn stuðningsmaður þeirrar till., sem kemur fram á þskj. 153 um fjárveitingu til malbikunar að hluta á Ísafjarðarflugvelli. Þessu hefur verið lofað árum saman og sá dráttur sem orðið hefur á þess-

ari framkvæmd hefur verið afsakaður með því að ekki væru til tæki til að framkvæma þetta. Nú eru tækin á staðnum og ég get ekki séð nokkra skynsemi í því að fresta nú þessari framkvæmd. Tækin verða þar á næsta sumri, síðan ekki nokkur ár, og verður að mínu viti ekki hjá því komist að gera þetta nú. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. samgrh., en vildi gjarnan fá að vita hjá honum nánar, áður en fjárlagafrv. er afgr., á hvern máta hann hugsar sér að leysa þetta mál.

Fyrst ég er staðinn upp get ég ekki annað en vakið athygli á aths. um fjárveitingu til landgrunnsrannsókna. Er ákaflega fróðlegt að lesa þá aths. Þar segir ósköp einfaldlega: „Landgrunnsrannsóknum er lokið.“ Ég hafði ekki heyrt þetta fyrr en ég sá fjárlagafrv., og kemur þar enn fram stefnumörkun hjá fjárlagastofnun sem þeir, sem að rannsóknum vinna, hafa ekki minnstu hugmynd um. Landgrunnsrannsóknir eru að hefjast, þeim er ekki lokið. Það er aðeins verið að ljúka fyrsta áfanga. En því virðist þetta sett þarna fram, að hagsýslustofnunin skar burt 5 millj. til landgrunnsrannsókna, sem menntmrn. lagði til að veittar yrðu, og skýrir það með því að landgrunnsrannsóknunum sé lokið, svo einfalt er málið. Ég vil eindregið leggja til, eins og ég hef farið fram á við fjvn., að þetta verði tekið inn, þannig að landgrunnsrannsóknum verði áfram haldið. Það þarf að endurskoða skipulag þeirra og það er í gangi. En ef þetta fellur niður kemur í eyða sem getur orðið til tjóns. Í þessum rannsóknum, sem nú eru í gangi, er m. a. verið að undirbúa kortlagningu af hafsbotninum, sem við eigum enga. Ef við þurfum að leita að slíkum kortum verður að fara til þjóðverja og breta, en slík kort eru ákaflega mikilvæg fyrir fiskveiðar okkar Íslendinga.

Ég vil einnig nota tækifærið og geta þess að ég hef lagt til við fjvn. að framlag til byggingasjóðs rannsóknastofnana í þágu atvinnuveganna verði hækkað um sem nemur 5.2 millj. kr. Fjárveiting til byggingar Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins var áætluð 26.8 millj. kr. í s. l. júní. Nú er þetta allt orðið hækkað og er áætlað nú 32 millj. kr. Það er til einskis að veita ekki fulla fjárveitingu. Það eru allir sammála um að ljúka beri við þessa byggingu, og til þess þarf, eins og ástatt er í dag, 32 millj. kr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég reiknaði ekki með að þurfa að taka hér til máls aftur, en hæstv. samgrh. varð þess valdandi, og ég vildi mjög gjarnan að hann væri við þegar ég flyt mitt mál hér, ef hæstv. forseti vildi gera ráðstafanir til þess. (**Forseti:** Já, ég skal gera það. — Ráðh. kemur innan tíðar.) Þakka fyrir. Nú, ef stutt er þangað til hæstv. ráðh. kemur, þá er kannske rétt að víkja aðeins að því, sem hér kom fram. — Já, hæstv. ráðh. er þá kominn í salinn.

Ég gat þess fyrr í dag í sambandi við tillöguflutning minn að því er varðar hafnamál og flugvallamál, að hér væri um svo brýn verkefni að ræða að það yrði ekki hjá því komist að láta á það reyna hér í þinginu hvort þessi mál næðu fram að ganga. Ég vék einnig að Hafnabótasjóðnum, og hæstv. samgrh. fann sig til þess knúinn að gera bar aths. við eða veita upplýsingar eða leiðrétta. Það er allt rétt sem var haldið fram í dag um að enn hafi engar lánveitingar átt sér stað úr Hafnabótasjóði. Hins vegar upplýsti hæstv. ráðh. að bréf hefði verið sent í dag til fjvn. þar sem, að ég hygg, gerðar eru till. um lánveitingar úr Hafnabótasjóði. Það má kannske segja um þetta: Seint koma sumir, en koma þó,

Að því er varðar Atvinnuleysistryggingasjóðinn, þá dreg ég í efa að það sé rétt hjá hæstv. ráðh., — ég skal ekki fullyrða það, en ég dreg sterklega í efa að það sé rétt að það hafi ekki verið fyrir hendi sú lánveiting sem Atvinnuleysistryggingasjóður ætlaði að láta af hendi rakna til Hafnabótasjóðs, fyrr en í þessum mánuði. Ég man ekki betur en að vita- og hafnamálastjóri hafi upplýst það á fundi í fjvn., sennilega í sept. s. l., að það væri fyrir hendi lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði til Hafnabótasjóðs. Sé þetta rangt hjá mér og hæstv. ráðh. geti hrakið þetta, þá skal ég að sjálfsögðu kyngja því, en ég dreg þó sterklega í efa að það sé rétt sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan.

Hæstv. ráðh. vék sérstaklega að þeim brtt., sem ég ásamt öðrum hv. þm. stend hér að í sambandi við hafnamálin svo og flugmálin, og hann lét í ljós, sem ég er nú nokkuð undrandi á, að hann teldi að það væri nokkuð vel fyrir hafnamálum séð í því fjárlagafrv. sem hér er verið að ræða, þótt það blasi við að í þessum mikilvæga málaflokki sé hreinn niðurskurður yfir 20%. Ég tek ekki undir með hæstv. ráðh. þegar hann segir þetta, og mér finnst það heldur neikvætt að slík yfirlýsing skuli koma frá hæstv. ráðh., þar sem hann er þó þm. dreifbýliskjördæmis og útgerðarkjördæmis að nokkuð verulegu leyti. En vel má vera að hann telji að vel hafi verið séð fyrir því kjördæmi.

Hann sagði að ég hefði fullyrt hér í dag að Vestfirðir færu illa út úr þessum fjárveitingum sem nú er um talað. Ég nefndi engin nöfn í því sambandi. Ég sagði að finna mætti landshluta með þessum niðurskurði, og hæstv. ráðh. hefur þá sjálfsagt gengið sjálfur úr skugga um hver sá landsfjórðungur er, eftir því sem hann talaði hér áðan.

Ég ætlaði að víkja hér sérstaklega að tveimur þáttum í hafnamálunum, þ. e. a. s. annars vegar í sambandi við Ísafjörð og hins vegar í sambandi við Súðavík. Hæstv. ráðh. sagði, að það lægi ekki fyrir hvað gera ætti í Súðavík í sambandi við hafnarframkvæmdir. Ég lýsti því yfir í dag, að fyrir ári, þegar verið var að ræða um skiptingu á fjárveitingu til hafna, hefði verið upplýst af vita- og hafnamálastjóra, að þá lægi ekki fyrir nógu greinagóð till. um það sem gera ætti, þannig að það væri í reynd raunverulegt að veita fé til hafnarframkvæmda í Súðavík nú á þessu ári. Hins vegar var vitað þá og það er vitað enn í dag að það er hægt að framkvæma þá hluti á árinu 1975, sem við erum hér að tala um. Það er því ekki rétt að það þýði ekki á árinu 1975 að veita fé til hafnarframkvæmda í Súðavík. Það verkefni, sem við erum um að tala og hæstv. ráðh. veit hvað er, það er hægt að vinna á árinu 1975. Ég hef hér í höndum bréf frá oddvita Súðavíkurhrepps, það bréf sem fjvn. barst að því er þetta varðar, þar sem er

sterklega undirstrikað af hálfu oddvita að þær framkvæmdir, sem þeir eru að biðja um á árinu 1975 og lofað var á s. l. hausti, fyrir ári, að yrðu framkvæmdar á árinu 1975, þær framkvæmdir eru frumskilyrði þess að hægt sé að gera þær nauðsynlegu umbætur, er til úrbóta þurfa að verða að því er varðar nauðsynlegustu hreinlætisaðstöðu í kringum fiskvinnslustöðina á Súðavík. Það stendur fyrir dyrum að hraðfrystihúsinu þar verði lokað vegna þess að það skortir á hreinlætisaðstöðu í umhverfi þess, og þessar framkvæmdir, sem við erum hér um að ræða eru frumskilyrði þess að það verði hægt að starfrækja frystihúsið áfram. Ef þessar framkvæmdir fást ekki, þá benda allar líkur til að hraðfrystihúsinu verði lokað. Ég trúi því ekki fyrr en á reynir, eins og ég sagði hér í dag, að hv. þm., hvað sem ráðh. líður, láti það spyrjast að það verði neitað að veita fé til þess mikilvæga verkefnis sem hægt er að færa sönnur á hversu mikilvægt er. Ég harma hins vegar það viðhorf hæstv. samgrh. að hann líti svo á að hér sé búið að loka öllum möguleikum til þess að fá breytingu eða hækkun á einhverjum þáttum í framkvæmdaliðum, þó að meiri hl. fjvn. sé búinn að skila till. eða fjvn. öll, hvernig sem menn vilja orða það, til 2. umr.

Ég minnist þess, þó að mín þingsaga sé ekki löng, að það hafa verið teknar til greina brtt., sem fluttar hafa verið hér á Alþ. við 2. umr. fjárl. í framkvæmdaliðum, og ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess að ætla, nema þá að nýjum vinnubrögðum eigi að beita, að ekki sé hægt að fá leiðréttingu mála hér í þinginu, þó að fjvn. öll eða meiri hl. hennar hafi gert sínar brtt. hér í þinginu.

Að því er varðar Ísafjörð, þá sagði hæstv. ráðh. að það lægi ekki fyrir áætlun um hvað gera ætti á Ísafirði. Ég hef hér í höndum bréf frá bæjarstjóra Ísafjarðar, sem skrifað er 28. ágúst s. l. og er stílað á Vita- og hafnamálastofnunina, þar sem fyrir liggur beiðni um röðun framkvæmda og mikilvægi þeirra sem þeir leggja höfuðáherslu á. Ég sagði í dag, að hér er um að ræða þá fjárveitingu, sem við erum að tala um til framkvæmda eða réttara sagt kannske til að ljúka framkvæmdum, sem búnar eru að vera í gangi í allmörg ár.

Ef hæstv. ráðh. hefur átt við það að ekki væri hér um tölusetta kostnaðaráætlun að ræða, þá get ég upplýst hann um, að ég hef fengið upplýsingar sem gera ráð fyrir því að þessi framkvæmd, sem við erum að tala um, muni kosta um 8 millj. kr. Ég tel því að það skorti ekkert á að hægt sé að ljúka þessum þætti þessara framkvæmda, nema þá ef það verður skortur á vilja hæstv. ríkisstj. eða þingmeirihluta til að veita fé til framkvæmdanna. Það verður þá það sem á skortir.

Hæstv. ráðh. vitnaði í að það mundi verða lögð hér fram á Alþ. áætlun um hafnarframkvæmdir til 4 ára, á árunum 1975—1978, þar mundi hann beita sér fyrir því að þetta verk yrði tekið inn á fjárveitingu fyrir árið 1976. Nú má vel vera að þessi áætlun verði lögð fram hér á Alþ. Þessi áætlun, sem hæstv. ráðh. er að tala um, var eftir því sem ég best veit, send út frá Vita- og hafnamálastofnuninni síðari hluta nóv., og þá áttu sveitarstjórnir eða hafnarstjórnir úti um allt land að vera búnar að skila till. fyrir 7. des. Þessir aðilar áttu að hafa ca. hálfan mánuð til þess að skila sínum brtt. eða sínum athugasemdum við þá áætlun sem verið er að gera í framkvæmdum um hafnamál til 4 ára og það á tíma sem verið er að vinna að afgreiðslu fjárl. og fjárveitingum til fyrsta árs á þessari 4 ára áætlun. Enda ber þessi áætlun, sem ég hef að vísu ekki séð í heild, en sá að lá hér á borði eins hv. þm. áðan, það með sér. Ég hef að vísu fengið um það upplýsingar, að mér sýnist að það, sem þar er gert ráð fyrir á hinum ýmsu stöðum á landinu, sé að miklum meiri hluta af upphæðum til framkvæmdanna sett á síðari hluta áætlunartímabilsins. Ég fyrir mitt leyti tel, að a. m. k. við vestfirðingar höfum þá reynslu af áætlanagerð í hafnamálum, og mætti nefna fleiri málaflokka, að við leggjum ekki afskaplega mikið upp úr því þó að okkur séu sýndar tölur um svo og svo háar upphæðir sem fara eigi til hafnamála á Vestfjörðum árið 1977 eða 1978. Við höfum ekkert fast land undir fótum, þó að þessi áætlun verði lögð hér fram á Alþ., höfum enga vitneskju um hvort staðið verður við það sem í þessum plöggum er sýnt. Ég fyrir mitt leyti dreg stórlega í efa að svo verði með tilliti til þess loforðs sem Súðavíkurhreppur fékk fyrir rúmu ári, þegar honum var gefið vilyrði fyrir því að það yrði tekin upp fjárveiting til framkvæmdanna á árinu 1975, en það á nú að svíkja. Ég verð því ekkert mildaður þó að fram komi hér á Alþ. áætlun um hafnarframkvæmdir til 4 ára, þar sem langsamlega mestur hluti framkvæmdamagnsins er settur á síðasta ár framkvæmdanna.

Þá sagði hæstv. ráðh. að það ætti að gera það sem fært þykir í Bolungarvík. Ekki held ég nú að flokksbræður hæstv. ráðh. á þeim stað séu sammála honum í þessum efnum. Ég vék ekki einu orði að Bolungarvík hér í dag, og ég skal ekki fjölyrða mikið um það mál. En ég vil þó segja það að höfuðáhersla af þeirra hendi, heimamanna, var á það lögð að fá dýpkun í höfninni á árinu 1975 til þess að hægt væri að koma hinu nýja skipi, skuttogara þeirra, sem koma mun upp úr n. k. áramótum, inn í höfnina og hægt yrði að hafa hann þar þannig að hann gæti landað við bryggju. Þetta voru þeirra höfuðkröfur, en það hefur tekist að fá hækkað framlag til hafnarframkvæmda í Bolungarvík úr, að ég held, 4.2 millj. upp í 9.2. En það er víðs fjarri því að þessi hækkun á fjárveitingu leysi neitt það brýnasta verkefni sem þeir heimamenn þar voru um að tala, en ég skal ekki frekar víkja að því.

Þá er það í sambandi við flugvöllinn, og ég fagna því að sjálfsögðu að hv. 2. þm. Vestf. skyldi lýsa yfir stuðningi við það mál hér áðan. En mér fannst vanta á og ég vona að hann hafi gleymt því að lýsa jafnframt yfir stuðningi við þær brtt. sem við stöndum að að því er varðar hækkaðar fjárveitingar í hafnamálum til þessara staða sem við erum nú að tala um. Það þarf ekki síður stuðnings við heldur en flugvallamálið. Ég vænti þess fastlega að bæði hann og aðrir hv. þm. stjórnarliðsins úr Vestfjarðakjördæmi standi við bak okkar í þessum efnum, ekki bara í flugvallamálinu, heldur í hafnamálunum líka.

Ég veit ekki hvort hv. alþm. hafa tekið eftir því í sambandi við skiptinguna á flugvallafénu, að það eru veittar heilar 5 millj. til flugvallagerða í Vestfjarðakjördæmi. Ég þykist vita að þeir stjórnarliðar úr Vestfjarðakjördæmi séu ekki ánægðir með þessa afgreiðslu, og það er kannske næsta spurningin hversu miklu þeir geta áorkað til breytinga í þessum efnum. Ég benti á það hér í dag í sambandi við Ísafjarðarflugvöll, að þar er um að ræða framkvæmd sem átt hefur að vinna í áraraðir, en alltaf verið borið einhverju við. Mér finnst það ekki ofrausn þó að farið sé fram á það að veittar séu á fjárlögum ársins 1975 20 millj., þ. e. a. s. 25 millj. til Vestfjarða í uppbyggingu flugvalla í því kjördæmi.

Þegar hæstv. ráðh. talar um að búið hafi verið að ganga frá skiptingu í flugmálum, þegar Vestfjarðaþm. töluðu við hann, þá gengur enginn frá skiptingu í flugmálum annar en fjvn. og Alþ. Hafi einhverjir aðrir aðilar verið búnir að ganga frá þeim málum áður en þau komu til fjvn. og þá til Alþ., þá eru það rangir aðilar sem hafa gengið frá þeirri skiptingu. Það er mál fjvn. og Alþ. að ganga frá því. Sú mótbára fellur því um sjálfa sig. Hér er æðsta valdið í skiptingu fjármunanna, þ. e. Alþ. sjálft. Ég vil vona að hæstv. samgrh. skipti um skoðun í þessum efnum og láti víðsýni og réttlæti vísa sér veginn að því er varðar undirtektir undir þessi mál okkar vestfirðinga.

Hann vék að því, að hann væri ekki til þess líklegur að taka stór stökk ár eftir ár, til þess væru aðrir menn líklegri hér á Alþ. En ég verð þó að segja hæstv. samgrh. það til hróss, að hann sem fyrrv. fjmrh. átti hlut að því að gerðar voru til þess ráðstafanir að gjörbreyting varð á að því er varðaði fjármuni til hafnarframkvæmda í landinu frá því sem var áður og ekki bara frá fyrrv. ríkisstj., sem á undan var vinstri stjórninni, heldur og, að ég hygg, frá því sem verið hefur hjá öllum ríkisstj. sem verið hafa í landinu um árabil. Það var sannarlega þörf á því að taka til hendi að því er það varðaði. Þar átti hæstv. núv. samgrh. hlut að máli, og ég var að vona að hans stórhugur stæði lengur en bara þau 3 ár, sem hann var innan dyra vinstri stjórnar. Ég bjóst satt að segja ekki við því að það tæki ekki lengri tíma en 3 mánuði innan dyra hægri stjórnar að fá hæstv. samgrh. ofan af fyrri skoðun sinni, en það sýnist mér þó að hafi tekist að verulegu leyti.

Það má auðvitað taka hér inn í þær fjárveitingar, sem ætlaðar eru til landshafna. Ég er hér bara að tala um þær hafnarframkvæmdir sem eru greiddar að 75% af ríkishluta. Það væri auðvitað hægt að taka inn í þetta dæmi líka þær framkvæmdir í landshöfnum, sem áttu sér stað á fyrri árum, á árunum 1973 og 1974, en við erum ekki að tala um það hér. Ég sem sagt vona fastlega, þó að þunglega horfði í máli hæstv. samgrh. hér áðan, að hann standi við bak okkar dreifbýlismannanna úr þeim kjördæmum sem verst hafa orðið úti, mest þurfa á sig að leggja og við vestar aðstæðurnar búa í þessum efnum, standi við bak okkar og sjái til þess, að sjálfsögðu í góðu samstarfi við hæstv. fjmrh., að við þessum óskum okkar verði orðið.

En af því ég er kominn hér upp, þá ætla ég að víkja aðeins örfáum orðum að því sem hæstv. fjmrh. sagði hér fyrr í dag, þegar hann var að tala um það sukk og það ófremdarástand sem ríkt hefði í málum íslensku bjóðarinnar þegar vinstri stjórnin fór frá völdum og þegar þessi hæstv. ríkisstj., sem nú situr, tók við. Þar var allt um að kenna þeim samstarfsaðila hæstv. fjmrh. í núv. ríkisstj. sem bar höfuðábyrgðina auðvitað á fyrrv. ríkisstj. Það sukk, sem núv. hæstv. fjmrh. telur að verið hafi í fjármálum ríkisins í tíð fyrrv. ríkisstj., hlýtur að stafa að hans áliti fyrst og fremst af slælegri framkvæmd fyrrv. hæstv. fjmrh., sem er samráðh. hans í núv. ríkisstj. Mér finnst reyndar undarlegt að það skuli vera hægt að hlusta á það hér dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, að Sjálfstfl., hv. þm. hans og hæstv. ráðh., skuli núa þeim framsóknarmönnum um nasir að allt illt, sem Sjálfstfl. telur að hafi verið gert í tíð fyrrv. ríkisstj., sé kannske númer eitt samstarfsflokk þeirra í núv. ríkisstj. að kenna. Það er leitt til þess að vita og þurfa undir því að sitja og á það að hlýða, að enginn hv. þm. Framsfl. eða hæstv. ráðh. skuli bera blak af sínum aðilum, sem áttu þó hlut að og kannske báru höfuðábyrgð á fyrrv. ríkisstj., sem öll þessi gagnrýni og allar þessar skammir eru þó settar á. Mér finnst þetta leiðinlegt, ekki það að ég þurfi að vera að taka upp hanskann hér fyrir hv. þm. Framsfl., en ég er það brjóstgóður að ég finn til með þeim þegar svona er að málflutningi staðið, og mér finnst það langt gengið að ég finn mig eiginlega knúinn til þess að rétta þeim hjálparhönd, fyrst þeir sjá sér ekki fært að bjarga sér sjálfir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ef ég hefði haldið hér langa ræðu áðan sem í hefði verið einhver ádeila, þá hefði hv. 5. þm. Vestf. haft efni í langa ræðu, fyrst hann gat talað svona lengi með jafnmiklum ákafa um þær upplýsingar sem ég gaf. Það er afskaplega erfitt að deila við menn sem beita þeim orðatiltækjum einum, að andstæðingurinn fari með rangt mál, án þess að finna því nokkurn stað. Hv. 5. þm. Vestf. leyfði sér þó þetta og gerði mér upp alls konar orð sem ég ætla, þegar ég fæ ræðu mína prentaða og ræða hans kemur líka prentuð, að bera saman hvort rétt eru eftir höfð.

Ég hafði ekki hugsað mér að fara hér í deilur í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna nú. Hitt verð ég að segja hv. þm., að við skulum ekkert vera að þrefa um það hvenær afgreiðsla Atvinnuleysistryggingasjóðs var á hafnarlánabeiðni samgrn. Ég skal fá bókun af afgreiðslunni og lesa hana upp við 3. umr. Í sept. var hún ekki gerð. Hvort hún getur verið frá fundinum í nóv. eða fyrsta fundinum í des. skal ég ekki fullyrða, en fyrr var það ekki, því að ég hafði samband við nokkra úr stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að biðja um þessa afgreiðslu. Um það skulum við ekki þrefa, því að ég skal leggja það hér fram við 3. umr. þessa fjárlfrv.

Út af þessu Súðavíkurmáli mun hér á morgun verða útbýtt í hv. Alþ. skýrslu þeirri sem hefur verið gerð um hafnir á Íslandi, þar sem mun vera byggt á um framkvæmdir á árunum 1975—1978 og

till. um hafnarframkvæmdir á árinu 1975 var á þessu byggð. Þar segir svo um Súðavíkurbryggjuna: „Löndunarkantur, 50 m staurabryggja, 24 millj. Dýpkun með grafskipi, 5 þús. rúmmetrar, 10 millj. Samtals 34 millj. kr."

Það, sem þessi hv. þm. var hins vegar að fara fram á og hélt fram m.a. í umr. við mig s.l. föstudag, var stálþil sem ætti að gera þar. En þær upplýsingar, sem ég fékk hjá hafnamálastjórninni, verkfræðingi þeim sem hefur m.a. unnið þessa skýrslu, voru að það væri af mörgum talið og sér m.a. heppilegra að hafa staurabryggju heldur en gera stálþil, og uppfyllingin frá bryggjunni fram að stálþilinu eða staurabryggjunni breytist við það, hún yrði miklu styttri ef staurabryggjan yrði notuð. Að þessu leyti taldi ég málið óklárað eins og hann, það væri ekki framkvæmanlegt að ákveða sig með þetta fyrr en niðurstaða væri komin um hvort ætti að nota staurabryggju eða stálþil. Þetta vildi ég nú biðja hv. 5. þm. Vestf. að taka til athugunar og draga úr fullyrðingum sínum, þó að hann eigi eftir að tala hér oftar um þessa framkvæmd. Ég kann engin skil á því hverju hefur verið lofað um þessa framkvæmd á s.l. ári, en ég minnist þess ekki að ég hafi neitt slíkt loforð gefið.

Um Ísafjörð, sem hv. þm. var einnig að tala um, þar var talað um að fá steypta þekju, ganga frá vatnslögn og raflögn. Verkfræðingurinn sem ég talaði við, Bergsteinn Gizurarson, sagði að auðvitað yrði ekki gengið frá þessu fyrr en búið væri að gera stálþilið. Í hafnaráætluninni er það niðurrekstur og frágangur á stálþili, 60 m, og svo öðru, sem er 100 m, og svo bryggjan. Þegar þetta væri búið, þá væri hægt að ganga frá dekkinu, en það væri ekki hægt að byrja á því að byggja þakið, það yrði að byrja á veggjunum. Svo getur hv. 5. þm. Vestf. talað hátt og talað um að maður fari með tóm ósannindi. Hann getur leyft sér slíkan málflutning, ef það er að hans skapi. Ég læt mig það engu skipta.

Hitt verð ég svo að segja hv. 5. þm. Vestf., að ég fór í gærkvöld að lesa í Alþingistíðindunum frá í fyrra, m.a. úr fjárlagaumr. þá og einnig frá síðustu atburðum þingsins, áður en því lauk á s.l. vori. Ég veit ekki hvort þessi hv. þm. hefur meira til þess en aðrir hv. þm. hér í salnum að harma það að vinstri stjórnin skyldi ekki starfa áfram. Ég held að hann þyrfti að endurskoða eitthvað af sinni fyrri hugsun og sínum fyrri gerðum áður en hann leggur ríka áherslu á það.

Ég skal svo segja honum það, að ég mun hvar sem er og hvenær sem er verja mínar gerðir sem fjmrh. og ekki biðja á þeim afsökunar. Fyrst verður hv. 5. þm. Vestf. að gera sér grein fyrir að það verður hvorki í höfnum né öðrum framkvæmdum gert allt samtímis. En það, sem er mergurinn málsins, er í þeirri áætlun sem nú verður unnið að og verður lögð hér fyrir til afgreiðslu á hv. Alþ. eftir áramótin, þ.e. áframhald á þeirri uppbyggingu sem hafin var á þessu ári. Það er áframhald, einmitt þannig uppbyggt með jöfnum þunga, en ekki stillt inn á síðustu árin eins og hv. 5. þm. Vestf. vildi vera láta. Hann þarf í þeim efnum sem öðrum að gæta betur að raunveruleikanum en hann gerði í ræðu sinni áðan.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég stend hér að flutningi brtt. við fjárlfrv. Annars vegar er um að ræða brtt. á þskj. 153, sem þegar hefur verið mælt fyrir af hv. 5. þm. Vestf. og nokkrar umr. hafa spunnist hér út af, og hins vegar er um að ræða brtt. á þskj. 170, sem ég flyt ásamt hv. þm. Gils Guðmundssyni. Ég mun takmarka mál mitt hér við þessar till.

Ég vil fyrst fara örfáum orðum um þá brtt., sem ég er flm. að ásamt hv. 5. þm. Vestf. og hv. 8. landsk. þm. Þar er um að ræða, eins og komið hefur fram m.a. í þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar næst á undan, í fyrsta lagi till. um það að til hafnarframkvæmda í Vestfjarðakjördæmi verði varið 14 millj. kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlfrv. og brtt. meiri hl., hins vegar er till. um að 20 millj. kr. verði varið til flugvallarins á Ísafirði.

Ég tel að þetta séu ákaflega hógværar till., alveg sérstaklega hógværar. Það er rétt að menn hafi í huga í sambandi við hafnamálin í Vestfjarðakjördæmi það sem ég hygg að hafi ekki komið hér fram beint við umr. áður, að samkvæmt fjárlfrv. er um að ræða niðurskurð á framkvæmdamagni við hafnarframkvæmdir á Vestfjörðum frá fyrra ári um hvorki meira né minna en 50—60%. Við þessu væri að sjálfsögðu ekki ýkjamikið að segja ef verkefnum, sem mest aðkallandi eru, væri lokið eða u.þ.b. að vera lokið. En nú er þessu alveg þveröfugt farið. Þarna er um að ræða að fjöldinn allur af ákaflega brýnum verkefnum kallar að, og þau kalla alveg sérstaklega að nú með tilliti til þeirrar uppbyggingar skipaflotans sem átt hefur sér stað eins og öllum er kunnugt.

Ég hygg að til þeirra þm. Vestf., sem hér eru í hópi stjórnarþm., verði horft mjög af fólki á Vestfjörðum í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu nú varðandi hafnirnar. Geta þeir hv. þm., sem þar er um að ræða, ekki komið fram í sínum flokkum, stjórnarflokkunum, neinni leiðréttingu í þessum efnum? Það er ákaflega slæmt ef þeir eru ekki þess megnugir.

Þessi till., sem flutt er í sambandi við hafnamálin, snertir annars vegar Súðavík og hins vegar Ísafjörð, eins og hér hefur verið rætt um, og ég lít á hana í raun og veru aðeins sem minni háttar tilraun til að vita hvort ekki sé hér hægt að hreyfa hið allra minnsta, ekki einu sinni það. Hæstv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, segir í sinni ræðu hér áðan að varðandi hugsanlega fjárveitingu til hafnarinnar í Súðavík, þá sé málið þannig statt að það hafi ekki neinn tilgang að hugsa sér fjárveitingu til þeirrar ákveðnu uppfyllingar sem þarna er um að ræða, og við höfum í okkar till. gert ráð fyrir að veitt væri fé til, vegna þess að það væri óútkljáð hvort þarna ætti að koma staurabryggja eða stálþil og gerð þessarar uppfyllingar muni ráðast af því. Ég vil svara þessu með því að halda því fram að það ætti að vera ákaflega auðvelt að ganga frá ákvörðun um þetta áður en næsta ári lýkur, hvort komi staurabryggja eða stálþil, þannig að slík fjárveiting sem við leggjum til, kæmi að fullu gagni. Og ég er alveg sannfærður um að það þýddi ekki að bjóða heimamönnum í Súðavík upp á þessa ástæðu fyrir því að ekki megi veita það fé til þessarar hafnar sem þeim hafði verið lofað mjög

ákveðið á síðasta ári, en ekki var þá staðið við og á að taka af þeim aftur nú.

Ég vil ekki gerast langorður um þessi efni, — það er búið að mæla fyrir þessum till., — ég vil aðeins undirstrika það varðandi flugvöllinn á Ísafirði að þar er einfaldlega um það að ræða að þau tæki sem geta unnið það verk sem ætlast er til að unnið verði, malbikun á flugvellinum, verða til staðar á Ísafirði á næsta ári, en ekki á þar næsta ári. Það er vegna almennra malbikunarframkvæmda í sambandi við gatnagerð á vegum sveitarfélaganna á Ísafirði og í nágrenni. Ég sé ekki annað en þar sem það er viðurkennt af öllum að þarna sé um nauðsynlega framkvæmd að ræða, sem hefur verið frestað á undanförnum árum vegna þess fyrst og fremst að tækin hafa ekki verið til staðar, þá sé ég ekki annað en það væri hreint glapræði ef ekki ætti að nýta þetta tækifæri nú til að vinna þessa framkvæmd. Og ég segi fyrir mig, að ég læt mér ekki duga það að hæstv. samgrh. gefi um þetta einhvern ádrátt, að það geti komið til mála að það verði reynt að gera þetta, en segi jafnframt að það sé ekki hægt að fallast á að fjárveiting í þessu skyni verði sett inn á fjárl. Það eru þó þrátt fyrir allt fjárl. og þau ein, sem eiga að skera úr um það hvaða framkvæmdir sé ráðist í og hverjar ekki. Ég vil því mælast til þess mjög eindregið, að menn hugleiði hvort ekki séu svo gild rök fyrir þessari till. að á hana beri að fallast. Von mín er sú að fjvn. skoði þetta mál, áður en til 3. umr. kemur, og einnig varðandi hinar till. sem við flytjum á þskj. 153.

Ég vil þá snúa mér að brtt. á þskj. 170 sem ég flyt hér ásamt hv. 3. þm. Reykn. Þessi brtt. lýtur að lið á bls. 32 í fjárlagafrv., þar sem lagt er til í fjárlagafrv. að 12 millj. kr. skuli varið til íslenskra rithöfunda og höfunda fræðirita vegna útgáfu frumsaminna verka, enda verði settar sérstakar reglur um úthlutun fjárins. Till. okkar er sú að þessi liður hækki úr 12 millj. í 18 millj. Hér er á ferðinni mál sem á sér alllanga sögu, og ég ætla nú ekki að rekja hana ítarlega, en hlýt að rifja nokkuð upp það sem áður hefur gerst.

Vorið 1972 var samþykkt hér á Alþ., ég hygg einróma, till. sem var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing till. um að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun eftir reglum sem samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félög rithöfunda.“

Þessi till. var samþ. vorið 1972. Áður hafði rithöfundaþing, sem haldið var 1969, sett fram þá kröfu sem þarna var verið að samþykkja á Alþ., þ. e. a. s. þá kröfu að söluskattur af bókum rynni til höfundanna sjálfra, en yrði ekki notaður í aðrar þarfir. Þetta var á sínum tíma rökstutt með því að væri litið til annarra listgreina en bókmennta, þá væri þar ekki um söluskattsheimtu að ræða af hálfu ríkisins. Í hópi listamanna þjóðarinnar væru það í raun rithöfundarnir einir sem þetta væri lagt á, að ríkið heimti söluskatt af þeirra verkum. Alþ. féllst á þetta sjónarmið og þessi till. var samþykkt.

Næst gerðist það í málinu, að þegar að fjárlagaafgreiðslu kom næsta haust eftir að þessi till. var samþ., þá voru settar inn á fjárlög — það voru fjárlög ársins 1973 — 12 millj. kr. í þessu skyni sem gert var ráð fyrir í till. sem ég minnti á hér áðan og las upp. Þessar 12 millj. voru að vísu ekki nema nokkur hluti af söluskatti af bókum, sem upphaflega till. hafði í raun og veru gert ráð fyrir að rynni allur til rithöfunda. Það var áætlað þá að söluskattur af frumsömdum bókum hefði verið árið 1972 milli 21 og 22 millj., en ef þýddar bækur væru teknar með, þá milli 38 og 39 millj. En 12 millj. voru sem sagt settar inn á þennan ákveðna lið fjárl. Síðan gerðist það í málinu, að menntmrn. skipaði sérstaka n. þann 16. jan. 1973 til þess að semja reglur um úthlutun þessa fjár samkv. þáltill., og þessi n. hefur sett ákveðnar bráðabirgðareglur sem nú eru í gildi í þessum efnum, en vinnur áfram að varanlegri reglugerð. Á fjárl. þessa árs, sem nú er að líða, voru aftur ákveðnar þessar sömu 12 millj. til rithöfunda á þessum lið. Það var að sjálfsögðu enn fjær því að nema þeirri upphæð sem samsvaraði söluskatti af bókum heldur en árið áður. En nú standa málin þannig við 2. umr. fjárl. ársins 1975 að það eru enn í fjárlagafrv. aðeins þessar sömu 12 millj. óbreyttar. Ég hygg, að ef menn líta á það hver söluskattur af bókum væri í dag, sem var 21—22 millj. 1972, og hvað hann yrði á næsta ári, þá er á það að líta, að það er ekki aðeins að bókaverð hafi stórhækkað eins og allt annað verðlag í landinu, heldur hefur söluskattsstigunum einnig fjölgað verulega. Það munu vera ein 6 stig, svo að ekki sé talið með viðlagasjóðsgjaldið sem eðlilegt er að halda þarna utan við, og ég hygg, að það sé ekki fjarri lagi að áætla mætti söluskatt af bókum næsta ár og þá eingöngu frumsömdum bókum íslenskra höfunda ekki lægri en 70—80 millj. kr.

Nú hefur Alþ. árið 1972 samþ. ákveðna till. um að þetta fé skuli renna til rithöfunda. En þá er spurningin þessi: Vilja menn fara þannig með þessa samþykkt Alþ., sem gerð var á sínum tíma, að halda sig enn þá einu sinni við það að talan skuli ekki hreyfast, vera áfram eingöngu þessar 12 millj. Í till. okkar hv. 3. þm. Reykv. er lagt til, að hún hækki upp í 18, aðeins um 50%. En það hefur reyndar gerst ýmislegt meira í sambandi við þetta ákveðna mál. Hér var lagt fram á Alþ. s. l. vor ákveðið frv. frá þáv. hæstv. ríkisstj. Þetta var stjfrv. um Launasjóð rithöfunda. Það var sama málið og ég er hér að tala um sem þar var á ferð. Þetta frv. var samið af þeirri n. sem hæstv. fyrrv. menntmrh. hafði skipað til þess að semja reglur samkv. þál. frá 1972, reglur um úthlutun. Það var sú n. sem samdi þetta frv., og það er rétt að láta þess getið að hæstv. núv. iðnrh. átti m. a. sæti í n. sem þetta frv. samdi, og ég hygg að við hljótum því að líta svo á að hann sé þar meðal tillögumanna. Í þessu frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal Launasjóð íslenskra rithöfunda. Stofnfé sjóðsins skal vera 21.7 millj. kr. og greiðast úr ríkissjóði.“

Þarna er talan reyndar 21.7 millj. Það er talan sem samsvarar því sem áætlað var sem söluskattur af bókum næmi árið 1972. En í þessu frv., sem var lagt fram á s. l. vori sem stjfrv., segir áfram: „Fjárveiting samkv. 1. gr. skal í fyrsta sinn veitt

í fjárl. fyrir árið 1975.“ Það eru þau fjárlög, sem við erum nú að ganga frá. Og áfram segir: „Í fjárl. ár hvert skal sjóðnum síðan ætluð fjárveiting er nemi eigi lægri fjárhæð en að ofan greinir. Fjárhæðin skal endurskoðuð ár hvert við undirbúning fjárl. með tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara.

Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.“ Síðan: „Menntmrn. setji reglugerð um framkvæmd l. að höfðu samráði við félagasamtök rithöfunda, þar sem m. a. skal kveða á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum.“

Þetta frv., sem ég var hér að minnast á, fór til n. á sínum tíma og ég hef hér fyrir framan mig nál. frá menntmn. Nd. dags. 8. maí á þessu ári, og þar kemur reyndar fram að hv. menntmn. Nd. hefur öll verið sammála um að mæla með þessu stjfrv. hæstv. fyrrv. ríkisstj., — frv., sem hæstv. núv. iðnrh. var meðal höfunda að. Þarna er sem sagt gert ráð fyrir og talað um það alveg beint að á fjárl. ársins 1975 verði þessi ákveðna upphæð ekki 12 millj., heldur 21.7 millj. Frv. fékk ekki fullnaðarafgreiðslu á síðasta þingi með tilliti til þingrofs og þeirra aðstæðna sem þá voru uppi, en sú till. um 50% hækkun á þessum lið fjárl., úr 12 millj. í 18, sem ég flyt hér ásamt hv. 3. þm. Reykn., er tilraun til þess að fá úr því skorið hvort ekki sé hægt að fá um það hér samkomulag, sem raunar er búið að fallast á áður af fulltrúum allra þingflokka, að þarna verði gerð á nokkur leiðréttíng og íslenskir rithöfundar nái þeim rétti að fá í sinn hlut nokkru meira af söluskattinum, sem ríkissjóður hefur innheimt af þeirra bókum, heldur en hingað til hefur verið. — Ég hef lokið máli mínu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. og of seint fram komnar brtt. (sjá þskj. 153, 154, 162, 167, 170, 171 og 172) samþ. með 36 shlj. atkv.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Á þskj. 170 flyt ég ásamt hv. 6. landsk. þm., Guðmundi H. Garðarssyni, brtt. varðandi fjárveitingu til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna og fjárveitingu til sérstofnana Alþýðusambands Íslands. Ég skal ekki fjölyrða um þessar till., aðeins geta þess að Alþýðusambandið sendi fyrir miðjan maímánuð á þessu ári umsókn til félmrn. um hækkun á þessum liðum og raunar nokkrar aðrar till. varðandi fjárl. og verkalýðssamtökin, en það virðist sem þessar till. Alþýðusambandsins um beiðni hafi stöðvast við fyrstu þröskulda í stjórnarráðinu og ekki komist lengra.

Þær till., sem hér eru fluttar, miðast einvörðungu við það að þeir liðir, sem hér um ræðir, haldi nokkurn veginn verðgildi sínu miðað við það sem þeir voru s. l. ár, — miðast ekki við þær till., sem Alþýðusambandið gerði í vor, heldur einvörðungu við það að þessir liðir lækki ekki í verðgildi.

Það sem hér er um að ræða, er í fyrsta lagi bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna, en þetta er búið að vera á fjárl. nokkur ár og ég þarf ekki að fara mörgum orðum um hve nauðsynleg fjárveiting þetta er. Verkalýðsfélögin hafa á síðustu árum ráðist í myndarlegt átak til þess að koma upp orlofsbúðum fyrir verkafólk, og hefur það orðið til þess að margir þeir, sem ekki hafa haft möguleika til að nýta orlofsdvalir á viðunandi hátt, hafa nú getað veitt sér slíkt, en þó í allt of litlum mæli. Nú er þannig ástatt, að allmörg orlofshús eru í byggingu og aðrar byggingarframkvæmdir eru fyrirhugaðar. Má þar t. d. nefna, að í Vestfirðingafjórðungi, þar sem engar slíkar orlofsbúðir eru, er fyrirhugað að byrja á þeim á næsta ári. Nokkur undirbúningur hefur átt sér stað, búið að ákveða þeim stað og undirbúningi langt á veg komið. Ég ætla ekki að eyða tíma í að skýra fyrir mönnum hve mjög þýðingarmikið mál þetta er. Ég veit að hv. alþm. skilja það.

2. brtt. okkar er varðandi fjárveitingu til *Menningar- og fræðslusambands alþýðu*. Þessi stofnun, sem er tiltölulega ung innan verkalýðssamtakanna, hefur notið nokkurrar fjárveitingar, og eru henni í því frv., sem fyrir liggur, áætlaðar 2.5 millj., en við leggjum til, að það verði hækkað í 3.5 millj. og verði þá að verðgildi svipað og nú er. Það, sem hér er um að ræða, er fræðslustarfsemi Menningar- og fræðslusambands alþýðu, en það hefur á allra síðustu árum haldið uppi allvíðtækri fræðslustarfsemi, sem fyrst og fremst miðast við að mennta forustumenn og trúnaðarmenn verkalýðsfélaga. Ég held, að það sé augljóst, jafnþýðingarmiklu hlutverki og verkalýðsfélögin gegna í okkar þjóðfélagi, sífellt vandasamari störfum sem trúnaðarmenn þessara félaga verða að inna af höndum, að þá sé ákaflega nauðsynlegt einmitt að þeir séu sem allra bestri þekkingu búnir í þeim störfum sem þeir þurfa að vinna. Og það er ekki hvað síst nauðsynlegt að unga fólkið, sem kemur og tekur við af hinum eldri, hafi möguleika til þess að afla sér þeirrar fræðslu sem nauðsynleg er til þess að geta sinnt þessum störfum. Í raun og veru ætti að mínu viti þessi fræðslustarfsemi að vera einn þáttur í skólakerfi okkar, og hefur oft verið flutt frv. þar að lútandi, og vonandi verður það að veruleika áður en langt um líður.

3. till., sem við flytjum, er varðandi alþýðuorlof, en það er mjög ung stofnun innan Alþýðusambandsins, — stofnun, sem hefur unnið að því að greiða fyrir orlofsferðum verkafólks aðallega, bæði innanlands og utan. Þetta er stofnun sem hefur nú orðið æðimikið umfangs, og má m. a. geta þess, að tvö undanfarin ár hefur þessi stofnun rekið orlofsdvalarheimili við Héraðsskólann í Reykholti. Það hófst á árinu 1973, þegar orlofsheimilin í Ölfusborgum voru ekki tiltæk fyrir það fólk sem þar hefur dvalið á sumrin í orlofi, en eins og allir vita lánuðu eigendur Ölfusborga þau húsakynni til þess fólks sem varð að flýja eldana í Vestmannaeyjum. Þessi rekstur í Reykholti hefur orðið mjög vinsæll, og ég held að það væri mjög nauðsynlegt að færa þá starfsemi út, en orlofsdvalirnar, hvort sem er um slíka staði eins og héraðsskólana að ræða eða orlofsheimilin, þetta er það dýrt, að það er ekki hægt að selja fólki dvalir á því verði sem það raunverulega kostar. Verkalýðsfélögin standa undir stórum fjárhagsbyrðum varðandi þessa starfsemi, og er áreiðanlega ekki nema réttmætt að ríkið komi

þarna ofurlítið til móts. Hér er um smáupphæð að ræða, það er ein millj. í fjárlagafrv., en við leggjum til, að það hækki upp í 1.5 millj. Eins og ég sagði virðast þessi mál hafa einhvers staðar lent á milli og ekki komist alla leið til fjvn., og það er von okkar að þessi atriði verði tekin til athugunar fyrir 3. umr. fjárl.

Eyjólfur Sigurðsson: Herra forseti. Ég flyt ásamt tveimur öðrum þm., Jóni Arm. Héðinssyni og Sighvati Björgvinssyni, nokkrar brtt. á þskj. 172, en þær brtt. eru flestar við kafla í fjárl., sem nefnist Ýmis framlög til einstaklinga, heimila og samtaka. Þessar till., sem við erum með hér, eru flestar til stuðnings félagasamtökum, sem fást við líknarmál og eru í flestum tilfellum stofnuð af einstaklingum og áhugamönnum um viðkomandi vandamál ákveðinna sjúklinga.

1. brtt., sem við flytjum, er í sambandi við Styrktarfélag fatlaðra, Sjálfsbjörg. Í till. meiri hl. fjvn. er gert ráð fyrir að styrkur til Styrktarsjóðs fatlaðra, sem er fyrst og fremst byggingarstyrkur, sé 3.3 millj., en við mælumst til þess, að þeirri upphæð verði breytt í 4.5 millj. Eg hef hér í höndunum afrit af bréfi frá Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra, — bréfi, sem sent var til fjvn. Alþ. og mig langar — með leyfi forseta — að lesa örstuttan kafla úr til þess að skýra fyrir þm. hversu mikilvægt mál hér er á ferðinni og hversu nauðsynlegt er að fjárframlag til þessara samtaka sé hækkað, en í bréfinu segir:

„Við leyfum oss hér með að fara þess á leit við hv. fjvn. Alþ., að fjárveiting sú til Styrktarsjóðs fatlaðra, sem oss er ætluð á fjárl. fyrir árið 1975, verði hækkuð úr 3.3 millj. í 4.5 millj. kr. Sem forsendur fyrir þessari beiðni viljum við minna á, að hv. Alþ. samþykkti árið 1962 lög um tekjustofn til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, þ. e. 3 kr. af hverju kg hráefnis til sælgætisgerðar. Þessi lög voru sett til 10 ára eða ársins 1972. Þau fengust ekki framlengd vegna áætlana stjórnvalda um einföldun skattakerfisins. Samtökunum hefur hins vegar verið úthlutað styrk s. l. tvö ár, sem að vorum dómi er allt of lágur, sé miðað við þá heimild, sem lögin veittu, og þær miklu verðhækkanir undanfarinna ára. Umrædd fjárveiting er hinn eini fasti tekjustofn sem samtökin geta treyst á, en innan vébanda þeirra eru nú 13 félög og félagsmenn nálægt 1300. Það er því í mörg horn að líta, þar sem þetta fé rennur jafnt til eflingar margvíslegri starfsemi hinna einstöku deilda úti á landi og til framkvæmda landssambands Sjálfsbjargar í Reykjavík."

Það kemur sem sagt fram í þessu bréfi, að þeir fjármunir, sem samtökin byggðu fyrst og fremst á, voru skattur af hráefnis kg til sælgætisgerðar. En eins og kemur fram í bréfinu, þá var hann til 10 ára og þau misstu af þeirri tekjuleið 1972. Frá þeim tíma telja þessi samtök að þau hafi misst hlutfallslega allmikið fé úr sínum rekstri vegna þess að það, sem fjárlög hafa áætlað þeim, er hlutfallslega miklu minna en þau fengu úr fyrri fjáröflun, sem þau fengu af þessu sælgætiskg eða hráefni í sælgætisgerð.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa brtt., en sný mér að öðrum, sem við erum með hér og eru við sama kafla, eins og ég gat um í upphafi.

Ég minnist hér á barnaheimilið Sólheima í Grímsnesi, en samkv. áætlun í fjárlagafrv. er tillagið mjög rausnarlegt — eða hitt þó heldur, 65 þús. kr., en það er sem svarar mánaðarlaunum einnar fóstru á því heimili. Við leggjum til að þessu 65 þús. kr. framlagi verði breytt í 300 þús.

Sama má segja um fávitaheimilið í Skálatúni. Það er reiknað með 65 þús. kr. fjárframlagi til þeirrar stofnunar en við viljum hækka það í 300 þús.

Geðverndarfélagi Íslands eru áætlaðar 75 þús. kr., en við viljum mælast til að það verði 300 þús.

Tjaldanesheimilinu eru áætlaðar 200 þús., en við óskum eftir hækkun í 400 þús. kr.

Styrktarfélagi vangefinna eru áætlaðar 100 þús., en við mælumst til þess að sú tala verði hækkuð í 300 þús.

Öll þessi félög og stofnanir hafa það sameiginlegt að vera stofnuð af áhugafólki, fyrst og fremst aðstandendum sjúklinga, sem þurfa á þessar stofnanir, eða sjúklinga, sem ekki hafa komist þangað, en þyrftu þangað að komast. Það starf, sem unnið er af sjálfboðaliðum og einstaklingum, sem leggja mikla vinnu á sig til að halda þessum stofnunum gangandi eða til að afla á margvíslegan hátt fjármuna til rekstrar þeirra, — það starf hefur oft og tíðum ekki verið mikils virt, en er mikils virði, þegar ríkisvaldið treystir sér ekki til að halda slíkum stofnunum gangandi með fjárframlögum úr ríkissjóði. Það nálgast því að mínu mati að vera móðgun við þá aðila sem starfa við þessi félög, að fjárframlög til þessara heimila skuli vera frá 65 þús. og upp í 75 þús., sem eru laun eins starfsmanns í einn mánuð í flestum tilfellum.

Það er stundum talað um það, að okkur sé nauðsynlegt að hafa sinfóníuhljómsveit, að hafa þjóðleikhús, til þess að geta talist vera búsett eða íbúar í menningarþjóðfélagi. En er það menningarþjóðfélag sem lætur slíka þegna eiga sig að mestu leyti og ýtir þeim fram hjá sér ár eftir ár þegar talað er um fjárlög á Alþ. og talað um fjárveitingar til hinna ýmsu stofnana í þjóðfélaginu? Ef það er nauðsynlegt til þess að kallast menningarþjóðfélag að styrkja Þjóðleikhúsið með 128 millj., Sinfóníuhljómsveitina með 27 millj., þá er ástæða til þess að þessi heimili, sem ég minntist á áðan, fái ekki 65 þús., heldur hundruð þús., ef ekki millj., til þess að þeir borgarar, sem þessi félög vernda, fái viðunandi starfsskilyrði og þessir sjúklingar verði ekki hornrekur í þjóðfélaginu ár eftir ár og gleymdir, ekki bara af einstaklingum í þjóðfélaginu, heldur því miður einnig af hinu háa Alþ.

Það eru fleiri brtt., sem við erum með hér, sem fjalla um þennan sama kafla í fjárl., en eru ekki um líknarfélög.

Það er till. okkar að framlag til Neytendasamtakanna, sem reiknað er með að sé 250 þús., verði hækkað í 550 þús. Það er staðreynd, sem þarf í sjálfu sér ekki að rökræða hér lengi, að neytendasamtök hafa a. m. k. í nágrannaþjóðfélögum okkar reynst mikill og góður vettvangur fyrir hinn almenna neytanda til þess að berjast fyrir rétti sínum, fylgjast með verðhækkunum og hafa ýmislegt gott af í sínu daglega

lífi. Neytendasamtök á Íslandi hafa því miður ekki reynst eins og þau ættu að vera, ekki eins sterk samtök og þau skyldu vera fyrir neytendur, því miður. En að ætla þeim 250 þús. kr. í rekstur er að mínu mati og okkar flm. fyrir neðan allar hellur. Í slíku verðbólguþjóðfélagi sem við höfum mátt búa við undanfarin ár er nauðsynlegt að neytendur hafi samtök og það sterk samtök, eins og ég sagði áðan, til þess að fylgjast með verðbólguþróuninni, fylgjast með vöruverði og sjá um, að þeir séu ekki hlunnfarnir í verslun eða viðskiptum. 550 þús. kr. af hálfu ríkissjóðs til Neytendasamtakanna er í sjálfu sér lítil upphæð, en gæti þó verið hvatning til Neytendasamtakanna um að gera enn þá betur en þau hafa gert hingað til, og mætti því segja að slíkur styrkur væri fyrsta skrefið í þá átt að biðja um, að Neytendasamtökin verði í framtíðinni sterkari og áhrifameiri félagsskapur en þau hafa verið hingað til.

Ég reyndar minntist ekki á það áðan, þegar ég talaði um líknarfélögin, að í þessum brtt. er einn nýr liður við þennan sama kafla um framlög til einstaklinga, heimila og samtaka, þ. e. a. s. það er framlag til Félags fjölfatlaðra, en það er félag, sem stofnað var í fyrravetur af foreldrum fjölfatlaðra barna fyrst og fremst, en þau félagasamtök hafa reyndar starfað stuttan tíma, en voru stofnuð eingöngu vegna þess að hin fjölfötluðu börn, sem þetta fólk ýmist átti eða var aðstandendur að, höfðu hvergi inni, litla kennslu og litla möguleika yfir höfuð til þess að fá nokkurn framgang í sínu lífi, því að þau komust í flestum tilfellum ekki inn á neinar stofnanir og urðu að hafast við í heimahúsum, sem var hvorki þeim né þeirra aðstandendum til góðs og þess vegna gerðu foreldrar þessara barna tilraun til þess að bæta hag þeirra. Þess vegna förum við fram á það nú að Félag fjölfatlaðra fái 300 þús. kr. styrk á fjárl. til þess að bæta möguleika þeirra til frekari uppbyggingar náms eða aðstöðu og þjónustu við þessa borgara, og að Alþ. gleymi hvorki þessum né öðrum sem ég hef minnst á hér, sem eru sjúklingar í þessu þjóðfélagi, en hafa gleymst meira og minna hingað til.

Einnig förum við fram á það, að við bætist nýr liður og sá liður fjallar um bindindisstarfsemina í landinu, en eins og hefur komið fram hér í umr. um fjárlög, þá hefur verið minnst á það að áhugi manna hér á Alþ. hefur farið mjög vaxandi, sérstaklega í haust, fyrir áfengisvarnamálum. Er það góðs viti, og ég vil taka undir það. Við hvetjum til þess að áfengisvarnaráði verði úthlutað 500 þús. kr. til útgáfustarfsemi til þess að auka skilning manna á þessu vandamáli og reyna að fyrirbyggja það mikla böl sem nú ríkir í áfengismálum á Íslandi.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þessar brtt., en ég vil mælast til þess við hv. fjvn., að hún taki þessar brtt. okkar til yfirvegunar og hafi í huga það, sem ég ræddi áðan um þessa þjóðfélagsborgara sem orðið hafa undir og gleymst á undanförnum áratugum, þeir verði ekki enn einu sinni látnir sitja á hakanum, þegar við tölum um milljarða í alls konar framkvæmdir, — að slíkir sjúklingar og slíkt fólk, sem okkur ber að vernda sem hér sitjum á Alþ., það fólk verði ekki enn einu sinni út undan, en við sjáum veg okkar í því að styrkja það fólk til frekari hamingju og betri framtíðar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér tvær litlar, en mikilvægar brtt.

Sú fyrri er á þskj. 171 undir liðnum um byggingu sjúkrahúsa o. fl., þess efnis, að heilsugæslustöð á Kirkjubæjarklaustri hljóti 10 millj. kr. í stað einnar sem nú er í fjárl.

Saga þessa máls er sú, að á s. l. ári fengu Klausturmenn fjárveitingu að upphæð 1 millj. kr. til undirbúnings heilsugæslustöðvar. Það má með sanni segja að fólkið þar eystra hefur bæði notað tímann vel, sem síðan er liðinn, og svo peningana til þess að vinna að þessu áhugamáli sínu og að þeirra áliti lífshagsmunamáli. Þeir fengu arkitekt til að hanna og teikna smíði stöðvarinnar. Upp úr þessu verki hefur komið það, að sú teikning verður væntanlega notuð um land allt við gerð heilsugæslustöðva af stærðinni H 1. Þetta fólk var fyrst allra til að hafa öll sín gögn tilbúin, og eftir þessum gögnum munu allar aðrar stöðvar af sömu gerð verða hannaðar. Þeirra teikning er einfaldlega fyrsti liðurinn í stöðlun slíkra stöðva um land allt.

Þær stöðvar, sem smíðaðar kunna að verða annars staðar á landinu og nota þessar sömu teikningar, verða samkv. núv. fjárlagafrv. samt á undan þeim, ef ekki verður tekið tillit til þessarar hækkunarbeiðni. Lögin um heilsugæslu og uppbyggingu kerfis heilsugæslustöðva eru forsenda þess að læknar muni í framtíðinni fást til þess að vinna úti á landsbyggðinni, auk þess sem ein meginhugsun laganna var sú að bæta sem mest mátti verða og sem fyrst aðstöðu strjálbýlisins sem verst var sett. Aðstaðan á Klaustri er lítil sem engin. Vandamálið að fá lækna er sífellt erfiðara og meira brennandi, og vandinn við að halda lækni þar eystra leysist aðeins með því að fá þar viðunandi aðstöðu, sem þó verður sú minnsta sem gert er ráð fyrir í lögum í þessum efnum. Það er einmitt sú aðstaða, sem farið er fram á með þessari tillögugerð, og þó aðeins við 1. áfanga stöðvarinnar. Landfræðilega eru þeir á Klaustri illa í sveit settir í þessum efnum að því er snertir fjarlægðir frá lækningastofnunum. Þar á ofan bætist að oft er um mikil vandkvæði að ræða að komast vestur yfir hinn ógnvekjandi Mýrdalssand, sem er erfiður þröskuldur í samgöngum fyrir þá, sem búa austan hans. Þess vegna vofir læknisskortur nú yfir og þá verður illt í efni.

Svo að ég vendi nú mínu kvæði í kross vil ég vísa til ummæla hv. ráðuneytisstjóra er hann lýsti skoðun sinni á þessu máli, taldi að þarna þyrfti allra aðstæðna vegna og áðurtalinna erfiðleika að koma stöð af þessari gerð upp og það í fremstu framkvæmdaröð. Ráðuneytisstjórinn taldi enn fremur mjög mikilvægt að byggðar væru samtímis þær stöðvar sem ynnu saman í framtíðinni, enda gert ráð fyrir slíkri samvinnu milli stöðvanna í Vík og Klaustri. Ég legg til að þrátt fyrir margar óskir annars staðar frá, þá verði tekið tillit til þeirra atriða, sem ég hef

lýst hér á undan, og hv. Alþ. geti fallist á að samþykkja þessa hækkun.

Herra forseti. Síðari brtt. mín er af allt öðrum toga og er á þskj. 174 undir liðnum ýmis utanríkismál. Þar er gert ráð fyrir að framlag Íslands til aðstoðar við þróunarlöndin hækki úr 5 millj. í 9.5 millj., sem mun vera sem næst sú tala sem til þarf að við íslendingar stöndum við okkar framlag, sem við höfum samið um við undirritun hæstv. ráðh. Ólafs Jóhannessonar á milliríkjasamningi milli Íslands og hinna Norðurlandanna annars vegar og Kenýa og Tansaníu hins vegar. Samningur þessi var staðfestur fyrir okkar hönd í júlí 1972. Til þess að við verðum okkur ekki til vanvirðu með því að standa ekki við okkar hlut í þessum milliríkjasamningi ber brýna nauðsyn til þess að hækka framlagið til samræmis við þær verðbreytingar sem orðið hafa síðan.

Ég mun ekki hafa mörg fleiri orð í þessu sambandi, en ég vil leggja sérstaka áherslu á það við hv. alþm. að þeir skilji nauðsyn þess að við íslendingar fáum ekki á okkur óorð fyrir að standa ekki við milliríkjasamninga sem gerðir eru í því skyni að leggja okkar skerf, þótt ekki sé stór, til aðstoðar við sárfátæka alþýðu þriðja heimsins.

Ég vil að lokum geta þess, að mér er kunnugt um af samtölum við ýmsa fjvn.-menn að þetta mál hefur fengið þar góðan hljómgrunn.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ræða sú, sem hæstv. fjmrh. flutti hér í kvöld, gefur ekki mikið tilefni til andsvara, því að hún var æðirýr og efnislítil. Hæstv. ráðh. kvartaði yfir því, að vakin væri athygli á að liðirnir önnur rekstrargjöld í fjárlagafrv. hækkuðu um 65.7% eftir að tiltekin atriði hafa þó verið dregin frá, og fór síðan að rekja til skýringar á þessari hækkun annarra rekstrargjalda ýmsar hækkanir sem erfitt hefði verið að komast hjá, svo sem niðurgreiðslur, laun og tryggingabætur. Engin þessara útgjalda, sem hann nefndi, falla undir liðinn önnur rekstrargjöld. Hæstv. ráðh. virðist því ekkert botna í því hvernig uppsetningu er háttað í því fjárlagafrv. sem hann leggur fram. Hann fimbulfambaði þannig um liði sem ekkert koma við þeirri hækkun sem orðið hefur á öðrum rekstrargjöldum, en þau hækka umfram almennt verðlag í landinu.

Þá kom það fram hjá hæstv. ráðh. að hann telur fyrir sitt leyti engan mun á því, hvort fjárlög hækka annars vegar vegna hækkaðra rekstrargjalda eða hins vegar vegna aukinna fjárveitinga til verklegra framkvæmda. Hann taldi að þm. þyrftu ekki að setja það svo mikið fyrir sig þótt önnur rekstrargjöld hækkuðu, því að framlög til verklegra framkvæmda lækkuðu í staðinn, og taldi það mikla mótsögn þegar deilt væri á hækkun rekstrarliða, en fundið jafnframt að lækkun fjárveitinga til verklegra framkvæmda. Ég hélt nú að hæstv. ráðh. þyrfti lengri setu í stól fjmrh. til að verða svo steinrunninn gagnvart tölum í fjárlagafrv., að hann geri engan mun á því hvað á bak við þær liggur. Ég get hins vegar fullvissað hann um að skoðun líklega allra hv. þm. annarra en hans er án efa sú að eftirsóknarvert sé að halda niðri rekstrarliðum til þess að geta í staðinn veitt meira fé til verklegra framkvæmda. Hjá hæstv. ráðh. hefur þetta hins vegar í verki reynst öfugt, rekstrargjöldin hafa hækkað, en framlögin til verklegra framkvæmda hafa lækkað. Það versta er þó að mínum dómi, að nú er komið í ljós að hæstv. ráðh. gerir hér engan greinarmun á. Það er að hans dómi jafn eftirsóknarvert að lækka framkvæmdaliði og rekstrarliðina, og ef framkvæmdaliðirnir lækka, þá gerir ekki svo mikið til þótt rekstrarliðirnir hækki. Þetta eru nýjar kenningar á Alþ.

Það var helst á hæstv. ráðh. að heyra, að það væri ég eða einhverjir aðrir þm. stjórnarandstöðunnar sem hefðu lagt til að rekstrarútgjöld ríkisins yrðu skorin niður í einu vetfangi um þúsundir millj. kr. Ég hef aldrei ímyndað mér að unnt væri að koma að sparnaði með þeim hætti, hvað þá að það væri auðvelt. Ég hef lýst skoðun minni í því efni, bæði í stjórnarandstöðu og í stjórnaraðstöðu, og nú síðast í ræðu minni áðan. Nei, það var annar þm. sem flutti frv. um að þetta yrði gert. Sá hv. þm., sem það gerði, sem lagði til að útgjöld ríkisins yrðu skorin niður um sem svarar 6000 millj. kr. á næsta ári, en leggur nú til að ríkisútgjöld verði aukin um 11—12 þús. millj. kr. frá útgjöldum þessa árs, hann hefur verið spurður að því hvernig hann hafi ætlað að gera þetta og hvers vegna hann geri það ekki nú, fyrst það var svona auðvelt í fyrra. Hann hefur að sjálfsögðu engu getað svarað.

En aðalástæðan til þess, að ég tek hér til máls aftur, eru þau orð sem hæstv. ráðh. lét falla um hafnamál. Hann sagði eitthvað sem svo: Fyrst málum hafnarsjóða er svo illa komið sem raun ber vitni, sýnir það þá ekki hversu illa vinstri stjórnin lék þessa aðila? Vissulega er hagur margra og of margra hafnarsjóða bágur, það rakti ég í ræðu minni hér áðan. En hann er ekki bágur vegna aðgerða vinstri stjórnarinnar, heldur þrátt fyrir þær miklu úrbætur sem sú stjórn kom fram í hafnamálum. Úrbætur vinstri stjórnarinnar dugðu ekki til, enda sat hún aðeins í 3 ár, — þær dugðu ekki til að bæta að fullu úr því neyðarástandi sem ríkti í þessum málum eftir nær 12 ára setu viðreisnarstjórnarinnar.

Í tíð viðreisnarstjórnarinnar var látið nægja að ríkið greiddi 40% allra innri hafnarmannvirkja. Hafnabótasjóður fékk svo til engar fjárveitingar og var alls ómegnugur að aðstoða hafnarsjóðina. Hafnarsjóðir voru látnir taka erlend lán sem stórhækkuðu með sífelldum gengislækkunum viðreisnarstjórnarinnar og voru og eru að sliga marga hafnarsjóði. Þau eru að lama getu þeirra til að standa undir þeirra hlut í kostnaði við nýjar framkvæmdir. Vinstri stjórnin setti hins vegar ný hafnalög, sem fólu það m. a. í sér að ríkið greiðir 75% allra hafnarframkvæmda og í vissum tilfellum er heimilt að til viðbótar komi framlög úr Hafnabótasjóði 15%, eða samtals 90%. Lögin fólu enn fremur í sér stóreflingu Hafnabótasjóðs frá því sem áður var, þar sem sjóðurinn hlýtur nú sjálfkrafa upphæð á fjárl., sem hverju sinni svarar til 12% af fjárveitingum til almennra hafnarframkvæmda. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda

voru stórhækkaðar í tíð vinstri stjórnarinnar. Hafnarsjóðir þurftu ekki á því tímabili að taka lán með gengisáhættu. Og með sérstöku heimildarákvæði í fjárl. hefur verið veitt sérstök fyrirgreiðsla til hafnarsjóða sem nemur tugum millj. kr.

En þessar aðgerðir vinstri stjórnarinnar til að bæta úr ófremdarástandi, sem ríkti eftir viðreisnarstjórnina, eru vissulega ekki nægar. Ég er ekki að komast á þá skoðun nú vegna þess að ég er í stjórnarandstöðu. Ég lýsti t. d. þessari skoðun minni sérstaklega við afgreiðslu fjárlaga í fyrra. En það er öðru nær en að hægri stjórnin, sem nú situr, ætli að halda áfram umbótastarfi vinstri stjórnarinnar í þessu efni fremur en öðrum. Það, sem nú er að gerast, er þetta: Framlög til hafnarframkvæmda lækka að raungildi um 20% rúm. Ekkert hefur verið veitt úr Hafnabótasjóði í ár þótt kominn sé 16. des. Hæstv. samgrh. tilkynnti áðan að nú væri búið að senda bréf til fjvn. um veitingar úr Hafnabótasjóði. Ég veit ekki hvenær á að afgreiða það, kannske á annan í jólum eða svo, það verður naumast gert nú, þegar fjvn. er algerlega upptekin við að afgreiða fjárl. til 3. umr. Og þeir, sem nú ráða, hafa lýst því opinberlega yfir að eftir að ríkissjóður greiðir nú 75% kostnaðar við hafnarmannvirkin eigi sveitarfélögin að geta séð sjálf um sinn hlut upp á eigin spýtur. Ég lýsti því hér áðan hve gífurleg byrði sá fjórðungur kostnaðar getur verið litlum sveitarfélögum. Þessi afstaða þeirra, sem nú ráða málum, er áfall fyrir hafnarsjóði í landinu og ill tíðindi fyrir fólk í sjávarplássum um allt land. Ég tel, að hafnamálin séu ein hin allra mikilverðustu, sem ákvarðanir eru teknar um við afgreiðslu fjárl., og ég harma það því alveg sérstaklega að hæstv. núv. ríkisstj. skuli vera farin að stíga til baka þau skref sem vinstri stjórnin steig fram á við í þessum málum.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. mjög, svo mjög sem liðið er nú fram yfir skaplegan fundartíma og fáir orðnir til þess að heyra mitt mál, og er það kannske ekki að undra á þessum tíma sólarhringsins, svo fáliðað sem stundum er á reglulegum fundartíma að degi til.

Hér hefur komið fram sandur af brtt. við fjárlagafrv., sem lagt hefur verið fram, og ég hygg að við getum öll sagt að þær séu þannig vaxnar að ekkert væri okkur kærara en að geta samþykkt þær allar eins og þær liggja fyrir. Það hefur verið sagt hér og er vafalaust rétt að það skiptir miklu að fénu, sem til skiptanna kemur, sé réttlátlega skipt. Þetta er hárrétt. En kannske skiptir þó enn meira máli að einhverjir fjármunir séu til að skipta, og við það hljótum við að miða okkar afstöðu og okkar till., að þær séu raunhæfar og ekki út í bláinn.

Þær till. til breytinga á fjárlagafrv., sem komið hafa fram, standa mér að sjálfsögðu næst sem snerta mitt kjördæmi fyrir vestan, þótt ég viti að við megum ekki einblína um of á okkar sveit og okkar kjördæmi. En það er ein þeirra sérstaklega, sem hefur að vísu verið í brennipunkti í kvöld og ég ætla enn að gera að umræðuefni, af því að mér finnst ýmislegt vera hér sem skiptir máli sem ekki hefur verið minnst á. Hér á ég við brtt. Karvels Pálmasonar o. fl. við till. nr. 64 á þskj. 143, um hafnarmannvirki og lendingarbætur. Þar er talað sérstaklega um Súðavík og Ísafjörð. Báðir þessir staðir þurfa vissulega mjög nauðsynlega á auknum fjárframlögum að halda. Eg ætla þó að halda mér við Súðavík, því að mér finnst hennar tilfelli augljósast.

Ég sé ekki betur en það sé verið að fremja hér ranglæti á litlu byggðarlagi sem hefur síst til þess unnið. Það hefur af harðfylgi og dugnaði sótt fram á s. l. árum. Það á skuttogara, togarann Bessa, sem er toppskip í vestfirska flotanum, og ríður á framar öllu að skapa þessu skipi og öðrum fiskiskipum aðstöðu í höfninni.

Ég held að upplýsingar hæstv. samgrh., sem ég veit að hefur allan vilja til þess að greiða hér úr, mér býður í grun að hans upplýsingar, sem hann hefur frá Hafnamálastofnuninni, — og ég veit raunar að þær stangast algerlega á við þær upplýsingar sem heimamenn sjálfir gefa. Það er gert að ágreiningsefni, sem ekki er það í rauninni, hvort gert skuli stálþil eða staurabryggja. Hér er þetta gert að þröskuldi í veginum, sem ég hygg að sé alls ekki fyrir hendi. Heimamenn gera ekki ágreining út af því, og ég hef heyrt af viðtali mínu við hreppsnefndarmenn og forsvarsmenn frystihússins, að staurabryggja er þeim fullt eins hugstæð og stálþil, og þau rök, sem hér hafa verið færð á móti stálþili, hygg ég að séu viðurkennd þar fyrir vestan.

Það er annað. Það er einhver misskilningur í þessu máli. Það er þrætuefni og það er að mínu mati komin stífni og þrjóska í þetta mál frá hendi Hafnamálastofnunar hér fyrir sunnan. Ég skal skýra aðeins nánar hvað ég á við. Þegar ríkið réðst í hafnarframkvæmdir og uppfyllingu í Súðavíkurhöfn fyrir einum 2—3 árum, þá raskaðist vatnslögn sú sem var fyrir hendi eða réttara sagt frárennsli frá frystihúsinu sem sveitarfélagið á að sjá um. Súðvíkingar vilja meina í dag, að úr því að ríkisframkvæmdin raskaði þessu mannvirki, sem var í lagi áður, þá beri þeim hinum sama skylda til að lagfæra það. Ég hef persónulega leitað álits lögfræðings á þessu og ég vil taka fram að lögfræðingurinn er 100% súðvíkinga megin. En ég hygg að þarna sé lítið þrætuepli sem er orðið að þröskuldi í vegi fyrir stórnauðsynjamáli fyrir þetta byggðarlag. Það hefur verið bent á það hér að þessi uppfyllingarkantur, sem þeir fara fram á að sé gerður, geti skipt frystihúsið og atvinnureksturinn svo miklu, að fyrir það verði lokað á vori komanda. Það hefur verið gefinn frestur æ ofan í æ, en Hafnamálastofnunin hér syðra daufheyrist við till. og beiðnum heimamanna um að koma fram með teikningar og till. sem með þarf til þess að ríkið geti hafið sínar framkvæmdir þarna. Þeir hafa í allt sumar og allt haust beðið eftir því að fá teikningu af festingum á bryggjuna eða hafnargarðinn, svokölluðum pollum á sjómannamáli. Þetta hefur ekki fengist og mér skilst að þeir verði að koma löndunarfestum togarans fyrir núna þannig að bregða þeim utan um sjálft ísfhúsið eða eitthvert annað hús uppi í þorpinu. En það stendur á þessu. Þeir hafa margítrekað

beiðni um að fá þetta á hreint frá Hafnamálastofnuninni. Það fæst ekki. Það er einhver þrjóska og eins og ég segi ósveigjanlegheit og skilningsleysi á þörfum þessa þorps, sem íbúarnir nú verða að gjalda fyrir. Ég vildi óska þess að þeir menn, sem eiga að ráða úrslitum hér, leiti upplýsinga frá heimamönnum sjálfum og fái réttan botn í þetta mál. Þeir eru búnir að kaupa malbikið, sem þarf í þessa þekju sem á að steypa þarna á uppfyllingarkantinn, þeir hafa pantað það. Það vantar teikningar, það vantar framtakið til þess að hrinda því í framkvæmd. Samkv. hafnalögum munu frystihús eiga að sjá um malbikun 3 m frá frystihúsi, en hafnarframkvæmdin tekur síðan við út í næstu 15 m. Súðvíkingar staðhæfa að þeir geti ekki hafið malbikun fyrr en viðlegukanturinn er steyptur, og það er verkefni ríkisins mjög greinilega samkv. ákvæðum hafnalaga.

Ég vona, að enda þótt hæstv. samgrh. sé horfinn af fundi, þá séu það margir áhrifamenn hér inni, sem ég vona að taki þetta til athugunar, hv. fjvn.-menn, ef þeir heyra mál mitt og mál þeirra, sem á þetta hafa minnst hér í kvöld, og ég skal ekki trúa því fyrr en ég tek á því að þessar fáu millj. þurfi að stofna þessu litla sjávarþorpi í jafnstórfelld vandræði og nú horfir. Það er rétt, það eru á árinu 1976 áætlaðar 24 millj. til hafnarframkvæmda í Súðavík. Það, sem farið er fram á, er að fært sé fram að ég hygg 3 millj. sem mundu nægja, eftir því sem heimamenn tjá mér. 6 millj. gerir till. ráð fyrir, og síst vildi ég slá hendinni á móti því ef þess væri kostur. En þeir telja 3 millj. hjálpa þeim út úr þeim vandræðum sem þeir eru staddir í, og það forðar þeim frá því að frystihúsinu hjá þeim verði lokað af heilbrigðiseftirliti, sem líður ekki lengur þær aðstæður sem eru á planinu í kringum hraðfrystihúsið.

Svona liggur málið fyrir, ákaflega einfalt að mínu mati. Og ég vil segja það enn, að ég skil ekki, á meðan talað er um að fjárl. muni hækka um 1000 millj. í meðförum þingsins, að einar litlar 3 millj. til jafnmikils nauðsynjamáls eigi ekki að fást fram.

Ég hefði viljað tala um ýmsar aðrar till. hér, en ég sé ekki að ástæða sé til þess, af því að ekki er tími til þess. En ég verð að segja að mér kemur ókunnuglega fyrir staðhæfing Karvels Pálmasonar, hv. 5. þm. Vestf., og fleiri vinstri manna, sem hér hafa deilt á stjórnarliðið núv. fyrir að Hafnabótasjóður skuli ekki hafa veitt nein lán á yfirstandandi ári. Öll vitum við þó að núv. stjórn kom ekki til valda fyrr en í sept. og þá voru 8—9 mánuðir liðnir af árinu og ekki hafði bólað á þessum þarfalánum úr Hafnabótasjóði þá.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í umr. um brtt. þá á þskj. 153 sem við flytjum þrír þm., þ. e. Karvel Pálmason, ég og Kjartan Ólafsson, hv. þm., sagði hæstv. samgrh. eitthvað á þá lund, að hann treysti sér nú ekki til stórra stökka, eins og nú stæðu sakir, hann væri ekki mikill stökkmaður, sagði hæstv. ráðh. Það fer nú tvennum sögum af því. Ég verð að segja eins og er, að ég tel það talsvert afrek hjá hæstv. samgrh. og flokksbræðrum hans að stökkva á einni nóttu frá vinstri bakkanum í íslenskum stjórnmálum yfir á hinn hægri án þess svo mikið sem að drepa við fæti. Og ég fæ ekki betur séð en í þessu stökki sínu sé hæstv. samgrh. jafnvel búinn íþróttum og Gunnar á Hlíðarenda, sem stökk jafnlangt aftur fyrir sig og áfram. Hitt get ég svo vel skilið, að eftir þetta heljarstökk hæstv. samgrh. skuli í bili vera runninn af honum mesti móðurinn og hann láti sér nægja á næstunni að hoppa í París með íhaldinu.

Eins og rætt hefur verið hér um, þá flytjum við þrír þm. á þskj. 153 þrjár brtt. Þessar till. eru aðallega um hafnarbætur á Vestfjörðum. Það er í fyrsta skipti nú undanfarið ár, sem það hefur gerst, að það er hætt að draga úr fólksflótta frá Vestfjörðum. Menn geta rétt ímyndað sér hversu mikla siðferðislega breytingu slík breyting hefur í för með sér fyrir fólkið á viðkomandi stöðum. Það öðlast nýja von, það öðlast nýja trú á sjálft sig og byggðarlagið sitt. Og það öðlast traust á því að það geti áfram búið barna mannsæmandi lífi og geti átt þess von í framtíðinni að eignast betra líf og betra lífsviðurværi en áður fyrr.

Það er nú einu sinni svo, að fiskveiðar eru undirstaða atvinnulífsins á Vestfjörðum og hafnamálin eru undirstaða þess að hægt sé að reka útgerð frá þessum stöðum. En nú gerist það, eins og hér hefur áður verið tekið fram, að lagðar eru fram till. um fjárveitingar til Vestfjarða, þar sem svo fer að Vestfirðir verða verst úti af öllum kjördæmum landsins.

Nú um helgina voru skiptin þannig, að Vestfirðir áttu að fá tæpar 60 millj. kr. til framkvæmda í hafnamálum, Vesturland um 84 millj., Norðurl. v. um 104 millj., Norðurl. e. tæpar 100 millj., Austfirðir 119 millj., Suðurl. 32 millj. og Reykjanes 84 millj., og eru þá landshafnir ekki taldar með. Þetta gerist á sama tíma og eru að koma ný skip á fiskihafnirnar á Vestfjörðum og hafnirnar þannig útbúnar, að það er varla að þessi nýju fiskiskip, stórvirkir skuttogarar, geti athafnað sig þar. Það hefur verið talað um það af hæstv. samgrh., að þetta standi allt til bóta vegna þess að framkvæmdum sé dreift nokkuð jafnt á þessi 4 ár sem hafnaáætlun er samin fyrir. Þessar upplýsingar hans vil ég leyfa mér að leiðrétta. Í áætlun Hafnamálastofnunarinnar var upphaflega gert ráð fyrir því að verja 44 millj. kr. til hafnarbóta á Vestfjörðum á næsta ári, árinu 1975, þó að í meðförum fjvn. hafi það verið hækkað í 58.6 millj. eða rúmlega það. En síðustu tvö ár áætlunarinnar, árin 1977 og 1978, er gert ráð fyrir því að verja yfir 380 millj. kr. til framkvæmda á þessum landsfjórðungi. Þetta er ekki að skipta framkvæmdafé jafnt milli ára. Þetta bendir til þess að þeir, sem áætlunina vinna, þ. e. a. s. Hafnamálastofnunin, séu vísvitandi að mismuna vestfirðingum þannig að telja þeim trú um að þeim framkvæmdum, sem þeir fá ekki í ár og ekki næsta ár og ekki árið 1976, megi þeir eiga von á árið 1977 og 1978. Hræddur er ég um það, að þegar að því kemur að standa við að veita fé, sem á að verja til hafnarframkvæmda á Vestfjörðum 1977 og 1978, þá haldi áfram að halla á ógæfuhliðina.

Hafnamálastofnunin er embættismannastofnun. Hún býr út sínar till. Það er okkar alþm. að taka ákvörðun. Embættismennirnir taka ekki ákvarðanir, það er Alþ., sem gerir það. Ef okkur líst ekki á till. embættismannanna, þá breytum við þeim. Það erum við sem segjum þeim fyrir verkum, en ekki þeir sem segja okkur fyrir verkum. Við þm. Vestf., ekki bara stjórnarandstæðingarnir, heldur stjórnarsinnarnir líka, erum á því máli að embættismenn Hafnamálastofnunarinnar hafi rangt fyrir sér, og við óskum eftir því við Alþ., við aðilann, sem ákvörðunarvaldið hefur, að það breyti þessum till. embættismannanna í réttara horf.

Það kann oft að vera satt um stjórnarandstæðinga að þeir iðki yfirboð við afgreiðslu fjárl. Það hefur ljóslega komið fram í okkar till., að svo er ekki um þær till. sem við flytjum saman, þremenningarnir, á þskj. 153. Það hefur komið m. a. fram í því að stuðningsmenn ríkisstj. úr okkar kjördæmi hafa tekið undir þessar till. Það hefur verið rætt töluvert náið um þessar till. lið fyrir lið, en ég ætla þó að víkja að þeim í örfáum orðum til þess að skýra nokkru betur það sem þar stendur að baki.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir nokkru aukaframlagi til hafnarbóta á Ísafirði. Samgrh. fór með rangt mál hér áðan er hann sagði, að með þessari till. okkar væri stefnt að því að steypa þekju á hafnargarð sem ekki væri búið að byggja. Till. okkar miðast ekki við að leggja út í slíkar framkvæmdir við nýju höfnina á Ísafirði, sem ekki er frágengin. Till. okkar miðast við það að ljúka frágangi eldri hafnarinnar á Ísafirði, þ. e. a. s. að malbika hafnargarðinn á eldri höfninni og ljúka frágangi hafnarinnar eldri með því að leggja þar nýja vatnsleiðslu og nýja raflögn, sem sagt klára gömlu höfnina, þannig að meira þurfi ekki við hana að gera. Ef hæstv. samgrh. er jafnilla heima í nauðsynlegum framkvæmdum á Vestfjörðum og virtist vera að hann væri í sambandi við þessa till. okkar, þá skal mig ekki undra þótt við fáum heldur dræmar undirtektir.

Eins og menn vita var gerð á tímum viðreisnarstjórnarinnar sérstök áætlun fyrir Vestfirði, sem kölluð var Vestfjarðaáætlun. Hér var aðeins um hluta áætlunar að ræða, þ. e. a. s. það var aðeins gerð áætlun um samgöngumál. Engin önnur áætlun hefur síðan verið búin út fyrir Vestfirðingafjórðung. En þó að langur tími sé liðinn síðan þessi áætlun var lögð fram og þótt langur tími sé liðinn síðan átti að vera búið að sjá fyrir endann á henni, þá er það nú einu sinni svo að enn vantar töluvert upp á að þeirri áætlun sé lokið, samgönguáætlun Vestfjarðaáætlunar sé lokið. Þar vantar m. a. malbikun á veg milli Ísafjarðar og flugvallarins á Ísafirði og frágang á fjallvegum í nágrenni Ísafjarðar.

Við setjum ekki markið svo hátt, flm. þessarar brtt. á þskj. 153, að óska eftir því, að þessum verkum sé lokið á næsta ári. Við óskum aðeins eftir því, að malbikaður sé hluti Ísafjarðarflugvallar, og við óskum eftir því að það sé gert á næsta ári fyrst og fremst vegna þess að þetta er eina tækifærið sem við kunnum að hafa um margra ára skeið til þess að ljúka þessu aðkallandi verkefni. Það hefur jafnan verið borið fyrir af málsvörum ríkisstj. og framkvæmdavalds að það væri ekki hægt að ljúka þessari nauðsynlegu framkvæmd, vegna þess að það væru ekki tæki til staðar á Ísafirði og of dýrt yrði að flytja þau þangað. Nú er það svo að þessi tæki eru komin af stað. Þau verða þar næsta sumar, síðan ekki söguna meir, síðan hverfa þau burt frá Ísafirði, og eins og vegagerðarmenn tóku til orða við okkur þm. Vestf.: guð má vita hvenær þau koma þangað aftur. Sem sagt, annað hvort ljúkum við þessu verkefni á næsta sumri eða það getur dregist um mörg ár enn.

Þá afsökun, sem búið er að viðhafa um að það sé ekki hægt að ráðast í þessa framkvæmd sem hefur staðið fyrir dyrum í mörg ár, er ekki hægt að viðhafa lengur. Tækin eru komin á staðinn, þau verða þar aðeins um takmarkaðan tíma. Þennan tíma eigum við að nota. Þess vegna óskum við eftir því að það verði lagt í framkvæmdir á næsta sumri um malbikun á Ísafjarðarflugvelli, þ. e. a. s. á brautarendum og í kringum stöðvarhús.

Það hefur talsvert mikið verið talað um Súðavík hér og hafnarskilyrði þar. Ég ætla að fara örfáum orðum um það mál.

Nú eru gerðir út frá Súðavík einn 200 tonna bátur og 4 bátar 10—25 tonn að stærð, 3 trillur og einn skuttogari. Þar er nýbúið að endurbyggja frystihús gamalt, sem þar var á staðnum, og er það að verða eitt af fullkomnustu frystihúsum landsins með einhverjum besta aðbúnaði fyrir verkafólk sem ég hef séð á ferðum mínum og bera þó yfirleitt frystihúsin á Ísafirði af í þeim efnum. Fólkið á staðnum bindur miklar vonir við þessa uppbyggingu. En grundvöllur þess að hún geti haldið áfram er sú, að þeir súðvíkingar fái hafnarbætur þær sem nauðsynlegar eru. Hafnarmál í Súðavík standa nú þannig, að þar er á staðnum ein gömul og ónýt trébryggja sem búið er að loka og búið að banna alla umferð um. Þá er þar stálþilsbakki sem rétt nægir sem viðlegupláss fyrir skuttogarann. Viðlegupláss fyrir báta staðarmanna er ekki neitt og auk þess, eins og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir benti hér á áðan, er þessi eini stálþilsbakki, sem rétt nægir skuttogaranum og hrekur aðra báta á brott úr höfninni þegar skuttogarinn þarf að komast þar að, þannig útbúinn að það er ekki hægt að koma við neinum festingum á togaranum þegar hann leggst þar upp að. Að vísu þurfa þeir togaramenn ekki að bregða festingum um nýja frystihúsið, en hins vegar þurfa þeir að bregða festingum um gamlan olíutank sem stendur þar rétt við. Þar eru engir bryggjupollar, engin aðstaða til þess að festa skip við bryggju önnur en þessi gamli olíutankur.

Þeir súðvíkingar telja sig hafa loforð fyrir því frá framkvæmdavaldinu að á árinu 1975 verði hafin framkvæmd til hafnarbóta í Súðavík. Þeir telja sig hafa loforð fyrir þessu, og þeir fela okkur þm. sínum að ganga eftir því að við það loforð sé staðið. Það reynum við að gera nú, flm. þessarar till., og aðrir þeir ágætir Vestfjarðaþm., sem okkur ætla að styðja í málinu. Það er ekki aðalatriði í þessu máli að koma höggi á stjórnarmeirihl., einstaka ráðh. eða ríkisstj. Aðalatriðið, sem fyrir okkur vakir, er að gera tilraun til þess að fá meiri hl. á Alþ. til þess að fallast á bráðnauðsynlegar framkvæmdir sem

ekki kosta mikið fé, — framkvæmdir sem annars vegar eru þess eðlis, að ef þær verða ekki unnar í sumar, þá geta liðið mörg ár þangað til mögguleiki gefst á að vinna þær, og hins vegar þess eðlis, að íbúarnir á viðkomandi stað telja sig hafa loforð fyrir því að hafa sagt við mig og ég hef það hér eftir: Ef ekki verður orðið við erindi okkar í þessu máli, þá getum við eins lagt niður okkar útgerð og flutt í burt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þm. Reykv. hafa ekki tafið þessar umr. mikið í kvöld með brtt. við framlögð drög að fjárl. höfuðborginni til handa. Óskalisti annarra hv. þm. hefur haft meira rúm hér í umr., bæði í dag og í kvöld.

Ég mun ekki ræða einstaka liði frv. né brtt., sem fram hafa komið, nema að litlu leyti. Það, sem kemur mér til að standa upp, eru eiginlega ummæli hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljans. Ég get gjarnan tekið undir hans málflutning, þar sem hann kemur með brtt. um að veita ungtemplurum ákveðna fyrirgreiðslu og fötluðum og lömuðum á Austurlandi. Það væri ósamræmi í mínum vinnubrögðum ef ég gerði það ekki. Ég er nýbúinn að samþykkja slíka styrki í borgarstjórn Reykjavíkur, og ég trúi ekki að hv. fjvn. taki verr í þessar till. þessa hv. þm. en borgarstjórn. Þótt upphæðirnar séu ekki háar, eins og hann tók fram, þá munar um þær í starfsemi þessara aðila.

En hv. 7. landsk. þm. minntist á annað í sinni ræðu og benti réttilega á það, að þeir austfirðingar hefðu ekki fulltrúa í hv. fjvn. og þar af leiðandi varð hann að leggja örlög þeirra í hendur þeirra fjvn.-manna. Ég vil á sama hátt benda á það, að Reykjavík hefur ekki fulltrúa í fjvn., og ég leyfi mér að láta í ljós áhyggjur mínar vegna þess hve fjárframlög til framkvæmda í Reykjavík verða útundan. Ég hafði hugsað mér að lesa hér bréf sem borgarstjóri hefur skrifað formanni fjvn., en hætti nú við það. Ég er líka með annað bréf frá borgarlækni, þar sem hann kvartar undan því að hann hafi ekki haft aðgang að þeim upplýsingum sem hann þurfti að fá frá fjvn. til þess að geta gert raunhæfar áætlanir, eða kröfur skulum við segja, eða óskir. En það skýrir e. t. v. hve oft er horft fram hjá brýnustu nauðsynjum höfuðborgarinnar og að jafnvel lögboðnar greiðslur til hennar dragast oft á langinn. Ég vil ekki lengja þennan fund með því að vitna í eða lesa upp úr þessum bréfum, sem ég tiltók áðan, en er með þau hér ef óskað er að ég geri það máli mínu til sönnunar, bæði um drátt á lögboðnum greiðslum til Reykjavíkurborgar og eins vöntun á skilningi á þörfum höfuðborgarinnar, bæði í tíð fyrrv. ríkisstj. og eins nú.

Ég hafði tal af hv. form. fjvn. fyrir nokkru og óskaði eftir því, að hann tæki sérstaklega undir óskir borgaryfirvalda um myndarlegt framlag til byggingar B-álmu borgarsjúkrahússins. Ég hafði jafnvel hugsað mér að bera fram brtt. við framlögð drög að fjárl. En þar sem hv. þm. Sverrir Bergmann hefur gert það, leyfi ég mér að lýsa stuðningi mínum við fram komna brtt. hans, þótt sú hækkun á lið 143,55.a um 33 millj. kr. hækkun, eða úr 597.8 millj. samtals til heilbrigðismála upp í 630.8 millj., sé lægri en brtt. mín hefði hljóðað upp á. Vona ég að hún finni náð fyrir augum hv. fjvn.-manna, um leið og ég endurtek, að ég harma að ekki skuli vera pláss í hv. fjvn. fyrir einn þm. Reykv., en í þeirri n. hefur fulltrúi höfuðborgarinnar ekki setið um langt árabil, eftir því sem mér er tjáð. Við verðum að treysta á það á sama hátt og hv. 7. landsk. þm., Helgi F. Seljan, kom að, að fjvn.-menn séu vel inni í vandamálum höfuðborgarinnar, — vandamálum, sem eru vandamál þjóðarinnar, því að ef við tökum Borgarsjúkrahúsið sem dæmi hýsir það ekki eingöngu reykvíkinga.

Annars er það annað mál — með leyfi hæstv. forseta, sem er skylt fjárlagagerðinni, sem ég vil koma að hér. Það er ekki víst, ég bið afsökunar ef það á ekki heima í þessum umr., en ég ætla þó að koma að því, því að einhvers staðar hlýtur það að eiga heima við gerð fjárl., en það gæti hugsast að það væri þá frekar við 3. umr. En þar sem ég er ekki kunnugur fjárlagagerð og tek nú þátt í afgreiðslu þeirra í fyrsta skipti, þá leyfi ég mér að koma að því máli. Það væri gott að fá upplýst frá einhverjum úr hæstv. ríkisstj. hvort tekið verði tillit til áskorunar sem borgarstjórn sendi til hæstv. ríkisstj. á s. l. ári og varðar innheimtu opinberra gjalda. Það hlýtur að vera liður í gerð fjárl. Vitað er, að launþegar fá afhent launaumslög sín tóm eða svo til í útborgun launa og komast stundum niður í 9 kr. Mismunurinn er þá kvittun fyrir innheimtu launagreiðenda á opinberum gjöldum. Erindi borgarstjórnar var það að breyting yrði á innheimtu opinberra gjalda þannig, að aldrei megi taka það mikið af launþega á útborgunardegi að ekki sé lífvænlegt fyrir viðkomandi milli launagreiðsludaga. Án þess að ætlast til svars á þessum þingfundi vildi ég vita hvort við gerð fjárlagafrv. 1975 hafi þessi áskorun borgarstjórnar verið tekin til greina, þannig að innheimta og fjárstreymi til ríkissjóðs og sveitarfélaga breytist í samræmi við þessar ábendingar. Ég lít á það sem þýðingarmikla breytingu, ef hægt er að koma í veg fyrir það að nokkur launþegi fái tómt launaumslag einungis vegna þess að innheimtukerfi hins opinbera er ábótavant í skipulagi á þessu sviði. Og rétt tel ég að draga athygli réttra aðila að vandamáli þessu nú við gerð fjárl., í von um að það verði til þess að athugun verði látin fara fram til úrbóta fyrir fólkið. Ég er ekki ánægður með hlut Reykjavíkur í þessu fjárlagafrv. og beini þeirri ósk til fjmrh. að hann upplýsi mig um það, þó ekki nú á þessum fundi, — veit ég að það er ekki hægt — en að hann geri það við 3. umr. og þá um leið hve há prósenta af innheimtugjöldum ríkisins er innheimt af reykvíkingum og hve há prósenta af þeirri upphæð fer beint til framkvæmda í höfuðborginni á móti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1975, frv. (þskj. 1, n. 149 og 152, 143, 147, 150, 153, 154, 162, 167, 170, 171, 172, 174). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. með þeim tölubreyt., sem verða kunna við atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 40 shlj. atkv.
2. gr. með þeim tölubreyt, sem verða kunna við atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 35 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 147,1 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 143,1—7 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 154,1 felld með 34:14 atkv.
— 147,2 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 143,8—9 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 154,2 felld með 38:18 atkv.
— 143,10 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 154,3 felld með 41:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EðS, EggÞ, GS, GeirG, GilsG, EyS, HFS, JÁH, SKA, KP, LJós, MK, MÓ, PS, RA, SighB, StJ, KÓ.

nei: TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, GHB, JónÁ, JHelg, RS, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, SB, SV, StH, StG, SvH, ÁB.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Árnason: Þar sem ég greindi frá því í framsögu fyrir brtt. fjvn. að málefni Sjómannaskólans væru enn til athugunar hjá n., þá segi ég nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Fyrir 25 árum, þegar ég var fyrst nemandi þessa skóla, var eins ástatt með skólahús hans og er nú í dag, hann var hvorki vatns- né vindþéttur. Mér er mikil ánægja að segja já við þessa atkvgr., en til vara mun ég flytja brtt. við 3. umr. um heldur minni upphæð, en a. m. k. að hún geti farið í þann farveg að fólk þurfi ekki að sjóklæðast í skólastofum Sjómannaskólans.

Brtt. 143,11—12 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 147,3 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 143,13—14 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 170,1 felld með 40:14 atkv.
— 154,4 tekin aftur.
— 167 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 143,15, svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv.
— 147,4—5 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 153,1 tekin aftur.
— 143,16—18 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 147,6 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 143,19 samþ. með 60 shlj. atkv.
— 154,5 tekin aftur.
— 154,6 felld með 35:17 atkv.
— 147,7—10 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 143,20 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 154,7 felld með 39:14 atkv.
— 147,11 samþ. með 59:1 atkv.
— 170,II tekin aftur.
— 147,12 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 154,8 felld með 37:18 atkv.
— 147,13—15 samþ. með 60 shlj. atkv.
— 162,I.1 tekin aftur.
— 143,21—22 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 150,I tekin aftur.

Brtt. 147,16 samþ. með 43:3 atkv.
— 143,23 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 147,17—22 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 143,24 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 147,23—24 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 147,25 samþ. með 54:1 atkv.
— 147,26—28 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 150,II tekin aftur.
— 174 tekin aftur.
— 143,25—28 samþ. með 60 shlj. atkv.
— 147,29 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 143,29—30 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 147,30—31 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 143,31—33 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 162,I.2 felld með 37:18 atkv.
— 143,34 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 162,I.3 felld með 37:17 atkv.
— 162,I.4 felld með 35:17 atkv.
— 143,35 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 170,III felld með 36:18 atkv.
— 143,36—49 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 147,32 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 172,1 tekin aftur.
— 170,IV tekin aftur.
— 147,33 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 172,2—3 tekin aftur.
— 147,34 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 172,4—8 tekin aftur.
— 147,35—36 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 150,III tekin aftur.
— 153,II.1 felld með 41:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, KÓ, BGr, EðS, EggÞ, GS, GeirG, GilsG, EyS, HFS.

nei: JHelg, RS, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SigurlB, SV, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AJ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, GHB, ÁB.

Einn þm. (JónÁ) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Með tilliti til þess að fjvn. á eftir að gera út um þessi mál fyrir 3. umr., þá segi ég nei.

Brtt. 143,50—52 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 143,53—54 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 150,IV tekin aftur.
— 170,V.1—2 felld með 36:14 atkv.
— 170,V.3 tekin aftur.
— 171,I tekin aftur.
— 171,II samþ. með 52 shlj. atkv.
— 143,55, svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv.
— 147,37 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 143,56—60 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 153,II.2 felld með 36:16 atkv.
— 153,II.3 tekin aftur.
— 143,61 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 172,9 tekin aftur.
— 143,62—63 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 153,III.1 tekin aftur.

Brtt. 162,II tekin aftur.
— 143,64—68 samþ. með 56 shlj. atkv.
— 147,38 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 153,III.2 tekin aftur.
— 170,VI felld með 36:14 atkv.
— 143,69—70 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 162,III tekin aftur.
— 143,71 samþ. með 57 shlj. atkv.
— 170,VII tekin aftur.
4. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 143,72 samþ. með 57 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv.

Alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti, þáltill. (þskj. 109). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að mæla hér með örfáum orðum fyrir till. þeirri sem forseti lýsti að nú væri tekin á dagskrá, en hún er svona:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að fullgilda fyrir Íslands hönd samninginn um alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í Washington hinn 14. febrúar 1972."

Till. fylgja svo hljóðandi aths. frá rn.:

„Á sviði alþjóðasímafjarskipta hófst haustið 1964 hin lögformlega samvinna um gervihnattasímleiðir yfir víðáttur úthafa og meginland. Áður hafði um nokkurra ára skeið verið unnið að frumdrögum og samningaumleitunum, er leiddu til bráðabirgðasamkomulags milli 19 ríkja og símastjórna þeirra, sem að þessu stóðu í upphafi.

Varð þetta vísir að stofnun, sem síðar hlaut nafnið INTELSAT.

Síðar hefur aðilum að INTELSAT fjölgað mjög verulega og þátttakendur eru nú nær 90. Vegna góðra vaxtaskilyrða hefur einnig risið víðáttumikið gervihnattakerfi.

Samkv. bráðabirgðasamkomulaginu var stofnun INTELSAT gerð á þeirri forsendu að reynslan skæri úr um það, hvort þetta samkomulag skyldi lögfest eða hvort mynda skyldi alþjóðastofnun með öllu, er því tilheyrir, svo sem aðalfundum og starfsliði á sviði viðskipta og tækni.

Framtíðarskipulag INTELSAT hefur nú endanlega verið ákveðið 20. ágúst 1971 með sáttmála í tveimur meginþáttum.

Hið nýja samkomulag byggir þannig á ríkisstjórnasáttmála svo og viðaukasáttmála á milli símstjórna ríkjanna.

Samkomulag þetta var undirritað fyrir Íslands hönd í Washington," eins og áður segir, „14. febr. 1972 með fyrirvara um staðfestingu.

Samkv. framangreindum sáttmálum verður INTELSAT alþjóðastofnun sem persóna að lögum eins og nánar er tilgreint í IV. gr.

Allsherjarþing, þar sem í eiga sæti öll þátttökuríki, fer með æðsta vald innan þessarar INTELSAT-stofnunar og tekur afstöðu til allra meginmála og hefur endanlegt ákvörðunarvald. Framkvæmdastjórn INTELSAT myndar hins vegar takmarkaður fjöldi undirritunaraðila, valdir með hliðsjón af afnotum INTELSAT-kerfisins.

Norðurlöndin geta í sameiningu átt aðild að framkvæmdastjórn INTELSAT og þá tilnefnt einn sameiginlegan fulltrúa, eins og verið hefur samkv. bráðabirgðasamkomulaginu. Er talið mjög mikilvægt að geta á þann hátt beitt norrænum áhrifum í stjórninni.

Fyrir Ísland er ómetanlegt að fá tækifæri til þess að gerast meðlimur í framangreindri stofnun og vera jafnframt í mjög nánu samstarfi við Norðurlöndin á þessu sviði.

Þátttaka Íslands í umræddu gervihnattakerfi gerir okkur nú kleift að taka í notkun gervihnattasambönd strax og slíkt reynist fjárhagslega hagkvæmt.

Þátttaka okkar er fjárhagslega viðráðanleg og áhættulaus. Stofnfé, lagt fram sem okkar eignarhlutur, nemur um 120 þús. bandarískum dölum og er arðsemi þess áætluð 10—14% á ári. Má gera ráð fyrir, að þær tekjur muni nema hærri fjárhæð en að jafnaði þurfi að verja til rekstrar og frekari fjárfestingar.

Að lokum skal á það bent, að ekkert einstakt ríki getur fengið meira atkvæðamagn en 40% af heildaratkvæðamagni. Þá er einnig komið í veg fyrir áhrifavald stærstu hluthafanna á þann hátt, að allir stjórnarmeðlimir, að undanskildum þremur, geta tekið endanlegar ákvarðanir og þarf minnst 4 meðlimi til samþykktar slíkum ákvörðunum.

Þegar á allt er litið er augljóst, að við höfum mikið hagræði af þátttöku í INTELSAT-stofnuninni, enda þótt við höfum ekki reist okkar eigin hugsanlegu jarðstöð.

Þessu til viðbótar, herra forseti, vil ég greina frá því, að mér barst bréf frá póst- og símamálastjóra, svo hljóðandi:

„Með skírskotun til viðræðna við yður, hæstv. utanrrh., nú nýlega varðandi væntanlegar umr. á Alþ. í sambandi við INTELSAT-samninginn vil ég upplýsa eftirfarandi:

Ísland hefur mjög nána samvinnu við Norðurlöndin um hugsanleg viðskipti um gervihnetti og þá sérstaklega um INTELSAT-gervihnattakerfið. Enn fremur liggja nú fyrir álitsgerðir um, að hagkvæmasta leiðin til fjölgunar símrása frá Íslandi er um INTELSAT-kerfið og auk þess gefur þetta möguleika á því að fá sjónvarpsefni þessa leið til landsins. Af þessum ástæðum er mjög áríðandi, að Ísland gerist fullgildur aðili að nefndu gervihnattakerfi."

Herra forseti. Ég legg til, að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr., en ég verð að biðja um forsetaúrskurð um það, til hvaða n. þetta mál á að fara. Ég hafði reiknað með því að þetta mál færi til utanrmn., en vegna þess að það hefur nokkur fjárútlát í för með sér að fullgilda samninginn má vera að það þurfi að fara til fjvn. Ég geri ekki till. um þn., legg það í vald forseta.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til utanrmn. með 38 shlj. atkv.

Sameinað þing, 26. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum 25. fundi.

Íbúðarhúsalán, fsp. (þskj. 120). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 120 svo hljóðandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„Hvenær er áætlað að lán verði veitt úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra húsbyggjenda, sem gert höfðu íbúðir sínar fokheldar fyrir 15. nóv. s. l.?“ — Þar á ég vitanlega við þá sem höfðu skilað þeim vottorðum til Húsnæðismálastjórnar ríkisins fyrir þann tíma, því að við það er miðað.

Sjálfur þykist ég nú nokkurn veginn vita það svar sem hæstv. ráðh. kemur hér með, en hið sama verður ekki sagt um þá 800—900 einstaklinga, að ég hygg, hvarvetna á landinu sem hér eiga hlut að máli, eftir reynslu fyrri ára, þegar vinstri stjórnin kom því fasta skipulagi á að allir, sem gert höfðu fokhelt fyrir 15. nóv. og skiluðu vottorðum til stofnunarinnar fyrir þann tíma og voru á annað borð þá með umsóknir sínar í lagi, fengju lánsúthlutun 15. des. Það var að vísu í knappasta lagi hvað snertir þá sem afskekktast búa og þurfa nokkurn tíma fyrir sér með nauðsynleg gögn til að ná í lánin, en þó hygg ég að þetta hafi nægt flestum til að fá fyrirgreiðslu fyrir áramót. Hér er um mjög viðkvæman tíma að ræða í fjárhagsmálum hverrar fjölskyldu og því mikils um vert að lán nái afgreiðslu fyrir áramót.

Nú á þessu hausti hefur hula hvílt hér yfir og enn hefur mér vitanlega engin tilkynning verið gefin út um lánsmöguleika þessara aðila. Margir eru því orðnir harla vondaufir og það því frekar sem svör þeirrar stofnunar, sem hér ræður úthlutun, hafa yfirleitt verið neikvæð mjög og jafnvel afgerandi neikvæð í sumum tilfellum sem ég veit náið um. Það er því engin furða þótt spurt sé og óskað eftir því við hæstv. ráðh. að hann upplýsi þingheim og alþjóð nú um hvað á döfinni sé.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp. hv. þm. er á þessa leið:

„Hvenær er áætlað að lán verði veitt úr Byggingarsjóði ríkisins til þeirra húsbyggjenda, sem gert höfðu íbúðir sínar fokheldar fyrir 15. nóv. s. l.?“

Húsnæðismálastjórn hefur nú tekið ákvörðun um lánveitingar til þeirra húsbyggjenda, sem gert höfðu íbúðir sínar fokheldar fyrir 15. nóv. og sótt höfðu um lán fyrir eindaga umsókna, þ. e. fyrir 1. febr. Ákveðið hefur verið að lán þessi komi til útborgunar frá og með 20. des. Jafnframt hefur húsnæðismálastjórn ákveðið lánveitingar til þeirra húsbyggjenda er sent höfðu umsóknir eftir 1. febr., en höfðu gert fokhelt 15. ágúst. Skulu þeir fá lán sín greidd frá og með 15. febr. n. k.

Á s. l. ári, 1973, stóðu mál þannig, að á tímabilinu 15. ágúst til 15. nóv. það ár voru gerðar fokheldar 500 íbúðir, þar sem sótt hafði verið um lán til stofnunarinnar fyrir 1. febr. 1973. Á sama tíma á þessu ári var sambærileg tala 802 íbúðir eða um 300 íbúðum fleira.

Ég vænti þess að með þessu hafi fsp. hv. þm. verið svarað.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin og þau fyrirheit, sem þau fólu í sér húsbyggjendum til handa, og þá sömuleiðis þeim, sem ekki var beint spurt um, en höfðu vitanlega þörf fyrir svör einnig. Ég hlýt þó að harma þann seinagang og þá leynd sem yfir þessu hefur hvílt, því að staðreyndin er sú að þeir verða ekki margir úti á landsbyggðinni sem ná því að fá lán fyrir áramót með þessu móti, enda dagsetningin e. t. v. ákveðin m. a. með tilliti til þess, fyrst vitað er að þrengingar hafa verið miklar í fjármagnsútvegun. Sannleikurinn er sá, að virkir afgreiðsludagar þessarar stofnunar frá 20. des. til áramóta eru aðeins 3, að ég tel rétt, ef Þorláksmessa er með talin.

Ég hlýt líka að harma afstöðu ýmissa þeirra aðila, sem Húsnæðismálastofnun hefur leitað fyrirgreiðslu hjá og mér vitanlega hafa synjað þar um. Alveg sérstaklega hlýt ég að víkja að undirtektum og afstöðu Seðlabankans, sem ég hygg og hef fyrir satt að hafi verið mjög neikvæð í þessum efnum. Allir nema þá e. t. v. stjórnendur hans vita að hér er að miklu leyti um tilfærslu að ræða. Langflestir húsbyggjendur hafa þegar fengið víxillán hjá lánastofnum eða aðra skammtímafyrirgreiðslu hjá fyrirtækjum að 3/4 eða meira af þeirri upphæð sem þeim er nú úthlutað. Bankarnir, sem velflestir að ég hygg greiða nú bankanum gífurlega refsivexti vegna yfirdráttar þar, eru því ekki í minni vanda, ekki síst hin ýmsu útibú á landi.

Ég hlýt að fagna jákvæðum viðbrögðum hæstv. ráðh., þótt síðbúin séu, en vona að betur og réttlátlegar verði að staðið í framtíðinni, svo að landsbyggðarmenn nái rétti sínum örugglega fyrir áramót eftirleiðis hvað þetta varðar, því að það hlýtur að teljast lágmarkskrafa. Hafi fsp. mín haft einhver jákvæð áhrif þar til eftirrekstrar, þá fagna ég því einnig.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er öllum kunnugt að hér var um verulegan vanda að ræða hvernig greiða átti úr þessum lánsfjármálum, vegna þess að húsnæðismálastjórn skorti nokkur hundruð millj. kr. til þess að hægt væri að gera þær ráðstafanir sem ég hef skýrt frá. Hins vegar hefur tekist að ráða fram úr þeim vanda, og ég ætla að þetta sé ekki öllu seinna á ferðinni en yfirleitt undanfarin ár og að því leyti ekki ástæða til gagnrýni.

Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að sumir þeir aðilar sem leitað var til um lánsfyrirgreiðslu, sýndu ekki jákvæðar undirtektir. En að því er snertir ummæli um Seðlabanka Íslands, þá á þetta ekki við um hann, því að það er ekki ástæða til þess að kvarta yfir undirtektum þeirrar stofnunar. Hún átti sinn þátt í að leysa þetta mál.

Orkumál Austurlands, fsp. (þskj. 111). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. 111 fsp. til hæstv. iðnrh. um orkumál á Austurlandi, og hljóðar hún þannig:

„Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir orkuskort á Austurlandi í vetur?“

Þessi fsp. er ekki borin fram að ófyrirsynju, þar sem stuttu eftir að fsp. var borin fram hófst rafmagnsskömmtun á þessu svæði og minnti menn illilega á hversu alvarlegt ástand er hér á ferðinni og enn þá alvarlegra ástand getur skapast síðar.

Þótt ekki sé tími til þess að rekja sögu orkumála á Austurlandi hér, þá má segja að sú saga sé hálfgerð sorgarsaga. Það hefur alltaf reynst erfitt að fá byggðar vatnsaflsstöðvar í þeim landshluta, og nægir í því sambandi að nefna að vélar þær, sem komu í Smyrlabjargaárvirkjun, og annað efni 1958 lá ónotað í landinu um það bil 10 ár. Þetta hefur orðið þess valdandi að neyðaróp berst frá austfirðingum nokkurn veginn árlega vegna orkuskorts.

Ástandið á samveitusvæði Grímsár er þannig í dag, að á því svæði eru um 7 mw. í dísilafli. Það má kannske geta þess einnig, að á því svæði eru til vélar í eigu einkaaðila, um það bil 900 kw. En í eigu Rafmagnsveitnanna eru um 7 mw. Á þessu svæði er einnig vatnsaflsstöð, Grímsárvirkjun, sem framleiðir meðan nægilegt vatn er fyrir hendi 3.2 mw., en yfir vetrartímann er meðalframleiðsla þessarar virkjunar og annarra smávatnsaflsstöðva, sem eru tvær, vart meira en 1 mw., þannig að raforkuframleiðsla rafmagnsveitnanna á þessu svæði er um það bil 8 mw. í slíku árferði, sem er mjög oft að vetrinum til. Raforkuþörfin á þessu svæði hefur að undanförnu verið um það bil 8 mw. og hefur farið upp í 8.4 mw. og hefur því þurft að grípa til nokkurrar rafmagnsskömmtunar. Ástandið verður enn þá verra þegar kemur fram yfir áramót, því að þá munu væntanlega fara í gang á þessu svæði loðnuverksmiðjur og er raforkuþörf þeirra um það bil 2 mw.

Annað raforkusvæði er á Austurlandi, en það er Hornafjarðarsvæðið. Þar er dísilafl um 1300 kw., en Smyrlabjargaárvirkjun getur framleitt, ef nægilegt vatn er fyrir hendi, um það bil 1400—1500 kw. Það ástand hefur skapast við Smyrlabjargaárvirkjun, að tiltölulega lítið vatn er eftir þar í lóni eða um það bil 10—15 daga forði miðað við hálf afköst þessara véla, þannig að á þessu svæði getur einnig skapast mjög alvarlegt ástand ef ekki breytir um veðurfar. En fyrirheit hafa verið gefin um að þangað skuli flutt gastúrbína, sem þar var áður, sem framleiðir um 1.3 mw. af rafmagni og er mjög nauðsynleg á þeim stað til frekara öryggis.

Eins og ég hef lýst, er ástandið mjög alvarlegt á þessu svæði, og þá kemur spurningin: Hvað skal gert til að koma í veg fyrir orkuskort á Austurlandi í vetur? Að flestra dómi er ekki um annað að ræða en að kaupa dísilstöðvar til þess að anna þeirri orkuþörf sem þarna er, þannig að eðlileg loðnuvinnsla geti farið af stað. Liggja fyrir upplýsingar um að það er hægt að fá slíkar vélar keyptar á allgóðu verði, og ég get ekki séð að það verði lengur beðið með töku ákvörðunar í þessu efni. Það hefur legið fyrir í 2 mánuði að hægt væri að fá slíkar vélar, og ég get ekki séð að það geti á nokkurn hátt beðið að ákvörðun verði þarna tekin.

Eins og ég sagði áðan, er hér um neyðarlausn að ræða, aðeins ráðstafanir til mjög skamms tíma. Þess vegna kemur í hugann einnig það sem skal gera í framtíðinni. Sem betur fer er hafinn undirbúningur að Bessastaðaárvirkjun, en að mínum dómi þarf að gera meira, því að sýnt er að þessi virkjun fer ekki af stað fyrr en í fyrsta lagi 1979, jafnvel seinna. Þess vegna vil ég leggja á það áherslu, að hafnar verði athuganir á því að Austurland verði tengt Norðurlandi þegar lokið er við lagningu byggðalínu til Norðurlands. Er áætlað að því geti orðið lokið á árinu 1976. Ég vil leggja áherslu á að það verði kannað hvort ekki væri hægt að halda áfram til Austurlands, þannig að sú lína gæti verið þangað komin 1977.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp. hv. þm. er um það, hvaða ráðstafanir séu fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir orkuskort á Austurlandi í vetur. Fyrir nokkrum dögum var þetta mál rætt nokkuð utan dagskrár. Ég skal gefa nokkurt yfirlit um hvernig málum er komið þar eystra og hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar.

Ef vikið er fyrst að samveitusvæði Grímsárvirkjunar á Austurlandi, þá er það raforkukerfið sem nær norðan frá Bakkagerði suður til Djúpavogs. Á þessu svæði eru þrjár vatnsaflsstöðvar, alls 3600 kw. Auk þess eru þar dísilstöðvar með 9500 kw. afli. Heildarafl þessara rafstöðva á svæði Grímsárvirkjunar er því nú 13 100 kw, en þar af mikill meiri hluti dísilstöðvar. Þegar athugað er hvort þetta vélaafl sé fullnægjandi, þá er af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins gerð sú áætlun, að á loðnuvertíð nú eftir áramót muni vera þörf fyrir um 11 100 kw. Samkv. þessu er því ástimplað afl rafstöðvanna að dísilstöðvunum meðtöldum um 2000 kw. meira en áætluð aflnotkun á væntanlegri loðnuvertíð á þessu svæði. En þessar tölur segja ekki alla söguna, því að forsenda þess er auðvitað að allar aflstöðvarnar geti skilað þeim afköstum sem þær eru gerðar fyrir, skilað ástimpluðu afli.

Svo sem kunnugt er er stundum vatnslítið í Grímsá og getur Grímsárvirkjun þá ekki skilað fullum afköstum. Einnig er það svo um dísilvélarnar, að ávallt er nokkur hætta á bilun einhverrar þeirra um stundarsakir og minnka þá afköstin að sama skapi. Vatnsskortur í Grímsá á vissum árstímum er gamalkunnugt vandamál. Vatnsmiðlunarlón við virkjunina er svo til ekkert, aðeins aðrennslislón. Á sínum tíma var byggð upp miðlun upp til fjalla hjá svonefndum Óðáðavötnum. Miðlun þessi er í um 35 km fjarlægð frá virkjuninni og í riflega 600 m hæð yfir sjó. Frá Óðáðavötnum rennur vatnið eftir lækjarfarvegi niður í Grímsá. Að vetri til í frosthörkum skilar þetta vatn sér illa niður í virkjunina, því að hluti þess frýs á hinni löngu leið. Af þessum sökum, vatnsþurrð í rennsli Grímsár og

erfiðleikum við núverandi miðlun, verða afköst Grímsárvirkjunar oft innan við helming af ástimpluðu afli.

Sú óvissa, sem hér hefur verið greint frá, veldur því að ástimplað afl rafstöðva á Austurlandi þarf að vera verulega meira en áætluð notkun. Sá munur þarf að vera meiri en áðurnefnd 2000 kw.

Það er ljóst að mjög rík þörf er á mikilli og hagkvæmri vatnsmiðlun fyrir allar vatnsaflsstöðvar, sem byggðar eru og byggðar verða á Austurlandi. Till. eru uppi um miðlun við væntanlega Lagarfossvirkjun og í Skriðuvötnum til bættrar hagnýtingar Grímsárvirkjunar. Síðar er fyrirhuguð Bessastaðaárvirkjun með góðri miðlun. Þetta snertir svæði Grímsárvirkjunar, en rétt er í þessu sambandi að geta Vopnafjarðar og nágrannabyggða, sem eru enn utan samveitusvæðis Grímsárvirkjunar. Þetta svæði fær raforku frá dísilstöð í Vopnafirði. Stærð hennar er 1 200 kw., en áætluð mesta notkun í vetur er um 1 000 kw. Í till. Rafmagnsveitna ríkisins til nýrra framkvæmda á árinu 1975 er gert ráð fyrir háspennulínu frá Lagarfossvirkjun til Vopnafjarðar 60 km að lengd. Með því verður Vopnafjörður og nágrenni komið inn á samveitusvæði Austurlands. Áætlað er, að kostnaður hverrar tengingar verði um 140 millj. kr.

Varðandi Hornafjörð er þess fyrst að geta, að dísilvélaafl á Hornafirði nú í dag er samtals um 1 350 kw. Vatnsaflsstöðin í Smyrlabjargaá er í kringum 1 300 kw., og nú eftir áramót ráðgert að flytja frá Blönduósi gastúrbínu sem er 800 kw. Með þessu móti yrðu þá í Hornafirði til ráðstöfunar um 3 450 kw. Rétt er að geta þess að mesta álag þar er nú 1 900 kw., en má gera ráð fyrir að álagið aukist á loðnuvertíð upp í 2 600—2 700 kw. Ef Smyrlabjargaárvirkjun framleiðir það sem hér er gert ráð fyrir, þá ætti ekki að vera hætta á ferðum. En þegar þar verður vatnsskortur, eins og varð svo alvarlegur í fyrravetur, þá er vitanlega viðbúið, að skortur verði á raforku. Það má að lokum geta þess í sambandi við Hornafjörð, að á vori komanda er væntanleg þangað ný dísilvél um 2000 kw. að afli.

Varðandi ráðstafanir nú af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins til að sporna við orkuskorti á Austurlandi vil ég geta um þetta:

1) Rafmagnsveitur ríkisins hafa þegar fest kaup á einni rafstöð, rafvél 500 kw., sem kemur væntanlega til landsins fyrir áramót.

2) Verið er að ganga frá kaupum á rafstöð 660 kw., sem byggð verður á vagni og þannig hreyfanleg. Gert er ráð fyrir að þessi vél verði afgreidd frá Englandi fyrir áramót.

3) Ráðgerð eru kaup á 512 kw. rafstöð frá Þýskalandi og er unnt að fá afgreiðslu á þeirri vél fyrir n. k. áramót frá Hamborg.

Ég vænti þess, að með þessu yfirliti hafi fsp. verið svarað, eftir því sem unnt virðist vera á þessu stigi.

Fyrirspyrjandi (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir skýr svör og þau áform sem fyrirhuguð eru til að koma í veg fyrir orkuskort. Að vísu hafði ég aðeins aðrar upplýsingar um raforkuframleiðslu á Austurlandi, en það skiptir ekki meginmáli. Þær vélar, sem hæstv. ráðh. greindi frá að yrðu keyptar, eiga að framleiða samtals um 1 700 kw., eftir því sem mér sýnist, á samveitusvæði Grímsár, og eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið, þá svarar það mjög til þeirrar þarfar sem þar er fyrir hendi.

Varðandi Hornafjarðarsvæðið, þá þykir mér það að vísu vægt áætlað að þörfin verði ekki meiri en 2 600—2 700 kw. í vetur. Ég gæti trúað að hún færi jafnvel yfir 3 000 kw., en það skiptir ekki meginmáli. Það er nauðsynlegt að fá gastúrbínuna þangað til öryggis, og vænti ég þess að kleift verði að flytja hana þangað mjög fljótlega eins og fyrirheit höfðu verið gefin um á s. l. sumri.

Ég vil síðan endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðh.

Rannsóknir og virkjunarundirbúningur á Kröflusvæðinu, fsp. (þskj. 95). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 95 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh., sem hljóðar svo:

„Hversu langt er komið rannsóknum á háhitasvæðinu í Kröflu og hver er árangur þeirra rannsókna sem fram hafa farið? Hvenær verður ákvörðun tekin um kaup á vélum í væntanlega Kröfluvirkjun og hvenær er áætlað að hún taki til starfa?“

Hér þarf ekki að fara mörgum orðum um þann vanda sem steðjar að norðlendingum í orkumálum. Verulegur hluti þeirrar raforku, sem nú er dreift um Norðurland, er framleiddur með dísilvélum, og mun þessi hluti fara vaxandi á á næstu árum ef ekki verður að gert. Þó hafa verið gerðar ráðstafanir til að draga úr notkun raforku með því að leyfa ekki aukningu húsahitunar á Norðurlandi öllu. Talið er að olía sú, sem notuð er til raforkuframleiðslu á Norðurlandi á árinu 1974, nemi um 120 millj. kr. og verði þrátt fyrir áðurnefndar takmarkanir á húsahitun um 50% hærri árið 1975 eða um 180 millj. kr. Þannig mun olíukostnaðurinn við rekstur dísilstöðvanna halda áfram að velta upp á sig á næstu árum, meðan ekki tekst að nýta innlenda orkugjafa til að mæta þessari aukningu. Það er því með mikilli eftirvæntingu sem norðlendingar bíða eftir að þær ákvarðanir séu teknar í orkumálum sem tryggja þeim nægilega raforku og eins ódýra og framast er unnt.

Ég hef á þskj. 165 leyft mér ásamt hv. 3. þm. Norðurl. v. að flytja þáltill. um að lagningu byggðalínu norður í Skagafjörð verði hraðað svo að hún komist á fyrir árslok 1975. En þótt tækist að leggja byggðalínu til Skagafjarðar á skömmum tíma leysir hún ekki til framtíðar orkuþörf Norðurlands. Enn síður yrði byggðalínan til að tryggja það öryggi í orkumálum sem almenningur gerir kröfu til og á rétt á, bæði til einkanota og atvinnurekstrar.

Öllum almenningi er kunnugt að fram hafa farið rannsóknir á Kröflusvæðinu. Árangurs þeirra rannsókna hefur verið beðið með eftirvæntingu. Þá er einnig vitað að verulegur afgreiðslufrestur er á vélum og öðrum búnaði sem til Kröfluvirkj-

unar þarf. Ég vona því að hæstv. iðnrh. geti gefið umbeðnar upplýsingar. Greinagóð svör um, hvenær megi vænta orkuframleiðslu í gufuaflsstöð á Norðurlandi, eru þeim kærkomin sem nú búa við yfirvofandi orkuskort, a. m. k. svo fremi sem svörin gefa til kynna að umtöluð verk hefjist fljótt og taki ekki langan tíma.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr um hversu langt sé komið rannsóknum á háhitasvæðinu við Kröflu og hver sé árangur þeirra rannsókna, sem fram hafi farið, enn fremur hvenær ákvörðun verði tekin um kaup á vélum í væntanlega Kröfluvirkjun og hvenær áætlað sé að hún taki til starfa.

Jarðfræðirannsóknir jarðhitasvæðisins við Kröflu og jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa farið fram og samkv. þeim virðist jarðhitasvæðið við Kröflu allt að því tvöfalt stærra en við Námafjall. Nú um síðustu mánaðamót lauk borun á tveimur rannsóknarholum við Kröflu. Var sú fyrri 1 170 m djúp, en hin síðari 1 206 m. Í fyrri holunni hefur mælst yfir 290 stiga hiti Celsíus við 1 000 m dýpi. Svo skammt er liðið síðan borun síðari holunnar lauk, að ekki liggja enn fyrir hitamælingar sem byggjandi er á. En stefnt er að því að heildarniðurstöður rannsóknanna á svæðinu liggi fyrir í næsta mánuði. Þó er óhætt að segja, að árangur verður að teljast mjög góður og jafnvel betri en áætlað var þegar boranir hófust.

Í nóv. s. l. var undirritaður samningur af hálfu Kröflunefndar við verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens og ameriskt ráðgjafafyrirtæki um hönnun virkjunarinnar. Sérstök áhersla var lögð á nauðsyn þess að flýta virkjunarframkvæmdum eftir því sem frekast væri unnt. Um miðjan jan. n. k. munu væntanlega liggja fyrir upplýsingar um þá aðila, sem til greina koma að selji vélar og tæki til virkjunarinnar, og er hugsanlegt að hægt væri að gera samninga um þessi efni um mánaðamót jan.—febr., eftir því sem Kröflunefnd hefur upplýst. Er talið að hægt sé að fá vélaútbúnað til virkjunarinnar afgreiddan á 18—20 mánuðum frá undirskrift samninga. Ef áætlanir um boranir og aðrar byggingarframkvæmdir standast er hugsanlegt að raforkuvinnsla frá Kröflu gæti hafist á árinu 1977. Gert er ráð fyrir að vinnsluboranir við Kröflu verði hafnar vorið 1975, og gert ráð fyrir að vinnsluholurnar verði allt að 2 000 m djúpar.

Eins og kunnugt er, þá er aðeins einn djúpbor til hér sem mundi geta annað þessu verkefni, þ. e. sá bor sem keyptur var fyrir 17 árum hingað og er sameign ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar. Nú hefur einnig verið ákveðið að festa kaup á gufubor til viðbótar sem á að geta komið hingað snemma á næsta ári. Annar hvor þessara bora mundi svo fara norður að Kröflu strax snemma næsta vors. Er gert ráð fyrir að fyrirhuguð virkjun í Kröflu verði í tveim einingum, 25—30 mw. vélum, en slík ráðstöfun er talin tryggja mjög rekstur orkuversins. Þegar fyrstu virkjun er lokið, sem yrði þá væntanlega að afli 50—60 mw., ætti að mega auka framleiðslugetu orkuversins síðar með viðbótarvélaafli og ætti slík aukning að geta átt sér stað á mun skemmri tíma en sú virkjun sem nú er fyrirhuguð.

Loks er rétt að geta þess, að það hefur verið til sérstakrar athugunar hjá Kröflunefnd og iðnrn. hvort mögulegt væri að gera einhverjar ráðstafanir til bráðabirgða, þannig að raforkuframleiðsla í Kröflu gæti hafist fyrr en á árinu 1977, eins og ég gat um áðan. Af hálfu iðnrn. og Kröflunefndar er lögð á það meginhersla að virkjunin komist í notkun sem allra fyrst.

Fyrirspyrjandi (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir greinagóð og fróðleg svör, og ég vænti að þeir, sem mestan hlut eiga að máli, orkunotendur á Norðurlandi, muni gleðjast yfir því, að það virðist svo sem bygging orkuvers við Kröflu muni taka nokkru skemmri tíma en almennt hefur verið gert ráð fyrir.

Ég get ekki undir þessum kringumstæðum stillt mig um að minnast á það, að orkuskorturinn á Norðurlandi kemur fram í fleiri en einni mynd. Það er ekki einungis að það sé skortur á vélaafli til að framleiða orkuna, heldur eru þar eins og annars staðar miklir erfiðleikar á því að halda dreifikerfunum við svo að þau dugi. Þetta hefur mjög berlega komið í ljós núna á síðustu dögum þegar spennir bilaði norður á Kópaskeri, eins og alþjóð er kunnugt. Hefur tekið marga daga að flytja spenni nærri því í kringum hálft landið og hann er ekki kominn á áfangastað enn. Því miður mun vera svo, að Rafmagnsveitur ríkisins eru fátækar af varahlutum, og bilanir eins og þessar geta orðið afar óþægilegar fyrir þá sem fyrir þeim verða.

Ég ætla ekki að hafa hér mörg orð um. En það er ekki einungis að línurnar séu víða veikar, svo að þær séu lélegar í vondum veðrum, heldur er varahlutaskortur. Það mun meira að segja vera svo að sá spennir, sem nú er verið að flytja til Kópaskers, er ekki nægilega stór til að anna því verki sem hann ætti að vinna þar. Þetta veit ég að er stórt verkefni úr að leysa á næstu árum að leysa þá fjármagnsþörf sem er fyrir hendi til þess að styrkja svo rafmagnslínurnar og rafveitukerfið allt að það þjóni tilgangi sínum, en þetta er eitt af þeim verkum, sem tvímælalaust verður að snúast að mjög á næstunni. — Ég þakka fyrir.

Efri deild, 23. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum fundum í sameinuðu þingi.

Lánasjóður sveitarfélaga, frv. (þskj. 3). — *3. umr.*

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 183).

Lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, frv. (þskj. 51, n. 159). — 2. umr.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur yfirfarið frv. það um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja sem hér er til 2. umr. Er n. sammála um að mæla með því að frv. verði samþ. óbreytt. Að mér hefur verið sýndur sá sómi að vera frsm. fyrir þessu nál. mun stafa af því, herra forseti, að ég sem bankamaður lýsti yfir á fundinum, sem fjallaði um þetta mál, mikilli ánægju minni yfir því að með þessum lögum verði stöðvuð sú sívaxandi ásókn sem hefur átt sér stað um að ýmsar ríkisstofnanir væru að þrengja sér inn á hinn svo mjög takmarkaða lánamarkað í bönkum og þjónustustofnunum úti á landsbyggðinni. Hér hefur oft verið um stórar upphæðir að ræða, sem látnar hafa verið í té með ýmsum hætti, þó alveg sérstaklega hjá ýmsum iðnaðar- og þjónustufyrirtækjum. Hefur það oft komið sér mjög illa fyrir hlutaðeigandi, að erfitt hefur verið að fá greiðslu fyrir selda þjónustu og vöru, sem stafar af því að hlutaðeigandi stofnanir hafa verið búnar að eyða því framlagi, sem þeim hefur verið ætlað í fjárlögum, og því átt á brattann að sækja að fá viðbótarframlög til þess að geta staðið í skilum með greiðslur. Með lagasetningu þeirri, sem ákveðið er um í þessu frv., er sett undir þennan leka. Frv. stefnir að því að skapa aðhald, festu og öryggi í samskiptum opinberra stofnana í almennum viðskiptum, og ber að þakka slíkar aðgerðir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ráðning starfsmanna og húsnæðismál ríkisstofnana, frv. (þskj. 137, n. 160). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismál ríkisstofnana til athugunar og mælir með því að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 140). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 140 flyt ég ásamt hv. 5. þm. Austf. frv. til l. um breyt. á lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953. Þau lög gera ráð fyrir því, að söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og bensíni skuli vera hið sama á öllum útsölustöðum landsins, eins og segir í 1. gr. þeirra laga. Hins vegar er í 5. gr. þessara sömu laga flugvélabensín undanskilið.

Vel má vera, að þetta hafi verið talið eðlilegt í þann tíma. Þá voru fáar atvinnuflugvélar staðsettar úti á landi og hér ekki um neitt stórmál að ræða. Á þessu hefur hins vegar orðið mikil breyting nú upp á síðkastið. Lítil flugfélög hafa víða verið stofnuð og starfa gjarnan innan ákveðinna landshluta, og ég hygg að það sé óumdeilanlegt, að þessi flugfélög veita mikilvæga þjónustu með samgöngum innan þess landshluta og við þann landshluta. Þau sinna gjarnan sjúkraflugi í miklum mæli og eru til taks þegar á þarf að halda og aðrar leiðir oft ófærar. Mikilvægi þessara flugfélaga hefur raunar verið viðurkennt af hinu háa Alþ. með styrkjum sem til þeirra eru veittir á fjárlögum. Hins vegar er sá verðmunur, sem er á flugvélabensíni á hinum ýmsu stöðum, verulegur kostnaðarauki fyrir þessi flugfélög.

Ég hef fengið upplýsingar frá olíufélaginu Skeljungi, sem birtar eru í grg. með þessu frv. að þar kemur fram, að verðlag á flugvélabensíni á t.d. Egilsstöðum, Ísafirði og Höfn í Hornafirði er yfir 25% hærra en í Reykjavík. Á Akureyri er það hins vegar ekki mjög miklu hærra en í Reykjavík, en þó um það bil 10% hærra. Eflaust stafar þetta af meiri flutningi á flugvélabensíni til Akureyrar. Þó er í þessum verðmismun ekki tekið fullt tillit til flutningskostnaðar, töluverður afsláttur mun á honum veittur.

Við flm. teljum að hér sé um alvarlegan ójöfnuð að ræða, sem getur verið það mikill að í raun og veru getur ráðið rekstrargrundvelli þessara litlu flugfélaga og raunar leiðir gjarnan til þess að styrkur til þeirra frá Alþ. verður hærri. Við teljum því tímabært að breyta umræddum lögum með því að fella niður fyrrnefnda 5. gr. laganna, sem undanskilur flugvélabensín. Með því móti yrði verðjöfnun einnig komin þar á.

Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um það, hve hátt slíkt verðjöfnunargjald yrði, en því miður hefur mér ekki tekist að fá þær svo ábyggilegar að ég geti flutt þær hér. Allir eru hins vegar sammála um að slíkt gjald yrði mjög lágt, enda liggur það í hlutarins eðli. Notkun á flugvélabensíni í Reykjavík er svo margfalt meiri en til samans úti um landið að þar yrði aðeins um örlítið hundraðshlutaálag að ræða.

Ég ætla ekki að lengja þessa framsögu, en leyfi mér að vænta þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir og fljóta afgreiðslu. Legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 24. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum 23. fundi.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 76, n. 163). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 163, hefur menntmn. athugað

umgetið frv. á fundum sínum, fengið háskólarektor til viðræðna um málið og einnig sent frv. til umsagnar hagsýslustjóra. Eins og fram kemur í nál. var Steingrímur Hermannsson fjarverandi þegar nefndin gekk frá frv., en einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. er fram kunna að koma.

Frv. felur í sér í fyrsta lagi tvíþætta breyt., annars vegar varðandi stjórnsýslu Háskólans, þ. e. að stofna embætti kennslustjóra er verði jafnsettur háskólaritara, og í öðru lagi samkv. 6. gr., að veita heimild til að stofna námsbrautir fyrir sérmenntun, sem ekki verður með eðlilegum hætti komið fyrir innan háskóladeildanna, eins og segir í aths. við frv. Nm. töldu rétt, að þetta yrði samþ., í þeirri trú að starfsemi Háskólans mætti með þessu enn frekar en orðið er tengjast atvinnuvegum landsins.

Ég hef ekki fleira að segja um þetta, herra forseti, en legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr., og ef mögulegt væri, þá eru þdm. nærri einhuga um að ljúka 3. umr. einnig hér í dag.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Út af því, sem hv. frsm. menntmn. sagði, vil ég spyrja hann, hvort það væri ekki í lagi að afgr. málið við 3. umr. á morgun. Ég sé ekki ástæðu til að leita afbrigða nema brýn nauðsyn sé.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — Frh. 3. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð að byrja á því að óska eftir að hæstv. menntmrh. verði viðstaddur, því að tvívegis hef ég gert tilraun til að fá hann til að svara ákveðinni spurningu og einnig bættist mér liðsmaður, en enn hefur ekkert svar borist og mun ég því sjá ástæðu til að doka nú við í ræðustól þar til hæstv. ráðh. heiðrar mig eða deildina með nærveru sinni. — Herra forseti. Ég sé að hæstv. menntmrh. er kominn í hv. d. og mun ég nú freista þess í þriðja sinn að fá svar við þeirri spurningu minni, hvort við hefðum mátt vænta þess að sjá þetta frv., ef tekist hefði eins og reynt var um nokkurt skeið, að mynda vinstri stjórn.

Rökin fyrir þessu frv. hafa verið fá, en aðallega það, að nauðsyn bæri til að breyta því aftur í gamalt horf, sem staðið hefði rúmlega 20 ár, að kjósa jafnan nýtt útvarpsráð eftir hverjar alþingiskosningar og spegla með því pólitíska hreyfingu í landinu og á Alþ. Ég tel að hér sé ekki rétt sagt frá. Ég tel að ef annar meiri hl. hefði myndast, eins og útvarpsráð er nú skipað, þá hefði ekki verið hlaupið upp til handa og fóta, jafnvel þótt einhver óánægja hafi verið með þetta útvarpsráð. Er það ekki nýtt, eins og fram hefur komið, að mönnum hefur þótt sitt hvað um störf útvarpsráðs á liðnum áratugum, eins og kannske eðlilegt er, þar sem útvarpið er stór stofnun og hefur verið í örum vexti, átt við þröngan kost að búa æ ofan í æ, á ekkert fast húsnæði enn þá, ef undan er skilið húsnæði sjónvarpsins, og margt fleira mætti upp telja.

Ég tel því, að forsendan fyrir frv. sé röng, hreinlega röng. Ég harma að sú þróun, sem varð með lögunum 1971, skuli ekki fá að halda áfram og að þessi stofnun verði sterkari og sjálfstæðari í þjóðfélaginu og sinni sínu hlutverki þar með betur. Sú þróun hefur átt sér stað innan þessarar stofnunar, að hin margvíslegustu mál eru tekin þar til frjálsrar skoðanamyndunar og andstæðingar koma fram og deila hart hver á annan og á stjórnvöld. Ég sé ekki annað en að það sé nauðsyn að þessi stofnun sé óháð og sjálfstæð og hafi þá sérstaka stjórn eða útvarpsráði sé fengið aukið vald til þess að þessi þróun megi halda áfram.

Ég held að allur almenningur í landinu hafi verið ánægður með þá þróun, að menn hafi skipst á skoðunum mjög eindregið með eða á móti málum eins og gengur og það sé liðinn tími að menn þori ekki að láta hug sinn í ljós við hljóðnemann. Hins vegar stendur það skýrt og á að vera áfram, að stofnunin gæti hlutleysis. En ég tel það vera heilbrigða skoðanamyndun, ef andstæðingar eru leiddir fram, og þeir eru ábyrgir fyrir sinni skoðun, þótt þeir séu innan veggja þessarar stofnunar. Ég tel það alveg eðlilegt og heilbrigt í nútíma þjóðfélagi, þar sem frjáls skoðanamyndun fær að njóta sín.

Ef það er hins vegar ætlun einhverra manna að hefta það að frjáls skoðanamyndun fái að njóta sín í landinu, getur vel verið nauðsynlegt að þrengja að aftur frá því sem viðreisnarstjórnin gerði á sínum tíma, en þá mótast það mjög af viðhorfi eins stjórnmálaflokks í landinu, á það vil ég leggja sérstaka áherslu. Þá eru það áhrif frá aðeins einum stjórnmálaflokki í landinu. Það ætti öllum að vera ljóst eftir þetta.

Það er ekkert nýtt að stofnun, sem er svo stór eins og Ríkisútvarpið, eigi við ýmsa örðugleika að stríða og menn, sem starfa þar, séu óánægðir. Því miður hefur Alþ. ekki séð sóma sinn í því að tryggja útvarpinu sómasamleg húsakynni, sómasamlega starfsaðstöðu, og virðist langt í land enn með það. Hefði þó verið miklu geðfelldara að sjá slíkt frv. til sóknar, og ég hefði talið hæstv. menntmrh. manna líklegastan til að móta slíkt frv. og bæta um leið með því hlustunarskilyrði og móttökuskilyrði fyrir almenning úti um allt land. Það hefði verið verulega ánægjulegt skref og skref sem ekki hefðu staðið illdeilur um hér á hv. Alþ.

Með hvaða hætti útvarpsráð skuli vera kjörið hefur verið deiluatriði um marga áratugi, og einhvern hátt verðum við þar á að hafa. Núv. útvarpsráð er kjörið 1971, eins og allir vita, og er því langt liðið á þess skeið, rétt um 3 ára tímabil liðið og þess vegna eitt ár eftir. Eins og fram kom hér í ræðu hv. 3. þm. Vestf. taldi hann ástæðulaust að breyta l. vegna þess að það tímabil sem núv. lög hafa gilt er það stutt, að ekki er komin nein sérstök reynsla á þau. Það eru önnur sjónarmið sem liggja því til grundvallar að það er gert.

Ég vildi með þessum orðum enn einu sinni freista að fá að vita um það, eins og ég orðaði það, ef vinstristjórnarmyndun hefði átt sér stað, hvort þá hefði verið þess að vænta að við hefðum séð þess konar frv. sem nú liggur hér fyrir til umr. Ég dreg það mjög í efa. Þar með er forsendan fallin fyrir því að tala um að það eigi að spegla Alþ. með kosningu nýs útvarpsráðs eftir hverjar alþingiskosningar. Það fer auðvitað eftir því hvaða meirihluti myndast á Alþ. Ef við tökum það skref að fara að kjósa nýtt útvarpsráð eftir hverja stjórnarmyndun, erum við komnir út í pólitíska spillingu. Ég trúi því ekki að það sé áhugamál neins flokks á Íslandi. Ég trúi því alls ekki. Engin ríkisstjórn er varanleg, þó að hún hafi mikinn meiri hluta í upphafi, það vita allir menn, og ef þetta skref er tekið, að breyta nú þessum lögum, þá er vel hægt að breyta öðrum lögum í eigin þágu fyrir ákveðinn meiri hluta í það og það skiptið. Hugleiðið þá þróun sem það hefði í för með sér. Ég er uggandi um slíka þróun. Ég vænti því þess að þetta frv. nái ekki fram að ganga á yfirstandandi þingi og það dagi uppi nú fyrir jólin, því að það stuðlar að þróun sem flestir viðsýnir menn eru á móti hér á hv. Alþingi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þegar við hófum þessa 3. umr. fór hún fram eins og aðrar umr. hér með nokkrum friði og spekt, og sérstaklega var eins og vænta mátti hæstv. menntmrh. hógvær og vildi sem minnst um þetta mál ræða. Ég gladdist því mjög þegar ég varð þess var hér í ræðustólnum, að hv. 12. þm. Reykv. barði í borðið á því sama augnabliki og ég nefndi tiltekið sjónvarp, nánar tiltekið Kanasjónvarpið, og hlakkaði svo sannarlega til að heyra hina einu sönnu rödd frelsishyggjunnar hér í hv. d. En þessi hv. þm. hefur sjálfsagt fallið frá orðinu og ætlar ekki að lofa okkur að heyra sinn fagnaðaróð. Það er kannske ekki nema von, vegna þess að hann minntist þess með söknuði að hann er búinn að missa sitt rórill og útreiðin í hans eigin flokki hefur auðvitað fengið mest á hann. Svona geta nefnilega vegvísar frelsis fengið á sig laumukomma úr öllum áttum, höft og bönn, eins og þessi hv. þm. mátti reyna í Sþ. ekki alls fyrir löngu.

Ég var að nefna sárabætur í þessu sambandi varðandi Kanasjónvarpið. Ég er nefnilega alveg sannfærður um að það gleður hjörtu margra þeirra, sem nú sakna og syrgja, þegar núv. útvarpsráðsmeirihluti verður ekki lengur til staðar, þegar þeir t. d. þurfa ekki lengur að horfa á þær óskaplegu áróðursmyndir, sem þeir kalla, sem sýna t. d. hvernig þeirra heittelskuðu vinir í Bandaríkjunum haga sér á vissum landssvæðum í heiminum. Ég er viss um að hv. þm. hefur ætlað að reyna hér eitthvað úr að bæta.

Við vitum að Ríkisútvarpið okkar, bæði hljóðvarp og sjónvarp, er sameign íslensku þjóðarinnar og veltur á miklu hvernig stjórn þess er. Það veltur líka á miklu hvert efnisval þess er, hvernig það rækir skyldur sínar við hlustendur sem horfendur. Það fer ekkert á milli mála að þetta eru voldugir fjölmiðlar og áhrifamáttur þeirra er ótrúlegur. Við leggjum áherslu á að þessir fjölmiðlar séu menntandi og skemmtandi í senn. Þeir þurfa kennske umfram allt að vera vakandi í sinni fréttamiðlun og skýra þar frá af sem mestri óhlutdrægni. Það þekkja víst allir, hvernig t. d. fréttir geta verið með mjög svo mismunandi blæ, jafnvel þannig að frétt getur breytt um eðli og inntak eftir því hvernig hún er sögð, eftir því hvernig hún er skýrð. Margt hefur einmitt verið um þessa þjónustu útvarpsins sagt og vægast sagt misjafnt. Ég held að það hafi ekki svo mjög komið til tals varðandi þann meiri hluta útvarpsráðs, sem nú er verið að illskast út í og hefur reyndar verið gert ótæpt s. l. 3 ár. Ég held nefnilega ekki, að það verði með sanni sagt að hægri öflin í landinu hafi orðið nokkuð út undan varðandi fréttaþjónustu þessara fjölmiðla yfirleitt, síður en svo. Ég man meira að segja mjög vel eftir því, að lengi voru fréttir svo einlitar um eitt viðkvæmt mál, sem ég minntist á áðan, Víetnam-stríðið, af vissu tilliti til voldugra vina okkar, að þeir, sem hlustuðu aðeins á útvarpið og horfðu á sjónvarpið sitt og lásu svo blessað Morgunblaðið sitt á morgnana, fengu ekki nema eina mynd þar af og hana mjög svo skrumskælda, alla á þann veg, sem þessum voldugu vinum okkar var í hag. Ég tel að einmitt á þessu hafi orðið breyting undir stjórn núv. útvarpsráðs. M. a. þetta mál hefur verið lagt þar fyrir á nýjan hátt og hlutlausan. Það hefur verið gert á fleiri sviðum.

Ég minni aðeins á þetta hér vegna þess, að nú stöndum við andspænis því að hér eigi e. t. v. um að skipta, taka upp nýja stefnu með tilliti til þeirrar kollsteypu sem nú hefur orðið í íslenskum utanríkismálum, að nú verði á nýjan leik farið að á sama veg og áður var. Íslensku ríkisfjölmiðlarnir voru því miður mettaðir af bandarískum áróðri, og þeir gætu svo vissulega orðið það enn ef þau öfl yrðu þar ríkjandi sem ég óttast að verði.

Það hefur verið nokkuð um það kvartað hér og kannske ekki að ástæðulausu að menn hafi ekki verið nógu málefnalegir í umr. sínum, og e. t. v. flokkast þessi orð mín einnig þar undir. Ég hef bent á það áður, af hvaða ástæðu það er, og sá ágæti maður, mælskumaður og orðglaði á margan veg, hæstv. menntmrh., hefur sannað þetta hér í ræðustól hvað eftir annað að málefnið, sem hér er um að ræða, er sáraómerkilegt í sjálfu sér, ef hinn rétti tilgangur er ekki skoðaður. En einmitt að það skuli hafa verið vakin athygli á hinum rétta tilgangi þessa frv., það hefur farið mjög í taugarnar á mörgum, jafnvel í taugarnar á þeim annars rólynda manni hæstv. menntmrh. (*Gripið fram í:* Hann hefur gengið út aftur, ég skal kalla á hann). Já, ég veit það. Oft er í holti heyrandi nær. Hann getur verið hér nálægt okkur. Ég hef hann ærið oft nálægt mér og sakna hans ekkert sérstaklega hér, meðan ég ber ekki fram fyrir hann sérstakar spurningar.

En til þess nú að vera örlítið málefnalegur og hverfa nú burt frá þessu pexi okkar, sem hér höfum verið að tala, þá held ég að færi vel á því að við færum örlítið aftur í tímann og athuguðum nánar, hvað um þetta mál var sagt á þinginu 1970—71, þegar einmitt þessi breyt. á útvarpsl., sem nú er verið aftur að gera bráðabirgðabreytingu á, skulum við segja, — því að það þarf sjálfsagt að gera þær margar, ef svona

á að halda áfram, — þegar þessi útvarpslög voru þá til umr. Ég er svo heppinn að hafa mér hér til vitnisburðar tvo valinkunna menn. Og það er m. a. skýringin á því að ég þarf ekki á hæstv. núv. menntmrh. að halda hér í d., að ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að vitna í hæstv. fyrrv. menntmrh., ekki þann síðasta, heldur þann sem þar áður gegndi embætti og gegndi því ærið lengi, hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason. Þegar hann mælti fyrir frv. sem nú á að breyta, sagði hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta frv. gerir ráð fyrir því að Ríkisútvarpið verði sjálfstæðari stofnun í framtíðinni en það hefur verið hingað til. Það er eindregin skoðun n." — þ. e. a. s. nefndarinnar sem samdi frv., og ég skal geta þess hér, að þar áttu sæti útvarpsstjóri, Andrés Björnsson, formaður útvarpsráðs, Benedikt Gröndal og dr. Þórður Eyjólfsson, ekki var nú liðið amalegt. En Gylfi Þ. Gíslason heldur áfram: „Það er eindregin skoðun n., að svo skyldi vera, og ég er því fyrir mitt leyti og ríkisstj. sammála að að því skuli stefnt." — Það vita auðvitað allir hvaða ríkisstj. var þarna um að ræða, ríkisstj. þeirra sjálfstæðismanna og alþýðuflokksmanna. Og Gylfi heldur áfram: „Ríkisútvarpið gegnir mjög mikilvægu hlutverki í íslensku menningarlífi og íslensku þjóðlífi, og það er heppilegt og eðlilegt að slíkar stofnanir séu sem óháðastar, að sem allra minnst hætta sé á afskiptum stjórnmálayfirvalda af stofnunum sem þessari. Íslenska ríkið hefur skv. öðrum lögum einkarétt á starfrækslu útvarps, og með þessu frv. er gert ráð fyrir því að þessi einkaréttur sé afhentur Ríkisútvarpinu."

Þarna segir sem sagt dr. Gylfi Þ. Gíslason mjög ákveðið, að sem allra minnst hætta sé á afskiptum stjórnmálayfirvalda af stofnunum sem þessari, en nú er verið að messa yfir okkur æ ofan í æ, að útvarpsráð þurfi alveg skilyrðislaust að vera hin eina rétta spegilmynd pólitíkurinnar í landinu. Fyrrv. menntmrh. og núv. eru greinilega ekki sammála um þetta atriði.

„Þá er það nýmæli í frv.," heldur dr. Gylfi áfram, „eina nýmælið, sem ég tel orka nokkuð tvímælis og vil beina sérstaklega til hv. n. að athuga rækilega," — sem og var gert, — „en það er ákvæði frv. um breyt. á reglum um kosningu í útvarpsráð. Hingað til hefur sérhvert nýkjörið Alþ. kosið útvarpsráð og menntmrh. skipað formann þess, og hefur þetta verið gert til að jafnan sé tryggt gott samstarf á milli stjórnvalda, sem fara með umboð á Alþ., annars vegar og svo yfirstjórnar útvarpsins hins vegar, — gott samstarf, vegna þess hve mikið er undir því komið að gott samstarf sé milli þessara aðila. Þetta hefur verið svo um langt skeið. Hér hefur hins vegar verið gert ráð fyrir því skv. till. n., sem frv. samdi, að útvarpsráð verði kosið til 4 ára, þannig að svo getur vel farið að þeir menn, sem kosnir eru í útvarpsráð af meiri hluta, séu ekki úr sömu flokkum og fara með meirihlutavald á Alþ., og þá sömuleiðis að formaður útvarpsráðs sé ekki skipaður af þeim menntmrh. sem sitja kann. Sú skipun, sem frv. gerir ráð fyrir, hefur ýmsa kosti. Hún gerir útvarpið óháðara stjórnvöldum en verið hefur. En því er ekki að leyna, að þeirri skipun fylgi líka nokkur ókostur. Það kann að vera að það torveldi samstarf útvarpsráðs og ríkisstj. eða menntmrn. og þá sérstaklega samstarf formanns útvarpsráðs og menntmrh., ef þeir eru úr sitt hvorum flokknum, þ. e. a. s. ef formaðurinn er skv. gamalli skipun úr flokki, sem er í stjórnarandstöðu."

Það væri nú nógu gaman að vita hvort hæstv. menntmrh. núv. hefði verið svona gífurlega hræddur við að samstarfið milli hans og núv. formanns útvarpsráðs yrði með þeim ósköpum, að þess vegna yrði að flytja þetta frv. í snarkasti. Þeim hefur kannske þegar lent saman eins og fleirum þar á bæ. Það kann vel að vera.

Með leyfi hæstv. forseta segir hins vegar Gylfi Þ. Gíslason orðrétt:

„Ég vil ekki gera mikið úr þessu, ekki mikið úr hættunni á því að slíkt kunni að leiða til nokkurra vandræða."

En nú eru sem sagt vandræði. Það fer ekkert á milli mála. En Gylfi segir áfram:

„Ég vil vekja athygli á því, að þetta er mikilsverð breyt. frá því sem verið hefur og gæti undir vissum kringumstæðum verið báðum aðilum til nokkurs tjóns, menntmrn. annars vegar og Ríkisútvarpinu hins vegar. Ég fyrir mitt leyti get vel fellt mig við þá skipan sem hér er lagt til, hið sama gildir um ríkisstj. Annars væri frv. ekki flutt í því formi sem það er flutt."

Þetta segir Gylfi Þ. Gíslason. Hann hefur sem sagt verið býsna forspár í þessum efnum. Hann hefur greinilega séð það fyrir, að þegar hæstv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson yrði kominn í það embætti og hann sæti uppi með Njörð P. Njarðvík sem formann útvarpsráðs, þá gæti þetta verið báðum aðilum til nokkurs tjóns, eftir þessu orðalagi að dæma, menntmrn. annars vegar og Ríkisútvarpinu hins vegar, því að þarna hlýtur ástæðunnar að vera að leita. Ég hef orðið sannfærðari um það eftir því sem ég hef lesið þessi spaklegu orð dr. Gylfa oftar.

Ég mun leyfa mér að vitna í annan hv. þm., hv. þm. Benedikt Gröndal, sem var einmitt einn af þeim mönnum sem sömdu frv. að núgildandi lögum. Það er aðallega gert til þess að segja þeim hv. menntmn.-mönnum frá því, hvernig eigi að fjalla um svona mál, sem eins og dr. Gylfi hafði bent á er bæði vandasamt og mikilvægt. Með leyfi hæstv. forseta, þá segir Benedikt Gröndal í þingræðu á þessa leið, þegar hann er að mæla fyrir nál. um frv., og það var ekki nokkrum dögum eftir að frv. kom fram, og það frv. hafði áður verið lagt fram á Alþ. fyrir þetta þing, sem hér er um að ræða, — Benedikt Gröndal segir svo:

„Nú hefur verið samið frv. til nýrra útvarpslaga, og er það að langmestu leyti nýsmíði. Frv. var lagt fram á síðasta þingi og hefur því gefist gott tóm til að íhuga það og skoða. Sérstaklega er vert að geta þess, að útvarpsráð og útvarpsstjóri hafa rætt frv. ítarlega og komið á framfæri hugmyndum sínum."

Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, að vitanlega hefur hv. menntmn. þessarar d. án efa fetað dyggilega í fótspor þessarar fyrri n. og leyft bæði útvarpsráði og útvarpsstjóra að ræða þetta frv. ítarlega, svo sem hv. þm. Benedikt Gröndal telur algjörlega sjálfsagt. Benedikt Gröndal heldur svo áfram, með leyfi forseta:

„Þessir aðilar hafa látið í ljós þá almennu

skoðun, að frv. í heild sé mikil bót frá gildandi l. og feli í sér margar merkar nýjungar, sé því mikils virði, að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Hins vegar hafa komið fram við umr. um málið nokkrar brtt., sem áðurnefndir aðilar eru ekki að öllu leyti sammála um.

Menntmn. þessarar hv. d. hefur fjallað ítarlega um frv. til útvarpslaga, fengið álitsgerðir og tillögur útvarpsráðs og útvarpsstjóra, svo og erindi frá ýmsum öðrum aðilum og loks leitað sér upplýsinga hjá stofnunum og einstaklingum. N. skilar samhljóða áliti um frv. í heild, en einstakir nm. hafa þó fyrirvara um nokkur atriði, eins og vafalaust mun koma fram í þessum umr."

Svo mörg voru þau orð Benedikts Gröndals þegar hann mælti fyrir þessu frv. Ég geri þetta ekki til þess að halda uppi neinni sérstakri maraþonræðu, því að þegar ég fór að lesa þessar umr. hefði ég getað tínt hér til óteljandi önnur gullkorn og kannske mikilvægari og betri en hér voru talin. Ég er aðeins að minna á þetta hér vegna þeirra vinnubragða sem hér hafa verið við höfð, vegna þess eðlis sem ég tel vera innsta eðli þessa máls.

Ég endurtek það enn og aftur, að ég er sannfærður um að undirstaðan að þessu frv. er komin frá því hrjáða íhaldi, sem hefur nú misst sitt rórill, sitt Kanasjónvarp, og þarf nú einhvern veginn að ná sér niðri, einhvern veginn að taka upp gleði sína á ný. Og það verður auðvitað best gert með því að gera okkar ríkisfjölmiðla, ef nokkur leið væri, að sem mestri eftirlíkingu þess ágæta sjónvarps sem þeir horfa nú eftir með tár í augum.

Stefán Jónsson: *Herra forseti. Enn vil ég óska* þess að innt verði eftir því við hæstv. menntmrh., hvort hann vilji ekki prýða samkvæmi okkar hér í þessari hv. d., þótt ekki væri nema nokkra klukkutíma, á meðan við ræðum þetta merka frv. hans um breyt. á l. um Ríkisútvarpið. Ég mun hinkra við eftir honum.

Hæstv. menntmrh. hefur gengið öðru sinni í salinn. Í upphafi á ég það erindi við hann fyrst að leiðrétta misskilning. Ég minntist í síðustu ræðu minni um þetta lagafrv. á afskipti pólitískra braskara af málefnum Ríkisútvarpsins. Hæstv. menntmrh. tók þetta til sín, honum sárnuðu ummælin, og nú vil ég taka það fram, svo að það fari ekki á milli mála, að ég ætlaði honum ekki þennan titil, víðs fjarri því. Í hugskoti mínu getur Vilhjálmur Hjálmarsson ekki rúmast í hópi pólitískra braskara. Við erum dálítið veikir fyrir honum, austfirðingarnir, sem eðlilegt er um jafnviðfeldinn, gáfaðan og skemmtilegan mann. Það er sama hvar í flokki við stöndum. Við tökum það heldur óstinnt upp ef illa er að honum vikið, en gleðjumst heldur yfir því þegar við heyrum hann látinn njóta sannmælis. Ég vík seinna að pólitíska braskinu í þessu sambandi. En það er sem sagt við þann mann, vammlausa sómamann, hæstv. menntmrh. Vilhjálm Hjálmarsson, sem ég vil nú ræða frv. það, sem hann aldrei skyldi hafa lagt fram um breyt. á l. um kosningu útvarpsráðs.

Ég neita að trúa því að hæstv. menntmrh. sé rökheldur í þessu máli. Ég neita að trúa því að hann fáist ekki til að falla frá þessu frv., ef hann verður sannfærður um að það sé vont og ekkert gott muni af því leiða annað en e. t. v. að losna við Ólaf Ragnar Grímsson prófessor úr útvarpsráði. Ég held að enginn sæmilega skyni borinn maður trúi því, að tilgangurinn með þessu lagafrv. sé sá að bæta lögin, heldur trúa menn því að tilgangurinn sé að losna fyrst og fremst við einn nafngreindan mann, en aðra þrjá í leiðinni úr útvarpsráði, þó svo að til þess þurfi að spilla lögum til að losna við þessa menn, og síðast en ekki síst þetta, að Framsfl. gangi í þessu í fylkingarbrjósti þeirra alþm. Sjálfstfl., sem mestu vilja til kosta að losna við þá menn úr útvarpsráði sem í það voru kjörnir í umboði þeirra kjósenda sem stóðu að þingmeirihluta vinstri stjórnarinnar.

Ég hef hérna fyrir framan mig ljósmyndaafrit af öllum skrifum íslensku dagblaðanna um núv. útvarpsráð. Það er þessi bunki hérna, menntmrh. þessi bunki hérna. Þó að ég leiti hér með logandi ljósi, þá finn ég ekki eitt einasta dæmi þess að framsóknarmaður hnýti í núv. útvarpsráðsmeirihluta, ekki eina einustu blaðagrein úr Tímanum, þar sem að því er vikið að þessi meiri hluti útvarpsráðs sé ekki hæfur til að gegna störfum og sé ekki raunar hinn ágætasti. Úr þessum blaðabunka hérna mun ég hins vegar geta lesið fyrir hæstv. menntmrh. í nokkra klukkutíma úr blöðum Sjálfstfl., Morgunblaðinu og Vísi, álit Sjálfstfl. á þessu sama útvarpsráði, og ég er reiðubúinn að gera það í nokkra klukkutíma, ef með þarf. En ég ætlast til þess að hæstv. menntmrh. stansi hérna hjá okkur þá litlu stund sem þarf til þess að sýna honum fram á að verið er að fremja óhæfuverk með frv. því sem hér er flutt og á að þvinga gegnum báðar deildir Alþ. nú fyrir jól.

Ég fékk ljósrit af þessum blaðaúrklippum fyrir stundu, og mér hefur ekki gefist tóm til að renna augum í gegnum það, þannig að yfirferðin verður e. t. v. ekki jafngreið og ákjósanlegt hefði verið. En þegar um svo mikilsvert frv. er að ræða, höfum við nógan tíma. En ég biðst sem sagt afsökunar á því að röðin kann að ruglast eitthvað, tímaröðin og einnig málefnaröð.

Við skulum þá byrja á nýlegri grein úr Vísi. Fyrirsögnin er:

„Útvarpsráð. Öruggur meiri hl. með frv. Þorvaldur Garðar lýsir ekki yfir andstöðu.

Öruggur meiri hluti er talinn vera á þingi fyrir samþykkt stjfrv. um útvarpsráð. Einn þm. Sjálfstfl., Þorv. Garðar Kristjánsson, sem á sæti í ráðinu, gagnrýndi frv. að vísu í gær, en hann lýsti ekki yfir andstöðu sinni við það. Þorvaldur skýrði afstöðu sína í viðtali í Vísi í morgun." Ég vil aðeins vekja athygli á því, að í frétt Vísis um afstöðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar er náttúrlega ekki greint rétt frá. Þorv. Garðar Kristjánsson, hæstv. forseti þessarar d., lýsti yfir andstöðu sinni við frv. Síðan segir: „Stjórnarandstæðingar snerust hins vegar gegn frv., sem gerir ráð fyrir fjölgun í ráðinu og að nýtt ráð verði nú kosið. Þorv. Garðar Kristjánsson sagðist vera sammála því fyrirkomulagi, sem nú væri um kjörtímabil ráðsins og var tekið upp af viðreisnarstjórninni 1971. Hann taldi að ekkert hefði gerst síðan sem réttlætti breytingu

í sambandi við lögin sem slík, hins vegar hefði staðið styrr um núverandi ráð og hann skildi hina almennu óánægju með störf ráðsins og ásakanir um pólitíska misnotkun meiri hl. þar.“

Hér höfum við grein frá 25. sept., að því er mér skilst 1972, úr Morgunblaðinu. Fyrirsögnin er:

„Útvarpsráð gerir útvarpið tortryggilegt, segja fréttamenn.

Það fer ekki fram hjá neinum að með þessu er útvarpsráð að gera fréttastarfsemi Ríkisútvarpsins í heild tortryggilega í augum almennings, og það kemur úr hörðustu átt, sagði Jón Hákon Magnússon, fréttamaður hjá sjónvarpinu, er Morgunblaðið spurði hann um álit hans á samþykkt útvarpsráðs frá í gær varðandi fréttaskýringar hans og starfsfélaga hans, Gunnars Eyþórssonar. Gunnar sagði í viðtali við Morgunblaðið í gær að samþykkt ráðsins væri hvað sinn pistil varðaði algerlega byggð á röngum forsendum.

Morgunblaðinu barst í gær eftirfarandi tilkynning frá útvarpsráði:

„Útvarpsráð samþykkti á fundi sínum í dag eftirfarandi till. frá Stefáni Karlssyni:

„Í tilefni af fréttaskýringum í hljóðvarpi og sjónvarpi vegna valdaráns herforingja í Chile“ — þið verðið að fyrirgefa, en þessi afrit eru klesst — „beinir útvarpsráð þeim eindregnu tilmælum til fréttaskýrenda stofnunarinnar að þeir varist að taka hlutsamar fullyrðingar fréttaskeyta upp í skýringar sínar og gera þær að sínum án þess að geta heimilda. Útvarpsráð telur að í téðum fréttaskýringum hafi stjórnmálasaga Chile undanfarin ár ekki verið rakin á viðhlítandi hátt og að í þeim sé að finna villandi ummæli, sem hægt hafi verið að sneiða hjá ef betur hefði verið vandað til verka.“

Vegna þessarar samþykktar sneri Morgunblaðið sér til Gunnars Eyþórssonar og Jóns Hákonar Magnússonar, fréttamanna hjá sjónvarpinu, og spurði þá álits á samþykktinni. Þriðji fréttamaðurinn, sem samþykktin beinist að, Margrét Jónsdóttir, er í frii og ekki í bænum og reyndist Morgunblaðinu ekki unnt að ná til hennar. Svar Gunnars Eyþórssonar:

„Hvað minn pistil varðar þá er samþykkt útvarpsráðs algerlega byggð á röngum forsendum, þar sem ég notaði engin fréttaskeyti við að semja hann. Pistillinn er hins vegar byggður á þekkingu sem ég hef aflað mér á löngum tíma við lestur viðurkenndra og merkra heimsblaða. Ég get staðið við hvert einasta orð í þessum pistli.“

Jón Hákon Magnússon sagði: „Ef útvarpsráð hefur eitthvað við störf mín hjá Sjónvarpinu að athuga, finnst mér eðlilegast að kvartað sé við mína yfirmenn og sjálfan mig. Ég sé ekki að það þjóni öðrum tilgangi en að þyrla upp pólitísku moldviðri að senda slíka yfirlýsingu til birtingar í fjölmiðlum og það ekki betur rökstudda en raun ber vitni. Það fer ekki fram hjá neinum, að með þessu er útvarpsráð að gera fréttastarfsemi Ríkisútvarpsins í heild tortryggilega í augum almennings, og það kemur úr hörðustu átt.“

Morgunblaðið aflaði sér í gær upplýsinga um það að till., sem útvarpsráð samþ. í gær, hafði verið samþ. með 5 atkv. gegn 1 að viðhöfðu nafnakalli. Fylgjandi till. voru Njörður P. Njarðvík, Stefán Karlsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Örlygur Hálfdánarson og Stefán Júlíusson. Magnús Þórðarson var andvígur till.“

Enn vil ég beina því til hæstv. forseta, að sé frv. það, sem liggur fyrir d., þess virði að Alþ. fjalli um það, frv. sem menntmrh. flytur hér, þá ætlast ég til þess að hann taki út sömu kvöð og þm. í þessari hv. d., ef á að afgr. það. (**Forseti:** Ég vil taka fram, að það er ekki á valdi forseta að halda þm. í sætum sínum. Ég sé að við erum aðeins tveir, sem hlýðum á hv. ræðumann, en ég hef ekkert á móti því að það geri fleiri. En ég vona að þeir finni þá þörf til þess sjálfir.)

Ég æskti aðeins eftir því að flytjandi frv., hæstv. menntmrh., væri viðstaddur meðferð þess. — Þar sem hæstv. menntmrh. hefur nú smeygt öðru eyranu inn um gættina til okkar mun ég halda áfram þessum lestri.

Í sama blaði er 27. sept., tveimur dögum síðar, fyrirsögnin: „Saumað að fréttamönnum.“ Greinin hljóðar þannig:

„Kommúnistar og fylgifiskar þeirra hafa lengi haft mikinn hug á því að ná auknum yfirráðum yfir útvarpi og sjónvarpi. Hafa þeir um langan aldur reynt að smeygja mönnum sínum inn í útvarpið til að auka þar áhrif sín. Nú vita það allir, sem vilja vita, að kommúnistar telja það skyldu sína að nota þá aðstöðu, sem þeir hafa, hvar sem er til að vinna fyrir málstaðinn, m. ö. o. til að beita hlutdrægni hvar sem þeir koma því við.

Á undanförnum mánuðum hafa útvarpshlustendur veitt því athygli að vinstrisinnar reyna í vaxandi mæli að troða inn á fólkið áróðri sínum, og vitað er að þeir hafa lagt hart að ýmsum starfsmönnum útvarps og sjónvarps að auka kommúnistaáróður og sneiða hjá þeirri sjálfsögðu reglu að leita öruggra heimilda. Stundum hafa vinstri menn komist furðulangt í þessari iðju sinni. En sem betur fer hefur fólkið í landinu séð í gegnum þessa áróðurstilburði og í sumum tilvikum hafa þeir beinlínis vakið slíka andúð að verkað hefur þveröfugt við það sem tilgangurinn var, en þó er iðjunni haldið áfram.“

Þessi grein í sama dúr er allmiklu lengri, þar sem hamrað er sama kaldastríðsjárnið út í gegn og reynt að varpa rýrð á þá starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem ekki hafa gengið Morgunblaðinu á hönd, og þá fyrst og fremst útvarpsráð.

Hér höfum við Staksteina, grein úr Morgunblaðinu frá 4. okt. 1973, þar sem stendur: „Útvarpsráð einangrað. Vinstri meiri hlutinn í útvarpsráði hefur nú einangrast gersamlega og er með öllu sambandslaus við það starf sem fram fer í Ríkisútvarpinu, bæði Hljóðvarpi og Sjónvarpi. Þetta er afleiðing þeirrar tilraunar til skoðanakúgunar sem vinstri menn í útvarpsráði gerðu sig seka um á dögunum, en sú tilraun varð til þess að allir fréttamenn útvarps og sjónvarps að einum undanskildum, sem metur meir pólitíska skyldu við kommúnista en samstöðu með starfsbræðrum sínum, mótmæltu framferði vinstri manna í útvarpsráði. Enn fremur snerust æðstu stjórnendur stofnunarinnar harkalega gegn þessari tilraun og skarst svo mjög í odda milli embættismanna og meiri hl. útvarpsráðs að embættismenn sækja nú ekki útvarpsráðsfundi. Þar með

er útvarpsráð einangrað og hefur komið sér í sjálfheldu, sem fróðlegt verður að sjá hvernig Njörður P. Njarðvík og félagar hans losna úr.

Í rauninni er ákaflega gagnlegt að fylgjast með vinnubrögðum þeirra svonefndu vinstri manna, sem stjórna Íslandi um þessar mundir. Um margra ára bil hafa þessir menn sakað aðra um ólýðræðisleg vinnubrögð og spillingu o. fl. o. fl. En svo bregður við t. d. í Ríkisútvarpinu, þegar vinstri meiri hl. myndast þar, að lýðræðishugsjónin á ekki upp á pallborðið hjá þeim herramönnum þegar völdin eru í þeirra höndum. Vinstri menn í útvarpsráði hafa gert tvennt. Í fyrsta lagi hafa þeir unnið markvisst að því að misnota þennan ríkisrekna fjölmiðil í þágu þeirra stjórnmálahugmynda sem þeir aðhyllast. Dæmi um óheyrilega misnotkun af þessu tagi eru fjölmörg á s. l. tveimur árum. Í öðru lagi reyna þeir mjög ákveðið að kúga fréttamenn og aðra starfsmenn stofnunarinnar og gera tilraun til þess að hafa áhrif á störf þeirra á þann hátt að Blaðamannafélag Íslands telur móðgun við starfsheiður fréttamanna. Engum kemur á óvart þótt menn á borð við Njörð P. Njarðvík og Stefán Karlsson beiti slíkum starfsaðferðum. Slíkir menn prédika lýðræði í orði, en þeir grípa til einræðiskenndra aðferða um leið og kostur er. Hitt vekur nokkra furðu, að annar fulltrúi Framsfl., Ólafur Ragnar Grímsson, og fulltrúi Alþfl., Stefán Júlíusson, skuli fylgja þessum tveimur mönnum eftir í einu og öllu. Sannleikurinn er sá, að eftir því sem menn fá meiri reynslu af starfsaðferðum vinstri manna kemur betur og betur í ljós, að aðrir verða að halda uppi merki lýðræðislegra stjórnarhátta. Vinstri mennirnir aðhyllast bersýnilega í framkvæmd sams konar vinnubrögð og hægri sinnuð fasistaöfl, eru sannkallað vinstra afturhald."

Eins og ég sagði í upphafi í nokkrum hótunartón, þá hef ég hérna hráefni sem gæti enst okkur til nokkurra klukkutíma rannsóknar á umfjöllun íslenskra dagblaða, íslensku hægri blaðanna, á málefnum útvarpsráðs, þar sem meiri hl., sem til valda komst í útvarpsráði í tíð vinstri stjórnarinnar, er lagður í einelti. Ég ítreka það, að þó að leitað sé með logandi ljósi í dagblöðunum síðustu 3 árin, þá finnst þar ekki hallmæli um meiri hl. útvarpsráðs eða störf útvarpsráðs í öðrum blöðum en blöðum Sjálfstfl. Ég geri ráð fyrir því að tóm gefist til þess að halda áfram lestri úr þessum blaðaúrklippum í sambandi við afgreiðslu frv. og mun gera hlé á könnuninni um sinn.

En ég vék í upphafi að því sem ég kallaði pólitískt brask. Við skulum viðurkenna það sem er, að pólitískt brask hefur kostað Framsfl. fulltrúa þess flokks í útvarpsráði. Gangur málsins er í stuttu máli sá, að aðalfulltrúi Framsóknar í útvarpsráði, Tómas Karlsson, fór af landi brott, það má segja að hann hafi verið sendur í útlegð fyrir hægri villu, og síðan var varafulltrúanum, sem tók við af honum, vikið úr flokknum fyrir vinstri villu. Sá síðarnefndi tók með sér umboð Framsfl. og heldur því, þrátt fyrir það að hann er ekki lengur í flokknum.

Það er e. t. v. kominn tími til þess að taka til endurskoðunar þau lög, sem fjalla um umboð fólksins í hinum æðstu embættum, og setja lagaákvæði sem komið gæti í veg fyrir að maður, sem kjörinn er á Alþ. af stuðningsmönnum eins flokks, geti hlaupið yfir í annan flokk með umboð þeirra kjósenda og unnið þannig berlega gegn vilja þess fólks sem kaus hann á þing. Það er e. t. v. kominn tími til að setja lagaákvæði sem koma í veg fyrir þann möguleika að alþm. hlaupist burt með það umboð, sem fólkið hefur falið þeim, og gangi í fjandaflokk. Væri slíkt mögulegt, að setja slík ákvæði, þá væri það vel til þess fallið að efla lýðræði í landinu. Persónulega væri ég því hlynntur að slíkt yrði athugað. Flokkur minn hefur orðið fyrir barðinu á slíkum persónuleikum. Ég tel eðlilegt, að reistar verði skorður við þess háttar pólitísku braski. Hið sama mætti þá gilda um þau embætti, sem þingflokkarnir kjósa menn í, svo sem útvarpsráð, að þeir fulltrúar, sem í það eru kjörnir, verði skyldaðir til að segja hreinlega af sér ef þeir hverfa burt úr þeim flokki sem kaus þá til þess trúnaðar. Ég held það gæti verið gott fyrir pólitíkina í landinu að reistar yrðu eðlilegar skorður við skrípalátum pólitískra framagosa. Þessi mál þarf að athuga. Ég hef raunar grun um að við athugun kunni að finnast á þessu ýmsir þeir agnúar, eins og t. d. sá, að hið sama hljóti þá að gilda um það umboð sem stjórnmálaflokkar fá frá kjósendum eins og um það umboð sem einstakir þm. fá frá kjósendum, en af því gæti t. d. leitt, svo að við tökum nærtækt og nýlegt dæmi, að Framsfl., sem lofaði vinstri stefnu í kosningunum síðast, yrði sviptur umboði vegna þess að hann breytti svo til og tók hægri stefnu út á umboð vinstri kjósenda strax að kosningum loknum.

Þegar til kastanna kemur er sennilega best að reyna að notast við okkar góðu og gömlu reglu að fá dóm kjósenda á fjögurra ára fresti, jafnt á einstaka þm. sem stjórnmálaflokka. Þá fylgir það náttúrlega með að fulltrúar þingflokka í ráðum og nefndum fái að sitja út lögákveðið kjörtímabil og hljóti síðan dóm flokka sinna að því búnu. Það að heimila Framsfl. nú að rjúfa útvarpsráð til þess að koma Ólafi Ragnari Grímssyni frá fyrir brigð við flokkinn, það væri hliðstætt við að kjósendur Framsfl. fengju umboð til þess að rjúfa þing í því skyni að koma dómi yfir þann flokk fyrir svikin eftir síðustu kosningar. Tilhugsunin er að vísu dálítið skemmtileg, en gæti orðið vandasöm í framkvæmd og ekki víst að afleiðingarnar yrðu öllum að skapi.

Ég ítreka það, sem ég sagði í upphafi um þennan blaðabunka hérna. Gefist ekki tími til þess við umr. núna fyrir jólin að lesa allan þennan bunka upphátt fyrir hæstv. menntmrh., er ég staðráðinn í því að ganga snyrtilega frá úrklippunum í umslagi og senda honum til lesturs um jólin.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til Nd.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar, frv. (þskj. 141). — Frh. 1. umr.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Það mál, sem hér er á dagskrá, hefur verið nokkuð umrætt að

undanförnu. Hringvegurinn svokallaði lokaðist, ef svo má að orði komast, með lúkningu vegarins yfir Skeiðarársand, og fjármuna til þess vegar var aflað með happdrættislánum. Þessi fjáröflun gafst mjög vel. Þegnar þjóðarinnar voru fúsir til að kaupa happdrættisskuldabréf sem voru til sölu vegna byggingar hringvegarins, og þessi framkvæmd átti miklum vinsældum að fagna með þjóðinni. Í frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir því að afla á sama hátt með sölu happdrættisskuldabréfa fjár til ákveðinna hluta af sama hringvegi, þ. e. a. s. annars vegar til vegarins frá Reykjavík norður um land til Akureyrar og hins vegar frá Reykjavík austur um land til Egilsstaða.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, að við Íslendingar þurfum mjög á auknu fé að halda til vegagerðar. Ég hygg að það séu fá mál sem eru okkur jafnbrýn og eiga jafngreiðan aðgang að huga allra landsmanna eins og umbætur í vegamálum og raunar orkumálum einnig. Það er þess vegna ekki ástæða til annars en fagna því, þegar fyrirhugaðar eru stórframkvæmdir í vegamálum á borð við þær, sem hér er talað um. Vegagerð er líka eitt af því sem hefur tvímælalaust meiri áhrif á þróun byggðar heldur en flestar aðrar aðgerðir í samgöngumálum yfirleitt. Ég er fullviss þess að við getum sveigt byggðaþróunina til ákveðinnar stefnu með ákveðnum aðgerðum í samgöngumálum og vegamálum sérstaklega.

Ég vil taka það strax fram, að ég er ekki alls kostar ánægður með þetta frv. eins og það liggur fyrir. Það sem ég finn að er að á hringveginum svokallaða er skilið eftir svæðið frá Akureyri austur á Egilsstaði þegar rætt er um fjáröflun í þessu frv. Því er að vísu lýst yfir að áfram verði unnið að athugun á fjáröflun til hringvegarins alls, og ber að þakka það.

Vegurinn til Austurlands hefur til skamms tíma aðeins legið um Norðurland og austur, en nú er skyndilega opnuð önnur leið í þennan landshluta. Þetta hefur vonandi mikil og heillavænleg áhrif fyrir allar byggðir meðfram veginum frá Reykjavík og austur á land. En þessi nýi vegur getur líka leitt af sér ákveðna þróun, og það er ekkert óeðlilegt, þótt menn séu ekki allir jafnsammála um hvort sú þróun sé æskileg eða ekki. Það atriði, sem ég vil benda hér á, er að vegasambandinu frá Norðurlandi, frá Akureyri t. d. austur í Egilsstaði og austur á Austfirði, hafa fylgt mikil verslunarviðskipti milli þessara landshluta. Ég óttast að með hinum nýja vegi breytist aðstaða Norðurlands til þess að halda við þessum viðskiptum og verði lakari en verið hefur og lakari en aðstaða þéttbýlissvæðisins hér við Faxaflóa. Ég tel að vegagerðin muni stuðla að ákveðinni þróun, sem, eins og ég sagði áðan, geta verið misjafnar skoðanir um hversu æskileg þyki. Þess vegna er það, að þegar í frv. er einmitt skilinn eftir þessi hluti hringvegarins frá Akureyri austur á Egilsstaði, virðist mönnum í fljótu bragði ýmsum og er ekki óeðlilegt að menn álykti þannig, að þarna sé þessi hlekkur skilinn eftir og með því ýtt undir það að verslunarsamböndin milli Austurlands og Norðurlands breytist og verslunarviðskiptin minnki.

Ég hef ekki gert ráð fyrir að flytja að þessu sinni brtt. við þetta frv., en ég áskil mér allan rétt til að fylgja brtt. sem fram kunna að koma, og ég áskil mér fullan rétt til þess að óska eftir því, að vandlega verði hugað að því, hvort ekki er hægt að vinna að því að útvega fjármagn til þess að uppbygging þessa kafla, sem ég hef um rætt og eftir er skilinn í frv., verði ekki á eftir annarri uppbyggingu á hringveginum. Ég tel þetta mikilvægt sem byggðastefnumál. Ég tel óeðlilegt að t. d. vörur, sem framleiddar eru á Akureyri, séu fluttar helmingi lengri leið um Suðurland til Austfjarða heldur en leiðin er frá Akureyri austur, en ég tel hættu á því að verslunarviðskiptin beinist til Reykjavíkursvæðisins, ef vegurinn milli Akureyrar og Austfjarða verður lokaður langtímum saman.

Við höfum núna þessa dagana fyrir augunum gott dæmi um það, hvað samgöngur geta verið mikilvægar. Það er verið að flytja spennubreyti frá Egilsstöðum að Kópaskeri, og það þarf að fara í kringum mestallt landið til að koma honum þessa leið og hann er marga daga á leiðinni. Það er farið í meiri og minni ófærð þessa leið. En vegna þess að vegurinn á milli Egilsstaða og Kópaskers er enn lakari en aðrir hlutar hringvegarins, þá verður að fara þessa leið. Ég get ekki dæmt um það í einstökum atriðum hversu uppbygging vegar milli Akureyrar og Egilsstaða mundi duga yfir veturinn. En af þeirri þekkingu sem ég hef af uppbyggðum vegum á Norðurlandi, þá hygg ég að það sé ekki rangt að ætla að það væri hægt að halda þessum vegum opnum mestallt árið með ekki tilfinnanlegum tilkostnaði. Það er reynsla okkar, að þar sem vegur er vel upp byggður og hægt er að leggja hann um land sem er ekki allt of mishæðótt, en leiðin austur um hálendið til Austurlands er yfirleitt ekki mjög mishæðótt, þá standi vegirnir upp úr vetrarsnjónum í öllu venjulegu tíðarfari. Mér er kunnugt um að á undanförnum vetrum hafa langir kaflar á leiðinni austur yfir Fjöllin, eins og við köllum, verið færir langtímum saman á veturna, þó að tiltölulega stutt höft hafi lokað samgöngum um veginn.

Ég vil ljúka þessu máli mínu, herra forseti, með því að endurtaka það, að ég tel brýna nauðsyn og sjálfsagt sanngirnismál að þessi hluti hringvegarins milli Akureyrar og Egilsstaða verði í engu eftir skilinn þegar hin almenna uppbygging á þeim köflum, sem enn eru óuppbyggðir, fer fram, og læt máli mínu lokið með því að lýsa því yfir, að ég treysti því að hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar taki höndum saman um að vinna að því að uppbygging þessarar eðlilegu samgönguleiðar í kringum landið fari fram sem jafnast og með þeim hætti að uppbygging vegarins verði til almennrar farsældar fyrir allar byggðir landsins og breyti ekki í stóru þeim verslunarleiðum og viðskiptaleiðum, sem myndast hafa og tíðkast hafa nú um sinn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil í byrjun þakka hv. þm. Inga Tryggvasyni fyrir ómakið sem hann tók af mér með ræðu sinni. Hann sagði hér mjög margt af því sem ég vildi sagt

hafa. Ég hef ákveðið að gera það sem hann tæpti á, en kvaðst ekki hafa komið í verk enn. Ég hef ákveðið að flytja brtt. við þetta frv. á þá lund að 2 000 millj. sem mun koma í hlut allra landsmanna að borga, líka íbúa Þingeyjarsýslna og Norður-Múlasýslu, þessum 2 þús. millj. verði varið jafnt, að vegarkaflinn milli Akureyrar og Egilsstaða verði ekki skilinn út undan, heldur tekinn með. Og ég fæ ekki séð hvi vestfirðingar, sem einnig munu borga sinn hluta af þessu láni, eiga ekki að verða aðnjótandi ávaxtanna af þeim peningum.

Það er athyglisvert í frv., hvernig hugsað er um vegi, hvernig hugsað er um hlutverk vega í beinum tengslum fyrst og fremst við Reykjavík og síðan eitthvert ákveðið endamark úti á landi. Hér er gerð grein fyrir veginum frá Reykjavík til Akureyrar beinlínis á þann hátt að hann eigi að þjóna því fólki fyrst og fremst sem fer frá Reykjavík eftir þessum vegi, hversu langt í burtu sem endamarkið er, þá náttúrlega mest þeim, sem ætla alla leið til Reykjavíkur og til baka. Á bak við samningu þessa frv. liggur hugsunin um þörfina á því að komast frá Reykjavík til ákveðins staðar eða frá ákveðnum stað úti á landi til Reykjavíkur.

Sannleikurinn er sá, að fyrir byggðirnar úti á landi hefur vegasambandið á milli þéttbýliskjarna, þjónustukjarna í hverju héraði, og hinna dreifðu byggða þar umhverfis miklu meiri þýðingu heldur en sambandið við Reykjavík. Og ef við ætlum að byggja upp fjórðungana, auka sjálfstæði þeirra og sjálfsbjörgunarmöguleika, þá verðum við að miða vegagerðina við það að hún þjóni fyrst og fremst þörfinni innanhéraðs. Það er enginn vandi að komast frá Akureyri til Reykjavíkur á miklu auðveldari hátt og ódýrari hátt en þann að aka eftir fyrirhuguðum vegi. Það verður enn um sinn miklu fljótlegra og auðveldara að fljúga þetta fyrir þá sem eiga erindi til Reykjavíkur fyrir þá farþega. Aftur á móti er þörfin fyrir góða vegi innanhéraða í Norðurl. e. mjög brýn. Undir þess háttar vegasambandi er lífsafkoma fólksins komin.

Síðan vil ég víkja að sambandinu milli Norðausturlands og Austurlands, sem hv. þm. Ingi Tryggvason minntist á áðan og gerði skemmtilega og góða grein fyrir.

Sannleikurinn er sá, að austfirðingar og norðlendingar hafa verið hvorir öðrum mikil stoð, ekki bara í viðskiptum, heldur einnig félagslega og atvinnulega mjög lengi, og fyrir blómgun byggðar á Austurlandi og Norðurlandi er meiri þörf á góðu vegasambandi á milli Austfjarða og þéttbýliskjarnanna á Norðurlandi heldur en á milli — við skulum segja byggðanna austan Vaðlaheiðar og Reykjavíkur.

Ég mun sem sagt bera fram brtt., að ég vona í samstarfi við aðra þm. Norðurl. e., einhver þeirra sem vildi má gjarnan verða 1. flm. að þeirri till. Ég mun vinna að gerð brtt. í góðu samstarfi við þá og reyna að fylgja henni fram.

Steingrímur Hermannsson: *Herra forseti.* Ég vil byrja á því að þakka hv. síðasta ræðumanni það, að hann mundi eftir Vestfjörðum. Það er ákaflega sjaldan sem maður heyrir slíkt hér frá öðrum en þm. Vestf.

Ég vil fara örfáum orðum um þetta frv. um happdrættislán ríkissjóðs.

Við íslendingar höfum upp á síðkastið farið í vaxandi mæli inn á þessa leið til fjáröflunar til vegagerðar. Ég held við getum verið sammála um það, að þessi fjáröflunarleið er mjög umhugsunarverð. Sumir munu segja að við séum orðnir hálfóðir í happdrætti og hugsum ekki um afleiðingar sem það getur haft, við skrifum ávísun á framtíðina. Þessa ávísun verður einhvern tíma að greiða með fjárhæð sem við þekkjum ekki. Ég er þó þeirrar skoðunar að þetta komi til greina í sambandi við vegamálin. Það er mikilvæg framkvæmd og sparar veruleg útgjöld. Í því sambandi get ég því fyrir mitt leyti fallist á þessa fjáröflunarleið.

Það frv., sem upphaflega lá fyrir, gerði ráð fyrir 1 200 millj. kr. með slíkri innheimtu og skyldi þeim eingöngu varið til þess að kosta uppbyggingu Norðurvegar á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Aðrir þm. hv. hafa verið fljótir að hoppa á vagninn í jólavertíðinni og hafa nú aukið þetta í 2 000 millj., og jafnframt er því komið inn, að ⅔ hlutum skuli varið til að greiða kostnað við Norðurveg milli Akureyrar og Reykjavíkur og ⅓ hluta við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða. Þetta er sem sagt hinn margrómaði hringvegur, sem þjóðin öll virðist nú eiga að aka eftir og helst hvergi annars staðar.

Hv. þm. Ingi Tryggvason gerði grein fyrir því áðan, hvernig farið var með spenni einn næstum því í kring um landið til þess að komast frá Egilsstöðum til Kópaskers. Gaman væri að heyra hann gera grein fyrir því hvernig farið hefði verið með þennan spenni til Vestfjarða. Ég hygg að það séu 2—3 vikur síðan síðustu bílarnir fóru þangað, og þangað verður ekki opin leið landleiðina fyrr en í vor. Fyrst og fremst stafar þetta af því að ekki hefur enn komist á samband um Inn-djúpið og suður yfir í Barðastrandarsýsluna, sem er nauðsynlegt til þess að unnt sé að halda opinni leið. Þegar það samband er fengið, leyfi ég mér að fullyrða að þetta mun gerbreytast. Kunnugir menn segja að þá muni ekki vera stórum erfiðara að halda þar opinni leið heldur en í öðrum landshlutum, t. d. á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar.

Við, sem störfum fyrir Vestfirði, höfum notið nokkuð góðs af happdrættisláni, 80 millj. kr. verður þar ráðstafað til þess að koma sambandi á um Djúpið, þann veg sem liggur að Ögri og fyrir þá firði sem áður var ekki vegur um. En það er ákaflega mikill misskilningur sem stundum heyrist frá ókunnugum, að þar með sé Djúpvegi lokið. Vegurinn frá Ögri og inn Djúpið er gamall vegur, sem hvergi nærri ber umferðina, því fer víðs fjarri. Eftir er að leggja veginn frá Ögri inn Mjóafjörðinn yfir í Ísafjörðinn í Nauteyrarhreppinn og suður um fjöllin og tengja hann vegakerfi landsmanna. Rætt er um tvær leiðir, annaðhvort Þorskafjarðarheiðina, sem nú er farin að mestu leyti á niðurgröfnum vegi, þar eru u. þ. b. 40 km á milli bæja, en hins vegar gott ýtuland, eða hins vegar aðra fjallaleið, sem er styttri, þ. e. a. s. Kollafjarðarheiðina. Það er aðeins um 5—6 km fjallvegur. Hins vegar er sá annmarki á þeirri leið, að þá eru eftir tveir hálsar til að komast í vegasamband. Þeir eru snjóþungir

og það mál þarf einnig að leysa. Þarna er stórt átak fram undan.

Ég verð að segja með fullri virðingu fyrir hringveginum, sem er ákaflega mikilvægt átak í vegamálum þessarar þjóðar og ber að fagna, að hringvegi er ekki lokið fyrr en Vestfirðir eru komnir í samband. Ég skal ekkert fullyrða um hvað mikið fjármagn þarf til þessa, en mér kæmi það ekki undarlega fyrir sjónir þótt það væri af stærðargráðunni 400—500 millj. kr. Rætt hefur verið áður á hv. Alþ. um þörf á brú yfir Þorskafjörðinn. Það er kostnaðarsöm framkvæmd, en mundi gerbreyta öllum samgöngum við þetta svæði. Ég get vel trúað því, að kostnaður yrði ekki undir 500 millj. kr. að henni meðtalinni.

Er nú ekki rétt að gera það, sem aðrir hv. þm. hafa gert, hoppa á vagninn og hækka þetta upp í t. d. 2500 millj. og taka Vestfirði með? Ég sé ekkert að því fyrst við förum þessa leið. Þá erum við þó komnir með alla landshluta. Þetta mun ég athuga.

Það er vitanlega mikið umhugsunarefni, hvernig vinna á að vegáætlun. Þar vantar stóraukið fé. Ég hef sagt áður, að með tilliti til þess, hve þörfin er mikil og mikið sparast, get ég fylgt þessari fjáröflunarleið. En er ekki réttara að vinna að vegamálum þannig að afla fjár til vegasjóðs og gera síðan eina áætlun um vegaframkvæmdir í landinu öllu, en vera ekki með fyrsta flokks landshluta og annars flokks landshluta, eða fyrsta flokks vegi og annars flokks vegi. Er ekki rétt að taka þetta allt saman í einni myndarlegri áætlun, t. d. vegáætlun til fjögurra ára, eins og nú er gert, en jafnframt með áætlun til lengri tíma. Komið hefur fram hjá hæstv. samgrh., að átak sem þetta gæti tekið 2—3 vegáætlanir. Vel mætti draga upp eins konar ramma að langtímaáætlun, sem næði t. d. yfir þrjár venjulegar vegáætlanir. Þannig væri þessi fjáröflun til vegasjóðs óbundin, en samkvæmt ákvörðun Alþ. við gerð vegáætlunar, bæði við gerð langtímaáætlunar og skammtímaáætlunar. Ég er einnig þeirrar skoðunar, að áætlanir fyrir einstaka landshluta ættu að falla inn í slíka almenna heildaráætlun. Ég hygg að þetta væru skynsamlegri vinnubrögð.

Nú erum við með vegáætlun með einhverja lús, ætli það séu ekki um 70—80 millj. kr. í hvern landshluta til nýbyggingar þjóðvega? Við erum hins vegar hér með 2 000 millj. kr. fjármögnun og þannig upphaf að áætlun fyrir hringveginn, og við erum með landshlutaáætlanir fyrir Austfirði, Norðurland og eitt sinn Vestfirði, og fleiri munu efalaust bætast þar við. Ég held að við stefnum í ógöngur. Ég fyrir mitt leyti tel að sá framgangsmáti, sem ég hef lýst, væri ólíkt hyggilegri en sá sem að er stefnt með þeim vinnubrögðum, sem fram koma hér. Ég geri mér grein fyrir því að erfitt muni að fá þessu breytt þannig við meðferð þessa máls. Því sýnist mér það besta leiðin að taka Vestfirði með eins og þeir væru hluti af þessu landi okkar, hækka upphæðina enn og gera ráð fyrir því að koma Djúpveginum í öruggt samband við vegakerfi landsins.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég get strax tekið það fram að ég er mikill áhugamaður um að varanleg vegagerð fari fram og hið fyrsta geti náðst það langþráða takmark, að góður vegur með varanlegu slitlagi verði gerður um höfuðvegi landsins og þá ekki síst hinn fjölfarna veg milli landshlutanna norðanlands og höfuðborgarsvæðisins.

Ég lýsti því yfir, að mjög gladdi mig sú bjartsýni sem fólst í ummælum hæstv. samgrh. þegar hann á dögunum mælti fyrir frv. í sambandi við fyrirhuguð vegalög. Hér er til umr. frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs f. h. Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg. Um leið og ég ítreka að ég er mjög fylgjandi þessari fyrirhuguðu vegalagningu, vil ég taka það skýrt fram, að ég er algerlega andstæður þeirri fjáröflunaraðferð sem á að viðhafa í sambandi við að leggja þennan veg. Ég hef ekki farið neitt leynt með það, og ég held að það hafi komið fram hjá mér bæði í ræðu og riti á nokkuð löngum undanförnum tíma, að mér stendur persónulega, — og ég held að ég tali fyrir munn allmargra ábyrgra aðila, — stuggur af þeirri þróun sem orðið hefur í þessu landi í sambandi við þá stefnu, sem tekin hefur verið um ýmis konar fjármögnun. Sú allsherjarlausn, sem virðist vera orðin allsráðandi, að gefa út svokölluð verðtryggð skuldabréf í sambandi við væntanlega fjármögnun þeirra framkvæmda, sem á að gera og hefur til þessa verið nær eingöngu notuð af ríkinu, er komin í það horf að mér finnst vera stefnt í fyllsta óefni.

Þetta kom ljósast fram þegar frv. til fjárl. fyrir n. k. ár var lagt fram. Þess er getið í aths. með þessu fjárlfrv., sem við vorum að afgr. við 2. umr. í Sþ. í dag, að í jan. á næsta ári fellur í gjalddaga fyrsta lánið sem tekið var af hálfu hins opinbera og var með svokallaðri byggingarvísitölu verðtryggingu. Þetta lán var ekki mikil upphæð, það getur vel verið að það hafi verið góðar krónur. Menn tala mikið um að fyrir nokkrum árum hafi krónur verið góðar, en þær hafa farið síversnandi. Við stöndum andspænis þeirri staðreynd, að 10 árum seinna, þegar á að endurgreiða höfuðstól þessa láns, — sem mig minnir að hafi verið 53 milljónir kr., þori ekki að fara örugglega með hvort það er rétt hjá mér, — þá blasir við okkur sú staðreynd, að það er ekki fjórfaldur, fimmfaldur eða sexfaldur höfuðstóll, sem þarna er verið að endurgreiða. Höfuðstóllinn er orðinn 12-faldur á 10 ára tíma frá því að þetta lán var tekið. Og það er orðið svo erfitt að standa í skilum með þessa greiðslu, að við gerð fjárlfrv. treysta þeir aðilar, sem semja þetta fjárlfrv., sér ekki til þess að taka upp í ákvæði útgjalda við fjárlfrv. alla upphæðina sem þarf til að endurgreiða þetta lán. Þá er svo komið fyrir íslenska ríkinu, að það treystir sér ekki til að standa við sínar fjárhagslegu skuldbindingar, heldur var gert ráð fyrir að hluti af láninu skyldi endurgreiddur með upphæð sem tekin var upp í fjárl., afganginn átti að halda áfram að taka með verðtryggðum skuldabréfum. Þetta minnir mann óskyggilega mikið á það, sem menn hafa lesið í glæpareyfurum og heyrt talað um, hvernig fari fyrir þeim sem lendi í höndum okurkarlanna, að það geti farið svo að smáupphæð verði orðin óviðráðanleg vegna þess að sífellt er verið að auka við þóknunina fyrir að hafa tekið þetta lán, alltaf er verið að hækka

höfuðstólinn um vextina, af því að maður gat ekki staðið í skilum, og svo koma vextir af vöxtunum og vaxtavöxtunum og svona heldur holskeflan áfram.

Þetta lán, þetta einstaka atriði, sem ég er nú að gera hér að umræðuefni, er aðeins fyrsti hlutinn af þessu lánakerfi, sem sett var í gang fyrir 10 árum. Síðan er búið að gefa út marga flokka af þessum svokölluðu verðtryggðu vísitöluskuldabréfum. Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við þá, sem það geta, að það verði upplýst við umr. um þetta frv., sem hér er til umr., hve miklu skuldir ríkissjóðs í verðtryggðum skuldabréfalánum nemi, miðað við vísitöluna — við skulum bara segja minnstu töluna, sem er kaupgjaldsvísitalan, og síðustu byggingarvísitölu. Hvað nemur þetta mikilli upphæð þannig reiknað? Hvað var höfuðstóllinn og hver mundi upphæð vera ef við hefðum peninga og aðstæður til að geta greitt hana nú?

Svo á að halda áfram á þessari braut. Það er ekki nóg með það að þeir ágætu menn, sem eru flm. að þessu frv., höfðu í huga 1 200 millj. Jú, þegar var farið að athuga þetta betur, þá fundu aðrir ágætir menn, sem höfðu líka áhuga á að láta vegina ná lengra, að það var enginn vandi að leysa það, bara bæta við, það munar ekkert um að hækka þessa upphæð upp í tvo milljarða. En verðtryggt skal það vera.

Ég held að það þurfi ekki mikla glöggskyggni til að sjá, að ef haldið er áfram á þessari braut, þá er stefnt að fjárhagslegu hruni hins íslenska peningakerfis. Hvað verður af krónugildi þess þjóðfélags, sem komið er út í þær ógöngur sem stefnt er í með slíkri stefnu og þeirri fjármögnunarleið sem á að fara skv. þessu frv.? Ég held að það sé fyrir löngu kominn tími fyrir ráðamenn þessa þjóðfélags og fyrir hið háa Alþ. að taka til alvarlegrar athugunar endurskoðun og endurmat á öllu þessu okkar peningakerfi, þegar svo er komið, að frá æðstu peningastofnun landsins, sem á að hafa yfirumsjón og yfirforsjá um allt það sem snertir fjármálakerfi þjóðarinnar, glymur í öllum fjölmiðlum á hverju kvöldi og hverjum degi þessi viðvörun, auglýsing eitthvað í þessa átt: „Það er hægt að tryggja verðgildi peninganna.“ Það er verið að tilkynna að seðlarnir, sem eru ávísun á verðmæti og þjóðfélagsþegnarnir taka gilda sem greiðslu fyrir það verk, fyrir þá þjónustu sem þeir hafa innt af hendi, sem ávísun á ákveðið verðmæti, — það er beinlínis verið að tilkynna þegnunum að sama daginn og þeir taki við þessari ávísun, sem gefin er út af æðsta fjármálavaldi þjóðarinnar, sé hún að mörgu leyti lítils virði, menn skuli flýta sér að bjarga því sem bjargað verður, koma því í eitthvað annað en í það verðmæti sem felst í þessum pappír.

Inn í hugleiðingar sem þessar hlýtur líka að blandast hvort ekki sé komin fyrir löngu ástæða til að taka einnig til athugunar þær reglur, sem gilda í þjóðfélagi okkar yfirleitt um vegferð fjármagns að og frá þessu landi. Staðreyndin er sú, að í þeim málum búum við við algera sérstöðu, þannig að það er ekki hægt að finna eitt einasta lýðræðisríki meðal vestrænna þjóða sem býr við svipaðar reglur og svipaðar reglugerðir og við Íslendingar yfirleitt um meðferð fjármála og hvernig menn mega haga sér í sambandi við fjármál.

Allt þetta hlýtur að koma upp í huga manns, þegar maður stendur andspænis þeirri staðreynd, að það virðist vera orðið stefnumark hjá ráðamönnum þjóðarinnar að ekki sé hægt að fjármagna neina orðágerandi framkvæmd nema á þann veg að búa til eitthvert gervifé og helst að ávísa á framtíðina upphæðum sem enginn getur sagt um hve háar verða þegar þær koma til greiðslu. Ég efast um að nokkrir af þeim aðilum, sem nú fjalla um þessi mál og leggja á ráðin um hvaða ferð og hvaða stefna er höfð í þessum málum, séu þess umkomnir að segja okkur hvað við erum að gera og hvernig þessi mál líta út og í hvaða einingum þau verða t. a. m. að 10 árum liðnum. Nei, ég held að nú sé kominn tími til að spyrna við fótum, og þar er áreiðanlega ekki of snemmt að gert.

Ég efa ekki að við verðum að fá fjármagn og við verðum að afla okkur fjármagns til þess að framkvæma þá hluti, sem við viljum gera í þessu þjóðfélagi. En við skulum jafnframt gera okkur ljóst, að við getum ekki frekar en aðrir skapað fjármagn og fengið fjármagn án þess að greiða fyrir fjármagnið nokkurn veginn það sem það kostar. Þar er eitt grundvallaratriðið, sem ríkir og verður naumast brotið gegn til lengdar, að þar hlýtur að ráða framboð og eftirspurn. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það væri miklu farsælla í málum eins og þessum að bjóða t. a. m. út skuldabréfalán á opinberum vettvangi, sem væri jafnvel með afföllum. Ég hygg að það kæmi mjög til mála. Slíkur verðbréfamarkaður er alls staðar í þeim frjálsu lýðræðisríkjum vestan hafs sem ég þekki. Satt best að segja bjóst maður við því, þegar lög um Seðlabanka Íslands tóku gildi og ákvæði voru þar um að eitt af hlutverkum Seðlabankans væri að komið væri á fót í þjóðfélaginu frjálsum verðbréfamarkaði, að þá mundi ekki framkvæmd þess ákvæðis dragast svo úr hömlu sem orðið er.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef notuð hefði verið sú fjáröflunarleið og það miklu fyrr að bjóða út á almennum markaði skuldabréf, hvort heldur eru opinber eða almenn fasteignaveðskuldabréf á frjálsum markaði, þá stæðum við miklu betur og hefðum ráðið miklu betur við þróun verðlagsmálanna og peningamálanna í heild en við gerum nú. Þess vegna vil ég, herra forseti, á þessu stigi málsins lýsa því yfir, að ég get undir engum kringumstæðum stutt þetta frv., ef ekki verður breytt ákvæðunum um það, hvernig á að fjármagna þessa vegagerð. Ég leyfi mér fastlega að vonast til þess, að þegar málið verður rætt í n., þá verði það tekið til alvarlegrar athugunar, hvort ekki sé hægt að hugsa sér einhverja aðra leið til fjármögnunar, sem gæti sinnt því verkefni, sem við allir viljum láta komast í framkvæmd, — einhverja aðra leið en þessa, sem ég tel að sé nú kominn tími til að við tökum til alvarlegrar athugunar og segjum: Hingað, en ekki lengra. Við skulum reyna að treysta okkar peningakerfi þannig að krónan verði sá mælikvarði, sem við getum treyst á, en ekki alltaf að vera að leika okkur að því að búa til einhvern gervigjaldmiðil, sem hefur ekkert gildi þegar á reynir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það væri kominn tími til að spyrna við fótum. Mér finnst rétt að fram komi í þessari d. svar hæstv. viðskrh., fyrrv. forsrh., sem eflaust er vel kunnugur efnahagsmálum og ástandi þjóðarinnar um þessar mundir og þekkir aðdragandann allan, en hann sagði: Þó fyrr hefði verið. — Ég er báðum þessum hv. þm. alveg sammála.

Ég verð að segja það að mér kemur frv. undarlega fyrir sjónir eins og það nú liggur fyrir. Þegar mér var fyrst kynnt þetta frv. var einungis talað um byggingu Norðurvegar frá Reykjavík til Akureyrar og happdrættisskuldabréfaútboð 1200 millj. kr. Síðan var því breytt í 2000 millj. kr. skuldabréfaútboð og bætist þá við vegurinn milli Rvíkur og Egilsstaða um Suðurland. 1/3 af þessum 2000 millj. átti þá að fara í Austurveginn. Nú hafa nokkrir hv. þm., sem hafa tekið til máls um þetta frv., boðað brtt. Ýmist á að taka af þessum 2000 millj. til vegalagningar í þeirra kjördæmum, þar sem þeir hafa áhuga á lagningu nýrra vega, eða eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf., að bæta við þetta 2000 millj. kr. skuldabréfaútboð, hækka það upp í 2500 millj. og taka þá Vestfirði með og gera þá „að hluta af landinu líka", eins og hann orðaði það.

Ekki skal ég koma í veg fyrir þessa samhjálp, m. ö. o. hrossakaup, eins og ég kalla það með sjálfum mér, eða kapp um þessa dýru framkvæmdapeninga.

Ég bið hv. þm. þessarar d. að virða það á betri veg að ég kveð mér hljóðs í þriðja sinn til þess að segja það sama. Endurtekning er þó að mínu mati nauðsynleg, þar sem þeir hv. þm., sem bera fram till. um vegalagningu víðs vegar um landið, flytja flestir sams konar till. um fjármögnunarleiðir, sem í öllum tilfellum eru happdrættisskuldabréfaútboð, sem ég tel, eins og nú er komið í peningamálum þjóðarinnar allt að því stórhættulegan verknað. Ég hef áður óskað eftir því að fjmrh. láti kanna hvað fjármálakerfi þjóðarinnar þolir að draga á þennan hátt úr veltufé ríkisbankanna og fjármálastofnananna almennt og eðlilegri veltu þjóðarinnar á hinum almennu peningamarkaði og festa þannig vinnufé landsmanna í opinberum framkvæmdum. Benda má á það, að með þessum skuldabréfaútboðum er farið út í samkeppni um sparifé landsmanna, sem banka- og peningastofnanir geta ekki ráðið við og gerir þessum stofnunum á ýmsan hátt óeðlilega erfitt að gegna hlutverki sínu í lánafyrirgreiðslum við einstaklinga og fyrirtæki.

Ég endurtek dæmið sem ég nefndi hér um verðmun á innlendu og erlendu lánsfé 11. des. hér á þessum sama stað, en þá upplýsti ég að ég hefði hringt í hagdeild Seðlabanka Íslands og leitað mér upplýsinga um hvað gengi dollarans hefði verið 11. des. 1964 og hvert gengið var þennan sama dag 1974. Svarið sem ég fékk frá hagdeildinni var að 11. des. 1964 var gengið 43.06 kr., en var þann dag 1974 117.70 kr. Það hafði tæplega þrefaldast. Á meðan, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði áðan, hefur íslenskt lánsfé í þessum skuldabréfum, sem seld voru á sama tíma, tólffaldast.

Ég endurtek því ósk mína til hæstv. samgmrh., að hann óski eftir því við hagdeild Seðlabankans eða Þjóðhagsstofnunina, í samráði við fjmrn., að kannað verði hvað hinn íslenski peningamarkaður þolir af happdrættisskuldabréfum eða útboðum á þeim, áður en áfram er haldið á þeirri fjárútvegunarbraut. Ég held að ekki sé hægt að fara fram á minna en að það liggi fyrir hreinn útreikningur á því hvað peningakerfi okkar þolir af slíkum lántökum án þess að koma hér öllu efnahagskerfinu úr skorðum.

Ég vil bæta því við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 2. þm. Norðurl. e., að til viðbótar þeim bréfum, sem hér eru boðin út, hefur peningaskortur á markaðnum gert það að verkum að fólkið sjálft hefur skapað sér gjaldmiðil. Ég veit ekki til þess, og hef ég búið í 7 löndum, að nokkurs staðar í veröldinni þar sem ég þekki til séu víxlaviðskipti eins almenn og hér hjá okkur. Það þýðir ekkert annað en að það er fjárskortur meðal fólksins og fólkið býr sér til gjaldmiðil, og þessi happdrættisskuldabréfaútboð eru þá til viðbótar þeim heimatilbúna gjaldmiðli.

Ég vil að lokum lýsa mig stuðningsmann varanlegrar vegalagningar um land allt á skipulegan hátt, — ég ætla ekki að fara út í þá sálma aftur, það gerði ég úr þessum stól 11. des., — þó að ég sé andvígur þessari fjáröflunarleið. En það vil ég segja hæstv. samgrh., að reynist útreikningar Þjóðhagsstofnunarinnar eða hagdeildar Seðlabankans jákvæðir eða mæli þeir með þessum happdrættisskuldabréfaútboðum, þá skal ég verða fyrsti maður til þess að stíga spor aftur á bak í þessum málflutningi mínum og styðja útboðin á bréfunum af heilum hug. En ég fer fram á það, — tel mig ekki vera að fara fram á of mikið, — að útreikningur liggi fyrir, áður en til endanlegrar atkvgr. komi, og þá frá þessum stofnunum. Ef ekki, þá sé ég mig tilneyddan til þess að greiða frv., sem hér liggur fyrir, mótatkv. mitt.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Maður er nú hálffeiminn við að koma inn í þessar umr., en það var ein setning sem sögð var hér áðan, sem fyrst og fremst gerði það að verkum að ég kem hér upp. Það var einn hv. þm. sem sagði að það væri nauðsynlegt að líta til Vestfjarðanna líka svo að allir landshlutar fengju sitt. En það er til einn landshluti enn, þar sem meiri hluti þjóðarinnar býr, og því verður ekki neitað, að þessar ráðstafanir, sem gerðar eru þarna, þýða að sjálfsögðu það, að hið almenna vegafé mun líka að nokkru leyti fara á þau svæði þar sem þetta happdrættisfé á að nýtast.

Ég verð að segja það, að ég er mikill talsmaður mikilla vegalagna og mikilla umbóta á því sviði og mér þótti verulega ánægjulegt að hlusta á hæstv. ráðh. tala hér um breyt. á vegal. fyrir nokkrum dögum og er eindregið því fylgjandi að stórátak sé gert til varanlegra umbóta á okkar þjóðvegum. Hins vegar er því ekki að leyna, að það væri æskilegra að skipulag og áætlanir væru gerðar um hvað gera skuli við svo mikla fjármuni sem hér er um að ræða og þá kannske,

eins og sagt hefur verið, að tillit verði tekið til allra landshluta og þarfa þeirra. Nú efast ég ekki um meiri þörf annarra landshluta en okkar hér syðra. En við eigum enn þá miklu verki ólokið, og m. a. einmitt vegna okkar mikla þéttbýlis eigum við stundum í örðugleikum með að komast um. Og ég vil vekja athygli á því að það er hundraða millj. kr. verkefni fram undan, sem er talið bráðnauðsynlegt, en það er lagningin hér frá Breiðholtinu og yfir í Hafnarfjörð. Við eigum eftir að leggja góðan veg að Þingvöllum. Við eigum eftir að leggja góðan veg til Þorlákshafnar sem er einn mesti dreifingarstaður hér sunnanlands á fiskhráefni. Og lengi mætti telja, þannig að verkefnin eru næg framundan.

Ekki er það þó ætlun mín að draga úr í þessu efni og að þessi aðferð verði notuð. Ég þyrfti kannske meiri fræslu á fjármála- og viðskiptasviðinu til þess að átta mig fullkomlega á því, að þessi aðferð hafi verulega hemlandi áhrif á okkar veltu. Ég skal viðurkenna, að ef tekin yrðu erlend lán mundi veltan hér innanlands stóraukast, það er auðsjáanlegt. En við svona framkvæmdir, þar sem fyrst og fremst er um innlent efni að ræða, eiginlega allt annað en olíuna, og þar sem um mjög litinn mannafla, en fyrst og fremst stórvirkar vinnuvélar er að ræða, virðist mér ekki annað gerast en það, að þetta fer úr einum bankanum í annan. Það er tekið að láni hjá Landsbankanum af einhverju stórfyrirtæki og síðan fer það inn í bankabækur þeirra sem við taka eða fá launin greidd út. Þetta verður vafalaust útskýrt, en einhvern veginn á ég svolítið erfitt með að sjá að þetta hafi einhver hroðaleg áhrif á okkar efnahagskerfi.

Varðandi endurgreiðsluna skulum við hafa eitt í huga um þetta margumtalaða lán, sem er svo erfitt að endurgreiða nú, mér skilst allra helst vegna þess að þeir, sem eiga að fá endurgreitt, vilja fá að láta það standa. En látum svo vera að það sé erfitt. En þegar þetta lán var tekið voru fjárl. 3 milljarðar nú eru fjárl. 48 milljarðar. Ég er ekki viss um að það sé óhagstæðara fyrir ríkissjóðinn að greiða þessa upphæð nú í ár, ef hann vildi endilega það við hafa, heldur en það hefði verið fyrir hann að leggja það út á þeim tíma í einu lagi. Mig langar til að gera þá fyrirspurn hér: Er ætlunin að öll þessi stóra upphæð sé aftur endurgreidd á einu ári? Ég hafði haldið að það væri nú ekki meiningin, þegar stórlán eru tekin, að þau væru endilega greidd upp á sérstaklega stuttum tíma.

Enn eitt atriði er í þessu máli. Við höfum nú fengið nýja ríkisstj. tveggja stærstu flokka landsins. Er þá ætlun þeirra manna, sem eru svo hræddir við þetta fyrirkomulag, að verðbólgan, sem hefur svo mjög borið á nú á síðustu árum, allt frá 1965, haldi áfram að vera eins stórkostleg og verið hefur? Til hvers er þá að hafa sterka stjórn?

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð við þessar umr. og það var raunar fyrst og fremst til að vekja athygli á því, sem hefur að sjálfsögðu verið gert og frv. ber með sér, að Vestfirðir koma ekki við sögu í frv. þessu.

Það hefur verið rætt mikið í þessum umr. um réttmæti þess að stofna til happdrættisláns til að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem frv. gerir ráð fyrir. Ég skal ekki a. m. k. á þessu stigi fara að blanda mér inn í þær umr. En ég vil taka fram, og það finnst mér að ekki hafi komið hér fram, að þegar sú leið var fyrst farin að efna með happdrættisskuldabréfum til fjáröflunar til vegagerða, þá var það gert í þeim tilgangi að koma vegasambandi á þar sem enginn vegur var fyrir, þar sem var Skeiðarársandurinn.

Með sömu rökum var það gert að efna til happdrættisskuldabréfaláns til þess að koma á Djúpveginum. Þar var enginn vegur fyrir. Ég bið menn að athuga það vel, hver munur er á því að afla fjár til vega, sem fyrir eru, til þess að gera þá betri og byggja þá upp, eins og það var orðað í þessu frv., eða að efna til fjáröflunar til þess að koma á vegasambandi við vissa landshluta sem ekki hafa haft það áður. Það var það sem gerðist á Vestfjörðum viðvíkjandi Djúpveginum. Nú þegar kemur fram frv. að byggja upp vegi þar sem vegir eru fyrir, gera þá betri, þá sýnist mér að það séu allar efnislegar ástæður fyrir því að gera slíkt og hið sama á Vestfjörðum eins og annars staðar í þessu landi þar sem mikil verkefni bíða.

Ég tek undir allt sem hv. 2. þm. Vestf. sagði hér fyrr í umr. um nauðsyn þess að gera átak í þessu efni á Vestfjörðum. Ég vil með þessum orðum mínum undirstrika það, að þar er ekki minni þörf en annars staðar þar sem frv. þetta gerir ráð fyrir að unnið verði að vegagerð með fé því sem aflað er með happdrættisskuldabréfum. Þess vegna sýnist mér og tel raunar að það verði að koma til athugunar, hvort ekki sé rétt að breyta þessu frv. í meðferð þingsins á þann veg að það taki einnig til Vestfjarða.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta skulu vera fá orð.

Fyrir nokkrum dögum flutti hæstv. samgrh. hér mjög ítarlega framsögu fyrir frv. til nýrra vegalaga og ég fagnaði því, sem þar kom fram, m. a. því, að hann lýsti því yfir að fjáröflun með þessum hætti, sem er ráð fyrir gert í þessu frv., yrði upp tekin og að því er mér skildist tekin inn í vegáætlun og henni dreift sem víðast og best um landið. Ég verð að játa að ég skil ekki vel enn, hvernig á því stendur að þessu frv. út af fyrir sig er hraðað svo mjög og hvers vegna þetta er hespað af á sama tíma og hæstv. samgrh. hefur lýst þessu svona skýrt og skorinort yfir, að því er ég tel sem stjórnarandstæðingur á algerlega fullnægjandi hátt fyrir mig og mitt kjördæmi. Ég tek nefnilega fyllilega undir með hv. 2. þm. Vestf. og þeim öðrum fulltrúum sem hér hafa talað um fyrsta flokks vegi og annars flokks vegi, fyrsta flokks landshluta og annars flokks landshluta. Og fyrst þessi fjáröflunarleið er farin, og ég styð hana eindregið, því að ég er alls ófróður um þær geigvænlegu afleiðingar, sem þeir sérfræðingar í bisnissmálum, sem hér hafa talað, hafa verið að gera að umtalsefni og ég hef ekki séð að einhverju leyti réttar. En hvers vegna þá ekki að gera sameig-

inlegt átak hreinlega, sem allir nytu sem jafnast góðs af? Það má nefnilega ekki verða að aðalatriði að við einblínum á fáa góða meginvegi, en gleymum samgöngum innan fjórðungs, sem eins og áðan var hér tekið fram eru að mörgu leyti jafnvel mikilvægari. Inn á það kom hæstv. samgrh. einmitt um daginn að því er ég tel á mjög eðlilegan hátt og sjálfsagðan og lagði á það áherslu. Ég hefði því talið að sú stefna, sem hæstv. ráðh. markaði greinilega hér um daginn, væri okkur núna mjög gott veganesti heim í jólafríið og við þyrftum ekki neitt sérstaklega á þessu frv. út af fyrir sig að halda.

Ég get af eðlilegum ástæðum sætt mig við þá lausn, sem fram kom í Nd., þar sem ekki var um algjöra einstefnu í þessu máli að ræða, heldur var fénu víðar og eðlilegar dreift. En ég skil líka mætavel afstöðu þm. þeirra kjördæma, sem hér verða útundan, og ég tek fyllilega undir það sem austfirðingur, að ekki þykja mér síður góðs verðar samgöngur norður á bóginn. Við vitum að af því hafa báðir hag austfirðingar sem norðlendingar, og það er vissa okkar í báðum þessum landshlutum að góðar samgöngur milli þessara landshluta efli byggðaþróun þeirra beggja.

Það er sem sagt mín skoðun að í fyrsta lagi eigi lagning varanlegra vega ekki að miða endilega og alltaf út frá Reykjavíkursvæðinu, það eigi að taka tillit til fleiri þéttbýlisstaða og góðra vega út frá þeim, og ég heyrði það greinilega á hæstv. samgrh. um daginn að hann var þessu sjónarmiði fyllilega sammála. Heildaráætlun á þessu sviði samkv. þessari fjáröflun væri að mínu viti að mörgu leyti réttasta leiðin þó að ég af skiljanlegum ástæðum geti fallist á frv. í núverandi mynd. En næðist um hitt samkomulag, að gera þetta einn lið í heildaráætlun um vegamál og jafna aðstöðu allra sem mest einmitt eftir þessari aðferð, þá álít ég að sú lausn væri kannske okkur heilladrýgst.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér neinar kappræður í sambandi við þetta mál, ekki síst vegna þess að mér skilst af ræðum allra hv. þm. að þeir séu sammála um meginatriði málsins. Meginatriði málsins er að halda áfram að bæta vegakerfið í landinu. Þetta álít ég að skipti höfuðmáli, og mér dettur ekki í hug að einar 2 000 millj. kr. verði til þess að ljúka þessu verki. Það held ég að öllum sé ljóst að ekki getur orðið.

Það, sem hins vegar hv. þm. velta fyrir sér, er í fyrsta lagi hvort það ákvæði að tengja þetta við viss svæði sé hættulegt fyrir önnur svæði og eins og sumir hafa orðað það, að menn hafi gleymt öðrum svæðum og það sé gott ef einhver muni eftir því, eins og t. d. hv. þm. Vestf. hafa nefnt hér og hv. þm. Stefán Jónsson. Um þetta vil ég segja það, að ég held að eitt síðasta málið, sem ég bar fram hér í hv. Alþ. sem fjmrh., muni hafa verið happdrættislán fyrir Djúpveg. Ég taldi, að þó að ég bæri það mál fram væri ég ekki á neinn hátt að skerða möguleika í vegagerð annars staðar, heldur öfugt, að ég væri að tryggja með því að þetta fé kæmi þarna til ráðstöfunar, að ekki þyrfti að taka það af öðru ráðstöfunarfé til vegagerða. Eins og ég tók skýrt fram um daginn er mergur málsins í þessu heildarstefna í vegamálum þjóðarinnar, og ástæðan til þess, að minni hyggju, að happdrættisleiðin er valin með þeim hætti að tengja hana vissum svæðum, hefur eingöngu verið sú, að það hefur verið talin álitlegri leið til sölu á happdrættisbréfunum. Það var álit fjármálamanna, þeirra sem sinna mest okkar efnahagsmálum, að happdrættisskuldabréfin fyrir Djúpveginn mundu ekki seljast nema að takmörkuðu leyti, og jafnvel var haldið að það þýddi ekki að bjóða út nema u. þ. b. 20—25 millj. kr. Það varð svo niðurstaðan að bjóða það lán út, en jafnframt var það mat þeirra að þá þýddi ekki að bjóða út Skeiðarársandsbréfin, þá yrði að geyma þau. Reynslan varð hins vegar sú, að þessar 80 millj. runnu út eins og heitar lummur, og eins og ég gat um hér um daginn, þá er ekki ætlunin að skilja Vestfirði eftir eða tengja Vestfirði ekki við aðalkerfið. Af þessu láni eru nú 55 millj. kr. til þess að nota í áframhaldandi vinnu í Djúpvegi og á þeirri leið, sem verður svo unnið að, að tengja það aðalvegakerfi landsins, svo að þar er engri leið lokað og dettur heldur engum í hug að það eigi að gera.

Það sama hefur gerst hér þegar hafa verið uppi áætlanir á sínum tíma, Vestfjarðaáætlun, Austurlandsáætlun og Norðurlandsáætlun. Þá hefur öllum verið ljóst, að þetta var aðeins leið til þess að hraða heildarvegagerðinni í landinu en ekki að það ætti að fara að einangra þetta og skilja hina eftir. Og ég held að reynslan hafi sýnt okkur, að þessar áætlunargerðir og þessi lánaöflunarleið hefur flýtt ferð okkar í vegagerðinni og það sé það sem við séum allir sammála um.

Þegar Keflavíkurvegurinn var lagður á sínum tíma var tekið lán til þess að leggja hann veg, og þá var lengi vel þannig á því máli haldið, að það var tekið lán til þess að greiða vexti og afborganir af því láni, sem tekið var til Keflavíkurvegarins, og það var ekki fyrr en í minni fjármálaráðherratíð sem því var breytt og þetta var greitt eins og önnur ríkislán. Þannig hefur verið að þessu unnið, og ég held að enginn sjái eftir því, að það hafi verið gert.

Nú vil ég í örstuttu máli gera grein fyrir þeim kjörum sem eru á þessum happdrættislánum ríkissjóðs. Nú er það svo um þessi lán, eins og segir hæði í þessu frv. og almennri tekjuöflun vegasjóðs í tekjum vegna vegagerðar, að reglurnar um þetta eru ákveðnar af fjmrn. og Seðlabankanum og slíkum peningastofnunum. En um þessi lán gilda þær reglur að bréfin eru seld og þau eru til 10 ára. Þau eru með 10% vöxtum, og þessir vextir eru notaðir til þess að greiða happdrættisvinningana, þannig að maður, sem á þessi bréf og ekki fær neinn vinning, fær enga vexti af sínum bréfum, það eru engir vextir greiddir á þessi happdrættisbréf. Hins vegar er greidd verðtrygging á bréfin þegar þau eru borguð út að 10 árum liðnum, og það, hvað við þurfum að endurgreiða mikið fer auðvitað eftir því hvað við gefum mikið út á ári hverju, og þá er það framfærsluvísitalan, en ekki byggingarvísitalan, sem er á þessum bréfum. Þetta vildi ég nú útskýra hér vegna þess, sem kom hér fram um daginn, og þess, sem komið hefur fram hér nú. Um að skrá þessi bréf á nöfn hefur verið farið

nákvæmlega eins og með önnur happdrætti. Happdrættismiðar eru ekki skráðir á nöfn í venjulegri sölu. Hins vegar eru spariskírteinalánin skráð á nöfn, en þau eru ekki framtalsskyld frekar en þessi.

Það er svo annar þáttur í okkar efnahagskerfi, sá þáttur að sparifé, spariskírteini, happdrætti og annað því um líkt skuli ekki vera framtalsskylt, því að það er ekki nokkur vafi á því og það vita allir þeir sem fást við skattamál, að þessi þáttur í okkar efnahagskerfi kemur þar mikið við. En þá yrði að taka allt peningakerfið til athugunar í sambandi við þennan þátt, en ekki einstaka þætti, því að það verður að falla saman. Það var á sínum tíma ákveðið að gera innstæður í sparisjóðsbókum eða í bönkum ekki skattskyldar og ekki framtalsskyldar nema að nafninu til. Það var gert til þess að örva innlegg manna í banka. En hinu er ekki að neita að í þessu og öllu peningakerfi okkar eru veilur. Ég er reiðubúinn til að taka undir það að þessa veilu þarf að taka til athugunar í sambandi við skattamálin, og hún var mjög svo athuguð og er mjög mikið um hana fjallað eins og aðra þætti skattamála í grg. þeirrar n. sem vann í minni fjármálaráðuneytistíð og skilaði áliti í fyrravor. En kjörin á þessum happdrættisbréfum eru ekki það sérstaklega góð að þau ein nægi til þess að gera þetta eftirsóknarvert eða valda eftirsókn manna í að kaupa. Ég álít hins vegar að hinn þátturinn sé sá að menn hafa áhuga á vegakerfinu og þess vegna kaupir það þessi bréf og þetta sé mikið notað til tækifærisgjafa og á þann hátt náist í fjármagn til vegagerðar í landinu sem að öðrum kosti mundi ekki verða.

Í sambandi við þetta vil ég svo einnig biðja menn að hafa það í huga, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykn., hvað framkvæmdin, sem var á sínum tíma gerð fyrir slíka lánsfjáröflun eins og hér hefur átt sér stað, mundi kosta nú. Ef það er borið saman við kostnaðinn af þessum lánum, þá kemur upp mynd sem vert er að hafa í huga, því að það er æðimikill munur að framkvæma með verðlagi dagsins í dag eða því sem var fyrir 10 eða 12 árum. Þess vegna held ég að á mynd þá, sem hv. 2. þm. Reykn. greip hér á áðan, verði að líta einnig í sambandi við þessi lánamál.

Út af því, sem hefur blandast inn í þessar umr. um endurgreiðslu ríkissjóðs á þessum lánum, þá er það um þessi mál að segja, þ. e. spariskírteinalánin, sem hafa fyrst og fremst verið sú leið sem ríkissjóður hefur valið, að sumt af því verður að sjálfsögðu að endurgreiða með skatttekjum sem aflað er þegar út þarf að borga, vegna þess að það hefur verið notað í hreinar ríkisframkvæmdir, annað hefur verið endurlánað til stofnana sem sjálfar greiða þetta aftur. Nokkuð mikill hluti af þessu fé hefur t. d. farið í rafmagnsframkvæmdir og annað því um líkt, og við skulum gera okkur grein fyrir því, að við stöndum ekki of vel í dag í þeim málum þó að við höfum notað þessa leið til framkvæmda á sviði raforkumála, hvað þá ef við hefðum látið þetta ógert, af því að við höfðum ekki samtíma tekjur til þess að leysa þetta verk.

Ég held að þróunin verði sú, og ég tel að hún hefði raunar þurft að verða það fyrr, að verðtrygging sparifjár þurfi að koma til. Mitt mat er það, að verðbætur hefðu haft áhrif á verðbólgu hér á landi ef þetta hefði verið tekið upp fyrr, og það sækir meir og meir í þetta, það er ég alveg viss um. Ég veit að þessi leið hefur eins og aðrar sína vankanta, en hún hefur líka kosti sem ekki má vanmeta. En aðalatriðið í þessu tel ég að með samþykkt þessa frv. er engu verið að spilla.

Nú mun það vera svo, að vegir, sem þetta frv. spannar yfir, ná til allra kjördæma nema Reykjaness og Reykjavíkur. Ég held að þau muni vera þar fyrir utan. — Nei, ég segi ekki Reykjanes, ég bið afsökunar á því, en það er af því að ég lít á Vesturlandsveginn yfir Kjalarnesið og Kjósina meira í þágu Vesturlands en kjördæmis hv. þm. Reykn. En þá get ég með góðri samvisku sagt að Reykjavík er ein undanskilin, því að það er nú þannig með hana að forsjónin hefur lagt henni svo margt til að það gerist þar af sjálfu sér. Það er nú það sem er munur á þeim, sem eru betur settir í lífinu, og hinum, sem eiga erfiðara, að það kemur af sjálfu sér hjá þeim sem eru betur settir, en verður að hafa fyrir því hjá hinum. Þetta er eiginlega meginmálið í aðstöðumun, og þess vegna verðum við dreifbýlismenn sem svo erum kallaðir, að hafa fyrir ýmsu og það verður meira til umr. vegna þess að það gerist hjá öðrum meira af sjálfu sér. Þess vegna finnst mér að það sé ekki verið að mismuna með þessu, enda endurtek ég það, sem ég sagði hér um daginn og ég mun reyna að vinna að meðan ég fer með samgöngumál, að það þarf að fá heildaráætlun um vegakerfið í landinu, a. m. k. hvað varðar aðalvegina, því að innan héraðs er það meira kjördæmismál og snertir meira hvern einstakan þm. En ég álít að hitt sé mergur málsins.

Það, sem ég sé í sambandi við þessa leið, er einmitt það, sem hefur komið fram í ræðum hv. þm., — þeir hafa fundið að því, að allt væri miðað út frá Reykjavík, — en með þeirri skýrslu, sem ég las fyrir hv. þm. Ed. um daginn, sýndi ég fram á að það eru víðs vegar um landið kaflar sem hægt er að leggja á varanlegt slitlag nú þegar, og það álít ég vera afskaplega mikils virði. Mér finnst það geysilega mikils virði ef hægt er að taka ákveðna kafla á Norðurlandi, ákveðna kafla á Vesturlandi og ákveðna kafla á Suðurlandi og Austurlandi. Og ástæðan til þess, að ég var með þetta svæði hér um daginn og þetta frv. nær til ákveðins svæðis, er fyrst og fremst sú, að það liggur fyrir nú þegar athugun á köflum sem hægt væri að vinna að sérstaklega á þessum svæðum. Hinu verkinu er ekki lokið, því verður haldið áfram, og auðvitað dettur engum í hug að þeir kaflar, sem eru á Austurlandi og Norðausturlandi, eigi að verða út undan í þessum efnum, heldur eigi að halda þessu verki áfram. Mergur málsins er að stilla upp þessum höfuðvegum landsins, ekki þannig að hinir eigi þá allir að verða út undan, því að um þessi mál í heild sem annað verður fjallað við afgreiðslu vegáætlunar og tekið tillit til þess.

Ég tek undir það, sem hefur komið fram hjá nokkrum þm. sem hér hafa talað, að ég held

báðum hv. Vestf.-þm. og öðrum, að heidaryfirlit um lagningu vega sé það sem við eigum að stefna að. Hinar sérstöku áætlanir hafa leyst verulegan þátt í þessu og þess vegna eigum við nú að taka heildarstefnu um lagningu hringvegar í kringum allt landið og tengja hann héruðunum sem best.

Ég held því, að þegar við lítum á þetta mál í heild, þá beri ekki mikið á milli. Það er viss óróleiki yfir því að þarna ætli þessir landshlutar að fara að ota sínum tota. Ég man eftir því þegar ég var í fjvn. og við vorum að afgr. Vestfjarðaáætlun, sem var fyrsta áætlun sem gerð var í sambandi við vegi, þá læddist þetta inn hjá mér og fleirum, að með þessu móti væri þessu skotið fram fyrir. En við betri athugun varð niðurstaðan að þetta mundi flýta fyrir heildarvegagerð í landinu. Og reynsla mín af þessu er sú, að ég legg áherslu á það. Nákvæmlega sami var minn hugsunarháttur í fyrra þegar var verið að deila á mig og fleiri fyrir stórátak í hafnagerð í Þorlákshöfn, Grindavík og Höfn í Hornafirði, sem náðust fjármunir til út á Vestmannaeyjagosið. Ég vissi eins vel og ég stend hér í ræðustólnum núna, að þessum fjármunum var ekki hægt að ná nema í tengslum við þetta gos. Engum dytti í hug annað en að það yrði að fjármagna framkvæmdir í höfnum á þessum stöðum. Þetta mundi greiða fyrir hafnarframkvæmdum í landinu almennt. Og reynslan hefur sannfært mig um að þetta er rétt. (Gripið fram í.) Nei, hér þarf ekki gos, hér þarf bara víðsýni. Ef menn eru þröngsýnir, þá sjá þeir harla skammt. En ef þeir hafa sæmilegt víðsýni, þá geta þeir séð yfir landið og verða að gera það og þurfa ekkert gos til. En þeir verða að nota tækifærin sem bjóðast til þess að ná fjármunum til þeirra verka sem góð eru og nauðsynleg og þjóð okkar þarf á að halda. Það var gert í fyrra af þáv. ríkisstj., af því að hún leit á málið í heild og notaði tækifærið vel. Eins eigum við nú að nota tækifæri sem skynsamleg eru til framkvæmda í vegamálum og ekki vera með skæklatog út af þessu, því að það er engin ástæða til þess.

Það er engin löngun til þess að fara að koma einum eða öðrum á kné í þessu, heldur að reyna að byggja upp heildarvegakerfi landsins á sem farsælastan og fljótvirkastan hátt. Þess vegna mun ég beita mér fyrir því að gera heildaráætlun um þetta mál. Eins og ég sagði um daginn, þá er því verki ekki lokið og það er ekki gert á tveim-þrem mánuðum, en að því verður unnið alveg sleitulaust, og það er mergur málsins. Við eigum að nota þessa leið sem aðrir til þess að koma verkunum áfram. Ég þarf ekki að segja hv. þm. það, að án fjármagns verður þetta ekki gert og ef við aðeins vinnum fyrir það fjármagn sem við höfum af samtímistekjum, þá gengur þetta seint. Okkur getur greint á um leiðirnar og það segir ekki heldur að við ætlum að fara eina leið að þessu marki. Aðalatriðið er það, sem hefur komið fram hjá hv. þm., að þeir vilja stefna að þessu marki, og það skiptir mestu máli.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. hér á fleiru í sambandi við þetta mál, því að ég er sannfærður um að þó að einstakir þm. líti nú svo á við 1. umr. málsins að verið sé að mismuna eitthvað, sem ég þykist nú hafa sýnt fram á að er ekki um mikið að ræða, þar sem þetta nær til allra kjördæma landsins utan Reykjavíkur. Þó að menn geti líka greint á um leiðir, þá er það staðreynd að málið verður ekki leyst nema með meira fjármagni en við höfum eigin tekjur til í sambandi við vegáætlun. En við afgr. vegáætlunina jafnt út frá þessum þætti sem öðrum þáttum í vegamálum landsins.

Umr. frestað.

Efri deild, 25. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum 24. fundi.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 76). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 132). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um Hitaveitu Suðurnesja. Það er alllangt síðan hófust umr. og komu upp hugmyndir um hitaveitu fyrir Suðurnes. Fyrir 3 árum óskaði Grindavíkurhreppur eftir því við Orkustofnun að gerðar yrðu tilraunaboranir í Svartsengi nálægt Grindavík. Niðurstaða varð álitleg og gaf góðar vonir, og nú á s.l. sumri voru enn fremur boraðar tvær alldjúpar holur, 1500 og 1700 m, með ágætum árangri. Eftir þessar boranir og aðrar rannsóknir er ljóst, að í Svartsengi er góður grundvöllur fyrir þessu máli. Þar er sýnilega nægileg orka til þess að byggja á henni hitaveitu fyrir Suðurnes. Orkumarkaður þar er þannig, að gert er ráð fyrir að þau 7 sveitarfélög sem hér eiga hlut að máli og standa að væntanlegu sameignarfélagi, þurfi um 40 mw., ef mælt er á þann mælikvarða, og flugvöllurinn um 70 mw., eða samtals sé varmaþörf á þessu svæði um 110 mw.

Til samanburðar um stærð þessa fyrirtækis má geta þess, að þegar Hitaveita Reykjavíkur tók til starfa í des. 1944 var hún 55 mw. eða helmingur af þessari væntanlegu hitaveitu. Síðan hefur Hitaveita Reykjavíkur um það bil fimmfaldast. Af þessu má sjá nokkuð að hér er um allstórt fyrirtæki að ræða.

Gert er ráð fyrir að þarna séu settar upp varmaskiptistöðvar, því að gufan er ekki til þess hæf að setja hana beint inn á kerfið af mörgum ástæðum, sem greint er frá nánar í aths. við frv. og í grg. frv., sem samin er af Fjarhitun og Orkustofnun og birt sem fylgiskjal með þessu frv.

Fyrir alllöngu hófu heimamenn undirbúning að þessu og stofnuðu á árinu 1973 samstarfsnefnd til að vinna að þessu máli, sem leitaði síðan til ríkisstj., og árangurinn er sá sem þetta frv. ber með sér.

Hér er gert ráð fyrir að stofna sameignarfyrirtæki ríkisins og þeirra 7 sveitarfélaga sem talin eru í 2. gr. frv. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin eigi meiri hl. í fyrirtækinu, 60%, en ríkið 40%. Það kom til umr. hvort eðlilegt væri að sveitarfélögin ættu ein þetta fyrirtæki, en svo er háttað um þær hitaveitur, sem fyrir eru í landinu. En af ýmsum ástæðum, m. a. þeirri hvað flugvöllurinn er stór aðili hér að, þótti rétt að ríkissjóður væri það meðeigandi og varð niðurstaðan þessi. Er um það fullt samkomulag milli ríkisstj. og fulltrúa suðurnesjamanna.

Gert er ráð fyrir því í 12. gr. frv. að heimilt sé að taka lán eða veita ábyrgð á lánum fyrir Hitaveitu Suðurnesja, allt að 2 000 millj. kr., en gert er ráð fyrir að sú fjárhæð nægi til þess að leggja hitaveitu í hin umræddu sveitarfélög. Er gert ráð fyrir að eftir að því er lokið komi til lagningar hitaveitu að Keflavíkurflugvelli.

Ég skal ekki fara um þetta öllu fleiri orðum, enda er málið skýrt í aths. með frv. Málið var lagt fyrir Nd. Iðnn. þeirrar d. mælti einróma með því og var það afgr. nú í dag frá þeirri d. með shlj. atkv. Ég vænti þess að þetta merka mál fái góðar undirtektir í þessari hv. d., og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og iðnn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Í raun og veru þarf ég ekki að hafa mörg orð um þetta frv. annað en að fagna komu þess hingað inn á Alþ. Vissulega hefði verið ánægjulegt að geta séð mál þetta nokkru fyrr hér á ferðinni, en ýmis atvik hafa leitt til þess að það er síðbúnara en við margir áttum von á. En því ber að fagna að það skuli vera komið og nauðsynlegt að veita því fljóta fyrirgreiðslu í gegnum hv. d. og nefnd.

Þetta er búið að vera alllengi á döfinni, eins og hæstv. ráðh. gat um, og ýmsar athuganir benda til þess að hér sé um vænlegt og bráðnauðsynlegt fyrirtæki að ræða. Enginn aðili dregur í efa að hér er um mikla arðgjöf að ræða fyrir alla notendur þessa svæðis og mun heita vatnið gefa af sér fyrir þetta svæði mikla búbót, eins og annars staðar á landinu. Áætlaður kostnaður nálgast að vera 2 milljarðar kr. Ég vænti þess að aðflutningsgjöld af þessari stofnlögn verði felld niður, eins og heimilt er í lögum, en það kom hvorki fram í ræðu hæstv. ráðh. né kemur fram í sundurliðun á kostnaði að þessi heimild verði notuð. En ég geng út frá því að heimildin verði notuð. Hér er um stofnkostnað að ræða alveg hliðstæðan og á sér stað við aðrar virkjanir þegar um rafmagn er að ræða, og ég tel alveg einsýnt að þessi heimild verði notuð til þess að draga úr stofnkostnaði fyrir notendur þessarar hitaveitu.

Það er aðeins einn þáttur í þessu máli sem er enn óleystur. Hann er viðkvæmur og ekki tímabært kannske að fjalla um hann hér nú, þar sem ekki er svigrúm til að fara nánar út í þann þátt, en það er eignarréttaraðildin að landinu og á því sem upp úr því kemur. Ég vil lýsa þeirri ósk minni eindregið að um þetta náist samkomulag hið bráðasta og báðir aðilar megi þar við una. Það er miklu heilbrigðara og æskilegra að slíkt eigi sér stað heldur en að til deilu komi sem ekki verði leyst nema með eignarnámsaðför.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að bera þetta frv. hér fram og lýsi eindregnum stuðningi mínum við það og óska eftir að það fái fljóta afgreiðslu.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil eins og síðasti ræðumaður láta í ljós ánægju yfir því að þetta frv. er komið fram, þakka hæstv. iðnrh. fyrir að málið skuli vera komið á þetta stig. Hér er um að ræða tvímælalaust eitt mesta hagsmunamál byggðanna á Suðurnesjum, og ég vænti að hv. þdm. geri sitt til þess að málið megi fá sem skjótastan framgang.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það gleður mig að þetta frv. hefur svo greiðan gang gegnum þingið. Sannarlega er það rétt, eins og komið hefur fram, að þetta er mikið hagsmunamál byggðarlaganna á Suðurnesjum en til gamans vil ég vekja athygli á því að þetta er mjög gamalt mál. Hitinn á Reykjanesinu hefur verið augljós um aldaraðir, og það eru margir áratugir síðan farið var að hreyfa því á Suðurnesjum að fá hitaveitu frá Reykjanesi. En það, sem stóð jafnan í veginum fyrir því að úr framkvæmdum yrði, var að það var sama hvaða verkfræðifyrirtæki reiknaði út kostnaðinn og afraksturinn, það kom alltaf illa út. Líklega eru það fyrst og fremst olíuhækkun Araba sem gerir að verkum að þetta er nú orðið mjög arðvænlegt fyrirtæki. Hér er verið að gera í raun og veru nýja tilraun með millihitun, að hita upp heil byggðarlög með jarðhita og jarðgufu, sem upphaflega er sölt, og er í sjálfu sér mjög fróðlegt að fylgjast með hvernig það gengur, en allar tilraunir virðast benda til að þótt þetta kunni að vera nokkur kostnaðarauki sé það algerlega örugg aðferð.

Ég tek undir það sem aðrir hafa sagt hér. Ég vona að þetta mál fái greiðan gang í gegnum okkar d. einnig. Ég sakna þess svo sannarlega að byggðarlögin skuli ekki sjálf eiga þessa hitaveitu, eins og flestar aðrar hitaveitur í landinu eru í eigu byggðarlaganna sem nota þær. En þrátt fyrir það verður þó meiri hl. í eigu byggðarlaganna og það tel ég mikils virði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar, frv. (þskj. 141). — Frh. 1. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil strax lýsa yfir að ég er sammála þeirri meginstefnu, sem fólgin er í þessu frv., að rétt sé að verja 2000 millj. kr. utan við hina almennu vegáætlun til þess að byggja upp traustan og vetrarfæran

hringveg umhverfis landið, sérstaklega milli Reykjavíkur og Akureyrar. Þjóðbrautin umhverfis landið og tenging út frá henni til aðalþéttbýlisstaðanna er aðalatriðið. Ég hef reyndar lengi hugleitt hversu varhugavert það er að þjóðbrautir á Vesturlandi og Norðurlandi og í öðrum landshlutum eru kenndar við einstök kjördæmi, en eru ekki teknar sem ein heild. Eins og menn vita liggur þjóðbrautin norður á Akureyri úr Reykjaneskjördæmi um Vesturland, Vestfirði á litlu svæði um Holtavörðuheiði, en síðan tekur Norðurland við. Við, sem höfum fylgst með samgöngumálum á undanförnum árum, þekkjum það að löngum er mest áhersla lögð á þau viðfangsefni í vegamálum sem koma sér best fyrir hvert byggðarlag fyrir sig, en síður litið á heildina, og afleiðingin hefur orðið sú að viss svæði, sem liggja á mörkum tveggja eða fleiri kjördæma, hafa orðið út undan. Ég vil í þessu sambandi sérstaklega nefna Holtavörðuheiði. Norðurárdalur og leiðin upp á heiðina hefur því miður ekki verið helsta áhugamál vestlendinga, enda þótt þessi vegarspotti liggi í þeirra kjördæmi, og eins er um norðurhluta Holtavörðuheiðar, hann hefur gjarnan orðið út undan vegna þess að hann liggur ekki í Norðurlandskjördæmunum, heldur tilheyrir Vestfjörðum.

Ég tel að með því að líta á Norðurveginn milli Reykjavíkur og Akureyrar sem eina heild og með því að taka hann fyrir sem sérstakt verkefni sé mikið unnið. Að þessu leyti er ég algerlega sammála meginstefnu frv., þótt ég telji að visu eðlilegast að líta á hringveginn allan sem eina heild án þess að fella úr einstök landssvæði eins og gert er í þessari till. Ég er einnig sammála því, að útvegað verði mikið fjármagn, ekki minna en 2000 millj., til þess að unnt sé að ráðast í verulega stórt átak við lagningu hringvegarins. Hins vegar er ég síður en svo ásáttur með fjáröflunaraðferðina.

Eins og menn vita eru aðallega tvær leiðir sem hafa verið farnar fram að þessu þegar framkvæmdir í vegamálum hafa verið fjármagnaðar. Annars vegar hafa framkvæmdirnar verið greiddar af tekjum ríkisins, hins vegar hafa verið tekin lán, sem greiðast með jöfnum afborgunum næstu árin á eftir af tekjum Vegasjóðs. Nú er aftur á móti farið að reyna þriðju leiðina, sem er eðlisólík hinum tveimur, en það er að taka verðtryggð lán sem greiðast ekki fyrr en kannske áratug eftir að þau eru tekin. Þessi lán eru að því leyti frábrugðin hinum venjulegu lánum að það, sem framkvæmt er í dag, er ekki borgað fyrr en eftir heilan áratug. Og á þessum 10 árum eru engar afborganir greiddar, aðeins vextir sem í þessu tilviki lýsa sér í happdrættisvinningum. Öllum kostnaðinum er sem sagt raunverulega velt á herðar skattgreiðenda að 10 árum liðnum. Í þriðja lagi er það sérkenni þessarar fjáröflunarleiðar að bréfin eru verðtryggð, og jafnvel þótt vextir, sem eru í formi happdrættisvinninga, geti talist nokkuð lágir, þá er ljóst að þessi lán verða a. m. k. tvöfalt dýrari en venjuleg lán með t. d. víxilvöxtum og langtum óhagstæðari en erlend lán.

Ég get lýst því strax yfir að ég er algerlega á móti því að fjármagna opinberar framkvæmdir með þessum hætti. Þetta hefur verið gert í litlum mæli með skuldabréfaútgáfu í sambandi við vegalagningu á Skeiðarársandi, en ég lít svo á að þar hafi verið um undantekningartilvik að ræða. Við settum okkur það takmark að ljúka þessu mikla verkefni á þjóðhátíðarárinu 1974. Það mátti að vísu kallast nokkur dirfska að fjármagna þessa dýru framkvæmd með þessum sérstæða hætti, því að afborganir af þessum lánum verða geysilega mikil byrði fyrir ríkissjóð þegar þar að kemur. En þessa fjármögnun mátti þó afsaka vegna hinna sérstöku aðstæðna, sem ríkjandi voru í sambandi við að það þurfti að ljúka þessu verki fyrir ákveðinn tíma. En aftur á móti þegar um það er að ræða að taka kannske tvöfalda eða þrefalda þá upphæð, sem tekin var í Skeiðarársandi, til almennra vegaframkvæmda, þá er vissulega ástæða til að tala um ábyrgðarleysi í þessu sambandi. Eins og menn vita eru verðtryggð skuldabréf frábrugðin öðrum verðbréfum að því leyti að þau eru seld með gífurlega hagstæðum kjörum. Vísitölubréf á vegum ríkissjóðs, sem seld voru í nóv. 1965 fyrir 10 þús. kr., er hægt að fá endurgreidd hjá Seðlabankanum í dag fyrir 90 þús. Á aðeins 9 árum hafa verðbréfin nífaldast að vöxtum.

Menn kunna nú að spyrja, hverjir geta í raun og veru notað svona lán, hverjir geta tekið svona lán, ef dregið er í efa að ríkið geti það. Ég skal svara því. Það má nota lán af þessu tagi í byggingarstarfsemi þar sem byggingarnar halda verðgildi sínu um margra áratuga skeið og skila síðan árlegum arði, sem getur staðið undir greiðslu af þessum lánum. Þetta getur vel átt við um íbúðarhús. Margir eru fegnir að taka slík lán. Eins getur þetta vel átt við um t. d. byggingu raforkuvera eða lagningu hitaveitu, vegna þess að þar er um að ræða fyrirtæki sem skilar lántakandanum stöðugum tekjum sem hann notar síðan til að standa straum af viðkomandi láni. Eins er hægt að hugsa sér að lán af þessu tagi sé veitt til atvinnufyrirtækja sem þola að greiða svo háa vexti sem raun ber vitni vegna þess að þau eru óvenjulega arðvænleg. Það er vel hægt að hugsa sér að fyrirtæki vilji taka lán af þessu tagi. Eins er alveg sérstaklega hægt að hugsa sér að verðtryggð skuldabréf séu keypt af fjárfestingarsjóðum sem síðan endurláni þau fyrirtækjum með öðrum lánum þannig að t. d. fyrirtæki, sem tekur lán, greiði verðtryggingu að ⅛ hluta til, vegna þess að sjóðurinn hefur tekið ⅛ af ráðstöfunarfé sínu að láni sem verðtryggð lán, og hann getur þá blandað þessu saman við annað fjármagn sem hann hefur, þannig að raunvextirnir verða að vísu nokkuð háir, en þó ekki óbærilega háir. En þegar farið er að nota verðtryggð lán til þess að byggja mannvirki sem skilar lántakandanum ekki neinu fjármagni í hendur til þess að greiða lánin með og það meira að segja á þann hátt, að ekkert er greitt á fyrstu 10 árunum, heldur er beðið með það í 10 ár að greiða upphæðina og þá er um að ræða að upphæðin hefur tvöfaldast, fyrir utan það að við bætast fullar verðbætur, þá eru þetta að sjálfsögðu ordnar drápsklyfjar sem menn eru að taka á sig.

Ég vil ítreka það hér að ég, eins og ég hef margoft sagt, er algerlega sammála því að lán sé tekið upp á t. d. 2000 millj. kr. til þessara

framkvæmda, en vil í fyrsta lagi að þetta mál sé skoðað í einhverjum tengslum við þá vegáætlun, sem á að samþ. hér í þinginu í vetur, og í öðru lagi vil ég að við stöndum undir innlendum opinberum framkvæmdum fyrst og fremst með tekjum ríkisins, jafnóðum og þær verða til, og ef við tökum lán, sem við þurfum stundum að gera, þá sé séð fyrir tekjuöfluninni til að greiða þessi lán á næstu árum. Ég tel það hins vegar ótrúlegt ábyrgðarleysi að ætla að hefja framkvæmdir sem nema 2 000 millj. kr. og fjármagna þær með ávísun 10 ár fram í tímann og ganga þar að auki þannig frá málum að upphæðin á tölulega eftir að margfaldast og a. m. k. tvöfaldast að raungildi áður en kemur til endurgreiðslunnar. Þetta er nefnilega ekkert annað en segja: Ég ætla að hlífa kjósendum mínum og skattborgurunum í dag við því að standa straum af ákveðnum framkvæmdum ríkisins á næstu árum, vegna þess að ég ætla að láta þá stjórn og það þing, sem hér verður við völd eftir svo sem 10 ár, um að útvega peningana og innheimta það fé hjá fólkinu, sem til þess þarf að greiða þessar skuldir, og mig varðar ekkert um það hvað skattborgararnir eftir 10 ár þurfa að greiða mikið, jafnvel þótt um verði að ræða tvöfalda þessa upphæð, ef ég bara get fengið hlutina framkvæmda nú í minni valdatíð.

Nú spyrja menn kannske: Hvernig er unnt að gera stórátak í vegamálum, t. d. að verja 2 000 millj. kr. til vegamála á næstu 4 árum, öðru vísi en að taka lán? Það er sennilega illmögulegt. En það er ekki sama með hvaða hætti það er gert. Lánið verður sem sagt að vera þolanlega hagstætt og það á ekki að vera verðtryggt. Í öðru lagi verður að tryggja tekjustofn til að endurgreiða lánið. Ég vil t. d. nefna sem dæmi að það er hægt að hugsa sér lán, annaðhvort innlent eða erlent lán, sem tekið væri til 10 ára og væri þannig vaxið að það dreifði kostnaðinum af þessum ákveðnu framkvæmdum á næstu 10 ár. Þetta er það sem eðlilegt er að gera, að ætla sér kannske ekki að útvega fjármagn á stundinni til þess að framkvæma hlutina, heldur að geta dreift kostnaðinum á nokkur ár. En þá ætlum við okkur um leið að borga lánið upp á þessum sömu 10 árum, en ekki að láta það standa óhreyft og byrja ekki að borga af því fyrr en eftir 10 ár þegar lánið hefur fengið að tvöfaldast. Til þess að svo verði þarf að sjálfsögðu ekki aðeins að útvega lán, heldur þarf að sjá fyrir einhverjum tekjustofnum á næstu 10 árum þannig að það sé alltaf hægt að greiða upp í afborgunina.

Ég tel að það sé tiltölulega auðvelt mál að finna einhverja þá tekjustofna sem tengja mætti slíku láni. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma að nefna dæmi, en ég get þó leyft mér að nefna eitt dæmi. Hugsum okkur að við tækjum 500 millj. kr. lán á hverju ári í 4 ár í þessum sama tilgangi, þá mætti hugsa sér að við útveguðum okkur t. d. 200 millj. kr. tekjustofn sem skilaði sér á næstu 10 árum og gengi til að endurgreiða þetta lán. Þetta gæti t. d. verið, svo að ég nefni dæmi, 5% gjald á allan ferðagjaldeyri. Ferðagjaldeyrir ber engan söluskatt, eins og við vitum, og það hefur vissulega löngum blasað við að það sé mikið óréttlæti að þeir, sem fara til útlanda, þurfi ekki að borga neinn söluskatt af sínum lystireisum, en þeir, sem ferðast hér innanlands borga 19% söluskatt. Og þó að það væri ekki lagður skattur nema 5% á ferðagjaldeyri, þá væru það svo sem ekki nein ósköp og ekkert óeðlilegt þó að það væri notað til þess að standa undir kostnaði við innlendar vegaframkvæmdir.

En ég vil taka fram að margar aðrar leiðir eru hugsanlegar í þessu sambandi. Það er hægt að hugsa sér að gefin séu út skuldabréf og seld með afföllum, og það eru margar aðrar leiðir til. Aðalatriðið er að lánið sé ekki verðtryggt þannig að það sé alveg öruggt mál, að um verði að ræða mjög óhagstætt lán.

Að lokum vil ég segja það í þessu sambandi, að þegar menn tala um að útvega stóra fúlgu til þess að leggja góða vegi hringinn í kringum landið, þá verða menn að hugsa um tvennt: annars vegar að fá breiða og örugga uppbyggða vetrarvegi, hins vegar að fá vegi með varanlegu slitlagi. Þetta eru þau tvö markmið sem menn hafa í huga. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að ég lít ekki á þessi markmið sem jafngild í svip, ég geri þarna nokkurn mun á. Ég veit að þeim, sem ferðast lítið að vetrinum um fjarlægar byggðir þessa lands, finnst aðalatriðið að geta verið nógu sprettharðir þegar þeir geysast um þjóðbrautirnar að sumri til. En ég get fullvissað hæstv. samgrh. um það að fólkið sjálft, sem býr við þessa vegi út um landið, leggur meiri áherslu á hinn þáttinn, þ. e. a. s. að vegirnir séu örugglega færir í flestum veðrum og þeir séu það vel uppbyggðir að þeir notist til fulls. Ef fólkið á um tvennt að velja, annars vegar hvort það fær ákveðinn vegarstubb, sem er ekki nógu breiður í dag og ekki nógu hár til að gegna hlutverki sínu og er því mikill vegartálmi á ákveðnu svæði og hins vegar að fá ákveðinn vegarstubb, sem búið er að leggja mikla vinnu í að undirbyggja, en vantar ekkert nema varanlegt slitlag ofan á, þá er ég ekki í nokkrum minnsta vafa um það, að þó að kannske höfuðborgarbúi vilji helst fá þennan slétta veg með varanlegu slitlagi, þá kýs landsbyggðarfólkið að hin vandamálin hafi forgang. Meðan mjög langir kaflar á veginum milli Suðurlands og Norðurlands eru þriðja flokks vegir, sem eru í fyrsta lagi of linir og eru því oft algjörlega ófærir í margar vikur að vorinu til, of mjóir og eru því mjög hættulegir, bæði að sumrinu til þegar mikil umferð er og þá ekki síður að vetrinum til í mikilli hálku, og of lágir og teppast í miklum snjóum, þegar þannig er ástatt um mjög langa vegarkafla á þessari leið, er það satt að segja lítil huggun fyrir fólk almennt þótt á þeim verði einhverjir smáspottar rennisléttir og með góðu slitlagi. Ég er alls ekki að gera lítið úr þeim þægindum, sem því fylgja, síður en svo, en það er bara svo að þó menn njóti þess að aka á þessum smáspottum — kannske á 90 km. hraða í fáeinar mínútur, þá er hitt, að menn lenda eftir fáeinar mínútur aftur á mjög svo holóttum vegum. Það er satt að segja aðalatriðið að laga þá frá flestra sjónarmiði séð.

Ég vil að lokum segja það við hæstv. samgrh. og bæta því við það, sem ég hef hér sagt, að ég veit að hann vill verða góður samgrh. Hann vill láta mikið að sér kveða, og það er prýðilegt. Þannig eiga ráðh. að vera. Þeir eiga að láta mikið

að sér kveða. En ráðh. mega ekki vera þannig að þeim sé alveg sama hvernig fjármagnið er fengið til þeirra framkvæmda sem þeir standa að. Hæstv. ráðh. talaði um erlend lán, sem hefðu fengist í fyrra í hafnir á Suðurlandi vegna Vestmannaeyjagoss, og sagði þá eitthvað á þá leið að þar hefði gefist gott tækifæri, sem við hefðum gripið, og það hefði komið sér vel. Þetta ættum við að gera, við ættum að grípa tækifærin þegar þau gæfust. — En var þetta fyllilega sambærilegt við það sem hér er verið að tala um. Hér er verið að tala um lán, verðtryggð með vöxtum, en í sambandi við hafnirnar á Suðurlandi var um að ræða lán, erlend lán frá Alþjóðabankanum, á óvenjulega hagstæðum kjörum og lágum vöxtum, að mig minnir innan við 8%. Ráðh. veit að sjálfsögðu að um þessar mundir er mikil verðbólga í heiminum og ekki síst því landi þar sem þetta lán var fengið, í Bandaríkjunum. Í fréttum í kvöld var sagt að verðbólga á þessu ári í Bandaríkjunum mundi nema 12%. Sem sagt þetta lán, sem tekið var í fyrra, hefur þá ágætu eiginleika að það hefur rýrnað á því eina ári, sem síðan hefur liðið, um meira en nemur vöxtunum af af því, og má því segja að á því hafi verið negatívir vextir á þessu tímabili. En það er víst eitthvað annað sem sagt verður um þessi blessuðu vísitölulán.

Hæstv. samgrh. minntist hér á Vestmannaeyjagosið og það var vel til fundið. Hvernig fórum við þá að þegar við stóðum frammi fyrir ákveðnum vandamálum? Gáfum við þá út verðtryggð skuldabréf til að bjarga okkur út úr þeim erfiðleikum, sem við stóðum þá frammi fyrir? Nei, svo sannarlega gerðum við það ekki, sem betur fer, enda væri víst nokkuð öruggt að þjóðargjaldþrot eða a. m. k. ríkisgjaldþrot væri fram undan og það skammt fram undan, ef svo hefði verið að við hefðum gefið út verðtryggð skuldabréf fyrir öllum þeim upphæðum sem þar þurfti að útvega. Nei við lögðum að sjálfsögðu þessa byrði á þjóðina með eðlilegri tekjuöflun. Við ávísuðum ekki vandanum á aðrar kynslóðir, ekki langt út í framtíðina.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Hér hefur allmikið verið talað um fjárútveganir til vegagerðar. Ég get tekið undir það, sem hér hefur verið sagt, að það væri æskilegt að fé til slíkra hluta fengist með sem bestum kjörum og þjóðin gæti á hverjum tíma lagt sem mest af mörkum til að vinna þau verk sem þarf að vinna. En það er svo með vegagerð að hún er svo brýnt mál að ég tel algjörlega útilokað og raunar ekki rétt að ein kynslóð greiði á fáum árum það sem þar þarf að framkvæma.

Ég get tekið undir það að erfitt er að gefa út víxla á framtíðina, en það er líka erfitt, ekki síst í vegagerð, að ætla mönnum að gera hvort tveggja í senn að aka á slæmum vegum með öllum þeim kostnaði, sem því fylgir og greiða á sama tíma ný stórvirki í vegalagningu. Ég held að sé um það bil 3 ár síðan vegamálastjóri skýrði frá því í útvarpi að það hefði verið reiknaður út mismunur á því að aka bíl á malbikuðum vegi og á malarvegi og komið hefði í ljós að kostnaðarmunur þá væri um 3 kr. á hvern ekinn km. Ég get ekki sagt með neinni vissu hversu þetta væri miklu meira nú í dag, en það má þrefalda þá upphæð að ég hygg eða jafnvel meira. Sparnaðurinn kom fram í minni bensíneyðslu, minna viðhaldi, minna sliti o. s. frv.

En ef það væri rétt, að sá, sem æki bílnum sínum á malbikuðum vegi, fengi hvern ekinn km. 6—10 kr. ódýrari en hinn sem þarf að hossast á ósléttum malarvegum eða aka meira eða minna að vetri í snjó, þá getum við vel gert okkur í hugarlund hversu mikilvægt það er að fá vegina upp úr snjónum og fá þá sem sléttasta. Ég ætla ekki að reikna þetta dæmi. Það er auðreiknað. Fæstir aka bíl sínum öllu minna en 10 000 km. á ári, sem nota bíl að einhverju ráði. Þó að krónurnar væru bara 6 á km., þá munaði 60 000 kr. á ári á bíleiganda hvort hann ekur um almennilegan veg, sem er tiltölulega greiðfær allan ársins hring og sæmilega sléttur, eða hann þarf að nota malarveg sem er ósléttur og erfiður yfirferðar langtímum saman vegna snjóa. Ég tel að með þeim sparnaði, sem fæst með aukinni vegagerð og bættri vegagerð sérstaklega, eigi raunverulega að greiða þá víxla sem við tökum í dag og það sé réttlæting þess að það sé tekið fé, þó að dýrt sé, til vegagerðar í dag, að þeir, sem njóta veganna geti fremur en þeir sem nú aka á meira og minna lélegum vegum, greitt kostnaðinn við þá.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil í aðalatriðum ítreka og leggja áherslu á þær hliðar þessa frv. sem ég drap á við fyrri umr. nú í kvöld og lítils háttar að auki.

Ég er síðasta ræðumanni, hv. þm. Ragnari Arnalds, sammála um það að hæstv. samgrh. vill áreiðanlega láta að sér kveða í vegamálunum og er það góðra gjalda vert. Ég hygg að hann geri sér fulla grein fyrir hinum raunverulegu vandamálum dreifbýlisins í sambandi við vegina. Hann þekkir þessi vandamál af eigin raun, þó að stundum hafi hann í ákefð sinni að láta til sín taka á þessum sviðum lagt e. t. v. fullmikla áherslu á annars konar og léttúðugra transport en það sem mestu máli skiptir fyrir fólkið úti á landi, svo sem flutninga á knattspyrnuáhugamönnum milli Akraness og Reykjavíkur, og undir þetta sama vil ég raunar færa hugmyndina um brú yfir Borgarfjörð. Ég segi þetta ekki honum til lasts, heldur aðvörunar: að þótt sýnir hans ýmsar séu glæstar á mynd og korti, þá kunna þær að verða vanmetnar af því fólki sem ekki þráir endilega eggslétta hraðbraut, heldur á allt sitt undir því að vegur á vori haldi jeppatík á milli bæja.

Ráðh. nefndi Keflavíkurveginn til dæmis um það hversu hagkvæmt væri að taka svona lán til vegaframkvæmda. En það var ekki svona lán, eins og áður hefur verið komið inn á, það var allt annars konar lán. Ég geng ekki með vasatölvu á mér, en ég vék að samþm. úr Norðurl. e. sem er vanur að reikna út vexti og innti hann eftir því hversu dýrt þetta lán, sem tekið var til Keflavíkurvegar, væri orðið í lok 10 ára tímabils ef það hefði verið vísitölutryggt. Hann bað æðri máttarvöld sér til hjálpar og sagði:

A. m. k. nokkuð marga milljarða. — Ég hygg að hann hafi rétt fyrir sér. Einhvers staðar uppi í vaxtaskalanum liggur það rauða strik sem ekki borgar sig að fara upp fyrir, jafnvel þó að lán séu tekin til vegagerðar. Þegar um er að ræða hraðbrautir frá Reykjavík til einhvers tiltekins staðar norður í landi og ekki lengra, þá leyfi ég mér að draga í efa að við megum taka mjög dýr lán til þeirra framkvæmda.

Hæstv. samgrh. staðhæfir það enn í ræðu sinni að þessi hringvegur ætti ekki að ná til Reykjavíkur, hvorugu megin skilst mér. Maður gat næstum því ímyndað sér að það ætti að fara að grafa einhvers konar virkisgjá um veg þveran sitt hvoru megin við lögsagnarumdæmi Reykjavíkur til þess að sýna þar glögglega að þangað ætti þessi vegur alls ekki að ná og ætti alls ekki Reykjavík að þjóna. Svona hugsar nú hæstv. samgrh. ekki, því að hann er sannarlega enginn kjáni. Hann leggur aftur á móti fullmikla áherslu á það að mínum dómi að gylla veg þennan hinn dýra sem byggðaveg. Ef við ætlum að koma upp tryggum byggðavegum, vegum sem þjóna byggðunum, þá liggja þeir ekki á milli Akureyrar og Reykjavíkur sem aðalstöðva, þó að þessir bæir tveir gætu orðið endastöðvar þarna. Við megum ekki hugsa um þá sem slíka. Vegirnir, sem þjóna byggðunum, liggja milli sveita til byggðakjarna, þjónustukjarna í héraði. Það er fólkið í þessum sveitum sem á erindi hvert við annað miklu meira en suður til Reykjavíkur. Fyrst þurfum við að byggja upp þá vegi. Hraðbraut til Reykjavíkur hefur ekki meiri háttar efnahagslegt eða félagslegt gildi fyrir byggðarlögin. Í sumum tilfellum kann slík hraðbraut að hafa, ef svo má segja, öfugt gildi.

Ég mun standa, eins og ég sagði áður, að brtt. við frv. á þá lund að lánsfénu verði varið svo, að norðausturhluti landsbyggðarinnar verði ekki sniðgenginn í þeirri áætlun sem gerð verður um ráðstöfun þessa fjár og ekki Vestfirðir heldur og vænti atfylgis annarra dreifbýlisþm. til þess. Fáist ekki breyt. á frv. mun ég greiða atkv. gegn því.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem hefur fram komið hér áðan — ég ætlaði mér reyndar ekki að taka oftar til máls í þessu máli — vil ég taka undir það sem kom fram í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnars Arnalds, að við eigum að líta á þjóðbrautina kringum landið sem eina heild. Ég er honum alveg sammála um það og ég gat þess í ræðu í hv. Ed. fyrir nokkrum dögum að ég teldi að bæði ég og aðrir hefðu gert sig seka um það að sinna ekki vegum milli byggða, einkum t. d. Holtavörðuheiði og Gilsfirðinum og þess háttar. Þetta var á vissan hátt kannske réttlætanlegt meðan menn voru að brjótast áfram með að teygja vegina inn eftir héruðunum, en það er ekki hægt til lengdar að halda því áfram.

Þetta sáu þm. hér fyrir nokkuð löngu, og fyrst þegar var byrjað á vegaskatti hét hann Brúasjóður og Millibyggðavegasjóður og var upphafið að bensínskatti. Þetta var í lögum þegar ég kom hér á þing, og á sínum tíma flutti ég og fyrrv. þm. Norðurl. v., Björn Pálsson, frv. til l. sem var upphafið að Vegasjóði sem var í raun og veru um að taka bensíngjöld og þungaskatt í ríkum mæli til lagningar þjóðvega og þá fyrst og fremst miðað við nýbyggingar. Þess vegna tek ég undir þetta með hv. þm., og ég álít að þetta sé rétt stefna og hef áður lýst því hér. Ég vil hins vegar bæta því við, að ég tel að gott vegakerfi, eins og fram kom í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., Inga Tryggvasonar, er svo mikils virði, að hafa góðar samgöngur á landi, að það beri nauðsyn til þess að hafa vegina góða vegna þess að það er svo mikill sparnaður að því og fólkið fær svo mikið fyrir fjármuni sína með því. Ef við bara lítum á verðlagið á bensíni nú og fyrir nokkrum árum, þá er þar svo mikill munur á eða á viðhaldi bíla að það þarf nokkuð til að hafa þar upp á móti.

Út í það, sem þessir tveir hv. þm. sögðu, skal ég svo ekki fara frekar. En það var eitt atriði sem ég vildi víkja að í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefáns Jónssonar. Það er afskaplega mikill misskilningur hjá þessum hv. þm. ef hann heldur að ég hafi nokkurt skáldabragð á borð við hann. Þar er breitt bil á milli. Hann getur verið skáldlegur, en ég er yfirleitt raunhæfur, og ég skal segja honum það, að ég hef marga útreikninga um vegagerðina inn fyrir Borgarfjörð sem sýna að brúin og sú leið yfir Borgarfjörð er ódýrasta leiðin. Þetta getur hv. þm. fengið upplýsingar um og ég skal láta honum þær í té þegar ég get náð í þær, og það get ég gert fljótlega. Á þeirri staðreynd byggist þessi áætlanagerð. Hv. þm. hefur ábyggilega farið oft inn fyrir Borgarfjörð og hann veit hvernig vegagerðin er. Hann veit hvað þarf að byggja upp margar brýr á þessari leið, og hann þyrfti líka að vita það hvað það styttir leiðina upp í Borgarnes, vestur á Snæfellsnes og norður í land að fara þessa leið. Þegar þetta er allt reiknað í arðsemi, þá er þetta fundið út. Ég hef ekki reiknað það út, ég er ekki sá „kúnstner“ í reikningi að ég hafi gert það. Það voru danskir verkfræðingar sem gerðu áætlun um vegagerð hér fyrir nokkuð löngu, og íslenskir verkfræðingar hafa líka reiknað þetta dæmi út og einfaldað það. Það þarf ekki neina skáldagáfu til að finna þetta út.

Hitt er ég honum ekki sammála um, að það skipti ekki fólkið í byggðum landsins nokkru máli hvernig sambandið er við Reykjavík og Akureyri. Fólkið í byggðum landsins flytur afurðir sínar á markaðinn og það flytur vörur sínar af markaðsstöðunum. Þess vegna skiptir það þetta fólk verulegu máli hvernig samgöngukerfið er. Það er ekki sama fyrir mjólkurframleiðendurna hvernig vegirnir eru sem þeir þurfa að flytja mjólkina sína á, og það er þess vegna sem við keppumst um að bæta vegakerfið til hagsmuna fyrir framleiðendur og neytendur, af því að þeir þurfa að eiga viðskipti hvorir við aðra. Þetta er undirstaðan undir okkar samgöngukerfi í landinu, því að það byggist ekki á túrisma, heldur á flutningum á milli fólksins frá og til þéttbýlisstaðanna, hvort sem það er hér í Reykjavík norður á Akureyri eða annars staðar. Og það er hið skáldlega í þessu hjá hv. þm. að hann sá ljómann af hinu, en gleymdi hinu raunverulega daglega brauði og daglega striti þessa fólks sem við erum að reyna að basla við að vinna fyrir.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Mér sýnist að menn séu almennt nokkuð sammála um þetta mál. Menn eru sammála um að það beri að leggja góða vegi um landið allt og hafa beri í huga allt landið, og fyrst og fremst ber að hafa í huga að gera akfæra vegi um landið sem öll þjóðin getur haft gagn af. Það, sem menn eru hins vegar ekki sammála um, hvernig afla skuli tekna til þessa verkefnis.

Ég get verið sammála því að þjóðfélagið þoli ekki að taka ótakmörkuð lán. Það bolir ekkert efnahagskerfi að taka endalaust lán. Það er talað um að við séum að velta byrðum yfir á herðar skattgreiðenda framtíðarinnar. Það er nú svo að í mörgum tilfellum veltum við ýmsu yfir á skattgreiðendur framtíðarinnar. Við tökum lán til atvinnuuppbyggingar, lán sem borga sig, skila arði, en það fæ ég því miður ekki skilið — og á ég þá sérstaklega við það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan — að það væri allt annað að taka lán til raforkuvera vegna þess að slík lán skiluðu arði, þ. e. a. s. það væri fjárfesting sem skilaði tekjum. Það fer nú allt eftir því hvernig við lítum á þetta. Við getum vel hugsað okkur að í staðinn fyrir það að innheimta svonefnt bensíngjald, þá innheimtum við vegaskatt og þar með skilar þessi sami vegur tekjum. Ég get ekki séð að það sé nokkur munur þarna á. Vegur skilar tekjum í gegnum þetta gjald sem mætti fella niður og innheimta skatt í staðinn þegar farið væri um þennan veg, og þar með væri væntanlega sá sami vegur farinn að skila tekjum.

Mér hefur fundist að hér væri einkum rætt um galla þess að taka happdrættisskuldabréfalán, en ekki kostina. Það er nú svo að sérhvert þjóðfélag vill stuðla að því að sparnaður verði sem mestur í viðkomandi þjóðfélagi. Þetta er gert á ýmsan hátt. Þetta er gert m. a. með því að vextir af sparifé eru gerðir skattfrjálsir og á ýmsan annan hátt. Það getur verið mjög jákvætt fyrir ríkisvaldið að verðtryggja lán og stuðla þannig að auknum sparnaði, og ég er ekki í nokkrum vafa um að það hefur aukið mjög sparnað í þessu landi að það skuli vera til þetta form af skuldabréfum. Sparnaður kemur að vísu fram á margan hátt. Menn leggja fé í banka, menn fjárfesta í íbúðum og menn kaupa skuldabréf. Og eftir því sem formin eru fleiri til þess að leggja fé í, þeim mun meiri sparnaður verður í viðkomandi þjóðfélagi. Þetta er hið jákvæða í þessu máli og mér finnst vert að menn hafi það í huga þegar þessi mál eru rædd.

Ég vil taka það fram að lokum, að það eru ákvæði varðandi happdrættisskuldabréfin um það að þau séu undanþegin framtalsskyldu, og ég er því algjörlega mótfallinn. Þarna er verið að skapa þeim aðilum, sem hafa með höndum skatteftirlit í landinu, mikla erfiðleika. Ég tel að þarna eigi að breyta um svo fljótt sem auðið er og gera þessi skuldabréf framtalsskyld, jafnvel þótt vextir og verðtrygging væru skattfrjáls, en þeir aðilar, sem keyptu þessi bréf, væru skyldugir til að geta þeirra á sínum skattskýrslum, því að annars er hætt við að þetta form skapi þeim aðilum, sem taka undan fé eða skila ekki skatti af vissum tekjum til ríkissjóðs, möguleika að fela sitt fé á þennan hátt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þess óska ég að ég muni aldrei eiga sökóttara við hæstv. samgrh. heldur en nú. Þó er það nú svo að hann sneri út úr fyrir mér, hafði rangt eftir mér. Ég sagði aldrei í minni ræðu að landsmenn ættu ekki erindi til Reykjavíkur og Akureyrar. Ég sagði að íbúar hinna dreifðu byggða ættu meira erindi hver við annan og til þjónustu í byggðarlagi sínu. Það væri meiri nauðsyn að komast þá leið yfirleitt en til Reykjavíkur. Annað minntist ég ekki á í þessu sambandi, en það er nú annað mál.

Úr því að ég er kominn hingað upp, þá hlýtur mér að leyfast að spyrja, hvort að dönsku sérfræðingarnir, — hæstv. samgrh. talaði um danska verkfræðinga — muni ekki vera þeir hinir sömu og fengnir voru til landsins 1967 og felldu dóm um hagkvæmni varanlegra vega víðs vegar um landið. Ef svo skyldi reynast, sem ég hef grun um, þá munu þetta vera sömu verkfræðingarnir eða öllu heldur hagfræðingarnir með vegaflutninga að sérgrein sem felldu þann úrskurð að ekki borgaði sig að byggja varanlega vegi á Austfjörðum vegna þess að þar yrði aldrei lifað menningarlífi — á dönsku „kulturliv". Hagkvæmara væri miklu að þjappa saman byggðinni á Suðvesturlandi og byggja þar upp varanlega vegi, fyrst og fremst vegna þess að vegirnir eru styttri „og der kan man jo leve et kulturliv". Ég hef grun um að þetta séu hinir sömu dönsku sérfræðingar sem reiknuðu út að það væri miklu ódýrara að byggja brú yfir Borgarfjörð langsum eða þversum upp í Borgarnes. Og að einu skulum við gá, að hinn varanlegi hringvegur, sem er um rætt í þessu frv., á ekki að liggja vestur Mýrar út á Snæfellsnes. Brúin kemur ekki til með að stytta veginn til Akureyrar ákaflega mikið. Ég er hræddur um að útreikningar dönsku sérfræðinganna byggist á einhverju öðru en íslenskum aðstæðum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það er ekki vegna þess að ég þurfi að bera af mér sakir sem ég kveð mér hljóðs. Það er ekki enn komið að því, enda eru þetta mjög svo friðsamlegar umr.

Mér þótti vænt um að hæstv. samgrh. skyldi taka hér til máls, en ég verð að viðurkenna að ég saknaði þess að hann ræddi um kjarna þess máls sem ég tók hér til umr. Hann sagði í raun og veru það eitt sem andsvar við gagnrýni minni á þessari sérstæðu tegund skuldabréfa að það ættu allir að vita að góðir vegir spöruðu fólki mikið fé. Þetta er sá alþýðlegi sannleiki sem hann gat vel leyft sér að koma á framfæri, en mátti vita að ég og aðrir hefðu einhvern tíma heyrt áður. Þetta vita að sjálfsögðu allir. Aðalatriði málsins er hins vegar það að spurningin er ekki eingöngu um hvort vegirnir spara fólki fé, heldur um hitt, hver ætlar að greiða framkvæmdina, hver ætlar að greiða lánið sem er tekið og með hvaða hætti. Kjarninn er sem sagt sá, hvort það sé eitthvert vit í því frá efnahagslegu sjónarmiði og frá sjónarmiði ríkissjóðs að hlífast við að taka þátt í kostnaðinum, greiða kostnaðinn í 10 ár, heldur velta kostnaðinum yfir

á skattgreiðendur á næsta áratug og ætla þeim að greiða kostnaðinn með tvöföldum þunga. Það er þetta sem ég hef gagnrýnt og kallað ábyrgðarleysi.

Hv. þm. Halldór Asgrímsson ræddi þetta mál hér áðan og hann virtist fyrst í sinni ræðu ekki sjá muninn á því að tekið væri lán til orkuframkvæmda annars vegar eða lán til vega. En hann hlýtur að gera sér grein fyrir því að þó að hvort tveggja séu þjóðhagslega mjög mikilvægar framkvæmdir, þá er munurinn sá að við erum vanir að skattleggja fólk vegna orkunotkunar jafnóðum og það notar orkuna eftir að raforkuverið hefur verið byggt, en það gerum við sjaldnast í sambandi við vegina. Hann nefndi að vísu þann möguleika að við gætum lagt á vegaskatt. Ég vil nú spyrja hvort honum eða einhverjum öðrum detti í hug að það sé raunhæft að það verði farið að leggja á vegaskatt á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur. Ég hef ekki mikla trú á því að svo verði. Hinn möguleikinn er líka sá að ætla sér að innheimta þetta í bensíninu. En gallarnir eru tveir á þessu fyrirkomulagi. Í fyrsta lagi sá, eins og ég hef margrætt um, að þetta eru óhagstæðustu kjör sem hugsast geta, en í öðru lagi það að við ætlum okkur ekkert að borga af þessu láni í 10 ár. Þar af leiðandi er hætt við að fjmrh., sem lítið hugsa um annað en líðandi stund, eins og þeir gera flestir, muni ekki á þessum 10 árum afla neinna tekna til að standa straum af láninu þegar þar að kemur. Þess vegna er heldur óraunhæft að tala um bensínskatt í þessu sambandi.

Orkuneysla og bygging orkuvers gæti í þessu sambandi verið raunhæfur samanburður ef um það væri að ræða að tekið væri verðtryggt lán sem ætti að greiða eftir 10 ár og raforkan væri ókeypis á þessum tíu árum. Síðan fengjum við alla súpuna yfir okkur að þeim tíma liðnum. En þannig er það ekki að sjálfsögðu. Við getum selt orkuna mjög auðveldlega til notenda, bæði til almennra nota og til fyrirtækja sem svo aftur nota hana með góðum hagnaði, og á þann hátt er auðvelt að standa undir láninu. Þetta vona ég að menn skilji að er kjarni þessa máls.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Lengi var kýrverðið viðmiðun okkar í fjármálum. Hér er mikið talað um dýr lán og það er kannske kjarni þessara umr. hvort þetta lán, sem við ætlum að taka, sé óhæfilega dýrt. Þá kemur spurningin: Hvað er dýrt lán? Ef við greiðum lánið með andvirði þess sem kostar að leggja jafnlangan veg, 100 m eða km eða hvað sem er að liðnum 10 árum, hefur þá lánið verið okkur dýrt? Ég held að þetta sé það sem hefur skeð. Fyrir 10 árum var bensíngjaldið, að mig minnir, 1.47 kr. eða 1.67 kr. eða eitthvað slíkt. Í dag er bensíngjaldið 16.70 kr. Með sama útreikningi yrði bensíngjaldið ansi hátt. Það, sem hefur skeð og kemur til með að ske á næstu 10 árum — en við skulum vona að það verði ekki í svo ríkum mæli sem á undanförnum 10 árum — er það að ríkissjóður fær miklu fleiri milljarða til ráðstöfunar en hann hefur í dag, ekki vegna þess að þessir mörgu milljarðar séu svo miklu verðmeiri, heldur vegna þess að verðgildi krónunnar hefur breyst. Hér er ekkert annað sem skeður en það, að fólkið, sem kaupir þessi happdrættisbréf, fær sitt kýrverð til baka ef það hefur kostað kýrverð upphaflega.

Hitt er annað mál að um það mætti kannske deila í þessu efni, hvort vextirnir eru of háir. Ég held að það hefði ekki mikið að segja í þessu tilfelli, þar sem hér er um happdrætti að ræða, hvort vextir væru 7% eða 10%. En þar á móti kemur að við fáum eins og sagt hefur verið, áralöng afnot af þessum vegi í raun og veru fyrir vextina. Og við fáum meira, við fáum mikinn beinan sparnað, eins og hefur verið getið um. Ég held að það hafi verið reiknað út að sparnaðurinn við Keflavíkurveginn, beinn sparnaður í viðhaldi, hafi verið a.m.k. á annað hundrað millj. á ári. Og þetta gerir að sjálfsögðu miklu meira en að borga afborganir og vexti af veginum. Á sama hátt mun það verða hér. Við spörum líklega núna 60—100 þús. kr. á bíl sem keyrir að jafnaði á malbikuðum vegi, miðað við að hann keyri 20 000 km á ári, eins og hann gerir gjarnan í þéttbýli. Og svo er enn eitt sem gerist við þetta, að þegar kominn er góður vegur til Akureyrar þá getið þið verið viss um að tekjur af bensíngjaldi Vegasjóðs aukast stórkostlega. Þetta hefur sýnt sig hér í fjölmenninu, að því betri vegi sem menn hafa, því meira aka þeir, og umferðin hér austur yfir fjall hefur margfaldast síðan góði vegurinn kom. Þetta þýðir að sjálfsögðu miklu meiri tekjur ríkissjóðs en áður. Og með þessum hlunnindum á að endurgreiða lánin.

Hitt er ég ásáttur með, að það er ekki nokkur hæfa að eiga að borga þetta allt of ört, ekki í einu lagi, en vafalaust verður fundin leið við því. Ég held, þótt ég óski jafnan eftir því að geta heldur tekið óverðtryggð lán en verðtryggð, að ef ekki er hægt að fá annað lán og þarf að vinna framkvæmdina, þá sé ég ekki að það sé neitt því til fyrirstöðu að gera það. Ég held að fátt sé okkur nauðsynlegra einmitt núna en að fá góða vegi um allt land.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég veit af eigin reynslu að ég er miklu betri bisnissmaður en læknir, en ég vona að hv. síðasti ræðumaður sé miklu betri læknir en bisnissmaður. En ég ætla ekki að gera ræðu hans að umræðuefni hér, enda botna ég satt að segja hvorki upp né niður í henni. Ég vona að hann hafi farið þar með óhrekjandi visku. Það, sem kemur mér til að standa upp aftur, eru ýmis ummæli hæstv. samgrh. þegar hann tók til máls í fyrra skiptið, en hann talaði þá um að þrátt fyrir mótmæli að mér skilst sérfræðinga ríkisstj. þá buðum við út 80 millj. kr. skuldabréfalán til að framkvæma lagningu Djúpvegar og þau bréf hafi selst fljótt. Ég get ekki séð að það bendi á annað en að ríkisstj. hafi sérfræðinga sem alls ekki eru í neinum „kontakt", ef ég má nota það orð, við fólkið eða það sem er að gerast í kringum þá. Það er staðreynd, að fólk hefur ekki hlaupið til og keypt þessi ríkisskuldabréf til að reyna að forða undan því sem forðað verður í þessu okkar ágæta þjóðfélagi sem er nú á fleygiferð, heldur hefur það keypt alls konar varning sem það hefur ekkert að gera við. Mér er sagt að sumir hafi keypt fleiri en eitt stykki af ísskápum,

ískistum og alls konar tækjum, í von um þá líklega að geta selt það aftur seinna þegar verðgildi innfluttra vara hefur breyst. Þetta eru staðreyndir sem ég þekki úr mínu daglega lífi.

En mér finnst hæstv. samgrh. og fleiri þeirra hv. þm., sem hér hafa talað, hafa horft alveg fram hjá þeim erfiðleikum sem útboð á skuldabréfum skapar á hinum almenna peningamarkaði. Það hlýtur að vera staðreynd í peningamálum eins og öðrum málum að það eyðist sem af er tekið. Eg held við hljótum að geta verið sammála um það. Ef það er tekið af peningamagni sem lánastofnanir hafa til umráða, sem er aðallega sparifé landsmanna, þá hlýtur að verða samdráttur í starfsemi bankanna og þeir geta þá verr gegnt sínu hlutverki gagnvart hinum almenna borgara og þjóðfélaginu. Það er alveg sama hvort það eru einstök fyrirtæki eða stórar heildir, þau lifa á því að velta þeim gjaldmiðli sem notaður er á hverjum stað, sín á milli, hjá okkur og í menningarlöndum almennt, ef vantar peninga. Í öðrum löndum er það annað. Sums staðar er miðað við kúgildi, eins og hv. síðasti þm. ræddi um og er enn þá í gildi víða hjá frumstæðum þjóðum, en þær gætu áreiðanlega orðið uppiskroppa með húsdýr ef þær færu að eyða eins og við gerum í þessu tilfelli. Veit ég ekki hvað þeir gera þá í staðinn fyrir skuldabréfaútboð.

Eg vil undirstrika það að þessi bréfasala er náttúrlega í beinni samkeppni við hinn frjálsa markað í peningamálum, og ég tel ólíklegt, þó að ráðh hafi tekið þannig til orða áðan að verðtrygging sparifjár hefði átt að koma miklu fyrr, að hann sé reiðubúinn til að jafna aðstöðu ríkisins og ríkisbankanna eða annarra fyrirtækja sem eru í fjárþörf. Hægt væri þá að gefa fyrirtækjum almennt heimild til að selja svona skuldabréf á því verði sem fólkið vill borga fyrir þau, eins og almennt er og hv. 2. þm. Norðurl. e. hefur margoft talað um hér. En ég held að við séum ekki reiðubúnir til að ráðast í það núna.

Í þessu máli hefur komið skemmtilega fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að Reykjavík ætti að loka af með skurðum til að fyrirbyggja að þessir vegir eða hraðbrautir væri að einu eða neinu leyti fyrir Reykjavík eða reykvíkinga (**StJ:** Þetta sagði ég ekki eða ætlaði ekki að gera það.) Nei, en ég hef þá misskilið þig (**StJ:** Já.) Ég biðst afsökunar. (**StJ:** Ég sagði að ráðh. hefði talað eins og ætti að gera það.) Eins og ætti að gera það? (**StJ:** Já.) Að ráðh. hafi talað eins og ætti að gera það? (**StJ:** Eins og ætti að gera það, að vegirnir næðu ekki til Reykjavíkur.) Já, en það skiptir eiginlega ekki máli hvort er, en það er rétt að hafa það sem réttara er og ég leiðrétti það þá hér með. Það er oft sem það kemur fram í málflutningi manna, sérstaklega þm. annarra en reykvíkinga — það heyrist ansi lítið í Reykjavíkurþm. yfirleitt þegar þessi hagsmunamál eru til umr. — að það er hugsað til Reykjavíkur sem einhvers borgríkis sem er aðskilið frá öðrum landshlutum og ég harma það. Ég hélt að þetta væri ekki rétt. Ég hafði heyrt talað um þetta áður en ég kom inn á Alþ., en ég verð að segja það að ég harma að ég hef orðið var við að þetta er staðreynd. Ég vil þó upplýsa hv. þm. um það að vandamál reykvíkinga eru fyrir hendi og fjárfestingarþörf í Reykjavík síst minni en á landsbyggðinni, en það getur verið að þarfir borgarinnar séu aðrar en þær þarfir sem við höfum hér verið að ræða og almennt er rætt um þegar talað er um þarfir landsbyggðarinnar og fjárfestingar þar. Ég er reiðubúinn til að styðja hvaða góða hugmynd sem er fyrir landsbyggðirnar, en ég ætla að biðja a. m. k. þm. að gera sér ljóst að Reykjavík tilheyrir landinu ekki síður en Vestfirðir.

Ráðh. forðast að tala um þá spennu sem skuldabréfaútboðin skapa á peningamarkaðinum, og ég verð að lýsa furðu minni á því, því að það hefur orðið til þess eins og við vitum allir, — ég geri ráð fyrir að hver og einn hafi reynt það, að vegna þess að skortur er á veltufé fyrir þjóðina og vinnufé, hafa einstaklingar skapað sér gjaldmiðil utan við peningakerfið, má segja, sem bankarnir taka þó og versla með, og það eru víxlarnir. Sú gríðarlega upphæð sem liggur í víxlunum til viðbótar við peninga og svo aftur núna skuldabréfaútboð, ég held að það sé orðið þjóðarbúinu um megin að halda slíku áfram, og ég verð að vara við því.

Eg vil þá leiðrétta smá misskilning sem hefur líklega komið fram hjá 5. þm. Norðurl. v., Ragnari Arnalds, áðan. Hann talaði um að það væri hægt að leggja 5% aukagjald á ferðagjaldeyri. Ég vona að ég fari rétt með það, en það hefur verið reynt og það var stöðvað samdægurs vegna þess að Ísland hefur undirritað samninga við OECD-löndin um gagnkvæm skipti og frelsi ferðamanna, og það er einn liðurinn í þeim samningi að hækkun á gjaldeyrisviðskiptum umfram það, sem er lögfest gengi eru talin höft á ferðafrelsi (**RA:** Samt hafa margar þjóðir leyft sér þetta.) Þetta var talið og vitnað í þennan samning, það gerði Ferðamálaráð sem ég var varaform. í, á sínum tíma, og ríkisstj. stöðvaði það.

Ég vil þó taka undir með hv. 5. þm. Norðurl. v. þegar hann segir að samgrh. vilji láta að sér kveða. Ég fagna því. Ég tel að þannig eigi ráðh. að vera. Ég held að samgrh. hafi verið afskaplega duglegur fjmrh., og ég er alveg viss um að hann verður ekki síður duglegur samgrh. Ég vil geta aðstoðað hann við það að láta að sér kveða, en ég tel mig ekki geta stutt hann í slíkri fjáröflun til þessara vegakafla sem hann er nú með á prjónunum.

Hv. 5. þm. Austf. talar um að vel stjórnaðar þjóðir stuðli að sparnaði, að sparnaður verði sem mestur. En ég get ekki ímyndað mér að hann meini, að sparnaður eigi að verða með þeim hætti sem hér er stuðlað að, með þeim óeðlilega hætti, þeirri óeðlilegu samkeppni sem ríkir hér um sparifé landsmanna. Það má segja að hér séu engir bankar nema ríkisbankarnir sem kveður verulega að, og við hvern er ríkið þá að keppa? Það er að keppa við sjálft sig. Það er að draga vinnufé þjóðarinnar burt frá einstaklingunum sem náttúrlega heftir þá einstaklinginn sem hefur einhverja framkvæmdaþrá í sér og meira að segja stuðlar með því að braski. Við vitum allir að fólk kaupir þessi bréf sem auka verðgildi sitt svona — eins og þau hafa gert á síðustu 10 árum, — tólffaldast. Hvað gerir það svo í staðinn þegar það þarf að fá íbúð eða þak yfir höfuðið? Annaðhvort leitar á náðir borgaryfirvalda eða sveitarfélaga eða fær ódýrara

lán hjá lánastofnunum, eins og t. d. húsnæðismálastjórn. Þetta eru dæmi sem við vitum um, fyrir utan annað, að þegar sparifé er lagt inn í bankana, þá er ákveðið prósent sem bankarnir eru skyldaðir til að leggja inn í Seðlabankann sem bindifé. Ef fólk tekur svo aftur 100% út sitt sparifé, þá sitja bankarnir uppi með bindifé í Seðlabankanum, þannig að það má segja að þeir tapi ekki bara 100% af því sem fólkið lagði inn, heldur eru þeir með eigið fé bundið til viðbótar. Ég skal ekki fara með prósentuna, ég hélt hún væri um 40%. Hún var það, en það getur verið að hún hafi lækkað eitthvað.

Ég vil ítreka fyrri óskir mínar um að það verði kannað hvað peningamarkaðurinn hér þolir af tilfærslum af þessu tagi, þar sem veltufé er tekið upp og sett í framkvæmdafé. Og þar sem ég geri ráð fyrir að frv. þetta verði sent til fjh.- og viðskn. þessarar hæstv. d. og ég á sæti þar, þá mun ég óska eftir því í þeirri n., að skriflegar upplýsingar berist frá hagdeild Seðlabankans og Þjóðhagsstofnuninni um þessa tilfærslu á peningum úr veltufé í fjárfestingarfé í svo ríkum mæli sem raun ber vitni.

Ég ítreka það, sem ég sagði fyrr í kvöld, að fari svo að sérfræðingar þjóðarinnar í peningamálum telji ráðlegt að happdrættisskuldabréfasala haldi áfram og torveldi ekki eðlilega starfsemi bankanna, mun ég samþykkja frv. Að öðrum kosti sé ég mig tilneyddan að greiða atkv. gegn þessu frv.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að lengja verulega umr. um þetta frv. sem nú þegar eru orðnar alllangar. En út af þeim ummælum, sem hafa verið viðhöfð við þessa umr., kemst ég ekki hjá að segja nokkur orð.

Ég vil þá fyrst leyfa mér að benda á þá staðreynd — ég held að það sé rétt að menn geri sér ljóst að það verður ekki fram hjá þeirri staðreynd gengið — að skv. orðanna hljóðan í þessu frv. og ef það á undir nokkrum kringumstæðum að ná marki sínu eða tilgangi sem happdrættislán, þá gerist það ekki nema lánið standi tiltölulega langan tíma. Frv. gerir ráð fyrir 10 árum, og við höfum reynsluna af því að þar sem slík heimildarákvæði hafa verið fyrir hendi hafa þau verið notuð til hins ítrasta, svo að dæmið blasir alveg við. Þetta lán, ef þetta frv. verður að lögum, verður með það fyrir augum tekið að ekkert af því verður endurgreitt fyrr en eftir 10 ár. Sú staðreynd blasir því við að við erum að taka lán af gjörsamlega óþekktri stærð þegar það verður endurgreitt. Og ég verð að segja að mér finnst það lýsa vægast sagt litilli ábyrgðartilfinningu þegar er farið að hreyfa því af hv. þm. þessarar d. að hér geti jafnvel verið um ódýrt lán að ræða, sem sé verið að taka undir þessum kringumstæðum.

Ég hjó eftir því hjá hv. 5. þm. Austf., þegar hann var að hugleiða — sem ég hygg að sé rétt hjá honum — að stuðla eigi að sem mestum sparnaði í þjóðfélaginu, að hann virtist komast að þeirri niðurstöðu að verðtryggð skuldabréf stuðli að auknum sparnaði í þjóðfélaginu. Þá er mér spurn: Í hverju liggur sá sparnaður? Erum við þá komnir út á þann hála ís að slá því föstu að verðbólga sé sparnaður? Af því leiðir, ef við erum komnir að þeirri niðurstöðu, að sem mest verðbólga skapar sem mestan sparnað. Það hlýtur að vera eðlileg afleiðing af þeirri hugsun ef eitthvað vit er í. Annars held ég að því meira sem rætt hefur verið um þetta frv. og einmitt fjármögnunarleið, því sannfærðari verð ég um að við erum hér á rangri leið. Ég vil benda á, hef gert það áður og ítreka enn að þessi fjáröflunarleið, þessi fjármögnunarleið þekkist hvergi annars staðar í frjálsu vestrænu þjóðfélagi. Hún er ekki til. Eg vil biðja hv. stuðningsmenn þessa frv. og þá, sem standa að því, að benda mér á ef ég fer með rangt mál.

Ég er alinn upp við þá lífsskoðun og er mótaður af því að traustur gjaldmiðill sé ein styrkasta stoð fyrir sjálfstæði hverrar þjóðar. En með þeirri fjármálastefnu, sem hefur verið fylgt undanfarin ár í okkar þjóðfélagi, hefur markvisst verið unnið að því að grafa undan gjaldmiðli þjóðarinnar, og við þekkjum best af eigin reynd hvaða augum er litið á þann gjaldmiðil sem við höfum leyfi til að fara með út úr landinu, ef við sýnum hann einhvers staðar á erlendum peningavettvangi. Það er vægt að orði komist að segja að ef maður kemur í einhverja fjármagnsstofnun og býður þennan gjaldmiðil okkar til sölu, þá er litið á okkur kurteisislegum meðaumkunaraugum. Þetta er sú virðing sem blasir við okkur þegar við erum komnir út fyrir landssteinana að því er snertir það fé sem við höfum á milli handanna. Ef það á svo að vera stefnumarkandi einmitt nú þegar ný ríkisstj., sem telur sig þurfa margt að bæta í þjóðfélaginu, er nýsest að völdum, ef það á að vera stefnumarkandi í hennar fjármálapólitík að gangast fyrir meiri og vaxandi skuldbindingum sem eru vísitölutryggðar skuldbindingar eða verðtryggðar, eins og allir heimta nú og krefjast, þá ber ég mikinn kvíðboga fyrir því hvernig fer um fjármál okkar í framtíðinni.

Ég get gefið þá yfirlýsingu, að þegar ég var í þeirri kosningabaráttu sem ég háði fyrir síðustu þingkosningar, þá lét ég skýrt og skorinort í ljós, hvar sem ég talaði, að ég mundi vilja berjast fyrir því að það væri staðinn vörður um þá stefnu að efla og treysta gjaldmiðil þjóðarinnar. Ég mun reyna að vera trúr þeirri lífskoðun minni, vegna þess að ég held að með því sýni ég líka mesta festu og tryggð við grundvallarskoðanir þess stjórnmálaflokks sem ég hef fylgt og hef verið kosinn til að vera fulltrúi fyrir á hinu háa Alþingi.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, en ég hygg að hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, hafi misskilið mig dálítið varðandi samanburð á orkuverum og vegum. Það eina sem ég var að reyna að koma á framfæri, þótt það kunni að hafa verið óljóst, var að vegir skiluðu af sér arði, skiluðu af sér tekjum á sama hátt — þó á dálítið annan hátt að vísu — og orkuver. Þessar tekjur koma fram í því gjaldi sem innheimt er fyrir að aka þessa vegi, og þessar tekjur koma einnig fram í þeim þjóðhagslega sparnaði sem verður af þessum vegum. Þótt arðsemisútflutningur á vegagerð sé ekki

mjög algengur hér á landi, þá er hann mjög svo algengur meðal nágrannaþjóða okkar, á alveg sama hátt og arðsemisútflutningur fyrir orkuver á sér stað.

Það hefur verið spurt hvernig ég vilji rökstyðja það að sú leið að selja verðtryggð skuldabréf auki sparnað. Hv. 12. þm. Reykv. sagði áðan að fólk reyndi í verðbólgu að forða því sem forðað verður, það keypti fleiri en eitt stykki af ísskápum o. s. frv. Ég þykist hafa vissu fyrir því að allmargir, sem hefðu lagt í slíka eyðslu, hafa einmitt keypt happdrættisskuldabréf og stuðlað þannig að auknum sparnaði í þjóðfélaginu.

Ég er alveg sammála hv. 2. þm. Norðurl. e., Jóni G. Sólnes, að verðbólga er hlutur sem væri betra að vera án. En því miður er verðbólga staðreynd, og með því að hafa þennan möguleika sköpum við þarna leið sem stuðlar að auknum sparnaði.

Það er rætt um það hér að þessi leið dragi vinnufé frá einstaklingum, dragi fjármagn frá einstaklingum. Það má halda áfram: Dregur það ekki fjármagn frá einstaklingum ef ákveðinn aðili tekur lán hjá bankastofnun, fjármagn, til þess að fjárfesta í ákveðnum framkvæmdum? Það má lengi ræða þetta, en hér er um það að ræða að einstaklingurinn hefur ákveðið val og með því að þessi leið er fyrir hendi, þá getur hann valið milli þess að leggja kannske í ótímabundna fjárfestingu, við skulum segja íbúðarhúsnæði, og hins vegar að kaupa happdrættisskuldabréf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Rafveita Ísafjarðar, frv. (þskj. 148). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 148 er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að ábyrgjast lán fyrir Rafveitu Ísafjarðar, en Rafveita Ísafjarðar hefur ákveðið að festa kaup á 2100 kw. dísilrafstöð. Rafveitan telur kaup þessi nauðsynleg til að tryggja frystihúsum á Ísafirði og reyndar víðar um Vestfirði næga raforku, komi til truflana á afhendingu orku frá Mjólkárvirkjun. Er þess skemmst að minnast að á s. l. ári fór sæstrengur frá Mjólkárvirkjun í sundur, þannig að til stórtjóns horfði á birgðum frystihúsanna á Ísafirði.

Seljendur dísilstöðvar þeirrar, sem hér um ræðir, óskuðu ríkisábyrgðar á láni sem fylgir stöðinni. Ríkisstj. vill fyrir sitt leyti greiða fyrir því að kaup á stöð þessari geti átt sér stað og er því lagafrv. þetta lagt fram.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og vonast til þess að sú n. svo og hv. þd. sjái sér fært að afgr. þetta frv. áður en hv. þm. fara í jólaleyfi.

ATKVGR

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Opinberar fjársafnanir, frv. (þskj. 136). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta frv. til l. um opinberar fjársafnanir er endurflutt frá síðasta þingi og ég get leyft mér að vísa að nokkru til þeirrar framsögu sem ég flutti þá um þetta mál.

Astæður þess að ég flyt lagafrv. þetta eru nú að mestu leyti persónulegar, að því leyti til að sjálfur hef ég í mínu heimahéraði staðið fyrir söfnunum af ýmsu tagi fyrir ýmsa aðila. Ég hef oft staðið uppi með tugþúsundir í höndum og væri þetta í dag, þá jafnvel hundruð þúsunda. Ég hef gert skil á þessu sjálfur, ég held nokkurn veginn samviskusamlega, en eftirlit með þessu hefur nær ekkert verið og það hefur vægast sagt verið heldur óviðkunnanlegt að gera skil eftir þessar safnanir. Ég mundi t. d. ekki nú í dag taka að mér söfnun sem þessa án þess að bæði skilagrein og eftirlit væri fullkomlega tryggt. Í öðru lagi hef ég eins og aðrir þjóðfélagsþegnar lagt fram fjármuni til ýmiss konar safnana af þessu tagi og staðreyndin verið sú, að oftast nær hef ég vitað lítið um niðurstöður. Þetta hlýtur að vera hvimleitt fyrir báða aðila, bæði gefendur og þá sem að söfnun standa.

Ég vil taka skýrt fram að varðandi þessar safnanir yfirleitt er ég þeim frekar hliðhollur. Ég met ýmislegt sjálfboðaliðastarf sem að baki þessum söfnunum stendur oftast nær, og ég tek það einnig fram að þessar safnanir ná nær alltaf til einhverra góðra málefna. Ég álít aðeins að hér vanti lagaákvæði sem séu báðum aðilum jafnnauðsynleg og kannske ekki síst þeim sem að söfnuninni standa. Frv. er nefnilega ekki sett til höfuðs söfnunum á heilbrigðum og eðlilegum grundvelli. Frekar mætti segja að það væri undirstrikun á réttmæti og tilvist þeirra, jafnhliða því sem þessar safnanir hefðu sitt eðlilega aðhald.

Ég vil sem sagt fá hér í okkar löggjöf svipuð ákvæði og eru víða í lögum erlendis. Ágætur lögfræðingur hér í borg, Arnmundur Backmann, hefur kynnt sér rækilega lög þetta varðandi, og það frv., sem hér er flutt, er að miklu leyti samið af honum og sniðið eftir dönskum lögum, og það er víst ekkert einsdæmi um lög hér á landi. Mér er tjáð að reynsla af þessari lagasetningu á Norðurlöndum sé mjög góð. Safnendur séu ánægðir. Þeir telji sinn hlut betur tryggðan með þessum hætti. Þeir telji að óréttmæt gagnrýni, sem þeir verða oft fyrir, sé með þessu kveðin niður og þeir standi betur að málinu og uppréttari eftir en áður.

Það verða ýmsar spurningar uppi um aðferðir og takmarkanir varðandi þessar fjársafnanir. Á því hygg ég sé engan algildan mælikvarða hægt að finna. Þetta frv. er fremur hugsað sem rammi, og frá minni hálfu er velkomið að hv. þn. færi á annan og betri veg það sem mönnum sýnist að betur mætti fara, og án efa er þar um einhver tiltekin atriði að ræða sem svo er ástatt um.

Ég skal rétt fara yfir greinar frv.

1. gr. skýrir sig sjálf, þar sem fjársöfnun er heimiluð, en jafnframt er tekið fram að minnst 3 menn beri ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og hlýtur það að teljast sjálfsagt.

Í 2. gr. eru skýr ákvæði um það, að þessi lög taki ekki til safnana innan ákveðinna félaga eða samtaka. Við vitum að í félögum og samtökum yfirleitt, ef safnanir eru hafðar innan þeirra, þá hefur hver félagsmaður eða á að hafa greiðan aðgang að öllum upplýsingum um söfnunina. Það er t. d. sjálfsagt að hver félagsskapur hafi fullt frelsi til safnana innan sinna vébanda meðan ekki er farið þar út fyrir.

Í 3. gr. er kveðið á um tilkynningarskyldu aðila til lögreglustjóra, en þar sem hann er ekki til staðar til viðkomandi yfirvalds á staðnum, og síðan er sagt hvernig þessi tilkynning á að vera úr garði gerð. Hún skuli bera það með sér hver standi fyrir fjársöfnuninni, hvenær fjársöfnun skuli fara fram, hvar og hvernig og síðast en ekki síst í hvaða tilgangi fjársöfnunin fari fram.

Í 4. gr. er sagt að opinber fjársöfnun á götum eða í húsum sé háð leyfi dómsmrn. Það verður að teljast sjálfsagt. Og fjársöfnun með keðjubréfum er óheimil skv. þessu lagafrv. — Það mætti reyndar taka til athugunar hvort þessi blessuð keðjubréf ættu ekki að vera algjörlega bönnuð. Þetta er heldur óhugnanleg plága, og ég hugsa að það mundi gleðja margra hjörtu ef þau væru bönnuð að fullu og öllu, því að þau hafa gengið út fyrir öll eðlileg takmörk og að því er ég best veit hafa þau gengið jafnvel út yfir það að vera hótanir um líkamsmeiðingar eða líflát. En vitanlega eru þau komin erlendis frá, samkvæmt einhverri bandarískri fyrirmynd eflaust.

Í 5. gr. er tekið fram að því fé, sem safnast kann, skuli komið fyrir í banka- eða giróreikningi sem stofnaður er af þessu sérstaka tilefni og óheimilt sé að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað nema með leyfi dómsmrn. Það er vissulega svo, að það er engin ástæða til að vera að blanda fjárreiðum félags eða samtaka — eigin fjárreiðum þeirra við tiltekna söfnun. Á þessu er viss hætta, og mér er ekki grunlaust um að einhvern tíma hafi þetta gerst. Besta tryggingin gegn því er að sú upphæð, sem safnast í þessum sérstaka tilgangi, sé lögð inn á sérstakan banka- eða giróreikning, og ég sé enga erfiðleika á því fyrirkomulagi.

6. gr. um reikningshaldið, sem sé endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim er dómsmrn. kann að útnefna til slíks, það mun kannske þykja nokkuð strangt, en er engu að síður að mínu viti sjálfsagt, og einnig í 7. gr., sem er um það að reikningseftirlitið skuli birt áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, a. m. k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Ef fjársöfnunin er innan við 100 þús. kr. nægir að tilkynna opinberlega að reikningsyfirlit sé til sýnis á nánar tilteknum stað. Viðkomandi lögreglustjóra skal sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um hvar og hvenær birting skuli fara fram.

Þetta er ég viss um að mörgum þykir fullstrangt. En hér er oft um að ræða upphæðir sem skipta hundruðum þúsunda, jafnvel millj. kr. Ég tek dæmi af söfnun hér fyrir ekki alls löngu, fyrir nokkrum árum, ágætri söfnun eflaust, sem skilaði milljónum króna. Ég heyrði óneitanlega leiðinlegar tortryggnisraddir varðandi þessa söfnun, skilagrein á henni. Þær hafa áreiðanlega verið óverðskuldaðar. En þetta fyrirkomulag hefði sem sagt kveðið þær algerlega niður ef þannig hefði verið að farið. Það er sjálfsagt að um tvenns konar birtingarskyldu sé að ræða, annars vegar um hinar stærri upphæðir og hins vegar um hinar smærri, sem eru innan við 100 þús. kr.

Um undantekningar samkv. 8. gr. þarf varla mörg orð. Það er um söfnun á notuðum verðlitlum hlutum, sem lögin taka ekki til, og fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, enda kemur það auðvitað fram í samræmi við anda laganna að dagblaðið birtir þá skrá yfir framlag allra gefenda og viðkomandi dagblað birtir viðurkenningu þeirra einnig er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni. Þessar undantekningar held ég að séu sjálfsagðar og í þriðja lagi fjársafnanir við guðsþjónustur eða samkomur sem haldnar eru á vegum trúarfélaga Þar held ég okkur sé nauðsynlegt að mega treysta drottins þjónum einnig fyrir veraldlegum fjármunum eins og þeir eiga að sjá okkur fyrir hinum andlegu fjársjóðum.

Í 9. gr. eru nánari reglur og 10. gr. um að brot gegn lögum þessum varðar sektum nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

Ég tel frekari skýringar á frv. þessu óþarfar. En hitt ætti að vera öllum fullljóst af orðum mínum, að ástæðurnar eru þær helstar að fá hér einhverja löggjöf sem líkasta því, sem gildir í okkar nágrannalöndum og tryggja að þessar fjársafnanir lúti heilbrigðu og eðlilegu eftirliti, en séu jafnframt lögverndaðar. — Ég sagði áðan að það mætti eflaust breyta þessu frv. lagfæra og auka við hin ýmsu ákvæði þess.

Ég skal að lokum taka það skýrt fram, að þó að ég persónulega sé ekki hrifinn af öllum þeim söfnunum, sem yfir fólkið dynja, og ég álíti að samfélagið, ríkisvaldið, eigi sem best að tryggja það að þessar safnanir séu óþarfar, einkanlega þær sem eru bestar og hafa göfugastan tilgang, þá er það svo að fólki finnst oft að þessi aðferð sé sjálfsögð, sé fljótvirkasta leiðin til að ná einhverju ákveðnu settu markmiði, og þá er rétt að tryggja jafnframt eins og best verður á kosið örugga framkvæmd þeirra safnana og örugg skil á því sem safnast.

Ég tel að þessi löggjöf muni verða almennt séð, gegn því sem ég hef nú heyrt mótbárur við, jákvæð fyrir slíka starfsemi. Það er flutt í þá veru. Ég hygg að mörgum safnendum muni reynast þessi lög góð stoð síðar meir ef þetta frv. nær fram að ganga.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að óska þess að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég tel að þetta frv. beri að skoða vel. Ég held að hér sé merkismál á ferðinni og það jafnvel ekki síður fyrir þá sem standa í því að safna fé hjá almenningi. Á mínum mörgu árum hef ég átt aðild að mörgum söfnunum, og mér er fullljóst að það hefur verið slæmt að ekki hafa verið nein ákvæði til um slíkar safnanir. Bæði veit ég að það hefur komið fyrir að einstaklingar hafa gengið í hús

og talið sig vera fulltrúa aðila sem þeir voru ekki fulltrúar fyrir og í öðru lagi er alltaf sú hætta sem flm. benti á, að tortryggni skapist gagnvart þeim sem standa í söfnunum.

Þessi ákvæði, sem munu vera skyld ákvæðum í nágrannalöndunum, eru til orðin einmitt vegna þessarar reynslu og vegna þess að upp hefur komist um misferli í hinum stóru löndum. Ég tel að það sé miklu minni hætta á slíku hér hjá okkur í fámenninu. En þó er ekki því að leyna að það væri til mikilla bóta fyrir báða aðila að fá lagafrv. sem þetta samþ. Ég vil því taka það fram, að mér finnst sjálfsagt að skoða þetta *mál mjög vel*.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 23. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum fundum í sameinuðu þingi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 100). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. (þskj. 118). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 132, n. 156, 157). — 2. umr.

Frsm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Iðnn. hefur fjallað um þetta mál á einum fundi. Fyrir þeim fundi lá bréf frá samstarfsnefnd sveitarfélaganna á Suðurnesjum, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta. Það er svo hljóðandi:

„Að undanförnu hefur framkvæmdanefnd vegna Hitaveitu Suðurnesja, sem var kosin af samstarfsnefnd sveitarfélaganna á Suðurnesjum, unnið að því í samvinnu við iðnrh., fjmrh. og starfsmenn þeirra að semja frv. það til l. um Hitaveitu Suðurnesja, sem nú liggur fyrir hv. Alþ. Var það í framhaldi af undirbúningsviðræðum, sem átt höfðu sér stað í tíð fyrri ríkisstj., en hlé hafði orðið á þeim vegna stjórnarskiptanna. Á meðan á samningu frv. stóð gafst samstarfsnefndinni jafnan kostur á að fylgjast með framvindu mála og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við framkvæmdanefndina. Enn fremur hefur efni frv. verið kynnt fyrir öllum sveitarstjórnunum á Suðurnesjum. Þar sem það er einlæg ósk suðurnesjamanna að framkvæmdir við hitaveituna geti hafist sem allra fyrst, skorar samstarfsnefndin hér með á iðnn. og alþm. alla að veita frv. brautargengi án tafa, svo að það geti orðið að lögum áður en til jólaleyfis alþm. kemur.

Virðingarfyllst.

Í samstarfsnefnd sveitarfélaganna á Suðurnesjum:

Eiríkur Alexandersson,
bæjarstjóri, Grindavík.
Jóhann Einvarðsson,
bæjarstjóri, Keflavík.
Alfreð G. Alfreðsson,
sveitarstjóri, Sandgerði.
Haraldur Gíslason,
sveitarstjóri, Gerðahreppi.
Guðmundur Hauksson,
sveitarstjóri, Vogum.
Jósef Borgarsson,
oddviti, Höfnum.
Albert K. Sanders,
sveitarstjóri, Njarðvík."

Við í iðnn. komum okkur saman um það einróma að fallast á þessi tilmæli allra sveitarfélaga á Suðurnesjum. Að vísu er það dálítið óvenjulegur háttur að afgreiða mál án þess að n. geti lagt í sjálfstæða vinnu í sambandi við það og ég tel að slíkt þurfi að vera undantekning í okkar störfum á þingi. En þetta mál er þannig vaxið að um það hefur verið fjallað bæði af fyrrv. ríkisstj. og þeirri núv., og ég hygg að allir þingflokkar hafi góða vitneskju um það, þannig að ég geri ekki ráð fyrir að það hefði komið til neinna breytinga af hálfu n. þótt hún hefði haft ráðrúm til þess að fjalla lengur um málið.

Ég skil ákaflega vel að suðurnesjamenn vilja að Alþ. standi þannig að þessu máli að hægt sé að ráðast í fjáröflun og aðrar nauðsynlegar framkvæmdir sem allra fyrst, og við í iðnn. vorum sammála um að vilja stuðla að því að okkar leyti. — Ég held, að þetta séu nú meginatriðin í afstöðu n. í heild.

Ég vil svo einnig víkja að brtt. sem ég flyt á þskj. 157. Hún er flutt af mér, ekki till. n. Ég vil taka það skýrt fram, þótt ég geri hvort *tveggja í senn ræðunni, að mæla fyrir n. í heild* og þessari till.

Ég vék að því í sambandi við 1. umr. málsins, að ég hefði talið það mjög eðlileg vinnubrögð að afgreiða samtímis þetta mál og frv. til l. um breyt. á orkul., sem fjallar um háhitasvæði, vegna þess að eignarréttarvandamál kemur þarna upp og skiptir ákaflega miklu máli hvernig það verður leyst. Það var um það talað í n. að við afgreiddum þetta mál um háhitasvæði að loknu jólaleyfi, og ég vona að okkur takist að ná samstöðu um það mál, því að ég held að þar sé um meginatriði að ræða sem þurfi að fá skorið úr hér á Alþ. En ég hef lagt það til í sambandi við þetta frv. um Hitaveitu Suðurnesja, án þess að ég ætlist til þess að það valdi nokkrum deilum eða töf, að 14. gr. frv. breytist dálítið, verði svo hljóðandi:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í Svartsengi við Grindavík og uppleystra efna og gastegunda sem háhitavatni og gufu fylgja. Ráðh. getur heimilað Hitaveitu Suður-

nesja að taka eignarnámi lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmdanna samkv. l. þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir l. nr. 11 frá 1973.“

Þarna er sem sé skilið á milli orkunnar, sem um er að ræða á þessu háhitasvæði, og annars eignarréttar, sem fer að sjálfsögðu eftir almennum lögum, en lagt til að ríkið lýsi yfir því að orkan sé eign almennings, almannaeign í landinu. Ég hygg að ef þessi brtt. yrði samþykkt, þá mundi ganga betur að útkljá þá samninga sem nú standa yfir milli iðnrn. og eigenda þessa svæðis. Ég óttast dálítið að það kunni að hljótast töf af því að eigendur svæðisins gera sér allháar hugmyndir um greiðslu fyrir orkuna. Ef Alþ. sker úr um þetta mál geri ég ráð fyrir að þessir samningar mundu nást með auðveldari hætti en ella mundi og það geti hreinlega flýtt fyrir framkvæmd málsins.

Ég legg sem sagt fram þessa till., en ég vil leggja áherslu á það, bæði af minni hálfu og af hálfu n. í heild, að við óskum eftir því að bæði Nd. og Alþ. allt stuðli að því að frv. verði að lögum fyrir jólaleyfi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur nú lýst vilja n. í þessu máli og afgreiðslu hennar. N. var einhuga um að verða við óskum suðurnesjamanna um það að leggja sitt til að frv. yrði að lögum fyrir jólafríið.

Þetta frv. er orðið nokkuð vel undirbúið, og ég hygg að það sé rétt, sem kom fram í ræðu frsm., að þótt n. hefði haft lengri tíma til athugunar á málinu, þá hefði það ekki breytt miklu. Það eru glöggir útreikningar og miklar rannsóknir sem liggja að baki þessa máls, þannig að það verður að vænta þess að arðsemin, sem talin er vera allgóð á þessu fyrirtæki, sé á rökum reist og þeir reikningar sem þar hafa verið lagðir fram.

En það er aðeins út af brtt. hv. 3. þm. Reykv. sem ég sé ástæðu til að taka til máls, þótt hann lýsti að öllu leyti rétt aðdraganda þessarar till. og að n. styður hana ekki. Ég tel að þessi till. sé ekki tímabær og eigi ekki við á þessu stigi málsins. Það er vitað, að nú eru gerðar samningstilraunir við landeigendur og hitaeigendur um þetta mál. — Ég er alls ekki þeirrar skoðunar, að það tefji fyrir málinu þótt umrædd till. verði ekki samþ. Ég er ekki heldur þeirrar skoðunar að verðið á hitaréttindunum verði svo hátt að það skipti nokkrum sköpum í sambandi við mannvirkið sem hér á að ráðast í. Ég minnist þess, að í ársskýrslu Rafmagnsveitna ríkisins 1973 var um þetta skrifað og þá kom það fram skýrt og ákveðið að verðið á hitaréttindunum í Svartsengi mundi ekki skipta neinu verulegu máli í sambandi við stofnkostnað fyrirtækisins.

Það er rétt að fyrir iðnn. liggur frv., sem var flutt hér í fyrra um háhitasvæðin, og það er einnig rétt að talað var um að taka það mál til afgreiðslu eftir þinghléið. Það var einnig rætt um að taka það til alvarlegrar athugunar hvort n. gæti sameinast um einhverja lausn á því frv. Það tókst ekki í fyrra. Við sjálfstæðismenn vorum á móti málinu, eins og það var þá lagt fyrir. Nú er það enn í svipuðu formi og það var. Frv. var sent í fyrra til umsagnar nokkurra aðila, og það voru ýmis mótmæli sem komu fram. Ég minnist sérstaklega umsagnar Búnaðarþings sem var alveg á móti frv. eins og það var lagt fyrir í fyrra. Enn hefur ekki verið gerð sú breyting á frv. sem neinu máli skiptir eða nægir til þess að Búnaðarþing mundi geta fellt sig við frv., eins og það er núna. En það er ekki nema sjálfsagt að athuga hvort hægt er að sameinast um einhverja breytingu á frv. Ég er ekki þeirrar skoðunar eins og hv. þm. Magnús Kjartansson, sem sagði í fyrra að eins og orkulögin væru, þá hefði það jafnvel tafið fyrir því að framkvæmdir gætu hafist. En ég minnist þess ekki, að það sé hægt að nefna nokkurt dæmi um að mannvirki hafi tafist vegna þess að lögin, sem nú eru í gildi um þessi efni, séu ekki nægilega virk. Eignarnámsheimildin er alltaf fyrir hendi, og sá möguleiki er vitanlega notaður þegar samningaleiðin bregst.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að segja meira um þetta. Þetta frv. getur örugglega orðið að lögum vegna afgreiðslu iðnn. Nd. Ég hygg að það sé nauðsynlegt að flýta fyrir málinu til þess að hægt sé að gera alvöru úr samningum við þá sem eiga hitaréttindi í Svartsengi. Gera þarf ráðstafanir til þess að útvega fjármagn, því að hér er um dýrt fyrirtæki að ræða, en aðkallandi og gott fyrirtæki eigi að síður.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls voru borin fram tilmæli um það, að iðnn. hraðaði afgreiðslu málsins til þess að reyna að ljúka því í báðum deildum fyrir jól. Ég vil leyfa mér að þakka iðnn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á málinu og vænti þess að það fái góðar undirtektir og greiða göngu í gegnum þingið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 157 felld með 18:6 atkv.
14.—16. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 25, n. 164). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Þetta mál hefur þegar hlotið afgreiðslu og samþykki Ed. Allshn. Nd. hefur athugað frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með einni breytingu. Það fólk, sem skal öðlast ríkisborgararétt samkv. þessu frv., var einnig talið upp í frv. sem var langt komið að afgr. á s. l. vori, en náði þá ekki afgreiðslu vegna óvæntra loka þingsins. Nefndir þingsins höfðu þá gert athugun á þeim, sem upp eru taldir í frv., og samþykkt að mæla með ríkisborgararétti þeim til handa.

Breytingin, sem allshn. Nd. leggur til að gerð verði, er þess efnis, að Touvina Sofia, sem er fædd í Sovétríkjunum, verði bætt við í frv., en nafn hennar mun hafa verið sett inn í fyrravor, en af einhverjum mistökum fallið niður. Þykir

rétt að verða við þeirri ósk að taka hana aftur inn í frv., enda er þegar gert ráð fyrir því að hún fylgi með, sbr. brtt. við fjárlagafrv. sem lagðar hafa verið fram hér í þinginu.

N. er sem sagt sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. með þessari einu breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 164 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 117). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 117 frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 frá 20. apríl 1971, um almannatryggingar. Frv. þetta gerir ráð fyrir breyt. á 11. gr. núgildandi l. um almannatryggingar og er gert ráð fyrir þeirri breyt. að í fyrsta lagi verði gerðar tvær undantekningar frá hinni almennu reglu um aldurstakmark 67 ára til ellilífeyris. Í fyrra tilfellinu er gert ráð fyrir undantekningu þess efnis að menn, sem gert hafa sjómennsku að ævistarfi og verið hafa 35 ár eða lengur á sjó, öðlist fullan rétt til ellilífeyris er þeir verða 60 ára. Þetta er hugsað sem sérstök viðurkenning af hálfu þjóðfélagsins til þeirra manna sem allt frá æskuárum hafa stundað erfið og áhættusöm störf fjarri heimilum sínum við undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, en þessir menn eru undir flestum kringumstæðum orðnir slitnir menn við aldurinn 50—55 ára. Er því talið eðlilegt að þjóðfélagið veiti þeim þá viðurkenningu sem hér um ræðir.

Enn fremur gerir frv. ráð fyrir því að þeir menn, sem hafa starfað 40 ár eða lengur á sjónum, hljóti tvöfaldan ellilífeyri við 60 ára aldur. Ég held, að það þurfi vart að fara mörgum orðum um það, og ég a. m. k. vona að allir hv. alþm. séu mér sammála um að hér er um að ræða svo sjálfsagt réttlætismál og eðlilegt, að það má kannske fremur segja að það megi furðulegt heita að slíkt hafi ekki náð fram að ganga hér á Alþ. fyrr.

Það er rétt að taka fram að frv. sama efnis og þetta var flutt á Alþ. 1970. Það var þá rætt við 1. umr. og vísað til n., eftir því sem ég best veit, en mun hafa sofnað þar.

Síðari undantekningin, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að til komi frá hinu almenna ákvæði um 67 ára aldur til ellilífeyris, er að ekkjur njóti ellilífeyris við 60 ára aldur. Vel má vera, að menn greini eitthvað fremur á um þessa undantekningu en hitt, sem vikið er að á undan. Ég held þó eigi að síður að fullkomin ástæða sé til að veita einnig þessum aðilum í þjóðfélaginu undanþágu frá hinni almennu reglu sem núgildandi lög kveða á um.

Það má auðvitað segja að því er þessa einstaklinga varðar, þá er um breytt viðhorf að nokkru leyti að ræða frá því sem áður var, á fyrstu árum almannatryggingalaganna. Þó að opnast hafi í einhverjum tilvikum möguleikar fyrir þessa þjóðfélagsþegna til að afla sér atvinnu á annan hátt en fyrst og fremst hefur allt til þessa verið talið starfssvið húsmæðra, að vinna á heimilum, þá held ég a. m. k. að það sé fullkomin ástæða til að það verði skoðað nú hvort ekki sé rétt að einnig þessum aðilum verði veitt undanteknin frá hinum viðurkennda lágmarksaldri.

Þetta eru sem sagt þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir að gerðar verði á 11. gr. núgildandi laga um almannatryggingar.

Það má auðvitað segja að margt hafi áunnist á undanförnum árum að því er varðar almannatryggingar, bætur úr almannatryggingakerfinu, og þó sérstaklega á síðustu þremur árum. En þó að vissulega hafi verið stigið skref áfram í þessum efnum, þá er mikill akur enn óplægður að því er þessi mál varðar þar til hægt verður að segja að viðunandi lausn hafi fengist á bótum til almannatryggingaþega.

Ég er þeirrar skoðunar að hér sé ekki um að ræða það mikla fjármuni, sem kæmi til að greiða í þessu skyni, að ástæða sé til fyrir þjóðfélagið að vera að horfa í það. Hér er miklu frekar um að ræða að veita þeim einstaklingum, sem hér um ræðir og starfað hafa í áraraðir í þessum mikilvæga atvinnurekstri og uppbyggingu þjóðfélagsins, hér sé um að ræða lítillega viðurkenningu til þessara manna — og þá um leið kvenna — fyrir þau störf sem þetta fólk hefur innt af höndum. Ég hef að vísu ekki í höndum neinar haldbærar tölur í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir að sú hv. n., sem mál þetta fær til meðferðar, afli sér um það upplýsinga. En ég er samt þeirrar skoðunar, að þó að hér væri um að ræða nokkuð háar tölur í þessu tilviki, þá sé það réttlætanlegt til þess að þetta mál nái fram að ganga. Ég vona a. m. k., hvaða pólitíska skoðun sem menn hafa, hvar í flokki sem menn eru, þá geti menn orðið sammála um að hér er um að ræða merkilegt mál, — mál, sem á fullan rétt á sér, þó að fyrr hefði verið, og ég vænti þess að þetta mál fái jákvæða afgreiðslu hér á hv. Alþ.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða öllu frekar um þetta. Frv. skýrir sig sjálft að öllu leyti. En ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 144). — 1. umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breyt. á l. nr. 46 16. apríl 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði. Ég flyt þetta frv. ásamt hv. þm. Reykn., sem sæti eiga í þessari d., þeim Gils Guðmundssyni og Ragnheiði Sveinbjörnsdóttur, auk hv. þm. Eyjólfs Sigurðssonar.

Þetta frv. er flutt að beiðni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og hreppsnefndar Garðahrepps. Í sjálfu sér er hér um að ræða einfalt og lítið mál þótt í þetta viðamiklum búningi sé. Það er um að ræða að tæpur ½ hektari úr landi

Garðahrepps fari í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, og það er raunar það sem talnaröðin í 1. gr. frv. þýðir.

2. gr. kveður hins vegar á um heimild bæjarstjórnar Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs til að taka eignarnámi leiguréttindi á landi því, sem Sjómannadagsráð hefur fengið undir fyrirhugaðar byggingar Dvalarheimilis aldraðra í landi Hafnarfjarðar. Það fylgir hér grg. sem er bréf bæjarstjórans í Hafnarfirði og sveitarstjórans í Garðahreppi, — bréf sem þeir hafa skrifað þm. Reykn. í Nd., og þar er þetta mál allt nánar rakið. Ég þarf ekki að endurtaka neitt sem þar er sagt. En í sem stystu máli sagt er frv. flutt vegna þess að sú lóð, sem Sjómannadagsráð hafði fengið hjá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, reyndist ekki nægilega stór þegar farið var að hanna byggingar sem þarna skyldu rísa. Þess vegna var á sínum tíma leitað til hreppsnefndar Garðahrepps til þess að fá viðbótarland, en landið, sem Sjómannadagsráð hafði fengið, var einmitt á mörkum þessara sveitarfélaga. Sú málaleitan var samþykkt af hreppsnefnd Garðahrepps. Síðan var gerð ákveðin samþykkt á milli sveitarstjórnanna til þess að forðast eða koma í veg fyrir hugsanlega árekstra sem gætu orðið ef stofnun sem þessi yrði í tveimur sveitarfélögum. Þannig var t. d. ákveðið að byggingarnefnd Hafnarfjarðar skyldi fjalla um þetta mál eingöngu, heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar að því er varðaði þessa stofnun og annað eftir því. En síðar kom úrskurður skipulagsstjórnar ríkisins með stuðningi félmrn. þess efnis að ekki væri heimilt að byggja stofnun sem þessa í tveimur sveitarfélögum. Því er ekki um annað að ræða en að breyta mörkunum, og það hafa sveitarstjórnir þessara sveitarfélaga þegar samþykkt.

Ég vonast til að þetta frv. nái afgreiðslu fyrir jólahléið. Það er að vísu seint á ferðinni, en það er nauðsynlegt að fá frv. samþykkt til þess að ekki verði tafir á byggingarframkvæmdum Sjómannadagsráðs. Verkið hefur þegar verið boðið út að nokkru, en ekki er hægt að hefja framkvæmdir fyrr en þessi breyting hefur verið gerð.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, frv. (þskj. 126). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Forseti. Á þskj. 126 hef ég leyft mér að flytja lítið frv. til l. um breyt. á l. um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Fyrir nokkrum árum var gerð sú breyting á þessum l. að húsnæði í eigu ríkisins, sem notað var sem prestssetur, skyldi selt þegar það var ekki notað lengur af þeim prestum, sem þá dvöldu í húsunum, og andvirði húseignanna látið ganga í ríkissjóð. Þessi breyting hefur valdið nokkrum vandkvæðum fyrir presta og söfnuði í þéttbýli, vegna þess að prestar, sem eru í prestaköllum hér í þéttbýlinu, hafa átt í erfiðleikum með að koma sér upp húsnæði í viðkomandi prestakalli.

Prestssetur, bæði í þéttbýli og dreifbýli, gegna fjölþættu hlutverki eins og alþjóð er kunnugt, bæði beint kirkjulegt starf og annað sem snertir félagsleg vandamál í viðkomandi prestakalli, og það er brýn nauðsyn að aðstoða söfnuði við að reisa annaðhvort heimili, húsnæði á vegum safnaðarins eða aðstoða presta við að byggja og búa í viðkomandi héraði eða viðkomandi prestakalli. Því er þetta frv. flutt til að veita þessa aðstoð. Hér er ekki beðið um neina fjárveitingu beinlínis úr ríkissjóði, heldur að l. sé breytt í það form að þegar viðkomandi fasteignir séu seldar, þá í stað þess að andvirðið gangi beint í ríkissjóð renni það í sérstakan sjóð sem síðan skal notaður til að veita þeim söfnuðum styrk er sjálfir vilja tryggja sóknarprestum sínum húsnæði, enda verði þá húsnæðið í eigu safnaðarins. Síðan er nánar kveðið á um, hvernig með vörslu og meðferð sjóðsins skuli fara.

Frv. er flutt að beiðni presta og safnaða hér í þéttbýlinu, ekki aðeins í Reykjavík, heldur í nágrenni Reykjavíkur. Það er í samræmi við ályktanir prestastefna, og eru eindregin tilmæli þessara aðila, að Alþ. sýni þessu máli skilning og veiti þessu máli lið.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 24. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum 23. fundi.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 132). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 25). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Rafveita Ísafjarðar, frv. (þskj. 148, n. 175). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Álit fjh.- og viðskn. er á þskj. 175. N. hefur athugað frv. og mælir með samþ. þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 144). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 117). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, frv. (þskj. 126). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum 24. fundi.

Rafveita Ísafjarðar, frv. (þskj. 148). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 39, n. 158, 161, 166). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Iðnn. d. hefur tekið frv. fyrir á þremur fundum og mælir með því að það verði samþykkt. Á fund n. komu fulltrúar frá Orkustofnun, frá Rafmagnsveitum ríkisins og frá Hönnun hf. Þessir aðilar sendu allir skriflega grg. um þetta mál og má segja að undirtektir þessara aðila hafi verið jákvæðar, en allir vöktu þeir athygli á því að nákvæmar rannsóknir vantaði áður en hægt væri að hefja framkvæmdir við virkjun Bessastaðaár. Það liggur vitanlega í augum uppi og kom fram hér í hv. d. við 1. umr. málsins, að málið er ekki tilbúið til þess að það verði tekið á framkvæmdastig að svo stöddu.

Einnig barst n. erindi frá náttúruverndarráði, og tók náttúruverndarráð fram að það gæti ekki sagt sitt síðasta orð í þessu máli, vegna þess að ekki hefði farið fram sú athugun sem ráðið telur nauðsynlega. Þarf kortagerð og ýmislegt fleira að koma til sem ekki verður tilbúið fyrr en seinna í vetur. En eins og ég sagði, þá mælir margt með því að þessi virkjun geti verið hagstæð.

Í umsögn Orkustofnunar kom fram að það væri líklegt að það gæti verið mjög hagstætt að tengja saman Kröfluvirkjun og virkjun Bessastaðaár. Það kom einnig fram að nauðsynlegt yrði að gera uppistöðulón til þess að tryggja nægilegt vatnsmagn við virkjunina. En það hefur verið þannig við Austfjarðavirkjanir, þær tvær sem núna eru komnar eða eru að komast í gagnið, að það vantar vatnsmagn. Virkjun Grímsár vita allir um, að þar er mikill vatnsskortur, og virkjun Lagarfoss í því formi sem hún er nú virðist ekki ætla að koma að tilætluðum notum vegna vatnsskorts. En það kemur fram í álitsgerðum, bæði frá Rafmagnsveitum ríkisins og einnig frá Orkustofnun, að með því að koma fyrir uppistöðulóni uppi á heiðum, þá muni það bæta mjög Lagarfossvirkjun, þannig að líklegt sé að þá megi bæta vélasamstæðu við í Lagarfossi og auka orkuna þar um 5—6 mw. Þetta telja þessir aðilar að muni verða ef að líkum lætur og ef þær vonir, sem við þetta eru bundnar, bregðast ekki þegar fullnaðarrannsóknir hafa verið gerðar.

Þá er tekið fram, ef virkjun verður gerð í Bessastaðaá á þann hátt sem hér um ræðir, að þá muni það vera heppileg virkjun, ekki aðeins í nútíð, heldur sé það heppileg byrjun á því sem koma skal síðar, virkjun Jökulsár í Fljótsdal. Það er ekki talinn neinn tviverknaður að virkja í Bessastaðaá 30—35 mw. þótt síðar meir komi stórvirkjun í Jökulsá í Fljótsdal. Það er nauðsynlegt að hafa þetta í huga þegar rætt er um þessi mál, því að einhvern tíma kemur að því að Jökulsá í Fljótsdal verði virkjuð, og þar er talið heppilegt að virkja 250—300 mw. Það hefur verið gerð bráðabirgðaskoðun á vatnasvæði Austurlands, þannig að menn hafa getað gert sér nokkurn veginn grein fyrir því að þar er um mikið vatnsmagn að ræða til virkjunar. Hefur verið giskað á, að þar muni vera um 1600 mw. sem geti verið hagkvæmt að virkja, en heildarrannsóknir vantar enn þá. En það tekur tiltölulega langan tíma og kostar mikið fjármagn að gera nákvæmar rannsóknir á öllu svæðinu. En það er mjög æskilegt, að þær verði gerðar sem allra fyrst og það liggi fyrir hve mikill þjóðarauður er þarna ónotaður. Enginn vafi er á því, að þegar fullnaðarrannsóknir hafa farið fram á þessu svæði, þá er auðveldara að haga virkjunaráföngum þannig að það sé á sem hagkvæmastan máta gert frekar en ef ekki liggur fyrir heildaráætlun um það virkjanlega afl sem fyrir hendi er.

Talið er að það muni taka a. m. k. 3—4 ár að virkja Bessastaðaá þegar reiknað er með þeim undirbúningstíma sem óhjákvæmilega verður að reikna með fyrir þessa virkjun. En Kröfluvirkjun ætti, eins og lýst hefur verið, að geta komið allmiklu fyrr. Orkustofnun heldur því fram og

reyndar Rafmagnsveitur ríkisins einnig, að það megi tryggja orku fyrir Austurland með línu frá Kröfluvirkjun fyrst um sinn. En nauðsyn ber til að hraða virkjun í Bessastaðaá frekar en að austfirðingar treysti á orku frá Kröflu með línu til Austurlands.

Það er ekki ástæða til að ræða þetta frekar í löngu máli. Frv. liggur fyrir með grg., um það hefur verið allítarlega rætt og ýmsar skýrslur liggja fyrir sem n. hefur séð. N. var sammála um að greiða fyrir þessu máli, helst að það yrði að lögum nú fyrir jólafrí. Þegar lög eru komin um þessa virkjun hefur ríkisstj. frekar ástæðu til að hraða rannsóknum í málinu. Hún hefur þá fyrir hendi vilja Alþ. og hefur frjálsari hendur með að leggja í nokkurn kostnað við rannsóknirnar heldur en ef það væri í óvissu hvort heimild Alþ. fengist fyrir framkvæmdinni.

Það er aðeins ein smávegis brtt., sem n. varð sammála um að flytja við 2. gr., og hún hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta, það kemur aftan við 2. gr. frv., svo hljóðandi:

„Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir sem að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki umhverfisins svo sem frekast er kostur.“

Þetta finnst öllum sjálfsagt, og það er ekki sterkar að orði kveðið en er í náttúruverndarlögum, þótt þessi breyting væri ekki gerð á frv. til l. um Bessastaðaárvirkjun væri samt sem áður skylt að fara eftir því sem er í gildandi lögum. En það fer öllu betur á því að setja þetta einnig inn í virkjunarlögin og varð því fullt samkomulag um að gera það.

Ég sé ekki, hæstv. forseti, ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. og vil endurtaka það, að n. öll varð sammála um að greiða fyrir málinu eins og frekast er unnt.

Umr. frestað.

Neðri deild, 26. fundur.

Þriðjudaginn 17. des., að loknum 25. fundi.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 39, n. 158, 161, 166). — Frh. 2. umr.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég skrifa undir nál. með fyrirvara og þykir hlýða að greina frá því, hvers vegna ég skrifa undir með fyrirvara. Það stafar ekki af andstöðu við málið sem slíkt, heldur felli ég mig ekki við þau vinnubrögð sem höfð eru í sambandi við það í hv. iðnn.

Ég sagði áðan, þegar við töluðum um hitaveitu á Suðurnesjum, að ég teldi að nefndum Alþingis bæri að fylgja þeirri reglu yfirleitt að fara gaumgæfilega yfir þau mál, sem fyrir nefndirnar eru lögð, og afla sér nægilegrar vitneskju, taka til þess nægan tíma án þess þó að halda uppi nokkrum óeðlilegum töfum á slíkum málum. Ég sagðist telja að fyrirgreiðsla eins og sú, sem við veittum í sambandi við hitaveitu á Suðurnesjum, hlyti að vera undantekning, við gætum ekki gert það nema þegar sérstaklega stæði á og við vissum að mikið ylti á að mál fengju skjótan framgang.

Því er ekki þannig varið um það mál, sem hér liggur fyrir, frv. til l. um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal. Það er ekki um það að ræða að teknar verði ákvarðanir um neinar framkvæmdir á næstunni, því að þetta mál er hreinlega á undirbúningsstigi, á rannsóknarstigi. Það sem þar hefir verið gert, er að ungur verkfræðingur hefur samið prófritgerð um þessa virkjun og er það vafalaust vel unnið verk, en það er eftir að vinna m. a. að því að teikna kort af þessu svæði. Það liggja fyrir ljósmyndir, en það er verið að teikna þessi kort úti í Svíþjóð og þau munu ekki verða tilbúin fyrr en í jan.—febr. Ýmsar aðrar kannanir þarf að gera. Hæstv. iðnrh. skýrði frá því við 1. umr. málsins að hann hefði falið tilteknu fyrirtæki hér í bæ að hanna þessa virkjun, þannig að allur þessi undirbúningur er í fullum gangi og það þarf ekki neitt frv. til l. um virkjun Bessastaðaár til þess að flýta þessum undirbúningi. Ég sé því enga ástæðu til annars en við fengjum þá vitneskju í iðnn. sem við óskuðum eftir að fá.

Raunar er eina ástæðan til þess að formaður iðnn. vildi endilega afgreiða málið nú fyrir jól að það væri ósk frá hæstv. iðnrh. Það var ekki gefin nein önnur skýring á þessum vinnubrögðum en sú, að þetta væri ósk hæstv. iðnrh., engin málefnaleg skýring, enginn rökstuðningur fyrir því að þetta væri nauðsynlegt að einu eða öðru leyti, að þetta mætti ekki einu sinni athuga eftir jólaleyfi og síðan afgr. á sinn hátt eins og önnur mál. Nei, það lá fyrir ósk frá hæstv. iðnrh. og þess vegna þurfti að afgreiða málið án þess að svarað hefði verið ýmsum spurningum um það.

Ég er algerlega á móti vinnubrögðum af þessu tagi. Ég tel að Alþ. megi ekki líta á sig sem afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. Það er vissulega nauðsynlegt að það sé höfð sem best samvinna milli ríkisstj. hverju sinni og nefnda, en n. mega ekki líta á sig sem afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. þannig að ef einhver ráðh. segir: Nú verðið þið að hætta í miðjum klíðum við það verk sem þið hafið verið að vinna, vegna þess að ég vil fá málið fram á þingi, þá sé það gert. Þetta þykir mér vera algerlega fráleitt.

Ég sem sagt skrifaði undir með fyrirvara af þessari ástæðu, að mér finnst við ekki hafa fengið nægilega vitneskju í iðnn. í sambandi við þetta mál. Ég t. d. óskaði eftir því að fá vitneskju um hvernig áformin um þessa virkjun tengdust við ákvörðunina um virkjun Kröflu. Eins og menn muna var ákveðið að tengja Kröfluvirkjun við Austfjarðasvæðið, og eins og kom fram í dag í mjög ánægjulegri skýrslu frá hæstv. iðnrh. er ástæða til að vera með mikla bjartsýni um það hversu vel gangi að virkja við Kröflu. Hæstv. ráðh. taldi allar líkur á því að virkjunin gæti tekið til fullra starfa á árinu 1977 og það væru vonir til þess að hún gæti hafið framleiðslu fyrr. Það er þannig alveg augljóst mál að raforka frá Kröflu er skjótvirkasta leiðin til þess að tryggja Austfjörðum raforku á því vandræðaskeiði sem fram undan er. Það hlýtur því að verða tengt þarna saman, enda svaraði hæstv. iðnrh., þegar ég spurði hann um það, að það

væri engin breyting á þeim áformum að tengja Kröfluvirkjun við Austfirði. En þá óskaði ég eftir því í n. að fá vitneskju um samhengið á milli þessara framkvæmda, þ. e. a. s. hvenær talið væri æskilegt að Bessastaðaárvirkjun tæki til starfa, miðað við það að Austfirðir ættu kost á raforku frá Kröfluvirkjun, og hver væri orkuspáin fyrir þetta svæði, hver ætti þá að vera virkjunarröðin o. s. frv. Um þetta gat ég enga vitneskju fengið. Svo er sitthvað fleira, sem er mjög óljóst í þessu sambandi. T. d. segir svo í svari frá Jakob Björnssyni orkumálastjóra við fsp. frá n., með leyfi hæstv. forseta:

„Virkjunin getur vel fallið inn í heildaráætlun um virkjunarframkvæmdir í Fljótsdal. Til þess er nauðsynlegt að hafa virkjunina neðanjarðar og 1—2 km inni í fjallinu. Ekki er ljóst hvort af þessu hljótist aukakostnaður, þótt vel megi það vera, en aðallega krefst þetta tíma til þess að gera jarðgöng að stöðvarhúsi, en það er nánast viðbótarvirkjunartími um a. m. k. eitt ár. Með gerð tilraunajarðganga, sem byrjað væri á strax á næsta ári, mætti draga úr þeirri seinkun sem af þessu verður."

Þannig virðist það vera óljóst, hvaða virkjunartilhögun þarna verður um að ræða, og til þess að fá úr því skorið þarf að gera þarna tilraunagöng, kostnaðarsama framkvæmd, en getur verið æskileg, ef hún skilaði jákvæðum árangri, sem ekki er vitað um. Enn fremur segir svo í þessu áliti:

„Tilraunagöng verða gerð eins grönn og ódýr og frekast er unnt og látin vera á þeim stað sem aðkeyrslugöng að stöðvarhúsi verða. Við uppbyggingu Bessastaðavirkjunar verða þau svo útvíkkuð í þá stærð, sem þarf fyrir aðkeyrslugöng, og jafnvel með frárennsli Bessastaðaárvirkjunar í kjallara ganganna. Tilraunagöngin eru jarðfræðirannsókn, sem öðruvísi framkvæmd er mjög dýr og tímafrek og styttir ekki byggingartíma Bessastaðaárvirkjunar. Tilraunagöng eru að sjálfsögðu líka mjög kostnaðarsöm framkvæmd, en kostir þeirra eru að þau falla inn í endanleg mannvirki með tilvist aðkeyrsluganga að stöðvarhúsi neðanjarðar og mundu aftur flýta gerð stórvirkjunar sem byggingartíma aðkeyrsluganganna nemur"

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. í þessu sambandi hvort á fjárl. næsta árs, þar sem orkuþátturinn hefur ekki verið afgreiddur enn þá, verði gert ráð fyrir fjárveitingu til þess að gera þessi tilraunagöng. Mér sýnist þurfa mörg ákvörðunaratriði í þessu sambandi, en ekki lagasetningu með heimild til virkjunar.

Í annan stað segir svo í áliti orkumálastjóra:

„Í lögum um Kröfluvirkjun er gert ráð fyrir að hún verði tengd aðalorkuflutningskerfi Austurlands. Það er ljóst, að Kröflu getur verið mun fyrr lokið en bjartsýnustu áætlanir um Bessastaðaárvirkjun gera ráð fyrir. Það er því beinlínis hægt að gera ráð fyrir að Bessastaðaárvirkjun verði í tengingu við Kröflu og Norðurland þegar hún tekur til starfa. Kröfluvirkjun er í eðli sínu grunnaflsvirkjun. Þessar virkjanir geta því unnið mjög vel saman, þar sem önnur er grunnaflsstöð, en hin toppstöð. Í þessu sambandi er rétt að athuga hver stærð Bessastaðaárvirkjunar á að verða. Nauðsynlegt er að hafa hana mun stærri en ella með samrekstur í huga og einnig að hún verði þá eðlilegri hluti stórvirkjunar á staðnum. Er því eðlilegt að láta ákvörðun um stærð véla í Bessastaðaárvirkjun standa opna, þar til frekari athuganir hafa verið gerðar. Raforkumarkaður austanlands verður með mjög sterka árssveiflu vegna rafhitunar. Er því æskilegt að tengja Austurland öðru svæði með minni árssveiflu í raforkunotkun, sem mun væntanlega verða til betri nýtingar orkuvinnslutækja beggja kerfa. Loks má geta þess, að Krafla mun hafa heldur meiri afkastagetu á vetrum en sumrum, sem gerir hana mjög heppilega til tengingar inn á rafhitunarsvæði. Það má því hiklaust svara því játandi, að tenging Bessastaðaárvirkjunar og Kröfluvirkjunar geti komið að góðum notum."

Þarna kemur fram hjá orkumálastjóra, að það sé ekki tímabært að taka ákvörðun um stærð þessarar virkjunar, það þurfi frekari athuganir, könnun, áður en hægt sé að taka slíka ákvörðun. Mér finnst satt að segja vera farið dálítið aftan að hlutunum að ætla að leggja áherslu á lagasetningu fyrir jól, eins og talað er um, þegar vitað er að fram undan er fyrst og fremst mikið rannsóknarstarf, könnunarstarf. Mér finnst að með þessu móti sé verið að gefa austfirðingum í skyn að þarna sé einhver lausn á þeirra bráða raforkuvanda. Auðvitað vitum við allir, að svo er ekki. Hér er um að ræða áform, sem ekki geta orðið að veruleika fyrr en eftir æðimörg ár, 4—5 ár, **að því er virðist.**

Eins og frsm. iðnn. vék að barst einnig bréf frá Náttúruverndarráði og þar kom fram að ráðið skorti vitneskju til þess að geta tekið afstöðu til málsins og að virkjun Bessastaðaár hefði ekki verið rædd á fundum Náttúruverndarráðs, en næstu fundir þess yrðu eftir miðjan jan. Hins vegar var sent afrit af fundargerð frá n. þeirri sem sett var á laggirnar í tíð fyrrv. ríkisstj., samstarfsnefnd Náttúruverndarráðs og iðnrn., og þar hafði verið fjallað nokkuð um þessi áform, virkjun Bessastaðaár. Og þar er svo komist að orði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Orkumálastjóri upplýsti að nákvæmari gagna væri þörf til að endanlega væri hægt að segja fyrir um virkjunartilhögun, ekki síst korta vegna miðlunarlóna, en þeirra mætti vænta á fyrsta ársfjórðungi 1975 og e. t. v. í byrjun febr.

Að því er varðar umhverfismál kom þarna fram um gróðurlendi, að ljóst er að nokkurt gróðurlendi fer undir vatn í miðlunarlónum. Í okt. s. l. var að frumkvæði Sambanda sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi haldinn fundur með hreppsnefnd Fljótsdalshrepps um Bessastaðaárvirkjun og var Haukur Tómasson þar viðstaddur. Fundurinn var til kynningar og engin samþykkt var þar gerð, en æskilegt talið að fá sérfræðilegt mat um áhrif á gróðurlendi. Samstarfsnefndin mun óska eftir því við Ingva Þorsteinsson magister að gerð verði gróðurkort af svæðinu sem vatnsmiðlanir taka til, og mun Jakob Björnsson koma þeirri beiðni á framfæri. Talið er að ríkið sé eignaraðili umræddra landssvæðis, þ. e. a. s. jarðanna Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar."

Sitthvað fleira kom fram á þessum nefndarfundi, sem enn er óljóst, og segir að lokum:

„Fulltrúar Náttúruverndarráðs munu kynna sér fram komin gögn og gera grein fyrir málinu í Náttúruverndarráði, og frekari málsgögn varðandi hönnun virkjunarinnar verða lögð fram af fulltrúum iðnrn. er þau liggja fyrir.“

Þarna sem sé er um það sama að ræða, það skortir enn þá á vitneskju sem þarf til þess að hægt sé að ákveða framkvæmdir. Þess vegna get ég ekki séð hvað þessi undarlegi eftirrekstur nú á annatímum fyrir jól hefur að þýða, annað en það að hægt sé kannske að segja frá því í blöðum að menn séu að leysa orkuvandamál Austfirðinga með þessu móti, sem því miður er ekki raunin. Þrátt fyrir það mun ég ekki leggjast gegn þessu frv., heldur greiða því atkv. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga að hæstv. iðnrh. hafi þessa heimild. En ég er hræddur um að hann kunni að þurfa að koma til Alþ. aftur með ýmis atriði í þessu sambandi, vegna þess að þarna er verið að taka ákvarðanir áður en nægileg vitneskja er tiltæk, og ég vil treysta því að hæstv. ráðh. hafi þá þann hátt á að hann leiti til Alþ. á nýjan leik þegar betur er vitað um forsendur þessarar væntanlegu virkjunar.

Ég flyt á þskj. 166 litla brtt. við frv. eins og það liggur fyrir frá hæstv. ríkisstj. Í 4. gr. frv. **segir svo:**

„Óski sveitarfélög á Austurlandi að gerast eignaraðili að virkjun Bessastaðaár og öðrum orkuverum á orkuveitusvæðinu er ráðh. heimilt að gera samninga þar um fyrir hönd virkjunaraðilans“ — sem er Rafmagnsveitur ríkisins. Ég legg til, að þessi gr. orðist svo:

„Ríkisstj. er heimilt að fela væntanlegri Austurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi, að reisa og reka vatnsaflsvirkjunina í Bessastaðaá.“

Þetta er alveg sama orðalag og alþm. urðu sammála um í sambandi við Kröfluvirkjun. Þar var ríkisstj. heimilað að fela væntanlegri Norðurlandsvirkjun að reka og reisa gufuaflsvirkjun við Kröflu, og þetta byggist á því að undanfarin ár hefur mikið verið að því unnið í samráði við sveitarstjórnarmenn að gera áætlun um hvernig hægt væri að koma upp orkuöflunarfyrirtækjum í hinum ýmsu landshlutum. Á sumum stöðum er þetta starf langt komið og ég tel að hér væri um mikið nauðsynjamál að ræða. Ég held að það mundi styrkja landshlutana ákaflega mikið, fá hjá þeim eðlilegan samhug um myndarlegt átak á þessu sviði í staðinn fyrir smærri sjónarmið, sem oft hafa þar verið uppi, og þetta mundi einnig gefa landshlutunum möguleika á að koma á framfæri óskum sínum á miklu greiðari hátt en verið hefur, þannig að það þyrfti ekki að koma til þeirra vandkvæða sem við þekkjum um mjög langt árabil. En ég tel að þetta verði að gerast kerfisbundið og að hér á Alþ. þurfi að setja löggjöf um starfsemi slíkra landshlutavirkjana. Ég vil t. d. vara mjög við því, ef sá háttur yrði upp tekinn eða væri hugsanlegur, sem ég veit ekkert um, að einhverju tilteknu sveitarfélagi á Austfjörðum væri leyft að gerast aðili að hugsanlegri Bessastaðaárvirkjun, en önnur sveitarfélög kynnu ekki að hafa áhuga á því. Við þekkjum slíkt fyrirkomulag. Það er t. d. ákaflega annarlegt að mínu mati að aðeins Reykjavík ein skuli eiga aðild að Landsvirkjun af sveitarfélögunum hér á Suðvesturlandi. Ég er þeirrar skoðunar að þessi sveitarfélög ættu öll að eiga aðild að Landsvirkjun og það mundi þar leysa margan vanda. Á sama hátt held ég að það hafi verið mikil mistök á sínum tíma þegar aðeins Akureyri varð aðili að Laxárvirkjun ásamt ríkinu. Ég held að þau skipulagslegu mistök hafi verið ein meginástæða þess hvernig mál þróuðust þar nyðra með afleiðingum sem allir þekkja, þannig að við skulum gera okkur ljóst að þessi skipulagsmál eru ekkert hégómamál og að við getum verið að taka ákvarðanir um þróun langt fram í tímann þegar við tökum skynsamlegar ákvarðanir um þau efni. Ég tel sem sé eðlilegt, ef heimildin til ríkisstj. á að koma á annarri skipulagningu á orkuframleiðslu á Austfjörðum en verið hefur, að hún yrði orðuð á sömu lund og Alþ. varð sammála um að gera í sambandi við Kröfluvirkjun og að slík heimild muni ýta undir áhuga og frumkvæði heimamanna um að stuðla að slíkri þróun.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég hafði satt að segja ekki búið mig undir að ræða þetta mál sérstaklega nú. Ég var alvarlega teptur undir lóð. Ég var að vinna að málefni sem mér hafði skilist að væri miklu brýnni að afgreitt yrði á hinu háa Alþ. nú í jólaönnunum heldur en þetta. Ég hafði satt að segja ekki hugmynd um það að á þetta mál væri knúið með þeim hætti sem nú virðist hafa komið fram.

Þegar ég varð var við það og sá að á dagskrá dagsins var þetta mál, þá óskaði ég eftir því við hæstv. forseta að það yrði ekki tekið fyrir, af því að svona stóð á fyrir mér. En ég varð síðan var við að það var öðru nær að það væri fyrirsvarsmönnum geðfellt og á það mjög knúið, að þetta yrði tekið fyrir í þá veru að það yrði þá afgreitt fyrir jól. Meðan ekki koma fram röksemdir fyrir því að þessu máli liggi svo mjög á, fer ég eindregið fram á að þetta verði ekki afgreitt nú á þessum miklu annadögum, til þess að það gefist frekar kostur á að athuga málið.

Það hefur komið fram hér að fjölmargar upplýsingar skortir, málið er allt á rannsóknastigi. Það kom fram hjá hv. 1. þm. Sunnl., frsm. n., að málið er vitanlega ekki á framkvæmdastigi, og að það sé nauðsyn fyrir ríkisstj. að fá þessa heimild nú, þannig að það mundi í einhverju liðka fyrir framhaldi málsins, fyrir því eru engin rök. Þvert á móti liggur það fyrir að hér á hinu háa Alþ. hafa menn einróma tekið undir þetta mál og lýst yfir fylgi sínu við það. Þess vegna getur framkvæmdavaldið haldið beinlínis áfram að vinna að rannsóknum og undirbúningi alls málsins, og þótt þetta frv. yrði ekki afgreitt fyrr en að jólahléi loknu mundi það í engu þurfa að tefja framgang málsins. Þvert á móti er fullkomlega eðlilegt að það verði ekki afgreitt nú, meðan svo margir þættir eru óljósir hvað allt málið varðar.

Það, sem veldur því sérstaklega að ég hef þessar óskir fram að færa, er það að ég hef í undirbúningi að endurflytja till. sem ég flutti hér í fyrra um að lokið verði rannsóknum á fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar, þ. e. Fljótsdalsvirkjunar. Þetta mál snertir það beint, vegna

þess að *ég er ekki sannfærður um að þetta mál*, ákvörðun um þessa framkvæmd eigi rétt á sér nema beinlínis verði talið, að hún sé liður í væntanlegri stórvirkjun. Og það kemur hér einmitt fram, að varðandi það atriði er tekið mjög lausum tökum. Til þess að þetta geti haft þýðingu hvað snertir stærri virkjunarmöguleika þarf alveg án vafa að gera boranir í fjallið, en ekki að fara þá leið, sem líka er fitjað upp á hér, að vatnið verði leitt í pípum að stöðvarhúsi, heldur kom fram í bréfi, sem var lesið upp hér áðan, frá forustumönnum raforkumála að fjölmarga aðra þætti þarf vitanlega að rannsaka, og það er fjarri öllu lagi að þessu máli geti legið svo á sem ég nú allt í einu verð var við að eigi að knýja fram með þessum skjóta hætti.

Ég hefði talið eðlilegt, af því að ég tel mér málið viðkomandi, að það hefði verið á það minnst áður, ef það væri slík knýjandi nauðsyn á að það næði fram að ganga eins og nú virðist vera. Meðan öll rök eru alveg á hinn bóginn, að þessu liggi ekki á, þá fer ég eindregið fram á að þessari umr. verði frestað. Það er, eins og fram hefur komið, fjölmargt sem ber að athuga. Fram hefur komið að fullum fetum er unnið að þeim rannsóknum sem fram verður komið á þessum árstíma. Í ótal greinum er leitað eftir nýjum upplýsingum um það, sem beinlínis snertir framkvæmdina, og augljóst mál að þótt heimild verði ekki gefin núna hér á hinu háa Alþ. kemur það alls ekki til með í neinu að verða til torveldunar á *framgangi málsins alls*.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Ég vil fyrst beina því til hæstv. forseta, sem hefur í dag tekið málið fyrst út af dagskrá út af ósk eins þm. og gegn vilja ríkisstj., að ef hún ætlar nú aftur að taka málið út af dagskrá í miðjum umr., þá finnst mér það einkennileg og undarleg vinnubrögð.

Út af því, sem hér var fært fram af hv. 3. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, þá telur hann að málið sé rekið með óeðlilegum hraða og eina ástæðan til þess að iðnn. hafi afgreitt málið sé að það sé gert að ósk iðnrh. Hv. 3. þm. Austf. fann einnig að því að málið væri tekið með óeðlilegum hraða. Það virðist hafa alveg farið fram hjá báðum þessum hv. þm., Magnúsi Kjartanssyni og Sverri Hermannssyni, að það, sem liggur hér til grundvallar, er einróma ósk austfirðinga. Á þingi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi í sept. s. l. var þetta aðalmálið, virkjun Bessastaðaár. Þar voru lagðar fram ítarlegar grg. af *hálfu yfirverkfræðings* áætlunardeildar Rafmagnsveitna ríkisins um málið, hann flutti þar ítarlegt erindi og þetta varð aðalumræðuefnið. Flestir þm. kjördæmisins mættu þar, tóku þátt í þessum umr. og lýstu fylgi sínu við málið. Af einhverjum ástæðum var hv. 3. þm. Austf. þar hvergi nærri.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, og ástæðan til þess, að óskað hefur verið eftir að fá það afgr. nú á þessu þingi og þá helst fyrir jól, eru óskir Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Það liggur alveg hreint fyrir. Ég hef talið mér skyldara að reyna að verða við óskum sambands austfirskra sveitarfélaga heldur en þó að hv. 3. þm. Austf. eða hv. 3. þm. Reykv., vilji drepa málinu á dreif, fá því frestað.

Ég vil svo út af þeim aths. hv. 3. þm. Reykv., að undirbúningi málsins sé skammt á veg komið, taka það skýrt fram, sem ekki kom fram í ræðu hans, að hér er um að ræða heimild til handa ríkisstj. til að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflsstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal. Hér er því aðeins um heimild að ræða, og það hefur aldrei farið neitt dult, kemur fram bæði í grg., kom greinilega fram í framsöguræðu minni þegar ég lagði málið fram fyrir meira en einum mánuði í þessari hv. d., að ýmsar frekari athuganir og rannsóknir þurfa fram að fara áður en endanleg ákvörðun er tekin um virkjun. Þetta hefur alltaf legið fyrir. Þetta er ekkert einsdæmi. Fyrir því eru mörg fordæmi. Þegar hv. 3. þm. Reykv. telur að málið sé of lítt undirbúið til þess að megi lögfesta heimild er nú kannske ekki úr vegi að minnast á frv., sem þessi hv. þm. flutti sem iðnrh. um heimild til virkjunar Kröflu sem allur þingheimur var sammála um að veita, en það er auðvitað öllum mönnum ljóst að á marga lund var þeim undirbúningi skemmra á veg komið en þó undirbúningi að virkjun Bessastaðaár. Það hefur komið fram, m. a. í dag í svörum mínum við fsp. varðandi Kröflu, að *eftir að lög um heimild til virkjunar* Kröflu voru samþ. hér í þinginu voru boraðar tvær rannsóknarborholur sem voru alger nauðsyn og forsenda að áliti Orkustofnunar fyrir því að taka ákvörðun um virkjun Kröflu. Þess eru mörg fordæmi, ekki aðeins um Kröfluvirkjun, heldur um margar aðrar, að þegar virkjun þykir álitleg, þá er flutt frv. um að veita heimild til slíkrar virkjunar, þó að ýmsar athuganir og rannsóknir séu ekki fullgerðar. Ég fullyrði að sú virkjun, sem hér er um að ræða, Bessastaðaár, er á ýmsa lund lengra komin í undirbúningi en ýmsar þær virkjanir sem veitt hefur verið heimild til með lögum frá Alþingi.

Nú er það auðvitað alltaf álitamál hversu undirbúningi á að vera langt á veg komið þegar mál er lagt fyrir Alþ. Auðvitað má segja sem svo að öllum undirbúningi ætti að vera lokið, jafnvel allar áætlanir og hönnun að liggja fyrir um gerð og fyrirkomulag mannvirkis, fjáröflun til þess og annað slíkt. En ég held að Alþ. mundi ekki líka þau vinnubrögð. Ég hef haldið, og styðst þar við nokkuð langa setu hér á Alþ., að alþm. vilji fremur fá mál til meðferðar og athugunar á Alþ. áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar og öllu slegið föstu. Þess vegna hefur það iðulega gerst að flutt hafa verið frv. um *heimild til virkjana* sem álitlegar hafa þótt, en áður en öllum rannsóknum var lokið. Að sjálfsögðu verður þeim haldið áfram og þeim lokið að fullu áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar.

Spurningin er þá: Hvers vegna þarf að afgreiða þetta mál nú og æskilegt að það verði fyrr en seinna? Ástæðan er öllum kunn. Reynslan er sú að þegar búið er að samþykkja heimildarlög á Alþ. um virkjun verður unnið að henni af meira kappi og krafti en áður, það er reynslan, heldur en meðan allt er að því leyti í lausu lofti, að ekki er einu sinni búið að leggja málið fyrir Alþ. til könnunar. Sú er ástæðan til þess, að Samband

sveitarfélaga í Austfjarðakjördæmi hefur óskað eftir því beinlínis með samþykkt að frv. yrði lagt fyrir nú og afgr., að það sér og veit af reynslunni að þá verður betur og fastar að málinu unnið.

Hv. 3. þm. Reykv. spurði um fyrirhugaðar fjárveitingar í fjárl. fyrir næsta ár í sambandi við þetta mál. Eins og hann gat um var ákveðið af fjvn. að geyma til 3. umr. till. um fjárveitingar til orkumála. Þetta er eitt af því. Að sjálfsögðu verður að taka inn í fjárlagafrv. fjárveitingar og/eða lánsheimildir í sambandi við undirbúning þessarar virkjunar. Ég tel því gersamlega ástæðulaust þegar hv. þm. tala hér um undarlegan eftirrekstur og að málið sé ekki tímabært, andmæla þeim vinnubrögðum, sem hér hafa verið höfð. Iðnn. hefur haft röskan mánuð til athugunar á þessu máli og rætt það á mörgum fundum, fengið sérfræðinga og frá þeim bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar. Ég held að það sé alveg ógrunduð gagnrýni að halda því fram, að málinu hafi verið hraðað óeðlilega í gegnum n. Síður en svo. N. hefur haft mjög rúman tíma. Þegar hv. 3. þm. Austf. virðist koma hér af fjöllum, undrandi á því að málið skuli tekið fyrir og vera á dagskrá, þá er þess fyrst að geta, að það eru 3 mánuðir síðan málið var til umr. á Austfjörðum, á þinginu á Eiðum, þingi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, þangað sem honum vor boðið sem þm., en hann hirti ekki um að mæta. Og hann hefur haft allan þennan tíma til að kynna sér málið.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Ég vil þakka hv. formanni og frsm. iðnn. og n. fyrir afgreiðslu á málinu og að mæla með því.

Ég vil aðeins að lokum geta þess í sambandi við umr. um Austurlandsvirkjun eða Fljótsdalsvirkjun, að það mál var rætt hér rækilega við 1. umr. þessa máls. Ég benti á að hér væru stórfelldir möguleikar, stærstu vatnsvirkjunarmöguleikar sem fyrirfyndust á Íslandi, þar sem er Austurlandsvirkjun, og ég lagði á það áherslu að öllum rannsóknum og undirbúningi þyrfti að hraða sem mest í því stórmáli. Það er líka tekið fram í grg. og liggur fyrir í álitsgerðum hinna kunnugustu manna, að Bessastaðaárvirkjun mundi ekki tefja fyrir því stóra máli, heldur jafnvel greiða fyrir því. Það kemur fram í sumum þessum álitsgerðum ítarlegar en gert er í grg., að Bessastaðaárvirkjun gæti að nokkru leyti orðið hluti af stórvirkjuninni og að ýmis mannvirki, sem þar eru gerð, mundu koma þar að fullu gagni.

Eins og ég gat um við 1. umr. og las upp úr grg., m. a. úr álitsgerð Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, var niðurstaðan sú hjá þeirri verkfræðistofu og enn fremur hjá Hauki Tómassyni jarðfræðingi, að Bessastaðaárvirkjun mundi fremur greiða fyrir stórvirkjun í Fljótsdal eða Austurlandsvirkjun, en ekki draga úr þeim möguleika. Þess vegna er það líka alger misskilningur þegar menn eru að telja sér trú um að þetta frv. eða væntanleg virkjun Bessastaðaár mundi á nokkurn hátt torvelda þessar stórvirkjanir, þvert á móti. Ég vil endurtaka það, sem ég hef sagt hér áður, að ég legg áherslu á að hraða sem mest öllum undirbúningi að stórvirkjun í Fljótsdal, hvort sem það er kallað Fljótsdalsvirkjun eða Austurlandsvirkjun, og þarna eru möguleikarnir svo miklir að þá þarf að skoða sem rækilegast og það sem fyrst.

Hv. 3. þm. Reykv. lét þau smekklegu orð falla, að e. t. v. væri tilgangurinn með því að ýta á eftir þessu frv. sá að blöðin gætu þá skýrt frá því að ríkisstj. væri að leysa orkuvanda Austurlands, sem er náttúrlega ákaflega alvarlegur og hefur verið til umr. fyrr í dag í þinginu. Þetta er ákaflega ómaklega og ósmekklega sagt, þegar þess er gætt að það hefur alltaf komið skýrt fram við framlagningu og umr. um þetta frv. að ekki mætti gera sér vonir um að Bessastaðaárvirkjun kæmist í notkun fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1978 eða eftir 4 ár. Þetta tók ég skýrt fram og varð raunar fyrir nokkru ámæli úr sumum áttum fyrir að vilja ekki leggja til að það yrði lögfest að virkjunin yrði til fyrr. Vitanlega verður lögð öll áhersla á að hraða undirbúningi og virkjunarframkvæmdum svo sem kostur er ef ákveðið verður að ráðast í þessa virkjun. En það þýðir ekki að vera að gefa loforð um það eða jafnvel festa í lög að virkjun skuli verða lokið fyrr en möguleikar eru til að áliti hinna kunnugustu manna.

Ég vænti þess að þetta frv., sem iðnn. mælir einróma með og Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hefur einróma skorað á Alþ. að samþykkja, fái greiða göngu í gegnum þingið.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Út af þeim ummælum hæstv. ráðh., að vinnubrögð forseta í sambandi við þetta mál væru undarleg, vil ég leyfa mér að segja þetta:

Í fyrsta lagi er það alltítt að mál séu tekin út af dagskrá eða þeim frestað eftir ósk þm., eins eða fleiri, og hefur það tíðkast svo lengi sem ég man eftir störfum Alþ. Að því er varðar ósk ríkisstj. um hið gagnstæða, þá má vera að þar skapist árekstur, en ég vil leggja á það áherslu, að forseti Alþingis er embættismaður þingsins, en ekki sérstaklega ríkisstj. Vitanlega tel ég mér þó skylt sem forseta að reyna að greiða fyrir afgreiðslu mála og samkomulagi um þau, eftir því sem verða má. Þess vegna var það, að ég vildi verða við þeirri ósk hv. 3. þm. Austf. að fresta umr. um þetta mál um stund. Hins vegar hafði ég alls ekki sagt að ég ætlaði að taka málið út af dagskránni, eins og hæstv. ráðh. sagði. Í því fólst misskilningur hans. Ætlun mín með því að fresta umr. um málið var sú að hv. þm. og hæstv. ráðh. eða ríkisstj. gæfist færi á því að ræða frekar um þetta mál. En eins og hv. þdm. er kunnugt liggur mikil og þung dagskrá fyrir þessum fundi, svo að það verður engan veginn til að tefja málið að fresta umr. um það nú um stund og taka til við fyrra dagskrármálið.

Í dag hafa verið haldnir 4 fundir í þessari d. Ég tók málið út af dagskrá fyrsta fundarins eftir ósk hv. 3. þm. Austf., sem er þm. þess kjördæmis sem hér á stærstan hlut að máli, vegna þess að hann var bundinn við skyldustörf í sambandi við annað mál, sem á líka að afgreiða hér,

en síðan tók ég málið á dagskrá 4. fundarins samkv. ósk hæstv. ráðh. Á dagskrá þess fundar er málið enn. Og nú verður umr. um það mál frestað um stund.

Umr. frestað um stund.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed., sem nú hefur afgreitt það hingað til þessarar hv. d. Í aths. við þetta lagafrv. segir á þessa leið:

„Í gildandi útvarpsl., nr. 19/1971, er mælt fyrir um að útvarpsráð skuli kjörið til fjögurra ára. Áður voru lagaákvæðin á þann veg, að útvarpsráð skyldi kjörið eftir hverjar alþingiskosningar. Með því var tryggt, að skipan útvarpsráðs, sem ber að gæta fyllstu óhlutdrægni, væri jafnan í samræmi við skipan Alþ. Þykir rétt að hverfa á ný að þessu ráði."

Mér sýnist við nánari skoðun þessa máls að eðlilegra sé að kjósa ráðið eftir alþingiskosningar, þannig, eins og segir í aths., að skipan þess sé jafnan í samræmi við skipan Alþ. á hverjum tíma. Þessi skoðun mín liggur að sjálfsögðu til grundvallar því, að ég mæli nú fyrir þessu frv.

Ég vil rifja það upp til fróðleiks, að kjör útvarpsráðs hefur farið fram með nokkuð breytilegum hætti, frá því að rekstur Ríkisútvarpsins hófst árið 1930. Þá voru sett fyrstu lögin um útvarpsrekstur ríkisins. Strax var ákveðið að menntmrh. skipaði formann ráðsins og þá án tilnefningar. Hefur alltaf verið svo, að ráðh. hefur skipað formanninn, en í seinni tíð úr hópi kjörinna útvarpsráðsmanna. Að öðru leyti tilnefndu ýmsir hópar menn í útvarpsráð þá, stofnanir eins og Háskóli Íslands, prestastefnan og fleiri aðilar. Síðan er það 1934, að horfið er frá þessari skipan til hálfs og Alþ. kýs þá 3, hlustendur 3, — hlustendur voru líka einn hópurinn sem tilnefndi í fyrsta ráðið, — Alþingi kýs 3, hlustendur 3 og ráðh. skipar formann. Þessi skipan stóð ekki nema um 4 ár, því að 1939 er þessu breytt þannig, að Alþ. kýs þá allt ráðið. Þá er kosið til ákveðins tíma. Því er svo aftur breytt 1942 og þá verður kosningatilhögun á þá lund sem nú er lagt til að verði, að Alþ. kjósi ráðið eftir hverjar alþingiskosningar. Þessi skipan stóð til 1971, að aftur var tekinn upp sá háttur að kjósa útvarpsráð til ákveðins tíma. Þetta eru í allra stystu máli þær hreyfingar sem orðið hafa á þessu fyrirkomulagi frá því að íslenska ríkisútvarpið var stofnað.

Menn hafa oft rætt um það og m. a. í þeim umr., sem urðu um þetta mál í Ed., að það gæti verið æskilegt og að sumu leyti eðlilegra að aðrir aðilar en hið pólitíska vald, þ. e. a. s. Alþ., kysu útvarpsráðið, en engar beinar till. komu fram um það í umr. um þetta mál, og ég man ekki eftir að ég hafi séð neinar ákveðnar till. í seinni tíð um að taka upp aðra skipan þessara kosninga.

Menn tala um að það geti verið heppilegt að útvarpsráð væri alveg óbundið af hinum pólitísku flokkum og væri kosið af þeim. En þó að finna mætti einhverja aðila, sem eru ekki pólitískt uppbyggðir á sama hátt og Alþ. er, þá auðvitað sjá menn það í hendi sinni að alls staðar í þjóðfélaginu hafa menn stjórnmálaskoðanir, og miðað við reynslu af ýmsum öðrum kosningum má ætla að þær kynnu að koma við sögu, þótt ekki væri á jafnformbundinn hátt og þegar Alþ. á í hlut. Öll þessi ár hefur það því orðið ofan á að hafa á þennan háttinn, að kosið yrði til þessa ráðs, eins og margra annarra nefnda og ráða, með hlutbundinni kosningu á Alþ.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Lagt er til með þessu frv. að nú verði horfið aftur að því skiplagi, sem verið hefur lengst af og allt til 1971, að kosið verði í útvarpsráð á Alþ. eftir hverjar alþingiskosningar. Þetta er gert, eins og ég hef þegar tekið fram, í þeim tilgangi að skipan útvarpsráðs verði jafnan í sem nánustu samræmi við skipan Alþingis.

Ég legg svo til, að þessu frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til menntmn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að koma á framfæri þeirri skoðun minni, að mér finnst þeim hv. þm., sem sæti eiga í fjvn., sýnd lítilsvirðing með því að ætla þeim, á sama tíma og þeir eru að vinna að gerð fjárl., að rætt sé hér í hv. d. svo umdeilt mál sem hér er komið á dagskrá og ég geri ráð fyrir að allir hv. alþm. vilji fá að fylgjast með.

Ég fyrir mitt leyti mótmæli því, að þetta mál sé tekið hér á dagskrá, ef það er meining hæstv. ríkisstj. að fjvn. sinni störfum og ljúki störfum að gerð fjárl. nú í þessari viku. Ég vil benda hæstv. menntmrh. á það, að enn hefur ekki fengist í fjvn. umr. um rekstrargrundvöll Ríkisútvarpsins. Það virðist vera meiri áhersla lögð á aðra þætti að því er varðar þá stofnun. Og mér finnst það lítilsvirðing við hv. þm., sem sæti eiga í þeirri n., hvort sem þar er um stjórnarliða eða stjórnarandstæðinga að ræða, að þeim sé boðið það að þetta mál sé tekið hér á dagskrá, jafnumdeilt og það er, þannig að þm. gefist ekki tækifæri til að fylgjast með umr. og láta skoðanir sínar í ljós.

Ég ætla ekki nú að ræða efnislega um þetta mál, en ég vil koma þessum mótmælum mínum á framfæri. Og ég vil beina því til hæstv. forseta að hann komi þessum mótmælum mínum á framfæri við hæstv. ríkisstj., að ég ætlist til þess af þeim, sem ráða ferðinni um störf þingsins þá fáu daga sem eftir eru, að þeir leggi ekki upp í þetta, því að ef þetta er meining hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst sennilega hæstv. menntmrh. að þetta mál verði hér til umr., þá leiðir það af sjálfu sér að störf í fjvn. leggjast niður á meðan. Ég tel, að þm. sé ekki bjóðandi að vera fjarverandi við umr. um svona umdeilt mál og séu til þess settir að sitja innilokaðir við nefndarstörf. Og ég vil krefjast þess, að ef það er meining hæstv. ríkisstj. að afgreiða fjárlög fyrir jólahlé, þá verði þetta mál ekki tekið á dagskrá eða rætt meðan fjvn. situr að störfum.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Vegna ummæla hv. 5. þm. Vestf., vil ég mega vænta að hæstv. menntmrh. hafi heyrt það álit, sem hv. þm. lét í ljós á vinnubrögðum á hinu háa Alþ. þessa síðustu daga fyrir jól. Þar sem hæstv. menntmrh. er þetta mál skyldast, geri ég ráð fyrir að þar með sé sú aths., sem hv. 5. þm. Vestf. gerði, komin á framfæri við hæstv. ríkisstj. eins rækilega og verða má.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hér hefur verið sagt um vinnubrögð hér á Alþ. og umr. um þetta mál, vil ég taka undir það, að ég er á sömu skoðun og kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. Ég tel í rauninni ekki sæmilegt að standa þannig að umr. um þetta mál, sem vitað er að eru miklar deilur um hér á Alþ., að umr. um það fari hér fram á þeim tíma, sem allmargir þdm. geta hreinlega ekki verið viðstaddir eða tekið þátt í þeim umr. Það er ekki frambærilegt.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að það eru aðeins eftir fáir starfsdagar af þinginu fram að jólaleyfi, og eftir því sem mér hefur verið gerð grein fyrir um allmörg og viðamikil mál að ræða, sem ríkisstj. leggur áherslu á að nái fram að ganga fyrir jólaleyfi. Ég get ekki séð að það sé nokkur möguleiki á því að koma þeim málum öllum fram ef á að eyða hér fullum tíma í umr. um þetta mál. Ég verð því að segja, að ég vil eindregið óska eftir að þessum fundi, af því að það er rétt komið að kvöldmatartíma, verði nú frestað og málið verði þá tekið til athugunar af hæstv. ríkisstj., hvort hún leggur áherslu á að þetta mál verði tekið til umr. hér og afgreiðslu á þeim stutta starfstíma fram að jólaleyfi. Geri hún það, þá auðvitað er augljóst mál að önnur mál, sem ætlað er að koma fram, lenda í hættu. Það er þá engin leið að koma öllum þessum málum fram, það er alveg augljóst. Þó að hæstv. menntmrh. leggi á það allmikla áherslu að koma þessu máli fram og fá möguleika á því að skipt verði um útvarpsráð, þá get ég ekki skilið að það skipti öllu máli hvort þessi skipti á útvarpsráði fara fram núna rétt fyrir jólin eða hvort þau skipti eiga sér stað eftir einn mánuð, í janúarlok. Það getur ekki staðið svo glöggt varðandi þetta. Ég býst við að aðalatriðið frá hans hálfu sé að koma fram þeirri skipulagsbreytingu, sem hér er verið að leggja til um kosningu útvarpsráðs, en svo tæpt held ég að það geti varla staðið, að það sé einhver hætta, sem stafi af því útvarpsráði, sem nú er, svo mikil, að það sé ekki hægt að þola þetta útvarpsráð í einn mánuð, líklega til að stjórna þeirri dagskrá sem búið er að taka ákvarðanir um.

Ég legg því eindregið til, herra forseti, að þessum fundi verði frestað, umr. verði ekki haldið áfram um þetta mál og það verði athugað nánar hvort rétt þyki, miðað við allar aðstæður, að eyða takmörkuðum tíma þingsins nú í umr. um þetta mál og tefja á þann hátt afgreiðslu annarra mála, sem er þó nokkurn veginn augljóst að þarf að afgreiða fyrir jól.

Umr. frestað um stund.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 39, n. 158, 161, 166). — Frh. 2. umr.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Vill ekki hæstv. forsetinn hlutast til um að hæstv. iðnrh. hlýði á mál mitt. Ég mun hinkra við, ef svo skyldi vera að hann sé eigi langt undan. (**Forseti:** Ég gæti nú trúað, að hæstv. ráðh. væri ekki svo langt undan, væri a. m. k. svo skammt undan að hann heyrði mál hv. þm. Ég hélt að hann væri hér í hliðarherbergi.) Ég treysti því ekki fullkomlega, því að ég er í engu því skapi að ég fari að brýna raustina út af þessu, svo að glymji um allt hús. En ég á erindi við hann, einkum og sér í lagi vegna fyrri umr. hér í kvöld um þetta mál. (**Forseti:** Það er upplýst að hæstv. ráðh. mun standa í Ed.-ræðustól eins og er, svo að það verður varla unnt að hlutast til um að hann komi nú þegar til að hlýða á hv. þm.) Þá vil ég biðja virðulegan forsetann að athuga með hvaða hætti við eigum á þessu máli að taka, vegna þess að ég tel mér alveg nauðsynlegt að hann sé nærstaddur þegar ég segi þau fáu orð í sambandi við þetta mál sem ég tel nauðsyn á.

Umr. frestað um stund.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — Frh. 1. umr.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Jafnvel þeir, sem lengi hafa átt sæti í þessari hv. d. eða á Alþ. og ýmislegt hafa reynt í sambandi við síðustu daga þings fyrir stórhátíðir og í þinglok, muna varla svo örlagarík átök sem virðast eiga sér stað nú. Það má næstum því segja að þingstörf séu orðin eins og færeyskur dans, það eru tvö skref áfram til virkjunar á Austurlandi og eitt aftur á bak til útvarpslaga, svo eru tvö áfram í virkjunarátt og eitt aftur til útvarpslaga. Skal ég ekki segja, hvernig dansinum lýkur, þegar þar að kemur.

Frv., sem hæstv. menntmrh. hefur flutt hér stutta og hóflega framsögu fyrir, hefur orðið mikið deilumál í þessu landi. Það stafar að sjálfsögðu af því að hljóðvarp og sjónvarp eru ákaflega áhrifarík fjölmiðlar sem hafa stórbrotin áhrif á líf nútímamanna. Í meiri hluta heims hygg ég að hljóðvarp og sjónvarp séu í eign og undir stjórn ríkisvaldsins. Þó er það engan veginn einhlítt. Það eru undantekningar á vesturhveli jarðar og í hluta af Asíu. Í sönnum lýðræðisríkjum hefur verið lögð á það rík áhersla að reka þessa miðla, hvort sem þeir eru í opinberri eigu eða einkaeigu, af fyllstu óhlutdrægni. En í ríkjum, sem hafa annað stjórnarfar, er þessum miðlum miskunnarlaust beitt af yfirvöldum. Segja má að sú saga hafi e. t. v. hafist með hinum þýsku nasistum og Göbbels, einhverjum mesta áróðursmeistara veraldarsögunnar, sem þá réð þar ríkjum á þessu sviði.

Hér á Íslandi fengum við hljóðvarp tiltölulega snemma, og við fetuðum okkur áfram við skipulag þess, eins og fram kom í framsögu hæstv. menntmrh., er hann skýrði frá því hvaða breytingum stjórn útvarpsins eða réttara sagt

stjórn dagskrárinnar hjá útvarpinu hefði tekið. Þó má segja, að fyrstu áratugina hafi óhlutdrægni verið gætt af svo mikilli samviskusemi og nákvæmni í hljóðvarpinu íslenska, að þar mátti helst ekki ræða um neitt umdeilanlegt efni, nema þá til væru kallaðir 4 fulltrúar þeirra fjögurra stjórnmálaflokka sem á því tímabili voru til og réðu ríkjum. Á síðustu árum hefur það gerst annars vegar, að dagskrá hljóðvarps hefur aukist, sjónvarp hefur komið til skjalanna og þessir miðlar hafa í vaxandi mæli sýnt það hugrekki að taka fyrir deilumál samtíðarinnar á hverjum tíma og fjalla um þau án þess að í hvert skipti séu jöfn skipti á milli ræðumanna allra flokka á Alþ., eins og áður tíðkaðist. Þetta hefur gert okkur ljósara en nokkru sinni fyrr, að það er nauðsynlegt að Ríkisútvarpið, bæði hljóðvarp og sjónvarp, sé í fyrsta lagi eins sjálfstæð stofnun og hægt er að gera það þar sem það er ríkiseign, og í öðru lagi að útvarpsráð, sem fer með æðstu völdin yfir dagskrá þessara miðla, verði ekki frekar tengt við pólitísk yfirvöld landsins en framast er hægt að komast af með. Þetta eru þær grundvallarreglur, sem ég hygg að flestir hafi verið sammála um að nauðsynlegt væri að stefna að nú á hinum síðustu árum.

Núgildandi útvarpslög voru sett árið 1971, ef ég man rétt. Þau voru alger endurnýjun á útvarpslögum, því að fram til þess tíma höfðu gilt að heita má hin upprunalegu útvarpslög með að sjálfsögðu mörgum bótum á. Lögin frá 1971 gerðu miklar breytingar á starfsemi Ríkisútvarpsins og ákvæðum um hana. Þessum breytingum var öllum sameiginlegt að þau stefndu að því að gera Ríkisútvarpið að sem sjálfstæðastri stofnun, sem gæti starfað innan íslensks þjóðfélags, gæti gætt þeirrar óhlutdrægni sem er grundvallaratriði í lögum um starfsemi þess og gæti gert þjóðinni eins mikið gagn og slíkir miðlar framast geta. Ég get nefnt sem dæmi, að samkv. þessum l. var í fyrsta skipti ákveðið að útvarpsráð skyldi taka endanlegar ákvarðanir um dagskrá bæði hljóðvarps og sjónvarps. Ekki var ljóst fyrir þann tíma hvort ráðh. gæti gripið inn í, t. d. stöðvað einstaka dagskrárliði, eins og t. d. er gert í Bretlandi, svo að ég nefni nærtækt dæmi, enda þótt blessunarlega hafi ekki mikið á þetta reynt á undanförnum árum. Með þeim lögum var tekið af skarið um þetta atriði. Þá var gerð sú breyting, að Alþ. skyldi kjósa útvarpsráð, ekki að loknum hverjum alþingiskosningum, heldur til fjögurra ára og skyldi það standa hvað sem kynni að gerast varðandi ríkisstj. og skipan Alþ.

Hæstv. menntmrh. nefndi í framsöguræðu sinni, að það mundi varla hafa komið fram í seinni tíð, að til greina kæmi að aðrir en Alþ. kysu útvarpsráð. Þetta er rétt með farið hjá honum að því er ég best veit. En það stafar af reynslunni á fjórða áratugnum. Þá byrjuðum við á þeirri lofsverðu tilraun að láta útvarpshlustendur kjósa útvarpsráð í beinum kosningum. En þessi tilraun sem er einstök í sinni röð, — ég þekki ekkert dæmi í sögu útvarpsfyrirtækja í öðrum löndum sem er sambærilegt að öllu leyti, — bar ekki árangur, því að það sem gerðist var að pólitísku flokkarnir hreinlega yfirtóku þessa kosningu. Framboðslistar urðu pólitískir, pólitískir flokkar létu skrifstofur sínar, starfslið og maskínur vinna að kosningunni. Var því ekki hægt að segja að það væri verulegur munur á þeirri kosningu annars vegar og kosningu til Alþ. hins vegar. Þess vegna lifði þetta kerfi ekki lengur en raun bar vitni.

Til eru önnur dæmi, eins og t. d. í Danmörku, þar sem hlustendafélög eiga aðild að útvarpsráði, en í Danmörku er meginþorri útvarpsráðsmanna skipaður annars vegar af fjvn. þingsins og hins vegar af ríkisstj., svo og fulltrúar hlustendafélaganna hafa þar ekki úrslitavald, þótt þeir séu enn þá hafðir með.

Með lögunum 1971 var gerð sú breyting, að í staðinn fyrir að útvarpsráð skyldi kosið að loknum hverjum alþingiskosningum, þá skyldi það nú kosið til fjögurra ára. Þetta er það atriði sem núv. ríkisstj. hefur þótt ástæða til þess að breyta einu ári áður en það útvarpsráð, sem nú situr, hefur lokið tímabili sínu. Er ekki unnt að komast hjá því, að það hljóti að vera næsta furðulegar röksemdir, næsta furðulegur hugsunarháttur, sem er að baki því að flytja slíkt frv. og gera það að slíku kappsmáli rétt fyrir jólafrí Alþ., þegar margt annað kallar að, að losa þjóðina við þetta útvarpsráð síðasta árið sem það á að sitja. Eðlilegra væri að málið hefði verið tekið upp eftir eitt ár, þegar hvort eð er átti að skipta um útvarpsráð.

Nú vil ég taka það skýrt fram í þessu sambandi, að ég átti lengi sæti í útvarpsráði og vil því ekki, hvorki hér né annars staðar, fella neina dóma um störf eftirmanna minna þar. Af minni hálfu verður því eingöngu rætt um þetta mál frá þeim skipulagslegu, lýðræðislegu ástæðum, sem til þess liggja, og kann þó að vera að þar sé eitthvað látið ósnert.

Í fyrsta lagi vil ég benda á að hér er um tvennt að ræða, annað hvort útvarpsráð kosið til fjögurra ára eða útvarpsráð kosið af hverju nýju Alþ. Alþ. hefur fjögurra ára tímabil sjálft, það er kosið til fjögurra ára, svo að þarna er um sama tímabilið að ræða. Spurningin er aðeins, hvort þessi tímabil verði endilega að vera samtímis, þannig að þegar nýjar ríkisstj. eru stofnaðar, eins og oftast gerist að loknum kosningum, eigi endilega að kjósa nýtt útvarpsráð eða hvort við höfum manndóm og þroska til þess að stofnanir eins og útvarpsráð geti setið áfram, jafnvel þótt þær gangi örlítið á mis við setu ríkisstj. Þegar við athugum, að undanfarinn hálfan annan áratug hafa ríkisstj. yfirleitt setið 3—4 ár og að hér er um að ræða fjögurra ára kjörtímabil útvarpsráðs, er augljóst að sá meiri hl., sem kosinn er hverju sinni á Alþ. og stendur á bak við ríkisstj., mun í flestum tilfellum fá tækifæri til að kjósa sér útvarpsráð einhvern tíma á starfstíma sínum. En að það sé svo mikil pólitísk og lýðræðisleg nauðsyn að það gerist strax og nýir menn setjist í ráðherrastólana, það er með öllu óskiljanlegt, og er gersamlega óboðlegt þroskuðu fólki í nútíma lýðræðisþjóðfélagi að halda því fram að svo sé.

Ég skal nefna eitt dæmi um það, hversu fáránlegt þetta kerfi getur verið. Hv. dm. er kunnugt um að til þess að breyta íslensku stjórnarskránni þarf tvennar kosningar. Þetta hefur gerst með nokkru millibili, ekki mjög löngu, og þá eru

tvennar kosningar á sama ári. Ég hef lifað þetta einu sinni síðan ég kom í þetta hús til starfa og það var árið 1959. Á því ári sátu þrjú útvarpsráð. Framan af árinu sat það útvarpsráð, sem kosið hafði verið rétt fyrir jólin 1956. Svo voru kosningar um vorið og skömmu eftir þær kom saman sumarþing. Það gerði skyldu sína samkv. lögum, sem síðasta sumarþing gerði ekki, það kaus nýtt útvarpsráð. Svo voru haustkosningar. Á haustdögum var komið enn nýtt Alþ. og það gerði líka skyldu sína, það kaus enn nýtt útvarpsráð. Hvernig í ósköpunum dettur mönnum í hug að hægt sé að hafa einhverja skynsamlega stjórn á stofnun eins og Ríkisútvarpinu, sem er með tvær dagskrár inni á hverju einasta heimili landsins flest kvöld og nær til meginþorra þjóðarinnar mestallan daginn í hljóðvarpi, með því að hafa þrjú mismunandi útvarpsráð á einu ári. Afleiðingin varð auðvitað sú, að útvarpið var að mestu leyti hvað útvarpsráð snertir stjórnlaust þetta ár. Ég vil minna menn á, að síðasta, stysta og eitt besta loforðið í núv. stjórnarsamningi er að stjórnarskráin skuli verða endurskoðuð. Við eigum því eitt ár með þremur útvarpsráðum fram undan ef þessi stórkostlega umbót, sem ríkisstj. leggur mikla áherslu á, nær fram að ganga fyrir þessi jól.

Það getur verið, að menn verði þá ánægðastir þegar oftast er skipt á einu ári um útvarpsráð. Hitt get ég sagt þeim sem ekki gera sér það ljóst, ef einhverjir eru, að það verður aldrei nokkurn tíma skipað útvarpsráð sem allir eru ánægðir með. Af langri reynslu í stofnun eins og útvarpsráði, sem hefur fyrst og fremst með dagskrá að gera, — þetta er ekki stjórn útvarpsins, þetta er ekki hópur manna sem hefur yfirráð yfir stjórnun, fjármálum eða öðru slíku í útvarpinu, alls ekki, þetta er fyrst og fremst dagskrárstjórn, — og reynsla mín er sú að þegar útvarpsráð var ekki skammað í blöðunum heila viku, þá hafði ég, held ég, mestar áhyggjur af því.

Það er athyglisvert að gera sér grein fyrir þessum tveimur möguleikum, annars vegar núv. skipun, að útvarpsráð sitji til fjögurra ára, og hins vegar frv., að það skuli kosið eftir hverjar kosningar. Þegar núv. útvarpslög voru undirbúin var það undirbúningsstarf unnið af þriggja manna n. sem ég átti sæti í, svo að ég þekki mætavel störfin sem þar voru unnin. Sú tilviljun gerðist að ég var einnig formaður í menntmn. Nd. þegar fjallað var um þetta frv., og þar var ítarlega og lengi unnið að málinu, svo að ég hef þá reynslu einnig að baki. En þegar undirbúningsnefndin kom að þessu atriði, hvað útvarpsráð eigi að sitja lengi, urðu menn að sjálfsögðu hugsi og töldu rétt að athuga hver er háttur í íslensku stjórnkerfi í þessum efnum. Hver er venjan, og hvaða leið er rétt að velja? Það má rannsaka slíkt mál á ýmsan hátt og stundum gera menn það með því að spyrja reynda menn. Það var a. m. k. einn mjög reyndur lagasmiður í þessari n. En ég settist niður eitt kvöld og fletti í gegnum allt lagasafnið, — allt saman, það er ekki svo stórt, tvö bindi, — og ég á enn þá seðilinn þar sem ég skrifaði hvaða ráð og nefndir væru skipuð samkv. íslenskum lögum til fjögurra ára og hvaða ráð og nefndir og stjórnir væru skipaðar þannig, að þær skyldi kjósa að loknum hverjum kosningum. Á þessum tíma komst ég að þeirri niðurstöðu með talningu, að til ákveðins árabils, — það eru ekki alltaf 4 ár, það eru einstöku sinnum 3 ár, — til ákveðins árabils væru 35 stjórnir, nefndir og ráð, en eftir hverjar kosningar skyldi kjósa 9. Það voru sem sagt 35 á móti 9, sem ég held að í íþróttaheiminum sé kallað „burst“. Ákvæðin um sumar af merkari stofnunum, sem átti að kjósa eftir hverjar kosningar, eins og menntamálaráð, úthlutunarnefnd listamannalauna og útvarpsráðið sjálft, áttu uppruna sinn á árunum milli 1930 og 1940, þegar íslensk pólitík, sem var á merku tímabili sem kannske má segja að hafi byrjað 1928, var upp á sitt besta, og ég hygg að sé í raun og veru arfur frá ákveðnu, takmörkuðu tímabili. En skipanin, sem Alþ. sjálft hafði ákveðið á margvíslegum stofnunum og ráðum í gegnum árin, sýndi að þinginu hafði mörgum sinnum oftar þótt vera rétt að stofnanir, nefndir og ráð skyldu kosin til ákveðins árafjölda og sitja þann árafjölda, en ekki að það ætti að breyta eftir hverjar kosningar.

Ef við lítum út fyrir landsteinana sjáum við af reynslu erlendra lýðræðisþjóða, að þar hefur það þekkst að eftir hverjar meginkosningar sé skipt um svo að segja alla valdamenn, allt niður í póstmeistara í hverju þorpi, eins og gerðist í Bandaríkjunum þangað til fyrir 20 árum eða svo. En alls staðar undantekningarlaust hefur verið fráhvarf frá þessari gömlu stefnu og horfið að því, að það ætti að skipa menn og nefndir til ákveðins tíma og bera það traust til þeirra að stjórnvöld, ríkisstjórnir, þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að verða stungnar í bakið af þessum aðilum.

Hér á Alþ. er sérstaklega ánægjulegt að minnast þess, að það eru ekki nema örfá ár síðan það var tekið upp að sýna stjórnarandstöðunni það traust að hún mætti skipa varaforseta bæði í Sþ. og báðum deildum, og þessu hefur við stjórnarskipti verið haldið áfram, svo að að því hafa, hygg ég, allir flokkar á einn eða annan hátt staðið. Oft á tíðum hefur á það reynt að stjórnarandstæðingar hafa setið í forsetastóli. En ég þekki ekkert dæmi þess, að þeir hafi brugðist eðlilegu trausti gagnvart ríkisstj. eða svikið hana, þótt að vísu sé til í þingsögunni dæmi um að stuðningsmenn ríkisstj. hafi stundum reynst þeim erfiðir.

Ég tel því, að þegar rætt er um grundvallaratriðin á bak við þetta frv., skipulagsmálin, — og ég ítreka að ég sleppi með öllu dægurhlið málanna, nöfnum eða störfum núv. útvarpsráðs, — þegar litið er eingöngu málefnalega á skipulagshliðina, þá er þetta frv. ríkisstj. með öllu óverjandi. Ég tel að þær vinnuaðferðir, sem ríkisstj. beitir með því að flytja þetta frv. og leggja á það áherslu, séu bæði óviturlegar og ógeðfelldar og boði ekki gott ef fram á að halda í þessum dúr. Ég hélt að við ættum í vök að verjast, sem erum kenndir við þátttöku í stjórnmálum, og að við þyrftum á mörgu frekar að halda en þessu skrefi aftur á bak, sem felst í því að sérstakt frv. er flutt um breytingu á útvarpsráði eins og hér hefur gerst.

Á það hefur verið minnst, að Ríkisútvarpið

eigi við mikil vandamál að stríða um þessar mundir, og ég hygg að það gangi enginn grunlandi að því sem nokkuð þekkir þar til. Fjárhagsmál stofnunarinnar eru í miklum ógöngum, vegna þess að afnotagjöldin ganga inn í vísitölu, ríkisstj. ákveður afnotagjöldin og þau hafa um langt árabil verið svo stórkostlega vanmetin, að þau hafa orðið til þess að kreppa að þessari stofnun meira en nokkur ástæða er til, þegar litið er til þess hvaða þjónustu hún veitir þjóðinni. Dreifing sjónvarps og hljóðvarps um landið er mjög ófullkomin. Það þarf ekki að leita vitnanna út fyrir þennan sal, því að í þskj. okkar liggja fjölmargar till. og fsp. sem eru vitnisburður um það. Ef menn vilja nærtækt dæmi, þá er sagt að möstrin hér fyrir ofan Breiðholtið séu orðin svo ótraust að það mundi ekki koma neinum kunnáttumanni á óvart þótt þau hryndu einn góðan veðurdag, enda eru þau orðin mjög gömul.

Ríkisútvarpið er gömul og virðuleg stofnun, en það starfar enn þá hvað snertir aðalskrifstofur og hljóðvarp í leiguhúsnæði, sem það hefur með leigunni að mestu leyti greitt fyrir aðra aðila, og þessir hinir aðilar vilja nú losna við það burt. Lausn á húsnæðismálum útvarpsins, fyrst hljóðvarpsi og síðar sjónvarpsins, er risavaxið verkefni, svo stórt að ég þori ekki einu sinni að nefna neitt í því sambandi. Dagskráin sjálf er dýr. Um atriði í henni má deila. Margvíslegar óskir um nýjungar eða aukningar, sérstaklega í sjónvarpsdagskránni, er þó að finna og þarf ég þá ekki að nefna fleiri dæmi um óleyst vandamál útvarpsins. En til þess að leysa þau vandamál hefði gjarnan mátt eyða allri þeirri orku og öllum þeim tíma sem fer í að þrátta um þetta fráleita frv., sem ríkisstj. hefur flutt.

Því miður hefur brjóstvitið frá Brekku brugðist okkur. Ríkisstj. hefur orðið á meiri háttar yfirsjón með þessu frv., og það skynsamlegasta, sem hún gerði, væri að draga það til baka svo að við gætum öll í góðri samvinnu reynt að leysa nauðsynlegri mál sem þyrfti helst að afgr. fyrir helgi, svo að menn gætu allir lifað í friði og ánægju um komandi jól.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil taka undir síðustu orð síðasta ræðumanns, hv. 2. landsk. þm. Það er vitanlega mikið mál og nauðsynlegt og bráðaðkallandi að ráða bót á fjárhagserfiðleikum útvarpsins. Ég get sagt frá því hér, að ég hef þegar unnið nokkuð að því að undirbúa lausn á því máli hvað snertir rekstur þess, og eins og þessi hv. þm. veit og kannske enn betur en ég er unnið að undirbúningi byggingarmálsins.

Það er líka mikið atriði, sem hann minntist hér á, að ljúka því að koma efni útvarps og sjónvarps til allra landsmanna og treysta flutningaleiðirnar, þannig að þetta efni komist til skila með sómasamlegu móti.

Ég kvaddi mér raunar ekki hljóðs til að fara að ræða efnisatriði þessa máls, en vildi þó segja þessi orð til áherslu ummælum hv. þm. um þetta efni. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs út af tilmælum hv. 5. þm. Vestf. áðan um að haga þannig meðferð þessa máls að hann gæti sinnt skyldustörfum sínum, bæði hér í hv. d. og í hv. fjvn. Komið hafa fram nokkur ummæli í þá átt að hér sé unnið að með óvenjulegum hætti. Ég vísa því algerlega á bug. Við þekkjum öll, hv. alþm., vinnubrögðin í jólaannríkinu. Þau eru alltaf söm við sig. Þá eru mörg mál fyrir þingi og skiptar skoðanir um nauðsyn sumra þeirra, og þetta er mjög venjulegt og ekkert sérstakt um það að segja. Hitt er svo annað mál, að ég tel brýna nauðsyn að sem best samstarf ríki varðandi þingstörfin sjálf á milli Alþ., ríkisstj. og stjórnarandstöðu hverju sinni. Ég tel það hina mestu nauðsyn og vil stuðla að því fyrir mitt leyti að svo geti orðið. Ég tel að ríkisstj. beri að sýna stjórnarandstöðunni eðlilega tillitssemi, teygja sig langt í því efni. Ég tel á hinn bóginn að stjórnarandstaðan eigi þá að koma til móts við hana. Það gerir stjórnarandstaðan oft, að mæta því með nokkurri tillitssemi einnig og greiða fyrir eðlilegum gangi þingmála, en tefja þau ekki með umr. sem tvímælalaust eru kannske ónauðsynlegar málefnisins vegna. Ég er ekki að segja það sérstaklega út af þessu máli, ég segi það almennt.

En sem sagt, ég vil koma til móts við óskir þessa hv. þm. að nokkru með því að óska þess við hæstv. forseta að umr. verði frestað og málið verði tekið út af dagskrá þessa fundar.

Umr. frestað.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 39, n. 158, 161, 166). — Frh. 2. umr.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég sá ástæðu til þess hér áðan, þegar málið var tekið á dagskrá, að biðja um frestun vegna fjarveru hæstv. iðnrh., því að ég á erindi við hann sérstaklega vegna allsérkennilegrar ræðu sem hann flutti um þetta dagskrármál fyrr í kvöld.

Þegar ég í dag varð þess áskynja að á dagskrá hv. d. var virkjun Bessastaðaár, óskaði ég eftir því við hæstv. forseta að það mál yrði tekið út af dagskrá. Mér gekk ekkert til með þeirri ósk minni annað en það, að ég var þess mjög fýsandi að vera viðstaddur þegar umr. færi fram. Alls ekkert annað gekk mér til, og köpuryrði í þá átt, að ég vilji drepa þessu máli á dreif, eru algerlega út í hött. Ég hafði enga hugmynd um að mönnum væri svo brátt í brók með að koma þessu máli fram sem raun virðist bera vitni um. Það hafði aldrei verið um það getið, t. d. í þingflokki Sjálfstfl., að þetta væri eitt af þeim málum sem í miðjum jólaönnum þyrfti að koma fram, — aldrei verið orðað einu orði.

Ég hafði lögmæta afsökun fyrir því að vera ekki við hér á fundum í dag, það var hæstv. iðnrh. fullkunnugt um og ég skýrði það fyrir honum. Eftir sem áður lagði hann alla áherslu á að þetta mál yrði tekið hér fyrir og afgr. út úr d. Að því búnu gat ég þess við hæstv. forseta, að það yrði þá svo að vera, ég vildi ekki gera þetta að slíku ágreiningsmáli. Enda þótt ég hefði þetta í frammi varðandi málsmeðferðina er algerlega ástæðulaust að væna mig um að ég sé með þeim hætti að drepa þessu máli á dreif.

Hæstv. iðnrh. segir, að það muni hafa farið

fram hjá mér samþykkt aðalfundar Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Það fór ekkert fram hjá mér. Og af því sagði hann: Þessi hv. þm. hirðir ekki um að mæta á fundum sem hann er boðaður á eða boðið til. — Ég veit nú ekkert hvaðan hæstv. iðnrh. koma upplýsingar um þau boð sem ég fæ. En Sverri Hermannssyni var ekki boðið á þennan fund, heldur var þm. Sjálfstfl. í Austurl. boðið á hann, og þm. Sjálfstfl. mætti með þeim hætti, að varamaður hans gerði það, en ekki af því að aðalmaðurinn væri að skrópa eða hirti ekki um að mæta, heldur af óviðráðanlegum ástæðum. Og það hefur verið talið, bæði þar og hér í þingi, að það væri fullmætt í forföllum, þegar varamaður tekur sætið, svo að ég vísa líka þessum köpuryrðum frá.

Nei, samþykktin fór ekkert fram hjá mér. En í samþykktinni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur SSA 14. og 15. sept. 1974 skorar á iðnrn. og Alþ. að sett verði lög um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal á komandi þingi.“

Ég veit ekki til þess að það eigi að slíta þessu þingi nú fyrir jól og þessi samþykkt fór ekkert fram hjá mér. Það stendur ekkert í henni, að þetta mál skuli ná fram að ganga og það sé skorað á hið háa Alþ. að þetta mál nái fram að ganga fyrir jól. Nei, þessi samþykkt fór ekkert fram hjá mér. En það kannske fer að hvarfla að mér, að til þess að ég nái hlustum hæstv. iðnrh. þurfi ég kannske fyrst að snúa mér til Sambands sveitarstjórna í Austurlandskjördæmi og biðja þá fyrir málefni mín til þess að hann telji þau þess virði að sinna þeim sérstaklega.

Ég vil í þessu sambandi minna á að það var eins og það hefði farið fram hjá hæstv. iðnrh. að þingflokkur hans kostaði til þess fé í fyrravetur, sem voru laun til sérfræðinga, að undirbúa þáltill. um að lokið yrði rannsókn á fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar, Fljótsdalsvirkjun. Þetta virðist hafa farið fram hjá hæstv. iðnrh., því að í allri þessari málafylgju í sambandi við Bessastaðaárvirkjun, löngum ræðum, hefur hann alveg komist hjá því að geta þess einu orði að þessi málatilbúnaður hafi verið viðhafður og af hans flokksmanni og af eina þm. flokksins í kjördæminu. Ég verð að segja að það er undarlegur eftirrekstur þetta og í meiri máta. Það hafa engin þau rök komið fram, sem með neinum hætti sannfæra mig um nauðsyn þess að þetta gangi fram nú. Þvert á móti hefur fjöldi raka komið fram, sem sýnir okkur fram á að málið er á mjög miklu frumstigi, undirbúningsfrumstigi, rannsóknarstigi. Það eina, sem mér virtist hjá hæstv. ráðh. að hann byggði á, var að þegar væri búið að samþykkja slíka heimild, þá mundi verða unnið miklu kappsamlegar að framgangi málsins. Hvernig unnið verður að framgangi málsins undir þessum kringumstæðum á hæstv. ráðh. við sjálfan sig. Hann getur alveg stjórnað því. Hann hefur fengið mjög góðar undirtektir við þetta mál hér á hinu háa Alþ. Því hefur verið fagnað og þá alveg sérstaklega ef þetta má verða til þess að bæta úr hinum sára orkuskorti, sem ríkir á Austurlandi.

Ég hafði sérstakar ástæður til þess að vilja ná vopnum mínum í þessu máli, vegna þess að ég hef haft og hef leyfi þingflokks hæstv. iðnrh. til þess að flytja þáltill. mjög í sama anda og ég gerði í fyrra, það, sem hefur tafið þann málatilbúnað, er að ég var að reyna að vinna málinu fylgi. Og það geri ég með því að tala við aðra þm. og það mundi t. d. kannske líka henta, að þingflokksformaður Sjálfstfl., hæstv. iðnrh., ræddi þá við þingflokksmenn sína, ef honum liggur mjög á hjarta um að ná einstökum málum fram, eins og t. d. virðist í þessu tilfelli. En það hefur aldrei verið gert. Þess hefur aldrei verið getið einu orði að þessu máli bráðlægi á, eins og nú virðist komið fram. En ég hef hinkrað við með flutning þessarar þáltill., vegna þess að ég hafði farið á fjörur við hv. þm. Austf., Tómas Árnason, um það að við flyttum þessa till. saman. Hann hefur að sínu leyti verið að rannsaka um ýmsa þætti málsins, sem ekki er óeðlilegt, enda ástæðulaust að fara neitt rasandi að þessu máli. Vænti ég þó að við getum orðið fljótlega sammála um flutning till. í þessa átt, sem ég nú hef greint, eða með þá einhverjum smávægilegum breytingum, t. d. eins og þeirri breytingu að leggja til í leiðinni, að Landsvirkjun t. d. yrði falið að semja lagafrv. um Austurlandsvirkjun.

Þetta vildi ég aðallega sagt hafa. Ég endurtek það, að ég fagna framkomu þessa frv. Ef ég fyndi hin minnstu rök fyrir því að það þyrfti að knýja það fram hér á annamestu dögum þingsins, þá skyldi ég undireins fallast á það. En þau hafa ekki verið færð fram. Þvert á móti er eðlilegasta leiðin sú, að beðið verði með afgreiðslu þessa máls, þangað til fjölmörg óljós atriði í þessu sambandi hafa komið skýrar fram. Ég játa, að þetta er að vísu aðeins heimild fyrir hæstv. ríkisstj. og þess vegna að því leyti ekkert hundrað í hættunni þótt að lögum yrði. En ég á samt von á því að mjög margar verðmætar upplýsingar komi fram sem fullkomin ástæða er til þess að ræða hér á hinu háa Alþ., sem tæplega mundi verða gert ef þetta mál yrði afgreitt áður en þær liggja fyrir. Og það er fjarri því að sé verið að drepa málinu á dreif eða setja fótinn fyrir framgang þess þó að uppi séu höfð varnaðarorð í sambandi við þessi áform sem hér eru. Og m. a. hef ég nú löngun til þess að leggja til að breytt yrði heiti þessa frv., það yrði frv. til l. um fyrsta áfanga Fljótsdalsvirkjunar, vegna þess að uppistöðulónið verður alls ekki í Bessastaðaá, heldur í vötnum uppi á heiði, Hólmavatni, sem er áformað inntakslón fyrir sjálfa Austurlandsvirkjunina. Bessastaðaá er skráþurr löngum og löngum, og þeir, sem til þekkja og gerst þekkja þar eystra, segja að hún kunni að vera ágæt til virkjunar, nema sá galli sé á að mánuðum saman kunni svo að hátta til að ekki renni í henni dropi. Og það er ekkert undarlegt við það, þótt fyrirsvarsmenn í félagsmálum austfirðinga hafi uppi varnaðarorð vegna þeirrar sáru reynslu sem þeir þegar hafa af þessum ókjörum, t. d. Grímsá og nú síðast með Lagarfljótið.

Ég vil geta þess að bóndi austur í Fljótsdal, sem hefur vatnsvirkjun hjá sér, vatnsaflsstöð, hefur upplýst mig um það að síðustu 3 ár hafi verið þau ár sem langsamlega mest vatnsmagn hafi verið þar um slóðir, langmest úrkoma. Og ég vil nú spyrja: Eru þetta þau ár sem mælt hefur verið í Bessastaðaá?

Enn fremur er meira en lítill galli á gjöf Njarð-

ar í þessu tilfelli, meðalrennsli þessarar ár er 4.1 kúbikmetri, en þess er getið að hún geti farið upp í 50 kúbikmetra á sekúndu. Hvað þýðir þetta, ef hún rennur lengi svo? Þá þýðir það að hún getur spýtt fram öllu vatnsmagni sínu á tveimur mánuðum. Nú er þessu þann veg háttað í apríl-maí að þar er bullandi vatn, en eins og ég segi, löngum og löngum og helftina af árinu ekki deigur dropi. En á þessu á að ráða bót með uppistöðulónum. Samt álíta menn að þau verði að vera það viðamikil og stór, að það væri kannske heppilegra að leggja strax undir í þau uppistöðulón sem verða að vera fyrir fyrsta áfanga Fljótsdalsvirkjunar.

Nei, það er fjarri því þótt menn vilji ræða þetta efnislega og láta uppi þær upplýsingar sem þeir hafa í höndum, að það megi flokka það undir að verið sé að setja fótinn fyrir málið eða drepa því á dreif. Það er fjarri lagi.

Ég hef áður bent á að það er ekki til þess að auka manni trú á málinu, það sem segir í grg. með frv. Til þess að efla manni trú á því að hér sé um góðan kost að ræða er farið nokkrum orðum um það, að þessi framkvæmd kunni að verða til þess — ekki að setja fótinn fyrir stórvirkjun á Austurlandi, heldur til þess að efla undirbúning hennar. En það er nú hálfgerður holhljómur í þeim röksemdum, að ekki sé meira sagt. Það er álit þeirra sem til þekkja, að það verði alls ekkert gagn að þessu upp á stærri virkjanir, ef eigi að leiða vatnið niður fjallshlíð í pípu. Eina raunverulega gagnið sé það, ef verður farið í jarðgöng og jarðlögin rannsökuð í leiðinni. En hér er slegið úr og í með það, engin ákvörðun í því efni. Síðan segir hér, með leyfi virðulegs forseta, það er verið að ræða um miðlunarlón Bessastaðaárvirkjunar í Hólmavatni, að það sé „hið sama og gert hefur verið ráð fyrir að verði inntakslón Austurlandsvirkjunar. Önnur mannvirki Bessastaðaárvirkjunar munu ekki nýtast beint, þar eð varla mun borga sig að gera jarðgöng eða pípur þannig úr garði að nýtist báðum virkjununum.“ Ég veit ekki hvaða sérfræðingur semur þetta, sem lætur sér til hugar koma að það kunni kannske að vera þénun fyrir stórvirkjunina að leiða vatnið í pípum utan úr fjallshlíðinni. Nei, það þykir ekki taka því að hafa pípur svo viðamiklar að það geti nýst stórvirkjuninni. „Hins vegar fengist, ef sú leið yrði valin, með jarðgöngum Bessastaðaárvirkjunar haldgóð könnun á jarðlögum á svæðinu.“ Þetta er meginatriðið. „Í þriðja lagi má benda á að við gerð Austurlandsvirkjunar verði þörf mikillar raforku fyrir vélar og tæki sem best fengist frá hálægri vatnsaflsvirkjun.“

Það er einmitt það. Það eru sem sé orðin rök fyrir þessu, að það vanti þarna orku til þess að byggja hina virkjunina. Er það þá ráðið í framtíðinni að byggja litla virkjun til að knýja vélar og tæki og gefa ljós áður en farið er í stærri virkjunina? Hvernig stóð á því að menn uppgötvuðu þetta ekki við Búrfell t. d., að koma sér upp smástöð fyrst til þess að hafa nú góða aðstöðu með þá stóru seinna?

Það er holhljómur í þessu. Rafmagn liggur um þetta svæði, rafmagn að vísu af skornum skammti nú, en hefði verið hægt vissulega að stórauka orkuna með öðrum ráðum en virkjun Hólmavatnsins eða þess sem nefnt er Bessastaðaá. Það var komið lengra á sínum tíma rannsóknum á Fossá í Berufirði og eins Geithellnaá. Þeir telja núna, sérfræðingar, að megi jafnvel fá upp í 60 mw. úr Fossánni.

Það er auðvitað mikilsvert þegar aðalfundir sveitarfélaga gera sínar samþykktir. En það er fjarri því að þeir hafi neina heimild til þess að kveða upp lög. Auðvitað viljum við taka fullt tillit til þeirra.

Nei, ég rifja þetta upp líka vegna þess að þegar borin var fram till. í fyrra um að lokið yrði rannsókn á fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar, Fljótdalsvirkjun, og stjórn sveitarstjórnasambands á Austfjörðum send þessi þáltill. til umsagnar, þá var svarið fljótt að koma til baka. Það tók ekki nema örfáa daga fyrir stjórn Sambandsins að gera ályktun og samþykkt. Svarið hljóðaði upp á áskorun til Alþ. og ríkisstj. um að hraða sem mest mætti verða lagningu línu norður að Kröflu, þannig að aðstaða sveitarstjórnasambandsins eða a. m. k. stjórnar þess hefur verið algerlega neikvæð til þess meira að segja að rannsaka þá möguleika sem kunna að vera fyrir hendi varðandi stórvirkjun á Austurl. Því fremur er ástæða til þess nú að taka það mál föstum tökum sem mér er kunnugt um að erlendir menn, stóriðjumenn, hafa mjög beint augum sínum að þessum möguleikum, svisslendingar norðmenn og bandaríkjamenn. Og mér er kunnugt um að svisslendingar munu hafa boðið sérstaka aðstoð til þess að ljúka rannsóknum á þessu sviði. Um þetta vildi ég fá nánari upplýsingar.

Mér býður einnig í grun að þeim hafi verið tekið þann veginn, svisslendingum, að þeir hafi farið bónleiðir mjög til búðar, og þá vil ég fá að vita hvers vegna það var gert, af hvaða ástæðum. Talið er af sérfróðum mönnum, og ég hef allt mitt vit í þessum efnum úr sérfróðum mönnum, að þarna séu langmestu og stærstu og glæsilegustu möguleikar í Evrópu á stórvirkjun, í Fljótsdal, Austurlandsvirkjun. Fyrir því er það og eingöngu þess vegna sem knúið er á um að hraðað verði rannsóknum á hagkvæmninni. Mér er það ekki nóg þótt farið sé orðum um það að vitanlega verði stuðlað að stórvirkjun á þessu svæði. Allt annað hefur maður fyrir augum í framkvæmdinni. Allt annað hafa hinar dreifðu byggðir fyrir augum í framkvæmdinni en það, að það muni verða sett í fyrirrúm að virkja stórt á Austurlandi, því að reynslan hefur orðið allt önnur. Stórvirkjanir eru hér á Suðurlandi og hin næsta stórvirkjun er Hrauneyjafoss. Þegar menn spyrja: Hvers vegna er nú ekki reynt að huga að byggðastefnunni og dreifa þessu meira? þá er svarið: Af því að undirbúningurinn undir þessa virkjun er langlengst á veg kominn. — Og hvers vegna er hann það? Vegna þess að allmörg síðustu ár hafa ráðið forustunni í þessum málum menn, sem hafa ekki fylgt byggðastefnu í þessum efnum, hvorki varðandi stórvirkjanirnar né stóriðjuna. Það sækir allt hér á Suðvesturlandið. Og það er meira að segja svo komið að norðlendingar eiga nú að kaupa sína raforku frá Suðurlandi, frá Sigöldu og Hrauneyjafossi. Það er hryggileg staðreynd þegar það er haft í huga, að e. t. v. er sá lands-

hluti þrátt fyrir stórvirkjunarmöguleika verst í sveit settur varðandi stóriðju vegna hafíshættu. Þess vegna skyldi maður nú halda, að menn mundu beita sér að því að þeir fengju a. m. k. að virkja og kaupa neysluorkuna af sjálfum sér, en ekki frá Þjórsá. Og ég þykist sjá, ef sama stefnan verður uppi, hvað næsta skref verður. Það verður auðvitað stíflun Þjórsárvera, þeim verður auðvitað sökkt, og svo þegar enn verður spurt: Hvers vegna ættum við ekki að huga að byggðastefnunni, sem fer vel í skálaræðum? — þá verður svarið: Af því að þar er komið langlengst rannsóknunum. — Þess vegna er það, að mann grunar, þegar maður berst um á hæl og hnakka að koma fram með till. um að rannsóknir séu hafnar á öðrum möguleikum, — þess vegna hlýtur að vakna sá grunur að hér sé af ráðnum hug verið að drepa málunum á dreif. Og það var þess vegna, vegna þess ljóta gruns, að ég hef ekki með öllu verið ánægður með málafylgjuna varðandi till. um virkjun Hólmavatns.

Stóriðjan næsta, sem er í boði, er svona kortérsróður á árabát frá Reykjaneskjördæmi, í sunnanverðu Vesturlandskjördæmi, heitir það. Einhvers staðar hef ég séð það. (Gripið fram í: Kortérsróður?) Kortérsróður á bát. Er lengur verið að róa yfir Hvalfjörðinn? Látum það vera. Það er kannske hálftímaróður fyrir þá, sem kunna áralagið.

Nei, í þessu máli er auðvitað margt að athuga, og það hefur komið fram í þeim bréfum sem n. hafa borist, að fjölmörg mjög mikilvæg atriði eru alveg ókönnuð. Um þau, úr því sem komið er, óska ég að verði fjallað hér á hinu háa Alþ.

Það kom fram hjá hv. frsm., hv. 1. þm. Sunnl., að þetta mál væri alls ekki á framkvæmdastigi, fjarri því. En hæstv. iðnrh. getur ráðið því og ég hvet hann mjög til þess að haldið verði fast fram sem horfir um allar rannsóknir. Allar ræður manna hér og allar undirtektir hafa verið með þeim hætti að til þess hlýtur hann óhjákvæmilega að hafa fullt umboð, svo að hann þarf þess vegna ekki að fá neina afgreiðslu á þessu máli til þess að unnið verði öllum árum að því áfram að rannsaka þetta mál og flytja okkur síðan upplýsingar um það, sem ég tel að við eigum hér á hinu háa Alþ. að fá tækifæri til að fjalla um.

Ég sé svo ekki að sinni ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég aðeins legg áherslu á það í þessu sambandi, að þeir, sem af einlægni vilja vinna að jafnvægi í byggð landsins og halda fram byggðastefnu, hljóta mjög að skoða hug sinn um afstöðu til mála eins og hinnar nýju ráðgerðu stóriðju, nema einhverjar þær yfirlýsingar verði gefnar, sem þeir geti treyst, um að horfið verði að því ráði að fleiri njóti ávaxta af slíkum stórfyrirtækjum eins og stórvirkjanirnar sérstaklega eru, sem ég legg alla áherslu á. Það er alveg óhjákvæmilegt. Enda þótt fyrir liggi nauðsynin, hin þjóðhagslega nauðsyn á því að selja orku okkar til stóriðju, eins og varðandi þetta fyrirtæki, þá er alveg óhjákvæmilegt að þeir, sem vilja af einlægni fylgja fram þannig að gagni megi koma byggðastefnu í landinu, hljóta að fara að hugsa til þess að selja atkv. sitt dýru verði til fylgis við jafnnauðsynlegt mál eins og mér sýnist þó að hitt málið sé. Okkur nægja ekki orð, heldur athafnir í því sambandi, að unnið verði að lausn hins mikla vandamáls sem byggðamálin eru. Það hafa að vísu stór skref verið stigin í þeim málum, t. d. með Byggðasjóði og eflingu hans. En betur má ef duga skal. Reynslan sýnir okkur miðsækni þessara stórfyrirtækja og fjármunamyndunina að sjálfsögðu um leið á sömu slóðum. Það er auðvitað bara til málamynda að skáka henni niður í Hvalfirði og segja svo að hér sé verið að huga að byggðastefnu. Það er fjarri öllu lagi að hafa þau rök uppi.

Þess vegna er það, að þegar við verðum tilbúnir til þess að leggja fram till. um rannsóknir á Austurlandsvirkjun, þá vænti ég þess fastlega að henni verði vel tekið og fái skjóta afgreiðslu, svo að hægt verði að kanna hið allra fyrsta hvort það er rétt, sem sérfræðingar halda fram, að þarna séu einir glæsilegustu möguleikar til stórvirkjunar sem fyrirfinnast, jafnvel í allri Evrópu.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég held að við séum ædi margir þm. þeirrar skoðunar, að naumast sé nokkur maður hér á hinu háa Alþ. sem sé jafnómerkilegur og óheiðarlegur í málflutningi sínum og hæstv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen. Við fengum dæmi um þetta hér í dag. Ég tók til máls í sambandi við frv. um heimild til að virkja Bessastaðaá. Ég hafði skrifað undir meðmæli iðnn. með fyrirvara, og ég gerði grein fyrir fyrirvara mínum alveg á málefnalegan hátt og áreitnislaust. Ég sagði að mér fyndist, að það skorti á að iðnn. hefði nægа vitneskju til þess að fjalla um þetta mál og ég hefði óskað eftir því, að hún hefði haft lengri tíma til þess. En ég lýsti því jafnframt yfir, að þrátt fyrir þetta mundi ég fylgja frv. og greiða atkv. með því að hæstv. ráðh. fengi þá heimild sem hann óskaði eftir. Svo gerist það eftir 2 mínútur eða svo að hæstv. ráðh. stendur í þessum ræðustól og segir að ég vilji drepa þessu máli á dreif, segir að ég vilji láta það daga uppi, segir að ég vilji ekki veita heimild til Bessastaðaárvirkjunar. Hver einasti maður, sem hlustaði á orðræður okkar hér í dag, vissi að hæstv. ráðh. var að fara með hrein ósannindi. Samt gerir hann þetta. Ég verð að segja eins og er, að þetta er málflutningur sem er langt fyrir neðan virðingu Alþ. Hann gat ekki komið með nein rökstudd andmæli gegn þeim aths. sem ég gerði um vinnubrögðin, hann gat það ekki. Þá er gripið til þess að gera mér upp afstöðu sem allir þm. vita að er ekki mín afstaða, að fara hreinlega með ósatt mál. Þetta er ekki sæmandi nokkrum þm. að hegða sér svona.

Ég sagði að þetta undarlega háttarlag hæstv. ráðh. að vilja afgreiða þetta mál með forgangshraða rétt fyrir jól væri sýndarmennska sem ætlað væri að auka eitthvað álit þessa hæstv. ráðh. hjá austfirðingum. Nú er það svo að þetta var ekki mín hugmynd einu sinni. Það var einn af flokksbræðrum hæstv. ráðh., sem ég átti tal við fyrir nokkrum dögum og ég spurði hann: Hvernig stendur á því að hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen leggur slíka áherslu á að þetta frv. um virkjun, sem allir vita að á ekki að koma

í notkun fyrr en eftir 4—5 ár eða svo, verði afgreitt núna með hraði rétt fyrir jól? Og þá brosti flokksbróðir ráðh. og sagði: „Hann er að friða austfirðinga.“ Af hverju þarf hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen að friða austfirðinga? Hann þarf að friða austfirðinga vegna þess að austfirðingar allir vita að disilstölvar, sem áttu að vera komnar til Austfjarða fyrir nokkrum mánuðum, eru ókomnar enn þá. Það hafa ekki staðist fyrirheit sem voru gefin um þetta.

Nú ætla ég ekki að fara að kenna hæstv. ráðh. Gunnari Thoroddsen um þetta. Ég efast ekki um að hann hefur gert það sem hann gat til að leysa þennan vanda. Ég hef ekki hugsað mér að taka upp þann málflutning sem tíðkaður var í tíð fyrrv. ríkisstj., þegar menn risu hér upp einn af öðrum og fóru að kenna mér um hamfarir náttúruaflanna í landinu. Ég gæti, ef ég vildi taka upp þau vinnubrögð, farið að spyrja hæstv. iðnrh. hvernig standi á því að spennir sá, sem þjóðin öll hefur fylgst með síðustu dagana, hafi verið að velkjast í sköflum dögum saman, hvort ekki væri hægt að finna einfaldari leiðir til að koma honum á áfangastað. En ég held, að við eigum ekki hér á þingi að deila á þennan hátt. Ég er viss um að hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen hefur reynt að leysa þessi vandamál, sem brenna núna, sem verður að leysa með bráðabirgðaráðstöfunum, og hann þarf ekki á því að halda að vera með neina sýndarmennsku í því sambandi. Ég held að menn ættu að hætta því og sérstaklega held ég að hann ætti að hætta því að fara hér með hrein ósannindi um afstöðu manna, eins og hann gerði í dag undir vitni flestra þm.

Ég minntist á það í dag að það væri annað sem lægi á að ákveða, það lægi á að ákveða fjárveitingu til rannsókna í sambandi við hugsanlega virkjun í Bessastaðaá, og spurði hæstv. ráðh. hvort það mál yrði leyst í sambandi við fjárlög næsta árs, og hann sagði að svo mundi vera. En það er annað mál í sambandi við orkuskort á Austfjörðum sem verður að leysa einnig á fjárl. næsta árs, og það er línulögnin frá Kröflu til Austfjarða. Það eru allar horfur á því, sem betur fer, að virkjun Kröflu gangi svo vel að það veiti ekkert af því að fara að taka ákvörðun um lagningu línu frá Kröflu til Austfjarða og síðan að hefja hönnun og undirbúning, þannig að þessi lína geti verið tiltæk um leið og Kröfluvirkjun kemur í gagnið. Þetta er langfljótlegasta leiðin til að koma orku til Austfjarða. Að sjálfsögðu verður að nýta þá leið og það má ekki vera neinn dráttur á því. Sérfræðingum ber saman um að línustæðið þarna sé eitthvert það öruggasta á landinu, þannig að hættan á því að þessi lína bili sé í sjálfu sér mun minni en þær hættur sem fylgja dreifilínunum sem eru ákaflega veikar á Austfjörðum, eins og þær eru víða á landinu. Á fjárl. næsta árs verður að vera fjárveiting til að undirbúa þessa línu. Það verður að fara að huga að því líka að panta í hana efnið, því að nú er orðinn langur afhendingartími á ýmsu því sem þarf til slíkra framkvæmda. Ég vænti að hæstv. iðnrh. hafi forsjálni til að tryggja að þessi ákvörðun verði tekin og að hennar sjái stað í fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Hér hafa komið upp ákaflega sérstæðar orðahnippingar milli hæstv. iðnrh. og hv. þm. Sverris Hermannssonar. Um það væri í rauninni hægt að tala ákaflega langt mál. Ég hygg að ég muni ekki gera það við þetta tækifæri, en vil samt víkja að því nokkrum orðum.

Ég skil ákaflega vel það sjónarmið hv. þm. Sverris Hermannssonar að telja þá stefnu, sem fylgt hefur verið í virkjunarmálum um mjög langt skeið, vera algerlega andstæða byggðastefnu. Stefnan hefur verið sú, að landið hefur verið í mörgum orkuveitusvæðum, einangruðum hverju frá öðru, og hefur verið ætlast til þess að hver staður sæi um sig, jafnvel með því að virkja bæjarlækinn heima. Hins vegar hefur Suðvesturland verið látið hafa algeran forgang að því er orkuframleiðslu varðar. Það var gert með Búrfellsvirkjun í Þjórsá. En þegar virkjað var við Búrfell vantaði eðlilegan íslenskan markað, m. a. vegna þess að orkuveitusvæðin voru ekki tengd saman. Það fólk, sem bjó fyrir utan Suðvesturland, átti ekki kost á að fá raforku frá þessari stóru og hagkvæmu stöð við Búrfell. Þá var gripið til þess ráðs að selja þessa orku erlendu fyrirtæki, — fyrirtæki sem er að öllu leyti í eigu útlendinga, — og það var gerður samningur um að þetta fyrirtæki skyldi vera undanþegið íslenskri lögsögu og íslenskum dómstólum og skyldi samið um fast raforkuverð til ársins 1997. Nú er svo ástatt á Íslandi að meira en helmingur þeirrar raforku, sem framleidd er í landinu, rennur til þessa erlenda fyrirtækis á sama tíma og allur þorri byggðarlaganna eða öll byggðarlög utan Suðvesturlands búa við sárasta orkuskort. Það verð, sem hið erlenda fyrirtæki greiðir fyrir raforkuna, er nú um það bil fjórði hluti þess sem talið er vera eðlilegt gangverð á raforku til orkufreks iðnaðar. Ef greitt væri núna það verð sem talið er eðlilegt gangverð, þá er munurinn hvorki meira né minna en 1000 millj. kr. á einu ári. Þetta er staðreynd. (Gripið fram í.) Það er staðreynd að þetta útlenda fyrirtæki greiðir fyrir ársnotkun sína af raforku milli 300 og 400 millj. kr., en það verð, sem talið er vera eðlilegt gangverð nú, mundi gefa milli 1300 og 1400 millj. Munurinn er tæpar 1000 millj. kr. á ári, og þetta eru viðskipti sem eiga að standa í 25 ár. Ef þarna væri um að ræða eðlilega verðlagningu og með þeirri þróun, sem við sjáum fram undan á orkuverði, þá mundi þessi upphæð ein saman nægja til þess að standa undir öllum okkar framkvæmdum í raforkumálum um langt, langt árabil. Við erum þarna að gefa erlendum aðila auðlindir okkar.

Þetta er lélegasti samningur sam nokkur íslensk stjórnarvöld hafa gert efnahagslega, og hvað snertir þjóðlega stöðu okkar og sjálfstæði er þetta mikill niðurlægingarsamningur. Þess vegna skil ég ákaflega vel sárindi hv. þm. Sverris Hermannssonar hvað þetta atriði snertir. En ég vil benda hv. þm. á að leiðin til þess að bæta úr þessu misrétti, sem aðrir landshlutar búa nú við, er samtenging orkuveitusvæðanna. Það verður að tengja saman öll orkuveitusvæði á Íslandi, ef menn eiga að búa við eitthert jafnrétti. Aðeins á þann hátt er hægt að tryggja það, að ráðist verði í stórar og hagkvæmar virkjanir í öðrum landshlutum en á Suðvesturlandi. Þetta er alger forsenda, að það sé tengt saman, og að þeirri

stefnu var unnið ötullega í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég hefði vissulega óskað að það hefði getað gengið hraðar en það gekk. Engu að síður er það staðreynd, sem betur fer, að hæstv. iðnrh. dirfist nú ekki lengur að standa gegn þeirri byggðalínu sem hann hefur þó tafið eins lengi og hann gat. Hann er búinn að lýsa því yfir opinberlega að sú lína verði lögð, og það er mikill áfangasigur í þessu máli, mjög mikill. Þar er um að ræða stefnu, sem verður að halda áfram.

Hitt finnst mér að hv. þm. Sverrir Hermannsson hefði átt að læra af reynslunni, að gera sér ekki vonir um einhvern ábata af erlendum fyrirtækjum á Austfjörðum. Það, sem hann var að minnast á hér áðan í þessum ræðustól, og það, sem hann hefur verið að skrifa um í Morgunblaðið að undanförnu, felur í sér kannske enn þá fráleitara afsal á íslenskum landsréttindum en samningurinn frá 1966, því að það, sem hv. þm. er að tala um, eru hugmyndir þessa sama auðhrings, sem við sömdum við 1966, um að við leggjum fram virkjunarréttindi okkar og að erlendir aðilar séu þar með orðnir aðilar að þessum auðlindum á Íslandi. Þetta tel ég vera meira en háskalega stefnu. Ég held að það sé stefna sem mundi gersamlega grafa undan öllu efnahagslegu sjálfstæði okkar íslendinga. Þá virkjunarmöguleika, sem við eigum á Austfjörðum, sem eru sem betur fer mjög miklir, eigum við að vera menn til að nýta sjálfir, þannig að við ráðum bæði yfir þeim auðlindum og yfir þeim iðnaði sem við komum upp í sambandi við þær.

Ég held að reynslan af þeirri stefnu, sem upp var tekin 1966, að hleypa erlendum fyrirtækjum inn í landið sé slík, að það eigi að standa vonir til þess að hægt sé að kveða hana endanlega niður, slíkt verði aldrei framar endurtekið. Þegar fjallað var í tíð fyrrv. ríkisstj. um orkufrekan iðnað í sambandi við Sigölduvirkjun, þá var þar rætt um íslenskt fyrirtæki, sem væri að meiri hluta til í eigu íslendinga og lyti íslenskum lögum í einu og öllu. Það þýddi líka að þar var um að ræða fyrirtæki sem ekki var fjármagnsfrekara en svo, að þetta litla þjóðfélag okkar réð við það, og þá einnig fyrirtæki sem raskaði ekki eðlilegu félagslegu jafnvægi í landinu með því að fara þar út fyrir öll skynsamleg takmörk. Með því að miða slíkar framkvæmdir við getu okkar sjálfra erum við einnig að koma í veg fyrir að hlutirnir sporðreisist í landinu á þann hátt sem er engum til gagns.

Ég spurði hæstv. iðnrh. um það í sjónvarpi fyrir nokkru, hvort hann gæti fallist á að þessi stefna væri rétt, að eftirleiðis ættu íslendingar sjálfir að eiga meiri hl. í þeim fyrirtækjum sem hér kynnu að koma upp í sambandi við orkufrekan iðnað, þegar þeir teldu sér henta, en ekki erlend fyrirtæki. Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir að hann væri þessarar skoðunar. Hann lýsti því yfir að sú stefna, sem upp var tekin 1966, væri röng, tók sérstaklega fram að hann hefði ekki verið á landinu, hann hefði verið sendiherra erlendis þegar sú stefna var ákveðin. Það var greinilegt á hverja hæstv. ráðh. var þá að skjóta.

Ég tel að þessi yfirlýsing hæstv. iðnrh. hafi verið merkileg, og ég vænti þess að hann standi við hana. Við höfum að vísu heyrt áður merkilegar yfirlýsingar af vörum þessa hæstv. ráðh. Ég man eftir ræðu sem ég hlustaði á 1. des. 1945, þótt viðhorfin hafi breyst æðimikið síðan. Engu að síður vona ég að þessi nýja afstaða ráðh. í sambandi við orkufrekan iðnað endist a.m.k. þann tíma sem hann á eftir að sitja í ráðherrastóli.

Orkulindir okkar eru ákaflega mikilvæg auðlind og við verðum að sjálfsögðu að leggja á ráðin um að nýta þær eins og við erum menn til, en alltaf að miða við það, að við ráðum sjálfir bæði yfir auðlindum okkar og yfir atvinnulífi okkar. En það, sem nú er brýnast í sambandi við raforkumál, er ekki þessi nýting iðnaðar, heldur að leysa þann sára vanda, sem nú brennur á landsmönnum hvarvetna. Við verðum að vera menn til þess að tryggja landsmönnum öllum næga orku á næstu árum, og það verkefni verður að hafa algeran forgang. Í því sambandi gildir einu hvort við teljum að við höfum tækifæri til þess að hagnýta orku til iðnrekstrar núna. Ef það reynst á hitt sjónarmiðið, þá verður nauðsyn landsmanna hvarvetna á Íslandi að ganga fyrir. Er nú svo komið að þau áform, sem uppi voru um að nýta Sigöldu í sambandi við orkufrekan iðnað, standast ekki lengur, vegna þess að sýnt er að það fyrirtæki, sem þar var rætt um, verður ekki komið á laggirnar fyrr en 1—2 árum eftir að Sigölduvirkjun fer að framleiða raforku, þannig að þau tengsl, sem áður voru hugsuð þarna á milli, eru ekki lengur. Ég lít svo á að þetta þurfi að vera algert forgangsverkefni fyrir okkur, eins og ég gerði grein fyrir á síðasta þingi í sambandi við báltill. sem þá var flutt af ríkisstj. um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Til þess að fullnægja þessum innlenda markaði þurfum við alla orku Sigölduvirkjunar og meira til. Við höfum ekkert afgangs, eftir að þau umskipti urðu á síðasta hausti að olían varð svo dýr að það borgar sig fyrir fólk að skipta yfir í raforkuhitun, einnig í gömlum íbúðum sínum. Þess vegna hefur íslenski markaðurinn aukist stórlega á örstuttum tíma. Þetta er staðreynd sem við verðum að horfast í augu við, hvort sem okkur líkar betur eða verr, og eftir þessu verðum við að hegða okkur.

Ég sagðist ekki ætla að tala langt mál um þetta og skal nú ekki fjölyrða meir um það. Ég vil samt í lokin beina fsp. til hæstv. forseta. Það hefur dálítið verið rætt hér í dag um þingsköp, og 28. nóv. s.l. lögðum við hv. þm. Lúðvík Jósepsson fram hér í Nd. till. til þál. um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Ég lít svo á að í þessari till. felist eitthvert mesta stórmál sem Alþ. verði að takast á við. Það hefur gengið svo, að það hefur ekki enn þá tekist að koma þessari till. til n., vegna þess að þm. úr Sjálfstfl. hafa farið í undarlegt málþóf og sérstaklega notað tækifærið, þegar ég var búinn að tala þann tíma sem mér var heimilt að tala samkv. þingsköpum, til þess að hefja mjög ákafar persónulegar árásir á mig, og þannig stendur þetta mál. En ég veitti því athygli, hæstv. forseti, að á þeim fundum sem hafa verið hér í dag, ég hygg að þetta sé sá fimmti, hefur þessi till. alls ekki verið á dagskrá. Nú veit ég að hæstv. forsetum er mikill

vandi á höndum á þessum seinustu annadögum fyrir þingfrestun, og ég hef fullan hug á því að eiga sem besta samvinnu við hæstv. forseta, en mér finnst þetta dálítið miður, því að ég hafði satt að segja gert mér vonir um að koma till. til n. áður en þingi yrði frestað, vegna þess að ég tel skipta miklu máli að um þetta mál verði fjallað af fullri alvöru, og menn geti þá einnig notað jólaleyfið til að hugleiða það dálítið.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Út af fsp. hv. þm. um till. til þál. um nýtingu innlendra orkugjafa vil ég skýra frá því, að s. l. laugardag var haldinn fundur hér í Nd. eins og títt er á laugardögum rétt fyrir jól. Þá var þetta mál á dagskrá og til umr., en samkv. ósk þingmanna Alþb. var málið tekið út af dagskránni og umr. um það frestað. Það var því eftir ósk flokks hv. fyrirspyrjanda, að þessi till. var þá tekin út af dagskránni. Ég lét þess getið, þegar þessi beiðni var sett fram um að málið yrði tekið út af dagskrá, að frestun þess þá gæti þýtt að það gæti ekki komið til framhaldsumr. fyrr en að loknu jólaleyfi. Var það látið gott heita af hv. þm. Alþb., en þeir munu hafa haft einhvern fund innan sinna vébanda á laugardaginn. Um það var forseta d. ekki kunnugt fyrr en hálftíma áður en sá fundur átti að standa, þannig að forseti gerði að því er ég tel sitt besta til þess að koma umr. um þetta mál áfram. Meiningin var að nota til þess seinni hluta laugardagsins, en þá voru þm. Alþb. við annað bundnir, svo að við þetta situr nú. Að sjálfsögðu verður þó, ef tími gefst til, rætt um þetta mál sem og önnur þmfrv. og þmtill. sem yfir höfuð hafa verið lögð fram í deildinni.

Þessa skýringu vildi ég aðeins gefa til þess að hér væri ekki um neinn misskilning að ræða.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Hér hafa nú átt sér stað nokkuð sérstakar umr. á milli hæstv. iðnrh. og hv. 3. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Austf. Ég tel, að þær aths., sem hér komu fram frá hv. 3. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, um þetta mál, hafi í rauninni verið ofureðlilegar og ekki gefið tilefni til þess að miklar umr. þyrftu að verða um þær aths., en hv. þm. hafði bent á að hann sæi ekki beinlínis nauðsyn á því að afgreiða þetta mál frá þinginu nú fyrir jólaleyfi, því að málið væri þannig vaxið. En jafnhliða lýsti hv. 3. þm. Reykv. yfir því, að hann væri fylgjandi málinu og mundi styðja það, því að hér væri fyrst og fremst um heimildarlög að ræða.

Hins vegar er það svo, að þær umr., sem hér hafa einnig farið fram á milli hæstv. iðnrh. og hv. 3. þm. Austf., Sverris Hermannssonar, hafa í rauninni verið af allt öðrum toga spunnar. Ég tel að það hafi komið greinilega fram í þessum umr., að hv. 3. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, efast mjög um gildi þessa frv. Hann komst þannig að orði í ræðu sinni, að hann efaðist um að hér væri um góðan kost að ræða. Hann fór hér líka allmörgum orðum um það, að í rauninni væri hér stefnt að því að virkja hálfvatnslausa á, sem engan dropa væri að finna í á tímum, og það var mjög greinilegt að hann var að hæðast að þessari virkjun að því leyti til. Það var líka alveg ljóst á hans málflutningi, að hann leggur aðaláherslu á að fullur kraftur verði lagður á áframhaldandi rannsóknir að stórvirkjun á Austurlandi. Hann telur, eftir því sem ég get helst skilið hans mál, að þessi virkjun kunni að verða til þess að draga úr möguleikum á því að ráðist verði í stórvirkjun í Fljótsdal. Meginástæðurnar fyrir því, að hann vill fresta þessu máli, eru byggðar á þessu.

Ég er fyrir mitt leyti algerlega ósammála hv. 3. þm. Austf. í þessum efnum. Ég tel að það eigi að greiða fyrir samþykkt þessa frv., og ég mun fyrir mitt leyti styðja það. Hér er um það að ræða að veita ríkisstj. heimild, og um það gat ég fyrir rúmum mánuði, þegar þetta mál var rætt. Hér er fyrst og fremst um heimildarlög að ræða, og það, sem auðvitað skiptir okkur austfirðinga mestu máli, er að fá vitneskju um, hvort ríkisstj. ætlar að notfæra sér þessa heimild og hvenær hún ætlar að taka ákvörðun um að ráðast í virkjunina. En málið virðist ekki vera komið það langt enn þá, að hægt sé að svara því hvenær slík ákvörðun verði tekin. Ég tel þó bót að því að ríkisstj. fái þessa heimild. Að mínum dómi er hér um að ræða hagstæða virkjun, enda er það álit allra þeirra sérfræðinga sem látið hafa uppi álit sitt á virkjuninni. Og þetta er sannarlega ekki nein ómerkileg virkjun fyrir okkur á Austurlandi. Hér er gert ráð fyrir virkjun sem nemur 32 mw. Sú vatnsvirkjun, sem við höfum stuðst við til þessa, er aðeins 3 mw., Grímsárvirkjun. Lagarfossvirkjunin, sem við höfum þó mænt á til þessa, er aðeins 7.5 mw. En hér er verið að ræða um virkjun upp á 32 mw., og er enginn vafi á því, að ef virkjunin reynist sú sem sérfræðingar segja, þá mundi þessi virkjun leysa raforkumál á Austurlandi til nokkurra ára á mjög viðunandi hátt, auðvitað ekki til þess að hægt sé að koma upp á Austurlandi stóriðju á svipuðum grundvelli og ráðist hefur verið í af útlendingum hér fyrir sunnan. En það er ekki það, sem við á Austurlandi höfum verið að biðja sérstaklega um í raforkumálum. Það er allt annað mál.

Eins og hér hefur komið skýrt fram, er með þessari virkjun ekki á neinn hátt dregið úr möguleikum þess að ráðist verði í stórvirkjun á Austurlandi. Þessi virkjun spillir því ekki á nokkurn hátt, og því sé ég ekki hver ástæða ætti að vera til þess að fulltrúar Austurlands tefðu fyrir því á einn eða neinn hátt að þessi heimild væri gefin og ráðist sé í þessa virkjun, svo brýn sem þörf okkar er í orkumálum, hvað svo sem líður áhuga einstakra manna á því að ráðist verði í stórvirkjun í sambandi við stóriðjurekstur.

Ég styð því að þetta frv. nái fram að ganga nú fyrir jól og ríkisstj. fái þá heimild sem felst í frv., í fullu trausti þess að ríkisstj. noti síðan þessa heimild, taki ákvörðun hið fyrsta um að ráðast í þessa virkjun, en geymi ekki heimildina, eins og stundum hefur átt sér stað um slíkar heimildir, árum saman. Það eru mörg dæmi um

að heimildir hafi verið veittar til virkjana án þess að þær hafi verið notaðar.

Ég er sannfærður um að austfirðingar villast ekkert á því í þessu máli, að þó að frv. þetta nái fram að ganga og ríkisstj. fái þá heimild, sem í frv. felst, þá sé þar með búið að leysa þann vanda, sem þeir standa nú frammi fyrir í orkumálum. Þeir kunna full skil á því. Þeir vita að þessi virkjun verður ekki til fyrr en eftir allmörg ár. En það situr síst á okkur að tefja það á nokkurn hátt að hægt sé að komast að því að taka ákvörðun um að ráðast í þessar framkvæmdir.

Hv. 3. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, talaði jafnvel um að það ætti að breyta nafninu á þessari virkjun og kalla þetta frv. til l. um fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar eða Fljótsdalsvirkjun. Það er greinilegt að hann er að hugsa hér um allt annað. Ég vara algerlega við þessu, því að mér er vel kunnugt um að hv. 3. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, gerir sér grein fyrir því alveg eins og ég, að við austfirðingar erum staddir í miklum vanda í þessum efnum og okkur liggur á að fá aukna raforku inn á okkar svæði. En ef við teföum á nokkurn hátt fyrir því að ráðist yrði í þessa virkjun, þá gæti það kostað okkur mikið, jafnvel þótt menn reyndu að hugga sig við það — þeir sem áhuga hafa sérstaklega á því — að menn væru þó alltjent að rannsaka alla möguleika á miklu stærri virkjun sem gæti komið einhvern tíma og einhvern tíma, vegna þess að sú stórvirkjun er í rauninni um allt annað. Hún er ekki hugsuð fyrst og fremst til þess að þjóna hagsmunum okkar á Austurlandi. Hún er hugsuð hjá þeim, sem um hana tala, í sambandi við rekstur útlendinga. (SvH: Það má ylja sér við það.) Já, þá hugsun geta sumir yljað sér við, en aðrir hugsa um ýmislegt annað.

Ég er á þeirri skoðun, að hv. 3. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, hafi í rauninni misskilið það mál sem hér er um að ræða. Ég heyrði að hann talaði í sinni ræðu allmikið um byggðastefnu. Telur hann að það sé sérstök byggðastefna fyrir okkur austfirðinga að bíða um langan tíma í vandræðum í okkar raforkumálum meðan einhverjar athuganir fara fram á því hvort tiltækilegt sé að ráðast í margfallt stærri virkjun en okkur kemur raunverulega við á Austurlandi, í sambandi við einhverja möguleika um stóriðjurekstur útlendinga?

Eins og ég sagði í upphafi míns máls, tel ég ekki neina þörf á því að þeir séu að deila hér, hæstv. iðnrh. og hv. 3. þm. Reykv. um afstöðuna til þessa máls. Þeir geta rifist lengi um orkumálin almennt og hvernig þeir hafa hvor um sig staðið sig í þeim málum. Það er allt annað mál. Ég ætla ekki heldur að nota tíma minn hér til að fara að ræða um orkumálin almennt og hvað í þeim hefur gerst. Ég legg áherslu á að þetta mál nái fram að ganga, sé enga ástæðu til þess að verið sé að draga að veita þessa heimild fram yfir jólaleyfið. Hitt skal ég játa, að það er ekkert stórmál í sjálfu sér hvort frv. er afgreitt fyrir jól eða strax þegar Alþ. kemur saman aftur eftir jólaleyfi. Það er ekki stórmál, ef menn hafa þá hugsað sér að standa að afgreiðslu málsins. En mér sýnist á málflutningi hv. 3. þm. Austf., Sverris Hermannssonar, að hann efist um réttmæti þess að samþykkja eigi þetta frv.

Ég skal svo ekki tala lengra mál í þessum umr. Ég vil aðeins segja það varðandi þá brtt., sem hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, flytur á þskj. 166 við 4. gr. frv., að ég get vel stutt þá till., en tel í sjálfu sér ekki mikinn mun á efni hennar og 4. gr. frv. eins og hún er orðuð, tel það ekki skipta neinu afgerandi máli. Þó hygg ég að það væri öllu betra orðalag eins og hv. þm. leggur til að hafa þetta, en ég geri ekki neitt aðalatriði úr því hvor leiðin er valin varðandi möguleika á því að gefa sveitarfélögum á Austurlandi kost á að vera aðilar að þessari virkjun, ef þau óska eftir. En ég sem sagt styð það að þetta frv. nái fram að ganga og það helst nú fyrir jólaleyfi.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Áður en ég vík að efni frv. og nokkrum atriðum í sambandi við það þykir mér rétt að nefna tvö atriði úr ræðu hv. 3. þm. Reykv. Hann kom allvíða við og fór langt aftur í tímann. Hann minntist á ræðu sem ég hafði haldið 1. des. 1945, og er mér mikil sæmd í því að menn skuli muna eitthvað úr ræðum sem ég hélt fyrir 29 árum. Hv. þm. drap líka á sendiherraár mín í Danmörku. Ég ætla nú ekki að ræða þau, en aðeins það sem hann nefndi í því sambandi, að ég hefði lýst því yfir í sjónvarpsspjalli, sem við áttum ekki alls fyrir löngu, að ég teldi þá stefnu ranga sem þáv. ríkisstjórnarflokkar fylgdu um stofnun álversins.

Þetta er mikill misskilningur hjá hv. þm. Allir, sem á það hlustuðu, vita að ég sagði ekki orð í þá átt. Ég lýsti því yfir þar að ég teldi í sambandi við járnblendiverksmiðjuna rétt að íslendingar ættu þar meiri hl., og ég lýsti því yfir að ég liti svo á, að þegar íslendingar stofnuðu til stóriðju hér eftir í samvinnu við erlend fyrirtæki, þá fylgdi ég þeirri stefnu, að íslendingar ættu meiri hl. Ég hef hvorki í þeim orðum né öðrum sagt eitt orð um að ég hafi talið það rangt sem gert var þegar álverið var stofnað. Þegar ráðist var í það fyrirtæki var það í fyrsta sinn sem íslendingar lögðu út í stóriðju í samlögum við fjársterkan erlendan aðila. Þar var auðvitað um tvennt að velja: Annars vegar þá leið sem farin var, að hið útlenda fyrirtæki ætti verksmiðjuna og bæri alla áhættuna, íslendingar hefðu ekki áhættu og ekki fjárframlög að því er stofnfé snertir. Hins vegar hefði mátt fara þá leið, að íslendingar ættu meiri hl. í verksmiðjunni, tækju þar með á sig áhættu af rekstrinum og legðu fram mikið fé. Ég get lýst því yfir hér alveg skýrt og skorinort, að ég tel að það hafi verið rétt valið af þáv. ríkisstj. og stjórnarflokkum að fara einmitt þá leiðina að taka ekki á sig áhættu og leggja ekki fram það mikið fé sem til þessa þurfti. Þó að sú stefna hafi verið höfð þá og ég telji að þá hafi verið rétt að farið, er ekki þar með sagt að sama fyrirkomulag eigi að hafa um aldur og ævi.

Annað atriði, sem ég vil drepa á, áður en ég vík að sjálfu frv., er ummæli hv. 3. þm. Reykv.

um byggðalínuna. Þau voru á þá leið að ég hefði verið knúinn til að láta af andstöðu minni gegn byggðalínunni svokölluðu. Þetta er líka byggt á misskilningi. Ég hef aldrei verið andvígur háspennulínu norður í land, hvort sem hún væri lögð yfir Sprengisand, Bárðardal, Kjöl eða Holtavörðuheiði. Ég hef verið að því leyti á sömu skoðun og hv. þm., að að sjálfsögðu á að tengja saman raforkusvæðin, tengja saman landshlutana, hafa samtengingu allra kerfa. Það, sem skoðanamunur hefur staðið um milli okkar, er hins vegar um röðina. Ég hefði talið æskilegra að virkja sem mest vatnsföll og gufuhveri til raforkuframleiðslu víðs vegar um land, láta þessar virkjanir hafa forgang og hinar dýru tengilínur milli landshlutanna koma í næstu röð á eftir.

Þá komum við að því, að ég tel að réttara hefði verið á undanförnum árum að vinna þannig að málum varðandi orkumál Norðurlands að nú þegar væri hafin virkjun t. d. Dettifoss eða Skjálfandafljóts eða Jökulsár í Skagafirði eða Blöndu, svo að ég nefni fjóra glæsilega möguleika, þannig að annað hvort þegar eða alveg á næstunni gætu slíkar vatnsvirkjanir farið að framleiða raforku. Ef að þessu hefði verið unnið á þennan veg þyrfti ekki nú að verja einum milljarði kr. í norðurlínuna. Vitanlega hlýtur hún að koma fyrr eða síðar, en ég tel að hin röðun verkefnanna hefði verið þjóðinni hagkvæmari.

Þegar stjórnarskiptin urðu nú í sumar var talið sjálfsagt og skylt að kanna hvort möguleiki væri á að fá á Norðurlandi nú alveg á næstunni, t. d. innan tveggja ára, orkuframleiðslu þar nyrðra. Ef slíkt væri mögulegt, að sjá Norðurlandi fyrir nægilegri raforku úr heimahéruðum jafnsnemma og norðurlínan yrði tilbúin, sem gert er ráð fyrir haustið 1976, þá held ég að flestir menn hefðu orðið sammála um að sú leiðin væri æskilegri, bæði fyrir Norðurland og fyrir þjóðfélagið í heild, að hraða virkjunum heima fyrir og framleiða rafmagn þar.

Þannig standa nú þessi mál, en ekki á þann veg sem hv. þm. vill gefa í skyn, að ég hafi verið andstæðingur hinnar svokölluðu byggðalínu. Málin liggja einfaldlega þannig fyrir, að ég taldi hitt æskilegra. Hins vegar kom það í ljós við könnun á þessu máli, að engir slíkir möguleikar voru á Norðurlandi, sem hægt væri örugglega að treysta og byggja á, að kæmu að gagni á næstu tveimur árum, því miður, segi ég. Því miður hefur undirbúningi verið þannig hagað undanfarin ár um þessi mál, að þetta var ekki mögulegt. Þegar þetta lá fyrir var ekki um annað að ræða en ákveða strax að ráðast í norðurlínuna, og það verður að sjálfsögðu gert.

Það er rétt, að þessar upplýsingar liggi fyrir, því að ummæli hv. þm. voru vissulega á misskilningi byggð.

En frv., sem hér liggur fyrir, er um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal. Ég vil þá víkja fyrst að því, sem ég raunar gerði allítarlega við 1. umr. þessa frv., 21. nóv., að þessi virkjun, sem kennd er við Bessastaðaá í Fljótsdal, byggist fyrst og fremst á því að þar er mjög mikil fallhæð, 500—600 m., og í öðru lagi að þar eru ákaflega góðir miðlunarmöguleikar. Þar uppi á hálendinu eru stöðuvötn sem hægt er að nota að áliti kunnugustu manna til miðlunar þannig að tryggt sé hæfilegt rennsli allt árið. Þessi virkjun byggist ekki fyrst og fremst á vatnsrennslinu í sjálfri Bessastaðaá, eins og jafnan er tekið fram í öllum skýrslum og rannsóknum um þetta mál frá byrjun. Það eru því engar upplýsingar eða nýjar fréttir þó að frá því sé skýrt hér, að í apríl- og maímánuðum eða á vordögum sé mikið vatnsmagn í þessum ám eins og flestum ám á Íslandi í vorleysingum. Það eru heldur engar fréttir, að verulegan hluta ársins að öðru leyti er miklu minna rennsli og fyrir kemur að rennslið verður sáralítið. Má vel vera, að það hverfi með öllu á stundum. Þetta er ekki aðalatriði málsins, vegna þess að þessar hugleiðingar um virkjun eru byggðar á fallhæðinni og miklum möguleikum á uppistöðulónum á hálendinu og miðlun. En það er einmitt skorturinn á miðlun sem gert hefur það að verkum að Grímsárvirkjun hefur svo oft bilað og brugðist þegar mest hefur þurft á að halda, af þeirri einföldu ástæðu að þar vantar miðlun.

Varðandi Bessastaðaárvirkjun ætla ég að undirbúningi sé svo langt á veg komið, að oft og tíðum hafi frv. um heimild til virkjunar verið lögð fyrir Alþ. þar sem undirbúningi var skemmra á veg komið. Þegar ég lagði frv. fram komst ég m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta, að rannsóknir bendi til að þessi virkjun sé fjárhagslega hagkvæm. Hins vegar þurfi ítarlegri vatnsmælingar og athuganir á vatnsrennsli áður en endanleg ákvörðunartaka ætti sér stað. Þess vegna gerir frv. ekki ráð fyrir því, að með því sé endanlega ákveðið að ráðast í þessa virkjun, heldur heimilt. — Síðan er bætt við: Hins vegar eru yfirgnæfandi líkur til þess að úr þessu mannvirki geti orðið. Þær athuganir, sem þegar hafa farið fram, veita sterkar líkur til þess. — Hér var því aðeins hafður þessi fyrirvari um frekari vatnsrennslismælingar til öryggis.

Ég vil út af ummælum hv. 2. þm. Austf., Lúðvíks Jósepssonar, um leið og ég þakka honum góðar undirtektir og stuðning við málið, taka fram að undireins og sérfræðingar telja að staðfest hafi verið að vatnsrennsli sé nægilegt, fyrir liggur að þeir mæla með virkjuninni á þeim grundvelli eða að þeim athugunum gerðum, þá verður að sjálfsögðu þegar í stað ákveðið að ráðast í þessa virkjun og hraða öllum undirbúningi svo sem föng eru á.

Varðandi þetta mál að öðru leyti vil ég endurtaka það sem ég sagði fyrr í dag í umr., að málið er flutt hér á þingi og það er óskað eftir því að afgreiðslu þess sé hraðað eftir eindregnum og samhljóða óskum fulltrúa sveitarfélaga á Austurlandi. Þegar þetta mál var til umr. og aðalumræðuefni á ársþingi sambands austfirskra sveitarfélaga um miðjan sept. varð niðurstaðan sú, að samb. var einróma áskorun til iðnrh. um að flytja nú á þessu þingi frv. í þessa átt.

Ég tel ekki að það sé réttmæt ásökun, sem hér hefur komið fram, að þessu máli sé verið að hraða með óeðlilegum hætti. Frv. var lagt fram um eða rétt upp úr miðjum nóv. 1. umr. var 21. nóv. Þann dag var því vísað til iðnn. Iðnn. hafði

3½ viku til könnunar á málinu. Hún skilaði áliti 16. des. Ég veit að iðnn. vann vel að málinu, ræddi málið ítarlega, hv. frsm. n. gerði grein fyrir því fyrr í dag, og aflaði munnlegra og skriflegra grg. og upplýsinga um málið. Ég tel því ekki réttmætt að segja að það sé óeðlilegur hraði á þessu máli eða óeðlilegur eftirrekstur.

Ég skal að lokum koma að einu atriði. Ég þykist vita með vissu að það, sem veldur aths. hv. 3. þm. Austf., er ótti hans eða kvíði út af því að virkjun Bessastaðaár kunni að seinka stórvirkjun í Fljótsdal sem honum er mikið áhugamál, svo sem hv. þm. hefur sýnt, m. a. með flutningi þáltill. sinnar á s. l. þingi. Ég reyndi, þegar ég lagði frv. fyrir, að gera nokkra grein fyrir því og vitnaði í sérfræðinga til stuðnings því máli, að þessi fyrirhugaða virkjun Bessastaðaár mundi ekki verða til þess að seinka hinu stóra máli. Ég vitna þar m. a. í Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, sem látið hefur í ljós álitsgerð um málið, þar sem segir að líta megi á þessa Bessastaðaárvirkjun sem fyrsta áfanga svonefndrar Fljótsdalsvirkjunar, sem er virkjun á sama falli með vatni úr Jökulsá í Fljótsdal. Síðar segir í þessari sömu álitsgerð, að virkjun Bessastaðaár mundi verða til þess að kostnaður við stórvirkjunina lækki um 700—800 millj. kr. vegna mannvirkja sem nýtast báðum virkjununum. Og jarðfræðingurinn Haukur Tómasson, sem einnig hefur rannsakað þetta mál, komst m. a. svo að orði í útvarpinu: „Ég vil leggja áherslu á það að virkjun Bessastaðaár getur flýtt mjög fyrir gerð stórvirkjunar þarna.“ Ég vil, um leið og ég vitna í þessi ummæli, endurtaka það sem ég hef fyrr sagt, að ég tel einmitt að þessi virkjun geti orðið til þess að hraða undirbúningi að stórvirkjun í Fljótsdal, greiða fyrir því að rannsóknum og undirbúningi hinna stóru virkjunarmöguleika þar verði hraðað sem mest má verða. Ég vil nota þetta tækifæri til að fullvissa hv. 3. þm. Austf. um að það er fullur áhugi á því að hraða öllum þeim rannsóknum, sem ég veit að hann ber mjög fyrir brjósti, og að samþykkt þessa frv. verði á engan hátt til þess að draga úr þeim.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er að því er mér sýnist ekki ástæða til þess að hefja deilur um þetta mál þegar af þeirri ástæðu að hér er um að ræða heimildarlög, eins og tekið hefur verið fram af öðrum hv. þm., heimild til handa ríkisstj. bæði til að reisa og reka vatnsaflsstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal og heimild til lántöku fyrir hönd ríkissjóðs ef til kemur. Ég er þeirrar skoðunar, að samþykkt þessa frv. muni heldur ýta á málið almennt séð, er fylgjandi því, að það gangi fram sem fyrst, og vonast til að það geti gengið fram fyrir jólaleyfi þm.

Það kemur fram í nál. frá iðnn. á þskj. 158, að n. hefur haldið nokkra fundi um málið. Hún hefur kallað á sinn fund fulltrúa frá Orkustofnun, frá Rafmagnsveitum ríkisins, frá Hönnun hf., það hafa komið fram skriflegar umsagnir um málið og n. mælir eindregið með því samhljóða að frv. nái fram að ganga. Að vísu er einn nm., hv. þm. Magnús Kjartansson, sem gerir það með fyrirvara, en hann hefur lýst því hér í ræðum að hann sé því fylgjandi, að frv. gangi fram.

Hæstv. iðnrh. hefur sýnt málinu áhuga, og er ástæða til þess fyrir okkur alþm. Austurl. að þakka fyrir það. Er ástæða til að ætla, ef lokarannsóknir leiða í ljós að það verði talið eðlilegt að ráðast í þessar framkvæmdir, eins og hæstv. ráðh. hefur strax í öndverðu tekið á þessu máli, að hann muni fylgja því fram af festu þegar það er komið á það stig, að sýnt sé að þarna verði ráðist í virkjun.

Það mætti ræða langt mál um þá möguleika sem finnast á Austurlandi til virkjunar, og það er enginn vafi á að virkjunarmöguleikar á Austurlandi eru sennilega hvað mestir sem finnast hér í landinu. Það er aðallega þrennt sem menn tala um í þessu sambandi.

Það er í fyrsta lagi hin svokallaða Austurlandsvirkjun, sem var mikið rætt um hér á tímabili og er fólgin í því að safna saman vötnum allar götur frá Jökulsá á Fjöllum og um allt þetta svæði og veita þeim niður á Fljótsdalsheiði til miðlunar og nota svo hið geysilega mikla fall af heiðinni niður í gegnum fjallið til þess að virkja þar stórvirkjanir. Það er talað um stórkostlega virkjunarmöguleika, allt upp í 1600 mw., hafa menn látið sér um munn fara.

Ég hef talað við vísindamann, jarðfræðing, sem er vel inni í þessum málum, og hann sagði mér að hann væri þeirrar skoðunar að það væri í raun og veru útilokað að veita Jökulsá á Fjöllum austur eftir, eins og talað var um á sínum tíma, vegna þess að komið hefur í ljós við nánari athugun á landinu að það væri ekki þannig gert, að gerlegt væri að standa fyrir slíkri veitu.

Í öðru lagi er svokölluð Fljótsdalsvirkjun sem er fólgin í því að gera mikið uppistöðulón við svokallaða Eyjabakka, — uppistöðulón, sem yrði suður af Snæfelli og neðan Eyjabakkajökuls, sem gengur fram úr Vatnajökli, veita því vatni síðan fram á Fljótsdalsheiði, bora göng niður um fjallið, lóðrétt eða því sem næst, og síðan lárétt göng út í Fljótsdalinn, þannig að hægt væri að hleypa vatni þar í gegn og koma stöðvarhúsi fyrir í hnénu og gera þannig virkjun. Er enginn vafi á því að það væru möguleikar, ef nægilegt fjármagn yrði í það sett, að grafa fleiri göng jafnhliða og bæta við vatni og virkja þannig stórkostlegar virkjanir á þessum stað. Virðast vera mjög óvenjuleg skilyrði til staðar til þess að standa fyrir hagnýtum virkjunum.

Síðan er það þriðja sem menn ræða um, þ. e. a. s. Bessastaðaárvirkjunin sem þetta frv. fjallar um. Það mun liggja fyrir, eftir því sem sérfróðir menn telja, að athuganir á virkjunarmöguleikum svokallaðrar Fljótsdalsvirkjunar, þ. e. a. s. að taka Jökulsá í Fljótsdal og veita henni fram á Fljótsdalsheiðina og síðan niður göng, eins og ég ræddi um áður og virkja á þann hátt, mundu taka langan tíma, sennilega 2—3 ár. Mætti segja mér að þó að nú væri tekin ákvörðun um að hefja ítarlegar rannsóknir á virkjunarmöguleikum Fljótsdalsvirkjunar, ákvarðanir væru t. d. teknar í febr. eða mars í vetur, þá væri ástæða til að ætla að niðurstöður slíkra rannsókna lægju ekki fyrir fyrr en í ársbyrjun 1978. Þannig eru sýnilega langt undan möguleikar á því að byggja þar stóra virkjun.

Ég hef hugsað talsvert mikið um þessi mál,

eins og margir fleiri austfirðingar, vegna þess að okkur er ljóst að þarna eru miklar auðlindir til staðar á Austurlandi. Ég er þeirrar skoðunar að það sé tímabært að fara að taka ákvarðanir um rannsóknir á Fljótsdalsvirkjun. Þá er verið að tala um hugsanlegan möguleika á raforkuveri, sem gæti framleitt 230—250 mw. af raforku. Ég álít einnig að það sé ekki ástæða til að taka neinar ákvarðanir um það fyrr en niðurstöður liggja fyrir, hvernig slíkan möguleika á að nota.

Það er hugsanlegt, eins og komið hefur fram í umr. um þetta mál, að Bessastaðaárvirkjun, ef af henni verður sem ég vona, gæti ekki tekið til starfa fyrr en á árinu 1979. Það er að vísu hugsanlegt, ef allt gengi í haginn, að það gæti orðið seint á árinu 1978, en sennilega meira raunsæi í að telja að fyrsti tími, sem til greina kæmi í því sambandi, væri árið 1979. Þannig er sýnilegt, að þó að ráðist yrði í rannsóknir á Fljótsdalsvirkjun, sem gætu kostað um 150—200 millj., að það muni standast nokkurn veginn á endum að slíkri rannsókn yrði lokið og niðurstöður lægju fyrir í þann mund eða e. t. v. nokkru fyrr en Bessastaðaárvirkjun mætti taka í notkun.

Ástandið í orkumálum á Austurlandi og víðar er þannig að ákaflega æskilegt væri að gera meðalstóra virkjun eystra sem allra fyrst. Valkostirnir eru ekki ýkjamargir. Sá valkostur, sem menn hafa nú komið auga á einna helst, er Bessastaðaárvirkjun, þótt það sé viðurkennt af öllum, sem hér hafa tekið til máls, að lokarannsóknir liggja ekki fyrir. Sérstaklega er um að ræða vatnsmælingar sem þarf að gera ítarlegri. Það er í öðru lagi hugsanlegt að tengja Kröfluvirkjun við Austurland. Kröfluvirkjun er gufuvirkjun, eins og við vitum, og það er fyrsta stóra virkjunin af því tagi, sem við mundum ráðast í, íslendingar, þannig að það er nokkur óvissa í því sambandi. Slík virkjun gæti tekið til starfa, ef vel tækist til, árið 1978 eða 1979. Það er því valkostur, sem vert er að gefa gaum að, ef svo færi að eitthvað það kæmi fram í lokarannsóknum Bessastaðaárvirkjunar sem gerði að verkum að því verki seinkaði. Síðan eru möguleikar á að virkja minni virkjanir á Austurlandi. En athuganir og undirbúningur minni virkjana tekur býsna langan tíma, eftir því sem sérfræðingar upplýsa.

Ég var staddur á þeim fundi sem hefur verið rætt dálítið um hér í umr. Það var aðalfundur sambands austfirskra sveitarfélaga, og orkumálin voru þar efst á baugi. Menn höfðu geysilegar áhyggjur af þessum málum, sem eðlilegt er, og mikinn áhuga á úrbótum. Þar voru flutt erindi af kunnáttumönnum á þessu sviði. Þar flutti m. a. erindi Erling Garðar Jónasson, sem er framkvstj. Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi, og hann sagði í sínu erindi á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil strax taka fram, að tenging við Norðurland kemur þá fyrst til greina að virkjuð verði á jarðgufusvæðinu við Námaskarð eða Kröflu tiltölulega stór virkjun, ef ofangreind tenging er ákvörðuð sem liður í rafhitunarvæðingu Austurlands. Á undan öllu slíku er án vafa virkjun stórrar miðlunarvirkjunar hér á Austurlandi, t. d. Bessastaðaárvirkjunar eða fleiri minni miðlunarvirkjana, ef fullnægja skal öllum kröfum sem 100% rafhitunarvæðing Austurlands gerir til orkuöflunar- og dreifingaraðila, þ. á m. fyrst og fremst öryggiskröfum. Samfara slíkum framkvæmdum ætti landshlutatenging að koma fyrst og fremst til að auka öryggið í báðum landshlutum."

Það kom alveg greinilega fram hjá þeim kunnáttumönnum sem þarna kvöddu sér hljóðs, þ. á m. Sverri Ólafssyni rafmagnsverkfræðingi, sem á sínum tíma var framkvstj. Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi og hefur unnið að þessum málum um árabil, að þeir settu Bessastaðaárvirkjunina fremsta sem hagstæðan möguleika ef lokarannsóknir yrðu jákvæðar. Þess vegna álít ég að eins og mál standa sé sjálfsagt að flýta þessu máli og stuðla að því öllum árum að þessi virkjun verði framkvæmd, en þó auðvitað að því tilskildu að þar sé vatn að finna, en ekki vatnsleysi! Ég veit ekkert um það hvernig Bessastaðaá rennur eða hvort hún er vatnslaus, eins og hv. 3. þm. Austurl. gat um áðan. Ég hef ekki þekkingu á því. En það kom fram í ræðu hæstv. iðnrh., að það, sem gerir þennan virkjunarmöguleika aðlaðandi, er tvennt: í fyrsta lagi miklir miðlunarmöguleikar uppi á fjallinu og í öðru lagi hin geysilega fallhæð, 550 m. Þannig nýtist vatnið vel vegna þessarar miklu fallhæðar.

Ég held að menn ættu ekki að deila í sjálfu sér um þetta mál eða þetta frv., vegna þess að eingöngu er um að ræða heimild til handa ríkisstj. Það væri betur að í ljós kæmi fljótlega að þetta væri heppilegur valkostur, því að einmitt stærðin á þessari virkjun, allt að 32 mw., er einmitt sú stærð sem hentar raforkuþörf Austurlands á þeim tíma sem menn hugsa sér að virkjunin geti hugsanlega tekið til starfa.

Ég vil því endurtaka það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að ég er fylgjandi því að þetta frv. gangi fram sem fyrst.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég þakka forseta tillitssemina, og vissulega er það nú svo, að það er rétt að ég þykist þurfa að bera af mér nokkrar sakir, þótt ekki verði þær nú taldar þungar á metunum. En það var vegna þess að hv. 2. þm. Austurl. lét að því liggja, að ég væri að telja mætti andstæður þessu máli. Ég vil hrekja þessar skoðanir hans, sem ég vil nú ekki kalla fullyrðingar, því að hann tók ekki sterkt til orða í því sambandi, en vildi samt álíta að orð mín og afstöðu mætti túlka sem andstöðu við málið.

Ég sagði þegar þetta mál var fyrst til umr., að ég fagnaði að mínu leyti framkomu þessa frv. og fagnaði því sérstaklega að mönnum sýndist nú tími til kominn að taka stórt skref til að bæta úr þeim sára orkuskorti sem hrjáð hefði þennan landshluta um langa hríð. Ég sagði á öðrum stað í mínu máli orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ég endurtek að þessi virkjun er mjög álitleg." Og að lokum sagði ég, með leyfi hæstv. forseta: „Að því leyti sem snýr beint að því að bæta úr þessari þörf, þ. e. raforkuskortinum á Austurlandi, vænti ég þess fastlega að þar

reynist þessi skortur við lokarannsóknir hinn ákjósanlegasti. Þá fagna ég því sérstaklega að skjótt og myndarlega hefur verið við brugðið um meðalstóra virkjun í framhaldi af Lagarfossvirkjun, sem þetta frv. ber með sér, frv. um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal."

Það er því alveg út í hött, að ég vilji tefja framgang þessa máls. Hitt er allt annað mál, að enda þótt ég vilji af sárri reynslu, sem fengist hefur af virkjunum eystra, hafa uppi varnaðarorð í þessu sambandi, þá má með engum hætti túlka það sem andstöðu mína við málið. Þvert á móti vil ég ekki verða til þess að tefja málið að einu eða neinu leyti, og verði sýnt fram á það með minnstu rökum, að það mundi tefja framgang þessa máls, virkjun Bessastaðaár, að mál þetta yrði ekki afgreitt fyrr en á framhaldsþinginu, þá mundi ég greiða atkv. með því og leggja á það áherslu að það yrði samþ. þegar í stað. En ég hef engin rök séð sem benda til þess með nokkrum hætti að það ætti að einu eða neinu leyti að seinka fyrir þessari framkvæmd þótt það yrði ekki samþ. fyrir lok þessa þinghalds nú fyrir jól. En sem sagt, þrátt fyrir það að ég sjái ekki rökin, ef forustumennirnir vilja leggja á það megináherslu að svo verði, þá skal ég svo sannarlega ekki verða til þess að bregða fyrir það fæti.

Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram. Það er alveg út í hött að draga þær ályktanir af orðum sem ég hef viðhaft í þessu sambandi, að ég sé í einhverri andstöðu við þetta mál. Þvert á móti er ég einlægur fylgismaður þess. Þær þrætur, sem uppi hafa verið hafðar hér í dag, má kannske segja að hafi meira verið út af staðsetningu, en ekki út af eðli þessa máls. Það var vegna þess hvernig þetta mál bar að hér í dag. Ég þóttist vera í góðri trú um að ég væri engu að spilla þótt ég færi fram á, að þessu máli yrði frestað vegna lögmætra anna minna. Þegar það kom í ljós að áhersla var lögð á framhald málsins, þá felldi ég mig strax við það, en síðan komu önnur atriði fram sem ég taldi mig knúinn til þess að svara, og vil ég þá að mínu leyti taka fram, að þeim atriðum, sem að því lúta, eða umr. um þau er af minni hálfu alveg lokið.

Tómas Árnason, hv. 4. þm. Austf., benti á að það væri útilokað að bíða eftir stórvirkjun til þess að leysa úr hinni brýnu þörf á orku á Austurlandi. Og hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, spurði hvort ég vildi bíða eftir stórvirkjun með að leysa það vandamál. Það er auðvitað spurt þarna út í hött. Að sjálfsögðu vil ég að fyrsti kostur sé tekinn til þess að bæta úr þessum mikla skorti. Ég minntist á það við 1. umr. þessa máls, að menn hefðu haft þá skoðun uppi að það kynni að hafa verið hægt að bæta úr þessum sára skorti með enn fljótvirkari hætti en þessum. Það skal ég ekkert um segja, úr því skera sérfræðingar. Ég legg allt mitt ráð í þeirra hendur. Nú sveigja þeir að því að þetta sé besti kosturinn og fyrsti kosturinn til þess að bæta verulega úr þessu ástandi, og þá fylgi ég því eindregið.

Ég skal nú stytta mál mitt. Ég taldi alveg nauðsynlegt, að þetta kæmi fram, og endurtek það, að ég er tilbúinn til þess, ef lögð er á það höfuðáhersla að þetta nái þegar í stað fram að ganga, að fylgja því, þótt ég hins vegar, eins og ég segi, komi ekki auga á þau rök sem að því hnígi að svo þurfi að verða. Og eins fyrir forvitnissakir t. d., ef skaðlaust er að bíða með afgreiðslu málsins, þá hefði ég kosið að fá ýmsar þær upplýsingar sem fram kom hér í dag að mundu berast varðandi framhaldsrannsókn þessa máls. En sem sagt, aðalatriðið er að ekkert það verði haft hér í frammi sem kæmi til með að tefja hið minnsta framgang málsins í heild.

Ég vil svo að lokum þakka hæstv. iðnrh. fyrir endurtekna yfirlýsingu hans um að það yrði með öllum ráðum stutt að því að rannsóknum á stórvirkjun og rannsóknum á þeim möguleikum, sem þarna virðast vera í boði um stóra virkjun á Austurlandi, verði haldið fast fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 161 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 166 felld með 15:6 atkv.
4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Efri deild, 26. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 179). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 199).

Lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, frv. (þskj. 51). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 200).

Ráðning starfsmanna og húsnæðismál ríkisstofnana, frv. (þskj. 137). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 201).

Rafveita Ísafjarðar, frv. (þskj. 148, n. 186). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. þetta til athug-

unar og leggur til að það verði samþ. Að vísu kom fram dálítil undrun á því hvers vegna nauðsynlegt sé að ríkissjóður veiti þessa ábyrgð. — N. taldi þó rétt að verða við þessu og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 132, n. 185). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft frv. til l. um Hitaveitu Suðurnesja til athugunar og mælir einróma með samþykkt frv., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja. Einn nm. var fjarverandi, Eggert G. Þorsteinsson.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta mál. Þó vil ég vekja athygli á því að hér er verið að taka fyrsta stóra skrefið eftir olíukreppuna að því að koma jarðhita til upphitunar til sem flestra landsmanna. Þess nýtur nú í dag u. þ. b. helmingur þjóðarinnar. En athugun, sem gerð var á s. l. vetri leiddi í ljós að gera má ráð fyrir að u. þ. b. 60—65% landsmanna fái notið jarðhita til upphitunar síns húsnæðis.

Vonandi fylgir fleira á eftir. Bent hefur verið á hitaveitur eins og t. d. í Borgarfirðinum, víða á Suðurlandi og einnig á Norðurlandi. En það, sem hér er gert, er að því leyti stærst af þeim hitaveitum sem til greina koma, að það mun ná til meiri fjölda en aðrar utan Reykjavíkursvæðisins.

Ég vil aðeins vekja athygli á því sem kemur fram í grg. um Hitaveitu Suðurnesja, saminni af Fjarhitun hf. og Orkustofnun, frá 30. nóv. 1974. Þar segir svo í síðustu málsgrein, með leyfi forseta:

„Samkvæmt rekstraráætlun, þar sem gert er ráð fyrir fjármagnskostnaði sem miðast við lán til 15 ára með 10% vöxtum, verður upphitunarkostnaður í upphafi um 80% af kostnaði olíuhitunar en lækkar þar til að eftir 15 ár verður hann 50% af kostnaði olíuhitunar."

Mér sýnist þarna vera um upplýsingar að ræða sem hið háa Alþ. þurfi fyrr eða síðar að láta til sín taka. Upphitunarkostnaður með hitaveitu á Reykjavíkursvæðinu mun vera nálægt því þriðjungurinn eða þar um bil af kostnaði við upphitun með olíu. Hér er rætt um 80% af kostnaði við upphitun með olíu og niður í 50% að 15 árum liðnum. Við gerum einnig ráð fyrir því, íslendingar, að hita húsnæði þeirra, sem ekki fá notið jarðhitans, um 35% íbúa landsins, með raforku. Ljóst er að upphitun með raforku verður allverulega dýrari en upphitun með jarðhita á Reykjavíkursvæðinu. Sú spurning hlýtur að koma upp hvort hið opinbera verði ekki að hafa forgöngu um jöfnun á þessum upphitunarkostnaði.

Skoðun mín er sú að hjá því verði ekki komist, og sýnist mér að réttara væri að líta á það fyrr en seinna.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. iðnn. sagði var um það algert samkomulag í n. að mæla með samþykkt þessa frv., en einstakir nm. áskildu sér rétt til flutnings brtt.

Ég flyt hér brtt. við 14. gr. frv., þá sömu sem flutt var af hálfu Magnúsar Kjartanssonar í Nd., að hún orðist svo:

„Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita í Svartsengi við Grindavík og uppleystra efna og gastegunda sem háhitavatni og gufu fylgja. Ráðh. getur heimilað Hitaveitu Suðurnesja að taka eignarnámi lönd, mannvirki og önnur réttindi sem nauðsynleg eru til framkvæmda skv. lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fer eftir l. nr. 11/1973."

Þessi breyting er nánast í samhengi við frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967. Frv. hefur verið flutt sem stjfrv. á undanförnum þingum, en ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu, og er nú flutt sem þmfrv. af Magnúsi Kjartanssyni, Gunnari Sveinssyni, Benedikt Gröndal og Magnúsi T. Ólafssyni, þar sem kveðið er á um það að allur jarðhiti á lághitasvæðum svo og hverir og annar náttúrlegur jarðhiti á yfirborði háhitasvæðis sé háður einstaklingseignarrétti landeigenda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum sé í almannaeign og í umráði ríkisins. Ég ítreka að öðru leyti stuðning minn við þetta frv., en ber sem sagt fram þessa brtt.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Út af fram kominni brtt. vil ég segja þetta: Eins og kom fram hjá hv. flm. liggur fyrir Alþ. í öðru formi, og ég tel ekki rétt að flækja þessum tveimur málum saman, ef ég má orða það svo. Eg mun því greiða atkv. gegn þessari till. Hins vegar merkir það ekki að ég muni taka þá afstöðu til þess frv., þegar og ef það kemur til meðferðar í þessari deild.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 198) samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 198 felld með 7:5 atkv.
14.—15. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 122, n. 183). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, til athugunar og skilað áliti á þskj. 183. N. mælir einróma með samþykkt frv., en leggur til eina

breytingu sem þar kemur fram og ég mun ræða nánar.

Í frv. þessu felast fyrst og fremst þær breytingar sem styrkja eftirlit með loðnulöndun, styrkja loðnunefnd sem að þessu hefur starfað. Er það fyrst og fremst byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur að undanförnu í framkvæmd þeirra laga sem um þetta gilda. Sjútvrn. sendi drög að þessu frv. út til umsagnar og óskaði þess að svör bærust fyrir 10. nóv. Það var sent til Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Félags ísl. fiskmjölsframleiðenda, Sjávarafurðadeildar SÍS, LÍÚ og Sjómannasambands Íslands, en svör bárust aðeins frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. N. fékk þessi svör til meðferðar og taldi með tilliti til þessarar meðferðar málsins ekki nauðsynlegt að senda frv. að nýju til umsagnar. Í þessum tveimur svörum, sem bárust, komu ekki fram aths. við frv. Er þar mælt með samþykkt þess, en bent á viss atriði í framkvæmd, m.a. að frv. geti aldrei orðið annað en rammi um þessa aðgerð og því sé nauðsynlegt að sjútvrn. sé heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laganna. Þetta tók n. til greina og bætti við 4. gr. frv. þar sem segir svo:

„Sjútvrn. getur sett reglur um löndun á loðnu til frystingar, enda ríki um þær samstaða milli sölusamtaka hraðfrystihúsanna og samtaka útvegsmanna og sjómanna."

Virðist þannig fullnægt þeirri einu aths. sem fram hefur komið.

N. barst hins vegar bréflega beiðni frá einstaklingum um heimild til þess að ákveðið erlent skip fengi að landa loðnu á þessari vertíð hér á landi. Þar er um að ræða mann, sem á ⅓ í hlutafélagi í Danmörku. Hefur hann verið búsettur erlendis lengi. Það félag er að láta smíða 800 lesta skip sem mun vera skráð í Hirtshals í Danmörku. Þessi íslendingur fer fram á heimild til þess að þetta skip megi landa loðnu í íslenskum höfnum í febr. og mars 1975, enda verði áhöfn þess íslensk og það rekið af íslenskum aðila. Skipið verður m.ö.o. tekið á leigu.

Sjútvn. er ljóst að þetta er mjög vandasamt mál og getur skapað fordæmi sem nauðsynlegt er að skoða. Hins vegar er hér um einstakt tilfelli að ræða. Hér er um að ræða einstakling sem kunnur er í íslenskum sjávarútvegi, og hér er nánast um að ræða skip sem segja má að sé smíðað fyrir íslenskt skip sem fórst.

Eins og kom fram í því, sem ég sagði áðan, mun áhöfn skipsins verða alíslensk og það rekið af íslenskum aðila. Með tilliti til þessa taldi sjútvn. rétt að bæta við ákvæði til brb. sem er svo hljóðandi:

„Þrátt fyrir ákvæði l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m.s. Ísafold, 800 lesta skipi frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar sem íslenskt skip í febr. og mars 1975, enda hlíti það reglum er sjútvrn. setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk."

Þarna er bætt við ákvæði um það svæði, sem heimilt er að leyfa þessu skipi að landa á. Það er gert í samráði við forráðamenn þessa skips. Ég vil jafnframt geta þess, að við þá menn var rætt og upplýst að eingöngu er átt við veiðar með nót, en ekki flotvörpu. Því er nauðsynlegt og raunar kæmi ekki til greina að mínu viti að veita undanþágu frá lögum um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en endurtek að n. mælir einróma með samþykkt þessa frv. með þeirri brtt., sem ég hef nú greint frá.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Eins og frsm. sjútvn. greindi frá varð samkomulag um það í n. **að mæla með samþykkt frv. með þeirri breytingu** sem frsm. gerði grein fyrir, sem varðar heimild fyrir þetta nýja skip sem verið er að smíða í Noregi og ber þetta þjóðlega nafn Ísafold, til þess að veiða loðnu á miðunum hérna í vetur. Ég vík aðeins að þeirri heimild aftur í lok máls míns.

Ég get ekki stillt mig um, þegar nú er fjallað um loðnuveiðarnar á vetri komanda, að vekja athygli á því hvernig við ár eftir ár förum með þennan vaxandi feng sem við tökum af miðunum í kringum landið. Í fyrra framleiddum við mjöl eða svínafóður úr nær 400 þús. tonnum af loðnu, úr afbragðsmat, eggjahvítuefnaríkum mat, sem hefði nægt til þess að sjá, eftir því sem sérfræðingar segja mér, 12—16 millj. manna fyrir nægilegri eggjahvítu í mat í heilt ár í sveltandi heimi, þar sem einmitt skortir fyrst og fremst eggjahvítuefnaríka fæðu. Á þennan hátt höfum við haldið áfram að verka loðnuaflann okkar, og er sannarlega tími til kominn að hið opinbera taki sig nú til og fari að reyna að gera ráðstafanir til þess að þessi fengur okkar verði nýttur á siðbetri hátt. Þess verður ekki kostur í vetur. Enn munum við framleiða loðnumjöl til svínafóðurs úr þessum fiski í vetur. En ég er samþykkur frv. eigi að síður, eins og það liggur fyrir, en ætlaði að víkja aðeins að viðaukanum sem samþykktur var í nefndinni.

Ég felli mig við það að þessu nýja skipi Árna Gíslasonar, sem raunverulega er smíðað í staðinn fyrir Jón Kjartansson, aflaskipið þeirra austfirðinganna sem fórst, verði veitt heimild til þess að veiða hér á þessu 6—7 vikna tímabili í vetur, veiða á miðum íslensku skipanna, að því tilskildu, eins og segir í viðaukagr., sem frsm. n. las áðan, að aflanum verði landað á þessu svæði frá Patreksfirði norður um landið til Seyðisfjarðar, þ.e.a.s. verði landað hjá þeim verksmiðjum sem eru svo að segja hráefnislausar á loðnuvertíðinni, sem alls ekki er séð fyrir nægilegu hráefni á loðnuvertíðinni. Með þessu skilyrði fylgi ég þessu heimildarákvæði að aflanum verði landað á því svæði þar sem vantar loðnu að vetrinum til vinnslu.

Við erum þeirrar skoðunar að undanþága sé fyllilega réttlætanleg í þessu skyni, en leggjum áherslu á að þessi heimild til handa Ísafold, að veiða hér á loðnumiðunum í vetur verði ekki notuð sem fordæmi. Það er kunnugt að töluverð ásókn hefur verið í það af hálfu innlendra manna að fá sérstakar heimildir fyrir erlend skip, sem þeir eiga hlut í eða vilja taka á leigu,

til þess að veiða á miðunum við Ísland, en slíku erum við algerlega andvígir. Við höfum fordæmi um það að innlendir aðilar hafa leigt erlend skip til hringnótaveiða hér við land. Þetta var gert í lok stríðsáranna, að tveir íslenskir útvegsmenn leigðu, ef mig minnir rétt, 8 færeysk hringnótaskip til veiða fyrir Norðurlandi. Það vildi svo illa til að flest voru skipin leigð einmitt það sumarið sem síldin brást. En fyrir skemmstu var slíkt leiguskip við veiðar með hringnót á síldarmiðunum hérna, fyrir 4 árum, hygg ég, þannig að fordæmi eru fyrir slíku. En við teljum að rétt sé að leyfa þessa tilraun í vetur til hráefnisöflunar fyrir verksmiðjurnar á norðursvæðinu sem ella eru afskiptar. Við teljum að það sé rétt að gera þessa tilraun í vetur. Því fylgir engin skuldbinding um að gera slíkt öðru sinni eða leyfa fleiri skipum veiðar í vetur, og það má taka þessi mál til endurskoðunar fyrir næstu loðnuvertíð.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. þm. Stefáns Jónssonar að fara beri að rannsaka gaumgæfilega um framleiðslu á fiskmjöli til manneldis. Á þinginu í fyrra flutti Jón Árm. Héðinsson till. til þál. um byggingu á nýrri síldarbræðslu í Grindavík og í því sambandi vakti ég athygli á því að norðmenn hefðu nú um nokkur ár framleitt loðnumjöl til manneldis og selt til þróunarlandanna, og því er ekki að neita að þetta er mjög mikilvægt mál sem ég tel fulla ástæðu orðið til þess að fara að hrinda í framkvæmd.

Á undanförnum árum hafa rannsóknarstofur hér á landi rannsakað og athugað ýmsa meðferð á loðnu til manneldis aðra en frystinguna og kemur þar einkum tvennt til greina. Það er í fyrsta lagi að búa til manneldismjöl og í öðru lagi að þurrka loðnuna og selja hana sem skreið. Þetta hvort tveggja hefur af sjálfu sér miklu meira gildi heldur en setja hana í gegnum svín eða nautpening, en örðugleikar munu vera nokkrir á þessu. Þó er vitað mál að ekki eru neinir tæknilegir örðugleikar á því að framleiða fiskmjöl til manneldis, og ég tel að það sé óhæfa að ár eftir ár líði án þess að við gerum tilraun í þessu efni. Ekki síst ef markaður á frystri loðnu fer nú þverrandi, þá er augljóst að fullkomin nauðsyn er á því að reyna að skapa meiri fjölbreytni í þessari atvinnugrein.

Norðmenn og bandaríkjamenn hafa í mörg ár gert tilraunir í þessu efni. Það var fyrst eftir að þeir komust upp á lagið með að einfalda þessa aðferð, þ. e. a. s. hætta að nema burt bæði lit og lykt af loðnumjölinu, sem þetta varð verslunarvara. Og nú skilst mér, að þetta sé flutt út í þúsundum tonna frá Noregi og gefi mjög góða raun sem eggjahvítugjafi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 183 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 27. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 188). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 4, n. 189, 190). — 2. umr.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. Ég fer fram á að þetta mál verði ekki tekið hér fyrir til umr. áður en nál. hefur verið útbýtt. Það er alveg óvenjulegt og sýnist ekki nein ástæða til þess. Það er greinilegt, að hér er rétt aðeins búið að leggja á borð þm. till. frá meiri hl. n. og stutt nál. frá meiri hl., en álit minni hl. er ekki komið fram enn þá. Ég fer því fram á að þetta mál verði ekki tekið hér fyrir til umr. strax og þm. gefist a. m. k. kostur á því að sjá þau álit, sem frá n. koma, sem um málið hefur fjallað.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Ég vil taka sterklega undir þessi tilmæli hv. 2. þm. Austf. Það eru ekki nema 3 mín. síðan ég fékk í hendurnar till. meiri hl., og fyrr en við erum búnir að kanna þær till. í minni hl. getum við ekki gengið frá till. okkar og nál.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Út af ræðum tveggja síðustu ræðumanna vil ég taka fram að það er engan veginn óvenjulegt að mál séu tekin til umr. á mestu annadögum þings, þótt prentuðum nál. frá hluta nefndar hafi ekki enn verið útbýtt. Engu að síður mun ég sinna ósk þeirri sem hér hefur komið fram um að fresta málinu um stund, en þdm. er ljóst að ætlunin er að afgr. þetta mál sem allra fyrst, og treysti ég á góða samvinnu hv. þdm. til þess að svo megi verða. Nú verður þessu máli frestað um stund og fyrir tekin önnur dagskrármál.

Umr. frestað um stund.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 144, n. 181). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á l. um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og um heimild fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að taka eignarnámi landsspildu í Hafnarfirði. Frv. felur í sér breytingar á landamerkjum milli Garðahrepps og Hafnarfjarðarkaupstaðar, en þær breytingar eru taldar nauðsynlegar vegna fyrirhugaðrar byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna á umræddu svæði. Enn fremur felur frv. í sér heimild til að taka eignarnámi landspildu í Hafnarfirði, eins og segir í fyrirsögn frv., en um þetta hvort tveggja mun vera samkomulag milli Garðahrepps og Hafnarfjarðarkaupstaðar sem þarna eiga hlut

að máli. Er óskað eftir sérstaklega hraðri afgreiðslu á þessu máli til þess að framkvæmdir geti hafist þegar í stað.

N. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — Frh. 1. umr.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Í gærkvöld hófust umr. um þetta mál í hv. d. og talaði þá fyrir því hæstv. menntmrh. og af öðrum þdm. hv. 2. landsk. þm. Þetta mál er þannig vaxið að það hlýtur mjög að snúa að þeim hæstv. ráðh. sem flytur það. Nú kem ég ekki auga á hæstv. menntmrh. í d. og vil biðja forseta að grennslast eftir því hvort hann er svo nærri að hann treysti sér til að sækja deildarfund. (**Forseti:** Ég vil taka fram að mér er kunnugt um að hæstv. menntmrh. mun ekki geta verið á fundinum hér fyrr en eftir þrjá stundarfjórðunga. Ég mun ekki telja mér fært að verða við því að fresta málinu á meðan, það eru margir menn á mælendaskrá. Ég hef þegar orðið við beiðni um að fresta öðru dagskrármáli í klukkutíma og þessum umr. verður nú haldið áfram, ef þdm. óska að ræða málið, en það á eftir að koma bæði til 2. og 3. umr., og þá gefst tækifæri til frekari umr. ef menn vilja ekki ræða það nú.) Hæstv. forseti. Ég tel að jafnmikla áherslu og jafnmikið kapp og hæstv. menntmrh. hefur lagt á þetta mál, þá sé honum skylt að fylgjast með umr. og því sem þm. hafa um það að segja. Vegna þess að búið er að fresta öðru máli leyfi ég mér að benda hæstv. forseta á að fleiri mál eru á dagskrá en þau tvö sem hér er um að ræða. Ef hæstv. menntmrh. er ógerlegt að sækja fund að sinni vil ég mælast til að umr. verði frestað þangað til hann getur verið viðstaddur.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ef hv. þm. óskar að gera hlé á ræðu sinni getur hann haldið þeirri ræðu áfram síðar. Verður það ekki reiknað sem önnur ræða þó að hann taki til máls síðar á fundinum. Aðrir, sem á mælendaskrá eru, gætu þá flutt sínar ræður núna. Sams konar óskir hafa ekki borist frá öðrum.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Það gegnir alveg sama máli með mig og hv. þm. Magnús T. Ólafsson, að ég tel mig þurfa að ræða þetta mál sérstaklega við hæstv. menntmrh. og einnig bera upp við hann tilteknar spurningar, sem ég tel að sé nauðsynlegt að fá svar við í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég óska eftir að fá að njóta sömu réttinda og hæstv. forseti bauð hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni, að fá að fresta þessari ræðu minni þar til hæstv. menntmrh. er kominn.

Umr. frestað um stund.

Nýting innlendra orkugjafa, þáltill. (þskj. 80). — Frh. einnar umr.

Ingólfur Jónsson: Hæstv. forseti. Ég var því miður ekki við þegar umr. byrjuðu um þetta mál, en ég heyrði það á fyrri flm. í gær að honum fannst þessar umr. hafa verið nokkuð persónulegar og harðar. Ég get sagt hv. fyrra flm. það strax að ég mun ekki hefja persónulegar ýfingar við hann, en umr. um þetta mál og ýmis skrif um þetta mál í Þjóðviljanum minna mig á karl sem ég las um þegar ég var ungur maður. Hann hafði orð á sér fyrir það að vera ekki sannsögull og hann bjó oft til skemmtilegar sögur, — sögur sem hann hélt að nágrannarnir hefðu gaman af að hlusta á í fásinninu og þá ekki síst í skammdeginu þegar mest var þörfin á að létta mönnum í skapi. Þegar karlinn var búinn að segja þessa sögu nægilega oft, þá endaði það með því að hann fór að trúa því að þetta væri einber sannleikur sem hann hafði í upphafi skáldað. Ég held að hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, sé farinn að trúa því, sem hann upphaflega vissi að var ósatt, þegar hann talar um álverksmiðjuna og álsamninginn. Síðast í gær sagði hv. þm. að þetta væri versti samningur sem gerður hefði verið f. h. íslendinga. Hann sagði að álverið tæki 60% af þeirri raforku sem íslendingar hefðu yfir að ráða. (Gripið fram í.) Hv. þm. sagði 60%. Ég er alveg viss um að segulbandið skrökvar ekki, það standa 60% þar. En hv. þm. gæti breytt því í handriti ef hann vill hafa það, sem sannara reynist.

Hv. þm. endurtók það í gær að þjóðin tapaði 1000 millj. kr. á ári á þessum samningi. Ég er alveg sannfærður um að í upphafi, þegar hv. þm. fór að tala um álsamninginn og jafnvel að gefa í skyn að þetta væri hálfgerður landráðasamningur, þá vissi hann betur. En hv. þm. hefur endurtekið fjarstæðuna svo oft að það hvarflar að honum nú að fara að trúa þessu. Ég vil gera tilraun til að leiða hv. þm. í allan sannleika.

Það er enginn vafi á því að samningurinn við álfélagið var mjög góður fyrir íslendinga. Íslendingar hafa notið góðs af þessum samningi, og fyrir það að samningurinn var gerður reyndist mögulegt að virkja í einum áfanga við Búrfell, en ekki farið í smávirkjun í Efstadal eins og hv. þm. gerði till. um að fá heimild til að gera þegar virkjun við Búrfell var til umr. Vist er um það, að ef ekki hefði fengist orkufrekur iðnaður til þess að nýta orkuna frá stóru virkjuninni við Búrfell, þá hefði orkan til almenningsnota orðið 65—70% dýrari en hún varð með því að álverksmiðjan kom til. En þrátt fyrir það segir hv. þm. að samningurinn hafi verið óhagstæður fyrir þjóðina. Er það óhagstætt fyrir íslendinga, að hafa fengið virkjunina við Búrfell meðan enn var tiltölulega ódýrt að virkja og þjóðin hefur notið góðs af því í ríkum mæli? Það er fróðlegt fyrir hv. þm. að fá upplýsingar um hversu mikið íslendingar fá í erlendum gjaldeyri vegna álverksmiðjunnar á árinu 1974. Það verða 1 milljarður 723.5 millj. kr. í hörðum gjaldeyri. Greiðslan sundurliðast þannig: Laun og launatengd gjöld 732.7 millj., rafmagn 345.9 millj., framleiðslugjald 263.8 millj., hafnarvextir 51.3

millj., annað 275.8 millj. og vegna byggingarframkvæmda, vinnulaun o. fl. sem hér er keypt, 54 millj., alls 1723.5 millj. kr. En hvað er nú um raforkuverðið? Það er mjög lágt, segir hv. þm. Raforkuverðið hefði vitanlega getað verið mun hærra en það er ef verksmiðjan hefði ekki verið látin greiða framleiðslugjald. Ef framleiðslugjaldið væri lagt við raforkuverðið, þá væri raforkuverðið 5.3 mill. og þykir það hátt miðað við þann tíma sem þessi samningur var gerður. Ef tekið er hliðstætt fyrirtæki í Noregi, sem heitir Sörral, systurfyrirtæki álverksmiðjunnar hér og hefur hér um bil nákvæmlega sömu ársveltu, kemur í ljós að það greiðir aðeins 4.8 mill þegar álverksmiðjan hér greiðir 5.3 mill. En Sörral í Noregi greiddi í skatta aðeins 4.2 millj. ísl. kr. þegar álverksmiðjan hér greiðir 263.8 millj. Ef skatturinn hjá Sörral bætist við orkuverðið og skatturinn sem álverksmiðjan greiðir reiknast sem orkuverð, verður orkuverðið 5.3 mill hjá ÍSAL, 4.8 mill hjá Sörral. Bæði fyrirtækin eru með jafnháa veltu.

Nú hefur hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, haldið því fram að norðmenn kynnu að semja. Þegar hann var iðnrh. og þegar hann átti þátt í því að reynt var að semja við Union Carbide og leiddi þá samninga að mörgu leyti eins og gefur að skilja sem iðnrh., þá lagði hann áherslu á að miða orkuverðið, þegar samið var við Union Carbide, við orkuverð í Noregi vegna þess að norðmenn kynnu að semja í sambandi við stóriðju og þeir mundu ekki semja af sér. Ég held það væri gott fyrir hv. 3. þm. Reykv. að skrifa hjá sér ofannefndar tölur þar sem hann hefur traust á norðmönnum og telur að þeir semji ekki af sér. Ég er reyndar sömu skoðunar og hv. 3. þm. Reykv. að þessu leyti, að norðmenn hafa mikla og langa reynslu í þessu efni. En þeir láta sér nægja 4.8 mill þegar ÍSAL greiðir sem svarar 5.3 mill. Ég get lánað hv. þm. skýrslur sem ég hef tekið þessar tölur úr, því að mér er umhugað um að sannfæra hv. þm. og fá hann til þess að hætta að trúa því að það sé orðið að sannleika sem var upphaflega í munni hans einber lygi.

Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt hér í Alþ., þegar rætt er um mikilsverð mál, að komist sé að réttri niðurstöðu og rök fundin fyrir hverju máli. Verði þá hætt að breiða út það, sem ekki getur staðist, í veikri von um að orðið geti flokkslegur ávinningur að slíkum málflutningi, vegna þess að almenningur geti ekki gert sér grein fyrir hvað er rétt og hvað er rangt.

Þegar talað er um nýtingu innlendra orkugjafa er nauðsynlegt að komast til botns í málinu og finna traustan grundvöll fyrir þá samninga sem gerðir eru.

Hv. 3. þm. Reykv. hafði tilburði til þess, á meðan hann var iðnrh., að fá samninga við útlendan auðhring, eins og það er oft nefnt, til þess að fá orkufrekan iðnað inn í landið, svo að unnt væri að halda áfram að virkja fallvötn landsins og nýta þá orku sem að allt of miklu leyti er óbeisluð í landinu. Í fallvötnunum og fossunum er mikill þjóðarauður. Það er einnig gott að vita af því að jarðhitinn er mikils virði og bíður þess að verða nýttur. En það kemur þjóðinni ekki að gagni fyrr en jarðhitinn er virkjaður og tekinn til almenningsnota. Ég er sannfærður um að hv. 3. þm. Reykv. hefur gert sér grein fyrir þessu, og tilburðir hans til þess að ná samningum við Union Carbide sanna það að hann hefur nokkurn skilning á þessu. Hvers vegna skyldi hv. þm. Magnús Kjartansson ekki geta gert sér grein fyrir því að innlenda orkugjafa ber að nýta?

Till. sú, sem hér er til umr. á þskj. 80, er flutt af hv. 3. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Austf. Nú er það svo að íslendingar hafa á seinni árum gert talsvert að því að nýta innlenda orkugjafa bæði í fallvötnunum og eins jarðhitann. Í tíð viðreisnarstjórnarinnar frá 1959 til 1971 var mikið að því gert að beisla orkuna, bæði jarðhitann og fallvötnin. Virkjað vatnsafl fimmfaldaðaðist á þessum tíma og í tíð viðreisnarstjórnarinnar voru keyptir stórir jarðborar til landsins og mikið að því gert að auka hitaveitur. Hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, varð iðnrh. 1971. Ætla má að hann hafi viljað sem ráðh. láta eitthvað gott af sér leiða, m. a. í því efni að halda áfram stefnu viðreisnarstjórnarinnar að þessu leyti. Mér dettur ekki í hug að kasta steinum í hv. þm. fyrir það þótt ýmsir hafi haldið því fram að hann hafi ekki vaknað til meðvitundar um þessa nauðsyn fyrr en olíuverðið hækkaði haustið 1973. Auðvitað fengu íslendingar þá aukinn áhuga og gerðu sér enn betri grein en áður fyrir því hversu nauðsynlegt er að nýta innlenda orkugjafa í auknum mæli. Sannleikskorn getur því verið í þeirri fullyrðingu, sem hefur verið viðhöfð um hv. þm. á meðan hann var iðnrh., að hann hafi vaknað af dvala þegar olíuverðið hækkaði.

Hv. þm. flutti sams konar till. og þá sem hér er um að ræða á síðasta Alþingi, eftir að olíuverðið hækkaði. Nokkuð var unnið að orkuöflun meðan hv. þm. var iðnrh., þótt stöðvun hafi orðið í bili og ótrúlega lítið hafi verið gert á 3 árum í þessu efni. Núv. ríkisstj. undir forustu hæstv. iðnrh. hefur gert sér grein fyrir því, hversu nauðsynlegt er að nýta innlenda orkugjafa. Kunnugt er það, að nú er unnið ötullega að undirbúningi áætlana í þessu efni, bæði virkjunaráætlana fallvatna svo og um notkun jarðhita. Ég er sannfærður um að umrædd till., þótt hún verði samþykkt, flýtir ekkert fyrir um það sem nú er verið að vinna að. Hins vegar sé ég enga ástæðu til að setja fót fyrir að till. nái fram að ganga, vegna þess að útilokað er að hún geti spillt fyrir því, sem verið er að gera, og hún getur ekki orðið til þess að draga úr áhuga stjórnvalda eða annarra í þeim efnum.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur mælt fyrir till. Hann hefur einnig skrifað þá grg. sem er með till. En það er leiðinlegt að þurfa að segja að það lítur út fyrir að þegar hann var að skrifa grg., þá hafi hann verið búinn að tyggja upp í huga sér það oft sem hann vissi að var rangt, að honum fannst rétt að setja það í grg. sem sannleika. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp nokkrar setningar úr grg., sem er alveg dæmalaus og hámark ósvífninnar. Þar segir í 2. málsgr.:

„Fyrir tæpum áratug var því haldið fram af þáv. stjórnarvöldum að nýting innlendra orkulinda væri að verða þjóðhagslega óhagkvæm, aðrir ódýrari og hagkvæmari orkugjafar mundu taka

við. Í samræmi við það var meira en helmingi allrar raforkuframleiðslu landsmanna ráðstafað til erlends fyrirtækis fyrir afar lágt verð sem haldast skyldi óbeytt til ársins 1997."

Hv. þm. heldur því fram, að fyrir tæpum áratug hafi íslensk stjórnvöld talið að innlendir orkugjafar væru að verða lítils virði, þess vegna hafi orkunni frá Búrfellsvirkjun verið ráðstafað fyrir gjafverð til erlends fyrirtækis. Fyrir tæpum áratug mun ég hafa verið orkumálaráðherra og var það um 10 ára skeið. Hv. þm. getur leitað í þingtíðindunum bæði að því sem ég hef sagt og aðrir ráðherrar um þetta leyti, og það mun ekki finnast stafur eða setning sem vitnar um að það sé rétt, sem hv. þm. segir hér í grg., heldur þvert á móti. Sagt var að það væri nauðsynlegt að nýta íslenska orkugjafa, innlenda orkugjafa, fallvötnin og jarðhitann, því að meðan það væri ekki gert kæmi þjóðinni það ekki að gagni. Það voru aftur á móti aðrir menn, visindamenn úti í heimi, sem héldu því fram að kjarnorkan gæti orðið samkeppnisfær og jafnvel ódýrari en vatnsorkan. En það voru ekki íslenskir stjórnmálamenn sem sögðu það, því að þeir vissu ekki neitt um það. Kjarnorkan hefur ekki enn orðið samkeppnisfær við vatnsvirkjun, og litur út fyrir að það verði mjög langt þangað til. Það var ekki þetta sem réð því að ráðist var í að virkja Þjórsá, heldur vissan fyrir því að stórvirkjun í Þjórsá og annars staðar á landinu, þar sem virkjunaraðstaða er góð, gat orðið til þess að koma styrkum stoðum undir atvinnulífið og auka fjölbreytni þess, auka framleiðsluna og stuðla að því að skapa atvinnuöryggi í landinu.

Álverksmiðjan í Straumsvík hefur því malað gull fyrir Ísland síðan hún kom og hefur starfað eftir þeim samningum sem gerðir voru. Á fimmta hundrað manns hafa örugga og vel borgaða atvinnu í verksmiðjunni og þjóðin fær hátt á annan milljarð í erlendum gjaldeyri á þessu ári vegna verksmiðjunnar. Ísland væri fátækara ef þessi verksmiðja hefði ekki komið. Ísland væri að öllu leyti snauðara ef stórvirkjunin í Þjórsá hefði ekki komið við Búrfell á þeim árum sem hún var gerð. Og nú væri ekki verið að virkja við Sigöldu ef virkjunin við Búrfell hefði ekki komið. Ef samþ. hefði verið till. hv. 3. þm. Reykv. um heimild til þess að virkja við Efstadal og horfið að því ráði í stað þess að virkja við Búrfell, þá væri orkuskortur, engin stóriðja og engar tekjur af henni.

Ég veit ekki, hvort hv. þm. Magnús Kjartansson hefur skrifað hjá sér þær tölur, sem ég áðan las upp um orkuverðið, sem er sama sem 5.3 mill hjá ÍSAL, ef framleiðslugjaldið er lagt við, en 4.8 mill hjá Sörral, systurfyrirtæki ÍSALS og af sömu stærð. Skatturinn, framleiðslugjaldið, sem álverksmiðjan greiðir, hefur verið notað aðallega í tvennum tilgangi. Það hefur verið lagt í Byggðasjóð til þess að halda uppi jafnvægi í byggð landsins, og Hafnarfjarðarkaupstaður hefur fengið rúmlega ⅕ hluta af þessum tekjum til sín. Og þessi ⅕ hluti af gjaldinu, sem álverksmiðjan greiðir til Hafnarfjarðar, gerir meira í tekjum bæjarins en álagðir skattar á 274 fyrirtæki í Hafnarfirði. Byggðasjóður eða Atvinnujöfnunarsjóður, eins og hann hét þegar hann var stofnaður með tekjum frá álverksmiðjunni, hefði haft minna starfsfé úr að spila ef þessar tekjur hefðu ekki verið fyrir hendi.

Það var gerð grg. fyrir tveimur árum um rafmagnsverðið og greiðslur ÍSALs vegna orkukaupa. Ég tel rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér örlítið úr þessari grg. sem er á rökum byggð, og væri gott fyrir hv. 3. þm. Reykv. að leggja sér á minni það sem þar kemur fram.

Meðalverð orkunotenda, þegar þessi grg. var gerð, — það var á árinu 1972, — orkunotenda í Reykjavík var 1.80 kr. kwst., en ÍSAL greiddi þá 26.04 aura á kwst. eða rúmlega 1/7. En þetta er ekki raunhæfur samanburður. Það ber að athuga nánar, að talið er að tilkostnaður á raforku til neytenda skiptist þannig: framleiðslukostnaður ⅓, flutningskostnaður á háspenntri orku og spennustöðvar ⅓ og dreifing til neytenda ⅓. Sé tekið tillit til þeirrar staðreyndar, að ÍSAL tekur við orkunni háspenntri og rekur eigin spennubreyta og dreifingarkerfi, verður ljóst að margfalda má orkuverð það, er ÍSAL greiðir, með 2.35 til þess að fá tölu, er sambærileg má teljast við greiðslur annarra notenda fyrir raforku, og með 1.17 ef samanburður er gerður við heildsöluverð. Er þá gert ráð fyrir að nýtingartíminn sé hliðstæður. En einnig verður að hafa í huga að ÍSAL nýtir aflið, sem fengið er frá Búrfelli, um 8 200 klst. á ári, þ. e. nýtingartíminn er nær 94%, en ekki einungis 50% eins og gildir um aðra notendur að meðaltali. Í Reykjavík var meðalnotkun 4 267 klukkustundir árið 1971 eða tæp 49%. Vegna þessa tiltölulega lága nýtingartíma verða almennir notendur að greiða fyrir það afl sem þarf að vera til þess að unnt sé að mæta toppálagi, og er gjaldskráin miðuð við bessa staðreynd. Sé gengið út frá ofangreindum staðreyndum og borið saman verð til ÍSALs og Áburðarverksmiðju ríkisins, en Áburðarverksmiðja ríkisins greiðir sama verð og ÍSAL, annars vegar og heildsöluverð til almenningsveitna að meðtöldu verðjöfnunargjaldi hins vegar, kemur í ljós að ÍSAL og Áburðarverksmiðjan greiða um 40% lægra verð í heildsölu að tiltölu við aðra kaupendur fyrir að hafa til afnota afl sem nemur 1 kwst. í eitt ár. Það ber þó að hafa í huga, að greiðslur ÍSALs fyrir raforku eru miðaðar við Bandaríkjadollar og eru því óháðar gengisbreytingum krónunnar. Stofnkostnaður Búrfeldsvirkjunar, 1. og 2. áfanga, ásamt Þórisvatnsmiðlun og Búrfellslínu 2 nam 5 200 millj. kr. Heildargreiðslur ÍSALs fyrir orku á 25 ára tímabili munu nema 6 400 millj. kr. Ef aðrir kaupendur greiddu sama verð og ÍSAL næmu heildargreiðslur á 25 árum því 10 milljörðum 650 millj. kr. Þessi upphæð nægir til þess að afskrifa áðurgreindan stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og skyldra mannvirkja, sem einnig eru að hluta nauðsynleg vegna Sigölduvirkjunar, á 25 árum. Búrfellsvirkjun ætti hins vegar að endast a. m. k. í 75 ár, að talið er af verkfróðum mönnum.

Ég held, að það sé erfitt að hrekja það sem hér hefur verið sagt, og hygg ég, að hv. 3. þm. Reykv. hefði gott af því að kynna sér það sem hér er um að ræða. Ég vil trúa því, að hv. þm. vilji hafa það sem sannara reynist, að hann vilji nú gera upp hug sinn og sannfæra sig um að

það, sem hann hefur áður haldið fram, sé ekki á rökum byggt, að hann átti sig nú á því, að það er ekki satt sem hann hefur sagt um álsamninginn og greiðslur álverksmiðjunnar til íslendinga. Það er ekki rétt, að samningurinn við álverksmiðjuna sé slæmur fyrir Ísland, heldur miklu fremur er hann mjög góður fyrir Ísland og gefur þjóðarbúinu miklar tekjur og vaxandi.

Ég tel ekki, hæstv. forseti, ástæðu til að hafa þetta miklu fleiri orð að sinni. Auðvitað gefst tækifæri til þess að ræða þetta mál frekar hér í þessari hv. deild.

En hvað skal gera til þess að flýta nýtingu innlendra orkugjafa, til þess að flýta framkvæmdum á því sem allir eru sammála um að þurfi að gera? Það þarf vitanlega að semja áætlanir. Það þarf að verja miklu fé til rannsókna til þess að ekki sé ráðist í dýrar framkvæmdir nema að þrautathuguðu máli. Það þarf að gera sér grein fyrir því, hvað er hagkvæmast bæði með jarðhitann og fallvötnin. Við íslendingar ráðum yfir þessum auðlindum og við ætlum ekki að afsala okkur þeim til annarra. En ég tel að það hljóti að vera hagkvæmt að semja við erlenda aðila um ýmis atriði þessa máls, til þess að við getum nýtt þetta sem fyrst og á sem hagkvæmastan hátt. Við getum samið við erlenda aðila án þess að afsala okkur nokkrum réttindum og án þess að skaða þjóðfélagið á nokkurn hátt, en með því mætti tryggja þjóðinni hagnað á tiltölulega stuttum tíma.

Ég skal ekki segja hvernig fer um samninga við Union Carbide, en ég get trúað því að það verði lagt fram frv. á hv. Alþingi um málið, og reynir þá á hvaða viðtökur það frv. fær. Verði það frv. samþ., þá kallar það á virkjun strax í framhaldi af Sigölduvirkjun. Það gerir fært að beisla fljótt vatnsafl sem nú er ónotað. Það verður til þess að koma nýrri stoð undir atvinnulífið, og það verður til þess að auka fjármagn og afrakstur af þjóðarbúinu. En það má segja, að þótt Union Carbide komi hér með verksmiðju, þá sé það ekki nema örlítill þáttur í þessu máli. En segja má að mikla nauðsyn beri til að virkja fljótt þar sem orkuna vantar, eins og á Norður- og Austurlandi.

Hæstv. iðnrh. varð fyrir svörum hér í gær og gaf greinargóðar upplýsingar um, að hverju er verið að vinna í orkumálum, m. a. það, að Kröfluvirkjun muni komast fyrr í gagnið en búist var við, og er það út af fyrir sig mjög gott.

Í dag var frv. um Bessastaðaárvirkjun sent úr þessari deild til hv. Ed. Enn vantar miklar rannsóknir til þess að unnt sé að ákveða að virkja í Bessastaðaá. En ef vonir manna rætast, þá er það byrjun á stórvirkjun á Austurlandi.

Hæstv. ríkisstj. er búin að gera ráðstafanir til að kaupa stóran jarðbor, gufubor, til þess að geta flýtt fyrir jarðborunum og hitaveitufamkvæmdum. Þessi bor kemur að vísu ekki til landsins strax vegna þess hversu afgreiðslutími er langur. En vonir standa til að það taki ekki meira en eitt ár eða eitt og hálft ár að fá þennan bor sem er mjög stórvirkur þegar hann kemur.

Ég geri ráð fyrir því að það sé ekki rétt að ég eyði lengri tíma að þessu sinni, þar sem önnur mál bíða sem ætlað er að láta ganga fram fyrir jólahlé. Till. mun koma til iðnn. Nd., þar sem bæði ég og hv. 3. þm. Reykv. eigum sæti, og höfum við þá tækifæri til að taka hana til meðferðar og gerum að sjálfsögðu það sem við teljum heppilegast fyrir málefnið þegar þar að kemur.

Umr frestað.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 4, n. 189 og 193, 190, 194). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er staðfesting á brbl. sem sett voru hinn 20. sept. s. l. Þau voru sett vegna þeirrar brýnu nauðsynjar, eins og segir í lögunum, að þá þegar yrðu gerðar ráðstafanir í sjávarútvegi til þess að gengisbreyting sú, sem gerð var 29. ágúst s. l., nægði til þess að tryggja viðunandi rekstrarafkomu sjávarútvegsins og til þess að greiða fyrir ákvörðun nýs fiskverðs frá 1. sept. s. l. að telja.

Sjútvn. hv. d. hefur ekki náð samstöðu í þessu máli. Meiri hl. hefur skilað nál. sem að standa 5 nm., en 2 nm. skila séráliti, að ég hygg sinn í hvoru lagi, og eru þau álit væntanleg innan skamms og unnið er að fjölritun þeirra nál.

N. ræddi þetta frv. á allmörgum fundum sínum og enn fremur voru allmargir fundir haldnir sameiginlegir með báðum n. hv. deilda. Það var gert til þess sérstaklega að flýta fyrir afgreiðslu málsins, því að nm. er ljós hin knýjandi nauðsyn þess að þetta mál verði að lögum hið allra fyrsta vegna þeirra ástæðna, sem ríkja í sjávarútvegi landsins.

Brtt. meiri hl. n. er að finna á þskj. 190 og verður vikið að þeim eftir hendinni í þessari framsögu.

Fyrir frv. þessu gerði hæstv. sjútvrh. ítarlega grein við 1. umr. málsins, sem fór fram hinn 11. nóv. s. l., og í frekari umr. um málið sem á eftir fylgdu. Að frv. í heild verður því eigi vikið í þessari framsögu, heldur einvörðungu þeim greinum og þáttum málsins sem brtt. snerta sérstaklega. Þá verður í því sambandi skýrt tekið fram í hverju það samkomulag, sem n. hefur náð við sjútvrn., er fólgið, svo að ekki leiki vafi á hvernig staðið skuli að framkvæmdinni, og er hér sérstaklega átt við ákvæði 9. gr. frv. Í framsögu þessari eru tekin upp ýmis atriði úr grg. sjútvrn. um þetta mál, án þess að vitnað sé til þess sérstaklega í hvert eitt skipti, enda hefur þá meiri hl. n. gert þau orð að sínum, svo að í einn stað kemur niður.

1. brtt. meiri hl n. er við 4. gr. frv., a-lið. Þar er lagt til að útfluttar afurðir lagmetis skuli undanþegnar gjaldi í Olíusjóð. Stefnan í þessu máli var mörkuð með l. um breyt. á l. nr. 48 frá 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sem samþ. voru á Alþ. 8. maí 1974. Segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 2. gr. þeirra laga:

„Lagmetisiðnaðurinn fellur undir skilgreiningar laga um iðnrekstur og greiðir iðnlánasjóðsgjald skv. l. nr. 68/1967 með breyt. nr. 19/1968 og nr. 42/1971. Með því skal lagmetisiðnaðurinn

að fullu undanþeginn öllum útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. l. nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, l. nr. 55/1973, um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, og l. nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þó skulu gjöld, sbr. l. nr. 19/1973, innheimtast til ársloka 1977 og renna í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, skv. 7. gr. þessara laga."

Þann sama dag, hinn 8. maí 1974, voru samþ. l. um breyt. á l. nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, til samræmis við það sem segir í fyrrgreindum lögum. Þessi brtt. er því í fullu samræmi við fyrri lagasetningar Alþ., og er þess að vænta að engum ágreiningi valdi. Við þetta má bæta því, að lagmetisiðnaðurinn hefur löngum verið nokkurt olnbogabarn, og enda þótt hann njóti hráefnis sem ætti að skara fram úr því sem lagmetisiðnaður annarra landa nýtur, þá er það samt svo, að honum hefur gengið illa lengst af að ná vopnum sínum og löngum átt mjög erfitt uppdráttar. Líka með tilliti til þess er þessi brtt. gerð, að lagmetisiðnaðurinn er undanþeginn greiðslum í Olíusjóð.

2. brtt. er við 5. gr. frv. Þar er vísað til l. nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, 6. tl. 1. málsgr. 2. gr. þeirra l., sem hljóða svo:

„6% gjald af fob-verði greiðist af þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, frystri loðnu, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein. Heimilt er að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna vegna umbúðakostnaðar, 500 kr. fyrir hver 100 kg innihalds."

Hér er lagt til að frádráttur vegna umbúðakostnaðar verði 1300 kr. fyrir hver 100 kg innihalds í stað 500 kr. Til rökstuðnings þessari brtt., sem í leiðinni er einnig rökstuðningur fyrir ákv. til brb., merktu rómverskir II, sem gerð er till. um síðast, undir 4. lið brtt., skal vitnað í bréf síldarútvegsnefndar, dags. 19 nóv. s. l. Það segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Söluverð á hausskorinni og slógdreginni sykursíld af stærðarflokknum 300—500 stk. í tunnu eða 6 stk. á kg áætlum vér í dag U.S dollara (Bandaríkjadollara) 110 fob. á tunnu á 100 kg nettó eða ísl. kr. 13013. Útflutningsgjöld af síld þessari nema í dag samtals 14.1% eða 1764 kr. á tunnu. Svo sem kunnugt er hafa sviar síðustu árin keypt síld í allstórum stíl til söltunar í Danmörku þ. á m. af íslenskum skipum, og velja til þess stærstu síldina þannig að hámarksstykkjatala fari ekki yfir 5 eða 6 stk. á kg. Útflutningsgjöld af síld þeirri, sem íslensku skipin landa í Danmörku, eru reiknuð á 14.1% af ¾ hlutum hráefnisverðs. Meðalsöluverð íslenskra skipa á ferskri síld í Danmörku á yfirstandandi vertíð eru ísl. kr. 29.21 á kg fyrir tímabilið sem tekið er frá 7. maí til 9. nóv. Til að framleiða eina tunnu af hausskorinni og slógdreginni síld þarf 146 kg af fersksíld. Hafi sviar fengið síldina á framangreindu meðalsöluverði hafa útflutningsgjöldin til þeirra af hverri tunnu numið 451 kr., en þegar flutt er út héðan, eins og áður segir, 1764 kr. Sé gert ráð fyrir að meðalsöluverð til söltunar í Danmörku hafi numið t. d. 40 kr. á kg, sem er mjög vafasamt þó, yrðu öll útflutningsgjöldin á tunnu ekki nema 618 kr. ísl. Með því að leggja margfalt hærri útflutningsgjöld á síld, sem söltuð er hér heima, en síld, sem lögð er á land til söltunar í Danmörku, vinna íslensk stjórnvöld að því að flytja þennan atvinnuveg úr landi og gera hlut íslendinga erfiðari í samkeppninni um markaðinn."

Þess er að vænta að hv. þm. sjái í hendi sér sanngirni þessarar tillögugerðar n. um breyt. á 5. gr. frv. og tillögugerðar varðandi setningu ákv. til brb., þar sem segir að heimilt skuli að endurgreiða útflutningsgjöld skv. l. nr. 19/1973 af saltsíld og saltsíldarflökum sem framleidd eru á árinu 1974.

Í þriðja lagi gerir meiri hl. n. ítarlegar till. um ákvæði 9. gr. frv. sem fjallar um ráðstöfun gengishagnaðar. Er öllum nm. ljóst að hér er um vandasamt verk að tefla. Í þessum atriðum verður aldrei gert svo að öllum líki. Eftir ítarlegar umr. og athuganir eru niðurstöður meiri hl. n. varðandi innihald og útlistun 9. gr. frv. sem hér segir:

„9. gr. um ráðstöfun gengishagnaðarsjóðs frá og með a-lið orðist eins og hér greinir:

a. Til að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr. Sjútvrn. er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja.
b. Óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1974 til 15. sept. 250 millj. kr.
c. Óafturkræft framlag til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra 230 millj. kr.
d. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls annars en loðnumjöls, sem framleitt var á tímabilinu 1. jan. til 31. ágúst 1974, enda komi allt fiskmjöl til verðjöfnunar í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja 50 millj. kr.
e. Til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra sem fá greiddan lífeyri úr lífeyrissjóði sjómanna 15 millj. kr.
f. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna 11 millj. kr.
g. Eftirstöðvar til ráðstöfunar skv. nánari ákvörðun sjútvrn." — sem skv. útreikningum nú má gera ráð fyrir að nemi um 75 millj. kr.

Síðan segir: „Sjútvrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlaga."

Nauðsynlegt er að kryfja hvern lið þessarar greinar til mergjar og skýra sem best þá tilhögun, sem viðhafa skal í þessu sambandi í framkvæmdinni. 1. málsgr. a-liðar 9. gr. fjallar um að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa. Lagt er til að stofnaður verði sérstakur reikningur fyrir hvert skip hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa sem skulda erlend lán. Þeirri fjárhæð, sem ávísað yrði á hvern reikning, yrði skipt í 3 hluta til að aðstoða viðkomandi útgerðir við að standa í skilum með afborganir og vexti við Fiskveiðasjóð, Ríkisábyrgðasjóð og Byggðasjóð næstu 3 árin. Verði inneign á þessum reikningi þegar viðkomandi

útgerð hefur greitt sína árlegu afborgun eða tvær 6 mánaða afborganir skal greiða mismuninn út af reikningnum til útgerðarinnar. Sjútvrn. hefur gert útreikninga á gengistapi einstakra skulda frá 1. jan. til 29. ágúst annars vegar og vegna gengisbreyt. 29. ágúst hins vegar og eru samandregnar niðurstöður þessar í millj. kr. frá 1. jan. til gengisfellingarinnar og síðan frá því að gengisfellingin var gerð, og þá kemur þetta þannig út hvað gengistapið hafði orðið: Fram til gengisfellingar vegna minni skuttogara 568 millj., vegna gengisbreyt. 782 millj. Í öðru lagi vegna stærri skuttogara fram til gengisbreyt. 375 millj., vegna gengisbreyt. 482 millj. kr. hækkun. Í þriðja lagi vegna annarra skipakaupa 195 millj. fram til 29/8, en vegna gengisbreyt. 212 millj. Í fjórða lagi vegna breytinga á skipum 30 millj. fram að gengisbreyt. og 47 millj. vegna hennar. Samtals gengistap fram að gengisfellingu 1 milljarður 168 millj. kr., en vegna gengisbreyt. 1 milljarður 523 millj. kr. Lauslegir útreikningar sýna, að árlegar afborganir af samningsbundnum skuldum erlendis vegna skipakaupa og breytinga muni verða um 1150—1200 millj. kr. næstu 3 árin, miðað við þá samninga, sem gerðir höfðu verið þegar gengisbreyt. var gerð 29. ágúst s. l.

Lagt er til, að 600 millj. kr. verði ráðstafað úr gengishagnaðarsjóði til að bæta gengistapið. Þar af verði 200 millj. kr. greiddar inn á hina sérstöku reikninga hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, en þær 400 millj. kr., sem lagt er til að verði lánaðar til sjávarútvegsins, fari við endurgreiðslu inn á þessa sérstöku reikninga sem áður greinir.

Lagt er til, að við skiptingu fjárhæðar milli einstakra skipa verði miðað við hlutfallstölu hverrar skuldar af heildarskuldinni eins og hún var 29. ágúst s. l. Í þeim tilvikum þegar útgerðir hafa samið um smíði erlendis fyrir 29. ágúst s. l., en ekki greitt að fullu þau 20% kaupverðsins, sem greiða skal á smíðatímanum, skulu gengisbætur vegna þessa hluta kaupverðsins greiddar strax út ef útgerðin hefur nú þegar staðið skil á fjárhæðinni eða hluta hennar, annars um leið og viðkomandi yfirfærsla á sér stað.

Í 2. málsgr. a-liðar 9. gr. er fjallað um að 400 millj. kr. verði lánaðar til sjávarútvegsins til skamms tíma til að bæta lausafjárstöðu hans. Gert er ráð fyrir að við endurgreiðslu renni þessi fjárhæð til Stofnfjársjóðs fiskiskipa og inn á hina sérstöku reikninga þeirra skipa sem erlend lán hvíla á og greint var frá hér að framan. Fram fer könnun á fjárhagsstöðu veiða og vinnslu og liggur ljóst fyrir að fyrirtæki geta ekki vænst fyrrgreindrar fyrirgreiðslu nema þau hafi skilað viðskiptabönkum sínum reikningsuppgjöri sem krafist er vegna könnunarinnar. Nauðsynlegt er að leggja ríka áherslu á, einnig vegna b- og c-liðar þessarar gr., að til þess að viðkomandi aðilar geti vænst fyrirgreiðslu úr gengishagnaðarsjóði er það skilyrði sett að þeir skili reikningsuppgjöri til viðskiptabanka og/eða fullnægjandi skýrslum til Aflatryggingasjóðs.

Í b-lið 3. brtt. á þskj. 190 er fjallað um óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1974, frá ársbyrjun og til 15. sept. s. l., tvö tryggingartímabil, frá 1. jan. til 15. maí og frá 15. maí, sumarvertíðin, til 15. sept. Lagt er til, að 250 millj. kr. af gengishagnaðarsjóði verði ráðstafað nú þegar sem óafturkræfu framlagi til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika sem skapast hafa á þessu ári. Lagt er til, að ákveðnum aðila, t. d. Aflatryggingasjóði, verði falið að annast þessar greiðslur eftir ákvörðun rn. í hverju einstöku tilfelli og geti rn. ákveðið, ef það telur þess þörf, að einstakar greiðslur fari beint til lánardrottna einstakra útgerða. Sjútvrn. vinnur nú að samningu reglna varðandi skiptingu þessarar fjárhæðar og er þar stuðst við upplýsingar frá Aflatryggingarsjóði um einstaka báta á tímabilinu frá 1. jan. til 15. sept. í ár. Úthlutunarreglur fjárhæðarinnar verði þessar: 100 millj. kr. verði skipt eftir úthaldsdögum einvörðungu, og er í þessu atriði gengið alveg sérstaklega til móts við óskir Landssambands ísl. útvegsmanna og aðalfundar þess, sem setti fram eindregna kröfu um að skiptingin á þessum 250 millj. yrði jöfn að því leyti að það yrðu 125 miðað við úthaldsdaga einvörðungu og 125 eftir hinni reglunni sem ég vík nú að, en hún er sú að 150 millj. kr. eða 60% af þessari fjárhæð verði skipt þannig, að tekið verði tillit til úthaldsdaga, áhafnarfjölda, aflamagns og þeirra lágmarkstekna sem skip þarf að hafa til að geta greitt kauptryggingu. Gert er ráð fyrir að fyrir hvern stærðarflokk báta, miðað við hin ýmsu veiðarfæri, verði greidd sem hámark ákveðin hundraðstala af kostnaði á úthaldsdag, þannig að bátar, sem aflað hafa sæmilega eða vel, fái ýmist lægri greiðslur en þeir, sem hafa aflað illa, eða engar. Þetta er eftir seinni aðferðinni. Til jöfnunar til einstakra báta eru bætur Aflatryggingasjóðs dregnar frá útreiknaðri fyrirgreiðslufjárhæð til einstakra skipa. Hluta fyrrgreindra 250 millj. kr. er ætlað að renna til þeirra útgerða og mundi þá í þessu tilfelli takast af báðum þáttum og þá í þeim hlutföllum sem fjárhæðinni allri er skipt í til þeirra útgerða, sem orðið hafa fyrir óhöppum á þessu tímabili, og yrði hvert einstakt tilfelli rannsakað og metið sérstaklega. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að hér mun vera um tiltölulega afar fá tilfelli að tefla, þannig að þetta ríður engan baggamun í sambandi við heildarfjármagnið. Gert er ráð fyrir aðallega að ákvæðin skuli ná til báta niður að 20 smálestum að stærð og miðað sé við 40 lestir sem lágmarksafla á hvoru veiðitímabili um sig. Er þó ákveðið að meta sérstaklega ástæður minni báta allt niður í 12 smálestir og gera þeim einnig skil eftir því sem sanngjarnt verður talið.

Í c-lið 3. brtt. á þskj. 190 er fjallað um óafturkræft framlag til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra. Nú þegar hafa 102 millj. kr. verið fengnar að láni úr gengishagnaðarsjóði frá 1972 til að bæta rekstrarafkomu skuttogara á þessu ári og var við ákvörðun bóta miðað við úthaldsdaga skipanna fyrstu 6 mán. ársins. Lagt er til að tilsvarandi fyrirgreiðsla verði veitt fyrir síðari hluta ársins og yrði þá heildarframlagið um 230 millj. kr. Í dag eru komnir til landsins 17 skuttogarar af stærri gerð, þ. e. a. s. 500 brúttólestir eða meira, og 34 skuttogarar af minni gerð, undir 500 brúttósmálestum. Stærri skuttogarar hafa fengið bætur úr Aflatryggingasjóði en sjóðurinn hefur ekki verið bótaskyldur gagn-

vart minni skuttogurunum, a. m. k. ekki enn sem komið er.

Í d-lið 9. gr. er till. um greiðslur til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls, annars en loðnumjöls, eins og þar segir.

Miklir rekstrarerfiðleikar hafa skapast á þessu ári hjá fiskmjölsverksmiðjunum vegna vinnslu fiskmjöls, þar sem þessir aðilar eiga ekki aðild að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og fá þar af leiðandi engar bætur frá honum vegna þess verðfalls sem orðið hefur á þessu ári. Lagt er til, að 50 millj. kr. af gengishagnaðarsjóði verði ráðstafað sem óafturkræfu framlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls sem framleitt var á tímabilinu frá 1. jan. til 31 ágúst 1974, enda komi fiskmjöl inn í deild fyrir afurðir síldar og fiskmjölsverksmiðja.

Í e-lið 3. brtt. við 9. gr. frv. er tillaga um að verja 15 millj. kr. til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra sjómanna. Verða þær verðbætur greiddar skv. nánari ákvörðun stjórnar lífeyrissjóðs sjómanna.

Í f-lið er fjallað um 11 millj. kr. framlag til orlofsheimila sjómannasamtakanna. Lagt er til að sjútvrh. ráðstafi því fé að fengnum till. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands.

Varðandi þessa tvo liði, e- og f- lið, hafði hv. 8. þm. Reykv. (PS) forgöngu um það mál við góðar undirtektir hæstv. sjútvrh. og er báðum mikil sæmd af.

Áætlað er að skv. fyrrgreindum greiðslum, sem ég nú hef rakið, mundu eftirstöðvar gengishagnaðar verða um 75 millj. kr., — ég vil þó leggja áherslu á að allt eru þetta áætlunartölur, — sem ráðstafað yrði skv. till. í g-lið, að því viðbættu að haft verði samráð við formenn sjútvn. beggja deilda Alþ. um ráðstöfunina þegar þar að kemur og nm. þannig gefinn kostur á að fylgjast með málinu.

Síðan er í till., eins og 9. gr. kemur til með að hljóða, að sjálfsögðu gert ráð fyrir að rn. kveði nánar á um framkvæmd 9. gr. með reglugerð.

Áður hefur verið vikið að nýju ákv. til brb., þar sem lagt er til að heimilt sé að endurgreiða útflutningsgjald af saltsíld og saltsíldarflökum sem framleidd eru á árinu 1974. Ekki eru tök á að taka dýpra í árinni nú, en málefni síldarútflutnings verða væntanlega tekin til frekari athugunar svo fljótt sem kostur er. Fyrir því er aðeins gert ráð fyrir heimild til endurgreiðslu á þessu vegna framleiðslunnar á árinu 1974 því að ekki vannst nægur tími til þess að athuga þetta mál eins og þörf virðist vera á.

Ég vil svo aðeins að lokum geta þess, að sá framkvæmdarammi, sér í lagi við 9. gr. frv., sem ég hef hér skýrt, er sá sem samkomulag hefur náðst um milli meiri hl. sjútvn. hv. d. og sjútvrn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil aðeins staðfesta það sem vitnað hefur verið í sjútvrn. frá hendi frsm. meiri hl. sjútvn., hv. 3. þm. Austf., að allt það sem hann sagði í þeim efnum er rétt og það sem sjútvrn. hefur fallist á. Ég vil einnig bæta því við að allar reglur, sem settar kunna að verða í sambandi við ráðstöfun gengishagnaðarins, mun sjútvrn. setja í fullu samráði við ríkisstj. og með hennar samþykki, þannig að það komi hér fram, að um ráðstöfun á þessu fjármagni verður haft fullt samráð við ríkisstj., jafnframt því sem hv. 3. þm. Austf. lýsti yfir að haft verður samráð við fulltrúa frá sjútvn. beggja d. um þær reglur, því að það er engin ástæða til að það þurfi að fela neitt í sambandi við þær reglur. Það er erfitt að setja margar af þessum reglum og því er rétt að ríkisstj. ein beri ábyrgð á þeim og fulltrúar sjútvn. eða formenn n. eða aðrir þeir sem þeir vilja heldur fela það, að þeir fái einnig að fylgjast með þessu.

Þær brtt., sem hér liggja fyrir, ætla ég ekki að ræða neitt frekar, að öðru leyti en því að 2. brtt., sem er flutt til þess að verða við óskum síldarútvegsnefndar, tel ég að sé mjög sanngjörn, að hækka úr 500 kr. í 1300 kr. miðað við kostnað á tunnu. Eins er um e- og f-lið, sem eru ekki úr fyrstu till. sjútvrn. og hv. frsm. lýsti, að ég fyrir mitt leyti er mjög ásáttur og ánægður með þær brtt. báðar. Enn fremur eru ákv. til brb., sem eru einnig til þess að verða við óskum síldarútvegsnefndar hvað snertir endurgreiðslu á útflutningsgjaldi á árunum 1973 og 1974. En ég vil ekki á þessu stigi fallast á að setja reglur fram í tímann fyrir árið 1975. Það mál má taka upp síðar. Það þarfnast miklu frekari undirbúnings og margvíslegra annarra upplýsinga.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég legg mikla áherslu á að þetta mál nái fram að ganga. Það bíða margir eftir ráðstöfun gengishagnaðarins, og eftir því sem lengra líður að Alþ. afgreiði þetta frv. verður biðin orðin óbærilegri fyrir margan þann sem vantar að fá greiðslur til þess að halda eðlilegri útgerð uppi. Ég vænti því að þessi hv. þd. verði við þeim tilmælum að afgreiða þetta mál eins fljótt og kostur er. Það fóru fram allvíðtækar umr. þegar 1. umr. fór fram, og ég vona að þm. geti fallist á þá ósk, vegna þess hvað þetta er orðið aðkallandi, að reyna að hafa ekki mjög langar umr. þannig að málið komist sem fyrst til Ed. til afgreiðslu þar.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Hæstv. forseti. Skammur tími hefur verið gefinn til þess fyrir minni hl. að koma frá sér viðunandi nál. Því hefur ekki enn þá verið dreift og ekki heldur þeim brtt., sem við tveir sem myndum minni hl. hv. sjútvn. þessarar d., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og ég, höfum borið fram. Ég hlýt þess vegna að kynna till. okkar hér og grg. í fyrri hluta minnar tölu, sem verður að vísu ekki mjög löng. Ég vil þó fyrst, áður en ég hef efnisumr. varðandi þetta mál, geta nokkurra atriða í sögu þess frá því það var lagt fyrir hv. Alþingi.

Alþ. hóf störf að vísu nokkuð seinna á þessu ári en áður hefur tíðkast, eða í lok okt. En þetta mál er 4. mál þingsins og var lagt fram í upphafi þess. Ekki virtist liggja mikið á að ýta þessu máli af stað í gegnum maskínuna þeirra, sem malað hefur heldur hratt nú upp á síðkastið,

flestum þeim til óþæginda sem hafa viljað kynna sér þetta mikilvæga og mikla mál ofan í kjölinn. Ég er í fullkomnum vafa um að allir hv. meðlimir sjútvn. hafi einu sinni haft tækifæri til þess að gera það sem skyldi. Þetta mál var sem sagt lagt fyrst fram á fundi í sjútvn. þann 26. nóv. Þá lá engin efnisleg grg. fyrir frá sjútvrn., aðeins frv. eins og það liggur nú fyrir.

Annar fundur var haldinn 12. des. Það var sameiginlegur fundur og eini sameiginlegi fundurinn sem haldinn hefur verið í n., jafnvel þótt hv. þm. Sverrir Hermannsson leyfði sér að halda hinu gagnstæða fram hér áðan, að allmargir fundir hefðu verið haldnir sameiginlega. Einn fundur hefur ekki verið kallaður allmargir hingað til. En á þessum fundi voru gestir n. Einar Ingvarsson, aðstoðarráðh., Jón Arnalds ásamt fleirum. Þessir menn gerðu þá nokkra grein fyrir till. rn., sem voru ákaflega óljósar. Það var nánast rammi um þá hluti sem gera skyldi og engin leið fyrir hvern einstakan nm. að gera sér grein fyrir því hvernig dæmið kæmi raunverulega út, því að engir útreikningar, sem við vitum að rn. hafði látið framkvæma, voru lagðir fram okkur til glöggvunar.

Þriðji fundur n. var haldinn 14. des. Á þeim fundi var ekkert hægt að afgreiða, vegna þess að menn höfðu öðrum hnöppum að hneppa sumir hverjir og vegna slæmrar mætingar var engin útkoma úr þeim fundi. Meira að segja hv. þm. Sverrir Hermannsson, sem talaði af miklum ábyrgðarþunga um þetta mál áðan, lét ekki sjá sig, enda var hann þá þegar búinn að fá að vita hvað skuttogararnir fengju í sinn hlut. Á þessum fundi höfðu engar frekari upplýsingar borist þrátt fyrir tilmæli okkar minnihlutamanna í þeim efnum. Þar voru aðeins komnar umsagnir Landssambands ísl. útvegsmanna, sem reyndar voru bornar þangað af form. þeirra samtaka og umsögn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, sem mótmælti mörgum liðum í þessu frv.

Og svo að lokum var 4. fundurinn haldinn kl. 8 í morgun og það tilkynnt að málið skyldi afgr., að hve miklu leyti sem menn hefðu þá getað gert sér grein fyrir efni frv. og því hvernig framkvæmd á skiptingu gengishagnaðarins kæmi út. Áður en þessi fundur var haldinn var meira að segja búið að prenta dagskrá þessa fundar í þessari hv. d., þar sem þetta mál hafði verið tekið á dagskrá án þess að nokkur vissi um það hvort unnt væri að koma því áfram. Svona mikill er nú böðulsgangurinn í þessu máli öllu.

Ég mun nú víkja að þeim brtt., sem við tveir í minni hl. höfum lagt til, og gera síðan nokkra grein fyrir þeim.

Í fyrsta lagi leggjum við til, að 1., 2., 3. og 4. gr. þessa frv. falli niður. Þessar gr. eru í fyrsta lagi um bindingu fiskverðs, í öðru lagi um hækkun til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, í þriðja lagi um hækkun til Stofnfjársjóðs fiskiskipa þegar landað er í erlendri höfn, sem nú er hvorki meira né minna en 21%, og í fjórða lagi að olíuvandinn skuli leystur á þann hátt sem þarna greinir.

Annað höfuðatriðið í till. minni hl. er varðandi skiptingu gengishagnaðarins, þannig að formáli greinarinnar sé óbreyttur, en stafliðir breytist sem hér segir:

1) a-liður verði svona: Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa verði varið 600 millj. kr. Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa 300 millj. kr. af þessari fjárhæð skv. reglugerð, er hann setur og ráðh. staðfestir, til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, enda verði krafist öruggra trygginga fyrir þessum lánum.

2) Breyting á b-lið og hann hljóði þá svo: Styrkur til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á tímabilinu frá 1. jan. til 1. sept. 1974 verði 250 millj. kr. eins og lagt er til í frv., en styrkupphæðinni verði skipt þannig, að 40% hennar verði ráðstafað einvörðungu með tilliti til mannúthaldsdaga og 60% við reglur er Aflatryggingasjóður setur, þar sem tekið verði tillit m. a. til aflamagns og lágmarkstekna sem skipið þarf að hafa til að geta greitt kauptryggingu, enda hafi kaupgreiðslur til sjómanna algeran forgang. Þar sem í upphaflegum till. rn. var gert ráð fyrir takmörkunum á bátastærð, 20 smálestir, settum við inn í þessa brtt. líka svo hljóðandi málsgrein: Allir fiskibátar án tillits til stærðar skulu hljóta styrk samkvæmt ákvæðum þessa stafliðs.

3) Styrkur til skuttogara verði 230 millj. og miðist við fjölda úthaldsdaga.

4) Við leggjum til, þvert ofan í það sem kemur fram í till. meiri hl. um þær 50 millj. sem skammta á fiskmjölsframleiðendum, að til lífeyrissjóðs sjómanna komi 80 millj. kr., m. a. til að verðbæta lífeyrisgreiðslur til aldraðra sjómanna og ekkna skv. reglum er stjórn sjóðsins setur.

5) 20 millj. kr. til sjómannasamtakanna til byggingar orlofshúsa og annarra félagsmála eftir nánari ákvörðun stjórnar samtakanna.

Í síðasta lagi að eftirstöðvunum verði ráðstafað með sérstökum lögum af Alþ. síðar, þegar nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um stöðu sjávarútvegs og fiskvinnslu.

Eins og menn geta heyrt af þessum till. eru þær í veigamiklum atriðum öðruvísi en meiri hl. leggur til. Við viljum fella niður þær greinar sem skerða stórkostlega hlut sjómanna í landinu. Við erum á móti þeirri skoðun hv. þm. Sverris Hermannssonar að vandamál sjávarútvegsins verði eingöngu leyst eða að mestu leyti leyst á kostnað sjómannannna, og er það þvert ofan í það sem hann hefur látið hafa eftir sér á opinberum vettvangi áður.

Nál. minni hl. hefur nú verið útbýtt, en vegna þess, hve seint það er fram komið, hef ég kosið að lesa hluta þess, með leyfi forseta:

Frv. það, sem hér er lagt fram, er tvíþætt: Annars vegar um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna afkomuerfiðleika, sem m. a. hafa skapast vegna gengisfellingar hægri stjórnarinnar, og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Um fyrra atriðið — ráðstafanir í sjávarútvegi — er það að segja, að þær miðast eingöngu við tilfærslur fjármagns innan atvinnugreinarinnar sjálfrar og þá fyrst og fremst frá launþegunum yfir til atvinnurekendanna. Þannig er gert ráð fyrir því í 2. og 3. gr. frv. að hækka þann hlut, sem tekinn er af óskiptu, mjög verulega og ráðstafa honum til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, þ. e. a. s. í þágu atvinnurekenda í útvegi. Með þessu er verið að rýra kjör sjómannastéttarinnar mjög verulega og skerða sjálfan grundvöll frjálsra

kjarasamninga þeirra. Sjómannasamtökin hafa harðlega mótmælt þessu gerræði hægri stjórnarinnar og talið það fullnægjandi ástæðu til að segja upp núgildandi kjarasamningum.

Minni hl. sjútvn. Nd. lýsir sig samþykkan afstöðu sjómanna til þessara ráðstafana og leggur til að frvgr. verði felldar.

Í 1. gr. frv. gerist það í fyrsta skipti, að ráðin eru tekin af Verðlagsráði sjávarútvegsins með því að heimila ekki nema óverulega fiskverðshækkun á sama tíma og reynt var að ná samkomulagi um fiskverðið í Verðlagsráðinu og áður en séð yrði hvort það mundi geta tekist. Þegar þetta gerðist hafði engin hækkun fengist fram á fiskverðinu frá áramótum 1973—1974 og sjómenn því ekki fengið launahækkanir á tímabilinu til samræmis við aðra launþega. Þeim mun tilfinnanlegri hafði þessi seinkun á launabótum til sjómannastéttarinnar orðið, þar sem afli hafði farið rýrnandi, auk þess sem hér var um að ræða ráðstöfun sem kom í veg fyrir það að sjómenn gætu fengið launahækkanir til jafns við aðrar stéttir. Hér er um hættulegt fordæmi að ræða, þ. e. a. s. það fordæmi að ríkisstj. grípur með brbl. inn í atriði frjálsrar samningagerðar launastéttar á meðan sú samningagerð stendur yfir og ekkert bendir til annars en hún hefði getað tekist án afskipta ríkisvaldsins.

Með 4. gr. frv. er kostnaði vegna verðhækkana á olíu velt yfir á sjómenn að miklu leyti, vegna þess að þessar tilfærslur fjármuna innan greinarinnar koma í veg fyrir hækkun fiskverðs sem ella hefði getað orðið. Með þessari grein er sjávarútveginum í raun sjálfum gert að standa undir olíuverðshækkuninni og stór hluti þeirrar byrðar lagður á launþegana í atvinnugreininni — sjómennina.

Það er ekki ágreiningur við meiri hl. um 5., 6., 7. og 8. gr. frv. Þó vill minni hl. n. benda á nauðsyn þess að vátryggingamál fiskiskipa verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Um síðari þátt frv. — ráðstöfun gengishagnaðar — er fjallað í 9. gr. frv.

Minni hl. n. telur í hæsta máta óeðlilegt að ráðh. verði falið að ráðstafa stórkostlegum upphæðum í lán og styrki að eigin geðþótta. Því leggjum við til á sérstöku þskj. að fastákveðnar reglur verði markaðar í lögum um þessi efni og framkvæmdin falin þeim aðilum sem eðlilegast er að um hana sjái. Einnig telur minni hl. eðlilegt og sjálfsagt að við úthlutun gengishagnaðar sé miðað við bæði vetrar- og sumarúthald og engar takmarkanir séu settar um stærð þeirra fiskibáta sem fyrirgreiðslnanna geti notið.

Minni hl. sjútvn. bendir á að sjómenn eiga tilkall til gengishagnaðarins ekki síður en útgerðarmenn og fiskverkendur. Ekkert tillit er tekið til þessa í frv., enda þar hvergi finnanleg ákvæði um að hluta gengishagnaðarins sé ráðstafað í þágu sjómannanna. Að vísu mun meiri hl. n. leggja fram till. um þetta efni, eins og við heyrðum hér áðan. Þær till. eru greinilega algerar sýndartill., því að aðeins er gert ráð fyrir að verja mjög óverulegum hluta gengishagnaðarins í þágu sjómannastéttarinnar. Minni hl. gerir það að till. sinni á sérstöku þskj., að uppbæturnar í þessum till. meiri hl. verði hækkanir og í fyllsta máta eðlilega lausn að ræða.

aðar verulega, og bendir á að þar sé aðeins um

Meiri hl. n. mun leggja til að 50 millj. kr. af gengishagnaðinum verði ráðstafað til verðbóta á fiskmjöli, öðru en loðnumjöli. Minni hl. n. sér engin rök mæla með þeirri afgreiðslu.

Með þessum orðum lýkur nál. okkar.

Um þetta mikilvæga mál, þar sem um er að tefla upphæðir upp á milljarða kr., mætti vissulega halda langa ræðu og reyna að freista þess að hafa með skynsamlegum rökum áhrif á hæstv. núv. sjútvrh. En mér hefur heyrst það nú í haust og sýnst það og fundist af hans málflutningi, að hann kunni ekki mikið að meta hæfilegar röksemdir. Það, sem virðist vera honum efst í huga, eru tilskipanir og valdboð.

Ég mun nú aðeins fara lauslega yfir þær till., sem við höfum af rn. hálfu, og sýna mönnum það svart á hvítu hver ætlunin var og er með þeirri aðferð sem nota skal við að úthluta öllu þessu fé. Það kemur að vísu einnig fram á þskj. 190 í brtt. meiri hl., svo að það er nokkuð sama hvort lesið er upphaflega plaggið eða það sem tínt er út úr því í þessar brtt. meiri hl. n.

1. liður þeirra till., sem sjútvrn. gerði, var um að greiða gengistapið með 600 millj. kr., sem er eðlilegt. En síðan kemur sú viðbót, að sjútvrn. sé heimilt að ráðstafa 400 millj. af þessari fjárhæð til þess að lána fyrirtækjum í sjávarútvegi til þess að koma í stað skammtímalána og vanskilaskulda og bráðabirgðalána. Þessi lán átti þó ekki að veita til lengri tíma en 2—3 ára. Ég vil vekja athygli á því, að í þessari gr. er hvergi minnst á neinar reglur, það er ekkert sagt um hvernig eigi að útbýta þessum lánum. Þarna er ekkert minnst á tryggingar. Það er aðeins sagt að hæstv. sjútvrh. eigi að útbýta þessum 400 millj. upp úr vasa sínum og að eigin geðþótta að því er virðist.

Næsti liður í till. rn. er stuttur og laggóður, svokallað óafturkræft framlag, sem þýðir styrkur á venjulegu íslensku máli, til bátaflotans vegna rekstrarörðugleika á árinu 1974, 250 millj. kr., og ekki orð um það. Hins vegar er í skýringum gert ráð fyrir því, að rn. eigi líka að útbýta þessum peningum.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir óafturkræfu framlagi til skuttogara, 230 millj. Það er sama upphæð sem við í minni hl. höfðum gert ráð fyrir og höfum ekkert við að athuga annað en það, að við tökum fram í okkar till., að það skuli miðast við úthaldsdaga.

Síðan kemur þessi dæmalausi d-liður um að rétta 50 millj. upp í hendurnar á þeim sem hafa framleitt fiskmjöl og greiða verðbætur á fiskmjölið og ekki tekið til loðnumjöls. Þessi fyrirtæki hafa ekki verið á horriminni á undanförnum árum, en haft mikið upp úr sinni framleiðslu. Það vitum við allir sem erum úr sjávarplássum og höfum fylgst með þessu. Þau hafa notað peningana jafnóðum í eyðslu og geysilegar fjárfestingar. En svo þegar hallar undan fæti augnablik, þá á að koma strax til ríkisins og fá hjá því stóra styrki. Þetta leggjum við að sjálfsögðu til að verði fellt niður.

Svo er rúsínan, sem menn sjá eiginlega ekki

hvort er rúsína eða sveskja, það stendur bara: eftirstöðvar, sem enginn veit hvað eru miklar, til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjútvrn. Þar er upptalið. Sjútvrn. á að hafa það í sinni hendi, hvernig á að úthluta þessu fé, sem er engir smápeningar, 1250 millj. kr. Við slík vinnubrögð verður hreint ekki unað.

Það er nú svo, að það, sem ég nú þegar hef sagt um þetta mál, ætti kannske að geta nægt. Ég vil samt sem áður fara nokkrum orðum um einstakar greinar sjálfs frv. og skal þar fara fljótt yfir sögu, enda höfum við sagt um það nokkur orð þegar í nál., sem ég las upp hér áðan.

Það má öllum vera ljóst, að ákvæði 1. gr. um að heimila ekki meira en 11% hækkun á fiskverði er ákaflega harkaleg árás á kjör sjómanna. Fiskverðið hefur ekki hækkað síðan um áramótin, en allar aðrar launastéttir hafa þó fengið í krónutölu allverulegar hækkanir. Með þessu er greinilega verið að lækka kaup sjómanna, ekki aðeins hlutfallslega, heldur einnig í krónutölu. Þetta hefur verið gert áður, á árunum 1967 og 1968. Þá var hlutur sjómanna rýrður mjög, að vísu með stórkostlegri hækkun á framlagi til Stofnfjársjóðs. En þarna er verið að setja loku fyrir það, að sjómenn geti með hækkuðu fiskverði bætt sín kjör, þótt ekki sé nema að hluta upp í það sem almenningur í landinu hefur fengið, sem þó er vissulega ekki of mikið í þeirri geysilegu dýrtíð sem nú geisar.

Ef það væri ekkert annað en þetta, þá væri kannske hægt að sætta sig við það á erfiðleikatímum, eins og virðast alltaf vera þegar þessir herrar eru í stjórn, þó að glæsilega horfi fyrir þeirra augum þegar þeir eru í stjórnarandstöðu og hver af öðrum hleypur upp í stólinn til þess að boða nýja aðferð til að lækka skatta um t. d. eins og 4—5 milljarða. Ef ekki kæmi til annað en þetta, þá væri það kannske sök sér. En í ofanálag kemur það, að afli hefur stórminnkað víða um land. Að meðaltali líklega milli 13 og 15% og á sumum landssvæðum 30—40%. Sjómenn eiga sem sagt að fá kauplækkun í krónum, þegar allt þetta er tekið saman, stórkostlega kauplækkun. Ég er að vísu ekkert undrandi yfir þessu af þessari hæstv. ríkisstj. og síst af þessum hæstv. ráðh., sem mér sýnist ekki mega vera að því að hlusta á þessi mál. Hann er búinn að gefa út sína tilskipun og ætlar síðan að láta sínar leikbrúður afgreiða þetta steinþegjandi og hljóðalaust.

Ég er sem sagt ekkert undrandi á því, að þessi hæstv. ráðh. beiti slíkum bolabrögðum í garð sjómannastéttarinnar. Þetta hefur ríkisstj. hægri flokkanna gert áður. En það hafa áreiðanlega fáir hæstv. ráðh. í þessari grein látið sér um munn fara annað eins og hæstv. sjútvrh. gerði við 1. umr. þessa máls hér í þinginu, en þá sagði hæstv. sjútvrh., með leyfi hæstv. forseta, mánudaginn 11. nóv. kl. 14.03 líklega:

„Astæður þessa eru einkum tvær," — þ. e. a. s. það á að ganga á hlut sjómanna — „takmarkað svigrúm fiskvinnslunnar, einkum frystingar, til að greiða hærra fiskverð og þörfin á að tryggja samræmi í tekjubróun stétta í milli, en þá var búist við, sem seinna kom á daginn, að settar yrðu takmarkanir á hækkun taxta og tekna annarra stétta." Vissi hæstv. ráðh. ekki að þessar aðrar stéttir, sem hann talaði þarna um, höfðu þá þegar fengið talsvert miklar hækkanir? Þetta þýðir auðvitað ekkert annað en það, þó að það sé sagt í penum orðum, og hann fer vissulega í þessum efnum í kringum kjarna málsins, eins og hans er vandi. Hann segir þarna berum orðum að það megi ekki hækka kaup sjómanna, af því að þeir séu allt of hálaunaðir, þó að öll þjóðin viti hið gagnstæða.

Þá hafa flestir tekið eftir því í þessu þjóðfélagi, að það er sífellt verið að auglýsa eftir mönnum á alls kyns fiskibáta, víðast hvar á landinu. Það er aðeins á eina tegund skipa sem ekki virðist vanta tiltakanlega mannskap, og það er einmitt á þá tegund skipa sem getur borgað skást kaup, en á bátaflotanum hafa verið slík vandræði að fá mannskap, svo að ég tali nú ekki um menn með réttindi, að mér er sagt að í Hornafirði sé t. d. ekki nema einn vélstjóri með full réttindi, og svipaða sögu er að segja í mörgum öðrum verstöðvum, t. d. Ísafirði og víðar. Allar þessar auglýsingar eftir mannskap segja ekkert annað en það, að meðan nóg vinna er í landi vilja menn alls ekki fara út á sjó, ósköp einfaldlega vegna þess að þar er kaupið þegar of lágt. Ef menn fást ekki til þess að fara út á sjó, þá verður ekkert gert út. Jafnvel þótt menn geti fundið einhverja hausatölu af óvönum mönnum, þá er flotinn að sjálfsögðu miklu afkastaminni en ella.

Það er alveg ljóst, að vandi útgerðarinnar verður ekki leystur með því að lækka kaup sjómanna með þessum bolabrögðum og þjösnaskap. Er ekki hægt að segja annað en þetta boði enn þá meiri og tilfinnanlegri mannaskort á fiskiflotanum.

Þessum gr. laganna hefur að sjálfsögðu verið mótmælt af sjómönnum og samtökum þeirra um land allt, og er hætt við því að ekki verði gert mikið út fyrr en reynt hefur verið á það hvort sjómenn geti ekki fengið einhverja leiðréttingu á sínum málum.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að setja á sérstakt útflutningsgjald vegna olíukostnaðar. Ef þetta útflutningsgjald hefði ekki verið lagt á, hefði líklega mátt hækka fiskverðið um 12—15%, og tekjur af þessu gjaldi má reikna á ársgrundvelli 1 200—1 250 millj. kr. og af því hefðu útgerðarmenn fengið a. m. k. 700 millj., en sjómenn rúmar 500 millj. Útgerðarmenn þurfa hvort sem er að borga útgerðinni þennan olíukostnað. En þarna er aðeins því bætt við að láta sjómenn standa undir stórkostlegum hluta af olíuverðinu í landinu. Það er þessi stétt, sem ein allra launastétta í landinu þarf að taka á sig þessa gífurlegu hækkun. Ég vil segja það, að með þessu er höggvið fyrst og skarpast að þeim sem hlífa skyldi.

Ég vil nú fara að stytta mál mitt, en kann ekki við annað en víkja örfáum orðum að þeirri dæmalausu 9. gr., þar sem þingnefndin, sem um málið fjallaði, fékk aldrei í rauninni þær upplýsingar sem hún þurfti með. Það, sem við finnum helst að þeirri útgáfu sem lögð hefur verið hér fram af meiri hl. og kynnt var að nokkru af fulltrúum sjútvrn., er að þessum hæstv. ráðh. — hann er horfinn aftur, — er gefið allt að því einræðisvald

til þess að ráðskast með góðan milljarð kr. í vösum sínum. Enda hefur hann verið ákaflega kátur og broshýr nú upp á síðkastið, vegna þess að með þessu telur hann sig fullnægja að einhverju leyti þeim einræðistilhneigingum og tilskipanaáráttu sem hann hefur verið haldinn síðan hann settist í þennan ráðherrastól. Það er sem sagt hvergi gert ráð fyrir því, svo að gagn sé að, að reglur séu settar af opinberum aðilum um hvernig ganga eigi frá því að skipta þessum peningum. Það er talað um það á einum stað, að rn. vinni núna að því að útbúa reglur til að skipta þessum fjármunum. En það á að afgr. þetta frá hv. Alþ., áður en Alþ. hefur gefist kostur á að sjá þessar reglur, áður en hv. Alþ. gefst kostur á að sjá hvernig þessir útreikningar eftir þessum ramma koma út fyrir flotann. Ég vil segja það, að þó að mikið liggi kannske á að flýta þessu máli, þá hefði verið hægt að koma þessu áfram miklu fyrr með því að byrja að vinna strax í upphafi þings og alger óhæfa að pína þetta svona áfram á örfáum klukkutímum.

Ég vil þó geta þess, áður en ég lýk máli mínu, að þeir rn.-menn með ráðh. í broddi fylkingar hafa verið alveg ófeimnir í því efni að ýta þessu **máli gegnum þingið og fá samþykkt á því hjá** hv. þm., sem að sjálfsögðu hafa ekki haft tækifæri til að setja sig inn í það án þess að hafa í höndunum nokkrar skýrslur aðrar en hluta af skýrslum frá vetrarvertíðinni. Það er ekki merkilegt sem á á að byggja. Allir vita að bátar, sem stunda sjó á vetrarvertíðinni, róa líka á sumrin, og það er vitað mál að sumarvertíðin hefur komið afar illa út sums staðar á landinu. Ég efast um að við höfum nokkurn tíma fengið eins rýra sumarvertíð og í sumar á Suðurlandi. Þess vegna vil ég leggja á það þunga áherslu að einnig verði tekið tillit til sumarúthaldsins, þ. e. a. s. alls veiðitímabilsins frá áramótum til loka ágústmánaðar.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Eins og komið hefur glöggt í ljós hér á Alþ. síðustu þingdagana virðist talsvert mikill óróleiki ríkja meðal þm. stjórnarliðsins. Það er ekki aðeins að þeir deili nokkuð fast á sína eigin flokksmenn í ráðherrasætum, eins og gerðist hér í d. í gærkvöld, heldur virðist einnig vera ákaflega erfitt fyrir hæstv. ráðh. að fá þm. stjórnarliðsins til þess að fylgja sér í þeim málum sem þeir leggja áherslu á. Það hefur m. a. glöggt komið í ljós í sambandi við afgreiðslu og meðferð á frv. því sem hér er til umr., frv. til laga um ráðstafanir í sjávarútvegi o. s. frv. Hér er um að ræða 4. mál þessarar hv. d. sem fyrst er að koma til 2. umr. hér í dag. Ástæðan fyrir þessum drætti er ekki sú, að við stjórnarandstæðingar höfum tafið málið í meðförum n., enda hafa, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson tók fram, aðeins verið haldnir fjórir fundir í sjútvn. Nd. um þetta mál. Ástæðan er sú, að svo mikið ósamkomulag hefur verið í stjórnarliðinu um þetta mál, að **þeir stjórnarsinnar hafa þurft að halda með sér fjölmarga fundi til þess að reyna að jafna þennan** ágreining sinn. Þar hefur oft verið hart deilt og jafnvel skellt hurðum. Hefur þó loks tekist að fá þá stjórnarliða til þess að fallast á að standa með hæstv. sjútvrh. að afgreiðslu þessa máls. Seinna mátti það vart vera ef átti að ljúka afgreiðslu þess fyrir jólafrí.

Hins vegar hefur staðið á upplýsingum til okkar stjórnarandstæðinga sem myndum minni hl. sjútvn. Nd. Til dæmis að nefna fengum við ekki fyrr en í gær og svo raunar ekki fyrr en kl. 8 í morgun að vita nákvæmlega um þær breytingar sem stjórnarliðar hygðust gera á þessu máli. Okkur var síðan ætlaður tími frá því að fundi í sjútvn. lauk í morgun á tíunda tímanum og fram undir hádegi að ljúka við að ganga frá nál. okkar, og brtt., eftir að hafa aðeins nokkrum klukkustundum áður fengið að heyra hvernig stjórnarliðar ætluðu sér að afgr. þetta mál. Mér er ljóst að brýna nauðsyn ber til þess að frv. um þessi mál verði samþ. hér á Alþ. áður en þingið fer í jólafrí. Það hefur dregist úr hófi fram að vinna að þessu máli. Það er ekki sök stjórnarandstöðunnar. Ástæðan er sú, að það hefur verið ágreiningur í hópi stjórnarliða, mjög mikill ágreiningur sem erfitt hefur verið að jafna. Þeir hafa sjálfsagt fengið á tilsettum tíma þær upplýsingar sem við fengum ekki fyrr en í morgun, en sem sagt, drátturinn á afgreiðslu er ekki okkar sök, hann er af þeirra völdum.

Eins og tekið er fram í nál. okkar hv. þm. Garðars Sigurðssonar, sem skipum minni hl. sjútvn., er í þessu frv. um tvíþætt markmið að ræða. Annars vegar fjallar frv. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna afkomuerfiðleika og hins vegar fjallar frv. um ráðstöfun gengishagnaðar. Ég ætla að fara fyrst nokkrum orðum um fyrra atriðið, þ. e. a. s. ráðstafanir í sjávarútvegi vegna afkomuerfiðleika. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er rétt og satt, sem tekið hefur verið fram m. a. af núv. stjórnarflokkum, að sjávarútvegurinn átti við mikla erfiðleika að etja á s. l. ári og á enn. En ekki varð til að bæta úr skák, a. m. k. ekki hjá skuttogaraflotanum, sú gengisfelling sem gerð var af hæstv. ríkisstj. nú í sumar. Eins og fram hefur hér komið varð þessi gengisfelling til þess að mynda gengistap hjá sjávarútveginum, þ. e. a. s. hjá bátaflotanum og togurum, upp á 1½ milljarð kr. eftir því sem fram kemur í grg. sem sjútvrn. hefur sent okkur nm. Fyrstu ráðstafanir hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum urðu síður en svo til þess að bæta hag sjávarútvegsins. Þær voru til þess fallnar að rýra hann enn meir en verið hafði. Síðan var lagt fram það frv., sem hér er til umr., eða raunar áður sett brbl. sem óskað er eftir staðfestingu á, þar sem vandinn er leystur með þeim hætti að færa til gríðarlega fjármuni innan þessarar einu atvinnugreinar, færa til gríðarmikla fjármuni frá launþegunum í þessum atvinnurekstri og yfir til fyrirtækjanna. Það er eina lausnin sem hæstv. ríkisstj. sér, enda lausn í anda hennar að taka það sem vantar frá launþegunum og færa það yfir til atvinnufyrirtækjanna. Þetta er lausn hægri stjórnar, þetta er lausn þeirrar stjórnar sem nú situr við völd í landinu.

Ef við vikjum að einstökum gr. í þessu frv., þá berum við fyrst niður í 1. gr., þar sem segir svo, að Verðlagsráð sjávarútvegsins skuli eins skjótt og við verður komið o. s. frv. ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, og

ákveðið, að þess skuli gætt að hækkun almenns fiskverðs verði að meðaltali ekki meiri en 11% frá því verði sem í gildi var þegar þessi brbl. voru sett. Þegar þessum brbl. er fleygt fram standa mál þannig, að í Verðlagsráði sjávarútvegsins er verið að reyna að semja í frjálsum samningum aðila um hækkun á fiskverði. Þá hafði engin hækkun fiskverðs fengist fram frá áramótunum þar áður, þ. e. a. s. sjómenn voru þá eina launastéttin í landinu, sem engar hækkanir hafði fengið á sínum launum til samræmis við launahækkanir annarra launastétta. Áður en útséð er um það, hvort þessir frjálsu samningar geti tekist, áður en nokkur vísbending er komin fram um það, að þeir muni ekki geta tekist, þá grípur ríkisstj. inn í málið með því að setja brbl. sem fyrirskipa hvernig málið skuli leyst.

Ég sagði við 1. umr. í þessari hv. d. að hér væri verið að gefa hættulegt fordæmi. Ég sagði að þetta væri í fyrsta skipti sem ríkisstj. hefði gripið inn í störf Verðlagsráðs, á meðan Verðlagsráð var að fjalla um fiskverðshækkun, og sett brbl. þess eðlis að taka það vald, sem Verðlagsráði er falið, úr höndum þess. Hér er um hættulegt fordæmi að ræða. Hér er um það fordæmi að ræða, að aðilar vinnumarkaðarins geta búist við því af núv. hæstv. ríkisstj., að þegar þeir eru að fjalla um sín samningamál í frjálsum kjarasamningum, þá grípi hún inn í í miðjum klíðum að nauðsynja- og þarfalausu, skelli á brbl. sem fyrirskipi að svona skuli samið, sem fyrirskipi að frjáls samningsréttur skuli af verkalýðsfélögunum tekinn.

Eg lýsti því við 1. umr. þessa máls, hver afstaða sjómannasamtakanna væri til þessara aðgerða, og ég ætla ekki að endurtaka það hér að öðru leyti en því, að ég ætla að minna á að sjómannasamtökin, bæði einstök félög og landssamtök þeirra, hafa harðlega mótmælt þessu gerræði hægri stjórnarinnar. En það eru ekki þeir einir sem hafa mótmælt. Landssamband ísl. útvegsmanna hefur einnig mótmælt þessum afskiptum. Það segir svo í umsögn sinni, með leyfi forseta:

„Í öðru lagi mótmælir stjórn samtakanna lögbindingu fiskverðs. Fiskverð hefur aðeins einu sinni áður verið ákveðið með lögum, þ. e. fyrr á þessu ári, þegar fiskverð var framlengt óbreytt frá 1. júní. Einnig bendir stjórn samtakanna á að eftir 8 mánaða óbreytt fiskverð nægir 11% hámarkshækkun engan veginn til þess að skapa útgerðinni viðunandi rekstrargrundvöll."

Hæstv. sjútvrh. sagði við 1. umr. hér á Alþ., að hann gleddist yfir því að það væru allir óánægðir með þessar ráðstafanir hans. Það var markmiðið að gera alla óánægða. Það var markmiðið að gera sjómannasamtökin óánægð. Það tókst. Það var markmiðið að gera Landssamband ísl. útvegsmanna óánægt, það tókst líka. Þannig var tilgangi hæstv. ráðh. að fullu náð.

Í 2. gr. og 3. gr. er lagt til að staðfest verði sú ráðstöfun hæstv. ráðh. sem fram kom í brbl., að hlutur, sem tekinn er af óskiptum afla og ráðstafað er í þágu útvegsins, skuli hækka verulega. Með þessu móti er enn höggvið í sama knérunninn, enn ráðist að samningum sjómannastéttarinnar, launakjörum sjómanna og lífsafkomu. Hæstv. ráðh. hefur haldið því fram, að með þessu móti hafi ekki verið haggað við frjálsum samningum sjómannastéttarinnar. Það má rétt vera. Hins vegar hefur hæstv. ráðh. vikið sér undan að svara spurningum um það, hvort hann teldi að þetta ákvæði væri ekki til þess fallið að rýra kjör sjómannastéttarinnar. Það er verið að afla tekna í Stofnfjársjóð fiskiskipa, sem á að koma atvinnurekendum í útgerðinni til góða. Þær tekjur eru ekki gripnar úr lausu lofti. Þær tekjur hljóta einhvers staðar að koma, til einhverra eru þær sóttar. Og hvert eru þær sóttar? Þær eru sóttar til launþeganna í útveginum, til sjómannanna. Það eru þeir sem eru látnir borga.

Hæstv. núv. sjútvrh. tilheyrir flokki sem segist virða eignarrétt manna umfram flest annað. Hér er um það að ræða, að það er verið að taka réttmæta eign með brbl. af sjómönnum. Hvað er þeim fengið í staðinn? Ekki nokkur skapaður hlutur, ekki neitt. Þarna er raunverulega um eignarnám að ræða án bóta. Þetta kemur fram hjá flokki, sem þykist og segist vera helsti stuðningsmaður eignarréttarins í landinu. Það væri kannske ekki óeðlilegt að sjómenn, sem verða þarna að borga stórfé til fiskiskipaflotans, til útvegsmanna, til fjárfestingarsjóða útvegsmanna, gætu í staðinn gert tilkall til þess að fá einhvern eignarrétt á móti yfir þeim skipum, sem ætlast er til að njóti góðs af þeirra framlagi.

Í 4. gr. er enn höggvið í sama knérunn. Þar er rætt um hvernig eigi að standa undir hinum miklu olíuverðshækkunum sem orðið hafa undanfarið. Og hverjir eru látnir borga? Hver er aðstoðin við útveginn, sem verður að taka á sig mjög auknar greiðslubyrgðar? Hún er engin. Utanaðkomandi aðstoð til útvegsins er engin. Þar er aðeins millifært fé frá einni hendi yfir til annarrar, og það sem meira er, samkv. þessum reglum, sem settar eru í 4. gr., er ætlast til þess að sjómennirnir sjálfir taki ákvæðinn hluta af þessum greiðslum yfir á sig, vegna þess að ef ákvæði 4. gr. hefðu ekki verið sett, hefði verið möguleiki til þess að hækka fiskverðið, þess hefðu sjómenn notið, þ. e. a. s. þegar sá möguleiki er af þeim tekinn, þá er beinlínis verið að skerða þeirra hlut, verið að skylda þá til þess að standa undir verðhækkun til Olíusjóðs fiskiskipa.

Ég tók það fram við 1. umr. þessa máls, að ég teldi mjög varasamt, eins og nú væri komið málum, að hafa hærra útflutningsgjald á útfluttum saltfiski og skreið en af öðrum sjávarafurðum. Ég lýsti því þá yfir, að ég viðurkenndi það vissulega, enda væri það rétt, að þessar tvær vinnslugreinar hefðu skilað og sýnt betri afkomu en aðrar vinnslugreinar sjávarútvegsins. Ég vitnaði til frétta sem borist hafa nýlega, þar sem sagt er eftir könnun, sem gerð hefur verið þar um, að horfurnar í sölumálum þessara tveggja vinnslugreina séu nú mjög slæmar. Sérstök nefnd manna fór til Suður-Ameríku til þess að kanna sölumál þessara greina. Þar kom í ljós að verðfall hafði þegar orðið á þessum afurðum. Ýmsir helstu keppinautar okkar, eins og norðmenn, voru farnir að undirbjóða hver annan, þannig að markaður okkar þar var í hættu. Ég taldi þetta hættulega þróun, sem væri að gerast, og varaði við því að þetta yrði látið haldast óbreytt, b-lið-

urinn í 4. gr. Hæstv. sjútvrh. svaraði mér þá á þá leið, að þetta væri til vitnis um, hversu lítið ég væri heima í málefnum sjávarútvegsins.

Okkur í sjútvn. Nd. barst umsögn frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, þar sem einmitt er tekin sams konar afstaða og varað við sömu þróun og ég gerði í ræðu minni við 1. umr. þessa máls. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar SÍF í gær var samþ. einróma að mótmæla eindregið ákvæðum brbl. frá 20. sept. 1974 um sérstök útflutningsgjöld, þar sem fisksaltendum er gert að greiða 1.5% hærra gjald af saltfiski en greitt er af öðrum sjávarafurðum að undantekinni skreið. Þó að framleiðsla saltfisks sé um stundarsakir hagstæðari en frysting, er augljóst að sækja mun í sama horf með saltfisk eins og aðrar sjávarafurðir. Það er því óeðlilegt að leggja hærra útflutningsgjald á þessa vöru en aðrar sjávarafurðir.“ — (Gripið fram í.) Það var ekki bara ég sem við 1. umr. þessa máls var að flagga með einhverjar staðreyndir úr lausu lofti gripnar til þess að koma upp um ókunnugleika minn í málefnum útvegsins. Það sýndi sig, að Sölusamband ísl. fiskframleiðenda var á sömu skoðun og ég um það, að þarna væru varasamar aðgerðir á ferðinni. (Gripið fram í.)

Ég tek það fram, eins og kemur fram í nál. og brtt. okkar minnihlutamanna, að við leggjum til að 1., 2., 3., og 4. gr. falli niður. Ég vil koma þeirri ábendingu á framfæri við meiri hl., að takist honum að koma í veg fyrir að þessar brtt. okkar verði samþ., þá held ég að væri rétt fyrir hann að setja viðbótarákvæði í b-lið 4. gr. þess efnis eða eitthvað á þá lund, að ef í ljós komi að söluhorfur varðandi saltfisk og skreið fari versnandi eða verðlag lækkandi, þá fái sjútvrn. heimild til þess að lækka útflutningsgjaldið af fob.-verði útflutts saltfisks og skreiðar niður í 4%. Þessa heimild tel ég að þeir meirihlutamenn ættu að taka til athugunar og ræða þá væntanlega við hæstv. sjútvrh. um hvort ekki væri rétt að setja það inn í frv.

Þetta eru þær fjórar gr. frv., sem aðallega lúta að því að færa til tekjur frá launþegunum í atvinnuveginum og yfir til atvinnurekenda. Það er dálítið skemmtilegt til þess að vita, að hv. frsm. meiri hl. sjútvn., hv. þm. Sverrir Hermannsson, var valinn til þess á sjómannadegi í vor að halda ræðu. Ræða þessi var birt í Morgunblaðinu skömmu síðar og gerð góð og rækileg skil. Þá var birt góð mynd af hv. þm. og fimm dálka fyrirsögn, svo hljóðandi, með leyfi forseta: „Rekstrargrundvöllur togara verður ekki bættur með því að rýra kjör sjómanna,“ segir Sverrir Hermannsson á sjómannadaginn.

Ég ætla að leyfa mér að vitna áfram í þessa ágætu ræðu hv. frsm. meiri hl., þar sem hann ræðir þetta mál nokkuð nánar. Eftir að hann hefur fjallað um slæma afkomu í sjávarútvegi, þá segir hann svo, með leyfi forseta:

„Nú er svo komið, að heldur við algjörri stöðvun þessara mikilvægu atvinnutækja, og öll er afkoma sjávarútvegs og iðnaðar hans í bráðri hættu. Úrbætur þola enga bið. Hvað er þá til ráða, spyrja menn, fyrst svo er komið fyrir afkomu sjávarútvegsins sem raun ber vitni um? Svarið er: Gerbreytt stefna í ríkisfjármálunum og efnahagsmálum öllum, og mun þá útvegurinn í landinu rétta hlut sinn á auga lifandi bragði.“

Ekki var nú mikill vandinn í vor. Síðan heldur hv. þm. áfram og segir:

„Þær raddir hafa heyrst, að ill afkoma skuttogaraútgerðarinnar til dæmis stafi af of góðum kjörum skipverja. Ég vara við slíkum hugsunarhætti. Rekstrargrundvöllur togaraútgerðarinnar verður ekki fundinn með því að rýra kjör sjómanna. Spurningin er aðeins sú, hvort kjör skipverjanna séu í dag nógu góð, svo að óhætt sé að reikna með því að þau geti haldist lítið breytt. Önnur afstaða í leit að rekstrargrundvelli er ósanngjörn og mundi enda leiða til ófarnaðar, og þannig hygg ég að hátti til um allar greinar útgerðar.“

Þetta var falleg og þekkileg ræða hjá hv. frsm. meiri hl. sjútvn., sem nú leggur til að Alþ. staðfesti brbl. frá hæstv. sjútvrh. sem hafa það að megininntaki að rýra mjög verulega kjör sjómanna. Eitthvað hefur orðið þess valdandi að hv. þm. hefur snúist hugur frá því í vor. Ég skal ekki fullyrða um hvað það hefur verið, en hans samvisku vegna vil ég mega vona að hann hafi verið í hópi þeirra þm. stjórnarliða sem skelltu nokkrum sinnum hurðum á meðan þeir stjórnarþm. voru að ræða þessi mál í sínum hópi og gátu ekki náð samstöðu eða samkomulagi.

Um 5. gr. í frv. þessu höfum við í minni hl. n. engar sérstakar aths. að gera né heldur varðandi þá viðbótartill. eða brtt., sem meiri hl. n. gerir varðandi þessa gr. Við höfum heldur engar aths. að gera varðandi 6., 7. og 8. gr., nema hvað ég vil láta það koma fram, að við teljum í sambandi við 6. gr. að tímabært sé og full ástæða til þess að taka vátryggingamál fiskiskipanna til sérstakrar endurskoðunar, og mun ég ekki fjalla frekar um það mál að þessu sinni.

Hitt meginatriði þessa frv. felst í 9. gr. um ráðstöfun gengishagnaðarins. Gengishagnaðurinn er áætlaður vera 1650 millj. kr., þar af koma til úthlutunar samkv. þessari gr. um 1250 millj. kr. Það var ekki fyrr en eftir nokkurn eftirrekstur, sem við minnihlutamenn í sjútvn. fengum að sjá till. um hvernig þessum gengishagnaði skyldi skipt, og það var ekki fyrr en í morgun kl. 8 sem við vissum endanlega hvernig meiri hl. hefði hugsað sér að breyta upphaflegum hugmyndum sjútvrn. Við höfðum því ekki mikinn tíma til þess að taka afstöðu til þessarar brtt., en flytjum þó sjálfir brtt. á þskj. 194 varðandi 9. gr. Í a-lið 9. gr. gerir meiri hl. sjútvn. þá till., að hún orðist svo: „Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr. Sjútvrn. er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessari fjárveitingu til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til þess að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja.“

Það er ekki ágreiningur um upphæðina varðandi þennan a-lið. Í okkar till er lagt til, að hér verði varið af gengishagnaðarsjóðnum 600 millj. kr. Hins vegar teljum við mjög óeðlilegt og varhugavert, að sjútvrn. fái heimild til þess að ráðstafa ⅔ hlutum þessarar fjárhæðar, án þess að fram sé tekið í lögum hvernig á að nota þá heimild og eftir hvaða reglum á að fara. Það er mín skoðun, að ekki sé æskilegt að pólitískir aðilar eins og ráðh. sjái um úthlutun á fjármagni

eins og hér um ræðir. Það er æskilegra fyrir þá og það er æskilegra fyrir alla aðila, að þetta verk sé í höndum opinberrar stofnunar, sem eðlilegt er og sjálfsagt að hafi það mál með höndum. Einmitt þess vegna gerum við till. um það í minni hl. n., að ekki sjútvrh., heldur Fiskveiðasjóði verði heimilt að ráðstafa — ekki 400 millj. kr. af þessum 600 millj., heldur 300 millj., skv. reglugerð, er Fiskveiðasjóður sjálfur setur en ráðh. staðfestir. Okkur finnst þetta vera eðlilegur framgangsmáti. Okkur finnst þetta vera eðlilegt greiðslufyrirkomulag. Ég held, að það sé ekki æskilegt, hvorki út frá sjónarmiði hæstv. sjútvrh. né út frá sjónarmiði þeirra sem þessarar fyrirgreiðslu eiga að njóta, að hér sé um pólitíska úthlutun að ræða, eins og alltaf hlýtur að verða ef pólitískur ráðh. á að hafa yfirumsjón með úthlutuninni án þess að honum séu settar í lögum nokkrar sérstakar reglur um það, hvernig með skuli fara.

Sumir hv. þm. hafa kallað þær 400 millj. kr., sem brtt. meiri hl. n. fjalla um að ráðh. fái til ráðstöfunar, jólagjöf þingsins til hæstv. sjútvrh. Ég er ansi hræddur um að sú jólagjöf geti reynst honum harla þung í skauti, þegar að því kemur að hann þarf að fara að framkvæma úthlutunina og farið verður að sækja að honum úr ýmsum áttum og þó sérstaklega úr einni átt um það, hvernig eigi að ráðstafa þessu fé. Það er eðlilegra og sjálfsagðara að Fiskveiðasjóður hafi þessar lánveitingar með höndum, — það er eðlilegra og sjálfsagðara að hann hafi það heldur en pólitískur ráðh.

Um b-lið í brtt. meiri hl. n. segir svo, að óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarörðugleika á árinu 1974 fram til 15. sept. eigi að vera 250 millj. kr. Það er ekki heldur ágreiningur milli meiri hl. í n. og minni hl. um upphæð þessa framlags. Við viljum einfaldlega ganga hreint til verks og kalla óafturkræft framlag styrk. Hér er um styrk að ræða og þetta skal heita styrkur, við skulum ekki vera að fela það, hvorki fyrir sjálfum okkur né öðrum. Hins vegar viljum við, að það verði bundið í lögum, hvernig þessari styrkupphæð eigi að verða skipt. Við teljum, að þegar Alþ. fjallar um svo stór framlög sem hér um ræðir, þá eigi það í lögum að lýsa yfir vilja sínum um það, hvernig með skuli fara. Þess vegna leggjum við til, að það verði bundið í lögum að styrkupphæðinni verði skipt þannig, að 40% hennar verði ráðstafað einvörðungu með tilliti til mannúthaldsdaga og 60% miðað við reglur er Aflatryggingasjóður setur. Ég tel að hér sé um að ræða reglur, sem sjútvrn. muni ætla að fara eftir í raun og Landssamband ísl. útvegsmanna geti að sínu leyti samþ. Hins vegar tel ég nauðsynlegt og við í minni hl. n., að þarna liggi ekki aðeins fyrir yfirlýsing ráðh. um hans vilja og hans ætlan, heldur sé Alþ. skylt að binda þetta í lög, eins og við gerum till. um. Einnig tökum við það sérstaklega fram í till. okkar um hvernig b-liður skuli orðast, að við viljum að allir fiskibátar án tillits til stærðar skuli hljóta styrk samkv. ákvæðum þessa stafliðs, það séu ekki útilokaðir smærri bátarnir, sem eins og fram hefur komið eru mjög víða um land ríkasti þátturinn í sjósókn, útgerð og skila hvað mestum afla. Það eru margir smáir staðir úti um landið, sem byggja fyrst og fremst á útgerð smárra báta, undir 20 tonna, og mér finnst það fyrir neðan allar hellur, ef á að ganga fram hjá þessum bátum varðandi ráðstöfun gengishagnaðar eða láta þá sæta öðrum reglum en aðra. Einnig tökum við það sérstaklega fram í b-lið, minnihlutamenn, sem stöndum að flutningi brtt. á þskj. 194, að við viljum að kaupgreiðslur til sjómanna hafi forgang, þegar kemur að því að borga út styrk til bátaflotans, eins og þar er gerð till. um.

Það þarf að sjálfsögðu ekki að fara mörgum orðum um þessa kröfu okkar, hún er sjálfsögð. Kaupgreiðslur til manna eiga að hafa forgang undir öllum kringumstæðum hvar sem er, og þegar ríkissjóður eða Alþ. réttara sagt er að staðfesta lög um hvernig ráðstafa skuli gengishagnaði til styrks við útgerð og útgerðarmenn, þá finnst mér og okkur að Alþ. eigi að taka það skýrt fram, að fyrst eigi þessir styrkir að ganga til þess að greiða mönnunum sitt kaup sem þeir kunna að eiga ógreitt. Þá fyrst má fara að gera upp við banka og aðrar lánastofnanir, þegar mannskapurinn hefur fengið sitt.

Í c-lið er ekki um efnislegan mismun að ræða á till. okkar minni hl. n. og till. meiri hl. n. Það er aðeins sagt í okkar till. skýrt og skorinort að styrkurinn til skuttogaranna, sem verði 230 millj. kr., miðist við fjölda úthaldsdaga.

Hvað varðar d-liðinn í brtt. meiri hl. n. á þskj. 190 um greiðslur að upphæð 50 millj. kr. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls annars en loðnumjöls er það að segja, að við í minni hl. n. teljum með öllu ástæðulaust að út í þetta sé farið. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fiskmjölsframleiðendur hafa sýnt eða geta sýnt mjög góða afkomu til þessa árs. Þeir hafa ekki barist í bökkum fram á þetta árið a. m. k. eins og margir aðrir aðilar í útgerð og fiskvinnslu. Það er ekki fyrr en fyrst nú á þessu ári, sem þeir þurfa að taka á sig verulegan skell. Okkur finnst því eðlilegt að ætlast til þess, að þeir hafi haldið einhverju eftir til magra ársins sem þeir fengu á hinum mörgu feitu, svo að ekki sé farið að verja hluta af gengishagnaði til þess að verðbæta þeim tímabundið áfall. Það má vel vera, að það sé rétt að taka fiskmjölið inn í Verðjöfnunarsjóð til verðbóta. En hefði ekki mátt gera það fyrr? Hvers vegna kom ekki krafa eða ósk fram um það á meðan atvinnuvegurinn stóð sig vel. Það er fyrst núna, þegar fer að halla undir fæti fyrir honum, þegar hann má eiga von á peningum, sem hann óskar eftir að fá aðild að sjóðnum. Hann vildi ekki greiða í sjóðinn meðan hann hafði aðstöðu til þess, en hins vegar tekur hann því með þökkum að honsé greitt úr sjóðnum þegar hann fer að hafa rétt til þess.

Við leggjum sem sagt til, að þessi liður, d-liður í brtt. á þskj. 190 falli hreinlega niður. Og þá komum við að síðustu stafliðunum, e, f og g, sem fá þá stafaheitin d, e, f.

Það var sagt áðan að það hefði verið mikið afrek unnið þegar tekist hefði að fá til orlofshúsa sjómannasamtaka 11 millj. kr. og til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra 15 millj. kr. Hér var um geysilega mikið afrek að ræða af

hv. þm. Pétri Sigurðssyni og ekki minna afrek af hæstv. ráðh. að segja já. Ekki skal ég draga úr því, að það er sjálfsagt töluvert mikið afrek af hverjum sem er að fá ríkisstj. eins og þá sem nú situr að völdum á Íslandi til þess að fallast á að verja einhverju fé til þess að bæta sjómönnum upp þann tekjumissi, sem þeir hafa orðið fyrir. Það er talsvert afrek að fá það fram og fyrir það ber að þakka hv. þm. Pétri Sigurðssyni, enda kom þetta afrek öðrum hv. þm., Sverri Hermannssyni, mjög á óvart og taldi hann sérstaka ástæðu til þess að gleðjast í jólaönnunum yfir því, enda þekkir hann sjálfsagt best til hvers má vænta af núv. ríkisstj. og hvers ekki. Hins vegar gefur það auga leið, að 26 millj. kr. af 1650 millj. kr. gengishagnaði vegna gengisfellingar, 26 millj. af því til sjómanna er ekki stórfé.

Það má með réttu segja, að sjómenn eigi tilkall, eigi kröfu til þess að fá með einum eða öðrum hætti til sín hluta þessa gengishagnaðarsjóðs, vegna þess að í raun réttri eiga þeir hluta af honum. Það hefur verið sagt, m. a. á fundum í sjútvn., að það mætti halda því fram að sjómennirnir ættu eða gætu gert tilkall til ⅛ hluta af gengishagnaðarsjóðnum, sem er verulega miklu meiri fjárhæð en þeir hafa fengið með aðgerðum þeirra hv. þm. Péturs Sigurðssonar og hæstv. sjútvrh. Við teljum rétt í minni hl. sjútvn. að ganga nokkru lengra til móts við sjómannasamtökin en núv. ríkisstj. vill gera. Við leggjum til, að lífeyrissjóðir sjómanna fái 80 millj. kr. m. a. til að verðbæta lífeyrisgreiðslur til aldraðra sjómanna og ekkna skv. reglum er stjórnir sjóðanna setja. Hér er um að ræða fleiri en einn sjóð, vegna þess að sjómenn víða um land eru í blönduðum sjóðum og auðvitað eiga þeir að fá uppbætur eins og aðrir, eða réttara sagt aldraðir sjómenn og ekkjur, sem skv. þessum staflið eiga að fá bætur, eiga að njóta þess hvort heldur þau eru í blönduðum lífeyrissjóðum eða ekki.

Auk þess leggjum við til í e-lið, að 20 millj. kr. verði ráðstafað til sjómannasamtakanna til byggingar orlofshúsa og vegna annarra félagsmála eftir nánari ákvörðun stjórnar samtakanna. Hér er um 100 millj. kr. að ræða af gengishagnaði sem nemur 1650 millj. Er það ofætlun Alþ. að leyfa sjómönnunum að njóta 100 millj. kr. af 1650 millj. sem til ráðstöfunar eru? Þetta er mun minni upphæð en þeir eiga rétt og kröfu á að fá. Þetta er að vísu talsvert meiri upphæð en nemur afreki hv. þm. Péturs Sigurðssonar og hæstv. ráðh., en þetta er mun minni upphæð en við í stjórnarandstöðunni hefðum óskað og vonast eftir að geta fengið fram. En það, sem fyrir okkur vakir, er að reyna að fá þá ríkisstj., sem telur það afrek að afhenda sjómönnum 26 millj. kr. af 1650 millj., til þess að samþykkja nokkra hækkun þar á.

Að lokum leggjum við til að f-liður 9. gr. orðist svo:

„Eftirstöðvunum af gengishagnaðarsjóðnum verði ráðstafað með sérstökum lögum af Alþ. síðar, er nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um stöðu sjávarútvegs og fiskvinnslu.“

Þeir meirihlutamenn leggja hins vegar til, að liðurinn orðist þannig, að þessar eftirstöðvar verði til ráðstöfunar skv. nánari ákvörðun sjútvrn. Sem sagt þeir leggja til í 1. staflið 9. gr., að hæstv. sjútvrh. verði afhentar í jólagjöf 400 millj. kr. til útbýtingar, og þeir leggja til í síðasta staflið þessarar gr., að honum verði afhent eitthvað á annað hundrað millj. kr. til útbýtingar sem nýársgjöf, þannig að vel er nú séð fyrir gjöfunum í 9. gr. Jafnóeðlilegt eins og okkur finnst að hæstv. sjútvrh. ráðstafi upp á eindæmi 400 millj. kr. til lánveitinga í sjávarútvegi, jafnóeðlilegt finnst okkur að hann ráðstafi upp á eindæmi þeim eftirstöðvum sem kunna að verða af gengishagnaðarsjóðnum. Það er rétt og satt, sem tekið hefur verið fram hér, að til þess að geta ráðstafað þessum eftirstöðvum verður í fyrsta lagi að sjá hverjar þær muni verða, það er talið að þær muni örugglega verða einhverjar, og í öðru lagi verða að fást nákvæmari upplýsingar um stöðu sjávarútvegs og fiskvinnslu en tiltækar eru í dag. Hins vegar er algjör óþarfi af Alþ., þó að þessar upplýsingar liggi ekki fyrir, að afhenda sjútvrh. öll völd um það, hvernig með skuli farið. Alþ. getur ráðstafað þessu sjálft þegar upplýsingar liggja fyrir. Við erum hér til að ráðstafa fjármunum eins og þessum, og við eigum að gera það. Okkur ber hrein skylda til þess. Það er ekki æskilegt, eins og ég tók fram áðan, að pólitískir aðilar eins og ráðh. séu of mikið með puttana í lánveitingum og úthlutunum fjármuna út um hvippinn og hvappinn. Til þess eru aðrar stofnanir, sem vinna slík verk hér í þjóðfélaginu, miklu færari og miklu eðlilegra að til þeirra sé leitað í því sambandi.

Guðlaugur Gíslason: Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið lengur til meðferðar hjá hv. sjútvn. en æskilegt hefði verið. Stafar það ekki af því að efnislegur ágreiningur hafi verið um málið, þar sem meiri hl. n. var alveg sammála um nauðsyn þeirra ráðstafana sem frv. gerir ráð fyrir til aðstoðar við sjávarútveginn, bátaflotann, togarana og fiskvinnsluna. Einnig var meiri hl. n. sammála um þær brtt., sem fluttar eru á þskj. 190, að því er varðar lagmetisiðnað, útflutningsgjald af saltsíld, framlögum til lífeyris- og byggingarsjóða sjómannasamtakanna o. fl. Hins vegar voru skiptar skoðanir um framkvæmd einstakra liða í brtt. meiri hl. n. og þá sérstaklega eftir hvaða reglum hið óafturkræfa 250 millj. kr. framlag til bátaflotans yrði greitt. Landsamband ísl. útvegsmanna hafði á fundi sínum, sem haldinn var á Akureyri dagana 27.—29. f. m., gert um þetta ályktun sem samþ. var samhljóða, en ályktun Landsambandsins hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur LÍÚ 1974 samþykkir í tilefni af ummælum sjútvrh. á fundinum um greiðslu bóta til bátaútvegsins að upphæð 250 millj. kr., að bæturnar verði að helmingi miðaðar við úthald og að helmingi við aflabrest.“

Ég og reyndar fleiri úr sjútvn. Alþ. höfum haldið fast við það á fundum n., að taka þeri verulegt tillit til óska heildarsamtaka útgerðarmanna hvað þetta atriði snertir. Okkur er alveg ljóst að hér er um mjög flókið og vandasamt mál að ræða og sennilega útilokað að finna

lausn eða setja reglur sem allir aðilar gætu orðið sammála um. En við höldum því fram, að telja verði að samtök útgerðarinnar þekki allar aðstæður betur en nokkur annar aðili og tillaga þeirra sé líklegust til að komast sem næst því marki sem flestir viðkomandi aðilar gætu sætt sig við. En um þetta voru skiptar skoðanir í n., og fór nokkur tími í að jafna þann ágreining. Það endaði þó með því, eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., að tekið var að verulegu leyti tillit til tillagna LÍÚ, þar sem nú er lagt til að 100 millj. af 250 millj. kr. framlagi til bátaflotans verði greiddar miðað við úthaldsdaga, en afgangurinn, 150 millj., skiptist eftir reglum miðað við aflamagn. Einnig urðu í n. nokkrar umr. um, hvort veita ætti þær 600 millj. kr. skv. a-lið brtt. meiri hl. n. sem óafturkræft framlag eða sem lán með veði í viðkomandi skipum og þá vaxta- og afborganalaust um tiltekið árabil. Því er ekki að neita, að þetta er mjög mikið álitamál, þar sem liggur ljóst fyrir að vegna gengislækkunar verður um verulega verðmætaaukningu að ræða hjá eigendum umræddra skipa, auk þess sem byggingarkostnaður skipa hefur af öðrum ástæðum hækkað verulega síðan flest þau skip, sem hér eiga hlut að máli, voru byggð. En um þetta var engin ályktun gerð af meiri hl. sjútvn.

Ég mun nú, hæstv. forseti, ekki ræða efnislega meira um frv. að svo stöddu. Hins vegar tel ég eðlilegt og sjálfsagt, að málefni sjávarútvegsins séu rædd í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir, bæði veiðarnar sjálfar og fjárhagsafkoma og fjárhagsaðstaða þeirra skipa sem veiðarnar stunda.

Í viðtali, sem hæstv. sjútvrh. átti við Morgunblaðið 14. þ. m., greinir hann frá því, að heildarafli á Íslandsmiðum, þ. e. a. s. afli, sem fenginn er bæði innan og utan 50 mílna markanna, hafi minnkað úr 820 þús. tonnum í 678 þús. tonn árið 1973 eða um rösklega 140 þús. tonn. Stafar þetta að nokkru leyti af minnkandi afla erlendra skipa eftir útfærslu landhelginnar, en þó enn frekar af minnkandi afla íslendinga þrátt fyrir stóraukna sókn með tilkomu hinna nýju togara sem keyptir hafa verið til landsins á undanförnum árum. Afli bátaflotans minnkaði á þessu árabili, þ. e. frá árinu 1970 til 1973, um rúmlega 100 þús. tonn, en aukinn afli togaraflotans náði hvergi nærri að bæta það upp, þar sem heildaraflinn var árið 1973 um 76 þús. tonnum lægri en hann var árið 1970. Verður ekki annað sagt en hér sé um mjög uggvænlega þróun að ræða og kannske enn uggvænlegri ef tekið er tillit þeirra aðferða sem nú er beitt við veiðarnar. Á ég þar við hina stórauknu sókn skuttogaranna, sem í allt of ríkum mæli byggja afkomu sína á smáfiskveiðum, sérstaklega hinir smærri togarar.

Í Morgunblaðinu s. l. sunnudag birtust svör allmargra aðila við spurningum blaðsins þess efnis, hvort smáfiskadráp íslendinga hafi aukist. Svörin voru mjög misjöfn sem vænta mátti og fóru sjáanlega nokkuð eftir því hvaða aðstöðu hver og einn var í, sem svaraði blaðinu þessari ákveðnu spurningu. Svar eins aðila vakti þó sérstaklega athygli mína, en það var svar Guðmundar Í. Guðmundssonar skipstjóra á Ljósafelli, en það er togskip af minni gerð skuttogaranna, en hann segir m. a. orðrétt, eftir því sem blaðið greinir frá, með leyfi forseta:

„T. d. núna í gærkvöld (þriðjudagskvöld 26. nóv.) voru yfir 30 bretar úti af Langanesinu. Ég tók þarna þrjú höl, og get ekki sagt að það hafi verið hægt að hirða neitt af því. Þetta var bara rusl. Við vorum þarna þrír íslendingar, Ljósafellið, Barði og Hólmatindur, og við fórum. Bretarnir og tveir færeyingar voru eftir, svo að þeir telja sig líklega geta nýtt þetta rusl. Þeir voru þarna vítt og breitt frá 16 mílum út í 33 mílur út af Langanesi."

Svo sannarlega ætti þetta stutta viðtal við þennan skipstjóra að opna hv. alþm. sýn inn í það sem nú er að gerast á miðunum kringum Ísland, jafnframt innan sem utan 50 mílna markanna. Þetta svæði, sem hér um ræðir, svæðið út af Norðausturlandi, er af öllum sérfróðum mönnum, bæði innlendum og erlendum, talið vera helstu uppeldisstöðvar ungfisks hér við land. Þegar íslensk fiskiskip reyna veiðarnar þarna fá þau svo mikið rusl, þ. e. a. s. svo smáan fisk, að menn neyðast til þess að hætta veiðum, vegna þess að fiskurinn er neðan við þau stærðarmörk sem leyfilegt er að landa til vinnslu. En bretar og aðrir erlendir aðilar geta í fullum rétti skv. samningum við íslensk stjórnvöld stundað þarna vægðarlaust smáfiskadráp þann tíma sem svæðið er þeim opið. Samningarnir við breta heimila þeim veiðar á þessu svæði um 4 mánaða tímabil norðan Langaness og 8 mánaða tímabil út af Langanesi og sunnan þess. Þegar bretar eru búnir að fylla skip sín, kannske með 150 tonnum af þessum smáfiski, sem íslenskir skipstjórnarmenn kalla rusl, er óhætt að fimm- til tífalda þá tölu ef bera á hana saman við tonnafjölda fullþroska eða fullvaxins fisks, ef gengið er út frá sömu fiskatölu. Þetta merkir að hver 150 tonna farmur sem bretar veiða af slíkum smáfiski samsvarar 750—1500 tonnum af fullþroska fiski. Það er því vægast sagt mjög villandi þegar verið er að tala um að bretar t. d. veiði aðeins um 140 þús. tonn hér við land eftir að samningarnir voru gerðir við þá.

Þetta dæmi, sem ég hef hér nefnt, ætti að færa okkur heim sanninn um tvennt eða öllu frekar um þrennt: Í fyrsta lagi, að það er algjört glapræði af íslendingum að alfriða ekki þetta umrædda svæði fyrir Norðausturlandi fyrir öllum togveiðum allt árið, bæði fyrir íslenskum og erlendum veiðiskipum. Í öðru lagi, að það er alveg lífsnauðsyn fyrir íslendinga að losna bæði við breta og aðrar erlendar þjóðir, sem gerður hefur verið tímabundinn samningur við um veiðar innan 50 mílna markanna, strax þann sama dag og samningarnir renna út. Ég leyfi mér einnig að benda á í þessu sambandi að þetta er vissulega mjög ákveðinn rökstuðningur fyrir því að hraða beri svo sem unnt er útfærslu fiskveiðimarkanna í 200 sjómílur, eins og þegar hefur verið ákveðið af stjórnvöldum. Ef það tekst ekki eru fiskstofnarnir við landið sjáanlega í mun meiri hættu að verða gjöreyddir en við hingað til höfum gert okkur ljóst.

En það dugir ekki eingöngu að skamma breta og aðra útlendinga sem nú stunda veiðar hér

við land. Við verðum einnig að gera okkur fulla grein fyrir að á okkur sjálfum hvílir sú skylda að gæta hófs í þessum efnum og taka tillit til ábendinga fiskifræðinga sem sannarlega hafa aðvarað okkur í þessu sambandi. Ég vil leyfa mér að vitna til viðtals sem fréttamaður útvarpsins átti hinn 22. f. m. við Jakob Jakobsson fiskifræðing varðandi smáfiskveiðar íslendinga. Ég vil aðeins láta nægja að vitna í niðurlag þessa viðtals, því að viðtalið í stórum dráttum var birt í Morgunblaðinu skömmu síðar, en í niðurlaginu spyr fréttamaður útvarpsins í sambandi við smáfiskveiðar íslendinga þennan fiskifræðing, hvort það sé hættuleg stefna, sem við höfum tekið upp, að hans mati. Jakob Jakobsson svaraði til: „Hún er bæði hættuleg og fáránleg að því leyti, að við nýtum ekki stofninn á skynsamlegan hátt.“ Og hann endar með þessum orðum: „Ef við ætlum að lifa á fiski, þá verðum við að sjálfsögðu að vernda uppeldisstöðvarnar. Það er algjört lágmark.“

Þetta var niðurlag í viðtali fréttamanns Ríkisútvarpsins við þennan fiskifræðing sem okkur öllum er mjög kunnur. Nú er það vitað, að hinir smærri skuttogarar, sem veiða fyrir Norður, Norðaustur- og að nokkru leyti fyrir Austurlandi, byggja afkomu sína að allverulegu leyti á smáfiskveiðum, og horfast verður í augu við þetta vandamál og ráða fram úr því á þann hátt, að ekki verði með neinum sanni sagt að um ofveiði á smáfiski sé að ræða eða rányrkju.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til ráðstöfunar á áætluðum gengishagnaði vegna gengisbreytingarinnar í lok ágústmánaðar s. l. og er hér samtals um að ræða upphæð sem nemur um 1150 millj. kr. Af þessari upphæð eru 600 millj. til að mæta hækkun erlendra lána sem hvíla á fiskiskipaflotanum, og munu um 500 millj. af þeirri upphæð vera vegna togaranna, en um 100 millj. vegna bátaflotans. 250 millj. er óafturkræft framlag til bátaflotans og 230 millj. til togaraflotans. Gefur þetta nokkra hugmynd um þá fjárhagslegu aðstöðu, sem sjávarútvegurinn er í. Mætti segja, að þetta væri kannske ekki svo alvarlegt ef hér væri um frambúðarráðstafanir að ræða fyrir þennan atvinnuveg. En svo er því miður ekki. Hlýtur þá að vakna sú spurning: Hvernig fer um þennan atvinnuveg ef ekki breytist til batnaðar frá því sem nú er? Er í þessu sambandi kannske uggvænlegust aðstaða hinna nýju skuttogara, sem keyptir hafa verið til landsins. Þeir fá í sinn hlut skv. frv. um 730 millj. kr., og verður ekki annað séð en að rekstur þeirra sé kominn í hreinan vítahring sem að sjálfsögðu verður með einhverju móti að brjótast út úr, því að útilokað er að til langframa verði hægt að reka þessi skip með þeim rekstrarhalla, sem nú virðist vera hjá þeim. Þannig verða þeir ekki reknir áfram með eðlilegum hætti, ef ekki raknar úr frá því sem nú er.

Ég skal, herra forseti, ekki tefja með lengri umr. um þetta mál, þótt vissulega væri bæði nauðsynlegt og mjög þarft að Alþ. tæki til mjög rækilegrar umr. þá aðstöðu, sem íslenskur sjávarútvegur er í nú í dag, og þá að sjálfsögðu jafnhliða hvað helst væri þar til úrbóta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting innlendra orkugjafa, þáltill. (þskj. 80). — Frh. einnar umr.

Kjartan Ólafsson: Hæstv. forseti. Það er nú orðið langt um liðið síðan ég kvaddi mér hljóðs í sambandi við þessa umr. um nýtingu innlendra orkugjafa. Síðan hefur málið komið á dagskrá einu sinni, en það var hér í fyrra dag. En þótt langt sé um liðið vil ég fara um þetta mál nokkrum orðum, og þess skal getið í upphafi, að tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs var ræða sem hv. 4. þm. Norðurl. v. flutti hér í þessari hv. d. fyrir allmörgum dögum. Ég vil þó, áður en ég vík að máli hans, minnast á fáein atriði sem fram komu í ræðu hv. 1. þm. Sunnl. hér fyrr í dag.

Hann ræddi nokkuð um hvort tölur, sem hv. þm. Magnús Kjartansson hafði farið með hér í sambandi við orkusölu til álversins í Straumsvík, væru réttar eða ekki. Hv. þm. Magnús Kjartansson sagði á fundi hér í d. í gær að það verð, sem við fengjum, íslendingar, fyrir þá orku sem við seljum álverksmiðjunni í Straumsvík, væri svo lágt að við töpuðum hvorki meira né minna en 1000 millj. kr. á ári, ef miðað væri við annars vegar það verð sem í gildi er hér og hins vegar það verð sem er almennt markaðsverð í veröldinni í dag á forgangsorku eins og þarna er um að ræða. Hv. 1. þm. Sunnl. vildi mótmæla því að þetta væri rétt. Það kom fram í máli hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar að það verð, sem við fáum fyrir raforku okkar til álversins, er milli 300 og 400 millj. kr. Og hann hélt því fram að á því markaðsverði sem almennt gildir í dag, ætti þetta að vera 1000 millj. kr. hærra á ári. Hv. þm. Ingólfur Jónsson nefndi einnig tölu um það, hvað við fengjum fyrir orkuna, og sú tala kom heim og saman við það sem hv. þm. Magnús Kjartansson hafði haldið fram í ræðu sinni í gær. Enda þótt hv. þm. Ingólfur Jónsson talaði hér langt mál og leitaðist við að færa sönnur á að það væri ekki rétt, að hér væri um að ræða tap sem næmi 1000 millj. kr. á ári, þá er athyglisvert að ekki kom fram í hans máli nein kenning um það, hvert markaðsverð væri í dag fyrir þetta magn af orku, sem hv. þm. Magnús Kjartansson hafði haldið fram að ætti að vera milli 1300 og 1400 millj. Þetta var athyglisvert, og ástæðan fyrir því var að sjálfsögðu sú, að þær tölur, sem hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hafði farið með í þessum efnum, voru réttar og mismunurinn á því verði, sem okkur er greitt, og hins vegar almennu verði á forgangsorku er hvorki meira né minna en 1000 millj. á ári.

Hv. 1. þm. Sunnl. minntist hins vegar á, að greitt væri af álverksmiðjunni í Straumsvík ákveðið framleiðslugjald, og vildi leggja það við þá tölu sem okkur er greidd fyrir raforkuna. Slíkt gefur að sjálfsögðu alls ekki rétta mynd varðandi þetta mál, þegar verið er að bera saman orkuverð nú annars staðar og hér. Það er rétt að undirstrika það alveg sérstaklega, að í sambandi við þá samninga, sem gerðir voru við Swiss Aluminium, var auðhringurinn, sem á álverksmiðjuna í Straumsvík, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, undanþeginn íslenskum lögum og íslenskum dómstólum. Hann var þar á meðal undanþeginn íslenskum skattalögum. Það fram-

leiðslugjald, sem hv. 1. þm. Sunnl. minntist hér á og vildi að lítið væri á sem hluta af raforkuverðinu, — það er upphæð sem lítið var á í byrjun að kæmi á móti því að auðhringurinn þyrfti ekki að greiða skatta af sínum mikla hagnaði af þessum rekstri hér. Ég hygg, að ef þessi ákveðna verksmiðja í eigu erlendra aðila væri bundin íslenskum skattalögum eins og önnur fyrirtæki í þessu landi, þá þyrfti hún að greiða til ríkisins í skatta mun hærri upphæð en nemur þessu framleiðslugjaldi. Við skulum þess vegna ekki blanda því saman við orkuverðið. Orkuverðið er svo smánarlega lágt sem raun ber vitni, og breytir engu um staðreyndir í þeim efnum það sem hv. 1. þm. Sunnl. sagði í sinni ræðu áðan. Staðreyndirnar halda áfram að vera þær sömu.

Ég vil aðeins, áður en ég lýk við þetta atriði vegna ræðu hv. þm. Ingólfs Jónssonar og með tilliti til orða hans og samanburðar við rekstur álverksmiðja í Noregi, segja það, að á þeim tíma sem verið var að semja um byggingu álversins í Straumsvík var það algjört einsdæmi, og það ætti hv. þm. að hafa vel í huga, að það væri samið um raforkusölu á óbreyttu verði til 25 ára. Í þeim samningum sem um það leyti voru gerðir í Noregi, voru ákvæði jafnan um að orkuverð skyldi endurskoðað á 5 ára fresti. Og í þeim samningum, sem rætt er um í Noregi nú síðar í sambandi við orkufrekan iðnað, er talið sjálfsagt mál að þar séu ákvæði um að orkuverð skuli endurskoðað á eins árs fresti. En þessir samningar, sem hv. 1. þm. Sunnl. vildi halda fram að hefðu verið hinir ágætustu, voru með slíkum eindæmum varðandi þetta atriði, að við vorum bundnir við óbreytt orkuverð í 25 ár, til 1997.

Það er nú einu sinni svo, að það blasir að sjálfsögðu við hverjum manni í dag, hvaða afleiðingar þetta hefur haft, ef við hugleiðum hver þróunin hefur orðið varðandi orkuverðið almennt.

Hv. 1. þm. Sunnl. hélt því fram, að þetta ákveðna fyrirtæki, álverksmiðjan í Straumsvík, hefði malað okkur íslendingum gull á þessum árum. Ég hygg, að slíkt megi kalla fullkomið öfugmæli.

Það er eitt annað atriði sem ég vil einnig minnast á varðandi það sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Sunnl. Hann vildi mótmæla því að að þeirri hæstv. ríkisstj., sem þennan samning gerði á sínum tíma, hefði nokkurn tíma hvarflað að verð á vatnsorku kynni að fara lækkandi á næstu árum. Hann vildi mótmæla því alveg sérstaklega, að þetta hefði verið skoðun þeirra hæstv. ríkisstj., sem þá var við völd. Ég vil vekja á þessu athygli vegna þess að ég verð að segja það, að ég hef a. m. k. hingað til staðið í þeirri meiningu, að ástæðan fyrir því að þáv. hæstv. ríkisstj. gerði slíkan samning um óbreytt orkuverð í 25 ár, hafi verið sú, að viðkomandi hæstv. ráðh. þáv. hafi verið þeirrar skoðunar, að búast mætti við að orkuverð almennt í heiminum frá vatnsaflsvirkjunum færi lækkandi, þess vegna hefðu þeir talið sig með þessu vera að tryggja hlut íslendinga, þeir hefðu ekki séð þróunina betur fyrir en þetta. Slíkt hefði út af fyrir sig verið að ýmsu leyti mannlegt og að einhverju leyti afsakanlegt. En því er nú harðneitað, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. á þeim tíma hefði dottið neitt slíkt í hug. Þeir hafi þvert á móti verið á allt öðru máli. Þá vil ég leyfa mér að spyrja: Hvernig í ósköpunum gat þá á því staðið, að með slíkum eindæmum var að þessum samningi staðið eins og hér hefur verið minnst á, að gera samning um þetta lágt orkuverð og binda það svo að það skyldi vera óbreytt í 25 ár, ef menn hafa átt von á að orkuverð færi hækkandi, þó að þeir ættu kannske ekki von á að það hækkaði svo mjög sem raun hefur á orðið? Hvernig í ósköpunum mátti þetta þá gerast?

Það liggur alveg ljóst fyrir, og það skal verða það síðasta sem ég segi varðandi þetta atriði, að orkuverðið í samningnum við álverið í Straumsvík er 2.5 mill og það gerir á ársgrundvelli nú milli 300—400 millj. fyrir það orkumagn sem verksmiðjan notar. Það verð, sem hins vegar er gangverð á slíkri forgangsorku nú í dag, kemur m. a. fram í því uppkasti að samningi við Union Carbide sem fyrir liggur. Það er ekki 2.5 mill heldur 10 mill, þ. e. a. s. fjórum sinnum meira. Þetta er það verð sem er í dag gangverð á forgangsorku. Ef menn vilja átta sig á því nánar, hvernig þessar 1000 millj., sem hér hefur verið talað um á ári, eru til komnar, þá er það einfalt mál. Við getum séð það ef við fjórföldum verðið á þeirri orku sem seld er til álversins, milli 300 og 400 millj. Ég hygg, að hv. þm. Ingólfur Jónsson hafi nefnt 345 millj., og það mun sjálfsagt vera rétt. En ef þetta væri fjórfaldað, þá er þar um að ræða ekki langt frá 1400 millj. eða milli 1300 og 1400 millj. og mismunurinn 1000 millj. kr. Ég hygg, að það sé ekki á færi eins né neins að hrekja þessar tölur og það sé fyllilega þess vert fyrir hv. alþm. að íhuga þá alvarlegu hluti, sem að baki þeirra felast.

Ég vil þá aðeins minnast á það, að hv. þm. Ingólfur Jónsson vildi segja að álverksmiðjan í Straumsvík fengi nú 40% af þeirri orku, sem Landsvirkjun framleiðir, en það hafði áður í þessu sambandi verið talað um 50%. Þarna ber kannske ekki verulega stórkostlega á milli með tilliti til þess, að ég hygg, að það sé vart um deilt að greiðslan, sem fyrir þessa orku fæst, er ekki nema 10% af því sem greitt er yfirleitt fyrir orkuna frá Landsvirkjun.

Ég vil þá aðeins koma að fáeinum atriðum í ræðu hv. þm. Eyjólfs K. Jónssonar, hv. 4. þm. Norðurl. v., sem var tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs, þegar hún var flutt fyrir allmörgum dögum. Eins og menn muna var þessi ræða flutt hér við þær aðstæður, að 1. flm. þeirrar till., sem á dagskrá var og á dagskrá er nú, hv. þm. Magnús Kjartansson, hafði þegar talað tvisvar í málinu og átti þess því ekki kost að ræða málið frekar við þessa umr. Hv. 4. þm. Norðurl. v. virtist hafa fullan hug á því að færa sér þessar aðstæður í nyt og setti hér á svið ákveðinn leikþátt eða revíu, sem ég vil svo nefna, sem hann var sjálfur að mestu höfundur að, en þar sem hann vildi, hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, skipa hinum ýmsu þm. Alþb. í einstök hlutverk. Það getur út af fyrir sig verið skemmtilegt að hlýða á slíka revíu frá hendi pólitískra andstæðinga. En ég vil aðeins segja það, að ef hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson hefur gert sér um það vonir í al-

vöru að svo alvarlegur ágreiningur væri uppi í sambandi við þessi mál innan Alþb. og hann vildi vera láta, þá á hann áreiðanlega eftir að verða fyrir miklum vonbrigðum.

Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson vildi meina, að í rauninni hefði hann sérstaka ástæðu til að þakka hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni það, að hann hefði meðan hann var ráðh. tekið upp fyrri stefnu viðreisnarstjórnarinnar í orkumálum og að því er varðar samskipti við erlenda auðhringa hér á Íslandi, og fór um það mörgum orðum að þarna hefðu átt sér stað ákveðin skoðanaskipti hjá þessum fyrrv. ráðh. Alþb. Ég get fullvissað hv. þm. um það, að stefna Alþb. er í öllum meginatriðum sú sama nú og áður. Sú stefna kom fram í verkum Magnúsar Kjartanssonar í vinstri stjórninni og sú sama var stefna Alþb. á dögum viðreisnarstjórnarinnar. Þar hafa engin skoðanaskipti varðandi meginatriði átt sér stað. Það var stefna viðreisnarstjórnarinnar að koma hér upp á Íslandi erlendum fyrirtækjum og nýta til þess íslenska orku. Fyrirmyndin varð að vísu aldrei nema ein, álverið í Straumsvík, en ekki var hikað við af stjórnvöldum á þeim tíma að gera sem allra mest úr því, hversu ágæt sú fyrirmynd væri. Og hver var hún? Hún var sú, að það fyrirtæki, sem þarna var um að ræða, var að einu og öllu leyti í eigu hins erlenda auðhrings Swiss Aluminium. Þetta fyrirtæki laut *í engu íslenskum lögum né íslenskum dómstólum*. Það var undanþegið. Þetta fyrirtæki gerði samning um orkukaup á því smánarverði, sem hér var rætt um áðan, og til þess furðulega langa tíma, sem ég minntist á áðan og var einsdæmi. Það var annað, sem var einsdæmi við þann samning, og það var að þetta fyrirtæki var ekki krafið um að setja upp hreinsitæki, eins og sjálfsagt þótti í öðrum löndum, þar sem um slíkt var að ræða á þeim tíma. Þetta var líka einsdæmi. Þetta var sú stefna, sem þáv. hæstv. ríkisstj. hafði í þessum málum. Þetta var hennar fyrirmynd. Þeir, sem með réttu væri hægt að hrósa fyrir að hafa tekið upp þá stefnu, hefðu skrifað undir þessi atriði flest eða öll.

Stefna vinstri stjórnarinnar í þessum efnum og þá ekki síst stefna hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, sem þar var orkumálaráðh., var þveröfug hvað öll þessi atriði varðar. Vinstri stjórnin markaði í fyrsta lagi þau skil frá stefnu viðreisnarstjórnarinnar, að það kæmi alls ekki til greina að eiga samvinnu við erlenda aðila um orkufrekan iðnað á Íslandi undir neinum kringumstæðum, nema því aðeins að um væri að ræða fyrirtæki þar sem íslendingar og þá íslenska ríkið ættu meiri hluta, þveröfugt við stefnu viðreisnarstjórnarinnar. Í öðru lagi, að ekki kæmi *til greina að nein slík fyrirtæki væru sett á* stofn, þar sem erlendir aðilar kynnu að eiga minni hl., nema því aðeins að þau lytu í einu og öllu íslenskum lögum og íslenskum dómstólum, líka þveröfugt við stefnu viðreisnarstjórnarinnar. Í þriðja lagi kom ekki til greina af hálfu vinstri stjórnarinnar að reisa nein slík fyrirtæki, nema um væri að ræða að orkuverð væri fullkomlega viðunandi og samningar um slíkt verð væru endurskoðaðir með stuttu millibili, líka þveröfugt við stefnu viðreisnarstjórnarinnar. Og síðast, en ekki síst, hvarflaði það aldrei að þeim, sem með þessi mál fóru í vinstri stjórninni, að það kæmi til mála að reisa hér eitt eða neitt meiri háttar iðjuver, innlent eða erlent án þess að þar væri um að ræða hreinsibúnað svo sem best mætti verða.

Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson vildi nefna það til vitnis um skoðanaskipti fyrrv. hæstv. ráðh. Alþb., að hann hefði rætt við stjórn eða fulltrúa Swiss Aluminium. Það er nú svo. Ætli menn séu ekki dæmdir til að tala við einn og annan? Og um hvað snerust þær viðræður? Þær snerust um það fyrst og fremst að þáv. iðnrh. vildi fá það á hreint hvort ekki væri nokkur möguleiki að fá þennan auðhring, sem þarna var um að ræða, eiganda verksmiðjunnar í Straumsvík, til að fallast á það út frá almennum rökum og almennu viðskiptasiðferði, liggur mér við að segja, að opna þann samning sem gerður hafði verið af viðreisnarstjórninni um orkuverð til 25 ára, þegar svo var komið eins og öllum er kunnugt að orkan hafði margfaldast í verði og það, sem áður mátti kalla að smávægilegt gjald kæmi fyrir orkuna var orðið gjöf úr okkar hendi. Þessi hv. þm. og þáv. ráðh., Magnús Kjartansson, hafði ekki við að styðjast í þessum sínum tilraunum eitt eða neitt í plöggum þeim sem hann erfði í iðnrn. frá hæstv. ríkisstj., sem áður var þar við völd. Einnig var í þessum viðræðum rætt um annað og það var að sett yrðu upp hreinsitæki við þessa ákveðnu verksmiðju. Það kom fram í þeim viðræðum að Swiss Aluminium taldi sig ekki vera skuldbundið til þess skv. þeim samningum sem áður höfðu verið gerðir. Hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson vildi bera sakir á fyrrv. iðnrh. nú vegna þess að þessi hreinsitæki væru þrátt fyrir allt ekki komin upp nú. Í því sambandi vil ég leyfa mér að benda á í fyrsta lagi, að það var eitt fyrsta verk fyrrv. iðnrh., þess manns sem Eyjólfur K. Jónsson vildi eiga hér orðastað við eftir að hann átti þess ekki kost að svara fyrir sig, — það var eitt hans fyrsta verk 1971 að setja í það ákveðna n. að undirbúa reglugerð varðandi mengunarvarnir og aðra slíka hluti í sambandi við iðnaðarrekstur hér á Íslandi. Þessi reglugerð varð til á tiltölulega skömmum tíma og var sett strax snemma árs 1972, nokkrum mánuðum eftir stjórnarskiptin, og hafist var handa um að tryggja það að álverksmiðjan í Straumsvík setti upp hreinsitæki í samræmi við þessa reglugerð. Það er hins vegar rétt, að um það varð samkomulag að gera yrði tilraun með ákveðna gerð af íslenskum hreinsitækjum, sem þeir, sem helst höfðu vit á af innlendum aðilum, töldu líklegt að mundu duga. Ég hygg að það hafi verið út af fyrir sig mjög eðlileg ráðstöfun að þessi tilraun væri gerð. Niðurstaða hennar varð hins vegar sú, að þau reyndust ekki jafnheppileg og menn höfðu gert sér vonir um eða jafnörugg, og því var það, að að þeirri tilraun lokinni voru gefin út endanleg fyrirmæli í tíð fyrrv. ríkisstj. til álversins í Straumsvík um að það setti upp hjá sér erlend hreinsitæki af svipuðu tagi og tíðkast við verksmiðjur hér í nágrannalöndum af þessu tagi. Þessi tæki verða að sjálfsögðu sett upp samkvæmt fyrirmælum sem gefin voru í tíð vinstri stjórnarinnar, það vil ég undirstrika.

Ég mun nú ekki fara um þetta miklu fleiri orðum. Ég vildi svara hér örfáum atriðum í máli þessara tveggja hv. þm.

Um þá till., sem hér er til umr., vil ég aðeins segja það, að ég er þeirrar skoðunar, eins og sjálfsagt flestir aðrir hv. alþm., að hún snerti eitt allra veigamesta mál í okkar stjórnmálum nú, þ. e. a. s. nýtingu þeirrar miklu orku sem við eigum í okkar landi. Ég hygg að það sé ekki ágreiningur um það, að menn hafi fullan hug á að tryggja að þessi orka verði nýtt í framtíðinni og verulegur hluti hennar sem fyrst. Ágreiningurinn er hins vegar um það hvort leggja beri megináherslu á að hún verði nýtt í þágu okkar sjálfra, íslendinga, eða hvort eigi að nýta þessa orku að einhverju verulegu marki í þágu erlendra aðila, en ætla okkur sjálfum að njóta þeirra mola sem af þeirra borði kynni að hrjóta. Þessi ágreiningur er einn sá alvarlegasti í íslenskum stjórnmálum nú, bæði hér á Alþ. og í þjóðfélaginu yfirleitt. Ég vil aðeins segja það, að við Alþb.-menn höfum markað þá stefnu, sem er algerlega ljós og um hana er algjör eining innan okkar flokks, að það komi ekki til greina við þær aðstæður, sem hér ríkja nú, að fallast á að ráðist verði í meiri háttar orkufrekan iðnað, enda þótt þar væri um að ræða fyrirtæki, sem væri að yfirgnæfandi meiri hluta í íslenskri eigu. Þetta viljum við alls ekki fallast á eins og mál standa í dag, vegna þess að við teljum að það sé langtum brýnna að leysa þá gífurlega miklu þörf sem við öllum blasir fyrir aukið orkuframboð í þágu almennrar notkunar okkar sjálfra. Sú till., sem hér er til umr., er í samræmi við þessa stefnu.

Ég hygg að ég hafi svarað þeim meginatriðum, sem ég taldi ástæðu til að koma hér inn á, og enda þótt hægt væri að ræða þetta í mjög löngu máli, þá vil ég ekki gera það frekar með tilliti til þess að hér er margt sem kallar að.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég er lítið vanur hér í sölum hv. Alþ. og þaðan af minna vanur því að taka þátt í umr. hér. Ég hef reynt að setja mig inn í þau störf, sem hér eru unnin, og reynt að fylgjast með þeim umr., sem hér hafa átt sér stað. Ég er búinn að vera hér núna í rúma viku og líkast til áður í eitthvað rúmlega mánuð. Skoðun mín á starfi Alþ. er eftir þessa veru mína sú, að hér sé ekki um þriðja leikhúsið í borginni að ræða, heldur sé hér verið að vinna að ákveðnum málum, hér sé ekkert sjónarspil, heldur fari hér fram málefnalegar umræður og hér séu ákvarðanir teknar og afstaða tekin til mála, þegar mál hafa verið metin og skoðuð. Ég var því meira en lítið hissa á föstudagskvöld eða seinni hluta föstudags, þegar hv. 4. þm. Norðurl. v. stendur hér upp í hv. d. og heldur ræðu sem mér finnst stinga mjög í stúf við þann anda sem ég hef kynnst hér. Mér hefur virst og tel það hafa verið ætlun hæstv. forseta að reyna að koma til fullnaðarafgreiðslu ýmsum málum, sumum jafnvel tengdum fjárlögum, áður en þm. fengju jólafrí. Meira að segja, ég held að það hafi komið hér í d. til umr. mál í dag, sem nauðsynlega þurfti að komast frá hv. d., og er nú kannske verið að trufla það með framhaldsumræðum vegna ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég held að flestir ráðh. óski eftir því, að ákveðin mál, sem þeirra rn. eru með, komist í gegnum hv. d. og hv. Alþ. áður en þm. taka jólafrí. Ég hef talið sjálfsagt að greiða hér atkv. með afbrigðum, jafnvel í málum sem ég hef haft frekar takmarkaðan áhuga á, aðeins til þess að torvelda ekki störf þingsins. Stundum hef ég þurft að greiða atkv. hér til þess að væri hægt að afgr. mál þegar hv. stjórnarþm. hafa ekki verið í salnum.

Ég var því undrandi, eins og ég sagði áðan, á að hlusta á ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. hér í d. á föstudag. Hv. þm., sem ég hélt að væri einn af stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. og væri ritstjóri aðalmálgagns ríkisstj., tók sig til og býður upp á að koma í ræðumannaleik, koma af stað málþófi um allt annað mál en var á dagskrá. Hann byrjar hér að tala um málmblendiverksmiðju, sem hann átti að vita um og hefur sjálfsagt vitað um að kæmi hér til umr. á hv. Alþ. síðar í vetur og jafnvel að menn létu sér detta í hug að jafnvel yrðu umr. um það hér fyrir jól. Jafnframt þessu, að reyna að tefja fyrir framgangi nauðsynlegra mála fyrir þinginu og þá um leið ríkisstj., greip hv. þm. tækifærið og réðst á fjarverandi þm., Jónas Árnason, og jafnframt á Magnús Kjartansson, sem hafði ekki aðstöðu til að svara fyrir sig í þessu máli þar sem hann hafði þegar fullnotað tíma sinn í dagskrármálinu. Auk þessa taldi hv. 4. þm. Norðurl. v. sig þurfa að lesa úr viðtali, sem Jónas Árnason átti við Þjóðviljann um málmblendiverksmiðjumálið, og sleit þar ákveðinn kafla úr samhengi. Ég tel mig skyldan til að bæta um og koma því til skila hér í hv. d., sem Jónas var raunverulega að skýra frá í nefndu viðtali, og vænti ég þess að hæstv. forseti meini mér ekki að lesa viðtalið allt síðar í ræðu minni.

Þeir Magnús Kjartansson og Jónas Árnason munu sjálfsagt svara fyrir sig þótt síðar verði, þó að þeir komi því ekki að undir þessum dagskrárlið. Ég tel þó rétt að fara nokkrum orðum um hið mikla deilumál þeirra félaga minna, Magnúsar og Jónasar.

Á kosningafundum í vor og í einkaviðtölum, sérstaklega í suðurhluta Vesturlandskjördæmis, ræddi Jónas málmblendiverksmiðjumálið mikið. Hann lagði fram svipuð rök og komu fram í Þjóðviljaviðtalinu. Andstæðingar okkar beindu þeim skeytum þá að okkur, að Magnús Kjartansson væri meðmæltur málinu. Við töldum það rétt vera að því marki að hann vildi kanna málið, engar lokaákvarðanir væru teknar. Við bentum á að ein af meginhættunum í þessu máli væri sú, að svo gæti farið að Magnús Kjartansson yrði ekki iðnrh. að kosningum loknum, í þeirri ríkisstj., sem yrði þá mynduð, aðalhættan væri sú að Framsókn og Sjálfstfl. mundu mynda ríkisstj. eftir kosningar og þá hefðum við ekki Magnús Kjartansson sem iðnrh. til að tryggja að málið yrði fullkannað. Ég var aldrei í neinum vafa um það að ekkert yrði úr þessari verksmiðjubyggingu, ef vinstri stjórnin sæti áfram. Þessu held ég að fleiri hafi gert sér grein fyrir. Skv. orkuöflunaráætlunum vinstri stjórnarinnar til húsahitunar og olíusparnaðar var sú hugmynd

brostin að selja svo mikið rafmagn til verksmiðjunnar sem hún hefði þurft.

En það eru ekki skoðanir Magnúsar Kjartanssonar eða Jónasar Árnasonar á málmblendiverksmiðjunni, sem koma það miklu róti á hug 4. þm. Norðurl. v. að hann telur sig þurfa að hnýta í þá, þegar þeir eiga ekki tök á að svara fyrir sig, og í leiðinni að tefja fyrir framgangi þeirra mála, sem sú ríkisstj., sem hann væntanlega styður, þarf að fá afgreidd, heldur er það illska hans yfir því að nú er ekki alveg eins auðvelt og áður að gera smánarsamninga á borð við samninginn við ÍSAL við erlend stóriðjufyrirtæki. Hv. þm. er sár yfir því, að Magnús Kjartansson sannaði það með undirbúningsviðræðum sínum við Union Carbide að hægt var að semja við erlend stórfyrirtæki og tryggja meirihlutaeign íslendinga í fyrirtækjum í sameign við slíka aðila. Þm. er einnig sár yfir því, að Magnús Kjartansson skyldaði ÍSAL til að láta setja upp hreinsitæki í álverinu í Straumsvík með reglugerð um mengunarvarnir, sem jafnframt nær til allra annarra fyrirtækja og ætti, ef þeirri reglugerð er fylgt, að fyrirbyggja að mengunarvaldandi verksmiðjur verði byggðar. Þm. er einnig sár yfir því að Magnús Kjartansson tók upp viðræður við svissneska auðhringinn, sem á álverksmiðjuna í Straumsvík, til að freista þess að bæta kjör okkar íslendinga í viðskiptum við þann auðhring.

Svona má lengi telja, en sérstaklega mun þm. vera sár yfir því að Magnús Kjartansson leysti þann hnút, sem viðreisnarstjórnin skildi eftir sig í sambandi við Laxárvirkjun, og undirbjó raunhæfar framkvæmdir til lausnar raforkumálum norðlendinga til frambúðar með lagningu byggðalínu. Þm. er aftur á móti kátur yfir því að núv. iðnrh. hefur tafið framkvæmdirnar við lagningu byggðalínu næstum þann tíma, sem hann hefur setið í ráðherrastól. Sú kátína þm. byggist á því að hann ætlar að kenna Magnúsi Kjartanssyni og okkur Alþb.-mönnum um þá töf, og er það í samræmi við málefnaflutning hans hér á föstudag og reyndar oftast.

Svo sem ég nefndi áðan las hv. þm. í gær kafla úr viðtali við Jónas Árnason, er birtist í Þjóðviljanum viðvíkjandi málmblendiverksmiðjumálinu. Kafli þessi var tekinn úr samhengi meginmáls viðtalsins og mun ég nú lesa viðtalið, sem því miður er allt of stutt. Eins og ég sagði áðan, tel ég skyldu mína að koma efni þessa viðtals til skila hér í hv. d., eftir að hv. 4. þm. Norðurl. v. las úr því kafla og notaði það til árása á Jónas, sem er fjarverandi. Hefst þá lesturinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er þá fyrst til að taka, að fyrir alþingiskosningarnar í vor fannst mörgum afstaða Alþb. til áforma um málmblendiverksmiðju næsta óljós. Ég leit svo á að á flokksráðsfundinum 1973 hefði komið í ljós andstaða gegn verksmiðjubyggingunni í félagi við Union Carbide. Við frambjóðendur Alþb. í Vesturl. beittum okkur því einarðlega gegn verksmiðjunni í kosningabaráttunni og var afstaða okkar öllum ljós. Aðrir flokkar voru verksmiðjunni meðmæltir eða tóku ekki afstöðu, eins og t.d. Samtökin.

Það fór nú svo að framboðsfundir í nærsveitum Grundartanga og þó sér í lagi á Akranesi snerust að miklu leyti um verksmiðjuáformin. Maður heyrði þær hrakspár frá ólíklegustu aðilum að þessi andstaða okkar Alþb.-manna mundi valda flokknum miklum skakkaföllum í kjördæminu og jafnvel fylgishruni. Þetta andrúmsloft varð til þess á Akranesfundinum að magna svo upp frambjóðendur Frams.- og Alþfl. og þá sérstaklega Daníel Ágústínusson og Benedikt Gröndal, að þeir eggjuðu kjósendur lögeggjan að refsa nú G-listanum fyrir andstöðu hans við málmblendiverksmiðjuna með því að kolfella Jónas Árnason.

Eins og kunnugt er varð niðurstaðan hins vegar sú að G-listinn stórbætti fylgi sitt. Eftir það, sem á undan gekk, verða þessi úrslit ekki túlkuð á annan veg en stórsigur fyrir andófsmenn þessa verksmiðjubrölts. Á þeim tíma, sem liðinn er frá kosningum, hef ég rætt þetta mál mikið við fólk í nærsveitum Grundartanga og víðar um Borgarfjarðarhérað. Það hefur ekki verið spurt álits af stjórnvöldum fram til þessa, þótt komið sé að því að leggja samninginn við Union Carbide fyrir Alþ. Ég get hins vegar fullyrt að andstæðingar þessarar verksmiðju þar um slóðir eru miklu fleiri en formælendur hennar."

Þjóðviljinn spyr: „Það hefur ekki farið á milli mála, Jónas, að þú ert svarinn andstæðingur verksmiðjunnar, en á hvaða grundvelli byggir þú andstöðu þína? Hvers vegna ert þú á móti þessu máli, sem óumdeilanlega virðist þó geta verið töluvert atvinnuöryggismál fyrir Vesturlandskjördæmi?"

Svar Jónasar: „Það er af mörgum ástæðum, sem eru af félagslegum, umhverfisverndarlegum, byggðarlegum og siðferðilegum toga spunnar, svo að maður skelli fram öllum tískuorðum á einu bretti. Union Carbide á sér einn óþokkalegastan feril allra auðhringa að því er varðar mengun og mannréttindi. Ég hef í höndum skýrslu sem sannar að í heimalandi þessa auðhrings, Bandaríkjunum, hefur hann neytt allra bragða til að sniðganga gildandi lög um mengunarvarnir, og enginn auðhringur er eins illa þokkaður hjá því fólki sem berst gegn mengun og fyrir náttúruvernd.

Ég hef líka í höndunum skýrslu sem sannar að enginn auðhringur er eins illa þokkaður og Union Carbide hjá hinum nýfrjálsu ríkjum Afríku, enda heyrir maður fulltrúa þeirra nefna Union Carbide í ræðum sínum vestra á þingi Sameinuðu þjóðanna þegar þeir ræða harkalega meðferð á svörtu fólki. Í Rhodesíu og Suður-Afríku eru umsvif þessa auðhrings mjög mikil og hvítir verkamenn, sem vinna við fyrirtæki hans þar, fá allt að því 10 sinnum hærri laun en svartir. Meðferð auðhringsins á svörtu fólki er öll eftir þessu. Hann hefur aðstoðað fasistastjórnina í Rhodesíu dyggilega við að rjúfa það viðskiptabann sem Sameinuðu þjóðirnar og þ. á m. Bandaríkin samþykktu að setja á hana. Yfirleitt má segja að þessi auðhringur sé sérstakur ástmögur fasistastjórnanna í Rhodesíu og Suður-Afríku.

Þótt ekki komi til aðrar ástæður en þessar, mundi ég beita mér gegn samningum um málmblendiverksmiðjuna. Union Carbide er vægast sagt ekki nógu göfugur félagsskapur fyrir þjóð eins og okkur íslendinga.

Enn ein siðferðileg mótbára mín er sú að Grundartangaverksmiðjan á að framleiða forrosilicon. Efni þetta er til margs nytsamlegt, en fyrst og fremst er það notað til að herða stál og það þarf hart stál í vopn. Efni þetta er því ein af helstu nauðsynjum vopnaframleiðenda. Hlutverk okkar íslendinga í sveltandi heimi á að vera að framleiða matvæli, en ekki að efla og auka áhrifamátt drápstækja.

Þetta hef ég sagt áður og oftar en einu sinni, en ég vil gjarnan bæta einu atriði við til viðbótar. Auðhringurinn Union Carbide er veldi, sem er ekki háð neinum landfræðilegum takmörkunum. Starfsmenn fyrirtækisins eru sagðir 1/3 fleiri en starfandi einstaklingar á Íslandi og þar af vinnur helmingurinn í nær 200 verksmiðjum auðhringsins utan Bandaríkjanna í öllum heimshlutum. Einn ríkasti þátturinn í utanríkisstefnu bandaríkjastjórnar á eftirstríðsárunum hefur verið að láta halda opnum dyrum fyrir hinu fjölþjóðlega fjármálavaldi, sem hefur höfuðstöðvar í Bandaríkjunum. Þessi stefna hefur verið studd af hervaldi ef þurfa hefur þótt, og alkunnug eru hin nánu tengsl hers og iðnaðar í Bandaríkjunum. Vegna þessarar samtvinnunar herstjórnar og auðhrings hafa þeir síðast nefndu notað bandarísku leyniþjónustuna CIA sem sinn einkaspæjara og raunar orðið uppvísir að stuðningi við fasistískt valdarán í ýmsum löndum, eins og nærtækast er í Chile.

Ég óttast að bygging ferro-silicon-verksmiðju á Íslandi í samvinnu við bandarískan auðhring muni auka á vilja bandarískra hernaðaryfirvalda til þess að herða enn það tak sem þau hafa í þessu landi. Fylgismenn hersetunnar munu fá eitt tilefnið í viðbót til að berja sér á brjóst og segja að hernaðarmikilvægi okkar hafi aukist og við séum ómissandi fyrir varnarkerfi NATO og Bandaríkjanna, að maður tali svo ekki um hætturnar sem svona mikilvæg verksmiðja hefði í för með sér. Ætli að hernaðarsérfræðingar komist ekki að þeirri niðurstöðu að Grundartangi verði forgangsskotmark í kjarnorkustríði eins og sá sænski sagði að Keflavíkurherstöðin yrði ef til slíkra tíðinda drægi?

Ef við víkjum að umhverfisverndarhlið málsins hefur fátt eitt komið fram um það mál. nema sérfræðingar UC telja sig geta haldið rykmengun í lágmarki, en ekkert hefur verið rætt um hugsanlega jarðvegs- og sjávarmengun og fenolsull í svona verksmiðjum. Mér virðist það lítil trygging gegn mengunarhættu þó að sérfræðingar Union Carbide ræði við Baldur Johnsen forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins einhvern tiltekinn dag í sept. s.l. hér heima eða þá að Baldur Johnsen skreppi vestur til Bandaríkjanna til að ræða við þessa sömu sérfræðinga eins og nú um daginn. Mér finnst sem sé auðhringurinn Union Carbide ekki rétti aðilinn til að skrifa upp á siðferðisvottorð í þessum efnum. Hér verður að koma til kasta óvilhallra aðila með sérfræðiþekkingu, sem bæði er hægt að kaupa hérlendis og erlendis. Hingað til hefur verið horft í kostnað við þetta, þótt fyrirmæli séu um það, að svona skuli staðið að málum, í reglugerð sem sett var í tíð vinstri stjórnarinnar. Það dregur ekki úr grunsemdum þegar maður kemst að því að auðhringurinn tregðast við að afhenda nauðsynlegar upplýsingar. Má í því sambandi nefna að nú, þegar til stendur að afgreiða frv. um málmblendiverksmiðjuna fyrir jól, hefur Union Carbide ekki enn afhent rekstraráætlanir eða teikningar af verksmiðjunni. Ekkert liggur því fyrir um, hvaða aðferðir af ýmsum, sem til greina koma, verða notaðar við framleiðsluna, og því er erfitt fyrir umhverfissérfræðinga að meta mengunarhættuna.

Í þeim skýrslum, sem gerðar hafa verið um viðræður við forustumenn Union Carbide, er nær eingöngu reifuð hin hagkvæma hlið málsins, eins og það er kallað. Það er verið að segja okkur hvað það sé góður bisness fyrir íslendinga, en ekkert um hvaða félagsleg og mengunarleg áhrif verksmiðjurekstur af þessu tagi hefur á byggðir Vesturlands. Hvaða röskun hefur verksmiðjan í héðbundnum atvinnurekstri o. s. frv.? Um það er ekki orð að finna. Það er svo efni í annað viðtal, hve herfilega vondur þessi góði bisness er. Það er alger grundvallarforsenda þess, að almenningur geti tekið afstöðu til verksmiðjurekstrar af þessari gerð, að stjórnvöld reifi allar hliðar málsins og kynni opinberlega. Á það hefur svo sannarlega skort í þessu tilviki til þessa, en með skynsamlegri umhugsun og skírskotun til reynslu mývetninga af Kísiliðjunni geta menn náttúrlega myndað sér skoðanir í þessu máli og hafa gert."

Þá spyr Þjóðviljinn að lokum: „Nú hefur þér orðið tíðrætt um þína afstöðu til Union Carbide og málmblendiverksmiðjunnar, og forsendur andófs þíns eru þeir vestlendingar, sem snúist hafa gegn verksmiðjunni, andstæðingar hennar af sömu ástæðu ogmeð sama þunga."

Því svarar Jónas: „Þau margendurteknu vinnubrögð stjórnvalda í stjórnmálum að taka ákvarðanir án minnsta samráðs við almenning eða í andstöðu við vilja hans hafa því miður haft sín áhrif. Það er komin siðferðisþreyta í sumt fólk, sem lýsir sér helst í því að menn yppta öxlum og segja: „Er ekki hvort sem er búið að ákveða þetta?" Ég held þó síður en svo að of seint sé að stöðva þessa verksmiðju. Menn eru andsnúnir verksmiðjubyggingunni af mörgum ástæðum. Á byggingartímanum mun hún draga mikið vinnuafl og ómissandi frá sjósókn okkar og fiskiðnaði. Mönnum finnst frekar að það ætti að byggja upp ýmis konar smáiðnað í kjördæminu, sem betur félli inn í núverandi atvinnuhætti og væri fyrst og fremst tengdur landbúnaði og fiskveiðum. Bændur hafa ekki verið spurðir hvort þeir vilji láta land undir þessa stóriðju og það sem henni fylgir o. s. frv.

Að öllu samanlögðu treysti ég a. m. k. á það, að nauðsynlegt baráttuþrek og samstaða fyrirfinnist víðar en hjá þingeyskum bændum. En jafnvel þótt þeir, sem landinu ráða, fari sínu fram, tel ég það skyldu okkar að berjast og berjast og halda áfram að berjast og leggja þar með fram okkar skerf til þess að því siðferðilega undanhaldi, sem því miður hefur um of einkennt þessa þjóð að undanförnu, verði snúið upp í sókn."

Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að lesa þetta viðtal á annatíma hér í hv. d. Það er nú svo, að það er ekki á hverjum degi að hv. 4. þm. Norðurl. v. þurfi að sitja undir því, að úrklippingar hans úr ritum og ræð-

um fáist leiðréttar og birtar í réttu samhengi við meginmál á þeim sama vettvangi og hann birtir þær.

Að lokum þetta: Ég gat þess í upphafi máls míns að af þeim litlu kynnum, sem ég hef haft af störfum Alþ., fyllti ég ekki flokk þeirra manna, sem gera lítið úr þeim störfum sem unnin eru hér. Ég verð þó að segja það, að þetta álit mitt varð fyrir allmiklum hnekki á föstudag, er ég hlýddi á ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., bæði vegna þess að hann notaði ræðutíma sinn til árása á tvo hv. þm., sem áttu þess ekki kost að svara fyrir sig, og svo vegna hins, að hann virtist vera að undirbúa það að koma hér af stað málþófi um mál óskylt því, er á dagskrá var, í því augnamiði einu að tefja störf Alþ. á annatíma. Ef þm. óskar þess að koma hér af stað málþófi til þess að stríða hæstv. ríkisstj., er alls ekki ólíklegt að stjórnarandstaðan væri til í að taka þátt í slíku, og verið gæti að einhver hefði áhuga á því að slá met hv. þm. Sverris Hermannssonar um timalengd um stöðu hér í ræðustólnum. Ef svo fer, þá vita hv. þm. hver er hvatamaður og leikstjóri þeirrar leiksýningar er hér færi þá fram. Það er hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson, 4. þm. Norðurl. v, og ég vil beina því til hæstv. forseta, að ef þm. fær þessum vilja sínum framgengt, þá verði Alþ. flutt niður á leiksvið Þjóðleikhússins til þess að sem flestir, fleiri en þeir sem rúmast hér á pöllum, geti fengið að sjá hvernig þm. stjórnar þá stærsta leikhúsi borgarinnar.

ATKVGR.

Till. vísað til iðnn. með 29 shlj. atkv. og umræðu frestað.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um Háskóla Íslands var lagt fyrir hv. Ed. og hefur hlotið afgreiðslu þar. Í frv. eru aðeins tvö atriði, sem máli skipta. Annars vegar er till. um breyt. á stjórn Háskólans, þannig að heimilt verði að ráða að skólanum aðstoðarmann rektors. Störf rektors og háskólaritara eru ákaflega margþætt og vissulega mjög erfið, einkum á vissum árstímum, t. d. þegar stúdentar eru að innritast. Ætlunin er sú, að þessi nýi starfsmaður Háskólans taki við hluta af þessum störfum og létti einkum störf rektors, þannig að hann geti betur en ella sinnt yfirstjórn Háskólans. Þetta er annað meginatriðið. Hitt atriði frv. er það að taka inn í l. um Háskóla Íslands almenna heimild til þess að stofna námsbrautir við Háskólann. Þetta hefur áður verið gert, þ. e. þessi skipan tekin upp við Háskólann, t. d. þegar þjóðfélagsfræðideildin var stofnuð, en þá þurfti að gera það með sérstökum lögum. Þykir eðlilegt að hafa þessa heimild í háskólalögunum sjálfum. Jafnframt er þess að geta, að heimildin er bundin þeim skilyrðum, að Alþ. hafi samþ. fjárveitingar til slíkra aðgerða hverju sinni.

Þetta frv. var afgr. ágreiningslaust í Ed., og ég vil vænta þess að það fái einnig skjóta afgreiðslu og fyrst og fremst jákvæða hér í þessari hv. d. Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Efri deild, 27. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 2.50 miðdegis.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 188). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Efni þessa frv. er það, að ríkisstj. sé heimilað að fela Rafmagnsveitum ríkisins að reisa og reka vatnsaflsstöð við Bessastaðaá í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu með allt að 32 mw. afli.

Á s. l. hausti, um miðjan sept., hélt Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi aðalfund sinn að Eiðum. Aðalumræðuefni fundarins voru orkumálin á Austurlandi. Þar fluttu yfirverkfræðingur áætlunardeildar Rafmagnsveitna ríkisins ítarlegt erindi um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal. Málið var rætt ítarlega og var gerð um það samþykkt á þessu þingi að skora á iðnrn. og Alþ. að setja lög um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal á komandi þingi. Í samræmi við þessar óskir er frv. flutt.

Frv. gerir ráð fyrir að reist verði vatnsvirkjun við Bessastaðaá í Fljótsdal. Þar er fallhæð mjög mikil og hagstæð, 500—600 m. Hins vegar er áin ekki vatnmikil, a. m. k. verulegan hluta ársins, en hins vegar miklir möguleikar fyrir miðlun þar uppi á heiðinni, eins og greinir nánar í grg.

Þetta mál hefur verið allrækilega rannsakað og undirbúið. Hins vegar er ekki öllum undirbúningsathugunum lokið. Sérstaklega þarf nokkru nánari rannsókn á vatnsrennsli. Hins vegar benda allar þær rannsóknir, sem fram hafa farið til þessa, til að þessi virkjun sé mjög álitleg, og því verður að telja yfirgnæfandi líkur til þess að rétt þyki í hana að ráðast. En vegna þess að nokkrar rannsóknir eru þar enn ógerðar er ákveðið í þessu frv., að það sé heimild til handa ríkisstj., en ekki endanlega lögfest.

Gert er ráð fyrir því, að ef þetta frv. verður samþykkt og allur undirbúningur getur haldið áfram með fullum hraða, þá geti virkjunin tekið til starfa eftir 4—5 ár.

Ég skal ekki ræða hér um orkumál Austfjarða almennt eða ástandið þar nú, en vil mælast til þess að frv. fái greiða göngu í gegnum þessa hv. d., en á það er lögð áhersla að það geti orðið lögfest fyrir jól.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. og vil beina þeim tilmælum til hennar

að hún taki málið skjótlega til meðferðar og það fái jákvæðar undirtektir hér eins og í Nd., en iðnn. Nd. mælti einróma með frv. og það var samþ. þar með shlj. atkv.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Á fundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi í haust lýsti ég þegar yfir ánægju minni yfir þessari virkjun. Ég fagnaði frumkvæði heimamanna og góðum vinnubrögðum þess starfsmanns Rafmagnsveitna ríkisins sem þetta mál flutti þar sérstaklega og skilaði skýrslu sem var hin aðgengilegasta og hverjum leikmanni ljós.

Orkuskortur á Austurlandi hefur verið ógnvekjandi. Það skal ekki rakið hér því að það hefur verið gert mjög rækilega. Þar mun til bráðabirgða reynt að leysa brýnasta vanda, og skal það þakkað, sem þar hefur verið gert og er verið að vinna.

Austfirðingar bundu miklar vonir við Lagarfossvirkjunina. Hún mun þegar hafa komið á dagskrá snemma á fimmta áratug þessarar aldar, en því miður skorti nægan stórhug á sjötta áratugnum þegar ákvörðun var tekin um aðra virkjun, sem um var kveðið svo að sönnu, þegar ákveðinn austfirðingur var beðinn að yrkja vísu ef hann ætti að fá að fara í ræðustól:

> Vísu kann ekki að yrkja
> eftir pöntun framan úr salnum.
> Það er eins og vera að virkja
> vatn sem ekki er til í dalnum.

Síðan Grímsárvirkjun varð staðreynd hefur því miður ekkert raunhæft gerst í orkumálum Austurlands, m. a. vegna þess að nær allar framkvæmdir í orkumálum þessa lands hafa verið hér á Suðurlandi, nánar tiltekið í nágrenni aðalþéttbýlisins, og margt kann að vera til réttlætingar því. Lagarfossvirkjunin var okkar draumavirkjun, og illa hefðum við trúað því að hún leysti þó ekki meiri vanda en hún gerir þegar hún kemst í notkun. Því ber að fagna að því leyti til, að aðalorsökin er fólgin í auknum umsvifum á Austurlandi. Þar er aukin húshitun á ferðinni og þar með fylgir aukinn gjaldeyrissparnaður í kjölfarið. En ýmislegt hefur farið á annan veg einnig, m. a. vegna þess að ekki virðist svo sem nógu vel hafi verið í upphafi staðið að undirbúningi hvað snertir bæði hið verkfræðilega og þó alveg sérstaklega umhverfisleg verndarsjónarmið við undirbúning þessarar virkjunar. Hvað sem því líður, þá kemst Lagarfossvirkjun í gagnið á næsta ári. Henni fögnum við sem mikilsverðum áfanga og ýmsa reynslu höfum við af því hlotið, sem hollt er að hyggja að varðandi þær virkjanir sem við hljótum að stefna að, — reynslu sem vonandi kemur okkur til góða einnig varðandi þessa umræddu virkjun sem hér er á dagskrá.

Ég fagna viðbrögðum hæstv. ráðh. við óskum austfirðinga. Þau ber að meta að verðleikum. Ég hlýt líka að vísa á bug þeirri gagnrýni, sem fram kom í Nd. hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni, og tek það skýrt fram, eins og áður hefur eflaust verið gert í Nd., að þar talar þessi hv. þm. á engan hátt fyrir hönd austfirðinga, nema þá einhvers örlítils hóps, sem ég reyndar, sem betur fer, þekki ekki til. Ég hlýddi ekki náið á þær umr., en ég kannast svo vel við hans stórvirkjana- og stóriðjuhjal, að ég þykist vita inntakið, og ég vona að hæstv. ráðh. og veit reyndar að hann ljái slíku annarlegu tali ekki eyra, allra síst þeim hrakspám sem þar hafa án efa verið uppi hafðar varðandi þessa virkjun. — En þetta er kannske útúrdúr sem ekki á við hér, þar sem hv. þm. á hér ekki þess kost að ræða þetta mál frekar, en hann gerði það mjög rösklega í gær að ég heyrði.

Ég fagnaði alveg sérstaklega virkjun sem þessari einmitt af því að hér er um sjálfsagða virkjun að ræða án allra beinna tengsla eða órjúfanlega við þær aðrar virkjanir eða virkjunarmöguleika sem hafa verið ræddir á þessum slóðum, og á ég þar alveg sérstaklega við virkjun þá, sem á Austurlandi hefur hlotið fyrirfram nafnið LSD, fyrir „langstærsti draumurinn", en gæti allt eins haft aðra táknræna merkingu fyrir byggð á Fljótsdalshéraði sem hér skal ekki nánar út í farið.

Hvað sem öllum rannsóknum líður á þessum öðrum möguleikum á þessu svæði, þá hlýt ég að treysta því framar öðru að þáttur umhverfisverndunar, landverndar, byggðaverndunar verði framar öðru látinn ráða í öllum þeim áformum og ákvörðunum sem þar kunna að verða teknar í framtíðinni. Meðalvirkjun á þessu svæði væri vissulega ákjósanleg og eðlileg ef í ljós kæmi að henni fylgdu engir þeir annmarkar sem yllu spjöllum á þeirri blómlegu byggð sem þróast hefur og er víða í uppgangi meðfram bökkum Lagarins og Lagarfljóts. Ég óska eftir að rannsóknir í framtíðinni beinist fyrst og fremst að slíkri virkjun og veit að hæstv. ráðh. hefur á því áhuga. Í ljósi jákvæðra niðurstaðna þar um á öllum þýðingarmeiri sviðum ætti svo að taka ákvörðun í nánu samráði og samstarfi við austfirðinga sjálfa, á líkan hátt og gert hefur verið um Bessastaðaárvirkjun.

Rétt er það að þar sem svo stutt er síðan þetta mál komst á dagskrá fyrir alvöru, menn uppgötvuðu þennan möguleika sem lausn á raforkumálum Austurlands í alvöru, þá hafa menn haft uppi nokkurn fyrirvara um þessa virkjun hvað varðar vatnsmiðlun og þá hættu sem hugsanlegu vatnsleysi þarna væri samfara. Af máli sérfræðinga, og veit ég þó að það er ekki allt heilagur sannleikur sem þaðan kemur, og rökum hygg ég að óþarft sé að hafa hér af miklar áhyggjur, og trúi ég a. m. k. ekki að meginrökin í þeirra máli standist ekki dóm reynslunnar. Þetta á að vísu eftir að koma betur í ljós þegar fullnaðarrannsóknir hafa farið fram, og vissulega mega engin Grímsárævintýri eða Lagarfossvandkvæði endurtaka sig á enn nýjan leik.

Ég ætla ekki að tefja þessar umr. með löngu máli, því að vissulega hef ég á því áhuga að mál þetta nái fram að ganga, ekki einvörðungu hér í þinginu, heldur ekki síður framkvæmdin sjálf. Hæstv. ráðh. er mætavel kunnugt um áhuga austfirðinga á málinu, eins og hann gat um í sinni framsöguræðu, og þá sér í lagi áhuga þeirra á því að framkvæmdum verði hraðað sem mest og að því stefnt að virkjunin komi sem fyrst í gagnið. Hæstv. ráðh. er einnig mætavel

kunnugt um þær svimháu tölur sem sparast munu í gjaldeyri og kostnaði við hvert það ár sem vinnst í þessu efni. Þar er um hundruð millj. að ræða með núgildandi verðlagi. Einnig gerir hæstv. ráðh. sér það mætavel ljóst, það sýnir hann með þessu frv., að öryggi íbúanna á Austurlandi í orkumálum verður ekki tryggt fyrr en virkjunin fer af stað. Ég vil því mega trúa því, að þar verði flýtt svo sem verða má framkvæmdum öllum, og mér þykja öll viðbrögð hæstv. ráðh. til þessa benda í þá átt og vona að þannig verði að málinu staðið áfram.

Ég endurtek það, sem ég sagði á fundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi á liðnu hausti, að þessum áfanga í orkumálum Austurlands fagnaði ég alveg sérstaklega af því að hann væri í þeirra þágu einna. Inn í hann blandaðist engan veg sú hvimleiða mengun hugfarsins, að virkjun og stóriðja, og þá auðvitað erlend stóriðja, ættu að fara saman. Þetta veit ég að er t. d. deiluefni, a. m. k. milli mín og hv. 3. þm. Austf., en ég vona að það sé ekki deiluefni milli okkar hæstv. ráðh. Ég veit, að virkjunaráform framtíðarinnar á Austurlandi eru í þeirri hættu að mengast um of af slíku hugarfari. Ég veit um eftirgrennslanir Norsk Hydro á mínum heimastað um álbræðslu þar inni í þröngum firði, og ég óttast, að ef þeim líst sá staður girnilegastur fyrir gróðaáform sín og hervirki, þá muni öðruvísi verða unnið að virkjunarmálum á Austurlandi en ég kýs að gert sé. Stóriðja að vissu marki er ekkert bannorð hjá mér, ef tryggt er, að við Íslendingar séum þar hinn ráðandi aðili í öllu, og tryggt er, ekki á pappír, heldur í reynd, að gróðri og mannlífi stafi þar af engin mengunarhætta. En hjá því mun vægast sagt torvelt að komast, ekki hvað síst hvað gróðurinn snertir, inni í þröngum og oft lognkyrrum firði. Ég segi þetta hér af því að ég ber í dag nokkurn ugg í brjósti vegna þessa fyrirtækis, sem í gráðugu tillitsleysi allra auðfyrirtækja læðir nú klóm sínum nær og nær minni heimabyggð. Virkjunarmál Austurlands munu e. t. v. í framtíðinni standa þar í órofa samhengi og fleira kann þá einnig eftir að fara.

Það eitt veit ég: að sjálfráðu gæti það eitt hrakið mig þaðan að heiman að slík álbræðsla auðfélags risi við bæjardyrnar hjá mér, svo sannfærður er ég um bölvun hennar frekar en blessun þá sem sumir sjá þar í fólgna, í einu saman ímynduðum ágóða auðsins. En nóg um það. Það er fagnaðarefni dagsins í dag að virkjun í þágu austfirðinga er hér á dagskrá, að við treystum því og trúum að hæstv. ráðh. haldi fram sem hingað til af fullri framkvæmdadjörfung og virkjunin megi sem fyrst færa varma og birtu til okkar austfirðinga og stuðla þannig að frekari framvindu mála í sóknarátt þar eystra.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins nota tækifærið og þakka hæstv. iðnrh. hversu vel hann hefur brugðist við óskum austfirðinga um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal. Hér kemur fram í raun og veru í fyrsta skipti virkjun sem austfirðingar vonast eftir að geti leyst raforkuþörf þeirra. Þær virkjanir, sem byggðar hafa verið á Austurlandi, hafa í raun og veru aldrei borið þess merki að yfirvöld hafi haft sérstaka trú á þeim landshluta. Þær virkjanir hafa bæði verið fáar og smáar.

Virkjun sú, sem byggð var við Grímsá á sínum tíma, var af austfirðingum þá talin of lítil, og austfirðingar þurftu að berjast í rúman áratug fyrir því að virkjun yrði reist við Smyrlabjargaá. Sama er að segja um Lagarfoss. Það var alltaf álit austfirðinga að sú virkjun væri of lítil. Nú hefur komið í ljós að þessar spár austfirðinga eru réttar. Rafmagnsskortur á Austurlandi er gífurlegur í dag og ekki er ástæða til að rekja það frekar. Þessi virkjun við Bessastaðaá mun væntanlega leysa þann brýna vanda, sem þar ber að höndum, en ekki fyrr en eftir um það bil 4—5 ár, eins og hæstv. ráðh. gat um.

Ég vona að þessu máli verði hraðað eins og kostur er, gert verði allt til þess að flýta þessu máli og koma því til leiðar að þessi virkjun rísi sem fyrst af grunni, en það verði samt haft í huga að þess verði mjög vel gætt að þarna sé vel að verki staðið, þarna sé nægilegt vatn fyrir hendi og umhverfissjónarmið verði í hvívetna höfð í fyrirrúmi. En þessi virkjun er að því leyti til mjög hagstæð, að lítil hætta er á, að umhverfi verði spillt.

Ég vil ekki gera að frekara umtali áframhaldandi virkjunarframkvæmdir á Austurlandi. Austfirðingum er ljóst að mesta auðlegð þeirra liggur í orkunni í landshlutanum og í fiskimiðunum úti fyrir ströndinni. Það verður mál framtíðarinnar hvernig austfirðingar vilja nýta þessa orku, og að mínum dómi eiga þeir sjálfir að ráða því og hafa þar allt frumkvæði. Ég vil ekki taka afstöðu í því á þessu stigi málsins, hvernig þessari orku verður ráðstafað. Ég vil að við fáum að athuga hvert mál sem kemur upp um það, hvernig þessi orka verði best nýtt, og austfirðingar fái að hugleiða það sjálfir, hvort þeir telji að það sé hagkvæmt. Því geta þeir einir ráðið úr, og þess vegna verður að taka afstöðu til hvers máls eftir að tækifæri hefur gefist til að skoða það niður í kjölinn.

Mér er því miður ekki kunnugt um fyrirætlanir Norsk Hydro, sem hv. 7. landsk. gat hér um, ég hef aðeins séð þeirra lítillega getið í blöðum. Ég vil aðeins leiðrétta það, að hér er að vísu ekki um gífurlegt auðfélag að ræða vegna þess að Norsk Hydro er að mestu leyti eign norska ríkisins og er ríkisfyrirtæki, eftir því sem ég kynntist best í veru minni í því landi. Það fyrirtæki er að mestu leyti rekið af norska ríkinu, þannig að ég held að það sé vart rétt að kalla það því nafni. En það skiptir hins vegar engu máli. Það er fyrirtækið sjálft, sem á að reisa þarna, og ef það er hættulegt umhverfi sínu og fólki, þá munu austfirðingar aldrei taka í mál að slíkt verði reist.

Ég vil svo að lokum endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðh. fyrir það, hversu vel hann hefur brugðist hér við.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil aðeins til að tryggja, að hv. 7. landsk. þm. fái nú sofið í ró og næði, upplýsa að það hafa ekki minnstu samningar verið gerðir við Norsk

Hydro um neina stóriðju hér á landi. Fulltrúar þess fyrirtækis hafa komið hingað og viljað fá að kynna sér möguleika, og það hefur verið við þá rætt, þeim hefur verið skýrt frá aðstæðum, en þeim hefur ekki á nokkurn máta verið gefið undir fótinn með stóriðju á Austfjörðum né annars staðar. Þeir spurðu m. a. að því, hvort þeim væri ekki frjálst að kynna sér aðstæður og skoða landið, og það var þeim að sjálfsögðu. Ég veit að þeir hafa í því sambandi komið til Austfjarða og kynnt sér virkjunaráform sem þar hafa verið uppi, enda hefur það verið hverjum manni opið. En ég vil leggja áherslu á það, að engir samningar eru í gangi við Norsk Hydro um slík mál. Þetta eru eingöngu allra fyrstu umr. og á byrjunarstigi eins og ég hef lýst þeim. Ég vil jafnframt staðfesta það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að Norsk Hydro er að meiri hl. eign norska ríkisins. Norsk Hydro var stofnað fyrir síðustu heimsstyrjöld. Þá áttu þjóðverjar þar ráðandi hlut, en norska ríkið tók þann hlut til sín eftir heimsstyrjöldina. Norska ríkið er ráðandi hluthafi í Norsk Hydro.

Fyrst ég er staðinn upp vil ég lýsa ánægju minni með þetta fram komna frv. eins og aðrir hafa gert hér. Þetta er ákaflega athyglisverð lítil virkjun. Hún er e. t. v. að vísu nokkuð stór af litlum virkjunum að vera. Því veldur að þarna er fyrir framan mikil fallhæð, óvenjumikil fallhæð, og möguleiki til þess að koma upp forðabúri fyrir vatn, sem tryggir þessa virkjun betur en flestar litlar virkjanir. Flestar litlar virkjanir eru haldnar þeim annmarka að það er of kostnaðarsamt að koma upp miðlun, en í þessu tilfelli er það unnt og þarna fæst því orka á mjög viðráðanlegu verði, 1.40 kr. kwst., sem er ekki almennt frá slíkum virkjunum. Mér sýnist sjálfsagt að þessari framkvæmd verði hraðað.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal ekkert um það fullyrða hver er hinn raunverulegi eignarhlutur varðandi þetta fyrirtæki, Norsk Hydro. Þó er mér kunnugt um sterk ítök erlendra auðhringa í því fyrirtæki, upplýst af fulltrúum þeirra sjálfra. Ég hef engar upplýsingar um þetta mál annars staðar en beint úr minni heimabyggð, frá viðræðum sveitarstjórnar þar við þetta fyrirtæki, þar sem þeir létu í ljós ákveðnar skoðanir á þessum athugunum sínum og um leið ákveðna möguleika, — þeir höfðu þar talað um efni fram, — sem þeir hefðu á því að koma slíku fyrirtæki upp. Ég vissi það og leiðrétti það þá þegar, ég væri sannfærður um að til þessa hefðu þeir ekkert vilyrði af hálfu íslenskra stjórnvalda, það væri alveg áreiðanlegt, og þá þökkuðu þessir góðu menn vitanlega mér það, af því að þeir sáu að það var tilgangslaust að láta í það skína. Það getur vel verið að þeir hafi farið rangt með í fleiri atriðum en þessum. Þeir nefndu það t. d., að ef þeir færu í þessar framkvæmdir hér á landi, þá yrði þeim tryggt aukið fjármagn, ekki frá norðmönnum, heldur frá þeim erlendu auðhringum sem eiga ítök í Norsk Hydro. Það kann vel að vera að þeir hafi farið rangt með þarna líka, eins og þeir fóru rangt með það að þeir hefðu haft einhver vilyrði um það frá íslenskum stjórnvöldum að þetta lægi töluvert opið fyrir.

Ég skal ekki segja, hversu ábyrgir menn þetta hafa verið sem þarna voru á ferð. Alla vega voru þetta menn sem kynntu sig fulltrúa þessa fyrirtækis. Ég hafði því a. m. k. fyrir þennan fund og áður en ég fékk þessar róandi upplýsingar þess manns, sem situr í svokallaðri stóriðjunefnd á vegum íslenska ríkisins, heldur óskemmtilegar upplýsingar um öll áform. Og það gleður mig sannarlega að vita að ég hef haft rétt fyrir mér þegar ég varð að leiðrétta þessa ágætu útlendinga í sambandi við öll vilyrði og alla samninga við þá. Mér jafnvel fannst nú að hv. þm. vildi róa mig enn þá meira, því að af málhreimnum og tóninum í hans tali skildist mér að hann mundi ekkert vera ginnkeyptur fyrir þessu, og ég vona að það verði svo.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13. shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frv. (þskj. 178). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Á tímabilinu 4.—20. okt. 1972 var haldin í London alþjóðaráðstefna til þess að endurskoða alþjóðasiglingareglurnar frá 1960. Á ráðstefnunni var gerð samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó og var hún undirrituð af fulltrúum 16 landa hinn 20. okt. 1972. Flestir undirrituðu með fyrirvara, þ. á m. Ísland, og þetta frv. er einmitt flutt til þess að fullnægja þeim fyrirvara og leita samþykktar Alþ. til þess að mega staðfesta samþykktina. Þessi samþykkt hefur verið lögð fyrir samgrn., sem leggur til að hún verði staðfest fyrir Íslands hönd.

Sökum örrar þróunar á sviði siglingatækni og tilkomu risaskipa, sem fer sífjölgandi, þótti orðið nauðsynlegt að endurskoða reglurnar frá 1960, en þær tóku gildi 1. sept. 1965. Til þessa hafa siglingareglurnar byggst á samkomulagi þjóða í milli án þess að þær væru byggðar á samþykkt. Nú hefur hins vegar í fyrsta sinni verið gerð samþykkt um reglurnar. Samþykktin auðveldar endurskoðun og breytingar á reglunum, sem áður var aðeins hægt að breyta með því að kalla saman alþjóðaráðstefnu. Helstu breytingar, sem gerðar voru á siglingareglunum að þessu sinni, eru í stórum dráttum sem hér segir:

Kaflaskiptingu og niðurröðun greina hefur verið breytt, þannig að nú er hún skýrari og ýmis atriði tæknilegs eðlis, sem áður voru hluti siglingareglnanna eru nú birt aftan við þær sem viðaukar. Hins vegar eru leiðbeiningar um notkun radars sem hjálpartækis til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, og er viðauki við núgildandi reglur felldur inn í nýju reglurnar, þannig að nú eru þeim skipstjórnarmönnum, sem hafa radar til umráða, lagðar ýmsar skyldur á herðar í sambandi við notkun hans.

Í núverandi reglum er mælt fyrir um að skip,

sem ekki á að víkja fyrir öðru skipi, skuli halda stefnu sinni og ferð óbreyttri. Hefur grein þessi lengi verið skipstjórnarmönnum áhyggjuefni. En í nýju reglunum hefur verið bætt úr þessu með því að heimila slíkum skipum að gera eigin ráðstafanir í tæka tíð ef fyrirsjáanlegt er að skipið, sem víkja átti samkv. reglunum, vanrækir skyldu sína í þeim efnum.

Merk nýmæli koma fram í 10. gr. reglnanna. Þar er ákveðið hvernig skip skuli haga siglingu sinni á ýmsum ströngum og fjölförnum siglingaleiðum sem ákveðnar hafa verið af Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

Samþykktin um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó og reglurnar, sem henni fylgja, taka gildi 12 mánuðum eftir að 15 ríki, sem eiga samanlagt ekki minna en 65% af verslunarflota heims miðað við fjölda eða rúmlestatölu, hafa gerst aðilar. Er miðað við 100 brúttólesta fiskiskip og stærri og fer gildistakan eftir því hvoru markinu verður fyrr náð. En þrátt fyrir framangreind ákvæði skulu reglurnar ekki taka gildi fyrr en 1. jan. 1976. Samþykktin og reglur þessar, ásamt viðaukum þeirra, eru birtar á þskj. 178 sem fskj.

Sé ég ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 28. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., að loknum 27. fundi.

Rafveita Ísafjarðar, frv. (þskj. 148). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 202).

Hitaveita Suðurnesja, frv. (þskj. 132). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 203).

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 122). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 155). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þess efnis að á Alþ. 1973 var gerð sú breyting á þessum lögum, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins var falið að starfrækja rannsóknarstofur utan Reykjavíkur samkv. nánari ákvörðun ráðh. og að fengnum till. aðila fiskiðnaðarins. Samkv. þessari lagabreytingu átti að leita samstarfs í þessum efnum við fiskiðnaðinn eða fiskframleiðendur og aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi stað og þessir aðilar legðu fram helming stofnkostnaðar þessara útibúa.

Fljótt kom í ljós að mjög mikil óánægja var ríkjandi með að hafa þetta ákvæði í þessum lögum, að staðir úti á landi, þar sem áttu að rísa útibú Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, ættu að greiða helming af stofnkostnaði þegar kostnaður við aðalstöðvarnar hér í Reykjavík er greiddur, eins og allir vita, að fullu og öllu af ríkinu. Sama er að segja um Hafrannsóknastofnunina. Hún er kostuð af ríkissjóði að öllu leyti og sömuleiðis þau útibú sem áformað er að reisa og reka á hennar vegum. Eitt útibú Hafrannsóknastofnunar hefur nýlega tekið til starfa, útibúið á Húsavík, sem er mjög vel útbúið og naut margvíslegs stuðnings heimamanna á staðnum, en er greitt að öllu leyti af ríkissjóði. Sama má segja um t. d. tilraunastöðvar, sem reknar eru af landbúnaðinum. Þær eru auðvitað allar eins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins greiddar að fullu og öllu af ríkissjóði.

Ég held að hér hafi verið um ákaflega ósanngjarna breytingu að ræða hvað snertir þessa einu rannsóknastofnun. Þetta frv. gerir ráð fyrir að afnema það með öllu þannig að allar rannsóknastofnanir og öll útibú, sem kunna að verða reist og rekin, verða greidd að fullu af ríkissjóði.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 29. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 10 síðdegis.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 188, n. 196). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur athugað frv. til l. um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal og á þskj. 196 mælir n. einróma með samþykkt þess. Ég skal ekki fjölyrða um það. Ég hef reynt á þeim skamma tíma, sem til stefnu er, að kynna mér nokkuð þau gögn sem iðnn. fékk til athugunar og sýnist mér af þeim að hér sé um mjög athyglisverða virkjunarmöguleika að ræða. Þó vil ég geta þess, að ljóst er af þeim gögnum að rannsóknum er ekki fyllilega lokið og ekki enn ljóst á hvern máta þessi virkjun verður best gerð. Þar ber að mörgu að gæta og er von mín, um leið og ég mæli með samþykkt þessa frv., að ekki verði þar rasað um ráð fram þó að orkuskortur sé. Það er mikilvægt að virkjun sem sem þessi sé vel hönnuð og alls gætt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er smávægilegt atriði í sambandi við þetta frv. sem ég vildi gjarnan fá skýringu á við þessa umr. Ég greiddi heils hugar atkv. með þessu frv. í iðnn. Ég vil trúa því að einmitt með virkjun Bessastaðaár verði hægt að bæta úr brýnni þörf austfirðinga fyrir aukið rafmagn. Að vísu er ljóst að eins og stendur vantar tilfinnanlega vatn til þess að nýta hina glæsilegu fallhæð sem fæst í Bessastaðaárgljúfri, en þarna mun ekki vera nægt vatn nema 4—5 mánuði á ári. Og það hef ég eftir staðkunnugum, að þegar minnst er vatnið að sumrinu sé nú svo þurrt, þar sem fossinn ella fellur, að smyrilshjón hafi orpið þar ár eftir ár og komið upp ungum sínum þurrum og fínum. En sem sagt, ég trúi því að þetta muni rétt reynast þar sem rannsóknir, sem þegar hafa verið framkvæmdar, benda til að þarna verði hægt með tiltölulega ódýrum hætti og án mikilla landsspjalla að fá nægilegt vatn til að virkja þessa fallhæð. En fsp., sem ég vildi gjarnan fá svar við við þessa umr., fjallar um efni brtt. sem samþ. var í Nd. og hljóðar svo, það er síðari málsgr. brtt.

„Sem hluti af virkjuninni skulu gerðar ráðstafanir er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki umhverfisins svo sem frekast er kostur.“

Ég vildi gjarnan fá upplýst til hvaða sérfræðinga yrði leitað í þessu efni. Mér er kunnugt um að eini velmenntaði sérfræðingurinn á þessu sviði, Einar Valur Ingimundarson umhverfisverkfræðingur, hefur verið látinn víkja úr starfi í Heilbrigðiseftirlitinu vegna málefnalegs ágreinings við yfirmann þess, Baldur Johnsen.

Svo að ég geri örlitla grein fyrir Einari Val Ingimundarsyni, þá lærði hann fyrst efnaverkfræði í Bretlandi, lagði síðan stund á framhaldsnám í umhverfisverkfræði að beiðni Baldurs Johnsens yfirmanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins og var að svo búnu, eftir að hann hafði lokið magisterprófi í umhverfisverkfræði, ráðinn til starfa hjá Heilbrigðiseftirlitinu upp á þau býti að hann mætti jafnframt vinna að doktorsritgerð um umhverfismál sem hann vinnur nú að. Ekki er mér öllu ljós sá málefnalegi ágreiningur sem verið hefur á milli hans, Einars Vals, og Baldurs Johnsens. Þó veit ég að þá hefur greint á um mengunarhættu frá fyrirhugaðri málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Við höfum heyrt hæstv. iðnrh. lýsa yfir því hér á Alþ. og einnig hv. þm. Steingrím Hermannsson, að frá þessari fyrirhuguðu verksmiðju muni ekki stafa nein hætta, alls engin hætta af mengun. Ætla má að þessar upplýsingar hafi þeir haft frá yfirmanni Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Aftur á móti hefur Einar Valur sýnt fram á það með rökum, sem hann telur gild, og vitnað í ýmsa heimsfræga sérfræðinga á þessu sviði til sönnunar því máli sínu, að af þessari verksmiðju stafi víst mengunarhætta.

Annað mál, sem mér er kunnugt um að þá hefur greint á um, umhverfisverkfræðinginn og yfirmann Heilbrigðiseftirlitsins, er kísilgúrverksmiðjan í Mývatnssveit. Þar vann Einar Valur Ingimundarson að gagnasöfnun og síðan skýrslugerð um hollustuhætti og mengun frá kísilgúrverksmiðjunni. Þessari skýrslu skilaði hann, en rn. lagðist á hana, ef svo má segja, og bannaði birtingu hennar.

Þriðja málið, sem mér er kunnugt um að Einar Val Ingimundarson og Baldur Johnsen hefur greint á um, er álverksmiðjan í Straumsvík, þar sem Einar Valur Ingimundarson sýndi fram á að ýmiss konar hættuleg eiturefni leyndust í úrgangi frá verksmiðjunni sem lauslega var urðaður eða illa gengið frá í grennd við Hafnarfjörð, en yfirmaður Heilbrigðiseftirlitsins vildi ekki að kunngerðar yrðu niðurstöður af athugunum Einars Vals.

Við umr. um fyrrgreinda málmblendiverksmiðju í Hvalfirði hefur Einar Valur ekki farið dult með það að hann væri á allt annarri skoðun en Baldur Johnsen og hæstv. iðnrh. Nú hefur þessi maður verið látinn víkja úr Heilbrigðiseftirlitinu þrátt fyrir vottfasta ráðningu, sem hljóðaði upp á heimild til þess að halda áfram að stunda framhaldsnám með starfi sínu. Hljóðar spurning mín því svo: Að honum frágengnum er það þá ætlun hæstv. iðnrh. að ráðinn verði annar umhverfisverkfræðingur til að hafa eftirlit með framkvæmdum eins og þeim, sem fyrirhugaðar eru, og hönnun við Bessastaðaá, eða er ætlunin að ráða til þess einhvern mann með menntun sem hæfi fyrirhuguðum framkvæmdum iðnrn.?

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Að vísu var spurningunni beint til hæstv. iðnrh. og hann svarar eflaust, en ég get þó ekki orða bundist. Mér þótti æðilangsótt hjá hv. ræðumanni að blanda þeim ágæta manni Einari Val inn í Bessastaðaárvirkjun. Hann virðist þekkja vel alla málavexti og hlýtur að gera sér grein fyrir því að Einar Valur starfaði hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, en það er Náttúruverndarráð, sem fjallar um Bessastaðaárvirkjun, og greinin, sem hv. þm. vísar í, fjallar um Náttúruverndarráð. Mér er ekki kunnugt um að Náttúruverndarráð hugsi til þess að ráða Einar Val nú þegar hann virðist vera atvinnulaus. Ég veit að Náttúruverndarráð hefur aðgang að miklum fjölda ágætra vísindamanna í lífeðlis-

fræði, en þarf ekki mengunarverkfræðing eða umhverfisverkfræðing eða þess háttar sem Einar Valur er sérfræðingur í. En ég ætla ekki að blanda mér í það mál.

Hins vegar vil ég segja það, að ég átti ánægjulegan fund með þessum unga manni fyrir nokkrum kvöldum, þar sem var saman kominn góður fjöldi viðskiptanema, sem reyndu að fá það upplýst hvar mengunarhættan af málmblendiverksmiðjunni væri. Hún er nú reyndar ekki á dagskrá — og þó. Svarið virtist helst vera það hjá þessum unga manni, að hann þekkti nú atvinnurekendur, þeir opnuðu og hleyptu reyknum út á nóttunni! Þetta þóttu að vísu dálítið furðulegar staðhæfingar.

Ég sagði áðan, að ég legði áherslu á fyrir mitt leyti að í þessa virkjun yrði farið með varúð, og ég geri það m. a. með tilliti til náttúruverndarsjónarmiða. Þetta mál hefur verið rætt hjá Náttúruverndarráði, var rætt á samstarfsfundi Náttúruverndarráðs og Orkustofnunar, sem haldinn var 4. des. s. l., og er hér allítarleg fundargerð þar sem ljóst er að Náttúruverndarráð hyggst skoða þetta mál mjög vandlega, enda held ég satt að segja, að formanni Náttúruverndarráðs, Eysteini Jónssyni, sem þekkir þetta svæði líklega betur en hv. ræðumaður, sé mjög vel treystandi til að gæta þess að þarna verði farið að hinum ítrustu kröfum um náttúruvernd. En engu að síður legg ég áherslu á þetta með tilliti til þess að þessu er ekki lokið. Mér sýnist, að þetta sé í ágætum höndum, og treysti því að farið verði eftir þeim ákvæðum sem nú eru þegar komin í frv.

Ég vil aðeins í sambandi við rennslismælingar upplýsa, að rætt er um meðalrennsli og fram kemur að vatnasvið árinnar er um 127 ferkm. Meðalrennsli mældist 4.1 rúmmetri á sek. Fjallað er nokkuð um möguleika til þess að fá viðunandi vatnsmiðlun, og með leyfi forseta vil ég lesa úr grg. til iðnn. Alþ. Þar segir:

„Rennslismælingar í Bessastaðaá hafa aðeins staðið í tæp 8 ár samtals. Með samanburði við veðurathuganir og rennslismælingar í öðrum ám í grenndinni verður unnt að áætla með sæmilegri nákvæmni rennsli Bessastaðaár þau ár sem mælingar á ánni ná ekki yfir. Verður þannig hægt að reikna hve mikið aðrennsli hefur orðið til Bessastaðaárvirkjunar í öll þau ár sem veðurathuganir ná yfir. Þessar rannsóknir eru þegar hafnar. Þá stendur og yfir kortagerð af svæðinu á vegum Orkustofnunar. Eftir niðurstöðum framangreindra rannsókna á væntanlegum kortum verður reynt að taka endanlega ákvörðun um stærð virkjunarinnar og stærð þeirra aðrennslissvæða sem vatni verður veitt af til virkjunarinnar."

Að efni til er fjallað nokkru meira um þetta og þar kemur fram, svo að ég lesi nú ekki þessa nokkuð löngu grg., að þarna er mjög þurrviðrasamt, eins og hv. þm. einnig benti á, og fellur meginhluti úrkomunnar sem snjór. Hins vegar kemur hér fram að unnt muni vera að byggja þarna miðlun sem miðlað getur þessu vorrennsli yfir þurrkatímann. Þetta er sem sagt dregið fram í þessum grg. og raunar einnig í grg. með frv. með tilliti til þess að þarna er um ýmsa óvissa þætti að ræða.

Í 1. gr. frv. er fram tekið að ríkisstj. er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins o. s. frv. Þetta er ekki fastákveðið. En það var einnig með tilliti til þessa ákvæðis að ég fyrir mitt leyti lagði áðan — og vil endurtaka það — áherslu á að ekki verði rokið í framkvæmdir af hræðslu við orkuskortinn, þó að hann sé slæmur, heldur verði veittur nægilegur tími til að ljúka bæði slíkum nauðsynlegum undirbúningsrannsóknum sem og öllum nauðsynlegum athugunum á náttúruverndarákvæðum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka iðnn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls og frsm. nefndarinnar.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. beindi til mín fsp., en hv. frsm. hefur í rauninni tekið af mér ómakið að svara. Þó vil ég aðeins bæta nokkru við.

Í Nd. var bætt inn í frv. því ákvæði í 2. málsgr. 2. gr. sem hv. 5. þm. Norðurl. e. gerði að umtalsefni, að gerðar skuli ráðstafanir er að höfðu samráði við Náttúruverndarráð og að dómi sérfræðinga teljast nauðsynlegar til að draga úr hugsanlegum áhrifum virkjunarinnar á lífríki umhverfisins. Var alger samstaða um að bæta þessu ákvæði inn í frv. til að undirstrika það sjónarmið að fullt tillit bæri að taka til umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiða.

Nú spurði hv. þm. hvers konar sérfræðingar það væru sem hugsað væri að leita til. Iðnn. Nd., sem gerði till. um þetta ákvæði, ræddi það ekki sérstaklega hvaða sérfræðingar kæmu til greina. En ég vil út af þessari fsp. taka fram, að að sjálfsögðu getur Náttúruverndarráð kvatt til þá sérfræðinga sem það vill, en auk þess sá aðili sem á að sjá um virkjunina, þ. e. a. s. Rafmagnsveitur ríkisins, og í samráði við bæði iðrn. og heimamenn ekki síst velja þá sérfræðinga sem æskilegastir þættu. Ég geri ráð fyrir að þar kæmu til greina líffræðingar, umhverfis- eða mengunarsérfræðingar, og hvers konar sérfræðingar yrðu þarna til kallaðir sem ástæða þætti til. Í því sambandi má geta þess, að undanfarið hafa farið fram mjög nákvæmar rannsóknir af hálfu vísindamanna á Mývatni, umhverfi þess og vernd, og hafa þeir sérfræðingar skilað mjög ítarlegum og merkum grg. um það mál. Hvort leitað yrði til þeirra hinna sömu eða annarra get ég að sjálfsögðu ekki sagt á þessu stigi.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. nefndi hér einn tiltekinn mann, Einar Val umhverfisverkfræðing, og gerði að umtalsefni að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins hefði leyst hann frá störfum. Nú hefur Baldur Johnsen forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins opinberlega gert grein fyrir hversu því máli er varið. Hann segir að Einar Valur hafi verið á árssamningi til reynslu frá 1. jan. 1974 til 1. jan. 1975, — samningi sem fellur sjálfkrafa úr gildi um næstu áramót. Baldur Johnsen bætir því við að á þessu ári hafi Einar Valur verið fjarverandi við framhaldsnám í London og víðar frá febrúarbyrjun til 10. sept. eða nærri 7½ mánuð. Hann gerir ráð fyrir að sama mundi verða næsta ár eða næstu árin, og þrátt fyrir dugnað hans og kunnáttu, eins og forstöðumaðurinn kemst að orði, hafi

ekki þótt rétt að endurráða hann. Hér er því nokkuð málum blandað. Það er ekki verið að segja manni upp starfi, heldur ákveðið af þeim ástæðum, sem Baldur Johnsen hefur greint frá, að framlengja ekki þennan samning.

Varðandi fsp. eða aths. 5. þm. Norðurl. e. um rennsli í Bessastaðaá, þá hefur því verið svarað af hv. frsm. En eins og komið hefur fram í umr. byggist þessi virkjun fyrst og fremst á tvennu: Annars vegar hinni miklu fallhæð, 500—600 m, og auk þess á góðum skilyrðum fyrir uppistöðulón eða vatnsmiðlun í vötnum þar uppi á heiðinni. Hins vegar byggist virkjunin ekki fyrst og fremst á rennslinu í sjálfri Bessastaðaá, sem er mjög misjafnt eins og réttilega hefur verið tekið hér fram. Gert er ráð fyrir að þarna verði gert uppistöðulón sem nægi virkjuninni í a. m. k. 4—5 mánuði þó að ekkert nýtt vatn komi í lónið. Hins vegar er einmitt ætlunin að framkvæma nokkru ítarlegri rannsóknir á vatnsrennslinu. Ég tók fram í framsöguræðu, þegar ég lagði málið fyrir hv. Nd., að ekki þætti rétt að slá því föstu nú endilega að ráðist yrði í þessa virkjun, heldur yrðu lögin í heimildarformi. Um þetta efni féllu svo orð í þessari framsöguræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er talið af þeim, sem kunnugastir eru þessum málum, og er þar bæði um að ræða sérfræðinga, sem hafa undirbúið þetta mál, og enn fremur fulltrúa Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, að rannsóknir bendi til þess að þessi virkjun sé fjárhagslega hagkvæm, hins vegar þurfi ítarlegri vatnsmælingar og athuganir á vatnsrennsli áður en endanleg ákvörðunartaka ætti sér stað. Það er vegna þessa álits þeirra, sem kunnugastir eru, sem frv. gerir ekki ráð fyrir því að það sé endanlega ákveðið að ráðast í þessa virkjun, heldur heimilt. Hins vegar eru yfirgnæfandi líkur til þess að úr þessu mannvirki geti orðið. Þær athuganir, sem þegar hafa farið fram, veita sterkar líkur til þess."

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál nú og vænti þess að ég hafi svarað fsp. hv. þm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 30. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., að loknum 29. fundi.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 144). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 28. fundur.

Miðvikudaginn 18. des., kl. 10.10 síðdegis.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 197). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr. í þessari hv. þd., er um breyt. á l. um löndun á loðnu til bræðslu. Þessi lög voru sett á árinu 1972 og 1. jan. 1974 tóku gildi lög um löndun á loðnu til bræðslu, sem voru framhald af fyrri lagasetningu. Var við undirbúning þessarar lagasetningar tekið tillit til þeirrar reynslu sem fékkst af eldri lögum við skipulag loðnulöndunar á vertíðinni á s. l. ári.

Á síðustu loðnuvertíð stunduðu um 135 skip veiðar á móti um 90 skipum á árinu á undan. Á sama tíma urðu þær breyt. á afkastagetu verksmiðjanna, að báðar verksmiðjurnar í Vestmannaeyjum tóku á móti loðnu á síðustu vertíð, en á vertíðinni 1973 tók aðeins önnur verksmiðjan við loðnu síðari hluta vertíðarinnar.

Helstu breyt. frá gildandi lögum eru þær, að sett eru skýrari ákvæði um tilkynningarskyldu skipstjóra til loðnunefndar og að fiskiskipi er undir öllum kringumstæðum óheimilt að leita löndunar hjá verksmiðju ef loðnunefnd hefur ekki auglýst laust móttökurými. Þá er einnig lagt til, að loðnunefnd verði skipuð til eins árs í stað 3 ára áður. Þá er enn fremur gerð sú breyt., að heimilað er að greiða kostnað af framkvæmd l. úr loðnuflutningasjóði, en heimild til að innheimta sérstakt gjald af hverri hráefnislest verði áfram í l., þar sem grípa yrði til þeirrar heimildar ef Verðlagsráð sjávarútvegsins kynni að ákveða við verðlagningu einhverju sinni að loðnuflutningasjóður yrði ekki starfræktur.

Breyt., sem verður á 3. gr., er að það eru sett inn refsiákvæði gagnvart loðnufrystihúsum ef þau gerast brotleg við reglur n., og jafnframt eru sett refsiákvæði gagnvart skipum ef þau eru þátttakendur í slíkum brotum. Þá er einnig lagt til að sektir vegna brota á þessum l. skuli renna í loðnuflutningasjóð.

4. gr. frv. er nýmæli. Þar er lagt til að veitt verði heimild fyrir setningu reglugerðar um löndun á loðnu til frystingar ef samstaða ríkir um það milli hagsmunaaðila, og er þetta gert í fullu samráði við hagsmunaaðila alla, en þeir hafa komið saman til fundar á vegum sjútvrn., þ. e. fulltrúar Landssambands ísl. útvegsmanna, fulltrúar verksmiðjanna og fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og þar náðist þetta samkomulag.

Ed. hefur gert þá breyt. á þessu frv., að hún hefur samþ. að bæta við ákv. til brb. þess efnis að þrátt fyrir ákvæði l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal tilteknu skipi, sem Ísafold heitir, 800 lestir og verður skráð í Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni á svæðinu frá Patreks-

firði norður til Seyðisfjarðar sem íslenskt skip í febr.- og marsmánuði á næsta ári, enda hlíti það reglum sem sjútvrn. setur og sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk. Sjútvn. nd. varð sammála um að gera þessa breyt. á frv. og Ed. samþ. þessa breyt. shlj. Ég fyrir mitt leyti get fallist á þessa breyt. Ég tel að hér sé um mjög sérstakt tilfelli að ræða, þar sem er alíslensk áhöfn og eigandi a. m. k. að 1/3 að þessu skipi er íslendingur og það hlítur öllum settum reglum eins og um íslensk skip væri að ræða. Og svo er hitt sem kannske skiptir töluverðu máli, það skilyrði, sem sjútvn. Ed. setur, að þetta skip landi á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar. Þetta er stórt skip sem tekur stóra farma, og það hafa verið einna mestu erfiðleikarnir að metta verksmiðjur á þessu svæði öllu eða þær verksmiðjur sem eru yfirleitt lengst frá veiðisvæðinu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., því að það hefur verið um það alger samstaða á milli allra þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli. — Forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar. frv. (þskj. 144). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — Frh. 1. umr.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Þegar umr. var frestað síðast um þetta mál var ekki komið lengra en það, að einn ræðumaður hafði látið álit sitt í ljós auk hæstv. menntmrh., frummælanda fyrir málinu.

Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa í grundvallaratriðum samþykki við þau höfuðsjónarmið sem fram komu hjá hv. 2. landsk. þm., en vil þó bæta þar nokkrum atriðum við þegar í upphafi, sérstaklega vegna þess að þar talaði hv. þm. sem ég býst við að allir þm. geti verið sammála um að getur djarft úr flokki talað um mál Ríkisútvarpsins. Ég hygg að ég fari ekki með rangt mál þegar ég held því fram, að hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, hafi manna lengst setið í útvarpsráði og gegnt þar formannsstarfi öðrum mönnum lengur. Hv. þm. Benedikt Gröndal er að mínu áliti aðalhöfundur þeirra útvarpslaga sem gilt hafa undanfarin ár þótt við samningu þeirra hafi hann haft samstarf við tvo aðra ágæta menn og fróða um þessi efni. Andrés Björnsson útvarpsstjóra og Þórð Eyjólfsson fyrrum hæstaréttardómara.

Það er og að mínu áliti fyrst og fremst verk hv. 2. landsk. þm., þótt hann hafi átt þar ýmsa góða samherja og samverkamenn, að síðasta hálfan annan áratuginn hefur orðið mikil stefnubreyting um efnisval og efnishlutföll í Ríkisútvarpinu í þá átt sem hann lýsti nokkuð í ræðu sinni í gær. Ákvæði útvarpsl. um óhlutdrægni hafa í vaxandi mæli verið túlkuð á þann eina hátt sem ég tel eðlilegan, sem sé að í þeim felist það að Ríkisútvarpið skuli vera vettvangur fyrir frjáls skoðanaskipti mismunandi sjónarmiða án þess að þar sé sífellt verið að vega og meta að helst komi í framhaldi af yfirlýsingu formælanda einhverrar skoðunar formælandi andstæðrar skoðunar með andmæli, helst jafnlöng svo að upp á mínútu sé. Því aðeins getur Ríkisútvarpið verið sá lifandi fróðleiks- og skoðanamiðill sem það á að vera skv. eðli sínu, að óhlutdrægnisreglan sé þannig túlkuð að óhlutdrægnin komi fram í opnum og hreinskilnislegum umr. sem ekki séu felldar í form kappræðu, heldur fái málsvarar mismunandi skoðana að koma þar fram á eðlilegan hátt og það jafnvægi, sem leita verður að sjálfsögðu, komi fram í tímans rás á verulegum tíma.

Þetta sjónarmið réð tvímælalaust stefnunni þegar núgildandi útvarpslög voru mótuð. Þar var kveðið á um sjálfstæði Ríkisútvarpsins, og það sjálfstæði var fest í lög með ýmsum hætti, þ. á m. og ekki síst með ákvæðinu um hversu skyldi varið kjörtímabili útvarpsráðs. Þar var ákveðið að útvarpsráð skyldi sem áður kjörið hlutfallskosningu á Alþ. en kjörtímabil þess skyldi fastákveðið 4 ár, en ekki, eins og verið hafði um undanfarið árabil, bundið við það að nýtt útvarpsráð væri kosið og tæki við störfum eftir hverjar alþingiskosningar.

Ég sá í flokksblaði hæstv. menntmrh. eftir 1. umr. þessa máls í Ed., að hann hefði viðhaft þar þau ummæli að það hefði verið gerð fljótfærnisleg breyt. á kosningu útvarpsráðs með l. frá 1971. Sé þetta rétt eftir haft, vil ég algjörlega andmæla því að þetta sé rétt mat á því hvernig með þetta ákvæði sér í lagi var farið þegar um útvarpslögin nýju var fjallað á þinginu sem hófst 1970 og reyndar hafði verið fjallað um sama frv. á þinginu áður. En til að hrekja það að hrapað hafi verið að þessari breyt. á kjörtímabili útvarpsráðs vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að vitna lítillega í framsöguræðu þáv. menntmrh. í þessari hv. d. hinn 29. okt. 1970. Þar sagði hæstv. þáv. menntmrh. m. a.:

„Þetta frv. gerir ráð fyrir því að Ríkisútvarpið verði sjálfstæðari stofnun í framtíðinni en það hefur verið hingað til. Það var eindregin skoðun n. að svo skyldi vera, og ég er því fyrir mitt leyti og ríkisstj. sammála að að því skuli stefnt.

Ríkisútvarpið gegnir mjög mikilvægu hlutverki í íslensku menningarlífi og íslensku þjóðlífi, og það er heppilegt og eðlilegt að slíkar stofnanir séu sem óháðastar, að sem allra minnst hætta sé á afskiptum stjórnmálayfirvalda af stofnunum sem þessari.

Þá er það nýmæli í frv., eina nýmælið sem mér finnst orka nokkurs tvímælis og vil beina sérstaklega til hv. n. að athuga rækilega, en það er ákvæði frv. um breyt. á reglulegum kosningum útvarpsráðs. Hingað til hefur sérhvert nýkjörið Alþ. kosið útvarpsráð og menntmrh. skip-

að formann þess, og hefur þetta verið gert til þess að jafnan sé tryggt gott samstarf á milli stjórnvalda, sem fara með umboð Alþ., annars vegar og yfirstjórnar útvarpsins hins vegar, vegna þess hve mikið er undir því komið að gott samstarf sé milli þessara aðila. Þetta hefur verið svo um langt skeið. Hér hefur hins vegar verið gert ráð fyrir því samkv. till. n., sem frv. samdi, að útvarpsráð verði kosið til 4 ára þannig að svo getur vel farið að þeir menn sem kosnir eru í útvarpsráð að meiri hl., séu ekki úr sömu flokkum og fara með meirihlutavald á Alþ., og þá sömuleiðis að formaður útvarpsráðs sé ekki skipaður af þeim menntmrh. sem sitja kann.

Sú skipun sem frv. gerir ráð fyrir hefur ýmsa kosti. Hún gerir útvarpsráð óháðara stjórnvöldum en verið hefur. En því er ekki að leyna að þeirri skipan fylgir líka nokkur ókostur. Það kann að vera að það torveldi samstarf útvarpsráðs og ríkisstj. eða menntmrn. og þá sérstaklega samstarf formanns útvarpsráð og menntmrh. ef þeir eru úr sitt hvorum flokknum, þ. e. a. s. ef form. er samkv. gamalli skipun úr flokki sem er í stjórnarandstöðu. Ég vil ekki gera mikið úr þessu, ekki mikið úr hættunni á því að slíkt kunni að leiða til nokkurra vandræða. En ég vil vekja athygli á því að þetta er mikilsverð breyting frá því, sem verið hefur, og gæti undir vissum kringumstæðum verið báðum aðilum til nokkurs tjóns, menntmrn. annars vegar og svo Ríkisútvarpinu hins vegar. Ég fyrir mitt leyti get þó vel fellt mig við þá skipan sem hér er lögð til. Sama gildir um ríkisstj., annars væri frv. ekki flutt í því formi sem það er flutt. En ég vil vekja athygli þm. og hv. n. á því, að hér er um mikilsverða breytingu að ræða og rétt að athuga hana vandlega."

Í ljósi þessara ummæla í framsöguræðu þáv. menntmrh. tel ég það algjört öfugmæli að halda því fram að Alþ. hafi á sínum tíma flasað að þeirri breytingu á kjörtímabili útvarpsráðs sem gerð var. Þvert á móti vekur ráðh. í framsöguræðu sinni eins sterklega athygli og verða má á þeirri grundvallarbreytingu sem þarna sé um að ræða. Hann bendir þingheimi alveg sérstaklega á að hugleiða þetta mál og rasa ekki um ráð fram, flasa ekki að neinu í þessu efni. Og hann tekur alveg sérstaklega fram að þarna séu þáv. ríkisstjórnarflokkar sammála, þetta sé stefna þáv. ríkisstj. sem verið sé að bera fram um þennan þátt í stjórnun Ríkisútvarpsins.

Hvað varðar flokk núv. hæstv. menntmrh., þá var öðru nær en að hann léti meðferð þessa frv. afskiptalausa á Alþ. 1970 og á öndverðu ári 1971. Um málið töluðu meðal annarra 3 af núv. ráðh. Framsfl., hæstv. landbrh., hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh. Allir tjáðu þeir sig um þetta mál og ég held í fleiri ræðum en einni allir þrír. En enginn þeirra gerði að umtalsefni þetta ákvæði, ákvæðið um að breyta kjörtímabili útvarpsráðs, enginn gerði við það athugasemdir og það ákvæði var samþ. og sett í lög án þess, svo að ég hafi orðið var við, að nokkur þm. tæki undir það að nokkuð væri gerandi úr þeirri hættu sem þáv. menntmrh. kvaðst vilja vekja athygli á þegar í upphafi meðferðar málsins.

að vel sé rökstutt nú, þegar fram kemur stjórnarfrv. um breyt. á þessu ákvæði í hið fyrra horf frá ríkisstj. sem mynduð er af flokkum sem ég tel mig hafa sýnt fram á að hafi að vel athuguðu máli horfið að því ráði sem lögfest var með útvarpslögunum frá 1971. Þegar þeir beita sér nú fyrir því að frá þessari reglu sé horfið og önnur tekin upp, þá hlýtur að verða að krefjast þess að rök og sterk rök séu leidd að því að slík stefnubreyting sé nauðsynleg. Eins og hv. 2. landsk. þm. vakti athygli á í ræðu sinni í þessum umr. í gær er hér um að ræða breytingu á einu af grundvallaratriðum þeirrar lagasetningar, þeirrar stefnu um stjórn og starfshætti Ríkisútvarpsins sem lögfest var 1971. Ákvæðið um fast kjörtímabil útvarpsráðs er ómissandi hlekkur í þeirri keðju ráðstafana sem þá var verið að gera til þess að tryggja sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum á hverjum tíma. Ákvæðið var einmitt hugsað þannig, að með því væri slegið föstu að um Ríkisútvarpið færi eins og flestar aðrar stofnanir, sem hafa innan sinna vébanda eða yfir sér ráð og stjórnir kjörnar af Alþ., að kjör þeirra færi ekki saman við kjörtímabil Alþingis, heldur væri þar um fast kjörtímabil að ræða, þar sem eitt ráð eða stjórn tæki við af öðru og ekki endilega um leið og nýtt Alþ. settist á rökstóla.

En hvað sem því líður, hvaða rök sem færð kunna að vera fyrir að hér beri að hverfa að fyrri skipun, þá breytir það ekki því að þessa skipulagsbreytingu mætti gera og láta þó útvarpsráð það sem situr starfa út sitt kjörtímabil. En það er ekki ætlunin hér. Í frv. um breyt. á útvarpslögum á þskj. 92 er einmitt ákvæði til bráðabirgða þar sem segir, að útvarpsráð skal kjörið þegar er lög þessi hafa tekið gildi og fellur samtímis niður umboð núv. útvarpsráðs.

Hér kemur sem sagt fram tvíþættur tilgangur með þessu frv. Annars vegar að kippa burt einum af hornsteinum undir því sjálfstæði Ríkisútvarpsins sem reynt var að treysta og koma á með útvarpslögunum 1971, hins vegar að skipta umsvifalaust um menn í útvarpsráði.

Borið hefur á góma í þessum umr., þótt mér hafi lítt gefist kostur á að fylgjast með þeim umr. sem fram hafa farið í hv. Ed., að skipun útvarpsráðs hefur verið með ýmsu móti á starfsferli Ríkisútvarpsins. Hv. 2. landsk. þm. ræddi nokkuð í ræðu sinni í gær það fyrirkomulag, sem ríkti aðeins eitt kjörtímabil, að útvarpsnotendur sjálfir kusu hluta útvarpsráðs. Ég vil fyrir mitt leyti gera athugasemd við það, sem mér virtist vera skoðun hans, að það fyrirkomulag hefði ekki svarað tilgangi sínum vegna þess að í ljós hefði komið að flokkspólitíska viðhorfa hefði gætt í framboði til útvarpsráðs þegar hin almenna kosning meðal útvarpsnotenda fór fram. Ég man vel eftir þessum kosningum, þegar oddvitar framboðslista héldu framboðsfund í útvarpinu og báru fram hugmyndir sínar um dagskrárstefnu. Þá voru þar fyrir hvoru liði einhverjir snjöllustu útvarpsmenn sem þá voru uppi: Annars vegar dr. Árni Friðriksson fiskifræðingur, hins vegar Pálmi Hannesson rektor, Árni fyrir því sem kalla mætti hægri fylkingu og Pálmi fyrir vinstri mönnum. Þarna var útvarpsnotendum boðið að

kjósa um menn sem þeir þekktu báða að góðu fyrir efnisval og efnismeðferð í útvarpi. Og þó að flokkspólitíkin í þá daga kæmi þarna nokkuð við sögu, þá tel ég að framboð kosninga í þetta skipti hafi sýnt að við almenna kosningu útvarpsráðs kemur hún fram allt öðruvísi en þegar um það er að ræða að útvarpsráðsmenn séu kjörnir af Alþ. Þá eru allt önnur tök á því fyrir flokksvélar og flokksvald að beita sér og velja mennina, þar sem hins vegar í almennri kosningu, þótt flokkarnir komi þar við sögu, hljóta þeir að velja mennina fyrst og fremst eftir því að þeir skírskoti til hins óbreytta kjósanda, hins óbreytta útvarpshlustanda. Þess vegna er ég alls ekki eins sannfærður og mér virtist 2. landsk. þm. vera um að þetta fyrirkomulag hefði reynst óhæft. Enda tel ég nú það sannast mála, að þegar frá því var horfið var það beinlínis gert vegna þess að ýmsum flokksforingjum, sem þá voru og sumir æðiráðríkir, fannst að þetta almenna kjör hluta útvarpsráðs gerði útvarpsráð full sjálfstætt, fullmyndugt, að útvarpsráðsmenn, þótt flokksmenn væru, sem hefðu umboð sitt beint frá útvarpsnotendum, vildu miklu frekar ráða stefnunni og fara sínar eigin götur en útvarpsráðsmenn sem beint væru valdir af flokkum og kjörnir á Alþ.

Ég læt nú útrætt um þetta atriði, þótt ég telji að það sé alls ekki út í hött að ræða það þegar almennt er rætt um eftir hvaða reglum eigi að velja útvarpsráð.

Það hefur ekki farið leynt, að síðan núv. útvarpsráð tók til starfa hafa þeir menn, sem þar hafa skipað meiri hl., verið lagðir mjög í einelti í stærsta blaði landsins. Það er ekki alveg nýtt að það eigi sér stað að blöðin þurfi að segja sitt af hverju um stjórnendur Ríkisútvarpsins eða þá sem í útvarpi kom fram. T. d. á því tímabili, sem ég aðeins ræddi hér áðan, árunum milli 1934, skulum við segja, og 1940, þá var til að mynda útvarpsmaður, vinsæll mjög og mikilvirkur, séra Sigurður Einarsson, sem fékk yfir sig ótaldar skammagusur í Morgunblaðinu fyrir það hversu hann túlkaði einkum alþjóðamál.

Í því moldviðri, sem reynt hefur verið að þyrla upp nú síðustu dagana, hefur mjög borið á góma dagskrá sem útvarpað var úr Háskóla Íslands 1. des. Það minnir á það að fyrir hart nær 40 árum var útvarpað útvarpsdagskrá háskólastúdenta 1. des., þar sem Halldór Kiljan Laxness kom fram og hélt aðalræðu og olli miklu fjaðrafoki og blaðaskrifum, einnig í Morgunblaðinu. En það, sem nýtt er við þennan málflutning nú, er það að reynt er að koma því inn hjá blaðalesendum að það sé útvarpsráð eða meiri hl. þess, sem beri ábyrgð á þeirri dagskrá sem háskólastúdentar velja að flytja á þessum degi, en þess ekki gætt, að það hefur verið föst hefð um áratugi að því, sem háskólastúdentar hafa fram að færa 1. des., sé útvarpað hverjum svo sem þar er teflt fram og hvaða hópur háskólastúdenta það er sem dagskránni ræður.

Það er alveg ljóst, að frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum hefur nokkur hópur a. m. k. í Sjálfstfl. lagt á það mikla áherslu að bola frá flestum þeim mönnum sem skipað hafa meiri hl. í útvarpsráði það sem af er kjörtímabilinu sem yfir stendur. Ekki hefur linnt brýningum mánuð eftir mánuð að það væri eitt af aðkallandi verkefnum núv. ríkisstj. að skipta um menn í þessari stofnun. Þegar svo þetta frv. kom fram kvað við fagnaðaróp á síðum Morgunblaðsins. Þar birtist leiðari um útvarpsráð og kjör þess þar sem m. a. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá framtakssemi Vilhjálms Hjálmarssonar menntmrh. ber að þakka að flytja frv. til breyt. á útvarpslögum sem gerir ráð fyrir að nýtt útvarpsráð verði kosið eftir hverjar alþingiskosningar og þar með þegar er frv. þetta hefur náð samþykki Alþ. Óhætt er að fullyrða að það hefur verið mjög almenn skoðun að þessa breytingu ætti að gera, og menntmrh. hefur tekið af skarið í þeim efnum.“ Síðan er bætt við í þessari forustugrein: „Óneitanlega vekur það nokkra furðu, að einn af þm. Sjálfstæðisfl., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, skuli draga réttmæti þessarar fyrirhuguðu breytingar í efa.“ Það er ekki nóg með að Morgunblaðið hlaupi upp um hálsinn á hæstv. menntmrh. og þakki honum þetta frv., heldur sendir það hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni hnútur og ákúrur fyrir að hann skuli ekki vera alveg jafnhrifinn af þessari breytingu.

Það leynir sér því ekki að Morgunblaðið og sá hluti Sjálfstfl., sem það talar fyrir í þessu máli, er ákaflega þakklátur hæstv. menntmrh. fyrir að ganga fram fyrir skjöldu og leggja að því drög að skert verði það sjálfstæði Ríkisútvarpsins gagnvart stjórnvöldum sem Alþ. ákvað að koma á 1971. En ég vil segja hæstv. menntmrh. það, að þó að Morgunblaðið reyni í þessu máli sem öðru í krafti útbreiðslu sinnar að láta líta svo út sem það tali fyrir munn alls fjöldans, þá held ég að hæstv. menntmrh. geti auðveldlega gengið úr skugga um að flutningur þessa frv. mælist síður en svo vel fyrir meðal almennings. Það er enginn vafi að sú stefna, sem hv. 2. landsk. þm. beitti sér sérstaklega fyrir meðan hann var form. útvarpsráðs og síðan var lögfest 1971, sú stefna að útvarpið eigi að vera opið mismunandi skoðunum og að þar eigi að fara fram frjálslegur málflutningur í hverju því máli sem miklu skiptir í þjóðfélaginu, og jafnvel því fremur sem skoðanir eru skiptari um mál, sú stefna hefur fundið hljómgrunn hjá öllum þorra Íslendinga. Íslendingum er ekki um það gefið að reynt sé að troða ofan í þá einhliða málflutningi, og þeir kippa sér ekki upp við það að í opinberum fjölmiðli komi fram skoðanir og sjónarmið sem kunna að falla mönnum misjafnlega og þykja allsvæsin. Menn kunna því miklu betur að þurfa einstöku sinnum að hlýða á eitthvað sem máske hneykslar þá og vekur þeim gremju heldur en að vera mataðir á eintómum vatnsgrautarvellingi útþynnts málflutnings, þar sem þeir fá hvergi nærri að koma sem hneigjast til að ydda mál sitt og setja fram beinskeyttar og kannske ekki altaf vandlega yfirvegaðar staðhæfingar. Ég tel að hin almenna skoðun á tilganginum með flutningi þessa frv. sé sú, að hér sýni stjórn stóru flokkanna tveggja í landinu tilhneigingu til að stíga skref aftur á bak, að hverfa frá þeim opnu og frjálslegu skoðanaskiptum sem í vaxandi mæli hafa einkennt málflutning í Ríkisútvarp-

inu. Og ég staðhæfi að það er andstætt þorra landsmanna að frá þeirri stefnu sé horfið.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs og það er á valdi forseta hvaða röð hann velur þegar bæði ráðh. og hv. þm. hafa kvatt sér hljóðs samtímis. Ég virði að sjálfsögðu tillitssemi hv. 3. þm. Reykv. og vil ekki metast um það við hann hvor fari fyrr í pontuna.

Ég vil segja það fyrst að ég skuldaði í raun og veru hv. þm. afsökun mína fyrir að ég var ekki viðstaddur þegar þetta mál var tekið á dagskrá í dag. Ég hafði fyrir löngu lofað að mæta á „litlu jólum“ í skóla einum hér í bænum, skóla fjölfatlaðra barna í Kjarvalshúsi. Og með því einnig að ég treysti því að hér yrðu alllangar umr. um annað dagskrármál sem var á dagskránni og hafði spurst fyrir um dagskrána hér á skrifstofunni, þá riftaði ég ekki þessu loforði sem ég hafði áður gefið. Ég má bæta því hér við að það var ákaflega lærdómsríkt að koma í þessa stofnun, og væri það áreiðanlega æskilegt að sem flestir hv. þm. ættu kost á því að kynna sér það gífurlega erfiða starf, sem þar er unnið af starfsfólkinu. En ég vil biðja hv. þdm. afsökunar á því samt sem áður að ég mætti ekki á þingfundi þegar þetta ágæta frv. var til umr. hér í hv. d. fyrr í dag. Ég frétti það svo að tveir hv. þm. hefðu byrjað hér að tala, en orðið frá að hverfa þar sem mín naut ekki við. Ég hafði satt að segja gert ráð fyrir því að ég mundi fá hér mjög flóknar fyrirspurnir líkt og ég fékk í hv. Ed., þ. á m. eina sem mér var lífsins ómögulegt að svara þrátt fyrir mjög mikinn vilja. Það var fyrirspurnin um það, hvort þetta frv. hefði verið lagt fram ef hér hefði verið mynduð vinstri stjórn.

Það er afskaplega erfitt að segja fyrir um hvað hefði gerst ef forsendur hefðu verið aðrar. Þegar í hlut eiga náttúruöfl, t. d. vindar loftsins og straumar hafsins ellegar ísmyndanir í vatnsföllum, þá reyna menn að nálgast spurningar um svona hluti með því „setja viðfangsefnið í módel“. Menn eru aldrei alveg öruggir fyrir því, en komast þó oft mjög nálægt þeim viðfangsefnum. Þó að menn hefðu gefið sér tíma til að „setja þetta mál í módel“, sem auðvitað hefði þá orðið að vera með nokkuð sérstökum hætti, þá held ég að menn hefðu ekki nálgast rétta svarið nándar nærri eins mikið, því að þótt torráðnir séu straumar hafs og lofts og allt það, þá eru straumarnir í pólitíkinni og þar með í mannssálinni enn þá torráðnari. En hv. síðasti ræðumaður hlífði mér við svona torveldum spurningum, hv. 3. landsk. þm.

Það hefur mikið verið talað um það, bæði í blöðum og hér á Alþ. líka, að þetta mál bæri að með óeðlilegum hætti, það væri skammur tími til að fjalla um það o. s. frv. Mér finnst þetta alveg fráleitt. Þetta er ákaflega einfalt mál og það eru margir dagar til stefnu. Og það er alveg eins með hitt, að hér sé eitthvað óvenjulegt á seyði, að styttur sé kjörtími kjörinna n. á Alþ. með lögum. Þetta hefur oft gerst áður hér á hv. Alþ. og hér er ekki um neitt nýmæli að ræða að því leyti, ekki neitt.

Hv. 3. landsk. lýsti þeirri skoðun sinni, að það væri mjög æskilegt að útvarpsráð væri óháð stjórnmálaafskiptum, og þessu var mjög haldið fram einnig í hv. Ed. og þar með miklu sterkari orðum en þessi hv. þm. notaði áðan. Við skulum segja að það sé æskilegt að útvarpsráð sé sem óháðast stjórnmálum og sem allra sjálfstæðust stofnun í sjálfu sér. En á meðan sú skipun er viðhöfð, sem staðið hefur nú lengi, að Alþ. kýs útvarpsráð hlutbundinni kosningu, eftir að þeir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþ., hafa skilað listum sínum eins og venja er í slíkum hlutbundnum kosningum, þá verður ekki hjá því komist að útvarpsráð er — kannske ekki endilega háð stjórnmálunum — en það er nátengt þeim. Og það verður það alltaf meðan þessi háttur er á hafður, að Alþ. kjósi útvarpsráð. Það verður alltaf nátengt flokkunum sem stilla upp listunum, hvort sem er hafður á sá hátturinn að kjósa á 4 ára fresti eða 3 ára fresti annars vegar ellegar að kjósa að afstöðnum alþingiskosningum, eins og lengst af hefur verið venja. Og þó að menn vildu alveg snúa þessu við og láta kosningu í útvarpsráð fara fram á síðasta þingi kjörtímabilsins, þá væru tengslin við stjórnmálin og stjórnmálaflokkana að mínum dómi alveg hin sömu. Þess vegna álít ég að það sé alveg tómt mál að tala um það, á meðan við höfum þessa skipan á, að útvarpsráð skuli ekki vera tengt stjórnmálunum og stjórnmálaflokkunum.

Menn reyndu það í fyrstunni og hafa aðeins velt því fyrir sér, þótt engar beinar till. hafi komið fram um það hér, að taka upp allt annan hátt og að fela eins og áður einhverjum tilteknum stofnunum, kannske hlustendum sjálfum, að velja ráðið. En ætli það færi ekki svo í reyndinni samt sem áður, þó að menn tækju upp slíkt fyrirkomulag, að það yrði erfitt þar eins og svo víða að útiloka áhrif stjórnmálanna? Ég er ósköp hræddur um það. Og ég t. d. tók eftir því þegar hv. 3. landsk. þm. áðan rifjaði það upp þegar kosið var til útvarpsráðs að nokkru utan þings, þ. e. a. s. af hlustendum, þá voru boðnir fram tveir listar. Það voru ekki listar stjórnmálaflokka að vísu, en hv. þm. gat þess að annar hefði í raun verið listi hægri manna og hinn listi vinstri manna. Það er ósköp hætt við því að þannig færi þetta enn í dag því að undir niðri erum við ákaflega pólitískir, íslendingar, og eigum áreiðanlega erfitt með að halda hlutum eins og í kosningu jafnvaldamikils og þýðingarmikils aðila eins og útvarpsráðs utan við alla pólitík. Ég held að það mundi ganga erfiðlega, jafnvel þó að við tækjum okkur nú til og leituðum eftir þeirri leið. Enda hefur niðurstaðan orðið sú og varð það fljótlega, eða strax 1939, að hallast að því formi að Alþ. kjósi útvarpsráð, og þá er það mín skoðun, eins og ég hef margoft tekið fram, að það sé eðlilegt að haga kosningu þannig að skipan ráðsins sé að jafnaði í sem mestu samræmi við skipan Alþingis.

Það er nefnilega engum blöðum um það að fletta að útvarpsráð er þýðingarmikil stofnun og þó nokkuð valdamikil. Það kom fram í byrjun þessarar umr. hjá hv. 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal, sem talaði mjög málefnalega um þetta mál, að hlutverk útvarpsráðs væri í rauninni ekki

annað en að leggja meginlínurnar um dagskrárefni. En hlutverk útvarpsráðs er í reynd miklu víðtækara, og í því að velja dagskrárefni felst heilmikið vald í sjálfu sér, m. a. heilmikið fjármálalegt vald, að vísu innan tiltekins ramma. Útvarpsráð er einnig umsagnaraðili um ýmsar stöðuveitingar og hefur þannig sín áhrif, þannig að hvernig sem menn velta þessu fyrir sér, þá er þarna um heilmikinn og merkan aðila að ræða sem hefur mikil áhrif og — á þá stofnun sem hann stýrir, í raun eina af þýðingarmestu stofnunum þessarar þjóðar, bæði með þýðingarmestu menningarstofnunum og voldugasti fjölmiðillinn sem við ráðum yfir. M. a. með tilliti til þessa víðtæka starfssviðs útvarpsráðs hefur mönnum fyrir löngu þótt eðlilegt, að Alþ. kjósi þetta ráð. Og þá segi ég einfaldlega: Fyrst Alþ. kýs það þá er eðlilegt að skipan ráðsins sé jafnan í samræmi við skipan Alþ. á hverjum tíma.

Hv. 3. landsk. hafði séð eftir mig ummæli í Tímanum að það hafi verið fljótræðisverk þegar ákveðið var að breyta þeirri skipan, sem lengst hafði gilt, í það horf sem nú er. Ég man nú ekki hvort að ég kallaði þetta fljótræðisverk. En það, sem fyrst og fremst vakti fyrir mér, og það, sem ég vildi sagt hafa, var að ég álít að menn hafi ekki ráðið þarna viturlega, heldur hafi í raun réttri verið rangt að hverfa frá því skipulagi sem verið hafði og af þeim ástæðum sem ég hef þegar vikið að og skal ekki endurtaka.

Hvort sem menn kjósa útvarpsráð eftir kosningar ellegar menn kjósa það til vissra ára breytir það auðvitað í engu ákvæðum útvarpslaganna og skilningi okkar allra á þeim, þeim ákvæðum að útvarpið skuli ævinlega gæta fyllstu óhlutdrægni, sem hefur verið útlagt þannig, held ég mér sé óhætt að segja, að útvarpið skuli ekki láta sér neitt óviðkomandi. Þess vegna er ekki nefnt hlutleysi, heldur óhlutdrægni. En hins vegar skal það forðast að halla á nokkurn aðila. Það er og verður fyrsta boðorð og fyrsta skylda hvers þess manns, sem starfar við Ríkisútvarpið, að leitast við að gæta þess, og ég leyfi mér ekki að væna nokkurn um það að brjóta slíkt meginboðorð að yfirlögðu ráði. Hitt er svo annað mál, að menn auðvitað deila ævinlega um það, eins og hefur verið bent á hér í þessum umr., hvernig tekist hefur til um efnisvalið og þá m. a. um það hvort mönnum hafi tekist að sigla þarna milli skers og báru, hvort mönnum hafi tekist að gæta að því að þetta meginboðorð sé haldið. Þar breytir engu hvort kosið er í ráðið með þeim hætti, sem nú er, eða þeim hætti, sem hér er lagt til.

Ég vildi láta þessi atriði koma fram út af þeim orðum sem hér hafa fallið um þetta frv., en skal ekki annars fara út í frekari þrætur um það. Það hefur, eins og ég vék að áðan, mikið verið rætt um meðferð þessa máls og hvort eðlilegt sé að hraða því o. s. frv., bæði í blöðum og eins hér á hv. Alþ., bæði við meðferð málsins í Ed. og eins við 1. umr. hér í þessari hv. d. Út af meðferð málsins hér í d. núna fyrir jólin get ég sagt það, að ég að sjálfsögðu æski þess og vona að málið, eins einfalt og það er, fái fullnaðarafgreiðslu. Hins vegar hafa risið hér heilmiklar deilur um þetta mál þó að það sé að mínum dómi ákaflega einfalt, og vita allir að það styttist mjög til jóla og hér eru mörg þýðingarmikil mál sem bíða úrlausnar og þ. á m. sjálf fjárlögin. Ég lýsti í gær þeim vilja mínum hér í hv. d., lagði á það áherslu og ég get gert það nú aftur og hvenær sem er, að ég tel það mjög mikið atriði að gott samstarf ríki alla tíð með stjórnarliði og stjórnarandstöðu hverju sinni um störfin á Alþ. Það á að vera vel hægt ef menn vilja lúta eðlilegum reglum þingskapa og eðlilegum reglum og venjum í lýðræðisþjóðfélagi. Ég staðfesti þessi ummæli mín í gær með því að verða við tilmælum hv. 5. þm. Vestf. um að gefa honum tóm til að sinna sínum störfum í fjvn. og missa þó ekki af neinu hér í hv. d. Ég mæltist þá til þess við hæstv. forseta að hann frestaði umr. um málið á þeim fundi. Það eru nú sjálfsagt flestir sem reyna eftir föngum að forðast það að segja eitt í dag og annað á morgun, og ég hlýt þess vegna að hliðra mér hjá því að fara að gefa hv. þdm. nokkur fyrirmæli um meðferð þessa máls úr ræðustól, enda hef ég auðvitað, eins og öllum hv. þm. hlýtur að vera ljóst, ekkert vald til þess. Ég held að ég láti þá máli mínu lokið að þessu sinni. Þetta er aðeins 1. umr. hér í hv. Nd. og vafalaust er eftir að ræða þetta mál allítarlega við fleiri umr.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég skildi niðurlagið á ræðu hæstv. menntmrh. svo, að hann mundi ekki leggja á það ofurkapp að þetta mál yrði afgr. af menntmn. þessarar hv. d. fyrir jólaleyfi, vegna þess að hann óskaði eftir góðri samvinnu milli stjórnar og stjórnarandstöðu um afgreiðslu mála á þessum lokadögum. En það er alkunn staðreynd að ekki er hægt að tryggja hér þau vinnubrögð sem þarf að hafa til að koma fram málum nema um slíka samvinnu sé að ræða. Um það getur ekki tekist nein samstaða að afgreiða þetta mál fyrir jól, þannig að ég lít svo á að hæstv. ráðh. hafi með orðum sínum hér fallist á það, ef frv. færi til n., þá muni hann ekki hafa neitt við það að athuga að n. beiti venjulegum þinglegum vinnubrögðum við afgreiðslu málsins, leiti umsagnar hjá þeim aðilum, sem vert kann að vera að leita umsagnar hjá o. s. frv.

Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh., því að vinnubrögðin í Ed. voru vægast sagt mjög óeðlileg. Þá var haldinn fundur gegn andmælum nm. sem ekki áttu þess kost að mæta. Því var neitað að senda málið til umsagnar hjá nokkrum aðila og það var afgr. frá n. þegar í stað. Þetta var til marks um mjög óeðlilega misbeitingu á valdi sem ég tel að hæstv. ráðh. eigi að forðast að beita, og ég tel það ánægjuefni að hæstv. menntmrh. virðist ekki ætla að beita sömu aðferðum hér í hv. Nd. Þetta veldur því að ég get nú stytt mál mitt allmikið frá því sem ég hafði fyrirhugað ef reynt hefði verið að troða þessu máli í gegn á óeðlilegan hátt, eins og ástæða var til að óttast. Það gefst þá tækifæri til að ræða þetta mál ítarlegar og betur að loknu jólaleyfi.

Ég átti sæti hér á Alþ. þegar útvarpslög voru sett árið 1971, og ég átti sæti í menntmn. þessar-

ar hv. þd., þannig að ég tók þátt í störfum að þessu máli. N. starfaði ákaflega mikið að því. Hún ræddi það mjög mikið og leitaði umsagnar hvarvetna og hún lagði sem sé í það ákaflega mikla vinnu að reyna að skipa þessu máli eins vel og unnt væri. Ég get tekið undir með hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni um það atriði sem hér er deilt um, hvernig skipa eigi kosningu útvarpsráðs, að það var síður en svo að það færi hér í gegn þegjandi eða það væri ekki vakin athygli á því að þetta kynni að vera álitamál. Hv. þm. las upp úr ræðu sem þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, flutti um haustið. En málið hafði komið fyrir þingið þar á undan til kynningar og þar hafði hæstv. þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, einnig flutt ræðu, og hann gerði þá nákvæmlega það sama. Hann vakti alveg sérstaka athygli á þessu vandamáli. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa kafla úr þeirri ræðu, sem Gylfi Þ. Gíslason, hv. þm., flutti 17. mars 1970. Hann sagði þar.

„Þá eru gerðar nokkrar breyt. varðandi kjör útvarpsráðs. Eftir sem áður á það að vera kjörið til 4 ára. Í því eiga sæti 7 menn kjörnir af Alþ. eins og nú á sér stað. Skv. gildandi l. er hverju nýkjörnu Alþ. ætlað að kjósa útvarpsráð. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að útvarpsráð sé kosið til 4 ára og sitji út 4 ára tímabilið. jafnvel þó að kosningar eigi sér stað á starfstíma útvarpsráðsins og þær kosningar hafi haft í för með sér breyttan pólitískan meiri hl. á Alþ.

Ríkisstj. taldi rétt að flytja frv. eins og n. gekk frá því þ. á m. að hafa þetta ákvæði í frv. eins og n. hafði óskað eftir að það væri. En ég vil vekja athygli hv. alþm. og þá sérstaklega þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, væntanlega hv. menntmn., á þessu ákvæði. Hér er í raun og veru um að ræða eina ákvæðið sem ég persónulega hef ekki gert upp endanlega afstöðu mína til. Mér sýnist margt benda til þess að æskilegt geti verið að halda því skipulagi sem er varðandi þetta efni, þó að ég skilji hins vegar vel það sjónarmið sem fyrir nm. hefur vakað með brtt. sinni, en það er að koma sem mestri festu á varðandi störf útvarpsráðs. Hins vegar er því ekki að leyna, að það eru líka veigamikil rök sem liggja til þeirrar skipunar sem nú er á um þetta efni, að nýkjörinn meiri hl. á Alþ. skuli eiga kost á því að kjósa stjórn jafnveigamikillar stofnunar og Ríkisútvarpið er. Það gæti haft í för með sér óþægindi fyrir báða aðila, bæði fyrir yfirstjórn Ríkisútvarpsins, þ. e. a. s. fyrir stjórn dagskrár þess, útvarpsráðið annars vegar og fyrir nýja ríkisstjórn hins vegar, ef ólíkur pólitískur meiri hl. stendur að baki hvorri stofnuninni um sig. Sérstaklega vildi ég benda á að það getur verið óþægilegt fyrir formann útvarpsráðs, sem skipaður hefur verið af menntmrh. sem kann að vera kominn frá völdum, ef hann á að halda sæti sínu eftir að nýr menntmrh. er kominn til valda sem tilheyrir öðrum pólitískum meiri hl. á Alþ. heldur en sá sem áður var skipaður.

Ég geri mér algerlega ljósa kosti og galla hvors kerfisins um sig og skal á þessu stigi ekki láta í ljós endanlega skoðun mína á þessu atriði. Ég veit að um þetta getur mönnum sýnst sitt hvað og fer ágreiningur áreiðanlega ekki eftir skipun manna í flokka, heldur mótast af öðrum ástæðum. En ég vil beina því til hv. n. að hún ræði þetta atriði sérstaklega og er fyrir mitt leyti fús til viðræðna við n. um þetta atriði eins og raunar frv. allt, ef n. kynni að óska eftir því.“

Þetta voru orð Gylfa Þ. Gíslasonar vorið 1970, og hann endurtók þetta þegar hann fylgdi málinu úr hlaði um haustið. Það fór því ekki fram hjá einum einasta hv. þm. að þarna var álitamál sem menn þurftu að taka afstöðu til. Þegar við ræddum um frv. í menntmn. ræddum við að sjálfsögðu gaumgæfilega um þetta atriði, og allir í menntmn. voru sammála um að þetta væri rétt stefna, vegna þess að hún var í samræmi við þá meginstefnu, sem kom fram í frv., að gera útvarpið sjálfstæðari stofnun en það hafði verið. Það var þá meginbreytingin með útvarpslögunum að gera útvarpið sem sjálfstæðasta og óháðasta stofnun, óháða sviptivindum stjórnmálanna, stofnun sem gæti tekið ákvarðanir sínar án þess að vera bundin af flokkspólitískum fyrirmælum. Þegar við ræddum þetta í n. kom meira að segja upp þar sú hugmynd, að það væri ástæða til þess að auka þessa óháðu skipan útvarpsráðs með því að fjölga í því. Það kom fram sú hugmynd í n. að í útvarpsráð ættu að vera 15 menn, en ekki 7, og við vorum að mig minnir í meiri hl. í n. sjálfri sem töldum þetta skynsamlega skipan. Ástæðan fyrir þessu var sú að með því að hafa fleiri menn í ráðinu var talið að hægt væri að láta fjölbreytilegri sjónarmið koma þar fram, fulltrúa fleiri skoðanahópa, að þar mættust fleiri viðhorf en ella og mismunandi sjónarmið. N. taldi sem sé, að það ætti að halda enn þá lengra á þeirri braut að gera útvarpsráð óháð heldur en n. sem frv. samdi og var afstaða hennar þó ákaflega skýr. Þetta atriði var hins vegar fellt hér á hinu háa Alþingi.

Það komu fram margar brtt. við frv. um ýmis atriði og ein veigamestu ágreiningsatriðin voru þetta, hvort útvarpsráðsmenn ættu að vera 7 eða 15, og svo hins vegar ýmis fyrirkomulagsatriði í sambandi við innheimtu afnotagjalda. Þetta voru stærstu deilumálin. En það kom ekki fram hjá einum einasta þm. sú skoðun að breyta ætti till. n. um að útvarpsráð skyldi kosið til 4 ára. Ekki einn einasti þm. kom með þá till. Ekki einn einasti þm. annar en hæstv. menntmrh., sem vakti athygli á vandamálinu, orðaði það í ræðu hér. Og núv. hæstv. menntmrh., sem þá var hv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson, sem ég veit að er ákaflega glöggur maður og fylgist vandlega með öllu sem gerist, greiddi atkv. með því við 3. umr. hér í Nd. Alþ. að útvarpsráð skyldi kosið til 4 ára. Hann greiddi atkv. með því við allar umr. málsins.

Ég tel nú að hæstv. ráðh. þurfi að gera dálítið ítarlegri grein fyrir skoðanaskiptum sínum en hann hefur gert. Hafi hann í raun og veru skipt um skoðun hvað þetta atriði snertir, þá hlýtur það að stafa af einhverju sem hann telur að hafi gerst eftir að þessi lög tóku gildi. Hann hlýtur að telja að eitthvað hafi gerst á þessum 3 árum sem sanni að þessi ákvörðun, sem við tókum 1971, hafi verið röng. En það hefur hæstv. menntmrh. alls ekki gert. Hann hefur ekki gert minnstu tilraun til þess. Hann hefur þvert á móti farið fögrum orðum um útvarpsráðsmenn

í umr. í Ed. (Gripið fram í.) Jú, hann talaði um að þeir hefðu unnið ágætt verk og hefðu sýnt góðan vilja og hann mæti það mikils sem þeir hefðu gert. Hann hefur ekki fært nein rök að því að þessi skipan hafi gefist illa, ekki nokkur rök, og þess vegna held ég að það sé alveg einsætt að hæstv. ráðh. er ekki að segja hug sinn allan þegar hann stendur hér í ræðustól á Alþ. og færir að þessu almenn rök sem hann orðaði ekki 1971, heldur samþ. allt aðra stefnu.

Ég vil óska eftir því að hæstv. ráðh. geri grein fyrir því, hvað hann telur að hafi gerst á þessum 3 árum sem sé sönnun fyrir því að einróma ákvörðun Alþ. um þetta 1971 hafi verið röng, að hann færi fyrir því málefnaleg rök því að það, sem hann sagði, var almenns eðlis. Það gat hann sagt 1971 og það hefði hann sagt ef hann hefði verið þeirrar skoðunar þá.

Auðvitað vita allir hv. þm. að það er annað sem er þarna á bak við. Það er þarna á bak við það ofstæki sem við höfum orðið mjög varir við í skrifum um Ríkisútvarpið á undanförnum 3 árum og einkanlega hefur komið fram í Morgunblaðinu. Ég hef fylgst með þessum skrifum þessi 3 ár og ég hef veitt því athygli að það er eitt sem gengur í gegnum þau eins og rauður þráður. Það er krafan um ritskoðun. Morgunblaðið hefur ekki talað um að flokkum eða sjónarmiðum væri mismunað í útvarpi, í hljóðvarpi eða sjónvarpi. Það hefur hins vegar kvartað undan því að tilteknar skoðanir fengju að koma þar fram. Það er það, sem hefur verið inntakið í allri þessari gagnrýni, krafa um að útvarpið væri ritskoðað, að það væri komið í veg fyrir að vissar skoðanir og vissir einstaklingar fengju að koma þar fram. Sumar þessar greinar hafa raunar verið þannig að þær hefðu allt eins getað birst í Pravda, kröfur um að þarna megi ekki koma fram neinar aðrar skoðanir en þær sem valdhöfum eru velþóknanlegar hverju sinni. Það er undanhald fyrir þessari afstöðu, þessari ofstækisfullu afstöðu, sem veldur þessu frv. hæstv. menntmrh. Einmitt þess vegna er þetta frv. miklu alvarlegra mál en það álitamál sem hæstv. ráðh. var að tala um hér áðan. Þetta er ákaflega alvarlegt mál, vegna þess að við íslendingar höfum af því orðið æðilanga reynslu að verstu og ofstækisfyllstu ríkisstjórnir á Íslandi eru samstjórnir Sjálfstfl. og Framsfl. Það er eins og þessir stóru flokkar, sem hafa margvíslega hópa innan sinna vébanda, laði fram verstu og öfgafyllstu öflin hvor hjá öðrum. Og það, sem heldur þessum flokkum oft saman þó nokkurn tíma er slíkt ofstæki. Það er að hafa völdin og að beita völdunum þannig að klekkja á andstæðingum sínum og leyfa þeim ekki að njóta almennra réttinda í þjóðfélaginu á borð við þá sem völdin hafa. Þetta einkenndi strax þessa ríkisstj. þegar hún tók við völdum.

Ég held að fyrsta till., sem kom frá ríkisstj., hafi verið brtt. frá hæstv. iðnrh. við frv. sem hér lá fyrir um verðjöfnun á raforku. Allt í einu er flutt brtt. um að stjórn Rafmagnsveitna ríkisins skuli lögð niður, rekin. Nú er það svo að þessi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins er skipuð skv. lögum til 4 ára. Meðan ég gegndi störfum iðnrh. var þar um að ræða stjórn sem hafði verið skipuð af fyrirrennara mínum í starfi. Ég leit ekki á þetta sem neina pólitíska stjórn. Þetta voru menn sem ég átti mjög auðvelt með að vinna með og vann með þeim á alveg eðlilegan hátt. Svo kom það í minn hlut á síðasta sumri að skipa nýja stjórn. Ráðh. hefur vald til að skipa tvo menn og Samband ísl. rafvirkja þann þriðja. Ég gerði þetta og leit ekki á að ég væri að skipa þar neina pólitíska stjórn heldur var það gert út frá algerlega faglegum sjónarmiðum. En einhvern veginn líkaði hæstv. núv. iðnrh. ekki að þurfa að vinna með stjórn sem hafði verið skipuð af mér, og af því er lögð fram till. um það á þingi að þessi stjórn skuli lögð niður. Þegar ég gerði aths. við þetta og benti á, hvers konar vinnubrögð væri hér um að ræða, beytti hæstv. iðnrh. um afstöðu, breytti till. sinni þannig að bæta tveimur mönnum inn í stjórnina til þess, eins og hann sagði, að geta komið í hana tveimur sjálfstæðismönnum.

Þetta er nákvæmlega sama fyrirbæri og nú er að gerast í sambandi við útvarpsráð. Það er þessi árátta að vilja beita valdi, að þola ekki þá, sem séu annarrar skoðunar, í þjóðfélaginu, að vilja beita valdi og hrinda mönnum brott ef þeir hafa einhverjar skoðanir sem eru vanþóknanlegar í augum þessara manna. Þessi viðhorf þekkjum við úr Sjálfstfl., og við vitum að þar er öfgaarmur sem er ákaflega hávær og mótar einkanlega skrif Morgunblaðsins. Sem betur fer á þetta engan veginn við um Sjálfstfl. sem slíkan, þaðan af síður kjósendur hans, en þessi öfgaarmur er ákaflega sterkur í flokknum og hann fær oft tækifæri til þess að stjórna, kannske þvert gegn vilja ýmissa betri manna í flokknum.

En það hefur raunar gerst annað sem ég hygg að hafi áhrif á hæstv. menntmrh. Annar sá sem kjörinn var í útvarpsráð af hálfu Framsfl., Ólafur Ragnar Grímsson prófessor, hefur, eftir að hann var kjörinn í útvarpsráð, breytt um flokk. Hann gekk í annan flokk og var í framboði fyrir þann flokk, meira að segja í sama kjördæmi og hæstv. menntmrh., og ég hygg að það sé þetta sem veldur því að hæstv. menntmrh. getur ekki unað því að þessi maður sitji áfram í ráðinu. Nú tel ég þetta líka vera afar lágkúrulega afstöðu. Ég vil minna hæstv. menntmrh. á það að skv. stjórnarskránni er honum tryggður sá réttur að fylgja samvisku sinni og skoðunum hvað sem kjósendur hans segja. Þó að þessi hæstv. ráðh. breytti flokkslegri afstöðu sinni og gengi í einhvern annan flokk, t. d. þann flokk sem hann vinnur með núna, þá eru engin rök fyrir því að hann ætti að víkja af þingi, síður en svo. Það er tryggt að hann á sæti hér á alþingi, vegna þess að það er talinn siðferðilegur réttur hans að framfylgja eigin skoðunum. Ég held að hæstv. menntmrh. ætti að geta skilið að aðrir menn, einnig utan Alþ., eiga að geta haft sama siðferðilega rétt, og hann eigi ekki að láta afstöðu sína til starfa manna í stofnunum mótast af því hvort þeir eru í flokki hans eða hafa gengið úr honum. Mér finnst það vera ákaflega lítilmótleg afstaða og satt að segja er hún ákaflega ólík því sem ég hef átt að venjast af þessum hæstv. ráðh. Mér finnst þetta vera

ákaflega ólíkt honum. En það eru ekki neinar aðrar hvatir sem þarna geta legið á bak við, eins og ég rakti í upphafi.

Hæstv. ráðh. var að tala áðan um að það væri tómt mál að tala um að ætla að útiloka áhrif stjórnmála í stofnun eins og útvarpsráði. Auðvitað er tómt mál að tala um það. Stjórnmál ná til allra þátta þjóðlífsins. Það er ekki til neinn ópólitískur maður. Það er ekki þar með sagt að allir menn séu í stjórnmálaflokkum eða þeir kæri sig um að vera það. En viðhorf manna til tilverunnar, það er pólitík. Og það liggur í hlutarins eðli, að þeir menn, sem í útvarpsráði eru, hafa pólitíska afstöðu. Það er ekki þar með sagt að hún sé flokkspólitísk. Og ætlunin með lögum um útvarpsráð var einmitt sú að koma í veg fyrir að ráðið starfaði sem einhver framlenging á stjórnmálaflokkunum. Það var það sem menn vildu ekki una lengur. Menn þekktu orðið slíkt tímabil í æðilangan tíma, þegar útvarpsráðsmenn voru kallaðir varðhundar flokkanna. Það var sem betur fer að slakna á því viðhorfi, einmitt þegar þetta frv. um útvarpsráð var flutt. Það er alveg rétt sem hv. þm. Magnús T. Ólafsson gat um. Á þessu var að verða breyt., ekki síst fyrir tilstilli hv. þm. Benedikts Gröndals. Slík þróun hafði verið að gerast þar á undan, og þessi löggjöf um útvarpið var beint áframhald á henni. Andrúmsloftið var þannig að alþm. allir og þ. á m. hæstv. núv. menntmrh. greiddu atkv. með þessu vegna þess að þeir vildu þetta aukna sjálfstæði. Það fór ekki fram hjá neinum að þetta gat gengið á misvíxl við skipan Alþ. hverju sinni meira að segja svo mikið að það gat hist þannig á að allt að því heilt kjörtímabil væri um að ræða útvarpsráð, sem hefði verið kosið af öðrum meiri hluta en færi með stjórn í landinu. Þetta vissu allir þm., hver og einn einasti. En menn ákváðu þetta samt. Ég vil vara ákaflega mikið við því að menn fari þarna að taka upp afturhaldsstefnu. Við höfum reynslu af slíkri stefnu og ég held hún sé öllum til óþurftar. Og ég held að það yrði okkar þjóðfélagi til mikils ófarnaðar ef Sjálfstfl. og Framsfl. ætluðu að fara að byggja upp einhverja slíka ofstækisstefnu í samstarfi sínu.

Ég vil segja hæstv. menntmrh. það, að við þm. skröfum oft saman hér í hliðarsölum og erum þá stundum hreinskilnari hver við annan en við erum þegar við stöndum hér í ræðustól. Ég hef talað við æðimarga þm., bæði úr Sjálfstfl. og Framsfl., um þetta frv., og ég er alveg sannfærður um það eftir þessar viðræður við þm. að meiri hl. alþm. er á móti þessari breyt. Ég er alveg sannfærður um það að meiri hl. alþm. er í hjarta sínu á móti þessari breyt. Vandinn er bara sá að þeir, sem eru viðsýnni og hófsamari, bæði í Framsfl. og í Sjálfstfl., láta ofstækisöflin ráða ferðinni. Þeir beygja af, þeir láta undan. Ef menn gætu greitt hér atkv. á frjálslegan hátt án flokksfyrirmæla, þá er ég viss um að þetta frv. yrði fellt. Ég held að þessi öfl, bæði í Framsfl. og Sjálfstfl., þessi hófsamari öfl eigi að vara sig á því að láta ekki undan ofstækisviðbrögðum af þessu tagi, því að ef menn byrja að láta undan á þessu sviði getur eftirleikurinn orðið óvandari.

Ég ætla nú ekki að lengja þessa ræðu mína — af ástæðum sem ég gat um áðan. Þetta mál kemur hér til umr. eftir jólaleyfi, og þá vona ég að menn hafi íhugað ráð sitt betur en menn gerðu með hinni annarlegu afgreiðslu í Ed., og raunar held ég að það yrði mildilegast fyrir hæstv. menntmrh. — og ég vil gjarnan að um hann sé farið mildum höndum — að málið verði látið sofna svefninum langa í menntmn. Nd.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég verð alltaf dálitið undrandi að heyra tal hv. alþb.-manna um þetta mál, bæði í hv. Ed. og hér. Þeir setja á langar ræður um einhver ofstækisfull vinnubrögð í sambandi við þetta mál, þessa einföldu till. um breytta tilhögun á kosningafyrirkomulagi til útvarpsráðs. Nú hef ég getið þess hér og því hefur ekki verið mótmælt, enda vita vafalaust allir hv. þm. að það er alveg rétt, að það hefur oftlega átt sér stað að menn hafa breytt fyrirkomulagi á kosningum í n., sem Alþ. kýs, og þá með þeim afleiðingum eða með því ákvæði að ný n. eða ný stjórn sé kosin þegar eftir lagabreyt., án tillits til þess hvort kjörtímabilið er raunverulega útrunnið eða ekki. Þetta er þess vegna ekkert nýtt. Það er ekki verið að gefa hér neitt nýtt fordæmi. Þetta eru hlutir sem oftlega hafa átt sér stað hér á hv. Alþ. og að ég hygg án þess að menn hafi brugðist við á þennan hátt.

Ég vísa einnig algerlega á bug öllum aðdróttunum um að hér eigi að fara að taka upp einhverja ritskoðun. Það er einkennilegt að þetta skuli heyrast frá hv. alþb.-mönnum. Einhver ástæða er fyrir þessu samt, og hún hlýtur að vera sú að þarna séu á bak við í hugskotinu einhverjar leifar af illgresi frá eldri tímum. Við þekkjum það, sem höfum fengist við illgresi í akri, að það er mjög erfitt að uppræta það að fullu. Þetta getur ekki verið sprottið af öðrum ástæðum, þetta tal hv. 3. þm. Reykv. hér og flokksbræðra hans í hv. Ed. svona í svipaða stefnu. Það getur ekki verið sprottið af öðru en því að það er enn þá eftir að uppræta eitthvað af óheppilegum gróðri fyrri tíma í þeirra hugskoti.

Hv. þm. fjölyrti nokkuð um þau skoðanaskipti sem orðið hefðu t.d. hjá mér frá því að þetta mál var til meðferðar hér 1971. Það er alveg satt hjá hv. þm., að ég greiddi þá atkv. með málinu í heild og þ. á m. þessu ákvæði. Hann spyr hvað gerst hafi síðan. Ég hef íhugað málið og endurskoðað mína afstöðu — það gera menn oft og iðulega og ég tel mér ekki neina minnkun að því — og komist að þeirri niðurstöðu sem felst í þessu frv. og ég var að gera nokkra grein fyrir áðan og ætla ekki að fara að endurtaka hér.

Já, það er dálítið sérkennilegt, það er satt, að 1971 virtist enginn ágreiningur vera um það að prófa nú þessa nýju tilhögun. En hitt er ekki síður eftirtektarvert og ástæða til að rifja það upp, að þegar breytt var um 1943 og upp tekin sú tilhögun sem afnumin var 1971, þá var mjög lítill ágreiningur um það líka, og ágreiningurinn var ekki meiri en svo að það voru aðeins fluttar tvær ræður um málið, sín í hvorri deild, og þar með búið — örstuttar ræður þar sem mælt var með því að breyta til á þann hátt sem gilti allt

til 1971. En það voru að vísu einhver mótatkvæði, ég man nú ekki hvað þau voru mörg, en það voru engar deilur um þetta. Það er ekki alveg nýtt að menn taki því ósköp rólega hér á Alþ. þegar stungið hefur verið upp á að breyta tilhögun kosninga í útvarpsráð. En hvernig stendur á þessum ókyrrleika nú, það skal ég ekki segja um.

Ég kvaddi mér nú fyrst og fremst hljóðs til þess að mótmæla því algjörlega að í Ed. hafi átt sér stað óeðlileg meðferð á þessu máli. Það eru sum mál þannig vaxin að það er engin ástæða til þess og enda er það ekki nándar nærri alltaf gert að leita umsagna um þau utan Alþ. Það eru ýmis mál þannig vaxin, og þetta er einmitt slíkt atriði að mínum dómi, að það er eðlilegt að Alþ. sjálft fjalli um það og úrskurði án þess að leita umsagna annarra. Hver á að dæma um það frekar en Alþ. sjálft hvort það óskar að kjósa eina n., hvort sem það er þessi n. eða önnur, með þessu móti eða hinu? Nei, ég verð að segja að mér finnst þetta mál einmitt þannig vaxið að það sé ekki ástæða til þess fyrir hv. alþm. og Alþ. í heild að leita ráða hjá öðrum aðilum um afgreiðslu þess. Og ég endurtek það að ég mótmæli því algjörlega að þetta mál hafi verið flutt hér eða meðhöndlað á óþinglegan hátt.

Ellert B. Schram: Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum árum reis hér á landi upp sterk hreyfing gegn hinu svokallaða flokksræði í landinu. Sú hreyfing átti sér mikil ítök meðal yngra fólks og náði reyndar mjög langt inn í raðir stjórnmálaflokkanna sjálfra. Þeir fundu að þeir gátu einangrast og rofnað úr tengslum við almenningsálitið og þjóðarvilja, nema þeir kæmu að einhverju leyti á móts við ný viðhorf og breyttar hugmyndir um stjórnmálaafskipti. Æ fleira fólk og þá einkum yngra fólk er óflokksbundið og þetta fólk gerir þá kröfu til opinberrar stjórnsýslu og stjórnkerfisins yfirleitt að allir fái þar réttláta og eðlilega afgreiðslu erinda sinna án tillits til stjórnmálaskoðana. Ungt fólk hafnaði þeirri ríkjandi reglu að stofnunum og stöðum væri misbeitt af pólitískri þjónkun.

Innan stjórnmálaflokkanna var reynt að mæta þessum viðhorfum með því að taka upp prófkjör og virða rétt minni hluta hópa í kosningum innan flokkanna og taka til greina ýmsar aðrar hugmyndir sem drógu úr miðstjórnarvaldi og alræði fámennrar flokksstjórnar. Út á við gerðu flokkarnir sér jafnframt far um að haga sér í samræmi við tíðarandann og létu að því leyti a. m. k. í orði kveðnu undan almenningsálitinu. Í þessu sambandi er vert að minna á, að til þess að draga úr áhrifum stjórnmálaflokkanna vildu margir ganga svo langt að fela öðrum en Alþ. rétt til að kjósa eða tilnefna menn í opinber ráð og n. Þessum sjónarmiðum hefur þó verið hafnað af flestum, enda ekki gott að sjá að frekari trygging sé fyrir lýðræðislegum og réttlátum vinnubrögðum enda þótt skipunar- eða ráðningarvald færist í hendur embættismanna eða starfsmanna viðkomandi stofnana.

Þrátt fyrir allt hefur Alþ. og alþm. aðhald frá þjóðinni og frá umbjóðendum sínum. Þess vegna er sú regla almennt viðurkennd í þessu máli, sem hér er á dagskrá sem öðrum hliðstæðum að Alþ. kjósi menn í ráð og nefndir. Ég held að um þetta sé nokkuð gott samkomulag þó að ekki væri af öðru en því að enginn getur bent á öruggara eða æskilegra form í staðinn til þess að gæta lýðræðisins. En þá hafa menn jafnframt í huga að Alþ. og flokkarnir geta auðvitað valið menn til slíkra trúnaðarstarfa í fullri vitund og vilja um að þeir störfuðu sjálfstæðara og létu ekki pólitískar skoðanir ráða gerðum sínum og ákvörðunum.

Breytingar í þessa átt, að draga úr beinum og nánum áhrifum flokkanna, þjóna tvennum tilgangi. Stjórnir einstakra stofnana og ráða verða minna tortryggilegar í augum þeirra einstaklinga sem þangað þurfa að sækja. Í öðru lagi losaði það flokkana við þau óþörfu og óæskilegu afskipti og ákvarðanir sem þeir og aðrir eru farnir að telja sér trú um að þeir einir geti tekið. Almenningur hefur verið alinn upp í þeirri trú og stjórnmálamenn hafa ýtt undir það álit að enginn geti sótt um bankalán og húsnæðismálalán eða opinbera fyrirgreiðslu yfirleitt nema með liðstyrk stjórnmálamanna. Slíkur hugsunarháttur er bæði pólitískt og siðferðilega rangur og alþm., og aðrir þeir sem við stjórnmál fást eiga að sameinast í því að uppræta þennan hugsunarhátt.

Eitt afsprengi þeirrar hreyfingar, sem ég hef gert að umtalsefni og ég held að hafi verið forsendan fyrir lögunum 1971, var breytingin sem gerð var á útvarpslögum. Röksemdirnar fyrir breytingunum 1971 voru, eins og hér hefur verið rakið, einmitt þær að útvarpið skyldi gert sjálfstæðara, óháðara stjórnmálaflokkunum og létt væri af þessari stofnun oki, ef svo má að orði komast, flokksræðis og pólitískrar þjónkunar. Það var ekki gert og verður ekki gert með því að afnema að Alþ. kjósi útvarpsráð, heldur með því að miða kosninguna við annan tíma en almennar þingkosningar, og var þá ætlunin að rjúfa með því tengslin milli þessara tvennu kosninga. Ég fyrir mitt leyti man eftir þessum umr. og þessari lagabreytingu og var hlynntur henni og er enn efnislega hlynntur þeirri viðleitni sem þarna var á ferðinni.

Í þessu sambandi gera menn mikið veður út af tímasetningu kosninganna, og hæstv. menntmrh. er núið því um nasir að hann hafi breytt um skoðun af því að hann er nú að gera till. um aðra tilhögun á tíma þessara kosninga. Mér finnst það atriði, tími kosninganna til útvarpsráðs, ekki skipta neinu verulegu máli og auðvitað var hann ekkert aðalatriði í þeim lagabreyt. sem gerðar voru 1971. Aðalatriðið í þeim breyt. var nefnilega þetta, sem ég hef reynt að leiða rök að, sá skilningur og sá vilji að útvarpsráð yrði sjálfstæðara og óháðara sviptivindum stjórnmálanna, eins og hér var tekið til orða áðan.

Það var ástæða til að ætla að því hugarfari, sem lá að baki þessarar lagabreyt., yrði fylgt eftir og að það fengi aukinn byr vegna þess að einn flokkurinn, sem átti aðild að fráfarandi ríkisstj., Samtök frjálslyndra og vinstri manna, gekk til kosninga og gekk til stjórnarsamstarfs undir því aðalkjörorði að berjast gegn flokkspólitískri misbeitingu í þjóðfélaginu. Það runnu því sannarlega tvær grímur á fjölmarga þegar sá flokkur hóf valdaferil sinn á síðasta kjörtímabili

með því að leggja hér fram frv. sem gekk í þveröfuga átt. Og það er broslegt að heyra fulltrúa þessa flokks og fulltrúa núv. stjórnarandstöðu, sem áttu aðild að þáv. stjórn, tala með siðgæðissvip á andlitinu um að hér sé um siðleysi að ræða þegar þetta frv. er lagt fram, vegna þeirrar staðreyndar að eitt þeirra fyrsta verk var að leggja fram frv. um breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Það frv. fól það eitt í sér að breyta skipan stjórnar þeirrar stofnunar. Það hafði engan annan tilgang. Því var lýst yfir af þáv. ráðh. að þetta væri tilgangur frv. Og það er minnisstætt fyrir þá sem þá voru á þingi að það var einmitt á sama tíma, rétt fyrir jólin eða rétt fyrir þinghlé, sem það mál var keyrt í gegn af ofurkappi, og þáv. stjórnarandstaða var neydd til þess að halda uppi málþófi til þess að benda á þessa staðreynd. Þetta frv. var frægt fyrir það að þáv. félmrh. var að koma sínum pólitísku „þuklurum" að, í Húsnæðismálastofnun ríkisins, og var auðvitað ekkert annað en pólitískt siðleysi.

Ég held að það sé hollt að rifja þetta upp vegna þess málflutnings og þeirra umr., sem hér hafa farið fram, og vegna þeirrar tilraunar núv. stjórnarandstöðu að sverta þetta mál og hefja sig sjálfa upp til skýjanna í ljósi pólitísks siðgæðis. — Þær umr., sem áttu sér stað um lagabreyt. á Húsnæðismálastofnun ríkisins, opinberuðu og undirstrikuðu að það væru réttmætar ásakanir þáv. stjórnarandstöðu að með því frv. var verið að ýta undir flokksræði. Því miður var verið að ýta undir flokksræði og ganga þvert gegn yfirlýstri stefnu a. m. k. eins stjórnarflokksins þáv. og gegn þeirri stefnu sem ég fyrir mitt leyti var hlynntur og held að hafi verið vilji Alþ., að reyna að minnka áhrif flokkanna í hinum ýmsu stofnunum í þjóðfélaginu.

Ég held því miður að sá hávaði, sem orðinn er út af þessu máli nú, og það málþóf, sem hótað er að hafa í frammi hér, stafi ekki af vilja núv. stjórnandstöðu til þess að gæta pólitísks siðgæðis, heldur þvert á móti til þess að vernda pólitísk áhrif sín á þessum vettvangi.

Þrátt fyrir þessa slæmu reynslu gerðu menn sér jákvæðar vonir hvað snertir útvarpið og útvarpsráð. Í útvarpsráð höfðu valist árið 1971 að meiri hl. til ungir og menntaðir menn sem höfðu nýjar hugmyndir og voru, þegar þeir voru kjörnir í útvarpsráð, málsvarar þeirrar hreyfingar sem áður er um getið og vildi veita flokksræði og valdi flokkanna viðnám. Það var ástæða til að halda að þeir yrðu sjálfum sér samkvæmir og fylgdu fram þeirri stefnu sem mörkuð var með lagabreytingunni 1971. Forusta þeirra í útvarpsráði var prófsteinn á réttmæti þessara sjónarmiða og að því leyti báru þeir ábyrgð, ekki gagnvart flokkum eða stjórnmálaskoðunum, heldur gagnvart þeim eindregna vilja alls þorra manna að opinberar stofnanir eins og útvarpið væru hafnar yfir flokkadrætti, pólitíska hlutdrægni og ívilnun til handa einstaklingum með hliðsjón af stjórnmálaskoðunum þeirra. Ég er þeirrar skoðunar að það útvarpsráð, sem nú situr hafi margt vel gert. Það hefur gert heiðarlega tilraun til að breyta dagskránni og gert hana að mörgu leyti lifrænni og þróttmeiri. Hvort það er beinlínis verk þessa útvarpsráðs eða eðlileg afleiðing tíðarandans, það læt ég liggja milli hluta, en staðreyndin er sú að útvarpið hefur farið frjálslega með efnið og bryddað upp á nýjungum, og það er virðingarvert.

En það eru fleiri hliðar á þessu máli og ég hef mjög velt þeim fyrir mér, og ég skal játa að ég var lengi að taka afstöðu til þess hvort rétt væri að breyta útvarpsráði nú eða ekki. Ég tel mig ekki í hópi öfgamanna eða ofstækismanna í í Sjálfstfl. Ég held reyndar að slíkir menn séu ekki til í þeim flokki, en ég tel mig ekki í hópi neinna öfgamanna né neinna ofstækismanna. Samt er ég stuðningsmaður þessa frv. Ég mótmæli því að þetta frv. feli í sér ofstækisstefnu eða afturhaldsstefnu, og ég vil leyfa mér að útskýra það með nokkrum orðum.

Það er sagt að núv. útvarpsráð hafi rekið einhverja frjálslyndisstefnu og þetta sé stórkostlegt útvarpsráð af því það sé svo frjálslynt. En það að vera frjálslegur í efnisvali og efnismeðferð er ekki það sama og vera málefnalega frjálslyndur, og það að vera vinstri sinnaður í útvarpspólitík er ekki að vera frjálslyndur í hugsun. Á þessu getur verið reginmunur. Frjálslyndi hef ég alltaf skilið svo að það feli í sér umburðarlyndi og víðsýni. En það verður því miður ekki sagt um meiri hl. útvarpsráðs að það búi yfir þeim eiginleikum. Það er mitt mat og það er reyndar mat fjölmargra, að afskiptasemi og fordómar þessa meiri hl. gagnvart vissum skoðunum hafi verið með ólíkindum og yfirlæti þess og valdbeiting er með endemum. Ég vil ekki nefna útvarpsráðsmenn ofstækismenn, enda þótt að slík orð séu notuð um aðra í þessum umr. Ég frábýð mér yfirleitt að nota svo stór orð, og ég held satt að segja að það séu afar fáir íslendingar sem séu ofstækismenn. En meiri hl. þessa útvarpsráðs hefur því miður verið fullur af fordómum og sýnt af sér hlutdrægni í starfi. Ég held að menn eigi ekki að vera með neina tæpitungu í þessu máli. Meiri hl. útvarpsráðs hefur misnotað aðstöðu sína bæði leynt og ljóst. Hann hefur misnotað aðstöðu sína með því markvisst að troða inn á hlustendur og áhorfendur efni sem hann hefur haft pólitíska velþóknun á. Ráðið hefur ekki gætt jafnvægis í efnisvali og það hefur gefið starfsmönnum áminningar vegna fréttaefnis og fréttaskýringa sem því hefur ekki líkað af pólitískum ástæðum. Allt þetta eru staðreyndir. Það hefur lagt blessun sína yfir pólitíska áróður í ólíklegustu þáttum, og það hefur storkað svo hlutleysiskennd almennings að hvorki almenningur né starfsmenn útvarpsins hafa getað við það unað. Það þarf t. d. meira en lítið til að sá friðsemdarmaður sem útvarpsstjóri er kalli meiri hl. útvarpsráðs umhverfisvandamál, eins og hann hefur gert í opinberum yfirlýsingum. Og það þarf meira en lítið til þegar starfsmenn þessarar sömu stofnunar hafa séð sig tilknúna að neita að mæta á fundum í mjög langan tíma hjá útvarpsráði.

Nú vil ég taka fram að ég er í sjálfu sér ekkert á móti því að pólitískt efni sé flutt í útvarpi og að þar komi fram ólík sjónarmið. Útvarpið á að vera opið fyrir öllum sjónarmiðum, jafnvel pólitískum áróðri í ólíklegustu þáttum. En það verður að gæta jafnréttis og jafnvægis í því að slík sjónarmið heyrist, ekki þannig að það

vegi mjög svo einhliða á einn veg. Þetta er kjarni málsins.

Það er deilt um hvort útvarpsráð eigi að vera pólitískt eða ekki pólitískt. Ef útvarpsráð er pólitískt og menn vilja hafa það pólitískt, þá þarf enginn að hneykslast á því hér á Alþ. þó að fram sé borið frv. sem hér er á dagskrá. Það er ekkert óeðlilegt að nýr meiri hl. og ný ríkisstj. vilji koma þeim mönnum frá, sem vinna gegn henni, eða koma sínum mönnum að hjá viðkomandi stofnunum ef stofnunin er pólitísk og viðurkennd sem slík. Ef við hins vegar föllumst á hin rökin sem ég aðhyllist, að útvarpsráð og útvarpið eigi að vera sem mest ópólitískt og þá á ég við flokkspólitískt, að það sé sem minnst í tengslum við flokkana, þá á það auðvitað ekki að misbeita áhrifum sínum, þ. e. a. s. meiri hl. útvarpsráðs eða flokkarnir eiga ekki að misbeita áhrifum sínum og aðstöðu sinni þannig að það misbjóði réttlætiskennd og hlutleysiskennd almennings. Það er mitt mat að núv. útvarpsráð, og þá á ég við meiri hl. útvarpsráðs, hafi gert þetta.

Ég held að þetta sé mergurinn málsins, og við eigum ekkert að vera að fara í kringum hann. Meiri hl. útvarpsráðs hefur ekki staðist það próf sem fyrir hann var lagt. Það hefur ekki starfað í anda þeirrar lagasetningar sem gerð var 1971, og því miður hefur meiri hl. þessa útvarpsráðs spillt fyrir þeirri hreyfingu sem þá var uppi, þeirri hreyfingu sem vildi gera útvarpið sjálfstæðara og óháðara flokksræðinu og pólitiskri misbeitingu. Þessa sögu verður að segja eins og hún er. Það hefur engum manni dottið í hug að breyta skipan útvarpsráðs frekar en öðrum stjórnum opinberra stofnana fyrr en lög segja til um, nema af því að útvarpsráð sjálft hefur kallað á þessa breytingu.

Þessi lagabreyt. er að mínu áliti gerð til að eyða þeirri misnotkun sem í útvarpsráði hefur viðgengist, en ekki til að leyfa öðrum mönnum eða öðrum flokkum að beita slíkri misnotkun. Ég styð þessa lagabreytingu vegna þess að ég tel hana gerða til þess að útiloka slíka misbeitingu. Ég vil ekki að útilokaðar séu einhverjar skoðanir eða þar fari fram ritskoðun. Ég vil ekki að mönnum eða málefnum sé mismunað. Ég vil ekki að afturhald, öfgar haldi innreið sína í útvarpið. Þessi breyting er að mínu viti gerð til þess að hrinda fram þeirri stefnu sem Alþ. aðhyllist. Og þessi lagabreyting stuðlar vonandi að því að menn skilji að útvarpsráð verður að hafa til að bera þroska og frjálslyndi til að láta öll sjónarmið koma fram og líta ekki á sig sem pólitíska varðhunda.

Útvarpið á að upplýsa, en ekki að innræta, og það á að kynna skoðanir, en ekki boða þær. Ég legg því ekki mest upp úr þeim rökstuðningi, sem fram hefur komið hér í framsögu og umr. um þetta mál, að útvarpsráð eigi að vera skipað í réttu hlutfalli við hlutföllin á þingi, að það eigi endilega að vera spegilmynd af flokksstyrkleik á Alþ. Minn rökstuðningur er sá að það eigi að vera stefna Alþ. að gera útvarpið óháðara, frjálslynt og viðsýnt. Og Alþ. á að sameinast um að hefja útvarpið upp yfir flokkadrætti og þar sé gætt jafnvægis og jafnréttis. Þeir menn, sem meiri hl. skipa núna, hafa ekki reynst þess megnugir að fylgja þessari stefnu fram og því þarf að setja nýja. Og þá kemur mér ekkert við hvort þeir heita framsóknarmenn, sjálfstæðismenn eða alþýðubandalagsmenn, svo framarlega sem þeir eru sammála mér í þessari hugsun. Af þessum ástæðum styð ég þetta frv.

Kjartan Ólafsson: Hæstv. forseti. Það má mikið vera ef ekki hafa vaknað ýmsar nýjar hugsanir með hæstv. menntmrh. við að hlýða á þá ræðu sem hv. 11 þm. Reykv., Ellert B. Schram, var að ljúka hér við að flytja. Hæstv. menntmrh. hefur í öllum sínum málflutningi varðandi þetta frv. látið svo sem ákvörðun hans að leggja þetta frv. fram sé algerlega óháð störfum þess útvarpsráðs sem starfað hefur s. l. 3 ár. Það hefur ekki komið fram hjá hæstv. menntmrh. að hann hefði nokkurn skapaðan hlut við störf þessa útvarpsráðs að athuga, og maður hefur jafnvel getað látið sér detta í hug af málflutningi hans að hann viti ekki til þess að störf þess hafa verið gagnrýnd. Það fór hins vegar ekkert milli mála að hv. 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram, vissi vel hvers vegna hann styður það frv. sem hér er til umr. Hann komst svo að orði að þetta útvarpsráð hafi vantað umburðarlyndi og víðsýni og valdbeiting þess verið með endemum. Hann komst einnig svo að orði að engum hefði dottið í hug að breyta tilhögun á kjöri útvarpsráðs, nema af því að núv. útvarpsráð hafi kallað á þessa breyt. með störfum sínum. Hæstv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, hefur hins vegar látið svo í sínum ræðum hér á hv. Alþ. um þetta mál sem honum hafi dottið þetta í hug án þess að hafa hugmynd um að neitt væri við störf útvarpsráðs að athuga.

Morgunblaðið hefur haldið uppi þeirri kröfu mjög lengi að þetta útvarpsráð ætti að víkja. Það var eitt það fyrsta sem kallað var á eftir stjórnarskiptin í þessu höfuðmálgagni Sjálfstfl. Hæstv. menntmrh. talar eins og hann hafi ekki hugmynd um þetta, honum hafi bara dottið það í hug, alveg sér á parti, að þetta sé sennilega heppilegri almenn regla, að útvarpsráð sé kosið á fyrsta þingi eftir kosningar, heldur en að það sé kosið til 4 ára óháð alþingiskosningum eins og núv. lög kveða á um. Hann hefur ekki fært fyrir því nein frambærileg rök að þetta sé allt í einu rétt nú sem Alþ. var sammála um að væri rangt fyrir 3 árum.

Ég vil leyfa mér að ætlast til þess að hæstv. menntmrh. geri hér grein fyrir því hvort hann er að einhverju leyti sammála þeim rökum sem hv. alþm. Ellert B. Schram færir fram fyrir stuðningi sínum við þetta frv., hvort þau rök og sá boðskapur, sem þar var fluttur, hefur haft einhver áhrif á ákvörðun menntmrh. eða hvort hann vill afneita því með öllu. Það væri mjög æskilegt að fá um það að vita og ég vil óska þess eindregið að hæstv. menntmrh. geri grein fyrir því. Ég hygg að það trúi því enginn maður að þarna sé um að ræða tvennt alveg aðskilið, annars vegar saklausa hugdettu hæstv. menntmrh. og hins vegar þann ofsafengna áróður sem rekinn hefur verið fyrir þessu máli af talsmönnum Sjálfstfl. hér á Alþ. og í blöðum þeirra að undanförnu, að þarna sé ekkert samhengi á milli. Trúi því hver sem vill.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði að útvarpsráð hafi misnotað aðstöðu sína leynt og ljóst, það hafi gefið starfsmönnum áminningar og væri ekkert óeðlilegt að ný ríkisstj. vildi koma sínum mönnum að í slíkri stofnun ef stofnunin væri pólitísk. Ég minni á að hæstv. menntmrh. hafði farið hér mörgum orðum um það að stofnunin væri einmitt pólitísk og hlyti að vera það. Og þá er það sem sagt ekkert óeðlilegt að ný ríkisstj. vilji koma sínum mönnum að. Látum það vera. En ég vil spyrja: Er það dauðasynd hjá einu útvarpsráði að gefa einhverjum starfsmanni, sem brýtur viðeigandi reglu um óhlutdrægni útvarpsins, áminningu? Ég veit ekki til að þetta útvarpsráð hafi rekið nokkurn starfsmann og ég veit ekki til að þetta útvarpsráð hafi verið ásakað fyrir að meina einum eða neinum að flytja sitt mál í Ríkisútvarpinu. (**Gripið fram í:** Það skaltu ekki vera viss um.) Það hefur verið ásakað fyrir að leyfa of mörgum að komast að með sinn málflutning í Ríkisútvarpinu. (Gripið fram í.) Við höfðum útvarpsráð á undan því útvarpsráði sem nú starfar, þar sneri þetta öfugt. Þar var um að ræða útvarpsráð sem meinaði mönnum að koma sínum sjónarmiðum að. Ég býst við að a. m. k. hæstv. menntmrh. minnist þess að fyrirrennari hans í starfi, núv. hv. þm. Magnúsi T. Ólafsson, var t. d. hrakinn frá umsjón ákveðins þáttar í útvarpinu á þeim árum af þáv. útvarpsráði sem ekki þoldi að þar kæmu fram einnig andstæð pólitísk sjónarmið við viðhorf þeirra manna sem það ráð skipuðu. Menn geta talað hér eins og hæstv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, þegar bent er á að í þessu frv. felist ákveðin hætta á tilhneigingum til ritskoðunar, og sett upp sakleysissvip: Ritskoðun, það er eitthvert illgresi sem ekki er búið að uppræta í hugum ákveðinna manna, sagði hæstv. menntmrh. Núv. útvarpsráð *er ekki hægt að saka um ritskoðun.* Það hefur komið fyrir að það hafi látið skoðun sína í ljós, að það teldi ástæðu til að veita jafnvel starfsmönnum útvarpsins áminningu, — ég man ekki eftir nema einu tilviki. Það er ekki ritskoðun. Hitt er ritskoðun, að hrekja menn af pólitískum ástæðum frá umsjón ákveðinna þátta sem þeir hafa verið ráðnir til.

Það hefur verið lögð mikil áhersla á það í öllum umr. um starf Ríkisútvarpsins og það er eitt meginatriði í lögum um þá stofnun að þar skuli gætt óhlutdrægni. Menn geta lengi deilt um hvað í þessu orði felst, og ég er hjartanlega sammála því sem fram kom hjá hæstv. menntmrh., Vilhjálmi Hjálmarssyni, um það atriði, að varðandi dóma manna um hvað feli í sér hlutdrægni og hvað ekki eru viðhorfin ólík. Ég vil biðja menn að hugleiða það hvort deilur um hlutdrægni eða óhlutdrægni Ríkisútvarpsins hafi fyrst verið að koma upp núna á allra síðustu árum með starfsemi þessa útvarpsráðs. Því fer víðs fjarri. Þær deilur hafa staðið alla tíð, og þær hljóta alla tíð að standa, vegna þess að í þessum efnum eru viðhorf manna mismunandi og enginn algildur mælikvarði til. Hitt er rétt að hafa í huga, að það er nú einu sinni svo að þau viðhorf og þær skoðanir, sem eru — við getum kannske sagt mjög almennt ríkjandi, það má kannske kalla það skoðanir og viðhorf hins þögla meiri hl. sem þeir sjálfstæðismenn telja sig gjarnan vera fulltrúa fyrir, — þær skoðanir og þau viðhorf setja yfirleitt svip sinn á yfirgnæfandi meiri hl. þess efnis sem í stofnun eins og Ríkisútvarpinu er flutt, bæði dagskrárefnis, fréttavals, fréttaskýringa, yfirgnæfandi meiri hl. efnis og alveg óháð því hvaða útvarpsráð situr að völdum. Eitt útvarpsráð, sem vill gæta vel að sínum störfum og ekki síst reglunni um það að útvarpið skuli vera óhlutdrægt, það hlýtur ekki fyrst og fremst að vera í hættu fyrir því að brjóta þann trúnað, sem því hefur verið falinn, á þann veg að þessi almennu viðhorf og skoðanir séu fyrir borð bornar. Þær komast alls staðar að. Prófið, sem útvarpsráð stendur frammi fyrir í þessum efnum, er miklu frekar hitt: Geta þeir aðilar komist að og haft einhver áhrif á það sem fram kemur í útvarpinu með einum eða öðrum hætti, sem ekki falla inn í þennan almenna ramma, minnihluta hópar, bæði pólitískir og af öðru tagi? Á að útiloka þá eða eiga þeir að fá að vera með? Við erum hins vegar ekki neitt nálægt því að sá möguleiki sé fyrir hendi að slíkir minnihlutahópar taki að drottna. Hugsum okkur minnihlutahóp eins og þann sem væri kannske ákaflega lukkulegur með dagskrá stúdenta 1. des. s. l. Ég hygg að það sé ekki ýkja stór hópur, og ég get sagt það hér að ég var síður en svo ánægður með **þá dagskrá. En á** það að vera einhver dauðasynd fyrir útvarpsráð að það skuli ekki hlaupa til og banna þessa dagskrá, sem réttir aðilar innan Háskólans óneitanlega bera ábyrgð á, á degi sem hefur allt frá því að landið varð fullvalda verið dagur **stúdenta,** og þeir hafa haft aðgang að Ríkisútinu á þessum degi, að ég hygg síðan útvarpið tók til starfa? Skyldi það ekki hafa verið miklu alvarlegri aðgerð, ef til slíks hefði verið gripið, heldur en þó að það komi fyrir kannske einu sinni eða tvisvar á 50 árum að eitthvað sé með þeim hætti hjá stúdentum að hinn þögli meiri hl. og kannske reyndar ýmsir fleiri séu ekki alveg ánægðir með það.

En þessi krafa sást aldeilis í Morgunblaðinu og sjálfsagt víðar hjá talsmönnum Sjálfstfl. Það var gert hróp að útvarpsráði fyrir að það skyldi ekki grípa til — grípa til hvers? Ritskoðunar, getum við kallað það, eða þess sem er sama eðlis. Menn muna kannske eftir því að útvarpsráð það, sem starfaði á undan þessu — ég vil ekki fullyrða að það hafi verið það sem starfaði næst á undan, en ekki mjög löngu á undan — það braut ákveðna hefð í ákveðnu máli sem ekki var neitt lítið mál. Verkalýðssamtökin í þessu landi höfðu þá um alllangt árabil haft aðgang að Ríkisútvarpinu 1. maí á sínum baráttudegi, og ráðið þar dagskrá. En það var ákveðið útvarpsráð, sem ég hygg að Sjálfstfl. og hans talsmenn hafi verið ákaflega ánægðir með, talið víðsýnt, frjálslynt o. s. frv. og öll þessi fögru orð, — það braut þessa hefð á sínum tíma og neitaði verkalýðssamtökunum, Alþýðusambandi Íslands, um að fá að ráða dagskrá í útvarpinu á sínum alþjóðlega baráttudegi. Og nú átti sem sagt að hafa sama háttinn á gagnvart stúdentum hér við Háskólann.

Það fer ekkert milli mála hver tilgangur þessa frv. er. Hann lá alveg skýrt að baki þeirra orða sem flutt voru hér af hv. þm. Ellert B. Schram.

Öll þjóðin veit um þennan tilgang, það þurfti ekki hans orð til, nema hæstv. menntmrh., hann þykist ekkert vita og ekkert skilja og er mér þó sagt að hann sé prýðilega greindur maður.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem hér hefur verið sagt varðandi þau rök sem fram voru færð fyrir þessari breytingu 1970 og 1971, fyrir þeirri breytingu sem gerð var 1971 á útvarpslögunum, að útvarpsráð skyldi kosið til fjögurra ára óháð alþingiskosningum. Hér hefur verið vitnað í ræður sem fluttar voru hér á hv. Alþ. þá, og það fer ekkert milli mála að menn voru algerlega einhuga um það, eins og líka liggur í hlutarins eðli, að sú breyt., sem þá var gerð, stuðlaði að því að undirstrika regluna um óhlutdrægni Ríkisútvarpsins. En óhlutdrægni er ekki síst fólgin í því að þeir, sem ekki falla innan ramma viðtekinna skoðana í stjórnmálum eða öðru, fái líka að komast að í Ríkisútvarpinu. Það er þetta sem meiri hl. núv. útvarpsráðs hefur beitt sér fyrir og það á myndarlegan hátt, og væri skylt að þakka honum fyrir það. A. m. k. þeim mönnum, sem hafa lýðræðið á vörunum og óhlutdrægni í stofnunum ríkisins, væri skylt að þakka honum fyrir það, en ekki reka hann frá áður en tímabil hans er útrunnið.

Það er ljóst að það er Sjálfstfl. sem hér ræður ferðinni. Sumir, sem hér hafa talað á undan mér, segja að það sé kannske bara svolítill hluti af honum. Látum það vera, en Sjálfstfl. ber ábyrgð á þessu í heild.

Ég býst við að það sé rétt að framsóknarmenn og þ. á m. hæstv. menntmrh. hafi verið eitthvað veikari fyrir að láta undan í þessu máli og auglýsa sig sem þátttakanda í þessu verki frammi fyrir allri þjóðinni vegna þess að svo vildi til að annar fulltrúi, sem kjörinn var af lista Framsfl. á sínum tíma, hafði sagt skilið við flokkinn og gerst mótframbjóðandi hæstv. menntmrh. á Austfjörðum. Það hefur sjálfsagt átt einhvern þátt í því. En ég verð að segja það að mér þykir illt til þess að vita að hv. alþm. Framsfl. skuli ekki geta hafið sig yfir slík smáleg sjónarmið og neitað þessari kröfu Sjálfstfl. um hreinsun í útvarpsráði. Ég held að þeirra pólitíski hlutur og þeirra pólitíska álit hefði vaxið ef þeir hefðu haft djörfung, vilja eða þrek til að gera það. En þetta átti yfir þá að ganga, og það átti meira að segja yfir þá að ganga með þessum hætti, að það er hæstv. menntmrh. sem er dæmdur til að ganga hér fram fyrir skjöldu og leika það hlutverk frammi fyrir allri þjóðinni að hann gangi að þessu — blindandi vil ég segja — án þess að hafa nokkra hugmynd um hvað þarna er að baki hjá þeim aðilum sem þessar kröfur hafa mótað og þessar kröfur hafa knúið fram.

Hæstv. menntmrh. segir sem svo, bæði í sínum ræðum hér í kvöld og einnig áður, að hann telji að útvarpsráð eigi að vera skipað í sem nánustu samræmi við skipan Alþ. Þetta verður vart skilið á annan veg en svo, að ríkisstj. á hverjum tíma, a. m. k. svo fremi að hún hafi meiri hl. á Alþ., eigi að hafa undir öllum kringumstæðum ákveðinn og öruggan meiri hl. í útvarpsráði. Hvernig var þeim meiri hl. háttað í því útvarpsráði sem nú starfar og svo mjög hefur verið deilt á af talsmönnum Sjálfstfl., ekki af hæstv. menntmrh., — hvernig var þeim meiri hl. háttað? Útvarpsráð er 7 manna stofnun, og ég hygg að allir hv. alþm. kannist við það að þegar þarna er verið að tala um meiri hl., þá er verið að tala um ákveðna 4 menn. Voru þetta fulltrúar ríkisstj., þeirrar fyrrv., vinstri stjórnarinnar, eða þeirra flokka sem að henni stóðu? Nei, þetta var ekki meiri hl. fyrrv. ríkisstj. Ég tala um meiri hl. sem auðvitað var ekki meiri hl. í þeim skilningi að það væri einhver samansvarinn flokkur í öllum tilvikum, en sá meiri hl. sem þó kom langoftast ef um meiri hl. og minni hl. var að ræða. Þarna var um að ræða meiri hl. sem var í raun og veru ekki endilega í samræmi við skipan Alþ., ekki stjórnar og stjórnarandstöðu, ekki flokkspólitískur meiri hl. Þarna var um að ræða annan af fulltrúum Framsfl., sem seinna, á síðustu mánuðum, hefur sagt skilið við sinn fyrri flokk, fulltrúa kjörinn af Alþb., fulltrúa kjörinn af Alþfl. sem var í stjórnarandstöðu og fulltrúa kjörinn af Samtökum frjálslyndra sem var reyndar, þegar hann var kjörinn, meðlimur í Alþfl. sem var í stjórnarandstöðu, þannig að í þessum fordæmda meiri hl. voru lengst af tveir menn sem studdu vinstri stjórnina á hennar árum, tveir menn sem voru í stjórnarandstöðuflokki. Var það nú voðalegt að menn gætu unnið þarna saman og myndað meiri hl. í útvarpsráði þvert yfir stjórnmálaflokka, þvert yfir þá skiptingu sem ríkti á Alþ. um stjórn og stjórnarandstöðu? Var hitt endilega æskilegra, að skipanin þarna í útvarpsráði væri nákvæmlega í samræmi við flokkspólitíska skipan mála á Alþ.? Það hefur verið svo að skilja á hæstv. menntmrh. að hann hefði kosið það frekar. En ég hygg að fáir verði til að taka undir með honum í því atriði. Sé nú ekki endilega fyrir fram gefið og vitað, að þar sem einn maður er fulltrúi þessa og þessa flokks, þá hljóti hann að renna inn í einhvern ákveðinn meiri hl. kannske á vegum einhverrar ákveðinnar ríkisstj., þá er það mjög jákvætt merki, mjög jákvætt merki, vil ég segja, en þannig var það í því útvarpsráði sem starfað hefur undanfarin 3 ár.

Ég held að ég eyði ekki tíma hv. d. í að fara út í það hvað það er sem aðallega hefur verið deilt á útvarpsráð eða meiri hl. þess fyrir, ég á þá ekki við bara hér á Alþ., heldur á undanförnum árum, fyrst og fremst af talsmönnum Sjálfstfl. og í málgögnum hans.

Menn tala hér mikið um að nú eigi að koma nýtt útvarpsráð sem gæti betur reglunnar um óhlutdrægni heldur en það sem hér hefur starfað. Það fór ekkert á milli mála að talsmaður Sjálfstfl., sem hér talaði í kvöld, hélt því fram mjög ákveðið að ástæðan fyrir því að þetta útvarpsráð yrði að víkja, það væri eiginlega ekki hægt að halda jól fyrr en það væri fallið, — að ástæðan væri sú að það hefði ekki gætt þessarar ákveðnu reglu. Menn vildu kannske hugleiða það aðeins með mér hvort líkurnar séu verulega miklar á því að óhlutdrægni fari vaxandi þegar það nýja útvarpsráð kemur sem ríkisstjórnarsamsteypan hér á Alþ. stefnir nú að. Þegar menn hugleiða þetta, hvort von sé á fullkominni óhlutdrægni, þá ættu menn að hafa það í huga að Sjálfstfl. hefur átt þess kost eins og aðrir að velja sér fulltrúa í útvarpsráð, sjálfsagt allt mæta menn, bæði fyrr og nú. Að vísu taldi Morgunblaðið sig

þurfa að víta sérstaklega annan fulltrúa Sjálfstfl., hv. alþm. Þorv. Garðar Kristjánsson, í *forustugrein sinni fyrir stuttu*, en það hefur ekki þurft að víta fleiri af sínum fulltrúum sem þar eru nú. Þar er t. d. um að ræða ágætan borgara hér í bænum, starfsmann Atlantshafsbandalagsins. Hann er einn um það, sá maður, að vera launaður starfsmaður erlends hernaðarbandalags hér á Íslandi, sjálfsagt mörgum góðum kostum búinn, en að mínu viti ekki líklegur til að vera heppilegri en aðrir til að vakta það að Ríkisútvarpið gæti reglunnar um óhlutdrægni ef hann á þar að ráða.

Ég vil ljúka máli mínu með því að biðja menn að minnast þess, að hvað sem um þetta frv. *Sjálfstfl. og hæstv. menntmrh.* verður, þá hefur það útvarpsráð eða meiri hl. þess, sem hér hefur starfað undanfarin 3 ár, ekki verið ásakað fyrir að banna hluti, ekki verið ásakað fyrir að reka menn úr störfum eða rifta ráðningum varðandi umsjón þátta eða annað slíkt, það hefur ekki verið ásakað fyrir að meina mönnum aðgang að Ríkisútvarpinu. Engin dæmi hafa verið nefnd um slíkt. Það hefur verið ásakað fyrir að leyfa mönnum að tala í þessum ríkisfjölmiðli, útvarpi, sjónvarpi, hvaða skoðun svo sem menn höfðu á hinum ýmsu málum. Og ég vil biðja hv. þm. að hugsa sig vel um áður en þeir kveða upp dauðadóm *yfir þessu útvarpsráði fyrir það*.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Með því frv. til l., sem hér er lagt fram, er verið að gera tilraun til þess að breyta l. sem samþ. voru um útvarpið fyrir aðeins 3 árum. Ég ætla ekki að fara út í að rekja þróun útvarpslöggjafar á Íslandi. Ég vísa aðeins til þess sem sagt var í grg. með frv. til útvarpslaga sem lagt var fyrir Alþ. á 91. löggjafarþingi þess árið 1970 og samþ. var á því þingi árið 1971. Ég vil aðeins taka það fram að lagafrv. þetta, sem samþ. var á 91. löggjafarþinginu, var upphaflega lagt fyrir Alþ. árinu áður, þannig að þegar Alþ. samþ. frv. hafði það haft frv. til athugunar á tveimur þingum. Þannig höfðu alþm. haft meira en nógan tíma til að gera sér ljóst hvað fólst í þeirri stefnubreytingu sem var verið að gera í málefnum útvarpsins með samþykkt þessa frv.

Ég vil einnig taka það fram, að þeir, sem frv. þetta sömdu, voru 3 menn: þeir Andrés Björnsson útvarpsstjóri, þáulreyndur útvarpsmaður, Benedikt Gröndal form. útvarpsráðs um margra ára skeið, einnig þaulreyndur útvarpsmaður, og dr. Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómari. Þeir, sem sömdu þau lög sem nú er verið að gera tilraun til breytingar á, voru menn sem töluðu af mikilli reynslu og mikilli þekkingu.

Þá má spyrja hverjar þær aðalbreytingar voru sem samþ. voru með samþykkt frv. til útvarpslaga á 91. löggjafarþinginu árið 1970. Meginbreytingin frá eldri lögunum kemur fram strax í 1. gr. þessa frv. þar sem segir: „Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins.“ Enn fremur er tekið fram í aths. við lagafrv. þetta, þar sem upp eru taldar helstu breytingar í frv. frá gildandi l., þá er fyrst áhersla lögð á það af flm. frv. að meginbreyingin sé sú að verið sé að gera Ríkisútvarpið að sjálfstæðri stofnun.

Í grg. með þessu frv. er nánar um þetta fjallað. Þar segir svo um 1. gr., með leyfi forseta: **„Ríkisútvarpið er skv. þessari gr. gert að sjálfstæðri stofnun í eigu íslenska ríkisins.** Það heyrir þó að sjálfsögðu stjórnarfarslega undir menntmrn., eins og fram kemur á viðeigandi stöðum í hinum ýmsu gr. frv. Sú skoðun er mjög útbreidd bæði hér á landi og í öðrum lýðræðisríkjum að áhrifamikil menningarstofnun eins og ríkisútvarp eigi að vera sem sjálfstæðust, en megi ekki mótast af dægurbaráttu um stjórn landsins.“

Síðan er vitnað í útvarpslög ýmissa nálægra landa, svo sem í dönsk útvarpslög, norsk útvarpslög og sænsk útvarpslög, sem öll ganga í þá átt að gera útvarpið að sjálfstæðri stofnun sem sé sem óháðust dægurbaráttu um stjórn landsins. — Þetta er meginbreytingin sem gerð er í l. frá 1971, og þetta er sú meginbreyting **sem verið er að reyna að hnekkja nú.**

Það gefur auga leið að það kemur til með að ráða miklu um útvarpsreksturinn og sjálfstæði útvarpsins hvernig því er stjórnað og þá fyrst og fremst hvernig því er stjórnað af útvarpsráði sem á að vera yfirstjórn dagskrárgerðar og bera ábyrgð á henni í heild. Um þetta eru nákvæm fyrirmæli í gildandi lögum.

Þá er einnig í grg. með frv. rakin þróun kosninga útvarpsráðs og komist að þeirri niðurstöðu að sá háttur, sem hafður hafi verið á upp á síðkastið, þ. e. a. s. að Alþ. kjósi útvarpsráð, sé sá háttur sem reynslan hafi sýnt að hafi best gefist. En það er einnig tekið skýrt fram í gildandi lögum hvert hlutverk útvarpsráðsins skuli vera. Segir m. a. svo í 3. gr. að útvarpið eigi að miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs **svo og við þarfir og óskir minni hl. sem meiri hl.** Þá er *einnig* þess getið sérstaklega í aths. við frv., við þennan lið, hvernig útvarpsráðið eigi að sinna þessari skyldu sinni. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í 2. málsgr. er svo kveðið á að útvarpsefni skuli miða við fjölbreytni íslensks þjóðlífs þannig að sérstakt tillit sé tekið til tungu og menningararfs hinna dreifðu byggða, ólíkra atvinnuvega og alþýðumenntunar. Miða skal og við þarfir og óskir minni hl. sem meiri hl., og er því fyrir það girt að höfðatöluregla verði ein allsráðandi um efnisval, enda er margt hið besta efni sniðið fyrir takmarkaða hópa landsmanna.“

Þetta segir í aths. við 3. gr. í grg. með frv., svo að það fer ekkert á milli mála hvað Alþ. var að gera þegar það samþ. þessi útvarpslög eftir að hafa athugað frv. um þau á tveimur þingum.

Það hefur komið fram hér nokkur gagnrýni á það að útvarpsráð skuli, eins og tekið hefur verið til orða, ritskoða dagskrárefni. Í *mínum* huga er hlutverk útvarpsráðs það sama og hlutverk ritstjóra á dagblaði. Útvarpsráð á að sjálfsögðu að velja og hafna. Útvarpsráð á að sjálfsögðu að ritstýra sinni stofnun. Menn geta kallað það ritskoðun ef þeir vilja, en það er

meginhlutverk útvarpsráðs að velja og hafna úr dagskrárliðum, gera athugasemdir við það, sem það telur miður fara, og hvetja til þess, sem það vill að betur verði gert. Ég tel rangt að kalla slíkt framferði ritskoðun. Þetta er eðlilegt viðfangsefni útvarpsráðs.

Með því frv. til l., sem hér liggur fyrir til umr., er gerð tilraun til þess að breyta aftur í sama gamla farið, hverfa aftur til fortíðarinnar, hnýta Ríkisútvarpið enn meir og enn aftur við flokkapólitík hvers tíma eins og hún kemur fram í þingmeirihluta og þingminnihl. Hver er ástæðan fyrir því að á að gera þetta nú? Sumir segja að ástæðan sé sú gagnrýni sem komið hefur fram á núverandi útvarpsráð og störf þess. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson benti á það í ræðu sinni í Ed. um þetta mál að þriggja ára reynsla af einu útvarpsráði væri ekki næg til þess að skera úr um reynslu af því grundvallaratriði sem markað var í útvarpslögunum er sett voru á 91. löggjafarþinginu 1971.

Það hefur yfirleitt reynst svo, að hvernig sem útvarpsráð hefur verið skipað hefur það mátt þola gagnrýni. Menn eru ávallt mannlegir, menn velja og hafna eftir sínum skoðunum. Þannig er um okkur alla, þannig er líka um útvarpsráð, og ég man ekki til þess að ekki hafi verið deilt meira eða minna um úrskurði og um störf útvarpsráðs án tillits til þess hverjir þar hafa setið.

Þá er einnig sagt að minnihlutahópum sé gert of hátt undir höfði í Ríkisútvarpinu. Það er sagt að þar gæti of vinstri sinnaðra sjónarmiða. Ég vil leyfa mér að benda á það, að eftir 3 ára setu þessa útvarpsráðs, sem svo mjög er átalið fyrir að vera að ala landslýðinn upp í of vinstri sinnuðum skoðunum, vann Sjálfstfl. sinn mesta kosningasigur um margra ára bil. Ég er því hræddur um að reynslan af starfi útvarpsráðs að þessu leytinu til sé svolítið öfug við það sem þeir ágætu sjálfstæðismenn halda fram. Ég vil skjóta því að þeim ágætu sjálfstæðismönnum, að vel má vera að ef þeir fá útvarpsráð sem rekur kannske þá stefnu sem þeir heldur kysu, þá kynni svo að fara að það reyndist þeim ekki jafngott veganesti í kosningabaráttuna og núv. útvarpsráð hefur reynst þeim.

Þótt vera kunni að einhver mistök hafi verið gerð af útvarpsráði því, sem nú situr, þá réttlæta þau ekki að gerð sé sú stefnubreyting sem ráð er fyrir gert í frv. því til l. sem hér liggur fyrir. Þau réttlæta það ekki að eftir aðeins 3 ára reynslu af Ríkisútvarpinu sem sjálfstæðari stofnun en það hefur áður verið sé aftur horfið til hins gamla tíma, enda býður mér í grun að stefnubreyting sú, sem hér um ræðir, sé ekki megintilgangurinn með flutningi þessa frv. Ég tel að tilgangurinn sé frekar sá að fá færi á því að skipta um þá einstaklinga, sem nú sitja í útvarpsráði, og setja aðra í staðinn. Stefnubreytingin sé hins vegar notuð sem ástæða til þess að geta gert þetta nokkrum mánuðum eða einu ári fyrr en ella hefði gefist tækifæri til. Ég tel og ég er sannfærður um að núv. hæstv. ríkisstj. eigi lengri setu fyrir höndum en aðeins eitt ár, og ég held að það mundi ekki skaða hana, hvorki varðandi aðstöðu hennar til að koma sínum skoðunum á framfæri né heldur í áliti almennings, þótt hún biði rétts tíma til að skipta um þá menn í útvarpsráði sem hæstv. ríkisstj. líkar ekki við.

Því hefur verið haldið fram að ástæðan til þess, að þetta frv. sé lagt fram nú, sé sú, að útvarpsráð eigi ávallt að vera sem nánust og sem gleggst spegilmynd af Alþ. því sem situr hverju sinni. Þetta er rangt. Þetta er ekki tilgangurinn. Tilgangurinn er sá að útvarpsráðið verði spegilmynd af þeirri ríkisstjórnarsamsetningu sem á hverjum tíma er. Lítill flokkur, sem situr í ríkisstj., getur fengið fulltrúa í útvarpsráði skv. þessari tilhögun, þótt hann geti ekki fengið hann ef hann situr í stjórnarandstöðu, vegna þess að þingstyrkur hans er ekki nægilegur. Þá er spurning, fyrst þetta er tilgangurinn, að meiri hl. útvarpsráðs eigi að vera skipaður eins og ríkisstj., er þá ekki rétt að stiga sporið til fulls og láta ríkisstj. hreinlega skipa útvarpsráð án þess að Alþ. komi þar nokkuð nálægt?

Ef það er rétt að útvarpsráð eigi að vera spegilmynd af Alþ., þ. e. a. s. það eigi að skipa útvarpsráð að nýju eftir hverjar kosningar, hvað þá um aðrar n. sem Alþ. kýs? Á ekki sama lögmál að gilda um þær líka? Á hinu háa Alþ. hefur verið dreift bæklingi sem heitir „Stjórnir, nefndir og ráð ríkisins árið 1973". Í lauslegri samantekt minni kemur í ljós að þar eru alls 34 stjórnir, nefndir og ráð sem Alþ. kýs, 34 með útvarpsráði, 33 fyrir utan útvarpsráð. Ef á að taka upp þann sið að sérhvert nýtt Alþ. eða jafnvel sérhver ný ríkisstj. velji sér sinn meiri hl. í útvarpsráði, á þá ekki sama lögmál að gilda um hinar 33 n. sem eins eru kosnar? Ég vil nefna nokkrar n. í þessu sambandi. Hvað t. d. um stjórnarskrárnefnd, hvað um byggðanefnd, hvað um stjórn Viðlagasjóðs. Eru þetta ekki valdamiklar stofnanir í þjóðfélaginu? Er þá ekki jafnrík ástæða til þess, ef ástæða er til þess að ríkisstjórn hafi meiri hl. í útvarpsráði, að hún hafi líka meiri hl. í þessum þýðingarmiklu stofnunum? Hvað um bankaráð Búnaðarbanka Íslands, sem einnig er kosið af Alþ. til 4 ára? Væri ekki rétt þá líka, til þess að samræmi væri í stefnunni, að breyta l. um Búnaðarbanka Íslands þannig að bankaráðið beri að kjósa af hverju nýju Alþ. eða skipa af hverri nýrri ríkisstjórn? Hvað um húsnæðismálastjórn? Það er þýðingarmikil stofnun, sem hefur mikil áhrif í samfélaginu. Er ekki nauðsynlegt að sama regla gildi um húsnæðismálastjórn og á að gilda um útvarpsráð? Hvað um tryggingaráð? Er ekki nauðsynlegt að gera sams konar breyt. gagnvart því? Hvað um stjórnir eins og stjórn Kísiliðjunnar, stjórn Sementsverksmiðju ríkisins, orkuráð og stjórn Landsvirkjunar? Allar eru stjórnir þessara stofnana kosnar af Alþ. eins og útvarpsráð. Ef ríkisstj. telur nauðsynlegt að tryggja sér ávallt og á öllum tímum hreinan meiri hl. í útvarpsráði, þarf hún þá ekki líka að tryggja sér með sama hætti öruggan meiri hl. í stjórnum þessara stofnana? Hvað um bankaráð Seðlabanka Íslands? Hvað um bankaráð Landsbanka Íslands? Hvað um bankaráð Útvegsbanka Íslands? Eiga ekki sömu reglur að gilda hér og um útvarpsráð? Eigum við að fara að taka upp, fyrst við þurfum að taka upp þessa

reglu gagnvart útvarpsráði, þá reglu gagnvart öllum meiri háttar stjórnum og stofnunum og ráðum í okkar þjóðfélagi, taka upp bandarísku regluna um að skipta um allt niður í póstmeistara á hverjum stað þegar ný ríkisstj. tekur við?

Ef við gerum þetta, hvernig fer þá fyrir okkur ef svipað ástand er í vændum og var á áratugnum milli 1950 og 1960 þegar ný ríkisstj. kom að völdum annað eða þriðja hvert ár? Slíkar ríkisstj. munu varla komast fram úr því eina verki, að reka menn úr stofnunum og stjórnum og ráða nýja.

Þeir voru margir sem fögnuðu því út af fyrir sig þegar í embætti menntmrh. valdist valinkunnur maður, sem er á sinn hátt í annan stakk búinn en menntmrh. sem verið hafa hér um nokkuð langan aldur. En því miður virðist svo hafa farið að því, sem fyrirrennarar hans hafa gott gert í sambandi við Ríkisútvarpið, þ. e. a. s. að gera það að sjálfstæðri stofnun, eins sjálfstæðri stofnun og slík stofnun á að vera, hefur hann nú því miður látið einhverja menn tala sig til að breyta til verri vegar. Ég vænti þess fastlega að hæstv. menntmrh. endurskoði þá afstöðu sína að knýja fram breyt. á útvarpslöggjöf til þess eins að geta skipt um menn í útvarpsráði nokkrum mánuðum áður en það ætti að gera með eðlilegum hætti. Ég vænti þess fastlega að hæstv. ráðh. endurskoði þá ákvörðun sína, einfaldlega vegna þess að ég veit að fjölmargir þeirra, sem óánægðir eru með störf núv. útvarpsráðs og hafa harðlega gagnrýnt það, eru á öndverðum meiði við menntmrh. um að sú gagnrýni sé næg ástæða til þess að skipta um útvarpsráð fyrr en gildandi lög heimila og gera þar með þá kerfisbreyt. aftur á bak til gamalla viðhorfa sem afnumin var með lögum er sett voru fyrir 3 árum.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég furða mig á því að hér skuli ungir þm. standa upp og hræðast það mest að nú skuli eiga að breyta einhverju, hér skuli hugsanlega þurfa að kjósa í eitthvað og hér skuli hugsanlega koma til greina að nýir menn komi til skjalanna. Ég satt að segja skil ekki svona hugsunarhátt, enda e. t. v. ekki búinn að vera á þingi nægilega lengi til þess að skilja eðli og tilgang bitlinga, né skilja eðli og tilgang þess að sitja í ráðum og stjórnum til þess að útdeila peningum, dagskráratriðum o. s. frv. Ég vona að ég verði aldrei það lengi á þingi að ég tileinki mér þann hugsunarhátt að það megi aldrei breyta neinu, aldrei hreyfa við neinu, það sé eitthvað óttalegt eða glæpsamlegt.

Út af því, sem hv. 8. landsk. þm. sagði áðan, að það hlyti að vera skelfilegt fyrir Sjálfstfl. að missa núv. útvarpsráð vegna hins glæsilega kosningasigurs s. l. sumar, sem hann vildi þakka m. a. umræddu útvarpsráði, þ. e. óvinsældum þess, þá vil ég aðeins segja þetta: Það er alls ekki hugsun okkar, sem erum stuðningsmenn þess máls sem hér er til umr., að vera að gera þessa breyt. vegna Sjálfstfl., nema síður sé. Við erum að gera þetta vegna fólksins í landinu og vegna þess að við höfum sannfæringu fyrir því, að með því að gera það séum við að gera rétt, eins og ég mun koma að hér á eftir.

Ég vil segja það við hv. 5. landsk., Kjartan Ólafsson, að það er enginn glæpur að vilja breyta um kosningafyrirkomulag á útvarpsráði. Og það er alveg ástæðulaust fyrir Alþb.-menn að tala með ofsa í þessu máli þó að við nokkrir sjálfstæðisþm. leyfum okkur að halda því fram að það eigi að kjósa að nýju í útvarpsráð skv. því lagafrv. sem hér liggur fyrir. En ég vil víta hann, hv. þm., fyrir að ráðast að manni utan Alþ. með svigurmælum og dylgjum fyrir starfa hans hérlendis. Þar réðst hv. þm. á mann sem hefur enga möguleika til þess að bera hönd fyrir höfuð sér hér á hv. Alþ., bæði gagnvart umr. hér og því sem skráð er í bækur Alþ. Ég spurði eldri þm. að því áðan hvort slíkt tíðkaðist yfirleitt í sölum Alþ., og hann sagði: Nei, þetta er ámælisvert. Hv. þm. getur notað Þjóðviljann til þessarar iðju, svo sem hann hefur gert hingað til.

Hv. 5. landsk. sagði að núv. útvarpsráð hefði verið lýðræðislegra og betra að því leyti, að það hefði hleypt öllum að, það hefði enginn verið útilokaður að koma fram í útvarpi eða sjónvarpi vegna gerða þessa útvarpsráðs. Þetta er ekki rétt, og ég vil segja við hv. þm. að þetta útvarpsráð hefur ekki verið frábrugðið öðrum útvarpsráðum í því efni að útiloka eða torvelda að menn gætu komið fram, hvort sem væri í hljóðvarpi eða sjónvarpi. Það er nefnilega hægt að gera með ýmsum hætti. Menn geta óskað eftir því t. d. að koma í „Daginn og veginn", en fá aldrei svar við því. Þeir geta talað við starfsmenn útvarpsins, sem eiga að fjalla um dagskrána, og fengið það svar: Jú, ég er búinn að greina frá nafninu, þú ert kominn á listann, en útvarpsráð hefur ekki tekið afstöðu eða útvarpsráð hefur raðað listanum þannig upp að viðkomandi kemur raunverulega ekki til greina. — Þetta hefur verið gert af núv. útvarpsráði og mun hafa verið gert af fyrri útvarpsráðum. (**Gripið fram í:** Nokkur dæmi?) Ég get nefnt hv. alþm. dæmi, en tel það óþarft á þessu stigi, hann veit að það sem ég segi er rétt. En ég er sammála hv. þm. í því, að það á að koma í veg fyrir slíka valdbeitingu, hvort sem útvarpsráð er kosið skv. núgildandi l. eða skv. þeirri lagabreyt. sem hér er til umr. Ég er sammála honum einnig í því, og tek undir það, að auðvitað á útvarpsráð ekki að vinna þannig að minnihlutahópar séu útilokaðir eða einstaklingar með skoðanir, sem eru kannske andstæðar meiri hl., fái þar ekki fram að koma. Undir það tek ég. En ég verð að segja það, að því miður hefur það útvarpsráð, sem var kjörið til þess að vera sjálfstætt og óháð, gjörsamlega brugðist sínu hlutverki og þeim vonum sem bundnar voru við það fyrirkomulag sem upp var tekið 1971.

Út af því sem hv. 5. landsk. sagði um 1. des. og dagskrána, sem stúdentar voru með, og þeirri yfirlýsingu hans, að hann hefði ekki verið ánægður með þessa dagskrá, þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því að Kjartan Ólafsson, 5. landsk., er nú einn af ritstjórum Þjóðviljans. Ég minnist þess að það kvað við annan tón í leiðara Þjóð-

viljans eftir þennan atburð, þegar Þjóðviljinn **var að setja ofan í við Morgunblaðið fyrir það** að Morgunblaðið skyldi hafa mótmælt eða gert aths. við það ofstæki sem kom fram hjá stúdentum umræddan dag, þannig að ekki fara alveg saman leiðaraskrif Þjóðviljans um þennan atburð og ummæli hv. þm. áðan.

Því miður er hv. 3. þm. Reykv. farinn af fundi. Það hefði verið ærin ástæða til að mæla nokkur orð til þess ágæta manns, því hann lagði út af orðunum ofstæki. Hann talaði einnig um að ef Alþ. leyfði sér að samþ. það lagafrv., sem hér er til umr., fyrir jól, þá skyldi honum að mæta **og öðrum sem hann taldi sig hafa ráð yfir. Ég** mun ekki eyða orðum á þennan ágæta þm., þar sem hann hefur horfið úr þingsal og úr húsinu, en ég vil aðeins segja þetta: Það er þýðingarlaust fyrir hann eða aðra hv. þm. að vísa til þess að allir alþm. hafi greitt núgildandi fyrirkomulagi um kosningu útvarpsráðs atkv. sitt árið 1971. Mig gildir það einu þótt þeir hafi allir greitt þessu atkv. Ég leyfi mér að hafa aðra skoðun og halda henni fram án þess að **flokka það undir glæpsamlegt athæfi. Samviska** mín bíður mér það, vegna þess að núv. fyrirkomulag hefur reynst illa og undir núv. útvarpsráði hefur útvarpið og sjónvarpið verið misnotað herfilega. Í gegnum þessa fjölmiðla hefur verið traðkað á tilfinningum og siðgæðisvitund meginþorra þjóðarinnar. Ég vísa til þess sem átti sér stað 1. des. Ég vísa til þess þegar barnatíminn var notaður til þess að kasta aur að ákveðinni stétt manna. Og það er hægt að vísa á fleiri dæmi því til sönnunar sem ég hef sagt. Niðurstaða mín er sú, að útvarpsráð hefur ekki staðið í stöðu sinni, og það má birta í Þjóðviljanum. Það flokkast ekki undir neitt skelfilegt að þora að hafa afstöðu og segja mönnum, ef þörf krefur, að þeir hafi ekki staðið sig. Og það er ekki endilega gott að segja hér, eins og hv. 5. landsk. sagði áðan: Það hefur enginn verið rekinn frá útvarpi eða sjónvarpi. Það getur stundum verið nauðsynlegt að víkja mönnum úr starfi. Það á við um fyrirtæki, stofnanir og yfirleitt alla starfsemi. Ef einhver stendur ekki í stöðu sinni, þá á hann að víkja. Það flokkast **ekki undir það að menn séu að gera eitthvað** óeðlilegt, þeir eru að gera skyldu sína. Þetta þekkjum við sem höfum unnið úti í atvinnulífinu á mörgum vinnustöðum, þar sem við höfum orðið að standa og falla með okkar eigin verk**um. Fyrir okkur er það ekkert skelfilegt að** þurfa að skipta um starf eða hverfa úr stöðu.

Ég vil aðeins segja það, að því miður hefur núv. útvarpsráð stuðlað að ofstæki og örvað **ofstæki og ég vil segja unnið gegn borgaralegu siðgæði, sem er eitur í beinum Þjóðviljamanna,** gegn manneskjulegum viðhorfum, gegn íslenskri menningu og íslenskri erfð. Hafa hv. þm. gleymt 1. des. s. l. — ég spyr? Fór velþóknun Þjóðviljans, blaðs hv. 5. landsk. og 3. þm. Reykv., á þeirri svívirðu, sem þjóðinni var gerð í gegnum Ríkisútvarpið, e. t. v. fram hjá hv. alþm.? En það sem skiptir máli er þetta: Þjóðin tók eftir ofstækinu, og við, sem lesum Þjóðviljann, sáum hversu þóknanlega Ríkisútvarpið var notað þann dag í andíslenskum áróðri. Ég vil þó segja 5. landsk. þm. það til málsbóta, að hann lýsti yfir að hann persónulega hefði ekki verið ánægður með daginn.

Ég get því miður ekki talað þau orð til 3. þm. Reykv., er ég hefði viljað, vegna fjarveru hans, **en hann notaði sinn kansellístíl, þann valds**mannstón, dulbúnar hótanir o. s. frv. sem hv. þm. hlýddu á fyrr í kvöld, svo að ég læt það liggja á milli hluta sem ég hefði viljað segja **um það sem hann sagði hér í kvöld. En eitt get** ég þó ekki komist hjá að segja varðandi það atriði þegar hv. 3. þm. Reykv. var að víkja að því að menn yrðu að þola aðra. Þessi hv. þm. er því miður þekktur fyrir allt annað en að sýna öðrum umburðarlyndi. Það nægir að vísa í ræður hans á hæstv. Alþ. og skrif hans í Þjóðviljanum á undangengnum árum. Hins vegar viðurkenndi hv. þm. að það væri ekki hægt að útiloka pólitíska afstöðu manna eða skoðanir í útvarpsráði. Það er auðvitað rétt. Ég er sammála **honum í því að það eigi ekki að nota útvarpsráð** þannig að þeir menn, sem skipa útvarpsráð, séu eins og pólitískir varðhundar flokkanna. Það er laukrétt, og ég tek undir það. Hins vegar verð ég að segja það, að bæði hann og aðrir hv. þm., sem kunna að vera á móti því sem við segjum hér í þessu máli og öðrum, skulu láta af dulbúnum hótunum og tala um að ef ekki verði látið að vilja þeirra, eins og t. d. varðandi það mál sem hér um ræðir, að ef þetta mál fái afgreiðslu fyrir jól, þá skuli eftirleikurinn verða óvandur. Nei, góðir þm., svona karlar og svona vinnubrögð eru úrelt og bíta ekki alla. Hótanir duga ekki á það fólk sem hefur þurft að taka þátt í harðri baráttu utan þingsala. Það getur vel verið að slíkar hótanir dugi vel í skilmingaleik æfðra atvinnustjórnmálamanna, en þær duga ekki á okkur hina.

Út af ummælum hv. 8. landsk. um kosningar í ráð, stjórnir og n. hins opinbera vil ég segja þetta: Það er skoðun mín að það eigi að kjósa í öll slík ráð, allar slíkar stjórnir og allar slíkar n. eftir hverjar alþingiskosningar. Það er ekkert óttalegt við það að mínu mati. Það á ekki að vera neitt óttalegt eða skelfilegt að skipta um menn ef meiri hl. breytist á Alþ. og jafnvel þó að hann breytist ekki. Þessi ótti við breyt., þessi ótti við að kjósa, þó að væri tvisvar, þrisvar á fjórum árum, er nefnilega rótgróin afleiðing þess illa kerfis sem við raunverulega búum við, þessa margslungna og vel ofna kerfis allra flokka. Það er enginn flokkur þar undanskilinn.

Ég vil síðan varpa fram þeirri spurningu til hv. þm. sem eru á móti því lagafrv. sem hér er til umr.: Var það raunverulega tilgangurinn með lagabreytingunni 1971 að kjósa útvarpsráð sem skyldi hafa alræðisvald í 4 ár óháð öllu sem í kringum það skeði? Mér finnst það furðulegt þegar haft er í huga hversu áhrifamiklir þessir fjölmiðlar eru, útvarpið og sjónvarpið. Ég trúi því ekki að menn hafi ætlast til þess.

Mér finnst að mörgu leyti að verið sé að gera úlfalda úr mýflugu þegar verið er að tala gegn því frv. sem hér er á ferðinni. Ég hef alltaf litið svo á og lít enn þannig á, að hlutverk útvarpsráðs sé að gæta fyrst og fremst hlutleysis, gæta þess að í gegnum þessa fjölmiðla fari ekki

hlutdrægt efni. Ég er einnig þeirrar skoðunar, að útvarpsráð eigi ekki að hafa bein afskipti af dagskrá eða efnisvali í útvarpi og sjónvarpi.

Hjá útvarpi og sjónvarpi er mikið af hæfu og góðu starfsfólki. Það er aldrei talað um það. Það er alltaf verið að tala um þá pólitíkusa sem við kjósum í útvarpsráð. Hvað sem hver segir í þessu máli, þá er það staðreynd, það er aldrei talað um starfsfólkið sem vinnur hjá útvarpinu og sjónvarpinu. Mín skoðun er að aðalatriðið sé að það starfi gott fólk hjá þessum stofnunum, sem fái að starfa í friði fyrir okkur pólitíkusunum. Okkur, segi ég, ég geri ráð fyrir því að hver maður fái sömu tilhneiginguna til ræðumennsku **eftir því sem hann situr lengur á hæstv. Alþingi.** Aðalatriðið er að þetta fólk fái að njóta sín, og það er aðalatriðið fyrir íslensku þjóðina, fyrir **fólkið sem á að njóta þessara fjölmiðla, að þarna** sé hæfileikafólk. En það fær ekki hæfileikafólk til starfa á þessu sviði ef það fær ekki að vinna í friði fyrir stjórnmálamönnum, úr hvaða flokki sem þeir koma.

Nei, góðir hv. þm., í þessu máli hefur því miður verið notað of mikið pólitískt glamur og sýndarmennska hjá sumum ræðumanna, alla vega hér í kvöld. Ég vil undirstrika, að með þeirri skipulagsbreytingu, sem hér um ræðir, er stefnt að minni beinum afskiptum útvarpsráðs og auknu sjálfstæði starfsmanna þessara stofnana með því að hverfa til gamla formsins. Með því hugarfari styð ég umrætt lagafrv. Þá yfirlýsingu gef ég hér. Ég efast ekki um að hv. þm., sem eru á móti þessu, muni reyna að snúa út úr þessum ummælum mínum, en þetta er mín skoðun og sannfæring. Ég er einnig sannfærður um að með skipulagsbreytingu þeirri sem hér um ræðir, að kosið skuli útvarpsráð eftir hverjar alþingiskosningar, muni starfsmenn útvarps og sjónvarps njóta sín betur en nú er reyndin.

Svo er það annað mál, að hvað sem líður yfirlýsingum um kosningafyrirkomulag það sem upp var tekið 1971 um óháð hlutlaust útvarpsráð, þá var það kosið 100% pólitískri kosningu á Alþ. 1971. Hver einasti útvarpsráðsmaður var flokkslega eyrnamerktur, hver einasti. Þetta er staðreynd. Það er hræsni að halda því fram að útvarpsráðsmenn kjörnir 1971 hafi ekki allir verið kosnir á grundvelli flokkspólitískra kosninga. En ef menn vilja leika sér að því að bera blekkingar á borð og telja sjálfum sér og öðrum trú um að svo hafi ekki verið, verði þeim að góðu. Ég tek ekki þátt í þeim skrípaleik.

Það vill nú svo til að þeir menn, sem voru kosnir í útvarpsráð 1971, munu allir vera flokksbundnir og ekki aðeins það, þeir hafa flestallir verið mjög virkir þátttakendur í hinum ýmsu stjórnmálaflokkum. M. a. er einn hv. þm. í Ed., situr þar í forsæti. Annar var frambjóðandi **í síðustu alþingiskosningum og situr í miðstjórn** annars stjórnmálaflokks o. s. frv. Ég spyr: Skyldu þessir menn afklæðast algerlega flokksbúningnum þegar þeir koma á útvarpsráðsfund? Ég svara bara fyrir mig og segi: Ég veit að þeir gera það ekki og sá, sem heldur öðru fram, fer með vísvitandi blekkingar, gegn betri vitund. Það er einnig rangt og vísvitandi ósannindi að halda því fram að núverandi útvarpsráð hafi ekki verið pólitískt í störfum sínum. Ég hef þegar nefnt nokkur atriði máli mínu til sönnunar um það efni og ég vísa einnig til ýmissa dagskrárliða sjónvarps og útvarps á s. l. þremur árum. Vitað er að sumir útvarpsráðsmenn hafa haft bein afskipti af dagskrárefnum í stað þess að láta ráðna starfsmenn sjá algerlega um efnisútvegun og framkvæmd dagskrár. Sumir útvarpsráðsmenn leyfðu sér að taka undir og leggja blessun sína yfir árásir á ákveðnar stéttir manna sem höfðu enga möguleika til að bera hönd fyrir höfuð sér.

Nei, því miður kom í ljós að tilraunin með hið óháða og sjálfstæða útvarpsráð, sem farið var af stað með 1971, hefur gjörsamlega mistekist. Núv. útvarpsráð hefur verið hlutdrægt, mjög hlutdrægt, því miður. Meiri hl. var ákveðinn í upphafi síns ferils að boða landsmönnum ákveðna stefnu í menningar- og þjóðfélagsmálum, og **það hefur ekki farið fram hjá þeim sem hafa** hlustað á útvarpið eða horft á sjónvarpið að staðaldri. Sú stefna byggðist ekki á trú íslendinga á því þjóðskipulagi eða þeirri menningu sem íslenskt þjóðfélag hefur byggst á. Leitað var í ríkum mæli í aðrar áttir eftir efni sem hafði ákveðinn boðskap að flytja, boðskap sósíalismans, en það er boðskapur sem er íslensku þjóðinni mjög ógeðfelldur og gagnvart honum var þjóðin ónæm. Þetta er sannleikurinn, og þetta er sannleikurinn sem ekki má segja skv. kennisetningum hv. 5. landsk. þm., án þess að á menn sé ráðist og sagt að hér sé um Morgunblaðsofstæki að ræða. En í síðustu alþingiskosningum tók þjóðin sjálf af skarið. Hún hristi af **sér þetta ok með eindregnum kosninganiðurstöðum og alþb.-menn verða að þola það að þjóðin óskaði ekki eftir þeim boðskap sem þeir hafa verið að reyna að flytja okkur í gegnum sjónvarp og útvarp undanfarin ár.**

Ef hægt er að ráðast að mönnum fyrir að segja sannleikann frammi fyrir hv. alþm. Alþb., þá verður að hafa það, ef þeir bregðast svo við sem við höfum horft hér á í kvöld. Íslenska þjóðin vildi nýja ríkisstj. og hún vildi nýja stefnu sem var meira og betur í samræmi við íslenskan og þjóðlegan hugsunarhátt. Það þarf ekki að flytja inn stefnur fyrir okkur íslendinga, við eigum nægilega góða menningu til þess að standa á. Íslenska þjóðin þarfnast ekki pólitísks uppeldis eða leiðsagnar frá hinum nýju sósíalísku uppalendum sem mynda meiri hl. í núverandi útvarpsráði. Þetta er kannske of hreinskilið sagt, en ég vona að það sé þá ágætur matur fyrir hv. 5. landsk.

Þess vegna segi ég hiklaust að það er óhjákvæmilegt að breyta til hins fyrra horfs og kjósa útvarpsráð eftir hverjar alþingiskosningar. Það getur vel verið að hv. þm. Alþb. takist að hóta mönnum svo hér á hæstv. Alþ. að menn treysti sér ekki til að afgreiða þetta mál sem skyldi nú. En þá vil ég aðeins segja þetta: Það er þeim ekki til sóma að vera með hótanir þótt menn vilji halda til streitu skoðunum sínum og sannfæringu, þótt þær séu mjög andstæðar skoðunum Alþb.-manna. Svo skulum við, ágætir þm., minnast þess og hafa það hugfast, að útvarpsráð er ekki eingöngu til þess kjörið að gæta pólitísks hlutleysis, heldur er það einnig og fyrst og fremst til þess kjörið að gæta þess að

fólkið í landinu fái notið þessara fjölmiðla í samræmi við óskir þess og þarfir. Því miður líta allt of margir stjórnmálamenn á opinberar stofnanir sem eitthvert góss, sem sé fyrir þá og nánustu fylgismenn þeirra. Það gleymir að almenningur, fólkið í landinu, á öll opinberu fyrirtækin og stofnanirnar, en ekki pólitískir refir eða dulbúnir skoðanabræður þeirra.

Ég treysti því að Alþ. geti eftir hverjar kosningar kosið útvarpsráð í samræmi við vilja meiri hl. þjóðarinnar. Ég treysti því að þannig kjörið útvarpsráð geti, frekar en það útvarpsráð sem kjörið var á grundvelli gildandi laga, gætt betur fyllsta hlutleysis og verndað einstaklinga og stéttir manna frá árásum öfgafólks sem hefur misnotað þessa fjölmiðla herfilega og sært þjóðernislegar tilfinningar meginþorra þjóðarinnar. Ég treysti því að útvarpsráð, kjörið eftir hverjar alþingiskosningar, geri starfsmönnum útvarps og sjónvarps kleift að vinna sjálfstætt og óháð að þeim mikilvægu verkefnum, sem þetta fólk innir af hendi, ekki fyrir stjórnmálamennina eða stjórnmálaflokkana, heldur fyrir íslensku þjóðina.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Það mun nú alldregið af þingheimi, svo áliðið sem orðið er, enda skal ég ekki halda þessum umr. áfram lengi. Það vill svo til að tveir ræðumanna hér, hv. 11. þm. Reykv. og hv. 6. landsk., hafa sagt að meginefni það sem ég vildi sagt hafa, þannig að ég get orðið stuttorð hér. Ég vil aðeins gera grein fyrir atkv. mínu, hvers vegna ég styð umrætt lagafrv.

Mér er óskiljanleg sú mótsögn sem kemur fram í málflutningi andófsmanna þessa frv. sem vilja að útvarpsráð sé kjörið af Alþ., en telja það óhæfu að ráðið sé kjörið að nýju þegar nýtt Alþ. kemur saman og ný ríkisstj. tekur við völdum. Þetta er einkennileg mótsögn úr því að við á annað borð höfum meðtekið þessa skipan. Þar fyrir vil ég lýsa yfir að ég er ekki ánægð með hana. Ég vildi miklu fremur að útvarpsráð væri kjörið algerlega ópólitískt, til þess væru kjörnir menn með alhliða menningarlegan áhuga, frjálslyndi og víðsýni, góða menntun og góðan vilja til þess að reynast dyggir og trúir í starfi. Þegar ég segi: góða menntun, þá á ég ekki endilega við doktora og prófessora, eftir þeim skilningi sem ég legg í orðið menntun, heldur einfaldlega sannmenntaða menn sem láta hlutverk sitt ekki mótast af pólitískum skoðunum umfram það hlutverk sem útvarpsráð hlýtur að vera ætlað í hverju menningarþjóðfélagi, að upplýsa, fræða, mennta og skemmta fólki en troða ekki á framfæri einhverri ákveðinni pólitískri kennisetningu eða kreddu.

Það hefur verið sagt hér að útvarpslögunum hafi verið breytt 1971 til að stefna í þessa átt. Það var vissulega viðleitni í rétta átt að gera það óháðara, frjálslyndara og óbundnara pólitískum valdahlutföllum á Alþ. eða í þjóðfélaginu yfirleitt. Hafi þessi tilraun verið vel meint, þá hljótum við að viðurkenna, því miður, að hún hefur mistekist. Þess vegna er þetta lagafrv. komið fram á Alþ., vegna þess að meiri hl. Alþ. og þjóðinni allri finnst að þessi skipan útvarpsráðs, eins og hún hefur verið undanfarin 3 ár, hafi ekki gefist nógu vel, að meiri hl., sem þarna komst til áhrifa, hafi brugðist þeim trúnaði sem þeim bar að halda sem kjörnir fulltrúar í útvarpsráði.

Það er einlæg sannfæring mín að útvarpið sem stofnun megi ekki og eigi ekki að vera vettvangur pólitískra áróðursafla. Það má ekki vera áróðurstæki eins eða neins stjórnmálaflokks, hvorki svokallaðra hægri afla né þeirra vinstri. Ég verð að segja að ég hef því miður orðið að fallast á það sjónarmið að það hafi ekki verið gætt þess jafnvægis og þeirrar óhlutdrægni sem á að stjórna störfum útvarpsráðs. Maður hefur æ ofan í æ orðið var og óþægilega var við hið gagnstæða.

Ég vil leiða hjá mér að tala um 1. des. hátíðadagskrá íslenskra stúdenta. Ég held að það sé rétt, að það er varla hægt að ásaka útvarpsráð um það, eigi þessi hefð að haldast, að gefa stúdentum orðið á þessum fullveldisdegi þjóðarinnar. Ég vil aðeins segja það, að mikið hefur íslenska stúdenta sett niður frá því sem áður var, þegar íslensk þjóðrækni og þjóðerni var meginstoðin í málflutningi þeirra öllum, hvar sem var og hvenær sem var. En þegar svo er komið að íslenskir menntamenn taka baráttusöng sósialista, Internasjonalinn, fram yfir íslenska þjóðsönginn, þá tel ég að þeir megi tala ofurlítið lægra um þjóðlega reisn og um íslenskt þjóðerni með minni fjálglegheitum.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta, eins og ég lofaði í upphafi, en segja örfá orð vegna þess sem fram kom hjá hv. 8. landsk. um öll ráðin og n. Ég skal ekki fara út í það hér að vega og meta hvort við eigum að hafa sama hátt á. En mér sýnist óendanlega miklu stærra mál hvort útvarpsráð er skipað víðsýnum, frjálslyndum og samviskusömum mönnum en jafnvel þó að það væri bankaráð, stjórn Kísiliðju eða Sementsverksmiðju. Ég held að það sé augljóst mál, að að því er varðar mótun útvarpsins sem voldugs fjölmiðils á allt okkar þjóðlíf og skoðanir, þá er þetta ekki sambærilegt. Annað mál er, eins og hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson tók fram, að hitt kemur vel til álita. Ég er ekki reiðubúin að láta álit mitt í ljós um það. En hitt er víst, og ég vil endurtaka það, að vilji til breyt. núna er til kominn vegna þess að alþjóð hefur blöskrað hvernig útvarpið hefur verið notað í þágu pólitísks valdatafls allt niður í það að reyna að nota það til þess að innræta óþroskuðum börnum vissar pólitískar skoðanir. Þá tel ég, að við séum komin nálægt hættulegri pólitískri spillingu, þegar ríkisútvarp er orðið að innrætingartæki ákveðinna pólitískra skoðana.

Þegar stjórnarandstæðingum nú blöskrar ofstæki og öfgar, þá er það aðeins að gerast að þeir hitta sjálfa sig fyrir. Það er vegna þess að þetta frv. er hér fram borið. Við skulum tala alveg tæpitungulaust um það, vegna þess að það er að gefnu tilefni. Núv. meiri hl. útvarpsráðs hefur brugðist trausti almennings. Og ég vil vona að útvarpsráð verði um ókomin ár betur skipað, verði það af pólitísku flokkunum gert, þá beri þeir gæfu til að velja til þess starfa menn sem þeir treysta í menningarlegu tilliti umfram

pólitíska áróðursmátt. Og ég lýsi því yfir að ég greiði þessu lagafrv. atkv. mitt vegna þess að ég vil að í útparpsráði gæti meira frjálslyndis og víðsýni en gert hefur á s. l. 3 ára tímabili. Ég vil í einlægni vona að næstkjörið útvarpsráð láti víti þess, sem nú hverfur senn af starfsviðinu, sér að varnaði verða.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Þegar þetta mál var tekið á dagskrá hér í gær, seinni hlutann í gærdag, gerði ég aths. og mótmælti þeim vinnubrögðum sem þá var gert ráð fyrir að viðhafa. Hæstv. menntmrh. tók það til greina og mér finnst þess vegna sjálfsagt að sýna þá tillitsemi hæstv. forseta og öðrum að vera stuttorður, og mér finnst það vel til fallið að ég ljúki þá þessari 1. umr. Ég geri ráð fyrir að það séu ekki margir sem eiga eftir að tala, þó að vel megi vera að hæstv. menntmrh. sjái ástæðu til þess að koma upp hér á eftir.

Ég skal segja það strax að ég ætla ekki að fella dóm, hvorki yfir því útvarpsráði, sem nú er, né öðrum þeim útvarpsráðum sem verið hafa. Ég ætla ekki að fella neinn dóm um starfsemi þessara aðila. Ég ætla aðeins að lýsa skoðunum mínum gagnvart því, sem hér er á ferðinni, og því sem ég tel að geti verið hættulegt fordæmi fyrir þá sem á eftir koma.

Ég vil segja það strax að ég hugsa að ég hefði getað trúað flestum, ef ekki öllum, fremur en núv. hæstv. menntmrh. til þess að vera slíkur baráttumaður fyrir þessu frv. eins og hann virðist vera. Ég vil byrja á því — ég vænti að hæstv. menntmrh. heyri það — að spyrja hann sömu spurninga og hann var spurður í hv. Ed. í gær: Telur hæstv. menntmrh að slíkt frv. hefði verið lagt fram hér á Alþ. ef vinstri stjórn hefði verið mynduð að loknum síðustu kosningum? Nú virðist hæstv. menntmrh. vera búinn að fá þann umhugsunarfrest sem hann taldi sig ekki hafa haft í gær þegar hann var að þessu spurður, taldi sig þá ekki geta svarað. Hann sagði í ræðu í kvöld að hann teldi að þessu væri ómögulegt að svara. Nú svarar hann því til að hann teldi það mjög líklegt. (**Menntmrh.:** En ég veit ekkert um það samt.) Nú, þá er dregið í land aftur.

En hvað sem um það er, þá sagði hæstv. menntmrh. áðan að hann hefði skipt um skoðun frá 1971 þegar hann stóð að því að samþ. núgildandi lög að því er varðar útvarpsráð. Ekki færði hæstv. ráðh. nein rök fyrir því, hver væri orsökin að þeim skoðanaskiptum sem hann hafði haft í þessu máli. Vel má vera að hann eigi það eftir, ég bíð þess að heyra ef það kemur fram.

Mér hefur komið það í hug núna hinar síðustu vikur og daga að hæstv. menntmrh. væri svo sannarlega búinn að setja í gang hreinsunardeildina, eins og menn kalla það, því að fátt hefur verið um meira rætt en það, sem gerst hefur í hans rn. að undanförnu, og í áframhaldi af því það frv. sem hér er nú til umr. Ég ætla ekki að ræða það mál sérstaklega, tel ekki ástæðu til þess, en mér kom þetta í hug þegar þetta frv. var lagt fram, vegna þess að ég tel að þetta frv. sé fyrst og fremst flutt til þess að losa sig við þá einstaklinga í útvarpsráði sem nú eru, að því er sumum virðist í stjórnarherbúðunum, þyrnir í augum manna.

Mér finnst það ákaflega hæpið að taka upp þá reglu aftur, sem horfið var frá fyrir 3 árum, að það skuli í hvert skipti sem alþingiskosningar hafa farið fram kjósa nýtt útvarpsráð. Og mér finnst að þetta geti átt við um miklu fleiri stjórnir og ráð stofnana en útvarpsráð, að það sé afar hæpið að taka upp algilda reglu um að það skuli í hvert skipti að afloknum kosningum kjósa nýjar stjórnir og ný ráð. Ég a. m. k. vil ekki líta á allt slíkt með pólitískum augum. Og ég get tekið undir það sem kom fram áðan hjá hv. síðasta ræðumanni, að ég mundi miklum mun frekar fella mig við það, ef hægt væri að finna eitthvert form á því til dæmis í sambandi við kosningu á útvarpsráði að það væri reynt að draga úr pólitískum áhrifum sem þar eðlilega verða meðan kosningafyrirkomulag til þess er eins og það er í dag. Ég hef verið þeirrar skoðunar og hef látið það koma fram, að mér finnst að það sé full ástæða til þess að reynt sé að draga úr pólitísku áhrifavaldi innan stofnana, þannig að ég tel ekki eðlilegt að útvarpsráð sýni endilega styrkleikahlutföll þess meiri hl. sem er hverju sinni á Alþ.

Ég hygg að hv. þm. fari ekki í grafgötur með það, af því sem nú þegar hefur verið sagt, að ég er andvígur þessu frv. sem hér liggur fyrir. Ég tel að ekki hafi verið færð nein það haldgóð rök fyrir því að æskilegt sé að hverfa aftur til þess sem var, að það hafi sannfært mig um að réttlátt sé að breyta nú til. En það eru ekki bara stjórnarandstæðingar hér á Alþingi sem eru þessarar skoðunar, eins og ég hef nú verið að lýsa. Mér fannst bæði ræða hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar og hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur vera að verulegu leyti hnútukast í hv. 3. þm. Vestf., hæstv. forseta Ed., því að hann virðist hafa nákvæmlega sömu skoðun og hér hefur komið fram hjá mörgum ræðumanna í kvöld. Hann er ekki sannfærður um að það sé æskilegt að breyta þessu nú. Hann telur að það hafi ekki neitt komið fram, bersýnilega á þeim 3 árum, sem liðin eru frá því að breytingin var gerð, sem gerir það eðlilegt að breyta til þess sem áður var. Þannig eru a. m. k. til þau sjónarmið innan stjórnmálaflokkanna og sjálfsagt hjá fleirum, sennilega mörgum fleirum en hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, sem falla nokkuð saman við þau viðhorf sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram.

Mér finnst það heldur stór orð, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson viðhafði hér áðan, þegar hann fullyrti að það hefði verið traðkað á siðgæðisvitund almennings í landinu, það hafi verið traðkað á hinu borgaralega siðgæði af núv. útvarpsráði eða meiri hl. þess. A. m. k. treysti ég mér ekki til þess að taka mér í munn svo stór orð, hvorki um núv. útvarpsráð né fyrrv. útvarpsráð. Ég er því ekki hér, eins og ég gat um í upphafi, að dæma núv. eða fyrrv. útvarpsráðsmenn. Ég held að stóryrði í þessum efnum þjóni engum tilgangi. Menn eiga að geta rætt þetta á málefnalegum grundvelli og gert grein fyrir skoðunum sínum.

Ég vil taka það alveg skýrt fram, af því að það hefur verið nokkuð rætt hér um það sem gerðist 1. des. s. l., að það er langt frá því, að ég hafi verið ánægður með það sem þar kom fram. Ég tek undir það, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, að mér finnst að íslenska stúdenta setji niður við slíka meðferð mála. En ég vil ekki og tel ekki að það sé með neinum hætti hægt að ásaka núv. útvarpsráð fyrir þetta. Hér er um að ræða aðila innan Háskóla Íslands sem hlýtur að bera ábyrgð á því sem þarna fór fram. Ég held að það sé með engum hætti hægt að draga núv. útvarpsráð fram sem sökudólg í þeim efnum sem þarna er um að ræða. Þar eru aðrir aðilar sem hljóta að svara fyrir.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson spurði hvort það hafi virkilega verið tilgangur þeirra sem stóðu að þessari breyt. 1971 að þessir aðilar fengju alræðisvald í 4 ár? Auðvitað hlýtur það að hafa verið tilgangur þeirra manna, sem breyttu þessum lögum á þann hátt að útvarpsráð yrði kosið til 4 ára, að sú kosning gilti þann tíma. Ég held að það hljóti að hafa verið. Og mér fyrir mitt leyti finnst það ekki óeðlilegt í starfi sem þessu, sem ég a. m. k. held að sé ærið starf og taki nokkurn tíma að komast inn í og sinna þannig að vel sé, og það sé ekki æskilegt að vera með tíðar breyt. í mannavali í sambandi við svona starfsemi. Það gætu komið upp þau tilfelli, hafa komið upp og geta það enn, ef menn vilja endilega miða þetta við kosningar. Kosningar geta verið tíðar og því a. m. k. spurning hvort það sé stigið inn á rétta braut að breyta því, sem hér um ræðir, til þess sem áður var og miða þá endilega við kosningar til Alþ.

Eins og ég sagði áðan, ég skal ekki vera langorður. Ég vona að ég hafi ekki orðið til þess að hv. þm., sem var að biðja um orðið, hafi talið sig knúinn til þess. En hvað um það, ég vil að síðustu segja það sem mína skoðun, eftir það sem hæstv. menntmrh. sagði hér í kvöld, að ég lít svo á eftir þau ummæli sem hann viðhafði, að hann ætli sér ekki að keyra þetta mál í gegnum hv. deild á þeim stutta tíma sem eftir er þar til þm. fara í jólaleyfi. Ég lít svo á, ef hann kemur ekki fram með neina aths. við það, að þá sé það hans ætlan að málið fari til n. en komi síðan til afgreiðslu eftir að þing kemur saman á ný að jólaleyfi loknu.

Umr. (atkvgr.)frestað.

Efri deild, 31. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 184). — 1. umr.

Flm. (Sverrir Bergmann): Herra forseti. Ég hef á þskj. 184 lagt fram frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 1971. Ég hef í 1. gr. frv. míns lagt svo til, að 44. gr. l., 6. mgr., orðist svo:

„Nú dvelst sá, sem dagpeninga nýtur, í sjúkrahúsi eða á hæli á kostnað samlags síns, og skal hann þá halda dagpeningum óskertum. Hið sama gildir um sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.“

Í gildandi l. um almannatryggingar er gert ráð fyrir því að dveljist sá, sem dagpeninga nýtur, á sjúkrahúsi megi lækka dagpeninga hans um allt að þriðjung ef hann á heimili sínu hefur fyrir öðrum að sjá, ella að ⅔ hlutum. Ég legg sem sé til, að þetta skerðingarákvæði falli úr lögunum.

Hin breytingin kemur fram í 2. gr. þessa frv., sem ég flyt, og er hún við 50. gr. gildandi laga. Legg ég til, að 5. mgr. orðist svo:

„Elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi heldur óskertum lífeyrisgreiðslum, þótt til komi vistun á stofnun þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, nema um sé að ræða samfellda vistun á slíkum stofnunum umfram 24 mánuði.“

Í gildandi l. er gert ráð fyrir því að lífeyrir elli- og örorkulífeyrisþega falli niður ef þeir dveljast í stofnunum, þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir þá, lengur en í einn mánuð og ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Rétt er þó að taka fram **að með breytingum, sem gerðar voru á lögum** um almannatryggingar á árinu 1974, var svo ákveðið að tryggingaráði væri heimilt að víkja frá þessum tímatakmörkunum ef sérstaklega stæði á.

Röksemdir mínar fyrir flutningi þessa frv. eru þær í fyrsta lagi hvað snertir þá er njóta sjúkradagpeninga, að sjúkradagpeningar eru verulega skertir miðað við launatekjur viðkomandi, og mér finnst ósanngjarnt að þetta sé skert **enn frekar þótt til tímabundinnar sjúkrahúsvistunar komi. Hvað viðkemur elli- og örorkulífeyrisþegum, þá eru bætur þeirra ekki nema hluti** af launum sem hægt væri að miða við, og mér finnst ósanngjarnt að þetta sé rýrt enn þá frekar þegar um tímabundna dvöl á sjúkrahúsi er að ræða. Þess ber einnig að geta í sambandi við sjúkradagpeninga, að hér er alla vega um tímabundna aðstoð að ræða, sem tekur aðeins til eins árs hverju sinni.

Meginorsökin er þó kannske sú, að sjúkratryggingar greiða sjúkrakostnað allra landsmanna og svo háttar um aðra landsmenn en elli- og örorkulífeyrisþega að þeir hafa yfirleitt annaðhvort ráðningu, sem bætir þeim launamissi þegar til sjúkrahúsvistar kemur, eða þeir hafa aðstöðu til að tryggja sig fyrir slíkum launamissi, sem elli- og örorkulífeyrisþegar eiga erfitt með að koma við, og mér þykir það ekki í anda þess tilgangs, sem er með almannatryggingum í landinu, að ganga frekar á rétt þessa fólks. Hins vegar hef ég séð ástæðu til þess að koma inn í frv., að ef dvöl verður samfelld lengri en 24 mánuðir, þá falli greiðslur inn í ramma gildandi l., enda hafa þá skapast ný viðhorf.

Ég vil svo rétt til upplýsinga geta þess, að það gefur auga leið að elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa iðulega á sjúkrahúsvist að halda. Þeir hafa ýmsa langvinna sjúkdóma, eins og **heila- og mænusigg, Parkinsonsveiki, astmaveiki, þráláta hjartasjúkdóma, giktarsjúkdóma og þannig mætti áfram telja. Það er alltaf af og til nauðsynlegt að taka þetta fólk inn á sjúkrahús**

og veita því ákveðna aðstoð eða prófa sérstaka meðferð. Er alveg undir hælinn lagt hversu langan tíma sjúkrahúsvistin getur tekið hverju sinni og raunar ráða sjúklingarnir ekki alltaf við hversu lengi vistin er. Það er m. a. undir því komið hversu hratt hlutirnir ganga fyrir sig á sjúkrahúsunum. Þess vegna gæti þetta fólk alltaf staðið frammi fyrir því að fara yfir þau tímamörk, sem sett eru, og enda þótt tryggingaráði sé heimilt með breytingum, sem gerðar voru á almannatryggingal. 1974, að endurskoða tímamörkin í einstökum tilfellum, þá skapar þetta þó visst öryggi hjá þessu fólki og kostar þó nokkra skriffinnsku, tíma og fyrirhöfn að fá þessa framlengingu.

Ég vil benda á að það fólk sem að vísu er svo ástatt með að er orðið gamalt eða öryrkjar, en heldur sitt heimili, léttir verulega á elli- og dvalarheimilum landsins, og einnig það atriði gerir ósanngjarnt að við göngum frekar á rétt þess. Þetta fólk stendur að sjálfsögðu ákaflega illa að vígi, ef sjúkradagpeningarnir falla niður. Það getur ekki staðið undir sínum heimilisrekstri og hefur af þeim sökum stundum frestað sjúkravist eða orðið að útskrifast fyrr en tímabært hefur þótt. Þetta þekki ég vel úr mínu starfi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð lengri, en ég leyfi mér, herra forseti, að óska þess, þegar þessari umr. lýkur, að málinu verði vísað **til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. hv. deildar.**

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru örfá orð til stuðnings þessu frv. Ég vil um leið þakka **frsm. glöggt erindi, glögga grg., sem þessu frv.** fylgir, og að vekja athygli á þessu máli. Við vitum það og vil ég a. m. k. trúa því að tryggingalöggjöf okkar sé í mörgu ágæt. Þar hafa umtalsverðir áfangar náðst fram. Þessi löggjöf er stöðugt í endurskoðun og athugun, enda er eðlilegt að svo stórfellt velferðarmál sé ævinlega í fremstu röð á okkar verkefnaskrá.

Þetta frv. og grg. og framsöguræða hv. flm. sannfærðu mig þó um það enn betur, að ýmis ákvæði þessara laga, þótt ágæt séu, m. a. skerðingarákvæði eða þá ákvæði, sem eiga að fyrirbyggja ofnotkun eða misnotkun, geta verið allvafasöm eða orðið allvafasöm í túlkun og einstaka **þeirra geta jafnvel verið beinlínis ranglát** í eðli sínu, eins og mér sýnist að hér geti átt sér stað. Út af þessu dettur mér í hug frv. það sem ég flutti í haust ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni um ferðakostnaðargreiðslu landsbyggðar**fólks. Þar hefur einmitt misnotkun ætíð verið** talin hættuleg, og niðurstaðan hefur svo orðið sú að lítið sem ekkert hefur verið aðhafst í réttlætisátt í þessu máli. Ég benti þá á að ég teldi tvöfalda tryggingu fyrir því að um misnotkun yrði ekki að ræða, þar sem bæði væri um að ræða vottorð frá heimilislækni eða héraðslækni annars vegar og hins vegar vottorð frá þeim sérfræðingi sem hefði sjúklinginn til meðferðar. Hér er hins vegar um að ræða ákvæði til skerðingar á rétti þeirra þegna okkar þjóðfélags sem ég held að við séum öll sammála um að gera **eigi sem best við. Sannast sagna var það fyrst** núna á dögunum að ég gerði mér ljós alvarleg áhrif þessa ákvæðis, þegar til mín leitaði aldurhniginn fyrrv. bóndi austan af landi og sagði sínar farir ekki sléttar einmitt varðandi þetta umrædda mál sem hér er til umr.

Hv. þm. bendir einmitt mjög skýrt á það í sinni grg. að elli- og örorkulífeyrisþegar þurfi að halda áfram að greiða rekstrarkostnað heimilis síns, eins og hann þar telur upp ýmsa liði, og **þessi maður þurfti vitanlega að sinna margvíslegum** gjöldum af sínum heimilisrekstri og af vissum ástæðum einmitt mjög kostnaðarsömum. Því er ekki að leyna að þessi maður hafði fengið úrskurðað, að þessi ellilífeyrir yrði af honum tekinn, eða hann áleit að það lægi skýrt fyrir, og hann sá allt svart fram undan sannast sagna í þessu máli sínu. Efni hans voru svo sannarlega lítil, en hann hefur löngum búið við þröngan kost, enda hlýtur það að vera svo, að öll slík mál, að ákvæði eins og skerðingarákvæði af þessu tagi koma auðvitað harðast niður á þeim sem minnst hafa af að taka.

Ég efast ekkert um varðandi þá heimild, sem hv. flm. gat um varðandi tryggingaráð, að því væri heimilt að víkja frá þeim tímatakmörkum sem þarna eru sett, að tryggingaráð hafi tekið sanngjarna afstöðu eftir því sem það hefur getað **í hverju einstöku tilfelli, og ég treysti ráðinu** allsæmilega til þess. En einmitt vegna þess að þetta kemur harðast niður á þeim sem erfiðast eiga, þá þarf, held ég, að fara að með fullri gát þegar slíkur réttur er niður felldur sem hér um ræðir. Ég tek fyllilega undir með hv. flm., **að þetta er í mörgum tilfellum eini möguleikinn** til lífsviðurværis fyrir þessa einstaklinga.

Það þekkja allir hve þarfir okkar nútímafólks, réttmætar sem ímyndaðar, hafa þanist út á öllum sviðum. Við vitum einnig, að þarfir hinna öldruðu og öryrkja og kröfugerð þeirra sérstaklega til lífsgæða er yfirleitt smámunir einir í því sambandi, miðað við það sem við almennt gerum. **En þær eru vissulega meiri en fæði og aðhlynning á sjúkrahúsi, eins og hv. flm. benti réttilega á.** Þessum sjálfsögðu þörfum hvers einstaklings þarf að mæta og ekki að fella niður kannske þann eina tekjustofn sem hann hefur til lífsframfæris. Niðurfelling á þessum rétti hlýtur að teljast ranglát, ef henni er beitt af nokkurri hörku, kannske að því er sumir telja af sanngirni og réttsýni, þá getur hún samt komið býsna hart niður.

Ég mun sannarlega reyna að beita áhrifum mínum í hv. þn. til þess að málið fái góða athugun þar og eins farsæla úrlausn og frekast er unnt. Við eigum að lagfæra þá vankanta sem á þessari annars ágætu löggjöf eru enn þá og einmitt með anda og megintilgang almannatryggingalaganna í heild í huga. Hér er að einum ágalla vikið, — ágalla sem ég tel rétt að skoða, fá fram á vissa lagfæringu, og ég vil þakka hv. flm. fyrir að hafa flutt þetta mál okkur til umhugsunar og úrlausnar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið hjá síðasta ræðumanni, að hér er sannarlega um merkismál að ræða eins og flestar þær umbætur sem gerðar eru á okkar tryggingalöggjöf.

Ekki er vafi á því, að það var mjög mikilvægt þegar það fékkst þó inn sem heimildarákvæði að það mætti greiða þetta allt upp í 24 mánuði. En eins og fram kom við athugun einmitt á þessu málefni í fyrra, eru allmargir flokkar sjúklinga sem þurfa endurtekið að fara inn á sjúkrahús, en geta verið heima hjá sér á milli. Þarna er um taugasjúklinga að ræða, þarna er um astmasjúklinga að ræða og sjúklinga með fleiri lungnasjúkdóma, sem valda því, að fólkið getur verið sæmilega frískt um nokkurn tíma, en þurft svo skyndilega að fara inn á sjúkrahús og dvelja þar lengri eða skemmri tíma, jafnvel oft á ári, en tiltölulega stuttan tíma í einu. Þess vegna var það að þetta er komið inn sem heimildarákvæði, meginatriðið í því sem hér um ræðir, en hins vegar er því ekki að neita, að það er sannarlega miklu æskilegra að fá þetta inn sem ákveðið ákvæði.

Það er þó ekki svo, að öllu réttlæti sé fullnægt með þessu. Mér dettur þá í hug að þetta varðar að verulegu leyti ellilífeyrisþega ekki síður en örorkulífeyrisþega. En nú er það svo að þegar ellilífeyrisþegi fer inn á elliheimili, þá verður hann að borga allar sínar tekjur, sinn ellilífeyri og reyndar kannske meira til, ef hann hefur einhverja aðra tekjumöguleika til síns nauðsynlegasta uppihalds. Þarna er enn þá gat í okkar lögum sem við þurfum vafalaust fljótlega að greiða eitthvað úr. Það er lítil sanngirni í því, að ef maður fer inn á sjúkratryggingagreiðslur á sjúkrahúsi, þá fái hann sínar fullu bætur áfram, aftur á móti ef hann fer inn á elliheimili, þá séu allar hans tekjur af honum teknar til greiðslu á dvalargjaldi.

Það var eins og hér hefur komið fram, að enda þótt miklar umbætur hafi orðið á okkar tryggingalöggjöf á undanförnum árum, þá bætast alltaf við ný augljós atriði sem lagfæra þarf. Ég vona að við lítum á þessi mál hér með miklum skilningi og velvilja og reynum að fá þessa lagfæringu í gegn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal, frv. (þskj. 188). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 214).

Efri deild, 32. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 31. fundi.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 144, n. 111). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur allshn. Ed. rætt á fundi sínum í dag og mælir einróma með samþykkt þess óbreytts. Hér er um að ræða að flytja um hálfan hektara lands úr lögsagnarumdæmi Garðahrepps og yfir til Hafnarfjarðar. Tildrög málsins eru þau, að á árinu 1970 hófust viðræður á milli stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Hafnarfjarðarbæjar um hugsanlega byggingu elli- og hjúkrunarheimilis í Hafnarfirði. Þessum viðræðum lauk þannig að ákveðið var að byggja dvalarheimilið á mörkum Garðahrepps og Hafnarfjarðar. Till. voru gerðar og aðalskipulag Hafnarfjarðar samþykkti till., en þegar til kom reyndist hluti af byggingunum í lögsagnarumdæmi Garðahrepps. Nú segir svo í skipulagslögum, að ekki sé heimilt að sama húsið sé í tveimur lögsagnarumdæmum, og þess vegna er þetta frv. til komið. Hér er, eins og ég sagði, aðeins um hálfan hektara lands að ræða, sem Garðahreppur er tilbúinn að afsala Hafnarfjarðarkaupstað og verður síðan notaður til að byggja dvalarheimili á.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Sem garðhreppingur sýnist mér ég verða að segja örfá orð um þetta mál. Ég þekki það mjög vel. Mér er næst skapi að greiða atkv. gegn þessu frv., en ég ætla samt að sitja hjá.

Aðdragandi málsins er þannig: Eins og rakið var hjá frsm. á að byggja þarna dvalarheimili sjómanna, og því fögnum við garðhreppingar. Það á að byggja í okkar nágrenni. Hins vegar sýnist mér að ljóst hafi mátt vera frá upphafi að það landssvæði, sem ráðstafað var af hálfu Hafnarfjarðar í þessu skyni, var hvergi nærri nóg og gekk inn á lögsagnarumdæmi Garðahrepps. Hreppsnefnd Garðahrepps fjallaði um þetta mál nokkrum sinnum og lagði áherslu á að afsala ekki landi, þótt þannig væri um málið búið. Nú hefur þetta breyst og nú á að afsala þarna hálfum hektara lands, sem er ekki mikið, en engu að síður sýnist mér að eðlilegra hefði verið að hafa þarna makaskipti. Það er þarna töluvert land á mörkum sem liggur þannig að er eðlilegt innan marka Garðahrepps. Ég hefði því kosið þá leið, en mun þó ekki greiða atkv. gegn þessu frv., vegna þess að ég vil ekki standa í vegi fyrir byggingu þessa dvalarheimilis.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 29. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:6 atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 4, n. 189 og 193, 190, 194). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 190 og 194 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 20:7 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 30. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 29. fundi.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 4, 190, 194). — 3. umr.

Lúðvík Jósepsson: Forseti. 2. umr. um þetta mál endaði nú nokkuð skyndilega og þannig að ég kom því ekki við að flytja þá ræðu, sem ég hafði hugsað mér að flytja hér við 2. umr., og verð því að flytja hana nú við 3. umr.

Fyrst vil ég víkja nokkrum almennum orðum að þeim vinnubrögðum, sem hafa verið í sambandi við afgreiðslu þessa máls hér á Alþ. að þessu sinni.

Það mál, sem hér er nú til umr., er flutt sem 4. mál Alþ. á þessu þingi. Það var því lagt fyrir þingið strax í byrjun þings og hefur síðan legið hjá sjútvn. og þar lítið sem ekkert unnið að málinu, eftir því sem fram hefur komið hér í umr. frá hálfu sjútvn-manna og það er fyrst nú á síðustu dögum þingsins fyrir jólahlé sem rokið er til og þess krafist að málið sé afgreitt. Auk þess er svo það að nauðsynlegar upplýsingar, sem beðið hefur verið um og þurfa auðvitað að liggja fyrir við afgreiðslu máls eins og þessa, hafa ekki fengist. Er auðvitað vítavert að standa þannig að afgreiðslu stórmála hér á Alþ., og er engin afsökun þó að menn geti jafnvel fundið einhver fordæmi um að svona hafi verið staðið að málum áður. Ég verð líka að segja það, að þetta mál er mjög sérstakt að því leyti til, að auk þess sem hér er um mikið stórmál að ræða og augljósan ágreining í þinginu um málið, þá er hér um óvenjulegt mál að ræða að því leyti til að það er verið að gera ráð fyrir að veita heimildir til þess að úthluta styrkjum til fjöldamargra aðila í landinu, svo að hundruðum skiptir, — styrkjum, sem nema mörgum hundruðum millj. kr. Það er vitanlega ekki sæmilegt að standa þannig að heimildum frá Alþ. til þess að úthluta styrkjum til mjög margra aðila í landinu að ekki séu gefnar fullar upplýsingar um hvernig ætlunin sé að standa að slíku í framkvæmd. Þegar svo komið er að því í sambandi við afgreiðslu þessa máls að sjútvn. skilar málinu inn í þingið, þá eru till. þær, sem fram koma frá meiri hl. n., og sú grg., sem fylgir með till., þannig að það er öllum ljóst að menn vita sáralítið um hvernig á að standa að framkvæmd þessa stóra máls. Menn vita það eitt, að það er ætlast til þess að gefa sjútvrh. mjög víðtækar heimildir til þess að veita lán og úthluta styrkjum, en harla lítið vita menn um, eftir hvaða reglum á að gera þetta. Þetta tel ég vera vinnubrögð sem séu fyrir neðan allar hellur og beri að víta.

Það hefur verið sagt í umr. um þetta mál að segja megi að frv. fjalli í meginatriðum um tvö aðalviðfangsefni. Annars vegar er að finna í þessu frv. ákvæði sem stefna að því að breyta í grundvallaratriðum þeim hlutaskiptakjörum sem sjómannasamtökin í landinu hafa byggt á í samningum sínum við útgerðarmenn. Fyrstu 4 gr. frv. miða t. d. að þessu og reyndar fleiri ákvæði frv. einnig.

Í 1. gr. frv. er að finna ákvæði um að banna Verðlagsráði sjávarútvegsins, sem starfar samkv. sérstökum l., að samþ. á tilteknu tímabili meira en tiltekna hækkun á fiskverði, 11%.

Í 2., 3. og 4. gr. eru svo ákvæði, sem snerta sérstaklega hlutaskiptagrundvöllinn, þar sem honum er raskað á stórfelldan hátt.

Í 2. gr. er lagt til, að tekið verði af óskiptum afla sem nemur í nálega öllum tilfellum 15% af brúttóaflaverðmæti, áður en kemur til hlutaskipta samkv. kjarasamningum, og þessari fjárhæð ráðstafað í Stofnfjársjóð fiskiskipa. Hefur verið upplýst hér í umr. áður um þetta mál að ráðstöfun þessi muni þýða á ársgrundvelli nokkuð yfir 500 millj. kr., sem eru teknar af brúttóaflaverðmæti og ráðstafað á þennan hátt. Með þessu er verið að knýja sjómenn til þess að taka meiri þátt en þeir gera nú í því að borga afborganir og vexti af stofnlánum útgerðarinnar í landinu. Það hafði komið fram í umr. áður hjá hæstv. sjútvrh., að ætlað væri að þessi fjárhæð, sem væri færð til á þennan hátt, næmi á ársgrundvelli 565 millj. kr.

Þá er að finna í 4. gr. frv. ákvæði um nýtt útflutningsgjald á sjávarafurðum, sem áætlað er að nemi 1230 millj. kr. á ári og á að nota til þess að greiða niður verð á olíu. Á þennan hátt er verið að knýja sjómenn til þess að standa undir olíukostnaði fiskiskipanna og breyta þeirra samningskjörum um leið.

Auk þess er að finna í frv. ákvæði um að breyta útflutningsgjöldum af sjávarafurðum, þeim gjöldum sem í gildi hafa verið, þannig að þar er um beina hækkun að ræða upp á 285 millj. kr. samkv. upplýsingum sem hér hafa komið fram frá sjútvrh. 150 millj. kr. af þessari fjárhæð eru bein hækkun, en 135 millj. af þessari hækkun stafa af verðbreytingum sem fylgja á eftir gengisbreytingum.

Hér er því samkv. þeim upplýsingum, sem fram hafa komið frá sjútvrh., verið að taka umfram það sem áður hefur verið af brúttóaflaverðmætinu rúmar 2000 millj. og færa þær til og nota til greiðslu á útgjöldum þeim sem tilheyra eðli málsins samkv. útgerðarmönnunum eða útgerðarfyrirtækjunum einum, en ekki sjómönnum. Það er því ekkert um það að villast, að þegar á þennan hátt eru færðar til fjárhæðir sem nema rúmlega 2000 millj. kr. samkv. upplýsingum sem hér hafa komið fram, þá er verið að skerða launakjör sjómanna um um það bil 800—900 millj. kr., beinlínis aflahlut þeirra um 800—900 millj. kr. frá því sem þeir áttu rétt til samkv. kjarasamningum sem í gildi hafa verið.

Þetta er annar megintilgangur þessa frv., að knýja í gegn með löggjöf að raska hlutaskipta-

kjörunum, sem sjómenn hafa samið um við útgerðarmenn, á þann hátt að launahlutur sjómannastéttarinnar í landinu lækki um 800—900 millj. kr. á ársgrundvelli vegna þessarar breytingar. Um þetta atriði hefðu að sjálfsögðu ekki þurft að vera hér langar eða miklar umr. á Alþ. Hér er um tiltölulega einfaldar ákvarðanir að ræða. Spurningin er aðeins sú, hvort menn telji þessa ráðstöfun vera hyggilega og hvort hún fái staðist í reynd, hvort menn telja hana vera sanngjarna. Við, sem hér höfum talað, bæði við 1. umr. þessa máls og síðar, á móti þessu frv. höfum talið að þessi ráðstöfun væri ósanngjörn og hún væri mjög ólíkleg til þess að standast í framkvæmd, af því að sjómannastéttin muni ekki una þessu þegar til kemur.

Málin standa þannig, að nú strax upp úr áramótum hefjast samningar á nýjan leik um nýtt fiskverð og um nýja kjarasamninga á milli sjómanna og útgerðarmanna, og það er enginn vafi á því að upp muni koma harðar deilur einmitt varðandi þessi mál vegna þessara ákvæða. Og það er eins líklegt að það geti sótt í það að flotinn stöðvist allur vegna átaka um þetta atriði. Af þessum ástæðum hef ég sagt að hér er um heimskulega ráðstöfun að ræða. Hún er röng, hún er ósanngjörn og hún er mjög líkleg til þess að valda okkur efnahagslegu tjóni.

Þessar ráðstafanir hafa verið rökstuddar í skýrslum, sem hér hafa komið fram, og í ræðum, sem hér hafa verið fluttar, með því að það hafi verið nauðsynlegt að gera þetta til þess að koma í veg fyrir að launahlutfall á milli atvinnustétta í landinu raskaðist. M. ö. o.: það er verið að gefa í skyn að ef það launahlutfall, sem er samkv. gildandi kjarasamningum, fengi að standa áfram gagnvart sjómönnum, þá sé hætta á því að laun sjómanna hefðu orðið of há og hefðu orðið þess valdandi að aðrar launahækkanir hefðu þá átt sér stað í landinu. Hér er auðvitað um grundvallarmisskilning að ræða og þarf ekki langt að leita til að sjá að þessi röksemd fær ekki staðist. Allar skýrslur, sem liggja fyrir og snerta þetta mál, benda til að það hafi orðið aflaminnkun á s. l. ári og að það sé líklegt að aflarýrnun haldi áfram vegna þeirrar stöðu, sem fiskstofnar okkar eru í nú. Áætlanir, sem Þjóðhagsstofnunin hefur gert varðandi líklega afkomu sjávarútvegsins á næsta ári og hér hefur mikið verið rætt um, gera beinlínis ráð fyrir að aflarýrnun verði 13.5%. Það er því alveg augljóst að sjómenn þyrftu að ná þessu upp í launakjörum sínum ef þeir ættu að halda jafnmörgum krónum í kaupi eftir að svo væri komið að aflinn hefði rýrnað. En nú er hér verið að gera ráð fyrir að fiskverð megi ekki á tilteknu tímabili hækka nema um 11%, sem sagt ekki til þess að vega upp aflarýrnunina sem varð á þessu ári, og auk þess auðvitað ekki gert ráð fyrir neinu til þess að vega upp aflarýrnun, sem er spáð, og þar að auki engum launabótum þeim til handa sem gætu verið til jafnvægis við það sem aðrir hefðu samið um sér til handa á þessu ári.

En eins og ég segi, það hefðu í sjálfu sér ekki þurft að standa hér yfir langar umr. um þessar till. Hér er greinilega um það að ræða, hvort menn telja nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að lækka umsamin laun sjómanna eða hvort menn vilja leyfa þeim að halda þeim kjörum sem þeir hafa samið um í frjálsum samningum. Þar verða auðvitað atkv. ein að skipta. Ef ríkisstj. ræður hér fyllilega yfir öllum sínum atkv., þeim sem teljast styðja stjórnina, þá flýgur þetta í gegn, og þeir um það sem að því standa. En það er alveg augljóst að þeir sem eru hér í minni hl. á Alþ., eru á móti þessari ráðstöfun.

Eins og fram hefur komið í þeim till., sem hér eru fluttar, er málið svo einfalt og skýrt, að minni hl. leggur til að þær greinar, sem um þetta fjalla, verði felldar, en meiri hl. stendur hins vegar að því að vilja samþykkja till.

En þetta er annað meginefni þessa frv. Hitt atriðið, sem snertir meginefni frv., er svo að finna í 9. gr. þess, hvernig ráðstafa skuli þeim gengishagnaði sem til fellur vegna gengislækkunar krónunnar sem ákveðin var 29. ágúst í sumar. Slíkt hefur gerst æðioft áður, að það hafi verið sett lög hér á Alþ. um hvernig með skuli fara gengishagnað sem til fellur af þeim birgðum sem liggja í landinu og ekki eiga að fá að njóta hins nýja skráða gengis. Nú vil ég fyrst biðja menn að hafa í huga varðandi þennan gengishagnað að það eru auðvitað fleiri vörur í landinu en aðeins sjávarafurðir og fleiri atriði þar sem gengisbreytingin hefur sín áhrif á heldur en aðeins þær birgðir sem í landinu liggja og teljast vera sjávarafurðir. Hér voru líka landbúnaðarafurðir, hér voru iðnaðarvörur, og menn höfðu í gildi á þessum tíma verksamninga við útlendinga sem gerðir voru í erlendri mynt og höfðu vitanlega sín áhrif líka. En sá háttur er tekinn upp að þessu sinni, að ákveðið er að taka gengishagnaðinn aðeins af sjávarafurðum og ráðstafa honum sérstaklega. Aðrir fengu að halda sínum gengishagnaði. Þeir, sem t. d. stóðu með í höndunum samninga við útlendinga, verksamninga, sem gerðir voru í erlendri mynt, fengu að græða á gengislækkun í íslenskum krónum. Það var ekkert tekið af þeim. Í iðnaði í landinu, sem átti einhverjar birgðir til útflutnings, fær hver og einn að halda sínu. Það var ekki gert upptækt. Og þannig má nefna í miklu fleiri tilfellum. En þetta hefur verið gert æðioft, þó ekki alltaf, í sambandi við sjávarútveginn, að ákveða að sá gengishagnaður, sem til fellur vegna þeirra birgða, sem í landinu lágu, skyldi gerður upptækur, settur í ákveðinn sjóð og honum síðan ráðstafað með l. frá Alþ., og þá alltaf við það miðað, að honum yrði ráðstafað í þágu sjávarútvegsins sem hann var tekinn af. En það hefur alltaf þótt sjálfsagt að þessum gengishagnaði, sem auðvitað hefur verið misjafnlega mikill eftir því hvað afurðirnar hafa verið miklar sem legið hafa í landinu þegar gengislækkun hefur verið ákveðin, það hefur alltaf verið gengið út frá því að löggjafinn setti um það fastar reglur hvernig ráðstafa skyldi þessum fjármunum.

Að þessu sinni er talið að gengishagnaðurinn verði óvenjulega mikill vegna þess að birgðir af sjávarafurðum voru mjög miklar í landinu á þessum tíma og gengislækkunin er einnig gerð á þeim tíma árs að þannig hlaut í rauninni á að standa. Það hefur verið áætlað að gengishagnaðurinn að þessu sinni af sjávarafurðum muni nema í kringum 1650 millj. kr., og ríkisstj. hefur tilkynnt að hún telji, að segja megi að búið sé

að ráðstafa þegar 400 millj. kr. af þessari fjárhæð, af þessum 1650 millj., þar af 300 millj. til þess að greiða niður olíuverð á þessu ári, að því leyti sem fé vantaði til þess, og 100 millj. kr. hafa verið áætlaðar til þess að standa undir auknum flutningskostnaði í sambandi við þær vörubirgðir sem gengishagnaðurinn er tekinn af. Þá eru eigi að síður eftir 1250 millj. kr. samkv. þessari áætlun.

Þá kem ég að því hvaða till. liggja hér fyrir um hvernig skuli verja þessari upphæð og hvernig á að þessu sinni að gera þetta með lagasetningu frá Alþ. Ég fullyrði að nú er staðið að þessum málum á allt annan hátt en áður hefur verið gert. Þegar t. d. gengishagnaðinum vegna gengislækkunarinnar árið 1967 var ráðstafað og sömuleiðis þegar gengishagnaði vegna gengislækkunarinnar 1968 var ráðstafað, þá var það gert með allt öðrum hætti og miklu meira bindandi en nú er ætlað að gera. En hvernig stendur þá á því, að ríkisstj. velur þá leið að þessu sinni að fara ekki eftir þeim reglum, sem áður hafa verið, en velja nú nýjar reglur? Og að hvaða leyti eru þessar reglur, sem við vitum um nú, frábrugðnar hinum fyrri?

Nú er lagt til að 600 millj. kr. af þessum 1250 verði, eins og segir í till. meiri hl. sjútvn., varið til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa, 600 millj. kr. Í till. meiri hl. segir um þetta atriði:

„Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr. Sjútvrn. er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja.“

Áður hafði verið ákveðið og þannig á málum haldið að sá hluti af gengishagnaði, sem fór til þess að lækka erlendar skuldir sem á fiskiskipum hvíldu og höfðu hækkað við gengislækkunina, þessi fjárhæð var látin ganga til Fiskveiðasjóðs og síðan ráðstafað þar alveg eftir föstum reglum. Nú virðist eiga að taka upp þann hátt að segja að 600 millj. kr. eigi að koma í þessu skyni, og það er ekki hægt að sjá á því orðalagi, sem hér liggur fyrir, og því, sem þessari gr. fylgir, annað en það eigi að vera sjútvrh. sem fer með þessar reglur í einu og öllu. Annað kemur ekki fram í þeirri brtt. sem fyrir liggur. Það hefur að vísu verið látið fylgja hér með í framsögu almennt orðalag um það hvernig menn hafi hugsað sér að standa að þessu. En allt það orðalag er svo loðið og óákveðið að það er í rauninni ekki hægt að styðjast við það nema að litlu leyti. Hér er einnig gert ráð fyrir því, að ráðh. fái heimild til þess að lána síðan út af þessari fjárhæð til 2—3 ára 400 millj. kr. Ekkert er meira sagt um það eftir hvaða reglum eigi að lána þetta fé og hvernig eigi að tryggja að útgerðarfyrirtækin í landinu, sem fá þetta fé að láni til 2—3 ára, — en stuðningsmenn ríkisstj. virðast nú trúa því, að útgerðin í landinu sé nú þannig stödd, að hún sé í rauninni alveg komin á fjóra fætur og þar séu allir gjaldþrota, — hvernig eigi að tryggja að þessir aðilar skili þessum fjármunum, 400 millj. kr., eftir 2—3 ár aftur. Hvaða tryggingar á að setja fyrir þessum lánum? Búast menn við því, að t. d. þeir bátaútgerðarmenn í landinu, sem fá þessar 400 millj. kr. að láni til tveggja ára eða þriggja ára, verði færir um það að greiða þær aftur á þessum tíma? Þeir eru þá ekki eins illa staddir og af er látið. Er ætlunin að veita þessi lán til fiskiskipaútgerðarinnar í landinu eingöngu eða til fiskvinnslufyrirtækja líka og þá í hvaða hlutföllum? Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. sjútvrh. um það og vænti þess að hann svari því í þessum umr. hvaða reglur hann hugsar sér að eigi að gilda um veitingu þessara lána. Hverjum á að lána þessa fjárhæð? Hvað mikið af upphæðinni á að renna til fiskvinnslufyrirtækja, hve mikið til fiskiskipa og hvernig á að tryggja endurgreiðslu þessara lána? Og hvers vegna, ef rétt þótti að ráðstafa einhverju af þessu fé til lánveitinga, var þá ekki farin sú leið, sem alltaf hefur verið farin til þessa um slíkar fjármálalegar ráðstafanir, að fela einhverri viðurkenndri lánastofnun framkvæmdina á þessu máli í einu og öllu? Af hverju er þetta bara á vegum ráðh. og rn.? Verður t. d. gert ráð fyrir því að öllum útvegsmönnum í landinu verði gefinn kostur á því með t. d. auglýsingu að geta sótt um lán af þessari fjárhæð? Og hvað þurfa menn þá helst fram að leggja til þess að geta orðið aðnjótandi þessara lána? Það er alveg óhugsandi að hæstv. sjútvrh hafi komið til hugar að hafa þann hátt á að hann fengi hér heimild til þess að deila út 400 millj. kr. að láni til fyrirtækja í landinu án þess að neinar sérstakar reglur væru um það settar og hann gæti bara ákveðið: Þessi fær 50 millj., þessi 1 millj. og hinn 10, — bara eftir því sem honum dettur í hug. Slíkt væri vitanlega alveg ósæmilegt og kemur auðvitað ekki til greina.

Auðvitað á, ef á að veita hér leyfi til þess að lána þessa fjárhæð, að fela það viðurkenndri lánastofnun sem síðar ætti að veita þessi lán eftir þar til settum reglum. Ég gæti fyllilega sætt mig við það og teldi ekki óeðlilegt að t. d. Fiskveiðasjóður eða önnur slík stofnun hefði veitt þessi lán samkv. reglugerð sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefði gert till. um og sjútvrh. hefði staðfest þær reglur. Þannig hefði sjútvrh. fengið vald til þess að hafa áhrif á það hvernig þær reglur ættu að vera sem ættu að gilda um þessi lán. Þetta atriði er alveg óvenjulegt varðandi ráðstöfun á gengishagnaði.

Þá er annað atriði varðandi ráðstöfun á gengishagnaði. Í till. meiri hl. sjútvn. segir á þessa leið:

„Óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1974 til 15. sept. 250 millj. kr.“

Þetta er allt og sumt sem er ætlað að standa í lögum: Styrkir til bátaútgerðarinnar í landinu upp á 250 millj. kr. og ekki frekar bundið. En það verður eflaust vitnað til þess, að hér hafi fylgt í framsögu frá frsm. meiri hl. sjútvn. almenn útskýring á því, hvernig með þetta fé ætti að fara. En auðvitað gildir það ekki sem nein lög. Það eru alveg ófullnægjandi reglur og getur hver og einn hlaupið frá því. Það hefur ekki einu sinni verið staðið þannig að þessu máli, varðandi þessar ráðgerðu áætlanir sjútvrn. um hvernig að þessu ætti að standa, að það hafi séð þörf á því að prenta þessar hugleiðingar og láta þær koma hér fram í þskj. frá n., sem er alltaf síður að gera, a. m. k. ef ætlað er að

styðjast eitthvað við það í framkvæmd. Sjútvn.-menn munu hafa fengið þessi gögn, og þetta telst vitanlega ekki bindandi fyrir ráðh. á einn eða neinn hátt. En þetta er auðvitað eitt af því, sem sýnir hvernig vinnubrögðin hafa verið í þessu einnig af hálfu sjútvn. Hún prentar ekki, eins og siður er, þýðingarmiklar umsagnir stórra samtaka, sem komu til n., um afstöðu til málsins. Hún lætur ekki aðra þm. fá að sjá það, og það hefur ekki komið hér fram í umr. heldur. Þetta bréf, sem er í rauninni eina útskýringin á því hvernig menn hafa hugsað sér að standa að framkvæmdum í þessum efnum er ekki heldur birt hér sem þskj. og verður því að telja afar lauslega bindandi fyrir ráðh. og rn.

Hér hefur verið sagt að það væri ætlunin að deila út þessari styrkupphæð, 250 millj. kr., með þeim hætti að 100 millj. kr. af upphæðinni skyldi skipt á milli bátanna í landinu miðað við úthaldsdagafjölda. Þetta segir ekki ýkjamikið. Eftir er þá vitanlega að setja reglugerð með einhverjum hætti hvað hver bátategund á að fá mikið fyrir hvern einstakan úthaldsdag, því að ekki dettur mér í hug að trillubátur eigi að fá jafnmikið á úthaldsdag og togari eða mjög stórt fiskiskip. Hér verða vitanlega að gilda mismunandi reglur. En hver á að setja reglurnar? Það er ekki hægt að sjá af því, sem hér kemur fram, að það sé neinn annar en ráðh. og hans starfsmenn. Þeir eiga að ákveða það: Þessi bátategund fær svona mikið á hvern úthaldsdag, hin hitt. Ég segi, að þetta hefur aldrei verið gert áður, svo að mér sé kunnugt, aldrei nokkurn tíma. Það hafa alltaf verið settar um þetta reglur, sem legið hafa fyrir, og a. m. k. stór félagasamtök, sem hlut hafa átt að máli, hafa verið höfð með í ráðum um að setja þessar reglur, svo að það gildi um þetta almennar reglur.

En segjum nú samt að við höfum fengið þessar takmörkuðu upplýsingar, að 100 millj. kr. af þessum 250 millj. á að skipta á bátaflotann í landinu miðað við úthaldsdaga. En þá vakna margar spurningar: Á t. d. loðnuveiðiflotinn að fá af þessari upphæð miðað við úthaldsdagafjölda sinn á síðustu vertíð, á vertíðinni 1974? Hann er ekki undanskilinn. Eiga þessi skip að fá einhverja ákveðna upphæð af þessum styrk, loðnuveiðiskipin? Eru þau þarna með eða eru þau ekki með? Ég spyr um það og óska eftir svari um það. Eru norðursjávarskipin þarna með, eiga þau einnig að fá af þessari fjárhæð miðað við úthaldsdagafjölda sinn? Eru humarbátar þarna með? Eru rækjubátar þarna með? Ekkert af þessu hefur komið fram, enginn veit neitt um þetta annað en að það er verið að gefa ráðh. heimild til þess að deila út þessari upphæð. Þetta er vitanlega ekki sæmilegt, og ég er hræddur um að menn yrðu ekki ánægðir með að hafa þennan hátt á framvegis í sambandi við útdeilingu á svona stórum fjárhæðum.

Þá hefur verið sagt í þessu sambandi, að ætlunin sé að deila út þessum styrk til bátanna í landinu þannig að í aðalatriðum verði miðað við báta niður að 20 rúmlesta stærð, en þó muni verða athugað sérstaklega hvernig með skuli fara báta á milli 20 og 12 rúmlestir að stærð. Þetta er ákaflega sérkennilegt, og ég segi það, að mér þykir í meira lagi athyglisvert að Framsfl. skuli standa að þessu og vil gjarnan fá það mjög skýrt fram hver afstaða hans er í þessum efnum. Hér er verið að gera upptækan gengishagnað sem stafar af öllum fiskiskipaflota landsmanna, jafnt litlum bátum sem stórum. Og það er verið að ráðstafa honum aftur. Það er ekki hægt að sjá annað en að því sé stefnt, að það eigi að gilda einhver önnur kjör fyrir bátastærðina undir 20 rúmlestum og að stærðin undir 12 rúmlestum eigi ekki að koma hér til greina. Þetta mundi t. d. þýða fyrir útgerðarbyggðarlag, svo að maður taki nú byggðarlag eins og Húsavík, að mikill meginhluti flotans þar, það væri útilokað, að hann fengi nokkrar bætur. Er að þessu stefnt? Hvers vegna þetta orðalag? Eða á að heimila öllum fiskiskipaflotanum að eiga hér rétt til samkv. þar til settum reglum? Auðvitað á að gefa öllum flotanum jafnan rétt og þar á ekki að undanskilja einn eða neinn, ekki vegna einhverrar stærðar á skipum. Hitt er svo auðvitað allt annað mál, að það hefði verið að mínum dómi eðlilegt að settar hefðu verið allnákvæmar reglur um það, hvað menn þyrftu að uppfylla almennt séð, rekstrarlega séð, til þess að geta notið af styrkjagreiðslu eins og þessari.

En síðan er sagt að afganginum af þessari upphæð, þ. e. a. s. 150 millj. kr., eigi svo að skipta. Það kom hér aðeins fram í framsöguræðu, þar sem frsm. meiri hl. sjútvn. greindi frá því, að það væri síðan ætlunin að skipta afganginum af þessum lið, 150 millj. kr., ekki aðeins miðað við úthaldsdaga, heldur einnig miðað við tiltekna afkomu eða a. m. k. lágmarksafkomu sem bátarnir þyrftu að hafa, mannafjölda o. s. frv. En með þessu er auðvitað harla lítið sagt. Það er sagt álíka mikið og það sem sagt er í þessari grg. um framkvæmdina á þessu, lagt er til, að ákveðnum aðila, t. d. Aflatryggingasjóði, verði falið að annast þessa greiðslu. Það er ekki tekin nein ákvörðun um þetta, ekki nokkur, ekki einu sinni að sá sjálfsagði sjóður í þessum efnum, sem er Aflatryggingasjóður, hafi með úthlutun á þessu að gera, vegna þess að hann er að vinna hér sams konar verk samkv. lögum.

Aflatryggingasjóður, sem starfar samkv. sérstökum l., hefur yfir að ráða talsvert miklu fjármagni. Ég vænti að hv. þm. hafi veitt því athygli, að í því fjárlagafrv., sem liggur hér á borðum manna, er gert ráð fyrir því að á næsta ári hafi þessi sjóður til útdeilingar til þeirra, sem hafa orðið fyrir aflarýrnun, um 900 millj. kr. Þessi sjóður hefur á undanförnum árum deilt út til þeirra, sem hafa orðið fyrir aflarýrnun af einum eða öðrum ástæðum, mörg hundruð millj. kr. á hverju ári. Og hann hefur reglur til að vinna eftir í þessum efnum, þar sem hann deilir þessum fjárhæðum sínum út á milli útgerðaraðila eftir því hvað aflinn er mikill á tilteknu tímabili, hvaða tegundir skipa er um að ræða, mannafjölda á þeim o. s. frv. Þessi sjóður er þegar búinn að afgreiða bátana, sem voru á vetrarvertíðinni síðustu, vetrarvertíðinni 1974. Hann er búinn að afgreiða þær umsóknir, sem þar lágu fyrir, eftir sínum reglum. Hann mun vera búinn að deila út aðeins vegna vetrarútgerðarinnar rétt í kringum 200 millj. kr. Og þessar reglur hafa

verið látnar nægja hingað til í sambandi við það áfall, sem menn verða fyrir, þegar afli verður minni en í meðallagi.

Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að bæta við þessa styrkjagreiðslu 250 millj. kr. til bátaflotans yfir vetrarvertíðina og sumarvertíðina. Það liggur ekkert fyrir um það hvernig menn hugsa sér að skipta þessu á milli vetrarvertíðar og sumarvertíðar eða hvort það er ekki hugsuð nein bein skipting, heldur allt úthaldið gert upp í einu og heimtaðar þá sérstakar upplýsingar um rekstur hvers báts á öllu tímabilinu, sem er allt annað upplýsingatímabil en það sem Aflatryggingasjóður styðst við. Það getur auðvitað verið þannig hjá Aflatryggingasjóði, að tiltekinn bátur fær bætur á vetrarvertíð af því að þar hefur gengið illa, en sá bátur fái engar bætur þegar kemur fram á sumarúthald, af því að þá hafi hann fiskað meira en í meðallagi. Hér eru engar upplýsingar gefnar um það, hvort ætlað er að úthluta þessari fjárhæð, þessum 250 millj. kr., yfir allt tímabilið sem heild frá 1. jan. til 15. sept. Á þetta hefur ekki verið minnst, svo þýðingarmikið sem það er. Það er að vísu sagt, að það eigi að taka tillit til þess, sem Aflatryggingasjóður er þegar búinn að úthluta ákveðnum aðilum.

Af því að ég vil ekki eyða hér allt of löngum ræðutíma, get ég ekki farið lengra út í þetta þó að fyllilega væri ástæða til, en bendi aðeins á það, að hefði átt að úthluta þessum 250 millj. kr. til bátaflotans vegna erfiðleika í rekstri, þá átti auðvitað Aflatryggingasjóður að úthluta þessari fjárhæð, af því að hann er að úthluta allmiklum fjárhæðum í sama skyni, hann hefur sínar reglur til að vinna eftir, þetta er opinber stofnun, sem starfar undir ákveðinni, kosinni stjórn. Hann átti að setja reglur um þetta viðbótarfé. Ef menn vildu ekki una við þær reglur sem Aflatryggingasjóður hefur, gera þær víðtækari, þá gat hann gert till. um nýjar reglur til ráðh. og ráðh. átti síðan að staðfesta þær reglur. Þannig átti auðvitað að standa að málinu. En nú finna menn upp að segja: Ráðh. útdeilir þessu. Og þó að menn komi hér með einhvern minni háttar upplestur sem segir sáralítið, er ekki einu sinni í þskj., þá er enginn bundinn af því. Ég vil vara menn við. Hvaða prinsip eru menn að taka hér upp í sambandi við útdeilingu á stórum fjármunum af hálfu ríkisins?

Ég kem þá að næsta lið. Það er rætt um óafturkræft framlag til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra, 230 millj. kr. Er helst að sjá af upplýsingum, sem fram hafa komið hér áður, að þær 102 millj. kr., sem þegar hefur verið úthlutað í tíð núv. ríkisstj. til þessara aðila, eigi að dragast frá þessari upphæð, þessum 230 millj. kr., og þannig eigi að endurgreiða gengishagnaðarsjóði frá 1972 þessa upphæð. Þá kemur auðvitað spurningin um hvað eigi að gera við það fé, því að það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun um það. En togurunum á að veita þennan styrk til viðbótar, sem sagt samanlagt fyrir þetta rekstrartímabil frá áramótum til 15. sept. 230 millj. kr., því að mér skilst að sá rekstrartími, sem er lagður til grundvallar hjá þeim, sé fram að 15. sept., en ekki lengur. Það hefur auðvitað ekki komið hér fram heldur. Ákveðið er að verja þessari upphæð á sama hátt, ekkert um það í rauninni hvaða reglur eigi að gilda, en látin orð að því liggja, að skipt verði á milli skipanna eftir úthaldsdagafjölda, og þá helst að sjá að það sé rn. sem eigi raunverulega að fara með þetta vald.

Nú gilda auðvitað um þessa togara mjög mismunandi reglur í reynd, og eins og fram hefur komið er það svo, að samkv. reglum Aflatryggingasjóðs hefur hann ekki talið ástæðu til þess að greiða minni skuttogurunum, sem eru miklu fleiri en hinir, neinar bætur á fyrstu þremur mánuðum ársins 1974. Hann hefur úrskurðað að afli skipanna hafi verið þannig, að það sé ekki ástæða til þess að telja þá bótaskylda. En það er sama um þetta að segja og hitt, að ég tel að orðalag allt í till. meiri hl. sé mjög ófullnægjandi varðandi þetta atriði og óvenjulegt. Þetta hefði auðvitað líka átt að fela Aflatryggingasjóði, ef menn vildu bæta við þessa styrkjagreiðslu frá því sem er í gildandi lögum.

Þá kemur næsti liður í till. meiri hl. sjútvn. Hann er um það að varið verði 50 millj. kr til þess að styrkja sérstaklega fiskmjölsverksmiðjur á þessu ári, ekki loðnuverksmiðjurnar, heldur fiskmjölsverksmiðjur. Ég segi það, að mér þykir þessi till. vera aldeilis furðuleg, og þar miða ég við það sem ég veit um afkomu þessara fyrirtækja á undanförnum árum og einnig á þessu ári. Sýnist mér það vera aldeilis furðulegt að gera ráð fyrir að fara að greiða þeim sérstaklega 50 millj. kr. í styrk. Ég vildi aðeins spyrja hvaða upplýsingar liggi fyrir um fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja, rekstrarafkomu þeirra nú á þessu ári og rekstrarafkomu þeirra á þeim árum sem liggja fyrir endurskoðaðir reikningar. Hvaða upplýsingar eru það, sem liggja fyrir opinberlega um afkomu þessara fyrirtækja, sem bendi til þess að það sé ástæða til þess að fara að úthluta þeim 50 millj. kr. í styrk?

Við þetta er svo því bætt, að samkv. áætlunum muni enn verða eftir 75 millj. kr. og þeim verði ráðstafað síðar samkv. ákvörðun ráðh. Segir svo um þann lið: Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkv. nánari ákvörðun sjútvrn., áætlað 75 millj. kr. Þetta er í rauninni ekki lakari takmörkun en á hinum liðunum. Það er í rauninni algert frispil, hvernig eigi að úthluta þessum upphæðum.

Það kom fram einnig í framsöguræðu frá meiri hl. sjútvn. um þetta mál, að af fjárhæðinni, 250 millj. kr. — nema það hafi þá einnig verið af 230 millj. kr. til togara, ég skal ekki fullyrða nákvæmlega um það, en af þessum styrktarfjárhæðum sé ótilgreind upphæð sem eigi að fara í að bæta einstökum útgerðarfélögum upp sérstök óhöpp sem þau hafa orðið fyrir. Engar upplýsingar hafa verið gefnar um það, hvað hér sé um að ræða, hvað er áætluð mikil fjárhæð í þessu skyni, sem ráðh. má útdeila til ákveðinna fyrirtækja vegna óhappa sem þau hafa orðið fyrir. Gildir þetta um öll útgerðarfyrirtæki, sem hafa orðið fyrir óhöppum? Gildir þetta eingöngu um togara sem hafa orðið fyrir þeim óhöppum að vélin hefur bilað? Eða gildir þetta einnig um báta, þar sem vélar hafa brotnað niður og rekstur hefur stöðvast? Hvaða reglur eiga að gilda um þessa fjárhæð og hvað er hún mikil? Engar upplýsingar, ekkert um það, í rauninni algert

fríspil ráðh. að ákveða að taka svo og svo mikla upphæð og deila henni til tiltekinna fyrirtækja og tiltekinna aðila sem þurfa á þessari upphæð að halda að hans dómi. Þetta eru auðvitað alveg óvenjuleg vinnubrögð, og maður hlýtur að vekja athygli á því að svona skuli að málunum staðið.

Svo kemur rúsínan í pylsuendanum. Stungið er upp á því af meiri hl. sjútvn., að varið skuli til hagsmunamála sjómanna af þessum 1650 millj. kr., sem verða til vegna gengishagnaðar af sjávarafurðum sem eru í landinu og sjómenn eiga auðvitað jafnt og útgerðarmenn út af fyrir sig, hvorki meira né minna en 26 millj. kr., 15. millj. kr. til þess að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra og 11 millj. kr. vegna orlofshúsa sjómannasamtakanna.

Ef menn fóru inn á þá braut á annað borð að viðurkenna hér einhvern rétt sjómanna, átti auðvitað að ætla þeim miklum mun hærri fjárhæð en hér er um að ræða, því að þeir eiga auðvitað margfaldan rétt á við það sem ýmsir þeir eiga sem hér er ætlast til þess að fái stórar fjárfúlgur, og þar í hópi ýmsir þeir sem gera upp reikninga sína þannig og segja opinberlega að þeir hafi grætt. En sem sagt, það má kannske segja að þetta sé betra en ekkert, að fá þessar 15 millj. og 11 millj., en auðvitað er hér um allt of lágar fjárhæðir að ræða og ætti að ætla þeim af þessari upphæð, eins og minni hl. n. gerir till. um, miklum mun hærri fjárhæð.

Ég hef nú farið hér yfir meginhlutann af þeim till. sem hér liggja fyrir. Eins og ég sagði áður er þetta frv. aðallega tvíþætt. Það gerir ráð fyrir því að raska hlutaskiptakjörum sjómanna í grundvallaratriðum, færa frá þeim, beint frá þeim, á ársgrundvelli sem nemur 800—900 millj. kr., sem mundi þýða að meðaltali á hvern einn einasta starfandi sjómann í landinu yfir 200 þús. kr., miðað við fjölda þeirra. Í öðru lagi er verið að deila út miklum fjármunum, sem veita á aðallega sem styrki, og grundvallarsjónarmiðið er það, að tiltekinn ráðh. fær heimild til þess frá Alþ. að deila þessu út, líklega á milli 500—600 fiskibáta, kannske fleiri, og 200—300 eða alltaf 200 fiskiðnaðarfyrirtækja, ef þau koma þar öll til. Hann á að fá heimild til þess að útdeila þessum fjárhæðum sáralítið bundinn af Alþ. Ég get búist við að næsta till. í þessa átt verði sú, — það er ráðh. af hálfu Sjálfstfl. sem fer fram á að fá þessar heimildir, — að svo komi ráðh. Framsfl. á eftir, við skulum ætla að það verði samgrh., og fari fram á það að hann fái a. m. k. 800 millj. kr. og megi láta þær í vegi í landinu eftir því sem honum dettur í hug. Af hverju ekki það? Skyldi það vera nokkru lakara, að hann fengi slíka heimild og mætti deila því fé niður á vegi og brýr eftir því sem honum byði hugur, en að gefa sjútvrh. þessar heimildir? Það er jafnfráleitt að mínum dómi.

Menn geta auðvitað huggað sig við ýmislegt í þessum efnum. Ég hef veitt því athygli, að hv. framsóknarmenn hugga sig við eitt, að þeir hafi loforð um að sjútvrh. verði að hlusta á ríkisstj. þegar hann kemur til með að skipta þessum upphæðum, og þeir ætla að hanga á því að við það verði að standa. Sem sagt, þá eiga stjórnarflokkarnir að skipta þessu sín á milli eftir því sem kaupin gerast á eyrinni í ríkisstj. Það er lítið skemmtilegri aðferð. En það getur verið að þetta dugi þeim. En það er líka auðvitað hægt, eins og ég veit að sumir sjálfstæðismenn gera, að hugga sig við það að segja: Hæstv. sjútvrh. er mætur maður. Hann deilir þessu út sanngjarnlega. — Það má vel vera, ég veit ekkert um hvernig það gerist. En ég tel að hér sé verið að fara inn á braut sem ekki sé sæmileg og eigi í rauninni að hverfa frá.

Ég hef komið hér að nokkrum spurningum varðandi málið og gæti auðvitað komið fram með miklu fleiri spurningar, sem koma upp í huga manns í sambandi við framkvæmdina á þessum málum. En til viðbótar við það, sem ég hef þegar sett fram, vil ég spyrja: Í þessu frv. er aðeins nefndur styrkur til skuttogara. En nú er það svo, að það er enn þá í landinu fleira en skuttogarar. Hvað á að verða um hina? Eiga þeir ekki að fá neitt? Á sú tiltölulega litla fjárhæð, sem þeir hafa haft í fjárl. til þessa, að duga? Þá er ég hræddur um að þeir, sem eiga þá, eigi eftir að koma og segja að þeir séu greinilega að færast aftur úr miðað við það hlutfall sem verið hefur, nú eigi að úthluta skuttogurunum svona miklu, en gömlu síðutogararnir, sem taldir hafa verið lakastir, eru ekki nefndir á nafn, það er ekki heimilt að veita þeim samkv. þessu orðalagi nokkurn skapaðan hlut.

Ég segi það líka, að ég tel að það væri ákaflega eðlilegt að við værum upplýst um það hér, hvort t. d. loðnubátarnir frá síðustu vertíð ættu að fá líka úr þessari sameiginlegu summu sem bátaflotinn á að fá. Ef þessir bátar eiga ekki að fá neitt, þá er sjálfsagt að láta það koma hér fram að þeir séu hér undanskildir.

Ég hefði líka gjarnan viljað fá upplýsingar um hvort ætlað er að standa þannig að þessari styrkjaúthlutun, að skip, sem ekki eru bótaskyld samkv. reglum Aflatryggingasjóðs, fái styrk úr þessu eigi að síður.

Ég hef sagt það hér áður, að þó að ég sé andvígur þessu frv., telji meginatriði þess þannig, að ég er á móti því, telji reglurnar um það, hvernig skipta eigi gengishagnaðinum, óvenjulegar og óeðlilegar í mesta máta, þannig sé ég á móti frv., styð hiklaust þær till. sem komið hafa fram frá minni hl. sjútvn., en eigi að síður ætla ég mér ekki að fara að gera hér neitt til þess að reyna að koma í veg fyrir að ríkisstj. komi þessu máli fram fyrir þinghlé. Þetta mál er þannig vaxið, að ég skil mætavel, að miðað við stefnu hennar vill hún koma því fram nú, og það er vitanlega ekkert við því að segja að það geti orðið. Þó að þessi ræða hafi orðið nokkuð löng, — ég komst ekki af með minna, hefði gjarnan viljað tala miklu meira um málið, — þá ætla ég samt ekki að halda uppi neinum umr. um þetta mál sem stefna því á neinn hátt í hættu fyrir ríkisstj., þannig að það geti fengið sína eðlilegu og þinglegu afgreiðslu.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Ég vil aðeins áður en ég vík að einstökum þáttum, sem fram hafa komið í umr., benda á að það er prentvilla í brtt. meiri hl. n. á þskj. 190. Það er 3. brtt. undir e-lið, þar á að standa: Til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldr-

aðra, sem fá greiddan lífeyri úr lífeyrissjóðum sjómanna 15 millj. kr., en ekki lífeyrissjóði, þeir eru fleiri en einn lífeyrissjóðir sjómanna.

Það væri auðvitað ástæða til þess að ræða allítarlega ýmis þau atriði sem hér hafa komið fram í máli hv. stjórnarandstæðinga, en með tilliti til þess að tími er mjög af skornum skammti skal ég reyna að stytta mál mitt. Það hefur komið fram hjá hv. minni hl. sjútvn., að þeir hafa gagnrýnt þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið í máli þessu, og eins hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, síðasti ræðumaður. Þeir hafa kvartað undan því, hv. minnihlutamenn, að þeir hafi ekki haft nægan tíma til þess að fjalla um málið, en fyrir liggur þó, að þetta er 4. mál þingsins, sem lagt er fram. Ástæðurnar fyrir því, að nú er þröngt um tíma á síðustu dögum fyrir jólahlé, eru þær, að allan þennan tíma hefur þetta flókna og viðamikla mál verið í ítarlegri rannsókn, sér í lagi á vegum þess rn. sem um það fjallar. Og alveg sérstaka áherslu ber að leggja á það, að þær nauðsynlegu skýrslur, sem leggja þarf til grundvallar um alla skipan málanna og þ. á m. setningu þeirra reglna, sem eftir verður að fara og eftir verður farið við ráðstöfun gengishagnaðarins, hafa borist mjög treglega þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar þar um. Og enn er svo, að skortir mjög á um að fullnægjandi skil hafi verið gerð. Því var það sérstaklega tekið fram í framsögu minni hér í gær, að menn mættu gera ráð fyrir því að þeir yrðu afskiptir um fjárhagsaðstoð eða lánveitingar í þessu efni, ef þeir brygðu nú eigi skjótt við og gerðu fullnægjandi skil, reikningsskil til viðskiptabanka sinna eða skýrslugerð fyrir Aflatryggingasjóð.

Ég þykist vita, að hv. 2. þm. Austf. geri sér fulla grein fyrir því, hversu viðamikið mál þetta er. Það er ekki vegna þess að menn hafi viljað slá slöku við um framgang málsins, heldur einvörðungu vegna þess að tíminn hefur samt eigi reynst frá byrjun nóv. drýgri en þetta til þess að safna þeim gögnum, sem alveg eru nauðsynleg til þess að skynsamlegur grundvöllur verði fundinn.

Það má segja að gagnrýni sú, sem fram hefur komið frá hv. stjórnarandstæðingum, hafi aðallega verið tvenns konar. Í fyrsta lagi telja þeir, að hér sé um árás á samningsrétt sjómannastéttarinnar að tefla og um verulega skerðingu á kjörum þeirra. Og í öðru lagi er gagnrýnd af þeim sú tilhögun, sem gert er ráð fyrir að verði viðhöfð um ráðstöfun gengishagnaðarsjóðsins, þær reglur, sem gert er ráð fyrir að eftir verði farið. Ég þóttist gera nokkra grein fyrir þeim. Að vísu er sá rammi nokkuð rúmur, það skal ég játa, og ástæðurnar fyrir því eru þær, eins og ég tók fram, að enn hafa eigi borist nægilegar upplýsingar til þess að menn geti nákvæmlega lagt það niður fyrir sér, með hvaða hætti að skuli standa. En þó eru þær allar með þeim hætti, það glöggur rammi um þetta, að ástæðulaust er þess vegna að gera sér það upp að mönnum sé með öllu óljóst með hvaða hætti í höfuðdráttum öllum eigi að standa að þessari ráðstöfun.

Um brtt. minni hl. er þetta að segja, að þar er lagt til fyrst að 1.—4. gr. frv. verði felldar. Ég veit að ég þarf ekki sérstaklega að gera hv. 2. þm. Austf. grein fyrir því hvað raunverulega skeður þegar skráð er nýtt gengi. Nýtt gengi var nú skráð til þess að leiðrétta það að gengið var löngu fallið, og þessar ráðstafanir og gengisskráningin eru einkum og sér í lagi gerð vegna höfuðatvinnuvegar okkar, sjávarútvegsins. Ekki þarf heldur að gera honum grein fyrir ástæðum sjávarútvegsins eins og þær eru og hvernig þeim var komið þegar hann skildi við í sínu embætti. Og ég verð að segja það, að miðað við þá miklu reynslu, sem hv. þm. hefur í útgerðarmálum, og hinn mikla áhuga, sem ég veit að hann hefur á þeim málum, að ég undraðist hversu slaklega honum tókst að standa að þessum málum í sinni fyrrv. ráðherratíð. Og þótt mikið sé sagt, þá má jafnvel segja, að þegar upp var staðið, þá hafi hann ekki staðið upp frá öðru en sviknum loforðum. Þar á ég við um að finna einhvern rekstrargrundvöll fyrir útveginn í landinu. Hann setti á stofn nefnd eftir nefnd til þess að rannsaka og reyna að finna rekstrargrundvöll, t. d. fyrir togaraflotann nýja. Það var beðið um skýrslur eftir skýrslur, en allt kom í einn stað niður. Og það mætti segja mér, að hann hafi gert sér það glögga grein fyrir hinum hörmulegu ástæðum þessara mála á sumardögum, þegar stjórnarmyndunartilraunir fóru fram, að hann hafi ekki haft sérstaka löngun til þess að setjast í þennan stól á nýjan leik, enda lék hann að önglum og í færum í Vopnafirði norður meðan vinstristjórnarhrófatildrið brann.

Það skal ekki dregin dul á það, að að nokkru er um skert kjör sjómannastéttarinnar að tefla, sem fylgir í kjölfar þessa frv. Það liggur alveg ljóst fyrir, að um skert kjör allrar þjóðarinnar er að tefla, eins og ástæður hennar eru í dag efnahagslega. Vitnað var til þess hér, að ég hefði tekið fram í ræðu, haldinni á sjómannadaginn, að ég teldi fráleitt að ætla að finna rekstrargrundvöll togaraflotans með því að skerða hlut sjómannanna. Það er rétt, ég tel ekki, að rekstrargrundvöllur togaraflotans verði fundinn með því arna, enda hefur hann ekki verið fundinn enn. Hér er í raun og veru um byrjunarskref að ræða, sem stigin eru til þess að nálgast einhverja lausn á þeim málum, en þó fjarri lagi að sá grundvöllur sé fundinn.

En hvað er það, sem hv. minnihlutamenn leggja til og hv. fyrrv. sjútvrh. tekur undir? Það er t. d. það að enginn olíusjóður skuli myndast, engar greiðslur skuli vera í olíusjóð, eins og gert er ráð fyrir samkv. a-lið 4. gr. Hvað mundi þetta þýða? Mundi þetta verða til þess að bæta kjör sjómannastéttarinnar? Nú liggur alveg ljóst fyrir, að talið er að verðmætisaukning frá hráefninu og til þess að vera fullunnar útflutningsafurðir er talin vera fjórföld til fimmföld. Ef við gerum ráð fyrir fjórföldun, þá er ljóst, að þessar greiðslur í olíusjóðinn eru aðeins að ¼ hluta af hráefnisverðinu. Hvað mundu þær verða ef enginn olíusjóður væri myndaður? Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sé það alveg ljóst, að þá mundi útgerðin borga það allt saman, og þá er hætt við, að kjör sjómannanna mundu skerðast, og liggur fyrir, að kjör sjómannanna mundu skerðast miklu meir en þó með þessari aðferð. Hv. 8. landsk. gagnrýndi það, að það væri hærra útflutningsgjald í olíusjóð af saltfiski og skreið.

Og hann þóttist reyna að sanna sitt mál með því að lesa upp úr bréfi frá Sambandi ísl. fiskframleiðenda. Þar kom að því að hann eignaðist hauk í horni til þess að sanna sitt mál. Staðreyndin er hins vegar sú, að þessi grein fiskvinnslu hefur setið við allt annað og betra borð heldur en aðrar greinar framleiðslunnar í landinu, útflutningsframleiðslunnar. Að vísu eru ýmsar blikur á lofti og ástandið hefur versnað. En hann benti á, að það ætti að vera heimild til þess að minnka þetta, ef ástandið versnaði enn að þessu leyti. Þá má auðvitað segja það: Hvers vegna ætti ekki að vera heimild til þess að fella þetta niður á öðru? — því að enn getur þetta versnað í þeim efnum líka, svo að þessi málflutningur er að sínu leyti út í hött.

Það er alveg ljóst, að eins og ástæður eru nú hjá útveginum og fiskvinnslunni, þá ber hina brýnustu nauðsyn til þess að hægt verði þegar í stað að hefja greiðslur úr gengishagnaðarsjóði til þess að ekki dragi til rekstrarstöðvunar hjá svo og svo mörgum aðilum.

Í sambandi við gagnrýni, sem fram hefur komið um skiptingarreglurnar, tók ég það fram í framsögu minni fyrir málinu í gær, að þar væri að finna framkvæmdaramma sér í lagi vegna 9. gr. frv., sem samkomulag hafði náðst um milli sjútvn. og sjútvrn. Það færi allt of langur tími í það hér að lesa þær reglur upp á nýjan leik. Það hefði kannske verið æskilegra að sá rammi hefði verið enn þrengri, en samt er hann þann veg sniðinn að ástæðulaust er með öllu að halda því fram, að hér sé sjútvrn. sjálfu gefið eitthvert sjálfsvald um það hvernig þessi ráðstöfun muni fara fram. Enn fremur vil ég benda á það, að hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir, að um alla meðferð málsins yrði haft náið samráð við ríkisstj. alla. Ég hygg að það hafi verið hv. 8. landsk., sem talaði um að Alþ. hefði átt að hafa áfram með höndum úthlutun þessa fjár t. d. og síðan einhverjir sjóðir, eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Austf. En ég vil benda á það, að ríkisstj. fer með framkvæmdavaldið í landinu og ráðh. eru ábyrgir gagnvart Alþ., þannig að ég get ekki séð að það sé nein ástæða til þess að vantreysta frekar málinu í höndum þeirra en hjá einhverjum opinberum sjóðum, án þess að ég sé með neitt vantraust í þeirra garð. Ég tel að mál, sem er í höndum ráðh., sé vissulega í höndum Alþ. áfram, þar sem hann er ábyrgur gagnvart því.

Það kom fram í þeim skýringum, sem ég gaf og lagðar verða til grundvallar því hvernig að þessu skuli staðið, hvernig þetta verður í raun, ekki að vísu í smáatriðum, því að það hefur ekki verið hægt að ákveða enn, en nægjanlega skýrt til þess að menn hafi heildarmynd af því.

Í máli hv. 2. þm. Austf. bar hann fram ýmsar spurningar, t. d. þá, hvernig menn hugsuðu sér að bátaflotinn eða þeir aðilar, sem lána á 400 millj. til skamms tíma, 2—3 ára, yrðu í færum um að endurgreiða það eftir 2—3 ár og með hvaða hætti ætti að tryggja það. Það verður auðvitað að játast eins og er, að þetta yrði kannske meiri vonarpeningur. Það kann vel að vera að mál skipist þannig. Þó færi betur að svo yrði ekki, að erfitt verði um endurgreiðslu. En á það verður að reyna. Vonandi koma betri tímar nú til handa þessum atvinnuvegi, og þá er sjálfsagt, eins og hér er gert ráð fyrir, að þetta fé verði endurgreitt, ef þess er kostur að fá það endurgreitt.

Ég tók skýrt fram í framsögu minni, þar sem ég gerði grein fyrir þeim reglum sem þegar er áformað að setja um þetta, að það væru reglurnar sem yrðu lagðar til grundvallar, þannig að það er ástæðulaust að halda því fram að þetta hafi ekki gildi um framkvæmdina í sjálfu sér, rétt eins og grg. getur haft með lögum, og þótti ekki eðlilegt eða ástæða til að fella allar þessar reglur inn í lögin sjálf.

Það voru ýmsar spurningar, sem hv. 2. þm. Austf. lagði hér fram, t. d. eins og það, hvort loðnuskip væru með í þessu og rækju- og humarskip, og ég hygg að það hafi ekki verið fleiri. En eftir því sem mér er best kunnugt um, þá hefur ekki verið gert ráð fyrir því varðandi þessar 250 millj., sem þarna er átt við, að þessi skip væru þar með eða það úthald sem þau hafa haft.

Varðandi stærðargráðuna, þá var fyrst miðað við að það yrðu 20 smálestir minnstu skipin og miðað við 40 smál. afla á hvoru úthaldi frá 1. jan. til 15. maí og síðan frá 15. maí til 15. sept. En með tilliti til þess að sanngjarnt væri, að minni skip, allt að 12 lestir, gætu átt rétt til aðstoðar, þá var þessu breytt, og því var breytt í samkomulagi milli n. og sjútvrn. Um það hvort öll skip, allt ofan í smæstu trillur, ættu þarna að vera með, það leyfi ég mér að draga í efa að sé framkvæmanlegt í sjálfu sér, en vil þó ekki leggja neinn endanlegan dóm á það. En þetta varð þó niðurstaðan eftir vangaveltur í þessu efni. Trillum og smærri bátum en þetta er ekki haldið úti nema e. t. v. örskamman tíma á ári og þá til handfæraveiða t. d. mest. Ég er ekki fær um að dæma um þetta atriði sérstaklega, en það varð niðurstaðan að það væri ófært að hafa ekki lágmarksviðmiðun í þessu, og þess vegna var þessi 12 smálesta tala valin.

Ég verð að segja það varðandi þessa gagnrýni, sem fram hefur komið, að ég held að það sé ástæðulaust vantraust, sem hv. stjórnarandstæðingar hafa hér í frammi, vegna þess að þetta verði meira og minna á snærum sjútvrn. sjálfs, ráðstöfun á þessum gengishagnaði sem hér um ræðir. Það er alveg ljóst, að bæði verður þetta í höndum sjóða eins og Aflatryggingasjóðs, og vitað er eftir hvaða reglum hann fer, og eins að því leyti sem þetta verður beint í höndum sjútvrn. sjálfs, þá verður ljóst að það mun fara eftir þeim reglum sem hafa eftir reynslunni um árin sýnt sig vera eðlilegar og þær réttlátustu. Ég vil leggja áherslu á það, að ég þykist þekkja það vel til bæði í hópi þessarar stéttar og eins um málefni hennar, að það verði erfitt að setja þær reglur sem ekki væri hægt að sýna fram á að væru í einhverju óréttlátar, þó alveg sér í lagi að þeir, sem stéttina skipa, mundu ekki telja að væri meir og minna ranglátar.

Fjölmargt annað kom fram, sem auðvitað hefði verið ástæða til þess að fjalla um. Það var gagnrýnt að ætlaðar eru um 50 millj. til handa fiskmjölsverksmiðjum. Það liggur þó fyrir að þær hafa orðið sannanlega fyrir gífurlegum áföll-

um á þessu ári. Ég held að það verði ekki um það deilt. Og það er vegna þeirra áfalla sem þetta er áformað og gert er ráð fyrir að til þeirra verði veittar 50 millj. kr. Ég hef ekki hér í höndunum niðurstöður af reikningsskilum þeirra, en mér er fullkunnugt um að þau áföll, sem þær hafa legið undir á þessu ári, eru gífurlega mikil og þess vegna fullkomin ástæða til þess á þessum miklu þrengingatímum að gera þeim einnig úrlausn.

Þetta eru tvö atriði, eins og ég segi, sem gagnrýnd hafa verið og bitastæð eru. Það er um það að hér sé um skerðingu á kjörum sjómannastéttarinnar að tefla og svo einnig um það að hann sé óljós og að engu hafandi, sá rammi sem settur er ráðstöfunina varðandi.

Svo að ég víki aðeins að því aftur um hin skertu kjör, þá vil ég nú minna á það, og það hefur verið minnt á það áður að sjómannastéttin hefði ekki fengið fram eftir öllu ári neinar launabætur þrátt fyrir hinar gífurlegu launahækkanir, sem urðu í febr. s. l. Ég vil minna á það, að vissulega áttu sjómenn rétt á hækkuðu fiskverði miklu fyrr en gert var með þessum lögum. En hver var sá sem stöðvaði það? Hver ákvað með lögum um viðnám gegn verðbólgu að engin fiskverðshækkun skyldi verða? Það var hæstv. fyrrv. ríkisstj., og frumkvæðið um þetta atriði hlýtur hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, að hafa haft, þannig að það er holhljómur í málflutningi þessara hv. stjórnarandstæðinga í þessu efni. Það er verið með gengisfellingunni eða hinni nýju gengisskráningu og réttu gengisskráningu, því að hún var orðin röng áður, með henni og þessum ráðstöfunum er verið að vinna öfluglega að því að rétta við þennan aðalundirstöðuatvinnuveg íslensku þjóðarinnar. Samt sem áður leyfa þeir sér að leggja til að meginefni þess frv., sem liggur til þessa máls, verði fellt. Slíkur málflutningur dæmir sig sjálfur. En með tilliti til þess, þótt mjög margt hafi komið fram sem ástæða væri til að orðfæra, — með tilliti til þess að hér er um knappan tíma að ræða, sem ég vænti að aðrir taki einnig tillit til, þá læt ég nú lokið máli mínu.

Tómas Árnason: Virðulegi forseti. Það styttist nú óðum starfstími Alþingis fyrir jólaleyfi. Með tilliti til þess að mörgum málum þarf að hraða, sem nauðsyn ber til að verði afgreidd, skal ég láta nægja hér örfá orð um þetta mál, þó að vissulega væri ástæða til að ræða í þaula mörg smærri atriði málsins.

Það má lengi deila um það, hvernig á að skipta gengishagnaðinum. Hér er um að ræða 1650 millj. kr. að því er menn ætla, og það eru um 400—600 fiskiskip sem væntanlega koma til með að eiga kröfu um hlutdeild í sjóðnum. Það er því mikið vandaverk og þarf að taka tillit til margs, þegar þessari upphæð er deilt niður. En það, sem ég vildi sérstaklega víkja að hér, er að gefnu tilefni. Hv. 2. þm. Austurl. gerði að umræðuefni í talsvert löngu máli, framkvæmd málsins. Ég vil vekja athygli á því, sem kemur fram í nál. sjútvn. á þskj. 189, þar sem segir um það atriði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við meðferð málsins hefur náðst samkomulag við sjútvrn. um meðferð ýmissa þátta og mun þess sérstaklega getið í framsögu.“

Ég veit ekki hvort það hefur farið fram hjá hv. 2. þm. Austurl. við 1. umr. málsins, að hæstv. sjútvrh. gaf alveg sérstaka yfirlýsingu varðandi þetta atriði. Þessi yfirlýsing var nálægt því að vera á þá leið: Allar reglur, sem settar kunni að verða um ráðstöfun gengishagnaðar, verði settar í fullu samráði við ríkisstj. og formenn sjútvn. Alþ. eða þeirra fulltrúa, sem þær fela að fara með málið fyrir sig.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem gengishagnaði er ráðstafað, og áður mun það hafa verið þannig í lögum að það hafi sérstaklega verið tilgreint að ríkisstj. fjallaði um það mál. En ég tel að þessi yfirlýsing hæstv. sjútvrh. jafngildi fyllilega því ákvæði, vegna þess að þetta snertir framkvæmd málsins, og ég tel að eftir þessa yfirlýsingu sé hann búinn að skuldbinda sig til þess að með málið verði farið í framkvæmd á þann veg, að höfð verði full samráð við ríkisstj. alla, og enn fremur, sem áður hefur þó ekki verið gert, höfð samráð við formenn sjútvn. beggja þd. eða fulltrúa sem n. tilnefna. Ég get því ekki verið sammála hv. 2 þm. Austurl. um að ráðh. hafi hér óbundnar hendur í sambandi við framkvæmd málsins.

Það er mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við þetta mál að það nái sem fyrst fram að ganga, til þess að unnt sé að ráðstafa greiðslum úr gengishagnaðarsjóðnum hið fyrsta. Tíminn er raunverulega að hlaupa frá mönnum í þessu efni. Meginmálið er auðvitað það, að ástand sjávarútvegsins, rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins er með þeim hætti um þessar mundir, eins og öllum er kunnugt, að það liggur við stöðvun. Það er sá alvarlegi þáttur í þessu máli.

Það væri freistandi að gera að umræðuefni Aflatryggingasjóðinn, vegna þess að hann kemur hér dálítið við sögu, en ég mun ekki gera það að þessu sinni að öðru leyti en því, að ég er á þeirri skoðun að það þurfi að endurskoða lög og reglur um Aflatryggingasjóð og vildi benda á í þessu sambandi hvort ekki kæmi til greina að setja sérstaklega til þess mþn., því að það er mjög vandasamt verk. Ég legg áherslu á að endurskoða þurfi lög um Aflatryggingasjóð og reglur sem gilda um starfsemi hans.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Mér er ljós nauðsyn þess, að þetta mál verði afgreitt héðan frá Alþ. hið allra fyrsta. Ég mun ekki tefja þá afgreiðslu með málþófi, ég vil aðeins benda á það, að ástæðan fyrir því hve mál þetta er seint á ferðinni nú er ekki fyrirstaða okkar stjórnarandstæðinga, heldur hitt að það tók allan þennan tíma að fá stjórnarsinnana til fylgis við þetta stjfrv.

Nú þegar er komin fram að fullu skýring við þær till., sem við í minni hl. sjútvn. flytjum á þskj. 194, og rökstuðningur við þær. Þeim rökstuðningi hefur ekki verið haggað:

Í fyrsta lagi er ríkisstj. með 1.—4. gr. að framkvæma beina árás á kjör sjómannastéttarinnar, sem haft hefur þær afleiðingar, að sjómenn biðu mjög skertan hlut, og í annan stað orðið til þess, að sjómenn hafa nú sagt samningum sínum laus-

um, og svo kann að fara, að þessar ögranir ríkisstj. verði til þess að skapa alvarlegt vandamál á vinnumarkaðnum í náinni framtíð. Þessum röksemdum okkar hefur verið mótmælt, en þeim hefur ekki verið haggað. Við höldum enn fast við þær till. okkar, að 1.—4 gr. frv. verði felldar.

Í annan stað höfum við sagt að margt óeðlilegt væri við úthlutun gengishagnaðarins. Sérstaklega er óeðlilegt að fela sjútvrh. upp á eindæmi að ráðstafa hundruðum millj. kr. Sérstaklega óeðlilegt er að setja ekki fastar reglur um slíka úthlutun í lög, og sérstaklega fordæmanlegt er hve hluti sjómanna af 1650 millj. kr. gengishagnaðarsjóði er lítill gerður í till. meiri hl. Ákveðin atriði af þessu hefur hv. frsm. meiri hl. sjútvn. þegar viðurkennt að nokkru leyti með því að fallast í raun á þær ábendingar okkar, að reglurnar, eins og þær eru í frv., um úthlutun gengishagnaðar séu bæði lausar í sér og rúmar. Málið liggur skýrt fyrir eins og það er nú, og það mun ekki skýrast frekar þótt meira verði um það orðlengt og því ætla ég ekki að gera það. Meginástæða þess að ég kom hér upp var að óska eftir því við virðulegan forseta, að hann féllist á að taka inn í nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar á brtt. okkar á þskj. 194, sem ýmist hafa fallið niður í prentun ellegar eru ekki fyllilega eðlilegar eins og þetta er uppsett.

Þá er það fyrsta í 5. tl. á þskj. 194, b-lið, 2. mgr., sem hljóðar svo: „Styrkupphæðinni verði skipt þannig, að 40% hennar verði ráðstafað einvörðungu með tilliti til mannúthaldsdaga og 60% við“ — þarna hefur fallið niður „í samræmi“, þetta á að vera: „60% í samræmi við reglur, er Aflatryggingasjóður setur.“

2. breyt., sem ég óska eftir að verði tekin til greina, er varðandi d-lið. Það er sams konar breyting og meiri hl. n. hefur gert að sinni till. um þetta efni. Þar standi ekki „Til lífeyrissjóðs sjómanna“, heldur „Til lífeyrissjóða sjómanna“, og í lok mgr. standi: „samkv. reglum, er stjórnir sjóðanna setja“.

Þessi breyt. er að sjálfsögðu gerð af okkur eins og af meiri hl. vegna þess að sjómenn eiga aðild að fleiri en einum lífeyrissjóði og eru m. a. félagar í blönduðum lífeyrissjóðum úti á landi.

3. breyt. er svo við e-lið, að hann orðist svo: „20 millj. kr. til sjómannasamtakanna, til byggingar orlofshúsa og annarra félagsmála, eftir nánari ákvörðun stjórna“ — r-ið falli þarna niður. Þar sem rætt er um sjómannasamtökin er átt við Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, þar er auðvitað átt við stjórnir beggja þessara samtaka. Vænti ég að virðulegur forseti taki þessar leiðréttingar til greina.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Virðulegi forseti. Ég skal hafa þetta stutt að þessu sinni og ekki verða til þess að tefja fyrir afgreiðslu málsins.

Það er að mínum dómi varla hægt að komast hjá því að fara nokkrum orðum um málflutning hv. þm. Sverris Hermannssonar þegar hann þykist vera í ræðu sinni nú áðan að finna að tillögugerð okkar stjórnarandstæðinga og þykist vera að taka till. í gegn lið fyrir lið. Svo þykist þessi hv. þm. vera þess umkominn að tala um að það sé holhljómur í okkar rökstuðningi. Það er alveg furðulegt að maðurinn skuli leyfa sér að láta slíkt út úr sér þar sem af ræðu hans varð ljóst að hann hrakti ekki rök okkar að nokkru einasta leyti og fór í kringum aðalatriðin eins og köttur kringum heitan graut.

Þar er fyrst til að taka að hv. þm. Sverrir Hermannsson gagnrýndi það, að við í minni hl. n. höfðum fundið að því að við hefðum ekki haft nægan tíma til þess að rannsaka málið, það hefði nú heldur betur verið nægur tími, þetta væri aðeins 4. mál þingsins og lagt fram í upphafi þings. Sannleikurinn er hins vegar sá að það lágu engar útskýringar fyrir frá rn. hálfu fyrr en á allra síðustu dögum þingsins og síðan á að pressa þetta í gegn skýringarlaust á nokkrum klukkutímum.

Hv. þm. sagði sjálfur að það hefði ekki verið hægt að fá nánari upplýsingar um þetta fyrr en svona seint vegna þess að málið hefði allan tímann verið í rannsókn hjá rn., og hann staðfesti það einnig sem ég hélt fram hér í ræðu minni í gær, að setningu reglna um úthlutun gengishagnaðarsjóðs væri ekki lokið. En samt á Alþ. að samþykkja þetta án þess að vita nokkuð hvað þetta þýðir nema rétt í höfuðatriðum.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson var mikið hneykslaður á því að minni hl. hv. sjútvn. hefði lagt til, að 1., 2., 3. og 4. gr. frv. væru felldar niður. Þessar gr. allar hafa það sameiginlegt, að þær eru bein árás á kjör sjómannastéttarinnar. Í 1. gr. er fiskverðið bundið, í 2. og 3. gr. er tekið af óskiptum afla og það þýðir bæði, að kjör sjómanna eru rýrð stórkostlega og kaup þeirra bókstaflega lækkað í krónutölu, og eru auk þess bein árás á frjálsa samningagerð stéttarfélaga. Það er þetta sem hann, þessi hv. þm. og togaraeigandi, er svo hneykslaður yfir.

Varðandi úthlutun gengishagnaðarsjóðsins þá þóttist hann hafa gert skýra grein í sinni framsöguræðu fyrir því hvernig úthluta ætti sjóðnum. Ég er alveg viss um að það hefur enginn hv. þm. getað lesið nokkuð slíkt út úr hans ræðu. Hann nefndi það að ramminn, sem kæmi í till. sjútvrn., væri rúmur og hann væri jafnvel glöggur. En ég sé ekki betur en þessi rammi sé eingöngu utan um hæstv. sjútvrh. sem á að fá að úthluta þessu fé upp á milljarða kr. upp á eindæmi. (Gripið fram í.) Ég er alveg viss um það að hæstv. forseti mun gefa hæstv. sjútvrh. orðið á eftir ef hann vildi gera svo vel að leyfa öðrum óbreyttum þm. að tala augnablik ótruflaðum.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson lýsti því sem ánægjulegri lausn og traustvekjandi að hæstv. ráðh. mundi hafa samráð við aðra ráðh. um setningu reglnanna, og hann talaði margoft um það í sinni ræðu að það hefði verið samkomulag milli n. og sjútvrn. í ýmsum málum. Ég neita þessu alfarið. Það hefur verið samkomulag milli stjórnarliða í n. við rn. kannske og þó ekki alla, gæti ég trúað. En við höfum aldrei gert neitt samkomulag í þessum efnum við rn. á neinn hátt.

Við í minni hl. n. vorum ákaflega (Gripið fram í.) — já, við vorum bæði hógværir og skynsamir í okkar tillögugerð, það er rétt ábending hjá hv.

þm. Pétri Sigurðssyni. En við vildum hafa fyrirvara á því, hvernig ráðh. ætti að útbýta í lánum 400 millj. af þeim 600 sem getur um í a-lið. Það er eitt af því sem ráðh. og rn. á að hafa algerlega í sínum höndum. Við lögðum til í okkar till. að Fiskveiðasjóður setti um þetta reglugerð, sem ráðh. síðan staðfesti, og jafnframt að öruggar tryggingar yrðu settar fyrir þessu, en það væri ekki undir hælinn lagt hvort þeir peningar skiluðu sér á þann stað sem þeir eiga endanlega að fara. Hv. þm. sagði að peningarnir yrðu endurgreiddir ef þess væri nokkur kostur.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson var í rauninni alveg orðinn ánægður með málið í heild þegar hann sá að framlagið til skuttogaranna var komið í höfn. En hann þurfti sérstaklega að geta þess, að við hefðum lagt til að þær 50 millj., sem átti að skammta fiskmjölsframleiðendum, yrðu teknar út. Þessir aðilar, eigendur fiskmjölsverksmiðja, hafa grætt stórkostlegt fé mörg undanfarin ár. Þar hafa komið upp mörg feit ár og ár eftir ár en nú á árinu kemur í fyrsta sinn magur tími og þá á að fá óafturkræft framlag frá ríkissjóði upp á marga tugi millj. Hv. þm. sér ekki eftir þessum 50 millj. handa þessum gróðaaðilum, en hann sér eftir því að við í minni hl. n. skulum hafa ætlað að sjómannastéttin fengi að njóta þessara peninga. (Gripið fram í.) Það vissu nú fleiri.

Hv. þm. minntist aftur á fyrstu fjórar gr. og hann samþykkti það og viðurkenndi, að kaup sjómanna og fiskverð hefur ekki hækkað síðan um áramót, og hann lýsti því réttilega að nú væri þessi hækkun bundin við 11%. En hann er alveg jafnánægður með að samþykkja þessar fyrstu fjórar gr., sem hver fyrir sig og allar í senn ráðast að kjörum sjómanna og beinlínis skerða þau geysilega að krónutölu miðað við óbreyttan afla, en ofan á það bætist að afli hefur rýrnað stórkostlega í landinu á tímabilinu.

Ég vil að lokum vitna í orð hv. 3. þm. Sunnl. þótt ég sé ekki vanur því, en hann sagði í sinni stuttu ræðu hér í gær m. a., að meiri hl. í hv. n. hefði deilt nokkuð um, hvernig ætti að skipta 250 millj. til bátaflotans, og lýsti þá till. Landssambands ísl. útvegsmanna, sem voru þess efnis að helmingur þessarar upphæðar skyldi fara til bátaflotans miðað við úthaldsdaga. Þá lagði hann sérstaka áherslu á það, þessi hv. þm., að það væri nú eins og áður ástæða til þess að taka verulegt tillit til álits Landssambands íslenskra útvegsmanna í þeim málum sem þau samtök snerta. Hv. þm. Pétur Sigurðsson skaut því fram rétt þar á eftir, meðan hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að lesa upp úr áliti Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, hvort það mætti ekki lesa upp fleiri umsagnir, hvort það mætti ekki vitna í fleiri umsagnir sem hefðu borist n. Það er rétt að það bárust ekki nema tvær skriflegar umsagnir, frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, sem mótmælti hækkun á útflutningsgjaldi, og frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, en óbeint hafði n. fengið umsagnir frá öllum sjómannasamtökunum, sem mótmæltu þessum liðum, sem ég taldi hér áðan, fyrstu fjórum, mjög harðlega. En í umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna kemur þó ýmislegt fram sem ég skal gera hv. þm. og ágætum samstarfsmanni í n. þann greiða að leyfa honum og öðrum hv. þm. að heyra. Það er ekki víst að aðrir hv. þm. hafi haft svo mikinn áhuga á þessu máli að þeir hafi lesið þessar umsagnir.

Landssamband ísl. útvegsmanna mótmælir harðlega lögbindingu fiskverðs. Landssambandið lítur svo á að 11% hækkunin nægi útgerðinni alls ekki, og við og þeir vitum jafnframt að þessi hækkun nægir sjómönnum þaðan af síður. Í öðru lagi segir í umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna að það mótmæli harðlega að sjávarútvegurinn beri einhliða kostnað af olíuhækkun. Ég gerði nána grein fyrir þessu í framsöguræðu minni í gær. Við í minni hl. erum alveg sammála þessu. Við mótmælum því harðlega að stórkostlegur hluti af hækkun olíuverðs sé lagður á herðar sjómannanna sem þegar í fyrri gr. frv. hafa fengið nægilega illa meðferð af hæstv. hægri stjórn í landinu.

Og að lokum vil ég leyfa mönnum að heyra það, að Landssamband ísl. útvegsmanna telur augljóst að útflutningsgjöldin komi algerlega í veg fyrir eðlilega fiskverðshækkun. Þetta er einmitt nákvæmlega sama og minni hl. n. hefur margsinnis tekið fram.

Ég lofaði að tefja ekki tíma þingsins um of við umr. um þetta mál, en það væri þó sannarlega ástæða til þess að lesa þessum herrum og þó sérstaklega hæstv. ráðh. í gyllta rammanum hans Sverris Hermannssonar pistilinn, þótt ekki væri nema nokkra klukkutíma í viðbót.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil fyrst vegna ummæla, sem komu fram frá hv. 2. þm. Austurl. í ræðu hans hér áðan, mótmæla algerlega því að reynt hafi verið á nokkurn hátt að tefja fyrir afgreiðslu þessa máls. Þegar málið kom til okkar í n. eftir 1. umr. hér í Nd. voru gefnir 8—9 dagar fyrir þá sem beðnir voru um umsagnir um málið eða til 10. des. Þegar við höfum fund í n. þann 11., að mig minnir, hafði aðeins ein umsögn borist, en alveg frá þeim degi og fram á daginn í gær, þegar nál. var skilað, voru nær stöðugir fundir í sjútvn. Nd. og oft sameiginlega með sjútvn. Ed. þannig að það fær ekki staðist. (Gripið fram í.) Það var í eitt skipti sem hv. þm., sem grípur fram í, mætti.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi aðeins koma inn á í sambandi við röksemdarfærslu þeirra sem hér hafa rætt um hina illu meðferð á sjómönnum, og vissulega skal ég taka undir það að þetta er ákaflega slæm leið sem þarf að fara að manni finnst á nokkurra ára fresti til þess að bjarga þessum atvinnuvegi frá því að detta upp fyrir. Það er hárrétt, ég tek undir það heils hugar. Sýnist sumum að það mætti kannske fara að hrista frekar upp í ekki aðeins rekstri og rekstrarafkomu þessarar atvinnugreinar, heldur og einu og öðru sem við erum hér að leggja á, ekki sjómenn eina, heldur útveginn í heild og þá um leið þjóðina. Við þurfum að hrista þar upp í ýmsum hlutum og við skulum bara horfa á einn lið sem við erum að samþykkja núna sem er t. d. tryggingasjóðurinn. Við ráðum

að sjálfsögðu ekki við olíukostnaðinn, og það þýðir ekkert fyrir okkur annað en horfast í augu við þá staðreynd að þetta er vandamál sem þjóðin og þá sérstaklega kannske atvinnuvegurinn, sem einn getur staðið undir þessu, verður að taka á sig og bera. Við getum rifist um það óendanlega hvernig skiptingin eigi að vera, en það er enginn vafi á því að þetta álag verður að koma á atvinnuveginn sjálfan. En það er ákaflega eftirtektarvert að þeir, sem nú mótmæla mest og hæst úr stéttum þeirra sem að sjómennsku vinna, mótmæltu ekki með einu einasta orði fyrri hluta ársins. En ef við skiptum dæmi þessa árs á milli tveggja sjútvrh., þá var fyrrv. ráðh. búinn að festa fiskverð í 7 mánuði, en það er þó ekki ætlað með lögum núv. sjútvrh. að festa það nema í 5 mánuði, og þar sem fyrrv. ráðh. bannaði að fiskverð hækkaði, er þó ákveðið að hækka það nú um 11%. Auk þess er hér um ákaflega mikinn misskilning að ræða. Það má auðvitað finna út, að það verði lækkun í krónutölu miðað við óbreyttan afla, en hins vegar held ég að menn ættu að gera sér ljósa grein fyrir því að það þarf líka færri kg nú til þess að ná sama verðmæti.

ATKVGR.

Brtt. 194,1—4 felld með 28:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EðS, GS, GilsG, EyS, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, SighB, KÓ.

nei: ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, IG, GHB, RS, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, RH.

Brtt. 190,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 190,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 190,3.a samþ. með 28:12 atkv.
— 190,5.a kom ekki til atkv.
— 194,5.b felld með 28:11 atkv.
— 190,3.b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 190,3.c samþ. með 28:9 atkv.
— 194,5.c kom ekki til atkv.
— 190,3.d samþ. með 26:13 atkv.
— 194,5.d felld með 28:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, KÓ, BGr, EðS, GS, GilsG, EyS, SkA, KP, LJós, MK, MÓ.

nei: PJ, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, IG, GHB, RS, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, RH.

Brtt. 190,3.e samþ. með 36 shlj. atkv.
— 194,5.e felld með 28:12 atkv.
— 190,3.f samþ. með 40 shlj. atkv.
— 190,3.g samþ. með 28:12 atkv.
— 194,5.f kom ekki til atkv.
— 190,3 lokamgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
— 190,4 samþ. með 40 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28:9 atkv. og afgr. til Ed.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. (þskj. 36, n. 191 og 195, 192). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Hæstv. forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til þess að vera orðmargur um þetta frv. Það hefur þegar verið rætt mjög ítarlega hér í d. við 1. umr. málsins. Við höfum haft það til meðferðar í sjútvn. d. og eins og kemur fram í nál. okkar leggjum við til, að frv. verði samþ. með tveimur breytingum.

Hér hefur verið, eins og ég sagði, ekki aðeins mikið rætt um þetta á hv. Alþ., heldur hafa blaðaskrif orðið nokkuð mikil um þetta mál, og það hefur verið gert á nokkurn hátt að tilfinningamáli ákveðinna aðila, um leið og það er að sjálfsögðu hagsmunamál, og hinir furðulegustu aðilar í þjóðfélaginu hafa risið upp til þess að verja hinn óbrenglaða Wallstreet-kapitalisma sem virðist koma fram í þeirri aðgerð sem hefur verið gerð á Blönduósi.

Það, sem ég undrast persónulega hvað helst og er kannske það sem fyrst og fremst ákveður mína afstöðu, eru önnur lög sem koma inn á þetta svið og hafa gífurlega þýðingu fyrir þá sem að vinna. Ég á þar að sjálfsögðu við lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Við skulum ekki gleyma því, að annað aðalákvæði þeirra laga í sambandi við verðlagningu til sjómanna og útgerðarmanna er um framleiðslukostnað, ekki aðeins erlenda verðið, heldur og framleiðslukostnað. Ég held að það hljóti að segja sig sjálft að þegar ákveðið magn er gefið sem má vinna en bætt er við verksmiðjum, þá er líka verið að gefa undir fótinn með það að það sé verið að leggja meira til þeirrar framleislu, sem þarna á að vinna, heldur en ástæða væri til ella. Þetta er önnur meginröksemd mín fyrir því að samþykkja þetta frv., að við þurfum að hafa nokkurt eftirlit með, hvernig slíkar verksmiðjur séu staðsettar hér á landi, m. a. vegna þessa.

Í öðru lagi skulum við taka fullt tillit — eða ég legg það a. m. k. til og því mæli ég með samþykkt frv., að við tökum fullt tillit til þeirra vandræða sem verið hafa á þessu landssvæði, og þar á ég við atvinnuleysið. Ég er búinn að vera um nokkuð langt árabil í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, og ég minnist þess ekki að það hafi verið neitt í líkum mæli erfiðleikar á því sviði á Blönduósi og á öðrum byggðasvæðum, öðrum kauptúnum við Húnaflóa. Það hafa hins vegar verið miklir erfiðleikar þar, og þegar rækjuveiðar og rækjuframleiðsla hófst á sínum tíma við Húnaflóa var það eins og guðsgjöf fyrir þá staði sem bjuggu við árlegt og reyndar vaxandi atvinnuleysi. Ég vitna til orða, sem hafa komið fram frá áhrifamönnum úr nágrannabyggðum Blönduóss sem segja, eins og hlýtur auðvitað að vera rétt og er rétt, að þegar fleiri koma til þess að veiða og vinna ákveðið magn sem má veiða, þýðir það auðvitað styttri atvinnutíma hjá þeim sem fyrir voru. Ég held þess vegna að það, sem þarna sé verið að gera, eigi fullan rétt á sér, þótt ég hins vegar taki undir það sem komið hefur fram hjá hinum nýju baráttumönnum einstaklingsfrelsis og kapitalisma, að það er auðvitað hálfleiðigjarnt að þurfa að standa að slíkri löggjöf. En ég bendi þó hins vegar á það, að ég minnist þess ekki að í neinu í okkar þjóð-

félagi, neinu atriði, neinu máli séu ekki vissar takmarkanir settar á frelsi einstaklingsins til framkvæmda og jafnvel fjárfestingar líka.

Meiri hl. n., 6 aðilar í n., 5 auk mín, Sverrir Hermannsson, Tómas Árnason, Garðar Sigurðsson og Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir, mæla með að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem koma fram í nál. okkar á þskj. 195.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi ræðu minnar leiðrétta það hjá hv. 8. þm. Reykv., sem fram kom í framsöguræðu hans áðan, þar sem hann sagði, að að áliti meiri hl. sjútvn. stæðu 6 fulltrúar n. Þetta er ekki rétt. Undir nál. skrifa ekki 6 fulltrúar, heldur 5, þeir Pétur Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Tómas Árnason, Garðar Sigurðsson og Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir. 6. fulltrúinn í sjútvn. Nd., hv. þm. Guðlaugur Gíslason, skrifar ekki undir þetta álit og stendur því væntanlega ekki að því með meiri hl.

Ég hef flutt á þskj. 192 tvær brtt., sem ég mun víkja að nánar á eftir. En þau rök hafa m.a. verið færð fram fyrir þessu frv., að nauðsynlegt sé að unnt verði að koma við verndun á stofnum rækju og skelfisks til þess að komið verði í veg fyrir ofveiði. Ég vil benda á að sjútvrn. hefur nú þegar slíkar heimildir samkv. lögum, því að veiðar á þessum afurðum eru háðar sérstökum leyfum rn. og eru nú þegar í gildi ákveðnar reglur til takmörkunar bæði á afla og sókn. Þurfi frekari takmörkunar við til þess að auka á verndun í þessu skyni hefur sjútvrn. nú þegar lögum samkv. alla möguleika til að koma slíkum takmörkunum við, og bætir frv. þetta á engan hátt aðstöðu rn. til þess að sporna við hugsanlegri ofveiði á rækju og skelfiski. Tilgangur frv. er því ekki að auka á verndunarsjónarmið, heldur fyrst og fremst sá að samræma veiðiheimildirnar og vinnslu afurðanna í landi. Ég endurtek það, að hér er ekki um verndunarsjónarmið að ræða, heldur skipulagningu á vinnslu aflans með það fyrir augum að fjárfestingin í rækju- og skelfiskvinnslustöðvum verði sem hagkvæmust, bæði hvað arðsemissjónarmið varðar og frá sjónarmiði þeirra byggðarlaga þar sem vinnsla á rækju og skelfiski er mikilvægur þáttur í atvinnulífi. Auðvitað getur ekki verið um verndunarsjónarmið að ræða á fiskstofnum, eftir að búið er að setja fiskinn á land. Það er ekki um það að ræða í þessu frv., vænti ég, að vernda dauðan fisk, heldur þann sem í sjónum lifir. Frv. þetta er fyrst og fremst flutt til þess að samræma veiðar og vinnslu.

Ég tek undir það meginsjónarmið sem í frv. felst. Ég tel eðlilegt að skipulega verði unnið að fjárfestingu í rækju- og skelfiskvinnslustöðvum með almennum reglum er þó tryggi jafnræði hagsmunaaðila innbyrðis eftir því sem við verður komið. Ég tel hins vegar, að frv., eins og það er, tryggi ekki eðlilega framkvæmd slíkrar skipulagningar, og bendi m.a. á í því sambandi að ákaflega varasamt er, að sjútvrn. fái heimild eins og þá sem um getur í 1. gr. frv., en þar er sagt að sjútvrn. geti samkv. l. þessum sett almennar svæðisbundnar reglur er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkv. sérstökum leyfum rn. til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, m.a. með skiptingu afla milli vinnslustöðva. Þetta tel ég stórháskalegt fordæmi því að þessa grein mætti túlka á þann veg, ef samþ. yrði, að sjútvrn. teldi sig hafa heimild til að skipa bátum á einstökum veiðisvæðum fyrir um það hjá hvaða vinnslustöð þeir ættu að landa. Ég vil vekja athygli á því að mjög sambærilegt ákvæði hefur verið í gildi hvað varðar löndun á loðnu. Þar hefur loðnunefnd getað sett loðnuveiðiskipum fyrirmæli um hvert þau eigi að fara til þess að landa afla sínum. Nú er það svo, eins og menn vita, að mjög víða hefur borið við upp á síðkastið að á þeim stað, sem loðnuskip hefur verið sent til með afla sinn, hefur það ekki getað fengið uppgert, þ. e. a. s. vinnslustöðvarnar standa mjög misjafnlega traustum fótum. Sumar þeirra hafa ekki getað gert upp við bátana sem hafa landað hjá þeim, þó hefur loðnunefnd skipað bátunum að landa hjá þessum vinnslustöðvum, og spurningin er: Hver á að tryggja sjómönnunum og útgerðarmönnunum að þeir fái greiðslu fyrir slíkan afla? Mér er kunnugt um að sama máli gegnir um hinar einstöku vinnslustöðvar, sérstaklega varðandi rækjuna. Þær eru misjafnlega fjársterkar, þær hafa misjafnlega staðið við sína samninga við þá sem til þeirra hafa selt, og hafa komið upp vandræði um einstakar vinnslustöðvar, þannig að þær skulda nú þegar einstökum bátum jafnvel hundruð þús. kr. Og spurningin er þá: Eigum við að heimila rn. að gefa fiskiskipstjórunum á rækjubátunum fyrirmæli um það, hvar þeir eigi að landa afla sínum, sem jafnvel gætu orðið á þann veg að þeim yrði skipað að selja afla sinn til vinnslustöðva sem síðar gætu ekki greitt fyrir þann afla? Ég tel mjög óeðlilegt að 1. gr. sé orðuð á þann hátt að sjútvrn. fái þar heimild sem hægt er að túlka á þá lund að það hafi leyfi til þess að fyrirskipa bátunum hvert þeir eigi að sigla með afla sinn, til hvaða vinnslustöðva þeir eigi að selja, án tillits til þess hvort önnur vinnslustöð kunni að bjóða betri kjör, annað hvort varðandi verð, sem vel er hugsanlegt, eða hvað varðar skil á gjaldi fyrir seldan afla.

Ég flyt á þskj. 192 brtt. varðandi 1. gr. þar sem ég reyni að koma í veg fyrir að þessi mistök geti átt sér stað. Ég legg til að 1. gr. orðist óbreytt fram að orðunum „m.a. með skiptingu afla milli vinnslustöðva“ o.s.frv., þau orð falli niður og gr. orðist sem sagt svo:

„Sjútvrn. getur samkv. l. þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur, er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkv. sérstökum leyfum rn. til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins.“

Niður falli sem sagt ákvæðið um að sjútvrn. geti skipt afla til vinnslustöðva o.s.frv.

Þá tel ég það einnig mjög óæskilegt og óeðlilegt, sem fram kemur í 2. gr. frv., að sjútvrn. geti upp á eindæmi synjað eða heimilað byggingu nýrra vinnslustöðva eða aukningu á afkastagetu þeirra sem fyrir eru án þess að byggja í því efni á umsögnum aðila, svo sem opinberra fjárfestingarlánasjóða, sem meta eiga hagkvæmni og arðsemi slíkra framkvæmda, Hafrannsóknastofn-

unarinnar, sem fylgjast á með veiðum á svæðunum og segja til um hvort um ofveiði sé að ræða eða ekki, og hagsmunaaðila í sjávarútvegi, svo sem Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Það gefur auðvitað auga leið að ef á að setja takmarkanir á veiðar og vinnslu, þá verður fyrst að liggja fyrir umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um hvort hætta sé á því að um ofveiði sé að ræða. Ef á að framkvæma áætlunarbúskap eða skipulagningu í atvinnuvegi verður sá, sem leyfisveitingarnar á að hafa með höndum, að sjálfsögðu að hafa mjög náið og traust samstarf við þá fjárfestingarlánasjóði sem eiga að lána til uppbyggingar fyrirtækja. Ef það er ekki gert, þá er auðvitað ekki um áætlunarbúskap eða skipulagningu að ræða, heldur einberar leyfisveitingar pólitísks ráðh. sem hann hefur þá leyfi til þess að framkvæma án þess að hafa samráð við einn eða neinn.

Ég vil taka það sérstaklega fram í þessu sambandi, að sjútvn. bárust umsagnir þriggja aðila: Framkvæmdastofnunar ríkisins, Landssambands ísl. útvegsmanna og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Allir þessir umsagnaraðilar ýmist leggja til að frv. verði breytt á þann veg sem ég hef flutt brtt. um eða þá að það verði fellt í núverandi mynd þess.

Ég vil fyrst vitna í umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins frá 2. des. 1974, með leyfi forseta. Þar segir m. a. á þann veg, að Framkvæmdastofnunin hafi áður gefið umsagnir um frv. Steingríms Hermannssonar, hv. þm., um sama efni. Vísar Framkvæmdastofnunin í fyrri umsögn sína hvað varðar þau atriði, sem eru efnislega samhljóða í þessum tveimur frv. Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þó hefur á orðið sú breyting að ekki er nú gert ráð fyrir sérstakri n. sem í eigi sæti fulltrúar tilnefndir af Fiskveiðasjóði og Framkvæmdastofnun þ. e. a. s. til að annast þessar leyfisveitingar. Þessir aðilar eiga af opinberri hálfu mikið undir því fjárhagslega að uppbygging sjávarútvegsins sé traust, og þeir framkvæma athuganir og áætlunargerðir á þessum efnum, m. a. byggðaáætlanir, sem óhjákvæmilega verður að hafa hliðsjón af. Miðað við fyrri starfshætti er engin trygging fyrir því", — ég endurtek: „er engin trygging fyrir því að sjútvn. hafi samráð við þessa aðila um veitingu leyfa nema því sé gert að skyldu að leita umsagnar þeirra í einhverju formi. Er lagt til að þannig verði frá málunum gengið."

Þetta er umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins sem telur ástæðu til þess að benda á það að miðað við fyrri starfshætti sé engin trygging fyrir því að sjútvn. hafi samráð við aðila, sem eiga að fjalla um fjárfestingarmál í veiðum og vinnslu sjávarafurða, um veitingu leyfa nema því sé gert að skyldu að leita umsagnar þeirra. Leggur Framkvæmdastofnun ríkisins til að þannig verði frá málunum gengið. Þannig legg ég einnig til að frá málunum verði gengið, vegna þess að á síðari brtt. minni á þskj. 192 legg ég til að 2. gr. í frv. umorðist og orðist svo, með leyfi forseta:

„Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkv. 1. gr., skal leita leyfis sjútvrn. til þess að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru." Þessi setning er óbreytt. Síðan kemur breytingin, sem ég legg til að verði gerð á 2. gr.: „Við slíkar leyfisveitingar skal rn. styðjast við umsagnir Hafrannsóknastofnunarinnar, Framkvæmdastofnunar ríkisins, Fiskveiðasjóðs, Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna." Síðustu setningu legg ég einnig til að verði breytt og hún orðist svo: „Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um afgreiðslu rn. á umsóknum um leyfisveitingar samkv. þessari gr."

Í frv. er aðeins gert ráð fyrir því að sjútvrn. tilkynni opinberum fjárfestingarlánasjóðum um það ef það synjar um slíkar leyfisveitingar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að sjútvrn. láti nokkuð frá sér heyra til opinberra fjárfestingarlánasjóða ef það samþykkir slíkar leyfisveitingar. Þetta tel ég mjög óeðlilegt vegna þess að ég er á þeirri skoðun að opinberir fjárfestingarlánasjóðir þurfi ekki síður að fá að vita um það þegar sjútvrn. ákveður að heimila slíka fjárfestingu heldur en þegar það ákveður að heimila hana ekki. Því legg ég til að gr. sé breytt á þennan veg.

Það er rétt að víkja nokkrum orðum að þeim tveimur umsögnum í viðbót sem n. hafa borist á meðan hún hélt fundi um þetta mál. Önnur umsögnin er frá Landssambandi ísl útvegsmanna, dags. 13. des. 1974. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna, sem haldinn var í gær, var frv. þetta til umr." — þ. e. a. s. frv. það til l. um samræmda vinnslu sjávarafla o. s. frv. sem hér er til umr. nú. „Á fundinum kom fram mikil gagnrýni á frv. og var stjórnin sammála um, að frv. gengi of langt í því að takmarka atvinnufrelsi og ákvörðunartöku einstaklinga í sjávarútvegi, og lýsir sig því mótfallna frv. í þeirri mynd sem það er í nú."

Þá barst n. einnig umsögn frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, dags. 9. des. 1974. Þar segir svo — með leyfi forseta — um þetta mál:

„Vér höfum kynnt oss efni frv. ásamt aths. við það. Niðurstaða vor er, að verði umrætt frv. samþ. sem lög frá Alþ. sé skapað óæskilegt fordæmi er geti skert mjög athafnafrelsi manna við fiskvinnslu í framtíðinni. Með tilliti til þessa getum vér ekki mælt með umræddu frv. og væntum þess að það verði annaðhvort dregið til baka eða fellt af hv. Alþ."

Þeir umsagnaraðilar, sem sent hafa sjútvn. erindi um þetta mál, hafa sem sagt annaðhvort lagt til að frv. verði hreinlega fellt í þeirri mynd sem það liggur fyrir hér, eða því verði breytt í þá átt, sem ég geri ráð fyrir í brtt. mínum.

Ég vil ekki að svo stöddu taka undir það álit sem fram kemur í umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Landssambands ísl. útvegsmanna, að leggja til að frv. verði fellt. Ég tel, að í meginatriðum sé stefnt í rétta átt með frv., að taka upp áætlunarbúskap, taka upp skipulagningu á veiðum og vinnslu. Hins vegar vil ég reyna að leitast við að frv. verði lagfært þannig af þessari hv. d. og raunar báðum deildum þingsins að það sé möguleiki á því að það nái tilgangi sínum, þ. e. a. s. að aðgerðir hjá annars

vegar sjútvrn. sem leyfin á að veita, hins vegar hjá Hafrannsóknastofnuninni, sem á að segja til um hvort hætta er á ofveiði eða ekki, og varðandi fjárfestingarlánasjóðina sem eiga að meta arðsemi fjárfestingarinnar og framkvæmdanna, svo og hjá aðilum eins og LÍÚ og Fiskifélagi Íslands, sem hafa hagsmuna að gæta, sé reynt að samræma, þannig að sjútvrn. sé gert að skyldu að leita eftir umsögnum þeirra áður en það afgreiðir slík leyfi frá sér.

Ég tel líka rétt og vil ljúka máli mínu með því, að verði frv. þetta samþ. óbreytt, þá nái það alls ekki tilgangi sínum þar eð afkoma vinnslustöðva fyrir rækju og skelfisk byggist að sjálfsögðu á nákvæmlega sömu forsendum og afkoma annarra vinnslustöðva í sjávarútvegi, þ. e. a. s. á aflabrögðum, hagkvæmni í rekstri hvers fyrirtækis og á markaðsástandi erlendis.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur mjög verið tengt við þá deilu, sem upp hefur komið á milli sjútvrn. og aðila á Blönduósi. Þetta tel ég alveg óeðlilegt. Það má vera, að þetta frv. sé flutt af hæstv. ríkisstj. vegna þeirrar deilu. En ef meiningin var aðeins að skerast þar í leikinn og stöðva þar ákveðnar framkvæmdir og ákveðinn rekstur, þá átti að sjálfsögðu að gera það með allt öðrum hætti. Hér er hins vegar lagt til að taka upp tiltekna skipan á þessum málum sem ekki gildi aðeins fyrir Blönduós og einhverja aðila, sem eru að sækja um möguleika til þess að koma upp verksmiðju þar, heldur er verið að gera hér ráð fyrir almennum lagareglum sem gilda skuli um þennan atvinnurekstur sem frv. fjallar um, þ. e. a. s. um veiði og vinnslu á rækju og skelfiski. Þó verður að segja það eins og er, að frv. gefur mjög undir fótinn með það, að þetta varðandi rækju og skelfisk sé aðeins byrjunin, menn ætli sér meira, því að nafn frv., nafn væntanlegra laga er á þessa leið, með leyfi forseta. Það heitir „frumvarp til laga um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða sem háðar eru sérstökum leyfum.“ Nú nær það langt út fyrir rækju og skelfisk: „veiðar sem háðar eru leyfum.“ Eins og þessi mál hafa verið hjá okkur, þá er það ekki aðeins rækjuveiði sem er háð leyfum og skelfiskveiði, heldur er einnig humarveiðin í landinu háð leyfum, spærlingsveiðar eru háðar leyfum, öll veiði með flotvörpu, sem nú á sér stað allmikið í sambandi við loðnuveiðar, er líka háð leyfum, og því er yfir lýst að að því er stefnt og ég hygg að um það séu allir sammála, að það verði einnig bundið leyfum hvernig staðið verði að síldveiðum þegar síldveiðar verða aftur heimilaðar hér á íslenska síldarstofninum.

Það vaknar að sjálfsögðu sú spurning hvort menn hafi í huga að taka upp þá samræmingu, sem þetta frv. fjallar um, varðandi allar þessar veiðar og vinnslu á öllum þessum afla þegar þar að kemur. Ég fyrir mitt leyti blanda mér ekki á neinn hátt í þær deilur sem upp hafa risið við Húnaflóa. Ég hef lýst því yfir í umr. um þetta mál, að ég er algerlega samþykkur því að sjútvrn. veiti veiðileyfi til rækjuveiða í Húnaflóa, eins og gert hefur verið, hafi þar með vald á því að takmarka þann bátafjölda sem þessar veiðar megi stunda. Ég tel vera nauðsynlegt og eðlilegt, að rn. fari í þeim efnum, þegar verið er að veita veiðileyfi og takmarka bátafjölda, eftir umsögn okkar fiskifræðinga, eftir umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um það, hve mikið megi veiða. Og ég er samþykkur þeim skilyrðum sem sett hafa verið fyrir veiðileyfum af núv. hæstv. sjútvrh., eins og ég var samþykkur þeim skilyrðum sem sett voru fyrir veiðileifum þann tíma sem ég var ráðh. Ég tel að öll þau skilyrði séu eðlileg og í samræmi við lög og nái tilgangi sínum, sem sagt þeim tilgangi að koma í veg fyrir ofveiði á viðkomandi svæðum, og einnig nái þau þeim tilgangi að koma því til leiðar að þeir, sem næst búa þessum takmörkuðu veiðisvæðum, fái að njóta þeirrar veiði og þeirrar vinnslu sem þar er um að ræða. Þetta hefur allt saman legið fyrir og svona hefur þetta verið framkvæmt.

Nú er hins vegar í þessu frv. lagt til, — og það er það sem skiptir öllu máli og vitanlega eiga menn að miða afstöðu sína til þessa frv. við það atriði, — nú er lagt til að ráðh. sjávarútvegsmála megi til viðbótar við fyrri skilyrði setja það skilyrði fyrir veiðileyfi fiskibáts að hann eigi viðskipti við tiltekið fyrirtæki í landi. M. ö. o.: það er hægt að segja við þann sem fær veiðileyfi til þess að veiða á þessu takmarkaða svæði: Þú færð veiðileyfi með því skilyrði að þú eigir aðeins viðskipti við þetta tiltekna fyrirtæki og skiptir ekki við annað. — Ég fyrir mitt leyti er algerlega á móti því að taka upp þessa stefnu. Ég tel hana ranga, og ég tel hana í hrópandi ósamræmi við allt okkar kerfi í þessum efnum. Það er ómögulegt að taka þannig út úr og setja sérreglur í þessum greinum, en vilja svo ekki viðurkenna þetta „prinsip“ í nákvæmlega hliðstæðum tilfellum annars staðar. Menn hafa reynt að finna þau rök fyrir þessari kröfu eða þessari stefnu, að það væri rétt að veita ráðh. þessa viðbótarheimild á þann hátt, að með þessu sé hægt að gera vinnsluna á þessum takmarkaða afla hagkvæmari, það sé hægt að fækka vinnsluaðilum og gera vinnsluna hagkvæmari. En ætla þeir menn, sem þetta segja, að neita því að það sé ekki alveg á sama hátt hægt að gera vinnsluna hagkvæmari t. d. í sambandi við vinnsluna á humri? Hvað á það að þýða þar sem er orðið um takmarkaðan bátafjölda að ræða, sem fær leyfi til þess að stunda humarveiðar, að þeir megi valta og skalta með það að láta kannske 5 aðila í einu byggðarlagi, af því að þar er fyrir frystihús, vinna úr aflanum. Af hverju ekki að binda öll veiðileyfi við það að þeir skipti við einn aðila til að gera það hagkvæmara? Jú, ég býst við því að það séu ýmsir menn, m. a. í mínum flokki, sem eru mjög á þeirri skoðun að þessu ætti að koma á í öllu kerfinu. (Gripið fram í.) Já, og ég tók eftir því að það var sagt áðan af þeim, sem talaði hér á undan mér, að hann væri ekki á móti því sem væri tilgangurinn með þessu frv. að vissu leyti því að það stefndi þó á áætlunarbúskap. Sér er nú hver áætlunarbúskapurinn að taka upp þetta ákvæði! Ekki gef ég nú mikið fyrir þann áætlunarbúskap. Mér er sama þótt hann liggi fyrir utan dyr, því að ég flokka þetta ekki undir mikinn áætlunarbúskap, nema menn séu þá á þeirri braut að þeir vilji færa þetta í

gegnum allt heila kerfið og hafa hér einhverja samkvæmni.

Það er auðvitað stórt mál að segja það að við skulum t. d. breyta frystihúsarekstrinum í landinu á þá lund að við löggildum bara eitt myndarlegt frystihús á hverjum stað og búið, hin fá ekki að komast að. Vissulega er það stefna út af fyrir sig. Ég býst við því, að ef þetta væri orðið svona með frystihúsareksturinn í landinu og t. d. allar saltfiskverkunarstöðvar og margar aðrar fleiri, þá færi ég að vera með því að hafa þetta einnig gildandi um rækjuna. Þá sæi ég enga ástæðu til þess að hafa einhverja sérreglu þar. En ég er afar lítið hrifinn af slíkum sósíalisma að ætla að fela mönnum að káka við þetta kerfi á þennan hátt. Við höfum nokkra reynslu af því og hana ekki góða. Þetta var t. d. reynt hér á einum tíma og verð ég að segja að þar var það þó næst því að það ætti einhvern rétt á sér. Það var í sambandi við síldarverksmiðjurekstur okkar. Þá var mjög um það rætt að binda síldarverksmiðjureksturinn í landinu eingöngu við ríkisrekstur og það voru meira að segja samþ. lög, sem hér hefur verið vitnað í, um að það væri óheimilt að byggja aðrar síldarverksmiðjur en þær sem sérstakt leyfi væri fengið fyrir af stjórnvöldum. En mótstaðan var svo mikil gegn þessu og það kom líka í ljós að þeir, sem fóru með ríkisvaldið, höfðu svo takmarkaðan áhuga á því að leysa málið á ríkisrekstrargrundvelli að stórkostlega skorti síldarverksmiðjur. Heil landssvæði voru þar skilin eftir.

Ég skal aðeins útskýra skoðun mína með litlu dæmi sem mér er auðvitað í fersku minni af því að það er tekið beint úr mínu byggðarlagi. Ég tók auðvitað þátt í því á einu stigi málsins að berjast fyrir því að lítil fiskmjölsverksmiðja, sem var á Norðfirði og hafði verið breytt í minni háttar síldarverksmiðju, yrði lögð undir ríkisreksturinn, Síldarverksmiðjur ríkisins keyptu hana og tækju til að reka myndarlega síldarverksmiðju í mínu heimabyggðarlagi þar sem var greinileg þörf á því að fá þennan rekstur. Þetta náði fram að ganga, það var samþ. hér á Alþ. Og þessi verksmiðja var komin í eigu ríkisins, búið að þjóðnýta reksturinn á þennan sérstaka hátt. En þeir, sem fóru með ríkisvaldið, voru ekkert á því að reka þetta á þann hátt sem við, sem höfðum barist fyrir því að fara þessa leið, vildum. Þeir sendu ósköp auðveldlega nokkra menn — ég held 2—3 — austur á minn heimastað, ekki til þess að hefja þar rekstur í verksmiðjunni, heldur til þess að negla hlera fyrir alla glugga og setja slagbranda fyrir allar dyr, og þeir voru aldrei teknir þaðan í burtu aftur, þessir hlerar eða slagbrandar, fyrr en við heimamenn keyptum hana aftur af ríkinu. Þá urðum við að byggja nýja síldarverksmiðju sem síðan hefur þjónað hlutverki sínu í okkar rekstrarkerfi. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég hefði ekki getað hugsað mér að síldarverksmiðjureksturinn í landinu hefði allur verið á vegum ríkisins. En það er bara grundvallarskilyrði, til þess að þetta skili árangri, að ríkisvaldið sjálft vilji reka eftir þessari leið, það meini það. En ef þeir aðilar stjórna ríkisrekstrinum, sem eru á móti honum í grundvallaratriðum og sinna honum ekki, er það verra en ekkert.

Ég gef því ekki mikið fyrir ríkisrekstur af þessu tagi. Ég veit að þetta hefur verið hemill á okkur, þetta hefur ekki dugað. Það er allt annar ríkisrekstur sem ég berst fyrir. Ég sætti mig því ekki við það í sambandi við mál eins og það sem hér liggur fyrir, að það stefni í einhvern áætlunarbúskap að leyfa einum og einum ráðh. að káka við málin á þennan hátt. Það mun ekki skila að mínum dómi neinum árangri, heldur setja okkur í meiri og meiri vanda.

Það væri líka eðlilegt að menn spyrðu: Af hverju endilega að koma þessum hugsaða sparnaði við í rekstri rækjuvinnslustöðva, af hverju ekki líka í sambandi við humar, af hverju ekki líka í sambandi við síldarvinnsluna og af hverju ekki líka á öðrum sviðum en í sambandi við rekstur sjávarútvegs? Af hverju setjum við ekki lög um það? Það eru alveg jafnmikil rök fyrir því, að það skuli ekki vera leyfilegt að setja upp brauðgerðarhús nema t. d. eins og eitt myndarlegt hús í Hafnarfirði, annað væri bannað nema leyfi væri fengið til þess frá einhverjum ráðh.? Og af hverju að setja ekki líka reglur um að það skuli vera takmarkaður fjöldi af almennum verslunum á hverjum stað? Það er hægt að reka þetta á hagkvæmari hátt með því að sameina þetta allt í eina stóra verslun. Af hverju ekki? Og það væri hægt að nefna hér miklu fleiri dæmi. Það leifir nú ekkert af að ég þori að nefna það dæmi sem var komið upp í huga mér, vegna þess að ég veit ekki nema það verði gripið á lofti, af því að það er af þeirri tegund, og menn fari að reyna að hugsa sér að framkvæma það. En ég ætla samt að segja það. Af hverju ekki að koma svo næst á eftir og segja: Það verður að fá leyfi ráðh. til þess að segja fyrir um hvað eigi að vera margar trillur og hve margir bátar á hverjum stað? Af hverju ekki það líka? Það yrði heldur þröngt hjá ýmsum kotkarlinum í í landinu ef menn þyrftu að fá slík leyfi.

Þetta byggist hreinlega á því, sem ég hef verið að segja, að stjórnvöld landsins eru ekkert á þessari ríkisrekstrarbraut, þau eru á allt annarri braut. Þau geta kannske notað það í einstaka tilfelli til þess að kæfa einhvern rekstur og ætti að mínum dómi enginn maður, sem kennir sig við sósíalisma, að villast á því að þetta sé einhver sósíalismi að framkvæma þessi mál á þennan hátt. Það getur aldrei gert neitt annað en setja blett á þá ágætu hugmynd sem er í sambandi við ríkisrekstur á öllum rekstri.

En ég ætla svo að koma svolítið nánar að því sérstaka máli sem hér er um að ræða. Ég er á þeirri skoðun að það þurfi að breyta 1. gr. þessa frv. á þann hátt sem minni hl. sjútvn., hv. 8. landsk. þm., Sighvatur Björgvinsson, leggur til, að úr 1. gr. frv. falli niður lokasetning en þar segir að eitt af skilyrðum, sem ráðh. má binda veiðileyfi við, sé, eins og þar segir, m. a. með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta sem veiðileyfi hljóta. Ég álít að ráðh. geti unnið að skynsamlegri samræmingu á milli vinnslu og veiða á ákveðnu svæði án þess að hann fái það vald að segja við sjómennina og útgerðarmennina: Þið fáið því aðeins leyfi til að veiða að þið verslið við tiltekinn mann í landi. Það er sagt alveg skýrum stöfum og hlýtur hver og einn að skilja þessa setningu, sem ég las upp,

þannig: skilyrðið má m. a. bindast við skiptingu afla á milli vinnslustöðva. Þetta verður ekki skýrara sagt. Í sambandi t. d. við skelfiskvinnsluna, svo að ég taki dæmi, skelfiskvinnsluna við Breiðafjörð sem háð er veiðileyfum, þar hefur skelfiskurinn verið unninn á mörgum stöðum við Breiðafjörð í Stykkishólmi t. d. er ein vinnslustöð, sem Sigurður Ágústsson fyrrv. alþm. á, og önnur vinnslustöð sem kaupfélagið á staðnum stendur að. Ég býst við því að þegar svona ákvæði væri komið og sjútvrh. væri framsóknarmaður, þá segði hann auðvitað við alla eigendur báta: Þið gerið svo vel og skiptið við kaupfélagið. Þið hafið ekkert að gera við að versla við Sigurð Ágústsson. — Það væri miklu hagkvæmara. Þá fær þetta frystihús aðstöðu til þess að vinna þetta á ódýran hátt. Og ég er ósköp hræddur um ef þessi sjútvrh. Framsfl. gerði það ekki, þá gæti kannske styst í hans ævitíma sem ráðh. hjá Framsfl., því að flokksmenn hans mundu víst ábyggilega ætlast til þess að hann færi eitthvað eftir þessum reglum.

Þetta er ekki eina dæmið. Dæmin eru yfirleitt svona, ef ráðh. ætlar sér að notfæra sér þessar heimildir sem ég sé enga ástæðu til að veita ráðh. Ég tel, að hér sé um stefnumál að ræða: Á að fara inn á þessa braut, að binda veiðileyfin við það, við hvern aðilarnir skipta í landinu? Það er sérlega ótrúlegt að þetta verði aðeins látið gilda um rækju og skelfisk. Ef þetta verður tekið upp, þá hlýtur það auðvitað einnig að breiðast út til annarra vinnslugreina eins og nafn frv. gefur beinlínis undir fótinn með.

Ég vil enn á ný segja það, að þótt þetta frv. yrði samþ. í þeim búningi sem ég legg til, þá er hægt fyrir sjútvrh. nákvæmlega eftir sem áður að koma í veg fyrir það að bátar verði gerðir út frá Blönduósi. Hann þarf ekkert annað en að segja að það séu nægilega margir bátar sem fengið hafi leyfi í flóanum og engum bátum verði bætt við. En hann þarf ekki þar með að fá heimild til þess að mega velja á milli vinnslustöðva sem eru margar þarna við flóann. Það á ekki að veita neinum ráðh. slíka heimild, það er alveg ástæðulaust.

Þá hefur einnig verið sagt, að það eigi að taka tillit til þess hvernig ástatt er með atvinnumál á hinum ýmsu stöðum, og nefnd dæmi um að það hafi verið mikið atvinnuleysi á Hólmavík oft og tíðum, Skagaströnd, Hvammstanga, en ástandið hafi verið betra í atvinnumálum á Blönduósi. Þetta er eflaust rétt, og ég tel að það beri skylda til þess að reyna að taka tillit til þessa og reyna sérstaklega að hlúa að þeim stöðum sem illa eru staddir atvinnulega séð. En ég sé enga ástæðu til þess að fela sjútvrh. landsins sérstaklega það starf, að hann eigi að fá heimild til að ákveða um það á hvaða stað skal gera út og hvar ekki eða hefja þennan atvinnurekstur eða hinn. Ef við viljum beina tiltekinni atvinnugrein á einn stað, en koma í veg fyrir að hún fari á annan, þá eru ýmsir aðrir aðilar í okkar kerfi sem standa miklu nær því að setja þessar reglur. Ef sem sagt um það er að ræða, að það verði að fara hér fram atvinnumiðlun á milli aðila, þá t. d. stæði miklu nær Framkvæmdastofnun ríkisins að setja reglur um það heldur en sjútvrh. Og ég verð að segja það, að hvað mig sjálfan áhrærir, þá vildi ég vera laus við það sem sjútvrh. að velja þarna á milli og ætla frekar þeirri stofnun, sem hefði með þetta að gera mjög almennt, atvinnujöfnun og ráðstafanir til þess að greiða úr atvinnumálum, ætla einhverri slíkri stofnun það vald að reyna að loka fyrir tiltekinn atvinnurekstur á einum stað, en opna fyrir á öðrum.

Þetta atriði fær ekki heldur staðist, nema menn séu að hugsa um þetta mál eingöngu út frá þeirri deilu sem upp hefur komið út af Blönduósi og atvinnurekstri þar. En málið nær miklu lengra. Það þarf ekki að segja mér að t. d. þær umsagnir um þetta frv. sem borist hafa sjútvn. d., umsagnir frá stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, frá stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna og frá stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, — það þarf ekki að segja mér að umsagnir þeirra varðandi þetta mál byggist á afstöðu þeirra í deilunni um Blönduós. Það er fjarstæða. Þessir aðilar leggjast gegn þessu frv. vegna þess að þeir telja að hér sé verið að fara inn á þá braut sem þeir álíta að sé mjög hæpin. Ég er þessum aðilum alveg sammála.

Þá vil ég einnig skjóta því hér inn í, ef það mætti verða til eftirbreytni, að það er í raun inni alveg ósæmilegt af þn., sem fjalla um stór og þýðingarmikil mál, að halda þannig á störfum sínum að þegar til n. koma þýðingarmiklar umsagnir, jafnvel landssamtaka í viðkomandi grein, þá skuli n. leggjast á þessar umsagnir og ekki skýra þd. Alþ. frá því hvað hefur verið um málið sagt. Það var síður lengi vel á Alþ. að birta a. m. k. útdrátt úr svona umsögnum eða láta fylgja með á prentuðu fskj. hvað þessir aðilar sem spurðir voru, höfðu sagt um málið. Hér kom frsm. meiri hl. sjútvn. upp í ræðustólinn, hann minntist ekki á það einu orði að þessir aðilar hefðu verið spurðir eða þeir hefðu haft neitt álit. Það var ekki fyrr en svo vildi til að n. hafði ekki verið sammála, var til minni hl. í n., þá kemur hann og skýrir þm. frá því að þessi stóru landssamtök, sem þarna áttu hlut að máli, hafi haft skoðun á málinu og þau hafi rökstutt sitt mál og lagt ákveðið til um afgreiðslu á málinu. Þetta eru auðvitað vítaverð vinnubrögð. Þó að þn. séu vissulega þýðingarmiklar og eigi að fjalla um mál, þá eru þær að fjalla um málin fyrir þingið, fyrir þd. Þær eiga að gera almennilega grein fyrir málinu. A. m. k. ef um er að ræða mál sem ágreiningur er um og er stórmál, þá ber þeim skylda til að segja öðrum þdm. frá málinu í heild. En þetta er nú brotið æ ofan í æ. Ég fyrir mitt leyti vil víta þetta. Stundum er því bara bætt við, eins og í því máli, sem við vorum að ræða um hér fyrr, að það hafi orðið ákveðið samkomulag á milli manna í n. og ákveðins rn. eða ríkissj. um þýðingarmikla þætti í einu máli. Þar með er málið í lagi, Alþ. kemur það ekkert við. Svona vinnubrögð eiga vitanlega ekki að eiga sér stað. Þn. er enginn aðili nema gagnvart þd. Og svo er mönnum sagt að ríkisstj. ætli nú að hafa samráð — ráðh. hver við annan — í þýðingarmiklu máli, og til viðbótar er ætlunin að gera formönnum sjútvn. grein fyrir því, hvernig hún heldur á málinu. Þetta er vitanlega allsendis ófullnægjandi. Auðvitað er það lágmark,

þar sem er ágreiningur í stórmáli eins og hér er um að ræða, að ríkisstj. lofi að hafa samráð við stjórnarandstöðuna í málinu, en ekki að menn bæti því við, að þeir í meiri hl. ætli að hafa samráð hver við annan.

Þessar umsagnir, sem koma frá þessum þremur þýðingarmiklu aðilum, þ. e. a. s. frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og frá stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, bera með sér að enginn vafi er á því að þessir aðilar leggjast gegn frv. eða vilja fá á því grundvallarbreytingar, vegna þess að þeir hafa svipuð sjónarmið í þessum efnum og ég. Þeir eru á móti nokkrum þýðingarmiklum atriðum í málinu af „prinsip"-ástæðum, en ekki vegna deilunnar við Húnaflóa. Og það er þetta sem ég legg áherslu á. Það ber vitanlega að standa að afgreiðslu þessa máls út frá því hvort menn vilja taka upp þessa nýju stefnu sem hlýtur að verða þá tekið tillit til á eftir. En ef menn hafa einhverjar áhyggjur út af Húnaflóadeilunni, þá verða þeir að finna einhverjar aðrar leiðir til þess að komast út úr því máli en að blanda því inn í lagasetningu eins og þessa.

Ég sætti mig vel við að sú breyt. verði gerð á 1. gr. frv. sem hv. 8. landsk. þm., Sighvatur Björgvinsson, leggur til í sínu minnihlutaáliti, þ. e. a. s. að út úr gr. verði tekin ákvæðin um að ráðh. megi binda veiðiheimildir skilyrðum um það við hvaða vinnslustöðvar viðkomandi bátur skiptir. En ég hef lagt fram brtt. við 2. gr. frv., af því að þar fer mín skoðun ekki algerlega saman við það sem kemur fram hjá hv. 8. landsk. þm., Sighvati Björgvinssyni. Hann virðist vilja fallast á það að efni 2. gr megi vera á þá lund að það sé sjútvrh. sem eigi að veita leyfi til þess að byggja nýja vinnslustöð varðandi vinnslu á þessum tiltekna afla sem hér um ræðir. Ég er á móti þessu líka, og af því hef ég lagt fram brtt. við 2. gr., vil umorða hana, en reyni nú að öðru leyti að þræða orðalag gr. hvort sem mönnum þykir það vera gott eða vont. En breyting mín, efnisbreyting mín, kemur þar allskýrt fram. Brtt. mín við 2. gr. frv. er þannig, með leyfi forseta, — ég legg til að gr. verði orðuð svona:

„Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkv. 1. gr., skal leita umsagnar sjútvrn. um veitingu stofnlána opinberra aðila til bygginga nýrra vinnslustöðva eða meiri háttar breytinga á slíkum vinnslustöðvum."

Ég tel að það beri að vinna að þessari samræmingu, sem hér er talað um, á þann hátt að þeir opinberu aðilar, sem veita stofnlán til þess að koma upp nýjum vinnslustöðvum, eigi gjarnan að leita eftir umsögn sjútvrn. um hvort þörf sé á að byggja fleiri stöðvar til þessarar vinnslu á viðkomandi svæði. Ég vil skylda þá, áður en þeir veita stofnlán, til þess að leita eftir þessari umsögn. Rr. fær þá tækifæri til þess að tjá sig. Síðan er það hinn opinberi aðili, sem veitir stofnlán og á út af fyrir sig í öllum tilfellum að hafa það sjónarmið að hann sé ekki að veita stofnlán til eins eða neins að óþörfu, sem ákveður hvort hann vill veita stofnlán til nýs fyrirtækis eða ekki. Ég er ekki á þeirri stefnu að það sé rétt að veita sjútvrn. svona mikið vald, að hann eigi að segja til um hvort byggja megi eða stækka megi fyrirtæki sem fyrir er í þessum greinum. Mér finnst vera komið út fyrir verksvið ráðh., þetta er ekki hans mál. Og ég er líka á þeirri skoðun, að verði farið að taka upp þessa stefnu í þessum greinum, þá muni annað á eftir fylgja og þá þurfi sannarlega að koma upp sérstökum deildum á vegum sjútvrn. sem kynni sér þau mál sérstaklega út frá efnahagslegri aðstöðu og rekstrarlegri aðstöðu, hvort það eigi yfirleitt að veita leyfi til þess að byggja nýja vinnslustöð eða leyfi til þess að stækka vinnslustöð. Þeir aðilar, sem eru réttir í þessum efnum, eru einmitt stjórnendur stofnlánasjóðanna. Þeir hafa þetta vald núna. Þeir geta synjað um lán sem í flestum tilfellum þýðir auðvitað stöðvun framkvæmda, nema þar sem stöðvarnar eru svo litlar, að það að koma upp slíkum stöðvum flokkast undir það frjálsræði sem er í okkar landi með það, að menn geti ráðstafað fjármunum sínum að vild. Eins og við vitum er frelsið svo mikið, að maður, sem á talsverða peninga, má beinlínis kveikja í þeim ef hann vill. Við bönnum það ekki. Ef hann vill endilega koma upp einhverju fyrirtæki sem aldrei getur snúist, þá hann um það. Við höfum ekki hér almennt í gildi þær reglur að við tökum fram fyrir hendur á mönnum í þessum efnum. En við eigum ekki að veita aðilum lán af opinberu fé til þess að koma upp stöðvum eins og þessum nema að athuguðu máli. Og þá eru það auðvitað stofnlánasjóðirnir sem þarna verða að velja á milli. Það er sjálfsagt að binda þetta skilyrðum að þeir leiti þá til rn. eftir umsögn um það hvort rétt sé að setja á þessa takmörkun.

Í þeim brtt., sem ég hef lagt fram við frv., geri ég till. um aðra breytingu heldur en þarna við 2. gr. Ég legg líka til að fyrirsögn frv. verði breytt. Ég legg til að frv. beri heitið „Frv. til l. um veiðar og vinnslu rækju og skelfisks". Frv. fjallar aðeins um þetta og á því að bera nafn samkv. því. Það á ekki að bera nafn um eitthvað allt annað. Það fjallar eingöngu um þetta, veiðar og vinnslu á rækju og skelfiski og því finnst mér rétt að binda nafnið við það. Ég vil sem sagt fyrir mitt leyti ekki á neinn hátt taka undir það á óbeinan hátt með nafngiftinni að hér sé stefnt að því að fara að taka upp þá stefnu í sambandi við vinnslu sjávarafla eins og segir núna í heiti frv.

Ég verð svo að endurtaka það enn einu sinni, og svo skal ég láta máli mínu lokið, — það er aðeins fyrir öryggis sakir því að maður er búinn að læra það mikið af lífinu að það veitir ekki af að taka það fram nokkrum sinnum, — að þessi afstaða mín er ekki á nokkurn hátt bundin við þá deilu sem á sér stað við Húnaflóa. Ég hef enga afstöðu tekið í því máli og ekki haft aðstöðu til þess að dæma neitt um það. Ég tel hins vegar þörf á því að setja takmarkanir á veiðina þarna. En hvort rétt er að standa gegn því að fleiri staðir við flóann komi inn í þennan rekstur eða ekki, það er ekki mál sem ég er að skipta mér af. Afstaða mín til þessa frv. miðast við það sem ég hef hér sagt. Ég er á móti þeirri nýju stefnu sem er verið að marka með þessu frv. Ég tel hana krafs og hún gerir hér ekkert gagn. Og teygist þetta öllu lengra fyrir það ríkisvald sem við höfum yfirleitt búið við þá er ég næstum viss um að það verður til bölvun-

ar í okkar sjávarútvegsrekstri að taka það upp. Ég held að það verði að bíða að fara inn á þessa braut, að ætla að skipuleggja þetta allt saman, þangað til það er orðinn eitthvað sterkari meiri hl. hér á Alþ. og í ríkisstj. fyrir svona sósíaliseringu heldur en nú er í dag. Mig langar ekki til að sjá þá aðila t. d., sem stjórna landinu í dag, framkvæma þann sósíalisma sem ég held að þeir mundu framkvæma.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil, áður en ég fer að ræða frv. efnislega láta það koma fram, að þegar þetta mál var tilkynnt í þingflokki Sjálfstfl., þá gerði ég þar fyrirvara um fylgi mitt við málið, þannig að ég verð vonandi ekki sakaður um það, þótt ég hafi aðra afstöðu en hæstv. ráðh., að ég sé þar neitt að hlaupa út undan mér í stuðningi við okkar ágætu ríkisstj.

Hér hafa verið lesnar upp umsagnir aðila og sást þar, eins og réttilega hefur verið á bent af frsm. minni hl. og nú síðast af hv. 2. þm. Austurl., að þær umsagnir eru mjög neikvæðar. Framkvæmdastofnun er að vísu að gæla við málið, þó með vissum breytingum. Landssambandið leggur til að það nái ekki fram að ganga, og sama er að segja um Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. En eftir að frv. var afgr. í n. barst Alþ. enn ein umsögn. Hún er frá stjórn Félags rækjuvinnslustöðva og af því að þarna er sá aðili sem frekast á hlut að máli, þá er rétt að lesa þá umsögn upp hér í heilu lagi. Hún er stutt og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Sem umsögn um frv. til l. um samræmda vinnslu sjávarafurða og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, vill stjórn Félags rækjuvinnslustöðva láta í ljós eftirfarandi álit:

Stjórnin telur að í frv. felist óæskileg skerðing á atvinnufrelsi í landinu. F. h. félagsmanna sinna óskar stjórnin ekki eftir þeirri einokunaraðstöðu sem framkvæmd l. gæti leitt af sér ef frv. verður samþ. sem lög. Nokkuð öruggt er, að afkoma rækjuvinnslustöðva byggist fyrst og fremst á sömu aðalforsendum og aðrar greinar sjávarútvegs, þ. e. aflabrögðum, hagkvæmni í rekstri hvers fyrirtækis og markaðsástandi erlendis. Af framangreindum ástæðum er stjórn Félags rækjuvinnslustöðva andvíg því að frv. verði samþ. sem lög."

Það hlýtur að líta ákaflega einkennilega út ef Alþ. með sérstökum l. ætlar að fara að þröngva einokunaraðstöðu upp á þá aðila sem þar eiga hlut að máli. Ég tel að þessir aðilar sjái alveg hvað er að gerast í þessum málum, og þeir eru mjög andvígir því og vilja ekki taka við þeirri aðstöðu sem þetta frv. gerir ráð fyrir að sé verið að skapa þeim. Ég tel því mjög hæpið fyrir Alþ. að fara að beita aðstöðu sinni til þess hreinlega að þröngva mönnum til að taka við aðstöðu sem þeir kæra sig ekki um sjálfir. Ég lét þess getið, þegar frv. var hér til 1. umr., að þetta frv. væri í raun og veru mun stærra en það sýnist vera því að það væri mjög stefnumarkandi fyrir sjávarútveginn og fiskvinnsluna í landinu. Ég tel að við værum að blekkja sjálfa okkur á því ef við héldum að við værum aðeins hér að samþykkja frv. til l. um þetta einangraða tilfelli, sem frv. hljóðar að vissu marki um, því að ef slíkt frv. sem hér liggur fyrir yrði samþ., þá hlyti það auðvitað að kalla á bæði svæðaskiptingu á öðrum veiðum hvar sem væri við landið og einnig á það skipulag sem gerir ráð fyrir að aðilar, sem vilja leggja fjármagn í uppbyggingu vinnslustöðva eða stækkun sinna eigin vinnslustöðva, séu háðir ríkisvaldinu um það hvort þeim leyfist þetta eða ekki, séu háðir boði og banni viðkomandi ráðh. og hans duttlungum, eins og þeir kunna að vera, og skapferli. Ég tel að a. m. k. þetta atriði geti ekki á nokkurn veg samrýmst þeirri lífsskoðun, sem ég hef haft og hef, og ekki heldur grundvallarstefnu þess flokks sem ég frá upphafi hef fylgt.

1. gr. frv. gerir ráð fyrir svæðisbindingum við rækju- og skelfiskveiðar, og það hefur verið rökstutt með því að þarna sé um verndunarsjónarmið að ræða og þurfi að hafa hemil á þessum veiðum. Það er alveg rétt að þessar veiðar þurfa að vera háðar eftirliti, þannig að ekki eigi sér þar frekar rányrkja eða ofveiði heldur en í öðrum greinum fiskveiðanna. En ég held að frv. um veiðar með botvörpu og flotvörpu, sem var samþ. á Alþ. í lok síðasta árs, gefi ráðh. á hverjum tíma alveg fulla og nægа heimild til þess að hafa það í hendi sér að ekki sé um ofveiði eða rányrkju að ræða. Þar er sérstakur kafli um rækjuveiðar, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur veitt undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir skipa."

Það má segja, hvort sem það hefur nú verið bundið í ákveðnum l. eða það hefur þá verið orðin hefð, að bæði fyrrv. sjútvrh. og þeir, sem á undan honum voru, hafi beitt slíkum ákvæðum. Þeir hafa látið rn. gefa út leyfi til tiltekinna veiða til þess að hafa á því hemil að þar yrði ekki of langt gengið. En frv., sem samþ. var í fyrra um þessi atriði, gengur enn lengra og hefur að mínum dómi gengið mjög langt í heimildum því að í 9. gr. segir: „Ráðh. skal í reglugerð setja reglur um hvað eina sem snertir framkvæmd þessara l., svo sem gerð, útbúnað og frágang botvörpu" o. fl. sem í þessari gr. er. Það er því engin afsökun fyrir hæstv. núv. sjútvrh. að leggja fram það frv. hér að hann ætli að afla sér heimilda til þess að forðast rányrkju eða ofveiði á rækju og skelfiski. Hann hefur alveg í hendi sér að hafa fullt vald á þeim hlutum, og meira að segja hefur verið látið viðgangast að ráðh. hefur bundið báta við þessar veiðar við tiltekin veiðisvæði, þannig að einnig það hefur verið gert, þó að nú virðist þurfa sérstaka lagasamþykkt til þess að halda því áfram.

Ég hygg, eins og ég sagði áðan, að það mundi fljótt sýna sig ef svona frv. eins og hér liggur fyrir yrði samþ., að þá kæmu fljótlega fram kröfur um að aðrar veiðar, humarveiðar og kannske aðrar veiðar, togveiðar o. fl., yrðu þá einnig svæðisbundnar við þá staði sem bátarnir eru gerðir út frá. Ég er alveg sannfærður um að ef svona frv. verður samþ. hér á Alþ. komi eðlileg krafa frá þeim aðilum, sem fiskveiðar stunda á svæðinu frá Reykjanesi að Eystrahorni, um að a. m. k. humarveiðar til að byrja með og rækjuveiðar á þessu svæði verði einnig svæðisbundnar fyrir

þá báta sem gerðir eru út frá þessum stöðum. Ég sé ekki hvernig ætti að standa á móti slíkum kröfum ef þetta frv. verður gert að lögum.

Ef þannig yrði haldið áfram kringum landið, þá hygg ég að færi að þrengjast að hjá einstaka sjávarplássum um rekstrargrundvöll fyrir sín skip. Að mínum dómi, ef á að fara inn á þessa braut, sem ég er gersamlega mótfallinn og mun aldrei samþykkja á Alþ., verður að taka dæmið allt og landið allt undir og skipuleggja allar veiðarnar, þannig að menn hefðu aðstöðu til að vita fyrir fram, hvaða leyfi þeir hefðu, hvaða möguleika þeir hefðu til rekstrar sinna skipa. Ég held að þetta sé mál sem Alþ. hljóti að skoða nokkuð vel í upphafi. Það þýðir ekki að vera að gera því neitt skóna að þetta verði í framtíðinni einskorðað við þessar tilteknu veiðar ef frv. verður gert að lögum.

Í sambandi við svæðisbindinguna kemur fram í grg., eins og ég reyndar benti á við 1. umr., ákvæði sem ég hygg að flestum hafi ekki verið kunnugt um, þar sem koma fram kröfur um að eigendur og skipstjóri bátsins hafi verið búsettir á viðkomandi svæði í eitt ár. Það er sem sagt krafa og skilyrði nú í dag að skipstjóri, sem er með fullum réttindum, fær ekki leyfi til að vera með bát, sem er svæðisbundinn, nema hafa verið búsettur þar í eitt ár. Það var upplýst í umr. sem urðu utan dagskrár um Blönduósmálið svokallaða að sá skipstjóri, sem flutti sig og sinn bát norður á Húnaflóasvæðið, varð að fá 17 ára gamlan ungling til þess að leppa bátinn fyrir sig, — mann sem hafði fengið undanþágu fyrir 150 kr. uppi í rn. Þetta er afleiðingin af því að ætla að svæðisbinda ekki einungis bátana, heldur skipstjórnarmennina á bátunum. Ég held að ef farið er út í svona hluti, þá verði menn í upphafi að skoða til hvers þeir leiða. Það liggur alveg ljóst fyrir að skipstjórnarmenn láta ekki fara svona með sig. Ef þeir fá ekki að nota réttindi sín eins og þeir telja sig hafa fullan rétt á auðvitað, þá fara þeir þessa leið, að fá einhverja aðra til þess að vera með skipin fyrir sig sem eru búsettir þar. Það getur leitt til alvarlegra hluta ef jafnvel óreyndir menn eru skráðir sem skipstjórar á bátunum.

Aðrar greinar er kannske öllu stærra mál og enn þá meira stefnumarkandi, þar sem er gert ráð fyrir að leyfi sjútvrn. þurfi, eins og þar segir, til meiri háttar endurbóta á þeim fiskvinnslustöðvum, sem fyrir eru, eða ef menn hafa í huga að byggja nýjar stöðvar. Við munum sennilega flest eftir hinu gamla og landsfræga Fjárhagsráði sem hér starfaði í nokkur ár, ég held við lítinn fögnuð landsmanna, og ég held að menn almennt hafi verið mjög fegnir þegar það ráð var lagt niður. Nú á að fara að taka upp nákvæmlega sömu hömlurnar, að aðili, sem hefur fjármagn og vill leggja í atvinnurekstur úti á landsbyggðinni, þarf að koma hingað til Reykjavíkur, fara þar fyrir stjórnvöld, sitja þar kannske í stigum á skrifstofum, eins og átti sér stað hjá Fjárhagsráði, — ég man eftir því, — og vita hvort hann er í náðinni, geti fengið leyfi til þess að nota fjármagn sitt til þess að byggja upp atvinnufyrirtæki í sinni heimabyggð. Ég held að þetta eigi að vera liðnir tímar. Alþ. á ekki að fara inn á þessa braut aftur. Þegar jafnvel jafnrótgrónum sósialistum og hv. 2. þm. Austurl. er farið að blöskra sú stefnumörkun sem hér er um að ræða, þá held ég að við hinir ættum að fara að gá nokkuð að okkur.

Það er annað sem er að mínum dómi ekki síður óeðlilegt í þessu, en það er að með frv. er einnig verið að leita eftir heimild fyrir rn. til að synja um leyfi til lána úr þeim lánasjóðum, sem til eru í sambandi við sjávarútveginn. Getur þetta ekki leitt til ýmissa hluta? Nú eru stjórnir sjóðanna mjög á því að byggt sé upp á einhverjum stað tiltekin fiskvinnslustöð eða stækkun á þeirri stöð, sem fyrir hendi er, eigi sér stað, öll stjórnin er sammála um þetta. Ég vil benda á það að auðvitað má alltaf deila um hver sé hæfastur til framkvæmda. En ég er alveg sannfærður um að þeir, sem stjórna núna hinum opinberu lánasjóðum í sambandi við sjávarútveginn, eru búnir að afla sér mikillar og langrar reynslu og þekkja manna best, betur en nokkrir aðrir í landinu, hvernig aðstaðan er á hverjum einstökum stað og hvar er eðlilegt að frekari uppbygging eigi sér stað. Og þó að við séum að tala hér um höft og bönn, þá vitum við vel að stjórn þessara sjóða hefur sett nokkurn hemil á það, hún hefur reynt að nota aðstöðu sína til þess að koma í veg fyrir óeðlilega fjárfestingu. Ef hún telur að það sé óráðlegt að bæta við fiskvinnslustöð á einum stað eða láta stækka slíka stöð, þá er hún mjög treg að veita til þess fjármagn. Hún mundi reyna að leiða mönnum fyrir sjónir að þarna sé um óeðlilega og óþarfa aðgerð að ræða og getur þannig nokkuð haft það í hendi sér að ekki sé farið þar út í neinar öfgar.

Ég get tekið undir það, að ef menn eru með fjárráð eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., ef menn eru með fjármagn og vilja leggja í eitthvert atvinnufyrirtæki úti á landsbyggðinni, því mega þeir það ekki jafnvel þó að afkoma þess sé eitthvað hæpin? Það verður aldrei farið til baka með þetta atvinnufyrirtæki, það stendur þó eftir og það er öruggt, þó að kannske í augnablikinu séu ekki not fyrir það. Það kemur alltaf að því, að fyrir slíkar stöðvar verða not, fyrr en seinna. Það hefur enginn tapað á því fjármagni nema sá aðili sem lagði sitt eigið fjármagn í það, og það er þá hans mál, en ekki annarra.

Ég þarf nú kannske ekki að fjölyrða miklu meira um þetta mál, en ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel mig hafa alveg óbundnar hendur um málið. Ég hafði þegar í upphafi, þegar það var lagt fyrir þingflokk minn, gert fyrirvara, og ég get látið það fylgja hér með að ég er búinn að gera það upp við mig að ég mun greiða atkv. gegn frv. Ég mun ekki einu sinni fallast á þær brtt. sem fram eru komnar hjá þeim mönnum sem eru að reyna að bæta það. Ég tel það ekki nægilegt. Ég vil reyna að koma í veg fyrir að frv. verði samþykkt. Ég tel að það stangist á við þá grundvallarhugsjón sem ég hef alltaf haft í sambandi við atvinnurekstur og er sannfærður um að það leiðir síður en svo til nokkurs góðs fyrir einn eða annan.

Þessi deila, sem komið hefur upp um Húnaflóann, ég tel að hún sé ekki þess eðlis að það þurfi vegna hennar lagasetningu. Fyrrv. hæstv. sjútvrh. hafa komist fram úr slíkri aðstöðu. Það

hafa áður komið upp deilur í sambandi við sjávarútveginn og þeir hafa komist fram úr því án þess að biðja um sérstaka lagasetningu, og ég tel að til slíks sé ekki næg ástæða. Ef lausn þeirrar deilu á að gerast á þann hátt að hana eigi að leysa með beinu valdboði stjórnvalda, þá er það atriði sem ég mundi telja hvorki æskilegt né eðlilegt.

Guðmundur H. Garðarson: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, lætur ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn. Ég hef litið þannig á að þm. væru óbundir þangað til kæmi að atkvgr. í sal, burtséð frá því hvað rætt er um í þingflokkum. Ég hef litið þannig á að þegar frv. eru kynnt, hvort sem er hér í sal eða á þingflokksfundum, þá gæfist þm. tími til umhugsunar og ákvörðunar síðar, eftir því sem þeir hafa getað kynnt sér efni frv. betur og þá e. t. v. öðlast aðra skoðun eða staðfest betur sína fyrri skoðun á því hvaða afstöðu bæri að taka við atkvgr.

Við nánari athugun sést að það frv., sem hér um ræðir, er raunverulega þess efnis að hér er um stórmál að ræða. Það er mjög stefnumarkandi og það getur haft mjög örlagaríkar afleiðingar til hins verra ef það verður samþ. í sinni upprunalegu mynd.

Hv. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, lýsti hér ágætlega áðan hve slæmar afleiðingar hvað fordæmi snertir það hefði ef umrætt frv. næði fram að ganga. Hv. þm. lýsti vel göllum einokunarkerfisins og einkavinnsluaðstöðu ríkisrekinna fyrirtækja í fiskiðnaði, og þarf ég ekki að tíunda það frekar. Ég vil taka undir orð hans hvað þetta áhrærir og undirstrika að áætlunarbúskapur eða þröngt skipulag og leyfisveitingar eiga sérstaklega illa við í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Sjómenn, skipstjórar, útgerðarmenn og fiskframleiðendur verða að hafa fullt athafnafrelsi ef vel á að vera. Það er grundvallarforsenda góðs árangurs í útgerð og fiskiðnaði að svo sé. Margur hefur farið til sjós vegna þess að hann hefur gert sér vonir um að síðar gæti viðkomandi orðið sjálfstæður atvinnurekandi í útgerð og fiskiðnaði, ekki endilega í stórrekstri, heldur í smáum stíl. Þannig hefur útgerð og fiskiðnaður byggst upp á Íslandi, og ég veit að hv. þm. eru sammála mér um að þeir ágætu menn, sem hafa byggt upp okkar sjávarútveg og fiskiðnað með þeim hætti, því frjálsræði sem ríkt hefur, hafa unnið gott starf og þjóðhollt. Ég er hræddur um og sannfærður um að ef möguleikar til takmörkunar á þessu sviði hefðu verið fyrir hendi í lagaformi á svipaðan hátt og það frv. gerir ráð fyrir sem hér er til umr., þá hefði það torveldað mjög alla uppbyggingu sjávarútvegs og fiskiðnaðar og útilokað það að margur hæfur sjómaðurinn, skipstjórinn og útgerðarmaðurinn hefði lagt út á þær brautir sem þeir hafa gert.

Ég get nefnt dæmi um það hvað leyfisveitingar geta haft slæmar afleiðingar, að hér á árunum, þegar einn af íslensku stórútgerðarmönnunum vildi hefja fiskvinnslu hér í Reykjavík, það var á bannárunum eða leyfisveitingaárunum, þá var honum synjað um leyfi fyrir því að reisa frystihús í Reykjavík. Þetta er líklegast eini útgerðarmaðurinn sem hefur hætt atvinnurekstri þannig að segja mætti að hann hafi staðið upp úr. Sá maður, sem hér um ræðir, er Tryggvi Ófeigsson. Þegar hann vildi hefja rekstur hraðfrystihúss í Reykjavík um 1956 og 1957 átti að neita honum um það að mega gera slíkt. Ég held að enginn maður geti haldið því fram með rétti að þessi maður hafi ekki skilað góðum árangri, bæði sem útgerðarmaður og fiskframleiðandi. Hann mun hafa verið einn af þeim fáu sem ekki sóttu styrkinn sinn á sínum tíma og rak sitt fyrirtæki hallalaust. En ef það kerfi sósíalismans, sem hv. 2. þm. Austurl. lýsti sig mjög andvígan hér áðan, hefði verið ráðandi þá hefði sá rekstur ekki hafist með þeim hætti sem til sóma hefur verið fyrir viðkomandi aðila og Reykjavík, og ég tala hér sem þm. Reykv. (**Ljós:** Veistu, hver veitti honum leyfi til þess?) Ja, mér kæmi það ekki á óvart að það hefði verið hv. 2. þm. Austurl., þáv. sjútvrh. í fyrstu vinstri stjórninni. Það sýnir að eitthvað gott getur komið út úr vinstri stjórnum. En sem sagt, að mínu mati og margra annarra er hér um grundvallaratriði að ræða, þ. e. að ekki séu sett lög sem þrengja athafnasvið manna meir en orðið er í sjávarútvegi og fiskiðnaði.

Ég tek einnig undir það sem sagt var hér áðan, að ámælisvert er að ekki skuli lesnar umsagnir aðila, sem látið hafa í ljós álit sitt í veigamiklu „prinsip"-máli og hér um ræðir. Það ætti raunverulega að vera venja að lesa upp umsagnir. Ekki svo að skilja að hv. þm. þurfi endilega að breyta samkv. þeim umsögnum, sem upp eru lesnar, það er annað mál. Hins vegar á að gera það hv. þm. til upplýsingar um afstöðu þeirra aðila sem leitað er umsagna til. Það var skýrt frá því að stjórnir Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Landssambands ísl. útvegsmanna hefðu lýst sig andvígar þessu frv. vegna þess að það væri mat þessara aðila að þetta stríddi á móti æskilegu athafnafrelsi. Ég er sannfærður um að sú afstaða í þessum umsögnum er rétt, vegna þess að verði athafnasvið manna þrengt með þeim hætti sem hér um ræðir, þá mun án nokkurs vafa verða afturför í útgerð og fiskiðnaði á Íslandi í framtíðinni með þar af leiðandi lífskjaraskerðingu fyrir alla landsmenn. Ég er á móti slíkri þróun. Ég er einnig andvígur því að gefa embættismönnum og stjórnmálamönnum það vald að þessir aðilar ráði algerlega yfir lífi og örlögum manna. Ég ítreka, að í fyrrgreindum umsögnum stærstu samtaka útgerðar og fiskiðnaðar í landinu er lögð áhersla á þá stefnu, að frjálsræði ríki í þessum efnum, svo sem verið hefur hingað til. Ég vil að endingu láta í ljós þá von mína í sambandi við þetta mál, sem er nú komið jafnlangt og raun ber vitni, og ég trúi ekki öðru en hæstv. sjútvrh. og þeir þm., sem hafa tjáð sig fylgjandi frv., endurskoði afstöðu sína til þessa máls eða geri á því þær lagfæringar að meginreglan um athafnafrelsi í sjávarútvegi og fiskiðnaði verði ekki brotin. Haldi málið hins vegar enn áfram óbreytt mun ég greiða atkv. gegn frv.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð að þessu sinni. Ég vil aðeins vekja athygli á því að þeir, sem talað hafa í þessu máli, að undanskildum hv. 8. þm. Reykv., sem var frsm. meiri hl. sjútvn.,

hafa allir mælt gegn samþykkt þessa frv. Við umr. er hæstv. sjútvrh., sem flutti þetta frv., ekki viðstaddur. Við umr. hefur ekki heldur hv. frsm. meiri hl. n. verið viðstaddur. Og það hefur enn enginn tekið til máls við þessar umr. úr þeim meiri hl. sem styður það að þetta frv. verði samþ.

Það var verið að velta vöngum yfir því hér áðan hvort hér væri um sósíalisma að ræða eða ekki sósíalisma með þessu frv. Ég vil rifja það upp, mönnum meira til gamans heldur en hitt, að svona lagað hefur verið framkvæmt einu sinni áður hér á Íslandi. Mönnum hefur áður verið skipað hvar þeir ættu að selja sínar afurðir og hvert þeir mættu ekki selja þær. Það var með tilskipun sem danskur einveldiskonungur gerði. Hann skipaði mönnum fyrir hvert þeir mættu sigla með afla sinn og hvar þeir mættu selja. Væntanlega held ég að engum manni blandist hugur um það að sá danski einvaldskóngur var ekki að framkvæma sósíalisma með því.

Það er sagt í 1. gr. þessa frv. að sjútvrn. eigi m. a. að hafa á hendi heimild til þess að skipta aflanum milli vinnslustöðva, þ. e. a. s. að fyrirskipa sjómönnum hvar þeir megi selja, þeir megi bara selja afla sinn kaupmanni, ja, faktor eða rækjuverksmiðjueiganda A, en þeir megi alls ekki selja svo mikið sem eina rækju kaupmanni, faktor eða rækjuverksmiðjueiganda B. Þetta er ákaflega svipað og menn þekkja úr Íslandssögunni þegar íslenskir sjómenn máttu selja faktornum hér sinn afla, en ekki faktornum þar. Og ég vil benda mönnum á það til gamans að það er sagt frá einum slíkum manni í þeirri ágætu bók, Íslandsklukkunni, Hólmfasti, að mig minnir Guðmundssyni, sem varð fyrir því óláni að selja tvo fiska röngum kaupmanni. Sennilega hefur hann keypt sér snæri í staðinn. En þessum manni var refsað, eins og gert er ráð fyrir að refsa mönnum í 4. gr. þessa frv., að vísu ekki með því að láta hann greiða sektir, heldur var honum varpað í þrælakistuna fyrir.

Þessi Hólmfastsákvæði virðast eiga að gilda í þessu ágæta frv., því að hér er verið að fara út á sömu braut. Og þá vaknar spurning um það, hvort okkar ágæti einvaldskóngur, hæstv. sjútvrh., vill nú ekki framfylgja Hólmfastsákvæðunum í öllum greinum frv. og gera þá breyt. á 4. gr. að 1. mgr. orðist svo: „Hver sá sem sekur gerist um brot á lögum þessum eða fyrirmælum samkv. þeim skal sæta opinberri flengingu, nema þyngri viðurlögum varði samkv. öðrum lögum.“ Þetta er auðvitað í fullum anda hinna ágætu Hólmfastsreglna.

Sjálfsagt mun sjútvrh. lýsa því yfir, eins og hann gerði í umr. hér fyrr í dag, að hann muni við framkvæmd málsins hafa mjög náið samstarf við formenn sjútvn. Það er vissulega svo að það eru fáir betur í stakk búnir til slíkra framkvæmda en ágætur form. sjútvn. okkar ágætu d., hv. 8. þm. Reykv., og það verður ekki lítið gaman fyrir okkur alþm., þótt það verði minna gaman fyrir aðra, þegar opinberlega verður auglýst að einhver Hólmfastur norðan, sunnan eða vestan af landi verði tekinn til opinberrar hýðingar af sjútvrn. með aðstoð form. sjútvn. beggja d. hv. Alþ. á þessum eða hinum deginum. Það verður ansi gaman fyrir okkur að vera viðstaddir slíka athöfn, þótt Hólmfasti rækjuveiðisjómanni finnist það kannske minna gaman.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal aðeins hafa þetta örstutt að þessu sinni. — Menn hafa sumir hverjir æst sig allmikið upp út af þessu máli að undanförnu og gerst jafnvel bæði orðhvatir og bókmenntalegir í sambandi við þetta sjávarútvegsmálafrv. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. sjútvn., þar sem ég lýsi því yfir að ég sé algerlega samþykkur þessu frv. og að mínum dómi hefði slíkt frv. mátt koma fram miklu fyrr og jafnvel snerta miklu fleiri þætti sjávarútvegsins en hér um ræðir.

Skipulagsleysi í veiðum og vinnslu sjávarafla á Íslandi hefur lengi verið ákaflega mikið og okkur til bölvunar. Og þótt þetta frv. snerti lítinn þátt í því stóra máli, þá álít ég það skynsamlega byrjun.

Ég lít á þetta mál þannig að eðli þessa máls sé það, að þegar rætt er um rækju- og skelfiskveiðar, eins og þetta frv. fjallar eingöngu um, og vinnslu á þeim afurðum, hvað svo sem menn hafa viljað teygja lopann í aðrar áttir með miklum fyrirgangi, þá er það alveg ljóst að á hverju svæði er um ákveðinn aflakvóta að ræða. Það má veiða á ári kannske 1500 tonn eða 2000 tonn eða hvað nú kvótinn segir til um, og til þess að þessar veiðar og vinnsla úr afurðum veiðanna verði hagkvæm þarf að takmarka fjölda báta og hafa hæfilegan fjölda vinnslustöðva. Þeim skyldi verða valinn staður fyrst og fremst eftir byggðasjónarmiðum og atvinnuástandi á hverju landssvæði og síðast, en ekki síst hagkvæmisástæðum.

Ég er alveg undrandi á því þegar menn, sem eru búnir að glíma við íslensk sjávarútvegsmál áratugum saman, eru að berjast á móti mikilvægum atriðum í þessu frv., svo að ég tali nú ekki um það þegar er verið að dylgja um að hæstv. sjútvrh. muni koma til með að segja á Ísafirði: „Þið landið allir ykkar rækju hjá bróður mínum eða frænda“ — og í Stykkishólmi: „Þið landið allri rækjunni hjá Sigurði Ágústssyni af því að hann er í Sjálfstfl.“ o. s. frv., velta sér upp úr slíkum hugmyndum, eins og nokkrum manni detti í hug að hæstv. ráðh. muni misbeita þannig sínu valdi.

Fyrrv. hæstv. sjútvrh. býsnaðist mikið yfir því að núv. hæstv. ráðh. og rn. hans mætti ekki setja reglur um eitt eða neitt. Ég veit ekki betur en sjútvrn. hafi haft býsna frjálsar hendur í ýmsum málum með að setja reglur um þessa og hina hluti. Hví skyldi ekki rn. nú og núv. hæstv. ráðh. mega gera það í ýmsum atriðum eins og áður? En það virðist ekki vera. Það er bara taugatitringur um leið og minnst er á að hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason eigi að fá að gera einhvern skapaðan hlut.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði hér mjög skelegglega í bókmenntalegum stíl til þess að verja sjónarmið „bisnissmanna“ á borð við Ottar Yngvason og fleiri góða menn. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að fetta fingur út í þessa ræðu hans núna, hún hefur hingað til í þessu máli verið öll á sömu bókina lærð. Ég er dálítið hissa á því að menn, sem eitthvað hafa

kynnst rekstri eða þykjast hafa vit á honum, eins og mér heyrist á Sighvati, hv. þm., skuli ekki gera sér grein fyrir því að með fjölgun vinnslustöðva, sem vinna eiga úr ákveðnu hráefni og þegar allir slást um sama hráefnið, þá hlýtur auðvitað hagkvæmni rekstrar hvers fyrirtækis að minnka í hlutfalli við fjölgun þessara stöðva. Hvað þýðir það? Það þýðir minni möguleika á endurbótum og lagfæringum á stöðvunum, verri afkomu, tiltölulega meiri kostnað. Og ég vil nú spyrja í sambandi við þetta, sem ég ætla að nefna næst: Hafa menn ekki heyrt talað um rekstrargrundvöll sjávarútvegsins á hverju einasta ári í sambandi við íslensk efnahagsmál? Þegar verið er að reikna hann út, þá er tekið til skoðunar hvernig sé staða fiskvinnslunnar í landinu og þar fram eftir götunum. Hverjir hafa þurft að leggja hornsteininn að þessum rekstrargrundvelli? Og hverjir eru þeir sem að öðru leyti hafa þurft að treysta hann? Mér sýnist á ráðstöfunarfrv., sem verið hefur hér til umr. nú síðustu dagana, að það séu fyrst og fremst sjómenn, sem séu látnir borga þetta. Þeir, sem geta í sama orðinu verið að tala um að sjómenn séu látnir standa undir svo og svo miklum kostnaði til þess að standa undir rekstrargrundvelli sjávarútvegsins, vilja um leið heimta eða leyfa ótakmarkaðan fjölda vinnslustöðva til þess að vinna úr takmörkuðu hráefni, sem t. d. í Húnaflóa er ekki nema eitthvað 2500 tonn. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm. hvort hann eigi langt mál ótalað því að nú líður að þeim tíma þegar ég hafði hugsað mér að fresta fundi.) Herra forseti. Ég vil svara því þannig, að mér hefur heyrst að hv. þm. aðrir hafi fengið að tala býsna lengi um þetta, en ég skal stytta mál mitt mjög og segja þá aðeins örfá orð í viðbót. (**Forseti:** Ég er ekki að mælast til þess við hv. þm. að hann felli niður nokkurn skapaðan hlut af því sem hann telur rétt að hér komi fram. Ég er reiðubúinn til að halda honum á mælendaskrá, þannig að hann hafi orðið aftur þegar fundarhléi lýkur.) Ég vil frekar velja þann kostinn að stytta mál mitt.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að því sem hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, talaði hér um. Það fór eins og fyrri daginn að hann fór að tala um allt annað mál og vísaði til þess að þetta frv., sem er ákaflega skýrt takmarkað við þetta tvennt, rækju- og skelfiskveiðar, væri bara byrjunin, svo ætti að fara að ráðast á aðrar veiðar, það ætti að fara að takmarka aðrar veiðar sem háðar eru leyfum. Ég verð nú að segja það að þetta frv. gefur ekkert tilefni til þess, jafnvel þótt mér fyndist fullkomin ástæða til þess að fara að hafa einhverja almenna yfirstjórn á þessu, t. d. humarveiðum o. fl. Og ég er undrandi yfir því að þessi hv. þm., sem sjálfur hefur rekið fiskvinnslustöð í Vestmannaeyjum, skuli vera fylgjandi endalausri þenslu í slíkum iðnaði á hverjum stað sem hefur þær afleiðingar sem ég lýsti hér áðan.

Vegna þess að mér skilst á hæstv. forseta, að þm. séu orðnir svangir, þá vil ég aðeins bæta því við, að mér finnst það vera hártogun, sem sett er fram í svipuðum stíl og maður les eftir miðaldaguðfræðinga, þegar hv. 2. þm. Austurl. er að leggja sérstaka áherslu á að breyta fyrirsögn frv. Í 1. gr. er talað um rækju- og skelfiskveiðar, og í 2. gr., í rauninni annarri efnisgrein þessa frv., er eingöngu talað um, eins og segir hér: „Í þeim greinum veiða, sem háðar eru sérstökum leyfum samkv. 1. gr.“ Það kemur ekki punktur á eftir samkv. sérstökum leyfum, þá hefði kannske verið ástæða til þess að breyta fyrirsögninni. En ég sé enga ástæðu til þess að vera að reyna að eltast við hvern tittlingaskít í þessu máli til þess að geta verið að finna að skynsamlegum hlutum sem eru að mínu mati að byrja með þessu frv.

Umr. frestað.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 197, n. 207). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Mál þetta kemur frá hv. Ed. Sjútvn. hefur fjallað um málið á fundum sínum. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. hefur n. orðið sammála um frv., eins og það liggur fyrir, að undanteknu því sem segir í ákvæði til bráðabirgða. N. mælir öll með frv. eins og það liggur fyrir, en um þetta atriði klofnaði n., um afstöðuna til ákvæðis til bráðabirgða, þar sem meiri hl. n. telur að slíkt ákvæði mundi skapa hættulegt fordæmi og leggur þess vegna til að það verði fellt. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess að ræða um meginefni frv., þar sem allir nm. eru sammála um að mæla með samþykkt þess, en mun í örfáum orðum víkja að ágreiningsefninu varðandi bráðabirgðaákvæðið.

Þess má geta að þetta ákvæði ásamt með frv. var samþ. einróma í hv. Ed. En ég vil leyfa mér að hafa þá skoðun, að það hafi verið mjög af fljótræði gert, hv. Ed.-menn hafi ekki áttað sig á hvað hér var um að tefla, afstöðu hv. d. hafi ráðið meira viðhorf greiðasemi við einstaklinga og tillit til þess að verksmiðjur vestan og norðan og jafnvel austur um væru í þörf fyrir aukið hráefni á loðnuvertíð.

Það er að vísu mannlegt að hafa áhuga á því að greiða fyrir ungum myndarmönnum, að þeir fái framleiðslutæki, stór og ný skip. Það er auðvitað líka rétt viðhorf að huga að því að verksmiðjur fyrir vestan, norðan og austan fái hráefni til vinnslu sem mest. En í mínum huga eru þetta allt saman smáatriði borið saman við meginatriði þessa máls, þar sem er verið að bregða út af reglu sem ég hygg að sé og hafi verið í gildi undantekningalaust frá því að lög um landhelgi Íslands voru sett árið 1922. Ég get ekki orðað það öðruvísi en svo að hér sé verið að lauma inn í tiltölulega lítilvægt frv. um löndun loðnu til bræðslu ákvæðum sem ættu heldur að taka upp sem breyt. á l. um landhelgi Íslands, nr. 33 frá 1922. Í þeim l. segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 1. gr. laganna:

„Fiskveiðar í landhelgi við Ísland mega íslenskir ríkisborgarar einir reka, og má aðeins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna.“

Það er að vísu rétt að við höfum, eftir að við tókum að leita frekari réttar okkar til fiskveiðilögsögu, gert samninga við erlendar þjóðir þótt

það hafi löngum verið af mikilli nauðung. En við höfum aldrei gert samninga við aðrar þjóðir **um veiðar í sjálfri landhelginni. Við höfum gert** samninga við aðrar þjóðir um veiðar í fiskveiðilögsögunni, en það er annað mál en landhelgi Íslands. Landhelgina, sem menn að vísu greinir **á um hvort telja verður 3 mílur eða 4, er eign** okkar og sjórinn á því svæði einnig.

Þetta er alveg óhjákvæmilegt að skoða sem stórhættulegt fordæmi. Ég vil nefna dæmi um það að ef mér t. d. dytti í hug að leigja mér stóra hringnótaveiðibáta, sem ég get fengið leigða bæði í Svíþjóð og Noregi, þá hef ég viðurkennda skipstjóra á öll þau skip. Og ég mundi treysta mér til þess, eins og sókn sjómanna hefur verið á loðnuveiðiskip á Íslandi á undanförnum árum, að manna þau öll íslenskum mönnum og þótt fleiri væru. Miðað við þetta fordæmi, sem hér hefur verið samþ. af hv. Ed. í fljótræði, þá er alveg óhjákvæmilegt, þó að þessi skip sigldu undir annarra þjóða fána, að veita mér þessa undanþágu. Það er út í hött, sem nefnt hefur verið, að það væri hægt að taka fram í þessum bráðabirgðaákvæðum að þetta væri bara í eina og síðasta skipti sem slíkt og þvílíkt sem þetta **væri gert. Þau lög standa ekki nema þangað til** önnur lög verða sett um að þetta skuli ekki vera **hin einstaka og einstæða undantekning. Þetta** þýður gífurlegri hættu heim. Mér er kunnugt um að í Norðursjó, í þeim flota sem sótt hefur á **miðin þangað, danskur floti, norskur floti og** sænskur floti, þar hefur verið á undanförnum árum gífurlegur áhugi fyrir því og eins í Færeyjum að ná aðstöðu til þess að veiða loðnu hér við land og fá hana keypta af hérlendum aðilum. Eftir þessu hefur verið leitað æ ofan í æ. Því hefur verið synjað.

Það er líka þýðingarlaust, ef við vildum segja sem svo, að sjálfsagt væri að semja við viðkomandi aðila um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar, en ekki eins og hér er gerð till. um innan landhelginnar, vegna þess að þá væri viðkomanda þessi heimild gagnslaus þar sem mikill meiri hluti loðnuveiðanna fer fram innan þessa svæðis, innan landhelginnar sjálfrar, innan 3—4 mílna, þar sem hér er verið að gefa undanþágu fyrir skip undir annarra þjóða fána til þess að stunda veiðar. Og í því stórkostlega máli eru höfð í frammi rök sem þau að þetta sé stórt skip sem getur flutt loðnu til þess að anna hráefnisþörf verksmiðja fyrir austan, norðan og vestan. Enn fremur eru fram flutt sem rök að íslenskur aðili eigi þarna um 30%, þótt ég viti ekki með hvaða hætti það er, því að ég hélt að íslensk lög mæltu svo fyrir, að íslenskir menn mættu ekki eiga í öðrum löndum fasteignir eða eignir sem þessar. Og það er einnig flutt fram sem rök að það sé íslenskur aðili sem eigi þarna hlut að máli, hann leigi skipið og íslensk áhöfn sé um borð. Allt eru þetta alger aukaatriði miðað við meginatriði málsins sem er það að við erum í fyrsta skipti að brjóta þessa reglu sem við höfum haldið undantekningalaust í öll þessi ár.

Hv. þm. hefur borist í hendur bréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Þegar þetta mál kom á fund hv. sjútvn. Nd. undir miðnætti í gær innti ég eftir því hvert mundi verða viðhorf þeirra í samtökum útvegsmanna. Þau svör voru gefin að það væri misjafnt álit manna á þessu, þeim væri frekar illa við þetta. Í ljós kemur að allar slíkar umsagnir og fréttir eru úr lausu **lofti gripnar af því að við höfum hér fyrir fram**an okkur bréf, sem dags. er í dag, frá LÍÚ, þar sem þetta mál hefur verið tekið sérstaklega til meðferðar, og stjórn LÍÚ samþykkir að mótmæla harðlega að umrætt leyfi verði veitt, eins og ég hef leyft mér að lesa hér orðrétt upp úr bréfi þeirra. Svo segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hafa erlendir aðilar sótt um leyfi til að veiða loðnu í landhelgi og landa aflanum hér á landi. Fyrrv. sjútvrh. hafnaði ávallt beiðnunum um þessar undanþágur að höfðu samráði við stjórn LÍÚ. Nýtt fordæmi í þessu efni gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarútveginn. Sú till., sem hér hefur verið samþ. af hv. Ed., er ekki með meðmælum sjútvrn. nú, heldur með þegjandi samþykki þess."

Segja má, að það hafi verið látið kyrrt liggja, sem einnig er glapræði. Hér segir enn fremur í bréfi frá LÍÚ, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög um löndun á loðnu til bræðslu eru sett að beiðni stjórnar LÍÚ og fleiri samtaka, þar sem samkomulag hafði náðst milli þeirra um efni þeirra. Ef hið háa Alþ. fer nú að setja ákvæði um allt annað efni í lög þessi án nokkurs samráðs við þá aðila sem eiga að stjórna löndun á loðnu til bræðslu, lítum vér svo á að verið sé af opinberri hálfu að rjúfa það samkomulag sem gilt hefur um þetta efni, og munum vér í því sambandi íhuga að draga fulltrúa vorn úr n. þeirri sem stjórna á löndun á loðnu til bræðslu."

Ég þykist vita að hv. alþm. sjái í hendi sinni að hér er stjórn hinna voldugu og áhrifaríku landssamtaka útvegsins ekki að fara með innantóm orð eða hótanir, heldur býr mikið í hug þessa máls vegna.

Það er sama hvernig á þetta er litið frá því sjónarmiði sem öllu máli skiptir í þessu sambandi, þetta mál er alveg ótækt. Að fjallað sé um undanþágur frá l. um landhelgi okkar og **reynt sé að smeygja því inn í tiltölulega lítil**vægt mál eins og þetta er, sem við nú höfum hér fyrir framan okkur, eru með öllu óhafandi vinnubrögð. Ég þykist vera sæmilega mikill greiðamaður, en það er heldur betur stungin **tólg þegar það eru orðin rök í máli sem þessu** að sjálfsagt sé að gera einhverjum einum aðila **til hæfis eða greiða.**

Það eru því miður allt of fáir hér á fundi í hv. d. Ég hefði kosið að ná hlustum sem flestra í þessu máli, þar sem ég tel þetta afar örlagaríkt mál. Ég er sannfærður um að þegar menn horfa á þetta út frá réttum sjónarhól og fram hjá greiðaseminni, þá muni þeir ekki taka í mál að slík samþykkt verði gerð hér í hv. d. sem þeir hv. Ed.-menn — og það hika ég ekkert við að segja — hafa gert í algeru fljótræði. Ég endurtek það, n. leggur eindregið til að frv. sem slíkt verði samþ. og hefur engar aths. fram að færa í því sambandi, en meiri hl. leggur höfuðáherslu á að fellt verði fljótræðisbráðabirgðaákvæði sem laumað hefur verið inn í þetta mál og aftan við það af hv. Ed.

Umr. frestað.

Efri deild, 33. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., kl. 16.40.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 209). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í byrjun þings í Nd., en hlaut ekki endanlega afgreiðslu þaðan fyrr en nú fyrir nokkrum mínútum. Þetta frv. fjallar fyrst og fremst um breytingar, sem hefur þurft að gera innan hinna ýmsu greina sjávarútvegsins við þær aðgerðir, sem samþ. voru í lok síðasta þings með nýrri skráningu og gengi íslensku krónunnar. En ef ekki eru gerðar hliðarráðstafanir, þá eðlilega kemur gengishagnaðurinn á útfluttar sjávarafurðir á síðasta stigi og þá til þeirra sem selja þær úr landi, en hagur þeirra, sem afla þeirra og vinna á hinum ýmsu stigum, verður þá verri eftir gengisbreytinguna nema gerðar séu ráðstafanir til þess að jafna á milli hinna ýmsu greina.

Það fer ekki á milli mála að hagur útgerðar almennt var mjög bágborinn miðað við hin svokölluðu júlí-skilyrði og þær upplýsingar sem Þjóðhagsstofnunin hefur lagt fram, og gengisbreytingin var liður í því að bæta hag þeirra greina í sjávarútvegi sem verst voru settar. Þó skal ég taka það fram, að ég tel að það hafi ekki verið gert nægilega með þessu frv.

Frv. þetta felur í sér í fyrsta lagi, það grípur inn á verksvið Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sem má auðvitað alltaf gagnrýna og hefur verið gagnrýnt, að miða við 11% hækkun á almennu fiskverði. En það var gert af knýjandi nauðsyn vegna þess að verðfall hafði orðið framan af árinu og jafnframt þurfti að gæta samræmis í launahækkunum, þannig að miðað við þær aðgerðir aðrar, sem gerðar voru af ríkisstj. og lagðar hafa verið fyrir Alþ., var ekki talið fært að fara út í frekari fiskverðshækkun þessa mánuði til áramóta. En þrátt fyrir það að kauphækkanir urðu mjög verulega á fyrstu mánuðum þessa árs, þá varð engin breyting á fiskverði frá áramótum og til þess tíma að þessi lög taka gildi og Verðlagsráð sjávarútvegsins hafði gengið frá fiskverði. Það má því segja að fiskverðshækkun hafi verið mun minni en hin almenna kauphækkun í landinu varð á fyrstu mánuðum ársins. En þá verðum við einnig að taka með í reikninginn að almenn kauphækkun varð ekki á árinu á undan, en þá urðu einnig töluverðar fiskverðshækkanir.

Mér er fyllilega ljóst að afkoma sjómanna, sérstaklega á minni báta flotanum, er engan veginn nægilega góð og þolir ekki samanburð við margar greinar í landi á þeim verðþenslutímum sem verið hafa á s. l. ári og þetta ár. Hins vegar held ég að enginn geti deilt um það, að afkoma sjómanna á skuttogurum er góð og það er ekki ástæða til þess að kvarta undan þeirri fjárhagslegu afkomu sem þeir menn hafa. En það er ekki mögulegt að gera þar greinarmun á með löggjöf, að hækka mismunandi fisk, eftir því hvort það er bátur eða togari sem veiðir hann. Á sama tíma og þetta gerist er afkoma skuttogaranna sú alversta samkv. því yfirliti og upplýsingum sem Þjóðhagsstofnun lagði fram á sínum tíma.

Þessar ráðstafanir fela í sér þær breytingar að stofnaður er sérstakur olíusjóður og tekjur hans eru af sérstöku útflutningsgjaldi, sem er 4% af fob-verði útfluttra sjávarafurða annarra en saltfisks, skreiðar og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum og hins vegar 5.5% útflutningsgjald af fob.-verði útflutnings saltfisks og skreiðar. Mismunurinn, sem þarna er, er vegna þess að þessar greinar, einkum saltfiskurinn, hafa haft langbesta afkomu á þessu ári, og var talið eðlilegt að taka mun hærra gjald af honum en af öðrum greinum sjávarútvegsins samkv. till. þeirra manna sem um þetta fjölluðu.

Nú vitum við ekki, hversu lengi afkoma er góð í þessari grein eða hinni, en það verður að ráðast. Frá því að þessi brbl. voru sett hefur verið um versnandi stöðu að ræða, sérstaklega hjá hraðfrystiiðnaðinum, og heldur lakari framleiðslu á sviði saltfisks og yfirleitt flestra greina sjávarútvegsins.

Tilgangurinn með olíusjóði er að greiða niður olíu til fiskiskipanna úr 14.30 kr., sem olíuverðið er, í 5.80 kr., sem útgerðin greiðir sjálf. Í raun og veru er hér um að ræða framhald aðgerða sem teknar voru upp um síðustu áramót fyrir forgöngu fyrrv. ríkisstj. Þá gaf hún útgerðinni loforð um að olían mundi ekki hækka frá því sem hún var í nóvemberbyrjun 1973, og ætlun hennar var að afla fjár til þess að standa undir þessum niðurgreiðslum með sérstöku gjaldi á útfluttar loðnuafurðir. Það kom fljótlega á daginn að loðnuafurðir féllu í verði og þessi fyrirætlun náði ekki fram að ganga því að tekjurnar voru miklu minni en ráð var fyrir gert um síðustu áramót. Það var því girpið til þess ráðs að greiða úr gengishagnaðarsjóði, sem myndaðist eftir gengisbreytinguna 1972, að svo miklu leyti sem hann hrökk til, og láta það gilda til ágústloka. Núv. ríkisstj. eða stuðningsflokkar hennar framlengdu þessa skuldbindingu til 30. sept. Þegar upp var staðið er talið að hafi vantað um 300 millj. til þess að standa undir þessum skuldbindingum, og þær eru teknar af brúttógengishagnaði vegna síðustu gengisbreytingar, sem er áætlað að gefi um 1650 millj. kr., en þar af fari 350 millj. til þess að greiða niður olíuverðið á s. l. sumri, 100 millj. eiga að fara vegna hækkaðs flutningskostnaðar á allar útfluttar afurðir, sem seldar eru og afreiknaðar með hinu gamla gengi, svo að 1250 millj. er áætlað að komi til ráðstöfunar, sem ég kem síðar að. Talið er að heildarolíunotkun bátaflotans nemi um 2600 millj. kr. á ársgrundvelli og útgerðin muni greiða með 5.80 kr. verði milli 1000 og 1100 millj. Það er því um að ræða ca. 1500 millj. sem þarf að afla fjár til, en tekjur af þessu olíugjaldi eru áætlaðar 1230 millj., svo að það eru allar líkur til þess að hér vanti tekjuöflun upp á um það bil 270 millj. ef þessar áætlanir allar standast.

Í sambandi við hækkun á útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, þá hefur það hækkað frá gildandi

lögum um það sem nemur gengissiginu og gengisbreytingunni á þessu ári, þannig að það helst í því sama og verið hefur, en aftur þegar kemur til að greiða út gamla útflutningsgjaldið, eins og við köllum það, þá hækkar að krónutölu fyrst og fremst og eiginlega eingöngu sá liður sem fer til greiðslu á vátryggingaiðgjöldum fiskiskipa samkv. sérstökum reglum sem sjútvrn. setur eða 87.8%. Önnur framlög haldast óbreytt hlutfallslega, en er talið að standi að krónutölu samkv. áætlun, en það er framlagið til Fiskveiðasjóðs, framlagið til Fiskimálasjóðs og smíði hafog fiskirannsóknaskips og til bygginga í þágu Rannsóknastofnana sjávarútvegsins. Hins vegar eru tvö smáframlög, annars vegar til Landssambands ísl. útvegsmanna og til samtaka sjómanna samkv. reglum sem sjútvrn. setur. Þau hækka hlutfallslega eins og vátryggingagjaldið eða úr 0.4% í 0.5% til hvors aðila fyrir sig.

Það er talið að útflutningsgjaldið muni gefa um 1150 millj. og rúmlega milljarður muni því fara til greiðslu á vátryggingaiðgjöldum fiskiskipa. Ekki liggur enn þá fyrir hverjar breytingar verða á vátryggingum fiskiskipanna. Bæði er það að tjón hafa verið mikil, sérstaklega á s. l. ári, og sömuleiðis hafa tjón verið töluvert mikil á þessu ári. Þar hefur verðbólgan líka haft sitt að segja því að viðgerðir tjóna hækkuðu á fyrstu 4 mánuðum þessa árs um eða yfir 50%. Þetta hefur aukið á útgjöld tryggingganna mjög verulega og uppi eru kröfur um töluverða iðgjaldshækkun. Samhliða þessu hafa bæst við flotann ný og dýr skip og verðgildi peninganna hefur mjög rýrnað, þannig að hér er um miklu hærri upphæðir að ræða en áður var. Ég tel að það væri ekki óvarlegt að gera ráð fyrir því að útgjöld Tryggingasjóðs yrðu — ekki milljarður, eins og sagt var í haust, heldur er líklegt að þau muni verða ekki undir 1400—1450 millj. ef reglur verða þær sömu um greiðslu iðgjalda og verið hafa í gildi. En þessi tala er auðvitað alger áætlunartala frá mér sem ég bið hv. þm. að taka á þann veg að hún getur auðvitað breyst nokkuð.

Í sambandi við 7. og 8. gr. frv. skulu tekjur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vera allt að ¾ hlutum af verðhækkun samkv. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings sem lög þessi ná til, og svo aftur á móti að verðbætur skuli aldrei nema meiru en ¾ hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé sem viðkomandi deild ræður yfir. Þetta þótti nauðsynlegt að setja vegna stöðu hraðfrystiiðnaðarins, að þessar bætur eru hækkaðar úr 50% í 75%, sem gerir það að verkum að teflt er á mjög tæpt vað ef ekki verður breyting til batnaðar á sölu hraðfrysta fisksins á næsta ári. Ef þetta hefði ekki verið gert, þá hefði ekki verið möguleiki á miklum breytingum og þá hefði rekstrarstaða frystihúsanna verið með þeim hætti, að mörg þeirra hefðu stöðvast strax á s. l. hausti. Var reynt að brúa þetta bil með þessum hætti.

Þá kem ég að 9. gr. um ráðstöfun á gengishagnaðinum, sem hefur tekið allmiklum breytingum í Nd., enda til þess ætlast af okkur í sjútvrn. Þegar við sömdum þessa gr. höfðum við þetta mjög opið til þess að þegar fyllri upplýsingar lægju fyrir væri hægt að koma þessu í fastara form, svo sem nú hefur verið gert. Ríkisstj. samþykkti eftir útgáfu þessara brbl. að greiða nokkuð út fyrir fram af gengishagnaðinum og varð að samkomulagi að greiddar voru 80 millj. kr. til minni skuttogaranna og 22 millj. kr. til stærri togaranna til þess að bæta rekstrarstöðuna og var það miðað við úthaldsdag á fyrstu 6 mánuðum ársins, janúar til júníloka. Enn fremur var samþykkt að greiða tæpar 20 millj. kr. til norðursjávarbátanna, sem höfðu ekki fengið neina niðurgreiðslu á olíu, en þessir bátar flestir hverjir voru þeir sem mest öfluðu til loðnusjóðsins og stóðu að verulegu leyti undir niðurgreiðslunum á olíunni. Því fannst mér sanngjarnt að koma til móts við þessi skip, og það var gert með sama hætti, eingöngu í sambandi við úthaldsdaga.

Nú hefur Nd. Alþ. lagt til, að 600 millj. kr. verði varið til þess að greiða hluta af gengistapi vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa, en erlendar skuldir eigenda allra fiskiskipa, þá á ég bæði við minni og stærri togara og önnur skipakaup og breytingar á skipum, námu 1168 millj. kr. frá 1. jan. til 29. ágúst vegna gengissigs og aftur vegna gengisbreytingar 1523 millj. kr. Nú er ástæðulaust að láta þetta fé allt renna í einu til Stofnfjársjóðsins. Því höfum við talið rétt að láta til tveggja eða þriggja ára 400 millj. kr. til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi. En þegar slíkum lánum verður ráðstafað, þá verður það auðvitað ekki gert nema í nánu samstarfi og samvinnu við hagdeildir bankanna og bankastjóra viðskiptabankanna og þeim þá auðvitað um leið falið bæði að ganga frá þessum lánum og sjá um tryggingar fyrir þeim og innheimtu þeirra. Síðan verður að skipta hlutfallslega niður því, sem á að fara til Stofnfjársjóðsins, inn á reikning hvers skips fyrir sig eftir hinum erlendu skuldum, sem verður auðvitað mál sem Stofnfjársjóðurinn kemur til með að hafa með að gera.

Til viðbótar þessu er ætlunin að í þeim tilvikum, þegar útgerðir hafa samið um smíði erlendis fyrir gengisbreytingu 29. ágúst, en ekki greitt að fullu sín 20% kaupverðsins, sem greiða skal á smíðatímanum, þá á að greiða gengisbætur til þeirra vegna þess hluta kaupverðsins sem útgerðin hefur ekki staðið skil á, fjárhæðinni eða hluta hennar, um leið og viðkomandi yfirfærsla á sér stað. M. ö. o.: þeir, sem eiga skip í smíðum, eiga að njóta nákvæmlega þess sama og þeir sem skulda í erlendri mynt, þótt þeir séu búnir að fá skipin fyrir 1—2 eða fleiri árum.

B-liðurinn er um óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1974, og er þá miðað við útgerðartímabilið til 15. sept. og ætlað að verja í þetta 250 millj. kr. Hér er talað um 15. sept. vegna þess að kauptryggingartímabilið rennur þá út, en annars hefði auðvitað verið miðað við gengisskráningardag. En annað er ófært en að miða við kauptryggingartímabil til þess að fá þar viðmiðun. Er ætlunin að þetta nái til bátaflotans alls og er miðað við 20 tonn og yfir. En hins vegar vill rn. skoða það, ef sérstaklega stendur á með hina minni útgerð, sem víðast hvar á ekki í neitt líkum erfiðleikum og hin svokallaða útgerð af miðlungsstærð, hvað þá skuttogararnir og aðrir togarar, sem eru undir sérstakri grein. Þetta verður allt að skoða

og fara yfir í nánu samráði og samstarfi við hagdeildir bankanna, sem hafa í sambandi við lánastarfsemi með þau mál algerlega að gera, og þá verður að hafa í því sambandi mjög náin samráð við þessa aðila. Hins vegar er hugsað að allar útborganir í þessu skyni fari í gegnum Aflatryggingasjóð, og þá verða auðvitað dregnar frá bætur Aflatryggingasjóðs á árinu, en að öðru leyti verði tekið tillit til úthaldstíma að vissu marki eða um 40%, en 60% af greiðslunum verði aftur miðuð við fjölda í áhöfn og stærðarflokka báta og veiðarfæri, sem notuð eru, og þá farið algerlega eftir sömu reglu í þeim efnum og Aflatryggingasjóður setur.

Þá er c-liðurinn, það er óafturkræft framlag til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra, 230 millj. kr., og þá yrði það gert á sama hátt og hefur verið gert til 30. júní, að þessari upphæð verði skipt algerlega eftir úthaldsdögum, eins og þeir liggja fyrir á öllum togaraflotanum, bæði minni og stærri togurum, og síðan verður það greitt út í gegnum Aflatryggingasjóð.

Þá hafa framleiðendur fiskmjöls farið mjög illa út úr starfsemi sinni á þessu ári og víða eru miklir erfiðleikar í sambandi við þessa grein. Er lagt til að tekið sé upp beint framlag til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, 50 millj. kr., en þessir aðilar hafa ekki verið í Verðjöfnunarsjóðnum og hafa ekki viljað ganga í hann, því miður. Ég fyrir mitt leyti tel að þeir eigi að vera í Verðjöfnunarsjóðnum, og ég vil ekki fyrir mitt leyti standa að því að slík fyrirgreiðsla sé gefin nema þeir komi í Verðjöfnunarsjóðinn, og á því að nota það tækifæri þegar þannig stendur á, en ekki láta eitthvert ákveðið framlag og menn geti svo haldið áfram að vera utan við verðjöfnunarsjóðskerfið, setja það sem ákveðin skilyrði, hvort sem þeim aðilum líkar það betur eða verr.

Þá hefur sjútvn. Nd. tekið hér upp tvo liði til sjómanna eða sjómannasamtakanna í fullu samráði við okkur í sjútvrn. Það er til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra, sem fá greiddan lífeyri úr lífeyrissjóðum sjómanna, 15 millj. kr., og til orlofshúsa sjómannasamtakanna, 11 millj. kr.

Eftirstöðvarnar verða svo til ráðstöfunar samkv. nánari ákvörðun sjútvrn. Sjútvrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar og greiðslutíma framlags.

Enn fremur kom hér inn önnur till., ákvæði til bráðabirgða, það er heimild að endurgreiða útflutningsgjald samkv. l. nr. 19 1973 af saltsíld og saltsíldarflökum sem framleidd eru á árinu 1974.

Ég vil taka fram að allar þær greiðslur og allar þær reglur, sem þegar hafa verið settar, og þær reglur, sem kunna að verða settar, verða lagðar fyrir ríkisstj. til samþykktar, áður en frá þeim verður gengið. Ríkisstj. hefur því í heild með málið að gera. Hins vegar lýsti frsm. meiri hl. sjútvn. því yfir í Nd. eftir mér, að haft yrði einnig samráð við fulltrúa frá sjútvn. þingsins sem fengju tækifæri til að skoða þær reglur sem settar kunna að verða, en nú er mjög naumur tími til stefnu og þarf að hafa hraðan á. Ég hygg að í sambandi við greiðslur til skuttogaranna séu svo hreinar og ákveðnar línur að það er nánast ekkert annað en reikningsatriði, það verði bara reiknað út og sá útreikningur lagður fyrir ríkisstj. og síðan hefjast greiðslurnar. Aftur í sambandi við bátana er þetta mun flóknara, og þá held ég að það verði ekki tími til að ganga endanlega frá þeim reglum fyrir áramót. En þá höfum við mestan hug á því að fá heimild ríkisstj. að mega setja strax af stað ákveðnar útborganir til bátanna, þ. e. a. s. aðeins til þeirra sem sent hafa sín gögn til hagdeildar bankanna. Aðrir, sem ekkert hafa látið til sín heyra, geta ekki búist við því að fá neina peninga borgaða, því að það er auðvitað algert lágmark, þegar opinberir aðilar biðja um skýrslur og biðja um reikninga fyrirtækja, að þau sendi slíka reikninga frá sér.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég vona að þó að þessi hv. d. fái þetta mál svona seint til meðferðar, afsaki hún það og skilji að það hafa verið ýmsir erfiðleikar í veginum og geri sitt til þess að hraða afgreiðslu málsins, þannig að hægt verði að hefja þessar útgreiðslur fyrir áramót, sem ég hef hér tæpt á, að svo miklu leyti sem það er hægt.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þetta mál ber að í raun og veru, eins og hæstv. ráðh. drap á, á síðustu mínútum þingsins og því er ekkert svigrúm til að fjalla um það eins ítarlega og menn hefðu annars gjarnan viljað, auk þess sem við vorum kallaðir til fundar í gærkvöldi úr stjórnarráðinu ásamt nm. í hv. sjútvn. Nd. og málið rætt efnislega og um framgang þess, og við féllumst á að vera ekki með málaþras og miklar vífilengjur hér til þess að tryggja framgang málsins sem er nauðsyn úr því sem komið er. En ég tók þá strax fram að ef vissar yfirlýsingar kæmu hér fram af hálfu hæstv. ráðh. mundi ég virða þá beiðni, sem fram var borin, og stytta mjög mál mitt, þó að ég kæmist ekki hjá því að gagnrýna vissa þætti í frv. sem slíku, og er þar um að ræða algeran efniságreining.

Nú höfum við heyrt ræðu hæstv. ráðh. og ég skil orð hans afdráttarlaust þannig, enda reiknaði ég með því að svo mundi vera, miðað við þau kynni sem ég hafði af honum, að hann væri því hlynntur að málið yrði ekki eingöngu í hans rn., eins og hann sagði, það yrði mál allrar ríkisstj., og gaf í skyn, sem þó mætti vera ákveðnara, að möguleiki væri að hafa samráð við sjútvn. Byggt á því að ég skilji þetta rétt mun ég ekki hafa þessa ræðu langa.

Ég vil þakka fyrir að þetta er gert, vegna þess að ég tel hér um brýnt mál að ræða, bæði fyrir hann persónulega og fyrir þá aðila sem hlut eiga að máli. Þetta er alveg sérstakt, að setja þá kröfu fram að svona stórum upphæðum sé ráðstafað af einu rn. og utan við svigrúm Alþingis. Það er alveg sérstakt og ekki eðlilegt. Það hafa verið margar gengisfellingar áður hér á Íslandi og jafnan verið höfð víðtæk samráð um ráðstöfun á gengishagnaði og hafa allir aðilar talið það rökrétt og eðlilegt, og því verður að ganga út frá því að treysta megi þessari yfirlýsingu í hvívetna, að slíkt verði gert. Það er aðeins með eftirstöðv-

arnar, sem kom ekki beint fram að væri gripið til á breiðum grundvelli, og mætti þó hugsa sér, eins og drepið var á í ræðu hans undir b-lið, að líta yrði á sérstök byggðarlög þar sem smábátafloti hefði mikið gildi, það ætti að líta á þau byggðarlög sérstaklega og athuga úrlausn fyrir þau, þó að sú úrlausn gæti ekki komið þegar í stað.

Þegar hæstv. ráðh. flutti þetta mál, sem er 4. mál á Alþ., í haust, þá sagði hann í ræðu sinni orðrétt, með leyfi forseta:

„Áður en ég lýk máli mínu vil ég nefna það, að með þessum brbl. er hvergi breytt hlutaskiptum sjómanna. En því er ekki að neita að allir þeir, sem vinna að sjávarútvegi, allt frá því að fiskur er dreginn úr sjó og þangað til hann er fluttur að landi, taka þátt í því að bjarga útgerðinni.“

Það er nú svo að ekki sé breytt hlutaskiptum sjómanna. Ekki er beint ráðist á samningsréttinn — og þó. Í samningum segir ákveðið hvernig fara skuli um framlag í vátryggingaiðgjöld áður en gert er upp og einnig um Stofnfjársjóð. En báðum þessum liðum er breytt, og það er aðeins að deila um keisarans skegg að halda því fram að kjarasamningum sjómanna sé ekki breytt. Vitanlega er þeim breytt, og það kemur líka fram að það skiptir mörgum hundruðum þús. kr., sú breyting sem á sér stað, ef miðað er við sæmilega gott úthald, ég tala nú ekki um togaraúthald, sem hefur skilað mun hærri tekjum en almennt er á bátaflotanum á yfirstandandi ári þrátt fyrir þeirra mikla taprekstur. En það er viðurkennt af öllum, að staða togaraflotans sé mjög slæm.

Ég vil aðeins rifja upp að fyrir kosningarnar var því mjög dreift út af hendi Sjálfstfl. að staða togaraútgerðarinnar væri nú afar slæm og deilt á þáv. vinstri stjórn, og voru notuð til þess ýmis tækifæri sem buðust. Þ. á m. var tækifærið að tala á Sjómannadeginum. Þá var dreginn fram einn af þm. Sjálfstfl., hann talaði, og með þversíðufyrirsögn í Morgunblaðinu er sagt frá ræðu hans og er ekki verið að draga neitt úr því. Þar stendur í þversíðufyrirsögn: „Rekstrargrundvöllur togara verður ekki bættur með því að rýra kjör sjómanna.“ Þetta var rétt fyrir kosningarnar. Auðvitað mundi enginn maður eftir því eftir kosningarnar þegar var búið að mynda ríkisstj. og þurfti að takast á við vandann. Þá voru þessi orð gleymd og grafin. Það undarlega skeður að allar þessar ráðstafanir eru innbyrðis tilfærsla á milli sjómannastéttarinnar yfir til atvinnurekstrarins, svo undarlega vill til, aðeins sú litla breyting sem kemur fram í tveimur þáttum eftir meðferð Nd., annars vegar 15 millj. og hins vegar 11 millj. eru færðar í þágu sjómanna. Það er allt og sumt. En viðurkennt er að við erum að færa hér á milli upphæðir sem verða nálægt tveim milljörðum eða jafnvel meira, eftir því hvernig verðlag hreyfist, svo að vel er nú spýtt í lófa hér og sótt á þau mið sem síst skyldi vera.

Þetta undrar mig mjög, að menn skuli reyna að haga sér svo, á sama tíma og það er viðurkennt af bátaflotanum að það er sérstaklega erfitt að manna mikinn hluta bátaflotans, og kemur þar tvennt til: Afli hefur minnkað undanfarið og aflavon er lítil fram undan, og hafa fiskifræðingar spáð því að þorskafli muni reynast allt að 100 þús. tonnum minni á komandi ári en hann var fyrir þremur árum. Það er auðvitað afar alvarlegt mál ef svo er. En það sést best á því hvað Sjálfstfl. með sitt sterka málgagn er forhertur ef á þarf að halda, að ekkert er til sparað að slá upp slíkum yfirlýsingum þegar á þarf að halda, en grafa þær eins djúpt og unnt er þegar að því kemur að takast á við vandann.

Það er einnig annað ákvæði í þessum lögum sem hefur vakið óskipta athygli sjómanna, og það er það ákvæði að binda verðhækkunina, sem framkvæmd var í haust, því skilyrði að verð megi ekki hækka meira en 11%. Þetta er alveg einstakt ákvæði. Og því furðulegra er þetta ákvæði þegar það er staðreynd að fiskverð hafði ekkert hækkað allt árið, en kaup hafði hækkað verulega, eins og hæstv. ráðh. drap á. En svo ömurlega taldi hann stöðu fiskvinnslu að ekki væri hægt að hreyfa þetta með nokkru móti hærra. Ég dreg það í efa og margir aðrir, vegna þess að þar sem skynsamlega hefur verið haldið á hlutunum og aðgæslu gætt í hvívetna, t. d. um rekstur og fyrst og fremst á sameignargrundvelli, þar hefur afkoman verið góð. Hins vegar hefur afkoman víða verið erfið þar sem einstaklingar hafa átt sín frystihús aleinir, bæði fjárfest um of og einnig ráðstafað sínum fyrri ára ágóða sem af frystihúsi nam mörgum hundruðum millj., sem bæði kom fram í skattaálögum og viðurkennt af öðrum aðilum, eins og efnahagsstofnuninni, þá er hann skyndilega fjaraður út á andartaki. Þetta er ekki vegna ytri aðstæðna, þetta er vegna eigin aðgerða margra þessara manna. Þess vegna á þetta ekkert skylt við þann vanda, sem hefur komið upp hjá bátaflotanum og togaraflotanum. Það, sem er mjög erfitt fyrir marga af þessum mönnum, er að Fiskveiðasjóður hefur gersamlega brugðist að útvega eðlilegt stofnlán fyrir mörg þessara fyrirtækja, og frá því í vetur afgreiddi hann ekki neitt lán þangað til nú fyrir skömmu, að það er verið að vinna í lánafyrirgreiðslu fyrir tugi fyrirtækja úti um allt land. Aðeins þessi eini þáttur hefur kostað fjölda frystihúsa ósegjanlega erfiðleika og óþarfa vandræði sem ekki verða beint mæld í krónum fyrirvaralaust. Þrátt fyrir loforð hæstv. forsrh. hér á sumarþinu eftir fsp. frá mér skeði ekkert í þessum lánsmálum fyrr en nú einmitt þessa dagana, svo að þau rök að þeir erfiðleikar, sem frystihúsin eru í, séu eingöngu verðfalli að kenna fá ekki staðist með nokkru móti. Og hið opinbera hefur gengið á eftir með ýmsu móti að setja stórar kröfur við frystihús og umhverfi, án þess að ríkisvaldið tryggði á sama tíma þessum fyrirtækjum eðlileg stofnlán. Þau hafa mörg hver neyðst þess vegna til að hirða, ef svo má segja, eðlilegt rekstrarfé í fjárfestingu og skapað með því móti mikil greiðsluvandræði, bæði til sjómanna og annarra viðskiptaaðila sem þau þurfa eðlilega að hafa viðskipti við.

Herra forseti. Er það svo, að hæstv. ráðh. geti ekki verið viðlátinn nema rétt við framsögu? Ef d. er sýnd þessi vanvirða á öllum sviðum sé ég ekki ástæðu til að standa við loforð mitt og mun því halda hér áfram í ótakmarkaðan tíma, ég hef nóg efni í það. Svo atvikaðist nú að aðeins einn stjórnarsinni er í d., þ. e. forsetinn

sjálfur. Allir aðrir eru farnir af vettvangi, og er þá varla von að stjórnarandstaðan haldi áfram fundarstörfum, þó að samkomulag hafi verið gert að beiðni hæstv. forsrh. Ég hef nú setið hér átta þing, en ég hef aldrei kynnst öðru eins fyrr — aldrei nokkurn tíma.

Ég sé að hæstv. sjútvrh. er genginn í salinn. Ég var rétt að enda við að gera þá aths., hæstv. sjútvrh., að aðeins einn stjórnarsinni væri í salnum og myndi ég ekki á minum stutta þingtíma eftir öðru eins þegar um stórmál væri að ræða. (**Sjútvrh.**: Ég get ekki verið í báðum d. samtímis, ég er bara ein persóna.) Þetta mun vera rétt athugað, að enginn maður sé á tveimur stólum samtímis. Hins vegar var gert samkomulag um að við værum ekki með óþarfa málaþras í stjórnarandstöðunni, og það var byggt á því að bæði framsaga mín og annarra yrði stutt, sem ég hef lofað og mun standa við, en þá auðvitað í trausti þess að einhver úr stjórnarliðinu sæti hér í d. því annars höfum við sama rétt að hætta og ganga út. Ef ekki þykir ástæða til að ræða málið eða hlusta á einn eða annan veg, þá sé ég ekki neina ástæðu til þess að við í stjórnarandstöðinni höldum hér fundi mögulegum — ekki með nokkru móti, og er þá brostin forsenda fyrir því að fara að beiðni hæstv. forsrh. og sjútvrh. að flýta fyrir málinu. En ég skil mætavel að það ber margt að núna á sama tíma og hæstv. ráðh. þurfi að hverfa úr d. um stund, enda gerði ég ekki aths. við það þegar hann fór, heldur hve lengi það dróst að hann kæmi til baka og enginn stjórnarsinni væri í d. nema hæstv. forseti d. (**Gripið fram í:** Og ritari.) Fyrirgefið, það var einn inni viðstaddur þá. En ég skal ekki hafa þetta mál svo langt að það tefji fyrir málinu.

Málið er þannig vaxið, að það er búið að velkjast hér fyrir Alþ. í margar vikur og í hugsanlegu samráði við sjútvn. þessarar hv. d., sem einu sinni var lofað, — það brast af einhverjum ástæðum sem ég skal ekki vera með neinar sérstakar vangaveltur um, — en það sýnir að við í stjórnarandstöðu erum ekki mikils metnir á einn eða annan veg, eða ég tek það þannig. Og það er út af fyrir sig hrein smán. En þar sem margir menn, tugir manna um allt land hafa beðið eftir því að fá þótt ekki væri nema lítils háttar fyrirgreiðslu, sérstaklega bátarnir, út úr þessu, viljum við gera allt sem hægt er og í okkar valdi stendur til þess að flýta fyrir málinu þótt við séum ekki efnislega samþykkir því.

Hæstv. ráðh. kom eðlilega víða við í sinni framsöguræðu fyrir málinu, drap á olíusjóðinn og drap á vátryggingasjóðinn. Það getur vel verið að þetta sé orðið svona stórt mál með vátryggingasjóðinn, en þetta er gamalt vandamál kringum vátryggingasjóðinn sem hann þekkir mætavel af fyrri störfum í þágu Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, en hann hefur starfað þar um margra ára bil sem stjórnarformaður. Ég tel að þetta vandamál sé orðið það stórt, ef það fer að nálgast mikið á annan milljarð, að sérstök grg. þurfi að koma fyrir hv. Alþ. um þetta mál og hvernig útlitið er, því að það verður með engu móti þolað lengur, eins og komið hefur í ljós víða um land, að sérstakir skussar séu verðlaunaðir með greiðslum frá hendi annarra manna sem fara vel með sína hluti. Þetta er allt annað en þótt við viljum leggja í verðjöfnunarsjóð fyrir olíu og ýmislegt annað, — það er allt annað sjónarmið frá minum bæjardyrum séð að verðlauna þá, sem illa fara með sín tæki, með því að veita þeim hjálp í hvaða formi sem vera skal í gegnum vátryggingakerfið. En það er staðreynd að veruleg misnotkun á sér stað á þeim vettvangi. Séu þessar tölur komnar upp í 1.3—1.4 milljarða á næsta ári, er þetta orðið svo stórt og alvarlegt mál, að það er útilokað annað en Alþ. hlýtur að láta þessa þróun til sín taka.

Um ráðstöfun á þessu fé má sjálfsagt endalaust deila. En ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að þessar 250 millj., sem mikið hefur verið fjallað um í röðum útvegsmanna, hafa þó fengið þá myndbreytingu að að hluta er tekið tillit til úthaldstíma og að hluta eftir reglum Aflatryggingasjóðs, og finnst mér ekki ósanngjarnt að þetta, eins og hæstv. ráð drap á, yrði 60% og 40%. Ég tel að bæði sjónarmiðin eigi rétt á sér og heilbrigt að skipa því með þessu móti.

Ég sagði í upphafi að ég fagnaði yfirlýsingu hæstv. ráðh. um að 400 millj. yrði ráðstafað með samþykki allrar hæstv. ríkisstj., og einnig legg ég á það áherslu að nokkur samráð séu höfð við sjávarútvegsnefndir, eftir því sem tök eru á. Þetta eru það stórar upphæðir, að það er ekki verjandi annað en um þær náist víðtækt samkomulag. Og eðlilega ættu samtök þeirra aðila, sem fá að njóta þessa fjár og raunverulega standa að því, eitthvað um málið að fjalla einnig.

Þá er eftir afgangur sem kann að reynast frá 70—100 millj., eftir því hvernig tekst til um sölu afurðanna, og væri þá ekki um að sakast eða aths. við að gera, þó að hæstv. ráðh. eða hans rn. hefði það til nánari hjálpar vissum svæðum og vissum bátastærðum sem erfitt er að koma auga á hvað þurfa fyrr en dæmið allt liggur ljósara fyrir, og mun ég gera sérstaka aths. varðandi þá tölu. Ég vil aðeins ítreka það að viss svæði á landinu eru verulega háð smábátaflota og þar starfa sjómenn allt árið um kring sem róa á sínum fleytum og hafa ekki verið þiggjendur né kvaðavaldandi aðilar fyrir sjávarútveginn né þjóðfélagið í heild, heldur yfirleitt veitendur, svo að það mætti muna eftir þeim nú við lokauppgjör í þessu dæmi.

Afkoma togaranna er sögð afar slæm. Ég hef áður lýst því hér yfir og lýsti því yfir í ræðu um fjárlagafrv. í fyrra að það væri sérstakt vandamál sem þyrfti að fá nákvæma skýrslu um. Ég vil skora á hæstv. sjútvrh. að birta Alþ., eins fljótt og unnt er þegar það kemur saman á næsta ári, skýrslu um stöðu togaraflotans á landinu. Ég hef reyndar lagt fram þáltill. um það efni, að gera athuganir á því hvað raunverulega kostar að veiða hvert fiskkg hér við land eftir mismunandi skipastærðum og mismunandi svæðum, til þess að gera okkur betur grein fyrir því hvernig við eigum að byggja upp okkar fiskveiðiflota. Landið er það misjafnlega sett eða öll ströndin gagnvart fiskimiðum hringinn í kringum landið, að eðlilegt er að floti okkar sé, eins og raun ber vitni um, mjög misjafn. En engu að síður verðum við að gera okkur grein fyrir hvað það kostar að fiska hvert veitt kg á þessi nýju og dýru skip, þegar mjög mikil ásókn er í að kaupa skipin,

vegna þess hversu lánakerfið er hagkvæmt við þessa stóru togara. Þegar gengisfellingar eru gerðar til þess að bjarga þessum aðilum verðum við að fá að vita hvernig staða þeirra er. Ég tel það alveg óhjákvæmilegt. Og þessi skip eru keypt með svo miklu erlendu láni að ég trúi því ekki, eins og verðbólga er hér innanlands, að þessar ráðstafanir dugi þeim til lengdar, þær dugi þeim því miður ekki til lengdar. Ég hef haldið fram að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, vegna þess að hinn mikli og vaxandi kostnaður við gerð þessara skipa er það mikill, að aflaaukning og tekjumöguleikar eru ekki í nægilegu hlutfalli á móti þeim kostnaði sem þessi skip taka til sín. Því hef ég haldið því fram að fyrr eða síðar yrði ríkissjóður neyddur til þess og þjóðfélagið í heild auðvitað neytt til þess að greiða niður ákveðinn hluta af stofnkostnaði, en menn yrðu hins vegar að vera ábyrgir fyrir sínum rekstri. Það fer ekkert leynt að mjög margir eigendur togara bjóða yfirmönnum og jafnvel öðrum ýmiss konar bakgreiðslur og fríðindi, en síðan er heildarreikningurinn sendur þjóðarbúinu eða innbyrðis í sjávarútveginum, eins og gert er í þessu tilfelli. Ég tel þetta óheilbrigt og óeðlilegt. Hér eiga menn að sitja við sama borð og vera ábyrgir gerða sinna.

Svo kemur að saltfiskinum. Það var treyst mjög á loðnu í vetur, og nú er treyst á saltfiskinn og mismunun gerð í útflutningsgjöldum. Þetta er ekki nýtt. En það er annað sem má minna á, og það hefur oft verið reynt hér á Íslandi í fjöldamörg ár að mismuna með útflutningsgjöldum og álögum á vissa þætti, eftir því hvernig þeir standa í augnablikinu, þegar lög eru sett. En jafnan breytist þetta, eins og hæstv. ráðh. þekkir manna best, forsendan breytist og þá hrynur sú viðmiðun eða sá grundvöllur sem þessi gjöld eru byggð á. Ég tel þetta ekki æskilegt og hef oft sagt það áður. Ég tel, að þorskurinn, hráefniskg af honum, eigi að bera sama grunngjald, — hvort það á að vera hærra eða lægra, það má deila um það, það fer eftir nauðsyn í sameiginlega skattheimtu. En ég tel óeðlilegt að það liggi fyrir að mismuna svona. Við höfum reyndar mismunað á síldinni, við höfum áður mismunað á saltfiski, við höfum áður mismunað á freðfiski og jafnvel eftir pakningum og ýmislegu, og þetta er eilífðarvandamál að gera þennan mismun á. Vátryggingasjóðurinn þarf lágmarkstekjur, það er alveg pottþétt og rétt. En það er mjög slæmt, að ef við leggjum upp 5 eða 10 fiska, þá beri hvert hráefniskg mjög misjöfn gjöld eftir því hvernig verkstjóri eða eigandi fisksins ráðstafar honum, og þetta gerir allt þetta mál óeðlilegt og leiðinlegt í framkvæmd. Auk þess er staðreynd í dag, því miður, að sú verðhækkun sem kom fram á saltfiski og góð eftirspurn er nú brostin, því miður, og höfum við orðið að sæta verulegri verðlækkun og geysilegri sölutregðu svo að það er ekki séð fyrir endann á því. Samt sem áður þykir rétt, byggt á einhverju mati og forsendum, sem eru liðnar og enginn veit hvort koma aftur, — samt sem áður er byggt á þessari forsendu og gerður mismunur á útflutningsgjaldi. En það er búið að skila þessum afurðum sem seldust vel í vetur, sem var blautfiskur, og borga það og verður ekki aftur snúið með það.

Ég tók svo eftir að hæstv. ráðh. fjallaði lítils háttar um erfiðleika með saltfiskinn. Ég held að honum hljóti að vera kunnugt um það að ufsinn er svo illa settur að um hreina meðgjöf þarf að vera að ræða til þess að hann komist á markað — hreina meðgjöf. Og þannig er nú ástatt í minu kjördæmi, á Reykjanesinu, að vissir framleiðendur þar eru í geysilegum erfiðleikum nema fá hreina meðgjöf eða eftirgjöf á gjöldum á verkaðan ufsa vegna erfiðleika í sölu og verðfalls. Það getur vel verið að það sé rétt staðhæfing út af fyrir sig að nauðsyn sé að hafa þetta og ná öllu sem hugsanlegt er í þennan vátryggingasjóð og mismuna svona í útflutningsgjöldum. En ég álít að fyrr eða síðar náist þetta ekki og það verði ekki langt í land uns við verðum að breyta þessu aftur. Síldveiðin er undanþegin að hluta núna, sem eðlilegt er, á í sérstaklegum erfiðleikum og vandræðum, og þótt ekki væri nema vegna umbúðanna, sem eru orðnar það dýrar að útflutningsgjald af tunnunni nemur orðið hundruðum kr., þá er eðlilegt að ekki sé seilst til fanga á því sviði, svo að hér er úr allmiklum vanda að ráða. En ég er viss um að sú von í saltfiskinum, sem þarna er sett fram, rætist ekki, sú tekjuöflun, því miður.

Það væri auðvitað ánægjulegt ef bæði skreið og saltfiskur gætu uppfyllt vonir manna, en sérstakt vandamál er nú komið upp í skreiðinni. Það er ekki aðeins að það er verðhrun, heldur selst hún alls ekki í bili, alls ekki. Vörusendingar, sem liggja úti á Ítalíu, veit enginn hvað verður um að sinni. Það eru þá alveg nýjar fréttir ef úr hefur ræst með verðið, og svo hart var dæmið um tíma, að hæstv. viðskrh. sá sig til neyddan eða sjútvrh., ég veit ekki hvor þeirra það var, að senda sérstakan fulltrúa til Ítalíu til að reyna að leysa úr þessum vanda. Veit ég ekki hvert erindi hann átti þangað, en hann var sendur vegna vanda við sölu á skreið. Þannig sjáum við, að forsendurnar fyrir mismunandi útflutningsgjöldum geta brostið með litlum eða engum fyrirvara. Þess vegna væri langeðlilegast að á hráefniskg af fiskinum væri í upphafi sameiginlegt álag, svo að menn vissu nákvæmlega hvað það væri og þyrfti ekki að vera að mismuna þessu og millifæra endalaust, — það er mín persónulega skoðun.

Sjómönnum er mætt lítilsháttar eftir meðför frv. í Nd. Það gat ekki minna verið fyrst menn voru að muna eftir þeim á annað borð. En eins og ég tók fram í upphafi ræðu minnar mundi hæstv. ríkisstj. alls ekki eftir þeim og millifærði eingöngu á þeirra kostnað. Allar þessar ráðstafanir byggjast á því, að eingöngu er millifært frá þeim, svo stórar sem tölurnar annars eru, og eru það alveg sérstök vinnubrögð.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að fara miklu nánar út í vissa þætti í kringum þetta og alla þessa erfiðleika, þar sem við í stjórnarandstöðunni höfum lofað því að vera fremur stuttorðir og málið þarf að komast í höfn. En ég fellst ekki á þetta frv. eins og það er. Það er byggt á slíkri forsendu að það get ég ekki gert og allri tilhögun í kringum það. Hins vegar voru sett um þetta brbl. þegar gengið var fellt til að bjarga

hlutunum. Skuldir þessara manna voru hækkaðar um 3 milljarða. Fiskveiðasjóði hefur ekki verið úthlutað nægilegu lánsfé og verður að skera niður lánsumsóknir í stórum stíl nema eitthvað óvænt sé að koma upp í því efni, og gjaldeyrisstaða okkar er mjög erfið og allt er þungt fyrir fæti, því miður. En ég verð enn einu sinni að ítreka það, að ég sé ekki neina snilldarlausn við gengisfellingar. Þegar erlendi þátturinn er svona stór í rekstri þessara skipa sé ég ekki að svona gengisfellingar bjargi við. Samkv. minni reynslu er það alls ekki. Það, sem ég hefði viljað að hefði verið gert, var e. t. v. nokkur gengisfelling til að mynda vissan gengismun, en óhjákvæmilegt var að gera það strax og hafa það undirbúið að tryggja eðlileg stofnlán hjá fjölda fyrirtækja, bæði bátaútvegsmönnum og fiskvinnslunni, til þess að tryggja eðlilegan rekstur, því að ég drap á það áðan, þegar hæstv. ráðh. var ekki viðlátinn, að tugir fyrirtækja eru búin að bíða í marga mánuði eftir eðlilegum stofnlánum og nú er verið að leysa að nokkru úr þeim vanda, en hvergi nærri nægjanlega. Margir hverjir voru neyddir út í stórkostlegar breyingar á sínum fyrirtækjum vegna aukinna krafna um hreinlæti og ytri aðbúnað, og samtímis sem þetta var gert af hálfu ríkisvaldsins var ekki séð fyrir eðlilegum stofnlánum. Aðeins þessi þáttur einn út af fyrir sig hefur skapað mikið vandamál út um allt land og fjöldi fyrirtækja er í sérstökum greiðsluerfiðleikum vegna þessara atriða, og það á ekkert skylt við það hvort reksturinn er góður eða vondur. Þetta er séraðstaða sem kom upp og að mínu viti óháð því hvort um eðlilegan rekstur hefur verið að ræða eða ekki. Hér eru skyndilega settar fram miklar kröfur, og þeim var meira að segja svo hart fylgt eftir á vissum stöðum að loka varð húsum ef ekki var gert í tæka tíð fyrir vissa daga, jafnvel þó að húsin sjálf væru ágæt, vegna þess að það vantaði einhver smáatriði sem ekki var hægt að fullnægja vegna ýmissa annarra atvika, hlutirnir voru ekki til í landinu eða þar fram eftir götunum. Samt sem áður var húsunum lokað. Ekki langt frá Reykjavík vestur um var fyrirtæki sem var búið að fjárfesta á 8. tug millj. núna í haust, en hafði fengið tæpa 2 milljónatugi í fyrirgreiðslu, og þeir voru í algerum greiðsluvandræðum og höfðu fengið viðskiptareikninga hingað og þangað um landið og leitað víða fanga og skuldað sjómönnum, skuldað þeim hráefni. Það eru svona erfiðleikar sem koma þessum mönnum gersamlega í vandræði við sinn rekstur. Þetta hefði sannarlega átt að athuga í tæka tíð og leysa úr jafnhliða því sem gengisfelling var gerð og einhliða tekið af sjómönnum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun kappkosta að efna fyrirheit sem við gáfum, stjórnarandstæðingar í sjútvn., á fundi í gærkvöld um að tefja ekki afgreiðslu þessa frv., vera stuttorðir. Ég mun jafnvel leggja mig allan fram um að verða enn stuttorðari en hv. síðasti ræðumaður um þetta frv. Svo stuttorður má ég aftur á móti ekki vera að ég láti hjá líða að gera grein fyrir andstöðu minni við frv. þetta og tilorðningu þess og rökstyðja andstöðu mína að nokkru.

Það hefur þegar komið fram við umr. um þetta mál að það væri það 4. málið sem lagt var fram á þingi er það kom saman nú í haust, og ég tek ekki mark á þeim afsökunum sem færðar hafa verið fram fyrir ýmsum ágöllum þess, ég tek ekki mark á þeirri afsökun, að ekki hafi gefist tími til þess að vinna betur að þessu máli. Loðin svör, sem við höfum fengið frá starfsmönnum sjútvrn. við ýmsum mjög svo brennandi spurningum varðandi ýmsa liði frv., hafa verið afgreidd með tímaskorti, skorti á skýrslum og skorti á upplýsingum. Það er liðinn allt að því hálfur mánuður frá því að okkur var fyrst greint frá þessum skorti á upplýsingum af hálfu rn., og í síðasta samtali við þá ágætu menn kemur í ljós að sami skortur er enn í aðalatriðum óbættur. Nú vill ég síður en svo kasta rýrð á þessa ágætu menn, sem hæstv. sjútvrh. hefur sent okkur til uppfræðslu úr rn. Mér er kunnugt um að þeir eru bæði hæfir í starfi og ólatir. En svo virðist sem ekki hafi verið lögð á það meginhersla að afla upplýsinga fyrir Alþ. áður en það fjallaði um þetta frv. Nú vil ég ekki ætla hæstv. sjútvrh. slíkt hugarfar, að nokkurt kvik hans á setu hér í hv. Ed. stafi af því, að honum sé gersamlega sama um álit d. á frv. Mér er kunnugt um að hann hefur í mörgu að snúast, þarf m. a. nú að fara í sima, sem ég tel löggilt erindi. En hitt staðhæfi ég, að frv. sjálft beri þess ekki merki, eins og það liggur nú fyrir okkur, að unnið hafi verið að því af röskleika að búa þessu máli afgreiðslu á eðlilegan hátt.

Hæstv. ráðh. gat þess í framsöguræðu sinni áðan, að hagur togaranna, skuttogaranna, væri sérstaklega slæmur, jafnframt því sem afkoma sjómannanna á skuttogurunum væri sérstaklega góð. Hvort hæstv. ráðh. gat þessa tveggja í sömu andránni til þess að réttlæta þá ráðstöfun að leysa fjárhagsvanda útgerðarinnar svo til eingöngu á kostnað sjómannanna veit ég ekki. Hitt veit ég, hitt er ljóst, að yfirlýsingin um mjög slæman fjárhag togaranna núna er aðeins staðhæfing og hefur ekki verið rökstudd af hæstv. ráðh.

Það kann vel að vera að afkoma skuttogaranna í heild sé slæm. Ég er því miður hræddur um að það sé rétt. En hún er misjafnlega slæm eftir því hvernig þeir eru reknir. Hagur útgerðarfyrirtækjanna er misjafn eftir því, hvernig þau hafa verið rekin. Sem dæmi um þetta vil ég geta þess að hinn 1. okt. s. l., þegar lagðir voru fram reikningar Bæjarútgerðarinnar á Norðfirði, þá kom í ljós að hagur Norðfjarðarskuttogaranna var að vísu slæmur, en ekki verri en það að sá þeirra, sem verr hafði staðið sig, var þó kominn með 16 millj. kr. hagnað 1. okt. í haust. Hinn var með í kringum 17 millj. kr. hagnað. Við skulum taka smábátaútgerðarstöðina á Húsavík, sem engan skuttogara hefur, og huga lítils háttar að efnahagsafkomu sjávarútvegsins þar. 1. júlí, að loknum hálfs árs rekstri fiskiðjuversins þar var hagnaðurinn náttúrlega ekki mikill, en hann var þó eitthvað í kringum 17 millj. Ég veit, að ég tek hér tvö sérstök dæmi. Ég hef hér tekið dæmi frá bæjarútgerðinni á Norðfirði sem lengi hefur verið vel rekin, þar sem ágóðinn hefur verið notaður til þess að byggja upp fyrirtækið á löngum tíma, þar sem þeir hafa nú góð skip sem skulda tiltölulega lítið. Ég veit að fiskiðju-

verið á Húsavík hefur verið byggt upp á sama hátt með góðri og hyggilegri stjórn. Ég nefni hér tvö fyrirtæki, útgerðarfyrirtæki og fiskvinnslu, sem hafa verið vel rekin um langan tíma. Þau standa þannig að þau þurfa ekki á aðstoð að halda. Að vísu er mér kunnugt um að báðir Norðfjarðartogararnir, sem voru með þessa afkomu, sem ég nefndi áðan, — ég ætla að endurtaka þetta, vegna þess að hæstv. sjútvrh. þurfti að fara í síma: togarar sem annar hafði skilað 16 millj. kr. hagnaði, en hinn 17 millj .kr. hagnaði þegar eftir voru 4 mánuðir af árinu, — þeir fengu báðir sendan sunnan úr Reykjavík styrk sem hæstv. sjútvrh. gat um áðan að útdeilt hefði verið til togaranna. Þeir fengu sendar sunnan úr Reykjavík 7 millj. kr. Ég geri fastlega ráð fyrir því að auðmennirnir á Norðfirði kunni að nota þessa 7 millj., sem þeir fengu þarna, en þeir þurftu ekki á þeim að halda.

Nú liggur fyrir okkur frv., sem er þann veg samið að hæstv. sjútvrh. er ætlað að ráðstafa allfrjálslega og ég vil ekki segja að eigin geðþótta, — í þessu eiga ekki að felast neinar aðdróttanir, ekki neins konar aðdróttanir um persónulega hæfileika eða velvilja ráðh., ég slæ því föstu að hann hafi hvort tveggja til að bera í nógu ríkum mæli til að gegna embætti sínu, — en eigi að síður er hér um það að ræða að honum er ætlað að ráðstafa, hafa frjálsar hendur til að ráðstafa hundruðum millj. kr. til þess að bæta slæman hag sjávarútvegsins. Að vísu lýsti hæstv. ráðh. yfir því, að hann mundi um þetta hafa samráð við ríkisstj. í heild. Þá má segja að hann sé búinn að koma að nokkru leyti eða eigi möguleika til þess að koma að nokkru leyti af sér glæpnum yfir á meðráðh. sína. Það breytir ekki þeirri staðreynd að í lagafrv. eru ekki skýr ákvæði um það, ekki óyggjandi ákvæði um það, með hverjum hætti þessu fé verði yfirleitt varið. Og ég trúi að að því leyti sé þetta frv. allmjög frábrugðið því sem gengur og gerist um lagafrv. um háar fjárveitingar og jafnvel lágar.

Ég vildi í þessari ræðu minni víkja sérstaklega að b-lið frv., þar sem fjallað er um óafturkræfa fjárframlagið til bátaflotans, 250 millj. kr. handa bátum 20 lesta og þar yfir með ákaflega óljóst orðuðu fyrirheiti hæstv. sjútvrh. um að skoðuð verði sérstaklega einstök tilvik sem varða báta undir þessari stærð, og þá skilst mér sérstaklega á þeim svæðum þar sem slíkir bátar standa að mjög verulegu leyti undir öflun sjávarfanga til fiskiðjuveranna. Þetta fyrirheit hæstv. ráðh. er ákaflega óljóst og í því kemur ekki fram hvort þessi athugun á að ná til allra báta undir þessari stærð. Aftur á móti hafa starfsmenn rn. hans tjáð okkur í sjútvn. þessarar hv. d. að til greina komi að athuga sérstaklega vandamál báta allt ofan í 12 tonn, þar sem svo ber undir, að þessir litlu bátar standi að verulegu leyti undir hráefnisöfluninni á þeim svæðum.

Nú ætla ég ekki að neita að það er ákaflega misjafnt hversu miklu hlutverki þessir smærri bátar gegna í útveginum. Það er rétt sem starfsmenn sjútvrn. hafa sagt okkur í sjútvn. þessarar d., að hér við Faxaflóann á Suðvesturlandi hafa þessir bátar að verulegu leyti verið notaðir til þess að afla neyslufisks handa þéttbýliskjörnunum hér, handa íslendingum, afla fyrir fisksalana, einnig að þeir hafa m.a. af þeim sökum skilað illa skýrslum varðandi afla sinn. En þetta á aðeins við um það svæði þar sem vélbátaútvegurinn er að öðru leyti verst rekinn á landinu, svæðið hér við Faxaflóa og suðvestanlands, aðeins það svæði þar sem vélbátaútvegurinn og sjávarútvegurinn er yfirleitt verst rekinn. Þessir smábátar gegna miklu stærra hlutverki, sérstaklega á Norðausturlandi, en einnig á Austfjörðum og fyrir vestan. Og ástæðan fyrir því, að þeir gegna stærra hlutverki, er e. t. v. fyrst og fremst sú að afkoma þeirra hefur yfirleitt verið miklu betri, rekstur þeirra hefur gengið miklu betur, af því m.a., eins og hæstv. sjútvrh. veit, — ég er ekki að segja honum neitt sem hann veit ekki, — af því m.a. að þessir bátar hafa verið greiddir niður fyrir löngu, þetta eru orðnir ódýrir bátar, þeir hafa verið greiddir talsvert mikið niður fyrir löngu á sama hátt og skuttogararnir, á sama hátt og aflaskipin þeirra Norðfirðinga hafa verið greidd niður fyrir löngu. Og þeir hafa verið greiddir niður vegna þess að þeir eru svo litlir, af því að eigendur þeirra hafa yfirleitt unnið við þá sjálfir, af því að velflestir þessara báta eru í eigu mannanna sem vinna á þeim. Þeir hafa sinnt þeim þarna fyrir austan, norðan og vestan, þessum bátum sínum, þeir hafa greitt þá niður, af því að skipstjóri og vélstjóri og jafnvel hásetarnir eiga persónulega afkomu sína undir því að rekstur þeirra gangi, af því að persónulegur hagur þessara sjómanna er tengdur bátunum.

Vegna smábátanna sérstaklega langar mig að víkja að upplýsingum hæstv. ráðh. varðandi niðurgreiðsluna á olíunni til fiskiskipaflotans. Hann sagði okkur að áætlað væri að flotinn mundi eyða olíu fyrir 2.6 milljarða á árinu, sem verður þá eitthvað í kringum 600 millj. umfram það sem áætlað var á árinu sem leið. Einmitt í sambandi við olíunotkunina kemur það fram hversu hagstætt það er fyrir okkur, hversu hagstætt það er fyrir þjóðina að stuðla að því að smáu bátarnir verði notaðir, að það sé hægt að reka þá, að ýta undir rekstur einmitt smábátanna fremur en ýta undir kaup á fleiri skuttogurum. Línubátarnir, einmitt þessir bátar frá 20 tonnum og niður úr, munu hafa skilað okkur í fyrra um það bil 10 kg af fiski fyrir hvert kg af olíu sem þeir eyddu. Ríkisstyrkurinn til olíukaupanna til þessara báta nemur ekki nema tæpum 1100 kr. á hvert fisktonn, á hvert tonn sem þessir bátar afla. Skuttogararnir aftur á móti munu ekki hafa gert betur en skila einu kg af fiski fyrir kg af olíu sem þeir notuðu. Ríkisstyrkurinn á hvert tonn, olíustyrkurinn á hvert tonn, sem þeir afla, nemur 11 þús. Skuttogari, sem nær 3000 tonnum yfir árið, fær 33 millj. næstum því í ríkisstyrk á olíuna.

Húsavíkurbátarnir, sem öfluðu 6 þús. tonn af afbragðshráefni árið sem leið, hráefni sem þannig var um fjallað í fiskiðjuveri þeirra að fiskiðjuverið gat borgað 15 millj. kr. ofan á umsamið fiskverð til sjómanna árið sem leið, — Húsavíkurbátarnir, sem öfluðu þessara 6 þús. lesta, fá í ríkisstyrk fyrir olíuna 6.6 millj. samtals fyrir þessi 6 þús. tonn. En skuttogararnir tveir, sem ná því að afla samtals 6 þús. tonn, fá 66

millj. í niðurgreiðslu á olíu. Og fyrst við tölum um olíukostnaðinn, kostnað hins opinbera af olíuniðurgreiðslunum, kostnað fiskiflotans af olíunni, þá má geta þess í leiðinni að tilraunir, sem gerðar hafa verið á vegum svartolíunefndar með notkun svartolíu á íslensku skuttogurunum, benda til þess að miðað við það verð, sem var á svartolíu og gasolíu fyrri hluta þessa árs, þá sé hægt að spara a. m. k. 5 millj. á hvern minni skuttogaranna á ári með því að nota svartolíuna meira á stærri togarana, þannig að unnt ætti að vera að spara með þessum hætti 200 millj. kr. og ríflega það fyrir togaraflotann allan, og mundi sannarlega muna um það þegar verið er að gera neyðarráðstafanir í sambandi við hag sjávarútvegsins.

Einn liður er það enn sem ég vil nú við 1. umr. drepa aðeins á. Það er fyrirhugað framlag, 50 millj., til fiskmjölsverksmiðjanna, sem hæstv. ráðh. sagði að hefðu farið illa út úr framleiðslunni á þessu ári. Þessa staðhæfingu rökstuddi hann ekki nánar, en fiskmjölsverksmiðjurnar, sem hér um ræðir, hafa undanfarin ár yfirleitt verið kallaðar flestar hverjar loðnumjölsverksmiðjur, hétu síldarverksmiðjur áður sumar hverjar. Í hittiðfyrra, árið þar áður og næsta ár þar áður rökuðu þessar verksmiðjur saman of fjár. Það liggja engar tölur fyrir um að þær hafi tapað árið sem leið á loðnuvinnslunni né hversu miklu þær hafa tapað á vinnslu á fiskúrgangi í ár. Ég trúi því ekki að það hafi verið of fjár. En ég vildi gjarnan að hæstv. ráðh. útskýrði fyrir okkur eftir hvaða reglum peningum verður úthlutað til fiskmjölsverksmiðjanna. Ég get tekið dæmi um tvær fiskmjölsverksmiðjur í sama plássi. Önnur hefur sennilega haft sæmilega útkomu árið sem leið, og vel að merkja er sú fiskmjölsverksmiðja reist sem slík. Hin hefur vafalaust haft mjög slæma afkomu árið sem leið. Þetta eru fiskmjölsverksmiðjurnar í Grímsey. Annars vegar er stóra fiskmjölsverksmiðjan, og vel að merkja, hún var ekki reist sem síldarverksmiðja, heldur sem fiskmjölsverksmiðja. **Stóra síldarverksmiðjan, sem reist var í Grímsey í tíð viðreisnarstjórnarinnar, hefur 30 tonna afköst á sólarhring, en hráefnið, sem til fellur í Grímsey og til féll í þann mund, sem verið var að reisa þessa verksmiðju, mun hafa verið um 30 tonn á ári. Þessi verksmiðja hefur aldrei verið sett í gang og er alveg vafalaust að á hana hlýtur að hlaðast geysilegur kostnaður, bæði í vöxtum og öðru slíku. Hún hefur aldrei verið sett í gang til þess að vinna úr þessum 30 tonnum á ári. Í staðinn kom Kaupfélag Eyfirðinga þarna upp lítilli kvörn, sem hefur að mig minnir 250 kg afköst á sólarhring. Hún hefur annað því sem til hefur fallið af hráefni í Grímsey, og ég hef ástæðu til þess að halda að afkoma hennar kunni að vera rétt sæmileg.**

Nú er spurningin hvor þessara verksmiðja í Grímsey kemur til með að fá styrkinn frá hinu opinbera, sú sem stendur sig vel eða sú sem stendur sig illa.

Ég ætla ekki að lengja þetta mál mitt að sinni. Ég mun taka til máls aftur er málið kemur úr n. En ég hlýt í lokin að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að alls ekki komi til mála að leysa þennan vanda sjávarútvegsins, eins og hann er skilgreindur, á kostnað sjómanna eða verkafólks við fiskiðjuverin. Það hefur ekki komið fram rökstuðningur fyrir því að þetta fólk hafi of háar tekjur, að það hafi hærri tekjur en nægja til þess að halda því við þessi þjóðnytjastörf, að það hafi meiri tekjur en það þarf sér til framfærslu. Ég tel að það liggi í augum uppi að hlutarsjómennirnir, sem eiga hlut í þeim fiski sem hér um ræðir, fái bætur að sínum hluta. En um þessi atriði verður fjallað í brtt. minni hl. þegar þar að kemur.

Af hálfu flokks míns hefur verið ákveðið, þrátt fyrir það þótt Alþb. hljóti að standa gegn frv. í þeirri mynd sem það er og greiða atkv. gegn þessari afgreiðslu málsins, þá hefur verið ákveðið, að flýta heldur fyrir því að þetta meingallaða frv. fái þinglega afgreiðslu. Yfirlýsing hæstv. sjútvrh. um að hann muni leggja reglur varðandi úthlutun þessa fjár fyrir ríkisstj. í heild, yfirlýsing hans í þessa átt er til nokkurra bóta. Ég vildi gjarnan að hann kvæði skýrara að orði en hann gerði varðandi fyrirhuguð afskipti sjútvn. beggja þd. af þessu máli. Ég vildi gjarnan að það kæmi frá hans eigin brjósti, hann hafði það aðeins eftir formanni sjútvn. í Nd., að formaður sjútvn. í Nd. hefði haft það eftir sér að hann mundi leita til fulltrúa sjútvn. í þessu máli. Ég vildi gjarnan, ef hann vildi segja frá eigin brjósti að hann ætlaði að gera þetta, þannig að það yrði alveg lýðum ljóst. En eins og ég sagði, sjútvrh. hefur lýst yfir því að hann ætli að koma þessu máli — og ég lái honum það ekki neitt — að vissu leyti um hálsinn á meðráðh. sínum líka, og við munum ekki bregða fæti fyrir það. Það er skylda okkar að gera það ekki, forðast það, m. a. samkv. lögum frá 1817, skylda manna að bjarga mönnum sem sýnast dauðir, stendur í þessum lögum. Og í 2. gr., sem er vikið beint að hæstv. sjútvrh. í þessu sambandi, í 2. gr. þessara l. segir: „Það skal vera einnig almenn skylda að annast um að hengdir menn séu skornir niður án tafar."

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 155, n. 213). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til athugunar, og eins og kemur fram á þskj. 213 mælir n. með samþykkt þess.

Mér er sérstök ánægja að mæla með þessu frv. Ég flutti frv. þetta á 92. löggjafarþingi ásamt Páli Þorsteinssyni og Jóni Helgasyni. Það varð ekki útrætt þá og síðan fluttum við aftur þetta frv. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna á 93. löggjafarþingi og breyttum því þá lítillega með tilliti til þess sem hafði komið fram áður við meðferð þess í sjútvn. þeirri, sem þá starfaði. Þar kom fram

að talið var nauðsynlegt að heimamenn greiddu helming af kostnaði við slíkar rannsóknastofur úti um landsbyggðina. Var það gert þá með tilvísun til þess sem gerst hafði í Vestmannaeyjum. Frv. á þeim tíma fékk ekki framgang nema með þeirri breytingu að heimamenn, þ. e. a. s. fiskiðnaðarmenn á heimasvæðinu greiddu helminginn af stofnkostnaði við að setja upp rannsóknastofur. Þannig var frv. samþ. Nú hefur hæstv. ríkisstj. séð að sér að þessu leyti, vil ég leyfa mér að segja, og fellt brott þetta ákvæði um helming kostnaðar af hendi heimamanna, sem ég fyrir mitt leyti áleit aldrei raunhæft, en féllst þó á sínum tíma á til þess að frv. fengi fram að ganga. Því sé ég sérstaka ástæðu til þess að fagna þessu fram komna frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 67, 208, n. 220). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur orðið sammála um að mæla einróma með samþykkt þessa frv. um framleiðslueftirlit sjávarafurða með breytingum á sérstöku þskj., þskj. 208. Undir nál. skrifa Steingrímur Hermannsson, formaður sjútvn., Jón G. Sólnes, Oddur Ólafsson, Jón Árm. Héðinsson og Stefán Jónsson. Við tókum við þessu frv., sem áður hafði verið borið fram í tíð fyrri stjórnar og var nú borið fram öðru sinni með mjög lítils háttar breytingum, en hefðum að vísu helst þurft að fá meiri tíma til þess að fjalla um það. Þrátt fyrir tímaskortinn fengum við til okkar á sérstaka fundi fulltrúa sjútvrn. og Fiskmatsins og lásum einnig bréf og álitsgerðir frá ýmsum aðilum, svo sem skólastjórn Fiskvinnsluskólans, Verkfræðingafélagi Íslands og Fiskmatsmannafélagi Íslands. Bréf fengum við undirritað af öllum nemendum Fiskvinnsluskólans og frá nemendafélögum Sjómannaskólans. Ég leyfi mér að fullyrða, að miðað við allar aðstæður fór sjútvn. af samviskusemi í gegnum þau plögg, sem frammi lágu, og gerði nokkrar breytingar á frv. að athuguðu máli. — Við skulum nú aðeins athuga þessar breytingar og gera grein fyrir orsökum.

Af hálfu fulltrúa Fiskmatsins var lagst eindregið gegn breytingunni á heiti frv., sem gerð hafði verið frá því að frv. var flutt í fyrra. Fiskmatsstjóri taldi m. a. að það mundi hafa 2—3 millj. kr. kostnað í för með sér að breyta heiti frv., sem áður hét frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða, en heitir nú frv. til l. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Við nm. sannfærðumst aftur á móti um ástæður hæstv. sjútvrh. fyrir nafnbreytingunni. Óþarft er að fara nánar út í þær ástæður, við tókum þær gildar og teljum að þær séu þessa kostnaðar virði, þó að þurfi að skipta um bréfhausa og ýmislegt smávegis sem hafi óneitanlega nokkurn kostnað í för með sér.

Í 2. gr. frv., 4. línu að ofan, breytum við einu smáorði, þar sem stendur „Stofnunin skal meta eða hafa eftirlit". Í staðinn fyrir það komi: „Stofnunin skal meta og hafa eftirlit". Með þessum hætti hyggst n. taka af öll tvímæli um það að n. beri að hafa eftirlit með útflutningi ofangreindra sjávarafurða.

Næsta breyting, sem n. leggur til að gerð verði, er við 5. gr. Hún breytist öll og orðist svo að till. nefndarinnar:

„Framleiðslueftirlit sjávarafurða skiptist í eftirtaldar deildir:

1. Hreinlætis- og búnaðardeild, sem einkum skal hafa eftirlit með hreinlæti og búnaði fiskiskipa, flutningatækja vinnslustöðva og því er varðar heilnæmi við framleiðsluna.

2. Ferskfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðamat á ferskum, nýjum eða ísuðum fiski, krabbadýrum og skeldýrum.

3. Freðfiskdeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á framleiðslu frystra sjávarafurða, meðferð þeirra, geymslu og útflutningi.

4. Saltfisk- og skreiðardeild, sem einkum skal annast eftirlit og gæðaflokkun á öllum söltuðum sjávarafurðum og skreið."

Síðan kemur óbreytt, eins og er í frv.: „Ráðh. getur breytt deildaskipun og kveðið nánar á um verkefni einstakra deilda að fengnum till. forstjóra stofnunarinnar."

Við þessa breytingu tókum við sérstakt tillit til till. Fiskmatsins, einnig álits Fiskmatsmannafélagsins, en þessir aðilar töldu að tæpast væri hægt að láta búnaðar- og hreinlætisdeild vinna hlutverk sitt samtímis hlutverki frystideildar.

Á 6. gr. frv. gerðum við þá breytingu, að við kváðum á um menntun forstjóra Framleiðslueftirlitsins, að vísu ekki alveg á sama hátt og gert var í frv. til l. um Ríkismat sjávarafurða, heldur ætluðum við sjútvrh. meira svigrúm til þess að velja forstöðumann heldur en gert var í fyrra frv. Það er sem sagt breyting við 6. gr., að aftan við gr. bætist: „Við skipun í starfið skal ráðh. taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar umsækjenda".

Með breytingunni hyggjumst við kveða á um það, að hin æðsta menntun á þessum sviðum, sem nú er, í matvælaframleiðslu, gefi nokkurn rétt til þessa starfs, án þess þó að binda algerlega hendur ráðh. um veitingu starfsins.

Þá kemur næst breyting við 9. gr. frv. Gr. hljóðar svo:

„Matsmenn, er starfa á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, framkvæma undir umsjón yfirmatsmanna eftirlit það og mat sem lög þessi gera ráð fyrir.

Lögreglustjóri löggildir matsmenn samkv. tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða og sér um að þeir riti undir eiðstaf um að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær sem á þeim hvíla í starfi þeirra." Aftan við leggur sjútvn. síðan til að komi: „Nemendur, sem lokið hafa prófi frá Fiskvinnsluskólanum, skulu njóta forgangs við ráðningu matsmanna."

Okkur var kunnugt um að því hafði verið heitið í sambandi við fyrra frv., — frv. eins og

það var flutt í sinni upprunalegu mynd, að nemendum frá Fiskvinnsluskólanum skyldi ætlaður slíkur forgangsréttur. Fyrir lágu einnig mjög eindregin tilmæli, bréfleg tilmæli nemendanna um að tekið yrði tillit til náms þeirra í sambandi við samningu laganna. Það töldum við rétt að gera. Við vorum sammála um að mjög æskilegt væri að hvetja fremur en letja ungt fólk til þess að stunda nám í Fiskiðnskólanum.

Við gerum síðan ekki brtt. við 10., 11. og 12. gr. frv., ekki fyrr en við 13. gr. Þar breytum við, leggjum til, að gerð verði breyting í 2. línu. Hér stendur í frv.: „Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða sjávarafurðir sem lög þessi taka til, skal tilkynna það hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirmatsmanni með hæfilegum fyrirvara.“ Við leggjum til að í staðinn verði mgr. svona: „Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða sjávarafurðir sem lög þessi taka til, skal tilkynna það skrifstofu stofnunarinnar“ — að út fari „hlutaðeigandi deildarstjóra eða yfirmatsmanni“, í staðinn komi: „skrifstofu stofnunarinnar“. Þá hljóðar 13. gr. svona:

„Hver sá, sem ætlar að flytja úr landi fisk eða sjávarafurðir sem lög þessi taka til, skal tilkynna það skrifstofu stofnunarinnar með hæfilegum fyrirvara, enda fari hleðsla vörunnar í skip eða annað flutningatæki fram undir umsjón starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða.“

Fleiri brtt. gerðum við í sjútvn. ekki við frv. En þess skal getið í leiðinni að formaður sjútvn., sem ræddi frv. við hæstv. sjútvrh., kom á framfæri við ráðh. bréflegum óskum Fiskmatsmannafélags Íslands um það, að gerðar verði ráðstafanir til þess í sambandi við þetta nýja frv. að tryggja kjör þeirra betur en nú er gert. Hæstv. sjútvrh. greindi formanni n. frá því, að hann hefði nú þegar gert ráðstafanir í þessa átt til þess að leysa deilu sem um tíma hefur verið á milli fiskmatsmanna og helstu framleiðenda og seljenda sjávarafurða, þ. e. a. s. SH og SÍS annars vegar og Fiskmatsmannafélagsins hins vegar. Hann hefur þegar gert ráðstafanir í þessa átt og lét í ljós mjög svo eindreginn áhuga sinn á því að kjör fiskmatsmannanna yrðu bætt og þeim veitt aukin starfstrygging. Við fengum sem sagt heimild ráðh. til þess að segja frá þessu, um leið og við gerðum grein fyrir áliti sjútvn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég fagna að sjálfsögðu þeim breytingum sem hafa verið gerðar við þetta frv., þær eru allar til bóta, og ég get fyllilega staðið með þeim. Ég fagna vissulega breytingunni við 9. gr. frv. um forréttindi nemenda Fiskvinnsluskólans til starfa við fiskmatið. Það er auðvitað sjálfsögð og rétt viðurkenning á mikilvægi þessa skóla.

Eins og ég hef áður bent á hér og hv. frsm. sjútvn. gerði einnig við 1. umr. málsins og gerði aftur að umtalsefni nú, þá er hér einnig um að ræða eldri matsmenn og verður svo lengi enn. Þeir verða við störf sín, og ég játa það að ég er ekki enn fyllilega sáttur við þau ákvæði sem gilda um almenna matsmenn samkv. 9. gr., þ. e. a. s. ég tel að enn vanti á að skýrar sé ákveðið um skyldur þeirra og þó aðallega um réttindi þeirra. Ég hygg að erfitt sé að koma sér niður á einhverja algilda lausn þessa máls og því bíði það í raun þessarar nýju stofnunar að endurskipuleggja hreinlega þennan mikilvæga undirstöðuþátt í öllu fiskmatinu hvað sem allri yfirstjórn og öllum reglum líður

Ég fagna því sem hv. frsm. flutti hér áðan frá hæstv. ráðh., m. a. með tilliti til þess sérstaka deilumáls sem uppi hefur verið milli matsmanna og framleiðenda. Ég veit mætavel um óánægju þessara manna eða réttleysi þeirra í raun og veru og illa aðstöðu á mörgum sviðum, ekki bara af hálfu framleiðenda, heldur fyrst og fremst af hálfu Fiskmats ríkisins, svo að ég hlýt að bera þá ósk fram eða ítreka hana, að hæstv. ráðh. sjái til þess, eins og hann hefur þegar gefið vilyrði um, að hann tryggi úrlausn þessum matsmönnum til handa með einhverjum hætti, og það þá um leið, að þeim verði tryggð starfsréttindi langt umfram það sem þeir hafa nú. Það færi sem sagt vel á því að hin nýja stofnun með þessu fríða og fallega nafni fengi þetta sem eitt af sínum fyrstu verkefnum, og má vera að það sé þegar í undirbúningi, eftir því sem hér var upplýst áðan.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 208,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 208,2 (ný 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 208,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 208,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 208,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 34. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 33. fundi.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 223). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 155). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frv. (þskj. 178, n. 212). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, en þessi samþykkt var gerð 1972. N. hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Axel Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins, en allir aðrir nm. skrifuðu undir nál.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Þetta eru miklar samþykktir og langar, sem þegar hafa verið staðfestar annars staðar. Ég endurtek að n. varð sammála um að mæla með að frv. yrði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 35. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 34. fundi.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 209, n. 215 og 222, .16). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. þessarar d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og ráðstöfun gengishagnaðar. Nál. meiri hl. mun ekki hafa verið dreift. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Komu því fram tvö nál., nál. meiri hl. og nál. minni hl. Nál. meiri hl. er á þskj. 222. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt með þeim breytingum, sem orðið hafa við meðferð málsins í Nd.“

Þetta nál. er frá meiri hl. sjútvn. Undir nál. skrifa Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson, Jón G. Sólnes, Jón Árnason, Oddur Ólafsson.

Frv. það, sem hér um ræðir, er staðfesting á brbl. um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar sem gefin voru út 20. sept. 1974. Þótt menn kunni að greina á um réttmæti gengisfellingar er það viðtekin regla að í kjölfar slíkra aðgerða eru ýmsar ráðstafanir nauðsynlegar. Talið er eðlilegt m.a. að hið opinbera ráðstafi þeim gengishagnaði sem myndast. Í þessu frv. er fyrst og fremst að finna ákvæði sem að þessu miða og eru mjög í samræmi við það sem gert hefur verið við fyrri gengisfellingar.

Ég vil svo geta þess að sjútvn. Ed. hefur ekki haft þetta mál svo til meðferðar sem æskilegt væri. Að vísu var haldinn einn sameiginlegur fundur með sjútvn. báðum, en síðan hefur n. haft mjög skamman tíma til að fjalla um málið. Ég hygg þó að segja megi að einstakir nm. hafi haft tækifæri til þess að fylgjast með meðferð málsins. Því hefur n. treyst sér til að afgreiða þetta mikla mál á svo skömmum tíma.

Í meðferð Nd. hafa verið gerðar nokkrar breytingar á upphaflegu frv. Fyrsta breyt. sem hv. sjútvn. Nd. lagði til og samþ. var, er við 4. gr. frv. N. lagði til að ekki skuli greiða útflutningsgjald af lagmeti eins og var gert ráð fyrir. Þegar ég sá frv. fyrst, taldi ég að lagmeti hlyti að vera undanskilið með tilliti til þeirrar samþykktar sem hv. Alþ. gerði á síðasta reglulegu þingi, þar sem segja má að lagmetið hafi verið flutt frá sjávarútvegi yfir til iðnaðar. Hins vegar við athugun á frv. telja lögfróðir menn að þetta sé ekki nógu öruggt, og hefur lagmetisiðnaðurinn lagt á það ríka áherslu að þarna væri örugglega fram tekið að honum beri ekki að greiða það útflutningsgjald sem um ræðir. Þetta er eðlileg afstaða. Lagmetisiðnaðurinn greiðir sín gjöld til sjóða iðnaðarins, og er jafnframt gert ráð fyrir því að þaðan aðeins fái lagmetisiðnaðurinn nú lánafyrirgreiðslu.

Í öðru lagi gerði Nd. þá breyt. á frv. að bætt er lið við 5. gr., 4. lið, sem felur í sér breyt. á l. nr. 19 frá 1973 og heimilar hækkun á þeim frádrætti sem heimilt er að veita vegna saltsíldar, úr 500 kr. í 1300 kr. Er þetta gert með tilliti til þess að gjöld þau, sem greidd eru af saltsíld innanlands, eru orðin það há að þau hafa veruleg áhrif á samkeppnisaðstöðu þess iðnaðar hér á landi við þann iðnað erlendis sem að miklu leyti byggist á saltsíld sem íslendingar landa þar.

9. gr. frv. greinir frá því hvernig fé því, sem kemur á reikning ríkissjóðs við gengisfellinguna skv. 2. gr. l. nr. 78 1974, skuli ráðstafað. Þar er um að ræða mikla fjárupphæð, um 1250 millj. kr. Eins og ég sagði í upphafi míns máls er það venja að þessu fé sé ráðstafað til hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst til þess að greiða hluta af því gengistapi sem á þessar greinar hefur lagst við gengisfellinguna.

Í bréfi frá sjútvrn., sem barst Nd. Alþ. 9. des. s.l. og var dags. þann dag, greinir sjútvrn. frá því hvernig það hyggst ráðstafa þessum gengishagnaði, sem svo er nefndur. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að 600 millj. kr. renni til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa. Jafnframt er í sambandi við þessa upphæð tekið fram að sjútvrn. sé heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja. Þá er í

öðru lagi gert ráð fyrir því að 250 millj. kr. verði óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika í s.l. vetrarvertíð. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að 230 millj. kr. verði varið sem óafturkræfu framlagi til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að verja 50 millj. kr. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls, annars en loðnumjöls, sem framleitt var á tímabilinu 1. jan. til 31. ágúst 1974, enda komi allt fiskmjöl til verðjöfnunar í deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsverksmiðja. Eftirstöðvar af heildarupphæðinni verða þá 120 millj. kr.

Með þessum till. sjútvrn. fylgdi allítarleg grg. Er þar fyrst og fremst fjallað um það hvernig rn. hyggst haga framkvæmd þessa máls.

Rn. gerir í sambandi við a-liðinn ráð fyrir því að stofnaður verði sérstakur reikningur fyrir hvert skip hjá Stofnfjársjóði fiskiskipa, sem skuldar erlend lán. Þeirri fjárhæð, sem ávísað yrði á hvern reikning, yrði skipt í þrjá hluta til að aðstoða viðkomandi útgerð við að standa í skilum með afborganir og vexti við Fiskveiðasjóð, Ríkisábyrgðasjóð og Byggðasjóð næstu 3 árin. Verði inneign á þessum reikningi þegar viðkomandi útgerð hefur greitt sína árlegu afborgun eða tvær sex mánaða afborganir, skal greiða mismuninn út af reikningnum til útgerðarinnar. Einnig kemur fram í þessu skjali útreikningur á gengistapi frá 1. jan. til 29. ágúst annars vegar og hins vegar vegna gengisbreytingarinnar 29. ágúst. Einnig er greint frá því hvernig rn. hyggst nota 400 millj. til skammtímalána til þess að bæta lausafjárstöðu fiskvinnslufyrirtækja. Um það atriði var töluvert rætt á fyrrnefndum sameiginlegum fundi sjútvn., þar sem mættir voru fulltrúar rn., og hefur verið að því spurt, á hvern máta slíkt verði gert. Hér er um skammtímalán að ræða af fjármagni sem þarf að vera handbært innan mjög stutts tíma í greiðslur vegna hækkunar erlendra lána skipa- og bátaeigenda. Því hefur verið svarað, að bankar muni sjá um þetta að öllu leyti, þeir muni lána þetta fé sem lið í breytingu lausaskulda í lengri lán. Jafnframt hefur verið upplýst þegar spurt hefur verið um endurheimtu þessa fjár, að ríkissjóður muni að sjálfsögðu standa ábyrgur fyrir því að þetta fjármagn verði til reiðu til greiðslu í Stofnlánasjóð fiskiskipa þegar þess gerist þörf. Það er ekki að ástæðulausu að þetta hefur verið rætt. Greiðsluerfiðleikar eru miklir hjá mörgum þeim aðilum sem þarna mundu njóta. Innheimta er oft erfið og í mörgum tilfellum e.t.v. vafasamt að unnt sé að tryggja skammtímalán sem þetta með þeim veðum, að vel geti talist öruggt að lánið fáist greitt á viðhlítandi tíma. Mér sýnist í fljótu bragði að þessi ráðstöfun geti orkað tvímælis, en legg höfuðáherslu á það í þessu sambandi, að ríkissjóður verður að sjálfsögðu, eins og fullyrt hefur verið, að standa ábyrgur fyrir því að þetta fjármagn verði til reiðu þegar þess gerist þörf samkvæmt því sem ég hef áður sagt um notkun þess.

2. liður fjallar um 250 millj. kr. óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á s.l. vetrarvertíð. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Lagt er til að ákveðnum aðila, t.d. Aflatryggingasjóði, verði falið að annast þessa greiðslu eftir ákvörðun rn. í hverju einstöku tilfelli og geti rn. ákveðið ef það telur þess þörf, að einstakar greiðslur fari beint til lánardrottna viðkomandi útgerðar.“

Rn. vinnur nú að samningu reglna varðandi skiptingu þessarar fjárhæðar og er þar stuðst við upplýsingar frá Aflatryggingasjóði um einstaka báta. Satt að segja er engin furða þótt menn hafi staldrað við þetta og sýnst framkvæmdin æði flókin að mörgu leyti.

Rétt er að geta þess í þessu sambandi, að í till. rn. var upphaflega gert ráð fyrir því að þetta yrði eingöngu bundið við tímabilið frá 1. jan. til 15. maí í ár. Hins vegar hefur nú orðið samkomulag um að þessi tími verði lengdur allt til 15. sept., þannig að þessi aðstoð nái ekki aðeins yfir vetrarvertíðina, heldur einnig yfir sumartímann. Í reglum rn. var einnig gert ráð fyrir því að miðað yrði við báta 20 smálestir eða stærri. Nú hefur orðið samkomulag um að aðstoðin nái til báta allt að 12 smálestum. Að sjálfsögðu eykur þessi útvíkkun, bæði tíminn og bátastærðin, allverulega á umfang þessa máls og gerir það að ýmsu leyti erfiðara í framkvæmd. Ljóst er að meta verður mörg tilfelli sem eru á mörkum og ekki ólíklegt að skoða verði bátastærð með tilliti til þeirra aðstæðna sem eru í hinum ýmsu landshlutum og eru mjög breytilegar.

Einnig er vert að geta þess, að till. rn. gera ráð fyrir því að farið verði eingöngu að reglum Aflatryggingasjóðs við úthlutun þessa fjármagns. Við það hefur LÍÚ gert athugasemd. Leggur LÍÚ áherslu á að helmingi þessarar fjárupphæðar verði úthlutað eftir úthaldsdögum. Samkomulag hefur orðið um það í sjútvn. og við rn. að úthlutunin verði þannig að 150 millj. kr. verði úthlutað skv. reglum Aflatryggingasjóðs eða með hliðsjón af þeim, en 100 millj. kr. verði úthlutað á úthaldsdaga. Er þar gengið verulega til móts við óskir LÍÚ.

Einnig kemur fram í bréfi rn., að rn. telur sig þurfa að taka tillit til óhappa, sem orðið hafa og meta slík óhöpp í einstökum tilfellum.

Af því, sem ég hef sagt um þennan lið, hygg ég að mönnum sé ljóst að þarna er um margslungið mál að ræða, og það er að mörgu leyti illt að þær reglur, sem rn. nú vinnur að, skuli ekki liggja fyrir sjútvn. þingsins til að skoða.

3. liður í till. rn. gerir, eins og ég sagði áðan, ráð fyrir því að 230 millj. kr. verði varið sem óafturkræfu framlagi til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra. Í grg. rn. kemur fram að úthlutað muni verða miðað við úthaldsdaga. E.t.v. má deila um þá reglu eins og flest annað, þegar um slík mál er að ræða. En við getum verið sammála um það að sú regla er stórum einfaldari en þær sem gert er ráð fyrir að fylgt verði í sambandi við 2. lið og ég hef rætt um.

Að því hefur verið spurt, hvort ekki eigi sömu reglur að gilda um togara. Því hefur verið svarað að togarar eru langtum minna háðir aðstæðum en bátar. Þeir leita afla í kringum landið allt. Úthaldsdagar þeirra eru að ýmsu leyti öruggari mælikvarði heldur en hjá minni bátunum, og hefur því rn. talið eðlilegt að hafa þennan hátt þarna á. Ég fyrir mitt leyti er þessu

samþykkur, fyrst og fremst með tilliti til þess, að framkvæmd á þennan veg er stórum einfaldari, og ég hygg að nokkuð sé fyrir það gefandi.

Í 4. lið er fjallað um ráðstöfun á 50 millj. kr. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna fiskmjölsframleiðslu á þessu ári. Í grg. rn. kemur fram að þar verður ekki tekin með vinnsla á loðnu. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Miklir rekstrarerfiðleikar hafa skapast á þessu ári hjá fiskmjölsverksmiðjum vegna vinnslu fiskmjöls, þar sem þessir aðilar eiga ekki aðild að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og fá þar af leiðandi engar bætur frá honum vegna þess verðfalls sem orðið hefur á þessu ári. Rn. leggur til að 50 millj. kr. af gengishagnaðarsjóði verði ráðstafað sem óafturkræfu framlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls sem framleitt var á tímabilinu frá 1. jan. til 31. ágúst 1974, enda komi fiskmjölið inn í deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsverksmiðja.“

Um þennan lið má eflaust margt segja og deila. Í raun og veru er hér verið að þrýsta þessum framleiðendum inn í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Ég fyrir mitt leyti tel að þeir eigi þar að vera.

Að lokum er rætt um eftirstöðvarnar sem eru 120 millj. kr. Í sept. s. l. voru tæplega 20 millj. kr. fengnar að láni úr gengishagnaðarsjóði til að greiða bætur til þeirra skipa, sem stundað hafa síldveiðar í Norðursjó á þessu ári, vegna aukins olíukostnaðar. 20 millj. kr. hefur því raunar þegar verið ráðstafað, en 100 millj. er óráðstafað.

Í umr. um þetta mál var að sjálfsögðu allmjög fjallað um þessar 100 millj. kr. Ég hygg að allir geri sér grein fyrir því að þörfin er mikil. Þessir peningar munu að sjálfsögðu notast auðveldlega. Fram kom m. a. sú ábending að rétt væri að nokkrum hluta af þessu væri ráðstafað til aðstoðar sjómönnum. Sérstaklega var á það bent að eðlilegt gæti talist að ráðstafa nokkurri upphæð til að styrkja lífeyrissjóð þeirra sem vissulega verður einnig fyrir barðinu á gengislækkuninni og þeim verðhækkunum sem í kjölfar hennar fylgja. Sjútvn. Nd. lagði til að 15 millj. kr. væri varið til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra sem fá greiddan lífeyri úr lífeyrissjóði sjómanna. Jafnframt hefur deildin samþykkt að 11 millj. kr. verði varið til orlofshúsa sjómannasamtakanna. Þetta eru samtals 26 millj. kr., og er það góðra gjalda vert. Þó sýnist mér að þessi upphæð hefði mátt vera meiri, og tel ég eðlilegt að við athugun á því, hvernig þeim 74 millj. kr., sem enn er óráðstafað, verði ráðstafað, verði þetta mál skoðað betur og væntanlega meira fjármagni varið til þess að styrkja lífeyrissjóð sjómanna.

Í 9. gr. frv. segir svo í lok greinarinnar: „Sjútvrn. setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.“ Þetta ákvæði er óvenjulegt í svipuðum lögum um ráðstöfun gengishagnaðar. Í flestum tilfellum hefur verið um mikið fjármagn að ræða og svo er óumdeilanlega í þessu tilfelli. Talið hefur verið eðlilegt að ríkisstj. í heild setti reglur um ráðstöfun á slíku fjármagni. Þetta hefur verið talið eðlilegt, m. a. vegna þess að um ráðstöfun slíks fjármagns eru eðlilega skiptar skoðanir. Ég fyrir mitt leyti tel því mjög óæskilegt að eitt rn. axli þennan vanda og tel að það geti valdið verulegri tortryggni við framkvæmd þessa mikilvæga máls. Ég hef því lagt á það áherslu í þeim viðræðum, sem ég hef átt við aðra um þetta mál og m. a. hæstv. sjútvrh., að hér þurfi að verða önnur framkvæmd Ég legg á það mjög ríka áherslu að við setningu reglna um ráðstöfun á þessum gengishagnaði verði ríkisstj. öll til kvödd. Ég legg einnig á það áherslu með tilliti til þess sem ég hef sagt hér áður um ýmislegt, sem er óljóst í þessu sambandi og ég ætla ekki að endurtaka, að ég hefði talið æskilegra, eins og ég sagði, að sjútvn. þingsins hefðu fengið að sjá þær reglur sem settar verða, því tel ég eðlilegt að sjútvn. þessa þings fái einnig að fylgjast með setningu þeirra reglna sem hér um ræðir.

Með tilliti til þessa fagna ég þeim ummælum sjútvrh. í framsöguræðu hans áðan, þar sem hann lagði áherslu á að hann muni við setningu reglna um ráðstöfun á gengishagnaði hafa fullt samráð við ríkisstj. Jafngildir það í mínum huga að ríkisstj. sem slík setji þær reglur. Ég fagna því einnig sem kom fram hjá honum, þar sem hann vísar að vísu til frsm. sjútvn. Nd., en ég skildi hann svo að hann staðfesti hans ummæli, að samráð mun verða haft við sjútvn. þingsins þegar reglur þessar eru settar. Þótt ég hafi að vísu kosið að orðalag þetta væri ákveðnara í frv. sjálfu, lít ég svo á þessi ummæli að þau séu fullnægjandi og geri því ekki athugasemdir. Ég lít á þessi ummæli sem bindandi.

Að þessu mæltu endurtek ég að meiri hl. n., sem að standa þeir einstaklingar sem ég nefndi áðan, mælir með því að frv. verði samþ. óbreytt eins og það hefur til okkar borist frá hv. Nd.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. formaður sjútvn. þessarar d., Steingrímur Hermannsson, greindi frá, klofnaði n. um þetta frv. og við Jón Árm. Héðinsson, hv. þm., skilum minnihlutaáliti, sem ég mun nú lesa:

„Frv. þetta er með þeim hætti að til einsdæma hlýtur að teljast í þingsögunni. Það hefur ekki skeð fyrr að einstökum ráðh. væru fengin hundruð millj. til úthlutunar án þess að kveðið væri á um það, svo að óyggjandi væri, á hvern hátt fénu væri ráðstafað að lögum. Þrátt fyrir óskýr fyrirheit af hálfu starfsmanna sjútvrn., sem hníga þó í þá átt að leitað verði álits ýmissa stofnana, sem fyrir eru, um ráðstöfun þessa fjár, og enda þótt kveðið sé á um það að sumu leyti hvernig fénu skuli ráðstafað, þá liggur við að lesa megi milli línanna í lagafrv. þessu að geðþótti ráðh. skuli ráða. Tekur minni hl. sjútvn. ekki gildar afsakanir um tímaskort við undirbúning frv.

Frv. það, sem hér um ræðir, er tvíþætt og fjallar annars vegar um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna afkomuerfiðleika sem m. a. stafa af gengisfellingu hægri stjórnarinnar, en á hinn bóginn fjallar það um ráðstöfun gengishagnaðar af völdum gengisfellingarinnar.

Ráðstafanir, sem gerðar eru vegna afkomuörðugleikanna, miðast einvörðungu við tilfærslu

fjármuna innan sjálfrar atvinnugreinarinnar og þá fyrst og fremst frá launþegunum til atvinnurekendanna. Samkv. 2. og 3. gr. frv. skal þannig stækka þann hlut, sem tekinn er af óskiptum aflahlut, mjög svo verulega og ráðstafa honum til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, þ. e. a. s. einvörðungu í þágu atvinnurekenda. Með þessu verða kjör sjómannastéttarinnar skert verulega og þar með vegið að sjálfum grundvellinum að frjálsum kjarasamningum þeirra. Sjómannasamtökin hafa mótmælt þessu gerræði ríkisstj. harðlega og lýst yfir því að það eitt sé fullnægjandi ástæða til að segja upp gildandi kjarasamningum.

Minni hl. sjútvn. Ed. lýsir yfir samþykki við þessa afstöðu sjómanna og vekur jafnframt athygli á því, að þegar svo er að unnið í kjaramálum má teljast sennilegt, að ráðstafanir þessar, sem ætlaðar eru til þess að bæta úr afkomuerfiðleikum, verði raunar til þess að auka erfiðleikana að mun og stefna jafnvel til algjörrar stöðvunar fiskiskipaflotans, ef sjómenn verða neyddir til þess að leggja út í verkfallsbaráttu til þess að rétta hlut sinn.

Minni hl. n. leggur til, að frvgr. verði felldar niður.

Í 1. gr. gerðist það í fyrsta skipti, að ráðin eru tekin af Verðlagsráði sjávarútvegsins með því að heimila ekki nema óverulega fiskverðshækkun á sama tíma og reynt var að ná samkomulagi um fiskverðið í Verðlagsráðinu og áður en séð yrði hvort það mundi geta tekist. Þegar þetta gerðist hafði engin hækkun fengist fram á fiskverðinu frá áramótum 1973—74 og sjómenn því ekki fengið launahækkanir á tímabilinu til samræmis við aðra launþega. Þeim mun tilfinnanlegri hafði þessi seinkun á launabótum sjómannastéttarinnar orðið þar sem afli hafði farið rýrnandi. Auk þess sem hér var um að ræða ráðstöfun sem kom í veg fyrir það, að sjómenn gætu fengið launahækkanir til jafns við aðrar stéttir, er hér um hættulegt fordæmi að ræða, þ. e. a. s. það fordæmi að ríkisstj. grípur með brbl. inn í atriði frjálsrar samningsgerðar launastéttar á meðan sú samningsgerð stendur yfir og ekkert bendir til annars en hún hefði getað tekist án afskipta ríkisvaldsins.

Með 4. gr. frv. er kostnaði vegna verðhækkunar á olíu velt yfir á sjómenn að miklu leyti, vegna þess að þessar tilfærslur fjármuna innan atvinnugreinarinnar koma í veg fyrir hækkun fiskverðs, sem ella hefði getað orðið. Með þessari grein er sjávarútveginum í rauninni sjálfum gert að standa undir olíuverðhækkuninni og stór hluti þeirra byrða lagður á launþegana í atvinnugreininni — sjómennina.

Um 5., 6., 7. og 8. gr. frv. er ekki ágreiningur í sjútvn. Þó vill minni hl. n. benda á nauðsyn þess, að vátryggingamál fiskiskipa verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Svo sem fyrr segir telur minni hl. n. óeðlilegt að ráðh. verði falið að ráðstafa hundruðum millj. kr. í lán og styrki eftir svo óljósum reglum. Því leggjum við til á sérstöku þskj., að ákveðnar reglur verði markaðar í lögum um þessi efni og framkvæmdin falin þeim aðilum, sem eðlilegt er að um hana fjalli.

Við teljum eðlilegt að úthlutun gengishagnaðar sé miðuð jafnt við sumar- sem vetrarúthald og fellum okkur ekki við neins konar takmarkanir varðandi stærð þeirra báta, sem rétt hafi til síns hluta af gengishagnaðinum. Teljum við að hlutur smábátaútvegsins í verðmætasköpuninni sé miklu stærri en svo, að sjómenn þeir og útvegsmenn, sem við hann vinna, verði algjörlega sniðgengnir með nokkrum rétti. Teljum við fráleitt að vitna í rekstur smárra þilfarsbáta í þeim landshlutum þar sem hann er verstur, því til sönnunnar, að ekki beri að úthluta einhverjum af gengishagnaði til báta undir 20 lestum í þeim landshlutum og verstöðvum, þar sem rekstur litlu bátanna og þjóðhagsleg þýðing þeirra skarar jafnvel fram úr því sem best gerist um stærstu fiskiskipin.“

Undir þetta nál. skrifum við Stefán Jónsson og Jón Árm. Héðinsson.

Ég tók fram við 1. umr. um frv. fyrr á þessum degi, að ég vildi ekki tefja afgreiðslu málsins. Þetta mál er komið í eindaga, eitthvað verður að gera, og þetta eitthvað felst í frv. þessu til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi sem við fjöllum um nú í kvöld. Öllu nánar verður efni frv. raunar ekki skilgreint. En tíminn er naumur og frv. verðum við að afgreiða fyrir jólaleyfi og við munum ekki tefja það með málþófi. Ég hlýt þó að kvarta um það nú, er ég tek til máls öðru sinni um frv., að hæstv. sjútvrh. skyldi ekki svara fsp. sem ég bar fram í fyrri ræðu minni og ekki heldur formaður sjútvn., sem mælti þó með nokkrum semingi með samþykkt frv. Ég tel, að með ákvæðinu um að taka hér út úr bátana undir 20 smálestum sé raunverulega stefnt út á nýjar brautir í sjávarútvegi okkar. Hér er verið, ef svo má segja, að löggilda smábátaútveginn sem annars flokks útgerð, þrátt fyrir þá staðreynd að þjóðhagslega séð mun þessi útgerð, þar sem hún er sæmilega stunduð, vera arðbærust, þrátt fyrir þá staðreynd að útgeð þessara smáu báta, línubátanna, kostar ríkisheildina langminnst.

Ég gat þess í ræðu minni áður, að hið opinbera verður að borga niður olíueyðslu hvers skuttogara, sem aflar 3000 tonna af fiski, með um það bil 33 millj kr. En bátafiskur, fiskur línubátanna er svo miklu ódýrari í framleiðslu hvað orkueyðslu snertir, að fyrir 3000 lestir af línufiski þarf ríkissjóður aðeins að greiða niður olíu um það sem nemur 3.3 millj.

Þá er hitt ótalið enn, hversu miklu betri vara það er sem litlu bátarnir færa að landi, þeir sem róa að morgni og koma að kvöldi yfirleitt, með hvaða hætti gæði þeirrar vöru hafa haldið uppi verðinu á togarafiskinum og netafiskinum sem aflað hefur verið hérna á Faxaflóasvæðinu, þar sem ástandið er nú orðið þannig að ekki er hægt að gera litlu bátana út. 20 tonna bátar, sem skila ágætum hagnaði fyrir Norðurlandi, verða ekki gerðir út á svæðinu hér við Faxaflóa.

Það er svo annað mál, sem hægt er að ræða seinna, hvernig á því stendur að útgerðin á Faxaflóasvæðinu er komin í slík óskapavandræði sem raun ber vitni um. Má geta þess aðeins í fljótu bragði, að ein af ástæðunum er sú að bátaútvegurinn hér við Faxaflóa hefur orðið að keppa við Keflavíkurflugvöll og álverksmiðjuna í Straumsvík um vinnuaflið. Nú er svo kom-

ið að bátaútvegurinn við Faxaflóa, sem áður flutti inn vinnuafl, flutti suður vinnuafl úr verstöðvunum að vestan, austan og norðan, fékk þaðan vinnuafl á vetrarvertíðina, hann fær ekki þetta vinnuafl lengur, vegna þess að sjómennirnir hafa vinnu allt árið í þeim verstöðvum, vegna þess að útvegurinn er betur rekinn þar. Þetta er ein af meginástæðunum fyrir því hvernig komið er fyrir sjávarútveginum við Faxaflóa.

En víkjum aftur beint að frv. Við flm. nál. minni hl., við hv. þm. Jón Árm. Héðinsson, flytjum brtt. við frv. á þskj. 216 og ég ætla aðeins að renna yfir þessar brtt.

1. brtt. er, að 1. gr. frv. falli niður, 2. brtt. er sú, að 2 gr. falli niður, 3. gr. falli niður og 4. gr. falli niður.

5. brtt. er sú, að stafliðir í 9. gr. orðist svo:

„a. Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr. — Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa 300 millj. kr. af þessari fjárhæð, samkv. reglugerð er hann setur og ráðh. staðfestir, til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, enda verði krafist öruggra trygginga fyrir lánum þessum.

b. Styrkur til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á tímabilinu frá 1. jan. til 1. sept. 1974 250 millj. kr. — Styrkupphæðinni verði skipt þannig, að 40% hennar verði ráðstafað einvörðungu með tilliti til mannúthaldsdaga og 60% í samræmi við reglur er Aflatryggingasjóður setur, þar sem tekið verði tillit m. a. til aflamagns og lágmarkstekna, sem skipið þarf að hafa til að geta greitt kauptryggingu, enda hafi kaupgreiðslur til sjómanna forgang. — Allir fiskibátar, án tillits til stærðar, skulu hljóta styrk samkv. ákvæðum þessa stafliðs.

c. Styrkur til skuttogara verði 230 millj. kr. og miðist við fjölda úthaldsdaga.

d. Til lífeyrissjóða sjómanna 80 millj. kr., m. a. til þess að verðbæta lífeyrisgreiðslur til aldraðra sjómanna og ekkna samkv. reglum, er stjórn sjóðanna setja.

e. 20 millj. kr. til sjómannasamtakanna til byggingar orlofshúsa og annarra félagsmála, eftir nánari ákvörðun stjórnar samtakanna.

f. Eftirstöðvum verði ráðstafað með sérstökum lögum af Alþ. síðar, þegar nákvæmari upplýsingar liggja fyrir um stöðu sjávarútvegs og fiskvinnslu.“

Ég ræði svo ekki frv. frekar og tel mig ekki þurfa að gera frekari grein fyrir afstöðu minni hl. sjútvn. en þá sem fram kemur í áliti n. og brtt.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Enda þótt mér sé ljóst að það sé ýmislegt í þessu frv. sem hér um ræðir sem orkar tvímælis, þá sýnist mér að í öllum meginatriðum séu farnar troðnar slóðir, og þess vegna hef ég mælt með frv. óbreyttu. Hér er um viðkvæmt vandamál að ræða, og ég gat ekki séð að við gætum komið á breytingum sem yrðu til batnaðar.

Ég kom hér fyrst og fremst til þess að segja nokkur orð vegna ummæla hv. 5. þm. Norðurl. e. á þann veg að útgerðin á Suðurnesjum væri verst rekna útgerð í landinu. Nú er svolítið erfitt að sanna að svo sé ekki, en mér finnst þetta svo mikið ófugmæli að þótt ég sé nú ekki mikið fyrir að fara í pontuna, þá komst ég ekki hjá því að segja örfá orð um þetta.

Mér sýnist nefnilega að þingkjörnar stjórnir undanfarinna ára hafi litið svo á að útgerðin á Suðurnesjum væri svo vel rekin að hún þyrfti alls ekki að sitja við sama borð og útgerð annars staðar á landinu. Með þessu tel ég í raun og veru því fullsvarað sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði. Ein af þeim ástæðum, sem valda því að útgerðin á Suðurnesjum er núna í öngþveiti, er að sjálfsögðu sú að hún hefur í mörg ár ekki notið sömu lánafyrirgreiðslu og sama fjármagns og útgerð annars staðar á landinu. Þetta veldur m. a. því að þessi útgerð verður nú að sætta sig við 24% refsivexti í stórum stíl, og ég veit að fjármálamenn a. m. k. hafa hugmynd um hvað það þýðir. En það eru fleiri ástæður sem valda erfiðleikum, m. a. sú ástæðan að afli á Suðurnesjum á vetrarvertíð nú 1974 muni vera á milli 40 og 50% minni en á árinu á undan, og ég held að jafnvel hv. þm., sem hér talaði síðast, fallist á að þetta hafi einhverja þýðingu, einkum þar sem um mörg undanfarin ár hefur þetta verið svo, eins og ég sagði áður, að útgerðin hafi átt við lakari kjör að búa en aðrir útgerðaraðilar í landinu. Hann taldi mikið til fyrirmyndar útgerðina á Húsavík og einkum að þar ættu menn sína báta sjálfir og hefðu þess vegna persónulegra hagsmuna að gæta og allt gengi þar vel. Þetta er nákvæmlega það sem segja má um alla Suðurnesjaútgerð. Þar er ekki einu sinni til ein einasta bæjarútgerð. Þar eiga sjómennirnir bátana sína sjálfir, og það er ekki neitt smáræði, því að þessi útgerð færir að landi milli 20 og 30% af öllum bolfiskafla í landinu og hefur komist yfir 30%. En hins vegar er það svo, að ég býst við að framtíðin muni verða heldur dekkri á þessu svæði en verið hefur, og hef ég þar einkum í huga að ég býst við því að hið gengdarlausa smáfiskadráp fyrir Norður- og Austurlandi, bæði erlendra og innlendra aðila, á undanförnum árum, sé farið að segja til sín og gotfiskurinn og netafiskurinn, eins og getið var um áðan að væri ekki góð vara, fer nú hraðminnkandi, — þetta sé ein orsökin til þess og við eigum eftir að finna fyrir minnkandi afla á komandi árum.

Ég vil einnig gera aðeins skil því sem hv. þm. sagði um olíunotkun skuttogara. Hann vildi ekki fallast á það, að afkoma skuttogaranna væri slæm, og gat um togara, sem græddu, en sagði samt að þeir eyddu kg af olíu á móti kg af veiddum fiski. Hann sagði margt annað fróðlegt. En ég skal nú leiðrétta þetta aðeins, því að ég get ekki hugsað mér hvernig í ósköpunum hægt væri að láta það skip bera sig sem þannig væri ástatt um. Hins vegar er ástandið ekki alveg svona slæmt. Eftir þeim heimildum, sem ég hef fengið annars staðar að, er það svo, að til þess að veiða 9 þús. kg af fiski, sem er meðaldagsveiði skuttogara núna, þá eyða þeir 5 þús. kg af olíu. Hvort tveggja er slæmt, en þetta er þó mun skárra. Ég vil leggja áherslu á að það er að því leyti rétt, sem hv. þm. sagði um þá skiptingu sem nú er verið að gera. Við vitum að þeir fjármunir, sem hér er verið að skipta, eru í rauninni að langmestu leyti fjármunir bátaút-

vegsins og fiskvinnslunnar. Skuttogararnir — og togaraflotinn — eiga þar ekki stóran hlut. Hann verður stærri síðar meir, en á árinu 1974 er hann enn ekki nema ca. ¼ af þeim bolfiskafla sem á land kemur.

Suðurnesjamenn hafa farið varhluta af þessari nýtísku útgerð. Það er ekki Keflavíkurflugvelli eða Straumsvík að kenna. En það er fyrst og fremst því að kenna að þeir fá ekki sömu fyrirgreiðslu og aðrir landsmenn. Ég held að það verði ekki fyrst og fremst mannaflaskortur sem veldur því, að bátarnir á Suðurnesjum komast ekki út, en það gæti orðið fjármagnsskortur. Og því er ekki að leyna, að það er mikil óánægja einmitt með þetta atriði í okkar kjördæmi. Það er vitað mál, að áratugum saman hafa Suðurnesin verið ásamt Vestfjörðum afkastamesta veiðisvæði landsins, fiskur þar sjaldan brugðist og útgerðin lengst af staðið með blóma. En af ýmsum ástæðum, bæði ástæðum sem ég hef getið um og ástæðum, sem við vitum ekki um, þá virðist svo sem fiskimagn við Suðurnes sé að ganga til þurrðar, og það er að sjálfsögðu ein aðalskýringin á erfiðri afkomu í ár.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég lái ekki hv. þm. Oddi Ólafssyni þó að hann stæði upp til andmæla, fyrst honum heyrðist ég segja beinlínis að á Suðurnesjum væri verst rekin útgerð á Íslandi. Ég hef þetta að vísu ekki skrifað, en mig minnir endilega að ég hafi orðað það svo: þar sem útgerð 20 tonna báta og minni væri verst. (**OÓ:** Þú staðfestir það við mig.) Ja, hafi ég staðfest það, þá átti ég við þetta atriði. Ég hygg að þetta muni koma fram þegar við sjáum ræðu okkar skrifaða, svo að við skulum ekki bítast um það.

Það er alveg rétt að það er algengt hér á Suðurnesjum að sjómenn eigi bátana sína sjálfir eða hluta í þeim eins og fyrir norðan. En mismunurinn liggur í því að sjómennirnir hér á Suðurnesjum eiga ekki fiskiðjuverin sjálfir eins og sjómennirnir á Húsavík, sem eiga beina eignaraðild að fiskiðjuverinu þar, sem greiddi þeim s. l. ár 15% ofan á umsamið fiskverð, á sama tíma og eigendur frystihúsanna hér við Faxaflóa og á Suðurnesjum gengu hágrátandi undan því að borga umsamið fiskverð. Munurinn liggur í því, að á þessum stöðum víða úti á landi eiga menn slíka aðild að fiskiðjuverunum, annars staðar með nokkrum öðrum hætti, eins og t. d. á Hornafirði, þar sem um er að ræða samvinnufyrirtæki, þ. e. frystihús kaupfélagsins, sameignarfyrirtæki á Norðfirði og víðar á Austfjörðunum. Munurinn liggur aðallega í þessu, að sjómennirnir halda áfram að eiga þennan afla á meðan verið er að fjórfalda hann í verði og njóta síðan arðsins af sölunni, samtímis því sem fiskverkunin, sem ég vil enn þá telja til útgerðar, á sama tíma sem fiskverkunin hér við Faxaflóa og á Suðurnesjum hefur einkennst miklu meira af braski.

Það tæki of langan tíma að fara að rekja þá sögu eftir heimildum og skemmtilegum — allt að því dýrðlegum frásögnum frá þeim tíma þegar útvegsbændurnir hér við Faxaflóa voru kóngar í ríki sínu, þegar fiskverkunin eftir vetrarvertíðina var heimilisiðnaður. Ég sé þann tíma, ég sé það tímabil, ég verð að játa það, í hillingum hérna við flóann. Við eigum örlítið eftir af þessu enn þá í Garðinum, þar sem rekin eru smáfiskverkunarfyrirtæki, allt að því með heimilisiðnaðarsniði, enn þá og eru til hinnar mestu fyrirmyndar. En þessi fyrirtæki borga ekki sjómönnunum verðuppbætur á fiskinn.

Það eru frystihúsin hér við Faxaflóa sem æpa á efnahagslega hjálp, samtímis því sem fiskiðjuverið á Húsavík borgar 15% verðuppbætur ofan á umsamið fiskverð. Hvernig skyldi standa á því?

Svo að við víkjum að olíunotkuninni, þá get ég aðeins tilgreint frumheimildir mínar fyrir tölunum sem ég nefndi. Ég hef það eftir skrifstofu Fiskifélags Íslands að dagseyðsla á minni togurunum sé 7—8 tonn, 8—9 tonn á stærri togurunum og að áætlaður dagsafli rökstuddur með reynslu sé 8—10 tonn. Meðalolíueyðsla flotans á árinu sem leið var eitt tonn af olíu á móti 5 tonnum af fiski, ef mig minnir rétt.

ATKVGR.

Brtt. 216,1 felld með 12:4 atkv.
1. gr. samþ. með 12:4 atkv.
Brtt. 216,2 felld með 12:4 atkv.
2. gr. samþ. með 12:4 atkv.
Brtt. 216,3 felld með 12:4 atkv.
3. gr. samþ. með 12:4 atkv.
Brtt. 216,4 felld með 12:4 atkv.
4. gr. samþ. með 12:4 atkv.
5. gr. samþ. með 12:4 atkv.
6.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 216,5 felld með 12:4 atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 35. fundi.

Ráðstafanir í sjávarútvegi, frv. (þskj. 209). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 226).

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frv. (þskj. 178). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr til Nd.

Neðri deild, 31. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., kl. 8.50 síðdegis.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 155). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er gert í þeim tilgangi að útibú Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verði rekin að öllu leyti af ríkissjóði í stað þess, sem er í gildandi lögum, að stofnkostnaði við útibúin eigi að skipta á milli ríkis og viðkomandi sveitarfélags. Þykir rétt að afnema það og að ríkissjóður kosti útibúin að öllu leyti, eins og ríkissjóður kostar aðalstofnunina, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hér í Reykjavík. Sömuleiðis kostar ríkissjóður Hafrannsóknastofnunina og útibú þau sem hún kann að setja á stofn, og hún hefur nú þegar sett sitt fyrsta útibú á stofn, sem er tekið til starfa á Húsavík. Enn fremur má minna á það að allar rannsóknastofnanir í öðrum greinum eru kostaðar að öllu leyti af ríkissjóði. Því er eðlilegt að gera þessa breytingu, að því er ég tel.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 223). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Forseti. Frv. um þetta efni var flutt seint á síðasta Alþ., en varð þá ekki útrætt. Það hét þá „Frumvarp til laga um Ríkismat sjávarafurða", en í þessu frv. hefur nafninu verið breytt á þann veg að það heitir nú „Framleiðslueftirlit sjávarafurða", enda tel ég að það nái frekar til þess hlutverks sem það á að gegna, en það er meira en mat á sjávarafurðum, það er einnig að fylgjast með búnaði fiskverkunarstöðva. Að verulegu leyti er frv. samhljóða því frv. sem flutt var á síðasta þingi. Þó var breytt 6. gr., að við skipun forstjóra þessarar stofnunar skal ráðh. taka tillit til háskólaprófs í matvælafræðum eða annarrar sambærilegrar menntunar umsækjenda, samkv. þeirri till. sem sjútvn. Ed. lagði til og kom inn í frv. Enn fremur var sú breyting gerð, að aftan við 9. gr. bætist að nemendur, sem lokið hafa prófi frá Fiskvinnsluskólanum, skuli njóta forgangs við ráðningu matsmanna. Ég tel það eðlilegt, en ég tel að þrátt fyrir þessa breytingu hljóti allir að viðurkenna að þeir, sem hafa gegnt þessum störfum áður, séu jafngildir. En í framtíðinni finnst mér bæði sanngjarnt og eðlilegt að taka tillit til þess að þeir menn, sem leggja á sig nám á þessu sviði og ljúka prófi frá Fiskvinnsluskólunum, sitji fyrir um störf í sjávarútvegi.

Aðrar breytingar eru tiltölulega litlar, nánast orðalagsbreytingar og ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en legg mikla áherslu á að hraða afgreiðslu þessa máls, því að það er ætlunin að þegar þetta frv. er orðið að lögum verði fljótlega auglýst eftir forstöðumanni þessarar stofnunar sem þarf auðvitað að skipuleggja hana að nýju.

Hér er um að ræða að sameina starfsemi núverandi Fiskmats ríkisins og Síldarmats ríkisins í eina ríkisstofnun. Það hefur verið lítið starf hjá Síldarmati ríkisins á undanförnum árum af þeirri einu og eðlilegu ástæðu, að um síldarsöltun eða vinnslu úr síld hefur sama sem ekkert verið að ræða, og því er sú stofnun eiginlega orðin óþörf sem slík og á auðvitað að vera innan þessarar sömu stofnunar. Það er ekki gert ráð fyrir í þessu frv. að stofna þá deild við væntanlega stofnun, Framleiðslueftirlit sjávarafurða, en hins vegar ef síldarsöltun hefst hér aftur, þá er það mál alltaf opið. Ætlunin er að draga úr kostnaði, þegar þetta er orðin ein stofnun, og gera þar meiri hagræðingu en menn telja að hafi verið með því að hafa hér starfandi stofnanir með þessu sniði.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 197, n. 207 og 218, 217). — Frh. 2. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Tveir nm. sjútvn. eru sammála um að gefa út nál., það hefur verið lagt inn til prentunar og hefur ekki enn komið til útbýtingar. Við leggjum þar til, þ. e. formaður n., hv. 8. þm. Reykv., og ég, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá Ed.

Frsm. meiri hl. ræddi þetta mál nokkuð ítarlega hér og fannst mér þar sumt skjóta nokkuð skökku við, þar sem ég hélt að það væri eilífðarargangur í þessu máli hjá okkur, a. m. k. miðað við hans fyrri sjónarmið í sambandi við heimildir til erlendra aðila, um að veita undanþágu til fiskveiða hér innan fiskveiðimarkanna.

Ég vil benda á það í sambandi við þessar loðnuveiðar, að það má segja að það sé dálítið sérstakt með þær. Eins og allir eða sennilega flestir vita, sem nokkuð þekkja til sjávarútvegs, þá hagar loðnan göngu sinni á þann veg að hún kemur hér norðan úr höfum, gengur fyrir austan land suður með landinu og vestur fyrir það og norður fyrir aftur og þar segja fiskifæðingar að hún lognist út af eftir fyrstu og aðra hrygningu. Þetta frv., eins og það kom frá Ed., gerir ráð fyrir að einum tilteknum íslenskum aðila verði veitt heimild til loðnuveiða hér við land á erlendu skipin, sem hann er meðeigandi að, enda landi hann loðnunni á svæðinu frá Patreksfirði norður um til Seyðisfjarðar.

Nú hafa fiskifræðingar spáð því að í hönd fari einhver besta loðnuvertíð sem við getum átt von á, meira loðnumagn, að þeir telja heldur en við höfum áður þekkt. Mér sýnist því auðsætt að það verði ekki um það að ræða að skipin þurfi að slást um loðnuna, það verði nægilegt magn, aðeins komi til með að standa á að vinna hana í landi.

Þá er spurningin þessi. — Í þessu tilfelli er um að það að ræða að sá aðili, sem þar um ræðir, fái aðeins leyfi til að landa loðnunni á svæðinu frá Patreksfirði norður um að Seyðisfirði: Á sú loðna, sem gengur þessa leið, frekar að fá að ganga áfram norður um land og lognast þar út af og hverfa, frekar en leyfa þessum aðila að veiða hana að því marki sem hann getur á þessu eina skipi og landa henni hjá þeim stöðvum á þessu svæði sem beinlínis vantar hráefni á þessum tíma? Það er ekki von til þess, að íslensk skip landi framan af loðnuvertíð á svæðinu frá Patreksfirði og fyrir Norðurlandi. Ég vil benda á að einmitt þær verksmiðjur, sem þarna er um að ræða, og það fólk, sem á þessu landssvæði býr, vantar hráefni, fólkið vantar atvinnu, og eigum við frekar að láta loðnuna fara norður fyrir land og lognast út af eða láta verksmiðjurnar fá hana til vinnslu og fólkið fá atvinnu við að vinna hana? Ef hér væri um það að ræða að sótt væri um leyfi til að veiða loðnu og landa henni hvar sem er á landinu, eins og önnur íslensk skip gera, þá mundi ég alveg hiklaust vera á móti því því að það mundi ekki vera til annars en að taka veiðina og veiðimöguleikana frá öðrum íslenskum skipum, því að það hefur sýnt sig að þegar um mikla loðnugengd er að ræða, þá er það vinnslan í landi sem stendur á, en ekki veiði skipanna. Á þessu er sá reginmunur, að ég hygg að ekki einn einasti þm. mundi vilja standa að því að leyfa erlendu skipi, jafnvel þó að um íslenskan skipstjóra og íslenska áhöfn væri að ræða, veiðar ef ætlunin væri að leggja loðnuna á land á þeim stöðum þar sem vitað væri að verksmiðjurnar mundu ekki anna þeirri veiði sem íslensk skip leggðu þar á land.

Ég held að hv. Ed. hafi ekki gert neitt glappaskot þarna, eins og frsm. meiri hl. vildi vera láta, heldur hafi hún gert sér alveg fulla grein fyrir að þarna er verið að færa á land verðmæti, atvinnu handa fólkinu og útvegsatvinnu fyrir þjóðina í heild, aukna veiðimöguleika til löndunar á þeim stöðum þar sem hráefni vantar og fólkið vantar atvinnu. Þetta er að mínum dómi grundvallaratriði og kjarni málsins.

Ég er ekkert hræddur um að þetta þurfi að verða nokkurt fordæmi. Ég efast um það að það séu margir íslendingar sem vildu taka á leigu skip upp á þessi býti, að þurfa að sigla með allan afla norður fyrir land. Íslendingar hafa veigrað sér við að þurfa að gera það, þeir gera það í hreinum neyðartilvikum og þá aðeins stærstu skipin, svo að ég er ekkert hræddur um neitt fordæmi í því sambandi.

Ég skal taka það fram að það var alveg ákveðin skoðun okkar, sem að minnihluta nál. stöndum, að varðandi þau ákvæði eða ábendingar, sem fram koma í bréfi LÍÚ um flutningasjóð og olíuverð, aðild að vátryggingasjóði og stofnfjársjóð, kemur auðvitað ekki til mála að þetta skip njóti nokkurra þeirra fríðinda sem íslensk skip njóta. Það fær aðeins leyfi til veiðanna og verður að stunda þær án þess að það komi til greina að það fái flutningskostnað greiddan, fái olíu á því verði sem íslensk skip fá niðurgreidda olíu eða aðild að vátryggingasjóði eða stofnfjársjóði. Það liggur alveg ljóst fyrir frá okkar hendi, að við teljum að þetta komi ekki til greina, og má ekki skoða samþykkt frv. þannig að nokkurt fyrirheit sé um þetta veitt.

Hv. frsm. meiri hl. taldi þetta mál mjög fráleitt og aðalrök hans fyrir því voru þau að landhelgin væri allt annað en fiskveiðimörkin, landhelgin væri okkar eign, og vildi segja þar með að fiskveiðimörkin væru það ekki. Ég hef aldrei heyrt slíka undansláttarstefnu í okkar málum í sambandi við útfærslu fiskveiðilandhelginnar eins og þessa yfirlýsingu, að telja að fiskveiðimörkin séu ekki eign okkar íslendinga. Landgrunnið allt er samkv. l. frá 1968 okkar eign. Um það gilda íslensk lög sem hér hafa verið samþykkt og ekki mótmælt af neinum erlendum aðilum. Þau eru óvefengjanlega okkar eign. Við höfum alltaf haldið fram, sem höfum talað um fiskveiðimörkin, að öll verðmæti í hafinu fyrir ofan landgrunnið séu jafnhliða okkar yfirráðasvæði og þar með okkar eign. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur eða ofheyrn, nema hvort tveggja sé.) Það er alveg örugglega hægt að sjá þegar það kemur á prenti, að þetta var það sem hv. þm. sagði, að landhelgin væri okkar eign, sem þýðir það auðvitað, að hann meinar að ytri fiskveiðimörkin séu ekki okkar eign. En þetta er ekki það sem skiptir máli. Ég vil segja það, að þeir aðilar sem stóðu að því og hafa staðið að því að veita erlendum aðilum, við skulum segja t. d. bretum, — þá var um að ræða 137 skip, ef ég man rétt, sem eru bresk eign með breskri áhöfn og landa aflanum í sinni heimahöfn, sækja hann hingað á Íslandsmið fyrir Vestfjörðum, Norður- og Norðausturlandi, þar sem þeir vaða í smáfiskinum, sem er á uppeldisstöðvum ungfisksins okkar, og rýra þar með meira en nokkuð annað sem gert hefur verið, þann fiskstofn sem við í framtíðinni eigum að byggja á, — þeir menn, sem hafa fylgt þeirri stefnu, ættu ekki að koma hér upp í ræðustól og halda því fram að það frv., sem hér liggur fyrir, sé einhvers sérstaks eðlis og gangi miklu lengra en þau leyfi sem erlendir menn hafa fengið.

Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi: Þetta er sérstakt mál að því leyti að þarna er um að ræða að bjarga loðnu til lands frá því að lognast út af fyrir Norðurlandi, færa hana til verksmiðjanna, sem á þessu svæði hungrar eftir hráefni, og færa því fólki, sem á því svæði er, atvinnu yfir þann tíma sem það annars hefði ekki möguleika á atvinnu við þau störf sem unnin eru í verksmiðjunum.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er til umr., fjallar raunverulega um tvö atriði. Annars vegar er frv. um breyt. á l. nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, og hins vegar er aftur ákvæði til bráðabirgða, sem tekið var inn í málið í Ed., en upphaflega frv. er stjfrv. sem flutt var án þessa bráðabirgðaákvæðis.

Ég vil taka það fram varðandi hið fyrra frv., um löndun á loðnu til bræðslu, að það var yfirleitt álit nm. í sjútvn. að það væri fullsterkt til orða tekið í grg. fyrir frv. Það segir svo í niðurlagi 1. gr. frv.:

„Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar hjá verksmiðju þar sem n. hefur stöðvað löndun eða ekki auglýst laust móttökurými."

Um þessa gr. segir svo í aths., „að fiskiskipi er undir öllum kringumstæðum óheimilt að leita löndunar hjá verksmiðju, ef loðnunefnd hefur ekki auglýst laust móttökurými". Nm. í sjútvn. voru sammála um að það væri heldur sterkt til orða tekið í þessu efni, því að auðvitað getur staðið þannig á, sérstaklega þegar um er að ræða langsiglingu, vegna öryggis, að nauðsynlegt sé fyrir skip að leita hafnar skyndilega. Þessar veiðar fara fram á versta tíma ársins hvað snertir veðurfar og getur verið nauðsynlegt fyrir skip, sem þannig er ástatt um að það þarf að sigla langa leið með farm sinn, e. t. v. fullfermi, að leita hafnar til þess að létta á sér áður en það hefur langsiglinguna. Á þessu vildi ég aðeins vekja athygli.

Varðandi hitt málið, ákvæði til bráðabirgða, klofnaði sjútvn. Nd. Það voru uppi tvö sjónarmið. Annars vegar var það sjónarmið að hér væri um að ræða málefni sem snerti fiskveiðilögsöguna og væri þess vegna varhugavert að samþykkja það. Hins vegar var það sjónarmið að hér væri um að ræða alveg afmarkað tilfelli sem ekki veitti neitt fordæmi. Um þetta var ágreiningurinn.

Ég er þeirrar skoðunar að það séu tvö atriði, sem þarna skipta höfuðmáli. Í fyrsta lagi er hér um að ræða málefni sem varðar undanþágu frá l. um rétt til fiskveiða í landhelgi frá 1922, fiskveiðilögunum, og þar af leiðandi snertir málið landhelgismálið sem slíkt. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að það eru viðkvæmir tímar um þessar mundir í landhelgismálinu, fiskveiðilögsögudeilunni. Við eigum í styrjöld við vestur-þjóðverja sem er óútkljáð, innan skamms renna út samningar við breta varðandi þetta mál, og á næsta leiti er lokalotan á hafréttarráðstefnunni um þessi málefni. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki hyggilegt fyrir íslendinga að vera að rjála við þetta mál, eins og ástatt er. Þess vegna hef ég lagst á móti því.

Í öðru lagi hefur LÍÚ sent sjútvn. Alþ. og sjútvrn. bréf sem varðar þetta mál sérstaklega. Þetta eru heildarsamtök útgerðarmanna í landinu sem auðvitað láta sig miklu varða slík mál sem þessi. Í fyrsta lagi mótmælir LÍÚ harðlega að umrætt leyfi verði veitt. Í öðru lagi telur Landssambandið að ef svo verði gert væri það nýtt fordæmi sem gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir sjávarútveginn, eins og þar er tekið fram. Ég viðurkenni að vísu að þetta er talsvert takmarkað tilfelli eins og kemur fram í þskj. 197 frá Ed. Í þriðja lagi segir svo í bréfi Landssambandsins með leyfi hæstv. forseta: „Lög um löndun á loðnu til bræðslu eru sett að beiðni stjórnar LÍÚ og fleiri samtaka þar sem samkomulag hafði náðst milli þeirra um efni þeirra. Ef hið háa Alþ. fer nú að setja ákvæði um allt annað efni í lög þessi án nokkurs samráðs við þá aðila sem eiga að stjórna löndun á loðnu til bræðslu, lítum vér svo á að verið sé af opinberri hálfu að rjúfa það samkomulag sem gilt hefur um þetta efni, og munum vér í því sambandi íhuga að draga fulltrúa vorn út úr n. þeirri sem stjórna á löndun á loðnu til bræðslu."

Ef þessi mál eru íhuguð og þær röksemdir sem ég hef fært fram fyrir því að varhugavert sé að samþykkja þetta eins og ástatt er, þá finnst mér þau vera þyngri á metaskálum en hin röksemdin, að leyfa þessa undanþágu frá fiskveiðilögsögunni frá 1922.

Frsm. minni hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Eitt undrast ég stórlega og það er það þegar gapuxar meðal okkar sem hafa haldið því fram og jafnvel getað gert samninga við erlenda aðila, heilar þjóðir, um það að við ráðum og eigum okkar landhelgi, skuli svo hræðast að þeir séu jafnvel að detta upp úr sínum eigin skóm þegar verið er að tala um eitt skip, sem er að miklu leyti í eigu íslendinga og er að komast algerlega í eigu þeirra. Ég skil ekki þá röksemdarfærslu þegar við erum að tala um okkar eign, sem við erum að ráðstafa, sem er auðvitað landhelgi íslendinga, að við getum ekki leyft íslenskri skipshöfn í íslensku skipi, sem er íslenskt að hluta þótt það vanti kannske nokkur formsatriði þar á, að koma hér og landa á þeim stöðum þar sem hráefni vantar, um leið og við tölum um það si og æ að við viljum auka okkar þáttöku í aflamagni Norðu-Atlantshafsins sem við mundum ekki ná í annars vegar. Það hefur aldrei hvarflað að neinum manni sem mælir með veiðileyfi þessa skips að það taki neitt frá öðrum íslenskum skipum, hvorki úr flutningasjóði né olíustyrktarsjóði. Það hefur aldrei komið til mála. Þessir aðilar eru ekki að biðja um það. Þeir eru að biðja um það fyrst og fremst, vegna þess að áhöfnin er íslensk, að fá að koma hingað til þess að starfa yfir loðnuvertíðina, að sjálfsögðu með hagnaðarvon í huga. Ég álít að það geti líka verið hagnaðarvon fyrir íslensku þjóðina og Síldarverksmiðjur ríkisins og aðra aðila, sem koma til með að taka aflann frá þessu skipi. Þetta er gamall þrælsótti, að vera alltaf með þennan ótta við samninga við útlendinga og nú um eitt skip, sem er að mestu leyti í eigu íslendinga. Ég

spyr þá sem eiga tvö skip og skulda meiri partinn af þeim fyrir austan tjald, hvar er sjálfstæði þeirra?

Ég hef ásamt hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni mælt með því að þessi bráðabirgðaákvæði verði samþ., og stend fast við það, auk þess sem ég vil mjög undirstrika hér á Alþ. og láta koma fram í þskj., að þann frekjutón, sem kemur fram hjá LÍÚ — og það er ekki í fyrsta skipti sem hann kemur þannig fram nú á síðustu dögum, eigum við að sjálfsögðu að fordæma og kannske bara vegna þess eigum við að samþykkja þetta ákvæði til bráðabirgða, einfaldlega til þess að sýna LÍÚ að það ræður ekki yfir Alþ., þótt það geti kannske tekið einn og einn þm. með sér til svefns og svæft þá svefnþorni. Ég mæli sem sagt með að þetta ákvæði til bráðabirgða verði samþ.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram að ég er samþykkur þessu frv. eins og það var flutt hér og liggur fyrir sem heild, fyrir utan það bráðabirgðaákvæði sem hér hefur verið rætt nokkuð sérstaklega um, og ég skal lýsa afstöðu minni til þess. Ég get að vísu tekið undir fyrirvara sem hér koma fram frá hv. 4. þm. Austurl., Tómasi Árnasyni. Ég tel hið nýja orðalag, sem tekið er upp í 1. gr. varðandi skyldur fiskiskipa, mjög vafasamt og það sé í rauninni ekki til bóta. En ég vona að enginn fari að túlka það þannig að hægt sé í rauninni að lögsækja skipstjóra fyrir að hafa leitað hafnar, jafnvel þó að það sé sagt í grg. þessa frv. að það sé í rauninni óheimilt, hafi loðnunefnd ekki veitt sitt leyfi. Ég tel að þetta orðalag sé ekki vel æskilegt en set það ekki fyrir mig og er samþykkur frv.

En þá er spurningin um bráðabirgðaákvæði það sem kom inn í frv. í Ed. Ég skal segja það strax að ég er andvígur þessu bráðabirgðaákvæði. Ég held að það sé alveg rangt að samþykkja það. Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða, en ekki nýtt. Það hefur verið á ferðinni um margra ára skeið. Ég veit að það er auðvelt að segja að við íslendingar höfum verið í þessum efnum mjög íhaldssamir. Við höfum haft mjög strangar reglur og haft uppi mikinn varnað við öllum undanþágum í sambandi við okkar fiskveiðilandhelgi. Og ég held að þessi tiltölulega íhaldssama afstaða okkar hafi verið nauðsynleg. Auðvitað hafa mjög margir aðilar, bæði innlendir og útlendir, haft ákveðna tilhneigingu til þess að geta komist inn í okkar fiskveiðilandhelgi og notið réttindanna hér. Erlendir aðilar hafa reynt að ná samningum við innlenda menn um að taka að sér að reka þeirra skip hér þannig að þau nytu réttinda í okkar fiskveiðilandhelgi. Um þetta hefur margsinnis verið sótt. En lög okkar eru svo stíf í þessum efnum að það er ekki hægt að veita slíkar heimildir nema til komi sérstök lög í hverju einstöku tilfelli.

Ég vil benda á það í sambandi við þetta atriði að á s. l. ári lá t. d. fyrir umsókn frá nokkrum íslendingum þar sem þeir óskuðu eftir því að fá heimild til að leggja hér innan íslensku landhelginnar stóru vinnsluskipi, verksmiðjuskipi, sem hafði mikla möguleika til þess að frysta í stórum stíl loðnu. Þeir fluttu sitt mál þannig að ef þeir fengju leyfi til þess að leggja þessu skipi inn í íslenska fiskveiðilandhelgi, þá mundu íslenska veiðiflotanum veitast meiri möguleikar til þess að selja aflann og fá meira fyrir hann en ella. En eftir að þessi mál höfðu verið gaumgæfilega athuguð, bæði í samráði við félagssamtök sjómanna, útgerðarmanna og vinnslustöðvanna í landinu og þá landhelgismálið sem heild haft í huga, þá voru menn á þeirri skoðun, yfirgnæfandi meiri hl., að það væri ekki rétt að fara fram á að fá undanþágu fyrir slíkt skip sem þetta þó að það væru íslendingar sem tækju það á leigu og ættu að reka það hér.

Það hafa einnig legið fyrir nú síðustu ár óskir frá ýmsum landsmönnum um að mega taka á leigu færeysk skip og reka þau til loðnuveiða, — skip sem eru sérstaklega hagkvæm til þess. Færeyingar eiga nokkur slík skip, mjög stór og góð skip, og þeir vildu gjarnan koma skipunum hingað til veiða, og þeir fundu auðvitað fljótlega íslendinga sem vildu gjarnan komast í félagsskap með þeim. En niðurstaðan varð ævinlega sú að neita um þessar heimildir. Það var ekki vegna þess að það væru eingöngu samtök útgerðarmanna sem þarna væru á móti. Það er rétt að samtök útgerðarmanna hafa staðið á móti þessu, en samtök sjómanna í landinu ekki síður. Ástæðurnar eru einfaldlega þær að samtök sjómanna líta þannig á, eins og samtök útgerðarmanna, að aukinn skipakostur hér á miðunum hefði auðvitað þau áhrif að veikja nokkuð aðstöðu íslensku sjómannanna og íslensku útgerðaraðilanna, því að auðvitað mundu þessi viðbótarskip, sem kæmu inn á þennan hátt, keppa um sömu veiðitorfurnar sem menn eru að sækjast eftir að veiða. Og auðvitað mundu þau einnig leiða til þess að það yrði þrengra um möguleika að koma aflanum fyrir til vinnslu. Við höfum staðið frammi fyrir því iðulega að það hafi verið um löndunarstöðvun að ræða. En fyrst og fremst óttast menn auðvitað, fyrir utan þetta að allar svona undanþágur geti leitt til þess, að það verði litið á þetta sem fordæmi og þar komi eitt á eftir öðru. Það er þetta sem ég fyrir mitt leyti tel vandasamast í þessu máli, það eru fordæmin. Út af fyrir sig er hægt að segja: Það er ekki mikið atriði að veita einu skipi undanþágu á þennan hátt. — Og það er vissulega verulegur kostur ef það skip vill binda sig því skilyrði að landa aflanum á þeim stöðum á landinu þar sem ekki er líklegt að íslensku skipin fáist til þess að landa miklum afla á komandi vertíð. En eigi að síður, þó að þetta sé nokkur kostur í málinu, er ekki hægt að neita því að hér er um fordæmi að ræða og það eru verulegar hættur á því að aðrir leiti á eftir og það geti orðið nokkuð örðugt að neita einum þegar öðrum hefur verið veitt leyfi.

Vegna þessa er það skoðun mín að við eigum að fara mjög gætilega í þetta framvegis og ekki veita leyfi eins og þetta. Ég játa að það ræður svo alveg úrslitum hjá mér þegar samtök útvegsmanna í landinu hóta svo að segja stríði út af þessu viðkvæma máli. Þau tilkynna með bréfi til Alþ. að þau líti þetta mjög alvarlegum augum og muni hætta samstarfi um skipulag á loðnulöndun ef þetta leyfi verði veitt. Ég tel fyrir mitt leyti að það sé mjög óhyggilegt fyrir

stjórnvöld að ætla sér að fara að taka upp slag við þessi samtök út af þessu viðkvæma máli, og ég er sannfærður um að þessi deila verður ekki bara við Landssamband ísl. útvegsmanna sem er vissulega sterk samtök, heldur verður þessi deila ekki síður við sjómannasamtökin. Það er enginn vafi á því, eins og þeirra afstaða hefur verið til þessara mála hingað til.

Ég held því að það sé ekki hyggilegt að taka upp baráttu út af þessu máli, og af þessum ástæðum er ég á móti því að bæta þessu bráðabirgðaákvæði við. Hitt vil ég segja, að það hlýtur auðvitað að koma að því fyrr eða síðar að við teljum að þessi mál séu orðin þannig með okkar landhelgi að við slökum eitthvað á þeim ákaflega ströngu reglum, sem við höfum haft varðandi þessi mál, og metum þar aðstæður eitthvað léttar en við höfum gert. En ég held að það sé rétt, sem hér hefur verið sagt, að það sé ekki ástæða til þess að veita þetta leyfi í þessu tilfelli.

Hér hefur verið sagt í nokkurri vonsku um málið að við séum svo hræddir við útlendinga og útlenda samninga í öllum tilfellum, að við þorum þar ekki neitt, og höfð uppi stór orð um það. Hér er enginn ótti við útlendinga á ferðinni eða útlenda samninga. Það er ekki um það að ræða. Hér er hreinlega ótti við að það liggi fyrir fleiri mjög hliðstæðar beiðnir fljótlega sem erfitt verði að neita ef þetta fordæmi verður gefið.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég gæti nefnt mörg dæmi varðandi þetta mál þar sem við höfum gengið ótrúlega langt í því að sýna gætni um það að hleypa ekki erlendum skipum inn í okkar landhelgi á neinn hátt. Ég minnist t. d. í einu tilfelli að það þótti æðihart þegar íslenskir útvegsmenn og sjómenn misstu skip sitt í byrjun vertíðar, að þá skyldi þeim ekki heimilað að taka á leigu erlent skip og halda útgerðinni áfram á þeirri vertíð. En slík dæmi eru fyrir hendi. Sem sagt, mín afstaða er sú að ég styð frv., eins og það var flutt og liggur hér fyrir, en er á móti því bráðabirgðaákvæði sem var sett inn í Ed. Ég sé þó enga ástæðu til þess að segja neitt ljótt um þá í Ed., þó að þeim hafi sýnst að þetta væri óhætt. En ég held að að athuguðu máli og eins og málið liggur núna fyrir sé óhyggilegt að samþykkja þetta bráðabirgðaákvæði.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að játa að ég sakna hins hógværa hv. 8. þm. Reykv., Péturs Sigurðssonar, ég ætlaði nefnilega sérstaklega að taka undir með honum í einlægri fordæmingu hans á frekjutóninum. En það verður að bíða betri tíma en nú er hann þó hógvær og af hjarta lítillátur eins og hans er vandi.

Ég hygg að hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, geri sér ekki grein fyrir mismuninum á landhelgi og fiskveiðilögsögu, og ég hygg að hann hafi misheyrt það sem ég sagði. Ég lét þess getið í leiðinni að í landhelginni ættum við sjóinn yfir landgrunninu líka, en við teljum okkur líka eiga fiskinn og aflann innan fiskveiðilögsögunnar. En ég hygg að menn séu sammála um að þar sé ekki um alfarinn eignarrétt okkar að tefla. Þetta er grundvallarmismunur og hv. þm., sem árum saman er búinn að vera í n. til þess að gera till. um hvernig nýta skuli landhelgina, það er mál til komið að hann fari að kynna sér þennan mikla mismun sem á þessu er.

Ég hef ekki breytt mínum fyrri sjónarmiðum, eins og hann vildi láta í skína, varðandi heimildir til annarra þjóða um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar. Ég gat þess að við hefðum ævinlega af nauðung gert samninga við aðrar þjóðir um heimildir þeim til handa um veiðar innan fiskveiðilögsögunnar. En ég minnist þess ekki að hafa heyrt þau sjónarmið að til greina kæmi að við gerðum neina samninga við aðrar þjóðir um veiðar innan landhelginnar og ekki nú héðan af né heldur innan 12 mílnanna. Fræðimenn greinir nokkuð á hvort landhelgi eigi að telja 3 eða 4 mílur, en ég hef ekki heyrt þau sjónarmið höfð uppi lengi að það væri tekið í mál að semja við aðrar þjóðir eða semja um veiðar skipa sem sigla undir annarra þjóða fánum innan 12 mílnanna, hvað þá heldur, sem aldrei hefur skeð, innan landhelginnar sjálfrar. Og minni ég menn enn á það að gera skarpan greinarmun á landhelgi og fiskveiðilögsögu.

Hv. 3. þm. Sunnl. tefldi fram þeim rökum sem ég taldi fánýt í þessu sambandi, þeim rökum að þetta skip mundi mata verksmiðjur frá Patreksfirði til Seyðisfjarðar og veita atvinnu, útflutningsverðmæti o. s. frv., o. s. frv. Þetta kann allt að vera rétt, enda þótt ég dragi í efa að það muni breyta neinu teljandi um atvinnu eða afkomu frá Patreksfirði til Seyðisfjarðar hvort eitt skip til viðbótar færa að stunda veiðar eða ekki. En þetta er ekki meginatriði málsins.

Hann minntist einnig á það, að hér væri íslenskur aðili að fá heimild. Er það nú svo? Þetta er skip sem siglir undir dönskum fána og er að 2/3 hlutum a. m. k. eign erlendra manna. Ég varpaði þeirri spurningu fram, hvernig það yfirleitt mætti vera að hinn íslenski aðili væri eignaraðili að þessu skipi, af því að ég stend í þeirri trú að til þess skorti heimild fyrir íslenska menn að eiga slíkar eignir í öðrum löndum sem þinglýst er í viðkomandi landi. Um þetta skal ég þó ekki dæma í fljótheitum, ég hef ekki kynnt mér það nægilega vel. En í þessari trú stóð ég, hvort sem hún er rétt eða röng.

Hv. þm. Guðlaugur Gíslason sagði að það væri meginatriði þessa máls að skipið skyldi vera bundið við að landa frá Patreksfirði norður og austur um land að Seyðisfirði, eða eins og hann sagði: Ef landa ætti annars staðar en tilgreint er þarna, þá mundi ég vera alfarið andstæður þessu. — Það er eins og ég kannist aðeins ofboðlítið við þessi viðhorf hjá hv. þm. Kynni kannske að vera að viðhorf hans mundu breytast ef skip eins og þetta yrði til trafala löndun í Vestmannaeyjum fyrir menn, heimamenn í héraði, sem þaðan sækja sjóinn? Ég er ekki að væna hann um þetta, en þessi grunur læðist að mér, og við það svipmót finnst mér ég kannast líka vegna fyrri viðhorfa hans til nýtingar landhelginnar frá t. d. Stokksnesi og að Reykjanestá.

Það var talið upp að þetta skapaði verðmæti, þetta væri atvinnuaukandi, þetta skapaði útflutningsverðmæti og þarna væri verið að hjálpa ungum

manni til þess að komast yfir skip. Og hinn hógværi hv. 8. þm. Reykv., sem fordæmdi frekjutóninn, sagði að þetta skip væri að komast í eigu íslendinga. Það veit hann ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut um, það er alveg úr lausu lofti gripið, fullyrðing út í hött sem hann hefur ekki hugmynd um.

Hv. þm. Guðlaugur Gíslason spyr hvort eigi að láta alla þá loðnu deyja sem þetta skip ella mundi fá, hún mundi synda að austan, suður með, vestur um, norður fyrir og deyja. Þetta er alveg rétt. Fiskifræðingar tala um að loðnan týni tölunni að hrygningu lokinni, mestöll. Það væri þá eftir þessu kannske athugandi að íslenskir aðilar sem leigðu sem mest af stórum skipum — auðvelt er að fá íslenskar áhafnir á þau og leggja öllum hinum flotanum því að menn sækja svo stíft eftir að komast á þessi skip vegna uppgripanna í stuttan tíma — til þess að forða því að nokkur hluti loðnustofnsins verði ellidauður. Ég vil benda á að þetta ákvæði gefur t. d. það fordæmi að ég gæti leigt mér togara undir 500 tonnum, og það er enginn vandi að fá hann leigðan hér hið næsta okkur, í næstu löndum. (PS: Það eru nú hæg heimatökin hjá þér.) Það er enginn vandi að fá hann leigðan. Þessir hv. þm., sem hér standa á blístri, hafa ekki hugmynd um neitt í þessu sambandi, þeir hafa ekkert kynnt sér þessi mál. Ég gæti leigt mér togara og ráðið um borð í hann alíslenska áhöfn. Og nú spyr ég — og ég fagna því að hæstv. sjútvrh. er kominn í salinn því að ég á aðeins erindi við hann — nú spyr ég: Mundi það verða leyft — og það hlytu menn að gera, sem fylgja þessu bráðabirgðaákvæði — að ég sækti á sömu mið og togarar undir 500 tonnum hafa leyfi til samkv. okkar reglum um nýtingu landhelginnar? (Gripið fram í) Það var einmitt það. (Gripið fram í.) Nei, málið er of alvarlegt til að skopast af því, enda er síður en svo að mér sé hlátur í hug.

En ég vildi mega spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort ekki sé óhyggilegt, eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. Austurl., að stofna til átaka, harkalegra átaka við samtök útvegsins. Það kemur skýrt fram í bréfi þeirra að þeir telja að þessi viðbót við lögin sé samningsrof, rof á þeim samningum, því samkomulagi sem gilt hefur um þetta efni, um að stjórna löndun á loðnu í bræðslu, og tala um að íhuga að draga fulltrúa sinn út úr n. Ég spyr aðeins: Er þetta ekki óhyggilegt?

Ég verð að segja að mig undrar stórlega þegar hv. 3. þm. Sunnl. vill ekkert gera með álit Landssambands ísl. útvegsmanna í þessu efni. Sér í lagi kemur mér þetta á óvart vegna þess að í sambandi við frv. um skiptingu gengishagnaðarins, ráðstafanir í sjávarútvegi og skiptingu gengishagnaðarins, þá lýsti hann því margsinnis yfir, dögum og vikum saman, að hann mundi ekki hvika frá samþykktum sem gerðar hefðu verið af Landssambandi ísl. útvegsmanna, síst þeim sem gerðar hefðu verið á aðalfundi þeirra samtaka. Nú er eins og þessi áhugamaður um útvegsmál og mikill stuðningsmaður LÍÚ vilji ekkert með það gera þótt beinlínis liggi fyrir af hálfu þessara samtaka að þau lýsa stríði á hendur þeim — það má næstum því orða það svo — sem ætla að fara fram með þessum hætti sem við nú höfum hér fyrir augum. Síðan eru það þessi atriði sem fram komu hjá hv. 3. þm. Sunnl., að ég nú ekki tali um hv. hógværan 8. þm. úr Reykjavík. Allt eru það alger aukaatriði í þessu sambandi.

Ég tók það fram áðan að ég væri manna fúsastur til þess að styðja unga menn til þess að komast yfir skip og vitanlega að styðja menn í því að ná heim nýjum skipum. Þetta er alveg nýtt skip og glæsilegt, og ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til að styðja það með ráðum og dáð að menn frá Patreksfirði til Seyðisfjarðar fái loðnu til bræðslu og atvinnu og að auka útflutningsverðmætin. En þetta er allt annað mál sem sér skiptir sköpum. Það er allt annað atriði sem skiptir sköpum. Það er um það að tefla hvort við í fyrsta skipti eigum að gera undantekningu og semja um veiðiheimild fyrir skip sem siglir undir annarrar þjóðar fána um veiðar innan íslenskrar landhelgi. Þetta atriði er auðvitað gífurlega mikilvægt, skiptir öllu máli í þessu sambandi og mundi gera það enda þótt svo stæði ekki á að við erum á mjög alvarlegu stigi með okkar landhelgismál og fiskveiðilögsögu yfirleitt. Það er ekkert á það hættandi að tefla stöðu okkar í neina tvísýnu. Það er ekki gerandi upp á greiðasemi né heldur fyrir einhverja farma af loðnu þótt atvinnuaukandi séu og útflutningsverðmætisaukandi einnig. (Gripið fram í.) Ef það væri siglt undir íslenskum fána, að sjálfsögðu. Ég hef staðið að því ásamt öðrum mönnum að flytja inn loðnuskip og reka eitt meira að segja sem siglir undir íslenskum fána með íslenskri áhöfn (**Gripið fram í:** En er veiðin nokkur?) Ja, það hef ég ekki sagt, en eftir þessa samþykkt væri það leikur einn, því að enginn vandi er, eins og ég sagði, í venjulegu áferði sem verið hefur að fá nægan mannafla til loðnuveiða. Að vísu eins og nú stendur á, kynni það að leiða til þess að öðrum skipum yrði að leggja, en vafalaust mundi vera hægt að manna þrjú skip, það væri sjálfsagt hægt að manna 10 stór skip.

Þetta er málið sem ég hnýt um. Allra annarra hluta vegna vill maður verða við þessu, en þetta atriði skiptir slíkum sköpum í þessu sambandi að gersamlega er útilokað að ansa því, hvað þá meir. Og ég læt mér ekki detta í hug að hv. Ed.-menn hafi litið á þetta mál með þessum hætti sem nú er komið á daginn, og sannar enn deildaskiptingin gildi sitt hér á hinu háa Alþ.

Ég mun, hæstv. forseti, fara fram á það þegar kemur að afgreiðslu þessa máls að um þetta bráðabirgðaákvæði verði viðhaft nafnakall, því að alveg er nauðsynlegt að það sjáist þegar fram líða stundir, hverjir vilja hætta því til út af hinu allra smæsta atriði að skapa slíkt fordæmi eins og í þessu felst.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það liggur við að maður kinoki sér við að taka þátt í og blanda sér í þær sérkennilegu og skemmtilegu umr. sem hér fram fram. Hér er deilt um eitt atriði í sambandi við þetta mál, þ. e. a. s. um það bráðabirgðaákvæði sem kom inn í Ed. Það er ákaflega einfalt og ljóst og ætti þess vegna ekki að þurfa að hafa langar

orðræður um það. Þm. ættu við nafnakall að geta greitt atkv. um það án þess að fram færu mjög miklar umr., því að mér finnst málið liggja svo skýrt fyrir.

Mér er gersamlega ómögulegt að skilja hvernig menn geta blandað þessu ákvæði saman við millirikjasamninga við aðrar þjóðir um rétt þeim til handa til fiskveiði og halda að með slíkri samþykkt sem þessari verði skapað eitthvert fordæmi eða hún geti veikt eitthvað aðstöðu okkar í þeim efnum. Ég hef ekki getað heyrt þau rök flutt sem hafa breytt skoðun minni í því efni. Hér er tvennu algerlega ólíku saman að jafna, millirikjasamningi um fiskveiðiréttindi til handa þegnum þeirra þjóða og hins vegar það tilfelli sem hér er um að ræða, undanþágu til einkaaðila um tiltekinn tíma fyrir eitt skip sem gert er út af íslenskum aðila og skipað er íslenskri áhöfn, þannig að ég get ómögulega fallist á þau rök að þetta snerti á nokkurn hátt okkar landhelgismál og við þurfum að gjalda nokkurn varhug við því af þeim ástæðum. Hitt er svo allt annað mál, hvort það eru aðrar efnisástæður sem valda því að menn vilja ekki fallast á þetta mál. Það getur vel verið. En ég get ekki fallist á að það séu efnisástæður sem eru andstæðar því að þessi undanþága sé veitt um það tveggja mánaða tímabil sem þarna er um að tefla.

Ég held, að það hljóti að verða svo, jafnvel þótt skipið sé skráð erlendis, að þá sé það þannig að þegar það er gert út af íslenskum aðila og áhöfnin er íslensk, þá hljóti arðurinn af þeirri veiði að lenda í íslenskum höndum, til íslenskra aðila, svo að ekki getur sú mótbára verið mjög því til fyrirstöðu, jafnvel þó að leigu þurfi að greiða eftir skipið. Hitt er hins vegar ljóst og hefur verið tekið fram að á því svæði, sem þarna er um að ræða, eru afkastamikil tæki til þess að vinna loðnu — og það jafnvel í eigu ríkisins sjálfs — sem standa ekki allt of sterkum fótum þótt þau fengju möguleika á því að vinna loðnu á þessum tíma. Og fyrir fólkið á þessum stöðum getur það auðvitað haft nokkra þýðingu. Ég geri samt ekki mikið úr þessu og tel þetta ekki stórmál, því að þetta getur ekki skipt neinu verulegu máli í sambandi við atvinnuá þessum stöðum. Þess vegna hef ég nú ekki tekið til máls nema af því að mér fannst og finnst svo fjarstætt að vera að blanda þessu saman við okkar landhelgismál að ég get ekki látið slíku ómótmælt.

Með þessu er sem sagt skýrt að það er Alþ. sem veitir þetta leyfi og undirstrikar þar með að það er auðvitað það sem hefur réttinn yfir þessu svæði og getur veitt slíkt leyfi, undirstrikar því að nokkru sinn yfirráðarétt yfir því.

Að því er það varðar að þetta skapi fordæmi, þá held ég að það sé vart hægt að ræða um slíkt þegar þetta er í höndum Alþ. Það er Alþ. þá í hvert eitt sinn sem á að taka ákvörðunina. Það væri allt öðru máli að gegna ef hér væri um að ræða að veita einhverju stjórnvaldi heimild til þess að veita þessa undanþágu. En Alþ. afsalar sér engum rétti með þessu, og ef önnur þvílík tilfelli kæmu upp hefur Alþ. það auðvitað alveg á sínu valdi að taka þá ákvörðun sem það telur þá rétta miðað við allar aðstæður, óbundið af öllum fordæmum, þannig að ég mun ljá þessu ákvæði, sem samþ. var shlj. í Ed., atkv. mitt, en tel það að öðru leyti ekki stórt mál.

Ég vil þó segja það, að ég vil taka undir með hv. 8. þm. Reykv. að ég kann ekki við þann tón sem kom fram í því bréfi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem hér var upp lesið. Ég felli mig ekki við að einstakar stofnanir í þjóðfélaginu, hvort heldur það er Landssamband ísl. útvegsmanna eða einhver önnur stéttasamtök eða önnur, tali til Alþ. í þeim tón að í honum felist hótanir eða skipanir. Það hefur þveröfug áhrif á mig við það sem til er ætlast og ég læt ekki skipa mér þannig fyrir verkum á einn eða annan hátt.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Það eru aðeins nokkur orð út af fsp. hv. 3. þm. Austurl. Því miður heyrði ég ekki þær umr. sem fram fóru vegna þess að ég þurfti að vera við umr. í Ed., en ég hélt, þegar þetta mál var afgr. út úr Ed. í gærkvöld, að það mundi ekki valda neinum úlfaþyt. Þar var þetta bráðabirgðaákvæði tekið upp af allri sjútvn. Ed. og samþ. með shlj. atkv. Og ég tek alveg undir þau orð sem hæstv. dómsmrh. viðhafði hér áðan, að ég er ekkert hræddur við að þetta mál skapi neitt fordæmi vegna þess að þetta leyfi er bundið við Alþ. Það er Alþ. sem veitir þetta leyfi, það mega engin stjórnvöld breyta því í einu eða neinu. Það nær til tveggja mánaða, febrúar og mars 1975. Ef loðna væri fram í apríl, þá gæti ríkisstj. eða sjútvrn. ekki veitt þessu skipi leyfi til þess að veiða einu sinni 1. apríl, hvað þá meir. Hvað er að óttast fordæmi í þessu sambandi? Ég skil þetta ekki. Svo spyrja menn alltaf sýknt og heilagt: Hvað segja stéttarsamtök um þetta og hitt? — Ef eitthvert félag segir: Ég mótmæli þessu eða vil hafa það á annan veg, — þá ætla margir fulltrúar á löggjafarsamkundu þjóðarinnar að segja: Það var félag sem mótmælti þessu, þá getur Alþ. alls ekki samþykkt þetta. — Hvernig ættum við að koma fram löggjöf sem kveður á um þunga skatta á kannske velflestar stéttir ef við ættum að fara að spyrja stéttir og hagsmunahópa um álit hvort þeir vilji fá þessa skatta á sig eða ekki? Og ef þeir segja nei, á þá Alþ. að segja: Nei, þá hættum við auðvitað við allt saman? — Ég skil þetta ekki og ég segi alveg eins og hæstv. dómsmrh. sagði: Þetta bréf Landssambands ísl. útvegsmanna verkaði mjög illa á mig og þykir mér þó mjög vænt um þau samtök sem gamall stjórnarmeðlimur. (Gripið fram í.) Jú, en að skrifa svona bréf, að ef Alþ. hlýði ekki í einu og öllu, þá ætli samtökin að draga fulltrúa sinn út úr þessari n. Ég segi bara: Ef þetta verður samþykkt sem hér er þá mega samtökin draga fulltrúa sinn út úr n. Þau um það. Þau eiga ekki að segja Alþingi íslendinga fyrir verkum. Það er sitt hvað að leita álits og afla upplýsinga í málum eða ætla að fara að setja mönnum stólinn fyrir dyrnar á síðustu stundu í viðkvæmum málum.

Mér er alveg ljóst að þetta mál er viðkvæmt. Þetta byggist á lögum sem við höfum aldrei endurskoðað og aldrei hreyft við frá 1922. Við viljum hafa löndunarleyfi hjá öðrum þjóðum og

bregðumst illa við þegar sett er á löndunarbann sem vonlegt er. Við höfum löndunarleyfi í Hirtshals í Danmörku á síld úr Norðursjónum. Við verðum að taka eitthvert tillit til annarra, við erum ekki einir í heiminum. Og hvað er hér um að ræða? Jú, það er alveg rétt, þetta skip er undir erlendu flaggi. Þess vegna er verið að sækja um þetta leyfi. En það er alíslensk áhöfn og eigandi að töluverðum hluta, en þó ekki að meiri hl., er íslendingur, íslenskur sjómaður og skipstjóri. Ég segi fyrir mitt leyti að ef við lítum á það, þá fer yfirgnæfandi meiri hl. af því fjármagni sem þetta skip kemur til með að afla til íslenskra skattþegna. Það finnst mér skipta mestu máli. Ef menn eru hræddir um að einhverjir braskarar fari af stað og leigi skip og ráði íslenska áhöfn og vilji fá leyfi til loðnuveiða á næstu vertíð, þá hefur Alþ. það alveg í sinni hendi að meta hvert erindi fyrir sig og hvort það ætlar að verða við því eða ekki.

Ed. er shlj. búin að verða við þessu erindi á þann hátt. Sjútvn. Ed. hefur einróma tekið þetta upp sem sína till. Við gerðum það ekki í rn. í sambandi við loðnufrv. Mér finnst það skipta æðimiklu máli þegar fyrri þd. er búin að fjalla um málið með þessum hætti, og ég hélt að það þyrftu ekki að verða háværar og miklar umr. um þetta mál. Ég held að það sé langþægilegast að láta bara atkv. ráða hér úrslitum þegar að því kemur, en hafa ekki hér uppi neinar heitingar í þessum málum.

Í sambandi við það sem fram kemur í bréfi LÍÚ, þá segir að í till. sjútvn. Ed., þar sem gert er ráð fyrir að heimila umræddu erlendu skipi veiðar, sé ekki tekin afstaða til þess hvort skipið eigi að fá olíu á sama verði og íslensk skip, hvort það eigi að eiga aðild að Tryggingasjóði fiskiskipa eða Stofnfjársjóði. Nú greiða loðnuafurðirnar af sínu útflutningsverði og ef þetta skip framleiðir vöru, fiskar fyrir verksmiðjurnar, þá er það í raun og veru að boga í þessa sjóði af sínum afla. En líka segir í frv.: „enda hlíti það reglum er sjútvrn. setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk.“

Þá komum við að aðeins einu vandamáli, ef vandamál skal kalla, aflinn úr þessu skipi — það sem úr honum er unnið — kemur í þessi kerfi öll og þá komum við að því: Á þetta skip að fá aftur úr því kerfi sem það leggur til fjármagn? Og þá getum við sett þær reglur að a. m. k. fái þetta skip ekki að græða á þessu kerfi, og það hygg ég að eigendur þessa skips eða réttara sagt leigutaki, sem er eigandi, muni alveg fullkomlega sætta sig við, eða ég get ekki ímyndað mér annað. Svo er það þung og mikil kvöð sem þarna er sett á þetta eina skip, sem er að mörgu leyti eðlilegt að gera, að landa í verksmiðju sem hefur á undanförnum árum vantað hráefni til að vinna, og það finnst mér skipta afar miklu máli.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég er orðinn það fullorðinn að ég hrekk ekkert við þó að komi mótmælabréf, því að ég veit ekki hvað er gert í þessu þjóðfélagi sem er ekki mótmælt. Ég yrði eiginlega meira hissa á því ef menn mótmæltu ekki, því að þá skildi ég ekki hvað væri að mönnum ef þeir hefðu ekki mód í að mótmæla, því að það er að verða ein mesta árátta allflestra stétta og starfshópa á Íslandi að mótmæla öllu.

Frsm. minni hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til viðbótar þeim orðum sem ég hef þegar haft um þetta mál, sem eru, eins og fram kom í minni ræðu, jákvæðar undirtektir undir það mál sem hér er farið fram á. Mér þykir vænt um að hafa hlustað á orð hæstv. dómsmrh. sem skýrði ákaflega vel þá hugsun mína að við eigum ekki lengur að vera hræddir við ráðstöfun á okkar eigin yfirráðasvæði, sem ég tel að sé okkar. Þótt við höfum kannske neyðst til þess að ganga til ekki mjög góðra samninga fyrir nokkrum missirum, þá er þetta þó okkar yfirráðasvæði sem við höfum með að gera, okkar landhelgi, og skiptir þá einu hvort um er að ræða 50 mílur, 12 mílur eða 3 mílur. Þetta er okkar svæði og við eigum ekki að gera okkur að þeim börnum að við séum hræddir við að gera samninga við eitt slíkt skip sem dugnaðarsjómenn hafa komist yfir, þótt það sé enn þá undir dönskum fána, en þeir eru að eignast og verður kannske innan skamms tíma komið undir íslenskt flagg okkur til framfara hér á landi. Við skulum ekki horfa fram hjá því heldur að spáin í ár um loðnuveiðina er á þann veg að það verði mikil loðna í sjónum. stóra spurningin er máske sú: Verður veður til þess að ná henni, verður nógu mikill skipafjöldi til þess að veiða hana og hvaða skip eru það sem geta leyft sér að sigla þá löngu og hættulegu leið með fullfermi af loðnu, kannske frá Suðausturlandinu, frá Suðvesturlandinu og að Norðurlandinu, þar sem við eigum hinar stóru og þýðingarmiklu bræðsluverksmiðjur til þess að vinna verðmæti úr loðnunni? Við ætlumst ekki til þess, enda hefur það ekki verið gert nema af hinum stærri og betri skipum, við látum ekki hin minni skip sigla á þessum árstíma með fullfermi af þessum flutningi, hvorki fyrir Horn né fyrir Langanes frá suðurströndinni. Það held ég að allir sjái og ekki síst þeir sem teljast úr röðum útgerðarmanna hér í þingsölum.

Ég vil aftur undirstrika þau orð mín og mótmæla því algerlega, sem kom fram frá einum ræðumanni, að Alþingi íslendinga þurfi að lenda í nokkrum harkalegum átökum við samtök útgerðarmanna. Ég undirstrika enn orð mín og tek undir með dómsmrh. að þessi stéttarsamtök hafa auðvitað engan rétt frekar en önnur til þess að haga sér svona gagnvart löggjafarsamkomu íslendinga. Þetta verkar algerlega öfugt þegar þessir aðilar koma hannig fram eins og þeir gera í þeirri umsögn sem þeir hafa sent sjútvn. þingsins. A. m. k. vil ég ekki hlusta á slíkt.

Ég tók eftir einu hjá hv. þm., Sverri Hermannssyni. Hann misfer sig enn, eins og margir gera þegar talað er um veiðislóðir, landhelgi og fiskveiðilögsögu, eins og ég sagði áðan, í því að tala um ákveðna fjarlægð frá grunnlínu eða frá ystu nesjum. Það er eins og það sé sjálfsagt og þar sé fundin öll lausn ef hringfara sé stungið ofan í kort okkar á miðjum Kili eða Kjalvegi og dregið svo umhverfis landið og þar sé hin helga lína sem þýði allt fyrir okkur í

sambandi við fiskveiðilögsögu. Þetta er misskilningur eins og hér hefur margoft komið fram. Það kemur ekkert málinu við hvort loðna er veidd 3 mílur frá landi eða innan við 3 mílur. Þessi fiskur er á ferðinni og það er ekkert sem stöðvar hana frá því. Ég veit að ef hún sæi framan í hv. útgerðarmann, þá mundi hún sjálfsagt fá hjartaslag, fleiri en ein. En ég er alveg viss um hins vegar, að það verður ekkert veiðarfæri annað en það, sem notað er af þeim skipum sem loðnu veiða í dag, sem nær þessum fiski, hvorki utan né innan markanna. Það er eitt þýðingarmesta atriðið. Þessi fiskur verður ekki á þessum veiðislóðum eftir að nokkrar klukkustundir eru liðnar frá því að hann var þar á ferð, þannig að við erum ekkert að eyðileggja fyrir framtíðinni með því að ná í þennan fisk meðan hann syndir fram hjá. Við erum hins vegar að skapa íslensku þjóðinni verðmæti. Við erum að veita aðstöðu áhöfninni á þessu skipi og eigendum þess sem, eins og réttilega hefur verið bent á, koma til með að borga sína skatta til íslensku þjóðarinnar, sem verður okkur ómetanlegt, auk þess sem þeir geta kannske náð upp úr dauðadvala ákveðnum verksmiðjum sem hafa ekki haft of mikið úr að moða á undanförnum árum. Ef eigendur þessa skips þjóðast til þess að sigla til Norðurlands með afla sinn á þessu stóra og glæsilega skipi, þá segi ég að við eigum að þakka fyrir að fá þá til þess.

Og þessi þrælsótti okkar gagnvart danska fánanum. Ég hélt satt að segja að hann væri horfinn úr mönnum, það væri liðin tíð að menn hefðu þetta efst í huga. En ég sá og heyrði á ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar, að hann lifir enn á árinu 1918.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil biðja hæstv. forseta að hlutast til um að hæstv. sjútvrh., ef hann er ekki bundinn skyldustörfum annars staðar, svo sem í Ed., verði viðstaddur. Ég á örstutt erindi við hann vegna fyrri fsp. minnar til hans.

Þau orð, sem hv. 8. þm. Reykv. beindi til mín í þessu sambandi, voru öll gersamlega út í hött. Ég hef ekki verið forsvarsmaður neinnar hringfararkenningar í sambandi við nýtingu fiskveiðilögsögunnar, öðru nær. Hann hefur þá ekkert fylgst með því máli þegar það var til afgreiðslu hér á hinu háa Alþ. í fyrra. Ég var, enda þótt ég sætti mig við þá aðferð sem við var höfð, mjög gagnrýninn á hana, taldi að fiskigöngur mundu ekki haga sér eftir lagaboði, áleit að við ættum að hafa yfirstjórn hennar miklu lipurlegri en raun ber vitni um, taldi að sú n., sem hafði haft hana til meðferðar, hefði helst unnið það sér til afreka að fara landshornanna á milli og draga sérvisku þar upp úr hverjum hreppsómaga og sveitarþroti. Þannig var viðhorf mitt til þess arna. Ég vil að við getum stjórnað þessu með heimildarlögum, þannig að sérfræðingar hafi leyfi til að segja: Við getum friðað heilu svæðin þegar í stað — og þess sé ekki þörf að breyta lögum vegna smáfiskadráps eða ofnýtslu með öðrum hætti. Ég vísa því algerlega frá mér öllum slíkum kenningum um ákveðna línu eftir hringfara, eins og hv. 8. þm. Reykv. drap á.

Ég hef heldur aldrei haldið því fram að við værum að eyðileggja eitt eða neitt upp á framtíðina með því að sækja um of í loðnustofninn með þessum hætti, þótt við bættum einu skipi við. Þetta tal var gersamlega út í hött og mér algerlega óviðkomandi. Ég álít þvert á móti og hef mitt vit úr fiskifræðingum í því efni alfarið, eins og hv. 8. þm. Reykv. hlýtur líka að hafa því að hann hefur ekkert kannað þetta sjálfur auðvitað, að stofninn þoli verulega veiði og aukna frá því sem nú er. Þannig er allt tal í minn garð í þessu sambandi einnig út í hött.

Um þrælsótta gagnvart dönum er sama að segja, allt var það upp í vindinn talað. Ég hafði ekki sneitt að því með neinum hætti að ég óttaðist einhverja samninga, millirikjasamninga, eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh. Allt mitt mál hefur snúist um þetta, að þetta er í fyrsta skipti síðan lögin um landhelgina voru sett 1922 sem gera á undantekningu og undanþágu í þessu efni. Ég er enginn maður til að sjá fyrir hvort þetta verður alvarlegt fordæmi eða ekki. Það er skoðun mín, þótt menn æði á veggina og blandi og blöndri með málið til og frá í aukaatriðum alls konar, — það er skoðun mín að það geti leitt til óheppilegs fordæmis og ég vil ekki hætta á það með neinu móti. Fyrir því er það að ég snýst gegn þessari heimild, og með öllu þykir mér það óeðlilegt að þessu sé blandað saman við ekki stærra mál en ákvæðið og reglurnar um londun á loðnu til bræðslu eru.

Þar sem hæstv. sjútvrh. er genginn í salinn vil ég vekja athygli á því að hann svaraði ekki þeirri fsp. sem ég beindi til hans. Ég hafði ekkert verið að tala um það að hinu háa Alþ. bæri að fara eftir einhverjum fyrirskipunum eða kröfum frá stéttarsamtökum eða félögum í landinu. Það hefur mér aldrei dottið í lifandi hug. Ég var ekkert að fara fram á það. Ég spurði einfaldlega — og því svaraði hann ekki — hvort út af þessu máli, þessu litla máli ef á heildina er tekið, væri ástæða til að efna til ófriðar við þessi samtök útvegsins í landinu. Um þetta spurði ég. Ég kalla það lítið af heildinni tekið, þótt það sé vissulega sanngirniskrafa, ef á málið eitt út af fyrir sig er litið, að ungur maður fái að efla sig með því að sækja á þessi mið með nýju skipi o. s. frv., o. s. frv., aukandi útflutningsafurðirnar og atvinnu í landinu og verkefnin fyrir síldarverksmiðjur. En í mínum augum er þetta algert aukaatriði þegar litið er á hitt málið, algert aukaatriði.

Ég spurði bara af kurteisi minni hvort það væri meiningin og hvort það væri ástæða til að efna til ófriðar við samtökin út af ekki stærra atriði en þessu? Og hæstv. sjútvrh. sagði að það væri rétt að láta ganga til atkv. um þetta. Hafði einhverjum dottið annað í hug? Eða hafa kannske nóg atkv. gengið þegar um þetta ef hæstv. ríkisstj. hefur lofað þessu sjálf — eða þykir þeim það, hæstv. ráðh? (**Sjútvrh.:** Ríkisstj. hefur ekki lofað neinu um þessi mál.) Nú, en auðvitað hljóta að ganga atkv. hér um þetta mál. Enginn gerir öðru skóna, ekki hef ég gert öðru á fæturna.

En ég vil benda á að aðalmálið varðandi bréf LÍÚ er auðvitað ekki að ansa einhverjum kröfum eða hótunum frá því. Aðalmálið er hvort

það er rétt sem þar kemur fram, að með því að gera þessa samþykkt, sem bráðabirgðaákvæðið felur í sér, sé verið að rjúfa samkomulag sem gilt hefur um stjórn á löndun á loðnu til bræðslu. Þetta er auðvitað meginatriðið. Og menn geta svo eftir vild sinni óskapast út í þá frekju sem fram kemur í bréfi Landssambandsins. Ég vil fá svar við því. Er þetta rétt? Er verið með þessari samþykkt að rjúfa samkomulag af opinberri hálfu sem gert hefur verið í þessu efni? Því þarf að svara. Öllu öðru um hótanir í þessu sambandi er auðvitað ekki ansað. En sé samkomulag rofið, sem ég get ekki dæmt um, með þessum hætti, þá er auðvitað ekkert óeðlilegt þótt þeir íhugi að draga sinn fulltrúa út úr þessari samvinnunefnd. Ég get ekki skilið það sem neina ókurteislega hótun. Ég beini því eindregið til hæstv. sjútvrh. að athuga það gaumgæfilega sérstaklega, hvort hér er virkilega um það að ræða að rofið sé samkomulag sem gilt hefur.

Ég vil svo ekki lengja þessar umr. meir, enda hef ég talað þrisvar sinnum sem frsm., en vildi aðeins úr því að mörg verkefni bíða hér úrlausnar, láta þess getið að til þess að tefja ekki frekar fyrir störfum, þá fell ég frá beiðni minni um það að hér fari fram nafnakall þegar að atkvgr. kemur.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Forseti. Ég hélt að ég hefði svarað þessari fsp. áðan. En fyrst hv. þm. hefur ekki meðtekið svarið, þá veit ég ekki til að það hafi verið gert neitt samkomulag, hvorki við Landssamband ísl. útvegsmanna né aðra, um að Alþ. íslendinga mundi aldrei leyfa skipi undir erlendum fána að veiða loðnu. Ég get þar af leiðandi alls ekki fellt mig við það að stjórnvöld hafi rofið eitthvert samkomulag. Það er byggt í lögum, sem hafa verið í gildi, það er byggt á þessu frv., og ef einhver aðili vill einhliða rjúfa það, ekki hafa mann innan þessarar nefndar, t. d. samtök, þá þau um það. Þetta hélt ég að lægi alveg skýrt fyrir og ég hefði sagt áðan.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta langt mál. En ég verð að segja það að mér finnst dálítið einkennilegur málflutningur hv. þm. Sverris Hermannssonar, þegar hann er búinn að flytja hér hverja ræðuna af annarri í dag, að svo og svo miklu leyti rakalausan þvætting, þá leyfir hann sér að tala um að það sé holhljómur í ræðum annarra manna og talar um að aðrir menn sýni ekki af sér hógværð, — þessi maður, sem böðlast hér um í stólnum eins og naut í flagi og eys svívirðingum yfir annan hvern hv. þm. Röksemdirnar, sem hann tínir til — (**SvH:** Þú varst mér sammála í gærkvöld, og varst tilbúinn að skrifa undir nál. um það.) Þegar þessi hv. þm. er að þykjast vera með einhverjar röksemdir hér í málinu, sem hann kallar svo, og fer að líkja þessu litla máli við það að við flyttum inn í stórum stíl erlend skip til veiða í íslenskri landhelgi, flyttum inn erlenda togara o. s. frv., þá er auðvitað komið svo að menn hætta að hlusta á röksemdir slíkra manna.

Ég var dálítið smeykur við það þegar við fengum þetta mál, eins og mörg önnur mál sem við höfum fengið nú undanfarið fyrirvaralaust til meðferðar, svo sem á síðasta fundi þegar við vorum kallaðir með tveggja mínútna fyrirvara á fund í hv. sjútvn. til þess að afgreiða tvö býsna stór mál án þess að hafa fengið tækifæri til að sjá þau áður. Þá var ég, þegar við fengum þetta mál á fundi í gærkvöld, dálítið smeykur við að það kynni að skapa fordæmi. Eftir að sá fundur var haldinn hef ég hugsað þetta mál dálítið meira og betur, því að þetta mál er óneitanlega dálítið sérstakt. Þarna er um að ræða eitt skip sem er að talsverðum hluta í eigu íslenskra aðila og það er ekki nein eign að nafni til. Það er hver einasti maður í áhöfn skipsins íslendingur og það, sem farið er fram á, er einnig mjög takmarkað, þ. e. að fá að stunda loðnuveiðar hér í eina tvo mánuði á tilteknu ári. Það er ekki verið að gefa þessu skipi leyfi til þess að veiða hér loðnu yfir höfuð eins og öðrum skipum framvegis, heldur eru tilteknir tveir mánuðir á árinu 1975, og það er ómögulegt að fallast á að í því geti verið mikil hætta.

Varðandi fordæmið er hægt að segja það, að ef einhverjir aðilar kæmu hér og sæktu um að fá að stunda veiðar hér við land og landa afla sínum hér í höfnum, þá kemur auðvitað til kasta Alþ. hverju sinni vegna þess að til þess þarf lagabreytingu, eins og verið er að gera nú, og þá getur Alþ. stöðvað hvert eitt það mál, ef því sýnist svo. Ég er ekki viss um að þau erindi væru svipuð og þetta, með öllum þeim sérkennum sem þetta mál býr yfir.

Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um svokallaða umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna. Þessi umsögn er byggð á erindi eiganda Ísafoldar sem við höfum verið að ræða um hér í kvöld. En þegar þeir eru að skrifa þetta svar, þá lítur erindið allt öðruvísi út en það gerir hjá okkur hér í hinu háa Alþ. Og svörin eru auðvitað miðuð við það sem það bréf fól í sér, m. a. um það að verða undanþegin eða fá úr öllum sjóðum eins og önnur íslensk skip. Nú er aðeins farið fram á að fá bráttóverð af loðnunni, en ekki út úr neinum sjóðum, hvorki olíusjóði, flutningasjóði né öðrum. Þess vegna falla fyrstu greinar úr umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna algerlega um sjálfar sig. Í 3. gr. þessarar umsagnar segir berum orðum með miklum frekjugangi — og það mætti halda að hv. þm. Sverrir Hermannsson væri alinn upp þar á skrifstofunni — að ef ekki verði farið skilyrðislaust eftir kröfum þeirra, þá séu þeir hættir, þá taki þeir mann sinn út úr n. Þeir fara sem sagt í fýlu eins og smákrakkar. Þessi grein í umsögninni er rituð af slíkum dónaskap að það er eins og formaður samtakanna, Kristján Ragnarsson, líti á sig sem eins konar yfirmann og stjórnanda hæstv. sjútvrh. En það er sem betur fer ekki orðið enn.

Það er, eins og ég segi, ekki ástæða til að vera að eyða mjög löngum tíma í að skeggræða þetta mál miklu lengur. En það má þó lesa hér síðustu greinina í nál. Ed., ég er með það hér, en þar segir að rn. muni setja alveg sérstakar reglur um hvernig þessu leyfi verði háttað.

Hvort sem hv. þm. Sverrir Hermannsson tekur

efasemdir mínar í þessu máli í gærkvöldi sem eitthvert fylgi við skoðun sína í málinu eða ekki, það er hans að bera ábyrgð á því sem hann segir. Ég var aðeins hugsi yfir því hvort þetta kynni að skapa fordæmi, en við nánari skoðun er ég kominn inn á að vera samþykkur því að veita þetta leyfi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. samþ. með 21:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SV, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GS, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, HES, IngJ, GHB, KP, MÓ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, ÞP.
nei: KÓ, SvH, TÁ, VH, RS, SkA, LJós, RH.
Sigurl.B greiddi ekki atkv.
9 þm. (SighB, ÞS, BGr, EðS, GF, EyS, IG, LárJ, MK) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 32. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 31. fundi.

Löndun á loðnu til bræðslu, frv. (þskj. 197). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 230).

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 155, n. 225). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Sjútvn. Nd. hefur haft mál þetta til athugunar og er sama sinnis og sjútvn. Ed. sem skilaði einróma áliti sínu og mælti með samþykkt þessa frv. sem n. hér í Nd. og gerir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 223, n. 227). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Virðulegi forseti. Ég held að ég verði að koma áleiðis til ráðh. og reyndar þingforseta líka þeirri óánægju sem hefur komið fram í þeirri n. sem ég er form. fyrir, sjútvn. Nd., og kom ljóslega fram nú í kvöld þegar við höfðum mál þetta til meðferðar og afgreiðslu, en það er hinn knappi tími sem við höfðum til þess að fara yfir málið í n., þótt ég hins vegar hafi fengið staðfestingu á því að sjútvn. Ed. átti þess kost að skoða málið mjög gaumgæfilega og hefur lagt fram nokkrar brtt. við frv.

Við í n. hér í hv. d. erum sammála um að mæla með þeim brtt. sem komu frá Ed. og hafa verið samþ. þar. Segja má máske að meginatriðið sé það að í stað þriggja deilda, sem frv. gerir ráð fyrir, verði þær fjórar samkv. frv. eins og það er nú.

Ég viðurkenni það fúslega og ég held að ég megi þar mæla um fyrir flest okkar í hv. n., að eins og máske oft og tíðum er venja á síðustu klukkustundum þingsins, þá gefst ekki tími fyrir síðari d. að fara nógu ítarlega í viðkomandi mál. En eftir að ég hafði talað nú áðan við fulltrúa úr n. Ed. og þeir tjáð mér að þeir hefðu skoðað málið mjög samviskusamlega og haft það lengi til athugunar, þá hefur mér heimilast fyrir hönd okkar 6 í n. að mæla með samþykkt þess með þeim breytingum, sem á hafa orðið í Ed. — En eins og segir í nál., tekur Sighvatur Björgvinsson ekki afstöðu til málsins.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að hér er um stórmál að ræða. Það er verið að koma á fót nýrri stofnun um framleiðslueftirlit með sjávarafurðum. Sú n., sem um málið fjallaði í Nd., fékk nákvæmlega 4½ mínútu til þess að ganga frá áliti sínu og móta afstöðu til málsins. Ég treysti mér ekki á svo skömmum tíma til þess að móta mér skoðun á þessu, hvort heldur er að vera með því eða á móti, þannig að ég mun ekki taka þátt í að afgreiða þetta mál. Ég skil það mætavel út af fyrir sig að það liggi á að afgreiða mál eins og þetta, en ég vil mjög kvarta undan því að n., sem á að fjalla um þetta mál í þessari hv. d., fær ekki rýmri tíma en henni gafst í kvöld. Ég vil beina því til forseta, ráðh. og nefndarformanna, að þegar á að afgreiða mál eins og hér er gert og vitað er að skammur tími er til stefnu, hvort væri þá ekki ráð til þess að flýta fyrir afgreiðslu mála og til þess að menn gætu gefið sér tíma til þess að kynnast þeim, að nefndir beggja d. hefðu sameiginlega fundi þar sem um slík mál væri fjallað.

Um þetta mál hefði ég talið eðlilegt, fyrst afgreiða átti málið á svo skömmum tíma, að sjútvn. Nd. hefði verið boðið a. m. k. að eiga aðild að fundum með sjútvn. Ed. um þetta mál því að sá háttur hefur oft verið á hafður undir svipuð-

um kringumstæðum. Og ég vil eindregið vonast til þess, að ef horfur eru á því fyrir annir að vori að slík mál kunni að koma upp sem vitað er fyrir fram að muni bera seint að í þinginu, að þá verði sá háttur á hafður að nefndir þær, sem um málið eiga að fjalla í báðum deildum, geri það þá á sameiginlegum fundum, til þess að það þurfi ekki að koma upp að n. annarrar d. fái 5—6 mínútur til þess að ljúka því að taka afstöðu til slíks máls.

En sem sagt, eins og ég segi, ég mun ekki taka afstöðu til þessa frv. Ég þekki það ekki nógu vel til þess. Ég mun ekki leggjast gegn því og ég mun ekki heldur greiða atkv. með því. En ég fer þess eindregið á leit við forseta, ráðh. og formenn n. að þeir reyni að leggja niður svona starfshætti sem ég tel ámælisverða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Fimmtudaginn 19. des., að loknum 32. fundi.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 155). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 231).

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 223). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 232).

Sameinað þing, 27. fundur.

Föstudaginn 20. des., kl. 2 miðdegis.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 204). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 28. fundur.

Föstudaginn 20. des., að loknum 27. fundi.

Frestun á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 204). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Samkv. venju á þessum árstíma er hér flutt till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samráð hefur verið haft við þingflokka um efni þessarar þáltill., og hef ég ekki ástæðu til að ætla annað en samstaða sé um till. Ég sé því ekki ástæðu til að gera till. um að henni verði vísað til n., en vænti þess að hún fái jákvæða afgreiðslu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 245).

Efri deild, 37. fundur.

Föstudaginn 20. des., kl. 2.10 miðdegis.

Lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar, frv. (þskj. 144). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 238).

Þingfrestun.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þar sem þetta er síðasti fundur hv. deildar fyrir þingfrestun leyfi ég mér að þakka öllum hv. deildarmönnum góða og ánægjulega samvinnu. Ég óska hv. þm. gleðilegra jóla og góðs og farsæls komandi árs. Sömu óskir færi ég skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki þess. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ég vænti þess, að vér hittumst hér allir heilir á næsta ári.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Nú þegar líður að lokum fundarhalda í hv. þingdeild vil ég fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta deildarinnar fyrir góða og ánægjulega samvinnu það sem af er þinginu. Fjölskyldu hans óskum við einnig ánægjulegrar jólahátíðar. Ég bið hv. þdm. að staðfesta þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég þakka hv. 4. landsk. þm. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og einnig hv. þm. fyrir að taka undir orð hans. Ég ítreka óskir mínar til hv. þm. og fjölskyldna þeirra.

Neðri deild, 34. fundur.

Föstudaginn 20. des., kl. 2.10 miðdegis.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frv. (þskj. 178). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 121, 224). — 2. umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Forseti. Menntmn. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. um Hótel- og veitingaskóla Íslands. Eins og fram hefur komið miðast þessi breyting að því að nemendur skólans fái aðild að skólanefndinni. N. hefur sem sagt rætt þetta mál og er sammála um að mæla með samþykkt frv. án breytinga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 35. fundur.

Föstudaginn 20. des., að loknum 34. fundi.

Hótel- og veitingaskóli Íslands, frv. (þskj. 121). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 239).

Þingfrestun.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þar sem þetta er síðasti fundur Nd. nú fyrir jól vil ég þakka hv. þdm. samstarf þann tíma sem af er þessu þingi og umburðarlyndi við mig sem forseta. Ég leyfi mér að óska þdm. öllum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar hátíðar og farsæls komandi árs og læt í té ósk um að við megum hittast heil á næsta ári, þegar Alþ. kemur saman til fundar á ný. Sömuleiðis óska ég skrifstofustjóra þingsins og starfsfólki öllu og fjölskyldum þess gleðilegrar jólahátíðar og farsæls komandi árs og þakka þeim prýðilega aðstoð og samstarf það sem af er þessu þingi.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka góðar óskir forseta okkur til handa. Ég þakka forseta fundarstjórn og samvinnu það sem af er liðið þessu þingi, og ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Ég vil einnig færa starfsfólki þingsins þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og óska því gleðilegra jóla og góðs komandi árs. Ég vænti þess, að við megum öll hittast hér heil til starfa á komandi ári, og ég vil biðja hv. þdm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég þakka hv. þm. óskir hans til mín og fjölskyldu minnar og hv. þdm. undirtektir þeirra. Ég ítreka árnaðaróskir mínar til þm. og segi þessum fundi slitið.

Sameinað þing, 29. fundur.

Föstudaginn 20. des., kl. 4 síðdegis.

Fjárlög 1975, frv. (þskj. 176, n. 221, 206, 219, 228, 229). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. málsins er upphaflegur grundvöllur fjárlagafrv. byggður á kauplagi sem metið var 35% hærra en í viðmiðun gildandi fjárl., auk þess sem þá var um 400 millj. kr. upphæð að ræða í fjárlagafrv. til þess að mæta viðbótarkaupbreytingum. Nú er komið í ljós að raunverulegt kauplag hefur hækkað meira eða sem nemur allt að 51%, og með tilliti til þess hækkar viðmiðun skattvísitölu samkv. brtt. fjvn. úr 145 stigum í 151 stig. Að öðru leyti er einnig á því byggt að stöðug atvinna haldist í landinu og að magnbreytingar verði ekki sem neinu nemur frá því sem þær munu reynast á yfirstandandi ári.

Að sjálfsögðu veltur nú sem fyrr á því að stjórnvöldum takist að halda þannig á stjórn efnahagsmála, að ekki fari af stað ný verðbólgualda eins og átti sér stað á fyrri hluta yfirstandandi árs. Hefur áhrifa af þeirri óheillaþróun vissulega gætt í ríkum mæli við þá fjárlagagerð, sem Alþ. er nú að leggja síðustu hönd á.

Eins og sjá má af þeim niðurstöðum sem koma til með að liggja fyrir eftir að brtt. fjvn. eru fram komnar, þá er fjárlagadæmið sem næst því sem áætlun nr. 2 frá Þjóðhagsstofnuninni gerir ráð fyrir. Eins og sagði neðanmáls við þá áætlanagerð var gert ráð fyrir að upphæðir gætu breyst lítið eitt við nánari athugun og sú hefur raunin á orðið um einstaka liði, svo sem ég mun síðar víkja að.

Um brtt. vil ég að öðru leyti segja það, að enda þótt n. flytji sameiginlega þær brtt., sem eru við gjaldabálk frv., þá áskilur minni hl. sér allan rétt til að fylgja eða flytja brtt. við frv. umfram það sem þar kemur fram.

Mér er fyllilega ljóst að fjárlagaboginn er að fullu spenntur. Hvort tveggja er, að þörfin er

fyrir meira fjármagn til ýmissa hluta en möguleikar eru á að veita og yfir því verður kvartað nú se mfyrr. Að hinu leytinu mun meiri hl. fjvn. og ríkisstj. ekki fara varhluta af ámæli frá ýmsum og jafnvel sömu aðilum fyrir allt of mikla þenslu og hækkun fjárlagafrv. Við því er út af fyrir sig ekkert að segja annað en það, að sú hækkun, sem átt hefur sér stað í meðferð fjvn. á fjárlagafrv., er síst meiri nú en oftast áður og hlutfallslega minni en átti sér stað t. d. við síðustu fjálagaafgreiðslu.

Á milli umr. hefur n., ásamt því að athuga nánar ýmis erindi sem hún átti óafgreidd við 2. umr., tekið til athugunar þær brtt. sem einstakir þm. fluttu við 2. umr. og tóku til baka til 3. umr. Sumar af þessum till. falla að þeim till. sem n. nú flytur. Aðrar brtt., sem n. hefði gjarnan viljað taka undir, en ekki treyst sér til að þessu sinni, eru nokkrar og vil ég þar t. d. nefna brtt. á þskj. 150 frá Sverri Bergmann um fjárveitingu til Borgarsjúkrahússins til hönnunar á B-álmu sjúkrahússins. Því miður sá n. sér ekki fært að mæla með þessu þarfa máli. Sannleikurinn er sá að þörfin á auknum úrbótum á sviði heilbrigðismála er mjög mikil, sem einnig verður best séð af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á þessum útgjaldalið fjárlagafrv.

Að öðru leyti má vekja athygli hv. þm. á því, að í sjálfu fjárlagafrv. eru geysiháar fjárupphæðir sem ætlað er að taka að láni til margvíslegra framkvæmda, sem allar stefna að því sama marki að gera landið byggilegra og veita þjóðinni alls konar þjónustu í enn ríkari mæli en áður hefur átt sér stað. Sama máli gegnir um ýmsar brtt. n. Þar taka að sjálfsögðu orkumálin stóran skerf. Þar er um málaflokk að ræða sem ekki er óeðlilegt að hafi forgang hvað snertir aðgang að hinu sameiginlega fjármagni sem þjóðinni hefur safnast.

Ég mun þá víkja að brtt. sem fjvn. flytur sameiginlega á þskj. 206 og 228 og meiri hl. n. á þskj. 229.

Kemur fyrst till. varðandi sérfræðilega aðstoð við þingflokka. Segja má að hér sé um launalið að ræða og ætti því að breytast í samræmi við launabreytingar. Er lagt til á þskj. 206 að liðurinn hækki um 1 millj., en átti að vera 2 millj., og er leiðrétting í samræmi við það á þskj. 228. Hér er því um hækkun að ræða sem nemur rúmlega 30%.

Þá er till. um að til Hrafnseyrar verði fjárveiting að upphæð 500 þús. kr., sem ætluð er til viðhalds á staðnum. — Lagt er til, að til þjóðgarðs á Þingvöllum hækki liðurinn Önnur rekstrargjöld um 1 millj. kr., en það er ætlað til líffræðilegra rannsókna í Þingvallavatni.

Lagt er til að liðurinn Fræðsluskrifstofur hækki um 1500 þús. kr. og verður samtals 18 millj. 797 þús. kr. Þessi upphæð er talin nema því að hægt verði að setja af stað eftir nýju grunnskólalögunum fræðsluskrifstofur sem nemur 1/3 af því sem endanlega verður, þegar lögin hafa tekið fullt gildi og fræðsluskrifstofur hafa verið stofnsettar um allt land.

Þá er lagt til, að fjárveiting til námsflokka hækki um 450 þús. og verður þá liðurinn samtals 1200 þús. kr.

Inn kemur nýr liður, styrkur til hjúkrunarkennaranáms á Norðurlöndum 400 þús. kr.

Þá koma brtt. við Háskóla Íslands, heimspekideild. Er þar um hækkun að ræða sem nemur 100 þús. kr. frá því sem er í frv., en áður hafði liðurinn hækkað frá fjárl. yfirstandandi árs um 1300 þús. kr. og verður því samtals 3.9 millj. kr. Fulltrúar frá þessari deild í háskólanum komu á fund fjvn. og óskuðu eftir því, að upphæð þessi yrði annað tveggja skipt jafnt á milli deildanna þriggja eða þá það kæmi í hlut háskólans að skipta upphæðinni, eins og átti sér stað t. d. á yfirstandandi ári. N. tók þá ákvörðun að leggja til að upphæðinni yrði skipt jafnt á milli deilda, þ. e. 1300 þús. kr. komi í hlut hverrar deildar.

Til stofnunar Árna Magnússonar hækkar liðurinn Gjaldfærður kostnaður um 5 millj. kr. Það er vegna bókasafns Þorsteins M. Jónssonar og í samræmi við samninga þar um við hann. Þetta er fyrri greiðsla af tveimur. Gert er ráð fyrir að 5 millj. verði einnig að taka inn í fjárlög næsta árs og þar með ljúki uppgjöri varðandi það mál.

Til Menntaskólans við Hamrahlíð kemur nýr liður: Gjaldfærður stofnkostnaður 2 millj. kr. Það er í sambandi við áframhaldandi framkvæmdir við núverandi byggingar.

Þá kemur liðurinn Iðnskólar almennt. Lagt er til að inn sé tekinn nýr liður varðandi viðhald að upphæð 2 millj. kr.

Eins og fram kom við 2. umr. fjárlagafrv. var eftir að taka endanlega ákvörðun um það í fjvn. hvað liðurinn til Sjómannaskólahússins vegna viðhalds skyldi hækka. Hér er lagt til að liðurinn hækki um 4 millj. kr. og verða því samtals á fjárl. yfirstandandi árs til ráðstöfunar til viðhalds Sjómannaskólahússins 7 millj. 246 þús. kr., en auk þess hefur Sjómannaskólinn til ráðstöfunar rúmlega 3 millj. kr. gjaldfærðan stofnkostnað sem einnig mætti nota í sama tilgangi ef á því þyrfti að halda.

Þessu næst eru till. n. varðandi dagvistunarheimili. Er lagt til að liðurinn hækki um 10.1 millj. kr., en varðandi sundurliðun til einstakra byggingarframkvæmda vísast að öðru leyti til sundurliðunar á sérstöku yfirliti.

Til Lánasjóðs ísl. námsmanna er till. um 74 millj. kr. hækkun og verður þá liðurinn samtals 680 millj. kr. Til viðbótar þessu er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki að láni um 100 millj. kr., og hefur hann alls til ráðstöfunar 780 millj. samkv. því.

Styrkur til útgáfustarfsemi er lagt til, að hækki um 1 millj. kr.

Til Listasafns Íslands hækkar liðurinn Gjaldfærður stofnkostnaður um 5 millj. og verður alls 7 millj. 750 þús. kr. Gert er ráð fyrir að unnt verði að hefja byggingarframkvæmdir á viðbyggingu við Listasafnið við Fríkirkjuveg, þar sem stofnunin hefur yfir nokkru fjármagni að ráða til viðbótar því sem kemur fram í þessari fjárveitingu.

Til listasafna er till. um 300 þús. kr. hækkun. — Þá kemur liðurinn Listkynning í skólum. Er lagt til að liðurinn hækki um 200 þús. kr. — Til Bandalags ísl. listamanna hækkar liðurinn um 100 þús. kr. — Inn er tekinn nýr liður að

upphæð 2 millj. kr. til að standa undir kostnaði við Listdansflokkinn, en flokkur þessi hóf starfsemi sína á síðasta ári og starfar í tengslum við Þjóðleikhúsið.

Til Bandalags ísl. skáta hækkar framlag um 300 þús. kr. — Lagt er til, að fjárveiting til Íslenskra ungtemplara hækki um 200 þús.

Þá er lagt til að inn sé tekinn nýr liður, þ. e. til Olympíunefndar, 1 millj. kr., en það hefur verið venja að skipta fjárveitingunni á tvö ár, þegar Olympíuleikar hafa farið fram, en næst munu þeir fara fram á árinu 1976.

Til minnisvarða um Jón Eiríksson hækkar fjárveiting um 65 þús. kr. og verður þá alls 100 þús. að þessu sinni. — Þá er lagt til að fjárveiting til Sædýrasafnsins í Hafnarfirði hækki um 200 þús.

Til aðstoðar við þróunarlöndin hækkar fjárveiting um 5 millj., en það er samkv. samningum þar um á sama hátt og áður hefur átt sér stað.

Liðurinn Til fyrirhleðslna er lagt til að hækki um 7 millj. 810 þús. kr. um skiptingu á fjárupphæðinni vísast til þess sem fram kemur í yfirliti á þskj.

Til söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar hækkar liðurinn um 500 þús. kr.

Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga er lagt til, að hækki um 37 millj. og verður þá samtals 45 millj. kr. Hér er um verulega upphæð að ræða sem er í samræmi við ný lagaákvæði sem taka munu gildi samkv. fyrirheit ríkisstj.

Lagt er til, að liðurinn Jafnlaunaráð hækki um 200 þús. kr. — Til orlofsheimila verkalýðssamtakanna er till. um 1500 þús. kr. hækkun, og til Alþýðusambands Íslands vegna menningar- og fræðslusambands alþýðu er till. um 500 þús. kr. hækkun.

Þá er till. um, að fjárveiting til Kaupmannasamtakanna til hagræðingarstarfsemi verði að upphæð 3 millj. kr. og til Neytendasamtakanna hækkar liðurinn um 200 þús.

Um Tryggingastofnun ríkisins er lagt til að liðurinn hækki alls um 615 millj. kr. og vísast til þess sem fram kemur í B-hluta fjárlagafrv. Þar er um að ræða annars vegar lífeyristryggingar til samræmis við samningsbundna hækkun launa um 3% 1. des. 1974 og 3% hækkun sem koma á 1. júní 1975, eða samtals 260 millj. kr. Hins vegar er hækkunin vegna sjúkratrygginganna sem nemur um 330 millj. kr. vegna almennra verðhækkana og 25 millj. vegna fjölgunar á starfsfólki við Landsspítalann, aðallega vegna opnunar langlegudeildarinnar að Hátúni 6. Verður því upphæðin samtals um 650 millj. kr. vegna almannatrygginga.

Þá er næst till. um 500 þús. kr. hækkun til Stórstúku Íslands.

Til Bandalags ríkis og bæja er 3 millj. kr. hækkun til byggingar orlofsheimila í Munaðarnesi, og verður þá liðurinn samtals 15 millj. kr.

Þá kemur nýr liður að upphæð 3 millj. 500 þús. kr. sem er til eftirmenntunar í rafiðnaði og skiptist upphæðin þannig að undir liðinn Laun koma 2.5 millj., undir Önnur rekstrargjöld kemur 1 millj. kr., samtals 3.5 millj. kr. Er talið að hér sé um mál að ræða sem sé mjög brýn nauðsyn á í sambandi við þann nýja tækniútbúnað sem kominn er í öll fiskiskip og enn fremur í sambandi við þau nýju raftæki sem eru á sjúkrahúsunum og er farið að taka í æ ríkari mæli í notkun.

Þá er lagt til, að liðurinn Önnur rekstrargjöld við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins hækki um 1 millj. og skal upphæðinni varið til þess að standa undir kostnaði við steinefnaleit eða rannsóknir á því sviði fyrir Norður- og Austurland og Vestfirði.

Til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins er till. um 2 millj. kr. hækkun, en áður var búið að samþykkja 1 millj., svo að alls hækkar framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins um 3 millj. kr. að þessu sinni.

Til hlutafjáraukningar í Iðnaðarbanka Íslands er ríkisstj. heimilað að hækka hlutafé ríkissjóðs í bankanum um 1 millj. 600 þús. kr.

Lagt er til að til stjórnar iðnþróunaráætlunar hækki fjárveiting um 1.5 millj.

Liðurinn Til niðurgreiðslu á vöruverði er lagt til að hækki um 90 millj. kr., og verður þá alls varið til niðurgreiðslu á vöruverði á árinu 1975 samkv. því 3 milljörðum 758 millj. kr.

Að lokum eru á þessu þskj. nokkrar till. sem falla undir 6. gr. fjárlagafrv., þar sem ríkisstj. er heimilað eftirfarandi:

Að endurgreiða þinglýsingargjöld af afsölum vegna b/v Skafta Sk-3, Karlsefnis, Krossavíkur, Akraborgar, Framtíðarinnar, Trausta og Suðurness. — Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt á disilrafstöð fyrir Rafveitu Ísafjarðar. — Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, vélum og tækjum til stækkunar Skeiðfossvirkjunar. — Að fella niður sem eigið framlag ríkissjóðs til Áburðarverksmiðju ríkisins skuld verksmiðjunnar við ríkissjóð, að fjárhæð 44 millj. 113 þús. kr., vegna ógreiddra aðflutningsgjalda. — Að hafa makaskipti á landspildu úr Helluvaðslandi í Rangárvallahreppi til hagræðingar vegna uppsetningar landamerkjagirðinga.

Þá koma enn nýir liðir: Að fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 35 millj. kr. lán vegna hafnarframkvæmda við landshöfnina á Rifi. — Þá er fjmrh. heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs allt að 50 millj. kr. lán vegna hafnarframkvæmda við landshöfnina í Keflavík og Njarðvík. — Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 200 millj. kr. að láni hjá Seðlabanka Íslands til 5 ára og renni það sem óafturkræft framlag ríkissjóðs til Áburðarverksmiðju ríkisins.

Á þskj. 228 er brtt. við 1. gr. Það er till. um 215 millj. kr. fjárveitingu vegna greiðslu á vísitölutryggðu skuldabréfaláni frá árinu 1964. Hér er um upphæð að ræða sem nemur að stofni til 53.1 millj. kr. Af þessu verður best séð hvað verðbólgan hefur verið ör á þessu tímabili, að það skuli nú þurfa 215 millj. kr. til þess að greiða 53 millj. kr. lán.

Þá koma till. á þessu þskj. við 4. gr. frv. Er þar fyrst till. um fjárveitingu til aðstoðar við þingflokka, eins og ég gat um áðan.

Við Háskóla Íslands kemur ein till. til hækkunar. Þar er lagt til að taka upp nýjan lið að upphæð 3 millj. kr. vegna nýrrar námsbrautar í sjúkraþjálfun, sem gert er ráð fyrir að tekin verði upp við Háskólann á næsta ári. Er lögð

mikil áhersla á að þessi námsbraut geti komið til framkvæmda, og er hér orðið við þeim óskum.

Lagt er til, að liðurinn Húsmæðraskólar, gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 1 millj. kr. og verður þá alls 6 millj., en um skiptingu á upphæðinni vísast til þess sem fram kemur á sérstöku yfirliti á þskj.

Þá kemur nýr liður, Landgrunnsrannsóknir, að upphæð 3 millj. kr. Hér er að sjálfsögðu mikið verkefni óleyst þótt upphæðin sé ekki stærri að þessu sinni. Það segir sig sjálft, að ekki síst eftir að landhelgin og umráðaréttur yfir auðlindum í og yfir landgrunninu hefur verið fært út í 200 mílur, þá eru hér mikil verkefni sem kosta mun mikla fjármuni að vinna að.

Eins og ég gat um áðan, var gert ráð fyrir því að stjórn Lánasjóðs námsmanna tæki 100 millj. kr. lán til viðbótar fjárveitingunni, og er hér gert ráð fyrir, að þessi heimild sé til staðar.

Til Þjóðminjasafnsins er till. um 1.5 millj. kr. hækkun á fjárveitingu, en það er liðurinn Til sveitarfélaga. Er það sérstaklega ætlað til styrktar til að endurbæta kútter Sigurfara, sem nú er á vegum Byggðasafnsins í Görðum á Akranesi, en með því er bjargað minjagrip sem minnir á þýðingarmikið tímabil í atvinnusögu þjóðarinnar, en þar á ég við skútuöldina. Á séra Jón M. Guðjónsson sóknarprestur á Akranesi miklar þakkir skyldar fyrir fyrirhyggju sína á þessu sviði, en það er fyrir hans forgöngu að kútter Sigurfari var keyptur aftur heim til Íslands. Má segja að flestir gömlu íslensku kútterarnir frá skútuöldunni séu búnir að týna tölunni. — Að öðru leyti er fjárveitingunni ætlað til styrktar Sjóminjasafni Íslands, sem nýlega hefur verið stofnsett í Hafnarfirði, og nokkur upphæð til Sjóminjafélags Íslands og kæmi þá í stað brtt. á öðru þskj. sem flutt er í sama skyni.

Þá er till. um 50 þús. kr. fjárveitingu til Æskulýðsnefndar Norður-Þingeyjarsýslu.

Með hliðsjón af annarri till. við 6. gr. frv. varðandi vindlingagjald til ÍSÍ verður hér breyting á liðnum sem nemur til hækkunar um 3 millj. 160 þús. og verður þá liðurinn alls 16 millj. 677 þús. kr.

Til Náttúrugripasafnsins á Akureyri er till. um 200 þús. kr. hækkun, til Náttúrugripasafnsins á Norðfirði 100 þús. og til Náttúrugripasafnsins í Vestmannaeyjum er um sömu upphæð að ræða.

Þá kemur till. um 200 þús. kr. hækkun til rekstrar Sædýrasafnsins í Hafnarfirði og til safnahúsins á Blönduósi 200 þús. kr. Lagt er til að stofnkostnaður Sædýrasafnsins í Hafnarfirði hækki einnig, og er fjárveiting um 266 þús kr., en það er annar liður í fjárlagafrv.

Til verndar arnarstofninum er till. um 60 þús. kr. fjárveitingu.

Við Landnám ríkisins er till. um hækkun á liðnum Vextir, að upphæð 532 þús. kr., og til grænfóðurverksmiðja er till. um 5 milljarða kr. til hækkunar.

Þá eru tvær viðbótartill. við fyrirhleðslur, 1 millj. kr. til varnargarðs vegna Kötlugosa og 100 þús. til fyrirhleðslu við Bjarteyjarsand.

Lagt er til, að liðurinn Inn-Djúpsáætlun hækki um 2 millj. og verður samtals 7 millj. kr., en hér er um framleiðslustyrki að ræða í sambandi við sérstök lög sem kveða á um þessa fjárveitingu.

Þá er till. um 100 þús. kr. hækkun til Félags áhugamanna um fiskrækt.

Næst koma tveir nýir liðir: Til Búnaðarsambands Suðurlands 2 millj. kr. og til Búnaðarsambands Norðurlands einnig 2 millj. Hér er um styrki að ræða til kaupa á heyverkunarvélum.

Til Garðyrkjuskólans á Reykjum er till. um 5 millj. kr. hækkun á gjaldfærðum stofnkostnaði, en það er til þess að ljúka ýmsum framkvæmdum við þá skólabyggingu.

Næst kemur till. um 6 millj. kr. hækkun á liðnum Til verðbóta á línufiski.

Þá er till. um fjárveitingu til Styrktarsjóðs fatlaðra, að hún hækki um 700 þús. kr., og verður þá sá liður samtals 4 millj. kr.

Liðurinn Slysavarnafélag Íslands er lagt til að breytist á sama hátt og átti sér stað varðandi ÍSÍ. En það er í samræmi við auknar tekjur af vindlingagjaldi.

Þá koma till. um þrjá nýja liði: Til Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi 100 þús., til Styrktarfélags vangefinna á Austurlandi 100 þús. og til Foreldrafélags fatlaðra er till. um 300 þús. kr.

Til Náttúrulækningafélags Íslands vegna bygginga í Hveragerði er till. um 3 millj. kr.

Við heilbr.- og trmrn. hækkar launaliður um 1 millj. kr., en það er vegna ráðningar á tannlækni, sem ætlað er að hafa eftirlit með tannviðgerðum barna í heilsugæslustöðvum og víðar.

Til Krabbameinsfélags Íslands hækkar liðurinn um 4 millj. og 19 þús. kr., sem er í sambandi við auknar tekjur félagsins af vindlingasölu, svo sem fram kemur síðar.

Þá lækkar liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun o. fl. um 148 þús. kr., en það er vegna láts eins styrkþega. Liðurinn Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur hækkar hins vegar um 200 þús. kr.

Við liðinn Vegagerð eru nokkrar breytingar sem stafa af nýjum og auknum lántökum, og vísast til þess sem fram kemur í þskj. Þar er um hækkun að ræða sem nemur 300 millj. kr.

Næst kemur á þessu þskj. fjárveiting að upphæð 85 millj. kr., sem ég hef þegar gert grein fyrir varðandi lántöku til landshafnanna.

Við Siglingamálastofnunina er till. um að launaliðir hækki um 2 millj. kr. Er það til ráðningar á tveimur starfsmönnum sem skulu hafa á hendi sérstakt eftirlit með öryggisbúnaði skipa. Er starfssvið þeirra allt landið og ætlast til þess að teknar verði upp eins konar skyndiskoðanir á skipum öðru hverju. Hér er um fjárveitingu að ræða sem ég tel að hafi verið mjög brýn. Það hefur verið kvartað yfir því að undanförnu að ekki hafi verið fyrir hendi hjá Siglingamálastofnuninni nægir starfskraftar til þess að starfa að þessu nauðsynlega hlutverki, og við höfum tekið eftir því að undanförnu, að það hefur verið um nokkuð tíð atvik að ræða í sambandi við bruna í skipum sérstaklega, og er óhætt að fullyrða, að það má rekja til þess, að það hafi ekki verið nægilega gott eftirlit í sambandi við þann útbúnað í skipunum sem getur afstýrt því að skipin verði fyrir eldsvoða. Ég vona og n. vonar að þessi fjárveiting komi að góðu haldi, þar sem þarna er ákveðið að ráða tvo fasta starfs-

menn, sem eiga stöðugt að hafa þetta verkefni á hendi í öllum verstöðvunum, að fylgjast með öryggisútbúnaði skipanna og gera öðru hverju skyndiskoðanir í því sambandi.

Til Sjóslysanefndar hækkar liðurinn Önnur rekstrargjöld um 2 millj. kr. Upphæð þessari er ætlað að standa undir rannsókn á reki gúmmíbáta samkv. þál. frá síðasta þingi. Till. n. var um hærri fjárveitingu, en þar sem verulegur hluti þeirrar upphæðar var fyrir leigu á varðskipi, sem fjárveiting til rekstrar á er fyrir hendi í fjárlagafrv., sá n. ekki ástæðu til þess að hafa þessa upphæð hærri. Gert var ráð fyrir því í þeirri beiðni, sem kom til n., að þyrfti um 6 millj. kr. til viðbótar til þess að sinna þessu verkefni, þ. e. að finna út og fylgjast með eða gera sér grein fyrir reki gúmmíbáta, sem talið er mjög nauðsynlegt mál, 6 millj. kr. til ákveðins varðskips. Það er, eins og ég sagði áðan, fyrir hendi fjárveiting til þess að halda úti rekstri á þessu skipi, sem er varðskipið Albert, allt árið, svo að það er ástæðulaust að vera í þessu tilfelli með sérstaka fjárveitingu til þess að fjármagna þá hlið málsins. Vil ég vænta þess, að sú upphæð, sem hér um ræðir, nægi til þess að ljúka þessari könnun eða rannsókn varðandi rek á gúmmíbátum.

Þá er lagt til, að framlag til Ferðamálasjóðs hækki um 5 millj. kr. og verður upphæðin samtals 15 millj.

Til Orkustofnunar er till. um 2 millj. kr. hækkun undir liðnum Önnur rekstrargjöld og er ætlunin að verja upphæðinni til aukinna rannsókna á Vestfjörðum í sambandi við orkumál.

Þá er næst till. á þskj. um 300 þús. kr. hækkun á liðnum Lán til jarðhitaleitar. Hér er um misprentun að ræða, hafi það ekki verið leiðrétt, og átti upphæðin að vera 3 millj. kr. og verður liðurinn því 12 millj. í stað inn fyrir 9 millj. í fjárlagafrv.

Fjvn. kallaði orkumálastjóra á fund sinn á ný og ræddi við hann sérstaklega um jarðhitamálin. Fyrir n. hafa legið umsóknir um stórauknar fjárveitingar til aðstoðar við jarðhitaleitina. Þar eru stærstu verkefnin fram undan í sambandi við hitaveitu fyrir Akureyri og Akranes, umfram það sem stendur yfir og hefur þegar verið veitt miklu fjármagni til, í sambandi við Svartsengi og þá hitaveitu sem fyrirhuguð er fyrir Suðurnes. En á Hveravöllum í Þingeyjarsýslu og að Leirá í Leirársveit í Borgarfirði er talið af sérfræðingum Orkustofnunarinnar að sé um mikla möguleika að ræða hvað jarðvarma snertir. Það er með tilliti til þessa sem fjvn. flytur á sérstöku þskj. till. um 25 millj. kr. fjárveitingu til að vinna að borun á þessum stöðum. En þar er einnig haft í huga að ljúka rannsóknum á möguleikum til hagnýtingar á jarðvarmanum í hinu nýja hrauni í Heimaey í Vestmannaeyjum. Þar er um upphæð að ræða sem talið er að muni nema um 2 millj. kr. Er talið í sambandi við þann jarðvarma, sem er fyrir hendi í hrauninu í Heimaey, að hann muni geta enst í tugi ára og þá er leitt til þess að vita ef ekki verður hægt að nýta þessi verðmæti á því tímabili sem þar um ræðir. En það er sérstakur sérfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, sem kom mikið við sögu þegar Heimaeyjargosið átti sér stað, og er gert ráð fyrir að það sé einmitt sá sérfræðingur við Háskólann sem hafa muni með höndum þá rannsókn sem gert er ráð fyrir að verði kostuð af þeirri upphæð sem hér er um að ræða.

Þá koma till. n. um fjáröflun og framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1975. Er þar um verulegar breytingar að ræða frá því sem er í frv. Gert er ráð fyrir að lántökur hækki um 337 millj. kr. Allir framkvæmdaliðir Rafmagnsveitna ríkisins voru ítarlega endurskoðaðir og liggja nú fyrir áætlanir um framkvæmdir hjá stofnuninni, sem segja má að allar séu bráðnauðsynlegar, en til þeirra þarf fjármagn sem ekki er undir 2600 millj. kr. Að þessu sinni er hins vegar lagt til að framkvæma fyrir fjárupphæð sem nemur 1000 millj. kr. En auk þessa hefur Rafmagnsveitum ríkisins verið falið að hafa með höndum lagningu svokallaðrar byggðalínu og skal í því sambandi stefnt að því að áfanganum frá Andakílsárvirkjun til Laxárvatns í A.-Húnavatnssýslu verði lokið á næsta ári. Kostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður að verði um 650 millj. kr. Þar af er búið að greiða á yfirstandandi ári fyrir efni til þessara framkvæmda um 50 millj. kr. Að öðru leyti vísast til þess sem fram kemur á þskj. Það má segja til viðbótar við þetta, sem hér kemur fram varðandi framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, að nú rétt um þessar mundir hefur orðið að taka ákvörðun um að veita meira fjármagn en hér er gert ráð fyrir í sambandi við að kaupa dísilrafstöðvar til þess að reyna að bjarga frá vandræðaástandi, sem fyrir hendi er á ýmsum stöðum, varðandi það að það er um vöntun á nægri orku að ræða á ýmsum stöðum. Enda þótt gert sé ráð fyrir því, eins og hér kemur fram, að vinna að framkvæmdum fyrir um 1000 millj. kr. á næsta ári, er það þó ekki öll upphæðin, vegna þess að hluti af kostnaði við þær framkvæmdir, sem þar er um að ræða, og þá sérstaklega í sambandi við þær vélar og efni, sem keypt verða til framkvæmdanna, verður tekin að láni, þannig að sú upphæð er raunverulega miklu stærri, sem unnið verður fyrir, heldur en sem nemur þessum 1000 millj. kr. eða þar um bil sem fjárlagatill. meiri hl. fjvn. gera ráð fyrir.

Þá er lagt til að hækka liðinn Jarðboranir, gjaldfærður stofnkostnaður, um 20 millj. kr. Það er vegna kaupa á gufubor frá Bandaríkjunum. En að öðru leyti er lánsheimild í þessu skyni í frv. að upphæð 270 millj. kr., þannig að lánsupphæðin vegna jarðborana verður alls um 290 millj. kr.

Segja má í sambandi við jarðboranir og leit að heitu vatni víðs vegar um landið, að þar hafi vantað mikið á að næg tæki hafi verið fyrir hendi hjá Orkustofnuninni til þess að inna af hendi nokkrar verulegar framkvæmdir umfram það sem átt hefur sér stað, enda þótt nægt fjármagn væri fyrir hendi. Er óhjákvæmilegt að stefna að því að kaupa fleiri og meiri stórvirk tæki í þessum efnum. Án þess að það verði gert er útilokað að sinna þeim miklu nauðsynlegu framkvæmdum sem bíða í sambandi við orkumálin. En hér hefur verið látið staðar numið allt of lengi að byggja upp næg tæki til þess að hafi verið hægt að sinna því þarfa verkefni sem að er stefnt í sambandi við orkunýtinguna í landinu. Enginn vafi er á því, að sá stórvirki gufu-

bor, sem nú er væntanlegur til landsins og er miklu fljótvirkari en eldri tæki sem við höfum yfir að ráða hér í landinu, mun koma að miklum notum þegar hann er kominn til landsins og farið verður að vinna með bornum.

Það er með tilliti til þessa sem kemur að gagni að veita meira fjármagn til ráðstöfunar í sambandi við jarðhitaleitina í landinu, og þess vegna er m. a. tekinn sá nýi háttur upp að þessu sinni að taka sérstakan lið inn upp á 25 millj. kr. til slíkra framkvæmda, til þess að kanna þá möguleika sem taldir eru fyrir hendi í sambandi við jarðhitaleitina fyrir þessa tvo stóru þéttbýliskjarna, Akureyri og Akranes, og er vissulega mikils vert að hægt verði að gera það á næsta ári.

Þessu næst koma þá að lokum brtt. fjvn. við 6. gr. fjárlagafrv., en þar eru um heimildir að ræða: Í fyrsta lagi að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán fyrir Náttúrulækningafélag Íslands vegna byggingar heilsuhælis í Hveragerði, gegn tryggingum sem ríkisstj. metur gildar. — Að hækka framlög samkv. þál. um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun frá 28. júlí 1974 í samræmi við þá hækkun framkvæmdakostnaðar sem kann að verða samkv. útreikningi Hagstofu Íslands. — Að fella niður aðflutningsútgjöld og söluskatt af jarðbor sem Jarðboranir ríkisins flytja inn frá Bandaríkjunum. — Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af stjörnukíki sem Valhúsaskóli fær að gjöf. — Að festa kaup á Nesstofu ásamt hæfilegri lóð. — Að endurgreiða söluskatt og aðflutningsgjöld af sjúkrabifreið fyrir Hvammstangalæknishérað. — Að taka lán allt að 100 millj. kr. til kaupa á tækjum fyrir Landhelgisgæsluna. Það segir sig sjálft, að um leið og landhelgin er færð út og við fáum fleiri skip, þá þurfum við einnig að endurbæta tækjakostinn, sem er í eldri skipunum, og það kostar stóra fjármuni. Hér er lagt til að verja 100 millj. kr. í þessu skyni. — Að ábyrgjast allt að 80 millj. kr. lán fyrir Sjómannadagsráð í Reykjavík og Hafnarfirði vegna nýbyggingar dvalarheimilis aldraðra í Hafnarfirði, gegn tryggingum sem ríkisstj. metur gildar. — Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af merktum borðbúnaði spítala, hæla, elliheimila og annarra heilsugæslustöðva. Þetta sama ákvæði hefur verið í gildi t. d. um langan tíma varðandi hótel, að ef hótel hafa flutt inn borðbúnað, þá hafa þau fengið felldan niður söluskatt og aðflutningsgjöld. En þetta hefur ekki gilt hingað til í sambandi við sjúkrahúsin og hælin sem þurfa náttúrlega í ríkum mæli á þessum búnaði að halda og því sjálfsagt að þau sitji ekki við lakari kjör í þessum efnum en hótelin. — Að taka lán allt að 50 millj. kr. til að ljúka framkvæmdum við Fæðingardeild Landsspítalans. Eins og hv. þm. muna eftir er fyrr búið að hækka fjárveitingu til að ljúka þessari þörfu framkvæmd úr 20 millj. kr. í 80 millj. eða um 60 millj. Þá er gert ráð fyrir því að vanti enn um 50 millj. til þess að hægt verði að ljúka þessari framkvæmd á árinu 1975. Þessi upphæð er ætluð til þess að svo megi verða.— Að taka allt að 20 millj. kr. lán til að leggja varanlegt slitlag á flugvöllinn á Ísafirði. Lánið verði endurgreitt af framkvæmdafé til flugvallagerðar á árinu 1976. Þessi till. kemur hér inn eftir að búið var að ganga frá skiptingu á því fjármagni sem fyrir hendi var í sambandi við flugvallagerð í landinu. Hún er tekin núna með lánsheimild sérstaklega vegna þess að það er gert ráð fyrir því að framkvæma með gatnagerðarvélum að leggja olíumöl á ýmsa vegi, bæði á Ísafirði og annars staðar á Vestfjörðum. Er náttúrlega visst hagræði að því út af fyrir sig að geta lokið við þessa framkvæmd í leiðinni, að setja olíumöl á flugvöllinn, að það megi takast verði þessar vélar þarna fyrir hendi, því að svo getur farið að það líði árabil eða 2—3 ár a. m. k. þar til vélarnar verði aftur fyrir hendi og hafi verkefni á Vestfjörðum. Sjálfsagt er að haga því þannig, þegar vélar eru fluttar, sem eru dýr tæki og kostar mikið að flytja víðs vegar um landið, að það sé hægt að nýta þær á sem flestum sviðum, um leið og þær eru þá fyrir hendi til þess að vinna að öðrum verkefnum í þeim landshluta. — Að ábyrgjast fyrir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði allt að 15 millj. kr. lán vegna viðbyggingar við spítalann, gegn tryggingum sem ríkisstj. metur gildar. — Að ábyrgjast lán allt að 15 millj. kr. fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja til áframhaldandi uppbyggingar orlofsheimila að Munaðarnesi, gegn tryggingum sem ríkisstj. metur gildar. — Að heimila Hafnabótasjóði að taka lán allt að 40 millj. kr. til að létta greiðslubyrði hafnarsjóða af lánum samkv. reglum sjóðsins. Ráðh. skal gera till. til fjvn. um skiptingu fjárins og skal við skiptinguna hafa hliðsjón af tekjum og gjöldum hafnarsjóðs, framlagi sveitarfélags til hafnarsjóðs, fólksfjölda og öðrum þeim atriðum, sem hafa áhrif á greiðslugetu hafnarsjóðsins. Hér er um hliðstæða till. að ræða og í fjárl. yfirstandandi árs, að öðru leyti en því að till. er 10 millj. kr. lægri, hún er 50 millj. í fjárl. yfirstandandi árs. Hefur verið gert ráð fyrir því og um það rætt að það þurfi að hafa einhverja slíka upphæð í fjárl. um visst tímabil til þess að bjarga þeim höfnum sem hafa erfiðasta greiðslubyrði á vissu árabili. Við skulum vona að innan tíðar lagist greiðslustaðan hjá höfnunum, þannig að þessi upphæð geti farið smáminnkandi og hafnarsjóðirnir verði færir um að standa við skuldbindingar sínar varðandi þær lánagreiðslur sem fyrir hendi eru hjá flestöllum höfnum í landinu. — Að breyta inneign Ríkisábyrgðasjóðs hjá flóabátnum Baldri að upphæð allt að 10 millj. kr. í hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu. — Að taka lán allt að 350 millj. kr. vegna stofnlínulagnar frá Andakílsárvirkjun að Laxárvatni í Austur-Húnavatnssýslu. — Að taka lán allt að 150 millj. kr. vegna undirbúningsframkvæmda Kröfluvirkjunar. — Að taka lán allt að 150 millj. kr. til undirbúningsframkvæmda vegna Bessastaðaárvirkjunar. — Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni til stofnlínu frá Andakílsárvirkjun að Laxárvatni. — Að ábyrgjast fyrir Skúla Pálsson fiskræktarbónda allt að 15 millj. kr. lán vegna byggingar fiskeldisstöðvar í landi jarðarinnar Þóroddsstaða II í Ölfushreppi, gegn þeim tryggingum sem ríkisstj. metur gildar. Hér er um endurveitingu að ræða á sömu upphæð og er í fjárl. yfirstandandi árs, en viðkomandi tók ekki það lán, hvorki þessa né minni upphæð, á árinu og þess vegna er till. að hans ósk endurflutt hér að nýju.

Þá er við 6. gr. till. um nýjan lið: Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 657 millj. kr. innlend lán, þar af 352 millj. kr. vegna orkumála og 300 millj. kr. vegna vegamála.

Loks er lagt til að 7. gr orðist svo: „Skattvísitala árið 1975 skal vera 151 stig miðað við 100 stig árið 1974.“ Þetta er í samræmi við það sem ég hef áður greint frá.

Þá vil ég geta þess að lokum, að í till. fjvn. nú er settur upp rekstur og framkvæmdir Pósts og síma og er í fyrsta skipti að þessu sinni sem það er gert. Áður hafa að vísu verið í fjárl. reikningar Pósts og síma út og inn, en framkvæmdaliðirnir hafa ekki legið fyrir í fjárlagafrv. fyrr en nú. Það er að vissu leyti fróðlegt fyrir bæði þm. og landsmenn alla að geta þá fylgst með því, hvað fyrirhugað er í þessum þýðingarmikla málaflokki á hverju ári fyrir sig. Að öðru leyti vil ég vísa til þess sem fram kemur í þskj. hvað þetta varðar.

Ég vil að lokum segja það, að verði samþ. þessar till. fjvn. og meiri hl. fjvn., sem ég hef greint frá, verður að sjálfsögðu um verulegar breytingar að ræða á fjárlagafrv. En við tekjubálkinn hafa orðið nokkrar breytingar, eins og ég gat um þegar í upphafi máls míns, og eftir að þær breytingar hafa verið gerðar, þá verður það eins og fram kemur á þskj. 229. Ég sé ekki ástæðu út af fyrir sig að fara að lesa allar þær tölur sem þar er um að ræða varðandi tekjubálkinn. En ég vil að lokum segja, að verði sú till. og þær till., sem ég hef þegar greint frá varðandi gjaldabálk frv., samþykktar, þá verða þær breytingar á niðurstöðutölum fjárl. sem hér segir: Rekstrartekjur munu þá nema 47 milljörðum 616 millj. kr. og rekstrarútgjöld 47 milljörðum og 200 millj. Tekjur umfram gjöld verða þá 416 millj. kr. Lánahreyfingar inn verða samtals 3 milljarðar 93 millj. kr., en lánahreyfingar út 3 milljarðar 364 millj. kr. Halli á lánahreyfingum verður þannig um 271 millj. kr. Niðurstaðan verður þannig greiðsluafgangur að fjárupphæð 145 millj. kr.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi taka fram, eins og ég gerði við 2. umr., varðandi brtt. sem fjvn. flytur sameiginlega, að um þær gildir hið sama og fyrr, að þótt till. séu að venju fluttar í nafni n. í heild, þá þýðir það ekki að hver og einn nm. sé samþykkur sérhverri brtt.

Með afgreiðslu Alþ. á frv. til fjárl. fyrir árið 1975 við 2. umr. hækkuðu áætluð útgjöld ríkissjóðs um rúmlega 800 millj. kr., og skv. þeim till., sem nú hafa verið bornar fram og gera má ráð fyrir að verði samþ. við 3 umr., munu útgjöld enn hækka um 1600—1700 millj. kr. til viðbótar. Áætluð útgjöld ríkissjóðs á næsta ári munu því nema um 47200 millj. kr. og hækka um 17800 millj. frá núgildandi fjárl., eða um 60.5%. Skattheimtan hækkar um 18400 millj. eða um nær 63.1%. Er hér um að ræða langsamlega mestu hækkun ríkisútgjalda sem um getur á einu ári.

Við 3. umr. er gert ráð fyrir að lántökur samkv. A- og B-hluta fjárl. vegna verklegra framkvæmda hækki um 1500 millj. kr. og nemi þá á væntanlegum fjárl. um 6000 millj. kr.

Þegar hugað er að þessari gífurlegu hækkun rekstrarútgjalda og að fyrirhuguðum lántökum er algerlega ljóst að niðurstöður fjárlagaafgreiðslunnar gagna þvert gegn þeim tveim aðalmarkmiðum, sem boðuð voru í grg. frv., þeim meginmarkmiðum að stefna gegn útþenslu í ríkisútgjöldum og styrkja fjárhag ríkissjóðs. Í grg. með fjárlagafrv. er sérstaklega tekið fram, að við meðferð frv. á þingi verði keppt að því að hækka verulega, eins og það er orðað, endurgreiðslur á skuld við Seðlabankann frá því sem í frv. er gert ráð fyrir. Í stað þess að af því verði er árangurinn stóraukin fjármögnun framkvæmda með lántökum. Þessu til viðbótar er nú í meðferð þingsins frv. um sölu verðtryggðra skuldabréfa vegna tiltekinna vegaframkvæmda fyrir um 2000 millj. kr. og sóst er eftir að hækka þá lántöku enn um hundruð millj. kr. Slíkar aðgerðir samtímis stórfelldustu þenslu á rekstrarútgjöldum, sem nokkru sinni hefur átt sér stað í þingsögunni, ganga að sjálfsögðu þvert gegn öllum boðuðum markmiðum í grg. frv. og gegn stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um að hún muni stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum.

Þessi niðurstaða við lokaafgreiðslu fjárl. er í samræmi við það, sem við blasti og ég hef við 1. og 2. umr. áður lýst, að vænta mætti. Er því ekki ástæða til að þessu sinni að fjalla í löngu máli um fjárlagafrv. og fyrirsjáanlegar niðurstöður þeirrar afgreiðslu sem hér fer fram. Vil ég því aðeins ítreka það sem ég hef áður sagt um þennan fjárlagafrumburð hæstv. fjmrh., sem boðaði þjóðinni í fyrra niðurskurð ríkisútgjalda um sem svarar 5—6 þús. millj. kr. á næsta ári, en hækkar þess í stað útgjöldin um ríflega 18 þús. millj. kr., þegar til hans kasta kemur aðeins ári síðar að leggja fram og fá samþykkt fjárlög.

Þessi ömurlega niðurstaða sýnir glöggt að stefna ríkisstj. er gersamlega úr böndunum. Þrátt fyrir stöðvun verðlagsbóta á laun æðir verðbólgan áfram. Þrátt fyrir kaupbindingu hafa verðlagshækkanir á tímabilinu eftir að ríkisstj. tók við völdum verið svo gegndarlausar, að þær samsvara 60% verðlagshækkunum á ári. Enn blasa við nýjar hækkanir. Í till. um breyttar fjárhæðir í áætlunum um rekstur Pósts og síma er gert ráð fyrir 35.4% hækkun á gjaldskrá fyrirtækisins eftir áramótin. Og fram hefur komið í fjvn., að á döfinni er allt að 50% hækkun á afnotagjöldum útvarps og sjónvarps.

Þrátt fyrir stórfelldar lántökur og skuldasöfnun til að standa undir framkvæmdaliðum, þegar rekstrarliðirnir hafa gleypt tekjurnar, er ljóst að til þess að geta stillt upp tekjuhliðinni svo að dugi á pappírnum a. m. k. til að mæta þessari feiknalegu útgjaldaaukningu verður að tefla á allra tæpasta vað við áætlun teknanna. Á svo tæpt vað er teflt í þessu efni, að segja má að ríkisstj. neyðist til að velja sér forsendur og gera ráð fyrir þróun sem er í algerri mótsögn við yfirlýsta stefnu hennar í efnahagsmálum, þá stefnu að draga úr því sem stjórnarflokkarnir kalla óviðunandi þensluástand. Stórkostleg útgjaldaaukning ríkissjóðs, útþensla í rekstrarútgjöldum og meðfylgjandi skattheimtuþörf, en skattheimtan er áætluð 63% hærri en á núgildandi fjárl., kallar á og krefst þennsluástands

á öllu næsta ári, en fjöldamörg óviðráðanleg atriði, sem ráða þróun efnahagsmála, benda til annarrar niðurstöðu.

Stefna ríkisstj. í kjaramálum, stórskerðing kaupmáttar launa, stuðlar einnig að samdrætti sem gengur í berhögg við kröfur sem fjárlagaafgreiðslan gerir til stórkostlega aukinnar skattheimtu með neyslusköttum.

Þjóðhagsstofnun hefur stillt upp þremur áætlunum um hugsanlegar tekjur ríkissjóðs á næsta ári. Fyrsta dæmi gerir ráð fyrir innflutningi í svo ríkum mæli, að það dæmi telur stofnunin einungis reikningsgrundvöll, en ekki spá um raunverulegar niðurstöður. Þar er t. d. gert ráð fyrir innflutningi 7000 bifreiða á næsta ári. Í öðru dæmi, dæmi 2, er gert ráð fyrir heldur minni innflutningi, þ. e. a. s. 4—5% minni almennum vöruinnflutningi en í ár. Í dæmi 1 er miðað við 2% minnkun. Þess er sérstaklega getið í aths. Þjóðhagsstofnunar, að magnminnkun innflutnings geti orðið mun meiri en 2%, en breyting af því tagi gæti, eins og segir orðrétt í grg., með leyfi hæstv. forseta, „reynst sérlega afdrifarík fyrir ríkistekjurnar, því að ætla má að samdrátturinn verði helst í hátollainnflutningi, t. d. bílainnflutningi". Samkv. þessu stillir Þjóðhagsstofnun einnig upp dæmi 3, þar sem ríkistekjurnar eru áætlaðar 46.8 milljarðar kr.

Í dæmi nr. 2, þar sem ekki er svo varlega farið, t. d. er gert ráð fyrir innflutningi 6 þús. bifreiða á næsta ári, eru tekjur áætlaðar alls 47 milljarðar 319 millj. kr. Þessi upphæð dugði stjórnarflokkunum ekki. Þeir áætla tekjurnar 47 milljarða 595 millj. kr. Þegar þeir hafa þanið rekstrarútgjöld ríkisins svo út sem raun ber vitni verður niðurstaðan sú, að dæmi nr. 2 dugir ekki til þess að unnt sé að samþykkja greiðsluhallalaus fjárlög miðað við áætluð útgjöld. Þá er gripið til þess að hækka einstaka liði í áætlun Þjóðhagsstofnunar í dæmi nr. 2 af handahófi, þar til heildarhækkunin í þessu hærra dæmi Þjóðhagsstofnunar nemur 276 millj. kr. Með því móti tekst að skila á pappírnum 145 millj. kr. greiðsluafgangi. Til þess að ná saman endum í fjárl. er þannig gripið til þess að hækka þá tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar, sem er sú hærri þeirra tveggja áætlana sem stofnunin telur koma til greina að fara eftir. Bakgrunnur tekjuáætlunarinnar er svo, eins og ég vakti athygli á við 2. umr., m. a.: Áætlaður viðskiptahalli, sem getur numið 10 milljörðum kr., 1—2 þús. millj. kr. rýrnun gjaldeyrisstöðunnar, áætlanir um að gengið verði á útflutningsbirgðirnar, mjög hæpin spá um aukningu útflutningsframleiðslunnar, þar sem viðurkennt er af Þjóðhagsstofnun að byggt er á meiri bjartsýni en spár fiskifræðinga gefa tilefni til og vafasamri spá um hækkun útflutningsverðs sjávarafurða, og fleiri atriði mætti nefna.

Það er augljóst að áætlanir um tekjur til að mæta útþenslu í rekstrarútgjöldum, áætlanir um að unnt sé að auka skattheimtu, fyrst og fremst neysluskatta, um hvorki meira né minna en 18400 millj. kr., 63% tekjuaukningu og um 10500 millj. kr. frá raunverulegum tekjum á þessu ári, eru byggðar á annarri þróun efnahagsmála en ríkisstj. telur sig vera að stefna að.

Fyrirsjáanleg útþensla rekstrarútgjalda ríkissjóðs hefur í för með sér svo ofboðslega skattheimtu, að enginn samdráttur má í rauninni verða svo að þessi spilaborg hrynji ekki. Til þess að hafa tekjur upp í þessa útgjaldahækkun hefur ríkisstj.-flokkunum ekki dugað að nota hæpnustu forsendur til að áætla tekjuliði fjárl. Þeim hefur ekki dugað að hækka tekjuliði umfram það dæmið sem hærra er í áætlun Þjóðhagsstofnunar þeirra tveggja sem stofnunin telur að komi til greina að miða við. Það dugir ríkisstj.-flokkunum ekki heldur að skera þar á ofan niður framlög til hafnarframkvæmda, flugvallagerða og til framkvæmda við verknámsskóla í landinu og miklu fleiri mikilvægari verkefni.

Ofan á allt þetta grípa þeir til þess sem síst skyldi til þess að ná saman endum á risafjárlögum sínum. Þeir skera niður framlag til lífeyristrygginga miðað við þær fjárhæðir sem þyrftu að vera á fjárl., til þess að unnt væri að sjá a. m. k. þeim, sem tekjulausir eru og hafa ekkert annað sér til lífsviðurværis en tekjutryggingu almannatryggingganna, fyrir óskertum kaupmætti lífeyris. Þessi lífskjaraskerðing þeirra, sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu, á enn eftir að aukast frá því sem orðið hefur undanfarna mánuði. Sú rýrnun verður samhliða hverri nýrri verðhækkun á næsta ári. Á fjárl. gera stjórnarflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., ekki ráð fyrir neinu fé til að bæta þessum öryrkjum og gamalmennum kjaraskerðingu umfram 3% hækkanir til jafns við umsamdar kauphækkanir allra launamanna 1. des. s. l. og 1. júní n. k. Þær fjárhæðir eru að sjálfsögðu eins og dropi í hafið á móts við verðhækkanirnar. Eftir þá 3% hækkun ellilífeyris og tekjutryggingar, sem ráðgert er að bætist við þessar greiðslur eins og þær eru nú til samræmis við hækkun grunnlauna allra launþega 1. des. s. l., nemur almennur elli- og örorkulífeyrir 13339 kr. á mánuði. En elli- og örorkulífeyrir að viðbættri tekjutryggingu hjá þeim, sem engar aðrar tekjur hafa, nemur alls 21398 kr. á mánuði. Eru þá innifaldar í þessum upphæðum 6% hækkun á almennum ellilífeyri og örorkulífeyri og 10% hækkun á tekjutryggingarupphæð samkv. brbl. frá 1. sept. Engar breytingar hafa fengist í áætlun fjárl. á greiðslu til þessa fólks aðrar en þær, að gert er ráð fyrir þessari 3% hækkun, sem ég nefndi, og öðrum 3% 1. júní n. k. í kjölfar umsaminnar grunnlaunahækkunar til alls launafólks í landinu.

Þegar haft er í huga, að samhliða hækkunum á þessum greiðslum samkv. brbl. og nú 3% hækkun vegna grunnkaupshækkunar hjá launafólki hafa orðið verðlagshækkanir í miklu ríkara mæli, er ljóst að veruleg skerðing hefur þegar orðið á lífeyri þess fólks sem við bágust kjör býr í þjóðfélaginu. Ég skal nefna nokkur raunveruleg dæmi um, hversu mikið var hægt að kaupa af tilteknum vörutegundum fyrir þennan lífeyri um það leyti sem núv. ríkisstj. tók við völdum, og nefna til samanburðar hvað fyrir hann fæst í dag af sömu vöru. Þá er búið að gera ráð fyrir hækkun lífeyris um 3% miðað við 1. des.

Ef fyrst er athugaður kaupmáttur almenns ellilífeyris kemur í ljós eftirfarandi: Í ágúst

fengust fyrir mánaðarlífeyri rúbrauð 200 stk., nú, 173, franskbrauð 254 stk., nú 222, kartöflur 773 kg, nú 319, strásykur 81.4 kg, nú 48.5 kg, kaffi 32.7 kg, nú 27.7 kg, mjólk 522 lítrar, nú 430, skyr 229.6 kg, nú 146.6 kg, súpukjöt 51.3 kg, nú 40.5 kg, smjörlíki 71. 4 kg, nú 62.3 kg, hafrамjöl 147.2 kg, nú 116 kg, hveiti 162.9 kg, nú 148.2 kg og smjör 49.9 kg, nú 28.8 kg. Og fyrir tekjutryggingarupphæðina fékkst í ágúst rúgbrauð 310 stk., nú 278, franskbrauð 393 stk., nú 356, kartöflur 1195 kg, nú 512, strásykur 125.9 kg, nú 77.6, kaffi 50.5 kg, nú 44.4, mjólk 807 lítrar, nú 690, skyr 354.9 kg, nú 235.1, súpukjöt 79.3 kg, nú 65 kg, smjörlíki 110.4 kg, nú 100 kg, haframjöl 227.5 kg, nú 186.1 kg, hveiti 251.8 kg, nú 237.8 og smjör 77.1 kg, nú 46.2 kg.

Þessar tölur sýna, hvað er að gerast varðandi lífskjör þessa fólks. Í þessum tölum er þegar gert ráð fyrir þeim 3%, sem koma munu til útborgunar eftir 1. jan. n. k., og enn dynja verðlagshækkanirnar yfir og eiga eftir að gera það allt næsta ár. Í fjárl. er hins vegar ekki gert ráð fyrir einni kr. til þessa fólks til að mæta þeirri kjararýrnun, sem ég var að nefna dæmi um, umfram 3% sem koma eiga til greiðslu frá 1. júní n. k. Þau fjárlög, sem hér er verið að samþykkja, gera ekki ráð fyrir því að nokkur frekari hækkun verði á þeim þurftarlífeyri sem þessu fólki er ætlað að lifa á, en augljóst er hvað á meðan gerist um kaupmátt lífeyrisgreiðslnanna. Og hvað á þetta fólk svo að fá eftir 1. júní n. k.? Almennur elli- og örorkulífeyrir á að hækka um 402 kr. á mánuði, eða um 13.40 kr. á dag. Og tekjutryggingin til þeirra, sem ekkert hafa annað til framfæris, á að hækka um 642 kr. á mánuði, eða um 21.40 kr. á dag eftir 1. júní n. k. Þetta fólk á að búa við stórskertan kaupmátt lífeyris og bíða síðan í hálft ár eftir því að fá hækkun sem nemur 13.40 kr. á dag og 21.40 kr. á dag.

Þessar upplýsingar vildi ég að hv. alþm. fengju áður en þeir afgreiða fjárlög nú, svo að það fari ekki á milli mála, að þm. Sjálfstfl. og Framsfl. viti hvað er verið að gera þegar þeir eru að samþykkja nær 50 þús. millj. kr. fjárlög og hnýta saman endana með þeim hætti að afgreiða framlög til lífeyrisgreiðslna almannatrygginga eins og hér er ráðgert. Ég vildi að þeir vissu hvað þeir eru að gera í þessu efni nú, áður en þeir fara til síns heima að halda jólin hátíðleg.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 219, 228, 229, 234 og 235, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 39 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held, að ég hafi nú í reynd ekki miklu við það að bæta, sem hv. 11. landsk. þm. gerði hér grein fyrir að því er varðaði viðhorf minni hl. fjvn. til þeirra fjárl. sem nú eru á lokastigi í þinginu. Hitt vil ég þó sérstaklega undirstrika, að sé það rétt, sé sú lýsing á ástandi í þjóðfélaginu, sem þeir stjórnarflokkar hafa látið út ganga að undanförnu, rétt, þá eru þau fjárlög, sem hinir sömu aðilar hér á Alþ. ætla nú að ganga frá, algert pappírsgagn. Þau fjárlög, sem hér á að afgreiða, eins og nú blasir við, eru ekki bara byggð á því að það haldist óbreytt þensluástand, heldur er gert ráð fyrir aukinni veltu, aukinni þenslu, eins og þetta fjárlagafrv., sem hér um ræðir, er byggt upp. Ef þær tekjur, sem núv. stjórnarflokkar gera ráð fyrir í fjárlagafrv. til ríkissjóðs, eiga að skila sér í reynd, þá verður að ríkja meira þensluástand í þjóðfélaginu en hefur verið til þessa. Gerist það ekki, þá liggur það fyrir að stórkostlegur niðurskurður hlýtur að eiga sér stað tiltölulega fljótt á næsta ári. Hér er því um að ræða algera sýndarmennsku, alger pappírsfjárlög, eins og að afgreiðslu þeirra á nú að standa.

Ég vil sérstaklega taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður vék hér greinilega að og gerði skilmerkilega grein fyrir, að núv. stjórnarflokkar höggva vissulega í þann knérunn, sem síst skyldi, þegar þeir ætla þeim sem verst eru staddir í þjóðfélaginu, þeim einum sem enga möguleika eiga á því að bæta sér upp þá skerðingu á lífeyri, sem þeim er nú boðið upp á, þeim og þeim kannske fyrst og fremst er ætlað að bera byrðar sem núv. stjórnarflokkar ætla á þá að leggja. Mér finnst ömurlegt til þess að vita, ef Alþ., sem eitt getur komið í veg fyrir að þessir aðilar innan þjóðfélagsins, sem til einskis hafa að snúa sér annarra heldur en alþm. og Alþ. til þess að leiðrétta sín kjör, ef það ætlar að bregðast við á þennan hátt eins og mér virðist nú blasa við að meiri hl. Alþ. ætli að gera. Ég vil því eindregið taka undir þau orð hv. 11. landsk. þm., að það er vissulega ástæða til þess að þm. Sjálfstfl. og Framsfl. geri sér fullkomlega grein fyrir því hvað þeir eru að samþykkja, ef þeir ætla að rétta upp hendur með því að afgreiða það fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, eins og það stendur í dag. Þeir eru þá fyrst og fremst að níðast á þeim sem síst skyldi.

Það er augljóst nú— og ég veit ekki hvort hægt er að hugsa sér ömurlegra hlutskipti, að þeir, sem fyrir ári töldu ekki bara eðlilegt, heldur mjög auðvelt að skera niður þáv. útgjöld ríkisins sem nam 4300 millj., þeir koma nú með fyrsta frv. sitt rúmlega 18 þús. millj. hærra en þau fjárl. sem eru í gildi fyrir árið 1974. Ég veit ekki hvort hægt er að hugsa sér ömurlegra hlutskipti, ekki bara fyrir hæstv. fjmrh., heldur og alla þm. núv. stjórnarflokka sem töldu slíkt gerlegt fyrir ári, að koma nú með það mál, sem hér er til umr., eins og það liggur nú fyrir. Engu að síður er ljóst, að það á að kasta fyrir borð öllum fyrri yfirlýsingum sem þessir aðilar hafa gefið, og ekki bara það, heldur mjög að bæta við það sem þeir fordæmdu hvað harðast í tíð fyrrv. ríkisstj. En ég tel, að frsm. minni hl. fjvn. hafi gert það rækilega grein fyrir afstöðu okkar minni hl. í fjvn., fyrir okkar sjónarmiðum til þess fjárlagafrv., sem hér er á lokastigi, að ég sé ekki ástæðu til að fara öllu frekar almennt út í það mál. Vel má vera, að ástæða þyki til eða tækifæri gefist til þess síðar í þessum umr., en ég tel, að það sé ljóst, fullkomlega ljóst, hvað hér er um að ræða.

Ég vil þó aðeins víkja að a. m. k. einum lið að því er varðar afgreiðslu fjárl. Það hefur mikið verið um það rætt og ritað að bæta þurfi hið

verklega nám í skólakerfi hér á landi. Þeir eru ófáir, sem stungið hafa niður penna og tekið sér orð í munn á þann veg, að hér þyrfti stórkostlega um að bæta, og þeir eru margir úr núv. stjórnarliði. Þegar þetta fjárlfrv. er afgreitt, lítur dæmið þannig út að því er varðar þetta, að það hefur staðið fyrir dyrum að framkvæma eða byggja upp námsskrárgerð vegna iðnfræðslunáms í landinu. Beiðni hefur legið fyrir fjvn. þessa efnis upp á 12 millj. kr. Ekki er það nú hátt sem farið er fram á í þessum efnum. Eigi að síður hefur stjórnarliðið í fjvn. þverskallast við því að taka til greina þessa ósk þeirra iðnnema. Það liggur nú fyrir, að af þeim 12 millj., sem þessir aðilar báðu um, eru þeim nú ætlaðar 6. Dæmið stendur þá þannig, að ef engin breyting verður á þessu í meðförum þingsins við lokaafgreiðslu, þá er nokkurn veginn vitað að það verður ekkert gert í þessum efnum á næsta ári. Ég hefði haldið eftir allt það sem á undan er gengið, allt það tal og öll þau skrif sem ýmsir aðilar innan stjórnarliðsins hafa staðið að, að þeir létu það ekki henda sig að standa svo að afgreiðslu þessa máls eins og þeir hafa nú ákveðið að gera. Ég tel að það sé full þörf á að vekja athygli á þessu, vegna þess að ég held að almennt séu hv. þm. sammála um að hér þurfi að verða á mjög veruleg bót frá því sem verið hefur. En þetta er reyndin sem á að verða. (**Gripið fram í:** Hvað var á fjárl. 1974 í þessu skyni?) Ætli hv. þm. hafi ekki fjárl.? Hann hefur kannske farið eftir þeim í þessari fjárlagagerð. (**Gripið fram í:** Man hv. ræðumaður það?) Nei, ég man það ekki. En ég get aflað mér upplýsinga um það ef hv. þm. veit það ekki. En hvað sem því viðkemur, þá heyrðist mér á þeim hv. þm. Sjálfstfl., ekki bara við afgreiðslu síðustu fjárl., heldur og áður, að þeir teldu þá að það væri ekki þess vert að bæta ofan á alla þá eyðslu, allar þær veislur, sem þáv. ríkisstj. var talin hafa staðið að þegar hún liðsinnti þeim sem verst var farið með í tíð viðreisnarstjórnarinnar. Og ég held, að ef þessi hv. þm., Lárus Jónsson, hefði ætlað að fara eftir sinni sannfæringu, sem ekki er nú altítt í hans þingflokki, þá hefði þessi tala sennilega orðið hærri og betur verið gengið til móts við þá, sem hér biðja um 12 millj. kr. til þess að byggja upp námsskrárgerð til iðnfræðslu í landinu. En þar hafa sennilega aðrir ráðið.

Það hefur mikið verið um það rætt, ekki síst af núv. stjórnarliðum, á undanförnum árum að það væri mikil þörf á því, að ríkissjóður kæmi meira til móts við hafnarsjóði í landinu vegna mikilla greiðsluerfiðleika, sem þeir hafa staðið í. Þetta hefur verið tekið inn í fjárlög tveggja síðustu ára, var notað árið 1973, en á ekki að nota nú á árinu 1974. Og það var ekki ætlun núv. hæstv. ríkisstj. að taka inn í heimildagr. fjárl. að heimila Hafnabótasjóði að taka lán til þess að létta greiðslubyrði hafnarsjóðanna. En eftir mikla eftirgangsmuni af hálfu minni hl. fjvn. fékkst það þó fram, að þarna væri tekin inn heimild til þess að Hafnabótasjóður gæti tekið lán til þess að létta greiðslubyrði hafnarsjóða. Í núgildandi fjárl. var hér um 50 millj. kr. fjárhæð að ræða. Maður hefði því ætlað, fyrst heimild átti að taka inn á annað borð eftir að gengið hefði verið eftir því, að það yrði þó ekki lægri upphæð en í núgildandi fjárl. Að vísu má segja að það skipti engu máli hver upphæðin er, ef ekki á að nota hana, eins og reyndin varð í ár. En núv. hæstv. ríkisstj. lét þau boð út ganga síðast í gærkvöld, að þarna skyldi tekin inn heimildagrein sem næmi að upphæð 40 millj. kr. þ. e. a. s. 10 millj. kr. lægra en var í fjárl. ársins í ár. Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um það, en ég held að þetta sýni í reynd að það er ekki mikil alvara á bak við tal þeirra stjórnarliða um að hér þurfi að gera vel, hér þurfi að bæta úr þeim miklu erfiðleikum sem hinir ýmsu hafnarsjóðir eiga við að stríða.

Við 2. umr. fjárlagafrv. stóð ég ásamt nokkrum öðrum hv. þm. að brtt., sem ég tók til baka til 3. umr. í trausti þess að hv. fjvn. tæki þær til athugunar með velvild. Það hefur verið tekið tillit til, að vísu í öðru formi en við gerðum ráð fyrir, einnar af þessum till., sem var vegna malbikunar á flugvellinum á Ísafirði. Ég skal ekki fara út í að rekja það mál, en eins og nú standa mál hér um þetta, þá er tekin á heimildagrein fjárl. heimild til 20 millj. kr. lántöku til þessa verkefnis. Við munum því ekki flytja brtt. að því er þetta varðar, teljum eða vonum kannske réttara sagt að við megum treysta því, að þessi heimild verði notuð, þannig að við tökum ekki frekar upp það mál, a. m. k. ekki að sinni.

Ég stóð líka að flutningi á brtt. að því er varðaði jöfnun á námskostnaði, þ. e. a. s. hinum svokölluðu dreifbýlisstyrkjum. Ég gerði grein fyrir því við 2. umr., að sú n., sem um þetta mál fjallar, telur að það þurfi að lágmarki 120 millj. kr. fjárveitingu, bara til þess að standa í stað frá árinu í ár. Við gerðum till. um að sú fjárveiting eða sú brtt., sem fjvn. lét frá sér fara upp á 110 millj. í stað 100 í frv., yrði 140 millj. Ekkert tillit hefur verið tekið til þessa í fjvn. síðan, þannig að það stendur óbreytt frá því sem var við 2. umr. frv. Ég hef því ásamt þeim sömu hv. þm., sem með mér stóðu að brtt. við 2. umr., lagt fram brtt. á þskj. 234, þar sem við leggjum til, að í stað þeirra 110 millj. kr., sem nú eru eftir 2. umr. í fjárlagafrv., komi 120 millj. kr., þ. e. a. s. það hækki um 10 millj., þannig að það standi í stað að raungildi frá því, sem er fyrir árið 1974. Og mér verða það mikil vonbrigði ef þessi till. verður felld hér í þinginu við atkvgr., því að ég trúi því vart að hv. þm. ætlist til þess að raungildi þessara styrkja lækki frá því sem það er á árinu í ár.

Í öðru lagi stóð ég ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Kjartani Ólafssyni að brtt. að því er varðaði liðinn hafnarmannvirki og lendingarbætur. Var gert ráð fyrir að upphæðin hækkaði úr 584 millj. í 598 í brtt. okkar við 2. umr. Á þetta var ekki fallist í meðferð hv. fjvn. og við tökum því þessa till. upp aftur og flytjum hana að því breyttu, að þar sem Súðavík voru ætlaðar 6 millj. í fyrri brtt., þá leggjum við til að henni séu ætlaðar 3 millj. í þeirri brtt. sem við flytjum nú. Að öðru leyti er þetta óbreytt, að fjárveiting til Ísafjarðar, sem er núna 13.4 millj., hækki upp í 21.4 millj. Þessar till. báðar höfum við flutt aftur.

Ræða hæstv. samgrh., sem talaði á eftir mér við 2. umr. fjárl., gæfi mér vissulega tilefni til

þess að fara nokkrum orðum um þau orðaskipti okkar sem þá áttu sér stað. Hann lofaði því þá að hann mundi gera frekari grein fyrir þeim málum við 3. umr., og ég ætla að geyma mér að tala við hann um þau mál, þannig að ég ætla ekki að víkja að því nú.

Eitt er það mál, sem ég vakti athygli á við 1. umr. fjárlagafrv. hér. Það var í sambandi við Orkustofnun. Ég gerði þá grein fyrir því, að Orkustofnun hefði farið fram á í sínum fjárveitingabeiðnum að veittar yrðu 9 millj. 840 þús. kr. til vatnsorkurannsókna á Vestfjörðum á árinu 1975. Þessa beiðni Orkustofnunar hafði fjárlaga- og hagsýslustofnun skorið niður úr 9 millj. 840 þús. í 3 millj. 220 þús. Ég gat þess þá og ég itreka það að hér er um að ræða landsfjórðung sem er hvað vanþróaðastur að því er varðar raforku. Orkumálastjóri undirstrikaði það á fundi fjvn., að hann teldi það mjög alvarlegt mál ef svo yrði staðið að málum að því er þetta varðaði eins og hér virðist eiga að gera. Þetta mál var ekki afgr. fyrir 2. umr. fjárl., en nú liggur fyrir að meiri hl. fjvn. leggur til að þessar 3 millj. 220 þús., sem eru í frv., hækki um 2 millj., þannig að þar verði um að ræða 5 millj. 220 þús. Ég hef ásamt hv. 8. landsk. þm., Sighvati Björgvinssyni, lagt fram brtt. að því er þennan lið varðar, vegna þess að við teljum það háskalegt ef enn einu sinni á að gera tilraun til þess að draga þær nauðsynlegu rannsóknir sem fram þurfa að fara og fram verða að fara í sambandi við orkumál á Vestfjörðum, ef á að draga það a. m. k. eitt ár enn. Það verður gert, ef ekki fæst leiðrétting á málum hér að þessu sinni. Og í öllu því tali, sem átt hefur sér stað og á sér stað enn að því er varðar þann sjálfsagða hlut að láta jarðhita og orkumál hafa forgang að því er varðar fjárútvegun, þá finnst mér a. m. k. og okkur, sem að þessari hækkunartill. stöndum, hart að þurfa við það að búa, að Vestfirðir geti ekki fengið 9—10 millj. kr. fjárveitingu til þess að rannsóknum verði haldið áfram með eðlilegum hætti, þannig að gengið verði úr skugga um hvað er hægt að gera á þessu svæði til þess að afla raforku. Ég hét á hæstv. núv. fjmrh. við 1. umr. þessa máls að duga nú vel. Það hefur hann ekki gert. Það segja lítið þær 2 millj., sem til viðbótar hafa komið eftir mikla eftirgangsmuni. Ég heiti á hann enn að leggja okkur lið, þannig að orðið verði við beiðni Orkustofnunar og haldið verði áfram eðlilegum rannsóknum á orkumálum á Vestfjarðasvæðinu á árinu 1975. Og ég heiti á fleiri en hæstv. fjmrh., ég heiti í fyrsta lagi á alla þm. Vestf. og helst af öllu vil ég leyfa mér að vona að sem flestir hv. þm. sýni þá rausn, ef rausn skyldi kalla, að þeir hleypi þessu máli í gegnum þingið nú við 3. umr., vegna þess að ég held að allir hv. þm. geti sett sig í spor okkar vestfirðinga að því er varðar þessi mál, því að eins og ég hef áður sagt, þá eru Vestfirðir vanþróaðasti landshlutinn að því er varðar raforkumál, eins og málin standa í dag.

Við flytjum sem sagt brtt., sem er þess efnis, að orðið verði við óskum Orkustofnunar eða þeim fjárveitingabeiðnum sem hún fór fram á að því er varðar vatnsorkurannsóknir á Vestfjarðasvæðinu, þannig að hækkunin frá því, sem er í fjárlagafrv., verði ekki 2 millj., heldur hækki þessi liður um 6 millj. 620 þús. og þannig verði orðið við beiðni Orkustofnunar að því er þetta varðar.

Ég held, að ég hafi þessi orð þá ekki fleiri að sinni. Ég hef gert grein fyrir þeim till., sem ég ásamt nokkrum öðrum hv. þm. stend að. Það er freistandi, fyrst og fremst vegna ræðu hæstv. samgrh. hér við 2. umr., að fara út í umr. um það mál, sem okkur greindi þá á um, og kannske gefst þess kostur að ræða við hæstv. ráðh. síðar í þessum umr. En ég geymi mér það að sinni, þar til frekar verður séð hvernig þessum umr. heldur fram.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en ég hét því í sambandi við umr., sem fram fóru á milli mín og hv. 5. þm. Vestf., að gefa skýringar í sambandi við lántökur Hafnabótasjóðs. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp í fyrsta lagi bréf frá Tryggingastofnun ríkisins, sem er svo:

„Reykjavík, 12. nóv. 1974.

Á fundi sjóðsins 6. þ. m. var ákveðið að veita Hafnabótasjóði lán að upphæð 35 millj. kr. vegna hafnarframkvæmda. Afgreiðsla lána er háð venjulegum skilyrðum af sjóðsins hálfu um verðtryggingu og fullnaðarskil.

F. h. Atvinnuleysistryggingasjóðs,
Tryggingastofnun ríkisins,
Guðjón Albertsson."

Við deildum um það, hv. 5. þm. Vestf., hvort þetta hefði verið afgreitt í sept. eða eins og ég sagði í nóv. eða á fyrsta fundi í des. og hér liggur það fyrir. Ég skal láta hv. 5. þm. Vestf. hafa þessar skýringar í hendur, þegar ég fer héðan úr ræðustólnum.

Í öðru lagi hef ég svo frá Framkvæmdastofnun ríkisins bréf sem er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, — bæði eru þessi bréf til samgrn.:

„Á fundi sínum 29. maí s. l. samþykkti stjórn Framkvæmdastofnunarinnar áætlun um útlán Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða á árinu 1974. Þar með var lán til Hafnabótasjóðs að fjárhæð 75 millj. kr.

Á næsta fundi þar á eftir, þann 11. júní s. l., fjallaði stjórnin um lánveitingar til einstakra sjóða og samþykkti m. a. að veiting væntanlegs láns Framkvæmdasjóðs til Hafnabótasjóðs, að fjárhæð 75 millj. kr., sé háð þeim skilyrðum að vanskil hafnarsjóða, bæjarsjóða vegna hafnarframkvæmda, við Framkvæmdasjóð Íslands og Byggðasjóð verði greidd að fullu af fé þessu.

Í framhaldi af viðræðum samgrh. við Framkvæmdastofnunina samþykkti stjórn stofnunarinnar 9. des. s. l. að Byggðasjóður gæfi eftir helming vanskila hafna hjá Byggðasjóði, að undanskildum vanskilum Akureyrarkaupstaðar, þar sem helmingur yrði lánaður til 10 ára með 8% vöxtum og skuld þessi yrði greidd í íslenskum krónum. Lánstíminn var lengdur í 16 ár. Þessi ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunar var bundin því skilyrði, að Hafnabótasjóður greiði helming vanskila til Byggðasjóðs, að hálfu

á árinu 1974 og að hálfu á árinu 1975 við afgreiðslu lána Framkvæmdasjóðs til Hafnabótasjóðs."

Ég held að þetta nægi til þess að skýra það, að rétt var með farið, sem ég skýrði hér frá um daginn. Og þá skýrði ég einnig frá því, að samgrn. hefði skrifað fjvn. og þar með gert till. um skiptingu á þessu fé sem hér um ræðir, en eins og sést á þessum bréfum var það ekki framkvæmanlegt fyrr en þetta mál var komið í þann farveg sem hér greinir.

Út af því, sem hv. þm. sagði um Ísafjarðarflugvöllinn, þá lýsti ég því yfir hér við 2. umr. að ég mundi athuga það mál nánar og tel mig hafa staðið við það.

Ég vil enn fremur skýra frá því, að ég hef enn á ný skoðað mál Súðavíkurhafnar og eins og fyrr er þar allt óljóst. Hins vegar er ljóst, að það þarf að gera plan í kringum frystihúsið þar, sem að einhverju leyti snertir höfnina, og í því sambandi gef ég hér fyrirheit um að sjá um 3 millj. kr. greiðslu af láni til hafnarinnar á næsta ári, svo að það þurfi ekki að tefja fyrir því að því máli verði fram komið.

Þetta vona ég, að nægi hv. þm. Því, sem hann kann svo að eiga vantalað við mig, mun ég svara við tækifæri ef ég sé ástæðu til, en ekki taka frekar þátt í þessum umr.

Frsm. samvn. samgm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samvn. samgm., sem skipuð er öllum fulltrúum samgn. beggja d., hefur fjallað að venju um framlög ríkissjóðs til flóabáta og fólks- og vöruflutninga. Margar umsóknir hafa borist. Sumir aðilar hafa beðið um mikil fjárframlög. Það hefur verið dálitið erfitt að meta og vega, hvaða erindi ber að taka til greina og hvernig á að taka tillit til mismunandi sjónarmiða. N. hefur haft samráð við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og hefur hann aflað ýmissa gagna og skrifað grg. um þessi mál. Ég ætla að leyfa mér að vitna í nokkrar setningar úr grg. hans, með leyfi hæstv. forseta, sem sýna að hann er á sömu skoðun og við nm. Það er dálitið erfitt að fjalla um þessi mál miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja, á þann hátt að hægt sé að vera viss um að verið sé að gera rétt. Hann segir svo:

„Vegna byltinga í kaupgjalds- og verðlagsmálum hefur sjaldan eða aldrei verið erfiðara en nú að mynda sér úr nokkurri fjarlægð ákveðna skoðun um rekstur hinna einstöku flóabáta. Ýmsar athuganir má þó gera, t. d. um breytingu útgerðarkostnaðar hin síðari ár samkv. endanlegum reikningum annars vegar og áætlunum fyrir 1975 hins vegar. En grundvöllur til samanburðar tekna milli skipa er af ýmsum ástæðum mun hæpnari."

Þetta segir framkvæmdastjóri Skipaútgerðar ríkisins. N. kallaði einnig á sinn fund fulltrúa samgrn. og ræddi nokkuð við hann. Hefur komið í ljós, að útgerðarkostnaður bátanna hefur aukist stórlega. Þó að bent sé á að unnt sé að hækka fargjöld og flutningsgjöld nokkuð til þess að mæta hinum aukna kostnaði, kemur þó í ljós að það er ógerningur að mæta þeirri aukningu til fulls, rekstrarkostnaðurinn hefur orðið það mikill og fer vaxandi.

Það má segja, að stærstu aðilarnir, sem sent hafa umsóknir, séu hinir 4 stóru flóabátar, sem svo eru nefndir, og verður vikið að þeim nokkuð hér á eftir, en einnig hefur það farið mjög vaxandi undanfarin ár, að styrkur hefur verið veittur til snjóbifreiða, og slíkum umsóknum hefur farið mjög fjölgandi. Það eru ýmis byggðarlög á landi voru þannig í sveit sett, að nauðsyn ber til að það fólk, sem þau héruð byggir, eigi aðgang að farartækjum að vetrarlagi, sem hægt er að grípa til í brýnni nauðsyn. Benda má á, að ýmis héruð landsins hafa verið þannig sett undanfarin ár, að þau hafa ekki getað fengið héraðslækna, a. m. k. ekki að staðaldri, og hafa átt við erfiðleika að etja af þessum völdum. Þykir skylt að styrkja snjóbifreiðar, leggja til þeirra nokkuð af almannafé, þar sem svo brýnir hagsmunir og öryggi landsmanna er annars vegar.

Ef rætt er sérstaklega um þessi efni hvað hina einstöku landsfjórðunga snertir eða landsbyggðir, má fyrst segja örfá orð um Norðurlandssamgöngur. Þar er það Norðurlandsbáturinn Drangur, sem annast mjólkurflutninga til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar tvisvar í viku að vetrinum og flytur auk þess vörur og farþega eftir þörfum. Þessi bátur heldur uppi ferðum til Grímseyjar og Hríseyjar, og einnig fer það vaxandi að hann flytur skemmtiferðafólk að sumarlagi. Það eru ýmsir, sérstaklega sumir útlendingar, sem leggja nokkra áherslu á að komast norður fyrir heimskautsbaug og helst að láta taka mynd af sér þar, og auk þess hefur báturinn flutt mikinn varning til þessara norðurbyggða.

Þá er styrkur veittur til ýmissa snjóbifreiða á Norðurlandi.

Ef vikið er að Austfjarðasamgöngum, þá er þar stærsti báturinn Mjóafjarðarbátur. Hefur verið talið mikið gagn af honum og hans þjónustu fyrir byggðina. En á Austfjörðum eru einnig veitt framlög til allmargra snjóbifreiða, sjúkrabifreiða. Þar eru fjallvegir háir og snjóþungir, og er talið að þessi farartæki hafi leyst margan vanda á undanförnum vetrum.

Á Suðurlandi hefur tíðkast í allmörg ár, að veittur hefur verið styrkur, flutningastyrkur, til hinna hafnlausu byggðarlaga í Vestur-Skaftafellssýslu. Við vitum að þeir, sem þá sýslu byggja, eiga langt að sækja til aðdrátta á landi og ströndin er hafnlaus, þannig að þessir flutningar hafa að nokkru verið greiddir niður á undanförnum árum og svo er enn.

Hvað snertir Faxaflóasamgöngur hefur lengi verið, eins og kunnugt er, haldið uppi samgöngum milli Borgarfjarðarbyggða og Reykjavíkur eða Reykjavíkursvæðisins. Það hefur gengið bátur, sem flutt hefur fólk og varning, frá Akranesi til Reykjavíkur mörg undanfarin ár. Þetta er fjölmenn samgönguleið. Á þessu ári var skipt um bát á þessari leið. Sá bátur, sem notaður hafði verið í allmörg ár, var farinn að eldast og þótti ekki lengur henta í þessu efni. Var keypt stórt ferjuskip frá Noregi, sem nú ber nafnið Akraborg og heldur uppi þessum ferðum. Þetta er dýrt skip, en hefur hins vegar mikla

flutningsgetu. Það er ekki komin full reynsla á það enn þá, m. a. vegna þess að til þess að notagildi þess nýtist til fulls, ef svo má segja, þarf að gera endurbætur á hafnaraðstöðu, bæði á Akranesi og í Reykjavík. Þar er nú unnið að þessum endurbótum, og mér er sagt að vonir standi til þess, að það verk verði fullgert í maí í vor, og ættu þá allar aðstæður fyrir skipið að að breytast stórlega til batnaðar.

Flóabáturinn Baldur í Stykkishólmi annast flutninga milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarbyggða, heldur auk þess uppi flutningum um Breiðafjörð, Gilsfjörð og Hvammsfjörð. M. a. heldur hann uppi föstum ferðum frá Stykkishólmi til Brjánslækjar á Barðaströnd með fastri viðkomu í Flatey og fleiri eyjum eftir þörfum. Þessi bátur á eins og hinir stærri bátar í nokkrum rekstrarerfiðleikum, en hins vegar er óhjákvæmilegt að starfrækja bát á þessari leið. Við rekum okkur svo oft á það, sem fjöllum um þessi mál, að þessir bátar, þessi samgöngutæki, veita mikla þjónustu, en það er erfitt að láta þá bera sig.

Á Vestfjörðum er það Djúpbáturinn Fagranes, sem annast ferðir um Ísafjarðardjúp og til kauptúna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, m. a. annast hann mjólkurflutninga. Þessi bátur var talinn vera mjög vel rekinn lengi vel, en nú hefur hann lent í miklum öldudal að því er reikningar og greinargerðir sýna. Það sýnir hvaða skakkaföll geta hent í þessum rekstri. Á Vestfjörðum gildir hið sama og um mörg önnur héruð landsins, að þar eru allmargir styrkir veittir til vetrarsamgangna á fjallvegum og til annarra smærri báta.

Nm. urðu sammála um að æskilegt væri, að miklu nákvæmari gögn fylgdu yfirleitt fjárbeiðnum flóabátanna í framtíðinni, og sjá þyrfti til þess að komið yrði fastara skipulagi á þessi mál og nákvæmara eftirliti með rekstri bátanna, jafnframt þyrfti að fylgja hverri fjárbeiðni til n. glögg grg. um þörf og aðstöðu alla, þegar sótt er um styrki til snjóbifreiða og vetrarsamgangna. Það skilyrði er sett fyrir því, að styrkir verði veittir eða greiddir, að rekstri flóabátanna og annarra aðila verði hagað þannig í samráði við viðkomandi rn. að þjónustan við landsbyggðina verði í senn hagkvæm og örugg.

Samkv. því, sem ég hef nú minnst lauslega á, var það samdóma álit allra nm., að í þessu efni væri um svo ríka fjárþörf að ræða að óhjákvæmilegt væri að hækka þessi framlög til muna. Samvn. samgm. leggur því til, að heildarfjárveiting til flóabáta, snjóbifreiða, fólks- og vöruflutninga verði á árinu 1975 71 millj. 90 þús. kr., og mun ég nú gera nokkra grein fyrir því hvernig sú fjárhæð skiptist.

Hún skiptist milli 35 aðila. Ég held, að það sé aðeins einn aðili, sem var á skránni s. l. ár, sem ekki sækir um að þessu sinni, en tveir nýir bætast við. Það fellur því einn liður niður, framlög til vetrarflutninga í Haukadal í Dalasýslu, sem var á þessu ári 50 þús. kr. Í þessu efni skal þess getið, að þó að einhver aðili komist inn á þessa skrá og fái framlag einu sinni eða oftar, þá er ekki þar með sagt, að hann verði þar til frambúðar. Eftir því sem samgöngur batna og aðstaða manna til að halda uppi samgöngum að vetrarlagi af þeim sökum verður þjálli, er ekki nema eðlilegt að einn eða aðrir falli úr þessum hópi.

Það er hér bæði um að ræða rekstrarstyrki og stofnstyrki. Rekstrarstyrkirnir eru þó miklu fleiri, stofnstyrkirnir eru aðallega veittir þegar svo stendur á að verið er að endurnýja eða endurbyggja viðkomandi farartæki eða leggja í mikinn kostnað í sambandi við þessa flutninga.

Lagt er til, að Norðurlandsbáturinn Drangur fái á næsta ári 12 millj. kr. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi er varið 180 þús. kr. Hríseyjarbátur fær 550 þús., en auk þess 200 þús kr. í stofnkostnað. Þessir stofnstyrkir eru ýmist ein greiðsla eða þá að þeir standa til nokkurra ára, jafnvel tveggja til fjögurra ára. Það er aðeins einn liður hér sem snertir flugmál, þ. e. framlag til Grímseyjarflugs, 4. tölul., sem á þessu ári er 500 þús. kr. Það er með þessa aðila marga, að sumir nefna ákveðna fjárhæð í sínum umsóknum, aðrir tala um að fá ríflegan styrk eða hæsta fáanlegan styrk, en nefna enga tölu.

Þá er varið til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði 200 þús. kr. Til Mjóafjarðarbáts, er ég áðan nefndi eru 800 þús. kr., en auk þess 50 þús. í stofnkostnað. Þá er það snjóbifreið í Vopnafirði 200 þús. kr., snjóbifreið á Fjarðarheiði 1 millj., sami aðili stofnkostnaður 500 þús., snjóbifreið á Fagradal 270 þús., snjóbifreið á Oddsskarði 800 þús., sami stofnkostnaður 200 þús. Þá er hér snjóbifreið á Fljótsdalshéraði, henni er veittur 170 þús. kr. styrkur, snjóbifreið í Borgarfirði eystra 200 þús., snjóbifreiðin sem gengur á leiðinni Stöðvarfjörður—Egilsstaðaflugvöllur 250 þús.

Til vöruflutninga á Suðurlandi eru 2 millj., Vestmannaeyjar vegna mjólkurflutninga 1.3 millj., hf. Skallagrímur 15. millj. Mýrabátur hefur óbreytta fjárhæð frá síðasta ári, 30 þús kr. Þetta er smábátur í Mýrasýslu. Til vetrarflutninga í Breiðuvíkurhreppi eru ætlaðar 120 þús. Stykkishólmsbáturinn Baldur er með 17 millj. kr. Fyrir nokkrum árum, að ég held á árinu 1970 eða 1971, tók þessi bátur jafnframt við hlutverki bátsins sem gekk frá Flatey á Breiðafirði, en sá bátur var með á því ári, að mig minnir, 475 þús. kr. í styrk. Þá er það Langeyjarnesbátur. Sá bátur gengur frá Stykkishólmi upp í Langeyjarnes í Klofningshreppi. Það minnast sumir á að þessi bátur hafi nú lítil verkefni, eftir að eyjabyggðin dróst saman. Þess má geta, að fækkun fólks í eyjunum skapar líka vandamál og þarf að sinna fólki þótt fátt sé eftir. Ætlað er að þessi bátur fái á næsta ári 250 þús. kr., en auk þess stofnstyrk að fjárhæð 150 þús. kr. Verið er að endurbæta þennan bát mikið, setja í hann radar og önnur öryggistæki, sem gera hann miklu hæfari til þess að stunda siglingar á vandsigldum leiðum á þessum slóðum.

Þá er það snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu 180 þús., til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu 550 þús., Dýrafjarðarbátur 150 þús., snjóbifreið um Botnsheiði 370 þús., Djúpbáturinn hf., Fagranes 13 millj. og sami vegna mjólkurflutninga úr Dýrafirði 200 þús.

Þá er snjóbifreið í Þórshafnarhéraði 200 þús. Til snjóbifreiðar á Akureyri er varið 300 þús. kr. og einnig stofnstyrk er nemur sömu fjárhæð. Talið er að á Akureyri sé mikil þörf fyrir slík

tæki. Þar er snjóbifreið, sem nefnd er Snjókötturinn, og segja umsækjendur að það sé besta snjóbifreiðin á landinu, mjög gagnleg, en einnig hefur sá aðili, sem Snjóköttinn á, ráðist í að kaupa annan bíl til þess að geta annað þeirri þjónustu sem þarna er mikil og brýn.

Þá er varið til vetrarflutninga á Lónsheiði 300 þús., til snjóbifreiðar, Axarfjörður—Kópasker, 300 þús., snjóbifreið á Hólmavík 220 þús. og þar er einnig veittur stofnstyrkur að fjárhæð 200 þús. kr. Til snjóbifreiðar í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu er varið 220 þús., vetrarflutninga í Skarðshreppi í Dölum 80 þús., vetrarsamgangna í Reykhóla- og Gufudalshreppi 300 þús., snjóbifreið í Austur-Húnavatnssýslu, það er nýr umsækjandi, 100 þús. kr. og loks er leiðin Egilsstaðir—Seyðisfjörður, mjólkurflutningar, einnig ný umsókn, 200 þús. kr.

Samkvæmt þessu leggur samvn. samgm. til að styrkjum þeim, sem ég nú nefndi, verði varið til að styðja þessa starfsemi á næsta ári, og fjárhæðin er samtals 71 millj. 90 þús. kr. Þetta þykir vafalaust nokkuð mikil hækkun frá því ári sem nú er að líða. En sannleikurinn er sá, að styrkir þessir eða framlög hafa vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Ég get getið þess til fróðleiks, að skv. fjárl. árið 1971 námu þessir styrkir 19 millj. 255 þús. kr., árið 1972 24 millj. 650 þús. kr., árið 1973 33 millj. 225 þús. kr. og árið 1974 38 millj. 530 þús. kr. Þegar heildarfjárhæðin á árinu 1974 er skoðuð og borin saman við árið á undan, verð ég að telja að hækkanir í fyrra í þessu skyni hafi yfirleitt verið of litlar og óraunhæfar. Það var þá sjáanlegt, að verðlag var síhækkandi og þensla svo mikil á öllum sviðum, að það var of lítil hækkun sem flóabátunum var veitt á þessu ári. Við höfum því talið alveg óhjákvæmilegt að stíga nokkuð stórt skref nú til að styðja þessa starfsemi nokkru betur en gert hefur verið.

Er því, eins og ég áðan sagði, lagt til að heildarfjárveitingin verði nú 71 millj. 90 þús., og kemur sú till. fram frá samvn. samgm. á þskj. 219 sem brtt. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975.

Þegar rætt er um að mikið fé sé veitt í þessu skyni er einnig á það að líta, að margt hefur hækkað frá því í s. l. desember. Ef við víkjum aðeins að verði á bensíni og olíum, sem skipta mjög miklu máli í rekstrarkostnaði þessara aðila, sem hér er um að ræða, þá er það svo, að verð á bensíni var 8. des. 1973 26 kr. lítrinn. 1. okt. 1974 er það hins vegar 49 kr. lítrinn. Gasolía frá leiðslu var 8. des. 1973 8.65 kr. lítrinn, en mun nú vera 17 kr. Olía til íslenskra fiskiskipa er nú 5.80 kr. hver lítri. Það má einnig geta þess til gamans, að hið svokallaða kílómetragjald, sem ýmsum opinberum starfsmönnum, m. a. alþingismönnum, er greitt í ökuferðum þeirra, hefur hækkað stórlega frá því í fyrra. Ég held að þessu gjaldi hafi yfirleitt verið haldið í hófi á undanförnum árum, a. m. k. hefur það oft heyrst, en það var í fyrra í desembermánuði 9.70 kr. á ekinn km, en er nú, eftir að mig minnir 10. sept. s. l., 18.50 kr.

Mörgum mun vafalaust þykja nóg um hinar háu tölur, sem nefndar hafa verið. Hækkun þessa fjárlagaliðar er óneitanlega mikil. Ég tel þó nokkuð öruggt að ekki muni af veita. Vandinn hefur ekki verið leystur, síst af öllu til frambúðar. En hér er tilraun gerð til að létta róðurinn hjá þeim aðilum sem annast hina mikilvægu þjónustu um fjölmargar byggðir landsins.

Ég vil ráðleggja þeim aðilum, sem eiga í vök að verjast í þessum rekstri, að gera sem allra gleggsta grein fyrir sínum málum. Þá er ég viss um að þeir eiga skilningi að mæta hjá ríkisvaldinu. Hvorki þeir né hið opinbera má varpa frá sér allri ábyrgð, en í góðri samvinnu má greiða úr mörgum vanda. Sums staðar má t. d. reyna þá leið að fá skuldum við ríkið, sem hvíla þungt á mörgum þessara aðila, breytt í hlutafé eða jafnvel óafturkræft framlag. En þá verða heimamenn einnig að auka framlög að sínum hluta. Umfram allt þurfa allir þessir aðilar að gera skilmerkilega grein fyrir sínum málum á allan veg. Þá er auðveldara að verða þeim til stuðnings og hjálpar.

Ég held ég hafi þessi orð ekki fleiri. Það ríkti góður andi í n. og var góð samvinna, að því er mér þótti. Þó hafa tveir hv. nm. skrifað undir nál. með fyrirvara og munu vafalaust gera grein fyrir sínu máli hér á eftir, ef þeim þykir einhverju skipta.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var oft komist svo að orði í málgögnum hennar fyrstu dagana á eftir, að þetta væri sterk ríkisstj., hún hefði á bak við sig 42 þm. af 60, og það væri nú einhver munur að stjórna landinu með þvílíkan þingstyrk að baki eða vera í sömu aðstöðu og vinstri stjórnin var, þar sem ekki mátti muna einum manni svo að allt snaraðist, eins og raunar gerðist að lokum. En reynslan hefur sýnt að þessi ríkisstj. er ekki eins sterk og þessi atkvæðatala bendir til. Þvert á móti Ég held að þessi fjárlög séu til marks um það, að þessi ríkisstj. er ákaflega veik. Hún er veik vegna þess að það skortir samstöðu, skortir gagnkvæman trúnað milli þeirra flokka sem að henni standa. Þeir þykjast að vísu ætla að framfylgja tiltekinni stefnu, en þeir koma sér ekki saman um nein vinnubrögð í því sambandi. Í stað þess kemur samkeppni um að klófesta fé, um að verja fé í ýmsar þarfir eftir áhugamálum manna og í ýmis kjördæmi eftir áhugamálum manna. Það er ekki síst þetta, sem hefur blásið fjárl. svo út, að þau eru orðin að algjörri ófreskju sem enginn tekur mark á og allra síst fylgismenn núv. hæstv. ríkisstj.

Eðli þessara fjárlaga var glögglega rakið í ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar í dag og get ég vísað til hennar um þau atriði og ætla ekki að fjölyrða meira um þessi fjárlög sem eru, eins og ég gat um áðan, til marks um innri veikleika þessarar ríkisstj. þó að hún þykist vera sterk á hinu ytra borði.

Ég er sammála hv. þm. Geir Gunnarssyni um það, sem hann lagði áherslu á í dag, að ljótasti smánarbletturinn á þessu fjárlagafrv. er sú hlið, sem snýr að öldruðu fólki og öryrkjum á sviði almannatrygginga og þá sérstaklega að því fólki sem ekki hefur neinar aðrar tekjur en þær sem það fær frá tryggingunum. Þegar frv. lá hér fyrir til 2. umr. var ljóst, að ekki var gert ráð fyrir neinni hækkun til þessara hópa. Till. hæstv.

heilbr.- og trmrh. voru meira að segja þannig, að það var ekki gert ráð fyrir því að sú 3% almenna kauphækkun, sem tók gildi 1. des., færi til aldraðs fólks og öryrkja. Hæstv. ráðh. fékk þessi 3%, en hann gerði ekki till. um það til Alþ. að aldrað fólk og öryrkjar fengju þessa hækkun. Sama máli gegndi um 3% hækkun, sem allir eiga að fá frá 1. júní á næsta ári. Það var ekki fyrr en nú, þegar búið var að gagnrýna þetta við 2. umr. fjárlaga, að það er leiðrétt. En þetta er eina leiðréttingin, sem fram hefur fengist. Það hefur ekki fengist nein önnur leiðrétting á þeim þáttum fjárlagafrv. sem snúa að þessu fólki sem á afkomu sína undir greiðslum frá almannatryggingum.

Hv. þm. Geir Gunnarsson tók í dag ákaflega athyglisverð dæmi um það hvað kaupmáttur tryggingabóta hefði skerst gagnvart algengustu neysluvörum almennings. Þær tölur, sem hann nefndi, sýna hversu ótrúlega mikið kjörin hafa verið skert á aðeins 3½ mánuði, sem liðið hefur síðan núv. ríkisstj. tók við. Mér er spurn, og mér er spurn í fullri alvöru: Telja hv. þm. stjórnarflokkanna að ástand íslenska þjóðfélagsins sé orðið slíkt, að við verðum að leysa vandamálið á kostnað fólks, sem hefur ekki nem 20 þús. kr. rétt rúmlega í allar tekjur á mánuði? Enda þótt allar lýsingar hæstv. ríkisstj. og sérfræðinga hennar á efnahagsvandamálum þjóðfélagsins séu réttar, þá hygg ég að það verði hvergi fundnar neinar röksemdir fyrir því að við séum svo illa settir að við verðum að ganga á kjör þessa fólks, sem hefur tekjur sem ég nefndi áðan, 20 þús. kr. á mánuði. Mér finnst vera algerlega ósæmilegt að ráðast á þetta fólk, eins og gert er í þessu frv., og ég var satt að segja ákaflega undrandi að enginn þm. stjórnarflokkanna skyldi greiða atkv. með þeirri till., sem ég flutti hér fyrir hönd Alþb. við 2. umr., um sérstaka fjárveitingu til að tryggja að aldrað fólk og öryrkjar fengju bætur í samræmi við verðbólguna. Við höfum séð síðustu dagana, að það eru þm. úr stjórnarliðinu sem hafa flutt hér frv. um breyt. á almannatryggingakerfinu, breytingar sem ég hef síst af öllu nokkuð á móti. En mér finnst undarlegt ef þeir sömu menn geta varið það fyrir samvisku sinni að greiða atkv. gegn því að réttur sé hlutur þeirra viðskiptavina trygginganna sem eru verr settir en nokkrir aðrir. Menn eru sem betur fer mismunandi settir. Það eru ekki allir á þessu stigi, sem ég var að lýsa hér áðan. En við verðum fyrst að leysa vanda þess fólks, sem býr við verst kjör, og ef við erum ekki menn til að taka á því, þá getum við ekki gert till. um breytingar á kjörum annarra, sem eru þó skár settir.

Ég vil vekja athygli á því, að í brtt. þeirri, sem ég flyt á þskj. 236, er prentvilla, þar sem stendur að lagt sé til að 800 millj. verði veittar til að greiða uppbót á tekjutryggingu til aldraðs fólks og öryrkja skv. framfærsluvísitölu, þar eiga að standa 500 millj. Ég flutti við 2. umr. till. um 800 millj. Hún var felld, og ég get ekki skv. þingsköpum flutt sömu till. aftur, auk þess sem ég vildi láta á það reyna hvort hv. þm. væru tilbúnir að taka eitthvað undir dálítið lægri upphæð.

Eins og ég gerði grein fyrir við 2. umr. fjárlaga er upphæð sú, sem á að renna til tekjutryggingar í þessum lið sem till. fjallar um, um 1100 millj. kr. á næsta ári skv. fjárlagafrv. Miðað við þá verðbólgu, sem sérfræðingar ríkisstj. segja að nú sé fyrirsjáanleg, eru þessar 500 millj. einvörðungu nægilegar til þess að greiða uppbót skv. vísitölu ofan á tekjutrygginguna sjálfa, þ. e. a. s. við þá viðbót, sem það fólk fær sem hefur ekki neinar aðrar tekjur en tekjurnar frá almannatryggingum eða mjög litlar tekjur aðrar. Till. er aðeins um að þessi viðbót verði verðbætt, ekki heildarupphæð einu sinni, þannig að það er ekki hægt að komast öllu lægra í tillögugerð af þessu tagi. Og ef menn líta á þessa upphæð, 500 millj., og segja: „Ja, hún er nú nokkuð stór þrátt fyrir allt," þá vil ég biðja menn að minnast þess, að þetta er ekki nema 1% af fjárlagaupphæðinni. Og skyldi nú ekki vera hægt að spara 1% af æðimörgum liðum þessa frv.? Ef vilji væri fyrir hendi til að sinna þessu réttlætismáli, þessu félagslega réttlætismáli, þá væri enginn vandi að leysa þá hlið málsins, ekki nokkur vandi.

Hér á þingi eru m. a. menn sem telja sig vera fulltrúa verkalýðssamtaka, en greiddu samt atkv. gegn þeirri till. sem flutt var. Ég vil minna þá menn sérstaklega á það, að í ályktun, sem Alþýðusambandið gerði um kjaramál nú nýlega, var fjallað um kjör aldraðs fólks og öryrkja sem hluta af kjaramálavanda alþýðusamtakanna. Alþýðusamtökin lýstu því yfir þar, að þau teldu að það væri einnig þeirra verkefni að reyna að rétta hlut aldraðs fólks og öryrkja. En það verður að gerast hér á þingi. Við, sem hér erum, eigum að gæta þessa verkefnis. Þetta fólk hefur engin samtök. Það getur ekki beitt afli samtaka til að ná rétti sínum. Við vorum kjörnir á þing til að gæta þessa réttar, og ef við bregðumst honum tel ég að við séum að setja á okkur alvarlegan blett.

Ég hef komið með varatill. við þessa till., ef svo skyldi fara að hún yrði felld, ef menn væru svo kaldrifjaðir að þeir felldu þessa till. rétt fyrir jól. Varatill. er á sama þskj., 236 VIII. Þar er lagt til að í heimildarákvæðum verði nýr liður, heimild handa ríkisstj. til að greiða uppbót á tekjutryggingu til aldraðs fólks og öryrkja skv. framfærsluvísitölu. Þarna er farið fram á það eitt, að ríkisstj. verði heimilað að gera þetta. Mér þykir satt að segja ákaflega forvitnilegt að sjá hvort slík till. verði einnig felld, hvort meiri hluti Alþm. vill ekki heimila ríkisstj. að greiða slíkar uppbætur á tekjur þeirra sem búa við skarðastan hlut í þjóðfélaginu. Það eru slíkar heimildartill. til annarra hópa í 6. gr. fjárl. og þær heimildir hafa verið notaðar. Þar er um að ræða embættismenn t. d., þannig að það er vissulega fordæmi fyrir því, að slíkar greiðslur séu í heimildagr. Fari svo að beina till. um ákveðna upphæð verði felld, þá mun ég leggja mikla áherslu á að þessi heimildartill. verði alla vega samþ.

Önnur till., sem ég vil gera grein fyrir, er á sama þskj., 236, VII, 2. tl. Þar er lagt til að inn verði tekinn nýr liður:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að

taka allt að 1000 milj. kr. lán innanlands eða utan til þess að hraða nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, m. a. með lagningu á stofnlínum og endurbótum á dreifikerfum."

Nú er ég vissulega í hópi þeirra manna, sem telja að núv. ríkisstj. seilist ærilangt í þessum fjárlögum til lántöku bæði innanlands og utan, og ekki aðeins í þessum fjárl., heldur í ýmsum lagabálkum sem liggja fyrir þessu þingi. Ég er í þessum hópi. En ég er þeirrar skoðunar að þessar heimildir, sem ríkisstj. er að leita eftir, séu fyrst og fremst til marks um glundroðann innan stjórnarliðsins, til marks um það að ríkisstj. og hennar flokkar hafa ekki komið sér niður á neina röðun verkefna. Þeir eru ekki búnir að gera það upp við sig hvað eigi að ganga fyrir og hvað eigi að sitja á hakanum, því að ekki er hægt að gera allt í senn. (Gripið fram í.) Já, ég vil gera það. Ég vil gefa hæstv. ríkisstj. heimild til þess að taka sérstakt lán til að hraða nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, vegna þess að ég tel að það eigi að vera algert forgangsverkefni á Íslandi næstu árin. Það er það ekki skv. frv., en ég vil að ríkisstj. verði heimilað að gera það. Skv. frv. á að leggja línu frá Andakílsárvirkjun að Laxárvatni í Austur-Húnavatnssýslu. Það var þessi lína, sem hæstv. iðnrh. stöðvaði í haust þegar búið var að undirbúa lagningu hennar, hægt var að hefjast handa 15. sept. Hann stöðvaði hana, en nú leggur hann til að hún verði lögð, þ. e. a. s. þessi kafli hennar, á næsta ári, veik lína frá Andakílsárvirkjun að Laxárvatni.

Nú skulum við minnast þess, að Sigölduvirkjun á að koma í gagnið 1976, og þá ríður á að komin sé lína sem tryggi norðlendingum raforku frá Sigölduvirkjun og geti flutt fullt orkumagn. Ef það á að nást, þessu marki verði náð á sama tíma og Sigölduvirkjun hefur vinnslu, verður að gera miklu meira á næsta ári en að leggja þessa línu sem gert er ráð fyrir í frv. Hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því að kostnaður við línuna, eins og hún á að verða endanlega, sé rúmar 1000 millj. En þessi lína verður ekki tilbúin til þess að flytja þá orku sem hún getur flutt, nema lagt verði meira í þetta á næsta ári, þannig að það er alger fásinna að gera ekki ráð fyrir því, að ríkisstj. verji meiri fjármunum til þessara þarfa, ef mönnum er nokkur alvara með það að við reynum að nýta okkar eigin orkulindir í stað innfluttrar olíu.

Ég minntist á það hér fyrir nokkrum dögum, að ég teldi alveg nauðsynlegt að hefjast handa á næsta ári um að hanna línuna frá Kröflu og til Austurlands. Það eru allar horfur á því að Kröfluvirkjun geti tekið til starfa jafnvel fyrr en bjartsýnustu vonir voru um, og það er ekkert vit í öðru en slík stofnlína sé þá tiltæk. Það var ákaflega undarleg kenning, sem hæstv. iðnrh. flutti hér á dögunum þegar hann sagði að hann væri ekkert að mótmæla þeirri skoðun minni að það þyrfti að tengja saman orkuveitusvæðin, en hann væri hins vegar þeirrar skoðunar að það ætti að virkja fyrst og tengja saman á eftir. Þetta er speki, sem ég get ekki skilið. Ég held að hver virkjun þurfi markað, og það þýðir ekkert að virkja ef ekki er markaður. Forsenda þess, að hægt sé að virkja, t. d. fyrir norðan, er að það tengist við markað fyrir sunnan. Var það alltaf ætlun okkar í fyrrv. ríkisstj. að Sigölduvirkjun fengi markað hjá sem allra stærstum hluta þjóðarinnar, en til þess að þetta geti gerst verða stofnlínuframkvæmdirnar að haldast í hendur við virkjunarframkvæmdirnar, alveg á sama hátt og við tengdum saman Búrfellsvirkjun og Reykjavík á sama tíma að sjálfsögðu. Hvað þýðir að hafa virkjun sem ekki er tengd markaði?

Ég er líka þeirrar skoðunar, að það hljóti að koma til þess og ætti að koma til þess á næsta ári að tekið verði að kanna línustæði til Vestfjarða frá þessari línu um Vesturland til Norðurlands. Ég held það sé alveg óhjákvæmileg nauðsyn. Það er alveg rétt, eins og sagt var hér í dag, að Vestfirðir eru lakast settir að því leyti til, að þar hafa farið fram minni virkjunarrannsóknir en á nokkrum öðrum stað á landinu og þar er ekki völ á neinum umtalsverðum jarðhita. Auk þess skulum við minnast þess, að stofnlínur einar nægja ekki. Dreifikerfin **eru alls staðar** of veik. Það verður **að styrkja þau og endur**nýja. Það er mjög kostnaðarsamt, en það er forsenda þess að við getum tekið upp rafhitun húsa. (Gripið fram í.) Vissulega, það er allt fullt af vandamálum í orkumálum og þess vegna flyt ég þessa till. um að ríkisstj. fái heimild til þess að afla fjár til nauðsynlegra framkvæmda á þessum sviðum. Ég vænti þess að þeir þm., sem hafa undanfarin 3 ár haldið æðimargar ræður um orkumál af ýmsum tilefnum, manni sig nú upp í að fylgja svona till. Þetta er ekki nema heimild, og þeir treysta væntanlega ríkisstj. að fara vel með þær heimildir sem henni eru veittar hér á þingi.

Á þskj. 236 er enn ein till. sem ég flyt við 4. gr., þann kafla sem fjallar um utanrrn. Þar legg ég til að sendiráð Íslands í Brüssel og fastanefnd Íslands hjá NATO, sá liður verði lagður niður. Nú er ég ekki með þessu að gera neina till. um að íslendingar segi sig úr NATO. Það á ekki við að koma með slíkar till. í sambandi við afgreiðslu á fjárl. Þá till. er ég hvenær sem er reiðubúinn til að flytja með öðrum hætti. En ég er þeirrar skoðunar og hef verið alla tíð, að þótt við séum aðilar að þessu hernaðarbandalagi, þá höfum við ekki nokkurn skapaðan hlut að gera við þetta sendiráð í Brüssel. Þetta er ekkert annað en prjál og yfirlæti. Þetta sendiráð gerir ekkert gagn, nákvæmlega ekkert gagn, og það er ekki nokkur minnsti vandi fyrir þau sendiráð, sem þarna eru í kring, í Frakklandi, Vestur-Þýskalandi og Englandi, að rækja þau tengsl sem við þurfum að hafa við þetta hernaðarbandalag meðan við erum illu heilli í því. Það er flottræfilsháttur að halda uppi slíku sendiráði, sem ekki gerir nokkurt gagn, og það er þess vegna sem ég legg til að þetta sendiráð verði lagt niður. En það er ekki bara þess vegna, það er líka vegna þess að við eigum ennþá í stríði við eitt af forusturíkjum Atlantshafsbandalagsins. Vestur-Þjóðverjar halda áfram að beita okkur efnahagslegum þvingunum til að reyna að neyða okkur til að láta af landsréttindum okkar.

Við höfum áður rætt um það mál að loka þessu sendiráði í sambandi við erlent ofbeldi, sem við vorum beittir til þess að reyna að hafa af okkur

þessi réttindi, og ég tel að við höfum fulla ástæðu til þess að bregðast við á þennan hátt núna. Það var lögð fram á þingi fyrir mánuði eða svo þáltill. frá tveimur þm. Framsfl. um það, að vörur frá Vestur-Þýskalandi skyldu sæta sérstakri meðferð í bönkum á meðan vestur-þjóðverjar setja á okkur viðskiptabann eða neita að taka við fiski frá okkur. Þessari till. var vísað til utanrmn. fyrir að ég hygg hálfum mánuði, og ég átti satt að segja von á því að n. mundi afgr. þessa till. strax og mæla með henni og við mundum ákveða þetta fyrir jól. Þetta voru alveg sjálfsögð viðbrögð. En það hefur ekki einu sinni verið haldinn fundur í n. Ég spurði formann n. um það í dag, hvenær þeir ætluðu að afgr. málið, og hann sagði: „Hvað, er þetta mál hjá okkur?“ Form. n. vissi ekki að till. var til umr. hjá sér einu sinni. Þess vegna held ég að það væru eðlileg viðbrögð líka vegna landhelgismálsins að við tækjum þessa ákvörðun, að loka þessu algerlega tilgangslausa sendiráði, og gæfum það upp sem ástæðu.

Ég vil gera grein fyrir einni till. enn, sem ég hef leyft mér að flytja, þó að ég haldi að henni hafi ekki verið dreift prentaðri. Við 2. umr. flutti ég till. um framlög til Gæsluvistarsjóðs, 68 millj. til þeirra þarfa. Ég sundurliðaði nákvæmlega hvernig sú tala væri fundin. Þarna var um að ræða skuldir við ríkissjóð vegna hælisins á Vífilstöðum, sem er verið að ljúka við þessa dagana, og tvær skuldir aðrar. Önnur var vegna Kleppsspítala og hin vegna Gunnarsholts. Þessar skuldir námu um 20 millj. kr. sem hafa verið árlegar tekjur sjóðsins. Nú hefur mér verið tjáð að það muni vera litið á þessar skuldir sem aukafjárveitingu hjá ríkissjóði, þannig að ég sé ekki ástæðu til að flytja neina till. um það. En ég flyt í staðinn till. um að Gæsluvistarsjóður fái 48 millj., sem hann þarf óumdeilanlega, þó að þessar skuldir séu strikaðar út. Þar er um að ræða búnað vegna hælisins á Vífilsstöðum sem mun kosta um 15 millj., en hælið byrjar að sjálfsögðu ekki að starfa nema keyptur sé húsbúnaður. Þar er um að ræða framkvæmdir í Gunnarsholti, sem búið er að ákveða og undirbúa fyrir löngu. Þar er um að ræða byggingu í Víðinesi, sem á sama hátt er búið að ákveða og undirbúa fyrir löngu. Auk þess legg ég til að sjóðurinn hafi til annarra verkefna, til rannsókna, til styrkja og annarra slíkra hluta, 5 millj. kr.

Gæsluvistarsjóður er öflugasta tækið sem ríkisvaldið hefur til raunhæfra aðgerða til þess að taka á ofdrykkjuvandamálinu, og því miður hefur þessi sjóður vaxið miklu hægar en skyldi. Stærsta átakið, sem hann hefur gert, er bygging þessa lokaða drykkjumannahælis á Vífilsstöðum sem vonandi tekur til starfa á næsta ári. En verkefnin á þessu sviði eru ákaflega mörg og ákaflega stór, eins og þm. hafa sjálfir minnt á margsinnis hér í vetur, þannig að ég fæ ekki skilið að þm. ætli sér að svelta Gæsluvistarsjóð, gera honum ókleift að sinna verkefnum sem búið er að undirbúa að fullu og ekki stendur á neinu nema fjárveitingum. Þess vegna vil ég mjög eindregið mælast til þess við hv. þm., að þeir hugleiði hvort þeir treysti sér ekki til að ljá þessari till. atkv.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. flutti ég á þskj. 150 brtt. við 4. gr. fjárl. Það er liður 55.a um byggingu sjúkrahúsa o. fl. Lagði ég til að þar kæmi inn nýr töluliður í undirlið, svo hljóðandi: „Reykjavík, til hönnunar B-álmu Borgarsjúkrahússins (langlegudeild) 33 millj. kr.“ Í ræðu minni með þessari brtt. vildi ég reyna að vekja athygli hv. þm. á því vandamáli, sem hefur skapast við það að ekki er nægjanlegt rými fyrir hendi fyrir langlegusjúklinga. Í fyrsta lagi veldur það því, að fjöldi sjúklinga á í miklum erfiðleikum, m. a. vegna þess að þeir verða að dveljast í heimahúsum við ófullkomnar aðstæður, hvað svo sem líður góðum vilja. Í öðru lagi skapar þetta verulegan vanda í starfi heimilislækna. Þeir koma þessum sjúklingum ekki á sjúkrahús, þeir langlegusjúklingar, sem þar eru fyrir, taka upp rúm eðlilega og af þeim orsökum dregst oft verulega og mjög svo úr hömlu að sjúklingar komist inn á sjúkrahús til rannsókna eða aðgerða. Ég vakti athygli á því að slíkt ástand gæti fælt unga menn frá heimilislækningum og mundi þannig hindra að nokkru leyti uppbyggingu þess þáttar heilbrigðisstarfseminnar, sem verið er að keppa að í samræmi við nefnda löggjöf, sem sett var um heilbrigðismál á síðasta ári, í tíð fyrrv. ríkisstj. Í þriðja lagi dregur þessi skortur á rými fyrir langlegusjúklinga mjög úr umsvifum sjúkrahúsanna og gerir það m. a. að verkum að sá vinnukraftur, sem er einna dýrastur á sjúkrahúsunum, nýtist ekki sem skyldi. Það er skoðun mín að stórátak í þessum málum gæti fært margt í senn í miklu betra horf, og þó að slíkt átak kosti auðvitað fé í bili horfir það raunverulega til sparnaðar.

Ég hafði vænst þess að hv. fjvn. gerði brtt. mína að sinni nú við 3. umr., en svo hefur ekki orðið og er ég heldur óhress yfir því. En ég hef rætt við hv. nm. og veit að þeir hafa sýnt þessu máli vinsemd og tekið það til rækilegrar athugunar, og ég þakka þeim fyrir það sem og hlýjan hug til þessarar till. Þótt ekki dugi þetta til framkvæmda, þá er það nú svo að orðin eru til alls fyrst, svo skilningurinn og þá erum við komnir á beinu brautina fyrr en varir.

Þótt ég harmi að till. mín skyldi ekki tekin upp í brtt. hv. fjvn. nú við 3. umr., þá fagna ég því að gert er ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 25 millj. kr. til rekstrar langlegudeildar, 60—70 rúma, á vegum ríkisspítalanna í Hátúni hér í Reykjavík. Þetta er strax spor í rétta átt og kemur að verulegu gagni. Þess er að vænta og er ástæða að vænta þess og vona að málinu verði fylgt eftir og að því unnið áfram stig af stigi og megi vænta þess við næstu fjárl. að upphæðir verði teknar inn í því skyni að auka enn rými fyrir langlegusjúklinga.

Ég vil taka það skýrt fram, að með till. minni var á engan hátt verið að koma inn upphæð, sem leysti allan vanda Borgarsjúkrahússins, þar er í miklu fleiri horn að líta. Ég vildi eingöngu vekja athygli á þessu sérstaka vandamáli og freista þess að það fengi framgang, vegna þess að það er trú mín, það er mín skoðun og það er ríkjandi skoðun okkar, sem störfum við sjúkt fólk, að einmitt með því að auka rými fyrir langlegusjúklingana megi bæta margt í senn. Ég fagna því að á þessu er skilningur, og ég

trúi því að þessi mál muni fljótt þokast í betra horf og það horf sem nauðsynlegt er.

Ég hef nú um það að velja að flytja þessa till. aftur hér við 3. umr. eða endurflytja hana ekki. Ég hef valið þann kostinn að endurflytja hana ekki nú við þessa umr. Það er ekki bara af því að ég vilji leiða menn í þá freistni að gerast kaldrifjaðir rétt fyrir jólin. Það er vegna þess að ég trúi því að þetta mál muni ná fram að ganga, þótt það taki öllu lengri tíma, og ég hygg að allir hv. þm. hafi jafnmikinn áhuga á því og ég og jafnmikinn skilning á því og ég, að heilbrigðisþjónustan sé í sem bestu horfi, og þeir vilji af einlægni leysa þennan þátt eins og aðra. Mér finnst ég vera eiginlega of ungur í þessum háu sölum til þess að stilla mönnum upp við vegg og ætlast til þess rétt fyrir jólin að þeir geri ekki það góða sem þeir vilja, ef hugsanlega hefði komið til atkvgr. Ég endurtek því till. ekki herra forseti.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna brtt. sem ég stend að ásamt allmörgum öðrum hv. þm. Þessi brtt. varðar heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis. Þessi brtt. er í fyrsta lagi í því fólgin að liðurinn, sem um þetta fjallar í fjárl., verði hækkaður um 200 þús., úr 4 millj. í 4 millj. og 200 þús., og síðan kemur sundurliðun sem ætlað er að birt verði á sérstöku yfirliti, en eins og hv. þm. vita er gert ráð fyrir því og hefur verið svo um mörg undanfarin ár, að allmargir listamenn, nú 12, hljóti sérstök heiðurslaun á fjárlögum.

Þannig háttar núna til, að 3 listamenn, sem nutu þessa heiðurs á yfirstandandi ári, hafa látist á árinu, þ. e. a. s. Guðmundur Böðvarsson skáld, Þórbergur Þórðarson rithöfundur, og Páll Ísólfsson tónskáld. Af þessum sökum eru skörð þessara manna opin og þau þarf að fylla. Það hlutverk hefur verið falið menntmn. þingdeildanna að fjalla um tilnefningu manna í þennan heiðurslaunaflokk og mun það skipulag hafa gilt nú í 2—3 ár.

Menntmn. beggja d. hafa haldið sameiginlega fundi um þetta mál og rætt það á fundum sínum. Þar var gerð að sjálfsögðu tilraun til þess að ná samkomulagi um tilnefningu um menn í þennan heiðursflokk. Ég sé ekki ástæðu til að rekja umr. sem fram fóru á þessum fundum nm., ég held þó að segja megi að þær hafi farið vinsamlega fram, þó að sitt hafi sýnst hverjum í ýmsum þeim atriðum sem þarna var um að ræða. Niðurstaðan af þessum fundum menntmn. var sú, að menn urðu ekki á eitt sáttir um tillögugerð.

Sú till., sem hér liggur fyrir, er flutt af 9 mönnum sem sæti eiga í menntmn. Alls eiga sæti 14 menn í þessum n. samanlagt, en 13 mættu á fundunum, þannig að 9 standa að þessari till., en 4 eiga ekki aðild að þessum tillöguflutningi. Það kemur fram raunar á þskj. 240 hverjir að þessu standa ásamt mér. Það eru hv. þm. Steinþór Gestsson, Steingrímur Hermannsson, Ellert B. Schram, Eyjólfur K. Jónsson, Ingi Tryggvason, Þorv. Garðar Kristjánsson, Sigurlaug Bjarnadóttir og Gunnlaugur Finnsson. En þeir nm., sem ekki standa að þessari tillögugerð eru Ragnar Arnalds, Svava Jakobsdóttir, Magnús T. Ólafsson og Jón Árm. Héðinsson.

Þannig var háttað störfum þessarar n., að eftir að við höfðum rætt þetta á víð og dreif, menn höfðu lýst viðhorfum sínum til þessa verkefnis, fór fram skoðanakönnun innan n. um það, hvaða listamenn skyldi tilnefna í stað þeirra þriggja sem látist höfðu. Niðurstaðan varð sú eftir þá skoðanakönnun, að flest atkv. fengu 3 listamenn, þ. e. a. s. Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur, Guðmundur Daníelsson rithöfundur og Þorvaldur Skúlason listmálari. Það var skoðun okkar, sem stöndum að þessari till., að rétt væri að láta þessa skoðanakönnun gilda um þá tilnefningu sem hér liggur nú fyrir. Við höfum því lagt til, og í rauninni er breyt. sú fyrst og fremst efnislega, fyrir utan þá hækkun á fjárveitingu sem þarna er lagt til, — hún er sú fyrst og fremst að rithöfundarnir Indriði G. Þorsteinsson og Guðmundur Daníelsson og Þorvaldur Skúlason listmálari verði teknir í þennan heiðurslaunaflokk.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að ræða þetta frekar og legg þessa till. fram hér og vænti þess að hún hljóti stuðning hv. þm.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 236, 237, 240 og 241, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 41 shlj. atkv.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs fyrst og fremst til að leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir að hafa tekið jafnvel og hún gerði, og reyndar einnig hæstv. ráðh., í þær till., sem ég beindi til n., og þá sérsaklega till. í sambandi við öryggismál sjómanna.

Ég hef leyft mér að flytja hér tvær till. sem eru komnar á þskj. Það er annars vegar till. sem ég ásamt 3 öðrum hv. þm. leyfi mér að flytja um styrk til Heilsuræktarinnar í Reykjavík, 4 millj. kr. Þetta fyrirtæki hefur verið viðurkennt af heilbrrn. sem fyrirtæki sem getur og á að taka að sér sjúkraþjálfun. En að sjálfsögðu verður það skilyrði að fylgja að það sé ráðinn að fyrirtækinu bæði sjúkraþjálfari, einn eða fleiri, og læknir og hægt verði að útvega húsnæði á staðnum þar sem stofnun þessi er. Þessu mun að sjálfsögðu fylgja nokkur stofnkostnaður og því er lagt til að þessi styrkur verði veittur.

Ég held að ég þurfi ekki að fara mörgum orðum um að það er ákaflega mikill skortur á slíkri starfsemi, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur að sjálfsögðu um allt land. Ég þekki þetta mætavel vegna þess að í stofnun, sem ég hef nokkuð með að gera stjórnun á, vantar allt slíkt húsrými. En ef hægt er að komast inn á jafnfullkomna stöð og Heilsuræktin er í þessu skyni, þá mundu að sjálfsögðu ekki aðeins sparast hundruð þúsunda í stofnkostnaði við að koma slíkri aðstöðu á fót hjá þeirri stofnun, sem er Dvalarheimili aldraða sjómanna, heldur og — vil ég leyfa mér að segja — fleiri skyldum aðilum hér á suðvesturhorni landsins, og bendi þá m. a. á Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og reyndar fleiri aðila en Hrafnistu sem þarna kæmu fram til álita.

Eins og sést á þskj. legg ég þessa till. fram. Hins vegar hafa nokkrir ráðamenn þjóðarinnar heitið því við okkur flm., eða við mig fyrir þeirra hönd, að gera hvað þeir gætu til að leysa þetta vandamál. Ef það verður áður en til atkvgr. verður gengið, þá mun ég draga þessa till. til baka.

Aðra till. á sama þskj., 234, hef ég leyft mér að flytja, heimildarákvæði við 6. gr. um að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af myndsegulböndum sem eru til afnota fyrir áhafnir íslenskra skipa.

Við erum búin að hafa margar till. til umr. á hv. Alþ. varðandi sjónvarp til íslenska flotans. Það er viðurkennt og vitað, að í flestum hinna nýrri og stærri skipa, jafnvel þótt *lítil séu*, eru sjónvarpsviðtæki. Ef þetta væri til staðar, að það þyrfti ekki að kosta hið fulla verð sem slík tæki kosta, þá er möguleiki á því fyrir skipshafnir, sem dvelja fjarri heimilum sínum, að njóta sjónvarpsefnis, sérstaklega þó fræðslumynda, kennslumynda, en ég veit hins vegar að venjulegar kvikmyndir munu verða of dýrar enn um langan tíma til þess að þær komist til skipshafna. *Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að* við hugsum alvarlega til þess á næstu árum að íslenska sjónvarpið geti, á sama hátt og Fræðslumyndasafnið útvegar skólum landsins slík myndsegulbönd, eins útvega þau til íslenskra skipshafna sem dvelja fjarri sjónvarpsstöðvum, þannig að þær megi nokkurs njóta frá þeirri stofnun, sem þeir í mörgum tilfellum greiða skatta af sem heimilisfeður, þó að þeir njóti ekki þess að *geta horft á sjónvarp langtímum saman*.

Ég vil þá leyfa mér að lýsa tveimur brtt. sem ég leyfi mér að flytja hér.

Önnur er við 6. gr., og af einhverjum ástæðum hef ég grun um að hún hafi ekki verið skilin, þegar ég var að reyna að útskýra hana fyrir hv. fjvn.-mönnum eða fjvn.-manni. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af búnaði lyfjabúra (sbr. reglugerð heilbrrh. nr. 113 1974) til spítala, hæla, elliheimila og annarra heilsugæslustofnana, sem falla undir nefnd reglugerðarákvæði.“ Um er að ræða reglugerð sem gefin var út af fyrrv. heilbrrh., mjög strangar og ítarlegar og ég vil ekki segja annað en sjálfsagðar reglur, sem gilda eiga um meðferð lyfja og búnað á þeim stofnunum sem ég hef þarna talið upp. Þetta yrði vitaskuld ákaflega auðvelt fyrir ríkisspítalana, sem geta fengið sér þennan búnað og sent svo reikninginn til ríkissjóðs, sem aftur greiðir hann. En um er að ræða hér á landi fjöldann allan af slíkum stofnunum, sem eru reknar af áhugamannasamtökum og fá ekki og hafa ekki fengið neitt leyfi til að taka slíkan aukakostnað sem hinn opinberi aðili fyrirskipar inn í sín vistgjöld og verða því að mæta þessu á einhvern annan hátt, sem þá venjulega verður á þann veg að þjónusta verður máske lélegri en vera ætti. Þar sem þarna er um fyrirskipun hins opinbera að ræða, eins og reyndar margt annað sem kemur fram frá því opinbera, finnst mér eðlilegt og það sé sjálfsögð krafa, að það komi þá nokkuð á móti með því að gefa eftir aðflutningsgjald og söluskatt af þessum búnaði, en það þarf að flytja inn töluverðan hluta hans. Ég endurtek að þarna er ekki átt við lyfjabúðir, heldur við þann búnað sem þarf að vera innan viðkomandi stofnana. Það verður nógur kostnaður þrátt fyrir það. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að flytja þessa skriflegu brtt. við 6. gr.

Þá hef ég leyft mér að flytja brtt. við till. sem er hér komin fram á þskj. 237 frá Svövu Jakobsdóttur o. fl. um að ákveðinn styrkur verði veittur til Félags ísl. myndlistarmanna og Menningar- og friðarsamtaka ísl. kvenna til að standa straum af yfirlitssýningu á list íslenskra myndlistarkvenna vegna alþjóðakvennaársins 1975. Þótt þær séu litfagrar í Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna, fæ ég ekki séð hvað þær eiga að *gera inn í íslenska myndlist í sambandi* við íslenskar konur á þeirra alþjóðlega kvennaári 1975. Því leyfi ég mér að leggja hér fram skrifl. brtt. þess efnis að orðin: „og Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna“ falli niður úr till. þessari. Ég mun hins vegar styðja það að Félag ísl. myndlistarmanna fái nokkurn styrk til að koma því fram sem vakir fyrir listafólkinu sem till. flytur. Því leyfi ég mér, herra forseti, að *flytja þessa skriflegu brtt. við brtt. á þskj. 237*.

Ég mun þá ekki þurfa að hafa fleiri orð um mínar till. eða aðrar sem hér hafa komið fram. Ég vil aðeins benda á orð tveggja þm. sem hér hafa talað í kvöld. Annar var hv. þm. og bolvíkingur, Karvel Pálmason, sem hafði miklar áhyggjur af því að sannfæring fengi ekki að ráða í þingflokki Sjálfstfl. Ég held að þar sé um mikinn misskilning hjá hv. þm. að ræða. Við *fáum að njóta okkar og koma fram okkar málum* í þeim flokki. Og alla vega veit ég að hann mun þá samþ. þau orð mín, að það er mjög stór hluti fyrrverandi samtaka, sem hann tilheyrir víst enn, sem naut sinnar sannfæringar og lét hana koma fram í síðustu kosningum, því að mér skilst að það hafi verið meira en helmingur fyrrverandi kjósenda, sem yfirgaf hann vegna þess að þeir létu sannfæringuna ráða, en bendi hins vegar á að hjá okkur í Sjálfstfl. var um nokkuð aðra þróun að ræða.

Ég get tekið undir mörg orð hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, þegar hann talar um gamla fólkið og hvað við þurfum að gera í tryggingamálum gagnvart því. Flest sem hann sagði er alveg hárrétt. Þetta eru þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem verst hafa orðið úti í þeirri óðaverðbólgu, sem hefur geisað hér á Íslandi s. l. 4 ár, einmitt að mestu leyti í hans eigin stjórnartíð, þótt ég muni aldrei draga úr því að hann gerði margt gott meðan hann var tryggingaráðh., gagnvart þessu gamla fólki. Þótt ég sé ekki reiðubúinn til að standa með honum og hinni ítarlegu till. hans, sem lengst gengur, að við reynum að koma á móti erfiðleikum þessa fólks, sem ég tel hvað sjálfsagðast í okkar þjóðfélagi í dag, þá mun ég a. m. k. greiða atkv. með varatill. hans.

En um leið og ég lýk orðum mínum þá vekur það furðu mína að um leið og hv. þm. Magnús Kjartansson leggur að líku okkar deilumál við vestur-þjóðverja og ákveðin atriði í fjárl. og leggur þá till. fram að við leggjum niður sendiráð eða fastanefnd okkar hjá NATO í Brüssel, af hverju hann leggur ekki frekar fram till. um

það að við leggjum niður sendiráðið í Bonn. Við fáum þó „for fanden" að landa fiski í Belgíu enn þá, en ekki í Þýskalandi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 243,I) samþ. með 34 shlj. atkv.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Áður en ég vík að brtt. þeim sem ég flyt við afgreiðslu fjárl., langar mig að fara nokkrum orðum um brtt. á þskj. 240 um það, hverjir skuli skipa þau 3 sæti sem nú eru óskipuð í heiðurslaunaflokki listamanna. Svo sem fram kom í ræðu hv. þm. Ingvars Gíslasonar höfum við fulltrúar Alþb. í menntmn. hins háa Alþ. ekki treyst okkur til að standa að þessari till. Ég mun í örstuttu máli gera grein fyrir afstöðu okkar.

Þeirri meginreglu hefur ætíð verið fylgt að heiðurslauna skuli þeir einir njóta sem eiga að baki langan listamannsferil. Helst hafa þessir listamenn þurft að komast sem næst því að vera orðnir óumdeilanlegir, þó að það hafi raunar ekki ætíð tekist. Við verðum að hafa í huga að heiðurslaun eru þrátt fyrir allt í eðli sínu annars eðlis en einstök bókmenntaverðlaun. Það hefur því ætíð þótt æskilegt að eining ríkti um val manna í heiðurslaunaflokk, þar sem hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða, ekki einungis fyrir listamennina sjálfa, heldur þjóðina alla.

Meiri hluti menntmn.-manna hefur hins vegar nú vikið frá þeirri meginreglu að velja menn, sem eiga að baki langan listamannsferil, og valið listamann á miðjum aldri sem á væntanlega enn langa starfsævi fram undan. Slíka stefnubreytingu teljum við því aðeins réttlætanlega, að engir listamenn með lengri starfsaldur að baki og þá jafnframt eldri að árum komi til greina. Svo er þó ekki nú. Við teljum að með þessari till. sé gengið á rétt nokkurra listamanna, sem að öllu athuguðu hefði verið eðlilegra að veita heiðurslaun í ár.

Ég nefni í þessu sambandi sérstaklega ljóðskáldið Snorra Hjartarson, sem er fæddur 1906, gaf út sína fyrstu bók árið 1934 og allir ljóðaunnendur viðurkenna að með ljóðabók sinni Lauf og stjörnur, ef ekki fyrr, hafi verðskuldað þann fyllsta heiður sem Alþ. getur veitt. Þá vil ég einnig nefna Ólaf Jóhann Sigurðsson sem er fæddur 1918 og á óslitinn rithöfundarferil að baki allt frá árinu 1933. Ef litið er á aðrar listgreinar en ritlistina er einnig rétt að minna á Sigurjón Ólafsson myndhöggvara. Eflaust mætti nefna fleiri nöfn þó að ég geri það ekki nú.

Við Alþb.-menn teljum að með þessari stefnubreytingu sé Alþ. að fara inn á vafasama braut, ef heiðurslaun á að virða nokkuð á annað borð.

Herra forseti. Ég flyt hér nokkrar brtt. við fjárlfrv.

Fyrsta brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Ragnheiði Sveinbjörnsdóttur og hv. þm. Benedikt Gröndal er á þskj. 237, í lið IV. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til Félags ísl. myndlistarmanna og Menningar- og friðarsamtaka ísl. kvenna til að standa straum af yfirlitssýningu á list íslenskra myndlistarkvenna vegna alþjóðakvennaársins 1975."

Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1972 var samþ. að helga árið 1975 réttindamálum kvenna. S. l. 3 ár hefur verið unnið ötullega að því að hvetja aðildarríki til að minnast þessa árs, og minna á tilgang þess með margvíslegum hætti. Ýmis samtök hér heima hafa áform á prjónunum í þessu skyni til þess að vekja athygli á störfum kvenna, réttindamálum þeirra, framlagi þeirra á sviði lista, félagsmála og þátti þeirra í atvinnulífi. Fyrirhugað er, að efnt verði til sýningar á verkum íslenskra myndlistarkvenna í Norræna húsinu í marsmánuði á næsta ári. Frumkvæðið að sýningunni áttu Menningar- og friðarsamtök ísl. kvenna, en Félag ísl. myndlistarmanna og Norræna húsið munu einnig standa að henni. Í bréfi, sem Félag ísl. myndlistarmanna hefur sent Menningar- og friðarsamtökum ísl. kvenna, kemur þó fram, að það muni taka þátt í sýningunni án fjárhagslegra skuldbindinga. Það má geta þess að kvennasamtök á Norðurlöndum hafa látið í ljós áhuga á að fá úrtak úr slíkri yfirlitssýningu sem farandsýningu um Norðurlönd. Ég tel því að því fé sé vel varið, sem fer til að kynna listaverk íslenskra kvenna, jafnframt því sem við íslendingar með þessu móti mundum standa við skuldbindingar okkar við Sameinuðu þjóðirnar í þessu efni.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um brtt. þá sem hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur flutt við þessa till., þar sem hann leggur til að þetta fé renni eingöngu til Félags ísl. myndlistarmanna. Í rauninni kom mér þessi brtt. hv. þm. ekkert mjög á óvart — og þó. Ég hefði ekki trúað því að óreyndu að svona stór og myndarlegur þm. mundi hræðast samtök kvenna. Mér er ekki alveg ljóst hvort það er orðið menning, orðið friður eða orðið konur, sem hann hræðist mest, eða hvort honum þykir verst ef þetta þrennt kemur saman. Alla vega vil ég benda þessum hv. þm. á það, að Félag ísl. myndlistarmanna óttast ekki samfylgd við þessar konur, og vænti ég þess að hv. þm. finni í því nokkra huggun og treysti sér því til að greiða atkv. með till. eins og hún er á þskj. 237.

Þá höfum við 3 þm. Alþb. flutt till. um fjárframlag til Rauðsokkahreyfingarinnar, og er þá till. einnig að finna á þskj. 237. Rauðsokkahreyfingin er orðin æðibekkt og ætti að vera óþarfi að fara um hana mörgum orðum. Ef tími gæfist til væri þó sannarlega freistandi að eyða margvíslegum misskilningi, sem oft gætir í máli manna um þessi samtök. Ég vil þó aðeins minna á að Rauðsokkahreyfingin hefur nú starfað í 4 ár og hefur fyrst nú eignast fastan samastað fyrir starfsemi sína. Þessi starfsemi er margvísleg. Þær hafa gert og birt félagslegar kannanir. Þær hafa veitt upplýsingar um réttindi kvenna í þjóðfélaginu og veitt konum, sem á hafa þurft að halda og leitað til þeirra, margvíslega aðstoð. Ég hygg að það sé ekki nema sanngjarnt að þær fái framlag frá Alþingi í þessu skyni.

Mig langar að fara örfáum orðum um till., sem er á þskj. 234. Hún er raunar flutt við 2. umr. og þá mælti Kjartan Ólafsson fyrir henni mjög vel og rækilega, svo að ég þarf ekki að fara mörgum orðum um hana. Ásamt mér flytur hana nú við 3. umr. hv. þm. Gils Guðmundsson. Við leggjum til að upphæð til íslenskra rithöf-

unda verði hækkuð úr 12 millj. í 18 millj. Þessi upphæð er að stofni til til komin vegna þáltill. sem samþ. var hér á Alþ. Á grundvelli þeirrar þál. var á þinginu á s.l. vetri flutt frv. um Launasjóð rithöfunda. Menntmn. mælti þá einróma með samþykkt frv., en frv. dagaði því miður uppi. Í frv. var gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 21,7 millj. kr. Mér voru það því mikil vonbrigði eftir þá afgreiðslu, sem frv. um launasjóð rithöfunda hlaut í menntmn. Nd., að sjá að upphæðin hafði ekkert hækkað, var enn 12 millj. Raunar finnst mér það óverjandi, með tilliti til þess að söluskattur hefur hækkað verulega síðan, að upphæðin skuli ekki hækka jafnframt. Við höfum því leyft okkur að leggja til þessa hækkun, sem þó má segja að sé fremur hógvær, þar sem upphæðin 21,7 millj., sem nefnd var í frv., var miðuð við söluskatt á árinu 1972 og við förum þó ekki það hátt. Vænti ég þess að hv. alþm. muni taka vel í þetta mál.

Eyjólfur Sigurðsson: Herra forseti. Ég flutti ásamt tveim þm. öðrum, Jóni Árm. Héðinssyni og Sighvati Björgvinssyni, brtt. við 2. umr. fjárl. á þskj. 172, og þar er í 9 liðum fjallað um málefni fyrst og fremst líknarfélaga. Var þar um að ræða smávægilegar hækkanir til ákveðinna aðila, sem þar eru sundurliðaðar, og átti ég von á því, þar sem hér var í fyrsta lagi um mjög lítil fjárframlög að ræða, þ.e.a.s. litla aukningu, og í öðru lagi mikilsverða málaflokka og stofnanir, að þeir kæmu óbreyttir til baka frá fjvn. án endurskoðunar, flestir þessir liðir, þannig að þessar stofnanir fái áfram þau smánarlegu framlög sem ákveðið er í fjárlfrv. að þær komi til með að hafa, og sumir aðilarnir óbreytt fjárframlag í mörg ár. Hins vegar hafa verið teknir til greina af fjvn. 3 liðir af þeim, sem við fluttum, og vil ég þakka það að þeir skyldu þó komast í till. n., sem lagðar eru fyrir til 3. umr., og sérstaklega þakka fyrir það, að þar kemur inn nýr liður, sem ég lagði mikla áherslu á að kæmist inn í fjárlög, 300 þús. kr. til Foreldrafélags fjölfatlaðra.

En mig langar að rifja hér upp nokkur atriði í sambandi við þá liði, sem ekki fá enn náð fyrir augum fjvn., og reyndar langar mig til þess að vita skýringar á hvernig stendur á því að þessar litlu tölur, sem þarna er um að ræða, eiga svo torvelt með að komast inn á fjárl. með tilliti til þess sem er að gerast nú með þessum háu fjárl. og þeim breyt., mörgum um margar millj. kr., sem koma fram til hækkunar nú við 3. umr.

Við fluttum á þskj. 172 brtt. við 2. umr., m.a. um að barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi fengi 300 þús. kr. framlag, en á fjárl. eru því ætlaðar 65 þús. kr. Það liggur við að maður spyrji: Hvers vegna er verið að halda slíkum lið inn á fjárl., þegar um 65 þús. kr. framlag er að ræða? Ég sagði við 2. umr. að þarna væri um að ræða upphæð sem samsvaraði því sem ein fóstra á slíku heimili hefði í mánaðarlaun. Þetta heimili, barnaheimilið Sólheimar í Grímsnesi, er fyrst og fremst verk einnar konu, sem nú er nýlátin, og hafði hún alla sína tíð og allt sitt líf fórnað sér fyrir málefni þessa heimilis og þau börn sem þar voru. Mér er sagt að vegna láts þessarar konu telji fjvn.-menn, a.m.k. sumir, enga ástæðu til að hækka þetta 65 þús. kr. framlag til heimilisins, vegna þess að það sé óvíst um framtíð þess. Ég vil halda því fram, að einmitt vegna þess, hvað það er mikið vandamál hjá þessu heimili að þessi ágæta kona er látin, þá sé ástæða til þess að auka fjárframlag til heimilisins. Mér er kunnugt um að það er fullur hugur fyrir því að þetta heimili verði rekið áfram og það jafnvel með meiri starfsemi en hingað til. Og það er slæmt til þess að vita, að slík heimili skuli fá litla náð fyrir augum fjárveitingavaldsins.

Í sambandi við önnur heimili, sem falla undir þennan lið þá eru Fávitaheimilinu í Skálatúni ætlaðar 65 þús. kr. Við förum fram á að þetta framlag yrði hækkað í 300 þús., sem er allt of lítið og raunverulega háðung að maður skyldi ekki fara miklu hærra. En með tilliti til þess ástands, sem nú er, vildum við ekki fara lengra og töldum okkur örugga með að þessu yrði svarað með jáyrði og samþykki fjvn. En svo hefur ekki orðið. Á Fávitaheimilinu í Skálatúni eru 54 sjúklingar, þangað fara daggjöld sem svarar 1400 kr. á dag til hvers sjúklings, og geta allir gert sér grein fyrir hvað slík fjárhæð, 1400 kr. á einstakling, nægir við slíka stofnun, þegar **daggjöld í sjúkrahúsum nálgast nú 10 þús. kr.** Mér er kunnugt um að þetta nær ekki bara yfir Fávitaheimilið í Skálatúni, Barnaheimilið Sólheima og Tjaldanesheimilið hér í Mosfellssveit, öll þessi heimili þjást mikið af peningaskorti og þau eiga fyrst og fremst undir félög áhugamanna að sækja hvort þau geta starfað áfram eða ekki. Þegar við tölum hér í fjárl. um milljónir á milljónatugi ofan til hinna ýmsu framkvæmda, þá er það hrein háðung af hinu háa Alþ. að þessi félög og þessar stofnanir skuli ekki fá náð fyrir augum fjárveitingavaldsins. Ég vil mælast til þess, að það verði endurskoðað af hv. þm., sérstaklega þeim sem ekki hafa séð ástæðu til **þess að hækka þetta í fjvn., og þeim öðrum sem** taka þátt í atkvgr. á morgun, að fylgja nú eftir þessum smáu fjárveitingum til þessara aðila.

Ég rakst á viðtal í dagblaðinu Tímanum í morgun við aðstandendur skólaheimilis þroskaheftra barna á Selfossi, og með leyfi forseta langar mig að lesa aðeins nokkrar línur úr þessari grein eða þessari frásögn, sem segir nokkuð um ástand þessara mála í landinu:

„Þótt sú hafi verið stefnan hér á landi eins og í grannlöndum okkar að veita þeim, sem fyrir einhverra hluta sakir mega sín minna í lífsbaráttunni, sívaxandi aðstoð, fer því þó enn fjarri að nóg sé að gert í þeim efnum. Þeir einstaklingar, sem sakir einhvers konar vanmáttar falla ekki inn í það venjulega þjóðfélagskerfi, hafa átt og eiga enn mjög erfitt uppdráttar, þótt svo virðist sem samfélagið sé að verða sér betur meðvitandi um skyldur sínar í þessum efnum. Málefni fjölfatlaðra og þroskaheftra barna hafa verið nokkuð í brennidepli að undanförnu, sérstaklega eftir að foreldrafélög viðkomandi barna hafa verið sett á stofn. Vakin hefur verið athygli á vanda þeirra og jafnframt sýnt fram á að með góðri umönnun og kennslu frá unga aldri má ná mjög góðum árangri við að auka þroska þeirra,

svo að þau verði svo sjálfbjarga sem framast má verða.“

Þetta var sagt í þessari grein í Tímanum í morgun. Allt eru þetta staðreyndir um þessi málefni og sýna ljóslega hvernig ástandið er. Það er að vakna nokkur áhugi almennings fyrir þessum málum og kemur hann fram í ýmsu. Ég get sagt sem dæmi um það, að ég var að vissu leyti tengdur ákveðinni fjársöfnun sem fór fram fyrir tveim mánuðum til geðveiks fólks í þessu landi, og það sýndi hvað fólk hefur mikinn áhuga á að leysa þetta mál, að það söfnuðust á einum degi á fjórðu millj. kr. Almenningur er að vakna til áhuga um þessi mál, og þess vegna er hart til þess að vita, ef hið háa Alþ. ætlar að láta það fara fram hjá sér einu sinni enn að sýna þessum samtökum, fólki sem stendur í því að aðstoða þessa sjúklinga, svo mikla lítilsvirðingu að veita þeim sömu upphæð á fjárl. og ætluð er til Dýraverndunarfélags Íslands og Fuglaverndunarfélags Íslands, með allri virðingu fyrir þeim félögum.

Ég sat í hv. fjh.- og viðskn. nokkra fundi meðan ég hef setið þessa stuttu þingsetu, nú undanfarnar þrjár vikur, og ég varð vitni að því einu sinni eða tvisvar að milljónahundruð urðu þar að samkomulagi milli einstakra manna og var þar verið að sameina byggðasjónarmið, sérstaklega fulltrúa utan af landi. Ég varð vitni að því að eitt frv. breyttist úr 1 200 millj. í 2 000 millj. kr. Það var happdrættislánaútboð, og kom mér þá til hugar hvort hundruð milljóna yrðu svona fljótt til á þingi eins og þarna varð í sambandi við þetta frv. Með tilliti til slíks verður **maður að segja, að það er einkennilegt ef þessir** skjólstæðingar okkar, sem eiga að vera skjólstæðingar okkar allra, verða útundan á fjárl. rétt einu sinni.

Ég kom auga á það t. d., þó að ég sé ekki að tala um liði sem ég vildi fá út af fjárl., heldur fyrst og fremst til viðmiðunar, að nú við 3. umr. fjárl. kemur inn nýr liður: Listdansflokkurinn 2 millj. kr. Ég skal ekki segja um það hversu mikils virði þessi dansflokkur er, en ég sagði það hér við 2. umr., að ef það er talið nauðsynlegt að þetta menningarþjóðfélag, sem við státum svo mikið af, hafi listdansflokk og styrki hann með milljónunum, Þjóðleikhús og styrki það með 126 millj., sinfóníuhljómsveit til að styrkja það með 27 millj., þá getum við ekki verið þekkt fyrir það að úthluta þessum stofnunum innan við 100 þús. kr. á fjárl. fyrir heilt ár.

Ég vil þess vegna vonast til þess að við atkvgr. á morgun sýni þm. í verki, að þeir vilja þessu fólki vel, og að það gangi ekki þannig á morgun að það verði bara samþ. þau litlu fjárframlög sem farið er fram á í þessum brtt., heldur hitt, að þessar hugmyndir okkar, sem hér eru reifaðar, verði á næstu mánuðum og framvegis til þess að þm. hugsi meira um þessa þjóðfélagsþegna en **þeir hafa gert hingað til og við látum það ekki** henda okkur um lengri tíma en verið hefur að **geta ekki metið aðstöðu þessa fólks, hversu sorgleg hún er og hversu nauðsynlegt það er að allir** vakni til átaka um að koma þessu fólki betur á veg en verið hefur, það týnist ekki, hvorki í máli manna né í framkvæmdum ríkisvaldsins á næstu árum.

Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir: Herra forseti. Ég vil færa hv. fjvn. þakkir fyrir að hún hefur nú í till. sínum komið nokkuð til móts við brtt. þá er ég flutti hér við 2. umr. fjárl. um fjárveitingu til Sjóminjafélags Íslands til björgunar og varðveislu gamalla báta og annarra sjóminja. Hins vegar þykir mér mjög miður og skil raunar ekki að fjárveitingin skuli ekki koma inn sem sérstakur liður, eins og títt er um styrki til félaga og samtaka. Ég vil lýsa því hér yfir fyrir hönd félagsstjórnarinnar, að verði till. fjvn. samþ. hér er það stjórninni sannasta ánægja að kynna hv. fjvn. svo og öðrum hv. þm. það starf sem þessi fjárveiting mun greiða fyrir á næstunni. Ég vona að þeir sjái sér fært, er líður á næsta sumar, að gefa sér tíma til að kynna sér árangurinn með eigin augum.

Ég vil einnig lýsa sérstakri ánægju með fjárveitingu til Sjóminjasafns Íslands sem rísa mun í Hafnarfirði, auk þess mikla gildis sem slíkt hefur fyrir landið allt. Er það bæjarfélagi eins og Hafnarfirði ómetanlegt að fá slíka menningarstofnun til sín, þar sem hún „bregður stórum svip yfir dálítið hverfi.“

Við Íslendingar búum við þá sérstöðu að vita, að því er álitið er, deili á allri tilveru okkar sem þjóðar og sögu okkar frá upphafi landnáms hér. Engu að síður höfum við hirt allt of lítið um varðveislu sögulegra minja og hlutir og heimildir um atvinnusögu okkar glatast næstum daglega fyrir augum okkar. Það má t. d. minna á, að nýlega var fyrsti nýsköpunartogari Íslendinga seldur úr landi í brotajárn og verður slíkt ekki bætt hér eftir.

Herra forseti. Þær fjárveitingar, sem ég hér hef rætt um, eru ekki háar að krónutölu að þessu sinni, en allar ferðir hefjast með einu skrefi og ég vona að þessi ferð verði heilladrjúg.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég stend ásamt nokkrum öðrum þm. að flutningi ýmissa till. um nokkrar hækkanir á fjárveitingum til ýmissa mála og ætla að víkja að hverju þeirra í stuttu máli.

Ég flyt ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni og Kjartan Ólafssyni á þskj. 234 tvær brtt. í sambandi við hafnarmannvirki og lendingarbætur, sem áður hafa komið til umr. hér á hv. Alþ. Það eru tvær till. sem við fluttum við fyrri umr. frv. og var þá gerð náin grein fyrir. Það er annars vegar um Ísafjörð, að þangað verði veitt 8 millj. kr. hærra framlag til þess að ljúka við frágang á eldri höfn þar, til þess að ljúka við frágang á vatnslögn, á raflögn og á malbikun hafnarsvæðisins, og auk þess um framkvæmdir **við höfnina í Súðavík, sem í upphaflegri till.** okkar var að upphæð 6 mill. kr., en við höfum nú lækkað niður í 3 millj. kr.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þessar till. einfaldlega vegna þess að það hefur þegar verið gert. Ég ætla aðeins að benda á það að varðandi Súðavík höfum við lækkað okkar upphaflegu till. úr 6 millj. niður í 3 í þeirri von að hv. Alþ. fáist til að samþ. þá fjárveitingu. Ég ítreka enn að hér er um lítið sjávarpláss að ræða sem berst í bökkum. Hafnaraðstaða þar er fyrir neðan allar hellur. Hún er þannig, eins

og lýst var hér af hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, að það eru ekki einu sinni „pollar“ til staðar á hafnarkantinum, þar sem skipin leggja upp að, til þess að festa þau við, heldur verður að bregða tógi um olíutank upp á land, og ef eitthvað kæmi fyrir tæki ekki aðeins skipið út, heldur tankinn þá sennilega líka. Súðvíkingar telja sig hafa loforð fyrir því að fá þessa framkvæmd unna í ár. Og þeir hafa sagt að ef þetta fáist ekki fram, þannig að þeir geti treyst því nokkuð örugglega að skip þeirra geti legið í vari í höfninni svo að sæmilega öruggt sé, þá sjái þeir sér ekki fært að halda áfram útgerð á sama hátt og þeir hafa gert hingað til.

Þá kem ég að brtt. á þskj. 234, sem ég flyt ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni. Till. er um sjúkraflug og á þá lund að framlag til sjúkraflugs verði hækkað úr 2.5 millj. í 3.5, sem sagt um 1 millj. kr. Ástæðan fyrir þessari hækkun er sú, að vestur á Ísafirði er rekið flugfélag, Flugfélagið Ernir hf., sem hefur annast mjög mikilvæga þjónustu í samgöngumálum vestfirðinga og lífsnauðsynlega þjónustu varðandi sjúkra- og neyðarflug. Þetta flugfélag er nú ákaflega illa statt og við blasir að um n. k. áramót muni flugfélagið neyðast til þess að hætta rekstri, leggja vélum sínum og leggja upp laupana, sem mundi hafa mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir vestfirðinga og Vestfirðingafjórðung, ekki aðeins hvað samgöngur varðar innan fjórðungsins og milli fjórðungsins og annarra landshluta, heldur ekki síður varðandi sjúkra- og neyðarflug. Ég vil í þessu sambandi vitna í bréf frá Fjórðungssambandi vestfirðinga, dags. 11. nóv. 1974, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Yður er hér með sent ljósrit af bréfi félagsins, þ. e. a. s. Flugfélagsins Ernis hf., til Fjórðungssambandsins, þar sem gerð er grein fyrir stöðu félagsins, þjónustu þess á tímabilinu 1/9 1973—1/9 1974 og viðhorfum þess til opinberrar aðstoðar við aðra þætti samgöngumála á Vestfjörðum. Af upplýsingum þeim, sem í fyrrgreindu bréfi greinir, á að vera ljóst við skjóta athugun, að án þessarar þjónustu geta vestfirðingar ekki verið nema bíða verulega hnekki við, þar eð þá yrði kippt burtu mikilvægri öryggisþjónustu og samskipti milli byggðarlaga mjög skerðast frá því sem verið hefur. Þess er hér með farið á leit við þm. vestfirðinga að þeir geri nú samstillt átak til þess að tryggja félaginu þann opinbera fjárhagslega stuðning, sem nauðsynlegur er til að félagið geti áfram haldið uppi a. m. k. sambærilegri þjónustu við það sem verið hefur.“

Flugfélagið Ernir annast flug, bæði reglubundið áætlunar- og póstflug innan Vestfirðingafjórðungs og flug eftir beiðni þeirra aðila sem á þurfa að halda. Samanlagður fjöldi lendinga flugfélagsins 1. sept. 1973—1. sept. 1974 var alls 1625, þar af voru 53 flug í beinu sambandi við heilsugæslu, annaðhvort sjúkraflug, flug með lækni í vitjanir eða flug með lyf. Við þessi beinu heilsugæsluflug bætast svo flug sem félagið hefur farið með ýmsa sjúklinga sem leita hafa þurft lækninga, án þess þó að hér hafi verið um neyðarflug að ræða, t. d. tugi fólks sem þarf að leita tannlækninga til Ísafjarðar, sjúklinga sem leita til augnlækna o. s. frv.

Flugfélag þetta er ákaflega mikilvægt fyrir vestfirðinga og Vestfirðingafjórðung og ríður á miklu að það geti haldið rekstri sínum áfram. Eins og nú horfir virðist ekki annað sjáanlegt en að félagið verði að hætta starfrækslu um n. k. áramót ef ekki kemur til stuðnings annarra aðila og þá fyrst og fremst Alþ. og ríkisvalds.

Það, sem gerir það að verkum að flugfélögin úti á landi eiga mjög erfitt uppdráttar, er m. a. að það er töluvert hærra verð á flugvélabensíni úti um landið en hér í Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum flugfélagsins munar þetta það miklu, að þeir hafa sagt okkur þm. Vestf. á fundi, sem við höfum átt með forsvarsmönnum félagsins, að á því tímabili, sem líður á milli þess að flugfélagið þarf að kaupa nýja mótora í sínar flugvélar, sé mismunurinn á bensínverðinu hér og þar orðinn svo mikill að samsvari nokkurn veginn verði nýs flugvélamótors. Nú hefur hv. þm. Steingrímur Hermannsson flutt hér mál þar sem stefnt er að því að koma á verðjöfnun á bensíni án tillits til þess hvar á landinu það er selt. Það mun að sjálfsögðu hjálpa þessum litlu flugfélögum verulega mikið, en þó ekki leysa þann vanda sem Flugfélagið Ernir býr við í dag. Með þessari 1 millj. kr. fjárveitingu, sem við leggjum til að veitt verði á þskj. 234, erum við að fara þess á leit við hv. fjvn. og fjárveitingavaldið að það hlaupi undir bagga með þessu litla félagi og tryggi því möguleika til áframhaldandi rekstrar.

Þá höfum við Karvel Pálmason flutt á þskj. 234 brtt. um framlag til orkumála, þ. e. a. s. Önnur rekstrargjöld, fyrir „158 167“ komi: 160 787. Tilgangurinn með þessari till. er sá að verja nokkuð auknu fjármagni til virkjunarrannsókna á Vestfjörðum. Ég hef áður á Alþ. gert nokkra grein fyrir því, hvernig staða virkjunarmála er í Vestfirðingafjórðungi. Það gerði ég í ræðu þegar á dagskrá í Nd. var frv. til l. um virkjun Suðurfossár. Ég ætla ekki að endurtaka þær upplýsingar sem ég gaf þá, en aðeins drepa á nokkur atriði.

Samkv. upplýsingum Svavars Jónatanssonar forstjóra Almennu verkfræðiskrifstofunnar, sem hann gaf á Fjórðungsþingi vestfirðinga, mun koma til með að vanta á núv. vatnsafl á Vestfjörðum, þegar Mjólká II er tilbúin til orkuframleiðslu, það raforkuver sem nú er verið að vinna að því að setja upp, til þess að fullnægja þörfinni samkv. orkuspá Rarik árið 1975 56 gwst. á ári og árið 1980 60 gwst. á ári, og þá er viðbótarþörf 19 mw., og 1985 vantar 90 gwst. og viðbótarþörf 23 mw. Hér er miðað við það að upp verði tekin rafhitun húsa á Vestfjörðum. Það er mjög aðkallandi fyrir þá vestfirðinga og koma þar til tvær ástæður. Í fyrsta lagi sú, að olíuverð hefur farið mjög hækkandi, og í öðru lagi sú, að hús á Vestfjörðum eru yfirleitt gömul og krefjast því meiri kyndingar og því meiri kyndingarkostnaður en ella, enda hefur komið í ljós við rannsókn, sem Fjórðungssamband vestfirðinga hefur látið gera á húshitunarmálum vestfirðinga, að um 18% dýrara er að kynda hús á Vestfjörðum en að kynda hús hér í Reykjavík. Ástæðurnar eru í fyrsta lagi kaldara veðurfar á Vestfjörðum og í öðru lagi eldri og lélegri húsakostur.

Hafa verið athugaðar ýmsar leiðir til viðbótar-

orkuöflunar fyrir Vestfjarðaveitu. Helstu leiðirnar eru þrjár. Það er í fyrsta lagi virkjun Dynjandisár með um 8.3 mw. orkuveri í Dynjandisvogi og um 48 gwst. orkuvinnslu. Í öðru lagi háspennulína frá byggðalínunni í Hrútafirði að Mjólká, sem er ca. 50 km að lengd. Í þriðja lagi virkjun Þverár á Langadalsströnd í 7—12 mw. orkuveri með 40—70 gwst. ársorkuvinnslugetu. Ýmsir aðrir virkjunarmöguleikar koma til greina þá má nefna stórvirkjun í Hvalá og Rjúkanda í Ófeigsfirði á Ströndum og ýmsar smærri virkjanir við norðanvert Ísafjarðardjúp. Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á þessum virkjunum en þó hvergi nærri þær sem til þyrfti til þess að hægt væri að hefja undirbúning að virkjununum sjálfum. Það kom t. d. fram á Fjórðungsþingi vestfirðinga sem haldið var í Bolungarvík 23. og 24. ágúst 1974, hjá sama Svavari Jónatanssyni og ég vitnaði til hér áðan, þar segir hann, með leyfi forseta:

„Mér finnst of lítið hafa verið að þessu unnið í sumar," þ. e. a. s. virkjunarrannsóknunum. „Við lögðum til í vetur við Rarik, að unnið yrði að gerð loftmyndakorts af Þverársvæðinu í sumar. Einnig lögðum við til að settir yrðu upp rennslismælar og síritar á nokkrum stöðum, m. a. við Hvalá og víðar. Við lögðum einnig til að jarðfræðiathuganir yrðu gerðar í sumar, a. m. k. við Þverá. Þá lögðum við til að endanlegar mælingar við Dynjanda yrðu gerðar á þessu sumri. Ekkert af þessu hefur verið gert vegna skorts á fjármagni, að því er mér skilst, en þessi dráttur getur hæglega orðið til þess að næsta virkjun á Vestfjörðum komi ári síðar í gagnið en ella hefði verið hægt" — þ. e. a. s. að ekki sé að vænta nýrrar virkjunar á Vestfjörðum fyrr en eftir árið 1981.

Síðan heldur verkfræðingurinn áfram og segir, með leyfi forseta:

„Ég tel að þm. kjördæmisins gætu strax stuðlað verulega að framgangi þessara mála og hindrað frekari drátt. Ég vil gjarnan benda þeim á, að Alþ. og fjárveitingavaldið er líklega flöskuhálsinn í sambandi við hröðun virkjunarrannsókna og undirbúningsframkvæmda."

„Alþ. og fjárveitingavaldið eru flöskuhálsinn í þessu sambandi," segir sá verkfræðingur sem um málið hefur fjallað. Við hv. þm. Karvel Pálmason erum nú að gera tilraun til þess að koma í gegnum flöskuháls nokkurri fjárveitingu, til þess að unnt verði að vinna að þeim nauðsynlegu rannsóknum sem til þarf næsta sumar svo að hægt verði að ráðast í virkjunarframkvæmdir á Vestfjörðum sem bráðnauðsynlegar eru. Það verður svo að koma í ljós á morgun, hvort flöskuhálsinn er of þröngur fyrir okkur vestfirðinga eða hvort við sleppum í gegn.

Að lokum vil ég minnast á brtt. á þskj. 241, sem ég flyt, þar sem ég legg til að nokkuð aukið fjármagn verði veitt til iðnfræðsluráðs. Mér var ekki kunnugt um það, þegar ég samdi þessa till., að önnur sambærileg till. hefði þá verið samin, sú sem flutt er á þskj. 237 af þeim hv. þm. Ragnari Arnalds, Benedikt Gröndal og Magnúsi T. Ólafssyni. Brtt. þessar tvær er nákvæmlega sama eðlis, þó að orðalagið bendi til annars. Ástæðan er sú, að samkv. þeim. upplýsingum sem ég fékk frá fjvn. hafði framlaginu, sem iðnfræðsluráð sótti um, verið skipt niður annars vegar á laun og hins vegar á önnur rekstrargjöld, að 4 millj. kr. hækkun kom á gjaldaliðinn laun og 2 millj. kr. hækkun á önnur rekstrargjöld, og þetta var, að því er mér var sagt, bókhaldsatriði. Iðnfræðsluráð sótti um alls 12 millj. kr. til þess að vinna að gerð námsskrár fyrir verklega menntun, en fjárveitingavaldið skar það niður um helming og úthlutaði iðnfræðsluráði 6 millj. kr. í þessu skyni. Það er auðvitað ekkert atriði, hvernig þetta er orðað í brtt. eða í fjárl. í endanlegri gerð þeirra. Ég get fyllilega fallist á það orðalag sem er á till. þeirra hv. þm. Ragnars Arnalds, Benedikts Gröndals og Magnúsar T. Ólafssonar, og dreg því till. mína til baka um þetta efni á þskj. 241. Ég vil þó nota tækifærið til þess að fara nokkrum orðum um mál það sem hér er til umr.

Samkv. lögum, sem sett voru um iðnfræðslu árið 1966, er farið inn á nokkuð nýja braut í iðnfræðslumálum. Þar er m. a. gert ráð fyrir því að færa nám iðnnemanna frá meistarakerfinu og yfir í skólanám, þannig að jafnhliða gamla meistarakerfinu, þar sem iðnnemar sóttu sitt bóklega nám í skóla, en verklega námið til iðnmeistara, geti iðnnemar farið beint í skóla, lokið þar bæði verklegu og bóklegu námi og útskrifast sem fullgildir iðnsveinar. Þetta var stefnan í lögunum frá 1966. Það var einnig ýmislegt sagt um hvernig þetta skyldi framkvæmt, m. a. er sagt svo í 11. gr., með leyfi forseta:

„Iðnfræðsluráð skipar 3 manna fræðslunefnd hverrar iðngreinar. Skal einn nefndarmanna vera meistari og annar sveinn þeirrar iðngreinar sem um er að tefla, en hinn þriðji nefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Skipar iðnfræðsluráð einn nm. formann, en að öðru leyti skipta nm. verkum með sér. Hlutverk fræðslunefndar er að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis og gera till. um nám og kennsluháttu, enda ber stjórnvöldum að leita umsagnar n. um slík mál eftir því sem við á."

Ég starfaði um skamma hríð, 2—3 ár, hjá iðnfræðsluráði og kynntist því þá þegar verið var að reyna að setja þessa starfsemi í gang. Hér er um rúmlega 60 fræðslunefndir að ræða fyrir jafnmargar iðngreinar, og þessum n. var ætlað að semja námsskrá um verklegt nám fyrir allar iðngreinar á Íslandi, hver fræðslunefnd fyrir hverja iðngrein. Hér var um gríðarlega efnismikið og viðamikið mál að ræða sem hefði þurft að leggja ótrúlega mikla vinnu í, en það fékkst aldrei heimild til að greiða þessum n. fyrir sín störf. Reynslan varð sú, að ég hygg, að ein n. lauk því starfi sem hún átti að sinna, vann það án þess að þiggja eyri að launum fyrir, og eftir námsskrá þeirri, sem sú n. setti, hefur síðan verið kennt.

Allt frá þessu, frá árinu 1966 og til þessa dags, hefur iðnfræðsluráð barist við Alþ. og fjárveitingavaldið til að reyna að knýja út fjárveitingu til fræðslunefndanna, svo að hægt yrði að framfylgja lögum um iðnfræðslu frá 1966. Það hefur aldrei tekist. Þess vegna hafa þessar fræðslunefndir aldrei getað komist á fót. Þess vegna hafa þessar fræðslunefndir aldrei getað starfað. Þess vegna er það svo, að þrátt fyrir anda laganna frá 1966 um að færa hið verklega iðnnám inn í

skólann hefur það ekki tekist nema að litlu leyti. En svo gerist dálítið skrýtilegur hlutur. Svo gerist það að ákveðið er að koma á fót fjölbrautaskóla, og nú er verið að vinna að því að skipuleggja þennan fjölbrautaskóla. Þeir menn, sem hafa skipulagt hann, hafa látið sér detta þá firru í hug að eitt af hlutverkum þessa fjölbrautaskóla eigi að vera að bjóða iðnnámsbraut, þ. e. a. s. að fjölbrautaskólinn nýi eigi að geta tekið upp á sína starfsskrá hinar rösklega 60 iðngreinar í landinu, boðið nemendum, sem skólann sækja, einhverja töflu þar sem þeir krossi við hvaða iðngrein þeir vilja fara í, og síðan annist skólinn alla kennslu, bæði verklega og bóklega. Þetta ætlar skólinn sér að vera búinn að setja á stofn fyrir næsta haust. Iðnfræðsluráð, iðnfræðsluskólarnir og iðnfræðsluyfirvöldin í landinu eru búin að berjast í þessu máli áratugum saman, svo koma góðir hugsjónarmenn, sem setja upp fjölbrautaskóla og ákveða að gera þetta á einu ári. Þetta er einhver sú vitlausasta hugmynd sem ég hef nokkurn tíma augum litið og hef ég þó skoðað margar skrýtnar.

Iðnfræðsluráði barst erindi frá þessari n., sem á að fjalla um fjölbrautaskólann, sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta. Þar segir svo:

„Við undirritaðir, sem vinnum að undirbúningi fjölbrautaskólans í Breiðholti, förum þess á leit við iðnfræðsluráð að það sjái um námsskrárgerð í faggreinum iðnaðar- og iðjubrautar skólans og tryggt verði að því verki sé lokið ekki síðar en um miðjan ágústmánuð á næsta ári."

Hér er um að ræða samningu námsskrár fyrir verklegt nám í rúmlega 60 iðngreinum, sem búið er að reyna að berjast í síðan árið 1966 að koma á legg. Síðan koma ágætir hugsjónamenn, Jónas B. Jónsson fyrrv. fræðslustjóri og Guðmundur Sveinsson væntanlegur skólastjóri, og biðja iðnfræðsluráð vinsamlegast að ljúka þessu verki fyrir ágústlok næsta árs.

Þetta varð til þess að iðnfræðsluráð sendi enn eitt erindi til fjvn. Alþ., óskaði eftir því að ráðið fengi nú undirtektir við margra ára gömul tilmæli sín, sem ítrekuð hafa verið á hverju ári, um að fá fjárveitingu til að koma fræðslumálum iðnaðarins á þann kjöl sem lögin frá 1966 gáfu tilefni til. Jafnvitlaust eins og tilefnið var, jafngóðar voru undirtektir n. að vissu leyti. Fjvn. heimilaði ekki þá fjárveitingu sem iðnfræðsluráð óskaði eftir til þess að geta komið þessu í kring, heldur helminginn af henni. Ef fjárveitingin verður sú, sem meiri hl. fjvn. leggur til, þá er um tvennt að ræða. Annaðhvort er hægt að ráða fræðslunefndir til að semja námsskrá í verklegri kennslu fyrir helming iðngreinanna í landinu, sem væntanlega yrði þessum ágæta fjölbrautaskóla til nokkurs gagns árið 1975, í ágústmánuði, svo að maður leiði nú ekki einu sinni hugann að því vandamáli þegar þeir þurfa að fara að afla sér tækja til að koma þessu fjölbrautanámi upp, ellegar þá hitt, að ekkert verk verður hægt að vinna í þessu sambandi. 6 millj. kr. fjárveiting í þessu skyni er jafnmikilvæg og engin. Annaðhvort verður að setja n. á stofn, eins og lög gera ráð fyrir, og gera þeim kleift að starfa með því fjárframlagi, sem nauðsynlegt er til starfsemi þessara n., eða gera það ekki. Það er ekki nema um tvennt að ræða.

Við leggjum til að till. iðnfræðsluráðs verði teknar upp í fjárl. yfirstandandi árs, ekki vegna þess að það sé svo rík nauðsyn á því að fjölbrautaskólinn, sem á að taka til starfa í sept. eða októbermánuði á næsta ári og á þá m. a. að opna verklegt nám fyrir 64 eða 65 iðngreinar, sennilega í byggingu sem er með stærstu skólabyggingum á öllu landinu, þegar maður hugsar um allan þann tækjakost og vélbúnað sem til þarf, — ekki aðeins vegna þessa óskadraums margra ágætra manna, heldur vegna hins, að við teljum orðið ríka nauðsyn á því að iðnfræðslulögunum frá 1966 verði framfylgt.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Hv. fjvn. hefur lagt fram till. sínar, þ. á m. um hækkun framlaga til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í till. n. er gert ráð fyrir að til sjóðsins renni fjárveiting að upphæð 680 millj. kr. Stjórn Lánasjóðs hefur lagt fyrir fjárveitingavaldið, fyrir menntmrn., fjvn. og fjmrn., upplýsingar um fjárþörf sjóðsins og eru það allviðamiklar upplýsingar, enda er hér um nokkuð flókið dæmi að ræða, eins og oft vill vera, og þá ekki síst í þessu tilviki þar sem úthlutun sjóðsins á næsta ári er mjög háð þeim breytingum á verðlagi sem eru fyrirsjáanlegar eða verða kunna, og eins eru forsendur þess háttar útreiknings býsna margar og verður einnig að taka inn í dæmið hvaða nýir skólar koma þarna til greina með námslán og hvernig endurgreiðsla lána verður háttað.

Í grófum dráttum má segja að miðað við það fé, sem varið var til úthlutunar á árinu 1974, og miðað við það, sem renna verður til almenns kostnaðar og annarra fjárþarfa en lánveitinga, en að frádregnum eigin tekjum sjóðsins, þá þurfi sjóðurinn að fá milli 450 og 470 millj. til þess að standa að lánveitingum á sama hátt og áður í krónutölu. Ef aftur á móti er síðan bætt við fjölgun námsmanna, en þeim hefur fjölgað um 18% hér á landi og um 11% erlendis, þarf að bæta við 60 millj. Ef tekið er tillit til þess, að áætlað er að verðlagshækkanir verði hér á landi 54% milli ára og erlendis 12½% milli ára, þarf enn að bæta við 172 millj. til að dæmið standi á sléttu miðað við fyrra ár, og sé bætt við gengisbreytingu, sem nemur 30%, þá þarf að bæta við 65 millj. Þá erum við sem sagt komin upp í upphæð sem er milli 750 og 770 millj. kr. Ef farið er út í að leiðrétta það kostnaðarmat sem gilt hefur undanfarin 7 ár, en þetta kostnaðarmat hefur nú verið gert með ærinni fyrirhöfn og hefur leitt í ljós að breytinga er þörf, þá þarf enn að bæta við 98 millj. Ef síðan eru framkvæmdar þær breytingar á útlánareglum, sem eru fyrst og fremst spursmál um viðmiðun þegar reiknaðar eru út tekjur námsmanna og gjöld þeirra og ákveðið hversu mikið tillit skuli tekið til fjölskyldu þeirra o. s. frv., — ef gerðar eru breytingar á úthlutunarreglum í samræmi við það sem sjóðsstjórnin hefur lagt til, þá þyrfti að bæta við 120 millj. Sé síðan lánaprósentan hækkuð úr núverandi meðalprósentu af umframfjárkostnaði, 83%, upp í það sem námsmenn hafa sjálfir gert kröfu um á grundvelli þeirra laga sem eru í gildi, þannig að meðalumframkostnaður námsmanna væri greiddur að fullu, þá þyrfti

að bæta enn við 191 millj. kr., þannig að að þessum forsendum uppfylltum þyrfti heildarupphæðin að nema 1150 millj. kr.

Eins og ég hef áður sagt, er till. hv. fjvn. að fjárhæð 680 millj. kr., og eins og sjá má af þeirri tölu nær hún ekki einu sinni þeirri tölu að hægt sé að veita lán á sama grundvelli og var í fyrra, þegar tekið hefur verið tillit til fjölgunar námsmanna, verðlagshækkana og gengisbreyt., því að til þess að svo væri þyrfti fjárveiting Alþ. að nema milli 750 og 770 millj. kr. Það vantar sem sagt 70—90 millj. á að endar nái saman, þannig að hægt sé að haga lánveitingum með sama hætti og áður.

Nú á ég að vísu ekki von á því að þessi ákvörðun Alþ. leiði til þess þegar í stað að lánin lækki raunverulega, heldur virðist allt útlit fyrir að þetta hafi það í för með sér að haustlán, sem tekin voru upp á þessum vetri í fyrsta sinn, falli nú niður eða a. m. k. verði stórfelld vandræði að standa straum af þeim. Það, sem gerðist á s. l. hausti, var það að séð var til þess að afgangur yrði af fjárveitingunni 1974, sem nam 105 millj., til þess að hægt væri að standa straum af haustlánum, byrja á því að veita lán strax að hausti, sem er brýn nauðsyn gagnvart stúdentum og öðrum námsmönnum. Er greinilegt að þessi niðurskurður mun fyrst og fremst koma þannig niður, að næsta haust verður mikil fjárvöntun og námslánakerfið stefnir bersýnilega í stórfelldar ógöngur þegar kemur fram á haustið.

Þetta kemur ofan á hitt, að kaupmáttur launa fer minnkandi og samdráttur á sér stað í atvinnumöguleikum námsmanna, sem dvelja erlendis, og allt útlit fyrir að samdráttur verði einnig hér á landi, í íslensku atvinnulífi, og minni tekjumöguleikar fyrir námsmenn. Ég vil halda því fram, að þegar harðnar í ári sé síst af öllu tími til að skera fjárveitingar niður til lánasjóðs ísl. námsmanna.

Hv. þm. Svava Jakobsdóttir og ég flytjum á þskj. 237 brtt. þess efnis að framlagið til Lánasjóðs ísl. námsmanna verði 895 millj. kr. Það virðist okkur að sé algert lámark sem Alþ. geti verið þekkt fyrir að veita til Lánasjóðsins á þeim erfiðleikatímum sem nú fara í hönd fyrir alla láglaunamenn í landinu, en í þeim hópi eru allflestir námsmenn.

Till. okkar miðast í grófum dráttum við það að í fyrsta lagi verði hægt á þessu ári að veita lán eins og verið hefur og að þau lækki ekki þrátt fyrir þá kostnaðarhækkun sem orðið hefur, þrátt fyrir gengisbreytingu og þrátt fyri fjölgun námsmanna, en til þess þarf um 750 millj. kr. Þessa upphæð þarf sem sagt einnig ef haustlánin eiga að verða í lagi. Mér er kunnugt um að till. fjvn. er einmitt reiknuð út frá því sjónarmiði, að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi til þess að lánin dugi á sama grundvelli og áður og miðað við sömu forsendur og áður, en það er greinilegt að hv. meiri hl. fjvn. hefur haft tilhneigingu til að stinga höfðinu í sandinn og hefur dregið frá þær 100 millj. sem þurfa nauðsynlega að koma til útborgunar á næsta ári. Þannig hefur hann komist að niðurstöðu um sínar 680 millj. Við gerum till. um það í öðru lagi að leiðrétt verði það kostnarmat, sem verið hefur í gildi á undanförnum árum, og leggjum til að til þess verði veittar milli 90 og 100 millj. kr., og í þriðja lagi hækki meðallánprósentan, sem má segja að veitt sé af umframfjárkostnaði námsmanna, úr 83%, eins og hún er í dag, í 88%, en til þess þarf um 50 millj. kr. Samanlagt eru þetta tæpar 900 millj. Till. okkar hljóðar upp á 895 millj.

Ég hef rætt þetta mál allítarlega við fulltrúa námsmanna, og þeir hafa sérstaklega bent á þessa tilhneigingu hv. meiri hl. fjvn. til að stinga hausnum í sandinn gagnvart vandanum eins og hann verður á næsta hausti og að það sé verið að reyna að flytja þarna 100 millj. milli ára, en með því skapast stórfelld vandamál næsta haust, eins og ég hef þegar sagt. Þeir hafa hins vegar, fyrir utan það að koma í veg fyrir að þessi vandi rísi á næsta hausti, lagt mesta áherslu á leiðréttingu kostnaðarmatsins, að hlutfall milli einstakra hópa námsmanna breytist frá því sem nú er, því að í sem stystu máli sagt er það niðurstaða þeirrar könnunar, sem fram hefur farið, að námsmenn á Íslandi hafi orðið verst úti úr þeirri þróun sem átt hefur sér stað í verðlagsmálum á undanförnum árum, sérstaklega námsmenn utan foreldrahúsa, og sé því alveg sérstök þörf á því að bæta þeirra stöðu.

Sú kostnaðarkönnun, sem nú er notuð og miðað er við, er frá árinu 1967, og þar sem hún er orðin úrelt var lagt í það með ærnum kostnaði að gera nýja könnun í fyrra og hún átti að koma í staðinn fyrir þá, sem notuð hefur verið. En hv. meiri hl. fjvn. hefur ekki viljað fallast á að taka nýja kostnaðarmatið til greina og neitað að viðurkenna það að svo stöddu.

Námsmennirnir upplýstu það og vildu gjarnan að það kæmi fram við umr. um málið hér í þinginu, að tveir hv. þm., hv. þm. Austf. Halldór Ásgrímsson og hv. þm. Ellert B. Schram, hefðu átt viðræður við fulltrúa námsmanna. Þar hefðu þeir gefið yfirlýsingar um það að sérstakt tillit yrði tekið til nýja kostnaðarmatsins, og þeir sögðust hafa treyst á að svo yrði og það kæmi þeim mjög á óvart að nú kæmi fram till. þar sem ekki væri tekið tillit til raunveruleikans, heldur tilraun gerð til að stinga hausnum í sandinn og notast við gamlar útreikningsaðferðir.

Ég vildi bæta því við hvað snertir kostnaðarmatið, að raunverulega er séstök ástæða til þess að freista þess að fá þar fram nokkra leiðréttingu, og í þeim tilgangi að láta á það reyna hvort ekki væri hugsanlegt að fá fram þá leiðréttingu, jafnvel þótt aðrar till. um hækkun á framlögum til Lánasjóðsins yrðu ekki teknar til greina, hef ég í því skyni leyft mér að bera fram till. til vara sem ég mun flytja hér sem skriflega brtt. og ég vil leyfa mér að leggja hér fram, en hún kom ekki fram á þskj. 237. Till. er um það, að verði brtt. okkar á þskj. 237, liður III, um hækkun til Lánasjóðs ísl. námsmanna, verði hún felld, þá verði greidd atkv. um það til vara að vegna nýs kostnaðarmats bætist 50 millj. kr. við till. fjvn. Þá er sem sagt þess freistað að ná fram þessu eina atriði í trausti þess að því bókhaldsfúski, sem felst í því að ætla sér að reyna að flytja 100 millj. kr. milli ára, eins og greinilega er nú ætlun fjárveitingavaldsins, og valda þannig miklum vanda næsta haust, — stefnunni hvað það snertir verði breytt.

Um hitt atriðið sem felst í brtt. okkar, þ. e.

a. s. að hækka lánaprósentuna sjálfa, þá er rétt að minna á það að í lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna frá 1967 var kveðið svo á að stefnt skyldi að því að lán frá Lánasjóðnum nægðu til að standa straum af nauðsynlegum árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefði verið tekið til fjárhagsaðstöðu námsmannsins, þ. e. a. s. þegar tillit hefði verið tekið til meðalumframfjárþarfa námsmanna. Það var sagt að stefnt skyldi að þessu marki, og það er skemmst frá að segja að það hefur stefnt að þessu marki, en þó mjög hægt. Um áramótin 1967—1968, eða á því skólaári, námu lán sjóðsins í prósentum af umframfjárkostnaði 43%, hækkuðu síðan árið eftir í 49%, veturinn 1969—1970 í 52%, 1970—1971 í 63% og svo 1971—1972 í 77%, stóðu síðan í stað næsta ár á eftir, í 78%. Það er sem sagt á seinasta ári viðreisnarinnar, sem þau standa í stað svo til, og á fyrsta ári vinstri stjórnarinnar standa þau enn í stað, eru 78%, hækkuðu síðan í 83% og eru það nú.

Till. okkar gerir ráð fyrir því að nú verði tekinn nokkur áfangi að þessu marki og að prósentan hækki úr 83% í 88%. Ég vil geta þess hér, að það er till. stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna og hefur verið till. sjóðsstjórnarinnar um 2 ára skeið að þessu marki yrði náð að fullu, og þeir komu með þá till. þegar í fyrravetur og ítreka hana aftur í vetur. Vegna þess hvernig allt er í pottinn búið og þar sem ljóst er að erfitt verður að ná þessu marki að þessu sinni, þá göngum við ekki lengra í tillögugerð okkar en að leggja til að markið verði nálgast að 1/3 hluta til og tæplega það, þ. e. a. s. við færumst þarna upp um 5% nær markinu.

Í frv. til l. um námslán og námsstyrki, sem lagt var fram í fyrravetur, var 2. gr. svo orðuð:

„Miða skal framkvæmd l. við að opinber aðstoð við námsmenn nægi hverjum námsmanni til að standa straum af nauðsynlegum árlegum námskostnaði.“

Hefði þetta frv. orðið að lögum í fyrravetur, þá hefði sem sagt þegar þá verið slegið föstu að við framkvæmd laganna skyldi miðað við 100% framkvæmd. En því miður náði þetta frv. ekki fram að ganga í fyrravetur, kannske í og með vegna þess að flokkarnir urðu nokkuð seinir til að taka afstöðu til till. sem menntmn. Ed. hafði fullmótað og gengið frá og lagði fyrir alla þingflokkana. En það varð heldur tregt um svör og dróst að fá þau fram, og þingið var rofið áður en til þess kæmi að hægt væri að afgr. málið. En ef þetta frv. hefði verið samþ. í fyrra, þá stæðu þeir nú frammi fyrir því að það ætti að miða framkvæmd l. við 100%, þannig að það er ekki hægt að segja að hér séu settar fram miklar kröfur með því að gera það að till. að prósentan hækki í 88%.

Ég vil svo bæta því við, að hv. alþm. hafa átt von á því í allan vetur að fá að sjá framan í nýtt frv. til l. um námslán og námsstyrki, bæði vegna þess að hæstv. menntmrh. boðaði þegar í haust að það frv. mundi sjá dagsins ljós í vetur og eins alveg sérstaklega vegna þess að hæstv. fjmrh. lofaði því í framsöguræðu sinni fyrir fjárlfrv. að frv. yrði komið fram og yrði búið að afgr. það áður en fjárl. yrðu afgreidd. Nú er ljóst að þetta loforð hæstv. fjmrh. eins og sum önnur sem hann hefur gefið, að það ætlar að verða nokkuð djúpt á þeim, og vil ég nefna þar sem dæmi hans ágætu loforð um skattalækkanir.

Ég ætla þá ekki að fara frekari orðum um till. okkar í sambandi við Lánasjóð ísl. námsmanna, en á þskj. 237 flytjum við einnig, hv. þm. Svava Jakobsdóttir og ég, till. sem snerta fjárveitingar til dagvistunarheimila.

Lögin um dagvistunarheimili voru sett 1972 og í fyrra var í fyrsta sinn veitt fjárveiting á fjárl. í samræmi við þau lög. Þá voru veittar 45 millj. kr. til rekstrar dagvistunarheimila og 40 millj. til nýbygginga, samtals 85 millj. Nú hefur rekstrarframlag ríkissjóðs verið aukið upp í 57 millj. eða um 12 millj. og virðist það satt að segja einkennilega lágt, miðað við það að launakostnaður hefur almennt hækkað um miklu hærri tölu. Við höfum þó ekki gert till. varðandi þennan lið, enda treystum við því að ríkið standi við þær skuldbindingar sem fastsettar eru í þessum lögum. En hvað snertir byggingarnar, þá er um þær það að segja að þær byggingar, sem fengu 40 millj. kr. fjárveitingu í fyrra, fá nú aðeins 44.5 millj., hækkunin rúmlega 11%. Nú, þegar ljóst er að byggingarkostnaður hefur aukist um 50% eða þar um bil, er ljóst að fjárveiting til þessara bygginga, sem fengu sitt byrjunarframlag í fyrra, hefur í reynd verið stórlega skorin niður og það verður að teljast mjög alvarlegt mál. Menn treystu því, að við þær fjárveitingar, sem veittar voru í fyrra og miðuðust við jafnar greiðslur miðað við hækkun byggingarkostnaðar á næstu 4 árum, yrði staðið. En það er bersýnilegt að fjárveitingarvaldið ætlar að hagnýta sér verðbólguna til þess að skera niður fjárveitingar til byggingar dagvistunarheimila. Í nýbyggingar eru síðan aðeins veittar 15.6 millj.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta mál frekar. Eins og menn vita hafa sveitarfélögin um allt land vaknað til skilnings á nauðsyn þess að skapa viðunandi aðstöðu til dagvistunar barna. Framkvæmdir í byggingu dagvistunarheimila eru hafnar núna um allt land, eru alls staðar að fara í gang, og það er mikil hætta á að léleg skil ríkisins á sínu framlagi verði til þess að halda aftur af sveitarfélögunum, að frammistaða ríkisvaldsins verði eins konar bremsa eða hemill á framkvæmdir á þessu sviði. En þetta má að sjálfsögðu alls ekki gerast. Ríkið hefur vissulega stigið það ágæta skref að axla þessa byrði og það verður þá hiklaust að bera hana. Það verður að sinna þessari skyldu sinni og má alls ekki verða dragbítur á framkvæmdir í dagvistunarmálum. Þess vegna vil ég mjög eindregið skora á hv. þm. að styðja þá till. okkar, sem fram kemur á þskj. 237, að bætt verði 36 millj. við þá fjárveitingu sem ætluð er til dagvistunarheimila og fjvn. verði falið að ráðstafa þessari fjárhæð á næstu mánuðum og að hún hafi lokið því verki fyrir 1. apríl 1975.

Að lokum vil ég geta um till. sem ég flyt einnig á þskj. 237, ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal og Magnúsi T. Ólafssyni, en þessi till. snertir námsskrárgerð á verknámsstiginu og er um það að vegna námsskrárgerðar fái iðnfræðsluráð 12 millj. til ráðstöfunar í staðinn fyrir 6 millj. eins og fjvn. gerir ráð fyrir. Það vill nú svo ágætlega til að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur gert

grein fyrir þessu máli og rakti mjög vel hvernig allt er í pottinn búið með þessa námsskrárgerð, og hef ég þar litlu við að bæta. Hann hefur lagt fram till., sem er efnislega nákvæmlega sama till. og við höfum lagt fram, enda þótt hún sé nokkuð öðruvísi orðuð. Munurinn á till. er aðallega fólginn í því, að í till. okkar reynum við að láta það koma skýrt fram að það sé í heild 12 millj., sem ætlað sé til námsskrárgerðarinnar, meðan aftur á móti hann tók tillit til þess hvernig fjvn. hafði skipt þessu á tvo liði. Ég óttaðist satt að segja að þessar mismunandi till. kynnu að valda einhverjum misskilningi við atkvgr., en nú hefur hv. þm. dregið sína till. til baka og till. okkar kemur því ein til atkv. Er það þakkarvert því að það gerir málið svolítið einfaldara

Ég vil hins vegar taka fram, að það má vera að þessi síðbúna till. okkar hefði þurft að vera svolítið nákvæmari talnalega séð og að breytingin geti valdið nokkrum misskilningi, þannig að það sé minna sem verði til greiðslu launa og meira sem verði til greiðslu á almennum rekstrarkostnaði en væri eðlilegt. En þar sem upphæðin er hin rétta tel ég að slíkt megi auðveldlega lagfæra í framkvæmd. Ég læt þessa aðeins getið til þess það komi skýrt fram að líklega hefði verið eðlilegra að talan 1 milljón 544 þús. væri 3 millj. 544 þús., en svo aftur að launaliður, sem fram kemur í till. fjvn., væri að sama skapi 2 millj. kr. lægri. En þetta skiptir að sjálfsögðu engu sérstöku máli. Ég vil samt láta það koma fram, þannig að það valdi ekki síðar meir einhverjum misskilningi.

Efnislega er sem sagt till. um það, að 12 millj. renni til námsskrárgerðar á verknámsstiginu. Sighvatur Björgvinsson hefur rökstutt það hvernig till. þessi er til komin og þar er litlu við að bæta.

Verknámið hefur verið ákaflega mikið vanrækt. Það hefur ekki vantað fagrar yfirlýsingar af hálfu ráðandi manna um að námsskrárgerð á verknámsstigi yrði endurskoðuð og námsskrá fyrir fjölbrautaskóla yrði undirbúin nægilega tímanlega. En því miður hefur mikið vantað á að staðið væri í verki við þessar yfirlýsingar. Nú hafa verið samþ. lög um fjölbrautaskóla og þau lög eru að koma til framkvæmda. En forsenda þess að það geti orðið af einhverju viti er að hægt verði að leggja verulega vinnu í námsskrárgerð, og því miður standa málin þannig að sú fjárveiting, sem hv. fjvn. ætlar til þessa liðar, nægir engan veginn og hætt er við að hún geri miklu minna gagn en ella vegna þess hversu mikið óskir iðnfræðsluráðs og fjölbrautaskólanna hafa verið skornar niður.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till. eða aðrar till. sem ég hef hér gert, en vil leyfa mér að afhenda forseta skriflega brtt. sem er varatill. við till. okkar um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Það eru hér till. sem fjvn. flytur.

Það er í fyrsta lagi á þskj. 237, að við 6. gr., XXXI komi nýr liður: „Að taka lán vegna kostnaðar við að byggja laxastiga í Laxá í Þingeyjarsýslu vegna samnings í sambandi við virkjun Laxár.“ Þessi till. skýrir sig sjálf og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um hana frekar.

Þá er á þskj. 241 brtt. varðandi fyrirhleðslur, en þar er aðeins um leiðréttingu að ræða. En undir 2. tölulið er brtt. við 4. gr. undir töluliðnum 999, og þar er lagt til að 22. liður orðist svo: Orlofssjóður húsmæðra, þar af starfskostnaður landsnefndar orlofs húsmæðra 300 þús. kr., 7 millj. 800 þús. kr. Hér er um 50% hækkun að ræða á þessum lið, því að hann er 5 millj. í fjárlagafrv. Sú tala, sem er í frv., hefur staðið óbreytt síðan 1972 og er miðuð við kostnað í nóv. 1972, svo að það er full ástæða til að leiðrétta það þar sem allur kostnaður við þessa starfsemi hefur aukist verulega á þessu tímabili. N. leggur því til að liðurinn hækki um 2 millj. 800 þús. kr.

Þá er á sama þskj. undir V. till. frá n. þar sem er um brtt. að ræða varðandi stofnlínu. Það er að stofnulínan frá Þórshöfn til Bakkafjarðar verði tekin inn í áætlun á fjármögnun Rafmagnsveitna ríkisins. Bakkafjörður hefur enga samtengingu við dreifikerfi frá vatnsvirkjun. Það er einungis dísilstöð, sem raforkuframleiðslan þar byggist á, og hefur verið stefnt að því að reyna að tengja þá staði, sem mögulegt er án mikils óviðráðanlegs kostnaðar, við veitukerfi frá vatnsorkuveitunum. Það kostar ekki nema 10 millj. kr., að talið er, að tengja Bakkafjörð við Þórshöfn, og því er lagt til að sú lína komi inn á áætlunina fyrir næsta ár.

Að lokum vil ég, herra forseti, lýsa hér einni brtt. skriflegri, sem kemur væntanlega prentuð innan stundar, en till. sú hljóðar svo, með leyfi forseta: Við 6. gr. XXXI. Nýr liður: Að verja allt að 5 millj. kr. til undirbúnings byggingu skólahúsnæðis fyrir þroskahömluð börn. — Hér er um skólahúsnæði að ræða sem talin er brýn nauðsyn á að verði komið upp sem fyrst, og með þessari fjárveitingu er gert mögulegt að hanna þá væntanlegu byggingu og undirbúa að öðru leyti þannig að hún komist á framkvæmdastig þegar næst verður gengið frá fjárlögum.

Ég vil biðja herra forseta að leita afbrigða fyrir þessari brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. (242, 243, II og 244, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 35 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 221, í nál. frá samvn. samgm., þá hef ég ritað undir það nál. með fyrirvara og ég vil aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir því, vegna hvers ég hef undir þetta skrifað með fyrirvara. Það er vegna þess framlags, sem þarna er gert ráð fyrir vegna Djúpbátsins hf., Fagraness. Þetta fyrirtæki hefur nú um tveggja eða þriggja ára skeið átt í nokkrum erfiðleikum að því er varðar fjárhagshlið rekstrarins. Þarna er um að ræða aðila sem hefur verið nokkuð mörg undanfarin ár með tiltölulega lægri styrkveitingu á þessum lið en aðrir sambærilegir bátar, og mér fannst því eðlilegt að það mætti hafa til hliðsjónar þá sérstöku erfiðleika sem þetta fyrir-

tæki á nú í, þess vegna gerði ég þennan fyrirvara. Málið stendur þannig nú að þetta fyrirtæki er með um 7 millj. kr. skuld vegna rekstrartaps fyrri ára. Ég hef rætt þetta bæði við hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. og ég veit ekki annað en að þeir báðir séu jákvæðir í þessu máli og séu til þess reiðubúnir að veita því lið. Ég tel a. m. k. á þessu stigi að það sé sú viðunandi lausn sem ég get sætt mig við. Ég vildi samt sem áður hafa allan fyrirvara á því, að vera ekki bundinn, ef illa til tækist að því er þetta varðar.

Ég ætla ekki frekar að ræða þetta, en fyrirvari minn byggðist á þessu, að það er þarna mikið vandamál á ferðinni sem þarf að fá lausn. En þar sem mér er um það kunnugt að báðir þessir hæstv. ráðh., sem ég hef hér nefnt, eru jákvæðir við að veita þessu máli lið, þá mun ég ekki frekar ræða það eða gera frekari aths. þar við.

Það fór reyndar eins og ég reiknaði með, að hæstv. samgrh. yrði til þess að koma mér hér upp enn einu sinni, og það var vegna þeirra orðakasta sem við áttum í við 2. umr. fjárl. Mér fannst nú hæstv. samgrh. taka heldur óstinnt upp þau tiltölulega meinlausu orð sem ég viðhafði. Okkur greindi fyrst og fremst á í þremur atriðum sem þá voru rædd — og þó einkanlega tveim.

Það er í fyrsta lagi í sambandi við afgreiðslu á láni frá Atvinnuleysistryggingasjóði til Hafnabótasjóðs. Hæstv. ráðh. sagði orðrétt að þetta lán hefði verið afgr. í þessum mánuði. Ég leyfði mér að draga í efa að svo hefði verið og orðaði það þannig vegna þess, eins og ég sagði þá, að í síðari hluta septembermánaðar hafði á fundi í undirnefnd fjvn. verið um þetta rætt og þar hefði komið fram önnur vitneskja. En ég ætla að sleppa henni. Staðreyndin er sú, að þetta lán var afgr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði 6. nóv. s. l. Ég held því að það fari ekkert milli mála að það var ekki í þessum mánuði, heldur var það í byrjun nóv., sem þetta lán var afgr. frá Atvinnuleysistryggingasjóði, formlega samþ. þar og staðfest, þannig að ég held að ég hafi ekki sýnt neina óbilgirni í því að draga í efa að réttar væru þær upplýsingar sem hæstv. ráðh. hafði. Nóg um það.

Í öðru lagi greindi okkur allmiklu frekar á um hinn margnefnda stað nú hér síðustu daga, Súðavík. Ég hélt því fram að ég drægi stórlega í efa einnig að það væru réttar upplýsingar sem hæstv. samgrh. var þá með um að ekki lægju fyrir nógu ljósar till. um framkvæmdir í Súðavík sem þyrfti að veita fjárveitingu til á árinu 1975. Ég taldi, að það lægju fyrir nægilega undirbúin verkefni til þess að vinna það verk sem við vorum að gera till. um fjárveitingar til, og dró þess vegna í efa að það væri rétt sem hæstv. samgrh. hélt fram, að þetta væri allt svo óljóst að ekki mundi þýða að að veita fjárveitingu til þess að þetta verk yrði unnið. Hæstv. ráðh. endurtók þetta í kvöld og sagði orðrétt: „Allt er óljóst eins og fyrr í Súðavík," en sagði þó í áframhaldi af því: „Ég mun þó sjá til þess að súðvíkingar fái 3 millj. kr. greiðslu til framkvæmda á árinu 1975." Nú þykir mér slæmt að hæstv. ráðh. skuli ekki vera hér við til þess að segja bæði mér og öðrum hv. þm. á hvern hátt hann ætlar að afgr. þessa 3 millj. kr. greiðslu.

Það hefði mér þótt gott að vita. En hvað um það, síðan þessar umr. áttu sér stað við 2. umr. málsins hér hafa mér borist tvö símskeyti, bæði frá Súðavík. Og þar sem mér er um það kunnugt, að hæstv. samgrh. hefur einnig borist skeyti þessa efnis og hann veit hvernig mál standa að áliti heimamannanna, þá tel ég rétt með hliðsjón af því sem áður hefur verið sagt, að mér fannst hæstv. ráðh. taka þetta heldur óstinnt upp og ásakaði mig fyrir að vera með óbilgirni og óréttmætar ásakanir í hans garð að því er þetta varðaði, með leyfi hæstv. forseta, að lesa úr þessum tveim skeytum, því að ég tel að það sé nauðsynlegt að það komi hér fram vegna áður nefndra umr., hvert álit heimamanna í þessum efnum er. Hið fyrra er þannig:

„Halldór E. Sigurðsson, samgrh.
Alþingi,
Reykjavík.

Vegna ummæla yðar um mjög nauðsynlegar hafnarbætur í Súðavík leyfi ég mér að upplýsa að allar rannsóknir og áætlanir vegna framkvæmdanna eru fyrir hendi og vísa nánar til yfirverkfræðings Hafnamálastofnunarinnar, Daníels Gestssonar, varðandi málið, samkv. símtali við hann í dag.

Oddviti Súðavíkurhrepps,
Halldór Magnússon."

Ég geri ráð fyrir að hæstv. samgrh. sé búinn að fá þessar upplýsingar, sem hér er vitnað til, hjá yfirverkfræðingi Vita- og hafnamálaskrifstofunnar, þannig að það ætti nú að liggja ljóst fyrir. Það hefði átt að liggja ljóst fyrir hér í dag þegar hæstv. ráðh. flutti sitt mál, en hann endurtók eigi að síður að allt væri enn óljóst.

Hið síðara skeyti er til vita- og hafnamálastjóra Aðalsteins Júlíussonar, og ég ætla að leyfa mér að lesa það líka, með leyfi hæstv. forseta:

„Vita- og hafnamálastjóri Aðalsteinn Júlíusson,
Seljavegi 32, Reykjavík.

Geri hér með ákveðna kröfu til að þér leiðréttið nú þegar ummæli samgrh. á Alþ. 16. des. s. l. varðandi ófullnægjandi undirbúning og rannsóknir að fyrirhugaðri hafnargerð í Súðavík 1975.

Oddviti Súðavíkurhrepps."

Ég held að þeir, sem heyra þetta, hljóti að sannfærast um að það var til þess fullkomin ástæða hjá mér við þessar umr., sem ég hef nú hér vikið að, að draga í efa réttmæti þeirra upplýsinga sem hæstv. samgrh. var hér með við 2. umr. fjárl. að því er varðaði þennan stað.

Ég skal ekki frekar fara um þetta orðum, en ég taldi sjálfsagt og nauðsynlegt að þetta álit oddvita viðkomandi hrepps, sem er þar að auki flokksbróðir hæstv. samgrh., lægi hér fyrir. Ég efast ekkert um það, að ef málið væri ekki svona, eins og hann segir til um, þá léti hann ekki fara frá sér staðfest símskeyti eins og þau sem ég hef hér vitnað til, þannig að ég tel að ég hafi hér með fært sönnur á að það er að áliti heimamanna og að ég hygg að áliti yfirverkfræðings Vita- og hafnamálaskrifstofu fullljóst hvað á að gera í Súðavík á árinu 1975. Þess vegna er

full ástæða til og full þörf á fjárveitingu til þess staðar.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Við 2. umr. gerði ég grein fyrir nokkrum atriðum sem ég taldi að leiðrétta yrði í þessu frv. til fjárl. Mér þykir rétt nú að þakka það, sem gert hefur verið, og mun jafnframt drepa á fáein önnur atriði.

Ég lagði áherslu á það að nú yrði að grípa tækifærið og malbika a. m. k. Ísafjarðarflugvöll að hluta eins og lofað hefur verið undanfarin ár. Nú eru tækin þar stödd og líða mun langur tími þar til þau verða þar aftur. Ég fagna því að nú hefur hv. fjvn. tekið inn í heimildagr. heimild til 20 millj. kr. lántöku til þess að framkvæma þetta verk, og ég get fullvissað hv. 5. þm. Vestf. um, að samgrh. hefur allan hug á því að nota þessa heimild. Ég hef rætt málið ítarlega við hann og á því leikur enginn vafi.

Mikið hefur verið rætt um hafnamál Vestfjarða og ekki að ástæðulausu. Þegar áætlun kom fram fyrir fjárlög frá vita- og hafnarmálastjóra var gert ráð fyrir, ef ég man rétt, 44 millj. kr. og var það lægsta framlag, hygg ég, til hafna í flestum landshlutum fyrir utan Reykjavík. Þó er það staðreynd og óumdeilanlegt að óvíða á landinu eru íbúar svo háðir höfnum sem á Vestfjörðum. Auk þess hefur skuttogurum fjölgað þar mikið og aðstaða þeirra mjög víða ákaflega slök. Í meðferð fjvn. hefur tekist að fá þessa fjárveitingu hækkaða úr 44 millj. í 63.6 millj. Einnig það vil ég þakka, þó að ég taki undir það sem hefur komið fram, að ekki er nóg gert. En tekist hefur m. a. að fá inn byrjunarfjárveitingu í stóra framkvæmd á Bíldudal og fjárveitingu til þess að halda áfram nauðsynlegum framkvæmdum í Bolungarvík.

Segja má að deilan standi mest um Súðavík. Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að þar þarf að ráðstafa í mikla hafnarframkvæmd, m. a. vegna þess skuttogara sem þangað hefur verið keyptur og hefur ekki þá aðstöðu sem með nokkru móti er viðunandi. Hins vegar olli það mér vonbrigðum á fundi sem við Vestfjarðaþm. áttum með vita- og hafnamálastjóra og yfirverkfræðingi Hafnamálaskrifstofunnar, að þar komu fram allt aðrar skoðanir á hafnargerð í Súðavík en ég hef frá heimamönnum og raunar aðrar en hv. síðasti ræðumaður lýsti hér áðan. Ég ætla ekki að rekja þann skoðanamun, en hann snerist ekki síst um það hvort hafnarframkvæmdir væru nauðsynlegar til þess að unnt væri að ganga frá umhverfi frystihússins eins og reglur krefjast. Það var ljóst að málið lá alls ekki svo vel fyrir hjá Vita- og hafnamálaskrifstofunni að unnt væri að byggja á því. Og mér þykir þetta undarlegt, það segi ég, því að ég hafði einnig þá trú, eins og síðasti hv. ræðumaður, að þetta mál væri frá gengið og útrætt og samþ. á milli heimamanna og Vita- og hafnamálaskrifstofunnar. Mér er vel kunnugt um að það er fyrst og fremst þessi ágreiningur sem hefur valdið því að hæstv. samgrh. hefur ekki treyst sér til að leggja þrýsting á með fjárveitingu til Súðavíkurhafnar. Hann hefur hins vegar heitið því að heimila kaup á efni þannig að framkvæmdir geti hafist af fullum krafti á árinu 1976. Ég efast ekki um að hann mun standa við það. Ég þekki hann vel að því að standa við sín orð. Þetta er að sjálfsögðu ekki nema lítil búbót, en þarna er þó gert ráð fyrir að verja 3 millj. kr. í þessu skyni, en það er sú upphæð sem hv. síðasti ræðumaður leggur til að sett verði í fjárl. Ég sé því ekki ástæðu til að samþ. þá till.

Um hafnamálin almennt vil ég hins vegar segja það að ég hef hvað eftir annað hér á þingi þann stutta tíma sem ég hef verið hér vakið máls á því, að að hafnamálum beri að vinna á annan máta en gert hefur verið. Þar ber að vinna eins og gert er að vegamálum, með í a. m. k. 4 ára áætlun. Þetta er mikilvægast m. a. vegna þess að í höfnum stendur oft þannig á áföngum að framkvæmdir geta orðið minni eitt árið en hið næsta. Og það er nauðsynlegt að heimamenn og þm. fái að sjá og fái að samþ. og ákveða á hvern máta unnið verður að hafnaframkvæmdum yfir lengri tíma. Því vil ég sérstaklega fagna því sem komið hefur fram hjá hæstv. samgrh., að hafnaáætlun mun nú loksins verða lögð fyrir þingið til meðferðar á þessum vetri. Þá þurfum við þm. Vestf. sannarlega að gæta vel þeirra mikilvægu hagsmuna sem þar er um að ræða fyrir Vestfjarðakjördæmi.

Hér var áðan minnst nokkuð á Flugfélagið Erni, og get ég staðfest allt það sem kom fram hjá hv. 8. landsk. þm. þegar hann ræddi um það. Flugfélagið Ernir hefur innt af hendi ómetanlega þjónustu í Vestfjarðakjördæmi eins og ég hygg raunar að hin litlu flugfélög, sem tekið hafa sér aðsetur úti á landi, hafa víðast hvar gert. Það hefur ekki aðeins komið fjölmörgum manninum til læknis þegar aðrar leiðir hafa verið ófærar, heldur hefur það hlaupið undir bagga í hinum ótrúlegustu tilfellum. Það er þegar orðinn nærri ómissandi eða algerlega ómissandi samgöngubót í þessu kjördæmi, þar sem vegir eru svo oft lokaðir um langan tíma og raunar aðrar leiðir fljótfarnari ekki til til að komast þar á milli staða. Það er hins vegar ljóst að þetta flugfélag hefur ekki rekstrargrundvöll eins og er og mun svo vera víðar með hin smáu flugfélög.

Við höfum tveir þm. flutt frv. um breyt. á verðjöfnunarlögum, þar sem við leggjum til að verðjöfnun verði komið á á flugvélabensíni sem er undanskilið nú. Það er að okkar viti mikilvægt skref í þessa átt, en þó hvergi nærri nóg.

Nú skilst mér að svo sé hjá hv. fjvn. að hún hefur ekki skipt því fjármagni sem til sjúkrastyrkja á að verja. Hins vegar hefur sú upphæð verið hækkuð nokkuð. Ég hygg úr 1.6 millj. í 2.5 millj., og ég set mitt traust á það að við skiptingu þessa fjármagns verði þess gætt að þetta litla, en mikilvæga, ómissandi flugfélag fái þá aðstoð sem geri því kleift að halda áfram þeirri þjónustu sem það veitir Vestfjarðakjördæmi. Ég leyfi mér að fullyrða að ef þess verður ekki gætt að hækka allverulega þann styrk sem flugfélagið hefur, þá mun það ekki verða rekið þar lengur.

Við 2. umr. minntist ég töluvert á raforkumálin og get þar tekið undir það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér í kvöld um mikilvægi þeirra mála. Ég er honum sammála. Það er, eins og

ástatt er í dag, ef til vill okkar stærsta mál — e. t. v. samgöngumálin á svipuðu stigi — en vegna orkuskortsins og erfiðleikanna er alveg ljóst að við verðum að leggja þar á höfuðáherslu. Ég vil einnig vekja athygli á því að í málefnasamningi ríkisstj. er þetta einmitt dregið fram og því heitið að á þetta mál verði lögð rík áhersla. Ég taldi fjárveitingu í þessu skyni alls ófullnægjandi og tel það raunar enn, þó að ég fagni því að í meðferð fjvn. hefur þarna töluvert verið bætt um og hafa verið veittar víðtækar heimildir til lántöku í þessu skyni. Ég tel lántökur í sambandi við raforkuframkvæmlir ekki óeðlilegar. Þær spara sannarlega mikinn gjaldeyri, sérstaklega þegar rafmagn er notað til upphitunar, og má vel fjármagna þær framkvæmdir með erlendum lántökum. Mér sýnist hins vegar að fjármagn til vatnsorkurannsókna sé ekki nægjanlegt. Staðreyndin er sú, miðað við þá dýrtíð sem er, að minna fjármagni verður varið á árinu 1975 í þessu skyni en var á árinu 1974, og það tel ég illt. Ég fagna að vísu því að fengist hafa 2 millj. kr. til viðbótar til rannsókna á Vestfjörðum. Ég hef rætt við orkumálastjóra um það mál og hann hefur tjáð mér að með þeirri fjárveitingu, sem þá verður sem er 5.2 millj. kr., muni reynast unnt að kanna línustæðið frá byggðalínunni í Hrútafirði og vestur. Þó að ég vilji ekki draga úr mikilvægi annarra framkvæmda, eins og t. d. kortagerðar af Glámusvæðinu og Drangajökulssvæðinu sem hvort tveggja mun nú verða minna af en ráð var fyrir gert, hygg ég að það sé staðreynd að lína sem þessi er skjótasta lausnin á raforkuvanda Vestfjarða. Ég legg því höfuðáherslu á að þá línu sé hægt að byggja í beinu framhaldi og raunar um leið og byggðalínan er komin norður. Því er ákaflega mikilvægt að línustæðið sé fullrannsakað á næsta sumri. Og eins og ég segi, ég fagna því að með þessari viðbótarfjárveitingu, er mér tjáð af orkumálastjóra, verður þetta unnt.

Ég hefði viljað gera róttækar breytingar á fjárveitingum til orkumála almennt. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því að það kostar einnig róttækar breytingar á öðrum liðum fjárlaga og það verður ekki gert á einni kvöldstund. Ég hygg að öðruvísi þurfi að vinna að og þarna þurfi stefnumörkunin að ráða frá upphafi. Mér sýnist að þetta þurfi að gera og sé sjálfsagt. Ég treysti hæstv. orkumálaráðh. til að sjá svo um að við gerð næstu fjárlaga verði þessi yfirlýsta stefna hæstv. ríkisstj. ráðandi.

Að lokum vil ég þakka fjvn. fyrir 3 millj. kr. til landgrunnsrannsókna. Þetta er ekki mikið fé til að rannsaka okkar stóra landgrunn, en ég met það mest að með þessu strikar fjvn. yfir fullyrðingu fjárlagafrv. um að landgrunnsrannsóknum sé lokið. Það hefði verið okkur til háborinnar skammar að láta slíka fullyrðingu standa. Þetta gerir kleift að halda áfram af veikum mætti því sem er verið að gera, kortagerð og öðru, sem er forsenda þess að við getum nýtt okkar landgrunn, getum þekkt okkar landgrunn eins og landið sjálft. En ég fagna hins vegar orðum hv. form. fjvn. Hann hét því að þessi mál yrðu skoðuð betur við gerð næstu fjárlaga.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við 2. umr. fjárlaga flutti ég þrjár litlar brtt. Ég fagna því að hv. fjvn. hefur tekið þeim þann veg að ég get þar vel við unað.

Í forföllum hv. 2. þm. Austf., Lúðvíks Jósepssonar, mæli ég hér fyrir brtt. í 4 liðum varðandi heilsugæslumál á Austurlandi:

Í fyrsta lagi er brtt. um heilsugæslustöð á Seyðisfirði. 1 millj. er þar á fjárlögum. Við leggjum þar til 4 millj. Við Austfjarðaþm. höfum lagt á það mikla áherslu að sæmileg fjárveiting fengist til þessarar stöðvar sem er helsta áhugamál þeirra seyðfirðinga í dag. Það er að vonum. Þeir búa við gamalt hús, ónothæft að miklu og þykir sárt við þetta að búa. Okkur hefur ekki tekist að ná fram þessari fjárveitingu, sem við gjarnan hefðum viljað. En freista skal þess þó að upphæðin verði hækkuð, a. m. k. til þess að seyðfirðingar sjái að okkur sé nokkur alvara með að þeir nái sinni heilsugæslustöð sem fyrst og henni sem stærstri.

Í öðru lagi: Í upphaflegri áætlun varðandi sjúkrahús í Neskaupstað hjá fjvn. sem við sáum, — þ. e. áætlun innan ramma fjárlagafrv. en ekki samkv. óskalista rn. — upphæð sú var 28 millj., en með einhverjum óskiljanlegum hætti eftir enn óskiljanlegri till. eða upplýsingum ákveðins embættismanns í kerfinu var þessi upphæð sem sagt skorin niður um 10 millj. þrátt fyrir það að ég veit ekki betur en þessi embættismaður hafi leiðrétt afglöp sín, því að svo sannarlega var fjárveitingin 28 millj. Það var sú eina fjárveiting sem nægði til að fullgera þann áfanga sem hér um ræðir. Þrátt fyrir það hefur þetta ekki fengist leiðrétt á nýjan leik. Nú hafa mál í Neskaupstað svo skipast að ég hygg að ekki verði á móti þessari till. staðið og skal ekki frekar um hana rætt.

Varðandi liði 3 og 4 vil ég aðeins segja þetta: Varðandi Neskaupstað mun vera um skuld að ræða upp á nálega 3 millj. kr. ¼ af þessari skuld er tekinn inn á till. fjvn., 800 þús. Okkur þykir þetta vægast sagt lítið og viljum fá greiðslu í þessa skuld að ⅔ eða í 2 millj. — Varðandi Fáskrúðsfjörð, sem er 4. liðurinn, vil ég aðeins benda á brýna nauðsyn þeirra fáskrúðsfirðinga á að skapa lækni sínum viðunandi aðstöðu til lækninga í bústaðnum sjálfum. 1 millj. í till. fjvn. hygg ég að sé rétt fyrir gamalli skuld þar varðandi læknisbústaðinn, þ. e. greiðsla fyrir það sem þegar hefur verið gert. Okkar till. um 2 millj. í þess stað mundi þá aðeins nægja til þess að skapa þar þá aðstöðu sem læknirinn telur óhjákvæmilega fyrir viðunandi starfsaðstöðu sína.

Aðeins tvennt að lokum: Hv. 5. þm. Vestf. hefur mælt fyrir till. okkar þremenninga um hækkun um 10 millj. kr. á till. fjvn. um jöfnun á námskostnaði. Þarna er um að ræða lækkun um 20 millj. frá upphaflegri till. okkar við 2. umr. fjárlaga. Ég hygg að samkv. gildandi lögum um þetta mál liggi það fyrir mjög ljóst, að einmitt á næsta ári á að jafna námskostnað landsbyggðarnemenda að fullu. Ég held að staðreyndin sé sú að þörfin sé ótvíræð og hafi verið sýnt fram á það með gildum rökum að hún sé 140 millj. Við göngum þó ekki alveg svo langt, einmitt í

trausti þess að hv. þm. samþ. frekar þessa fjárveitingarhækkun og höfum við því breytt þessu í 120 millj. í stað 140 millj. og trúum vart öðru en að menn sýni hug sinn í verki á þann veg að samþ. þá till.

Ég lýsi yfir mikilli hryggð yfir því að hv. menntmn. Sþ. — eða meiri hl. hennar — skuli, eins og frsm. þeirra sagði hér áðan, fylla skörðin í heiðurslaunum listamanna með þeim hætti sem hann gerði grein fyrir. Á ég þá vitanlega við skörð eftir þá öndvegismenn Þórberg Þórðarson og Guðmund Böðvarsson. Eftir orð hv. þm. Svövu Jakobsdóttur um tvo aðra öndvegishöfunda, Snorra Hjartarsson og Ólaf Jóhann Sigurðsson, og hvað sem um ágæti þeirra manna má segja sem í till. meiri hl. n. er lagt til að fylli þessi skörð, þá verð ég að láta í ljós skoðun mína á áliti meiri hl., með leyfi hæstv. forseta, á þennan hátt:

Nefndin, illa áttavillt,
engan finnur gerðum stað.
Opnu skörðin eru fyllt,
þó enginn maður sjái það.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég flyt brtt. á þskj. 236 við 4. gr. fjárlagafrv. um hafnarmannvirki og lendingarbætur á þá lund að fjárveiting til hafnarframkvæmda á Ólafsfirði hækki úr 13.5 millj. í 30 millj. Á Raufarhöfn hækki fjárveiting úr 5 millj. í 18 millj. Við 2. umr. mælti ég fyrir till., sem ég flyt ásamt hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni og Karvel Pálmasyni, um hækkun fjárveitinga til framkvæmda við Húsavíkurhöfn úr 12.6 millj. í 24 millj. Þá till. tókum við flutningsmenn til baka við 2. umr. í þeirri von að fjvn. fengist til að líta málið öðru sinni í aukinni náð, en svo reyndist ekki.

Fleiri brtt. flyt ég ekki við þetta fjárlagafrv., ekki vegna þess að mér finnist það ekki gallað á fleiri lund, að ég finni því ekki fleira til foráttu. Það geri ég svo sannarlega og þá fyrst og fremst í því sem lýtur að Norðurl. e.

Fjárlagafrv. í heild boðar nýja tíma og verri tíma fyrir byggðir landsins, fyrir það fólk sem vinnur hörðum höndum við framleiðslustörf utan við svæðin, sem dönsku verkfræðingarnir — þeir sem fyrrum lögðu á ráðin um vegaframkvæmdirnar sem núv. stjórnarflokkar hafa á prjónunum — kölluðu „Islands naturlige kulturområder“ eða utan við eðlileg menningarsvæði Íslands að dómi dönsku verkfræðinganna.

Ég kaus að flytja till. um hækkaðar fjárveitingar til fyrrgreindra hafnarframkvæmda á Norðurl. e. fyrst og fremst vegna þess að afstaða dreifbýlisþm. til fiskihafna er eðlilegur mælikvarði á heilindi þeirra er þeir ræða um byggðamál. Það er nokkurn veginn ljóst mál að þm. stjórnarflokkanna úr Norðurl. e., sem tveir eiga ofan í kaupið sæti í fjvn., höfðu afl til þess, ef ekki hefði skort vilja eða skilning, þá höfðu þeir afl til að knýja fram nauðsynlegar fjárveitingar til þessara hafna. En eina og sérstaka ástæðu hafði ég til þess að flytja brtt. þessar um auknar fjárveitingar til fyrrgreindra þriggja hafna. Framsfl. og Sjálfstfl. samþ. í gær tímamótamarkandi löggjöf um sjávarútvegsmál, þar sem endanlega var felldur úrskurður um það að útgerð smárra báta undir 20 tonnum teldist óæskileg. (Gripið fram í.) Sú bátastærð er sett hjá við úthlutun styrkja vegna erfiðleika sjávarútvegsins. Þar með er að mínu viti felldur alvarlegur dómur á þessa lund, t. d. yfir smábátaútveginum á Húsavík. Ég hafði ímyndað mér að einmitt nú við lokaafgreiðslu fjárl. kynnu þm. Framsfl. að sjá að sér nú á elleftu stundu og sýna að þeir meintu þetta ekki eiginlega svoleiðis. Þetta hefðu þeir getað með því að samþ. á elleftu stundu nauðsynlega fjárveitingu til bátahafnanna fyrir norðan, til hafnarinnar á Húsavík. Að öðru leyti óska ég þeim til hamingju að koma norður og útskýra fyrir sjómönnum nyrðra í fyrsta lagi afstöðu sína við afgreiðslu fyrrnefnds frv. til styrktar sjávarútveginum og í öðru lagi afstöðu sína til hafnargerða á Norðurlandi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Enda þótt það komi ekki minni litlu till. við, þá grip ég tækifærið til að leiðrétta það sem fram kom í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e., að ekki yrði litið til báta undir 20 smálestum í þeim ráðstöfunum sem gerðar verða vegna gengishagnaðar. Talan var 12 smálestir. Það var margtekið fram í framsögu sem gilda á sem grg. með þeim lögum. Eftir því verður farið. (**Gripið fram í:** Ráðh. Sjálfstfl. hafa lofað mörgu í mörg ár sem þeir hafa ekki efnt.) Hér er ekkert um loforð að tefla. Þetta er bókað á hinu háa Alþ., hvort sem hv. þm. treystir því eður eigi, og ef hann treystir því ekki, þá á hann hingað ekkert erindi.

Ég á hér örlitla till. ásamt með hv. þm. Tómasi Árnasyni, Halldóri Ásgrímssyni og Helga F. Seljan, og má heita að hún sé stafsetningaratriði, og er það ekki í fyrsta skipti sem ég þarf að þræta um þau mál hér. Hún á sérstöðu að því leyti, ef hún verður samþ., að hér er ekki lögð til hækkun fjárl. Það bar til í fjvn. sökum anna að niður féll að veita til íþróttahúss við Nesjaskóla í Austur-Skaftafellssýslu 300 þús. kr. sem byrjunar- eða undirbúningsframlag til framkvæmda þar. Til þess nú að bjarga heiðri hv. fjvn. greip ég til þess ráðs að lækka framlag í fjárl. til Nesjaskóla, 1. og 2. áfanga úr 3 millj. 407 þús. ofan í 3 millj. 107 þús. og að þær 300 þús., sem **með þessum hætti eru þar frá dregnar, verði** veittar til undirbúnings íþróttahúss. Þetta geri ég allt, eins og menn sjá strax í hendi sinni, til þess að leiðrétta afglöp hv. fjvn.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er komið að lokum þessarar 3. umr. fjárl. og skal ég ekki lengja umr. um of, en mig langar þó til að víkja nokkuð að væntanlegri afgreiðslu frv. eins og það dæmi sýnist nú líta út .

Ég get þó ekki látið hjá líða að svara nokkrum orðum ræðu hv. 11. landsk. þm., Geirs Gunnarssonar, frsm. minni hl. fjvn., sem bæði í ræðu sinni við 2. umr. fjárlfrv. svo og nú við 3. umr. gerði að umræðuefni sérstaklega þá ofþenslu og þær tölur sem nú er fjallað um í fjárlfrv. En það var þó með dálitið einkennilegum hætti sem þessi hv. þm. ræddi um þessa hluti, því að í hans augum var þetta allt of hátt sem hér var lagt

til, en samt ekki nærri nóg. Við 1. og 2. umr. fjárl.frv. vék hv. þm. að því að nú væri um að ræða stefnubreytingu, það væri komin að völdum í landinu ríkisstj. sem hygðist standa að samdrætti og Alþ. yrði að sporna við því. Millikaflinn var annars vegar að tekist hefði að breyta um af hálfu fjvn., en engu að síður væri um að ræða samdrátt og það gæti Alþ. ekki liðið. Þegar kom svo að 3. umr. var allt í einu orðin ofþensla og fjárl. aldrei verið hærri og verið að stefna öllu saman í voða. Mig langar til að vekja athygli á því að fari eins og sýnist, þá verður hækkun frv. til fjárl. ársins 1975 aðeins 5.5%. Gerum okkur grein fyrir því að fjárlfrv. fyrir árið 1975 er samið í septembermánuði, örfáum vikum eftir að hv. 11. landsk. þm. er kominn úr stjórnarandstöðu, að það er grundvallað á þróun mála í tíð fyrrv. ríkisstj. og niðurstöður þess því að kenna, ef um er að kenna, efnahags- og fjármálapólitík þeirri sem fyrrv. ríkisstj. rak. Þegar 3. umr. fjárl. fer nú fram og gerður er samanburður á hækkun frv. fá 1. umr. þar til það mun verða samþ. sem lög, eins og sýnist horfa, þá er um að ræða 5.5% hækkun eða hækkun um 2.5 milljarða.

Nú vill svo til að þessi ágæti þm. hefur verið form. fjvn. s. l. 3 ár og er þess vegna ekki úr vegi að borið sé saman fjárlfrv. og fjárl. þeirra ára sem hann veitti fjvn. forustu og hver hækkunin hefur orðið frá frv. til laganna. Árið 1972 hljóðar fjárlfrv. upp á 13 milljarða 971 millj., fjárl. upp á 16 milljarða 550 millj. eða 18.5% hækkun. 1973 hljóðar frv. upp á 19 milljarða 868 millj., en fjárl. upp á 21 milljarð 457 millj. Hér er um að ræða 8%. 1974 er fjárlfrv. upp á 27 milljarða 437 millj., fjárl. upp á 29 milljarða 402 millj. Hér er um að ræða 7.2% hækkun. En það var vitað að inn í frv. vantaði útgjaldaliði upp á a. m. k. 800 millj. og er þá varlega áætlað, sem þýtt hefði að fjárl. hefðu orðið 30 milljarðar og 200 millj. og hækkunin því frá frv. til fjárl. 10%. Þeir aðilar, sem standa að slíkum vinnubrögðum geta varla að mínum dómi komið til þess að gagnrýna fjvn. og Alþ. fyrir þær till. sem hér hafa verið samþ., enda þótt mér sé ljóst að fullspennt er.

Upphafleg tekjuáætlun frv. var sem kunnugt er í aðalatriðum reist á verðlagi og kaupgjaldi eins og það var í septembermánuði s. l. Meginforsenda þess um magnbreytingar helstu veltustærða á árinu 1975 var sú að almenn þjóðarútgjöld héldust svipuð á næsta ári og spáð var að þau yrðu í ár og að nokkuð dragi úr innflutningsmagni á næsta ári. Nú liggur að sjálfsögðu fyrir nánari vitneskja um ýmsa þætti þjóðarbúskaparins og um innheimtu ríkistekna í ár en menn höfðu þegar frv. var samið. Enn ríkir þó veruleg óvissa um ytri skilyrði þjóðarbúsins og þróun verðlags og launamála innanlands á næsta ári.

Þjóðhagsstofnunin hefur nýlega sett fram frumdrög þjóðhagsspár fyrir næsta ár og eru þau lögð til grundvallar við endurskoðun tekjuáætlunar. Helstu niðurstöður þessara frumdraga, sem skoða má e. t. v. fremur sem undirstöður fyrir skoðanamyndun á þjóðhagshorfum og lýsingu viðfangsefna á sviði efnahagsmálanna á næsta ári en sem beina spá um niðurstöður, eru þessar: Að vænta megi þess að þjóðarframleiðslan geti aukist nokkuð 1.5—2.5% að magni á næsta ári, en jafnframt, vegna versnandi viðskiptakjara muni þjóðartekjur fremur minnka en aukast að raunverulegu verðgildi, e. t. v. svo að nemi 1%. Að í þessu felist að nokkuð muni draga úr eftirspurnarþrýstingi á vinnumarkaðnum í heild, þó ekki þannig að atvinnuástand bili. Að draga muni verulega úr verðhækkunum innanlands á árinu, en það er aftur á því byggt að heldur hægi á alþjóðlegri verðbólgu og kjarabreytingar innanlands verði hóflegar. Að viðskiptajöfnuður við útlönd verði áfram allóhagstæður og að horfur um þróun gjaldeyrisstöðunnar séu nokkuð tvísýnar, þó megi ætla að ekki gangi frekar á gjaldeyrisvarasjóðinn.

Þetta síðasta mat er þó ýmsu háð. Þannig setti stofnunin fram í grg. til fjmrh. og fjvn. tvær meginhugmyndir um minnkun innflutningsmagns, 4% eða 6% minnkun almenns vöruinnflutnings, sem undirstöður tollaspár næsta árs. Í frv., eins og það liggur fyrir, er nú reiknað með 4% minnkun. Óvissa ríkir einnig um getu okkar til að afla nægilegs lánsfjár erlendis á næsta ári, m. a. til þess að mæta olíuverðshækkun svo að ekki sé minnst á óvissar aflahorfur og útflutningsverðlag á fiskafurðum. Vonandi getur þó úr öllu þessu ræst fremur betur en miður en menn þora nú að ætla. Þessi spá, eins og allar slíkar, er að sjálfsögðu ekki eingöngu háð óvissum ytri aðstæðum heldur einnig því hvernig við hér heima bregðumst við þeim en í heild verður hún að skoðast reist á varfærinni bjartsýni.

Niðurstaða endurskoðaðra tekjuliða frv. fól að mati Þjóðhagsstofnunar í sér 1 470—2 096 millj. kr. hækkun almennra tekna frá upphaflega frv., eins og fram hefur komið. Þá er í reynd miðað við sem næst óbreytta fjárhæð tekjuskatts einstaklinga 1975 frá upphaflegri áætlun, þrátt fyrir það að nú liggur fyrir áætlun um 51% í stað 45% hækkun tekna milli ára 1973 og 1974. Þessu er náð með því að hækka skattvísitöluna í 151 stig til jafns við tekjur og auka hina sérstöku lækkun í sambandi við fyrirhugaða skattkerfisbreytingu úr 500 millj. í 700 millj. kr. Hér er tekið mið af því að bein skattbyrði einstaklinga, þ. e. a. s. við álagningu tekju- og eignarskatts, útsvars og fasteignaskatts, verði sem hlutfall af tekjum liðins árs svipuð því sem reiknað var með í fjárlfrv. Bein skattbyrði einstaklinga er í ár áætluð 16.6% af tekjum ársins 1973, en yrði á næsta ári skv. framansögðu 16—16.5% af tekjum ársins 1974, eftir því hvort miðað er við álagningu útsvars með álagi eða ekki á næsta ári. Munurinn á þeim tveimur dæmum liggur þannig eingöngu í óbeinum sköttum og ekki síst í tollum og þar með tollum af bílum.

Til þess að gefa hugmynd um þær breyt., sem hér er um að ræða, má geta þess að í ár er búist við að bílainnflutningur verði milli 10 þús. og 11 þús. bílar. Í tekjuáætlun, eins og hún liggur hér fyrir, er reiknað með 6 000 bílum 1975, en í lægra dæminu, sem nefnt var 5 000 bíla innflutningi. Hér er því um mikla sveiflu í hátollavöruinnflutningi að ræða í spám fyrir næsta ár, sem auðvitað dregur úr ríkistekjum. Eftir atvikum þótti rétt að reikna með 2 096 millj. kr.

hækkun almennra tekna, þótt það skuli fúslega játað að þar kunni að vera um nokkra bjartsýni að ræða. En hér er þó á því byggt að breyt. á næsta ári verði mun hófstilltari en verið hefur. Bregðist þessi tekjuáætlun verður við því brugðist eftir því sem efni standa til þegar þar að kemur, því að ekki er rétt að tefla á tæpasta vaðið.

Vegna þessarar endurskoðunar tekna þótti mér rétt, eins og ég hafði raunar lýst yfir við 1. umr. frv., að auka fjárveitingu til þess að innleysa fyrstu spariskírteini ríkissjóðs frá 1964 um 215 millj. í 715 millj. kr. þannig að fé sé ætlað fyrir öllu andvirði útgáfunnar með vöxtum og verðbótum, og kemur það fram í till. fjvn.

Í framsögu form. fjvn. hefur þegar verið gerð grein fyrir breyt. milli umr. Ég ætla aðeins að fara nokkrum orðum um þá auknu útgjaldaliði sem orðið hafa í meðförum frv. frá því að það var lagt fram.

Fjárlagagerðinni voru af hálfu ríkisstj. í upphafi sett þrjú meginmarkmið: Í fyrsta lagi að sporna við útþenslu ríkisbúskaparins miðað við önnur svið efnahagsstarfseminnar í landinu. Í öðru lagi að stilla opinberum framkvæmdum svo í hóf að ekki leiði til óeðlilegrar samkeppni um vinnuafl, án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu eða það komi niður á þjóðhagslega mikilvægustu framkvæmdum. Í þriðja lagi að styrkja fjárhag ríkissjóðs og stuðla jafnframt að efnahagslegu jafnvægi í víðara skilningi, en það verður eitt meginviðfangsefnið á næsta ári.

Fjárlfrv. er að þessu sinni samið við erfiðar aðstæður í þjóðarbúskapnum og öra verðbólgu og ber þess óhjákvæmilega merki. Öll viðleitni til að hægja á ferðinni á örðugt uppdráttar og geysistór hluti er bundinn með lögum öðrum en fjárl. Í meðförum frv. hefur komið í ljós að m. a. vegna hins knappa tíma, sem til stefnu var við undirbúning þess, hafa fjárveitingar og fjáröflun til orkumála ekki verið áætlaðar nægar í upphafi. Eins hefur mönnum orðið æ ljósari sá mikli vandi sem við er að glíma á sviði orkumála og hafa komið fram nýjar áætlanir sem brýna nauðsyn ber til að koma fram. Öryggisleysi í orkumálum í stórum landshlutum er ekki viðunandi ástand og úr því verður að bæta. Gjörbreytt orkuverðlag í heiminum gerir að verkum að það, sem fyrr var talið þörf, er nú nauðsyn í þessum efnum. Þessi sókn til nýtingar innlendra orkugjafa vatnsafls og jarðvarma, og umbætur í dreifikerfinu setur því svip sinn á viðbótarframkvæmdir frá upphaflegu fjárlagafrv. og rýmkaðar lántökuheimildir í 6. gr. frv.

Æskilegt hefði verið að á þessu sviði lægi fyrir skipuleg heildaráætlun með röðun verkefna í forgangsröð fyrir næstu 3—5 árin, en því er því miður ekki að heilsa. Því verðum við að bjargast sem best við getum og megum ekki stöðva þjóðþrifaframkvæmdir af þessu tagi. En hér er margt óvíst enn. Auðvitað hefði verið æskilegt að aðrar framkvæmdir vikju fyrir orkuframkvæmdum, en þess hefur ekki reynst kostur því að alls staðar kalla þarfirnar.

Af þessari endurskoðun hefur leitt að afla þarf lánsfjár til orkumála. Alls er með till. fjvn. svigrúm orkumála aukið um nálega 1 milljarð frá upphaflegu frv., sem endurspeglar vel þann forgang sem þessu sviði er nú gefinn, þótt á þessari stundu sé auðvitað ekki hægt að sjá fyrir hversu heimildirnar verða nýttar, enda verður nýting þeirra háð ríkisstjórnar samþykkt hverju sinni. Auk þess hefur form. fjvn. gert grein fyrir öðrum viðbótarlántökuheimildum.

Í meðförum þings og fjvn. hafa framkvæmdatill. hækkað, m. a. í skólum um 270 millj. kr. og til sjúkrahúsa um 276 millj. kr. svo að helstu framkvæmdaaðilarnir séu nefndir.

Niðurstaða þessa frv. verður sennilega sú að framkvæmdaframlög aukast beinlínis úr 7 milljörðum 634 millj. kr. í um 9 milljarða, þar með er hækkun frá fjárl. 1974 u. þ. b. 58%, sem með tilliti til verðbreytinga felur sennilega í sér aðeins magnminnkun frá fjárl. 1974. Sé þetta hins vegar borið saman við líklegar niðurstöður 1974 er um meiri magnminnkun að ræða. Þegar þess er gætt, að í heimildagr. eru veittar 770 millj. kr. auknar lántökuheimildir til framkvæmda, er e. t. v. ekki nægjanlega dregið úr opinberum framkvæmdafyrirætlunum á fjárl. Hér er því ástæða til að fara að öllu með gát og mun fjmrh. beita sér fyrir því að framkvæmdir á hvaða sviði sem er fari ekki af stað fyrr en fullkomin tæknilegur og fjárhagslegur undirbúningur verka liggur fyrir. Þetta er um breytingar framkvæmdaliða að segja.

Hækkun rekstrarliða frá upphaflegu frv. er aðallega á sviði almannatrygginga. Í fyrsta lagi hækka framlög til lífeyristrygginga um 260 millj. kr. frá upphaflega frv. Hér er um að ræða hækkun til samræmis við 3% grunnkaupshækkun launþega 1. des. 1974 og 3% 1. júní 1975, sem eðlilegt og sjálfsagt er að reikna með. Sjúkratryggingaútgjöld hækka um 355 millj kr. vegna hækkunar daggjalda og vegna langlegudeildar Landsspítalans við Hátún í Reykjavík. Þá er gert ráð fyrir 37 millj. kr. auknu framlagi til Lánasjóðs sveitarfélaga og 74 millj. kr. aukningu framlags til Lánasjóðs ísl. námsmanna frá upphaflegri áætlun, en auk þess er reiknað með 100 millj. kr. lántöku sjóðsins, þannig að ráðstöfunarfé hans eykst um 174 millj. kr. frá fjárl. 1974. Loks hefur þótt nauðsynlegt að hækka fjárveitingu til niðurgreiðslna um 90 millj. kr. vegna hækkana sem orðið hafa frá fyrri áætlun. Í heild hækka rekstrarliðir frv. um rúman 1 milljarð.

Niðurstöðutölur gjaldahliðar fjárlagafrv. hækka því um 2 milljarða 448 millj. kr. Lánahreyfingar inn hækka um 717 millj. kr., eins og áður er sagt, en lánahreyfingar út um 215 millj. kr. vegna fullrar endurgreiðslu spariskírteinanna frá 1964, eins og ég gat um áðan.

Ég vil ekki draga dul á það að ég hefði kosið að hafa greiðsluafgang á fjárl. hærri en hér er stefnt að, en hins vegar eru útgjaldaþarfir á ýmsum sviðum framkvæmda afar brýnar. Heildarútgjöld fjárlagafrv. munu verða áætluð 47.2 milljarðar kr. eða rúmlega 28% áætlaðra þjóðarframleiðslu ársins 1975. Þannig er stefnt að því lægra hlutfalli af líklegri þjóðarframleiðslu 1975 en í frv. í upphaflegri gerð þrátt fyrir hækkun talna. Hér kemur að sjálfsögðu til sú þjóðhagsendurskoðun sem frá var greint hér að framan.

Allt orkar tvímælis þá gert er og gildir það

ekki síst um fjármálaákvarðanir ríkisins. Frv., eins og það er nú, hlýtur að byggjast á bjartsýni um framtíðina og þeirri trú að hyggilegt sé að leggja í mikilvægar framkvæmdir, ekki síst á sviði orkumála, þótt á móti blási um sinn. En vafalaust er að sú lánsfjáröflun, sem gert er ráð fyrir, muni reynast örðug í framkvæmd vegna þrengsla á lánamarkaði bæði heima og erlendis. Til þess gæti komið að afla yrði fjár alveg sérstaklega til framfara í orkumálum í landinu ekki síst til að flýta fyrir nauðsynlegri aðlögun að nýjum verðhlutföllum á orkumarkaði heimsins. Öll þessi mál verða tekin til nánari athugunar á næstunni, ekki síst hagkvæmasta nýting fjármagnsmarkaðarins frá sjónarmiði almannahagsmuna. Þróun ríkisfjármálanna á þessu ári hefur verið alvarleg og fyrirsjáanlegur er verulegur greiðsluhalli á árinu. Þessa þróun verðum við að stöðva og snúa við án þess að svo harkalega sé brugðist við að of þungar byrðar séu á landsmenn lagðar. Með þessu frv. höfum við reynt að rata þennan meðalveg. Brýnasta verkefnið í fjármálum ríkisins á næstu mánuðum er að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs. Innan ramma þessa frv. verður þetta aðaltakmark fjármálastefnunnar.

Í fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir, er ekki gert ráð fyrir verulegum breyt. á tekjuöflunarkerfi ríkisins. Í ræðu minni við 1. umr. um fjárl.frv. var nokkuð vikið að nauðsynlegum umbótum á sviði skattamála sem ríkisstj. hyggst beita sér fyrir. Þar voru rakin meginsjónarmið í skattamálum og gerð grein fyrir skattastefnu ríkisstj. í almennum atriðum. Í samræmi við þessa stefnu og á grundvelli þess starfs, sem fyrir liggur á þessu sviði, hef ég óskað eftir að þingflokkarnir nefni menn í n., eins og áður hefur verið gert, til þess að vinna með rn. og embættismönnum að undirbúningi skattamálastarfs þingsins á þessu og næsta þingi.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að þrátt fyrir stöðuga þörf á endurskoðun og umbótum skattheimtunnar eru nú sérstaklega ríkar ástæður til þess að vinna að umbótum á sviði skattamála, ekki síst til þess að laga skattakerfið að þeim breyttu aðstæðum sem viðskiptasamningar við EFTA og EBE fela í sér, en í þeim er fólgið svo veigamikið fráhvarf frá tollum sem einni meginuppsprettu ríkistekna að endurskipuleggja þarf tekjuöflunarkerfið í heild á næstu árum og finna trausta almenna skattstofna í stað tollanna. Jafnframt verður þörfin stöðugt brýnni, eftir því sem lengra líður á aðlögunartíma Fríverslunarbandalagsins og viðskiptasamningsins við EBE, að tryggja skattalegt jafnræði með íslenskum atvinnuvegum og atvinnuvegum í öðrum löndum sem við eigum í samkeppni við. Skattar af íslenskri framleiðslu, hvort sem er til útflutnings eða innanlandssölu, mega ekki vera óhagstæðari en gerist í nágrannalöndunum. Að finna sanngjarna og hagkvæma skatta í stað tollanna, að tryggja samkeppnisaðstöðu íslenskra atvinnuvega hvað skatta áhrærir og að gera almenna beina og óbeina skatta sanngjarnari, hagkvæmari og betur fallna til hagstjórnar er meginviðfangsefnið í skattamálunum á næstunni.

Að þessu sinni gefst ekki tækifæri til að fara ítarlegar yfir svið skattamálanna, en ég held að óhætt sé að fullyrða að eftirtalin 11 atriði gefi góða hugmynd um það mikla verkefni sem framundan er. Ekki þarf að taka fram að hér er aðeins nefnd nokkur lykilorð til þess að minna á mál sem ekki er ætlunin að lýsa nú til hlítar.

Helstu verkefni og athuganir á sviði tekjuöflunar eru að minni hyggju þessi:

1. Athuga frá sjónarmiði löggjafar og framkvæmdar þá tilhögun að steypa öllum skattalögum ríkisins í einn lagabálk til þess að tryggja yfirsýn, samræmi og gott skipulag. Í þessu sambandi kæmu tengsl tekjuöflunar ríkis og sveitarfélaga til skoðunar.

2. Við þessa athugun þarf að kanna hvort og í hvaða mæli æskilegt telst að afnema mörkun tekjustofna til sérstakra þarfa.

3. Þörf er á grundvallarendurskoðun laga um tekju- og eignarskatt, m. a. að því er tekur til almennra ákvæða um skattskyldu, skilgreiningu skattskyldra tekna og eigna. Að þessu hefur verið unnið að undanförnu og liggja fyrir drög að frv. sem sprottið er úr starfi þeirrar n. um tekjuöflun ríkisins sem fyrrv. fjmrh. skipaði. Þessi frv.-drög þarf að vinna frekar. Markmiðið er hér í senn afnám ýmiss konar undanþágu og einföldun gjaldstofna.

4. Sérstaka athugun þarf að gera á reglum um alla skattlagningu fyrirtækja, m. a. meðferð afskrifta til skatts og söluhagnaðar í því sambandi.

5. Athuga þarf hvort setja skuli í skattalög sérstök hagstjórnarákvæði sem gæfu stjórnvöldum ákveðnari heimildir, svigrúm til breytingar ákveðinna skatta í hagstjórnarskyni á fjárlagaári.

6. Sameining tekjuskatts og helstu tryggingarbóta í einu tekjujöfnunarkerfi er stórmál á sviði skattanna. Jafnframt yrði hugað að möguleikum til þess að lækka jaðarskatta yfirleitt án þess að rýra skatttekjur ríkisins með því að hverfa meira að bruttótekjum sem skattgjaldstekjum. Athuga þarf hvort ekki ætti að stefna að sama stofni fyrir útsvör og tekjuskatt eins og áður var.

7. Forgangsverkefni á sviði skattamála eru endurskoðun söluskattsins í átt til skatts með virðisaukasniði, einkum til þess að tryggja skattastöðu íslenskra fyrirtækja. Raunar má skoða till. þá um að heimila niðurfellingu eða endurgreiðslu að hálfu á sölugjaldi af vélum til iðnaðar, sem ég hef flutt fyrir hönd ríkisstj. á þskj. 235, sem mikilvægt spor í þessa átt. Er till. flutt til þess að bæta stöðu samkeppnisiðnaðarins vegna aðildar okkar að Fríverslunarbandalaginu, en á undanförnum árum hefur samkeppnisaðstaða iðnaðarins versnað verulega.

8. Sameining atvinnurekendagjalda vegna launþega í eitt gjald er athugunarefni sem þarf að taka fyrir á næstunni.

9. Sameining bílaskatta og einföldun þeirra er nauðsynja- og hagræðingaratriði.

10. Lækkun tolla skv. viðskiptasamningum við önnur ríki felur í sér þörf fyrir endurskoðun og samræmingu annarra tolla en þeirra sem við höfum skuldbundið okkur til að lækka.

11. Loks er þess skattamálaverkefnis að geta sem e. t. v. hefur oftast komið til umr. á undanförnum árum, sem er staðgreiðsla skatta. Taka þarf ákveðna afstöðu um framkvæmd þess máls að undangenginni ítarlegri skoðun.

Þetta er langur listi, en hvergi nærri tæmandi. Ég tel eðlilegt að skipta þessum verkefnum í 5 meginverksvið, þ. e.:

1. Atriði í upptalningunni frá 1—5 sem er heildstæð og almenns eðlis, eins konar heildarendurskoðun tekjuöflunar ríkisins.
2. Atriði nr. 6, tekjuöflunarkerfið, sem er sérstakt mál.
3. Atriði nr. 7—8, virðisaukaskattur og sameining atvinnurekandagjalda, eru verkefni sem vel fara saman í athugun.
4. Atriði 9 og 10, tollamál og bílaskattar, sem að mestu eru í höndum sama framkvæmdaaðila, fara eðlilega saman.
5. 11. atriðið, staðgreiðsla skatta, er svo sérstaks eðlis að rétt virðist að gera það að sérstöku athugunarverkefni.

Þingmannanefnd er ætlað að fylgjast með og ná yfirsýn yfir þessar athuganir, en eðlilegt virðist að setja þá embættismenn og sérfræðinga, sem best til þekkja á hverju sviði, til athugunar og undirbúningsstarfa í fimm starfshópum samkv. ofangreindri skiptingu. Í sumum dæmum gæti jafnvel verið um að ræða að fela einum manni slíkt sérfræðistarf. Það er skoðun mín, að þannig þurfi að standa að þessu að þegar á vorþingi skili þessir starfshópar fjmrn. ákveðnum niðurstöðum, till. eða valkostum, ekki þó endilega í frumvarpsformi, en þannig úr garði gerðum að hægt sé að taka afstöðu til þeirra í flestum gr. á þessu og næsta þingi. Ég hef þegar gert ráð fyrir að verkefnum þessum verði sinnt á næstunni.

Skattkerfi hafa ekki þann tilgang einan að afla tekna til að standa undir útgjaldaþörf ríkis og sveitarfélaga, heldur hefur sjálf skattálagningin og framkvæmd hennar margvísleg áhrif á sköpun og skiptingu þjóðartekna. Skattkerfið er því stjórntæki sem nota má til að breyta tekjuskiptingu, ná félagslegum markmiðum og hafa áhrif á dreifingu framleiðsluþátta, svo að nokkuð sé nefnt. Skattkerfi, sem á að fullnægja því þjóðfélagslega og stjórnmálalega hlutverki sem því er ætlað, verður að búa yfir nægilegri fjölbreytni skatttegunda til þess að ná megi mismunandi markmiðum. Jafnframt er æskilegt að það sé sem einfaldast og áhrif hvers skatts eins skýr og fyrirsjáanleg og unnt er. Það er að mestu tæknilegt verkefni að búa út skattkerfi, en verkefni stjórnmálamannanna að ákveða hvernig því skuli beitt, í hvaða hlutföllum einstökum sköttum skuli beitt og hve þungir þeir skuli vera. Engum, sem til þekkir, mun blandast hugur um það að hið íslenska skattkerfi sé ófullkomið tæki frá þessu sjónarmiði. Það hefur þróast á löngum tíma og oft með það farið af handahófi, þar eð nýir skattar hafa þráfaldlega verið teknir upp eingöngu til að mæta aðkallandi tekjuþörf, en án tillits til heildarhlutverks kerfisins eða samræmis. Skattarnir eru af þessum sökum orðnir allt of margir og flóknir, verkaskipting milli þeirra óljós eða jafnvel mótsagnakennd. Þörfin á almennri endurskoðun og samræmingu er því orðin æríð brýn. Það er ætlun ríkisstj. að vinna að umbótum í skattamálum með þessi sjónarmið í huga. Allt sem til framfara horfði í starfi fyrri ríkisstj. á þessu sviði verður að sjálfsögðu nýtt í þessu verki. Það er von mín að gott samstarf takist í þessu máli milli þm., embættismanna og rn.

Ég vil svo að lokum mega þakka hv. fjvn. fyrir störf hennar og fyrirgreiðslu við frv. og hv. þm. fyrir að unnt verður að ljúka afgreiðslu þessa frv. nú fyrir jólaleyfi og fjárl. sett eins og áður hefur verið.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. vitnaði í orð mín og hv. 11. þm. Reykv., Ellerts B Schram, og er það aðalástæðan fyrir því að ég sé ástæðu til að svara því nokkuð þótt hv. þm. sé reyndar ekki viðstaddur. Hann vitnaði í orð sem við hefðum viðhaft við fulltrúa námsmanna varðandi námslán til þeirra, en við höfum þar aðeins eftir það sem hæstv. fjmrh. hefur getið um hér í þinginu.

Það, sem var meginstefnan í till. fjvn. um framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna, var í fyrsta lagi að raungildi lána væri haldið, og bera till. það með sér, en alls eru ætlaðar til þessara mála samkv. till. fjvn. 780 millj. kr., en ekki 680 millj. kr. eins og hv. þm. gat um. Virðist hann því ekki hafa kynnt sér þessi mál nægilega vel áður en hann flutti þessar brtt. Auk þess var talið, að það sem næst mundi koma ef hægt væri að gera meira, væri að taka þarna inn nokkra nýja skóla, þar sem námsmenn í þeim skólum eru mjög illa staddir fjárhagslega. Þótti rétt að sinna þessu verkefni fyrst af öllum, áður en hækkun kæmi til við þá námsmenn sem þegar nytu þessara kjara, en hv. þm. virðist ekki hafa séð ástæðu til að geta þess. Þar að auki mun vera ætlunin að taka til athugunar þá kostnaðarkönnun sem gerð hefur verið á þörfum námsmanna í mörgum löndum og í þeim tilgangi að því hlutfalli, sem þar kemur fram, verði að nokkru breytt. Það hefur t. d. komið í ljós að námsmenn á Íslandi hafa verulega minni lán en námsmenn erlendis, ef marka er þessa kostnaðarkönnun sem hefur verið mjög vandvirknislega unnin. Ráðh. mun að sjálfsögðu taka þessa kostnaðarkönnun til athugunar og hefur lýst því yfir að hann muni gera það sem hægt er til þess að taka tillit til þessarar nýju kostnaðarkönnunar. Það er þess vegna alveg ljóst að það hefur verið leitast við að gera það sem hægt er í þessu máli.

Hv. þm. ræddi um það að hann gerði að till. sinni að lánsprósenta yrði hækkuð úr 83% í 88%. Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst að miðað við þá tíma sem nú eru, þá verður vart hægt að hækka þessa prósentu og námsmenn geta vart ætlast til þess að þessi prósenta verði hækkuð miðað við það ástand sem nú ríkir í þjóðfélaginu og mega vel við una að það verði tekið tillit til þeirrar kostnaðarkönnunar sem ég gat um áður.

Hv. þm. nefndi að það ætti sér stað endurskoðun laga um námslán og námsstyrki og undraðist það nokkuð að lagafrv. væri ekki komið fram. Hér er um mjög umfangsmikið mál að ræða og ég vil ekki gera það að till. minni að menn flýti sér hér um of, vegna þess að hér þarf að gera mjög vandvirknislegar og nákvæmar kannanir. Það er alveg ljóst að það lánakerfi, sem sett var fyrir allmörgum árum, hefur gengið nokkuð úr skorðum. Lánasjóðurinn rýrnar stöð-

ugt og virðist nauðsynlegt að breyta mjög því endurgreiðslukrefi sem hefur verið á undanförnum árum.

Ég vil ítreka það, að að mínum dómi hefur verið komið mjög til móts við kröfur námsmanna. Í fjárlagafrv. er reiknað með 780 millj. kr. og auk þess hefur ríkisstj. heimild til að taka 50 millj. kr. lán ef þörf krefur, þannig að þarna gætu orðið til ráðstöfunar allt að 830 millj. kr. Ég vil auk þess geta þess, að það er mjög trúlegt að miklar tekjur námsmanna á s. l. ári verði þess valdandi að fjárþörfin verði ekki eins mikil og getið er um í þeim áætlunum sem hafa verið gerðar, og það mun að sjálfsögðu lækka nokkuð fjárþörf sjóðsins ef svo reynist.

Ég ætla ekki að ræða þetta frekar, en ég vil ítreka það að þarna hefur verið komið mjög til móts við kröfur námsmanna, í fyrsta lagi að halda raungildi lánanna. Í öðru lagi að þarna verði bætt inn nýjum skólum sem eru mjög þess þurfi að fá fyrirgreiðslu, og það er miklu meiri ástæða til þess heldur en hækka lánsprósentuna og auk þess að taka nokkurt tillit til kostnaðarkönnunar þeirrar sem gerð hefur verið.

Hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa allmikið vitnað til réttlætiskenndar þm. og getið þess að þeir trúi því vart að þm. setji sig á móti þeim ágætu till. sem þeir koma fram með. Við munum, þeir þm. sem styðjum þessa ríkisstj., ekki geta stutt þær till. sem koma fram frá þeim. Ég vil t. d. nefna orð hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, þar sem hann gat þess að hann mundi vart trúa því að þm. mundu láta þá erfiðleika, sem nú stöfuðu að þjóðfélaginu, koma niður á öldruðu fólki og öryrkjum og hefur því gert till. um verulega hækkun á þeim lið. Ég vil geta þess að Þjóðhagsstofnunin hefur gert sérstaka könnun á kaupmætti elli- og örorkulífeyris að viðbættri tekjutryggingu og þar kemur fram, miðað við að kaupmáttur þessara bóta hafi verið 100 1 jan. 1972, að þá var kaupmáttur þessara bóta að meðaltali 93.5% á árinu 1973, og eins og nú er málum komið, miðað við að þessar bætur hækki um 3%, þá mun takast að halda þessum kaupmætti. Verð ég að láta í ljós þá skoðun mína, að ég tel vart vera hægt að reikna með, eins og nú er komið í þjóðfélaginu, að hægt sé að gera meira en að halda í horfinu.

Ég vil þakka hv. fjvn. að hún hefur gert að till. sinni að inn komi nýr liður: Stofnlína frá Þórshöfn til Bakkafjarðar. Hér er um mjög nauðsynlega línu að ræða og þetta svæði hefur eingöngu við að búa dísilorku. Vil ég því nota tækifærið til að þakka hv. fjvn. fyrir að hafa tekið þennan lið inn. Reiknað hafði verið með að þessi lína yrði lögð og önnur lína til Vopnafjarðar, en það er eins ástatt með það kauptún, að það hefur eingöngu dísilorku. Þar er um mjög dýra framkvæmd að ræða og vænti ég þess, að að því verði unnið að þessi lína verði lögð eins fljótt og unnt er. Á þessu svæði er notkunin 2 gwst. og olíunotkun á þessu svæði er um 700 þús. lítrar á ári. Þess vegna er mjög brýnt fyrir Rafmagnsveiturnar að koma línu á þetta svæði.

Ég hef ásamt öðrum nm. í samvn. samgm. undirritað nál. varðandi fjárveitingu til flóabáta, fólks- og vöruflutninga, en þar er um mjög verulega hækkun að ræða. Sú hækkun stafar fyrst og fremst af því að mjög mikil hækkun er á styrk til rekstrar svokallaðra flóabáta. Ég vil lýsa yfir þeirri skoðun minni að þær umsóknir, sem hafa borist frá útgerðum þessara báta, eru að mínum dómi á engan hátt fullnægjandi. En þar sem mjög skammur tími var til að afgr. þessi mál, þá styð ég þetta nál. að þessu sinni, en ég vil taka það fram, að ég tel mjög nauðsynlegt, þegar þessi mál verða afgr. á næsta þingi, að þá verði þess krafist að þessi útgerðarfyrirtæki leggi fram mun ítarlegri gögn varðandi rekstur sinn. Og ég tel ástæðu til þess að ríkissjóður fylgist með rekstri slíkra báta, láti fara fram könnun á rekstri þeirra, hlutlausa könnun. Mér finnst það vart verjandi, þegar um svo miklar fjárhæðir er að ræða, annað en að ríkissjóður fylgist nokkuð með rekstri þessara skipa, til þess að það verði metið til fullnustu hvort hér er um nauðsynlegar fjárveitingar að ræða og hvort þar er vel haldið á málum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Gagnstætt því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Halldóri Ásgrímssyni, 5. þm. Austf., sem þakkaði hv. fjvn. fyrir vel unnin störf í ýmsu, þá ætla ég nú ekki að gera það. Ég hef ekki haft mikið tækifæri til þess að gegna mínum þingmannsstörfum sem þm. Reykv. Ég hef þurft að stöðva fjvn.-menn á göngum eða sölum þinghússins til þess að koma fram erindum höfuðborgarinnar sem þm. Reykv. og átt í miklum erfiðleikum með að fá þá til að stansa nógu lengi til þess að hlusta á það sem ég hafði að segja um hagsmunamál Reykjavíkur og reykvíkinga. Þegar ég ætlaði að ræða þessi mál á flokksfundum okkar hafa þeir líka verið á hlaupum á fjvn.-fundi, og ég sé enga ástæðu til að þakka þeim fyrir að vera á flótta undan erindum borgarinnar allan tímann.

Erindi mitt hingað upp í ræðustól að þessu sinni er að ítreka og endurtaka fsp. til hæstv. fjmrh. sem ég lagði fyrir hann við 2. umr. fjárl. fyrir árið 1975 og óskaði ekki eftir að þrengja svo að honum um tíma að honum gæfist ekki tóm til að svara. Þess vegna bað ég hann um að svara mér ekki fyrr en við 3. umr. þessara fjárl. sem nú liggja fyrir.

Fyrsta fsp. mín var þessi: Verður tekið tillit til erinda borgarstjórnar Reykjavíkur frá s. l. ári um breyt. á innheimtu opinberra gjalda á þann veg að komið verði í veg fyrir að launþegar fái aðeins kvittanir frá opinberum aðilum í stað lífeyris, að ávallt verði greidd út í peningum nægileg upphæð til lífeyris milli launagreiðsludaga? Eins og nú er geta útborganir farið niður í 9 kr. í peningum og er algengt á vissum tíma árs. Það er ekki gott til þess að vita t. d. — svo að ég taki dæmi sem mér er sjálfum kunnugt úr mínu starfi sem borgarfulltrúi — að sjómannskona með mörg börn dragi kvittanir í stað lífeyris upp úr launaumslagi manns síns sem er fjarverandi. Kerfið þarf að ná sínu, en það hlýtur að vera til önnur aðferð og mannúðlegri til innheimtu opinberra gjalda. Bjóst ég jafnvel við að innheimtukerfinu yrði breytt nú og fjárstreymi til ríkissjóðs við það miðað.

Þá hafði ég gert aðra fsp. til hæstv. fjmrh. sem ég einnig óskaði eftir að fá svarað við 3. umr. fjárl., og hún hljóðaði svo: Hve há prósentutala af úthlutunarfé fjvn. kemur frá innheimtu í Reykjavík og hve miklu er varið í prósentum til Reykjavíkur eða framkvæmda í höfuðborginni af því heildarfé sem innheimt er? Má segja að þetta sé mér til fróðleiks sem ungum þm., og kannske hafa fleiri en ég hug á að vita það.

Eins og ég tók fram við 2. umr. fjárl. fyrir nokkrum dögum, er ég eins og hv. þm. þeirra Austf., Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm., sem lýsti óánægju sinni yfir því að austfirðingar hefðu ekki fulltrúa í fjvn., mjög óánægður með að ekki skuli vera einn nm. í fjvn. úr röðum þm. fyrir Reykjavík, þrátt fyrir það að í fjvn. var fjölgað um einn mann í upphafi þessa þings. Þetta torveldar mjög, eins og ég gat um áðan, erindisrekstur þm. Reykjavíkur um hagsmunamál höfuðborgarinnar. Þrátt fyrir fjölgun í n. var ekkert pláss fyrir þm. úr höfuðborginni í henni og það tel ég alls ekki sæmandi fyir Alþ., þar sem er stærsta og fjölmennasta kjördæmi landsins.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, tók það hér sem dæmi um hvað nauðsynlegt væri að fjárveitingar yrðu nú myndarlegar til hans kjördæmis — og átti það líklega að vera undantekning — að fólkið þar vinnur að undirstöðuatvinnuvegunum. Það átti að réttlæta kröfur hans um aukið fjárframlag til hans kjördæmis. En ég ætla að upplýsa þá hv. þm. sem ekki vita það að fólkið í Reykjavík vinnur líka hörðum höndum alveg eins og annars staðar á landinu og ekki síður að undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar.

Ég hafði tvær aðrar fsp. sem ég ætlaði að bera hér fram til hv. form. fjvn. Hann er nú fjarverandi, en ég ætla samt að skýra frá því, hvaða spurningar það voru, og ég ætla að svara þeim um leið.

Fyrri spurningin var: Hve miklu fé er lagt til að úthlutað verði til málefna aldraðra, til elliheimila í Reykjavík? — Því ætla ég að svara strax. Á bls. 12 í till. fjvn. um byggingu sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknismiðstöðva, elliheimila, læknisbústaða o. fl. er talið upp hverju eytt er til elliheimila og hvar. Það er ekkert til Reykjavíkur, ekki nokkur skapaður hlutur.

Þá ætlaði ég að gera fsp. til hv. form. fjvn. um hve mikið framkvæmdafé sé ætlað í B-álmu Borgarsjúkrahússins á fjárl. næsta árs. Á bls. 11 undir lið 55.a er talið upp hvað ætlað er til sjúkrahúsanna í Reykjavík, og til framkvæmda við B-álmu Borgarsjúkrahússins er ekkert fé ætlað. Hv. þm. Sverrir Bergmann bar hér fram till. um að auka þennan gjaldalið um 33 millj. — að vísu til hönnunar B-álmu Borgarsjúkrahússins. Ég ætlaði að styðja þá till. í von um að hægt væri að beina því fé inn í framkvæmdaáætlun B-álmu Borgarsjúkrahússins, en af ókunnugleika vissi hann ekki, sá hv. þm., að B-álma Borgarsjúkrahússins er þegar fullhönnuð og bíður bara eftir því að fá grænt ljós frá ríkisstj. til þess að hefja framkvæmdir.

Ég ætla að benda á að Borgarsjúkrahúsið er eina sjúkrahúsið hér sem tekur á móti öllum þeim sem skyndilega þurfa á aðstoð að halda, t. d. vegna slysa, og flestir eru þar lagðir inn. En ástandið er þannig að brotni gömul kona illa hér í Reykjavík, þá er hún ekki sett inn í sjúkradeildir sjúkrahúsanna, hún er flutt heim, vegna þess að þeir þora ekki — það er ljótt að segja frá því — þeir þora ekki að festa rúm undir gamalt fólk svo að það verður að fara heim hvort sem það er einstæðingar eða ekki. Þarna tala ég af reynslu sem borgarfulltrúi.

Ég hafði hugsað mér að gera hér till. um verulega fjárveitingu til framkvæmda við B-álmu Borgarsjúkrahússins í von um að hæstv. fjmrh. mundi styðja það vegna þess að hann er úr nálægu kjördæmi og veit hvað mikið álag er á Borgarsjúkrahúsinu og náttúrlega Landsspítalanum líka frá hans kjördæmi. En ég hef ekki gert það og mun ekki gera það. Ég mun fara að ráðum viturra manna hér í þinginu og ýmissa þeirra, sem hér hafa tekið til máls, og vona að aukinn skilningur fáist fyrir þessu mikla máli og við gerð næstu fjárl. verði myndarlegt átak gert til að koma þessu þarfa máli áfram.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, herra forseti. Ég hef sjálfur svarað tveim spurningum sem ég hefði haft gaman af að fá svör við af vörum form. fjvn., en vona að hæstv. fjmrh. komi sér ekki undan að svara hinum tveimur spurningum mínum. Það verður fróðlegt fyrir reykvíkinga alla að vita þau svör.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af fyrri spurningu hv. 12. þm. Reykv. varðandi launaumslög og það sem í þeim væri, þegar þau væru sótt af viðkomandi eftir að skattyfirvöld hafa innheimt sitt, þá vék ég að því í ræðu minni áðan að eitt af þeim verkefnum, sem ég teldi brýnust nú og tel eðlilegt að jafnvel núverandi þing taki afstöðu til, væri með hvaða hætti við gætum komið á staðgreiðslu skatta.

Það vandamál, sem við stöndum frammi fyrir nú, er að tekjuaukning á milli áranna 1973 og 1974 er talin vera 51%. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir nærri því eins mikilli tekjuaukningu á milli áranna 1974—1975. Ef sú regla gilti að 50% af álögðum sköttum ársins 1974 væru innheimt 1975, þá væru nærri því ⅔ hlutar, nærri 70% eftir þegar kæmi að síðari hluta innheimtunnar. Þess vegna hefur skattalögunum verið þannig breytt að það er á valdi fjmrh. að ákvarða það hlutfall af sköttum líðins árs sem innheimta skal á fyrri hluta þess árs sem innheimtan fer fram á. Þess vegna mun það falla í minn hlut á næstu dögum að ákvarða, hvaða hlutfall af skatttekjum ársins 1974 skuli innheimta fyrir fram á árinu 1975. Ef við héldum okkur við 50% yrði þunginn svo gífurlegur á síðari hluta ársins að vel gæti farið svo að einstaklingar, þegar þeir sæktu launaumslagið sitt, fengju ekki margar krónur í því. Þess vegna er til athugunar hvernig hægt er að komast hjá slíku sem hv. þm. hér minntist á, enda þótt ég kannist ekki við erindi borgarstjórnar til fjmrn. eftir að ég kom þangað. Það erindi mun hafa borist til fyrirrennara míns meðan hann gegndi störfum fjmrh. En það er og verður skoðað með hvaða hætti hægt er að koma fyrir staðgreiðslu skatta hjá ríki og sveitarfélögum.

Ég vonast til að þetta svar, að svo miklu leyti sem um þetta er hægt að ræða öðruvísi en fram fari umræður um skattamál og innheimtu skatta, sé fullnægjandi fyrir hv. þm.

Síðara atriðinu á ég dálítið erfiðara með að svara hv. þm. Ég hef fyrir framan mig tölur um það hversu stórt hlutfall er innheimt af skatttekjum ríkisins héðan úr Reykjavíkurborg. Hins vegar er mjög erfitt að gera sér grein fyrir hvað hefur verið greitt til hinna ýmsu framkvæmda í Reykjavík á árinu 1974. Ef miðað væri við fjárl. 1974, kæmi út algerlega óraunhæf tala því að þar er verið að tala um 29 milljarða, en mun reynast á ríkisreikningi nærri 40 milljarðar. Eftir því sem ég komst næst er mjög erfitt að gera sér grein fyrir þessu í fljótu bragði, en að sjálfsögðu hægt á lengri tíma að átta sig á því hver hlutur Reykjavíkurborgar er. — Ég skal hins vegar ekki hætta mér út á þá braut að giska á þetta, ég held að það sé enginn bættari með því, miklu fremur segja að það er erfiðleikum bundið að ná þessari tölu og ég hef ekki getað gert það fyrir þessar umr.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Ég hafði vonað að fá svolitið ákveðnari tón eða viljayfirlýsingu um að breyta þessu kerfi, en fólk er oft hrætt við breytingar, vill hafa það alveg eins og það er. En kerfið er mannlegt, það er af mannanna völdum, það er byggt upp af okkur sem eigum að heita stjórnmálamenn þannig að það er ekkert óbreytilegt. Ég vona að þegar erindi borgarstjórnar kemur í leitirnar, sem það hlýtur að gera, því að það var stílað til ríkisstj. þó að fyrrv. ríkisstj. hafi verið, þá verði það vel lesið og athugað hvort ekki er hægt að breyta þessu kerfi fólkinu í hag.

Um leið og ég endurtek þakkir mínar til hæstv. fjmrh. vil ég segja það, að ég var óráðinn um fylgi mitt við þetta fjárlfrv. eins og það liggur fyrir nú. Ég verð að segja það, að þessar skýringar, sem ég hafði þó vonað að staðfestu mig í þeirri trú að óyggjandi ætti ég að fylgja því, hafa ekki sannfært mig, þannig að ég verð að halda áfram að reyna að gera upp hug minn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 30. fundur.

Laugardaginn 21. des., kl. 10.30 árdegis.

Snjóflóð í Neskaupstað.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Áður en gengið er til dagskrár verður minnst þess atburðar, sem skeði í gær í Neskaupstað.

Sá hörmulegi atburður gerðist um kl. 2 eftir hádegi í gærdag, að snjóflóð féll yfir innsta hluta Neskaupstaðar með þeim afleiðingum, að síðast þegar fréttist höfðu 9 manns látið lífið, þar af 2 konur og 2 börn, fjögurra karlmanna er saknað og eru taldar litlar líkur á því að þeir hafi lifað af. Á sjúkrahúsi eru 5 manns. Atvinnulíf bæjarins er í rúst, þar sem snjóflóðið féll á síldarverksmiðjuna, lýsisgeyma hennar og frystihúsið. Þá eyðilagðist steypustöð, bifreiðaverkstæði og bílar ásamt íbúðarhúsum og fleiru. Ekki er vitað um, að þarna hafi fallið snjóflóð áður, en um aldamótin féll snjóflóð nokkru innan við bæinn.

Íslendingar hafa lengi háð baráttu við óblíð náttúruöfl, elda, ísa og veðurofsa. Þessi atburður í Neskaupstað, snjóflóðið, er eitt hið mesta sem komið hefur hér á landi. Íslenska þjóðin er fámenn, hvert mannslíf hjá fámennri þjóð vegur mikið. Við erum fátækari í dag en í gær. Hér á margur um sárt að binda, foreldrar, börn, eiginkonur, systkini og annað venslafólk. Öllu þessu fólki vottum við einlæga samúð og dýpstu hluttekningu. Minningin um látinn vin er huggun harmi gegn. Megi góður guð halda sinni verndarhendi yfir landi og þjóð.

Ég bið hv. þm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Starfsamt en fámennt samfélag hefur verið lostið þungu höggi. Á andartaki eru börn, konur og karlar hrifin burt í miðri önn dagsins. Þar sem áður ríkti gleði og eftirvænting í jólamánuði grúfir nú sorg yfir bæ og landi. Á stundum sem þessum verður okkur íslendingum ljóst að við erum ein fjölskylda og viljum bera hver annars byrðar.

Í morgun héldu forsrh. og dómsmrh. fund með þm. Austurl. vegna atburðanna í Neskaupstað. Í framhaldi af þeim fundi hefur ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir að ráðstafanir verði gerðar til að tjón vegna náttúruhamfaranna í Neskaupstað verði bætt. Áhersla verður lögð á að láta í té alla þá hjálp og aðstoð af opinberri hálfu sem unnt er til að atvinnulíf í Neskaupstað geti sem allra fyrst komist í eðlilegt horf. Ég veit, að þessi ákvörðun er í samræmi við hug og vilja allra þm. og alþjóðar. Ég vona, að samhugur og samúð allra landsmanna verði norðfirðingum styrkur í sorg þeirra. Megi hátíðin, sem í hönd fer, milda sorgina og græða sárin.

Lúðvík Jósepsson: Ég vil fyrir hönd okkar alþm. af Austurlandi þakka hæstv. forseta fyrir hlý og vinsamleg orð í garð fólksins í Neskaupstað sem hann hefur hér mælt. Ég vil einnig þakka hæstv. ríkisstj. fyrir skjót viðbrögð hennar og þær yfirlýsingar sem hún hefur hér tilkynnt og hæstv. forsrh. var hér að flytja. Ég vil um leið þakka öllum hv. alþm. fyrir undirtektir þeirra við það sem hér hefur verið sagt.

Ég veit að það verður gert allt sem unnt er til þess að mæta þeim vanda sem upp hefur komið í Neskaupstað, og ég efast ekkert um að það tjón, sem þarna hefur orðið, verður bætt eftir því sem hægt er að bæta tjón af því tagi sem þarna varð.

Ég endurtek svo þakkir mínar fyrir velvild og samúð allra alþm.

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga, nr. 82 1969.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Kjartan J. Jóhannsson læknir (A),
Ásgerður Ingimarsdóttir húsfrú (A),
Páll V. Daníelsson forstjóri (A),
Einar Hannesson fulltrúi (B).

Varamenn:
Árni Helgason símstjóri (A),
Arni Gunnarsson kennari (A),
Gunnar Þorláksson fulltrúi (A),
Þorvarður Örnólfsson lögfræðingur (B).

Kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmarga varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Björgvin Sigurðsson hrl. (A),
Vilhjálmur Jónsson forstjóri (A),
Gunnar J. Möller hrl. (A),
Árni Halldórsson hrl. (B),
Egill Sigurgeirsson hrl. (A).

Varamenn:
Páll S. Pálsson hrl. (A),
Björn Þ. Guðmundsson borgardómari (A),
Axel Einarsson hrl. (A),
Arnmundur S. Backman lögfræðingur (B),
Jón Eysteinsson héraðsdómari (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Páll Líndal borgarlögmaður (A),
Jón A. Ólafsson sakadómari (A),
Hjörtur Torfason hrl. (A),
Sigurður Baldursson hrl. (B),
Guðjón Styrkársson hrl. (A).

Varamenn:
Guðmundur V. Jósefsson hrl. (A),
Þorsteinn Geirsson deildarstjóri (A),
Hafsteinn Baldvinsson hrl. (A),
Jón Thor Haraldsson blaðamaður (B),
Þorfinnur Egilsson lögfræðingur (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 9. gr. laga nr. 52 15. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Kristján Torfason bæjarfógeti (A),
Páll Hallgrímsson sýslumaður (A),
Jakob Havsteen fulltrúi (A),
Hjalti Þorvarðarson rafveitustjóri (B),
Pálmi Eyjólfsson sýsluskrifari (A).

Varamenn:
Lárus Ágúst Gíslason hreppstjóri (A),
Rúnar Guðjónsson fulltrúi (A),
Sigurður Nikulásson sparisjóðsstjóri (A),
Gunnar Sigurmundsson prentsmiðjustjóri (B),
Jón Óskarsson lögfræðingur (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis eystra, fimm manna og jafnmarga varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ragnar Steinbergsson lögfræðingur (A),
Jóhann Sigurjónsson menntaskólakennari (A),
Guðmundur Þór Benediktsson fulltrúi (A),
Jóhannes Jósefsson skrifstofumaður (B),
Haukur Logason fulltrúi (A).

Varamenn:
Sigurður Briem Jónsson lögfræðingur (A),
Stefán Halldórsson hreppstjóri (A),
Jakob Ó. Pétursson fyrrv. ritstjóri (A),
Þorgerður Þórðardóttir húsmóðir (B),
Vilhjálmur Guðmundsson hreppstjóri (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjaneskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Guðjón Steingrímsson hrl. (A),
Björn Ingvarsson yfirborgardómari (A),
Tómas Tómasson sparisjóðsstjóri (A),
Þormóður Pálsson aðalbókari (B),
Jón Grétar Sigurðsson skrifstofustjóri (A).

Varamenn:
Páll Olafsson bóndi (A),
Ólafur Í. Hannesson fulltrúi (A),
Ólafur St. Sigurðsson héraðsdómari (A),
Hjörleifur Gunnarsson skrifstofumaður (B),
Bogi Hallgrímsson kennari (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Austurlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Erlendur Björnsson bæjarfógeti (A),
Hörður Hjartarson forstjóri (A),
Margeir Þórormsson símstöðvarstjóri (A),
Aðalsteinn Halldórsson verslunarmaður (B),
Friðjón Guðröðarson lögreglustjóri (A).

Varamenn:
Sveinn Guðmundsson forstjóri (A),
Magnús Einarsson fulltrúi (A),
Baldur Pálsson hreppstjóri (A),
Gísli Sigurðsson skrifstofumaður (B),
Kristján Magnússon sveitarstjóri (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðurlandskjördæmis vestra, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Elías J. Eliasson bæjarfógeti (A),
Jóhann Salberg Guðmundsson sýslum. (A),
Egill Gunnlaugsson dýralæknir (A),
Hlöðver Sigurðsson fyrrv. skólastjóri (B),
Jóhann Jóhannsson fyrrv. skólastjóri (A).

Varamenn:
Torfi Jónsson bóndi (A),
Olafur H. Kristjánsson skólastjóri (A),
Pétur Jóhannsson framkvæmdastjóri (A),
Benedikt Sigurðsson kennari (B),
Grímur Gíslason fulltrúi (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón Ólafur Þórðarson lögfræðingur (A),
Þorvarður K. Þorsteinsson bæjarfógeti (A),
Guðmundur Kristjánsson bæjarstjóri (A),
Birkir Friðbertsson bóndi (B),
Guðmundur Magnússon bóndi (A).

Varamenn:
Guðmundur Ingólfsson gjaldkeri (A),
Svavar Jóhannsson útibússtjóri (A),
Úlfar Ágústsson kaupmaður (A),
Baldur Vilhelmsson sóknarprestur (B),
Karl Loftsson oddviti (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Vesturlandskjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 9. gr. l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón Magnússon fulltrúi (A),
Bjarni Arason ráðunautur (A),
Sverrir Sverrisson skólastjóri (A),
Sigurður B. Guðbrandsson afgreiðslumaður (B),
Björgvin Bjarnason bæjarfógeti (A).

Varamenn:
Þorkell Magnússon hreppstjóri (A),
Kristinn B. Gíslason bifreiðarstjóri (A),
Jóhann Sæmundsson bóndi (A),
Arsæll Valdimarsson bifreiðarstjóri (B),
Jakob Jónsson oddviti (A).

Kosning sjö manna nefndar til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar til að skipta fjárveitingu í fjárlögum til listamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 29 1967, um listamannalaun.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Hjörtur Kristmundsson skólastjóri (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (A),
Magnús Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Sverrir Hólmarsson menntaskólakennari (B),
Jón R. Hjálmarsson skólastjóri (A),
Ólafur B. Thors framkvæmdastjóri (A),
Helgi Sæmundsson ritstjóri (C).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri (A),
Kristján Benediktsson kennari (A),
Matthías Johannessen ritstjóri (A),
Björn Th. Björnsson listfræðingur (B),
Jón Sigurðsson skrifstofustjóri (A).

Varamenn:
Halldór Blöndal kennari (A),
Aslaug Brynjólfsdóttir yfirkennari (A),
Eiríkur H. Finnbogason cand. mag. (A),
Árni Bergmann blaðamaður (B),
Þorsteinn Ólafsson yfirkennari (A).

Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra alþingismanna til vara í rannsóknaráð, til fyrsta þings eftir næstu alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ellert B. Schram alþm. (A),
Ingvar Gíslason alþm. (A),
Lárus Jónsson alþm. (A),
Magnús Kjartansson alþm. (B),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (A),
Steinþór Gestsson alþm. (A),
Jón Árm. Héðinsson alþm. (C).

Varamenn:
Pálmi Jónsson alþm. (A),
Stefán Valgeirsson alþm. (A),
Oddur Ólafsson alþm. (A),
Helgi F. Seljan alþm. (B),
Jón Helgason alþm. (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Sighvatur Björgvinsson alþm. (C).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Pétur Sigurðsson alþm. (A),
Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðun.stjóri (A),
Axel Jónsson alþm. (A),
Eðvarð Sigurðsson alþm. (B).

Varamenn:
Gunnar J. Friðriksson forstjóri (A),
Daði Ólafsson húsgagnabólstrari (A),
Halldór Blöndal kennari (A),
Benedikt Davíðsson húsasmiður (B).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 93 24. des. 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Matthías Bjarnason, Ingvar Gíslason, Sverrir Hermannsson, Steingrímur Hermannsson og Ingólfur Jónsson. Á B-lista voru Ragnar Arnalds og Halldór S. Magnússon. Á C-lista var Benedikt Gröndal. — A-listi hlaut 39 atkv., B-listi hlaut 13 atkv., en C-listi hlaut 7 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Matthías Bjarnason ráðherra,
Ingvar Gíslason alþm.,
Sverrir Hermannsson alþm.,
Ragnar Arnalds alþm.,
Steingrímur Hermannsson alþm.,
Ingólfur Jónsson alþm.,
Benedikt Gröndal alþm.

Varamenn:
Jón G. Sólnes alþm. (A),
Þórarinn Sigurjónsson alþm. (A),
Olafur G. Einarsson alþm. (A),
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri (B),
Guttormur Óskarsson gjaldkeri (A),
Jón Árnason alþm. (A),
Jón Árm. Héðinsson alþm. (C).

Kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn vísindasjóðs til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Guðlaugur Þorvaldsson háskólarektor (A),
Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri (A),
Magnús Magnússon prófessor (A),
Þorsteinn Vilhjálmsson lektor (B).

Varamenn:
Júlíus Sólnes prófessor (A),
Guðmundur Guðmundsson framkv.stjóri (A),
Jónas Eliasson prófessor (A),
Guðrún Hallgrímsdóttir matvælafræðingur (B).

Kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 47 20. apríl 1971, um almannatryggingar.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ragnhildur Helgadóttir forseti Nd. (A),
Ingi Tryggvason alþm. (A),
Gunnar J. Möller hrl. (A),
Geir Gunnarsson alþm. (B),
Þóra Þorleifsdóttir húsmóðir (A).

Varamenn:
Guðmundur H. Garðarsson alþm. (A),
Ingvar Björnsson bæjarlögmaður (A),
Kjartan J. Jóhannsson læknir (A),
Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur (B),
Theódór A. Jónsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1974 að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram kom einn listi með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Pétur Sigurðsson alþm.,
Halldór Kristjánsson bóndi,
Haraldur Pétursson fyrrv. safnahúsvörður.

Kosning landnámsstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1975 til 31. des. 1978, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 24. gr. l. nr. 45 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Pálmi Jónsson alþm. (A),
Jónas Jónsson ritstjóri (A),
Jónas Pétursson fyrrv. alþm. (A),
Stefán Sigfússon búfræðikandidat (B),
Páll Lýðsson oddviti (A).

Varamenn:
Steinþór Gestsson alþm. (A),
Gunnar Oddsson bóndi (A),
Gunnar Gíslason sóknarprestur (A),
Guðmundur Þorsteinsson bóndi (B),
Jónas Jónsson bóndi (A).

Kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, frá þinglokum til loka næsta þings eftir nýafstaðnar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því voru kjörnir án atkvgr.:

Steinþór Gestsson alþm. (A),
Ólafur Jóhannesson ráðherra (A),
Gils Guðmundsson alþm. (B).

Kosning stjórnar fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1975 til 31. des. 1977, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 89 1957.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Sverrir Júlíusson forstjóri (A),
Jón Skaftason alþm. (A),
Már Elísson fiskimálastjóri (A),
Karl Sigurbergsson skipstjóri (B),
Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur (A).

Varamenn:
Sigurður Egilsson framkvæmdastjóri (A),
Jón Sigurðsson skipstjóri (A),
Guðmundur H. Garðarsson alþm. (A),
Konráð Gíslason kompásasmiður (B),
Bogi Þórðarson deildarstjóri (A).

Fjárlög 1975, frv. (þskj. 176, n. 221, 206, 219, 228, 229, 234, 235, 236, 237, 240, 241, 242, 243, 244). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 228,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 229 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 228,2 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 206,1 kom ekki til atkv.
— 206,2—8 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 228,3 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 206,9 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 228,5 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 206,10 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 237,I felld með 36:17 atkv.
— 241,I tekin aftur.
— 206,11 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 228,4 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 206,12 samþ. með 55 shlj. atkv.
— 241,II felld með 29:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EyS, HÁ, HFS, RS, SkA, KP, LJós, MK, MÓ, PS, RA, SighB, SigurlB, StJ, SvJ, SvH, TÁ, BGr, EggÞ, GilsG.

nei: GF, HES, IT, IngJ, IG, GHB, JónÁ, JHelg, JGS, LárJ, MB, MÁM, ÓlJ, PP, PJ, RH, StG, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, EBS, EKJ, FÞ, GH, GHG, GTh, ÁB.

JÁH, OÓ, ÓE, StH, EðS, SvB, GeirG greiddu ekki atkv.

4 þm. (SV, AJ, GS, GuðlG) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er lífsreynsla út af fyrir sig að þurfa að gera grein fyrir því, hvers vegna ég segi já við eigin till. En að því er nú komið. Þessi litla till. er samin í samráði við hv. formann fjvn., sem hefur sagt nei. Hún er ekki um auknar fjárveitingar, heldur tilfærslu á framkvæmd við einn og sama skóla. Það er ekki um aukna fjárveitingu að tefla, og í þessu sambandi lýsti hæstv. fjmrh. yfir að þessi fjárveiting til undirbúnings byggingar væri ekki skuldbindandi um framkvæmd.

Brtt. 234,I felld með 36:16 atkv.
— 237,II felld með 36:16 atkv.
— 206,13 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 237,III felld með 36:13 atkv.
— 244,III (varatill.) felld með 40:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, GeirG, GilsG, HFS, RS, SkA, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS.

nei: SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GHG, GTh, GF, EyS, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, GHB, JónÁ, JHelg, JÁH, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, RH, SigurlB, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, AB.

5 þm. (GS, GuðlG, KP, SV, AJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Það hefur verið tekið fram í umr. um þetta fjárlagafrv., að við ákvörðun fjárveitingar til Lánasjóðsins og við úthlutun námslána yrði tekið tillit til hækkana og aukins kostnaðar á árinu, þannig að lánin haldi raungildi sínu. Því er jafnframt lýst yfir, að tekið verði tillit til nýs kostnaðarmats, eins og aðstæður leyfa og eins og fjárveitingin reyndar ber með sér. Því er þessi till. sýndarmennska ein og óþörf og ég segi nei.

Jón Árnason: Með því að þessi till. felur í sér minna fjármagn til ráðstöfunar handa lánsmönnum en er í till. fjvn. segi ég nei.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Að sjálfsögðu er það alrangt, að þessi till. feli í sér lækkun á framlagi til Lánasjóðs ísl. námsmanna, enda skerðir þessi till. ekki þá lánsheimild sem annars staðar er fólgin í till. fjvn. En eins og ég benti á í umr. í gær, þá vil ég ítreka það hér að fjármagn verður því aðeins fyrir hendi og unnt að taka tillit til nýs kostnaðarmats að þessi till. verði samþ., þannig að aukið fjármagn fáist til Lánasjóðs. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 242,I samþ. án atkvgr.
— 228,6 kom ekki til atkv.
— 206,4—15 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 234,II felld með 35:16 atkv.
— 228,7 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 206,16 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 234,III felld með 35:13 atkv.
— 206,17—18 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 240 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 206,19 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 234,IV felld með 34:13 atkv.
— 206,20 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 243,I felld með 43:3 atkv.
— 237,IV felld með 36:15 atkv.
— 206,21 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 228,8 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 206,22—23 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 228,9 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 206,24 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 228,10—13 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 237,V felld með 35:13 atkv.
— 228,14 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 206,25 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 228,15 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 206,26 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 228,16 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 206,27 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 236,I.1 felld með 38:10 atkv.
— 228.17—19 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 241,III.1 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 206,28 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 228,20—24 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 206,29—30 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 234,V.1 felld með 35:16 atkv.
— 228,25 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 206,31—33 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 206,34 samþ. með 33:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, SigurlB, StH, StG, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, GHB, JónÁ, JHelg, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, ÁB.

nei: RA, StJ, SvJ, EðS, GeirG, GilsG, HFS, JÁH, JGS, SkA, LJós, MK, MÓ.

PS, SighB, Br, EggÞ, EyS greiddu ekki atkv.

9 þm. (RH, SV, SvH, AJ, GS, GuðlG, RS, KP, PP) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Jafnvel þó að þessi liður kynni að vera nauðsynlegur, þá kom þetta fram á síðustu stundu og hér er enn eitt dæmi um það, þegar hlustað er á erindi án eðlilegrar greinargerðar, sem nemur þó milljónum króna. Þetta hefur átt sér stað í fjvn. oftar en einu sinni. Ég er þeirrar skoðunar, að lágmarksvirðing við okkur í n. sé að öllum meiri háttar erindum fylgi sómasamleg grg., og því segi ég nei.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég hef þann metnað fyrir kaupsýslustétt þessarar þjóðar, að ég kann ekki við að hún sé að leita um opinber framlög til ríkissjóðs, eins og nú er háttað fjármálum íslenska ríkisins. Ég trúi því ekki að þeir geti ekki einhvern veginn aurað saman til þess að standa straum af þessari starfsemi, ef hún er lífsnauðsynleg, og því segi ég nei.

Brtt. 234,V.2—5 felld með 35:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GilsG, EyS, HFS, JÁH, SkA, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, AG, BGr, EðS, EggÞ.

nei: GH, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, GHB, JónÁ, JHelg, RS, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, ÁB.

8 þm. (GuðlG, KP, PP, RH, SigurlB, SV, AJ, GS) fjarstaddir.

Brtt. 228,26 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 234,V.6 felld með 32:16 atkv.
— 206,35 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 241,III.2 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 234,V.7 tekin aftur.
— 228,27—28 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 236,I.2 felld með 40:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EyS, HFS, JÁH, SkA, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, EggÞ, GeirG, GilsG.

nei: GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, GHB, JónÁ, JHelg, RS, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, ÁB.

4 þm. (KP, SV, AJ, GS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Með vísan til þess að fordæmi er fyrir því, að leiðréttingar hafa verið gerðar á greiðslu uppbóta á tekjutryggingu til aldraðs fólks og öryrkja utan fjárlaga, greiði ég atkv. gegn þessari till., í trausti þess að hæstv. ríkisstj. taki þessi mál til rækilegrar athugunar og geri viðeigandi ráðstafanir, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja viðunandi afkomu þess fólks sem hér um ræðir. Ég segi því nei.

Brtt. 206,36 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 236,II.1 felld með 33:13 atkv.
— 236,II.2 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 242,II felld með 36:10 atkv.
— 219,I kom ekki til atkv.
— **236,II.3 tekin aftur.**
— **236,II.4 felld með 35:15 atkv.**
— **236,III felld með 35:14 atkv.**
— **228,29 samþ. með 54 shlj. atkv.**
— 234,VI felld með 38:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, SkA, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, StH, SvJ, BGr, EðS, EggÞ, GeirG, GilsG, EyS, HFS.

nei: IG, GHB, JónÁ, JHelg, RS, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, RH, SigurlB, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, ÁB.

PS greiddi ekki atkv.

4 þm. (KP, SV, AJ, GS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér er um stórt og mikið nauðsynjamál að ræða. Því eru ætlaðar 2.5 millj. á fjárl. samkv. till. fjvn. Það er farið fram á 1 millj. kr. aukningu. Mér hefur verið gefið það í skyn af ábyrgum mönnum, að þessi liður þurfi frekari athugunar við, og ég er með sérstakt flugfélag hér í huga, eitt af einum fjórum, sem á að annast þessa þjónustu í einum þremur landshlutum, Flugfélagið Ernir á Ísafirði fór fram á 1800 þús. í þessu skyni og sér fram á stöðvun síns rekstrar ef ekki verður orðið við umsókn þeirra flugmanna sem reka þetta flugfélag. Eftir því sem mér var gefið í skyn af ábyrgum mönnum, að þessi mál yrðu tekin til frekari athugunar, þá segi ég hér nei.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eitt af þeim flugfélögum, sem styrkja á með þessari fjárveitingu, er flugfélagið Ernir, eins og hefur komið fram. Það félag varð fyrir miklum skakkaföllum á s. l. sumri, og enn lesum við í blöðunum í morgun að orðið hefur mikill bruni á Ísafirði og það hefur enn orðið fyrir skakkaföllum. Með tilliti til þess sýnist mér að umrædd upphæð, 2.5 millj. kr., sem gert er ráð fyrir, sé ónóg og því segi ég já.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Með tilliti til þeirra óvenjulegu áfalla, sem flugfélagið Ernir hefur orðið fyrir á þessu ári, eftir að ný flugvél félagsins eyðilagðist á s. l. sumri á Bíldudal og nú í nótt hafa eyðilagst eða stórskemmst í eldi þær vélar sem félagið átti eftir, og þar sem starfsemi félagsins er orðin snar þáttur í samgöngumálum á milli héraða á Vestfjörðum auk þess að gegna mikilvægu hlutverki í öryggismálum fjórðungsins, þá tel ég málið stærra en svo að það verði leyst innan þess ramma, sem styrkir til sjúkraflugs marka, og í trausti þess að stjórnvöld taki þetta mál sérstaklega fyrir, þá mun ég standa við þá afgreiðslu, sem ég átti hlut að í fjvn., og segi nei.

Brtt. 234,VII tekin aftur.
— 241,IV felld með 34:16 atkv.
— 206,37 samþ. með 34:16 atkv.
— 228,30—31 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 206,38 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 228,32 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 219,II samþ. með 52 shlj. atkv.
— 234,VIII,1 felld með 35:14 atkv.
— 236,IV felld með 34:14 atkv.
— 236,V felld með 39:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, SkA, LJós, MK, MÓ, RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, EggÞ, GeirG, GilsG, EyS.

nei: RS, JGS, LárJ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, PJ, PS, RH, SigurlB, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, GHB, JónÁ, JHelg, ÁB.

6 þm. (KP, PP, SV, AJ, GS, HFS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Gíslason: Hafnarbætur á Húsavík eru að vísu ákaflega mikilvægar, og er nú unnið að þeim allvel og hefur verið gert að undanförnu. Ráðgert er að ljúka mikilvægum áfanga nú í sumar. Ég hygg að það sé nokkuð víst, að það verði hafist handa á árinu 1976 við mikilvægan áfanga einnig. Með tilliti til þeirrar vissu minnar, vil ég segja, þá segi ég nei.

Brtt. 228,33—36 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 206,39—40 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 236,VI felld með 32:16 atkv.
— 206,41—44 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 234,IX felld með 35:12 atkv.
— 228,37 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 242,III.1 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 228,38 tekin aftur.
— 234,X samþ. með 50 shlj. atkv.
— 206,45 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 242,III.2 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 228,39 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 241,V.1 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 228,40 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 228,41 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 206,46—49 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 228,42 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 234,XI felld með 31:11 atkv.
— 235 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 236,VII.1 (varatill.) felld með 35:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SighB, StJ, SvJ, BGr, EðS, EggÞ, GeirG, GilsG, EyS, JÁH, LJós, MK, MÓ, OÓ, PS.

nei: RH, SigurlB, StH, StG, SvH, TÁ, VH, ÞK, ÞS, ÞÞ, AG, EBS, EKJ, FÞ, GH, GuðlG, GHG, GTh, GF, HÅ, IT, IngJ, IG, GHB, JónÅ, JHelg, RS, JGS, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PJ, ÁB.

9 þm. (SV, AJ, SvB, GS, HES, HFS, SkA, KP, PP) fjarstaddir.

Brtt. 237,VI samþ. með 43 shlj. atkv.
— 243,I.2 felld með 31:14 atkv.
— 243,II samþ. með 47 shlj. atkv.
— 206,50 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 241,V.2 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 228,43 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 236,VII.2 felld með 29:15 atkv.
— 228,44 samþ. með 50 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 246).

Þingfrestun.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þetta er síðasti fundur Alþingis fyrir jólahlé. Ég leyfi mér að færa hæstv. ráðh. og hv. alþm. þakkir fyrir gott samstarf og umburðarlyndi í minn garð. Einnig þakka ég varaforsetum, skrifurum, skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis vel unnin störf og aðstoð alla. Ég óska hv. þm., fjölskyldum þeirra og starfsliði Alþingis gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Utanbæjarþm. óska ég góðrar heimferðar og heimkomu. Það er von mín, að við megum öll hittast heil, þegar Alþ. hefst að nýju í lok janúar á næsta ári.

Ragnar Arnalds: Fyrir hönd okkar alþm. vil ég þakka hæstv. forseta Sþ. góðar óskir okkur til handa. Ég þakka honum ánægjulegt samstarf og ágæta fundarstjórn það sem af er þessu þingi. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls nýárs, um leið og ég vil leyfa mér að vonum að við megum öll hittast heil til starfa að loknu jólaleyfi. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir góðar óskir í minn garð og hv. alþm. fyrir undirtektir þeirra.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég að tilskyldu samþykki Alþingis veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 96. löggjafarþings, frá 20. des. 1974 eða síðar ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 27. jan. 1975.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1974.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþ. lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 96. löggjafarþings, er frestað frá 21. des., og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 27. jan. 1975.

Leyfi ég mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum góðrar jólahelgi og farsæls nýárs.

Sameinað þing, 31. fundur.

Mánudaginn 27. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hinn 13. jan. 1975 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf um að Alþ. skuli koma saman til framhaldsfunda:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt till. forsrh. að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 27. jan. 1975 kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 13. jan. 1975.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímson."

Samkvæmt þessu hefjast nú fundir Alþ. að nýju.

Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta Sþ., hv. alþm. og starfsfólki Alþ. gleðilegs árs og þakka þeim samstarf á liðnu ári, um leið og ég býð ykkur velkomin til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hæstv. forsrh. góðar óskir í garð okkar alþm. og starfsfólks Alþingis. Jafnframt óska ég hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. gleðilegs nýárs og þakka þeim fyrir samstarfið á árinu sem var að líða.

Samkvæmt bréfi því, sem hæstv. forsrh. las, er þingfundur settur.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 27. jan. 1975.

Formaður þingflokks framsóknarmanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Stefán Valgeirsson liggur nú á Landsspítalanum eftir að hafa nýverið gengist undir uppskurð. Af þeim sökum mun hann ekki geta sinnt þingstörfum á næstunni. Því leyfi ég mér að fara þess á leit að 3. varamaður Framsfl. í Norðurl. e., Heimir Hannesson héraðsdómslögmaður, taki sæti Stefáns á Alþ. á meðan á veikindum hans stendur.

Hvorki 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. e. né 2. varamaður flokksins í kjördæminu geta af persónulegum ástæðum komið til þings. Fylgja hér með yfirlýsingar þeirra þar um."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Magnús T. Ólafsson, forseti Nd.

Til forseta Sþ."

Þá er hér símskeyti:

„Kópaskeri 26. jan.

Kristján Benediktsson, Eikjuvogi 4, Reykjavík.

Undirritaður lýsir því hér með yfir að hann geti ekki tekið sæti á Alþ. í forföllum Stefáns Valgeirssonar alþm.

Kristján Ármannsson, Kópaskeri.
1. varam. Framsfl. í Norðurl. e."

Enn fremur liggur fyrir bréf frá 2. varamanni Framsfl. í Norðurl. e.:

„Formaður þingflokks Framsfl., Þórarinn Þórarinsson alþm. Reykjavík.

Af persónulegum ástæðum get ég ekki tekið sæti á Alþ. í stað Stefáns Valgeirssonar og óska því eftir að næsti varamaður á lista Framsfl. í Norðurl. e. verði kvaddur til þings.

Reykjavík, 26. 1. 1975.
Hilmar Daníelsson."

Kjörbréf Heimis Hannessonar liggur hér fyrir og þarf að rannsaka það.

Þá hefur mér borist annað bréf.

„Reykjavík, 24. jan. 1975.

Jónas Árnason, 5. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna annarra starfa mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138 gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess að vegna forfalla 1. varamanns Alþb. í Vesturlandskjördæmi taki 2. varamaður, Bjarnfríður Leósdóttir húsfrú, sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir, forseti Nd.
Til forseta Sþ."

Símskeyti hefur borist frá Hellissandi:

„Sökum anna get ég ekki tekið sæti Jónasar Árnasonar á þingi og óska eftir að Bjarnfríður Leósdóttir taki sæti Jónasar Árnasonar í minn stað.

Skúli Alexandersson."

Kjörbréf Bjarnfríðar Leósdóttur hefur ekki komið enn þá né heldur yfirlýsing frá formanni kjörstjórnar. Verður því að fresta rannsókn á því kjörbréfi og er óvíst að sú rannsókn geti farið fram á þessum þingfundi. En ég óska eftir því að kjörbréfanefnd taki til athugunar kjörbréf Heimis Hannessonar hdl. og verður þingfundi frestað í 10 mínútur á meðan sú rannsókn fer fram. — Fundi er frestað. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Heimis Hannessonar hdl., Reykjavík, sem 3. varaþm. Framsfl. í Norðurl. e. Kjörbréfanefnd hefur ekki séð neina vankanta á kjörbréfi þm. og leggur

samhljóða til að það verði samþ. og kosning hans tekin gild.

ATKVGR.

Tillaga kjörbréfanefndar samþ. með 43 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Heimir Hannesson hefur áður átt sæti á Alþ. og undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa.

Alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti, þáltill. (þskj. 109, n. 250). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv.

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Till. þessi fjallar um það að heimila ríkisstj. að fullgilda fyrir Íslands hönd samninginn um Alþjóðastofnun fjarskipta um gervihnetti, INTELSAT, sem undirritað var fyrir Íslands hönd í Washington hinn 14. febr. 1972.

Stofnun sú, sem hér um ræðir, er eins konar alþjóðlegt hlutafélag sem um 90 ríki taka þátt í. Það var snemma á síðasta áratug sem myndaðist vísir að alþjóðlegri samvinnu um gervihnattasímaleiðir og 1964 náðist bráðabirgðasamkomulag 19 ríkja og símastjórna þeirra um það hvernig þessu samstarfi skyldi háttað. Þetta þróaðist svo áfram smátt og smátt og fleiri ríki bættust í hópinn, og svo kom að formlega var gengið frá samningi um stofnun þessara samtaka, INTELSAT, 20. ágúst 1971 með sáttmála sem er í tveimur meginþáttum.

Íslenska ríkisstj. lét undirrita þennan sáttmála í Washington hinn 14. febr. 1972 en með fyrirvara um staðfestingu. Nú er svo komið að við verðum að ganga frá lögfestingu ef við ætlum að vera áfram aðili að þessum samtökum. Þessi samtök reka í dag gervihnattakerfi sem spennir um allan heim, og af þremur ástæðum er talið mikilvægt fyrir okkur að taka þátt í þessu samstarfi.

Í fyrsta lagi er um það að ræða, að nauðsynlegt er innan mjög skamms tíma að fjölga símarásum til og frá Íslandi vegna þess að þau sambönd, sem við höfum nú í þeim efnum, eru að verða fullnýtt. Athuganir hafa leitt í ljós að ódýrasta leiðin til að fjölga símarásum milli Íslands og útlanda er um gervihnetti.

Í öðru lagi er þetta svo eina leiðin til að við náum fljótt erlendum sjónvarpsmyndum, t. d. fréttamyndum.

Í þriðja lagi mun þetta tryggja okkur mikilvæga samvinnu við Norðurlönd. Við höfum þegar haft samvinnu við Norðurlöndin um þessi efni. Þessi samvinna er m. a. þýðingarmikil af þeirri ástæðu að í framkvæmdaráði stofnunarinnar geta ekki átt sæti aðrir en þeir, sem eiga visst lágmarkshlutafé, ellegar þá að fimm ríki taki höndum saman og myndi eins konar svæðasamband og fái þannig eitt atkv. í ráðinu. Þannig hefur það verið að undanförnu, að Norðurlöndin fimm hafa staðið saman, því að Ísland hefur verið aðili að stofnuninni skv. bráðabirgðasamkomulaginu. Þetta mundi haldast áfram ef við yrðum fullgildur aðili.

Til þess að við getum nýtt okkur þetta gervihnattakerfi þarf að reisa hér sérstaka jarðstöð. Hefur farið fram athugun á því hvað hún mundi kosta, og er kostnaðarverðið talið eitthvað um 413 millj. kr. eða 3,5 millj. dollara. Þess má geta að Norðurlandaþjóðirnar hafa boðist til að veita okkur mikilsverða aðstoð í þessu sambandi, t. d. í sambandi við útboðslýsingar og um val á útboðum, um þjálfun starfsmanna við væntanlega stöð o. s. frv.

Utanrmn. hefur athugað þetta mál á tveimur fundum og mælir einróma með því að till. verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 253).

Umræður utan dagskrár.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár í tilefni af því að frá því hefur verið skýrt í fréttamiðlum nú að undanförnu að ríkisstj. hafi heimilað íslenskum útgerðarmönnum að taka á leigu norskt síldarbræðsluskip sem geti tekið við loðnu af loðnuveiðiflotanum á þessari vertíð.

Þar sem ég tel alveg ótvírætt að ríkisstj. hafi ekki heimild til að veita slíkt leyfi lögum skv. spyrst ég fyrir um það, hvort ekki sé ætlunin að leggja fram frv. um þetta efni og leita eftir lagalegri staðfestingu á því vilyrði, sem eflaust hefur verið veitt af ríkisstj. til þessara aðila til að taka skipið á leigu.

Ég tel að gildandi lög um þetta efni séu alveg skýr, enda hefur tvívegis komið fyrir í minni ráðherratíð að úrskurður hefur verið felldur um þessi atriði, nákvæmlega hliðstæð, af þeim lögfræðingum sem rn. hefur fyrst og fremst leitað til. Ég tel líka að hér sé um svo mikilsvert atriði að ræða, að það verði að fást alveg skýrt fram á Alþ. hvort komin er upp ný lagatúlkun þess efnis að ráðherra eða ríkisstj. geti veitt erlendum aðilum eða erlendum skipum leyfi til fiskveiða eða til fiskverkunar, en um það fjalla lögin jöfnum höndum, í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Það hefur aldrei verið dregið í efa hér á Alþ. að það þyrfti lög í þessum tilfellum öllum. En nú hefur sem sagt verið skýrt frá þessu á þá lund, að helst er að sjá að það sé komin upp ný lagaskýring og ríkisstj. telji sig hafa heimild til að veita þessa undanþágu, en það tel ég að ekki sé.

Það var ekki ætlun mín að ræða hér sérstaklega um þá ráðstöfun að taka þetta skip á leigu. Um það sýnist eflaust sitt hvað hverjum fyrir sig. Ég fyrir mitt leyti tel að hafi ekki verið aðstæður nú til þess að veita leyfi af þessu tagi. Það er augljóst mál að mun minni floti kemur til með að stunda loðnuveiðar á þessari vertíð en á síðustu vertíð, og allt bendir til þess

að veiðarnar verði einnig stundaðar miklu skemmri tíma vegna verðlagsmála. En aðalatriðið frá mínu sjónarmiði er þetta, að það er ekki heimilt skv. lögum að veita undanþágu eins og þessa. Þarf því að leita eftir lagalegri staðfestingu. Ef öðru er haldið fram, þá er nauðsynlegt að fá það fram hér á Alþ. að sú túlkun sé nú orðin gildandi að ríkisstj. geti veitt heimild af þessu tagi því að það hefur ekki verið litið svo á hingað til.

Ég vildi í tilefni af þessu spyrja hæstv. sjútrh. um það, hvort hann hafi ekki í huga að leggja frv. um þetta mál fyrir Alþ. eða hvort hann telji sig hafa heimild til að veita þessa undanþágu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austf. gat þess um það bil sem ég var að ganga inn í fundarsalinn kl. 2, að hann hefði í hyggju að gera þá fyrirspurn sem hann nú hefur komið með. Hann ætlaði ekki að ræða efnislega þetta mál, en lýsti þó yfir hver skoðun sín væri, svo að ég kemst ekki hjá því að láta þá einnig í ljós mína skoðun og rekja þá eins stutt og hægt er gang þessa máls, en það á ekki langan aðdraganda.

Fyrirtækið Hafsíld og Ísbjörninn hf. sendu sjútvrn. erindi um að fá leyfi til þess að leigja norska verksmiðjuskipið Norglobal og var talað um að leigutími yrði 45 dagar og í leigutímanum væri talin sigling frá Noregi til Íslands og til baka.

Ég kynnti mér eftir föngum þetta mál að lagði það fyrir ríkisstj., sem féllst á till. mína að mega svara þessu erindi á þann veg að rn. fyrir sitt leyti samþ. að ofangreint verksmiðjuskip verði tekið á leigu og starfrækt hér við land á þessari loðnuvertíð, með þeim skilyrðum að Landssamband ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands væru ekki andvíg þessum ráðstöfunum. Landssamband ísl. útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands lýstu bæði yfir stuðningi og meðmælum með að þetta leyfi yrði veitt, en Sjómannasamband Íslands tók ekki afstöðu til málsins. Mun það hafa byggst á því sem fram undan er í sambandi við fyrirhuguð verkföll, að það vildi ekki láta álit frá sér fara. Hins vegar er mér kunnugt um, að sjómenn almennt á loðnuveiðiskipum eru eindregið fylgjandi því að þetta skip verði tekið á leigu.

Leiga þessi er algerlega á ábyrgð leigutaka, Hafsíldar hf. og Ísbjarnarins hf., og felur samþykki þetta ekki í sér neinar skuldbindingar fyrir ríkissjóð í því sambandi. Leigutakar afli sér nauðsynlegra leyfa í sambandi við gjaldeyrisyfirfærslur. Leigutakar kaupi hráefnið af íslenskum loðnuveiðiskipum á sama verði og loðnuverksmiðjur í landi skv. ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins og greiði öll gjöld af framleiðslunni, svo sem útflutningsgjöld, eins og um verksmiðju í landi væri að ræða. Leyfishafar hlíti lögum og reglum um löndun á loðnu til bræðslu eins og um verksmiðjur í landi væri að ræða. Enn fremur var það skilyrði sett af ríkisstj., að ég kannaði hvort væri leyfilegt að veita slíkt leyfi lögum samkvæmt. Ég fól lögfræðingi í sjútvrn. að gera athugun á því, jafnframt bað ég hann að leita til þekkts lögfræðings utan rn. til þess að fá umsögn hans einnig. Að fenginni þeirri umsögn tel ég að ekki þurfi sérstaka lagaheimild og byggi það á því áliti.

Í fyrsta lagi er ástandið í bræðslumálum almennt. Tvær verksmiðjur verða ekki starfræktar á þessari loðnuvertíð, verksmiðja Hafsíldar á Seyðisfirði sem afkastar um 400 tonnum á sólarhring og verksmiðjan í Neskaupstað sem afkastar um 700 tonnum á sólarhring, eða samtals 1100 tonnum. Afkastageta Norglobal er um 1500 tonn en hámarksafkastageta þessa verksmiðjuskips er um 2500 tonn.

Lög, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði í áðan, nr. 33 frá 1922, eru fyrst og fremst um fiskveiðar, sbr. heiti þeirra laga: Lög um rétt til fiskveiða í landhelgi, en í 1. gr., sem hljóðar svo, segir: „Fiskveiðar í landhelgi við Ísland mega íslenskir ríkisborgarar einir reka og má aðeins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna.“ Á þeim tíma, sem þessi lög voru sett voru til þrjár síldarverksmiðjur í landinu. Þessar verksmiðjur máttu nota erlend skip til að fiska fyrir verksmiðjurnar til eigin nota með leyfi ráðh. þrátt fyrir bannið í 2. málsgr. 3. gr. laganna, sem bannar erlendum skipum að verka veiði í landhelgi eða flytja veiði sína á land til þess þar að verka hana. Um þessa heimild ráðh. til að veita slík leyfi eru ákvæði 9. gr. l. og þar er vissulega heimilað að ganga mun lengra en gert er með samþykkt á leigu bræðsluskipsins Norglobal. Skipið á alls ekki að veiða eða taka við afla íslenskra skipa og bræða hann undir umsjón leigutaka sem eru alíslensk fyrirtæki. Það sem gerist er einungis það, að íslenskur aðili notar erlend tæki til að bræða loðnuna, og má segja að það sé ekki mikill munur á því og ef hann fengi erlendis til leigu eða alveg í skuld bræðsluvélar og setti þær upp í landi. Loðna um borð í skipinu verður alveg unnin á kostnað hinna íslensku aðila sem munu kaupa hana, eins og ég sagði áðan, á hinu ákveðna verði skv. ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins, greiða af henni öll útflutningsgjöld, gjöld til olíusjóðs og loðnuflutningasjóðs á nákvæmlega sama hátt og bræðsla í landi gerir. Um gjöld af skipinu, skatta vegna þess og starfsmanna fer eftir íslenskum lögum og samningum milli Noregs og Íslands til þess að forðast tvísköttun. Í íslenskum lögum er hvergi bannað að leyfa íslenskum aðilum að leigja erlend skip til þessara nota, og verður það að teljast fullheimilt.

Ef við lesum aths. við frv. að l. nr. 33 frá 1922 sést greinilega að banna á erlendum fiskiskipum að veiða innan landhelgi án sérstaks leyfis og tryggja að erlendir aðilar komist ekki hjá því að greiða þau opinberu gjöld sem íslensk vinnslustöð í landi yrði að greiða. Hér er ekki verið að hleypa erlendum veiðiskipum inn í landhelgina né heldur að veita erlendum aðilum réttindi sem brjóta í bág við l. nr. 33 frá 1922 eða önnur lög. Þess vegna telja þeir lögfræðingar, sem ég hef leitað til, að ekki þurfi samþykki Alþingis fyrir umræddri leyfisveitingu sjútvrh.

Hins vegar vil ég í þessu sambandi minna á að erlendum veiðiskipum var heldur betur hleypt inn í landhelgina með samningum þeim sem gerðir voru við Belgíu 7. sept. 1972, við Noreg

10. júlí 1973 og landsstjórn Færeyja 16. ágúst 1972, 19. sept. 1972 og 23. mars 1973. Samþykkis Alþingis við öllum þessum samningum var ekki leitað fyrr en löngu síðar, en þeir voru allir staðfestir á Alþingi með þáltill. 12. nóv. 1973. En þessi lög eru fyrst og fremst um bann við veiðum í íslenskri landhelgi. Þetta var þá gert og ekki talin nein ástæða til athugasemda af Alþ. fyrr en þál. var flutt löngu síðar og samþ.

Í sambandi við þau mótmæli, sem fram hafa komið, heyrði ég í sjónvarpinu lesið eitt símskeyti til mín í gærkvöldi sem ég hafði ekki fengið í hendur. Það verður að teljast afar góð þjónusta hjá íslenska sjónvarpinu að lesa símskeyti til manns um 14 klst. áður en viðtakandi fær sjálfur skeytið í hendur, og er rétt að vekja athygli á því hvað sjónvarpið er miklu fljótara á ferðinni en ritsíminn. Ég fékk þetta skeyti kl. 9.50 í morgun, sem ég heyrði í sjónvarpinu kl. liðlega 8 í gærkvöldi, og er það frá Siglufirði eða bæjarráði Siglufjarðar, þar sem það mótmælir:

„Þar sem verksmiðjukostur til loðnubræðslu er nægur fyrir í landinu, þá mótmælir bæjarráð Siglufjarðar harðlega að veitt hafi verið leyfi til útlends verksmiðjuskips til loðnubræðslu. Jafnframt bendir bæjarráð á, að hér er um stórkostlega atvinnuskerðingu að ræða í þeim byggðum landsins, þar sem loðnubræðslur eru staðsettar, og lýsir bæjarráð furðu sinni á þessari einstæðu leyfisveitingu. Bæjarráð skorar á sjútvrn. að afturkalla leyfið nú þegar.“

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan sendi mér bréf í dag og var skýrt frá þessu bréfi í hádegisútvarpinu, en ég fékk bréfið stundu áður en það kom í útvarpinu. Það er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Formanni Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan hafa borist tilmæli frá skipstjórum og áhöfnum loðnuveiðiskipa, þar sem beðið er um að koma á framfæri við sjútvrh. fullum stuðningi þeirra við að norska bræðsluskipið Norglobal verði tekið til starfa hér við land á loðnuvertíðinni.

Teljum vér hiklaust, að sá afli, sem það tekur til bræðslu, verði að mestu umframafli við það sem annars fengist, sérstaklega þegar það er haft í huga að tvær afkastamiklar verksmiðjur á Austurlandi verða ekki í notkun á þessari vertíð af ástæðum sem öllum eru kunnar.

Þá viljum vér mótmæla harðlega þeim kröfum að veiðiskipum sé ætlað að sigla með aflann til fjarlægra landshluta í atvinnubótaskyni, þar sem það mundi rýra gífurlega aflagetu þeirra á þeim stutta tíma sem loðnuverð er ákveðið. Hið stórlækkaða hráefnisverð þolir ekki slíka rýrnun fyrir skip og áhafnir. Á það skal bent, að sjómenn verða nú að taka á sig stórfellda lækkun hráefnisverðs, sem stafar m. a. af hækkun launa og annars kostnaðar í landi, á sama tíma og aðrar stéttir fá sín laun verulega hækkuð í krónutölu. Teljum vér að ekki sé á það bætandi með þeim hættum og frátöfum, sem flutningum hráefnis til fjarlægra hafna er samfara.

Virðingarfyllst,
f.h. Skipstjóra og stýrimannafélagsins Aldan,
Páll Guðmundsson, formaður.“

Enn fremur hef ég heyrt frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands í morgun og Landssambandi ísl. útvegsmanna, þar sem þau lýsa eindregið yfir stuðningi við að þetta verksmiðjuskip komi hingað og telja að það hafi mikla þýðingu fyrir afkomu útgerðar og þeirra sjómanna, sem loðnuveiðar stunda. Við skulum líka hafa það í huga, að þegar loðnuverð var ákveðið nú fyrir skömmu var um stórfellda lækkun á loðnuverði að ræða, sem er mikil kjararýrnun bæði fyrir sjómenn og útvegsmenn. Sú ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins að greiða fyrir hvert kg 2.80 kr., en auk þess greiða kaupendur 15 aura á hvert kg til 8. febr. í flutningasjóð, en aðeins 10 aura eftir þann tíma, — þetta skiptir vitaskuld miklu máli. Þegar verksmiðjur, sem voru starfræktar í fyrra, hafa hætt starfrækslu vegna sérstæðra óhappa, er það enn meiri kjararýrnun ef loðnuskipin eiga að fara að sigla til fjarlægra staða, miðað við þær aðstæður sem nú eru og það verðlag sem nú er á loðnunni. Hins vegar ef um litla veiði verður að ræða fara einkum stærri skipin til þessara staða. Ég minni líka á það, að fyrir jólin samþ. Alþ. heimild fyrir eitt skip, sem gerður var mikill úlfaþytur út af og er undir dönskum fána, að það mætti landa loðnu á svæðinu frá Patreksfirði til Seyðisfjarðar, einmitt fyrir þessar verksmiðjur. En þá mótmæltu bæði sjómenn og útvegsmenn því, svo að það verður fátt gert í okkar landi sem er ekki mótmælt sitt á hvað. En þegar við lítum á þessi mál frá heildarsjónarmiði, þjóðhagslegu þjónarmiði, held ég að það sé ekkert áhorfsmál að útgerð og skipverjar á loðnuskipum bera nú ólíkt minna úr býtum heldur en áður og því hefði ég talið og tel að það sé ekki nema sjálfsagt að verða við þessum tilmælum þegar þeir einstaklingar, sem um þetta biðja, fara fram á það án þess að fá nokkra fyrirgreiðslu ríkisins.

Ég hygg að ég hafi skýrt þetta mál eins og hægt er, þó að um það megi auðvitað fara fleiri orðum.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hér er raunar hreyft allmiklu máli. Á tveimur síðustu vertíðum var ástandið slíkt að skip lágu með mikinn afla og fengu ekki löndun. Það gekk svo langt á s. l. vertíð að henda varð þúsundum tonna í sjóinn aftur. Þó að sölutregða sé nokkur á mjöli í dag, gengur vel að selja lýsi. Og það nær ekki nokkurri átt þegar við eigum kost á því að veiða þennan fisk, sem er mjög tímabundið á Íslandi, að við nýtum ekki alla þá möguleika sem gefa okkur sem mesta veiði. Það hlýtur að vera eðlilegt að við veiðum eins mikið á Íslandi og hægt er. Annars hefur skapast eitthvert ástand í þjóðfélaginu sem er nauðsynlegt að athuga gaumgæfilega.

Ég vakti máls á þessu hér fyrir tæplega ári utan dagskrár, að ástandið í löndunarmálum okkar væri svo slæmt að það hefði átt sér stað að skip yrðu að henda miklum afla í sjóinn. Ég hef einnig tvívegis flutt um það þáltill., sem hefur ekki fengið hér hljómgrunn, að reist yrði verksmiðja í Grindavík til að mæta þeirri auknu afkastagetu flotans að bjarga afla á land. Hafa fáir þm. tekið undir þessa hugmynd, en sér-

staklega vil ég þakka Oddi Ólafssyni, sem hefur stutt það bæði með fundarhöldum með mér og með ræðu í þingsölum að þessi verksmiðja kæmist upp. Til þess að láta ekki sitja við orðin tóm leitaði ég víða eftir hugmyndum um verð á slíkri verksmiðju sem bræddi um 1000 tonn. Var hægt að fá verksmiðju í fyrra afgreidda strax og hefði verið tilbúin í dag fyrir 350 millj. kr. á þeirra tíma gengisskráningu.

Það var athyglisvert í ræðu frummælanda hér, að hann talaði um að tvívegis hefði komið til tals, eftir því sem ég skildi hann, eða felldur úrskurður um efnisleg atriði um leigu á skipi. Ef ég man rétt leitaði hann hófanna við nokkra þm. á sínum tíma, a. m. k. gerði hann það við mig persónulega og ég tel fleiri, hvort rétt væri að taka á leigu erlent skip vegna mikils afla sem þá var á loðnu og tækifæri bauðst þá að bræða með stuttum fyrirvara um borð í skipi. Ég var heldur á móti því að gera það og taldi heppilegra að við ráðstöfuðum ákveðinni auratölu af kg í meiri flutninga, en flutningasjóðurinn svonefndi var allmikið tortryggður af ýmsum aðilum, þegar hann komst á fót, þó að það sé löngu liðinn tími nú.

Hins vegar hafa þau atvik átt sér stað nú að tvær verksmiðjur hafa eyðilagt af náttúruhamförum, og þess vegna er viðhorf nokkuð annað, þó að lögin nr. 33 frá 1922 fjalli auðvitað ekki um það hvað margar verksmiðjur í sjálfu sér eigi að vera í landinu, heldur er það grundvallaratriði sem þau fjalla um. Ég er efnislega sammála frummælanda, þar sem þessi lög hafa í langan tíma verið skýrð mjög þröngt af ráðh. úr öllum flokkum, um það að þegar undantekning frá þessum lögum er gerð, þá skuli um það fjallað á hv. Alþ. Ég er persónulega á þeirri skoðun, að Alþ. viti um það og lýsi a. m. k. yfir vilja sínum í því efni ef út af er brugðið þeim anda sem lögin boða. Og þó að ekki sé beinlínis tekið fram um leigu, þá þótti rétt að Alþ. lýsti vilja sínum hvort við tækjum hér skip á leigu undir dönsku flaggi þótt einn eigendanna væri íslenskur og með íslenskri áhöfn. Ég studdi það, vegna þess að ég taldi það til bóta fyrir þjóðarbúið, og efnislega styð ég þessa leigu vegna þess að ég tel þetta til bóta fyrir þjóðarbúið. Við fáum ekki tækifæri til að veiða loðnu nema í mjög stuttan tíma og okkur veitir sannarlega ekki af að draga björg í bú. Þess er mikil þörf og oft hefur verið minni þörf en í dag fyrir slík uppgrip.

Hæstv. sjútvrh. greindi hér vel frá þessu máli og þarf ég ekki að hafa orðalengingar um það. Ég harma hvatvíslegar ályktanir frá Siglufirði. Hið ágæta bæjarráð þar hefði aðeins átt að hugleiða, með hvaða hætti loðnan veiðist á Íslandi og hversu langt er að sigla með hana þangað, og einnig það, eins og öllum þingheimi má vera ljóst og allri þjóðinni hefur verið ljóst, að þegar ríkir hvöss norðanátt og norðaustanátt, þá sigla skip ekki norður fyrir Langanes vegna hættu, bæði ísingarhættu og annarrar áhættu. En þegar við lítum á skýrslu loðnuveiðinefndar kemur mjög rækilega í ljós að megnið af loðnunni aflast vestan við Hornafjörð og sáralítið austan við. Það er því óhemju tímasóun sem fer í að flytja loðnuna á veiðiskipunum sjálfum norður fyrir. Og þegar tvær mikilvægar verksmiðjur detta út, eins og Neskaupstaður hefur verið sérstaklega mikilvægur þáttur undanfarin ár, þá er komið upp sérstakt og alvarlegt ástand. Þess vegna eru full rök fyrir því að leita hófanna að bjarga með skjótum hætti úr þessu erfiða ástandi.

Efnislega er ég samþykkur því að skipið sé tekið á leigu, en ég tel rökrétt vegna laganna frá 1922, eins og hér hefur verið rætt um, að um málið sé fjallað á Alþ., allir þættir þess liggi ljóst fyrir og það sé staðfest hvers vegna út í þetta er farið. Að vísu hefur það átt sér stað nú með yfirlýsingu eða greinargerð ráðh., en engu að síður tel ég rökrétt að viljayfirlýsing Alþ. lægi fyrir í þessu efni. Sjálfsagt geta hálærðir lögfræðingar og prófessorar um það deilt, hvort við þurfum á einn eða annan veg að fjalla um málið. En ég tel það eðlilegt og rökrétt, vegna þess að það mun vera rétt frá skýrt að allan tímann hefur bókstafur þessara laga verið skýrður mjög þröngt af öllum ráðh., og hafa þeir verið úr öllum stjórnmálaflokkum sem hér hafa átt hlut að máli. En ég lýsi stuðningi við að taka skipið á leigu og tel að það muni bjarga miklum verðmætum í land og verða til eflingar þjóðarbúinu og sérstaklega þeim sem fást við að afla loðnunnar núna, og sannarlega þurfum við á því að halda. Ráðstöfun á þessu skipi mun falla undir þau lög sem við höfum um loðnunefnd. Þess vegna er þetta undir góðri stjórn og ég held að það hljóti að vera hægt að skipuleggja flutninga víða um landið eins og verið hefur þrátt fyrir tilkomu þessa skips. Svo blessunarlega stendur á að fiskifræðingar hafa margsinnis lýst yfir að von sé á miklum afla af loðnu, en þar mun um ráða veður og vindar hvernig til takist. Það er því aðeins spurning um að geta bjargað góðum afla á land og undirbúa það sem best, og við megum ekki vera hikandi við að tryggja það að bátarnir komi með sem mestan afla að landi. Það nær ekki nokkurri átt að þurfa að lifa það ár eftir ár, að bátar liggi í höfn drekkhlaðnir og jafnvel verði að henda aflanum frá borði.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti: Ég sé á því svari sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið hér við fsp. minni, að hann vill túlka gildandi lög um þetta efni á annan veg en hingað til hefur verið gert. Það var ljóst á svari hans, að hann vill slá því föstu að það sé heimild að finna í lögum til þess að ríkisstj. geti veitt erlendum skipum leyfi a. m. k. til þess að stunda fiskverkun í íslenskri fiskveiðilandhelgi. En ég benti á að hingað til hefur öðru verið haldið fram, og ég minnist þess að í báðum þau skipti sem ég var ráðh. felldu ráðuneytisstjórar þeir, sem þá höfðu með sjútvrn. að gera, úrskurði um þetta efni og þeir voru á þá lund sem ég greindi hér frá áður, að þetta væri ekki heimilt skv. lögum. Þegar síðan ólögfróðir menn lesa lögin sýnist mér a. m. k. fyrir mitt leyti að þau svari þessu allskýrt og greinilega.

Hæstv. ráðh. minntist á l. nr. 33 frá 1922, sem sérstaklega fjalla um þetta og mest hefur verið vitnað í, og hann reyndi að byggja álit sitt á því að lögin væru fyrst og fremst um fiskveiðar, ekki fiskverkun, enda hétu lögin: „lög um rétt

til fiskveiða í landhelgi". En hæstv. ráðh. hefði mátt lesa lengra í l. til þess að sjá um hvað l. fjalla. Í 3. gr., en svo langt komst hæstv. ráðh. ekki að lesa upp úr l., segir orðrétt á þessa leið, þar sem áður er búið að tilgreina að veiðar erlendra skipa séu ekki heimilar í fiskveiðilandhelginni — í þessari 3. gr. segir enn fremur orðrétt: „Það er bannað erlendum skipum að verka veiði í landhelgi eða á höfnum inni." Enda eru mörg dæmi um það, að erlend skip hafi beinlínis hlotið landhelgissekt fyrir að hafa brotið þetta ákvæði. En í þessum l. er um að ræða tvær undanþágur sem varða heimild til þess að víkja frá þessum l., frá meginákvæðum l., og er rétt að lesa þessi undanþáguákvæði bæði í heilu lagi, en hið fyrra er á þessa leið orðrétt:

„Sjútvrh. er heimilt þrátt fyrir bann þessarar gr. að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskipum í íslenskum höfnum. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, eftir því sem hagkvæmt þykir. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi."

Þessi heimild hefur ævinlega verið túlkuð þannig og framkvæmd þannig, að það sé heimilt að veita íslenskum verkunarstöðvum leyfi til að kaupa afla af erlendum skipum. Þetta byggist m. a. á því að þegar afli er gerður upptækur eða þegar eitthvert sérstakt óhapp kemur fyrir erlent skip og það þarf að leita hafnar, þá er ráðh. samkv. þessu veitt heimild til að leyfa íslenskum aðila að taka þennan fisk og kaupa hann, en þá verður að taka það fram, að þetta veitir ekki á neinn hátt hinu erlenda skipi leyfi til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

Þetta var önnur heimildin. En hin heimildin, sem er að finna í 9. gr., er orðrétt á þessa leið:

„Atvinnumálaráðherra getur veitt leyfi til þess að eigendur síldarolíu- eða síldarmjölsverksmiðju eða slíkra verksmiðja megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eigin nota, þrátt fyrir bannið í 2. mgr. 3. gr. Í leyfinu, sem veita má fyrir 2 ár í senn, ber að taka fram að það veiti ekki erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi, og enn fremur skal það tekið fram, að leyfið falli burt ef skilyrði þess séu eigi haldin í öllum greinum."

Þetta eru einu heimildirnar til fráviks sem er að finna í lögunum, og í báðum þessum heimildum er skýrt tekið fram að það verði þrátt fyrir þessi frávik að undirstrika það skýrt að hvorki sé heimilt að veita erlendu skipi veiðileyfi né verkunaraðstöðu í landhelgi. Þetta er skýrt tekið fram. Af þessum ástæðum hafa ráðuneytisstjórarnir í sjútvrn. þegar þeir hafa verið spurðir þegar þessi atvik hafa komið upp, — því að þau hafa oft komið upp, það hafa margar beiðnir legið fyrir um að vikið yrði frá þessu, — þá hafa þeir fellt sinn úrskurð á þá lund, sem ég veit að hv. alþm. kannast við. Það hefur alltaf verið gengið út frá því hér á Alþ. að það væri ekki á valdi ráðh. eða ríkisstj. að víkja frá þessum meginatriðum.

En nú er ljóst að hæstv. sjútvrh. hefur fengið nýja lagatúlkun, og ég tel að hún sé mjög alvarlegs eðlis ef á að halda sér við hana, því að það mun margt á eftir fylgja. Þessi mál eru ekki svo einföld sem mér heyrðist að hv. ræðumaður, sem talaði næst á undan mér, vildi vera láta, sem sagt að við gætum tekið þannig á þessum málum að segja einfaldlega: Við þurfum á þessu að halda, við þurfum á allri vinnu að halda og á öllum afla að halda, við skulum bara veita leyfi. — Við skulum gæta vel að því, að það togast á í þessum efnum tvenns konar og mismunandi hagsmunir hjá þeim sem sjávarútveg stunda. Það hafa komið fram margar beiðnir fiskverkunarstöðva í landinu um að fá heimild til þess að taka fisk af erlendum skipum til vinnslu þegar þessar verkunarstöðvar hafa ekki haft verkefni. Og þegar það lá einnig fyrir að það var hægt að selja hinn verkaða afla, þá voru það verkunarstöðvarnar sem vildu fá fisk af erlendum skipum. En þá komu venjulega sjómennirnir og útgerðarmennirnir og mæltu harðlega á móti þessu, því að með þessu væri verið á óbeinan hátt, að auka samkeppnina við þá á miðunum við landið eða þeim miðum sem þeir gætu auðveldlega stundað. Af þessum ástæðum hafa menn einnig farið varlega í þetta og yfirleitt neitað slíkum beiðnum.

Á hinn bóginn eru auðvitað hagsmunir bæði hjá sjómönnum og í sumum tilfellum útgerðarmönnum að hafa sem allra mest af erlendum vinnslustöðvum, ekki bara eitt skip, heldur ótalmörg skip, svo að þeir þurfi svo að segja ekki að fara til lands. Auðvitað er hægt að greiða þannig fyrir þeim. En við höfum litið þannig á þessi mál að við ætlum okkur, íslendingar sem ein heild, bæði þeir sem verða að vinna á sjónum og hinir sem vinna í landi, að nýta þessar auðlindir fyrir okkur sameiginlega og hleypa hér ekki öðrum að, hvorki gegnum leigumála né eftir öðrum leiðum. Það hefur legið lengi á mikill þrýstingur frá ýmsum erlendum aðilum að komast inn á okkar svæði með sínar verkunarstöðvar eða veiðiskip, og m. a. var hér beiðni fyrir ári frá innlendum aðilum um að þeir vildu taka á leigu afkastamikið erlent skip sem átti að taka að sér að frysta loðnu fyrir Japansmarkað. Þá var talið að þar væri ótakmarkaður markaður og mjög hátt verð í boði. Þessir aðilar sóttu fast á um að fá að taka þetta skip á leigu og stunda þessa framleiðslu hér. Það var auðvelt að reikna út að þetta hefði getað bætt við okkar heildartekjur. En auðvitað snerust jöfnum höndum frystihúsin í landinu gegn þessu og margir aðrir. Og yfirleitt voru þeir, sem um þessi mál hafa hugsað, hræddir við að opna þennan möguleika. Í þessu tilfelli var felldur úrskurður um að ef þetta leyfi ætti að veita, þá yrði það að gerast með lögum frá Alþingi.

Ég vil vænta þess að hæstv. sjútvrh. taki þetta mál að nýju til athugunar, þá hlið málsins sem snýr að því að leggja fram frv. og fá málið afgr. hér á eðlilegan og löglegan hátt, þannig að við höldum okkur áfram við þær lagaskýringar sem við höfum haldið okkur við til þessa. Það er mál út af fyrir sig ef meiri hl. Alþ. vill samþ. slík lög í þessu tilfelli. Úr því geri ég fyrir mitt leyti ekki mikið. Ég er því andvígur

samt fyrir mitt leyti, eins og ég gat hér um, og mun þá, þegar að því kemur, gera nánari grein fyrir því og sé ekki ástæðu til að fara að ræða það hér í löngu máli. Ég tel fyrir mitt leyti að það hafi ekki gerst svo mikið í sambandi við vinnsluaðstöðu okkar og veiðar að það sé ástæða til að fara að opna fyrir þennan möguleika, auk þess sem ég hef ekki mikla trú á rekstri þessa skips. Það stafar m. a. af því, að það fór í minni tíð fram rækileg athugun á vinnslumöguleikum þessa skips við íslenskar aðstæður. Og það var einmitt það sem hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, var að minnast á, að þegar Vestmannaeyjagosið kom upp kom fram tilboð um leigu á þessu sama skipi og þá var athugað vegna þeirra aðstæðna, sem þá komu upp, hvort talið væri rétt að taka þetta skip á leigu og opna þannig fyrir meiri möguleika. Niðurstaðan af þessari athugun varð sú að það þótti ekki rétt. Ég var einnig á þeirri skoðun, að það væri ekki rétt að taka skipið á leigu, og voru þó ólíkt meiri og stærri ástæður þá til þess að taka skipið á leigu við þær aðstæður sem þá voru í okkar markaðsmálum með mjöl og lýsi og rekstraraðstöðu alla. Þá var hins vegar horfið að því ráði að gera sérstakt átak í því að koma loðnunni til vinnslu á fjarlægari stöðum.

Því fer vitanlega víðs fjarri, að ég fyrir mitt leyti sé á þeirri skoðun að það eigi að segja við okkar veiðiskip að sigla með aflann norður fyrir land alveg tillitslaust. Ég álít að það sé ekki hægt að gera það nema í miklu sjálfsvali útgerða og skipstjórnarmanna. Það er heldur engin frágangssök að gera það við vissar aðstæður. En miðað við allar kringumstæður nú, þá sýnist mér miklu meiri líkur á því að flotinn, sem stundar veiðarnar, verði svo miklu minni en hann var árið á undan og hætti svo miklu fyrr að þetta geti komið til með að bitna á fleiri verksmiðjum en þeim sem eru á Norðurlandi, ef þetta skip reyndist duga á þann hátt sem þeir gera sér vonir um, sem eru að taka skipið á leigu, en dugi það lítið og verði mislukkað, þá auðvitað breytir það litlu um það atriði.

Ég skal, eins og ég sagði áðan, ekki fara út í langar umr. um hvaða ástæður liggja til þess að ég tel ekki rétt að víkja frá þessu þýðingarmikla meginatriði varðandi landhelgislöggjöf okkar, það sé ekki svo knýjandi tilefni. En ef það er mjög knýjandi, þá kemur vitanlega til greina að samþ. ný lög um frávik frá gildandi lögum. En hitt er mér miklu stærra mál, að fá það skýrt fram og skýrt úr því skorið hvort hér á að taka upp nýjar lagaskýringar í þessum efnum, þannig að það sé hér eftir talið á valdi ráðh. og ríkisstj. að heimila erlendum skipum aðstöðu í íslenskri fiskveiðilandhelgi til þess að stunda þar fiskverkun. Ég tel að það sé alveg tvímælalaust að það sé ekki heimilt og styðst þar jöfnum höndum við úrskurð þekktra lögfræðinga, sem um málið hafa fjallað og áttu að hafa betri aðstöðu til þess en nokkrir aðrir vegna starfa sinna, og eins miðað við þann skilning sem ég get dregið út úr þeim lögum sem fyrir hendi liggja. Og það er þetta atriði sem er miklu stærra en þeir hagsmunaárekstrar sem upp koma hér hjá ýmsum aðilum. Það hefur lítið fengið á mig að lesa upp meðmæli einhverra og annarra einhverra annarra í þessum efnum. Þetta mál er miklu stærra en svo að slíkt eigi að ráða þar úrslitum. Ef við hefðum átt að fara eftir slíkum kröfum á undanförnum árum, þá hefðum við jöfnum höndum verið að veita útlendingum leyfi til veiða og vinnslu. En það hefur ekki verið gert og ég vona að þó að þetta hafi verið ákveðið á þennan hátt, að mínum dómi af misskilningi, þá verði það leiðrétt og haldið við þá skýringu á lögunum sem hefur verið viðurkennd til þessa.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að halda hér áfram meiri lögskýringum í sambandi við þetta mál við hv. þm. Ég sagði aðeins frá því hér að þetta mál hefur haft ákaflega litinn aðdraganda og annaðhvort var að verða við því eða neita því, því að þetta mál er búið að vera innan nokkurra daga. Ég veit auðvitað ekki um það alveg til fulls hvort samningar nást. Það var búið að gera að vísu rammasamning. Næstu dagar skera úr um hvort það verður eða ekki. Hitt er svo annað mál, að ég vitnaði áðan í þær upplýsingar sem ég hef frá lögfræðingum, en ég vitnaði líka í hvað hefur gerst í þessum efnum og ég nefndi áðan samningana við Belgíu frá 7. sept. 1972. Var leyfilegt að gera þann samning og hleypa belgískum togurum inn í íslenska landhelgi án þess að leggja það fyrir Alþ. fyrr en í marsmánuði 1973? Sömuleiðis spyr ég hv. fyrrv. sjútvrh.: Var leyfilegt að semja við Noreg á þennan hátt 10. júlí 1973 og við landsstjórn Færeyja 16. ágúst 1972, 19. sept. 1972 og 23. mars 1973? Allir þessir samningar eru gerðir án þess að flytja um þá frv. hér á hv. Alþ. Það var enginn stjórnmálaflokkur sem mælti neitt gegn þessu, alls ekki. Ég er ekki að segja það vegna þess. En þá er lögð fram till. til þál. um staðfestingu á þessum samningum öllum, við Belgíu, Noreg og landsstjórn Færeyja, um heimildir til veiða innan fiskveiðilögsögu, og þessi þáltill. er svo afgr. 12. nóv. 1973. Nú spyr ég: Er meiri ástæða til að leggja fram frv. um að leyfa skipi að taka fyrir íslenska aðila við loðnu af loðnuveiðiskipum í röskan mánuð, er það meira atriði að leggja fram sérstakt frv. en að heimila veiðar innan 50 mílna þremur þjóðum? Mér finnst skipta allmiklu máli hvað hefur gerst á undan í þessum efnum. En það eru kannske smámunir að leyfa nokkrum tugum togara að stunda veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu á annað ár, þeim sem lengst höfðu þessi leyfi, þangað til Alþ. staðfestir það. Ég er alls ekki á þessu stigi málsins að segja að ég muni leggjast gegn því að það verði borin fram þáltill. á líkan hátt til staðfestingar Alþ. á þessu. Það verður að athuga betur. Ég bað um þessa athugun, að hún færi fram á sem skemmstum tíma, og þetta er það sem kom út úr þessari athugun, og ég byggði mitt álit á því.

Mig langar svo líka að spyrja hv. þm.: Hvers vegna var hann að láta kanna möguleikana á því að leigja þetta skip fyrir 2 árum, eftir atburðina í Vestmannaeyjum, ef hann var þá eins og hann er nú þeirrar skoðunar að það eigi hvorki að leyfa veiðar né vinnslu erlendra skipa innan

íslenskrar fiskveiðilögsögu? Ég veit ekki annað en að hann hafi staðið að því að senda sérstaka fulltrúa til að skoða þetta skip. En þá lá ekki beint fyrir hvern ætti að taka ábyrgðina, hver ætti að gera skipið út. Þá var það helst að ríkissjóður yrði að gera það. Og það varð ofan á að hann og ríkisstj. vildu ekki fara út í það að ríkið tæki ábyrgð á rekstri slíks skips. Það er skoðun sem hver og einn getur alveg fullkomlega samþ., ef menn meta að það hafi verið mikil áhætta.

Þegar hv. þm. segir að það hafi verið ólík rekstraraðstaða þá og nú er ég honum alls ekki sammála. Hvenær hefur rekstraraðstaðan verið verri en núna hjá útgerðinni og sömuleiðis hjá sjómönnum loðnuskipanna? Ekki í mörg ár. Það veit þessi hv. þm. mætavel. Og eftir því sem löndunarbið verður fyrr á Austfjörðum eða þarf að sigla hingað suður og ekki hægt að komast norður fyrir Langanes, þá auðvitað dregur úr veiðunum — veiðum loðnuskipanna á þessari vertíð. Hitt er alveg rétt, að loðnuvertíðin í ár verður mun skemmri en áður. Þess vegna er meiri ástæða til þess að nýta sérstaklega vel þann stutta tíma sem vertíðin kemur til með að standa. Ég hef ekki trú á því, miðað við það verð sem er á loðnu eftir að fitumagnið er farið úr loðnunni, að þá verði veiðar mikið stundaðar eftir 8. mars. Ég hef ekki trú á því, vegna þess að loðnuverðið byggist núna fyrst og fremst á lýsisverðinu, en ekki á mjölverðinu af því að það er svo lágt.

Það er þetta sem við verðum að hafa í huga, að á sama tíma og þessi stétt, bæði útgerðarmennirnir og sjómennirnir sem þessar veiðar stunda, verður fyrir því áfalli að það verður stórkostlegt verðfall á þessum afurðum, þá er meiri ástæða til þess að nota hvert tækifæri til þess að nýta sem best þessi skip og fylla í það skarð sem óvænt kom bæði í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Þess vegna held ég að sé rétt stefna að vinna að þessu máli, og ég tel það mikið áræði sem þessir aðilar sýna með því að vilja taka þetta skip á leigu. Auðvitað verðum við að vona að þeim heppnist það, því að það verður einnig til mikils láns fyrir alla þá sem þessar veiðar stunda nú á þessari loðnuvertíð.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð að standa hér upp aftur og gera smáathugasemd við orð hv. 2. þm. Austf. Hann virðist ekki hafa tekið eftir byrjun ræðu minnar, en þar einmitt drap ég á það að hér væri hreyft mikilvægu máli. Það má kannske kalla það einfalt mál eins og hann orðaði það, en málið er mikilvægt vegna þess, eins og ég tók, held ég, mjög skýrt fram í ræðu minni, að lögin frá 1922 hafa alltaf verið túlkuð þröngt bæði af honum sem hæstv. ráðh. og þegar ég var í þjónustu hans hér áður fyrr, þá gerði hann það, og einnig benti ég á að aðrir ráðh. úr öðrum flokkum hefðu jafnan túlkað lögin þröngt. Þess vegna er þetta mikilvægt mál, eins og hann drap á, ef breyting hefur hér átt sér stað.

En það má kannske kalla það einfalt mál varðandi framkvæmd og mat á aðstæðum, en það er allt annar skilningur, og ég vona að enginn þm. hafi lagt þann skilning í orð mín. Hann gaf mér þann skilning, að ég segði: Jú, það er mikil nauðsyn á að fá þetta skip — og þar fram eftir götunum. Um þetta hafa menn skiptar skoðanir eins og ályktanir þeirra bera með sér. Hæstv. sjútvrh. hefur einmitt undirstrikað að það er lýsið í dag sem gefur loðnuveiðunum mest gildi, og er það gagnstætt því sem verið hefur undanfarin 3 ár. Þess vegna liggur málið ljósara fyrir, að það þurfa að fást um það skjót svör hvort taka á skipið á leigu, strax eða ekki. En ég vil að þeir leigusamningar séu lagðir fyrir Alþ. Afdráttarlaust er það mín persónulega skoðun, byggð á margra ára reynslu og túlkun á þessum lögum. Ég vil þá fá viljayfirlýsingu Alþ. um það hvort við eigum að taka slíkt skref. Og þó að hv. þm. segi, að ekki hafi gerst svo mikið fyrir aðstöðu til vinnslu og veiða, eins og ég held að ég hafi skrifað orðrétt eftir honum, þá tel ég einmitt að mikið hafi gerst, því miður, til þess að þyngja alla aðstöðu. Og það veit hann manna best innan þessara veggja, að Neskaupstaður hefur gegnt alveg sérstöku hlutverki framan af loðnuvertíð. Nú geta menn ekki tekið loðnu og haft hana utan tanka, vegna þess að það er lýsið sem gefur loðnunni svo mikið gildi að það hefur enginn efni á því að láta óeðlilega rýrnun eiga sér stað og hirða mjölið. Slík vinnsla er alveg út í hött og kemur ekki til greina. Þess vegna eru móttökuskilyrði nú raunverulega enn rýrari en ella af því að tankvæðing er það þröng hjá verksmiðjunum. Eitthvað af skipum, jafnvel kannske 20—30 skip, mun ekki fara á loðnuveiðar. En hvaða skip eru það sem ekki fara á loðnuveiðar? Það eru litlu skipin. Ég sagði á sínum tíma og þótti ansi hart sagt: Þessi skip áttu aldrei á loðnu að fara, aldrei, sem eru innan við 150 tonn og minna. Þau áttu að halda sér við bolfiskveiði heldur en að efna til útgerðar sem kostaði margar millj. á hvert skip og hafa aldrei aflað fyrir framlögðum brúttókostnaði, hvað þá haft einhvern árangur sem erfiði. Það er því eilítið jákvætt til í þessu enn þá, og þau munu þess vegna fiska miklu meiri bolfisk fyrir bragðið. En það má ekki hafa stjórn á nokkrum hlutum á Íslandi, heldur á allt að sigla og reka á reiðanum stjórnlaust, þrátt fyrir Framkvæmdastofnun og ýmiss konar átök sem þar eiga sér stað.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að því miður hafa óviðráðanleg atvik komið fyrir sem geta leitt til þess að rök séu fyrir því að taka svona skip á leigu, og þá tel ég eðlilegt að fyrirhugaður leigusamningur sé lagður fyrir Alþ. og Alþ. lýsi yfir vilja í því efni, hliðstætt og gert var um veiðiheimildir. Ég veit að hæstv. fyrrv. sjútvrh. var það mætavel ljóst og utanrrh. einnig, að þó að þeir semdu við þessar þjóðir um veiðiréttindi, þá datt þeim ekki í hug — ég er viss um það — annað en að fá staðfestingu hjá Alþ. á gjörðum sínum í þessu efni. Ég veit að þeir báðir hljóta að hafa hugsað þannig. Og ég tel einnig að það eigi að gerast í þessu tilviki, þó að ég efnislega telji rök fyrir þessari framkvæmd eins og ástatt er, og þar finnst mér vera eini ágreiningurinn við 2. þm. Austf. Mér finnst vera sá eini ágreiningur milli okkar, að mér finnst vera efnisleg rök fyrir því að sjá hvort ekki eru tök á því að hafa þetta skip

í notkun nú vegna þeirra atburða sem átt hafa sér stað og þrengt alla möttöku og vinnslu á loðnunni. Til viðbótar er verðmæti hennar mest núna í nærri tvo mánuði og líkur eru fyrir því að engin loðna verði veidd eftir miðjan mars. Fari svo, þá sýna veiðiskýrslur að við missum um eða yfir 100 þús. tonn og það er allmikill afli.

Ég ætla svo, herra forseti, ekki að tefja þessar umr. lengur, en ég vona að afstaða min sé ljós. Ég tel að þessi samningur eigi að koma fyrir Alþ. og þá gefst okkur tækifæri til að fjalla um málið og túlka þessi lög frá 1922, nr. 33. En ég er þeirrar skoðunar að halda eigi áfram að túlka þau þröngt, eins og fyrrv. sjútvrh. úr öllum flokkum hafa gert.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það er ekki meining mín að blanda mér efnislega í þær deilur, sem hér hafa verið uppi. En ég vildi gjarnan fá skýringu þeirra lögfróðu manna, sem hér hafa verið með lagaskýringar, á einu atriði, sem í minn hug leitaði, og jafnframt vekja athygli hv. alþm. á því að hér á Íslandi eru allmargar vinnslustöðvar í sjávarútvegi sem starfrækja stórvirkar vélar sem eru í eigu erlendra aðila. Ég á hér við rækjuvinnslustöðvarnar, en mörgum þeirra hefur verið komið upp á þann veg að rækjuvinnsluvélarnar sjálfar, þ. e. a. s. rækjupillunarvélarnar eins og þær eru kallaðar, held ég, eru leiguvélar. Mér hefur verið tjáð að þetta sé skv. íslenskum lögum. Hjá mér hefur þess vegna vaknað sú spurning, hvort þarna gefi ekki auga leið að íslenskir aðilar, einstaklingar eða félög, sem hafa yfir að ráða fasteignum eða húsakosti sem fullnægi þeim skilyrðum sem um það eru sett, geti þannig sett upp stórvirk atvinnutæki, ef þetta stenst lögum samkv. Spurning min er sú: Hver er eðlismunurinn á því, að þetta er hægt, og hinu, að íslenskir aðilar taki á leigu erlent skip með tækjum og reki það innan íslenskrar lögsögu?

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það er í tilefni af því að hæstv. sjútvrh. lagði fyrir mig tvær spurningar.

Í fyrsta lagi spurði hann hvernig stæði á því að samið hefði verið á sínum tíma við Belgíumenn og Breta og Norðmenn og fleiri aðila um veiðiheimildir á landhelginni áður en lög hefðu verið sett um það hér á Alþ. Þetta mál hefur æðioft verið athugað og við höfum ævinlega fengið þá skýringu á því, að það er skýrt tekið fram, bæði í þessum margumtöluðu lögum frá 1922, um veiðar í landhelgi, og eins í landgrunnslögunum frá 1948, sem við miðum okkar landhelgisútfærslu við, að framkvæmd á þessum lögum skuli ekki á neinn hátt raska milliríkjasamningum eða samningum Íslands við önnur ríki, eins og þeir eru á hverjum tíma. Þannig hefur verið staðið að þessum málum allan tímann, að milliríkjasamningar hafa verið gerðir og síðan hefur verið leitað eftir staðfestingu Alþ. á þeim. Það hefur ekki verið talið hægt að ætla að setja lög um slíkt áður, enda gert beinlínis ráð fyrir því í þessum lögum að þau eigi ekki að raska milliríkjasamningum sem Ísland kann að gera á hverjum tíma. Þetta er skýringin á þessu atriði. Menn geta því ekki skotið sér neitt á bak við þessa starfsaðferð með það sem er verið að gera í þessum efnum.

Þá spurði hæstv. sjútvrh. mig hvernig hefði staðið á því að ég lét kanna það á árinu 1973 hvort rétt væri að taka á leigu þetta sama skip til loðnubræðslu þá. Ástæðan var sú, að þá gerðist það, sem oft hefur gerst áður, að innlendir aðilar sóttu á um þetta og komu með tilboð og þessi tilboð voru gaumgæfilega athuguð. Ég sagði einnig í umr. um þetta mál í dag, að ég tel vissulega geta komið upp þær aðstæður að við eigum að víkja frá þessum meginlagaákvæðum okkar með sérstökum lagabreytingum. Ef þær aðstæður hafa komið upp, að við þurfum á einhverju slíku að halda, á vitanlega að setja lög um það. Það sem gerðist við eldgosið í Vestmannaeyjum var vissulega þess eðlis að það var sjálfsagt að kanna málið og það gaumgæfilega. Niðurstaðan varð hins vegar sú þá að það væri ekki rétt. Og tel ég enn að þá hafi þó verið miklu meiri ástæður til þess að víkja frá þessu meginlagaákvæði og taka skip á leigu heldur en þær ástæður sem liggja fyrir í dag. Það er m. a. þannig, eins og kom fram hjá hv. 1. landsk. þm., Jóni Árm. Héðinssyni, að hætti loðnuveiðarnar á þessu ári á þeim tíma sem allar líkur benda til að veiðarnar hætti vegna verðákvörðunar, þá minnkar heildaraflinn, sem við er að fást í landi, um 100 þús. tonn, og þó má búast við að aflinn minnki enn meir vegna þess að það verða miklu færri skip sem stunda veiðarnar.

Ég vil svo aðeins segja það, að það er rétt, sem hér hefur komið fram, að við erum algjörlega sammála um þau atriði sem hér hafa verið rædd, ég og hv. 1. landsk. þm., varðandi meginatriði málsins, það sem ég hef fyrst og fremst rætt um, þ. e. a. s. hina lagalegu hlið þess. En við erum hins vegar ósammála um það, hvort hafi verið þörf á því að heimila leigu á þessu skipi nú eða ekki. Ég sagði strax að ég skil mætavel að sumir aðilar geri mikið úr okkar vanda í þessum efnum og telji að við hefðum átt að leigja ekki aðeins eitt skip, heldur jafnvel fleiri, en aðrir mótmæli því. Þetta er ekki höfuðatriði málsins. En ég taldi sjálfsagt að greina frá minni skoðun, að ég tel þessar breyttu aðstæður ekki svo miklar að þetta sé réttmætt. Hitt er ég fyrst og fremst hræddur um, að hér séu menn að renna sér inn á þá hálu braut varðandi okkar landhelgismál sem kom fram á þinginu fyrir jól, að þá var samþ. að veita erlendu skipi, sem leigt er af innlendum aðilum, rétt til fiskverkunar í landhelgi. Hvenær kemur næsta skriðan? Hvenær kemur að því að það kemur eitt ágætt erlent skip sem verður leigt af íslendingum og því verður lagt einhvers staðar úti fyrir Vestfjörðum og það tekur að sér að vinna þar úr afla togaranna sem þar veiða og þeir þurfa þá ekki að vera að hrekjast inn á firði með aflann. Þegar menn eru komnir út á þessa braut, þá býður eitt öðru heim og ég tel að það beri að gjalda varhuga við þessari stefnu. Við eigum að vera ihaldssamir í þessum efnum eins og við höfum verið, varast að láta erlenda aðila komast bæði inn í okkar fiskverk-

un, okkar fiskveiðar á allan hátt, og varast það líka að þeir geti smeygt sér inn bakdyramegin með einhverjum leigusamningum. Það er þetta, sem ég tel vera höfuðatriði málsins.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér finnst alveg óþarfi að blanda samningum við Belgíu, Noreg og Færeyjar inn í þetta mál. Þeir landhelgissamningar, sem gerðir voru við þá aðila, voru gerðir skv. sérstaklega fyrir fram gefnu umboði Alþ., sem fól ríkisstj. að vinna að umþóttunarsamningum við þessi ríki.

Ég vil í öðru lagi taka það fram, eins og kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh., að það fyrirheit, sem gefið er í hans bréfi, er bundið ákveðnum skilyrðum. M. a. er það skilyrði sett þar fram að leyfi gjaldeyrisyfirvalda fáist til yfirfærslu á leigu. Um það leyfi hefur verið sótt, en það hefur ekki verið veitt enn. Þetta vildi ég aðeins taka fram.

Sameinað þing, 32. fundur.

Þriðjudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hafa borist eftirfarandi bréf:

Reykjavík, 27. jan. 1975.

Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Skv. beiðni Svövu Jakobsdóttur, 5. landsk. þm., sem vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþb., Kjartan Ólafsson ritstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru hennar".

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir forseti Nd."

Kjartan Ólafsson ritstjóri hefur áður setið á þessu þingi og þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf:

„Reykjavík, 24. jan. 1975.

Framkvæmdastjóri þingflokks SF hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Skv. beiðni Karvels Pálmasonar, 5. þm. Vestf., sem ekki mun geta sótt þingfundi á næstunni vegna lasleika, leyfi ég mér með skírskotun til 138 gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður SF í Vestfjarðakjördæmi, Jón Baldvin Hannibalsson skólameistari, taki sæti á Alþ. í forföllum hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir, forseti Nd."

Það þarf að rannsaka kjörbréf Jóns Baldvins Hannibalssonar og það liggur hér fyrir.

Þá hefur mér borist eftirfarandi símskeyti það er frá Akranesi 27. 1. 1975:

„Skrifstofa Alþingis
Alþingishúsinu
Reykjavík.

Við alþingiskosningarnar 30. júní 1974 var frú Bjarnfríður Leósdóttir, Stillholti 13, Akranesi, réttkjörinn 2. varaþm. Alþb. í Vesturlandskjördæmi.

f. h. yfirkjörstjórnar,
Stefán Sigurðsson."

Í gær var lesið upp bréf varðandi frú Bjarnfríði Leósdóttur og vísa ég til þess, en bið kjörbréfanefnd að rannsaka þessi tvö kjörbréf, sem fyrir liggja, og er fundarhlé gefið í 15 mín. Þingfundi er frestað á meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Jóns Baldvins Hannibalssonar skólameistara á Ísafirði sem 1. varaþm. F-listans í Vestfjarðakjördæmi og kjörbréf frú Bjarnfríðar Leósdóttur, Akranesi, réttkjörins 2. varaþm. Alþb. í Vesturlandskjördæmi. Varðandi hið fyrra kjörbréf, Jóns Baldvins Hannibalssonar, þá er það í venjulegu formi og undirritað af yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis, og sér kjörbréfanefnd enga meinbaugi á því á neinn hátt. Varðandi hitt kjörbréfið, þá hefur það borist í símskeyti sem er svo hljóðandi, þ. e. a. s. kjörbréf frú Bjarnfríðar Leósdóttur:

„Skrifstofa Alþingis
Alþingishúsinu
Reykjavík.

Við alþingiskosningarnar 30. júní 1974 var frú Bjarnfríður Leósdóttir, Stillholti 13, Akranesi, réttkjörinn 2. varaþm. Alþb. í Vesturlandskjördæmi.

f. h. yfirkjörstjórnar,
Stefán Sigurðsson."

Kjörbréfanefnd hefur kynnt sér að þessi háttur hefur verið hafður á áður, það hafa borist símskeyti frá yfirkjörstjórn varðandi kosningu, þannig að við athugun lítur kjörbréfanefnd svo á að þetta símskeyti sé fullkomið igildi kjörbréfs. Fyrir því leggur kjörbréfanefnd samhljóða til að þessi tvö kjörbréf, kjörbréf Jóns Baldvins Hannibalssonar og Bjarnfríðar Leósdóttur, verði samþ. og kosning þeirra tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Frú Bjarnfríður Leósdóttir hefur áður setið á þingi og þarf ekki að undirrita eiðstaf og býð ég hana velkomna til starfa. En Jón Baldvin Hannibalsson hefur ekki áður átt sæti á þingi og bið ég hann að undirrita eiðstaf.

Drengskaparheit unnið.

Jón Baldvin Hannibalsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Jón Baldvin Hannibalsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, fsp. (þskj. 78). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég sé að hæstv. ráðh. er ekki í þingsalnum. (**Forseti:** Ég skal láta sækja hann. — Það er verið að ná í ráðh.) — Hæstv. forseti. Eitthvert alvarlegasta misræmið í félagsmálum hérlendis er mjög ólík aðstaða manna til lífeyristekna að loknu ævistarfi. Nokkur hluti þjóðarinnar býr við mikið öryggi á þessu sviði, verðtryggðan lífeyri sem er ákveðið hlutfall af atvinnutekjum í sama starfi hverju sinni. Til eru meira að segja einstaklingar sem fá lífeyri úr mörgum verðtryggðum sjóðum og fá hærri tekjur eftir að þeir ljúka störfum en þeir hafa nokkru sinni áður haft. Allur þorri launamanna býr hins vegar ekki við neitt slíkt öryggi, heldur eru félagar í sjóðum sem engan veginn munu standa undir því að greiða neinn viðhlítandi lífeyri eins og málum er nú skipað. Og allstór hópur landsmanna er ekki í neinum lífeyrissjóði og fær þá sem hámark tekjutryggingu almannatryggingakerfisins. Þótt sú tekjutrygging, sem komið var á í tíð fyrrv. stjórnar, hafi breytt högum þessa fólks mjög verulega er afkoma þess öll önnur og miklu verri en hinna, sem eru í verðtryggðum lífeyrissjóðum, og hefur raunar verið skert mjög verulega á undanförnum mánuðum.

Lengi hefur verið barist fyrir því að Alþ. gengi frá löggjöf um allsherjarlífeyrissjóð sem tryggði landsmönnum öllum jafnrétti á þessu sviði. Hins vegar skorti Alþ. skilning og vilja til þess að leysa í tíma þetta félagslega stórmál. Því tók verkalýðshreyfingin það upp í almennri kjarabaráttu sinni og knúði fram stofnun fjölmargra lífeyrissjóða. Á vegum þessara lífeyrissjóða fer nú fram árlegur sparnaður sem nemur mjög háum og sívaxandi upphæðum. Þessir sjóðir hafa styrkt fjárhagsstöðu verkalýðshreyfingarinnar til muna og lánveitingar úr þeim hafa m. a. stuðlað mjög að lausn húsnæðismála. En þeir megna engan veginn að leysa það meginhlutverk sitt og raunverulegan tilgang að tryggja félögum sínum lífeyri. Því veldur verðbólgan, sem í sífellu skerðir verðgildi hinna sköruðu fjármuna. Hundruð og þúsundir milljóna brenna upp á eldi verðbólgunnar.

Vandi þessara sjóða er stórmál sem verður að leysa. Sá vandi má hins vegar ekki fela eða tefja það raunverulega meginatriði, það óhjákvæmilega félagslega úrlausnarefni að tryggja landsmönnum öllum jafnrétti á sviði lífeyrismála. Ég fæ ekki séð að það verði gert nema með heildarlífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, kerfi sem sé hliðstætt þeirri skipan sem önnur Norðurlönd hafa komið á hjá sér fyrir alllöngu og við getum að sjálfsögðu lært mjög mikið af. Þetta er brýnasta verkefnið, sem nú býður okkar á sviði félagsmála. Því tókum við Alþb.-menn það upp sem eitt meginatriði í till. okkar þegar fram fóru umr. um myndun nýrrar vinstri stjórnar í fyrrasumar. Umr. um það efni virtust bera með sér fulla samstöðu þeirra flokka, sem að viðræðunum stóðu, og þar með stuðning meiri hluta Alþ. Því sneri ég mér um miðjan ágúst í fyrra til n. þeirrar, sem á undanförnum 3 árum hefur unnið að umbótum þeim sem gerðar hafa verið á tryggingalöggjöfinni og skipuð er fulltrúum allra þingflokka, og fól henni að semja frv. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Í bréfinu var m. a. komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við gerð frv. séu eftirfarandi sjónarmið höfð til hliðsjónar.

1. Að allir landsmenn, sem nú eru utan lífeyrissjóða, geti orðið aðilar að sjóðnum.

2. Þeir, sem aðild eiga að eldri sjóðum, eigi þess kost að flytjast í hinn nýja sjóð.

3. Grundvöllur lífeyrisréttinda verði atvinnutekjur.

4. Lífeyrir úr sjóðnum verði verðtryggður á sama hátt og laun.

5. Lífeyrissjóðurinn verði hluti af almannatryggingakerfinu og lög um almannatryggingar verði endurskoðuð með tilliti til þess.

Lögð er áhersla á að frv. hér að lútandi verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþ. og til að hraða störfum hefur n. heimild til að ráða tryggingafræðing til starfa með n. að þessu verkefni.

Ég flyt fsp. mína til þess að fá vitneskju um hvernig að þessu máli hefur verið staðið eftir að núv. ríkisstj. var mynduð og hver er stefna núv. heilbr.- og trmrh. í þessu stórmáli.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Vegna þessarar fsp. þykir mér rétt að rifja upp í fáum dráttum aðdraganda þessa máls.

Það er orðið æðilangt síðan rætt var fyrst um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, þ. e. a. s. viðbótarlífeyri við þann grunnlífeyri almannatryggginga, sem menn fá skv. lögum um almannatryggingar. Var þá haft í huga að lífeyrisgreiðslur, sem kæmu til viðbótar lífeyri almannatryggginga, yrðu að einhverju leyti í hlutfalli við starfstíma og ævitekjur, á svipaðan hátt og gert hefur verið víða á Norðurlöndum.

Það mun hafa verið á árinu 1964 að þáv. félmrh. fól fyrrv. sendiherra Haraldi Guðmundssyni að semja um það álitsgerð, hvort ekki væri tímabært að setja lög um almennan lífeyrissjóð sem allir landsmenn, sem ekki væru aðilar annarra lífeyrissjóða, gætu átt aðgang að. Í áliti Haralds segir að tímabært sé að hefjast handa um nýja löggjöf hér að lútandi.

Í apríl 1966 skipaði þáv. félmrh. n. til að semja frv. til l. um almennan lífeyrissjóð. Þetta frv. var aldrei lagt fram á Alþ., því að áður en af því yrði skipuðust málefni lífeyrissjóða með öðrum hætti í sambandi við samninga verkalýðsfélaga og atvinnurekenda og eru þessir sjóðir undir umsjón fjmrn. eins og aðrir lífeyrissjóðir. Síðan mál skipuðust á þann veg mun af hálfu fjmrn. hafa verið gerð könnun á því hverjir væru utan lífeyrissjóða og með hverjum hætti mætti

leysa mál þeirra, og munu frv.-drög um lífeyrissjóð fyrir þá landsmenn, sem ekki eiga rétt í neinum lífeyrissjóðum, hafa verið samin að tilhlutan þess rn., en ekki verið lagt fram frv. á Alþ. þar að lútandi.

N. þeirri, sem fyrrv. heilbr.- og trmrh. skipaði til endurskoðunar almannatryggingalaga skömmu eftir að fyrrv. stjórn tók til starfa haustið 1971, *var ekki falið í byrjun að gera breytingar á* almannatryggingalögum í þessa átt eða semja frv. um almennan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Það var ekki fyrr en undir lok tímabils þeirrar ríkisstj. að formanni n., Geir Gunnarssyni, var ritað bréf þar sem n. var falið að semja frv. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, en n. kom ekki saman í tilefni af því máli síðar. Hins vegar tók n. þetta mál upp að eigin frumkvæði í upphafi starfs síns á árinu 1971 og fékk tryggingafræðing til þess að gera yfirlit um lífeyrissjóði, sem starfandi væru, og fyrirkomulag þeirra. Og í des. 1973 réð n. Guðjón Hansen tryggingafræðing til að gera yfirlit um hvernig standa mætti að því að stofna allsherjarlífeyrissjóð fyrir landsmenn eða allsherjarþátttöku í lífeyrissjóðum.

Í þeirri *grg.*, sem Guðjón Hansen lagði fram 4. des. 1973 til þessarar endurskoðunarnefndar almannatryggingalaga bendir hann á eftirfarandi fimm leiðir til að tryggja öllum lífeyrisréttindi umfram bætur almannatrygginga:

1. Allsherjarlífeyrissjóður með þátttökuskyldu fyrir alla sem atvinnutekjur hafa og innlimun núv. lífeyrissjóða.
2. Allsherjarlífeyrissjóður með þátttökuskyldu fyrir alla, sem atvinnutekjur hafa, og réttindaneyslu frá stofnun sjóðsins.
3. Lífeyrissjóður fyrir alla þá sem ekki eru nú þegar orðnir félagar í einhverjum þeirra sjóða sem nú eru starfandi.
4. Lífeyrissjóður með þátttökuskyldu fyrir þá sem ekki eru skyldir að vera í öðrum lífeyrissjóðum eða eiga með öðrum hætti aðild að þeim. — Þess má geta að þessi leið er í samræmi við frv.-drög sem samin voru af fjmrn. á árinu 1971 og áður er getið um.
5. Lífeyrissjóður með frjálsri þátttöku fyrir alla sem atvinnutekjur hafa og eru ekki félagar í öðrum lífeyrissjóðum.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst að allmikið hefur verið um það hugsað, rætt og ritað síðustu 10 ár með hverjum hætti *lífeyrisvandamál landsmanna skyldi leysa*. Skv. *þeim* athugunum, sem liggja fyrir, munu lífeyrissjóðir vera á milli 90 og 100 og má gera ráð fyrir að 90—95% launþega 20 ára og eldri séu innan vébanda einhvers lífeyrissjóðs. Hins vegar munu tiltölulega fáir, sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, að bændum undanskildum, vera félagar í lífeyrissjóðum.

Þegar undan eru skildir séreignasjóðir eða séreignadeildir lífeyrissjóða má í stórum dráttum skipta íslenskum lífeyrissjóðum í 3 flokka með tilliti til þess hvernig brugðist er við verðbólguvandamálinu. Í fyrsta lagi má nefna sjóði sem enga áhættu taka á sig vegna kaupgjaldsþróunarinnar, hver iðgjaldagreiðsla veitir tiltekinn rétt, þ. e. krónutölu, miðað við iðgjaldsfjárhæð og aldur sjóðfélaga á greiðsludegi. Á miklum verðbólgutímum koma lífeyrisréttindi af þessu tagi að sjálfsögðu að mjög takmörkuðum notum þótt iðgjaldagreiðslur fylgi kaupgjaldsþróuninni og hækki með aldrinum. Í öðrum flokki eru lífeyrissjóðir sem taka á sig takmarkaða áhættu vegna kaupgjaldsþróunar. Algengast er að lífeyrir þeirra sjóða miðist við áunnin stig og kauplag næstu 5 árin áður en taka lífeyris hefst ellegar við iðgjaldagreiðslutíma og meðallaun hlutaðeigandi sjóðfélaga 5 síðustu starfsár hans. Í þriðja flokknum eru sjóðir sem taka á sig ótakmarkaða áhættu vegna kaupgjaldsþróunar eða hafa bakhjarl sem ber ábyrgð á þess konar skuldbindingum að meira eða minna leyti. Sjóðir af þessu tagi greiða yfirleitt lífeyri í hlutfalli við laun eins og þau eru á hverjum tíma, en ábyrgðaraðilinn, svo sem ríkissjóður eða Reykjavíkurborg o. fl., stendur sjóðnum skil á lífeyrishækkunum með sérstökum aukaframlögum.

Það er augljóst af þeim könnunum, sem gerðar hafa verið, að ýmsar leiðir eru til að þessu marki og getur verið erfitt að vega og meta hvaða leiðir eru auðveldastar eða falla best að því kerfi sem þegar hefur verið byggt upp. Hins vegar er enginn vafi á því að mesta vandamálið í sambandi við lífeyrissjóði landsmanna almennt er það, á hvern hátt er hægt að verðtryggja lífeyrisgreiðslurnar, þ. e. a. s. að bætur lífeyrissjóða séu í samræmi við kaupgjald og verðlag á hverjum tíma. Það vandamál geri ég ráð fyrir að öllum þm. sé ljóst og ætla því ekki að fjölyrða um það á þessu stigi málsins. Ég geri hins vegar ráð fyrir því að hvað sem líður endurskoðun almannatryggingalaga, þá verði málið tekið upp *í heilbr.- og trmrn. og ríkisstj., ef komist verður* að þeirri niðurstöðu að ekki verði um að ræða breyt. á l. um almannatryggingar, heldur sérstaka löggjöf um lífeyrissjóð. Þá má gera ráð fyrir, að málið verði tekið upp af fjmrn. að nýju þar sem frá var horfið á árinuu 1971, vegna þess að lífeyrissjóðirnir heyra undir það rn.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Þau voru **að meginefni til sögulegt yfirlit yfir það sem gerst hefur í þessum málum undanfarin 10 ár og** hliðstæð yfirlit höfum við æðioft heyrt hér í **þinginu. Staðreyndin er sú, að það er búið að kanna þetta mál til fullkominnar hlítar, og eins** *og hæstv. ráðh. gat um skilaði* **Guðjón Hansen** tryggingafræðingur álitsgerð um hvaða leiðir **væru tiltækastar til þess að koma á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Ég held að það sé ákaflega lítið matsatriði hvaða leið þar beri að velja, og held að Alþ. hafi svo margsinnis gert sig sekt um vanrækslusyndir í þessu efni og þar með efnt til ákaflega slæms ástands á þessu sviði, að það sé tímabært að Alþ. taki nú til hendinni og fari að fjalla um þetta mál í fullri alvöru. Einmitt þess vegna lagði ég fyrir þá n., sem fjallaði um tryggingamál á vegum heilbr.- og trmrn., í ágúst í fyrra, eins og ég gat um áðan, að semja frv. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, til þess að alþm. hefðu í höndunum gögn til að ræða þetta mál á fullkominn málefnalegan hátt.**

Nú er hins vegar ljóst af svari hæstv. ráðh.

að í þessu máli hefur ekkert verið gert síðan núv. ríkisstj. tók við völdum. Núv. ríkisstj. hefur starfað í 5 mánuði, en hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur ekki séð neina ástæðu til þess að tryggingaráð sinnti þessu hlutverki sem ég bað hana að rækja í ágúst í fyrra. Ég tel þetta ákaflega illa farið, og ég tel að Alþ. geti ekki sætt sig við það að hæstv. ráðh. láti sér nægja að segja að hann geri ráð fyrir að málið verði tekið upp ef í ljós komi að þetta og þetta gerist ekki. Málið stendur þannig að það er ástæðulaust að rannsaka það meir. Það verður að taka um það ákvarðanir, og forsendur þeirra ákvarðana liggja gjörsamlega fyrir.

Eins og ég gat um áðan, þá virtist mér það koma í ljós í umr. um myndun vinstri stjórnar að það væri þingmeirihl. fyrir því að takast á við þetta félagslega stórverkefni, og mér finnst að það þurfi á það að reyna hvort ekki er þingmeirihl. fyrir þessu verkefni áfram, enda þótt önnur stjórn kæmi en þá var verið að ræða um að mynda.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. trmrh. fyrir yfirlit hans um lífeyrissjóðsmál og afskipti rn. og Alþ. af þeim málum. Einnig hlýt ég að lýsa ánægju minni yfir því að svo almennur áhugi skuli vera á þessum málum hér á þingi sem hv. 3. þm. Reykv. lýsti hér áðan. En ég vil af því tilefni benda á það, að hv. þm. er búinn að sitja hér í áratugi á Alþ. og virðist aldrei hafa getað tekið þessi mál föstum tökum.

Hann sagði í ræðu sinni áðan, hv. þm., að það væri búið að kanna þetta mál til hlítar og fyrir lægi álitsgerð Guðjóns Hansens, tryggingafræðings. Ég vil leyfa mér að lýsa eftir þessari álitsgerð. Ég sem þm. hef ekki séð hana og því síður hef ég séð þessa álitsgerð sem fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar sem m. a. hefur fjallað um þetta mál.

Hv. þm. talaði um að það væri búið að kanna þessi mál það vel og rannsaka að ástæðulaust væri að bíða öllu lengur, nú lægi fyrir að semja frv. Ég vil vekja athygli hv. 3. þm. Reykv. á því, að málið er ekki alveg svona einfalt, vegna þess að verkalýðshreyfingin samdi á sínum tíma í frjálsum samningum árið 1969 um frjálsa lífeyrissjóði sem að vísu höfðu ekki verðtryggingarákvæði, þannig að það þarf að semja bæði við verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur um það hvernig beri að haga þessum málum. Það getur verið að það sé einfalt mál fyrir suma hv. alþm. að ætla sér að svipta bæði verkalýðshreyfinguna og vinnuveitendur þeim sjálfsagða rétti að hafa afskipti af þróun þessara mála og skipan, en ég held og læt í ljós þá skoðun að svo einfalt er málið ekki.

Í þáltill., sem ég lagði fyrir Alþ. á s. l. ári, lagði ég til að ríkisstj. væri falið að kanna þetta mál til hlítar. Ég undirstrika það, að fyrir utanaðkomandi hv. þm., sem ekki hafa kynnt sér þessi mál nægilega, virðist lausnin einföld. En svo er ekki gagnvart okkur sem erum úti í atvinnulífinu. Við gerum okkur grein fyrir að það þarf að gera meira en semja eitt lagafrv.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Varðandi þetta mál um almennan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn þá er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að allmikið hefur verið um það hugsað, rætt og ritað. Ég vil bæta því við, að allmikið hefur verið að því unnið, eins og grg. Guðjóns Hansens, tryggingafræðings ber með sér, en að henni var unnið skv. ósk þeirrar n. sem hér hefur verið minnst á, sem annaðist endurskoðun almannatryggingalaga, og það sýnir að sú n. taldi það hlutverk sitt að vinna að þessu máli og það gerði hún.

Tillögur Guðjóns Hansens, tryggingafræðings voru fengnar og eftir var að velja úr þeim. Næsti þáttur í starfi endurskoðunarnefndarinnar var einmitt að kanna þessar till. Guðjóns Hansens, frekar og vinna endanlegar till. úr þeim til hæstv. þáv. ríkisstj. Þegar þessum áfanga hafði verið náð urðu stjórnarskipti, og ég taldi rétt að það kæmi til kasta núv. hæstv. ríkisstj. hvort þessi n., sem skipuð var af fyrrv. ríkisstj., ætti að vinna áfram að þessum málum. Ég taldi þarna hafa orðið grundvallarbreytingu á. Og ég ræddi um þessi mál við núv. hæstv. heilbrrh. og kom fram hjá honum að ætlunin væri jafnvel að ný n. yrði sett í að endurskoða almannatryggingalögin, án þess að ég vissi hversu víðtækt verkefni hún ætti að fá. Ég hef síðar átt viðræður við skrifstofustjóra rn. í fjarveru ráðuneytisstjóra út af öðru máli, sem til n. hefur borist, og ítrekað það við hann að ég fyrir mitt leyti mundi óska eftir því að boðaður yrði fundur í n. þegar er lægi fyrir ósk núv. hæstv. ráðh. um að þessi n. starfaði áfram. Sú ósk hefur ekki komið fram og ég lít þannig á á meðan, að ekki sé eðlilegt að þessi n. fjalli frekar um þetta mál, á sama hátt og ég þekki það frá annari n. sem ég á sæti í og fjallar um endurskoðun laga um sveitarstjórnarmál, skipan sveitarstjórnarmála, að hún hefur ekki starfað heldur síðan stjórnarskiptin urðu.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það hefur verið hreyft hér mjög stóru og að mörgu leyti erfiðu máli, þar sem eru lífeyrissjóðamálin.

Það má segja að þróun lífeyrissjóðanna hafi verið að sumu leyti dálítil sorgarsaga. Þessi mál hafa þróast þannig að nú eru líklega starfandi um 100 lífeyrissjóðir í landinu. Það er sýnilegt að ef þessi mál verða ekki samræmd meira en gert hefur verið, þá leiðir þessi starfsemi lífeyrissjóðanna af sér talsvert misræmi í þjóðfélaginu, þó að þeir séu annars almennt góðra gjalda verðir, það er annað mál. Þetta kemur fram í því, sem hér hefur verið lýst í umr., að sumir lífeyrissjóðirnir eru verðtryggðir, aðrir ekki, og þetta leiðir af sér geysilega mikið misrétti þegar að því kemur að sjóðfélagar þurfa að fá greiðslu úr lífeyrissjóði, sérstaklega þegar þeir verða gamlir og þurfa að treysta á það m. a. sér til lífsframfæris. Ég er því þeirrar skoðunar að það sé ákaflega þýðingarmikið að þetta mál fái áfram alvarlega og rækilega athugun og Alþ. reyni að taka á málinu og að sjálfsögðu í samvinnu við þá aðila, sem hlut eiga að máli, að reyna að mjaka því í heppilegri farveg.

Það vakna margar spurningar í sambandi við

lífeyrissjóðina. Það er t. d. þessi spurning: Hvaða aðilar í þjóðfélaginu eru þess umkomnir að verðtryggja lífeyrissjóðina, og margt og margt fleira. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna er sennilega á þessu ári, þegar þeir hafa greitt öll sín gjöld og allan sinn rekstur, um 5.5—6 milljarðar, a. m. k. 5,5 milljarðar. Það er mikið vandamál hvernig á að ráðstafa þessu fé. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að gerast með miklu skipulegri hætti en gert hefur verið hingað til.

Í þessum fsp.-tíma vinnst náttúrlega ekki tími til þess að ræða frekar almennt um þessi mál, en ég mundi fagna því ef það gæfist tækifæri til þess að ræða almennt um lífeyrissjóðina hér á Alþ. áður en langt um líður.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vona að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson verði sér úti um álitsgerð Guðjóns Hansens þar sem fjallað er um þetta mál á ákaflega fróðlegan hátt, og ég er viss um að hann sem áhugamaður um lífeyrismál hefur mikið gagn af því plaggi. Ég held að þar sé greint sundur hvernig mál standa hér og hvaða leiðir við getum farið til þess að tryggja jafnrétti þegnanna á þessu sviði.

Það hefur aldrei staðið til að menn hugsi sér að ganga á rétt lífeyrissjóða þeirra sem fyrir eru í landinu. Það stóð í bréfi mínu, sem ég vitnaði til áðan, m. a. að þeir, sem aðild eiga að eldri sjóðum, eigi þess kost að flytjast í hinn nýja sjóð. Það hefur aldrei verið um það að ræða að þessir sjóðir verði gerðir upptækir eða að þeim verði bannað að starfa eða eitthvað þess háttar. Það, sem hins vegar skiptir máli og er algert meginatriði, er að landsmenn allir verða að njóta jafnréttis á sviði ellilífeyrismála, og vandamál þessara sérstöku sjóða, sem komu upp við þessar sérstöku aðstæður, mega ekki tefja þá þróun. Það verða allir landsmenn að búa við jafnrétti á þessu sviði. Það er félagsleg krafa sem ekki verður staðið á móti. Ef menn hins vegar vilja hafa einhverja viðbótarsjóði og ávaxta þá á einhvern hátt, þá er þeim það að sjálfsögðu frjálst. En jafnrétti verður að tryggja. Og málin standa þannig, að þetta mál er búið að kanna til fullkominnar hlítar. Við höfum reynslu af framkvæmdum annarra Norðurlandaþjóða á þessu sviði sem hafa tekist vel. Þótt þær ættu við sömu vandamál að stríða og við, að þar voru komnir upp frjálsir lífeyrissjóðir, þá tókst þeim að leysa það mál á þann hátt að menn eru sæmilega ánægðir með. Við eigum að geta leyst þetta mál á alveg hliðstæðan hátt. Þess vegna skiptir það öllu máli að við tökum á þessu vandamáli og látum okkur ekki nægja, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að láta það mjakast áfram. Ég held að nú þurfi að reyna að reka duglega á eftir til þess að þetta réttlætismál komist sem fyrst í höfn.

Bjarnfríður Leósdóttir: Herra forseti. Við höfum fengið hér sögulegt yfirlit um lífeyrissjóði og fyrir það vil ég þakka hæstv. ráðh. Það sögulega yfirlit hefur ekki aðeins nú, heldur náttúrlega fyrir löngu gefið okkur til kynna að það er eins og Magnús Kjartansson sagði, það er forsendur ákvarðana. Eins og þessi mál hafa þróast sérstaklega nú síðan verkalýðsfélögin komu sér upp lífeyrissjóðum, þá er þetta komið í slíkt óefni, að ég held að hvergi nokkurs staðar blasi eins við misréttið og óréttlætið í þjóðfélaginu og einmitt í gegnum lífeyrissjóðina. Það er í fyrsta lagi vegna þess að lífeyrissjóðir bæja- og ríkisstarfsmanna eru verðtryggðir. Tómas Árnason minntist á það hér áðan að þessir lífeyrissjóðir væru komnir upp í 5.5 milljarða. En það hefur enginn þm. enn þá sagt okkur að nú eru á fjárlögum 400 millj. kr. sem eru eingöngu uppbót á lífeyrissjóðina. Ríkissjóður greiðir þessum þegnum sínum uppbót sem er 400 millj. á þessum síðustu fjárlögum.

Þetta er það misrétti sem er alvarlegast. Svo er einnig innan þessara lífeyrissjóða að reglugerðirnar eru misjafnar og þær eru óréttlátar í mörgum lífeyrissjóðum, og þá skal ég fyrst taka til einmitt lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna. Þar er t. d. hægt að nefna á þessu ári, sem á að vera kvennaár, þar erum við þannig metnar, konur, að þó að við værum búnar að greiða 30 ár eða fulla lífeyrisgreiðslu í þennan lífeyrissjóð, þá t. d. fær maki okkar engar bætur. Það eru ekki ekkilsbætur úr þessum lífeyrissjóðum nema maðurinn sé aumingi, þá fær hann bætur. Þá er loksins hægt að meta okkur til einhvers ef maðurinn er aumingi. — Nú, það er svona stuttur tími. Ó, fyrirgefið, þá skal ég hætta. Ég vona að við fáum aftur tækifæri til þess á þessu þingi að ræða lífeyrissjóðina, en bæði gerð þeirra og framkvæmd skapar slíkt óréttlæti meðal þegnanna, að hv. Alþ. hlýtur og verður að taka þessi mál verulega föstum tökum og ákveða eitthvað raunhæft um þau.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Rétt er að það komi fram við þessa umr. hvert var tilefni þess að fyrrv. ríkisstj. tók það mál, sem hér er til umr., til meðferðar, þó að það hafi því miður ekki enn hlotið fulla afgreiðslu. Tilefnið var það, að við þm. Alþfl. fluttum á þinginu 1972—73 till. til þál. um lífeyrissjóð allra landsmanna og var ég 1. flm. þeirrar till. Í tillgr., þar sem rætt var um það sem við töldum eiga að vera hlutverk lífeyrissjóðsins, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk lífeyrissjóðs allra landsmanna skal vera að vinna að því að þeir, sem nú njóta ekki lífeyrisréttinda, öðlist þau og að samræma störf þeirra lífeyrissjóða, sem nú starfa, bæði að því er varðar réttindi þau, sem þeir veita, og ráðstöfun á fjármagni þeirra. Enn fremur skal lífeyrissjóður allra landsmanna stuðla að því að rekstur lífeyrissjóðanna verði sem hagkvæmastur.“

Þegar till. var flutt hafði þetta mál legið í láginni alllangan tíma. Er ástæðulaust annað en að þess sé getið þegar slíkar umr. sem þessar fara fram, að málið er engan veginn eins nýtt og komið hefur fram í ýmsum ummælum sem hér hafa fallið. Það eru um 15 ár síðan að af hálfu félmrh. Alþfl. í fyrrv. stjórnum tveim var höfð um það forusta að málið væri kannað ítarlega. Rækilegasta könnunin, sem gerð hefur ver-

ið á þessu máli, var gerð fyrir um það bil 15 árum af Haraldi Guðmundssyni fyrrv. forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, er samdi stóra og og stórmerka álitsgerð um þetta mál. Hins vegar fór svo, að málið tók í heild aðra stefnu en Alþfl. hafði gert ráð fyrir og fylgt hafði verið annars staðar þar sem þessi mál eru komin í fullkomið horf, svo sem í Svíþjóð. Stofnun lífeyrissjóða fyrir þá, er ekki nutu slíkra réttinda, varð að þætti í kjarasamningum launþegasamtaka og vinnuveitenda, og var þar að sjálfsögðu um mikilvægar hagsbætur að ræða sem voru mikið fagnaðarefni á sínum tíma og í fólst stórkostleg kjarabót. En því miður varð þetta til þess að drepa hugmynd um löggjöf um lífeyrissjóð allra landsmanna á dreif. Því var það að við þm. Alþfl. fluttum þáltill. um málið, sem fékk einróma undirtektir hér á hinu háa Alþ., og var málinu samhljóða vísað til hæstv. ríkisstj.

Ég vil að síðustu taka undir það sem hér hefur verið sagt, að málið er þrautrannsakað, málið er þaulkannað og í rauninni er ekki annað eftir en að taka jákvæða ákvörðun.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af því sem hv. 6. landsk. þm. sagði og óskaði eftir, þá er alveg sjálfsagt að verða við því að hann fái umrædda grg. og till. Guðjóns Hansens. Skal ég hlutast um að hann fái það og hver þm. sem þess óskar.

Út af því sem kom fram í ræðu hv. 11. landsk. þm., Geirs Gunnarssonar, þá skil ég mjög vel afstöðu hans, að við stjórnarskiptin leit hann svo á að hann mundi ekki starfa áfram sem form. þessarar n. Nokkru eftir stjórnarskiptin spurði hann mig hvort ég hefði í hyggju að skipa nýjan form. eða endurskipa þessa n., og ég sagðist hafa það til athugunar. En ég hef nú fyrir nokkru ákveðið að leysa þessa n. frá störfum, og hafa tekist samningar með heilbr.- og trmrn. og Guðjóni Hansen um að hann taki að sér endurskoðun almannatryggingalaganna alveg frá grunni, bæði lífeyristrygginga og sjúkratrygginga, og hann hefur jafnframt tekið að sér að ljúka þessari endurskoðun fyrir miðjan sept. n. k. Þegar endurskoðun hans er lokið og athugasemdir hans og ábendingar liggja fyrir, þá hef ég í hyggju að skipa n. að nýju og með svipuðum hætti og áður var, þannig að stjórnmálaflokkunum á Alþ. gefist kostur á að skipa sinn fulltrúa í n. til þess að vinna úr þessum málum, og þá að leggja fyrir næsta þing breyt. á almannatryggingalöggjöfinni. Mér finnst rétt að þetta komi hér fram, þó að það sé miklu viðtækara verkefni en hér er um að ræða.

Ég álít að frv., þegar það verður flutt, þá verði það auðvitað að vera gert í nánu samstarfi og samvinnu við lífeyrissjóðina í landinu. Auðvitað hljóta allir að hugsa á þann veg að fækka þessum lífeyrissjóðum, ná um það fullu samkomulagi, því að það er ástæðulaust að viðhalda jafnmiklum fjölda lífeyrissjóða þegar slík breyting sem þessi verður gerð. Þetta verður ekki gert með því að semja eitt frv., og þar tek ég alveg undir það sem hv. 6. landsk. þm. sagði. Það verður ekki gert nema leita samstarfs og samvinnu við þessa aðila. Og það höfum við í trmrn. hugsað okkur að gera.

En út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það væri ekki um neitt annað að gera en að flytja bara hér frv., þá er auðvitað ágætt að vera ráðh. þessara mála í 3 ár, skipa n. og fá henni ekki einu sinni þetta verkefni í hendur, n. gerir það að eigin frumkvæði. En svo þegar hann er alveg öruggur um að hann sé að detta úr ráðherrastólnum, þá grípur hann á síðustu mínútum til þess ráðs að skrifa þetta bréf. Það er ágætt að segjast hafa svo mikinn áhuga og það sé nú ekki annað en að flytja frv. og koma þessu og hinu fram. Það er alveg rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þetta mál er mikið vandamál og það er mikið misrétti á milli hinna ýmsu launþega í landinu. En þetta er það stórt mál, og á mjög erfiðum tímum, eins og nú eru fram undan, til þess að halda uppi atvinnulífi og atvinnu í þessu landi, þá verður ekki gert allt á sömu stundu. Það veit fyrrv. heilbr.- og trmrh. Hann er það greindur maður að hann veit að það er ekki hægt að gera allt á sömu stundu. Þetta mál þarf enn að taka lengri tíma, þó að það væri æskilegt að það væri búið að fá lausn og það helst fyrir löngu.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það er vissulega merkt mál sem hér er verið að ræða, og ég hygg að allir alþm. séu sammála um að það sé mikið nauðsynjamál. Engu að síður hefur það vafist fyrir mönnum að koma skipulagi á þessi mál. Ég minnist þess þegar verið var að útbýta álitsgerð Haralds Guðmundssonar fyrrv. ráðh., ég hygg að það hafi verið 1966, og síðan hefur sú álitsgerð legið fyrir án þess að nokkurri þeirri ríkisstj., sem setið hefur að völdum allan þann tíma, hafi auðnast að koma málinu í viðunandi horf. Ég hygg að menn þurfi ekki beint að metast um það hvers sé sökin mest í þessu efni, heldur eigi menn að sameinast til nýrra átaka um að koma málinu í höfn. Þess vegna er ég fagnandi yfir því að þessu máli skuli hreyft og það fá þær undirtektir sem raun ber vitni hér í þessum umr.

Ég ætlaði mér að reyna að hressa upp á sögukunnáttu alþm. í þessu máli með því að minna á hvenær það var sem Ólafur Jóhannesson núv. dómsmrh. flutti, að ég hygg fyrstur manna, þáltill. um að stofna lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. En því miður er minni mitt ekki svo trútt að ég geti farið með það hvenær þetta var, en það er auðvitað til í skjölum Alþ. og mun verða rifjað upp þegar þessu máli verður ráðið til lykta.

Tómas Árnason: Herra forseti. Á tveimur mínútum er ekki unnt að ræða mikið um þetta stóra mál. En ástæðan fyrir því, að ég bað um orðið aftur, voru orð hv. 3. þm. Reykv., en hann sagði að ég hefði talað um að þoka málinu áfram eða mjaka. Ég tók nú frekar hógværlega til orða og vil segja það alveg eins og er hreinskilningslega, að ég mundi verða ánægður ef málið mjakaðist fram á við hér á hv. Alþ., vegna þess, að eins og hér hefur verið upplýst, að Alþ. hefur í raun og veru ekkert gert í þessu máli fram að þessu. Mér er ljóst og það er áreiðanlega öllum hv. þm. einnig, að þetta er flókið mál og vandasamt vegna þess að það snertir m. a. stéttarfélögin í landinu og er auk þess stórt fjárhagsmál.

Ég minntist á það áðan að erfiðasta atriðið í þessu máli væri það, hvernig ætti að fara að því að verðtryggja alla lífeyrissjóðina og hvaða aðili það væri sem gæti staðið undir verðtryggingu. Ég álít að það séu aðallega tveir aðilar sem þar koma til greina. Annars vegar er ríkissjóður, sem þegar stendur undir verðtryggingu lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, og svo hins vegar sjálft atvinnulífið í landinu. Ég gat um það áðan að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á þessu ári mundi sennilega nema um 5.5 milljörðum kr. og álít að það sé ákaflega þýðingarmikið að vinna að því að það verði lánað skipulegar út heldur en gert hefur verið fram að þessu og það sé kannske stærsti áfanginn í því að verðtryggja lífeyrissjóðina í reynd. Eins og ég sagði áður, þá kem ég ekki auga á fleiri aðila, sem gætu hugsanlega staðið undir slíkri verðtryggingu heldur en hreinlega atvinnulífið sjálft, þ. á m. húsbyggingar auðvitað, og svo ríkissjóður.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Nokkru fyrir jól bar þessi mál á góma hér í þinginu og ég tók þá til máls. Það er á mjög svipaðan hátt sem þessi mál eru nú rædd, þ. e. a. s. þær almennu umr. sem hér fara fram.

Í fyrsta lagi vildi ég segja það, að hið sögulega yfirlit, sem hér hefur verið gefið, er sjálfsagt í öllum aðalatriðum rétt. En þegar almennu verkalýðsfélögin sömdu um lífeyrissjóði í maí 1969 höfðu umr. um einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn staðið í æði mörg ár og eins og við orðuðum það þá, 1969, gátum við ekki annað séð í verkalýðsfélögunum en að þessi lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, það væri mál sem einhvers staðar væri í blámóðu fjarskans, því að alltaf strandaði á því hvernig ætti að fjármagna slíkan lífeyrissjóð. Þetta var ekkert annað en orðin tóm allan tímann. Skýrsla Haralds Guðmundssonar var mjög merk og ágæt á sína vísu. En það vantaði framkvæmdina, það vantaði fjármagnið og þess vegna var það sem við sömdum um lífeyrissjóðina 1969.

Þetta mál er mjög vandasamt og ég undirstrika það að þessum málum verður að sjálfsögðu ekki ráðið til lykta nema í fullu samráði við lífeyrissjóðina og fyrst og fremst við verkalýðshreyfinguna í landinu. Aðferðirnar til þess að verðtryggja þessa sjóði geta verið ýmsar, en spurningin, sem ég varpaði fram hér fyrir jólin, er: Á að safna í svona sjóði? Það er það, sem við verðum fyrst og fremst að gera upp við okkur. Á að mynda þessa stóru sjóði, sem þá verður að verðtryggja á einhvern hátt og verður ekki gert nema með mjög miklum fjármunum ef verðbólguþróunin verður eitthvað á svipaðan hátt og hún hefur verið. Það er vafasamt, verð ég að segja, hvort verkalýðshreyfingin út af fyrir sig á að standa undir meginhluta sparifjármyndunar í landinu með slíkri sjóðsöfnun og hafa síðan ekki meira öryggi en nú er.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður tók að nokkru leyti af mér ómakið í dag. Ég tek undir það sem flestir hafa sagt hér áður, að það málefni, sem hér er til umr., er bæði merkilegt og mikilsvert, og tíminn líður frá okkur og hefur gert það á undanförnum árum án þess að gerðar væru nokkrar þær ráðstafanir sem leysa þau mörgu vandamál sem hrannast upp í kringum lífeyrissjóðakerfið eins og það er núna. Ég hef þá hugmynd um þessi mál að það ætti að gerbreyta þeirri hugsun sem er á bak við lífeyrissjóðina. Ég tel, að það sé rétt að á hverjum tíma greiði sú kynslóð, sem þá er starfhæf, þeirri sem komin er á efri ár eðlileg og réttlát eftirlaun, en í raun og veru sé hugmyndin um sjóði sem slíka úrelt. Ég veit að lífeyrissjóðirnir hafa gengt mjög merkilegu og mikilvægu hlutverki sem lánastofnanir, og í stað þeirrar sparifjársöfnunar og myndunar, sem nú verður í lífeyrissjóðunum, þyrfti að koma annað kerfi.

Ég vil varpa því fram hér til umhugsunar, það er ekki hægt að ræða þessi mál mikið, hvort sé ekki nauðsynlegt að gerbreyta þeirri hugsun sem við höfum á bak við þetta, og á ég þá fyrst og fremst við að tekinn sé upp einhvers konar annar sparnaður í staðinn fyrir lífeyrissjóðina, t. d. skyldusparnaður eftir ákveðnum reglum, í raun og veru ekki sérstaklega safnað í lífeyrissjóði, en að hver maður eigi rétt eftirlauna og þá í raun og veru jafnra eftirlauna allir menn þegar þeir hafa náð ákveðnum aldri eða koma undir ákveðin ákvæði um örorku. Það mundi leysa þetta, sem hér hefur verið talað um, á auðveldan hátt, verðtrygginguna og fjármögnunina. Auðvitað þurfum við fé þrátt fyrir þetta. En síðan yrði aftur hlutverk lífeyrissjóðanna gagnvart lánakerfinu leyst með einhvers konar skyldusparnaði.

Sameinað þing, 33. fundur.

Þriðjudaginn 28. jan., að loknum 32. fundi.

Breyting fjárlagaárs, þáltill. (þskj. 128). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Öryggisbúnaður flugvalla, þáltill. (þskj. 138). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Síldarverksmiðjur ríkisins byggi verksmiðju á Snæfellsnesi, þáltill. (þskj. 168). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skipan opinberra framkvæmda, þáltill. (þskj. 43). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum, þáltill. (þskj. 247). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Síldarverksmiðjur ríkisins í Grindavík, þáltill. (þskj. 83). — Ein umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það er að vonum að fjallað sé um loðnu bæði á hv. Alþ. og utan þess, þar sem sívaxandi veiði og mikilvægi hennar er ekki dregið í efa af neinum hér á landi nú. Á s. l. aðalþingi eða fyrir rúmu ári flutti ég till. til þál. um að Síldarverksmiðjur ríkisins reisi verksmiðju í Grindavík og taldi þá eðlilegt að hafist yrði handa um undirbúning, vegna þess að þá þegar var sýnt að vaxandi veiðimöguleikar voru fyrir hendi eins og reynslan hefur nú sýnt. Því miður náðist þetta ekki fram vegna ýmissa atvika. En enn flyt ég efnislega sams konar þáltill., en hef þó ályktað að hafa verksmiðjuna nokkru minni, í stað þess að hafa 2500 tonna afkastagetu á sólarhring tel ég eðlilegt núna að fara niður í 1500 tonn á sólarhring.

Hér við land hófust loðnuveiðar fyrst að nokkru ráði árið 1965 og öfluðust þá um 50 þús. tonn. Árið eftir verður um mikla aukningu að ræða og veiðast þá um 125 þús. tonn. Næstu tvö árin er aflinn heldur minni eða rétt innan við 100 þús. tonn. Síðan verður mikil breyting á og aflast frá 170—190 þús. tonn á árunum 1969—1971. Fleiri skip koma til í veiðunum og aukin þekking og auknar rannsóknir á göngu loðnunnar stuðla að þessari þróun. Geysileg aukning var svo í aflamálum árið 1972, en þá veiddust 277 þús. tonn, á vertíðinni 1973 veiddust 440 þús. tonn og rúmlega 460 þús. tonn á s. l. vertíð. Þá voru þátttökuskip um 130 alls í veiðunum og þótti mörgum það um of, þar sem minni skip hættu bolfiskveiðum og stefndu til loðnuveiða. Enn er fyrirsjáanlegt að fjöldi skipa muni nú taka þátt í veiðunum.

Þessi aukning skipa á loðnuveiðum mun kalla á betra skipulag og aukna móttöku við löndun en áður hefur verið. Á vertíðinni 1973 var eftir nokkra deilu stofnað til loðnuflutningasjóðs, sem þegar hefur þó sannað gildi sitt, og mun ákveðið að hann starfi áfram. Þó að lög um sjóðinn séu framlengd frá ári til árs, þá held ég að mönnum detti ekki í hug að leggja þetta kerfi niður. Hins vegar er ljóst að þessi aukning á veiðiflota er svo mikil að auka verður afkastagetu flotans með því að reisa nýja verksmiðju sem allra fyrst. Vitað er einnig að margir hafa hug á því að kaupa enn ný og stór veiðiskip og nú bætast við fjögur ný, stór loðnuveiðiskip, tvö þegar komin til landsins og tvö koma innan skamms. Einnig hafa menn breytt skipum sínum, bæði lengt þau og byggt yfir, þannig að aukin afkastageta skipanna er verulega meiri en áður. Það er því augljóst mál að brýna nauðsyn ber til að hefja nú þegar undirbúning að nýrri og stórri verksmiðju á vegum Síldarverksmiðja ríkisins, þar sem ég tel að aðrir aðilar hafi ekki tök á því, einir sér a. m. k., að ráðast í slíkt stórfyrirtæki, auk þess sem Síldarverksmiðjurnar eiga nokkuð af tækjum sem hægt væri að nýta með því að raða þeim saman í nýrri verksmiðju. Með hliðsjón af þessu og svo augljósri þörf til að bjarga auknum afla á land er þessu máli enn hreyft hér á Alþingi.

Þessu til viðbótar kemur svo að innan tíðar verður fiskihöfnin í Grindavík gerbreytt og mun taka við öllum stærðum fiskiskipa, en heildarkostnaður við gerð þessarar hafnar getur farið yfir 700 millj. kr., og er ekki vanþörf á að tryggja höfninni sem mestar hugsanlegar tekjur. Þótt loðnuflutningasjóður starfi með ágætum má ekki gleyma því, að það kostar marga tugi milljóna í óþarfa olíueyðslu að sigla með loðnuna norður fyrir land og hækkandi verð á olíu gerir fiskiskipunum þetta nærri ókleift. Auk þessa er svo áhættan, sem svona langsiglingum fylgir, mjög mikil þar sem skipin sigla oft á annan sólarhring og þurfa þá að berja á móti norðanveðri með frosti og því sem því fylgir.

Það er kunnugt að rekstur Síldarverksmiðja ríkisins hefur af eðlilegum ástæðum gengið illa undanfarin ár, þar sem þær eru staðsettar að mestu leyti á því svæði sem lítið af loðnu berst til. En rekstur margra annarra verksmiðja hefur gengið vel og sumar haft uppgrip s. l. 3 ár. Það er mál kunnugra manna hjá SR að ný verksmiðja á þessum hluta landsins mundi létta á heildarrekstrinum.

Sumir hafa látið þá skoðun í ljós að heildarafkastageta verksmiðjanna sé nægileg fyrir hendi. En ef allt er tínt til, allar verksmiðjur á landinu, stórar og smáar, má finna það út að 12 þús. tonna afkastageta er fyrir hendi á sólarhring. En auðvitað vita allir menn að hér er meira talnaleikur á ferðinni en raunveruleiki þar sem þessar verksmiðjur geta auðvitað aldrei verið í hámarksafköstum, það er óhugsandi. Þær þurfa ýmis konar hlé og viðhald og margt annað til þess að geta sýnt hámarksafköst á ákveðnum tíma ársins.

Nú hafa staðið yfir nokkrar deilur út af hugsanlegri leigu á erlendu skipi og skal ég ekki blanda því hér inn í. En augljóst er að mati fiskifræðinga, sem rannsakað hafa loðnugöngur undanfarin mörg ár og munu gera það vissulega betur í framtíðinni, að með skynsamlegri nýtingu á loðnunni og vissri aðgæslu eigum við að hafa hér nokkuð öruggan afla upp á 450—500 þús. tonn eða jafnvel meira á ári. Gefur auga leið að ef það vandræðaástand sem verið hefur, á ekki að endurtaka sig, þá verðum við að reisa nýjar verksmiðjur. Það verður ekki komist hjá því fyrr eða síðar.

Til þess að ég gæti gefið hugmynd um hvað svona verksmiðja kostaði fékk ég þær upplýsingar á s. l. ári að verksmiðja, sem hefði um 1000 tonna afköst á sólarhring, mundi kosta í fjárfestingu með vélbúnaði 450—500 millj. kr. Ég læt mér nú detta í hug, enda hefur sú till. þegar komið fram hér á Alþ., að reistar yrðu fleiri verksmiðjur, og hafa þm. Vesturl. sameinast um þáltill. um að reisa verksmiðju á Snæfellsnesi. Ég tel eðlilegt líka að þm. Sunnl. telji nauðsyn á að fá verksmiðju eða aukna afkastagetu í Þorlákshöfn þegar höfnin þar verður komin í gagnið. Það er nú einu sinni svo með loðnuna, að hún veiðist aðeins mjög stuttan tíma ársins og það er ekkert val um það að bíða. Hún syndir hér fram hjá og hrygnir og svo er það búið. Ef við getum ekki tekið sæmilega á móti loðnunni, þá gefst gæsin ekki meir, það verður að grípa í þessu efni gæs meðan gefst, ekkert val um annað. Þess vegna eru full rök fyrir því að vinna að því að ekki aðeins að sú

verksmiðja, sem þessi till. gengur út frá, verði reist, heldur fleiri. Þetta mun taka nokkurn tíma sem eðlilegt er og hér er um allstórar upphæðir að ræða í fjárfestingu. Auk þess þarf auðvitað góð húsakynni og birgðageymslur. En löndunaraðstaða og hafnaraðstaða verður fyrir hendi innan skamms í Grindavík, er raunar þegar fyrir hendi, og innan skamms í Þorlákshöfn. Þess vegna er eðlilegt að þessu máli sé hreyft og málið sé rætt vítt og breitt.

Ég tel ekki nauðsyn á því, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Mér virðist málið liggja ljóst fyrir. Við höfum möguleika á miklu loðnumagni á næstu árum, ef stofninn er vel nýttur og skynsamlega veiddur, og því eru full rök fyrir því að móttökuskilyrði séu aukin og bræðsluafkastageta stórlega aukin einnig.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að till. sé vísað til atvmn. og hlé gert á umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Öryggisþjónusta Landssímans, þáltill. (þskj. 97). — Ein umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég mun fylgja úr hlaði þessari þáltill. okkar sem lögð var fram hér á þinginu í byrjun des. og hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að Landssíminn geri áætlun um öryggisþjónustu, þannig að fullnægt verði ákvæðum 42. gr. l. um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 frá 1973. Framkvæmd áætlunarinnar hafi forgang."

Ég tel ekki ástæðu að hafa um þetta mál langa og ítarlega framsögu, en vil leyfa mér að vísa til grg. og geta þess sérstaklega, að í þessari 42. gr. l. er gert ráð fyrir því í 1. mgr., að rn., þ. e. heilbrrn., hafi samráð við samgrn. og dóms- og kirkjumrn. (vegamálastjóra, Landhelgisgæsluna og flugmálastjóra) um ferðir lækna til eða milli heilsugæslustöðva. Við vitum að vegamálastjóri og Landhelgisgæslan hafa iðulega verið hjálpleg varðandi þessa þjónustu.

Í 2. mgr. þessarar gr. er gert ráð fyrir heimild fyrir heilbrrn. að gerast aðili að rekstri flugvélar eða þyrlu eða semja við flugfélög til þess að annast vissan þátt í heilbrigðisþjónustunni. Það er svo annað mál, sem ekki verður rætt hér, þótt veitt hafi verið árlega nokkurt fé á fjárlögum til styrktar flugfélögum, sem annast sjúkraflug, félögum sem eru staðsett í öllum landshlutum, þótt svo sé nú málum komið, eins og kom fram í umr. fyrir jól, að enginn slíkur aðili annast rekstur sjúkravélar á Vestfjörðum.

En í 3. mgr. þessarar gr. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Að sama hátt gerir rn. í samráði við samgrn. áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins, svo að tryggt sé að landsmenn geti náð til læknis án tafar."

Svo stór eru þau orð og í dag eru þau í æpandi ósamræmi við staðreyndirnar. Mál þessi hafa verið mjög til umræðu um allt land á liðnu sumri og hausti, ekki síst vegna breytts afgreiðslutíma símstöðvanna, og ýmis bráð sjúkdómstilfelli hafa skerpt þá mynd sem sýnir við hvert öryggisleysi mörg afskekkt byggðarlög búa.

Í þessum umr. hefur komið fram að sá háttur, sem nú er á hafður, er allsendis ófullnægjandi. Ég hygg að flestum hv. þm. sé kunnugt um hvernig þessu er varið víða um landið. Það er gert ráð fyrir að sveitabæir séu tengdir saman svo og svo margir, það séu nokkur númer og fjöldi bæja á hverju númeri og síðan sé utan afgreiðslutíma símstöðvanna mögulegt að hringja neyðarhringingu til stöðvanna. Það er svo mál fyrir sig, hvort hægt er að ætlast til þess að símstöðvarstjórar á þessum stöðum séu allan sólarhringinn bundnir á vakt og hvort hægt er að ætlast til þess að þeir hafi hjá sér inni í sínum svefnherbergjum glymjandi bjöllur allan sólarhringinn. Ég tel að það sé annað fyrirkomulag, sem hægt er að taka upp. En hvað sem um þetta má segja, þá er hitt þó miklu verra, að þær hringingar, sem ætlast er til að gegni neyðarhlutverki, heyrast oft og tíðum ekki vegna þess, hve margir símar eru tengdir saman. Þess vegna tel ég að hægt sé að bæta verulega um þessa þjónustu, og í grg. er bent á leiðir til þess.

Það er í fyrsta lagi að gera athugun á þessu um landið allt og áætlun um hversu margir og ákveðnir sveitabæir fyrst og fremst tengist saman í eitt númer, en þetta númer hafi síðan möguleika til að ná sambandi til heilsugæslustöðva eða hjúkrunarkvenna eða lækna hvenær sem er á sólarhringnum og þá fyrst og fremst hugsað þannig að hægt sé að hagnýta hið sjálfvirka kerfi í landinu, en sjálfvirkt símkerfi er komið í þorp víða um land og nánast með nokkru millibili hringinn í kringum landið. Ég hygg því að það sé spurning meir um skipulag heldur en um fjármögnun hvernig hægt yrði að leysa þetta svo að viðunandi sé.

Í annan stað má gera ráð fyrir því að í þeim byggðarlögum, sem mjög eru fjarri slíkum sjálfvirkum stöðvum og þar sem ekki verður komið við beinni línu til einhvers ákveðins kjarna, þar verði staðsettar neyðartalstöðvar þannig að viðkomandi bær, sem tengdur yrði þá ákveðnum hópi bæja eða ákveðinni tölu símtækja, geti í gegnum neyðarbylgju náð sambandi hvenær sem vera skal.

Till. þessi er flutt til þess að herða á um það að þetta ákvæði laganna komi til framkvæmda og að menn geri sér grein fyrir umfangi verkefnisins og síðan í ljósi þess hver hinn raunverulegi kostnaður verður. En síðan verði ákveðin röð verkefnanna og þau látin sitja í fyrirrúmi þar sem þörfin er brýnust.

Ég held að ég hafi ekki um þetta fleiri orð, en leyfi mér að leggja til að þessu máli verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kostnaður á veitt kíló af bolfiski, þáltill. (þskj. 93). — Ein umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 93 hef ég leyft mér að flytja eftirfarandi till. um rannsókn á kostnaði á veitt kg af bolfiski hjá fiskiskipaflotanum:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela Þjóðhagsstofnuninni sérstaka rannsókn á kostnaði á veitt kg af bolfiski hjá ýmsum flokkum fiskiskipaflotans. Einkum skal lögð áhersla á at-

hugun á eftirtöldum kostnaðarliðum pr. veitt kg: stofnkostnaði, olíu, veiðarfærum, tryggingum, viðhaldi og launagreiðslum. Athugunin nái yfir árin 1971—1974."

Um þetta mál mætti hafa mörg orð og gera hér langa athugun á sjálfur. En ég tel það ekki rétt þar sem ég geri í grg. grein fyrir hvers vegna ég set þetta fram, en þar segir:

„Hafrannsóknastofnunin hefur látið þá skoðun í ljós að aflamagn þorsks muni enn fara minnkandi og verði aðeins um 350 þús. lestir árið 1975. Ætla má að þorskafli landsmanna á þessu ári verði um 370 þús. lestir." Þetta var árið 1974, þegar ég samdi grg., og reyndist svipað og spáð hafði verið. „Árið 1970 nam þorskaflinn 470 þús. lestum. Þegar menn hugleiða þessa þróun og svo fjárfestingu í togurum hlýtur að vera meira en tímabært að gera sér fullkomlega grein fyrir því, með hvaða hætti best verður staðið að veiðum á bolfiski.

Það er flestum kunnugt að endurnýjun á fiskiskipum landsmanna á sér stað í stórum stökkum, en ekki eftir vel gerða athugun á hverju hver tegund skip skilar og hvað verður eftir í þjóðarbúskapnum þegar allt er gert upp að loknu starfsári. Ýmsar ástæður valda þessu. Oft á tíðum ræður hér skammtíma hagnaðarsjónarmið á vissri fisktegund. Flm. telur að gagnger rannsókn á þeim þáttum, sem hér eru upp taldir muni stuðla að rökréttari og jafnari endurnýjun fiskiskipaflotans.

Ekki er einhlítt að hafa í huga kostnaðarþáttinn einan sér, heldur verðum við að meta hvaða tegundir fiskiskipa hagnýti fiskveiðilögsögu okkar sem ákjósanlegast. Staðreynd er að óhóflegt dráp á smáfiski ógnar nú sjálfum þorskstofninum og er ekki réttlætanlegt, þótt sumir telji það illa nauðsyn til þess að hafa eitthvað betri rekstrarútkomu á sjálfu úthaldi skipsins. Einnig er jöfn og skipuleg endurnýjun skipanna afar þýðingarmikil fyrir íslenska skipasmíði og allt atvinnulíf í landinu. Endurnýjun í eins stórum stökkum og gerð hefur verið hér á landi um margra ára tímabil knýr menn til þess að kaupa skipin að verulegu leyti erlendis frá.

Sú skoðun hefur komið fram, að við höfum fjárfest á stuttum tíma um of í togurum og sú mikla fjárfesting, sem þar er, muni ekki skila sér, einkum þegar bolfiskaflinn fer ört minnkandi, eins og staðreyndir sýna nú. Á norrænu fiskimálaráðstefnunni, sem haldin var í Tromsö í ágúst s.l., hélt Guðni Þorsteinsson gagnmerkt erindi um fjárfestingu í veiðiflota landsmanna og komst að þeirri niðurstöðu að greinilega hefði undanfarið verið um of fjárfest einhliða í skuttogurum og sú mikla fjárfesting, sem þar væri bundin, gæti ekki skilað sér á næstunni vegna minnkandi afla. Miklar umræður urðu um þetta erindi og var það samdóma álit ræðumanna að Guðni Þorsteinsson hefði hér rætt um eitt mesta vandamálið við útgerð togara á Íslandi á líðandi stundu, en ekki aðeins hjá íslendingum, heldur gilti hið sama hjá öðrum fiskveiðiþjóðum við Norður-Atlantshaf.

Hið mikla stökk í kaupum á togurum nú ætti að gefa okkur nokkurt svigrúm til þess að hugleiða með hvaða hætti endurnýjun á fiskiskipum okkar er æskilegust, hafandi þá í huga ákveðin tímabil, t.d. næstu 5 ár og svo aftur þar næstu 5 ár. Þess vegna hef ég hreyft þessu máli.

Þótt ég nefni hér togarana sérstaklega, þá er það vegna þess að þeir eru nú þyngstir á metunum í okkar uppbyggingu fyrir bolfiskveiðar, en engu að síður er nauðsynlegt fyrir vissa staði á landinu að hafa jafna og eðlilega skipasmíði og endurnýjun fyrir sitt svæði. En þegar stofnkostnaður togara er kominn yfir 300 millj. verðum við að gera okkur grein fyrir því, hvort þessum 300 millj. er best varið í togara eða í 3 eða 5 aðra fiskibáta.

Því miður er þessi spá óhugnanleg, ef hún rætist, en ekkert vil ég fjölyrða um það. Ég tel að með því viðhorfi, sem við höfum nú allir hér á hv. Alþ. og þjóðin öll, að tryggja okkur stærri landhelgi, þá muni hér fljótt skipast betur til og aukinn afli togaranna muni innan skamms koma í ljós, — þó að sú fjárfesting sé erfið í bili, þá sé vonandi ekki langt í það að hún beri góðan árangur fyrir alla þá aðila sem að henni hafa staðið. Engu að síður tel ég eðlilegt að á þessu verði breyting, líka hafandi í huga að hér er innlend skipasmíði fyrir hendi og hún þarf eðlileg verkefni, en þegar ráðist er í svona stór kaup eins og við þekkjum allt frá eftirstríðsárunum fyrstu, þá hafa innlendar skipasmíðastöðvar auðvitað engan veginn getað mætt þeirri eftirspurn eftir skipum sem fram hefur komið í bylgjum með nokkurra ára millibili.

Þessi athugun á að vera hlutlaus. Hún á að fela það í sér, að veiðifloti landsmanna er flokkaður í ákveðnar stærðareiningar og athugað hver stofnkostnaður er, hve mikið mannahald er við skipin og annar rekstrarkostnaður, og þessir kostnaðarþættir gera langt yfir 90% af öllu úthaldi, svo að hér mun koma fram með hvaða hætti við getum staðið að eðlilegri samsetningu veiðiflotans. Eftir staðháttum deila menn oft um hvað henti hér og hvað henti ekki. En ég er á því, að eins og fiskur hagar sér við landið og hinar ýmsu verstöðvar eru settar, þá hljótum við alltaf að hafa fiskiskipaflota allbreytilegan að útbúnaði og stærð. Með því móti munum við hagnýta best okkar landhelgi og skila sem jöfnustum og bestum afla á land. Ég vil þess vegna ekki gera upp á milli neinna tegunda. Þeir verða að velja sem kaupa skipin. En ég tel eðlilegt, að þeir eigi kost á því að fá um þetta sérstaka athugun, því að þrátt fyrir reikningaskrifstofu hjá Fiskifélagi Íslands, þá koma þar ekki fram gögn eins og ég er hér að óska eftir. Þar er öllu slengt saman og mikið meðaltal fundið út sem segir mönnum oft sáralítið. Með því móti að leggja vinnu í að athuga þetta nánar og flokka þetta meira liggur það fyrir. Ég hef átt kost á því að sjá athugunargerð hjá norðmönnum í þessu efni, hliðstæða því sem ég legg hér til, þó að sú athugun þar hafi verið yfir þrengri hópa fiskiskipa. En sú athugun var gerð með aðstoð tölvutækni og leiddi margt mjög athyglisvert í ljós.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari till. að lokinni minni framsögu verði vísað til atvmn. til frekari athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 34. fundur.

Miðvikudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hafa borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 28. jan. 1975.

Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Ellerts B. Schram, 11. þm. Reykv., sem er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotum til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess að 2. varam. Sjálfstfl. í Reykjavík, Gunnar J. Friðriksson iðnrekandi, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Magnús T. Ólafsson, forseti Nd."

„Reykjavík, 28. jan. 1975.

Af sérstökum ástæðum get ég ekki tekið sæti á Alþ. í fjarveru Ellerts B. Schram, 11. þm. Reykv. næstu tvær vikur.

Virðingarfyllst,
Geirþrúður Hildur Bernhöft."

Það þarf að rannsaka kjörbréf Gunnars J. Friðrikssonar og gef ég kjörbréfanefnd 10 mínútur til að rannsaka kjörbréfið. Fundi er frestað í 10 mínútur meðan kjörbréfanefnd starfar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Gunnars J. Friðrikssonar iðnrekanda, Snekkjuvogi 13, Reykjavík, sem er 2. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi.

N. mælir með því, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Gunnar J. Friðriksson hefur ekki áður setið á þingi og ber því að undirrita eiðstaf.

Drengskaparheit unnið.

Gunnar J. Friðriksson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Gunnar J. Friðriksson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Efri deild, 38. fundur.

Miðvikudaginn 29. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fisksölusamstarf við belgíumenn, þáltill. (þskj. 210). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Neðri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 29. jan., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 233). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, sem lagt er hér fram, á sér nokkuð langan aðdraganda. Í marsmánuði 1970 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh. Eggert G. Þorsteinsson, n. til að endurskoða lög um fóstureyðingar, afkynjanir og vananir, þ. e. annars vegar l. nr. 38 frá 28. jan. 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar og hins vegar l. nr. 16 frá 13. jan. 1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt.

Í n. voru skipaðir 3 læknar, Pétur Jakobsson prófessor, Tómas Helgason prófessor og Sigurður Samúelsson prófessor. Tæpu ári síðar tók Guðrún Erlendsdóttir hrl. sæti Sigurðar Samúelssonar í n., þar sem hann óskaði eftir að vera leystur undan starfi. Síðla árs 1971 tók Vilborg Harðardóttir blaðamaður sæti í n. Þessi n. hélt 24 fundi og skilaði af sér frv. ásamt langri grg. og þetta frv. var lagt fyrir síðasta þing 19. nóv. 1973.

Um frv. urðu miklar deilur, bæði utan þings og innan. Eftir 1. umr. var frv. vísað til heilbr.- og trn. og er skemmst frá því að segja að nál. leit aldrei dagsins ljós og kom frv. því ekki til 2. umr.

Meðal þeirra, sem gerðu athugasemdir við þetta frv. var stjórn Læknafélags Íslands og ætla ég að leyfa mér að rifja lítillega og í örstuttu máli upp athugasemdir stjórnar Læknafélagsins við frv.

Stjórn Læknafélags Íslands er samþykk I. kafla frv. um fræðslu og ráðgjöf að viðbættu ákvæði um ákveðinn aðila sem eigi að sjá um þennan þátt fræðslumála. Athugasemd er við 9. gr. um að heimild til fóstureyðingar að ósk verði felld niður, en í stað þess verði fóstureyðing heimil vegna félagslegra ástæðna fyrir lok 12. viku. Hinar félagslegu ástæður eru svo nánar skilgreindar í þeirri álitsgerð. Í þriðja lagi ákveðnari ákvæði um efri tímamörk til að fyrirbyggja að fóstureyðingar verði framkvæmdar eftir lok 16. viku nema í ýtrustu neyð. Í fjórða lagi að tveggja lækna grg. verði við haldið með þeirri breyt., að félagsráðgjafi megi ganga frá umsókn og grg. sé eingöngu um félagslegar ástæð-

ur að ræða, og ákvæði um skyldur þeirra aðila að standa á rétti konunnar sé henni synjað án nægilegs rökstuðnings. Í fimmta lagi að viðhalda kröfum um að aðgerðinni sé hagað þannig að að konunni sé búið eftir fyllstu kröfum læknisfræðinnar. Í sjötta lagi að breyta uppbyggingu þeirrar þriggja manna n. sem sjá á um framkvæmd laganna, þar sitji einnig kona sem tilnefnd sé af heildarsamtökum kvenna. Í sjöunda lagi er hún samþykk rýmkun á ákvæðum um ófrjósemisaðgerðirnar, en þær séu aðeins heimilaðar að ósk eftir 30 ára aldur.

1. nóv. s.l. skipaði ég svo n. til að undirbúa endurframlagningu þessa frv. N. skipuðu þeir Ingimar Sigurðsson fulltrúi í heilbr.- og trmrn. og alþm. Ellert B. Schram og Halldór Ásgrímsson. N. þessari var falið að endurskoða frv. með tilliti til þeirra athugasemda og þeirrar endurskoðunar er fram hafði komið við upphaflega gerð frv. og gera till. um breyt. þar sem höfð væru hliðsjón af tveimur meginatriðum:

1. Að nauðsynleg væri ný löggjöf, þar eð lögin frá 1935 og 1938 væru löngu úrelt og ófullnægjandi.

2. Að mögulegt yrði að gera frv. að lögum á þessu þingi.

Breytingar þær, sem orðið hafa á frv. frá því að frv. var lagt fram á síðasta þingi beinast allar í þá átt að ná sem víðtækastri samstöðu til að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Breytingar þessar gera lögin að mínum dómi í senn framkvæmanlegri og réttlátari en áður. Aðalbreytingin er sú breyting sem orðin er á 9. gr. hins upprunalega frv. Skv. þeirri gr. skyldi fóstureyðing heimil að ósk konu ef engar læknisfræðilegar ástæður mæltu á móti aðgerðinni og aðgerðin væri framkvæmd á fyrstu 12 vikum meðgöngutímans. Fóstureyðing var því heimil án nokkurra félagslegra eða læknisfræðilegra ástæðna eða sem eins konar getnaðarvörn er grípa mætti til, sýndist konu svo. Þetta braut mjög í bága við álit n., eins og það kom fram í grg. með frv., því að þar segir orðrétt:

„N. lítur svo á að fóstureyðing sé alltaf neyðarúrræði, vegna þess að um er að ræða læknisaðgerð sem getur haft áhættu í för með sér og krefst sérhæfðs starfsfólks og fullkomins útbúnaðar til sérhæfðrar læknismeðferðar ef eitthvað ber út af."

Úr þessari þversögn hefur verið bætt í núverandi gerð frv. Fyrri hluti 9. gr. frv. hljóðar nú þannig:

„Fóstureyðing er heimil:

1. Félagslegar ástæður: Þegar ætla má að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Við slíkar aðstæður skal tekið tillit til eftirfarandi:

a) Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
b) Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
c) Þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.
d) Annarra ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður."

Um fyrstu setningu þessarar gr. er það að segja, að ef við álítum fóstureyðingu neyðarúrræði hljótum við líka að álíta að kona æski ekki fóstureyðingar nema hún sjálf áliti að tilkoma barns þess, er hún gengur með, sé henni óbærileg á þeim tíma er hún fer fram á slíka aðgerð. Hvort óbærilegt er að ala barn sem ekki er álitið tímabært að áliti móður þess, föður eða beggja foreldra fer oftast eftir þeirri aðstöðu er móðir eða báðir foreldrar geta af eigin rammleik og með aðstoð þjóðfélagsins skapað þessum nýja einstaklingi. Húsnæðisskortur, lágar tekjur, skortur á dagvistun og annarri aðstoð við uppeldi hins nýja einstaklings er eflaust stundum ástæða til þess að barn er af foreldri eða foreldrum sínum talið óvelkomið í þennan heim. Þetta eru ástæður sem oftast má bæta úr á einn eða annan hátt af hálfu þjóðfélagsins. Fóstureyðingin sjálf leysir engin félagsleg vandamál, en það skal játað að hún gerir þjóðfélaginu kleift að líta fram hjá félagslegum vandamálum, eins og t. d. húsnæðisskorti og fátækt.

Það er álit mitt að með aukinni aðstoð við ógiftar sem við giftar mæður, bæði hvað snertir húsnæði og aðstoð almannatrygginga, svo og auknu dagvistunarrými getur þjóðfélagið komið í veg fyrir að barn, sem talið er ótímabært og óvelkomið við fyrstu athugun, verði móður sinni bærilegt. Það er því mitt álit að breyting sú, sem orðin er á frv. hljóti að leggja auknar skyldur á herðar þjóðfélagsins

Um a-lið þessarar greinar, þ. e. hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði, er það að segja að hæfilegt bil á milli barnsfæðinga er almennt talið til bóta bæði fyrir heilsu móður og barns. Að ganga með barn er andlegt, líkamlegt og tilfinningalegt álag fyrir móður, og sá tími, sem líður milli fæðinga, er því sá tími sem á að nýta til að byggja upp andlega og líkamlega krafta hennar. Önnur rök þarf naumast að hafa fyrir þessum lið 9. gr. frv.

2. liður þessarar gr.: „Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu" — endurspeglar betur en flest annað það sem minnst var á hér áðan. Skortur á upplýsingum um getnaðarvarnir í okkar annars á margan hátt frjálslynda þjóðfélagi er orsök margra ótímabærra fæðinga. Úr þessu verður þjóðfélagið að bæta og þetta frv. er stórt skref til úrbóta á þessu sviði. Fátækt og heilsuleysi eru ástæður sem þjóðfélagið getur bætt á margan hátt, t. d. með aukinni aðstoð við láglaunafólk og barnmargar fjölskyldur, svo og með auknum bótum almannatrygginga. En því miður er ekki hægt að gera allt samtímis og því verður fóstureyðingarlöggjöf á Íslandi að viðurkenna að slíkar ástæður séu fyrir hendi í okkar þjóðfélagi.

Um 3. lið þessarar gr., þ. e. þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt, þarf ekki að fara mörgum orðum. Stóraukin kynferðisfræðsla í skólum, sem því miður er nú af mjög skornum skammti, getur dregið stórlega úr fóstureyðingum, sem gerðar væru af þessari ástæðu. Að neyða börn til þess að eiga börn, sem þau aldrei geta annast, og eyðileggja þannig bæði æsku móðurinnar og

barnsins er bæði ómannúðlegt og lýsir skorti á skilningi á þeim kröfum sem við gerum til uppeldis og lífsskilyrða barna okkar.

Síðasti liður þessa kafla 9. gr., þ. e. „annarra ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður“ — á að veita nauðsynlegt svigrúm til að hægt sé að taka til greina sérstakar aðstæður sem alltaf geta verið fyrir hendi og ekki eru hér taldar upp.

Um læknisfræðilegar ástæður í 2. lið 9. gr. ætla ég ekki að fjölyrða. Þær eru öllum svo auðskildar að um þær þarf naumast að ræða hér.

Ég hef fjölyrt nokkuð um breytingarnar á 9. gr. frv. vegna þess hve um hana spunnust miklar deilur á síðasta þingi. Ef dæma mætti eftir umr. mætti halda að gr. þessi væri sú í frv. er mestum sköpum skipt. Ég er mjög mótfallinn þessari skoðun þar sem ég tel I. kafla frv., þar sem fjallað er um ráðgjöf og fræðslu, þann almikilvægasta. Með þeim kafla er það gert að skyldu skv. lögum að láta í té fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir jafnt fyrir unga sem fullorðna. Eina breyt., sem gerð er á þessum veigamikla kafla frá fyrra frv., er sú að nú er kveðið á um hvaða aðilar skuli hafa með höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar fræðslu, en það eru landlæknir og skólayfirlæknir. Sú breyt. getur varla verið annað en til bóta.

Í II. kafla frv. eru nú gerðar meiri kröfur til umsókna um fóstureyðingar en áður var. Nú er gert ráð fyrir að alltaf standi tveir aðilar að umsókninni ásamt konunni sjálfri, þ. e. a. s. tveir læknar eða læknir og félagsráðgjafi. Enginn dregur í efa hæfni einstakra sérfræðinga til að gera sér grein fyrir aðstæðum og heilsufarsástandi konunnar. En hins ber að minnast, að betur sjá augu en auga, og til að tryggja sem best heilsu og velferð konunnar teljum við rétt að fleiri en einn sérfræðingur skili grg. með umsókninni.

Í III. kafla frv., þeim sem fjallar um ófrjósemisaðgerðir hefur verið gerð sú meginbreyting að aldurstakmarkið hefur verið hækkað úr 18 í 25 ár. Þetta er gert til þess að reyna að tryggja velferð unglinga, sem e. t. v. óska eftir ófrjósemisaðgerð að lítt yfirveguðu máli vegna þroskaleysis.

Í kaflanum um almenn ákvæði hefur sú breyting orðið frá fyrri gerð frv., að nú er kveðið á um að n. sú, er skipuð sé til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, verði nú skipuð einum félagsráðgjafa ásamt lækni og lögfræðingi. Ég tel nauðsynlegt að félagsráðgjafi eigi sæti í þessari n., svo að tryggt verði að félagslegar ástæður umsækjanda verði engu síður rétthár en þær læknisfræðilegu og að þær verði kannaðar af einstaklingi sem hefur sérmenntun til að meta slíkar aðstæður.

Ég ætla ekki að hafa þessa framsöguræðu miklu lengri. Þetta mál var hér ítarlega rætt við 1. umr. á s. l. vetri. Þær breytingar, sem hér eru gerðar frá fyrra frv., eru gerðar vegna þess að ég taldi rétt að leita eftir betri samstöðu, þannig að málið fengist fremur afgr. héðan frá hv. Alþ., því að um það hljóta flestir ef ekki allir alþm. að vera sammála að sú löggjöf, sem nú er í gildi, er svo ófullkomin og ranglát að við hana verður ekki lengur búið. Ég tel því betra að gera breytingu í þessa átt, ef það verður til þess að greiða fyrir afgreiðslu þessa frv. á Alþ., þannig að við fáum réttlátari og betri löggjöf en nú er búið við. Ég vil taka það fram um brtt. þm. sem fram kunna að koma við þetta frv., að ég fyrir mitt leyti vil meta þær og vega þegar þær koma fram og sömuleiðis þær brtt. sem væntanleg n. kemur til með að gera við frv. Það er höfuðatriði fyrir mér að þetta mál fái afgreiðslu á þessu þingi, því að um það verður ekki deilt með neinum rétti, eins og ég sagði áðan, að núgildandi löggjöf er fyrir löngu orðin úrelt og í alla staði ranglát.

Ég vil ljúka máli mínu með þeirri ósk að þetta frv., sem hér er lagt fram, fái málefnalega og yfirvegaða málsmeðferð og að þm. láti orð sín hvorki stjórnast af fordómum né tilfinningasemi. Til þess er þetta frv. allt of mikilvægt.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og trn.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég á sæti í þeirri n. sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, þannig að ég mun ekki fara mörgum orðum um frv. við 1. umr. Ég gerði raunar grein fyrir þessu frv. í dálítið annarri mynd á síðasta reglulegu þingi og flutti þá allítarlega ræðu og gerði grein fyrir skoðunum mínum á þessum málum. Sú ræða liggur fyrir prentuð og menn geta kynnt sér hana ef þeir hafa áhuga á. Engu að síður eru það einkanlega tvö atriði sem ég vildi vekja sérstaka athygli á strax nú við 1. umr., breytingar sem ég fyrir mitt leyti get ekki lýst samþykki mínu við.

Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh. og kemur raunar fram í grg. frv., að ástæðan fyrir því að fyrra frv. var tekið til sérstakrar endurskoðunar, hafi verið deilur jafnt utan þings og innan og ýmiss konar mótmæli, skriflegar athugasemdir sem borist hafa til heilbr.- og trmrn. og til Alþ. Ég hygg að menn megi ekki draga allt of miklar ályktanir af slíkum athugasemdum sem berast. Það er sá háttur á í þjóðfélagi okkar núna að menn eru mikið gefnir fyrir að mótmæla öllu hugsanlegu og þeir, sem óánægðir eru, koma óánægju sinni á framfæri, en hinir, sem ánægðir eru eða láta sér vel líka, hafast ekkert slíkt að. Ég vil því vara við því að menn taki einhliða mark á mótmælum sem berast. Það er talsvert miklu meira sem þarf að kanna og vega en þessi mótmæli ein. Engu að síður virðist sem þessu frv. hafi verið breytt vegna þessara mótmæla. Segir svo í grg frv.: „Till. n. hafa mótast af því að nauðsyn nýrrar löggjafar sé knýjandi og með hliðsjón af því þurfi að vera einhverjir möguleikar á því að frv. geti orðið að lögum.“ Sama sjónarmið kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að þessar breytingar séu gerðar til þess að koma á einhvers konar málamiðlun svo að þetta frv. geti fengist afgr. á þessu þingi. Ég hygg að það sé ákaflega einfalt mál, að þar sem ágreiningsefni kunna að vera um þetta frv. skeri atkv. úr og að það sé óþarfi að búa til einhverja málamiðlun þannig fyrir fram. Ef menn greinir á um grundvallaratriði í sambandi við málið verður meiri hl. að ráða því að sjálfsögðu og það á ekki að þurfa að tefja afgreiðslu málsins á einn eða neinn hátt.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að I. kafli

þessa frv., ráðgjöf og fræðsla, er langmikilvægasti kafli frv. og raunar algjört undirstöðuatriði í þessari frv.-gerð. Á þessu sviði höfum við Íslendingar verið miklir eftirbátar annarra þjóðfélaga umhverfis okkur, og fáfræði um kynlíf og barneignir er með miklum ólíkindum hér á Íslandi, ekki síst í þéttbýli. Þetta á ekki síst við um unglinga, oft mjög unga unglinga, sem hreinlega vita ekkert um kynferðismál, en samneyti kynjanna hefst sem kunnugt er miklu fyrr nú en tíðkaðist hér áður. Þess vegna er ákaflega mikil þörf á aukinni ráðgjöf og fræðslu.

Efnisatriðin í þessum I. kafla eru algjörlega óbreytt frá því að frv. var lagt fram upphaflega að öðru leyti en því, að nú er ákveðið að landlæknir hafi á höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar ráðgjafar og fræðslu. Er þar væntanlega átt við þá ráðgjöf og fræðslu sem er á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum, og við það hef ég ekki neitt að athuga.

Í 7. gr. frv., sem fjallar um fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins, er hins vegar ákveðið að skólayfirlæknir eigi að sjá um framkvæmd og uppbyggingu fræðslustarfs samkv. þessari gr. Ég tel að þetta sé ákaflega misráðið. Ég er þeirrar skoðunar að fræðsla um kynlíf og siðfræði kynlífsins í skyldunámsskólum og öðrum skólum eigi að vera eðlilegur hluti af venjulegu námsefni í skólunum, og ég tel að þetta sé algjört grundvallaratriði. Að öðrum kosti kemur þessi fræðsla ekki að tilætluðum notum. Ef þetta á að vera í höndum aðila utan skólakerfisins, skólayfirlæknisins, hversu ágætur sem sá maður er, þá er litið á það sem eitthvert annarlegt málefni, eitthvert feimnismál, og það er einmitt það sem við verðum að forðast. Þessi kennsla verður að fara fram á alveg eðlilegan hátt og falla á eðlilegan hátt inn í námsefnið. Ég tel að það sé algjört grundvallaratriði til þess að slík fræðsla nái tilgangi sínum í skólum. Ég tel að sú n., sem fær frv. til athugunar, þurfi að huga alveg sérstaklega að þessu, því að ég tel þetta einhverja mestu veiluna sem er í þessari nýju gerð frv. Ég tel að þarna sé mörkuð röng stefna, algjörlega röng stefna, sem kunni að leiða til þess að þessi fræðsla nái alls ekki tilgangi sínum.

Eins og hæstv. ráðh. gat um er það hin upphaflega 9. gr. frv. sem mestum deilum olli, einkanlega í fjölmiðlum. Þær umr., sem urðu við 1. umr. á þingi, voru yfirleitt málefnalegar og rólegar, en í fjölmiðlum hafa hins vegar komið fram býsna tilfinningasjúk skrif margsinnis. Það atriði, sem hefur verið gagnrýnt, er þetta: „Fóstureyðing er heimil að ósk konu, sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla móti aðgerð.“ Þetta var upphaf 9. gr. í frv. eins og það var lagt fram á síðasta reglulegu þingi og þetta hefur nú verið fellt út úr frv. Ég er einnig andvígur þessari breytingu. Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um að það má ekki líta á fóstureyðingu sem einhvers konar getnaðarvörn. Það er algerlega fráleit afstaða, og ég hygg að ef I. kafli frv. verður framkvæmdur eins og til er ætlast, þá muni ekki til slíks koma. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðh. sagði, að það er mikið álag, andlegt, líkamlegt og tilfinningalegt, á unga konu að verða barnshafandi í fyrsta skipti. Og fóstureyðing er tvímælalaust neyðarúrræði. Hún er það ekki vegna þess að læknisaðgerðin sé hættuleg í sjálfu sér. Hér er um að ræða tiltölulega einfalda læknisaðgerð sem á að geta verið hættulaus ef hún er framkvæmd við fullnægjandi aðstæður. Vandinn veit hins vegar að konunni sjálfri. Þetta er ákvörðun sem hlýtur að vera mjög nærgöngul við tilfinningar manna, siðgæðishugmyndir þeirra og þ. á m. trúarviðhorf sem margir menn eru búnir. Kona, sem lendir í slíkum vanda, verður að gera þessi vandamál upp við sjálfa sig í samræmi við samvisku sína og í samræmi við mat sitt á framtíðinni. Þá ákvörðun getur enginn tekið í staðinn fyrir hana.

Mér finnst það vera furðulegur siðgæðishroki þegar sérmenntaðir menn, hvort sem það eru læknar, félagsráðgjafar eða prestar, telja sig umkomna að taka siðferðilega ákvörðun af þessu tagi í staðinn fyrir einhvern annan og knýja upp á hann ákvörðun sína og vald.

Þetta er ein af þeim ákvörðunum sem eru af því tagi, að það getur enginn fjallað um hana nema einstaklingurinn sjálfur. Þetta er hluti af þeim vanda og þeirri vegsemd að vera maður og þann vanda getur engin umflúið. Slíkar ákvarðanir á ekki að fela á bak við einhverja sérfræðinga eða einhverjar nefndir. Þetta verður einstaklingurinn að gera upp við sjálfan sig. Það getur vel komið fyrir að konur taki ákvarðanir í þessu efni sem þær kunna síðar að sjá eftir. En það er einn vandi lífsins sjálfs, að menn verða oft að gera upp við sig vandamál, hvort sem þeir eiga eftir að iðrast þeirra eða ekki. Það er eina leiðin til þess að verða maður. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar, einmitt af siðferðilegum ástæðum, að þetta ákvörðunarvald eigi hvergi að vera nema hjá konunni sjálfri, en að sjálfsögðu innan þeirra marka að slíka ákvörðun verði að taka innan 12 vikna meðgöngu.

Menn segja að með þeirri till., sem fólst í frv. eins og ég lagði það fyrir á síðasta reglulegu þingi, sé verið að auka frelsi konunnar til ákvörðunar, og það er alveg rétt. En það er einnig verið að auka ábyrgð hennar, við skulum ekki gleyma því. Það er mjög hættulegt að menn geti flúið persónulega ábyrgð með því að fela sig á bak við lækna eða félagsráðgjafa. Í því er fólginn siðferðilegur flótti sem er ekki hollur neinum manni, og með því er hægt að kenna öðrum um ákvarðanir, alvarlegar ákvarðanir, sem eiga að vera persónubundnar. Menn geta vissulega lagt góð ráð í þessu sambandi, og hver sem lendir í slíkum vanda hefur vafalaust gott af því að ráðgast við lækni og félagsráðgjafa og annað gott fólk. En ákvörðunarvaldið á að vera hjá einstaklingnum sjálfum. Það eitt er í samræmi við hugmyndir mínar um það hvernig einstaklingar eigi að lifa lífinu.

Þeirri röksemd hefur heyrst fleygt, að sjálfsákvörðunarréttur konu þegar um er að ræða

fóstur, sem er yngra en 12 vikna, muni auka mjög fóstureyðingar á Íslandi í samanburði við það kerfi sem lagt er til að verði tekið með þessu nýja frv. Fyrir þessu eru hreinlega engin rök. Ég vil minna á það, að hér hafa verið í gildi að undanförnu tvenn lög um þetta efni, önnur lögin frá 1935, hin lögin frá 1938, sem kveða á um það í hvaða tilvikum megi heimila fóstureyðingar. Samkv. þessum lögum voru heimilaðar 99 fóstureyðingar árið 1970. Þær fóstureyðingar, sem heimilaðar voru 1973, voru hins vegar 223. Þær höfðu meira en tvöfaldast. Lögunum hafði samt ekki verið breytt. Það hafði engum reglum verið breytt. Það eru bara þeir einstaklingar, sem þarna fóru með vald, sem meta fyrirmæli laganna á mismunandi hátt, þannig að á einum þremur árum fjölgar jákvæðum afgreiðslum þeirra á slíkum umsóknum um meira en helming. Þetta gerist á sama tíma og allir vita að ákaflega stór hópur kvenna hefur farið utan til fóstureyðinga. Slíkar ferðir hafa hreinlega verið auglýstar og skipulagðar, og við vitum um það, að að þeim eru ákaflega mikil brögð. Í því sambandi er ástæða til að vekja athygli á því sem framkvæmdaatriði, að það er tilgangslítið að hafa um þetta efni þrengri reglur hér en eru í nágrannalöndum okkar, því að það leiðir þá til þess að einstaklingar, sem ekki telja sig fá notið hér réttar síns, fara til annarra landa og láta framkvæma slíkar aðgerðir þar. En slík ferðalög verða hins vegar forréttindi þeirra sem hafa fjárráð til þess að fara inn á þessa leið og hafa þekkingu til þess að geta komið sér þannig á framfæri í erlendum löndum. Ég er hræddur um að það yrðu þær stúlkur, sem eiga í mestum vanda hvað þetta snertir, sem yrðu afskiptar. En þetta er atriði framkvæmdalegs eðlis. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða mál sem verði að meta á siðferðilegum grundvelli, og það er á þeim rökum sem ég tel að þessi réttur eigi að vera í höndum konunnar.

Þær reglur, sem hæstv. ráðh. fór hér yfir áðan, eru félagslegar ástæður með fjórum undirliðum og læknisfræðilegar ástæður með þremur undirliðum og svo í þriðja lagi ef um nauðgun er að ræða eða þungun sem afleiðingu af öðru refsiverðu atferli. Þessar reglur eru, ef menn líta á þær, ákaflega almennar og ef við samþ. þessar reglur sem lög, þá hefðum við ekki minnstu hugmynd um hvaða reglur við værum að setja. Þarna væri um að ræða mat þeirra manna sem ættu að framkvæma reglurnar. Það er hægt að heimfæra svo til hvaða tilvik sem er undir þessar reglur. Ef menn lesa þær, þá ætti þeim að vera ljóst að það fer eftir mati læknis og félagsfræðings, og það er hægt að framkvæma eiginlega hvaða fóstureyðingu sem er samkv. þessum reglum. Ég hef ekki nokkra minnstu trú á því að þetta feli í rauninni í sér einhverja takmörkun á þessum rétti a. m. k. ekki miðað við þau viðhorf sem nú eru uppi hér á Íslandi. En við erum hins vegar að færa sérfræðingum, lækni, félagsráðgjafa, völd yfir lífi annars fólks sem ég tel að engir menn eigi að hafa, hver einstaklingur verði að hafa út af fyrir sig.

Í sambandi við kaflann um fóstureyðingar vil ég vekja athygli á því að þar hefur einnig komið til viðbót, sem mér finnst ákaflega einkennileg. 13. gr. frv., eins og það er nú lagt fyrir, fjallar um hvernig ganga skuli frá umsókn, grg. og vottorði. Er þar í fjórum fyrstu liðunum efnislega fjallað um það mál á svipaðan hátt og gert var í frv. sem flutt var á síðasta reglulegu þingi. Síðan er bætt við 5. lið sem er á þessa leið: „Hætti kona við aðgerð ber henni að staðfesta þann vilja sinn skriflega.“ Við þessu er ekkert að segja. Svo kemur: „Sé konu synjað um aðgerð skal það tilkynnt hlutaðeigandi aðilum. Telji hlutaðeigandi aðilar að kona hafi verið misrétti beitt, þá ber þeim skylda til að vísa málinu til úrskurðar n. þeirrar, sem kveðið er á um í 28. gr.“ Nú er þetta orðalag ákaflega loðið og nánast óskiljanlegt. Það er ekkert getið um hver hafni og það er ekkert getið um hverjir eru hlutaðeigandi aðilar. Hins vegar kemur það í ljós þegar maður les grg., að hlutaðeigandi aðilar eru einmitt læknarnir eða læknirinn og félagsráðgjafinn sem eiga að fara með úrskurðarvaldið samkv. þessum kafla laganna. En þarna er sem sé kominn nýr aðili sem getur hafnað eftir að þessir aðilar eru búnir að taka ákvarðanir sínar. Þó að þetta sé óljóst orðað, þá virðist mér á grg. að þarna sé átt við sjúkrahús, að sjúkrahúsið geti hafnað aðgerð þó að búið sé að ganga frá henni eins og lögin gera ráð fyrir, með rökstuðningi tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa. Hins vegar er ekki tekið fram um það hvaða aðili sjúkrahússins á að taka þessa ákvörðun. Þarna er kominn inn nýr aðili sem á að fjalla um þetta mál. Það eru ekki aðeins læknirinn og félagsráðgjafinn og ekki aðeins n., sem um er fjallað í 28. gr., heldur sjúkrahús. Þarna finnst mér vera farið undarlega að, og ég vænti þess að n., sem fær málið til meðferðar, líti alveg sérstaklega á þetta atriði, því að af þessu sýnist mér geta hlotist margs konar vandræði og óþarfir árekstrar. Það stendur að það sé hægt að vísa slíkri neitun til n. þeirrar sem kveðið er á um í 28. gr. og skipuð er einum lækni, einum lögfræðingi og einum félagsráðgjafa. Hins vegar er ekkert sagt um að þessir 3 menn hafi eitthvert vald til að skipa sjúkrahúsinu ef það neitar. Ég sé því ekki betur en að málin séu þarna sett í mjög undarlega og ástæðulausa og óþarfa sjálfheldu.

Það eru minni háttar atriði sem hægt hefði verið að víkja að í sambandi við þetta frv., en ég mun ekki gera það við 1. umr., vegna þess að ég get komið þeim málum á framfæri í nefndinni sjálfri. En ég vil taka undir það með hæstv. ráðh., að ég tel það skipta ákaflega miklu máli að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi. Sú löggjöf, sem fyrir er, er orðin ákaflega úrelt og nær á engan hátt tilgangi sínum. Við verðum að setja um þetta nýja löggjöf og eins og ég sagði áðan, þá geri ég ráð fyrir því, ef ekki næst samstaða í n., að ég muni beita mér fyrir því að fluttar verði vissar brtt. við frv. Þar verða atkv. að sjálfsögðu að ráða. En ég mun fyrir mitt leyti leggja á það áherslu, bæði innan n. og hér í hv. d., að þetta frv. fái sem greiðasta og málefnalegasta afgreiðslu.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki efnislega að ræða þær aths. sem hv. þm. gerði að umræðuefni, en vil taka það fram til viðbótar því sem ég sagði áðan, að sú n., sem endurskoðaði þetta frv. og kannaði þær aths. sem fram hafa komið við upphaflega gerð frv., hélt 8 fundi. N. viðaði að sér öllum skriflegum aths., sem höfðu borist rn. og Alþ., og hélt fund með landlækni og fengin voru gögn og upplýsingar frá embætti hans, og einnig hélt n. fund með stjórn Læknafélags Íslands.

Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að vitaskuld verður afl atkv. að ráða í sambandi við þær till., sem hér liggja fyrir, eða brtt. sem kunna að verða fluttar við þetta frv.

En það er aðeins eitt atriði út af 13. gr. frv., að hafi konu verið synjað um aðgerð í einu sjúkrahúsi er ekki heimilt að framkvæma aðgerðina á öðru sjúkrahúsi nema leyfi n. komi til. Ég er mjög hræddur um að það verði erfitt að fá lækna til samstarfs með því að segja að þeim sé skylt að gera þessa aðgerð ef konan óskar eftir því, og það er verið að taka tillit til hvað á að knýja menn til að gera og setja það undir n., en konan hefur auðvitað sinn mikla rétt í því sambandi, og n. er ákvarðað að vinna skjótt samkv. þessu frv. Ég held að þessi viðbót við 13. gr. sé mjög vel skiljanleg. Hins vegar kemur auðvitað n., sem fær frv. til meðferðar, til þess að að athuga bæði þetta mál og aðrar aths. sem fram hafa komið og fram kunna að koma.

Ég er hv. síðasta ræðumanni ekki sammála um orðalag 9. gr., eins og hún var í því frv. sem lagt var fram á síðasta þingi, og það orðalag sem er á 9. gr. í þessu frv., eins og það er hér lagt fyrir. Ég tel að það sé miklu eðlilegra orðalag og gleggra hvað snertir heimild til fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, eins og er nú í 9. gr. frv. Hins vegar, eins og ég sagði áðan, er það á valdi Alþ., hvora leiðina eða einhverja aðra leið eða annað orðalag Alþ. velur. Ég geri það ekki að neinu kappsmáli, þó að breytingar séu gerðar á þessu frv., ef n., sem fær það til meðferðar, telur það rétt og þingmeirihluti er fyrir hendi. Ég tel, eins og við erum raunar báðir sammála um, höfuðatriði þessa máls að frv. verði að lögum og I. kafli frv. er að dómi okkar beggja langviðamesti kaflinn í frv. og skiptir langmestu máli.

Ég ætla svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég vonast til þess, að heilbr.- og trn., sem fær frv. væntanlega til meðferðar, reyni eftir föngum að hraða afgreiðslu málsins og stefnt verði að því að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég átti sæti í þeirri n. sem hafði með þetta mál að gera í fyrravetur. Þetta mál kom fljótlega til meðferðar n. og var rætt á nokkrum fundum, en af ýmsum ástæðum dró ekki til þess að um afgreiðslu yrði að ræða.

Varðandi höfuðatriði málsins, eins og það liggur fyrir nú, býst ég við að ég misfari ekki með neitt þó að ég segi, að það sé mjög á þann veg sem virtist vera meirihlutafylgi fyrir í n., og á ég þá við aðalágreiningsefni frv. varðandi 9. gr. Það er í raun og veru það efni, sem deilan snýst um. Og ég verð að segja, að þótt við háv. nm. yrðum fyrir allmiklum þrýstingi úr ýmsum áttum var að meginhluta til sá þrýstingur málefnalegur og minna um móðursýki, a. m. k. að því er að okkur sneri, en hins vegar varð þess sjúkleika mikið vart í skrifum um málið, ekki er því að neita.

Varðandi I. kaflann er það rétt, að hann er hinn mikilvægasti í sjálfu sér ef þeir, sem gerst þekkja til, hafa rétt fyrir sér um ástandið í þessum málum í þjóðfélagi okkar, hina miklu vanþekkingu á þessu sviði sem haldið er fram að sér í lagi yngra fólk sé haldið, og skal ekki fjölyrt um það. Sé ástandið með þeim hætti, sem ég get að vísu ekki dæmt um af öðru en því sem haldið er fram af þeim sem maður hefur ástæðu til að ætla að þekki vel til, er vissulega hin brýnasta nauðsyn að þeim málum sé kippt í liðinn með stóraukinni ráðgjöf og fræðslu eins og hér er lagt til. Ég skal ekki um það dæma, hvort það er hin rétta aðferð og líklegust til að gefa besta raun að skólayfirlæknir eigi að sjá um framkvæmd og uppbyggingu fræðslustarfs skv. þessari gr. Ég geri ráð fyrir því — um það geta skólamenn að vísu betur dæmt — að þetta eigi að vera í höndum yfirvalds skólanna sjálfra og mætti þó kannske útfæra þetta á þann veg að samstarf yrði um þetta milli skólayfirlæknis og skólayfirvaldanna sjálfra, enda kæmi það af sjálfu sér, hygg ég, ef skólayfirvöldin og skólastjórarnir hefðu mest með málið að gera.

En þá er það 9. gr. Þar skilur alvarlega í milli. Um hana hafa deilur manna snúist nálega eingöngu, og að vissu leyti eru þau viðhorf skiljanleg. Þegar svo örlagarík ákvörðun er tekin eins og þegar kona þarf að gera það upp við sig hvort hún eigi að eyða lífi sem hefur orðið til með henni, þá eru skiljanlegar þær skoðanir sem fram er haldið, að hún eigi og verði að taka ákvörðun ein sjálf. En reynslan hefur orðið allalvarleg víða í þessum sökum og einmitt að því er snertir þetta atriði, að þá hafa ungar konur, sérstaklega konur á barnsaldri, leiðst og hrasað um það og litið á þetta sem getnaðarvörn. Allt virðist hafa bent til þess í fenginni reynslu, að þannig hafi því miður þetta orðið í raun, og fram hjá slíkum skerjum verður vitanlega að sigla. Enn fremur er að því að gá, að í flestum tilfellum á þetta sér stað hjá konum, sem eru svo að segja á barnsaldri eða nýkomnar af barnsaldri að kalla má, og þess vegna ástæða til þess að þeim sé veitt ráðgjöf. Þær verða tæplega taldar þess umkomnar sjálfar — þótt á hinn bóginn siðferðilega séð þyrftu þær helst að vera það — að taka einar og sjálfar lokaákvörðun í svo örlagaríku máli fyrir þær sjálfar og framtíð þeirra.

Ég hef hallast að þeirri skoðun að það sem hér er lagt til, sú aðferð sem að þessu lýtur og hér eru gerðar till. um, sé eftir sem áður nauðsynleg, enda þótt ég skilji fullkomlega þau rök sem til þess liggja að annað væri æskilegra, en ég tel á þessu stigi málsins a. m. k. óframkvæmanlegt. Breytir þar engu um þótt svo hátti til að konur kunni að fá slíka aðgerð framkvæmda í öðrum löndum. Við höfum ekki tök á því að hafa neitt um það sérstakt að segja.

Ég vil taka það fram að í heild tekið er ég fylgjandi frv. eins og það er nú úr garði gert. En hér hefur komið til umr. 13. gr. frv., sem ég

er eins og hv. 3. þm. Reykv. nokkuð gagnrýninn á. Við höfum að vísu haft löggjöf um fóstureyðingar frá 1938 sem álitin hefur verið af þeim, sem gerst þekkja til, allfrjálslynd, en aðalhængurinn á sá, að framkvæmdin hafi verið allt of svifasein, þannig að mörg stórslys hafa gerst í þessum efnum. Mér sýnist að með því ákvæði, sem hér hefur verið sérstaklega rætt um, og er nýtt, sé verið að setja upp hættulegan þröskuld sem hægt er að hnjóta um í framkvæmdinni, þar sem kominn er inn nýr aðili — það verður ekki skilið á annan veg en þann — sem getur hindrað framgang málsins. Nú er það afar mikilvægt í þessu dæmi að ekki verði um tímatöf að tefla, nóg er nú samt sem þessum læknum er fengið í hendur, að verða að eyða lífi, fóstri sem er 11—12 vikna gamalt, því að vissulega hrærist fullkomið líf með því, þótt ekki séu settar upp neinar hindranir á framgangsmáta. Það sem þeir, sem gerst þekkja til, segja að hafi verið örðugast í sambandi við framkvæmd þeirra laga sem við höfum búið við, er hversu mikill seinagangur hefur verið á framkvæmdinni og hefur orsakað ömurleg slys í þessu sambandi. Þess vegna má ekkert það vera í þessum lögum sem til viðbótar þeim ákvæðum, sem hér er lagt til að höfð séu skv. 9. gr. og um framkvæmdina sjálfa, sem hindrar það, þegar ákvörðun hefur verið tekin um fóstureyðingu, að hún nái fram hið allra fyrsta og þegar í stað.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta mál lengur eða frekar á þessu stigi málsins. Þetta mál fer nú til n. og mun þá væntanlega fá þar — að vísu vandlega meðferð vonandi, en þó sem allra skjótasta, því að ég hygg að hin mesta nauðsyn sé á að þetta mál fái formlega afgreiðslu og verði að lögum á þessu þingi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég ætla mér ekki nú við 1. umr. að orðlengja um þetta frv. sem hér liggur fyrir. Hér er um ákaflega stórt, vandasamt og viðkvæmt mál að ræða, og ég tel að það sé ákaflega erfitt að fullyrða um hvað er rétt og hvað er rangt í þessu máli, svo einstaklingsbundið sem það er. En einhverri meginreglu verðum við þó að ganga út frá í okkar löggjöf.

Ég vil taka undir það, að I. kaflinn, um fræðslu og ráðgjöf, er ákaflega mikilvægur, og það er einmitt vegna þessa atriðis um fræðsluna og ráðgjöfina, að mér fannst frv. eins og það lá fyrir áður ganga of langt, miðað við það að við erum hér á Íslandi í dag engan veginn viðbúinn að annast þá fræðslu og ráðgjöf sem I. kafli laganna gerir ráð fyrir. Með því að leggja mikið upp úr þessu atriði án þess að sé hægt að veita þessa fræðslu og ráðgjöf í raun tel ég að við værum að fara út á mjög hála braut.

Ég vil aðeins í þessum örfáu orðum vitna til þess sem kemur fram í grg. n. sem fjallaði um þetta mál. Hún vitnar í reynslu grannþjóða okkar, að einmitt þessi þáttur í sambandi við fóstureyðingalöggjöfina, varnaðarstarfið, hafi verið svo stórlega vanræktur, að nú sé þeim löndum, þar sem fóstureyðingalöggjöfin hefur verið rýmkuð verulega og gefin alveg frjáls, orðið auðveldara að fá fóstureyðingu heldur en leiðbeiningar um getnaðarvarnir. Og með það í huga að utan Stór-Reykjavíkursvæðisins var alla vega ekki á s. l. ári einn einasti starfandi félagsráðgjafi og það er ekkert enn komið inn í okkar fræðslulöggjöf sem iðkað er í skólunum í þessa átt, þá sé ég ekki annað en að í dag yrði þessi lagakafli lítið meira en orðin tóm. Þar fyrir tel ég að einmitt þessu þurfum við að flýta, að eitthvað raunhæft gerist, þetta komi raunverulega inn í skólana og verði skýrt fyrir börnum og unglingum. En ég tel það langt í land, enda þótt við flýtum okkur og knýjum á um úrbætur í þessu efni, að fræðslan og varnaðarstarfið verði í molum fyrst í stað og þess vegna sé réttara að fara sér hægar, en hraðar í þessu efni.

Í stuttu máli vil ég tjá mig samþykka frv. eins og það liggur fyrir nú, án þess þó að ég hafi kannað nógu vel breyt. frá því í fyrra til þess að geta rætt um einstakar greinar. Mér sýnist greinilegt að 7. gr. og 13. gr. þurfi nánari athugunar við. En ég vil að lokum treysta því að hv. heilbr.- og trn. leggi sig vel fram og kanni eftir bestu samvisku hvaða leið er réttast að fara þar. Hvort hún skilar því óbreyttu eða ekki legg ég ekki mikið upp úr, heldur vil ég taka undir með hv. þm., sem hér hafa talað, að við þurfum að flýta þessu máli og ganga frá því á þessu þingi.

Bjarnfríður Leósdóttir: Herra forseti. Fóstureyðingafrv. er hér á dagskrá. Í þjóðfélaginu er það rætt, hefur verið rætt og verður rætt á siðferðilegum, tilfinningalegum og trúarlegum grundvelli, og ég tel það vera alveg rétt og þannig hljóti það að vera rætt. Við vitum að um aldaraðir höfum við búið við trú sem mælir á móti því að þetta sé gert. Siðferðiskennd, sem er sprottin frá þessari trú, er einnig sterk, þess eðlis að þetta skuli ekki gert. En svo vitum við hvernig ástandið er í þjóðfélaginu. Siðferðiskennd hefur farið niður á við í þessu eins og svo mörgu öðru. Þegar við ræðum um I. kafla í þessu frv. — og sumir telja að við séum kannske ekki tilbúin að ræða um þetta — þá hygg ég að það sé einmitt hugsað að það eigi að ræða um þetta læknisfræðilega, enda kemur á daginn að það er skólayfirlæknir sem á að gera það. Ég tel að þetta sé rangt, ekki af því að það þurfi ekki að ræða þetta frá læknisfræðilegu sjónarmiði, en ég tel að það, sem miklu meira varðar, sé að ræða um það frá siðferðilegu sjónarmiði. Það getur hvaða kennari sem er gert og það gera reyndar hverjir foreldrar og það verður hver og einn að meta við sjálfan sig, bæði karl og kona.

Það er vegsemd, en því fylgir vandi að vera maður. Og það er einmitt það, sem á að vera sterkasti þátturinn í þessu, að kenna ungu fólki, efla hjá því virðinguna fyrir manninum, fyrir lífinu og að í einu og öllu hagi það sér þannig að það sé ábyrgt. Það er ábyrgð að vera móðir, og það á engin kona að verða móðir nema hún taki því fagnandi. Ég held að það sé mjög sorglegt og mjög ömurlegt hlutskipti fyrir móður, fyrir foreldra og fyrir barn, sem fæðist án þess að vera velkomið.

Ég skal ekki lengja orð mín. Ég er meðmælt frv. þessu. Ég er meðmælt því, og ég er meðmælt því að það skuli vera fræðsla um þessi mál. En

mér finnst rangt að það sé eins og er í þessu frv. Það er vegna þess að það er hugsað frá rangri forsendu, það á að byggja þetta upp siðferðilega. Einnig finnst mér í 13. gr., þar sem segir í V. kaflanum að ef konu hafi verið synjað um aðgerð í einu sjúkrahúsi sé henni ekki heimil framkvæmd í öðru sjúkrahúsi, mér finnst þetta afskaplega mikil fjarstæða. Mér finnst yfirleitt allt fjarstæða sem er ætlað að gera þetta erfitt og eftir því sem það verður erfiðara þegar út í þetta er komið. Ég tel að það eigi að reyna að byggja það upp frá upphafi að þetta verði ekki svona. Ég held að þetta eins og allt annað fari eftir því hvernig siðfræði er í heiminum, hvaða virðingu við berum fyrir lífi og hvaða ábyrgð við teljum það vera að vera maður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 139). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. það, sem ég hef flutt um breyt. á þingsköpum Alþ., fjallar eingöngu um umr. utan dagskrár. Tilefni þess, að frv. þetta var flutt seint á s. l. ári, voru deilur sem þá risu og höfðu raunar í svipuðu formi risið áður út af því að forsetar vildu takmarka mjög ræðutíma manna í slíkum umr.

Í þingsköpum segir ekkert um umr. utan dagskrár og er því algerlega á valdi forseta hvort hann leyfir þær eða ekki og ef hann leyfir þær hvernig hann hagar þeim.

Oft gerast atburðir skyndilega eða mikilsverð mál upplýsast óvænt, svo að Alþ. hlýtur að fjalla um fyrirvaralaust. Af þessum sökum er þýðingarmikið að slíkar umr. geti farið tafarlaust fram, þótt ekki hafi verið unnt að flytja málin eins og venjuleg þingmál. Þessu hlutverki hafa umr. utan dagskrár gegnt á Alþ. og þær eru því meðal veigamestu liða í þingstörfunum.

Að vísu verður því ekki neitað að einstaka sinnum kveðja þm. sér hljóðs utan dagskrár aðallega til að vekja athygli á sjálfum sér og áhugamálum sínum, enda skýra fjölmiðlar oft á tíðum meira og betur frá því sem gerist utan dagskrár heldur en innan ramma hennar. Þessi misnotkun er þó léttvæg miðað við hið raunverulega hlutverk umr. utan dagskrár, sem ég nefndi áðan.

Deilur um þessi mál hafa sérstaklega risið síðan þingsköpum var breytt árið 1972, en meðal þeirra breyt., sem þá tóku gildi, var mjög takmarkaður ræðutími um fsp. Síðan hefur komið fyrir að þingforsetar hafi litið á allar umr. utan dagskrár eins og fsp. og reynt að framfylgja því að umr. utan dagskrár væru háðar sömu tímatakmörkunum. Ég vil rifja það upp að fyrirspyrjendur hafa 5 mín., en aðrir þm. hafa ekki nema 2 mín. ræðutíma, svo að þröngt er stakkurinn sniðinn. Slíkar takmarkanir eru mjög eðlilegar í sambandi við fsp. En þess ber að gæta að oft á tíðum eru umr. utan dagskrár alls ekki fsp. og þess vegna fráleitt að beita svo ströngum ákvæðum, enda hafa forsetar rekið sig á að það er varla hægt og stundum, eins og t. d. hefur þegar komið fyrir nú eftir jólin, sýnt meira umburðarlyndi en endranær.

Starfshættir Alþingis eru sérkennilegir að því leyti til að fundir eru settir, en síðan eru ýmis störf unnin, t. d. afgreiðsla fundargerða sem er formleg samþ., tilkynningar eru fluttar, sagt frá ýmsum erindum og fleira getur gerst áður en hin eiginlega dagskrá hefst. Í öðrum löndum er oft litið þannig á að um leið og fundur sé settur, þá sé dagskrá hans hafin og geti því ekkert gerst utan dagskrár. Samt sem áður eru í flestum lýðræðislöndum, sem við þekkjum til, einhverjar leiðir til þess á þingi að fyrirvaralaust sé hægt að ræða mál sem upp koma, enda þótt ókleift sé að setja þau formlega á dagskrá. Þetta er oft gert á sérkennilegan hátt, og má nefna þar sem dæmi að í breska þinginu er algengast að þm. flytji till. um að fundi skuli slitið. Slík till. er talin vera svo viðtæk að innan ramma hennar megi ræða um allt milli himins og jarðar. Þetta gera þeir yfirleitt undir lok þingstarfa, sem að jafnaði eru um tíuleytið að kvöldi til í London. En tilgangurinn og árangurinn er þó nokkurn veginn hinn sami og með umr. utan dagskrár á Alþingi.

Ég varpa því fram með þessu frv. hvort þinginu sýnist ástæða til að setja í þingsköp ákvæði um umr. utan dagskrár og þá um leið einhver ákvæði um ræðutíma, því að jafnnauðsynlegar og slíkar umr. eru, þá mega þær ekki trufla gjörsamlega öll önnur störf Alþ., heldur verða að vera innan einhverra hóflegra takmarka. Í frv. eru settar fram hugmyndir um ákveðna ræðutímalengd, en ég vil taka það fram, að ég tel það ekki aðalatriðið. Ef þn. og þingið teldu rétt að setja slík ákvæði í þingsköpin mætti einnig ræða það, hvaða ræðutímalengd yrði talið rétt að binda sig við.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel virðingarvert af hv. flm. þessa frv. að hreyfa þessu máli. Það er kunnara en frá þurfi að segja að umr. utan dagskrár hafa oft verið til hálfgerðra vandræða að því leyti til, að þær hafa hindrað afgreiðslu eðlilegra dagskrármála. Þegar svo er farið, að þannig getur staðið á að dag eftir dag fari kannske umr. þingfunda aðallega í umr. utan dagskrár, en mál, hvort heldur er lagafrv. eða önnur, sem eru á dagskrá og hafa verið borin fram með formlegum hætti, komast ekki að, þá er vissulega komið í óefni. Þess vegna finnst mér vera skynsamlegt að leita eftir leiðum til þess að setja reglur um þetta, eins og hv. þm. leitast við að gera í þessu frv. sínu.

Ég held að það sé gott að þetta mál sé athugað í n. og þá vil ég bæta við að opnað verði fyrir frekari umr. um þingsköpin, því að þótt þau hafi verið endurskoðuð ekki alls fyrir löngu er það nú svo með þau eins og annað sem að starfsháttum lýtur, að það getur verið eðlilegt að taka slík atriði til skoðunar annað veifið. Ég fyrir mitt leyti held að það séu ýmis atriði í starfsháttum þingsins sem mætti taka til skoðunar jafnframt því sem þessi atriði eru athuguð.

Ég get fallist á það með hv. flm., að þó að ekki sé gert ráð fyrir umr. utan dagskrár í þingsköpum, þá er vitaskuld alveg útilokað að girða fyrir þær með öllu, enda eiga þær sér svo langa hefð að því verður auðvitað ekki við komið og ekki breytt, að þær hljóta alltaf að eiga sér stað í einhverjum mæli, þó að það sé jafnrétt að setja þannig skorður við að þær fari ekki út í öfgar.

Til viðbótar þessu langar mig til að spyrja um eitt atriði í þessari frvgr. sem mér er ekki alveg ljóst hvernig flm. meinar. Hann gerir ráð fyrir að um sérstök stórmál sé í rauninni að tefla, sem þarna komi helst til greina að umr. fari fram um. En þá er það í sambandi við takmörkun á ræðutíma. Mér sýnist næst liggja að skilja síðustu málsgr. 1. gr. svo, að það sé gert ráð fyrir því að ráðh. og þá bara viðkomandi ráðh. geti aðeins talað tvisvar sinnum. Ég veit ekki hvort það hefur verið ætlun flm. eða hvort þetta er aðeins ekki greinilegt í þessari málsgr. En ég held að með tilliti til þeirrar almennu reglu sem gildir í þingsköpum um málfrelsi ráðh., þá skyti það dálitið skökku við ef ætti að takmarka það í þessu tilfelli, þegar einmitt um er að ræða, að ætla má, stórpólitísk mál. Það gæti verið í rauninni óþægilegt, ef ráðh. gæti ekki komið inn í umr. eftir að hann hefur talað tvisvar, en svo og svo margir ræðumenn bætast við, jafnvel þótt ekki sé nema með 5 mín. ræðutíma. Gæti m. a. verið að hann hefði meðferðis upplýsingar sem væri rétt að kæmu fram, en hann hefði ekki haft tækifæri til þess eða ástæðu fyrr í umr., af því að það atriði hafði ekki borið á góma fyrr en hjá síðari ræðumönnum. Ég geri ráð fyrir að hv. flm. hafi hugleitt þetta atriði, en geri þá jafnframt ráð fyrir því, í samræmi við það sem hann sagði, að hann sé reiðubúinn til þess að láta athuga það nánar í nefnd. Auðvitað má segja sem svo, að það sé eðlilegt að ráðh. og þm. sitji að öllu leyti við sama borð í þessum efnum. En hitt er gamla reglan, sem gilt hefur í okkar þingsköpum, að ráðh. hafi að þessu leyti sérstöðu, og byggist auðvitað ekki beint á tillitinu til ráðh., heldur á hinu, að það getur verið nauðsyn fyrir umr. að þeir geti gripið inn í hvenær sem þörf krefur.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir vinsamlegar undirtektir um þetta mál og grundvallaratriði þess. Ég get einnig fallist á það með ráðh. að það geti verið fyllsta ástæða til þess að líta frekar á þingsköpin. Það eru að vísu ekki mörg ár síðan sérstök n. fór í gegnum þau frá byrjun til enda og flutti allvíðtækar breytingar, en engu að síður er það rétt hjá honum, að það eru mörg atriði í þingsköpum sem ástæða er til að líta á. Mundi ég síst hafa á móti því ef sú n., sem fjallar um þetta, sæi ástæðu til að flytja till. um fleiri breytingar á þingsköpunum en eru í þessu frv.

Eins og ég tók fram í framsöguræðu er ég til viðtals um ræðutímann, hvað mönnum sýndist að hann ætti að vera langur, og ég skal játa það, að það er þröngt sniðið að ráðh. skv. síðustu málsgr. 1. gr. Kann að vera að það sé rétt athugað hjá hæstv. dómsmrh. að ráðh., sem viðkomandi umræðuefni fellur undir, þurfi að hafa rýmri tíma en honum er ætlaður hér. Ég get vel fallist á það. Að vísu hugsaði ég þetta þannig, að þrátt fyrir slík ákvæði mundu gilda önnur og almenn ákvæði, sem eru í þingsköpum og rík hefð styður, á þá lund að forsetar leyfa mönnum yfirleitt að gera athugasemdir eða verja hendur sínar ef bein ástæða virðist vera til. En ég hef ekkert á móti því, að þetta mál verði athugað, og mundi ekki setja mig á móti því, þó að hlutur ráðh. við þessar aðstæður yrði gerður rýmri en hann er í síðustu málsgr. 1. gr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Fjarskipti, frv. (þskj. 249). — 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Þetta frv. fjallar um að tekin verði upp í lög um fjarskipti ákvæði um það, að ákveða megi í reglugerð að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri skv. 19. gr. l. um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma.

Þeir aðilar, sem fjallað er um í 19. gr. almannatryggingalaga, eru þeir sem njóta svokallaðrar tekjutryggingar, þ. e. a. s. fólk sem hefur engar tekjur eða sáralitlar tekjur aðrar en greiðslurnar frá almannatryggingum.

Þær þjóðir, sem vilja hafa vandaðar almannatryggingar, hafa kappkostað að reyna að búa þannig að þessu fólki að það búi ekki við skort eða alltof sára þjóðfélagserfiðleika. Og það hefur tíðkast mjög í nágrannalöndum okkar, að auk þess að greiðslur almannatrygginga komi til, þá njóti þetta fólk ýmiss konar fríðinda frá stofnunum eða opinberum aðilum. Þetta á við í nágrannalöndum okkar um útvarp, þetta á við um síma, þetta á við um ýmis ferðalög og ýmsa aðra þjónustu sem ég hirði ekki um að tíunda hér. Við höfum hins vegar gert minna af þessu en margar þjóðir aðrar. Þó var það svo þegar lög um ríkisútvarpið voru hér til athugunar á þingi síðast, að þá kom sú hugmynd upp í menntmn. þessarar d. að taka þar upp hliðstæð ákvæði um að ráðh. væri heimilt að ákveða að þeir, sem fengju uppbót á elli- og örorkulífeyri, yrðu undanþegnir afnotagjöldum fyrir útvarp. Mér er kunnugt um að þessi heimild hefur verið notuð, hins vegar er hún notuð núna í miklu þrengra formi en almannatryggingalögin sjálf eru. Hún hefur ekki tekið mið af þeim breyt. sem gerðar hafa verið á þeim lögum síðan þau voru ákveðin síðast 1963, þannig að í þessari reglugerð er aðeins miðað við þá uppbót sem gert var ráð fyrir 1963. Ég tel að hæstv. menntmrh. ætti að kanna hvort ekki sé ástæða til að breyta reglugerðinni til samræmis við breyt. á l. um almannatryggingar.

Hér er lagt til að alveg hliðstætt ákvæði verði tekið upp í reglugerð um fjarskipti, þ. e. a. s. um síma, að heimilt sé að undanþiggja þessa elli- og örorkulífeyrisþega, sem eru með algerar þurftartekjur, því að greiða afnotagjöld af síma. Ég hygg að öllum sé um það kunnugt, að það er mjög mikil þörf fyrir þetta fólk margt hvert að

hafa síma. Þetta fólk býr margt eitt á heimilum sínum — það hefur farið mjög í vöxt — og þarf mjög mikið á síma að halda, bæði til að hafa eðlileg tengsl við umhverfi sitt og einnig í öryggisskyni, því að þetta fólk getur orðið snögglega veikt og þarf þá að komast í samband við aðra með sem minnstum fyrirvara. Hins vegar er mér kunnugt um að þetta eru orðin allerfið útgjöld fyrir marga með þessar lágu tekjur, að þurfa að greiða símagjöldin að fullu. Það hafa m. a. margir hringt í mig og vakið athygli mína á þessu. Við skulum minnast þess að nú nýlega hækkuðu símagjöldin um hvorki meira né minna en 35%, á sama tíma og bætur þessa fólks hafa verið að skerðast af völdum dýrtíðar á undanförnum mánuðum, eins og ég hygg að enginn dragi í efa. Þær bætur, sem aldrað fólk og öryrkjar sem njóta tekjutryggingar fengu vegna kauphækkunar 1. des., voru aðeins um 600 kr. á mánuði. Það hrekkur ekki langt til að greiða þá hækkun sem orðið hefur á símagjöldum einum saman, hvað þá þegar önnur atriði koma þar til.

Hér er lagt á vald ráðh. að ákveða þetta. En fyrir því er að sjálfsögðu hefð, að þegar Alþ. lýsir vilja sínum í slíku efni, þá fer ráðh. eftir því. En um þetta þarf auðvitað að setja sérstakar reglur, til þess að þessi ívilnun komi þeim einum að gagni sem ætlað er að njóta hennar.

Ég vil vænta þess að um þetta mál geti orðið næsta víðtæk samstaða hér á þingi. Ég hygg að menn í flestum flokkum geti verið sammála um að hér sé um sanngirnismál að ræða, og hér er naumast um svo mikið fjárhagsatriði að ræða, að menn þurfi að hika af þeirri ástæðu. Því geri ég ráð fyrir að þetta frv. ætti að geta fengið tiltölulega skjóta afgreiðslu. Þó að málið sé flutt sem breyting á lögum um fjarskipti, tel ég eðlilegt, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til heilbr.- og trn., því að þetta er í eðli sínu heilbrigðis- og tryggingamál, þó það sé flutt sem brtt. við þessi lög.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Sérkennslumál, þáltill. (þskj. 115). — Ein umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Við flytjum hér 5 sjálfstæðismenn till. um kennslu afbrigðilegra barna og þá sérstaklega með landsbyggðina í huga. Leyfi ég mér að lesa till., en hún hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að brýna nauðsyn beri til að gera án tafar ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum úti á landsbyggðinni.

Í því skyni skal sérstökum starfsmanni innan menntmrn. falið könnunar- og skipulagsstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna.“

Ég mun nú gera nokkru nánari grein fyrir þessari till.

Á síðustu árum hefur athygli skólamanna og annarra, sem láta sig skólamál varða, beinst í vaxandi mæli að vanda þeirra barna og unglinga sem einhverra hluta vegna eiga ekki samleið með öðrum nemendum skólans. Orsakirnar eru margar og margvíslegar og misjafnlega erfiðar að fást við, bæði fyrir skólann og nemandann. Skilningur manna hefur jafnframt aukist á því að misheppnuð skóladvöl getur reynst örlagarík fyrir velfarnað og lífshamingju einstaklingsins síðar á ævinni og margfalt dýrari fyrir þjóðfélagið sem heild, heldur en ef komið hefði verið í veg fyrir mistökin í upphafi.

Það er viðurkennt að skólakerfi okkar kemur ekki enn nægilega til móts við mismunandi þarfir nemenda, aðstæður þeirra, hæfileika og áhugamál. Það skortir sveigjanleika og aðlögun að breyttum þjóðfélagsháttum.

Hin nýju grunnskólalög, sem gert er ráð fyrir að komi til framkvæmda á næstu 10 árum, bera það á ýmsan hátt með sér að vilji er fyrir hendi til að bæta hér úr. Þau hefðu þó óneitanlega mátt gera fyllri skil vanda þeirra nemenda, sem haldnir eru einhverri vöntun, andlegri eða líkamlegri. Væntanlega mun reglugerð með l. geta bætt það upp. En það er ekki sist með tilliti til hins langa gildistökutíma l. að okkur flm. þessarar till. þykir ástæða til að vekja sérstaka athygli á þessum þætti skólafræðslunnar til þess að ekki verði lengur gengið fram hjá honum við framkvæmd fræðslulaga og þá sérstaklega með grunnskóla landsbyggðarinnar í huga.

Í grg. með till. er bent á að fræðsluyfirvöld Reykjavíkurborgar hafa á undanförnum árum haft frumkvæði um ýmsar nýjungar sem lúta að auknum stuðningi og aðhlynningu þeirra nemenda sem einhverra orsaka vegna eru sérstaklega hjálpar þurfi. Á fræðsluskrifstofu borgarinnar starfar sérstakur kennslufulltrúi, sem í samráði og samvinnu við fræðsluráð og skólastjóra borgarinnar skipuleggur og leiðbeinir um hinar ýmsu greinar sérkennslu. Þessi sérkennsla er framkvæmd með ýmsu móti.

Ber þar fyrst að nefna stuðningskennslu í almennum skólum, þar sem nemendur eru kyrrir í eigin bekk, en fá nokkra sérstaka tíma vikulega. Aðallega er hér um að ræða leshjálp vegna lestrar- eða skriftarörðugleika eða almennra námsörðugleika, talkennslu vegna mál- eða talgalla eða í þriðja lagi sérstaka handleiðslu vegna hegðunargalla. Slík stuðningskennsla fer nú fram í öllum skyldunámsskólum borgarinnar, 17 talsins.

Næst vil ég aðeins drepa á hjálparkennsluna sem ætluð er nemendum er þurfa meiri og sérhæfðari hjálpar með en hinir sem stuðningskennslunnar njóta. Hjálparkennslan fer fram í sérbekkjum í almennum skólum, en slíkir hjálparbekkir eru í vetur 33 talsins í 11 af skyldunámsskólum Reykjavíkurborgar. Hér er um að ræða börn sem t. d. eru með skerta sjón eða heyrn, börn með meiri háttar lestrarörðugleika eða hafa ekki náð eðlilegum skólaþroska, einnig lömuð

börn og fötluð. Þá er og veitt sjúkrakennsla, ýmist á sjúkrahúsum eða í heimahúsum. Sérkennsla utan almennu skólanna fer svo fram í Höfðaskóla, sem hefur nú um 110 nemendur, á sérstöku meðferðarheimili fyrir taugaveikluð börn með 6—8 nemendur og á skólaheimili með 10—11 nemendur fyrir börn með erfiðar heimilisástæður og alvarleg hegðunarvandkvæði.

Þetta á við um Reykjavík, og miðar hér vissulega í rétta átt þótt allmikið vanti á að sérkennsluþörfinni hér sé enn fullnægt. En úti á landsbyggðinni verður annað uppi á teningnum. Má að ég hygg óhikað segja að utan Stór-Reykjavíkursvæðisins ríki ófremdarástand á þessu sviði skólamála. Munu þess mörg dæmi, eins og bent er á í grg., að fólk búsett úti á landi hefur neyðst til að flytjast búferlum hingað suður til að sjá börnum sínum fyrir fræðslu og meðferð við þeirra hæfi. Hitt er líka til, að börn, sem ekki fá notið hinnar almennu kennslu vegna einhverra annmarka eða vöntunar, fá alls enga kennslu. Hér ber margt til annað en takmarkaður skilningur yfirmanna í menntamálum hingað til. Vil ég þar fyrst nefna mjög bagalegan skort á sérmenntuðum kennurum, aðstöðu og tækjum og síðast en ekki síst skort á fjármagni til að standa straum af nauðsynlegum aðgerðum, jafnvel þar sem möguleikar væru annars fyrir hendi.

Á fjölmennri ráðstefnu um nýjungar í skólamálum, sem haldin var hér í Reykjavík í nóv. s. l. á vegum Landssambands sjálfstæðiskvenna og Sjálfstæðiskvennafélagsins Hvatar, voru sérkennslumálin, þ. e. kennsla afbrigðilegra barna, eitt aðalviðfangsefnið. Þar kom mjög greinilega fram hjá þátttakendum utan af landi í senn áhugi og áhyggjur út af þessum málum, eins og þeim er nú háttað almennt í skólum landsins, eitthvað yrði að aðhafast til úrbóta. Um svipað leyti, eða 21. nóv. s. l. birtist í Akureyrarblaðinu Íslendingi forsíðugrein þar sem segir í stórri fyrirsögn blaðsins, að deyfð ríki yfir sérkennslumálum, þau séu vanræktur þáttur í skyldunámsstiginu á Akureyri. Síðar í þessari grein Íslendings er vakin athygli á því að börn, sem ekki hafa nægilega greind til að notfæra sér almenna skólakennslu, en hins vegar of mikla greind til að þurfa á hælisvist að halda, fá enga skipulagða aðstoð. Vitnað er til þess að forstöðumaður Sólborgar, sem er hæli fyrir vangefin börn á Akureyri, kvarti yfir því að skólayfirvöld í bænum vilji gjarnan láta þessi börn hverfa inn fyrir veggi Sólborgar, en að hans mati og sálfræðinga eigi þau ekkert erindi inn á hæli, heldur beri þjóðfélaginu að veita þeim hjálp innan ramma skólakerfisins. Og blaðið hefur orðrétt eftir forstöðumanninum, Bjarna Kristjánssyni, með leyfi forseta:

„Þessi hópur barna, þ. e. a. s. þau sem hafa greindarvísitölu milli 50 og 70, eiga afskaplega erfitt. Samfélagið gerir kröfu til þeirra að þau verði nýtir þjóðfélagsþegnar sem geti staðið á eigin fótum, en gerir aftur á móti ekkert til að hjálpa þeim til að styrkja stöðu sína í þjóðfélaginu. Barn, sem hefur greind undir 50 stigum, er mun betur sett því að það á rétt á að njóta vistunar innan hælis, en það á hinn hópurinn ekki."

Þá vitnar blaðið í grg. skrifaða af Valgarði Haraldssyni námsstjóra árið 1970 um sérkennslu, en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérkennsla er mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni skólans að skapa sérhverjum nemanda þá námsaðstöðu og þroskaleið sem er í samræmi við þarfir hans og markmið. Nauðsynlegt er að sérmenntaðir kennarar annist sérkennsluna og komið verði á fót ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, sem meðal annars annist rannsókn á afbrigðilegum nemendum og leiðbeini skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð slíkra barna."

Síðan bætir Valgarður því við í samtali við blaðið að því miður séu framkvæmdir á þessu máli á Akureyri ekki sem skyldi og sé kennaraskortur og skipulagsleysi þar höfuðorsökin. Hann tekur fram að í fyrra hafi verið 5 hjálparbekkir í barna- og unglingaskólum Akureyrar, en í ár séu þeir aðeins 2 vegna stöðubreytinga og brottflutnings kennara úr bænum.

Greinarhöfundur gerir í lokin nokkra grein fyrir tilhögun á framkvæmd sérkennslumála í Reykjavík og spyr hvort ekki sé óeðlilega mikill aðstöðumunur nemenda á Akureyri og í Reykjavík hvað varðar hjálp í sambandi við nám. Vafalaust má svara þeirri spurningu játandi, hvað þá varðandi alla þá fjölmörgu skóla úti um landið þar sem engri slíkri aðstoð er fyrir að fara.

Í grg. till. er tekið fram, að þessi mál hafa verið og eru í athugun innan menntmrn. og þar er góður vilji fyrir hendi til að koma þeim í viðunandi horf. En athuganir og aðgerðir, ef hægt er að nota það orð, hafa hingað til verið allt of handahófskenndar og í lausu lofti til að vænta mætti nokkurs verulegs árangurs. Því er bent á að ef taka á þessi mál föstum tökum svo sem nauðsyn ber til, þá þurfi til þess ákveðinn aðila innan rn. eða í nánu sambandi við það, hæfan, sérmenntaðan mann sem geti beitt sér að því að skipuleggja og samræma aðgerðir á þessu sviði og um leið verið til aðstoðar og ráðuneytis skólastjórum og fræðsluráðum úti um landið sem nú eiga ekki í neitt ákveðið hús að venda í þessum málum. Virtist mér ekki óeðlilegt að leitað yrði samstarfs við Reykjavíkurborg sem þegar hefur hér nokkra reynslu og einnig með sameiginlega og betri nýtingu sérmenntaðra starfskrafta fyrir augum.

Þá er í grg. getið um athugun á sérkennsluþörfinni utan Stór-Reykjavíkursvæðisins sem gerð var á vegum menntmrn. á fyrri hluta ársins 1974. Ráðinn var sérfræðingur, dr. Arnór Hannibalsson sálfræðingur, sem á tímabilinu febr.—maí heimsótti 60 skóla vestan-, austan- og norðanlands, aflaði upplýsinga um hjálparkennslu, athugaði nemendur eftir því sem tími og aðstæður leyfðu og gaf ráðleggingar um meðferð þeirra og kennslu. Dr. Arnór skilaði síðan rn. skýrslu um ferð sína og niðurstöður í okt. s. l. Hann tekur fram í upphafi skýrslunnar að hann geri ekki verkefninu nein skil sem gagn sé í, svo naumur tími sem honum var til þess ætlaður. Jafnframt lætur hann þess getið að ekki muni að vænta áframhalds á störfum hans fyrir rn. að þessu verkefni. Er í fersku minni allmikill úlfaþytur sem varð út af þessari skýrslu og í

framhaldi þar af misklíð og átök innan rn. sem ég mun ekki fara nánar út í hér og því síður dæma á einn eða annan veg. En vissulega er það miður farið þegar svo harkalegur ágreiningur kemur upp innan jafnnáinnar og mikilvægrar samstarfsheildar sem eitt rn. þarf og á að vera. En hvað um það, þá tel ég engan vafa á að skýrsla Arnórs, svo langt sem hún nær, er gagnlegt byrjunarskref í rétta átt. Hún gefur greinilega vísbendingu um það, sem raunar var vitað áður, að hér er um að ræða umfangsmeira vandamál en menn hafa almennt gert sér ljóst áður, vandamál sem yfirstjórn fræðslumála ber skylda til að beita sér að af alvöru með öllum tiltækum ráðum.

Í umræddri skýrslu er lýst allítarlega ástandinu í hverjum hinna 60 skóla sem heimsóttir voru. Í 18 þeirra fór fram einhver meiri eða minni hjálparkennsla, náði hún til samtals 313 nemenda, en heildarnemendafjöldi hinna 18 skóla var 4468. Hjálparkennslunemendur voru þannig, miðað við þessar tölur, um 7%. Sem dæmi er í grg. tekinn upp úr skýrslu Arnórs skóli í sjávarplássi einu með 44 nemendur. Af þeim þyrftu 8 nemendur aukatilsögn eða sérmeðferð, en engin tök eru þarna á að veita neitt slíkt, til þess vantar kennara. Í öðru sjávarþorpi þyrftu 21—24 nemendur af 151 í skóla hjálparkennslu við, en engu slíku er til að dreifa. Og þannig mætti lengi halda áfram að telja.

Það er athyglisvert að af tilgreindum orsökum námserfiðleika er lestregða langalgengust, en margar aðrar koma til, svo sem skert heyrn eða sjón, málgallar, skriftarörðugleikar, stafablinda, almennur seinþroski eða greindarskortur, taugaveiklun, erfiðar heimilisástæður og vanræksla í uppeldi. Það er þannig augljóst, að hér er við margvíslegan vanda að fást, vanda sem verður því erfiðari úrlausnar, því seinna á skólaferlinum sem hann er uppgötvaður og því lélegri aðstæður og úrræði sem fyrir hendi eru í hverju tilviki. Áhugi og góður vilji almennra kennara og skólastjóra hrekkur hér hvergi nærri til að ná viðunandi árangri í því björgunar- og hjálparstarfi, sem þarf að koma til. Vafalaust gæti sveigjanlegri námsskrá og raunhæfari námskröfur bjargað mörgum nemendanum frá þeirri uppgjöf og síðar uppreisn gegn námi og skóla sem oft markar upphafið að hinu svokallaða unglingavandamáli. Færri bóknámsstundir, en fleiri í verklegri kennslu og almennri verkþjálfun mundu eflaust geta afstýrt mörgum vandræðatilfellum.

Nú er í uppsiglingu hér í Reykjavík sérkennslumiðstöð ríkisins sem á að sinna sérkennslumálum alls landsins. Ekki skal nauðsyn slíkrar stofnunar dregin í efa, því að alltaf verður það allstór hópur barna sem eru það mikið afbrigðileg líkamlega og/eða andlega að þeim verður ekki sinnt að gagni með stuðningi eða sérmeðferð innan hins almenna skóla. Auk þess mun þessari stofnun ætlað sérstakt sérfræðilegt rannsóknarhlutverk sem allt landið mun njóta góðs af. En slík stofnun og einnig aðrar sams konar minni í sniðum úti á landsbyggðinni eru þó lausnarorðið í þessum efnum. Stefnan hlýtur að vera og er sú, eins og bent er á í grg. till., að sérkennsluþjónustan flytjist út í almenna skólakerfið og út um landið allt, að svo miklu leyti sem mögulegt er. Innilokun barns, sem haldið er einhverjum annmarka eða vöntun, á sérstofnun aðskilið frá fjölskyldu sinni og heimili, eðlilegu umhverfi og heilbrigðum félögum er neyðarúrræði sem nú er almennt hafnað ef annar kostur er fyrir hendi.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á að í einum skóla hér í Reykjavík, Hlíðarskóla, er nú kennt í tveimur sérbekkjum, öðrum fyrir heyrnarskert börn, 5—6 talsins, sem ekki fá notið venjulegrar kennslu, en hafa sérstofu með nauðsynlegum útbúnaði og sérmenntaðan kennara, í hinum eru lömuð börn, 7—8 talsins, sem njóta sérkennslu við sitt hæfi. Báðir þessir hópar blandast svo hinum heilbrigðu börnum í leik og útiveru í frímínútum og verður ekki vart teljandi aðlögunarerfiðleika, frá hvorugri hliðinni, hinni fötluðu og hinum heilbrigðu, sem gera sér jafnvel sérstakt far um að sýna þessum félögum, sem miður mega sín, tillitssemi og nærgætni á frjálslegan og eðlilegan hátt. Er þetta í sjálfu sér þroskavænleg reynsla og lærdómur í mannlegum samskiptum fyrir þann hóp heilbrigðra barna sem hér á hlut að máli. Mér hefur heyrst á skólastjóra og kennurum Hlíðaskólans að þessi tilraun með kennslu fatlaðra barna í almennum skóla hafi gefist mjög vel, og ég er ekki í vafa um að þessi skipan sérkennslu er sú sem koma skal, fremur en að leita inn á sérstofnanir.

Í ýmsum skólahéruðum úti um sveitir landsins hafa verið reyndar nýjar leiðir í þessum málum með athyglisverðum árangri í formi farkennslu, skiptikennslu og námsskeiðahalds. Má þar til nefna skólahverfi í Húnavatnssýslu og Árnessýslu. En það er því miður fremur undantekning en regla og án þess að nokkrar samræmdar aðgerðir stjórnvalda hafi komið til.

Síðasta málsgr. till. beinist að menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands. Það mun almennt álit íslenskra skólamanna að kennaraskólinn hafi ekki — og þá sérstaklega á síðari árum — lagt nándar nærri nægilega rækt við að framleiða hæfa lestrarkennara og megi rekja ekki óverulegan þátt sérkennsluvandamálsins til ýmist ófullkominnar eða rangrar lestrarkennslu. Það er og brýn nauðsyn, að Kennaraháskólinn gefi vaxandi gaum að sérhæfingu og þjálfun í kennslu afbrigðilegra barna. Hingað til hefur þessum mikilvæga þætti kennaramenntunar — og það aðeins nú á síðustu árum — verið sinnt ýmist með sumarnámskeiðum eða eins vetrar almennu sérkennaranámi, sem reynst hefur í senn mjög gagnlegt til hinnar léttari hjálparkennslu og sérkennslu í almennum skólum og einnig sem grundvöllur undir framhaldsnám í hinum ýmsu greinum sérkennslu sem við höfum hingað til sótt til erlendra háskóla, aðallega á Norðurlöndum. Kennaraháskóli Íslands hefur því miklar skyldur að rækja í þessum efnum, og ber að vona að endurskoðun sú, sem nú stendur yfir á kennsluháttum hans og námsfyrirkomulagi, muni leiða til réttrar þróunar og úrbóta á því sviði kennslumála sem hér er til umr. Vil ég því enn leggja áherslu á að skortur á menntuðum sérkennurum er að mati þeirra, sem þekkja best til mála, hvað stærsti þröskuldurinn í vegi fyrir því að sérkennslumál okkar komist í viðunandi horf. Þá verður og að vinna gegn

því í fjármálum skólanna að einstrengingslegar reglur um sérkennslukvóta svokallaða verði til þess að skólar úti á landsbyggðinni gjaldi fámennis síns, þannig að nemendur þeirra sem sérkennslu þurfa með, verði ekki afskiptir af þeim sökum.

Herra forseti. Ég vil að lokum árétta það sem kemur fram í niðurlagi grg. þessarar till., að við flm. hennar teljum að lagfæring á sérkennslumálum landsbyggðarinnar sé mikilvægur þáttur í aðgerðum sem miða að byggðajafnvægi í landinu og að það er fleira en uppbygging atvinnulífsins sem skiptir máli fyrir fólkið sem í dreifbýlinu býr. Því er áríðandi að yfirstjórn menntamála geri hér skipulagt átak til úrbóta án tafar. Okkur greinir ekki á um að markmið skólans er að koma hverjum nemanda til manndóms og þroska, gera hann að sjálfbjarga einstaklingi í lífsbaráttunni, eftir því sem hæfileikar hans leyfa. Í ósk okkar og viðleitni til að ná því markmiði megum við síst gleyma þeim sem helst eru hjálparþurfi. Ég treysti því að hæstv. menntmrh., sem því miður er nú ekki staddur hér í dag, svo og aðrir hv. þm. sýni þessu máli þann áhuga og stuðning sem ég tel það verðskulda og leyfi mér því að vera bjartsýn um að það fái góðan byr hér á Alþ. og síðan greiða og rösklega framkvæmd. Vil ég að síðustu mælast til, að till. verði vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 39. fundur.

Fimmtudaginn 30. jan., kl. 2 miðdegis.

Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 187). — 1. umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 187 flytjum við 4 þm. hv. d. frv. til l. um kvikmyndasjóð.

Oft hefur verið sagt og það ekki með litlum rökum að kvikmyndin sé listgrein 20. aldar. Og víst er um það að engin grein lista á 20. öld er útbreiddari, á sér jafnmarga aðdáendur og í engri annarri gerð listaverka sameinast svo margir þættir listrænnar tjáningar.

Kvikmyndalistin á sér ekki síður aðdáendur hér á landi en annars staðar. En hitt er sérkennandi fyrir land okkar í samanburði við nálæg lönd, að kvikmyndamenning er hér á heldur lágu stigi. Hér er engin löggjöf til um kvikmyndir og opinberan stuðning við íslenska kvikmyndagerð. Þess vegna hefur listsköpun á sviði kvikmyndagerðar raunverulega aldrei haft neina möguleika til að ná sér á strik. Jafnframt hafa aldrei verið settar hér lagareglur eins og í flestum nálægum löndum um réttindi og skyldur kvikmyndahúsa sem gætu veitt kvikmyndahúsunum nokkurt aðhald og stuðlað að því að þau væru ekki einungis rekin sem afþreyingarhús, heldur einnig sem menningarstofnanir. Í stuttu máli sagt er það augljóst að hér á landi er kvikmyndgerðarlistin vanræktari og á hér erfiðara uppdráttar en nokkur önnur listgrein.

Við erum vanastir því, íslendingar, þegar bent er á alvarlegar gloppur og göt í þjóðlífi okkar og menningu, að skírskota til fámennis þjóðarinnar, enda augljóst að við höfum ekki bolmagn til átaka sem fimmtíu sinnum fjölmennari þjóðum veitist létt. Um gerð kvikmynda er það hinn gífurlegi stofnkostnaður sem yfirleitt stendur í veginum. Stofnkostnaðurinn fæst að vísu endurgreiddur með aðgangseyri þúsunda áhorfenda á nokkrum tíma. En framleiðendur kvikmynda hér á landi hafa ekki í neinn sjóð að leita um lánsfé til að brúa tímaskeiðið milli útgjalda og innkominna tekna.

Kostnaður við gerð 20 mínútna heimildarkvikmyndar af einföldustu gerð er talinn nema yfir 2 millj. kr. og alger lágmarkskostnaður við gerð 100 mínútna leikmyndar er talinn nema ekki minna en 10 millj. kr. Þetta eru háar fjárhæðir að útvega fyrir fjárvana einstaklinga, þótt ekki sé nema í skamman tíma þar til kvikmynd fer að skila tekjum. Flestir gefast því upp fyrir fram og hverfa til annarra starfa. Hins vegar er hér alls ekki um þvílíkar fjárhæðir að ræða þótt það sé ofviða einstaklingum, að þjóðarheildin geti afsakað sig með smæð sinni eða fjárskorti. Hér er um einfalt vandamál að ræða, ef við höfum einhvern vilja til að leysa það eða gefa okkur tíma til þess.

Árum saman hefur verið rætt um að sett yrði löggjöf til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð, stofnaður sjóður sem yrði fær um að lána nokkurt fé til framleiðenda íslenskra kvikmynda. En þessi áform hafa aðeins verið í orði kveðnu og hafa ekki verið flutt í tillöguformi hér á Alþ. fyrr en með þessu frv.

Tilgangurinn með flutningi frv. er sem sagt að bæta nú loks úr brýnni þörf á sviði íslenskrar menningar með því að knýja á um setningu laga um sérstakan kvikmyndasjóð. Okkur flm. er fullljóst, að frv. er aðeins einn þátturinn af mörgum í hugsanlegri heildarlöggjöf sem þarf að setja um kvikmyndamálefni. En hér er vonandi verið að stíga fyrsta skrefið í þessa átt.

Áður en ég vík að efni frv. vil ég geta þess, að við undirbúning málsins fékk ég í hendur upplýsingar, sem menntmrn. hafði safnað með milligöngu sendiráða Íslands í Vestur-Evrópu um opinbera fyrirgreiðslu við innlenda kvikmyndagerð í öðrum Evrópulöndum. Menntmrn. hefur látið flm. frv. í té þessar upplýsingar og ber að þakka fyrir.

Samkv. þeim eru í Danmörku í gildi lög um kvikmyndir og kvikmyndahús og hafa lengi verið þar í gildi. Það eru lög um Dönsku kvikmyndastofnunina. Þessi stofnun rekur kvikmyndaskóla, leikmunasafn og lánar út kvikmyndir, en hefur jafnframt með höndum veitingu lána og ábyrgða til framleiðenda innlendra kvikmynda. Tekjur stofnunarinnar hafa verið 10% gjald sem innheimt hefur verið með aðgangseyri að kvikmyndahúsum. Gjaldið var á árinu 1974 7%, verður 4% á þessu ári og fellur síðan alveg niður.

Í Noregi hafa styrkir til kvikmyndagerðar verið greiddir úr ríkissjóði og numið 35% af brúttótekjum seldra aðgöngumiða að kvikmynda-

húsum, og var fyrir þremur árum stofnaður sérstakur kvikmyndasjóður.

Eins er það í Svíþjóð, að kvikmyndagerð nýtur opinberrar fyrirgreiðslu, og það er Sænska kvikmyndastofnunin sem hefur þá starfsemi með höndum og fær til þess gjald af kvikmyndasýningum. Þessi stofnun velti 15 millj. sænskra kr. rekstrarárið 1969—1970.

Svo að enn eitt Norðurlandanna sé nefnt er það svo í Finnlandi að þar er innheimt 4% gjald við sölu aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og er 80% af þessu gjaldi varið til styrktar innlendri kvikmyndagerð.

Ég læt þessi fjögur dæmi nægja frá öllum hinum Norðurlöndunum. En í flestum öðrum Evrópulöndum hafa einnig verið sett lög um opinberan stuðning við kvikmyndagerð og þá einmitt víðast með stofnun sérstaks sjóðs í þessu skyni.

Það er eins og fram kemur í frv. aðalefni þess, að með breytingum á tvennum lögum, l. um menningarsjóð og menntamálaráð og l. um skemmtanaskatt, verði stofnaður kvikmyndasjóður með stofnframlagi úr ríkissjóði, en að öðru leyti fái sjóðurinn tekjur með 10% gjaldi sem innheimt verði með aðgangseyri að kvikmyndahúsum. Frv. gerir ráð fyrir því að sjóðurinn verði undir yfirstjórn menntamálaráðs og í umsjón og vörslu skrifstofu menningarsjóðs. Samþykkt frv. felur því ekki í sér að verið sé að setja á stofn nýtt skriffinnskukerfi á vegum hins opinbera eða nýja stofnun, heldur væri þessi starfsemi sett inn á verkefnasvið stofnunar sem fyrir er.

Hlutverk kvikmyndasjóðs er samkv. 5. gr. frv.: 1) Að styrkja og efla íslenska kvikmyndagerð, bæði með beinum fjárstyrkjum, með lánum, með ábyrgðum á lánum, sem tekin væru hjá öðrum lánastofnunum, og með verðlaunaveitingum. 2) Að koma á fót kvikmyndasögusafni. (3) Að stuðla á annan hátt að bættri kvikmyndamenningu, m. a. með því að verðlauna þau kvikmyndahús sem skara fram úr við val á góðum kvikmyndum og barnamyndum til sýninga.

Tekjur kvikmyndasjóðs eru: 1) Stofnframlag úr ríkissjóði samkv. nánari ákvörðun Alþingis með fjárl. og síðan árlegt framlag úr ríkissjóði samkv. ákvæðum fjárl. hverju sinni. 2) Gjald af aðgöngumiðum af kvikmyndasýningum samkv. l. um skemmtanaskatt. 3) Vextir af innstæðufé sjóðsins.

Með þeirri breytingu, sem felst í frv., yrðu kvikmyndahúsagestir að greiða 3.5% hærra gjald en áður var. Skemmtanaskattur af kvikmyndahússýningum er nú 15% og nemur ca. 20 millj. kr., en af þeirri upphæð renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar og 90% í félagsheimilasjóð. Við þetta bætist svo 1.5% miðagjald, sem hefur runnið í menningarsjóð og er því skemmtanaskatturinn í dag í heild 16.5%, en mundi hækka í 20% við samþykkt frv. Með samþykkt frv. væri ráð fyrir því gert að Sinfóníuhljómsveitin og félagsheimilasjóður misstu 5% skemmtanaskatt, menningarsjóður missti 1.5% skemmtanaskatt, en til þess að bæta þessum aðilum upp þann missi, sem samþykkt frv. hefði í för með sér, er gert ráð fyrir í frv. að svonefnt rúllugjald, sem greitt hefur verið fyrir aðgang að vínveitingahúsum, verði hækkað nokkuð eða úr 10 kr. í 30 kr. Er þá gert ráð fyrir því að Sinfóníuhljómsveitinni, félagsheimilasjóði og menningarsjóði væri bættur tekjumisserinn nokkurn veginn.

Ýmsir eru vafalaust andvígir því að farið verði að hækka verð aðgöngumiða að kvikmyndahúsum vegna tilkomu þessa sjóðs og halda því sjálfsagt fram að skattlagning aðgöngumiða sé þegar orðin í mesta lagi, þ. e. a. s. 16.5%, því að skattlagningin er nú ekki aðeins 16.5%, heldur er búið að leggja 17% söluskatt á aðgangseyri. Þar að auki er í Reykjavík lagður 5% skattur á verð aðgöngumiða samkv. sérstökum lögum frá 1952 og sá skattur rennur beint í borgarsjóð. Ef mönnum þykir óaðgengilegt að skattlagning aðgöngumiða verði nú aukin um 3.5%, þá hefði ég talið að sú leið kæmi til greina að lækka eða afnema með öllu þann skatt sem ég nefndi seinast, þ. e. a. s. skattinn samkv. l. frá 1952, en þessi skattur var upphaflega ætlaður sveitarstjórnum og virðist harla lítinn rétt eiga á sér, enda mun hann nú ekki víða vera innheimtur utan Reykjavíkur. En þetta atriði má að sjálfsögðu skoða nánar í nefnd.

Þegar virt er hvort rétt sé að veita kvikmyndasjóði þær tekjur sem hér er gert ráð fyrir, þá er kannske eðlilegt að átta sig á því hvernig háttað er fjárveitingum til lista og menningar hér á landi og hvort ekki sé nokkuð ljóst að kvikmyndagerðin verður þar heldur en ekki út undan. Samkv. fjárl. fyrir 1975 fær Þjóðleikhúsið sem beint framlag á fjárl. 128 millj. kr., en gestir Þjóðleikhússins greiða 58 millj. Ef litið er á Sinfóníuhljómsveitina, þá greiða gestir hennar 5.5 millj., en ríkissjóður, borgarsjóður og útvarpið, sem er nánast bara þáttur af ríkissjóði, samtals 51 millj. kr. Ef litið er á aðrar listir, þá hljóta þær samanlagt 115 millj. kr. á fjárl. 1975. Hér er um að ræða samtals fjárveitingar sem nema tæpum 300 millj. kr., en af þeim fer ekki til kvikmyndagerðar á hverju ári nema í mesta lagi 1 millj. kr. sem veitt hefur verið nú undanfarin ár í gegnum menningarsjóð. Ég ætla ekki að fara að halda því fram hér að stuðningur við þessar ágætu stofnanir, Sinfóníuhljómsveitina og Þjóðleikhúsið, eða aðrar listastofnanir sé óeðlilega mikill, en mér virðist nokkuð ljóst að ein listgreinin hefur algerlega gleymst eða svo til algerlega og það er kvikmyndagerðarlistin.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði um það hvernig háttað skuli úthlutun lána og styrkja úr kvikmyndasjóði, og segir þar að hún fari fram á sérstökum fundum menntamálaráðs, en þá fjalla ekki eingöngu kjörnir fulltrúar ráðsins um lánveitingar úr sjóðnum eða styrkveitingar, heldur skuli til kvaddir fulltrúar frá samtökum kvikmyndahúseigenda, samtökum kvikmyndagerðarmanna, Bandalags ísl. listamanna og samtökum kvikmyndaklúbba með fullum atkvæðis- og tillögurétti.

Í frv. er ákvæði um stofnun sérstaks kvikmyndasögusafns. Mikil nauðsyn er á því að þess háttar stofnun sé komið upp sem safni eintökum kvikmynda er hafa kvikmyndasögulegt gildi eða sérstakt gildi fyrir sögu Íslands. Starfsemi þessa safns verður að sjálfsögðu allt annars eðlis en starf fræðslumyndasafnsins sem hefur svipað verksvið og skólabókasöfn, en kvikmyndasögu-

safn hefur aftur á móti hliðstæðu hlutverki að gegna og þjóðskjalasafn og bókmenntadeild Landsbókasafns. Stjórn þessa safns þarf því að vera skipuð sérmenntuðum mönnum um kvikmyndalist og er því samkv. 7. gr. gert ráð fyrir að nánari ákvæði um starfsemi og aðsetur safnsins verði sett með reglugerð. Ég þarf ekki að orðlengja hér um margvísleg viðfangsefni sem fallið gætu í hlut kvikmyndasjóðs að veita styrki og lán til. Ljóst er að þau geta verið mörg og margvísleg. Ég tel að stuðningur við gerð heimildarkvikmynda um íslenskt þjóðlíf sé nauðsynlegur og sjálfsagður. Margt er það í okkar þjóðlífi, sem nú er á förum eða er að hverfa og þarf nauðsynlega að festa á filmu áður en það er horfið á braut.

Ég veit að vísu að sjónvarpið hefur unnið ágætt starf á þessu sviði, en ég þarf ekki að benda mönnum á það að vegna margvíslegra viðfangsefna sinna hefur sjónvarpið ekki þá aðstöðu núna eða fjárhagslegt bolmagn til að þessi vinna sé verulega vönduð. Ég tel að með stofnun kvikmyndasjóðs gæti einnig skapast grundvöllur að framleiðslu leikinna kvikmynda Menn geta einnig haldið því fram varðandi kvikmyndir að sjónvarpið fáist nú eitthvað við þann þáttinn, en eins er um það og með heimildarkvikmyndirnar. Það vita allir sem til þekkja að vegna þess mikla hraða, sem verður að vera í öllum störfum sjónvarpsins, og þeirrar fráleitu starfsaðstöðu sem það býr við, ef það ætti að gegna þessu hlutverki með viðunandi hætti, þá getur það aldrei dugað. Það segir sig einnig sjálft að á sjónvarpsþáttum annars vegar og vönduðum kvikmyndum hlýtur að sjálfsögðu að vera meginmunur bara frá tæknilegu sjónarmiði.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég minni enn á það, sem ég sagði hér í upphafi, að málefni íslenskrar kvikmyndagerðar hafa oft verið til umr. hér á Alþ. og oft hefur því verið lýst yfir að gera þyrfti átak til að efla opinberan stuðning við kvikmyndagerð. Því var meira að segja sérstaklega lýst yfir í nál. menntmn. Nd. þegar afgreidd voru hér lög um skemmtanaskatt á þinginu 1969—1970, að lög yrðu sett til stuðnings íslenskrar kvikmyndagerðar á næstunni, en að því hefur ekki orðið enn. Ég tel að það væri ekki seinna vænna að Alþ. taki nú loks af skarið um stuðning við þessa vanræktu listgrein.

Ég vil, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. menntmn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég er út af fyrir sig ekki að standa upp til þess að lýsa stuðningi við þetta frv., ég er einn af flm. þess, en ég vildi rétt vekja athygli á einu atriði sem hér hefur verið bent á. Svo mun vera að kvikmyndagerðarmenn fá nú nokkurn stuðning með eftirgjöf á tollum af innflutningi á filmum til starfsemi sinnar. Hins vegar njóta þeir, sem fást við annars konar myndagerð sem ekki þarf síður að vera listræn, ekki slíks stuðnings. Þeir eru þar alveg utan gátta. Ég get ekki séð í fljótu bragði að hægt sé að rétta hlut þeirra í sambandi við þetta frv., en þó vildi ég nota tækifærið til að koma þessu á framfæri. Það mun vera heimild til þess að veita með uppáskrift Fræðslumyndasafns ríkisins eftirgjöf á tolli til kvikmyndagerðar, en ekki til annarrar myndagerðar. Ég held að það væri þarft ef menntmn. athugaði einnig á hvern máta mætti bæta að einhverju hlut þeirra sem stunda þá iðngrein, sem sagt venjulega myndagerð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Fisksölusamstarf við belgíumenn, þáltill. (þskj. 210). — Ein umr.

Flm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 210 flyt ég tillögu til þingsályktunar um fisksölusamstarf við belgíumenn. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. eða þeim aðilum, er hún til þess kveður, að leita eftir samstarfi við belgíumenn um neðangreind atriði:

1) um bætta löndunar- og geymsluaðstöðu á íslenskum fiski í Ostende,
2) um myndun fyrirtækis er hafi það verkefni að dreifa og selja ferskan og frystan íslenskan fisk í hinum ýmsu Mið-Evrópulöndum,
3) um möguleika á flugflutningi á fiski milli Keflavíkur og Ostende með dreifingu þaðan um Mið-Evrópu í huga,
4) um hugsanlega hækkun sölu- og löndunarkostnaðar vegna aukinna umsvifa.

Útflutningur sjávarafurða er hornsteinn gjaldeyrisöflunar okkar og reyndar þróunar þess þjóðfélags er við búum við í dag og svo hefur verið um langa hríð. Án hæfilegrar velgengni sjávarútvegsins, bæði hvað snertir afla og sölu afurða er varla hægt að hugsa sér að við getum notið þeirrar heilbrigðisþjónustu, er við teljum okkur nauðsynlega, eða skapað ungu kynslóðinni okkar þá menntunarmöguleika, er við óskum eftir, og yfirleitt ekki notið þeirra lífsgæða og þess örygis er við nú búum við. Jafnan hafa orðið sveiflur í afkomu sjávarútvegs, ýmist vegna aflabrests eða söluerfiðleika. Með stækkun landhelginnar og endurnýjun skipaflotans höfum við gert stórt átak í því efni að reyna að tryggja hæfilegt aflamagn, en því aðeins nýtast þær umbætur að sölukerfi sé traust og fjölbreytilegt, þannig að sölutregða og verðlækkanir á einstökum mörkuðum setji ekki allt okkar efnahagskerfi úr skorðum.

Verkun fisks hefur verið með ýmsum hætti hjá okkur. Lengi framan af var aðallega skreið og saltfiskur. Á þessari öld bættist ísfiskurinn við. Hann hefur lengst af þessari öld verið nokkur liður í útflutningi okkar, misjafnlega veigamikill þó. Stærsta breyting í fiskverkun okkar varð þó er frystingin kom til sögunnar, ekki aðeins vegna aukinnar fjölbreytni, heldur fyrst og fremst vegna stóraukinnar vinnu við verkunina og þar af leiðandi verðmætaaukningar.

Árið 1970, þ. e. árið áður en við færðum út landhelgina í 50 mílur, nam þorskafli okkar 469.2 þúsundum tonna. Þennan afla hagnýttum við þannig að í frystingu fóru 283.7 þús. tonn,

96 þús. tonn í söltun, 31.2 þús. tonn í herslu, 47.6 þús. í ísun og 10.5 þús. í annað. Árið 1973 aftur á móti nam þorskafli okkar aðeins 390 þús. tonnum. Þá fóru 192.8 þús. tonn í frystingu, 100 þús. tonn í söltun, 11.9 þús. tonn í herslu, 19.6 þús. tonn í ísun og 12.5 þús. tonn í annað.

Árið 1974 nam þorskafli okkar 370 þús. tonnum. Þá fóru 14.824 tonn í ísingu, 1973 var þessi tala 19.6 þús. tonn af 390 þús. tonna heildarbolfiskafla. Hlutur ísaðs fisk fer því minnkandi síðustu árin, þannig að 1970 er hann rúmlega 10%, 1973 er hann 5% og 1974 rúml. 4%.

Árið 1974 seldum við ísfisk í þessum höfnum: Í Bremerhaven í Þýskalandi 4617 tonn, í Cuxhafen 3643 tonn, þ. e. samanlagt í Vestur-Þýskalandi 8360 tonn fyrir 491 millj. 860 þús. kr. Í Bretlandi seldum við í Grimsby, Hull og Shields 4967 tonn fyrir 292 millj. 40 þús. kr. Og í Ostende í Belgíu seldum við 846 tonn fyrir 52 millj. 673 þús. kr. Samtals seldum við í þessum löndum ísfisk fyrir 838 millj. 439 þús. kr.

Erfiðleikar útgerðar og fiskvinnslu okkar á árinu 1974 svo og dökkt útlit þessa árs byggjast að sjálfsögðu fyrst og fremst á hinni gífurlegu kostnaðaraukningu vegna innlendrar verðbólgu, vegna olíuhækkunar og vegna mikillar hækkunar á veiðarfærakostnaði, en einnig veldur þar um sölutregða og verðlækkun á vissum afurðum sjávarútvegsins. Það má segja að saltfiskur, skreið, ísfiskur og þorskflök búi við þolanlegt verðlag og sölumöguleika, en fiskblokkin er orðin svo snar þáttur í útflutningi okkar að það verðfall, sem á henni hefur orðið, og sú sölutregða, sem hún á nú við að stríða, veldur okkur þungum búsifjum. Frekast á þetta við um þá frystu fiskblokk sem búin er til úr öðrum fiski en þorski, svo sem ufsa, karfa og ýsu. Þessar fisktegundir eru hins vegar sæmilega vel seljanlegar á Evrópumörkuðum, og það er m. a. í þeim tilgangi að reyna að hvetja til hagnýtingar þessara markaða, hvetja til meiri dreifingar og meiri fjölbreytni í sölu að ég flyt þessa tillögu.

Ég hef valið Belgíu sem fyrsta athugunarsvæði fyrir höfuðstöðvar Mið-Evrópufiskdreifingar af neðangreindum ástæðum:

Í fyrsta lagi: Ostende með Zeebrügge sem hafnarborg er fornfræg viðskiptastöð og var einu sinni nefnd hliðið að Evrópu. Þaðan liggja vegir til allra átta, suður og austur um Evrópu. Það gefur nokkra hugmynd um heppilega legu Belgíu að verulegum hluta innflutnings okkar frá Vestur-Þýskalandi og öðrum Mið-Evrópuríkjum er skipað um borð í höfnum Niðurlanda. Í Ostende er gamall og þekktur fiskmarkaður, sem var endurbyggður eftir stríð eins og annað í þeirri borg sem var gersamlega lögð í rústir í stríðinu. Vafalaust þyrfti þó umbætur og aukningu þar ef skip okkar færu að venja þangað komur sínar.

Í öðru lagi eru belgar allmikil fiskneysluþjóð, og ekki hefur heyrst að þeir hefðu í huga að stórauka og umbæta fiskiflota sinn, svo sem sumar aðrar viðskiptaþjóðir okkar hafa verið að gera undanfarið.

Í þriðja lagi urðu belgar fyrstir til þess að semja við okkur eftir útfærslu landhelginnar í 50 mílur og þar með að viðurkenna í verki aðgerðir okkar.

Nú, þegar fyrir dyrum stendur útfærsla í 200 mílur, er erfitt að gera sér grein fyrir fisksölumöguleikum okkar í Bretlandi og Þýskalandi, en líklegt, ef dæma má af reynslunni, að um erfiðleika verði að ræða á næstu árum. Um Belgíu gegnir öðru máli og miklu líklegra að þar verði áframhaldandi góð samskipti.

Ég tel mjög æskilegt að okkar stærri fiskiskip eigi þess kost að sigla með afla öðru hvoru. Bæði er það, að erfitt getur verið að vinna allan þann afla hér heima sem okkar vaxandi nýtískulegi floti kemur með af miðunum, einkum mun þetta verða svo eftir að útlendingar eru horfnir af þeim. Svo getur það einnig verið hagstætt í þeim tilgangi að létta af yfirfullum mörkuðum erlendis. Má geta nærri hver áhrif það hefur á afkomu vinnslustöðva að þurfa að liggja með birgðir mánuðum saman, jafnvel á annað ár, og greiða háa vexti af rekstrarfé á meðan. Í augnablikinu er ekki hægt að sjá að aukin sigling mundi hafa skaðleg áhrif á vinnumöguleika fólks. Á flestum útgerðarstöðum er nú kvartað um of mikla vinnu.

Með þetta í huga verður að líta á fyrsta hluta tillögunnar. Eigi að tryggja aukna sölumöguleika á ísfiski í Mið-Evrópu, þá þarf án efa að kanna löndunar- og geymslumöguleika og bæta um sé þess þörf.

Um 2. lið tillögunnar, þ. e. um myndun fyrirtækis, er hafi það verkefni að dreifa og selja ferskan og frystan íslenskan fisk í Mið-Evrópu, þá á ég við það fyrirkomulag er reynst hefur okkur vel bæði í USA og Bretlandi. Hvort íslendingar ættu það fyrirtæki einir eða það yrði sameign belga og íslendinga, er máske ekki aðalatriðið. Vafalítið væri æskilegt að um sameign væri að ræða. Þarna þarf að mörgu að hyggja. En þá ber einnig á það að líta að íslendingar hafa orðið langa og góða reynslu í rekstri slíkra fyrirtækja. Frekari vinnsla til neyslu, svo sem á sér stað í USA, væri vafalaust möguleg þarna með alla Mið-Evrópu að bakhjarli.

Þriðja atriði tillögu minnar fjallar um möguleika á flutningum á fiski milli Keflavíkur og Ostende og að sjálfsögðu einnig frá þeim öðrum flugvöllum er geta tekið millilandaflugvélar frá þessu landi. Aðilar í Ostende hafa hug á að kaupa flugfluttan fisk allt árið og telja sig hafa verulega sölumöguleika. Einn slíkur farmur var fluttur þangað nýlega. Til fróðleiks hef ég fengið heimild til þess að segja nokkur orð um þann farm.

Kaupendur keyptu fiskinn á flugvelli í Ostende cif. Hann var 1400 kg af karfaflökum, 120 kg af lönguflökum, 2480 kg af slægðum og hausuðum steinbít, 7860 kg af hausuðum þorski og 780 kg af skötusel, samtals 12640 kg, er seldust á 1 297 836 kr. Kostnaður var þessi: Hráefni 387 000 kr. flugfrakt 520 000 kr., útflutningsgjald 89 297 kr., vinnulaun 130 000 kr., umbúðir 30 000 kr. trygging 5 217 kr. Hagnaður var 136 322 kr.

Þeir, er að þessari ferð stóðu, telja að með skipulögðum rekstri megi fá kostnað nokkuð niður og að afkoma eigi að geta verið góð miðað við hráefnisverð í dag. Einnig má vænta hærra verðs. Þótt hér geti varla orðið um heildarmagn að ræða sem umtalsvert sé á okkar mælikvarða, þá er líklegt að á þennan hátt megi selja vöru

á fullu verði sem nú er erfitt að losna við og ætti að geta orðið bæði útgerð og fiskverkun til nokkurra hagsbóta.

4. liður tillögu minnar um hugsanlega lækkun sölu- og löndunarkostnaðar vegna aukinna umsvifa er byggður á því að sölu- og löndunarkostnaður íslenskra fiskiskipa í erlendum höfnum er mjög hár. Ástæða er til að ætla að ef við einbeitum okkur á einn stað þarna suður frá, þá muni heimamenn nokkuð vilja til vinna að fá þessi auknu viðskipti. Án efa er hentugur tími til þess að semja nú. Belgar óttast samdrátt og þar er nokkurt atvinnuleysi. Hver sú aðgerð sem unnið gæti gegn samdrætti væri vel þegin.

Herra forseti. Ég vona að þessi tillaga mín verði til þess að flýta athugunum á gildi Evrópufiskmarkaðsins fyrir okkur, þannig að við verðum komnir í gang með hagnýtingu þess markaðar þegar tollar lækka og storma landhelgisdeilna lægir.

Ég legg svo til, að að umr. lokinni verði till. vísað til sjútvn.

Stefán Jónsson: Herra forseti: Ég vil lýsa yfir stuðningi við þessa þáltill. í öllum meginatriðum. Ég held að hér sé hreyft mjög merkilegu máli, það sé óhæfilegt að við sitjum með hendur í skauti einmitt nú þegar kreppt er að okkar hag á meginlandsmarkaðinum fyrir fiskinn. Við eigum einmitt nú þessi missirin að hefja aðgerðir í þessu máli til þess m. a. að sýna vestur-þjóðverjum að við séum e. t. v. ekki svo mjög upp á þeirra náð komnir með að koma fiski á markað í Mið-Evrópu. Þótt ekki væri nema vegna þess eins, þá tel ég till. merka. Svo bætist hitt við, að hér er hugsað lengra, hér er miðað að langtímalausn á því vandamáli okkar að losna við ísaðan fisk sem hlýtur að verða okkur hentugt á komandi árum, jafnvel þó að frystiiðnaðurinn þróist mun meira en hann hefur gert.

Í sambandi við þessa till. vil ég minna á þáltill. sem samþ. var fyrir þremur árum, þar sem því var beint til ríkisstj. að hafa forgöngu um samstarf fiskveiðiþjóðanna við Norður-Atlantshaf að markaðsmálum og verndun fiskstofna. Nánar tiltekið var þarna um að ræða samstarf við norðmenn og þá aðallega norður-norðmenn, færeyinga og grænlendinga, sem munu skv. upplýsingum Hafrannsóknastofnunarinnar þegar við útfærslu fiskveiðilögsögu í 50 sjómílur hafa yfirráð yfir 80% af öllum ýsu-, þorsk- og lönguafla við Atlantshafið. Við höfum þegar dágóða reynslu af samstarfi við færeyinga í fisksölumálum. Við seljum nú þegar megnið af hraðfrysta fiskinum þeirra með dágóðum ágóða fyrir báða. Og það eitt er víst, að stæðu þessar þjóðir saman að fisksölumálum sínum betur en þær nú gera, þótt ekki kæmist á alger samvinna, stæðu þær betur saman að fisksölumálum sínum, þá væri engin hætta á því að neinni einni þessara þjóða væru settir afarkostir um sölu á fiskinum á meginlandinu. Sannleikurinn er nefnilega sá, að Vestur-Evrópuþjóðirnar þarfnast þessarar góðu vöru, og kynni þá svo að fara að við sættum betri kjörum í tollamálum með þessa vöru okkar en við sætum nú.

Ég vek aðeins athygli á þessari þáltill. sem samþ. var um að beina þessu til ríkisstj., — mér vitanlega hefur ekkert verið í því gert, — ég vek aðeins athygli á henni í sambandi við þessa að mínum dómi gagnmerku þáltill., sem hér er borin fram, og ítreka stuðning minn við hana.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 37. fundur.

Fimmtudaginn 30 jan., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frv. (þskj. 178, n. 255, 260). — 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

Á undanförnum árum hefur orðið mjög ör þróun á sviði siglingatækni, skipum hefur farið fjölgandi og þau stækkað mjög mikið. Þótti því nauðsynlegt að endurskoða reglur sem um þessi efni hafa gilt frá 1965. Hingað til hafa siglingareglurnar byggst á samkomulagi þjóða í milli, án þess að þær væru byggðar á alþjóðasamþykkt. Nú hefur hins vegar í fyrsta sinni verið gerð samþykkt um reglurnar. Því var það, að í okt. 1972 var haldin í London alþjóðaráðstefna til að endurskoða þessar reglur. Þessi samþykkt var undirrituð af fulltrúum 16 landa, þ. á m. af hálfu Íslands með fyrirvara. En síðan hefur samþykkt þessi verið lögð fyrir samgrn. og leggur það til að hún verði staðfest fyrir Íslands hönd.

Athygli n. var vakin á því að í þetta frv. vantaði gildistökugr. Því er lögð fram á þskj. 260 brtt. um þetta efni, þ. e. a. s. að á eftir 4 gr. komi ný gr., sem orðist svo: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Allshn. er sammála um að leggja til, að frv. þetta verði samþ. að öðru leyti óbreytt, en tveir nm. voru fjarverandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 260 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 76, n. 256). — 2. umr.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Menntmrn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 84/1970, um Háskóla Íslands. N. samþ. samhlj. að mæla með frv. óbreyttu.

Þetta frv. var raunar lagt fram áður, fyrir þremur árum, hér á Alþ., þ. e. a. s. fimm fyrstu gr. þess, en varð þá ekki útrætt og kemur því aftur fyrir Alþ. nú. N. þóttu eðlilegar og sjálfsagðar þær breyt. sem þarna er gert ráð fyrir

á l. um Háskóla Íslands, en þær eru að meginefni tvær:

Hin fyrri er breyt. á stjórnsýslu Háskóla Íslands með stofnun embættis kennslustjóra, auk þess sem sett eru nú ákvæði um skipan rektorsstarfa í forföllum. Hingað til hefur enginn ákveðinn maður gegnt starfi rektors í forföllum hans, en nú er gert ráð fyrir að varaforseti háskólaráðs skuli gegna því hlutverki. Starf kennslustjóra verður hliðstætt starfi háskólaritara, og virðist þessi styrking á stjórnsýslu Háskólans mjög svo eðlileg þegar tekið er tillit til sífellt aukinna umsvifa og aukins nemendafjölda, en fjöldinn í Háskólanum hefur tvöfaldast frá árinu 1968.

6. gr. bætist við frv. eins og það áður kom fyrir Alþ. Þar er gert ráð fyrir að heimilt sé að stofna til námsbrauta sem veiti sérhæfða menntun er leiði til háskólaprófs þegar svo stendur á að náminu verður ekki komið fyrir innan háskóladeilda.

Það er staðreynd, að sífellt er aukin ásókn um stofnun nýrra háskóladeilda og þess vegna full þörf á að Háskólinn hafi heimild til þess að stofna til slíkra deilda að vel athuguðu máli og þegar bein nauðsyn virðist krefja.

N. mælti sem sagt shlj. með þessum breyt. á umræddu lagafrv. sem hér liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 248). — 1. umr.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv. á þskj. 248 til l. um breyt. á l. nr. 31/1970, um dýralækna, er flutt af mér og hv. þm. Sverri Hermannssyni og Lúðvík Jósepssyni.

Í löggjöfinni um dýralækna er m. a. kveðið á um dýralæknisumdæmi í landinu. 2. gr. þessara laga kveður á um það að landinu skuli skipt niður í 22 umdæmi. 16. og 17. tölul. þessarar gr. fjalla um umdæmin á Austurlandi sem skv. lögunum eru tvö: Í fyrsta lagi Austurlandsumdæmi, sem tekur yfir N.-Múlasýslu að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörð, Neskaupstað og S-Múlasýslu að mörkum milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps, og 17. liður Austur-Skaftafellssýsluumdæmi, sem tekur yfir A.-Skaftafellssýslu, Geithellnahrepp, Búlandshrepp og Beruneshrepp í S.-Múlasýslu.

Þetta frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í stað 16. og 17. tölul. 2. gr. l. nr. 31/1970 (sbr. 1. gr. l. nr. 38/1972) komi 3 tl., er hljóði svo, og breytast tölul. gr. skv. því.:

„16. Austurlandsumdæmi nyrðra: Norður-Múlasýsla að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Eskifjarðarkaupstaður og Suður-Múlasýsla að mörkum milli Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps og mörkum milli Reyðarfjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps.

17. Austurlandsumdæmi syðra: Suður-Múlasýsla frá mörkum Reyðarfjarðarhrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps við ströndina og Skriðdalshrepps og Breiðdalshrepps inn á landinu annars vegar að mörkum milli Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu hins vegar.

18. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla."

Í grg. segir að Austurlandsumdæmi sé „mjög víðáttumikið dýralæknisumdæmi. Það tekur yfir Fljótsdalshérað, Borgarfjörð, Víkur og Loðmundarfjörð, sem nú er að vísu í eyði, Seyðisfjarðarhrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Neskaupstað, Eskifjarðarkaupstað og alla hreppa Suður-Múlasýslu suður að Beruneshreppi. Eins og kunnugt er eru samgöngur, sérstaklega að vetrarlagi, erfiðar milli margra byggðarlaga á þessu svæði, enda er það víðáttumikið. Það er því mjög miklum vandkvæðum bundið fyrir einn dýralækni að þjóna öllu þessu svæði.

Svipað má segja um Austur-Skaftafellssýsluumdæmi. Vegalengdin frá Skaftafelli austur á Berufjarðarströnd að Streitishorni er samtals um 300 km, nánar tiltekið 294 km. Lónsheiði er mikill farartálmi á vetrum og samgöngur að öðru leyti um svæðið oft á tíðum erfiðar.

Ástæða er til að ætla að meiri möguleikar verði á að fá dýralækna til starfa en verið hefur hingað til," en á því hefur verið hörgull oft á tíðum, eins og kunnugt er.

Okkur þykir því rétt að lögfesta nýja umdæmaskipun dýralækna í Austurlandskjördæmi og er frv. þetta flutt að ósk heimamanna og að höfðu samráði við dýralækna í Austurlandskjördæmi.

Okkur þm. Austurl. hafa verið sendar sérstakar áskoranir og erindi út af þessu máli. Búnaðarfélag breiðdæla hefur t. d. sent til okkar svo hljóðandi áskorun:

„Fundur í stjórn Búnaðarfélags breiðdæla, haldinn að Gilsá 31.10. 1974, skorar eindregið á þm. Austurl. að þeir hlutist til um að l. verði breytt á þann veg á yfirstandandi Alþ. að lögfest verði sérstakt dýralæknishérað á sunnanverðum Austfjörðum og hafi hinn nýi dýralæknir búsetu á Breiðdalsvík." Héraðið nái yfir þá hreppa sem til er tekið í frv.

Síðan segir áfram í þessari áskorun: „Í símtali, sem form. Búnaðarfélags breiðdæla átti við yfirdýralækni í byrjun sept., lét hann í ljós samþykki sitt við skipan þessara mála eins og rakið er hér að framan."

Þá má geta þess að Jón Pétursson dýralæknir átti hugmyndina að nýju dýralæknissetri á Breiðdalsvík.

Síðan hefur borist erindi frá hreppsnefnd Breiðdalshrepps til þm. Austurl. sem er að efni til shlj. því erindi sem ég var að lesa frá Búnaðarfélagi breiðdæla.

Ég sé ekki ástæðu til að flytja langt mál til viðbótar um þetta frv., það skýrir sig í raun og veru sjálft, en vil aðeins undirstrika það sem kemur fram í grg., að hér er um gífurlega miklar víðáttur að tefla. T. d. nær nyrðra umdæmið, eins og það er í dag, allar götur frá Gunnólfsvík á Langanesi og suður á Streitishorn norðan við Berufjörð. Það tekur yfir allt Fljótsdalshérað, sem er í sjálfu sér ærið nóg fyrir einn dýralækni

að þjóna, þar sem eru 12 sveitarfélög. Á þessu svæði eru mjög margir fjallvegir sem eru ákaflega erfiðir yfirferðar langtímum saman, þannig að það er í raun og veru algerlega útilokað fyrir *einn einasta dýralækni* að þjóna þessu víðáttumikla umdæmi öllu saman.

Við vonumst til þess að málið þyki sanngjarnt og tímabært og það fái góðar undirtektir hv. þm. og ég legg til að málinu verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 35. fundur.

Mánudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Eina dagskrármálið, rannsókn kjörbréfs, verður tekið út af dagskrá vegna þess að kjörbréfið hefur ekki borist og varamaður Ragnars Arnalds, sem ætlaði að mæta hér á þingi í dag, er veðurtepptur norður á Siglufirði.

Forseti tók málið af dagskrá.

Efri deild, 40. fundur.

Mánudaginn 3. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Launasjóður rithöfunda, frv. (þskj. 251). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Frv. samhljóða þessu var lagt fyrir 94. löggjafarþing, að öðru leyti en því að ártalið 1975 í 2. gr. frv. er nú breytt í 1976.

Undanfari þessa frv. er annars umr. á Alþ. og síðan þáltill., sem var samþ. 18. maí 1972, á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing till. um að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts á bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun eftir reglum er samdar verði í samráði við Rithöfundasamband Íslands og félag rithöfunda."

Þetta frv. var svo samið af n. sem þáv. menntmrh. skipaði 16. jan. 1973. Var n. fyrst skipuð til þess að semja reglur samkv. þáltill., sem ég áðan greindi, og í þá n. voru þau skipuð: Svava Jakobsdóttir samkv. tilnefningu Rithöfundasambands Íslands, Einar Bragi samkv. tilnefningu Rithöfundafélags Íslands, dr. Gunnar Thoroddsen samkv. tilnefningu Félags ísl. rithöfunda, Bergur Guðnason samkv. tilnefningu fjmrn. og Knútur Hallsson án tilnefningar, og var hann jafnframt formaður n. Þessi n. var í fyrstunni skipuð til að semja reglur um úthlutun fjár samkv. þáltill. og samkv. fjárveitingu í fjárlögum, en seinna þennan sama vetur, 23. mars 1973, er þessari sömu n. falið að semja frv. til l. um efni þál. frá 18. maí 1972. Í samræmi við það hefur n. á sínum tíma gengið frá þessu frv. eins og það nú liggur hér fyrir með þeirri einu breytingu sem ég áðan greindi.

Í 1. gr. þessa frv. er lagt til, að stofna sérstakan launasjóð íslenskra rithöfunda með ákveðnu fjárframlagi, sem hér er lagt til að verði 21.7 millj. kr. og greiðist úr ríkissjóði.

Í 2. gr. eru ákvæði um það, að árlega skuli veita fé til sjóðsins í samræmi við þetta stofnframlag og skuli endurskoða fjárhæðina hverju sinni við undirbúning fjárlaga með sérstöku tilliti til breytinga á byrjunarlaunum menntaskólakennara, en þau eru tekin til viðmiðunar.

Í 3. gr. er fjallað um það, hverjir hafi rétt til greiðslu úr sjóðnum, og eru það, eins og kom fram í þáltill., íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

Í 4. gr. frv. er mælt fyrir um það, að menntmrn. skuli setja reglur um framkvæmd þessara laga að höfðu samráði við félagssamtök rithöfunda, þar sem m. a. skal kveðið á um stjórn sjóðsins, vörslu hans og greiðslur úr honum. Slíkar reglur hafa verið samdar og er í gangi skoðun á þessu. En svo mundi vitanlega verða formlega gengið að því að setja reglugerð ef þetta frv. yrði að lögum.

Ég vil leyfa mér að vona að hv. alþm., þeir er nú sitja á Alþ., verði í megindráttum sama sinnis og þeir hv. alþm. sem samþ. þáltill. á sínum tíma, 1972, og afgr. þetta frv. á jákvæðan hátt.

Ég vil geta þess hér, að ég tel nauðsyn til bera að gera nokkra úttekt á stuðningi ríkisvaldsins og hins opinbera yfirleitt við hvers konar starfsemi listafólks í landinu. Ég held að það sé nauðsynlegt að þessi mál verði skoðuð í heild og menn reyni að gera sér grein fyrir því, hversu til hefur tekist um þann stuðning sem veittur hefur verið á undanförnum árum til þessara merku þátta í okkar þjóðlífi, hversu skipt hefur verið fjárveitingum til listgreina og jafnvel einstaklinga, reyna að meta hvort þessi starfsemi hafi fengið eðlilega hlutdeild í fjármunum ríkis og þjóðar með ýmsu móti og hvort ekki sé hægt að nýta betur en e. t. v. hefur verið gert, það fjármagn sem af opinberri hálfu er varið til að styðja þessa starfsemi. Þá hef ég hvort tveggja í huga, að reyna að gera sér grein fyrir því hvort réttlátlega hefur verið skipt á milli hinna ýmsu listgreina og jafnvel einstaklinga, og svo einnig hitt og ekki síður, hvort ekki er unnt að nýta enn betur fyrir málefnið sjálft, fyrir listastarfsemi og listasköpun í landinu það fé, sem á hverjum tíma er látið af hendi rakna af opinberri hálfu til þessara þátta. Ég vildi láta koma fram, að ég tel æskilegt að slík athugun fari fram, ekki í neinu flaustri, heldur að menn gefi sér til þess eðlilegan tíma.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Þetta litla, sakleysislega frv., sem hér liggur fyrir til umr., er dæmigert sýnishorn af því hver þróunin er um meðferð opinbers fjár í okkar þjóðfélagi. Ég skal engan dóm leggja á það, að það hafi verið að einhverju leyti sanngirniskrafa á sínum tíma að endurgreiða rithöfundum álagðan söluskatt, sem greiddur er hinu opinbera af bókum og ritum íslenskra rithöfunda. En upphafið að þessu frv. var sú ráðstöfun, að einhverjum fannst sanngjarnt að endurgreiða þessar upphæðir. Upp úr þessari endurgreiðslu er svo komið að mönnum finnst ekki nægilegt að binda þessar greiðslur til rithöfundanna við það sem var upphaflega tilætlunin, sem sagt að ekki skyldi innheimtur söluskattur af ritum íslenskra höf-

unda, heldur þarf að ganga miklu lengra. Nú þarf að stofna sjóð — og hvernig er sjóður stofnaður? Það er eins og var í gömlu ævintýrunum: Einu sinni var kóngur og drottning .... Í öllum frv. og till. um slíka sjóði stendur: Greiða skal úr ríkissjóði svo og svo mikla upphæð. Það er ekki hægt að gera það á annan veg. Það er alltaf þessi sama leið. Þetta er lítið, þetta er frækorn, þetta er byrjunin og verður síðan stærra og stærra, þangað til komin er stofnun, sem þarf starfslið, og þetta verður til þess að efla kerfið og auka álagninguna á hinn almenna skattborgara.

Ég hef orðið var við að í fleiri þskj., sem liggja fyrir hinu háa Alþ. núna, eru till. um nýja sjóðstofnun. Ég hélt satt að segja, að það áraði ekki þannig hjá íslensku þjóðinni í dag, að það væri ástæða til að vera að flagga mikið með stofnun nýrra sjóða og leggja aukin útgjöld á ríkissjóð til slíkra hluta. Mér finnst a.m.k. í þeim viðræðum sem eiga sér stað meðal almennings, að hljóðið sé það alvarlegt í mönnum og líka hjá ráðamönnum þjóðarinnar að frekar sé ástæða til að reyna að lækka útgjöld fjárlaga og annað, en ekki beinlínis aðstæður til að stofna til nýrra sjóða. Ég vil láta fara hér með gát og taldi rétt við 1. umr. að lýsa afstöðu minni, að ég er ekki reiðubúinn til að samþ. að þessi sjóður verði stofnaður að svo komnu. Ég tel ástæðu til þess að athuga það mál betur.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af orðum hv. 2. þm. Norðurl. e. vil ég aðeins gera nánari grein fyrir þeim fjárhagsgrundvelli sem þarna er hugsaður, hvernig þessi ákvæði eru til orðin.

Upphaflega var rætt um að taka til þessara nota sem svaraði söluskatti af bókasölunni í landinu, og upphæðin í þessu frv. er miðuð við áætlaðan söluskatt af íslenskum bókum á árinu 1972. Það fer ekki hjá því, að um upphæðina sjálfa hljóta að verða mjög skiptar skoðanir hvað sem um málið í heild er að segja, og auðvitað eru skiptar skoðanir um það líka. En það er rétt að þetta komi hér fram við 1. umr., að þannig er þessi upphæð fengin.

Ég vil enn fremur vekja athygli á þeim ummælum sem fram koma í grg. varðandi þetta atriði og hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Þótt hugmyndir um endurgreiðslu til rithöfunda á söluskatti af íslenskum bókum hafi upphaflega hrundið máli þessu af stað, telur n. ekki heppilegt, að fjárveiting verði til frambúðar bundin söluskatti. Skattur af þessu tagi kann að verða lagður niður, breyta um nafn með einum eða öðrum hætti eða felldur inn í aðra skatta. Þá hefur og sýnst nokkrum örðugleikum bundið að staðreyna með nákvæmni hversu hárri upphæð þessi hluti söluskattsins kynni að nema og að fylgjast með breytingum á honum frá ári til árs.“ Mér finnst rétt að þetta komi hér fram. Ég er ekki með þessu að fitja upp á neinum deilum við hv. 2. þm. Norðurl. e., heldur fannst mér rétt að gera grein fyrir þessu, af því að það hafði fallið niður hjá mér í framsögu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það má segja, að það hljóti að vera með nokkurri djörfung að hæstv. menntmrh. komi hér og flytji þetta frv. nú, eins og árar í okkar þjóðfélagi. Hitt er svo annað mál, að þetta er gamall kunningi hér á Alþ. þetta viðfangsefni, að leita eftir auknu fjármagni til að styðja rithöfunda, og hafa mörg orð fallið um þá nauðsyn að gera slíkt.

Ég vil taka undir orð 2. þm. Norðurl. e., að þetta er slíkt mál í dag, að það þarf góðrar athugunar við, bókstaflega vegna fjárhagsástands í þjóðfélaginu. Ef fregnir eru réttar í þá átt að jafnvel verði að endurskoða gildandi fjárlög fyrir yfirstandandi ár, þá virðist ekki blása byrlega fyrir þessu frv.

Hæstv. menntmrh. drap á að það þyrfti að athuga um réttlátlega skiptingu milli listgreina. Á sínum tíma minntist ég á það, þegar hugmyndir um viðbótarsjóð fyrir rithöfunda voru hér á döfinni, að ég tel ekki rétt að skilja eftir tónskáld. Svo kunna menn kannske að koma með viðbótarlistamenn og þá fer málið að vandast. Ef rithöfundar eiga að fá úr sjóðnum, þeir sem eru skáld í þeirra hópi, mun ég hiklaust standa að því í menntmn., það er mín persónulega skoðun, að tónskáld fylgi hér með, alveg afdráttarlaust. Alþ. hefur verið tómlátt um stuðning við tónskáld á Íslandi og það er engan veginn sæmandi að halda því áfram. Ég mun því binda efnislegan stuðning minn við þetta frv. því að við reynum að finna því farveg að tónskáld fljóti hér með og breytum frv. í þá átt. Ég vildi að þetta lægi fyrir strax í upphafi, jafnvel þó að gildistöku frv. verði seinkað og það öðlist ekki gildi fyrr en í ársbyrjun 1976, en í 5. gr. segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“ Ég held að það sé borin von að ætlast til þess að þetta mál nái fram á þessu ári, bókstaflega vegna efnahagsafkomu þjóðarinnar. Hitt er svo annað mál, hvort við treystum okkur til að reikna með einhverri ákveðinni upphæð við gerð næstu fjárlaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 38. fundur.

Mánudaginn 3. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 205). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Ólafsson): Hv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt 2. þm. Austf. frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 frá 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, og er frv. á þskj. 205. Þetta frv. miðar að því að auðvelda framgang ákvæða laganna um byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga sem sett voru hér á Alþ. 17.

apríl 1973. Frv. miðar að því að auðvelda sveitarfélögunum úti um land að hefja og hrinda í framkvæmd íbúðabyggingum skv. þessum lögum.

Ég vil rifja hér upp lítillega hvað í l. fólst um byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga. Þar var fyrst og fremst um það að ræða, að húsnæðismálastjórn var heimilað að lána á 4 árum 80% byggingarkostnaðar til allt að 1000 leiguíbúða sem byggðar væru á vegum sveitarfélaganna í landinu. Voru mjög miklar vonir bundnar við framkvæmd þessara laga og hefur komið í ljós að mjög mörg sveitarfélög víðast hvar á landinu hafa haft fullan hug á að færa sér þau í nyt og þau réttindi sem þeim fylgja, en framkvæmdir eru því miður heldur skammt á veg komnar yfirleitt enn sem komið er.

Ég vil rekja í fáum dráttum meginatriði þau, sem felast í því frv. sem ég mæli hér fyrir og flest stuðla að því að auðvelda byggingu umræddra leiguíbúða, en einnig er komið inn á viss önnur atriði í sambandi við húsnæðismál okkar.

Meginatriði frv. má segja að sé að gera lánakjörin í sambandi við byggingu leiguíbúðanna hagstæðari en nú er, og ég mun koma nánar að því síðar í hverju þær breytingar felast.

Í öðru lagi felst í frv. að lagt er til að húsnæðismálastjórn sé ekki aðeins heimilt, eins og segir í núgildandi l., heldur skylt að veita lán til þeirra leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, sem hér um ræðir. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði og er ætlað til þess að tryggja að þessar íbúðir hafi í raun og veru ákveðinn forgang.

Þá er atriði í þessu frv. þar sem kveðið er á um að húsnæðismálastjórn verði heimilað að veita allt að 10% af því fjármagni, sem hún hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma, til kaupa eða meiri háttar endurbóta á eldra húsnæði.

Fjórða atriðið er það, að í frv. er gert ráð fyrir að almenn húsnæðismálalán hækki til samræmis við hækkun byggingarvísitölu.

Það eru þessi 4 atriði sem í frv. felast: Í fyrsta lagi að gera lánin hagstæðari til leiguíbúðanna á vegum sveitarfélaganna, í öðru lagi að það skuli skylt að lána til þessara leiguíbúða. Í þriðja lagi að það skuli heimilt að verja allt að 10% til kaupa á eldra húsnæði, annaðhvort endurbóta eða kaupa af ráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnar, og í fjórða lagi að almenn húsnæðismálastjórnarlán hækki til samræmis við hækkun byggingarvísitölu.

Það þarf ekki að fara hér mörgum orðum um það hve húsnæðismálin eru veigamikill þáttur í lífskjörum alls almennings í landinu, bæði hér í Reykjavík og úti um land. Lengi var það svo að húsnæðisvandinn var mestur hér á höfuðborgarsvæðinu og húsnæði þá hér oft á tíðum dýrara en annars staðar og torfengnara, hvort sem var til leigu eða kaups, fyrir þá sem ekki höfðu þeim mun meiri fjárráð. Á síðustu árum hefur þetta nokkuð breyst. Atvinnulífið úti um landið hefur tekið miklum umskiptum á allra síðustu árum, ekki síst á þeim 3 árum sem vinstri stjórnin sat hér að völdum, og víða um byggðir landsins snerist þróunin þannig við á þessum árum, að í stað þess að fólk hafði streymt jafnt og þétt frá hinum ýmsu byggðarlögum úti um land og hingað á Faxaflóasvæðið, þá tók fólki að fjölga á ný víða úti um landið. Við þessar aðstæður hafa víða úti um land komið upp ný viðhorf í sambandi við húsnæðismál og úrlausn þeirra orðið miklum mun brýnni en áður var, meðan fólkið streymdi burt. Áður en l. um leiguíbúðir voru samþ. var varla hægt að segja, að sveitarfélög og kaupstaðir úti um land sætu fyllilega við sama borð og Reykjavík og þeir sem hér búa hvað húsnæðismálin varðar. Á ég þá við að verkalýðshreyfingunni í Reykjavík tókst á sínum tíma, fyrir allmörgum árum, að knýja fram í kjarasamningum ákvörðun um byggingu húsnæðis hér í Reykjavík, íbúðabyggingar í Breiðholti, með sérstökum tiltölulega mjög hagstæðum kjörum, sem hafa vissulega komið hér að ákaflega miklum notum. En hins vegar gilti þetta samkomulag á sínum tíma aðeins um Reykjavík, enda mun þörfin þá hafa verið hér brýnni en víðast annars staðar. En lagasetningin hér fyrir tæpum 2 árum um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga var m. a. hugsuð til að skapa þarna nokkurt jafnvægi, þannig að fólk ætti þess kost fyrir milligöngu sveitarfélaganna úti um land að komast yfir húsnæði með álíka kjörum og þeim sem best gerðust hér í Reykjavík.

Það hefur nokkuð verið um það deilt hvort eðlilegt hafi verið þegar þessi lög voru sett á sínum tíma, að þau sérstöku lánakjör, sem þar var gert ráð fyrir, væru eingöngu bundin við byggingar á vegum sveitarfélaga, þ. e. a. s. leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga, en ekki þannig að þetta gilti almennt fyrir hvaða einstakling sem er. Ég hygg, að þetta hafi verið rétt ráðstöfun á sínum tíma, að þetta er bundið við byggingar, sem reistar eru með þessum hætti. Það gefur að sjálfsögðu möguleika á því að hafa kjörin við þær sérstöku íbúðir þeim mun hagstæðari heldur en mögulegt væri ef þau ættu að gilda fyrir hvaða einstakling sem er.

Ég vil minna á það, að í þessum l. er ákveði sem ekki er lagt til hér að verði breytt á neinn veg, um það að sveitarfélögunum er, eftir að þau hafa byggt þessar íbúðir og leigt þær út í fá ár, heimilt að selja þær til einstaklinga. En það er nú einu sinni svo, að þau byggðarlög úti um landið, sem hafa möguleika með tilliti til atvinnulífsins að taka á móti vaxandi íbúafjölda og vilja gjarna stuðla að því að fólk flytjist þangað, ráðamenn þeirra eru að ég hygg nokkuð sammála um að fátt geri fólki erfiðara fyrir um slíka flutninga út til landsbyggðarinnar heldur en einmitt húsnæðisvandinn. Þess er ekki að vænta að fjölskylda, sem er að velta því fyrir sér hvort hún eigi að setjast að á nýjum stað eða ekki, sé að jafnaði reiðubúin til þess að festa kaup á eigin húsnæði þegar í stað. Þess er ekki að vænta og þess vegna ákaflega áríðandi að sá möguleiki sé fyrir hendi, að menn geti fengið leiguhúsnæði í byrjun meðan þeir íhuga sinn gang hvort þeir setjast að til frambúðar eða ekki. Það er tvímælalaust eðlilegt og æskilegt að slíkt leiguhúsnæði sé til staðar á vegum sveitarfélaganna.

Það er þó ekki eingöngu að þessar leiguíbúðir, sem hér um ræðir, komi að notum fyrir fólk sem er að flytja nýtt í þetta eða hitt byggðarlagið, sem færir sér l. í nyt, heldur eiga þessar íbúðir í ákaflega mörgum tilvikum að geta orðið lausn

fyrir þá sem minnstar hafa tekjur, minnsta möguleika til þess að koma sér upp eigin húsnæði. Á það þá ekki síst við um unga fólkið, sem er að hefja búskap.

Það hefur vissulega verið svo hér á okkar landi að meginþorri fólks býr í eigin húsnæði og kýs að búa í eigin húsnæði. Það er að sjálfsögðu ekkert nema gott um það að segja fyrir þá sem til þess hafa möguleika. Og hér hefur það verið svo, að það hefur í raun og veru um mörg undanfarin ár verið helsta og kannske eina leið alls almennings í landinu að leitast við að tryggja sér eigin íbúð — eina leiðin til þess að troðast ekki gjörsamlega undir í því verðbólguflóði, sem hér hefur geisað um ár og áratugi. Það hefur því í raun og veru ekki verið endilega spurningin um það hvort menn væru svo ákaflega mikið fyrir það að búa í eigin húsnæði fremur en í leiguhúsnæði, ef það leiguhúsnæði væri með þeim hætti, að þeir ættu þar við hófleg leigukjör og öryggi að búa. Það hefur ekki verið spurningin um þetta í raun og veru, heldur hafa menn beinlínis verið neyddir til þess af þjóðfélagsástandinu, hvað sem öllu öðru leið, að keppa eftir því að eignast eigin íbúð. Þess vegna hefur þróun í þessum efnum orðið töluvert mikið önnur hér á Íslandi heldur en í flestum nálægum löndum. Þar hefur verðbólgan verið minni á síðustu áratugum og langt um minni og er enn og þar hefur líka miklu meira verið um það að verulegur hluti þjóðfélagsþegnanna byggi í leiguhúsnæði, oft á tíðum á vegum opinberra eða félagslegra aðila af einhverju tagi, en nyti þeirra réttinda að hafa í raun og veru full umráð yfir slíkum íbúðum og öryggis um að geta búið þar ævilangt, þó að þeir hefðu ekki réttindi til að selja íbúðirnar eins og um eigendur væri að ræða.

Hér á Íslandi hafa mál þróast þannig, að það er kannske ekki ýkja margt sem kveður frekar á um raunveruleg lífskjör þegnanna heldur en einmitt það hvernig þeir eru settir í sambandi við sín húsnæðismál. Við skulum taka dæmi af tveim fjölskyldum, ungu fólki, annars vegar væri um að ræða fjölskyldu, sem hefði kannske með aðstoð foreldra eða á annan veg tekist að leysa sín húsnæðismál og eignast íbúð, þannig að hún væri orðin skuldlítil, og hins vegar væri önnur fjölskylda sem hefði kannske sömu tekjur, en væri þannig sett að hún annaðhvort byggi í leiguhúsæði eða væri með mjög þunga skuldabyrði vegna íbúðar sinnar. Þarna eru kjörin milli slíkra tveggja aðila, sem að öðru leyti stæðu jafnt að vígi, ákaflega ólík. Ég hygg að það sé skylda þjóðfélagsins að leitast við að stuðla að því að þeim ólíku kjörum sem fyrir hendi eru í þessum efnum — því misrétti sem í þeim efnum er fyrir hendi, verði eytt svo sem frekast er kostur.

Ég vil hér aðeins drepa á það, að í samningum þeim, sem gerðir voru af verkalýðshreyfingunni fyrir tæpu ári voru mjög mikilvæg ákvæði, sem verkalýðshreyfingin þá samdi um við þáv. ríkisstj., sem lutu að húsnæðismálunum og þar sem kveðið var á um öflun fjármagns til íbúðabygginga, bæði í því formi að hækka launaskatt og í formi kaupa á skuldabréfum hjá lífeyrissjóðum. Þar var einnig samið um vissa hluti sem ætlað er að stuðla að því að auka þátt félagslegra framkvæmda á sviði íbúðabygginga. Það veltur á mjög miklu að við þetta samkomulag við verkalýðshreyfinguna verði staðið til fulls af núv. ríkisstj. og vil ég leyfa mér að vænta að svo verði. Ég vil láta þess getið hér einnig, að það er þannig ástatt nú í húsnæðismálum hér almennt og varðandi það sem lýtur að starfi Húsnæðismálastofnunar og hinum almennu lánveitingum, að það eru enn nokkuð á þriðja hundrað húsbyggjendur sem gerðu sínar íbúðir fokheldar fyrir 15. nóv. á síðasta ári, sem enn þá bíða eftir lánsúthlutun frá húsnæðismálastjórn, og er mikil þörf á því að þar verði bætt úr sem allra skjótast því að þetta fólk hefur treyst á það, miðað við þau lög og reglugerðir sem í gildi eru og fyrri gang mála í þessum efnum, að það gæti treyst á þessi lán.

Ég hef farið hér nokkrum orðum um húsnæðismálin almennt og vil þá aðeins snúa mér aftur að því frv., sem ég mælti hér fyrir og einstökum gr. þess.

Í 1. gr. þessa frv. segir svo:

„Húsnæðismálastjórn er heimilt að verja allt að 10% af því fjármagni, sem hún hefur til útlána á ári hverju, til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til meiri háttar endurbóta á eldri íbúðum sem hagkvæmt þykir að endurbyggja að mati tæknideildar húsnæðismálastjórnar eða matsmanna sem hún skipar. — Öryrkjar skulu sitja fyrir um úthlutun viðgerðarlána. — Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána að fengnum till. húsnæðismálastjórnar."

Þetta er 1. gr. frv. Þarna er sem sagt lagt til að allt að 10% af ráðstöfunarfé húsnæðismálastjórnar verði heimilt að lána til kaupa á eldra húsnæði eða meiri háttar endurbóta. Það er svo, að á nýliðnu ári mun hafa verið varið um 80 millj. kr. til kaupa á eldra húsnæði og þar er aðeins um að ræða 3—4% af heildarfjármagninu. Hér er lagt til að heimilt sé að þetta verði allt að 10%, sem þýddi væntanlega á þessu ári, ef sú heimild væri notuð, að þarna yrði um hækkun að ræða frá 80 millj. og upp í kringum 300 millj. Það er nú svo, að ég hygg að á því sé enginn vafi að mjög margt af fólki, hvar sem er á landinu, sem er að hefja búskap, yngra fólki, vildi mjög gjarnan eiga þess kost að eignast eigið húsnæði, þó að það væri ekki alveg nýtt. Það væri vissulega í flestum tilvikum viðráðanlegra fyrir þá, sem litlar tekjur hafa og félitlir eru, að eignast eigið húsnæði með því að fá eðlileg lán til að kaupa húsnæði, sem áður hefur verið notað, heldur en að lánveitingar frá opinberum aðilum séu eingöngu miðaðar við nýtt húsnæði, svo afgerandi sem verið hefur.

Ég hygg að auknar lánveitingar til kaupa á eldra húsnæði, sem yrði þá að sjálfsögðu í öllum tilvikum að vera þokkalegt, mundu einnig vera þjóðhagslega hagkvæmar í þeim skilningi að þær mundu stuðla að betri nýtingu á því eldra húsnæði, sem til er í landinu, og draga úr hættu á því að það kannske drabbist niður eða grotni niður að óþörfu. Það er ákaflega mikið um eldri íbúðir, áratuga gamlar íbúðir, á flestum þéttbýlisstöðum landsins, öllum þeim eldri. Mikið af þessu er húsnæði sem vissulega er með góðu viðhaldi hægt að nýta enn um langan tíma. Ég

hef ekki tölur um það, hvernig húsnæði skiptist eftir aldursflokkum, nema úr einu kjördæmi landsins, þ. e. a. s. af Vestfjörðum, en þar er þetta þannig skv. skýrslu sem þar var unnin fyrir fáum árum, árið 1970, að þar var þrátt fyrir allar nýbyggingar enn þá um helmingur af öllu íbúðarhúsnæði í þéttbýlisstöðum eldra en 30 ára gamalt, þ. e. byggt fyrir stríð eða alveg í stríðsbyrjun. Og það segir sig sjálft að þar sem þannig háttar til, þá er það mjög mikið atriði að að því sé stuðlað að þessu húsnæði sé haldið sem allra best við og fólk eigi þess kost, — við skulum segja eldra fólk, ég tók áðan dæmi af ungu fólki, en við skulum líka segja eldra fólk, sem kannske er búið að búa í sínu húsi áratugum saman, það er farið að láta á sjá, það stendur frammi fyrir því annaðhvort að láta það grotna niður eða verða að ráðast í allmikinn viðgerðarkostnað sem það á kannske ekki fjárhagslega auðvelt með, þá er sem sagt í þessu frv. gert ráð fyrir því að húsnæðismálastjórn geti lánað í fjöldamörgum slíkum tilvikum til meiri háttar endurbóta á eldra húsnæði. Það er að mínu viti sjálfsagt að þannig ætti þetta að vera. Það gildir, eins og ég sagði áðan, hvar sem er á landinu, hér í Reykjavík sem annars staðar, að fyrir unga fólkið, sem er að byrja að búa, og fyrir lágtekjufólk almennt, getur það skipt mjög miklu máli að það eigi þess kost að festa sér eldri íbúð, ekki síst þeir sem ekki hafa efni á og ráða ekki við það vegna sinna lágu tekna að eignast íbúð í nýbyggingu.

Þetta er um 1. gr. þessa frv. Í 2. gr. frv. er m. a. kveðið á um það, að lánsfjárupphæð almennra lána húsnæðismálastjórnar megi nema allt að 1 millj. 700 þús. kr. Þessi upphæð var á síðasta ári 1 millj. 60 þús. og sú hækkun, sem þarna er gert ráð fyrir og nemur 640 þús. kr., er ósköp einfaldlega í samræmi við hækkun byggingarvísitölu eins og hún var og eins og hún hafði hækkað 1. nóv. s. l., eins og hún hafði hækkað þá á undanförnu ári. Sú hefur verið reglan á síðustu árum, allt stjórnartímabil vinstri stjórnarinnar, að almenn húsnæðismálalán hafa hækkað til samræmis við byggingarvísitölu ár hvert og verið tekið mið af því, hver hún var 1. nóv., þegar ákvörðun var tekin um það fyrri hluta þess árs hver lánin skyldu vera á því ári sem þá var hafið. Nú er sem sagt komið að því, að það þarf að ákveða hver lánsupphæðin skuli vera á þessu ári, það hefur jafnan verið gert fyrri hluta árs, og þá mun láta nærri að ef hafa eigi sama hátt á og á undanförnum 3 árum a. m. k. sé þetta upphæðin, sem þarna er gert ráð fyrir, 1 millj. og 700 þús., og það eru almennu lánin.

Ég vil nú koma að þeim ákvæðum þessa frv. í 2. gr. þess sem lúta sérstaklega að leiguíbúðum sveitarfélaga og segja má að séu meginefni frv. Þá vil ég fyrst skýra frá því, að 15. des. s. l. höfðu borist til húsnæðismálastjórnar hvorki meira né minna en 1447 umsóknir um byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga — 1447 umsóknir fyrir 15. des. Þessi háa tala sýnir okkur hvað áhugi sveitarstjórnanna, þeirra sem gerst þekkja til hvar skórinn kreppir og hvað mestu máli getur skipt fyrir jákvæða byggðaþróun í þeirra héruðum — hvað áhuginn hjá þessum aðilum á byggingu þessara íbúða er mikill og hvað þeir í raun og veru telja að framkvæmd þeirrar stefnu, sem mörkuð hefur verið með l. um þessi efni, geti skipt miklu máli. Lögin, sem nú eru í gildi, gera ráð fyrir því að þessar byggingar ættu sér stað á 4 árum, og þau gera reyndar ráð fyrir því að aðeins sé um að ræða heimild að lána til 1000 íbúða, — ekki einu sinni skylt, heldur bara heimilt. En umsóknir eru nú þegar í byrjun fyrsta ársins af þessum fjórum orðnar ekki bara 1000, heldur 1447, og hefði sannarlega getað komið til greina, þó að það sé ekki gert í þessu frv., að hafa uppi till. um að þessar íbúðir verði ekki 1000, heldur fleiri.

Ég vil láta þess getið að það munu vera skv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá húsnæðismálastjórn, yfir 80 sveitarfélög á landinu sem sótt hafa um byggingu þessara leiguíbúða og það er ekki lítill hluti af öllum sveitarfélögum landsins.

Það hefur ýmislegt athyglisvert komið fram í sambandi við þessar umsóknir sem ég tel ástæðu til að skýra hv. alþm. frá. Það er t. d. dæmi um það, að nokkrir sveitahreppar sæki sameiginlega um byggingu, kannske bara einnar leiguíbúðar og þá í því skyni að koma sameiginlega upp íbúðarhúsnæði fyrir opinberan embættismann, sem oft vill ganga illa að fá til að setjast að eða festast í viðkomandi byggðarlagi. En viðkomandi sveitarstjórnir gera vafalaust ráð fyrir því að slíkt íbúðarhúsnæði í þeirra eigu sameiginlega, þegar um sveitahreppa er að ræða, geti stuðlað að því að auðveldara sé að fá fólk í störf á viðkomandi stöðum og fá það til að una þar hag sínum bærilega, t. d. er þarna um að ræða í einu tilviki hjúkrunarkonu, sem sótt er um vegna íbúðar fyrir hana, og kennarar koma þar einnig við sögu.

Þá er það ekki síður athyglisvert og á því vil ég vekja alveg sérstaka athygli hv. alþm., sem allir boða þá stefnu að ástæða sé til að stuðla að því að hinar dreifðu byggðir úti um landið nái að rétta sinn hag á ný og tryggja megi vaxandi fólksfjölgun þar sem fólk áður streymdi burt hingað til Reykjavíkursvæðisins, — sem rök fyrir því að skelegg framkvæmd þeirra laga, sem ég hef hér rætt um, með þeim breyt. sem hér eru lagðar til, geti haft mjög mikið að segja í þessum efnum, hvað byggðaþróunina varðar, þá skal hér upplýst að af þessum 1447 umsóknum um lán til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga eru flestar umsóknirnar úr einmitt því kjördæmi landsins sem verst hefur farið út úr burtflutningum fólks á undanförnum áratugum, þar sem blóðtakan hefur verið mest, þ. e. a. s. í Vestfjarðakjördæmi. Þaðan hafa borist, eins og ég sagði áðan, fleiri umsóknir um þessar íbúðir en úr nokkru öðru kjördæmi landsins, þ. e. a. s. 357 umsóknir af 1447 yfir landið í heild, og er þá miðað við 15. des. s. l.

Ég hygg, að ef þetta væri kannað nánar, þá kæmi í ljós að þetta dæmi segði stærri sögu en bara það sem að því ákveðna kjördæmi snýr, þetta sé almennt til marks um að fjöldamargir staðir, hreppsfélög og kaupstaðir, sem hvað verst hafa orðið úti varðandi brottflutninga fólks á undanförnum áratugum, en hafa hins vegar á allra síðustu árum, fyrst og fremst 3—4 árum,

átt við batnandi hag í atvinnulegum efnum að búa, að þessir staðir og íbúar þeirra, þ. á m. sveitarstjórnirnar, finni nú glöggt til þess hvar skórinn hreppir harðast, og það er einmitt í húsnæðismálunum, og hugsi til að færa sér rækilega í nyt þau réttindi, sem felast í ákvörðunum Alþ. og lagasetningu varðandi byggingu umræddra leiguíbúða.

Ég vil þá að lokum gera grein fyrir þeim ákvæðum frv., sem lúta að því að gera lánakjör þessara íbúða hagstæðari en núgildandi lög mæla fyrir um, og hvers vegna ég tel að full ástæða sé til að gera þessi lánakjör allnokkru hagstæðari en þau eru.

Meginatriðið í þeim efnum er það ákvæði frv., sem kveður á um að þessi ákveðnu lán, þ. e. a. s. sá hluti lánanna til leiguíbúða sveitarfélaganna sem er umfram og væri umfram almenn húsnæðismálastjórnarlán, verði ekki vísitölubundinn eins og nú er. Í núgildandi l. eru ákvæði um það, að öll lán húsnæðismálastjórnar eru vísitölubundin með þeim hætti, að lánið hækkar árlega um sem svarar 30% af hækkun byggingarvísitölu. Þetta þýðir á síðasta ári, þegar byggingarvísitalan hækkaði um nálægt 60% á árinu 1974 og lánin voru rúmlega 1 millj., að almenn húsnæðismálastjórnarlán hækkuðu þá um í kringum 200 þús. kr. og greiðslubyrðin af lánunum þá í samræmi við það. En lán hins vegar, sem nema 80% af byggingarkostnaði viðkomandi íbúða, eins og gert er ráð fyrir í núgildandi l. og einnig í því frv., sem ég mæli hér fyrir, um þessar sérstöku leiguíbúðir sveitarfélaga, hækkar vegna vísitöluákvæðanna að sjálfsögðu langtum meira. Ef við tökum dæmi af íbúð, sem hefði kostað 4 millj., þá hefðu verið lánuð til hennar 80% af því, sem eru 3.2 millj. eða um þrefalt meira en almennt húsnæðismálalán, og þá hefði þetta lán líka hækkað um þrisvar sinnum hærri upphæð alls eða um hvorki meira né minna en 600 þús. á einu ári. Ég hygg að það sé ljóst hverjum þeim sem þetta hugleiðir og er þeirrar skoðunar að þessi sérstöku ákvæði um leiguíbúðirnar séu fyrst og fremst við það miðuð að lágtekjufólk geti notið þeirra, fyrst með því að leigja þær af sveitarfélaginu og síðar í æðimörgum tilvikum að kaupa þær og standa undir þeim, eins og vænta má að þetta verði í framkvæmd, þá er illviðráðanlegt fyrir fólk með lágar tekjur að ætla því að standa undir þessu vísitöluákvæði og greiðslubyrðin hækki sem því svarar. Hvað sem menn vildu um það segja hvort vísitölubinding sé að einhverju leyti réttlætanleg á almenn húsnæðismálastjórnarlán, sem vissulega má færa rök fyrir, þá hygg ég að miðað við þann tilgang, sem lögunum um þessar leiguíbúðir sveitarfélaganna var í upphafi ætlað að greiða sérstaklega fyrir lágtekjufólki úti um landið á sama hátt og fyrirhugað var með Breiðholtsíbúðunum svokölluðu hér í Reykjavík, þá samræmist þetta ákvæði alls ekki þeim megintilgangi l. og beri að fella það niður. Ég vil undirstrika það, að í raun og veru er það höfuðatriði, veigamesta atriði þessa frv. sem ég hér mæli fyrir. Að öðru leyti er gert ráð fyrir því í frv. varðandi kjör á þessum ákveðnu lánum til þessara ákveðnu íbúða, að auk þess sem vísitöluákvæðið sé afnumið séu vextir af þessum viðbótarlánum, þ. e. a. s. þessar íbúðir fái í fyrsta lagi almennt húsnæðismálastjórnarlán með viðeigandi kjörum þar og síðan fái þær viðbótarlán svokallað, þar til lánin samtals nema alls 80% af byggingarkostnaði, — þetta viðbótarlán hafi enga vísitölubindingu. Síðan eru hin atriðin, sem ég nefni nú, að vextirnir á viðbótarlánunum lækki úr 5% í 2% og lánstíminn verði 42 ár í stað 33 ára. Þessi ákvæði eru í raun og veru í samræmi við það sem gilt hefur varðandi verkamannabústaði og kjörin í sambandi við þá.

Ég minni svo á það aðeins að lokum, að það er einnig mikilvægt ákvæði í sambandi við leiguíbúðirnar að það skuli skylt að lána til þessara 1000 íbúða, en ekki aðeins heimilt. Ég hef um það fulla vitneskju að ærið margir sveitarstjórnarmenn úti um landið eru nú mjög uggandi um, að það muni taka lengri tíma en æskilegt væri að fá lán fyrir þeim íbúðum sem sótt hefur verið um í þessum efnum, fyrir þeim 1000 íbúðum sem l. heimila að lánað sé til, og heimildin verði kannske ekki notuð til fulls. Þeir mundu alveg vafalaust fagna því eindregið, ef þarna væri kveðið skýrar á um, þannig að ekki væri aðeins um heimild, heldur um skyldu að ræða.

Það er rétt að láta þess getið, áður en ég lýk máli mínu, að af þessum milli 1400 og 1500 umsóknum, sem fyrir liggja, munu vera rúmlega 100 umsóknir sem hafa verið afgreiddar á jákvæðan hátt nú þegar, sem er ákaflega lítill hluti. Ég endurtek það, að mér er um það fullkunnugt að margir sveitarstjórnarmenn eru mjög óþreyjufullir í þessum efnum. Og ég vil vænta þess að hv. alþm. taki til vinsamlegrar íhugunar þau atriði, sem lögð eru til í þessu frv., og legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. félmn.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Hv. fyrri flm. þessa frv. hefur nú gert ítarlega grein fyrir því, en frv. felur í sér tvö meginatriði: annars vegar að heimilað sé að veita meira fé en nú er til kaupa á eldri íbúðum og hins vegar er ákvæði í frv. um lánveitingar til hinna 1000 leiguíbúða sem sett voru ákvæði um fyrir tveimur árum. Ég vænti þess að frv. gangi til n. og þar verði það skoðað vandlega ásamt ýmsum fleiri atriðum í sambandi við húsnæðismálin.

Varðandi síðara atriðið, um hinar 1000 leiguíbúðir, sem gerð var lagabreyting um snemma árs 1973, þá taldi fyrri flm. og frsm. að við það hefðu verið bundnar mjög miklar vonir hjá sveitarstjórnum og er það rétt. Hitt er sjálfsagt að hafa í huga, að það var tvennt sem láðist í sambandi við flutning og afgreiðslu þess máls. Annað var það að sjá fyrir fjármagni til að reisa þessar 1000 íbúðir. Nú hefur það yfirleitt verið þannig, að þegar ríkisstj. eða einstakir ráðh. hafa lagt fram till. og frv. varðandi húsnæðismálin, þá hafa a. m. k. oftast nær, að ég ætla, verið gerðar tillögur um fjáröflun í því skyni. Þetta var ekki gert þegar hinar 1000 leiguíbúðir voru samþykktar, enda fór það svo að fyrstu missirin eftir að þessi lög voru samþykkt komu þau ekki til framkvæmda. Hins vegar hefur nú verið tekið til vandlegrar athugunar hvernig

hægt er að afla fjár til þessara leiguíbúða, og eins og hv. fyrri flm. tók fram hafa þegar verið afgreiddar nokkrar þeirra umsókna sem fyrir liggja. En í sambandi við fjármögnun þessara bygginga virðist mér sjálfsagt að Byggðasjóður komi þar til. Nú eflist Byggðasjóður verulega vegna aukinna tekna, eins og kunnugt er. Þessar 1000 leiguíbúðir eru fyrst og fremst miðaðar við að greiða úr húsnæðisvandræðum víðs vegar úti um land, þar sem mikil þörf er á. Ég ætla að það félli mjög vel að hlutverki Byggðasjóðs að koma þarna til aðstoðar.

Annað atriði, sem einnig þarf nokkurrar skoðunar við, er að þegar lögin um hinar 1000 leiguíbúðir voru samþykkt hafði einnig láðst að skoða það nægilega hvernig þessar framkvæmdir féllu inn í húsnæðismálakerfið að öðru leyti. Nú hefur komið í ljós, að því er bæði húsnæðismálastjórn hefur tjáð mér og ýmsir fleiri aðilar, að þetta mál hefur m. a. haft alvarleg áhrif fyrir verkamannabústaðina. Eins og kunnugt er hefur hér lengi verið löggjöf um verkamannabústaði og hefur verið gert mjög myndarlegt átak víða um land samkv. þeim lögum, sem hvað eftir annað hafa verið endurskoðuð. Ég held að allir séu sammála um að starfsemi verkamannabústaðanna hafi orðið að miklu gagni. Nú hefur komið í ljós að í sumum sveitarfélögum hafa þegar verið lögð til hliðar eða gert ráð fyrir að leggja til hliðar fyrirætlanir um byggingu verkamannabústaða, til þess að sveitarfélögin snúi sér fremur að leiguíbúðum. Ég veit, og það kom m. a. fram í viðræðum sem ég átti í s. l. viku við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um húsnæðismál, að það eru margir sem hafa nokkrar áhyggjur af því ef þetta leiguíbúðakerfi yrði til þess að draga úr eða lama að einhverju leyti verkamannabústaðakerfið. Þegar slík ráðstöfun eins og þessi lagabreyting var gerð fyrir tæpum tveim árum hefði að sjálfsögðu þurft að skoða málið betur, hvernig þetta félli saman.

Ég nefni þessi atriði sem að sjálfsögðu eru nú til athugunar. Að öðru leyti vil ég aðeins taka fram, að húsnæðismálin í heild eru til endurskoðunar og athugunar hjá félmrn. og í síðustu viku var viðræðufundur við fulltrúa Alþýðusambandsins og formann húsnæðismálastjórnar um ýmsa þætti þessara mála. Meðal margra atriða, sem hér koma til meðferðar, er að sjálfsögðu fjáröflunin, bæði samningar við lífeyrissjóðina um fjármögnun Byggingarsjóðs, einnig að hverju leyti Byggðasjóður getur komið inn í þetta dæmi, eins og ég gat um, sérstaklega í sambandi við leiguíbúðirnar og e. t. v. á fleiri vegu. Þá þarf að sjálfsögðu einnig að athuga hversu mikil hækkun húsnæðismálalánanna eigi að verða. Hún er nú, eins og kunnugt er, samkv. ákvörðun fyrrv. ríkisstj. 1 millj. 60 þús. kr. á hverja íbúð, en byggingarvísitala hefur eins og kunnugt er og kom fram í ræðu fyrri flm., stórhækkað síðan þessi ákvörðun var tekin og sú ákvörðun raunar byggð á byggingarvísitölu sem þá var orðin meira en hálfs árs gömul og hafði orðið mikil hækkun á í millitíð. En fjárhæð lánanna er að sjálfsögðu til athugunar. Meðal þess, sem einnig er verið að skoða, er alveg sérstaklega byggingar- og lánaþörf unga fólksins og hvernig hægt er að greiða betur en nú er fyrir heimilamyndun þess. Bæði inn í það dæmi og einnig í öðrum samböndum kemur fyrirgreiðsla við kaup á eldra húsnæði, sem er fyrra aðalatriðið í frv. sem hér liggur fyrir.

Um leið og rætt er um leiguíbúðir skulum við hafa í huga að meginstefna í húsnæðismálum íslendinga hefur um alllangan aldur verið sú að greiða fyrir því að sem flestir eignuðust sjálfir sínar íbúðir, og ég ætla að það sé nú ósk flestra íslendinga að þeirri meginstefnu verði haldið. Hitt er svo annað mál, að að sjálfsögðu verður einnig að hafa nokkuð af leiguíbúðum til þess að greiða úr þessum málum.

Ég vil að lokum segja það, að í sambandi við athugun og endurskoðun á húsnæðismálunum er eitt atriði, sem e. t. v. er stærst þeirra allra, og það er hvort hægt er að finna einhverjar leiðir til þess að draga úr byggingarkostnaði og gera íbúðabyggingar ódýrari en þær hafa verið. Það eru margir sem hafa á því trú að með breyttu og bættu skipulagi þessara mála megi lækka byggingarkostnað eða draga úr hækkun hans, hvernig sem maður vill orða það. Það er ljóst, að ef hægt væri að ná verulegum áfanga í því efni og gera húsnæðiskostnaðinn lægri en nú er, þannig að t. d. launamenn þyrftu ekki að borga jafnhátt hlutfall af sínum tekjum í húsnæðiskostnað og nú er, þá er það að sjálfsögðu besta kjarabótin sem völ er á.

Ég vildi aðeins á þessu stigi nefna þessi atriði, en mæli með því, að frv. fari til 2. umr. og félmn. og verði þar skoðað vandlega.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. flm. og hæstv. félmrh., fjallar þetta frv. um tvö meginatriði: Í fyrsta lagi um að auka fjármagn til lánveitinga til kaupenda eldra húsnæðis og að heimila lánveitingar til endurbóta á eldri íbúðum. Í öðru lagi fjallar það svo um leiguhúsnæði eða leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga.

Ég ætla aðeins að minnast á fyrra atriðið. Það er í tilefni af því að mér er kunnugt um að þetta mál hefur borið á góma hjá forráðamönnum Reykjavíkurborgar. Ég veit að það er álit þeirra, að ef væri hægt að auka lánveitingar til kaupa á eldri íbúðum og einnig til að endurbæta þær, þá mundi það íbúðarhúsnæði, sem er í bænum, nýtast mun betur en það gerir nú. Þetta gildir sérstaklega um íbúðir í elstu eða eldri bæjarhlutunum. Ég hygg, að mér sé óhætt að segja að það sé mat þeirra, að ef það væri hægt að nýta betur íbúðarhúsnæðið í gamla bænum, t. d. með þeim hætti sem hér er stungið upp á og að vísu er ekki nýtt í lögum, heldur hefur verið gert um nokkra hríð, en hvergi nægilega mikið, þá mundi íbúðarhúsnæði í gamla bænum nýtast miklu betur. M. a. mundi það stuðla að því að íbúðum þar mundi fjölga, og það gæti t. d. haft áhrif á betri nýtingu á skólahúsnæði heldur en nú á sér stað.

Ég hef því kvatt mér hljóðs til að hvetja til þess að við endurskoðun þessara l., hvort sem hún fer fram í félmn. eða á öðrum vettvangi, verði sérstakur gaumur gefinn að þessu atriði. Ég hygg, að þó að þetta eigi við um Reykjavík, þá gildi hið sama líka víða úti um land, að þar

sé til eldra húsnæði sem hægt er að nýta betur, ef slík fyrirgreiðsla er veitt sem er fjallað um í þessu frv. og raunar er líka í gildandi lögum um þetta efni, þó að þar sé ekki nægilega langt gengið. Ég veit a.m.k. að í ýmsum eldri kaupstöðum og kauptúnum úti um land má tryggja betri nýtingu á húsnæði með því að nota það, sem fyrir er, og gera við það, og það er skjótari lausn á húsnæðisskortinum að fara þessa leið, a.m.k. í sumum tilfellum, heldur en að byggja nýtt húsnæði. Ég vænti því að þetta mál verði tekið til sérstakrar athugunar, annaðhvort í n. eða hjá þeim aðilum sem fjalla um þetta mál utan þingsins.

Flm. (Kjartan Ólafsson): Ég vildi aðeins þakka hæstv. félmrh. og hv. 4. þm. Reykv. vinsamlegar undirtektir við það frv., sem ég hef mælt hér fyrir í dag.

Hæstv. félmrh. minntist á, að ekki hefði í upphafi verið leystur sá vandi sem í því felst að fjármagna þær framkvæmdir sem lög um byggingu leiguíbúða sveitarfélaga gera ráð fyrir. Vissulega er rétt að það hefur því miður ekki enn þá verið gengið nægilega tryggilega frá því, eins og ég sagði í dag, að það fjármagn, sem til þarf, verði tryggt. Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á sem víti til varnaðar, að þegar verkalýðshreyfingin í Reykjavík gerði á sínum tíma mjög mikilsvert samkomulag um byggingu Breiðholtsíbúðanna með sérstökum kjörum, þá var kveðið þar á um að þessar byggingar skyldu rísa á ákveðnum, afmörkuðum tíma. Ég man nú ekki alveg árafjöldann, ætli það hafi ekki verið 3—4 ár. Þetta samkomulag var gert, annað hvort 1966 eða 1967, en reyndin varð sú að það tók því miður meira en helmingi lengri tíma en ætlað var að tryggja það fjármagn sem til þurfti til að þetta mikilvæga samkomulag á sínum tíma yrði að veruleika. Og það er áreiðanlega í og með með þessa reynslu í huga frá fyrri árum sem sveitarstjórnarmenn og aðrir, sem eru áhugasamir um framkvæmd l. um byggingu leiguíbúða, eru allkvíðnir um að það kunni að dragast úr hömlu enn að tryggja fjármagn til þeirra framkvæmda sem þar um ræðir.

Ég vil treysta því að allir hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. hafi góðan vilja til að leysa úr þessu máli og að það muni takast. Ég minni á í því sambandi varðandi fjármögnun til íbúðabygginga almennt, þ.á m. leiguíbúðanna, þá er ákaflega mikilvægt að framkvæmd samkomulagsins, sem verkalýðshreyfingin gerði við vinstri stjórnina um ákveðna fjáröflun til húsnæðislánakerfisins, verði undanbragðalaus.

Það kom fram hjá hæstv. félmrh. að hugmyndir væru uppi um að verja nokkru af ráðstöfunarfé Byggðasjóðs í þessu skyni. Vissulega hlýtur það að geta komið mjög til greina. En því miður eru verkefnin ærið mörg hjá Byggðasjóði, eins og hv. alþm. er kunnugt, og enda þótt fjárveiting til Byggðasjóðs hafi hækkað nokkuð á þeim fjárl. sem hér voru samþykkt á lokadögum Alþ. fyrir jól, þá er það svo að af þeirri hækkun, sem Byggðasjóður þar fékk, mundi sjálfsagt ekki veita til að vega á móti þeim niðurskurði á verklegum framkvæmdum almennt úti um landið sem þau fjárlög, sem hér voru samþykkt, gera ráð fyrir. Að sjálfsögðu getur orðið nokkur vandi á höndum um ráðstöfun þess fjármagns, sem Byggðasjóður hefur. Á að ráðstafa því fé til að standa undir framkvæmdum, sem skornar voru niður á fjárl., eða á að verja því að verulegu leyti í sambandi við húsnæðismálin? Ég vil taka undir það með hæstv. félmrh., að ég tel út af fyrir sig eðlilegt að nokkrum hluta af fjármagni Byggðasjóðs verði varið í þessu skyni, en ég efast um að það dugi eitt til.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það leikur ekki á tveim tungum nauðsyn á fjármögnun til uppbyggingar íbúðarhúsa í landinu. En það kann að verða auðveldara um það að tala heldur en í að komast að afla nægilegs fjármagns í þessu skyni, eins og reyndin hefur orðið áður og hefur komið fram í þessum umr. Það hefur aðeins verið minnst á það hér í umr., hvort Byggðasjóður gæti komið til sem fjármögnunaraðili í þessum efnum. Byggðasjóður hefur ekki lánað til íbúðarhúsnæðis eða húsnæðismála fram að þessu, enda ekki haft til þess bolmagn. Það er öllum kunnugt, að fjármagn til Byggðasjóðs hefur verið aukið verulega. Á þessu ári nemur framlag til Byggðasjóðs á fjárl. 877 millj. kr. Ég hef ekki í höndum upplýsingar um það eða mat á því, hvað Byggðasjóður mundi hafa haft til ráðstöfunar af lánsfjármagni ef sú breyting hefði ekki verið gerð á hans högum sem nú hefur verið gerð, en ég gæti trúað að framlag til hans hafi verið aukið um 500—600 millj., ef það væri borið saman sem áður var og nú er. Eigi að síður hefur Byggðasjóður í mörg horn að líta, eins og kom fram hjá hv. 1. flm. málsins. Hann hefur lánað á undanförnum árum til uppbyggingar fiskiskipaflotans í talsverðum mæli, hann hefur lánað til hraðfrystihúsaáætlunarinnar, til vinnslustöðva í sjávarútvegi, hann hefur lánað til iðnaðar, bæði framleiðslu- og þjónustuiðnaðar, og hann hefur lánað nokkuð til sveitarfélaga og hefur farið heldur vaxandi. Það liggur ekki fyrir enn þá, hvað líklegt er að Byggðasjóður þurfi af fjármagni til þess að halda svipaðri lánastefnu á þessu ári og hann hefur gert áður, ef miðað er við það að krónan hefur fallið mjög verulega og allur tilkostnaður í sambandi við framkvæmdir hefur vaxið mjög mikið. Þó er sýnilegt að hann þarf talsvert verulegt fjármagn til þess að geta haldið svipaðri stefnu og verið hefur. Það er mikil spurning, hvort Byggðasjóður, vegna þess að það eru svo mörg verkefni sem hann þarf að sinna, hefur bolmagn til þess að fara í íbúðarhúsalán án þess að afla sérstakra lánveitinga í því skyni. Hér er um að ræða stóran málaflokk, svo stóran að það þarf að mínum dómi sérstaka athugun til þess að komast að raun um hvort Byggðasjóður hefur bolmagn til að koma þar til skjalanna.

Það er starfandi sérstök mþn. í byggðamálum, og þessi mþn. mun hafa gert till. á síðasta þingi, ef ég man rétt, alveg sérstaklega í húsnæðismálum. Var lagt til að tekin yrðu upp örvunarlán svokölluð til íbúðarhúsabygginga úti um landið. Þetta mál var ekki afgreitt á síðasta þingi, en hvort það verður endurflutt á þessu

Alþ. þori ég ekki að segja um. En mín skoðun er sú, að eins og háttar lánastefnu Byggðasjóðs og þeim fyrirætlunum, sem menn helst huga að í því sambandi, til viðbótar við það sem áður hefur verið, eins og t. d. vinnustöðvar í landbúnaði, t. d. gatnagerðarmál, hitaveitur og e. t. v. fleira, þá mundi þurfa að koma til lántaka af hálfu Byggðasjóðs til viðbótar við það ráðstöfunarfé sem hann hefur, ef hann ætti að geta sinnt þessum málum svo að eitthvert lið væri að því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþjóðlegar reglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frv. (þskj. 263). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 76). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Launajöfnunarbætur, frv. (þskj. 258). — 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. þm. Bjarnfríði Leósdóttur frv. um breyt. á brbl. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál frá 24. sept. í fyrra. Í þeim brbl. voru ákvæði um kaupgjald, eins og menn muna, þ. á m. um bætur almannatrygginga, og þar var uppbót til þeirra sem aðeins njóta bóta almannatrygginga, þ. e. a. s. hin svonefnda tekjutrygging, ákveðin föst upphæð, sem er miklu lægri en hún hefði átt að vera ef hún hefði breyst í samræmi við framfærsluvísitölu og raunar miklu lægri en svokallaðar láglaunabætur til verkamanna urðu.

Í frv. því, sem við flytjum, er lagt til að þessu atriði brbl. verði breytt og upphæðirnar, sem greindar eru samkv. 19. gr. l., þ. e. a. s. þær upphæðir sem kallast tekjutrygging, hækki í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar og verði sú breyting reiknuð frá 1. okt. í fyrra.

Hér er ekki um að ræða heildartekjur þessa fólks, — eins og menn vita er um að ræða almennan lífeyri, sem allir fá frá vissum aldri og öryrkjar sömuleiðis, hvað sem líður tekjum þeirra, — heldur einvörðungu uppbót sem greidd er þeim sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga eða sáralitlar tekjur aðrar. Þetta er sem sé ekki frv. um að þetta fólk, sem hefur lægstu tekjur þjóðfélagsins, njóti þess réttar að þessar lágmarkstekjur, þessar þurftartekjur breytist í samræmi við vísitölu, heldur einvörðungu þessi viðbót, sem greidd er til þeirra, sem erfiðast eiga. Hér er sem sé ekki verið að fara fram á eðlilegt réttlæti fyrir þetta fólk, heldur er í þessu fólgin alger lágmarksvörn, og mér finnst þurfa ákaflega mikla ósanngirni til þess að hafna tillögugerð af þessu tagi.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég og við Alþb.-menn vekjum athygli á þessum málum hér á þingi. Við höfum gert það aftur og aftur frá því að þingstörf hófust í haust. Við höfum flutt um þetta margar till., hvenær sem tækifæri hefur gefist, og þær till. hafa allar verið felldar. Við höfum aldrei fengið neinar skýringar á því hvers vegna þessar till. eru felldar. En væntanlega á skýringin að vera það alvarlega ástand í efnahagsmálum sem sífellt er verið að mála upp fyrir okkur og sífellt er verið að klifa á. Þær hrikalegu lýsingar, sem dynja á okkur á hverjum degi, eiga væntanlega að vera almenn rök fyrir því að réttmætt sé að skerða kjör þess fólks sem býr við lélegasta afkomu í landinu.

Það er kannske ástæða til þess að fara fáeinum almennum orðum um þessi alvarlegu efnahagslegu vandamál, því að vissulega er þar um alvarleg vandamál að ræða, það hygg ég að allir íslendingar viðurkenni. En við skulum minnast þess að á þessu sviði hefur keyrt um þverbak eftir að núv. ríkisstj. tók við. Þegar hún tók við völdum skorti ekki að hún dró upp hinar svörtustu lýsingar af ástandinu. Hún sagðist ætla að taka á því af þeirri festu að strax mundi verða um úrbætur að ræða. Hún framkvæmdi gengislækkun, hún batt kaupið og gerði aðrar hliðstæðar ráðstafanir sem átti að hafa veruleg áhrif að sögn forustumanna þessarar hæstv. ríkisstj.

Þessar ráðstafanir hafa ekki haft þau áhrif sem spáð var. Þvert á móti, það hefur allt færst til aukins ófarnaðar síðan þessi hæstv. ríkisstj. tók við. Og meira að segja er það svo að hagtölur, sem eru reiknaðar út af okkar hæfustu embættismönnum og sérfræðingum, standast hreinlega ekki dag frá degi. Sú tala, sem manni er sagt að sé rétt í dag, er orðin röng á morgun. Ég las til að mynda í Morgunblaðinu í gær viðtal við Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, og þar greinir hann frá því að viðskiptahallinn á síðasta ári sé kominn yfir 16000 millj. kr. Það er allt önnur tala sem okkur hefur verið sögð að undanförnu, hún hefur verið rúmum milljarði lægri. Þegar hæstv. forsrh. gerði grein fyrir stefnu stjórnarinnar í byrjun nóv., þá sagði hann að hinir vísdómsfullu reikningsmenn teldu að viðskiptahallinn yrði 12½ milljarður á árinu 1974. En þetta er sem sagt komið meira en 3 milljarða fram yfir það sem þá var spáð.

Ástæðan fyrir þessu er á allra vitorði. Hún er sú, að tvo síðustu mánuði ársins í fyrra hrúguðu innflytjendur inn í landið vörum eins og farskip okkar og flugvélar gátu frekast annað. Þeir hrúguðu inn vörum langt umfram eftirspurn og langt umfram þarfir, þannig að við sitjum uppi með óhemjulegar birgðir af ýmsum þeim vörum sem síst er þörf fyrir í landinu, þ. á m. 2000 bíla, þrátt fyrir meiri bílakaup á síðasta ári en nokkru sinni fyrr, og ótaldar vörur aðrar. Það var sem sé vaðið í það þarna að sólunda því sem eftir var af gjaldeyri þjóðarinnar. Þetta hefur gerst á ákaflega skömmum tíma. Við skulum muna eftir því, að það er ekki nema ár síðan gjaldeyrisvarasjóður okkar var meiri en hann hafði nokkru sinni áður verið. Þetta er þróun, sem hefur gerst á ákaflega skömmum tíma og ekki síst eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við, vegna þess að skjól-

stæðingar hennar hafa vaðið í þessa gjaldeyriseign vegna þess að þeir töldu sig réttilega hafa hagnaðarvon af henni, og það var ekkert skeytt um þá stefnu sem hæstv. ríkisstj. þóttist vera að boða. Og gjaldeyrissjóðurinn er raunar alveg þrotinn. Sá gjaldeyrir, sem nú er afgreiddur með semingi í bönkunum, er lánsfé sem tekið hefur verið hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og erlendum bönkum. Við erum sem sé farnir að taka neyslulán, íslendingar. Það var meira að segja tekið neyslulán á síðasta ári í Sovétríkjunum til þess að standa undir notkun okkar á olíu. Slík neyslulán eru að sjálfsögðu háttur búskussa, en þau eru einnig hættuleg öryggi og sjálfstæði þjóðarinnar.

Þetta er eitt það vandamál sem nú er málað upp fyrir landsmönnum og talið mjög alvarlegt, og vissulega er það alvarlegt. En við eigum ákaflega auðvelt með að bregðast við þessu vandamáli með þeirri einföldu aðferð sem heitir sparnaður. Ég hygg t. d. að við séum eftir síðustu ár betur búnir að því er varðar bifreiðaeign en flestar, ef ekki allar aðrar þjóðir í heiminum. Við mundum sannarlega ekki finna mikið fyrir því þótt við stöðvuðum allan bílainnflutning til Íslands í hálft eða heilt ár. Og þetta á ekki aðeins við um bíla. Þetta á við um fjölmargar vörutegundir aðrar. Ég hygg að hver einasti maður geti rifjað upp í huganum sparnað sem við getum framkvæmt á þessu sviði án þess að það kæmi við okkur. Okkur er í lóga lagið að spara milljarða og aftur milljarða kr. án þess að komið sé nálægt nokkru því sem telja má til brýnna þarfa.

Menn segja, að þetta séu höft og að höft eigi ekki við í frjálsu nútímaþjóðfélagi. Vissulega er það rétt að með slíkum ráðstöfunum er að nokkru leyti verið að ráðast gegn afleiðingum, en ekki orsökum. Því hlytu slíkar ráðstafanir að vera tímabundnar meðan verið er að koma á jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar. Þannig bregst hver skynsamur maður við þegar fjárhagsvandræði steðja að heimili hans. Þannig hlýtur þjóðarheildin einnig að verða að bregðast við. Og það er ekki eins og við þurfum að ganga nærri okkur. Við erum enn þrátt fyrir alla erfiðleika í hópi þeirra ríkja, þar sem þjóðartekjur á mann eru einhverjar hinar hæstu í heimi. Því getum við sannarlega haldið áfram að búa við öryggi og sómasamlegan efnahag, ef landinu væri stjórnað af skynsemi og fyrirhyggju. En þetta er það sem er hið almenna svar við öllum hugmyndum um skynsamleg úrræði í félagsmálum. Það er vissulega rétt, að vandi okkar er ekki aðeins á sviði gjaldeyrismála. Vandi okkar snertir einnig stöðu útflutningsatvinnuveganna. En skyldi ekki einnig vera hægt að spara á því sviði. Það er ekki aðeins einkenni á þjóðfélagi okkar að þjóðartekjunum sé misjafnlega skipt á milli manna. Ég hygg að það sé einkenni á þjóðfélagi okkar í enn þá ríkari mæli, hversu mikið fjármagn fer í súginn í tilgangslausa eyðslu sem ekki verður þjóðarheildinni til neins fagnaðar. Þetta á við um sjávarútveg, þetta á við um iðnað, þetta á við um landbúnað og þetta á í afar ríkum mæli við um þjónustu, útflutning og innflutning þar er um að ræða mörg hundruð milljónir, sem eru forríkir ómagar á þjóðarheildinni. Það væri hægt að spara milljarða á milljarða ofan með bættu skipulagi, hagkvæmari vinnubrögðum og aukinni framleiðni. Þarna verður fyrst og fremst að taka til hendi þegar á bjátar. Við þurfum að koma betra skipulagi á þjóðarbúskap okkar.

Fyrst ég er farinn að ræða um efnahagsmálin almennt skal ég gjarnan lýsa því yfir, að ég er þeirrar skoðunar að á síðasta ári hafi verið mikil umframkaupgeta í þjóðfélaginu, heildarkaupgetan hafi verið verulega umfram það sem þjóðarbúið stóð undir. En menn mega ekki ræða um heildarkaupgetu eins og allir sitji við sama borð á Íslandi. Sú er sannarlega ekki raunin. Það er ekki of mikil kaupgeta hjá verkafólki í iðnaði eða sjávarútvegi og ýmsum öðrum greinum sem hefur tæpar 40 þús. kr. á mánuði sér til lífsframfæris fyrir fulla dagvinnu. Iðja ríkisstj. hefur fyrst og fremst beinst að því að þrýsta kaupgetu þessa fólks niður, og það er haldið uppi þeim ósanna og ósæmilega áróðri af forustumönnum stjórnarflokkanna og af stjórnarblöðunum að nú ári ekki til kauphækkana. Þetta fólk, sem ég var að tala um, hefur ekki farið fram á neina kauphækkun. Verkalýðssamtökin fara fram á það eitt að það kaup, sem um var samið á síðasta ári fyrir þetta láglaunafólk, haldi verðmæti sínu. Það er ekki um að ræða kauphækkanir, heldur að rauntekjur þessa fólks haldist óskertar.

Við megum ekki gleyma því, að fulltrúar fyrrv. ríkisstj. voru viðstaddir þá kjarasamninga, sem gerðir voru í fyrra, og bera siðferðilega ábyrgð á þeim hluta samninganna, sem snertir láglaunafólk. Við skulum ekki heldur gleyma því, að páv. stjórnarandstaða var ekki þeirrar skoðunar þá, að þarna væri samið um of mikið handa láglaunafólki, heldur þvert á móti. Það var allt annar tónn sem þá var uppi hjá forustumönnum Sjálfstfl. og í Morgunblaðinu. Vissulega eru aðstæður á Íslandi verulega breyttar síðan þessir samningar voru gerðir í fyrra, og við verðum að taka tillit til þeirra breytinga. En ég hef hvergi séð eða heyrt nein rök fyrir því, að heildartekjur þjóðarbúsins rísi ekki undir því að fólk, sem hefur nú innan við 40 þús. kr. tekjur á mánuði, haldi óskertum kaupmætti. Ég vil auglýsa eftir þeim rökum, ef menn telja sig hafa þau. En þó tekur í hnúkana þegar kemur að öldruðu fólki og öryrkjum sem eiga afkomu sína undir bótum almannatrygginga. Það hefur ekki verið níðst jafnfreklega á nokkrum þjóðfélagshópum eins og þessum. Fólk, sem ekki hefur aðrar tekjur en almennan lífeyri að viðbættri tekjutryggingu, hefur nú 21 398 kr. á mánuði. Við fólk með slíkan tekjugrundvöll er í rauninni ekki hægt að beita venjulegum reikningsaðferðum til þess að meta kjörin. Neyslugrundvöllurinn er allur annar en í dæminu um vísitölufjölskyldu og almenna launamenn.

Í grg. með frv. okkar hv. þm. Bjarnfríðar Leósdóttur eru tekin dæmi af kaupgetu þessarar upphæðar gagnvart ýmsum mjög hversdagslegum neysluvörum og ég ætla ekki að fara að þylja þær tölur hér. Þær geta menn lesið í grg. En mig langar að minna á nokkrar viðbótarstaðreyndir.

Ársneysla vísitölufjölskyldunnar af nokkrum algengustu matvælum, þ. e. a. s. mjólk, súpukjöti, smjöri, eplum, kartöflum, sykri, kaffi og franskbrauði, kostaði fyrir stjórnarskipti 64 þús. kr. Nú er sami kostnaður 105 þús. kr. Hækkunin er 64%. Símagjöld í Reykjavík hafa í tíð núv. ríkisstj. hækkað um 58%. Hitaveitugjöldin í Reykjavík hafa í tíð núv. ríkisstj. hækkað um 60%. Þetta er allt saman vörur og þjónusta sem þetta fólk, þetta tekjulága fólk, þarf á að halda. En hækkunin á tekjum þess hefur aðeins verið 13%. Raunar var komið alveg herfilega fram við þetta fólk, þegar brbl. um svokallaðar láglaunabætur voru sett. Í viðræðum, sem ríkisstj. átti við fulltrúa verkalýðsfélaganna, kom fyrst fram hugmynd um láglaunabætur sem yrðu eins fyrir alla og ættu að nema 4500 kr., voru þá miðaðar við dagvinnuna. Í viðræðum við verkalýðsfélögin kom það fram, að þau töldu eðlilegt að slíkar bætur yrðu einnig reiknaðar af eftirvinnu og næturvinnu, og fyrir því eru að sjálfsögðu full rök af hálfu verkalýðssamtakanna. En ríkisstj. brást þannig við þessari hugmynd, að hún lækkaði dagvinnuupphæðina um 1000 kr., þ. e. a. s. sú upphæð var tekin af því fólki sem ekki hefur neina eftirvinnu, og það er býsna stór hópur fólks sem ekki hefur hana, m. a. í almennum iðnaði, og þessi upphæð var tekin af öldruðu fólki og öryrkjum sem eiga afkomu sína undir bótum almannatrygginga. Þar að auki var ekki miðað við lágmarksupphæð þegar ákvörðun var tekin um bætur almannatrygginga til þessa fólks, heldur við prósentu, sem lagðist ofan á lágan grunn. Því eru þessar láglaunabætur til aldraðs fólks og öryrkja ekki nema 1894 kr. Ég held að ég þurfi ekki að lýsa því fyrir mönnum hvernig afkoma þessa fólks hefur breyst á þessum stutta tíma.

Ég hygg að kjör aldraðs fólks og öryrkja hafi verið skert meira og tilfinnanlegar en afkoma nokkurra annarra þjóðfélagsþegna, vegna þess að þetta fólk gat ekki sparað við sig neina munaðarneyslu og vegna þess að það eru einkum matvælin og hversdagslegustu lífsnauðsynjar sem hafa hækkað mest í því óðaverðbólguflóði sem við höfum fengið að kynnast síðustu mánuðina. Hvað á þetta fólk, sem hefur rúmar 20 þús. kr. í mánaðartekjur, að spara við sig? Ég óska eftir því að fá svör við þeirri spurningu. Hæstv. trmrh. er því miður ekki viðstaddur hér, en það hefði verið fróðlegt að biðja hann að gera grein fyrir þessu máli. Hann situr hér á Alþ. og hann situr í ríkisstj. sem fulltrúi almennings í landinu. Hann á að líta á sig sem trmrh. sem fulltrúa þess fólks, sem á afkomu sína undir bótum almannatrygginga. Hann á að líta á sig sem fulltrúa fólksins gagnvart kerfinu, en ekki fulltrúa kerfisins gagnvart fólkinu. Hvað á þetta fólk að spara? Ég spyr aftur.

Hæstv. ráðh. getur að sjálfsögðu ekki notað sína eigin reynslu til þess að kenna öldruðu fólki og öryrkjum sparnað, vegna þess að hann mun fá á svo sem eins og þremur vikum svipaða upphæð í tekjur og þetta fólk á að lifa af í heilt ár. En engu að síður hljóta ákvarðanirnar um að skerða raungildi þessara tekna að styðjast við eitthvað raunsætt mat. Ég óska eftir því að það mat verði lagt fyrir okkur, að okkur verði sannað að þetta sé bæði hægt gagnvart þessu fólki og að þjóðfélag okkar rísi ekki undir því að þetta fólk hafi slíkar tekjur.

Eins og ég sagði áðan, þá hef ég klifað á þessu vandamáli á þinginu í vetur. Ég hef vakið athygli á því hvenær sem tilefni hefur gefist og ég hef flutt um það fjölmargar till. Till. hafa allar verið felldar. En ég hef einnig tekið eftir öðru. Það hefur enginn þm. stjórnarliðsins, enginn ráðh. staðið upp til þess að mótmæla skoðunum mínum og röksemdum. Menn hafa setið hér óupplitsdjarfir og þagað, en greitt atkv. þungbúnir og greinilega hefur þeim ekki liðið vel. En þannig geta kjörnir fulltrúar þjóðarinnar ekki hagað sér. Þeim ber skylda til að rökstyðja afstöðu sína í áheyrn alþjóðar, að afkoma þjóðarbúsins sé nú slík að ekki sé einu sinni hægt að halda óskertum viðbótargreiðslum til þess fólks sem býr við bágasta afkomu í þjóðfélaginu. Ég vil skora á stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. og þann eina hæstv. ráðh., sem hér er viðstaddur, að taka til máls og gera grein fyrir því með hvaða rökum og samkv. hvaða siðferðismati hann telur hægt að réttlæta það að kjör þessa fólks séu skert svo mjög sem dæmin sanna. Eftir að við höfum heyrt þær röksemdir og rætt þær, þá legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 259). — 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er tengt hinu fyrra sem ég var að mæla hér fyrir áðan. Fyrra frv. var till. um breyt. á brbl., sem eiga að falla úr gildi 1. júní n. k., og með þessu frv. er lögð til sú skipan sem á að taka við þegar þar að kemur. Í frv. er lagt til í fyrsta lagi að ákvæði, sem er í gildandi l. og kveður svo á að bætur almannatrygginga eigi að hækka innan 6 mánaða frá því að um breytingu á almennum verkamannataxta verður að ræða, því verði breytt þannig að fresturinn verði aðeins einn mánuður. Þannig var framkvæmd þessara laga alla tíð meðan fyrrv. ríkisstj. var við störf. Þessar hækkanir komu alltaf til framkvæmda mánuði síðar en þær komu til framkvæmda á hinum almenna vinnumarkaði. Ég hygg að það sé ekki hægt að finna nein rök fyrir því, að viðskiptavinir almannatrygginga eigi að bíða í hálft ár eftir breytingum sem orðið hafa á hinum almenna vinnumarkaði.

Þá er í þessu frv. lagt til að upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 19. gr. laganna, þ. e. a. s. tekjutryggingin, breytist ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar, auk þess sem þær breytast að sjálfsögðu í samræmi við almennar grunnkaupsbreytingar, sem um kann að verða samið. Þarna er ætlast til þess að þessar bætur breytist í samræmi við vísitölu, jafnvel þótt svo standi á einhvern tíma að vísitölukerfið sé ekki í gildi á hinum almenna markaði

Þessi tvö frv. eru í samhengi. Það fyrra, sem ég mælti fyrir áðan, gildir þann tíma sem brbl. ríkisstj. ná yfir, og með frv., sem nú er til

umr., eru hliðstæð ákvæði látin gilda áfram, eftir að brbl. eru fallin niður.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 36. fundur.

Þriðjudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Lánasjóðir iðnaðarins, fsp. (þskj. 257). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Í framhaldi af þeirri fsp., sem hér hefur verið lögð fram til hæstv. iðnrh. um lánasjóði iðnaðarins, langar mig til að hafa örlítinn formála.

Eins og kunnugt er skiptist iðnaðarframleiðsla íslendinga í tvo þætti, annars vegar iðnað fyrir innanlandsneyslu, sem er að verulegu leyti gjaldeyrissparandi, þó að ný viðhorf séu smám saman að skapast með minnkandi aðlögunartíma gagnvart aðildinni að EFTA. Hinn þátturinn er útflutningsiðnaðurinn sem er beint gjaldeyrisskapandi og á sér skemmri sögu. Báðir þættirnir gegna að sjálfsögðu sínu hlutverki frá atvinnulegu sjónarmiði.

Útflutningsiðnaðurinn hefur til skamms tíma verið einhæfur, en á síðari árum hefur tekist að afla markaða fyrir ýmsa nýja þætti iðnaðarframleiðslu, svo sem ullarvörur, skinnavörur, lagmeti o.fl. Hefur þetta verið einn þáttur í þeirri nauðsynlegu viðleitni að styrkja almennt grundvöll útflutningsstarfsemi okkar, og nú á erfiðleikatímum og á þeim óvissu tímum sem fram undan eru er áreiðanlega hollt að nema staðar og líta yfir farinn veg um leið og stefnumarkandi ákvarðanir eru teknar fyrir framtíðina. Í tilefni af því eru þessar fsp. lagðar fram.

Ég held að það sé alveg ljóst, að vandamál beggja iðnframleiðslugreinanna, ekki síst útflutningsiðnaðarins, séu ekki síst fólgin í því að of margir eru að fjalla um sambærileg mál. Á það bæði við um sölumálin og lánamálin. Sölumálin eru í höndum fleiri aðila en æskilegt má telja og verkaskipting ekki nægilega mótuð. Ekki síst er vandamálið fólgið í skorti á samræmingu og samvinnu þeirra aðila er fjalla um lánamálin, og leyfi ég mér að fullyrða að núverandi skipulag í þeim efnum stendur eðlilegri framþróun þessara mikilvægu atvinnugreina fyrir þrifum.

Við höfum á tiltölulega fáum árum leyft okkur að stofna til hvers sjóðsins og/eða stofnunarinnar á fætur annarri með tilheyrandi yfirbyggingu og kostnaði. Í iðnaðarþættinum höfum við Iðnaðarbanka, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Iðnrekstrarsjóð, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins, Iðnþróunarstofnun, iðnþróunarnefnd, tryggingadeild Ríkisábyrgðasjóðs sem fjallar um lán vegna útflutnings og að sjálfsögðu iðnrn. með tilheyrandi ráðum og nefndum af mismiklum stærðum. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins er rekin fyrir framlag á fjárl. Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sem líka hefur þróunarsjóð, er á 5 ára fjárlagaáætlun. Þannig mætti lengi telja og ýmislegt sjálfsagt ótalið enn þá.

Það er e. t. v. hægt að leyfa sér eitt og annað á miklum velgengistímum, þó að alltaf þurfi að beita réttum vinnubrögðum á hverjum tíma. En þegar mjög alvarlegir erfiðleikar blasa við í útflutnings- og gjaldeyrismálum hlýtur að vera óhjákvæmileg krafa að allra leiða sé leitað til að tryggja, ekki síst útflutningsaðilum og í þessu tilviki útflutningsiðnaðinum alla þá nauðsynlegu fyrirgreiðslu sem hann þarf á að halda og með sem minnstum tilkostnaði og fyrirhöfn. Aðaltakmarkið verður að vera það að ná sem mestum árangri með sem minnstum tilkostnaði. Núverandi skipulag býður hins vegar upp á hina kunnu mannlegu eiginleika í hverju ríkiskerfi: að ýta hlutunum á undan sér og vísa málum hver til annars. Þetta er því miður hryggileg staðreynd, sem er þó eins gott að gera sér grein fyrir.

Ég ætla ekki að rekja nein dæmi, þó að það væri vissulega auðvelt, en ég tel óhjákvæmilega niðurstöðu að brýna nauðsyn beri til að sameina töluvert af þeirri starfsemi, sem upp var talin, og væri eðlilegasta verkaskiptingin að t. d. tveir aðilar önnuðust þessa starfsemi, annar fyrir innanlandsmarkaðinn og fjárfestingarmál hans, en hinn fyrir útflutningsiðnaðinn, lán, útflutningsörvandi styrki, könnun á markaðsmálum, tryggingar, rannsóknastarfsemi og aðra þá þætti er tengjast slíkri starfsemi. Og þá held ég væri alveg nægjanlegt að tvær stjórnir fjölluðu um slíka sjóði eða stofnanir.

Ætli okkur íslendingum veiti nokkuð af því á þessum tímum, sem nú eru að fara í hönd, að skilja þá staðreynd að úti í hinum stóra heimi erum við að berjast á mörkuðum í samkeppni við háþróaðar iðnaðarþjóðir með margfalda reynslu af rannsóknarstarfsemi á bak við sig, um leið og við hljótum að viðurkenna þá staðreynd að vaxtarbroddur iðnaðarframleiðslunnar almennt er fólginn í vaxandi og arðbærum útflutningi. Ef við skiljum þetta ekki og höldum enn þá áfram að auka á yfirbygginguna, en slæva undirstöðuna, er þess ekki að vænta að vel fari.

Herra forseti. Í framhaldi af þeim fsp., sem ég hef lagt hér fram, vil ég óska þess og treysti því að hæstv. iðnrh. og ríkisstj. taki þetta mál föstum tökum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrsta spurningin er: „Hvernig hefur verið háttað ráðstöfun fjármagns þessara sjóða á s. l. tveimur árum, annars vegar gagnvart útflutningsiðnaði og hins vegar iðnaði fyrir heimamarkað?“ Gengið er út frá því að hér sé átt við Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð og Iðnrekstrarsjóð.

Ef við víkjum fyrst að Iðnlánasjóði, er verkefnasvið hans víðtækast þeirra þriggja sjóða sem hér um ræðir. Rétt til lántöku hjá Iðnlánasjóði eiga öll þau iðnfyrirtæki sem greiða iðnlánasjóðsgjald. Er hér því bæði um framleiðslu- og þjónustuiðnað að ræða. Undanþegin iðnlánasjóðsgjaldi er þó allur fiskiðnaður, kjötiðnaður og mjólkurbú. Skv. upplýsingum stjórnar Iðnlána-

sjóðs hefur sjóðurinn látið umsóknir þær um lán, sem beinast að fjárfestingu vegna útflutningsframleiðslu, sitja í fyrirrúmi. Að hvaða leyti áætlanir einstakra fyrirtækja um útflutning hafa staðist er sjóðnum ekki kunnugt. Skýrslur um skiptingu milli útflutningsiðnaðar og iðnaðar fyrir heimamarkað eru ekki unnar hjá sjóðnum, enda í flestum tilvikum ógerlegt að greina þar á milli.

Samþykkt lán Iðnlánasjóðs á árinu 1973 námu 342.5 millj. kr. og á árinu 1974 420 millj. Sundurliðun er sem nú skal greina:

Matvæli og drykkjarvörur árið 1973 31 millj. 88 þús. kr., árið 1974 62 millj. 815 þús. kr.

Vefjariðnaður 28 millj. 550 þús. kr. fyrra árið, 20 millj. og 700 þús. kr. seinna árið

Fata- og skógerð 11 millj. 660 þús. kr. fyrra árið, 29 millj. og 500 þús. kr. seinna árið.

Trjávöruiðnaður 30 millj. 517 þús. kr. fyrra árið, 17 millj. 350 þús. kr. síðara árið.

Húsgögn og bólstrun 14 millj. 340 þús. kr. fyrra árið, 36 millj. 750 þús. kr. seinna árið.

Pappírsiðnaður 29 millj. kr. fyrra árið, 900 þús. kr. seinna árið.

Prentun og bókband 38 millj. 595 þús. kr. fyrra árið, 46 millj. 450 þús. kr. seinna árið.

Gúmmíiðnaður 3 millj. kr. fyrra árið, 500 þús. kr. seinna árið.

Efnaiðnaður 9 millj. 300 þús. kr. fyrra árið, 12 millj. og 500 þús. kr. síðara árið.

Steinefnaiðnaður 18 millj. og 900 þús. kr. fyrra árið, 32 millj. 900 þús. kr. seinna árið

Járn- og málmiðnaður 32 millj. 805 þús. kr. fyrra árið, 44 millj. 800 þús. kr. síðara árið.

Rafmagnsiðnaður 1 millj. 500 þús. kr. fyrra árið, 3 millj. 650 þús. kr. síðara árið.

Skipasmíðar 7 millj. 500 þús. kr. fyrra árið, 5 millj. og 700 þús. kr. síðara árið.

Smíði og viðgerð flutningatækja 23 millj. 90 þús. kr. fyrra árið, 23 millj. 775 þús. kr. seinna árið.

Ýmis iðnaður 20 millj. 570 þús. kr. fyrra árið, 22 millj. 300 þús. kr. síðara árið.

Plastiðnaður 6 millj. og 50 þús. kr. fyrra árið, 12 millj. 300 þús. kr. síðara árið.

Byggingarverktakar íbúðarhúsa 23 millj. 980 þús. kr. fyrra árið, 42 millj. 100 þús. kr. síðara árið.

Aðrir byggingarverktakar 11 millj. 300 þús. kr. fyrra árið, 5 millj. 500 þús. kr. síðara árið.

Samanlagt verða því útlán Iðnlánasjóðs á árinu 1973 eins og fyrr segir: árið 1973 342.5 millj. kr. og árið 1974 420.5 millj. kr.

Þá er Iðnþróunarsjóður. Verkefnasvið Iðnþróunarsjóðs er þrengra en verkefnasvið Iðnlánasjóðs. Iðnþróunarsjóður veitir lán í fyrsta lagi til fjárfestingarframkvæmda í útflutningsiðnaði og í öðru lagi til fjárfestingarframkvæmda fyrirtækja sem verða fyrir vaxandi samkeppni á innanlandsmarkaði vegna lækkana á aðflutningsgjöldum og aukinnar frjverslunar.

Varðandi skiptingu veittra lána annars vegar til útflutningsiðnaðar og hins vegar til iðnaðar fyrir heimamarkað er mjög erfitt um vik, þar sem flest þau fyrirtæki, sem flytja út iðnaðarvörur, framleiða einnig svipaðar eða hliðstæðar vörur fyrir innlendan markað. Af hálfu Iðnþróunarsjóðs hefur verið reynt að flokka samþykkt lán á s. l. tveimur árum skv. þeirri skiptingu sem fram kemur í fsp. Til útflutningsiðnaðar eru þá taldar allar þær lánveitingar sem ganga til fyrirtækja sem flytja út iðnaðarvörur í teljandi mæli. Hér er þá um mjög grófa skiptingu að ræða. Samkvæmt þessari flokkun voru lánveitingar til fyrirtækja í útflutningsiðnaði og fyrirtækja, sem framleiða eingöngu fyrir innlendan markað, eftirfarandi á árunum 1973 og 1974:

Útflutningsiðnaður 81.6 millj. kr. árið 1973 og 195.5 millj. kr. 1974. Alls bæði árin 277.1 millj. kr. og eru það 37% af heildarútlánunum.

Heimamarkaðsiðnaður var árið 1973 244.6 millj. kr., árið 1974 231.3 millj. kr., alls bæði árin fyrir heimamarkaðsiðnað 475.9 millj. eða 63% af heildarútlánum sjóðsins.

Þá er það í þriðja lagi Iðnrekstrarsjóður. Hann var stofnaður með lögum frá árinu 1973, tók til starfa um haustið það ár. Hlutverk sjóðsins er fyrst og fremst, svo sem segir í 6. gr. laga hans, að styrkja útflutningsstarfsemi og erlenda markaðsöflun í þágu iðnaðarins.

Varðandi flokkun á lánum er hér við sama vandamálið að etja og áður er greint frá, vegna þess að svo til öll útflutningsfyrirtæki framleiða einnig fyrir innlendan markað. Hins vegar munu öll lán og styrkir, sem veitt hafa verið frá því að sjóðurinn tók til starfa, hafa farið til framkvæmda sem hafa staðið beinlínis í sambandi við útflutningsaðgerðir. Eftirfarandi yfirlit sýnir samþykkt lán og styrki á árunum 1973 og 1974:

Árið 1973 4 millj. kr., árið 1974 38.3 millj. kr. Samtals bæði árin 42.3 millj. kr.

Önnur spurningin er þessi: „Hvert er hlutfall lána og/eða styrkja þessara sjóða, annars vegar að því er varðar fjárfestingu tengda iðnrekstri og hins vegar í beinu sambandi við útflutnings- og markaðsmál?“

Iðnlánasjóður lánar eingöngu til fjárfestingarframkvæmda í iðnaði og hefur ekki veitt styrki til markaðsmála. Skv. ákvæðum í l. um Iðnþróunarsjóð er heimilt að verja allt að 10% af stofnfé sjóðsins til styrkja eða lána með sérstökum kjörum. Á árinu 1973 voru veittir styrkir og lán með sérstökum kjörum að upphæð 9.2 millj. kr. og á árinu 1974 að upphæð 11.4 millj. Á þessum árum voru greiddir styrkir vegna markaðsöflunar um 3.8 millj. kr. og 3.3 millj. kr. vegna sérstakra vöruþróunarverkefna. Að öðru leyti hefur styrkveitingu verið varið til úttektar á iðngreinum og til ýmis konar aðgerða á sviði hagræðingar, t. d. vegna stjórnunar og framleiðslueftirlits, svo sem í fata- og vefjariðnaði, málmiðnaði, skipasmíði, húsgagnaiðnaði o. fl. Hefur þar ekki verið gerður greinarmunur á fyrirtækjum sem hafa með höndum útflutningsstarfsemi og fyrirtækjum sem lenda í aukinni samkeppni á heimamarkaði vegna tollalækkana.

Styrkveitingar Iðnrekstrarsjóðs á árinu 1973 námu 4 millj. kr. Styrkveitingar á árinu 1974 námu 14.8 millj. kr. Styrkveitingar af hálfu Iðnrekstrarsjóðs hafa fyrst og fremst staðið í sambandi við útflutningsstarfsemi og markaðsöflun, þ. á m. styrkur til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Enn fremur hafa verið veittir nokkrir styrkir vegna sérstakra þróunarverkefna hvað framleiðslu snertir og eru þeir innifaldir í ofangreindum tölum.

Þriðja spurningin er: „Er ekki tímabært að sameina alla eða hluta þessara sjóða og efla starfsemi þeirra með samræmdum aðgerðum?“

I stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá 29. ágúst s. l. segir: „Endurskoðað sé skipulag og starfsemi fjárfestingarsjóða og lánastofnana í því skyni að tryggja eðlilega og samræmda starfsemi þeirra og hagkvæmni í rekstri.“ Að þessum verkefnum er nú unnið.

Gunnar J. Friðriksson: Herra forseti. Mig langar til í sambandi við þá fsp., sem hér liggur fyrir til hæstv. iðnrh. að benda á að það út af fyrir sig mundi ekki leysa vandamál iðnaðarins þó að þessum sjóðum yrði slegið saman. Hér er fyrst og fremst um tvo sjóði að ræða auk viðskiptabankanna. Þar sem hv. fyrirspyrjandi nefndi Iðnaðarbankann, vil ég benda á að hann er aðeins einn af viðskiptabönkum iðnaðarins og alls ekki sá stærsti. Landsbankinn mun vera stærsti iðnaðarbankinn í landinu. Iðnþróunarsjóður lánar fyrst og fremst til samkeppnisiðnaðar og útflutningsiðnaðar, og því miður er það svo, að það hefur ekki verið það mikið af hæfum lánsumsóknum til hans að fé hans nýtist að fullu enn þá. Um Iðnlánasjóð er það að segja, að auk þess að sjá framleiðsluiðnaðinum fyrir lánum hefur hann allan þjónustuiðnaðinn á sinni könnu, sem óhætt er að segja að sé nær óseðjandi þegar höfð er í huga sú gífurlega aukning á allri þjónustu vegna samgöngutækja og ýmissa annarra tækja í sambandi við þá tækniþróun sem hefur átt sér stað.

Það er ekki heldur hægt að draga iðnaðinn í dilka sem útflutningsiðnað og heimamarkaðsiðnað. En eins og fram kom í svari hæstv. iðnrh. er það svo að fyrirtæki, sem eru í útflutningi, framleiða jafnframt fyrir heimamarkað, og með brottfalli aðflutningstolla eða verndartolla er raunverulega ekki hægt að greina á milli.

En svo um þann þriðja sjóð sem hér var nefndur, Iðnrekstrarsjóð, get ég verið sammála fyrirspyrjanda um það, að þar mætti kannske athuga um endurskipulagningu hans, til þess að hann fari ekki inn á starfssvið hinna sjóðanna. En hlutverk hans er mjög sérstætt. M. a. er ætlast til þess að hann veiti styrki og jafnvel gerist eignaraðili að fyrirtækjum. Þess vegna er starfssvið hans svo ólíkt hinum, að það væri ákaflega erfitt að setja þá starfsemi undir stjórn hinna sjóðanna. Um útflutningslánasjóðinn er það að segja, að hann er undir beinni stjórn viðskiptabankanna sem fjármagna útflutninginn, þannig að þar er ekki um tvíverknað að ræða, þar er full samvinna við viðskiptabankana um fjármögnun fyrirtækjanna.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að taka undir þær áhyggjur sem komu fram í þessari fsp. um að stofnanir til aðstoðar iðnaðinum séu orðnar of margar og þar sé hver silkihúfan upp af annarri. Það kann að vera rétt, að ekki sé hægt að losa stórfé iðnaðinum til ábata við þetta, en kostnaðurinn hleðst þó upp með hverri nýrri stofnun sem sett er á fót. Það þekkjum við vel og munar um allt.

Annars vil ég varpa fram þeirri spurningu, hvort við gerum ekki nú orðið allt of mikinn mun á útflutningsiðnaði og iðnaði fyrir innlendan markað. Áður fyrr var reginmunur á því, hvort verksmiðja gat aflað erlends gjaldeyris eða ekki. Við þurfum enn á gjaldeyri að halda, en nú hafa orðið þær stórbreytingar á viðskiptaháttum, þ. á m. hér, að tollar hafa lækkað og við höfum haft það fyrir augunum hvernig iðnaðarvörur af svo að segja öllum gerðum hafa streymt inn í landið. Þetta þýðir að mótstöðuafl þess iðnaðar, sem framleiðir fyrst og fremst fyrir innlendan markað, fer að hafa allt að því sömu gjaldeyrisþýðingu og gjaldeyrisöflun beins útflutningsiðnaðar. Hvaða gagn er í því að koma upp góðum iðnaði, sem flytur út vörur og vinnur inn gjaldeyri í þjóðarbúið, ef þeim gjaldeyri er síðan eytt í að kaupa erlendar iðnaðarvörur sem fluttar eru inn og drepa annan iðnað sem fyrir var í landinu. Ég held að það verði að skoða þetta sem eina samhangandi heild. Og ég vil mjög taka undir þau ummæli, sem hafa komið fram hjá ýmsum stjórnmálamönnum á opinberum vettvangi, að sjaldan hefur verið eins mikilvægt fyrir íslendinga að hugsa um þessi mál og kaupa og nota innlendar iðnaðarvörur, en reyna að spara gjaldeyri, ekki aðeins með því að flytja út, heldur líka í sambandi við innflutning á erlendri iðnaðarvöru í samkeppni við iðnað okkar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Hér er sannarlega á ferðinni eitt af meiri háttar vandamálum í okkar starfsemi. Ég geri ráð fyrir að hæstv. iðnrh. sé kunnugt, að aðeins á s. l. ári var í sambandi við útgerð, eða breytingu á skipum, lagfæringar, vélaupptektir og margt annað, unnið erlendis fyrir hvorki meira né minna en yfir 600 millj. kr. á núverandi gengi. Og iðnfyrirtækin flest hér á landi eru í svo algjöru rekstrarfjársvelti, að þau geta ekki einu sinni mörg hver sem þjóna bátaflotanum, leyst núna út nauðsynlega hluti. Það vantar mörg hundruð millj. Auk þess skuldar útgerðin þessum þjónustufyrirtækjum, fyrst og fremst vélaverkstæðum og einnig sennilega yfir hálfan milljarð kr. Ef þetta verður ekki leyst á næstu dögum stöðvast margir bátar af því að fyrirtækin geta ekki haldið áfram að veita þjónustuna. Ég held að hæstv. ráðh. hljóti að vera það kunnugt um þetta.

Ég tók til máls vegna þriðja þáttar sérstaklega í fsp., sem hæstv. iðnrh. svaraði með því að lesa stefnuyfirlýsingu í samkomulagi hæstv. ríkisstj. Hvað er hratt unnið þar að lausn málanna til þess að þessi lífsnauðsynlegu þjónustufyrirtæki stöðvist ekki? Það er nákvæmlega sama við hvaða fyrirtæki maður talar í járniðnaðinum í dag. Alltaf er sagt: Ef þú borgar get ég leyst kröfuna út og unnið fyrir þig, en ég hef ekkert rekstrarfé. Ég er með yfirdrátt á hlaupareikningi og í bönkum er enga áheyrn að fá. Í morgun átti ég tal við einn forstjórann í meiri háttar fyrirtækjunum í járniðnaði og hann sagði mér þetta sama. Ég var að leita eftir þjónustu hjá honum, en hann er gjörsamlega ráðalaus og liggur þó með vörur hér á hafnarbakkanum, sem eru lífsnauðsynlegar fyrir vissa bátastærð, og sum-

ir bátar fara ekki frá bryggju vegna þess að hlutirnir nást ekki út, fara ekki frá bryggju og geta ekki hafið veiðar. Ég vil því vænta þess og ég trúi ekki öðru en að hæstv. iðnrh. geri nú nokkra gangskör að því að leysa bæði úr stofnfjárlánaskorti og einnig rekstrarfjárskorti fyrir iðnaðinn í landinu. Ég veit að hann hlýtur að taka höndunum til í þessu efni og bæta úr mjög alvarlegu ástandi eins og ríkir í dag og hefur ríkt undanfarna daga.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þær svona tiltölulegu góðu undirtektir sem þessar fsp. mínar hafa fengið í þessum umr. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. iðnrh. fyrir þau ummæli, að ríkisstj. væri að vinna að margræddri sameiningu og samræmingu á starfsemi þessara lánasjóða. Vonandi á það eftir að koma í ljós mjög bráðlega, og að því leyti vil ég taka undir orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Jóns Árm. Héðinssonar, slíkar aðgerðir verði ekki dregnar óeðlilega mikið.

I sambandi við orð hv. þm. Gunnars J. Friðrikssonar, þá er það auðvitað alveg hárrétt, að það er oft erfitt að gera greinarmun þar sem mörg fyrirtæki framleiða bæði fyrir heimamarkað og útflutningsmarkað. Þó held ég að við getum ekki gengið fram hjá þeirri staðreynd — og ég vona að hann sem kunnáttumaður og forustumaður í iðnaðarmálum staðfesti það, að vaxtarbroddurinn í raunverulegri og verulegri iðnaðarframleiðsluaukningu hlýtur að vera fólginn í auknum útflutningi, þó að það sé alveg rétt — og ég held ég hafi tekið það fram í spjalli mínu hér áðan, sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði, að vissulega er jafnmikilvægt að innlendur iðnaður fyrir heimamarkað fái fyrirgreiðslu og þróist og njóti sín til fulls, m. a. vegna þess, eins og hann benti hárrétt á, að það sparar kaup á erlendum iðnaðarvörum, sem eru fluttar inn í landið og bætir þar með stöðu þjóðarbúsins.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð, en vil ítreka óskir mínar til ríkisstj. og hæstv. ráðh. að framkvæmd á þessum fyrirheitum í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. verði hraðað, ekki síst með tilliti til þeirra erfiðleika, sem fram undan eru, og nýrra vinnubragða, sem þörf er á í þeim efnum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það var eðlilegt að hv. þm. Jón Árm. Héðinsson vekti hér máls á erfiðleikum ýmissa iðnfyrirtækja, þjónustufyrirtækja, einkum þeirra sem vinna fyrir sjávarútveginn, því að þeir erfiðleikar eru ákaflega alvarlegir. Þeir erfiðleikar stafa, eins og hann gat um, að verulegu leyti af fjárhagsörðugleikum sjávarútvegsins, sem hafa gert það að verkum að bátar og togarar hafa að undanförnu ekki getað staðið fyllilega í skilum gagnvart viðgerðarverkstæðum og öðrum þjónustufyrirtækjum.

Það verður að viðurkenna, að um leið og sú nauðsynlega ákvörðun var gerð að láta fara fram úttekt á sjávarútveginum á s. l. hausti, hafði sú ákvörðun og sú rannsókn á afkomu sjávarútvegsins óhjákvæmilega m. a. þær afleiðingar að dró úr greiðslum af hendi útgerðarfyrirtækja til verkstæðanna. Töldu flestir slíkir aðilar rétt að halda að sér höndum um greiðslur meðan þessi athugun stæði yfir. Um leið og slík úttekt á sjávarútveginum var nauðsynleg hafði hún þó þessar afleiðingar. Það er staðreynd sem ekki er hægt að neita. Það er því ljóst, að iðnaðarþjónustufyrirtækin fyrir sjávarútveginn eiga við geysilega greiðsluörðugleika að etja og hafa átt nú að undanförnu.

Varðandi sameiningu eða samræmingu lánastofnana iðnaðarins, þá er réttilega fram tekið hjá hv. þm. Gunnari J. Friðrikssyni, að hér er ekki aðeins um að ræða þá lánasjóði, sem ég nefndi í svari mínu, heldur einnig bankana, og er það fyrst og fremst Iðnaðarbankinn sem hefur það sérstaka verkefni að sinna iðnaðinum, en auk þess Landsbankinn, sem vitað er að er mjög stór og væntanlega stærsti aðilinn hér. Nú er það eitt af því, sem að er unnið, að kanna með hverjum hætti sé hyggilegt að sameina eitthvað af þessum stofnunum eða sjóðum og samræma starfsemi þeirra.

Í því sambandi er rétt að geta þess, að fyrir tveimur árum var stigið spor í þveröfuga átt við það sem flestir telja rétt nú. Þá var flutt og samþ. frv. um að koma á fót einni nýrri lánastofnun fyrir iðnaðinn, Iðnrekstrarsjóði. Nú var auðvitað ágætt að fá það fjármagn til iðnaðarins sem ákveðið var í þeim lögum. En í umr. hér á þingi og við meðferð málsins í iðnn. var ákveðið á það bent, bæði af mér og öðrum, að það væri ekki rétt leið að bæta nú við einni lánastofnun enn fyrir iðnaðinn, heldur þyrfti fremur að endurskoða þær, sem fyrir væru, og stefna að samræmingu og sameiningu, m. a. til þess að betri þjónusta fengist og í sparnaðarskyni. Þess vegna lögðum við til, að í stað þess að stofna sérstakan Iðnrekstrarsjóð með stjórn og starfsliði væri þetta fé og þessi væntanlega starfsemi lögð undir Iðnlánasjóð sem fyrir var. Sú till. fékk ekki hljómgrunn og var frv. samþ. og gert að lögum, þó að allir viðurkenndu í rauninni að hitt væri æskilegra, að stefna að sameiningu.

Inn í mat og skoðun á lánastofnunum iðnaðarins koma bæði bankarnir og þessir sjóðir, sem hér hefur verið getið. Ég er sannfærður um að hér má vinna gott verk og gagnlegt fyrir iðnaðinn með meiri sameiningu og samræmingu en nú er. En þess er þá rétt að geta einnig, að á sviði iðnaðarins eru einnig ýmsar stofnanir sem þarf að skoða hvort ekki sé rétt að sameina eða samræma þeirra starfsemi, og er það mál einnig til athugunar.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta að sinni, en þessi mál koma að sjálfsögðu til kasta Alþ. áður en langt um líður.

Auðæfi á eða í íslenskum hafsbotni, fsp. (þskj. 62). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Umræðuefnið færist nú allsnögglega frá vandamálum iðnaðarins í dag að því sem kann að verða íslenskur iðnaður eftir svo sem 15—20 ár.

Svo er mál með vexti að undanfarnar vikur og mánuði hafa hvað eftir annað borist fréttir í erlendum blöðum og tímaritum um það, að við rannsóknir á botni hafsins úti fyrir Ís-

landsströndum hafi komið í ljós sterkar líkur á því að þar kunni að vera olíu að finna. Ég minni á það, að seint á s. l. ári birti stórblaðið New York Times ítarlegar greinar byggðar á nákvæmum rannsóknum um þetta og fullyrti, að sovéskir vísindamenn hefðu fundið sterkar líkur, ef ekki vissu fyrir olíu á meira en 1000 m dýpi út af norðaustanverðu Íslandi, og einnig að bandarískir vísindamenn hefðu fundið hið sama út af suðausturhluta landsins. Er hér um að ræða hryggina frá Íslandi til Jan Mayen annars vegar og til Færeyja hins vegar.

Að vísu virðist þessum fregnum ekki öllum bera saman, og er varla hægt að segja að opinberlega hafi verið staðfest vitneskja um það, hvað raunverulega hefur komið fram í þessum efnum. Hitt hlýtur þó að vekja meira en litla athygli okkar íslendinga, þegar viðurkennt sérfræðitímarit um olíumál, gefið út í Englandi, fullyrðir að íslendingar verði um árið 1990 orðnir útflytjendur á olíu.

Þar sem mál þetta nær allangt frá ströndum og getur jafnvel snert væntanlegar breytingar á yfirráðasvæði íslendinga, hef ég leyft mér að beina fjórum fyrirspurnum til hæstv. forsrh. um þessi efni.

Fyrsta fsp. er á þessa lund: „Hvaða aðilar hafa óskað leyfis til að leita að olíu, jarðgasi eða öðrum auðæfum á eða í hafsbotni á íslensku yfirráðasvæði?“ Önnur spurning: „Hvernig hefur verið brugðist við þessum óskum?“ Þriðja spurning: „Hefur ríkisstj. mótað nokkra stefnu varðandi leit að olíu, jarðgasi eða öðrum auðæfum á eða í hafsbotni Íslands?“ Og fjórða spurning: „Hefur ríkisstj. undirbúið viðbrögð og stefnu ef slík auðæfi finnast á eða í hafsbotni á íslensku yfirráðasvæði?“

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil í tilefni af fyrirspurnum Benedikts Gröndal segja eftirfarandi, sem sumpart er byggt á upplýsingum, sem ég hef aflað mér frá þeim ýmsu aðilum, sem um þessi mál hafa fjallað á vegum ríkisstj. Einkum er hér þó byggt á upplýsingum formanns landgrunnsnefndar, Vilhjálms Lúðvíkssonar, og ráðuneytisstjóra iðnrn., Árna Snævarr.

Á undanförnum árum hafa 25 erlendir aðilar a. m. k. lýst áhuga sínum og lagt fram fyrirspurnir til íslenskra stjórnvalda um leyfi til rannsókna og leitar að olíu og gasi á landgrunni Íslands. Segja má að tvö atvik hafi einkum ýtt á eftir erlendum aðilum í þessu efni. Í fyrsta lagi umr. um að reisa hér á landi olíuhreinsunarstöð og í öðru lagi frétt frá rússneskum vísindaleiðangri haustið 1973 um að setlög, er kynnu að geyma olíu, væru 160 sjómílur norðaustur af landinu. Stutt frásögn af leiðangri þessum barst í árslok 1973 til Rannsóknaráðs ríkisins, en þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir af hálfu Rannsóknaráðsins hefur engin frekari grg. borist. Ekkert hefur enn komið fram í rannsóknum á landgrunni Íslands sem bendir til þess að olía eða gas finnist á þeim svæðum íslenska landgrunnsins þar sem nútímatækni leyfir nýtingu þessara auðlinda. Á þeim slóðum, þar sem rússar segjast hafa orðið varir við setlög, er dýpið 900—1000 m. Enn sem komið er leyfir tæknin ekki vinnslu jarðefna á svo miklu dýpi. Eftir áratug kann hún að verða kominn á það stig að tæknilega verði unnt að vinna olíu á því dýpi sem er hér við land á þeim svæðum þar sem mestar líkur eru fyrir því að olía eða gas finnist. Fram til þessa hafa íslensk stjórnvöld ekki veitt nein skuldbindandi svör við fyrirspurnum frá erlendum aðilum um þessi mál. Það hefur ekki enn verið talið tímabært.

Fyrsta fyrirspurnin um hvort íslensk stjórnvöld mundu leyfa leit að olíu og gasi á hafsbotninum á landgrunni Íslands barst í mars 1970 og sú síðasta s. l. sumar. Hér er um 25 aðila að ræða, og í stað þess að lesa nöfn þeirra eða gera grein fyrir þessum aðilum vil ég láta í té skrá yfir þá þeim þm. er þess óska. Þessar fyrirspurnir hafa ekki verið taldar þess eðlis að rétt væri á þessu stigi að þær hlytu jákvæða afgreiðslu. Ég tel þó ástæðu til að gera sérstaka grein fyrir afgreiðslu tveggja fyrirspurna.

1. des. 1970 lagði Shell International í Haag fram umsókn um vísindalega leit að olíu og gasi á hafsbotninum umhverfis Ísland. Með bréfi iðnrn. 10. febr. 1971 var fyrirtækinu heimilað að framkvæma jarðeðlisfræðilegar mælingar á landgrunni Íslands. Aðrar rannsóknir voru ekki leyfðar né heldur vinnsla. Það skilyrði var sett, að niðurstöður rannsókna yrðu sendar íslenskum stjórnvöldum og fulltrúi tilnefndur af íslenska iðnrn. yrði um borð í rannsóknarskipinu. Sérstaklega var tekið fram að rannsóknarheimildin takmarkaðist ekki við hafsvæðið út að 200 m dýptarlínu, heldur giltu íslenskar reglur á öllu nýtanlegu svæði. Rannsóknir Shell fóru fram 6.—8. sept. 1971. Voru mælingar framkvæmdar eftir 350 km langri línu, sem Shell ákvað vestur af landinu. Dr. Guðmundur Pálmason var fulltrúi Íslands um borð í rannsóknarskipinu. Niðurstaða rannsóknanna varð sú, að jarðlög þarna væru svipuð og undir landinu sjálfu og ekki talið líklegt að um olíulindir væri þar að ræða. Kom sú niðurstaða ekki á óvart.

3. jan. 1974 sendi norska fyrirtækið Geoteam-Computas, sem er ráðgefandi félag og stundar einungis mælingar og rannsóknir, tilboð um olíuleit við strendur Íslands. Þykir tilboð þetta eitt það athyglisverðasta sem fram hefur komið til þessa. Afstaða hefur ekki verið tekið til þess fremur en annarra tilboða.

Íslensk stjórnvöld hafa á ýmsan hátt undirbúið endanlega stefnumörkun að því er varðar nýtingu auðlinda sem kynnu að finnast á hafsbotninum við landið. 1969 voru sett lög um yfirráðarétt íslenska ríkisins yfir landgrunninu umhverfis landið. Í þeim lögum kemur fram ákveðin stefnumörkun, m. a. á þann veg að ráðh. getur með reglugerð sett ákvæði um framkvæmd rannsókna á auðæfum landgrunnsins og nýtingu þeirra. Í lögunum eru landgrunninu og þar með yfirráðunum sett þau mörk að þau nái svo langt út frá ströndum landsins sem unnt reynist að nýta auðæfi landgrunnsins. Lögin byggjast sem sé á reglunum um nýtingarmörk sem mótaðar voru á hafréttarráðstefnunni 1958.

Þessar reglur hafa á ýmsan hátt þótt óhagkvæmar, ekki síst vegna þess hve mörkin samkv. þeim eru óljós. Eitt af verkefnum hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um þessar mundir er að móta nýjar reglur í þessu efni. Náist

árangur á hafréttarráðstefnunni verður lagður annar mælikvarði á yfirráðasvæðið og það ekki miðað við nýtingarmörk. Á hafréttarráðstefnunni er það stefna Íslands að millivegur verði farinn varðandi yfirráð strandríkis yfir hafsbotninum utan 200 mílna efnahagslögsögu. Stefna íslensku ríkisstj. er sú, að yfirráð okkar yfir auðlindum á hafsbotninum séu sem víðtækust. Það er margt sem bendir til þess að yfirráðin verði víðtækari, eftir að niðurstaða hefur fengist á hafréttarráðstefnunni, en jafnvel segir í landgrunnslögunum frá 1969.

1972 skipaði menntmrn. landgrunnsnefnd svonefnda eða samstarfsnefnd um landgrunnsrannsóknir. Hlutverk n. er:

1) Að skipuleggja og samræma vísindalegar rannsóknir á landgrunni Íslands.

2) Að vera ríkisstj. og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um landgrunnsrannsóknir.

3) Að fylgjast með rannsóknum erlendra aðila sem leyfi fá til rannsókna á landgrunni Íslands.

Leit að olíu og jarðgasi á landgrunninu er unnt að skipta í þrjá liði:

1) Jarðeðlisfræðileg frumkönnun, þ. e. staðfesting á tilvist setlaga og könnun á útbreiðslu þeirra.

2) Jarðeðlisfræðilegar setlagarannsóknir, nákvæm skoðun á gerð setlaga og leit að setmyndunum, þar sem hugsanlega gæti safnast olía og jarðgas.

3) Boranir. Bein leit að olíu eða jarðgasi með borunum á líklegum stöðum.

Í samræmi við þetta yrði stefnumörkunin raunar einnig þríþætt miðað við stig rannsókna á hverjum tíma. Stefnumörkunin mundi skýrast koma fram í afstöðu stjórnvalda til tilboða erlendra aðila. Ljóst er, að íslendingar geta ekki einir staðið að þeim kostnaðarsömu undirbúningsrannsóknum sem nauðsynlegar eru.

Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson hefur látið í ljós þá skoðun, að á fyrsta stigi teldi hann réttast að íslensk stjórnvöld semdu við öflugt, en óháð fyrirtæki, sérhæft í jarðeðlisfræðilegum botnrannsóknum, til að gera frumkönnun á þeim svæðum sem helst þættu líkleg til að geyma setlög, og könnuð yrði útbreiðsla þeirra, dýpt og eiginleikar í stórum dráttum. Íslenska ríkið þyrfti litlu að kosta til slíkra rannsókna ef upplýsingar yrðu seldar völdum olíufélögum, en fyrir liggur áhugi þeirra á slíkum viðskiptum án skuldbindinga fyrir íslenska ríkið. Að sjálfsögðu yrðu íslenskir sérfræðingar að starfa með slíku könnunarfyrirtæki, hljóta þjálfun í olíu- og gasleitartækni og fylgjast með túlkun og meðferð niðurstaðna. Annað stigið væri nákvæmnisleit, sem er kostnaðarsöm, og verður að fara eftir atvikum um það hvernig hún er framkvæmd. Ef líkur væru taldar góðar mætti framkvæma þær á sama hátt og fyrsta stig, en væntanlega yrðu þau olíufélög, sem borguðu slíkan kostnað, að fá fyrirheit um borunarleyfi ef slíkt leyfi yrði á annað borð veitt. Hér þyrfti því að fara fram könnun á viðkomandi fyrirtækjum og mat yfirvalda á getu þeirra til að taka á sig þær tæknilegu og fjárhagslegu kröfur sem gerðar yrðu við veitingu heimilda til borana. Á þessu stigi er ekki þörf á frekari skuldbindingum ríkisins gagnvart fyrirtækjunum. Á þriðja stigi yrði tæknileg geta til að ljúka borholum og virkja þær að liggja fyrir. Jafnframt þyrfti að skilgreina tæknilegar kröfur til umbúnaðar borholunnar og skýra fjárhagslega ábyrgð þeirra fyrirtækja sem leyfi fengju til borana, því að slys eins og hafa orðið við stjórnlausa opnun olíulinda á hafsbotni geta valdið tjóni á sjávarlífi, strandlífi og ýmsum efnahagslegum hagsmunum svo að óbætanlegt verði. Á grundvelli slíkrar hættu kæmi að sjálfsögðu til álita hvort yfirleitt ætti nokkurn tíma að leyfa olíuboranir hér við land, þar til löng reynsla yrði fengin á vinnslu á olíu á svipuðu dýpi annars staðar í heiminum og öryggisráðstafanir í því sambandi.

Í sambandi við allan undirbúning íslenskra stjórnvalda eða stofnana hefur athygli einkum beinst til Noregs. Norðmenn hafa að mörgu leyti tekið þannig á olíumálum sínum að til fyrirmyndar er. Hafa þeir smám saman aflað sér tæknilegrar og vísindalegrar þekkingar á þann veg að þeir eru í aðstöðu til að vega og meta flest atriði í sambandi við rannsóknir og vinnslu.

Að tilhlutan iðnrn. komu hingað á s. l. vori tveir sérfræðingar á vegum norska iðnrn. til ráðgjafar um stefnumótun í olíuleitar- og vinnslumálum. Ræddu þeir við ýmsa aðila hér og skýrðu frá reynslu norðmanna. Einnig hefur verið haft samband að Íslands hálfu við Olje directöratet í Stavanger. Hefur komið í ljós að norsk stjórnvöld eru mjög velviljuð í okkar garð og fús til að veita dýrmæta aðstoð. Allt frumkvæði í þessu efni hlýtur þó að sjálfsögðu að koma héðan.

Ég vil geta þess, að í s. l. viku átti ég þess kost að ræða við norska ráðherra um þessi málefni og létu þeir í ljós fullan áhuga og vilja á því að hafa samvinnu við okkur Íslendinga og veita okkur allar umbeðnar upplýsingar, taka á móti fulltrúum okkar og sömuleiðis senda til okkar menn er gætu orðið okkur til leiðbeiningar í þessum efnum.

Öll áform um nýtingu auðlinda, sem kunna að finnast á hafsbotninum og lúta að íslenskri lögsögu, munu byggjast á því meginsjónarmiði að íslendingar hafi stjórn og eftirlit með öllum þáttum rannsókna á fyrstu stigum og vinnslu á síðari stigum, ef auðlindir finnast í kjölfar rannsóknanna. Áhugi þeirra aðila, sem að framan eru taldir, bendir til þess að þeir telji ekki tilgangslaust með öllu að leita fyrir sér á yfirráðasvæði okkar. Ríkisstj. mun beita sér fyrir því að heildarrannsókn fari fram á landgrunni Íslands, svo að gengið sé úr skugga um það með þeirri tækni, sem menn ráða nú yfir, hvaða auðlindir kunna þar að finnast og hvort þar er að finna olíu eða gas. Tækniframfarir við olíuvinnslu eru örar. Sá tími kann að koma fyrr en varir að mikið hafdýpi útiloki ekki lengur vinnslu á þeim svæðum þar sem mestar líkur kunna að vera á, að olía finnist við Ísland. Hins vegar er rétt að vara við allri bjartsýni og leggja áherslu á að varlega sé farið í þessar sakir, um leið og áhersla er enn fremur lögð á það að rannsóknum sé haldið áfram.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og kom fram í svari hæstv. forsrh. hefur ekki

borist sú skýrsla sem óskað hefur verið eftir frá hinum rússnesku vísindamönnum. Þaðan hefur aðeins borist lausleg bráðabirgðaskýrsla. Það er ekki langt síðan Rannsóknaráð skrifaði bréf, ég held þriðja eða fjórða bréfið, og fór fram á slíka skýrslu. Mér finnst vera mjög athugandi, ef svar berst ekki bráðlega, að þess verði leitað í gegnum sendiráð okkar í Moskvu. Hins vil ég þó geta, að vera má að hinir rússnesku vísindamenn líti svo á að þeim beri ekki skylda til að senda okkur skýrslu, því að staðreyndin er sú, að þessi fundur þeirra er fyrir utan nýtanleg landgrunnsmörk, á það miklu dýpi, eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. Einnig má geta þess, að rannsóknarleiðangur í samvinnu rússneskra og amerískra vísindamanna á svæðinu hér norðaustur, austur og suðaustur af landinu fann, eins og fram kom í ræðu fyrirspyrjanda, merki um olíu eða olíurík lög, og hefur ekki heldur tekist að fá skýrslu frá þeim leiðangri. Hefur því verið svarað, að hann hafi verið fyrir utan mörk hins íslenska yfirráðasvæðis.

Eins og kom fram í svari forsrh. hefur landgrunnsnefnd starfað að þessum málum. Hún var sett upp fyrir nokkrum árum að tillögu Rannsóknaráðs ríkisins og hefur að mínu viti unnið hið ágætasta starf. Skýrsla hennar um fyrsta áfanga rannsókna á íslensku landgrunni mun liggja fyrir fljótlega. Ég hygg þó að óhætt sé að segja, að það eru engin merki þess að olía finnist á landgrunni okkar Íslendinga. Aftur á móti getur komið til mála að olíulög, sem virðast vera norðaustur af landinu, teygi sig undir landgrunnið og megi vinna þau með því að bora í gegnum landgrunnsskelina.

Ég stóð ekki síst upp til þess að þakka þau ummæli hæstv. forsrh. að landgrunnsrannsóknum verði haldið áfram af fullum krafti. Það leit svo út þegar fjárlagafrv. var fyrir Alþ. á s. l. hausti, að þeim yrði hætt, því að í grg. stóð að landgrunnsrannsóknum væri lokið, og engin fjárveiting var ætluð í því skyni. Sem betur fer tókst að leiðrétta þetta og fá 3 millj. kr., sem er hins vegar ákaflega lítið fjármagn í svo dýrar rannsóknir. Ég vil því treysta því, að í næsta fjárlagafrv. verði aukið fjármagn ætlað í þessu skyni.

Fyrirspyrjandi (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir greinargóð svör sem hann hefur gefið við fyrirspurnum mínum. Mér finnst sú skýrsla, sem hann gaf, vera mjög nauðsynleg og gott að fá hana í heild frá íslenskum yfirvöldum einmitt nú.

Það var mjög athyglisvert er kom nú áðan fram í ræðu hv. 2. þm. Vestf., sem er nákunnugur störfum Rannsóknaráðs, að það hafa verið gerðar tilraunir til að fá nánari upplýsingar um niðurstöður af rannsóknum bæði sovétmanna og bandarikjamanna, en þær hafa ekki fengist. Þeir munu svara því til, að þessar rannsóknir hafi verið gerðar fyrir utan íslenskt yfirráðasvæði, en það er samkv. alþjóðasamþykkt frá hafréttarráðstefnunni í Genf 1958 200 m dýpi og svo langt sem hægt er að nýta botninn þar fyrir utan. Ég veit ekki hvernig þetta mundi skilja, hvort aðrir hafi rétt til þess að leita að auðæfum upp að 200 m hjá okkur, þegar það liggur fyrir að við getum ekki hagnýtt botninn út fyrir það. En ljóst er að þarna er um erfiðleika að ræða, því að ég hygg að verulegur hluti þessara rannsókna hafi farið fram innan 200 mílna.

Ég vil láta í ljós mikla ánægju með það, að hæstv. forsrh. hefur áhuga á að við höfum náið samband við norðmenn í þessum málum. Það er rétt, sem hann sagði, að norðmenn hafa verið til fyrirmyndar í allri meðferð sinni á olíuauðæfum sem fundist hafa í sjónum úti af ströndum þeirra. Þeir hafa farið gætilega, þeir hafa farið mjög vandlega með alla samninga við erlenda aðila, sem þeir hafa að sjálfsögðu talið óhjákvæmilega, og það sem ég vil sérstaklega leggja áherslu á: þeir hafa tiltölulega snemma byrjað að hugsa um það, hvaða áhrif þessi olía muni hafa á efnahag og afkomu fólks í næstu héruðum Noregs. Þeir hafa þegar gert mikla athuganir og rætt mikið um það, hvað muni gerast í Vestur-Noregi þegar olían byrjar að streyma þar á land, það af henni sem þangað verður flutt. Þetta tel ég mikils virði, því að þess eru dæmi um allan heim að landsvæði, þar sem olía hefur fundist, hafa farið félagslega í algjöra rúst og bæði menningarlíf og aðrir atvinnuvegir hafa beðið tjón af þessu gullflóði.

Ég vil að lokum taka undir síðustu orð hæstv. forsrh., er hann lét í ljós að við ættum að fara varlega í þessum efnum og ekki vera of bjartsýnir. En við skulum vera raunhæfir og veita þeim verðuga athygli, og við skulum minnast þess að við þurfum e. t. v. að undirbúa málið í áratug, frá þeim tíma er við tökum þessar grundvallarákvarðanir og þangað til eitthvað raunverulegt fer að gerast. Ég held að meginlöggjöf norðmanna, sem gildir um olíuvinnslu þeirra úr sjó, sé frá 1963, og olían er varla farin að renna í land enn þá. Það er þessi mikla nauðsyn á því að gefa sér nægan tíma, sem var meginástæðan fyrir því að ég flutti þessa fsp., og mér þykir ánægjulegt að heyra að forsrh. og aðrir íslenskir aðilar, sem um þetta hafa fjallað, virðast hugsa á sama hátt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er rétt ábending, að okkur ber að fara okkur rólega og hægt í þessum málum, það sé kannske ekki ástæða til þess að vera fullir bjartsýni, þó að ég sé ekki viss um að bjartsýni sé rétta orðið sem á að nota yfir þetta. En við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að atburðirnir á þessum sviðum hafa gerst svo hratt á undanförnum mánuðum og fáum árum, að vera má að okkur sé ekki til setunnar boðið.

Þar til fyrir örfáum árum var talinn lítill sem enginn möguleiki á því, að olía kynni að finnast við Ísland. Það eru aðeins örfá ár síðan farið var að ræða um þetta sem hugsanlegan möguleika. En nú er farið að skrifa um þetta sem staðreynd, bæði í erlend fagtímarit og í erlend dagblöð, af mönnum sem eru sérfróðir á þessu sviði. Á þeim stutta tíma sem liðið hefur frá því að þessi fsp. var upphaflega lögð fram hér á Alþ. og þangað til hún kom til umr. hefur geysimikið gerst í þessum málum, m. a. að birtar

hafa verið í erlendum fagtímaritum spár um það hvenær olíuútflutningur hæfist frá Íslandi, eða réttara sagt hvenær olíuvinnsla hæfist í nágrenni landsins. Þeir atburðir, sem þarna eru að gerast, gerast því mjög hratt vegna orkuástandsins í heiminum, og má vel vera að við höfum ekki mikinn tíma fyrir okkur til þess að hugsa okkur um, hvað við eigum að gera í þessum málum og hvernig við eigum að standa að því, vegna þess að við eigum erfitt um vik með að fá yfirráð yfir þeim auðlindum í hafinu í nágrenni Íslands sem fiskurinn er. Ef olían bætist nú þar ofan á, þá verður baráttan enn erfiðari fyrir okkur.

Ég vil taka það sérstaklega fram í þessu sambandi, að það hefur komið fram í erlendum blöðum að sú rannsóknarstarfsemi, sem stunduð hafi verið af erlendum aðilum í nágrenni Íslands, sé ekki aðeins vísindalegs eðlis. Skýrt er frá því í blaðinu New York Times, að um borð í skipinu Glomar Challenger, sem var hér við land og blaðið segir að hafi fundið olíu undan suðausturströnd Íslands, hafi m.a. verið sérfróðir fulltrúar olíufélaga. Þessir menn eru þarna auðvitað til að gæta hagsmuna sinna félaga, hinna miklu olíuauðhringa. Þeir eru komnir hingað til þess að vera fyrstir á vettvang, til þess að geta fyrstir gripið upp það sem finnast kunni. Það hefur einnig komið fram, að íslendingar hafi ekki fengið niðurstöðurnar af rannsóknum, sem framkvæmdar voru af Glomar Challenger. En olíuauðhringarnir í Bandaríkjunum hafa þessar niðurstöður í höndum.

Ég vil ljúka máli mínu með því að segja ykkur litla sögu, sem mér sagði einn af sérfræðingum okkar í landgrunnsmálum, sem tengd er þessum rannsóknum Glomar Challenger. Hann sagðist hafa hitt einn af þessum vísindamönnum fyrir nokkrum mánuðum og spurt hann að því hvort möguleiki væri fyrir íslendinga að fá eitthvað að vita um hver niðurstaðan af rannsóknunum hafi orðið. Þá hefði erlendi vísindamaðurinn brosað og sagt: „Ef þið hafið efni á því að kaupa vitneskjuna af okkur, annars ekki.“ Olíufélögin hafa efni á því að kaupa þessa vitneskju, íslendingar hafa það ekki. Þess vegna held ég að við ættum að fara okkur hægt í því að veita erlendum aðilum leyfi til rannsókna á jarðlögum á landgrunnssvæðinu í kringum Ísland, nema sjá svo um að þar sé um borð vísindamaður frá okkur sjálfum til þess að fylgjast með hvað þar fer fram og tryggilega sé gengið frá því að íslendingar fái sjálfir að sjá hvað út úr þessum rannsóknum kemur.

Rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti, fsp. (þskj. 95). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Á þskj. 95 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.: „Hvað líður rannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn í Bárðardal?“

Það er kunnugra manna mál, að við Íshólsvatn í Bárðardal séu hin álitlegustu skilyrði til vatnsvirkjunar. Tómas Tryggvason jarðfræðingur mun fyrstur hafa bent á þessa möguleika fyrir mörgum árum. Allmiklar athuganir munu hafa farið fram á þessum virkjunarmöguleikum. Hér er um það spurt á hvaða stigi þessar athuganir séu og hver sé niðurstaðan. Allir vita að á Norðurlandi er nú mikill raforkuskortur. Gert er ráð fyrir að Kröfluvirkjun og samtenging við önnur orkusvæði leysi bráðasta vandann í þessu efni. Engu að síður er tímabært að hyggja nú þegar að því, hvaða valkostir séu bestir þegar virkjun á Kröflusvæðinu lýkur.

Mikið hefur verið rætt um byggingu háspennulínu yfir hálendi Íslands milli orkustöðva norðanlands og sunnan. Frá Íshólsvatni að Sigöldu eru um 200 km en frá Íshólsvatni eru um 80 km til Húsavíkur og svipuð vegalengd til Akureyrar. Samtenging stórra orkustöðva á Norður- og Suðurlandi mundi auka mjög öryggi í orkumálum og jafna aðstöðu hinna ýmsu byggðarlaga til að njóta raforkunnar í uppbyggingu atvinnulífs. Líkur benda til að bygging virkjunar við Íshólsvatn gæti farið fram í áföngum og því væri virkjun þar hentug til að mæta vaxandi orkuþörf til almennra heimilisnota, upphitunar og smærri atvinnurekstrar. Aðstaða til vatnsmiðlunar er mikil, miðlunarlón eru í óbyggðum og sjálft er Íshólsvatn mikill vatnsgeymir, 5.2 ferkm að flatarmáli og meðaldýpt er 19 m.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Spurt er um, hvað líði rannsókn á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn. Rannsóknum á þessu virkjunarsvæði er tiltölulega skammt á veg komið. Það, sem gert hefur verið, er m.a. þetta: Lokið er mælingum fyrir yfirlitskort af virkjunarsvæðinu, en kort hafa ekki enn verið teiknuð. Vatnsmælingar hafa verið gerðar að staðaldri í Skjálfandafljóti við Goðafoss. Jarðfræðirannsókn hefur verið gerð á yfirborði svæðisins. En á hinn bóginn er langsamlega mesta rannsóknarverkefninu enn ólokið, það eru jarðboranir og jarðvatnsrannsóknir.

Svo sem til háttar um jarðfræði svæðisins eru miklar boranir nauðsynlegar áður en endanleg hönnun virkjunar við Íshólsvatn yrði framkvæmd. Telur Orkustofnun að taka muni 2—3 sumur að ljúka slíkum rannsóknum þótt vel yrði að þeim unnið.

Þegar Orkustofnun hefur gert samanburð á virkjunarmöguleikum þeim norðanlands sem fyrir liggja, þ.e.a.s. þeim stærstu, Dettifossi, Skjálfandafljóti, Blöndu og Jökulsá í Skagafirði, hefur niðurstaðan orðið sú hjá stofnuninni, að virkjun í Skjálfandafljóti sé ekki svo hagkvæm að ástæða hafi verið til að hraða sérstaklega þeirri rannsókn.

Ég vil svo til viðbótar taka fram að við athugun á virkjunarmöguleikum Skjálfandafljóts, og ég hef reynt að kynna mér það mál nokkuð eftir að ég tók við þessu starfi, kemur m.a. í ljós að sérfræðingum ber mjög á milli um þessa möguleika og hversu álitlegir þeir séu. Það var í jan. 1973 sem Orkustofnunin gaf út skýrslu „Virkjun Skjálfandafljóts“. Það verkfræðifyrirtæki, sem hafði undirbúið þá skýrslu, komst að þeirri niðurstöðu að stofnkostnaður á orkuein-

ingu væri mun hærri en við sambærilegar virkjanir á öðrum vatnasvæðum sem athuguð hafa verið. Virðist ekki ástæða til frekari athugunar með heildarnýtingu fljótsins í huga að sinni. Enn fremur segir sérstaklega varðandi virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn:

„Á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja, verður ekki séð, að hagkvæmari virkjun verði gerð á vatnasviði Skjálfandafljóts og ekki er líklegt, að frekari gagnaöflun breyti þessum niðurstöðum."

Það voru því neikvæðar niðurstöður, sem birtust í þessari skýrslu Orkustofnunar í jan. 1973. En í lok þessa sama árs gerðu tvö fyrirtæki, eitt íslenskt og annað erlent, sameiginlegt þjónustuboð um verkfræðistörf varðandi virkjun við Íshólsvatn, og niðurstöður þeirra við frumathugun voru á allt annan veg. Þar segir m. a.: „Athuganir þær, sem skýrsla þessi gefur til kynna, hafa sýnt, að geysimiklir möguleikar á beislun vatnsorku eru fyrir hendi á svæðinu umhverfis Íshólsvatn." Telja þau nauðsynlegt að framkvæma heildarhagkvæmnisathugun á svæðinu."

Loks er þess að geta, að ein verkfræðistofa enn hefur gert könnun á Skjálfandafljóti og m. a. borið saman þessar áætlanir eða skýrslur, sem ég hef getið um og eru svo ólíkar að niðurstöðu. Þetta verkfræðifyrirtæki, sem skilaði álitsgerð í okt. s. l., kemst að þeirri niðurstöðu um virkjun Skjálfandafljóts við Íshólsvatn, að þarna séu það álitlegir virkjunarmöguleikar að nauðsynlegt sé að rannsaka þá nánar. Svo virðist sem þarna megi reisa miðlungshagkvæma virkjun, þar sem orkuverð grunnorku yrði eitthvað hærra en orkuverð frá Sigöldu.

Það er því ljóst í fyrsta lagi, að rannsóknum við Skjálfandafljót og á þeim virkjunarmöguleikum, sem þar eru fyrir hendi, er skammt á veg komið. Það er ljóst enn fremur að þeim aðilum, sem þegar hafa rannsakað málið, ber mjög á milli um niðurstöður. Ég tel brýna nauðsyn bera til þess að fá nú gagngera athugun á þessum möguleikum og ég get tekið það fram sem mína persónulegu skoðun eftir því sem ég hef getað kynnt mér þessi gögn, að í Skjálfandafljóti virðast vera mjög álitlegir virkjunarmöguleikar.

Fyrirspyrjandi (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. iðnrh. fyrir glögg svör. Ég vil enn fremur taka undir þau ummæli hans að ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að þessir virkjunarmöguleikar verði athugaðir fremur en orðið er. Það verður að teljast dálítið einkennilegt að svo ósamhljóma upplýsingar skuli koma frá þrem mismunandi stofnunum sem raun ber vitni.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð hér um fleiri, en endurtaka það, sem ég benti á áðan, að þarna er ekki um mjög stóra virkjun að ræða og mér finnst fullkomin ástæða til, eins og málum er nú háttað í orkumálum okkar, að það verði vel að því gáð hvort virkjun á þessum stað leysir ekki einmitt á skynsamlegan hátt hluta af þeirri orkuþörf sem okkur er nú svo brýn.

Ég endurtek þakklæti mitt til iðnrh.

Virkjunarrannsóknir á Dettifosssvæðinu, fsp. (þskj. 95). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Til viðbótar þeirri fsp., sem ég mælti fyrir áðan um virkjunarmöguleika í Skjálfandafljóti, hef ég leyft mér á þskj. 95 að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hversu lengi hafa rannsóknir á virkjunarmöguleikum við Dettifoss staðið, hversu miklu fé hefur verið varið til þessara rannsókna og hverjar eru niðurstöður þeirra?"

Á undanförnum árum hefur verið varið miklu fé til rannsókna á virkjunarmöguleikum vatnsafls á Íslandi. Eitt það landssvæði, sem rannsakað hefur verið, er við Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum. Rannsóknir þessar hafa staðið árum saman. Oft hefur þess heyrst getið, bæði í ræðu og riti, að við Dettifoss væru ákjósanlegir möguleikar til stórvirkjunar.

Eins og öllum er kunnugt eru allar stórar vatnsaflsvirkjanir á landinu staðsettar á því sunnanverðu. Á suðvestanverðu landinu eru einnig öll þau stóriðjuver sem nýta mikið magn raforku. Sú uppbygging, sem á undanförnum árum hefur átt sér stað og er fyrirhuguð á næstunni í byggingu orkuvera og orkufrekra iðnaðarvera, er einn þáttur í byggðamótun, beinir fólki og fjármagni til þéttbýlisins á ákveðnum landshlutum. Þess vegna líta margir á það sem mikilvægt byggðamál, að hinum stærri orkuverum verði dreift um landið og nýtingu orkunnar til iðnaðar og annarra þarfa verði hagað þannig, að til jöfnunar horfi í byggðaþróun landsins.

Hér er ekki staður né stund til að ræða þá möguleika sem stórvirkjun við Dettifoss býður til eflingar atvinnulífi á Norðurlandi. En menn þar fyrir norðan eru sumir orðnir langeygðir eftir framkvæmdum, þykir sem langvarandi rannsóknir án frekari athafna séu sem dúsa upp í óvært barn. Þess vegna er hér spurt um niðurstöður þessara rannsókna.

Vel má drepa á það hér, að þarfir fyrir orkunotkun eru margvíslegar. Ekki er síst ástæða til þess að hyggja að upphitun húsa og hugsanlegri raforkunotkun sem kæmi á móti orkuþörfinni til upphitunar. Í sambandi við það er ástæða til að minna á hversu dreifikerfi rafmagns er vanmegnugt þess að flytja þá raforku um byggðir landsins sem fullnægir þörfum í nútíð og næstu framtíð. Eitt af þeim vandamálum, sem leysa þarf í sambandi við orkumálin, er endurbygging dreifiveitnanna að meira eða minna leyti og til þess þarf miklu meira fjármagn en það sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa yfir að ráða. Þessi fsp. um það, hversu langt sé komið orkurannsóknum eða virkjunarrannsóknum við Dettifoss er fyrst og fremst fram komin til þess að fá almennan fróðleik um það, hvernig að þessum málum hefur verið staðið á undanförnum árum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Rannsóknir við Dettifoss hafa staðið yfir allt frá árinu 1960. Á árunum 1960—1962 var varið fé til rannsóknanna er svarar að nútímaverðgildi 17 millj. kr. Síðan varð hlé á rannsóknum, en á árunum 1972—1974 að báðum meðtöldum var varið

til rannsóknanna sem svarar að nútímaverðgildi 14.5 millj. kr. Samtals má því telja að varið hafi verið 31.5 millj. kr. til þessara rannsókna með nútímaverðgildi.

Niðurstöður rannsóknanna eru í stuttu máli á þá leið, að við Dettifoss virðist mega gera hagkvæma vatnsaflsvirkjun, um 165 mw. að afli að áætlun eða mati Orkustofnunar og með um 1200 gwst. árlegri vinnslugetu. Í því sambandi er rétt að taka það fram, að í þessari áætlun er gert ráð fyrir þremur vélasamstæðum. Ekki er gert ráð fyrir skiptingu virkjunarinnar í áfanga umfram það, að fyrsta vélasamstæðan gæti að sjálfsögðu komið í notkun á undan hinum, en langsamlega mestur hluti stofnkostnaðar mundi koma samtímis við virkjunarframkvæmdir.

Rétt er að taka fram, að einnig hafa verið gerðar athuganir hjá Orkustofnun á öðrum virkjunarmöguleikum í Jökulsá á Fjöllum. Kannaður hefur verið möguleiki á að nýta stærri hluta af vatnsorku Jökulsár á Fjöllum í einni virkjun, u. þ. b. tvöfalt stærri en Dettifossvirkjun. „Ástæðan fyrir þessari könnun," segir í umsögn Orkustofnunar, „er sú, að verði Dettifoss virkjaður, er hæpið að afgangurinn af vatnsafli Jökulsár verði nýttur yfirleitt og útilokað má telja að nýta hann á hagkvæman hátt. Þessi stóra virkjun kynni að geta gefið álíka orkuverð og Dettifoss, en hún er mjög lítið könnuð enn þá. Henni verður tæplega skipt í áfanga, heldur yrði að gera hana í einu lagi, og hún þarf þannig um tvöfalt stærri orkumarkað en Dettifoss og tilsvarandi stærra fjárhagslegt átak."

Á þessa lund segir í skýrslu Orkustofnunar um þennan möguleika, sem hefur þó verið lítið kannaður enn þá. En það er rétt að skýra frá öðrum kafla í umsögn Orkustofnunar út af þessum fsp. Þar segir í sambandi við Dettifoss:

„Í ljós hefur komið, að jarðskorpuhreyfingar ættu ekki að hafa áhrif á byggingu stöðvarhúss virkjunarinnar, ef tillit er tekið til þeirra við staðsetningu þess. Á hinn bóginn verður ekki fullyrt, að jarðskorpuhreyfingar geti ekki valdið tjóni á stíflumannvirkjum virkjunarinnar, sem liggja munu þvert á sprungustefnuna. Við hönnun virkjunarinnar er tekið tillit til þessa með því að gera hana þannig úr garði, að hún verði ekki með öllu óstarfhæf, þótt stíflan skemmist."

Ég vil að endingu taka fram, að þó að undirbúningi að virkjun Dettifoss og rannsóknum á því svæði sé miklu lengra komið en varðandi Skjálfandafljót, sem við ræddum um áðan, skortir enn töluvert á um rannsóknir og áætlanagerð þannig að málið sé tilbúið til ákvarðanatöku. Ég vil segja það sama og ég sagði áðan varðandi fsp. um virkjun Skjálfandafljóts, að ég tel brýna nauðsyn að hraða rannsóknum og áætlanagerð, þannig að mál liggi svo ljóst fyrir varðandi hina miklu möguleika um virkjun Dettifoss, að áður en allt of langur tími líði sé unnt að taka ákvarðanir í því máli.

Fyrirspyrjandi (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir skýr svör. Ég er þeirrar skoðunar að það varði miklu, hvar næstu stórvirkjun verður valinn staður í landinu. Ég tel að það skipti miklu máli að þessum virkjunum verði dreift um landið, og mér sýnist á ýmsu að Dettifossvirkjun sé eitt af þeim verkefnum sem líklegt er að næst komi til álita þegar valinn verður staður fyrir stórvirkjun. Ég held að það skipti miklu fyrir almenna byggðaþróun í landinu, að næsta stórvirkjun verði í öðrum landshluta en hér sunnanlands.

Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að það sé mjög nauðsynlegt, að rannsóknum verði flýtt svo sem fremst er kostur við Dettifoss. Okkur finnst sumum, sem úti um landið búum, að virkjanirnar á Þjórsársvæðinu komi næstum eins og á færibandi án þess að nokkur viti af, en öll tregða sé mun meiri á framkvæmdum þegar lengra dregur frá þessu svæði.

Ég endurtek þakklæti mitt til hæstv. iðnrh. fyrir svör hans.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. um undirbúning virkjana sunnanlands og norðan vil ég taka undir það með honum, að miklu betur virðist hafa gengið og verði árangursríkara að gera áætlanir um virkjanir sunnanlands, eins og á Sogsvirkjunarsvæðinu á sínum tíma og á Þjórsársvæðinu nú. Má gera ráð fyrir því, að jafnvel fyrir lok þessa árs verði rannsóknum og áætlanagerð varðandi þriðju virkjun á Þjórsársvæðinu, þ. e. a. s. við Hrauneyjarfoss, svo langt komið að unnt sé að taka ákvörðun um hvort í þá virkjun skuli ráðist á næstunni eða ekki. Undirbúningi öllum er það langt á veg komið. Því miður verður ekki það sama sagt um virkjunarmöguleikana norðanlands. Ég held að þegar athugaðir eru stærstu virkjunarmöguleikar norðanlands auk Kröflu, sem nú er verið að undirbúa virkjun á, séu þeir einkum fjórir: Dettifoss, Skjálfandafljót, Jökulsá í Skagafirði og Blanda. En því miður er rannsóknum og áætlanagerð það skammt á veg komið, að erfitt virðist eða jafnvel ógerningur að taka ákvarðanir nú alveg á næstunni um neinar þessara virkjana. En ég tel brýna nauðsyn bera til þess og það er ákveðinn vilji fyrir því í iðnrn. að þessum rannsóknum sem ég nefndi um virkjunarmöguleika norðanlands verði hraðað svo sem föng eru á.

Kaup á Nesstofu, fsp. (þskj. 94). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á þskj. 94 ber ég fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.: „Hefur ríkisstj. ákveðið að nota heimild í fjárl. til að festa kaup á Nesstofu?"

Það verður nú að segjast eins og er, að þessari fsp. hefur þegar að nokkru verið svarað í dagblöðunum, og má vera að það komi að sama gagni, ef rétt er hermt, og því óþarfi að vera að ræða þetta mál hér úr því sem komið er. Ég vek þó athygli á því, að samkv. þingsköpum ber ráðh. að svara fsp. eigi síðar en 8 dögum frá því að fsp. var leyfð. Þessi fsp mín var lögð fram í byrjun des. og var á dagskrá 10. des. og síðan nokkrum sinnum, en ávallt tekin af dagskrá.

Nokkrar ástæður voru til þess að ég spurði um þetta mál á þessum tíma, m. a. sú að heimild

til þess að kaupa Nesstofu hefur öðru hverju verið í fjárl. a. m. k. allt frá árinu 1965. Heimildin var í fjárl. 1974, en ekki í fjárlagafrv. fyrir 1975. Þess vegna var fsp. borin fram á þessum tíma, í byrjun des., til þess að fá úr því skorið hvort kaupin yrðu gerð fyrir s. l. áramót. Svo varð ekki, en heimildin til kaupanna var sett í fjárlagafrv. við 3. umr. og samþ. Engu að síður er ástæða til að spyrja um þetta mál nú.

Öðru hverju hafa vaknað upp umr. um þetta mál. Það er starfandi félag áhugamanna um endurreisn Nesstofu, og mikill áhugi er meðal almennings í Seltjarnarneskaupstað og innan bæjarstjórnar þar, að þessu menningarmáli verði hrundið í framkvæmd. Það er ömurlegt að horfa upp á hús, sem hafa merka sögu að geyma, grotna niður og eyðileggjast meðan þjarkað er um verð fyrir slík menningarverðmæti. Það er vonandi ríkisstj. hvatning í þessu máli, að einstaklingur hefur gefið 2 millj. kr. til endurreisnar þessa staðar, í þeirri trú að sjálfsögðu að ríkið kaupi Nesstofu, lagfæri húsakost og komi þar upp safni og rannsóknarstofnunum. Þá ætti það einnig að hvetja til aðgerða, að bæjarstjórn Seltjarnarness hefur uppi áætlanir um ákveðnar stofnanir, sem rísa eiga í grennd við Nesstofu, þar sem um er að ræða t. d. hjúkrunarheimili og heilsugæslustöð. Fer vel á því, að slíkar stofnanir rísi í grennd við fyrsta landlæknisbústaðinn.

Mér sýnist ekki þörf á lengra máli, herra forseti, með þessari fsp. minni, en vænti nú greiðra og jákvæðra svara.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessari fsp. hv. þm. vil ég svara þannig: Ríkisstj. hefur ekki tekið ákvörðun um að nota heimildina til þess að festa kaup á Nesstofu. Hins vegar hefur málið verið rætt í ríkisstj. og í haust og í vetur hefur verið unnið að undirbúningi að kaupum töluvert mikið starf, og má segja að málið sé komið á það stig nú, að unnt sé að taka ákvörðun um, hvort keypt verði eða ekki keypt, alveg á næstunni.

Ég hef orðið var við áhuga þann, sem hv. fyrirspyrjandi lýsti hér á þessu máli, og alveg sérstaklega þær höfðinglegu gjafir, sem prófessor Jón Steffensen hefur afhent og verja skal til þess að gera við húsið eftir að ríkissjóður hefur eignast það, ef að því ráði verður horfið, sem ég vona að verði. Ég get tekið undir ummæli hv. þm. um minjagildi þessa gamla húss.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Á tímum þegar sjálfsagt þykir að geyma danskar vöruskemmur, sem byggðar hafa verið hér á landi, er ekki óeðlilegt þó að ýmsum komi til hugar að varðveita Nesstofu. Líklega er bygging Nesstofu upphaf að batanum í okkar heilbrigðisþjónustu. Nesstofa var ekki einungis bústaður fyrsta landlæknis okkar og læknaskóli, heldur dvöldu þar síðan 4 landlæknar og meira en hálfa öld var hún aðsetur landlækna. Einnig er talið, að þar sé e. t. v. okkar fyrsta sjúkrahúsbygging, bygging sem notuð var sem almennt sjúkrahús, því að landlæknirinn hafði þar að jafnaði hjá sér sjúklinga, og mjög líklegt að þar hafi verið byggt sérstakt hús einmitt í þessum tilgangi. Auk þess var þarna lengst af lyfjabúð. Má því segja að þessi staður eigi sér merka sögu í heilbrigðisþjónustu íslendinga og þess vegna vel til fallið að hann verði geymdur og honum meiri sómi sýndur hér eftir en hingað til.

Fyrirspyrjandi (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans og ég fagna því að málið virðist komið á það stig, að hægt sé að taka ákvörðun í því. Ég læt í ljós þá von, að ákvörðun hæstv. ríkisstj. verði þess efnis að Nesstofa verði keypt.

Sameinað þing, 37. fundur.

Þriðjudaginn 4. febr., að loknum 36. fundi.

Bifreiðatryggingar, þáltill. (þskj. 252). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kostnaður á veitt kíló af bolfiski, þáltill. (þskj. 93). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Öryggisþjónusta Landssímans, þáltill. (þskj. 97). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Síldarverksmiðjur ríkisins í Grindavík, þáltill. (þskj. 83). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, þáltill. (þskj. 86). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Till. þessi var einnig flutt á þinginu 1973—1974 og þá af okkur hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmasyni, og hæstv. núv. menntmrh. Ráðh. er af eðlilegum ástæðum ekki flm. nú, en í hans stað kemur hv. 3. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að komið verði á fót stofnlánasjóði sem hefði það hlutverk að veita stofnlán til kaupa á vörubifreiðum, langferðabifreiðum og stórvirkum vinnuvélum.“

Í framsöguræðu fyrir máli þessu í fyrra rakti ég helstu ástæðurnar fyrir flutningi till. af þessu

tagi. Ég lét þess þá getið, að hún væri fram komin fyrst og fremst vegna eindreginna óska ýmissa þeirra aðila úti á landsbyggðinni, sem átt hefðu í miklum erfiðleikum með að afla fjármagns til kaupa á þessum dýru atvinnutækjum, — atvinnutækjum sem þó verða að teljast nauðsynleg í mörgu tilliti og sum ómissandi varðandi t. d. samgöngur einstakra landshluta. A það var þá bent, að öll þessi atvinnutæki verða fullkomnari og þar með dýrari með ári hverju og erfiðleikarnir því sífellt meiri að komast yfir þau nema fyrir fjársterka aðila sem sjaldgæfir eru í þeim landshlutum sem við flm. þekkjum til í. Fjármagnið er nær eingöngu fengið með skammtíma víxillánum eða erlendum lánum og er hvort tveggja jafnóaðgengilegt og óhægt að byggja á einvörðungu, auk þá eigin fjár þeirra sem kaupa.

Einhverra úrræða verður að leita til aðstoðar þessum aðilum. Annars verða þessi annars ágætu atvinnutæki eingöngu í eigu stórfyrirtækja og voldugra verktaka, en það yrði ekki hagstætt fyrir þróun þeirra mála sem þessi atvinnutæki snerta. Allra verst yrði þó landsbyggðin úti í þeim efnum. Fólks- og vöruflutningar á landi teljast til hinnar nauðsynlegustu þjónustu í landinu, og stórvirkar vinnuvélar ryðja sér æ víðar til rúms við hvers kyns framkvæmdir. Atvinnurekstur eins og þessi hlýtur að eiga einhvern rétt til ákveðinna stofnlána. Að sjálfsögðu eiga allir okkar höfuðatvinnuvegir aðgang að stofnlánasjóðum, og ekki hefur okkur til hugar komið að varðandi þennan atvinnurekstur gæti komið til fyrirgreiðsla í öllu hliðstæð því sem þeir höfuðatvinnuvegir okkar njóta. Stofnlánasjóður eins og sá, sem hér er verið að fitja upp á, yrði í fyrstu veikur, þótt sérstök fyrirgreiðsla Framkvæmdasjóðs eða annarra aðila kæmi til, og því vart að búast við stórum hlut í byrjun. En svo kunnugur er ég fjárhagsvandræðum margra þeirra sem eiga hlut að máli, að 25—30% lánsfyrirgreiðsla úr stofnlánasjóði með tiltölulega hagstæðum kjörum til langs tíma mundi gerbreyta allri þeirra aðstöðu, þótt auðvitað væri brýn nauðsyn að geta a. m. k. komið til móts við þá í ríkara mæli eða jafnvel allt að helmingi kostnaðar.

Þessi fjárhagsvandræði, sérstaklega manna úti á landsbyggðinni, hafa haft þau áhrif að mjög hefur verið á Byggðasjóð sótt um lánsfyrirgreiðslu og hefur sjóðurinn séð sig til knúinn að koma í sumu til móts við lánsþörf nokkurra þessara aðila, og eigendur stórvirkra vinnuvéla hafa átt þar kost vissrar fyrirgreiðslu, að uppfylltum ýmsum skilyrðum, m. a. meðmælum sveitarfélaga eða þá ræktunarsambanda. Við flm. teljum, að Byggðasjóður eigi hér aðeins að taka þátt í að hluta og þá sérstaklega þar sem um sérstaka örðugleika er að ræða í rekstri og aðstöðu allri, komi sem sagt inn í dæmið sem hreinn viðbótaraðili til þeirra úti á landsbyggðinni sem örðugast eiga uppdráttar. Að öðru leyti viljum við létta þessu verkefni af Byggðasjóði, sem þrátt fyrir nokkra fjármagnsaukningu hefur nóg önnur verkefni við að glíma.

Sú mótbára hefur heyrst gegn þessari till. og er um margt eðlileg, að nóg sé til af sjóðum á landi hér og lítil ástæða við að bæta. En erfitt mun þó að finna þann sjóð, sem gæti tekið þetta viðbótarverkefni að sér með nokkrum rétti, nema þá Byggðasjóður að óverulegu leyti. Við flm. teljum hins vegar sjálfsagt, að í þessu efni verði sem flestar leiðir kannaðar, t. d. að stofnlánadeild, sem leysti þennan vanda, yrði komið á laggirnar hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, — reyndar hef ég heyrt nú síðustu dagana, að þess væri jafnvel að vænta að einhverri slíkri stofnlánadeild yrði þar komið upp og Framkvæmdasjóður kæmi til móts við þarfir þessara aðila, — eða þá að einhverjum ríkisbankanum, sem einnig kemur til greina, yrði falið að sinna þessu viðfangsefni. En okkur sýnist hins vegar engan veginn vansalaust, að eðlileg stofnlán skuli ekki fást til heilbrigðrar og sjálfsagðrar fjárfestingar í þessum tækjum, sem skipta millj. kr. að verðmæti, sérstaklega þegar þess er gætt að þetta eru mikilvæg þjónustutæki mörg hver í þágu almennings.

Fróðir menn um þessi mál hafa bent mér á það, að í raun þyrfti að breyta um leið veðlögum, þannig að atvinnutæki sem þessi yrðu veðhæf að fullu. Það sýnist raunar sjálfsagt sanngirnismál og yrði þá vitanlega breytt, ef af samþykkt till. yrði og henni hrundið eftir einhverjum leiðum í framkvæmd.

Ekki skal, eins og áður er að vikið, nein dul á það dregin, að efst í huga okkar flm. eru þau skilyrði og sú aðstaða, sem fjölmargir aðilar á landsbyggðinni búa við varðandi kaup þessara tækja, og ekkert úr því dregið, að í flestum tilfellum eru lánamöguleikar þeirra í bankakerfinu minni en hér munu vera á höfuðborgarsvæðinu, og gildir það raunar um fleira eða flest.

Ég tek fólksflutningafyrirtækin alveg sérstaklega fyrir. Þýðing þeirra og þjónustustarfsemi er hafin yfir efa í landshlutum okkar flm. Þessi atvinnurekstur er of víða í hættu af þeirri ástæðu að endurnýjun tækjakosts hefur dregist úr hömlu og hann því víða alls ófullnægjandi. Að vísu má segja, að ónógu og slæmu skipulagi þessara mála sé að nokkru um að kenna.

Ég man það held ég rétt, að á þingi 1972 hafi verið samþ. hér á Alþ. till. frá hv. 5. þm. Vesturl., Skúla Alexanderssyni, um bætt skipulag þessa þjónustuþáttar. En um framkvæmd í anda þeirrar till. veit ég ekki og hygg raunar að framkvæmdin sé í algeru lágmarki, svo að ekki sé meira sagt. Skipulag þessara mála í þjónustu fólksins er ekkert smámál og ég hygg að eftir till. Skúla hefðu þau komist í sæmilega framkvæmd. Eftir þeim leiðum, sem hún vísaði til, hefði verið kleift að koma þessum áætlunarferðum í hagfelldara, þægilegra og notadrýgra form fyrir almenning en oft er nú. En til þess þarf tækjakosturinn líka að vera til staðar og hann sem bestur. Þar þarf til að koma einhver sú leið til aðstoðar, sem hér er farið fram á. Ég hef orðið þess var, að sumir líta svo á og óttast það mjög, að stofnun sjóðs sem þessa gæti haft það í för með sér, að stórir verktakar og stór fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu mundu óðar gleypa sjóð þennan að mestu, svo sem lengi var t. d. með Iðnlánasjóð að því mér er tjáð. Reyndin gæti því orðið sú, að þeir, sem við helst bærum fyrir brjósti, sætu eftir með sama

vandann, sama lánsfjárskortinn. Þessi hætta kann að vera fyrir hendi, en hún ætti ekki að vera meiri en hjá öðrum slíkum sjóðum. Eins hljótum við að treysta því, að höfuðtilgangurinn verði ekki fyrir borð borinn, en þannig um hnútana búið að þeir, sem örðugasta aðstöðu kunna að hafa, sætu einmitt fyrir þeirri fyrirgreiðslu sem sjóðurinn veitti. Hins vegar er ekki hægt í þáltill. sem þessari að taka ákveðið upp neina algilda úthlutunaraðferð, en því treyst að hún yrði sem réttlátust. Á það skal einnig bent, að ég hygg að þessir umræddu stóru verktakar með sínar stóru bifreiðar og stórvirku vinnuvélar hafi ekki átt við neinn óviðráðanlegan lánsfjárskort að etja, enda verið með fleira í takinu, og ég hygg, að bankadyrnar standi þeim opnar en einhverjum smákörlum úti á landsbyggðinni. Það er því fjarri okkur að ætla að leysa þeirra mál sérstaklega, þvert á móti.

Við flm. leggjum á það áherslu, að vel þurfi að athuga og finna hér heppilega leið til lausnar Við leggjum ekki til neina sérstaka fjáröflun, ákveðna eða skilyrðislausa, en bendum á tvennt sem hvort tveggja hlýtur að koma til skoðunar: annars vegar að Framkvæmdasjóður leggi til ákveðið lánsfé, svo og að til komi gjald frá eigendum þessara atvinnutækja, sem þeir skiluðu til sjóðsins eftir ákveðnum reglum. Verði Framkvæmdasjóði falin þessi aðstoð, þá fellur fyrri leiðin að sjálfsögðu þar inn í. Hitt hlýtur svo að teljast sjálfsagt, enda fetuð þar sama slóð og aðrir stofnlánasjóðir hafa farið. Einnig hefur það verið nefnt við okkur, að eðlilegt gæti talist að ríkissjóður veitti árlegt framlag á fjárl. til þessa sjóðs. En við treystum okkur ekki til að fara fram á það, þótt fordæmi séu fyrir hendi sem auðvelt er á að benda. Um lánaprósentu gerum við engar till. heldur, enda fullsnemmt að taka nokkra ákveðna stefnu þar. Hins vegar ítreka ég enn þá skoðun okkar flm., að ef af stofnun sjóðs sem þessa verður, þá verði hann sem færastur gerður til þess að létta þeim aðstöðuna sem hafa hana erfiðasta, jafnt til kaupa atvinnutækjanna sem til rekstrarins, því að vissulega þyrftu til að koma eðlileg rekstrarlán til þeirra, sem t. d. leysa alvarleg vandamál samgangna og vöruflutninga í einangrun ýmissa afskekktra byggðarlaga. Þjónustuþátturinn í þessum rekstri er okkur fyrir mestu og hann þarf að rækja sem best. Við teljum þetta eina leið að því marki og hana býsna mikilvæga.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lagning byggðalínu fyrir árslok 1975, þáltill. (þskj. 165). — Fyrri umr.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Sú þáltill., sem við hv. 3. þm. Norðurl. v. flytjum hér í Sþ., hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að vinna að því eftir fremsta megni að lokið verði lagningu byggðalínunnar svokölluðu norður í Varmahlíð í Skagafirði fyrir árslok 1975. Jafnframt heimilar Alþ. ríkisstj. að taka nauðsynleg lán, erlendis og innanlands, til að framkvæma þetta verk."

Einhverjum kann að finnast að ekki sé gott í ári nú til að hraða framkvæmdum sem þessari. Satt er það að í mörg horn er að líta og þörfin er víða brýn. Ég hygg þó að færa megi sterk rök fyrir því, að af því hlytist mjög umtalsverður sparnaður fyrir þjóðfélagið ef hægt yrði að flýta þessu verki svo sem hér er gert ráð fyrir. Fram hefur komið að gert er ráð fyrir að lögð verði háspennulína frá Andakílsárvirkjun norður að Laxárvatnsvirkjun í Húnavatnssýslu á árinu 1975. Til þess að flutningsgeta þeirrar háspennulínu gagnist Norðurlandi öllu þarf að leggja línuna áfram frá Laxárvatnsvirkjun að Varmahlíð í Skagafirði. Sú leið er um 41 km. Það, sem farið er fram á í þáltill., er því í reynd lagning þessarar línu umfram það verk sem fyrirhugað er.

Ef þess er einhver kostur að þessi lína verði lögð, álít ég að fá eða engin verk, sem við eigum kost á að framkvæma á árinu, mundu svo fljótt skila arði sem þetta. Áætlað er, að á árinu 1976 þurfi að framleiða um 40 millj. kwst. með dísilolíu á Norðurlandi. Fram hefur komið af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins að kostnaður við framleiðslu hverrar kwst. sé um eða yfir 10 kr., þar af um 6 kr. olíukostnaður. Ekki sparast þessi kostnaður allur þótt byggðalínan komi í Skagafjörð, en meginhluti olíukostnaðarins ætti að sparast og einhver hluti annars rekstrarkostnaðar. Áætlaður heildarkostnaður við lagningu byggðalínunnar sjálfrar, þ. e. a. s. staura og lagningu víra á þá, er um 750 millj. kr. og vegalengdin öll frá Hvalfirði norður í Varmahlíð um 226 km. Hvort að því er stefnt að ljúka lagningu byggðalínunnar í einum áfanga eða skilja eftir kaflann frá Laxárvatnsvirkjun að Varmahlíð, virðist því ekki skipta meginmáli kostnaðarlega. En meginhluti þess vanda, sem byggðalínan á að leysa, leysist ekki fyrr en samband er komið í Skagafjörð. Þar og á austanverðu Norðurlandi notast mestur hluti þeirrar raforku sem nú er framleidd með dísilvélum.

Samkv. þeim tölum, sem ég áður nefndi, er kostnaður við lagningu sjálfrar línunnar frá Laxárvatnsvirkjun að Varmahlíð innan við 140 millj. kr. á núgildandi verðlagi. Gert er ráð fyrir að kostnaður við spennuvirki á byggðalínunni allri verði um 270 millj. Þegar annars vegar er hafður í huga sá gífurlegi kostnaður sem framleiðsla rafmagns með dísilorku hefur í för með sér, og hins vegar áætlaður kostnaður við lagningu byggðalínu, kemur í ljós að lagning byggðalínunnar hlýtur að vera hagkvæm framkvæmd frá fjárhagslegu sjónarmiði, miðað við að ástandið væri látið óbreytt uns Kröfluvirkjun kemur í gagnið. En hagkvæmni byggðalínunnar byggist þó fyrst og fremst á því að hún verði reist fljótt og komist sem fyrst í gagn. Olíusparnaður árin 1976 og 1977 ætti að geta greitt stóran hluta stofnkostnaðar línunnar. Séu hins vegar fyrir hendi önnur úrræði til að leysa orkuvanda norðlendinga fljótt og vel, er sjálfsagt að athuga þau gaumgæfilega. Þó verður að leggja áherslu á að allt hik í lausn þessara mála virðist sama og tap. En sé þess kostur að fá á þessu ári ódýra orku á Norðurlandi til að

leysa dísilorkuna af hólmi, er sú lausn auðvitað álitlegust.

Annað atriði, sem við flm. þáltill. teljum mikilvægt í sambandi við skjóta lausn raforkumálanna eða raforkuvandans á Norðurlandi, snýr að húsbyggjendum. Eins og er hefur að mestu eða öllu leyti verið lokað fyrir ný leyfi til rafhitunar húsa. Allir eru þó sammála um að sjálfsagt sé að stefna að rafhitun húsa á þeim svæðum landsins sem ekki geta notið jarðvarma í framtíðinni. Nú er víða byggt mikið af íbúðarhúsnæði á Norðurlandi, og mjög óheppilegt er að húsbyggjendum sé meinað að nota rafmagn til hitunar húsa sinna. Ef byggðalínan kemur alla leið í Varmahlíð á þessu ári eða önnur skjót lausn fæst á orkuskortinum ætti strax að mega leyfa rafhitun húsa að nýju.

Ástæða er til að taka það fram hér að lagning byggðalínu frá Suðvesturlandi norður er engin frambúðarlausn á orkuskorti norðlendinga, enda eru nú aðrar framkvæmdir áætlaðar til þess. Svo löng lína sem byggðalínan fyrirhugaða verður seint svo úr garði gerð að bilanahætta verði ekki mikil. Þess má geta að háspennulínan frá Akureyri vestur í Varmahlíð bilaði tvisvar á árinu 1974 vegna þess að snjóflóð féllu á línuna. Samt sem áður hefur sú lína gegnt mikilsverðu hlutverki í orkukerfi Norðurlands síðan hún var reist og sparað mikla dísilorku. Með nýrri 7 mw. dísilstöð á Akureyri, sem verið er að byggja, er allvel fyrir varaafli séð á austanverðu Norðurlandi að öðru en því að dreifa þyrfti varaaflsstöðvunum um þéttbýlisstaði meira en nú er. Þess vegna skal það enn tekið fram að byggðalínan leysir að vísu úr bráðasta vanda, en felur aðeins í sér einn þátt í framtíðarlausn orkuvandamálsins.

Enn er rétt að geta þess að ekki er fyrir hendi ótakmörkuð raforka sunnanlands. Að því er fróðir menn telja er þó nægileg afgangsorka flesta daga ársins til að mæta þörfinni á Norðurlandi. Nokkra daga, en fáa, fæst þessi orka ekki. Þörfin fyrir varaafl er því fyrir hendi jafnt eftir sem áður. Hinn almenni ólíusparnaður er því mest virði af því sem vinnst ef byggðalínan verður lögð á skömmum tíma.

Ég geri ráð fyrir að nokkrir örðugleikar séu á því að fá efni til byggðalínunnar á svo stuttum tíma sem hér er gert ráð fyrir. Afgreiðslufrestur mun vera alllangur á ýmsum efnisvörum til háspennulínulagna. Hinu er erfitt að trúa, að miklu muni hvort við er bætt efni í 41 km milli Laxárvatnsvirkjunar og Varmahlíðar eða ekki. Slíkt veldur naumast úrslitum um efnisútvegun, en ræður úrslitum um notagildi byggðalínunnar, eins og reynt hefur verið að sýna fram á.

Herra forseti. Ég læt nú máli mínu lokið og leyfi mér að leggja til að till. verði vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jafnrétti sveitarfélaga í dreifbýli og Reykjavíkur í húsnæðismálum o. fl., þáltill. (þskj. 112). — Ein umr.

Flm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 112 till. til þál. um jafnrétti sveitarfélaga í dreifbýli og Reykjavíkur í húsnæðismálum og um fjárhagslega fyrirgreiðslu vegna byggingar einingarhúsa. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að endurskoða lög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 58 frá 30. apríl 1973. Endurskoðun þessari skal þannig háttað að fjármögnun og fyrirgreiðsla ríkisins við byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga, þar sem ekki hafa verið byggðar íbúðir samkv. 1. gr. laga nr. 97 22. des. 1965, verði sveitarfélögunum jafn hagkvæm og sú fyrirgreiðsla sem veitt er við þær íbúðir sem byggðar hafa hafa verið af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Enn fremur skal þess gætt að veitt verði nægileg fyrirgreiðsla við fjármögnun til byggingar einingarhúsa, enda reynist þau samkeppnisfær um verð og gæði.“

Till. fylgir grg., sem ég mun nú lesa hluta af, með leyfi hæstv. forseta:

„Nokkur undanfarin ár hafa stjórnvöldin stuðlað að framkv. þróttmikillar byggðastefnu. Stórfelld atvinnuuppbygging hefur átt sér stað um land allt. Jafnvel í þeim byggðarlögum, þar sem árstíðabundið atvinnuleysi ríkti og kyrrstaða var í öllum framkvæmdum, hefur nú skipt um til hins betra, stórvirk framleiðslutæki hafa verið keypt og atvinnulíf stendur í blóma.

Fólki fjölgar í dreifbýlinu og það hefur öðlast nýja trú á lífsbjargarmöguleika þar. Þessi þróun má ekki stöðvast. Byggðarlögum er ekki einhlítt að eignast hagkvæm framleiðslutæki. Nauðsynlegt er að sjá einnig fyrir húsnæðisþörf sveitarfélaganna í dreifbýlinu.

Vorið 1973 voru samþ. á Alþ. lög um byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga. Þessi lagasetning var þörf og tímabær, svo sem umsóknir hinna ýmsu sveitarfélaga um íbúðarlán bera gleggst vitni um. Þó kemur í ljós við framkvæmd l., að þar njóta sveitarfélögin í dreifbýlinu hvergi nærri jafnhagstæðra kjara og Reykjavík og nágrannasveitarfélög hafa notið hvað varðar byggingar samkv. l. nr. 97 frá 22. des. 1965, um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, samkv. reglugerð um íbúðabyggingar ríkisins og Reykjavíkurborgar frá 28. apríl 1967.

Það er skoðun flm. að sveitarfélög í dreifbýli eigi skilyrðislaust að njóta sama réttar og sömu fyrirgreiðslu og ríkisvaldið hefur veitt Reykjavíkurborg við íbúðabyggingar.“

Þannig hljóðaði fyrri hluti grg. Hvert er svo þetta misrétti sem sveitarfélög í dreifbýli verða við að búa samanborið við Reykjavík og nágrannasveitarfélögin? Þetta kemur glöggt í ljós ef bornar eru saman þær reglugerðir sem starfað er eftir. Ég mun nú lesa, með leyfi hæstv. forseta, 1. og 5. gr. reglugerðar um úthlutun lána og byggingu 1000 leiguíbúða sveitarfélaga frá 26. febr. 1974.

1. gr. reglugerðarinnar hljóðar þannig:

„Á árunum 1974—1978 er húsnæðismálastjórn heimilt að veita sveitarfélögum, þar sem ekki hafa verið byggðar íbúðir samkv. 1. gr. l. nr. 97 22. des. 1965 og íbúar þeirra ekki átt kost á íbúðum samkv. því lagaákvæði, lán til byggingar á allt að 1000 leiguíbúðum með þeim lánakjörum sem hér greinir:

a) Lánsfjárhæð nemi allt að 80% af byggingarkostnaði íbúða.
b) Lánstíminn skal vera 33 ár.
c) Lánin skulu vera afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum.
d) Lánakjör skulu að öðru leyti vera hin sömu og E-lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins."

5. gr. hljóðar þannig:

„Sveitarfélög skulu leggja til land án endurgjalds undir íbúðarhús sem byggð eru samkv. þessari reglugerð.

Lán Byggingarsjóðs má nema allt að 80% af kostnaðarverði íbúðanna og er þá miðað við íbúðir fullgerðar, tilbúnar til notkunar. Íbúðirnar skulu byggðar úr varanlegu efni, vandaðar að öllum frágangi, en án íburðar. Húsin skulu vera fullfrágengin að utan, lóðir skulu fullfrágengnar samkv. byggingarskilmálum hvers byggðarlags, en óheimilt er að lána út á bílskúra eða telja kostnað við þá með byggingarkostnaði íbúða sem lán eru veitt til samkv. þessari reglugerð."

Þannig hljóða þessar reglugerðargreinar um leiguíbúðir sveitarfélaga í dreifbýli. Og nú mun ég lesa, með leyfi hæstv. forseta, 1. og 2. gr. reglugerðar um íbúðabyggingar ríkis og Reykjavíkurborgar frá 28. apríl 1967. 1. gr. þeirrar reglugerðar er svo hljóðandi:

„Á árunum 1966—1970 skulu byggðar 1250 íbúðir í Reykjavík á vegum ríkisins og Reykjavíkurborgar í samvinnu við verkalýðsfélögin, svo sem nánar er lýst í reglugerð þessari."

2. gr. „Fjármagn til byggingaframkvæmda þessara skal ríkið útvega að ⅘ hlutum, en Reykjavíkurborg að ⅕ hluta, enda verði eignar- og ráðstöfunarréttur á íbúðum þessum í sömu hlutföllum af hálfu hvors aðila.

Þannig hljóða reglugerðarákvæðin um Breiðholtsíbúðirnar í Reykjavík. „Fjármagn til byggingarframkvæmda þessara skal ríkið útvega að 4/5 hlutum, en Reykjavíkurborg að 1/5. " — Um dreifbýlisíbúðirnar er orðalagið hins vegar: „Heimilt er að veita sveitarfélögum, þar sem ekki hafa verið byggðar íbúðir samkv. 1. gr. l. nr. 97 22. des. 1965" — þ. e. Breiðholtsfyrirkomulagið — „lán til bygginga." Og síðar í staflið a) „Lánsfjárhæð nemi allt að 80% af byggingarkostnaði íbúða." — Allt er það orðalag með öðrum svip og loðnara þegar reglugerðin er um skyldur ríkisins við dreifbýlið, sveitarfélögin. Við höfum ekki átt þess kost að fá sömu eða svipaða fyrirgreiðslu og ríkið veitti Breiðholtsframkvæmdunum. Í mínum huga er mikill munur á heimild og skyldu.

Það er gott að Reykjavík hefur fengið sitt Breiðholt. En bæir og þorp úti á landi hefðu líka þurft að fá sín litlu Breiðholt, en því var ekki að heilsa. Setning laga um Breiðholtsíbúðirnar og framkvæmd þeirra stórfelldu áætlunar hafði forgangsfyrirgreiðslu í Byggingarsjóði ríkisins, e. t. v. vegna skylduákvæðisins m. a. Og auðvitað hefur alltaf vantað fé í þennan blessaðan Byggingarsjóð. Lögbundinn forgangur Breiðholts hefur þannig að sjálfsögðu sogað fjármagn frá byggingarframkvæmdum á landsbyggðinni.

Setning laga um leiguíbúðir sveitarfélaga í dreifbýli, nr. 59 frá 20. apríl 1973, var vafalaust hugsuð af hæstv. fyrrv. ríkisstj. sem jafnvægisráðstöfun, rétting á hinum skerta hlut dreifbýlisins, viðurkenning á því að nú væri röðin komin að okkur dreifbýlingum, byggðastefna í húsnæðismálum. Þörfin er brýn fyrir þessar leiguíbúðir. 15. okt. í haust höfðu borist umsóknir um 984 íbúðir. Nú fyrir jólin voru þessar umsóknir komnar upp í hálft 15. hundrað eða því sem næst. Undirbúningi umsókna hefur að vísu sjálfsagt verið áfátt frá hendi einhverra þessara sveitarfélaga, en óeðlileg töf Húsnæðismálastofnunar á því að úrskurða, hverja meðferð ætti að veita umsóknunum og hvaða kjör stæðu sveitarfélögunum til boða, skapaði verulega óvissu og mjög mikið óhagræði sumra þeirra sveitarfélaga sem áttu von á því að fá leyfi til þess að hefja framkvæmdir í vor, en fengu ekki leyfi fyrr en byggingartíma var lokið í haust. Þess háttar frestun á framkvæmdum kom sér mjög illa í ýmsum tilfellum sem ég þekki, enda verðlagsþróunin með þeim hætti í landinu.

Dreifbýlisfólki þykir stundum sem það eigi formælendur fáa hjá stjórn Húsnæðismálastofnunar, þótt ekki séu þar allir undir sömu sök seldir. Ég er þess fullviss að stjórn Húsnæðismálastofnunar er skipuð hinum bestu mönnum og góðviljuðum, en aukin tengsl þeirra við dreifbýlið hygg ég að væri til bóta, og búseta í Reykjavík er ekki að mínum dómi neitt höfuðskilyrði fyrir hæfni til setu í stjórn þeirrar stofnunar.

Um þessa vafninga Húsnæðismálastofnunnar urðu á s. l. sumri snörp og að sumu leyti þörf blaðaskrif. Fjölmargar ályktanir bæjarstjórna, hreppsnefnda og fjórðungsþinga á landsbyggðinni voru gerðar, þar sem úrbóta og jafnréttis var krafist. Ég mun — með leyfi hæstv. forseta — lesa eina örstutta ályktun. Hún er frá samstarfsfundi fjórðungssambanda sem haldinn var á Ísafirði 8. sept. í haust. Þessi samstarfsfundur er fundur forráðamanna allra landshlutasamtaka:

„Samstarfsfundurinn átelur seinagang og stjórnleysi í framkvæmd laga um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga. Ónógur undirbúningur húsnæðismálamálastjórnar hefur komið í veg fyrir að sveitarfélög hæfu framkvæmdir nú í ár. Vill fundurinn að í stað heimildar Byggingarsjóðs til að lána 80% kostnaðarins við leiguíbúðir verði það í lögum skylda hans. Eðlilegt er að sérstök framkvæmdanefnd, sem skipuð sé fulltrúum landshlutasamtakanna, hafi yfirstjórn um framkvæmd áætlunar um byggingu leiguíbúða. Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr búsetutilfærslum til Reykjavíkur og Reykjanessvæðis er aukin lánafyrirgreiðsla til íbúðabygginga í dreifbýli."

Þannig hljóðaði ályktun samstarfsfundar landshlutasamtakanna um leiguíbúðirnar. Loksins komu byggingarleyfin og fyrirheitin um fjármagnsfyrirgreiðslu — nokkur byggingarleyfi — ég held að það hafi verið veitt eitthvað í kringum 100. Sú niðurstaða er þó þakkarverð, því að það er betra seint en aldrei. En þessi saga má ekki endurtaka sig og þetta skapar óþolandi öryggisleysi. Þess vegna verður að breyta lögunum þannig að reglugerðarákvæðin verð samræmd og dreifbýlinu tryggt lögbundið jafnrétti við höfuðborgarsvæðið. Dreifbýlið hefur dregist mjög aftur úr í húsnæðismálum og stóráták er vissulega

þörf. Leiguíbúðahugmyndin er eðlilega lausn á hluta þess húsnæðisvanda sem fólkið í bæjum og þorpum á landsbyggðinni á við að stríða.

Ég vil nefna húsnæðismál á Blönduósi sem dæmi um húsnæðisvanda. Þetta er blómlegt þorp með nokkuð traustu atvinnulífi og vafalaust nokkuð bjarta framtíð fyrir sér sem miðstöð viðskipta, þjónustu, iðnaðar og samgangna í góðu og víðlendu héraði. Á Blönduósi hefur á undanförnum árum vaxið upp margt af duglegu og myndarlegu efnisfólki. Þetta fólk giftist og vill stofna heimili, en til þess að svo megi verða þarf það að byggja yfir sig ef það vill vera kyrrt, en ekki flytja hér suður. Við húnvetningar höfum orðið að sjá á eftir of mörgum suður, þótt sem betur fer hafi margir ráðist í það að byggja fyrir norðan, jafnvel með tvær hendur tómar. Aðkomumenn, sem hafa haft hug á því að setjast að á Blönduósi, hafa orðið frá að hverfa þar sem þeir fengu hvergi inni og þorðu ekki að byggja á ókunnum stað og festa þar fé sitt til frambúðar, ef þeim kæmi svo ekki til með að líka vistin. Þannig höfum við misst suður margar fjölskyldur sem fengur hefði verið að fá í héraðið.

Blönduós er ekkert einsdæmi. Ég fullyrði að svipað ástand er í öllum bæjum og þorpum á Norðurl. v. og sjálfsagt er svo um land allt. Húsnæðisskorturinn stendur þessum þéttbýlisstöðum fyrir þrifum og atvinnuuppbyggingu þeirra.

Þá mun ég ræða nokkuð um síðari lið till., að veitt verði nægileg fyrirgreiðsla við byggingu einingarhúsa, og vil ég nú — með leyfi hæstv. forseta — lesa niðurlag grg. þeirrar sem ég lét fylgja þáltill.:

„Þar sem nú eru að rísa á legg fyrirtæki sem byggja einingarhús í fjöldaframleiðslu og líklegt er að þeir byggingarhættir geti orðið til þess að lækka verulega byggingarkostnað og stytta byggingartíma mjög mikið í framtíðinni, er eðlilegt að sérstök áhersla sé lögð á það að þeir þættir byggingariðnaðar nái að þróast. Núgildandi lánareglur Húsnæðismálastofnunar eru þessum byggingarháttum ekki fullnægjandi þar sem fyrirtæki, sem skila næstum fullbúnum verksmiðjuframleiddum einingarhúsum, svo sem Húseiningar hf. á Siglufirði, verða að festa geysimikið fé í byggingarefni og geta ekki veitt kaupendum langan greiðslufrest þar til lán Húsnæðismálastofnunar greiðist. Flm. telur réttmætt og mjög nauðsynlegt að bundið verði í löggjöf um Húsnæðismálastofnun, hvernig þessi vandi skuli leystur á hagfelldan hátt."

Hér lýkur grg. og við hana vil ég bæta þessu: Á síðustu árum, þó einkum síðan viðlagasjóðshúsin tóku að flytjast til landsins, hafa augu margra íslendinga opnast fyrir þeirri hagkvæmni, þeim kostum, sem stöðluð verksmiðjuframleiðsla húsa hefði í för með sér. Í stað þess að mæta hinum mikla og sívaxandi kostnaði við módelsmíði einbýlishúsa og tvíbýlishúsa eingöngu með því að setja hverja íbúðina ofan á aðra og upp við aðra, eins og algengt hefur verið, þá hafa nokkur fyrirtæki risið á legg hér á landi og hafið verksmiðjuframleiðslu einingarhúsa. Það hefur sýnt sig og á að sjálfsögðu eftir að sýna sig enn þá gleggra þegar þessir byggingarhættir hafa náð að þróast betur, að hér er fundin sú lausn sem víða getur hentað fólki því sem heldur kýs að búa í einbýlishúsi en í blokk, án þess þó að húsnæðiskostnaður í einbýlishúsi þurfi að verða meiri en ef um íbúð í blokk væri að ræða.

Þessi fyrirtæki, sem framleiða einingar til húsagerðar, haga framleiðslu sinni með ýmsu móti. Sum þeirra framleiða stórar steinsteyptar einingar sem eru hentugar nærri verksmiðju, einkum þar sem völ er á góðum tækjakosti, krönum, vögnum og lyfturum, til uppsetningar. Önnur framleiða smærri einingar og léttbyggðari sem henta mun betur við þær aðstæður sem algengastar eru í dreifbýlinu, þar sem hagkvæmni í flutningum frá verksmiðju á byggingarstað skiptir miklu máli og stórvirk hjálpartæki við byggingar ekki fyrir hendi. Flest þessi fyrirtæki hafa orðið að miða framleiðslu sína við það að skila kaupendum húsunum fokheldum. Þau hafa samið sig að þeim starfsháttum sem Húsnæðismálastofnun hefur haft um lánveitingar, þannig að kaupendur húsanna hafa ekki þurft að snara út við móttöku húss eins miklu fé, og lán þau, er Húsnæðismálastofnun veitir út á fokheld hús, hafa hentað vel til fjármögnunar. Hins vegar hefur kaupandi hússins átt eftir mjög mikinn og kostnaðarsaman hluta verksins og tímafrekan.

Önnur fyrirtæki hafa hins vegar valið þann kost að skila húsunum sem allra mest frágengnum, þannig að heildarbyggingartími hefur verið ótrúlega stuttur og kaupandi fengið strax not af fjárfestingu sinni. Ég er nokkuð kunnugur rekstri eins þess háttar fyrirtækis, þ. e. Húseininga hf. á Siglufirði. Þetta fyrirtæki selur fullbúin timburhús og lætur reisa þau, þannig að kaupandi þarf einungis að gera grunn hússins, en getur síðan flutt inn í fullbúið og vandað einbýlishús að örskömmum tíma liðnum. Kaupandi getur valið um nokkrar teikningar. Verð þessara húsa er mjög lágt miðað við íbúðarverð í dag, en það þarf að borga það. Fyrirtækið getur ekki lánað kaupanda mikinn hluta húsverðsins á meðan hann bíður eftir húsnæðismálastofnunarláni sínu, ef það er veitt samkv. núgildandi reglum og afgreiðslumáta stofnunarinnar. Þetta tímabil frá byggingu hússins og til þess tíma er lán berst verður með einhverjum hætti að brúa. Skoðun mín er sú að þessi framleiðsla, þessi byggingarháttur gefi svo góðar vonir og sé svo álitlegur að einskis megi láta ófreistað til þess að hann nái að þróast og hljóta verðuga útbreiðslu. Menn mega ekki láta vissa ókosti sumra viðlagasjóðshúsanna glepja sér sýn.

Við þau ólánlegu vaxtakjör, sem við búum við í dag, er augljóst að skammur byggingartími er eitt meginatriðið til þess að halda byggingarkostnaði niðri. Enn fremur ber okkur að hafa það í huga að við eigum stórt og gott land, íslendingar. Við eigum að veita okkur þann munað að gefa þeim fjölskyldum, sem þess óska, tækifæri til þess að njóta kosta einbýlishúss án þess að þau þurfi að verða rándýrar byggingar.

Þessi áætlun, 1000 leiguíbúðir sveitarfélaga í dreifbýli, er mikið og fjárfrekt fyrirtæki, 5 milljarðar eða kannske talsvert meira á árunum 1974—1978. Ef tækist að lækka byggingarkostnað,

þó að ekki væri nema um ca. 5%, mundi það nema mjög hárri upphæð, 250 millj. 10% sparnaður mundi nema um 500 millj., 15% 750 millj., 20% sparnaður mundi nema milljarði, þannig að það er eftir nokkru að sækja. Ég er sannfærður um að framleiðsla eins og t. d. Húseininga hf. á Siglufirði mundi henta ýmsum sveitarfélögum mjög vel, enda hafa nokkur sveitarfélög þegar ákveðið að byggja sínar leiguíbúðir í einingarhúsum.

Húsnæðismál — það að hafa þak yfir höfuðið — er ein af frumþörfum okkar íslendinga. Verulegur hluti af tekjum hverrar fjölskyldu fer til þess að standa straum af húsnæðiskostnaði. Mjög verulegur hluti þjóðarteknanna hefur verið notaður í því skyni. Þess hefur enda verið full þörf og meiri þörf hér en víðast mun hjá öðrum þjóðum, þar sem næstum því allt íbúðarhúsnæði þjóðarinnar hefur verið byggt á síðustu 50 árum. Auk þess krefst veðurfar okkar þess að við reisum vandaðar byggingar.

Löggjöf um húsnæðismál hlýtur að vera breytingum undirorpin, eftir því sem ágallar eldri löggjafar koma í ljós. Þáltill., sem ég flyt hér nú, bendir á þau tvö atriði sem gera verður kröfu um að betur verði háttað en núgildandi lög ákveða. Þótt hér séu aðeins talin þau tvö atriði sem mér þykja brýnust til úrlausnar, er ekki þar með sagt að ekki séu mörg fleiri atriði sem nauðsynlegt sé að lagfæra, einkum ef nægilegt fé er fyrir hendi og tiltækt hjá Húsnæðismálastofnuninni.

Nokkru eftir að ég lagði fram þessa þáltill. mína á þskj. 112 báru tveir hv. þm., þeir Kjartan Ólafsson og Lúðvík Jósepsson, fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, á þskj. 205. Þeir benda þar á nokkur atriði sem þeir vilja breyta, m. a. að gera 80% fjármögnun ríkisins á leiguíbúðum að skyldu, svo sem lagt er til í þáltill. minni, enn fremur hækkun lánsupphæðar, endurbótalán á eldra húsnæði og einnig fjármagn til kaupa á gömlum íbúðum. Enn fremur leggja þeir til aðra tilhögun á láns- og vaxtakjörum til leiguíbúða heldur en gert er í gildandi lögum. Öll eru þessi atriði til bóta fyrir húsbyggjendur að mínum dómi og æskileg þótt ekki vegi þau jafnþungt í mínum huga og þau tvö sem ég benti á í þáltill. minni. Hefðum við bara nóga peninga til ráðstöfunar, þá væru þau öll sjálfsögð, — „ef maður ætti sög," sagði Jón Hreggviðsson. Ég hef ekki trú á því að það sé fyllilega raunhæft að tala um 2% vexti nú á þessum missirum, einkum eftir að vextir voru hækkaðir með þessum ódæmum síðla á ráðherraferli hv. flm., Lúðvíks Jósepssonar. En þar fyrir er ég sammála því að þessar leiguíbúðir verða nokkuð dýrar — það verður mjög dýrt að búa í þeim. Það þýðir ekki annað en gera sér grein fyrir því.

Ég vil ljúka máli mínu, herra forseti, með því að segja að ég treysti hv. Alþ. til þess að sjá um það að sveitarfélög í dreifbýli fái skilyrðislaust að njóta jafnréttis við höfuðborgarsvæðið hvað varðar fyrirgreiðslu til húsnæðismála. Þetta er réttlætismál, og það er óviðunandi fyrir okkur landsbyggðarfólk að það nái ekki fram að ganga.

Eftir þessa umr. í dag vil ég gera það að till. minni að málinu verði vísað til athugunar hjá hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Öryggisbúnaður flugvalla, þáltill. (þskj. 138). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 138 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um öryggisbúnað flugvalla, er svo hljóðar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar gera athugun á því, hvernig komið verði upp á sem skemmstum tíma nauðsynlegum öryggisbúnaði á flugvöllum landsins."

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hvað flugsamgöngur eru orðinn stór og mikilvægur þáttur í samgöngumálum hér á landi. Flugfloti landsmanna vex ár frá ári. Flogið er víðs vegar um byggðir landsins allan ársins hring. Flutningur er af öllu tagi: fólk, fénaður og hvers konar varningur. Auk þess veitir flugið ákaflega mikla og nauðsynlega þjónustu. Sumar byggðir landsins verða nær eingöngu að treysta á flugferðir, a. m. k. að vetrarlagi og þegar mikið liggur við, svo sem þegar slys og sjúkdóma ber að höndum. Oft hefur verið teflt á tæpasta vaðið í slíkum ferðum, enda aðstæður víða erfiðar og ófullnægjandi.

Till. þessari fylgir skrá um flugvelli. Þeir eru nú hátt í 100 að tölu, stórir og smáir. Sums staðar er um reglubundið áætlunarflug að ræða, svo sem skrá þessi ber með sér. Aðrir flugvellir, einkum hinir smærri, eru ekki notaðir nema í neyð eða brýnni nauðsyn. Víðast er mikilla endurbóta þörf að því er að öryggiskröfum lýtur. Það er sjálfsagt að viðurkenna að margt hefur þokast í rétta átt til aukins öryggis í flugmálum undanfarin ár. Oftast hefur líka sem betur fer giftusamlega til tekist við erfið skilyrði. En betur má ef duga skal í þessum efnum sem öðrum. Undirbúa þarf ný átök í flugöryggismálum.

Þessi till. snýr að öryggisbúnaði flugvalla. Allir, sem eitthvað þekkja til þessara mála, vita að honum er víða ábótavant. Flugmálastjórnin og öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna hafa gert ýmsar tillögur til úrbóta í þessum efnum á flugvöllum landsins. Er nánar vikið að því í grg., en nefna má sem dæmi að lýsing á flugvöllum er víða ófullkomin eða engin og aðflugstæki og önnur allra nauðsynlegustu öryggistæki eru ekki til staðar. Það er skoðun mín að hér sé um að ræða mjög mikilvægt öryggismál fyrir alla landsmenn, það sé því nauðsynlegt að láta hið allra fyrsta athuga, hvernig best og haganlegast verði að þessum málum unnið á sem skemmstum tíma.

Ég legg til að máli þessu verði vísað til allshn. þegar umr. verður frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipan opinberra framkvæmda, þáltill. (þskj. 173). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Á þskj. 173 höfum við hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, leyft okkur að flytja till. til þál., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta endurskoða rækilega núgildandi lög um skipan opinberra framkvæmda. Sérstakt samráð skal haft við Samband ísl. sveitarfélaga um endurskoðun þessa. Ríkisstj. skal síðan á næsta Alþ. leggja fram lagafrv. um þetta efni í samræmi við þær niðurstöður sem endurskoðunin leiðir í ljós."

Eins og fram er tekið þegar í grg., er till. þessi ekki fram borin að tilefnislausu. Í fersku minni eru öllum mikil blaðaskrif og umr. út af lögum þeim sem lagt er til að hér verði tekin til endurskoðunar. Hér var um að ræða afar einfalda og smáa framkvæmd á okkar mælikvarða, byggingu læknamóttöku á Breiðdalsvík, en framkvæmd sem hafði þó ómetanlega þýðingu fyrir umrætt byggðarlag. Var þar hjartans mál íbúanna og eðlileg viðbrögð þeirra og sárindi út af þeirri meðferð málsins eru skiljanleg okkur sem til þekkjum. Þessi lög og framkvæmd þeirra komust þar svo sannarlega í sviðsljósið, og þótt ég vilji þar ekki gerast neinn dómari, þá má a. m. k. fullyrða að hjá mér og án efa miklu fleirum hafa vaknað ærið miklar efasemdir um réttmæti ákvæðinna lagaákvæða, að ekki sé talað um einstrengingslega framkvæmd þeirra. Jafnhliða því er rétt að taka skýrt fram að þörf lagaákvæða um svo mikilvæg málefni er jafnsjálfsögð engu að síður. En þau ákvæði og framkvæmdin sjálf mega hins vegar ekki stangast á við eðlilegt réttlæti eða skynsemi.

Áður hafði hér á Alþ. verið rifjuð upp grátbrosleg saga um lagaframkvæmd þessa og túlkun kerfisins á lögunum varðandi læknabústað á Hólmavík, — saga sem svipar meira til sagna Münchausens en raunverulegrar staðreyndar í dag. Er dæmi koma upp eins og þessi á Hólmavík og Breiðdalsvík, hljóta að vakna ýmsar spurningar um lagaframkvæmd yfirleitt, þátt Alþingis í þeim, reglugerðarþátt rn. og síðast, en ekki síst, þátt hins margumtalaða kerfis í framkvæmdum okkar og vald ýmissa embættismanna til hliðar við eða ofar valdi sjálfs Alþ. Þessi mál öll ná vitanlega langt út fyrir þessi sérstöku lög og eru svo sannarlega umhugsunarverð í hvívetna, ekki síst fyrir okkur sem eigum að heita löggjafaraðilinn og eigum þar að bera fulla og óskoraða ábyrgð, einnig á allri framkvæmdinni.

Þær raddir gerast æ háværari, einkum úti á landsbyggðinni, að Alþ. sé að verða æ meiri afgreiðslustofnun, ekki fyrir þá ríkisstj. sem situr á hverjum tíma, svo sem oft er þó í raun, heldur fyrir embættismennina, ráðuneytisstjórana og hina ýmsu forstöðumenn einstakra stofnana. Dæmi eins og þau, sem ég nefndi hér í upphafi, styrkja þessa skoðun í hvívetna, og ef grannt er skoðað felst í þessum ásökunum viss sannleikur. Um þetta eru reglugerðirnar hvað skýrast dæmi og um leið alvarlegast, þó svo aldrei nema ráðh. skrifi undir þær í nafni löggjafaraðilans.

Fá eru þau lög, sem sett eru hér á Alþ., öðruvísi en í þeim sé að finna setningu eins og þessa: Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð. Reglugerðirnar túlka svo þessi sömu lög oft á allt aðra lund en raunverulegur andi laganna, markmið og meining öll segja til um. Ég átti sæti í n. sem samdi frv. til l. um jöfnun námskostnaðar. Ýmis ákvæði þeirra voru þess eðlis að talið var að nánari skýringar þyrftu að koma í reglugerð. Sum atriði voru felld út úr l. sjálfum, þ. e. nánari ákvörðun um túlkun. N. hafði uppi ákveðnar till. um sumt af því og ég treysti því að reglugerðin mundi þá geyma þær till., en sú varð ekki raunin nema að mjög litlu leyti.

Oft er deilt hér á Alþ. um anda og efni laga, mismunandi skilning sem menn leggja í hin einstöku ákvæði. Um mörg þessara atriða sker úr sú reglugerð sem alls ekki þarf að vera í neinu samræmi við meirihlutavilja eða jafnvel einróma skilning alþm. Það hlýtur því að fara að verða knýjandi nauðsyn að a. m. k. nefndir viðkomandi þingmála eða laga fjalli um og samþykki þær reglugerðir, sem settar eru um hin einstöku lög, eða séu hafðar með í ráðum við setningu reglugerðanna. Nýleg dæmi er að finna varðandi mismunandi skilning á greiðslu olíustyrksins til þeirra sem hita upp með rafmagni, þar sem olíuverð hefur ótvírætt hækkunaráhrif. Um þetta heyrðum við glögglega nokkuð mismunandi túlkun núv. og fyrrv. viðskrh. í umr. í haust, og mér er til efs að enn sé hér að fullu kominn úrskurður. Væntanlega eru það þó embættismenninir sem þar leggja þá línu sem fylgja á ef ráðh. tekur ekki beint í taumana.

Ég skal ekki eyða lengri tíma í þetta mál. En þó er enginn vafi á því að hér þarf að spyrna við fótum og Alþ. þarf á einhvern hátt að verða virkari aðili að framkvæmd þeirra laga sem það setur. Um hana má aldrei ríkja alræðisvald embættismanna sem geta jafnvel stundað túlkun þeirra að eigin geðþótta, ef þeim þykir það henta.

Þessi lög um skipan opinberra framkvæmda snerta önnur lög sérstaklega sem við setjum ár hvert og eiga að verða vilji Alþ. um framlög til hinna einstöku framkvæmda í landinu í skólamálum, heilbrigðismálum og samgöngumálum, svo að eitthvað sé nefnt, þ. e. sjálf fjárl. Það er að vonum að mönnum þyki ákveðin fjárupphæð á fjárl. hverju sinni lítils virði, ef einhvers staðar í kerfinu okkar, rn. eða stofnunum, er mögulegt með alls kyns brögðum að gera þessar tölur að engu í raun, svo sem um eru dæmi. Þetta eru þó þær tölur sem leggja á til grundvallar fyrst og fremst. Öll viðmiðun við þær á vitanlega að vera réttur mælikvarði á framkvæmdavilja Alþ. Þegar svo þar við bætist að viðkomandi stofnun eða rn. gerir ákveðnar till. til þingsins um fjárveitingar, oft svo seint að fjvn., hvað þá þm. einstakra kjördæma, gefst alls ekki tóm til nógu vandlegrar og rækilegrar íhugunar og breytinga, svo sem við höfum gleggst dæmi frá síðustu fjárlagaafgreiðslu, þá verður enn brýnni nauðsyn á því að tölur fjárl. fái þó að standa óhreyfðar af þessum sömu stofnunum eða embættismannavaldinu í heild.

Svo að ég snúi mér beint að till. sjálfri, þá fer hún í sjálfu sér ekki fram á annað en rækilega endurskoðun laga um opinberar framkvæmd-

ir, endurskoðun sem hlýtur að teljast eðlileg krafa þegar upp hafa komið alvarleg mál varðandi lagatúlkun og framkvæmd og ekki síður í ljósi þeirra staðreynda sem í heild liggja fyrir um löggjöfina sjálfa, vankanta hennar sjálfrar eða nauðsyn nýrra og skýrari ákvæða sem fyrirbyggi ónauðsynlega árekstra og einstrengingshátt í allri framkvæmd. Við flm. erum síður en svo að draga úr eða efa gildi löggjafar sem þessarar í mörgum greinum. Það hef ég áður tekið fram. Í grg. er bent á hverjar voru helstu röksemdirnar fyrir setningu hennar á sínum tíma. Og þær röksemdir eiga fyllsta rétt á sér og eru ekki síður framkvæmdaaðilanum heima fyrir mikilvægar, því að eflaust hefur oft skort á það að undirbúningur allur hafi verið nægilega tryggður í hvívetna. Hins vegar liggur sú staðreynd ljós fyrir, að í verðbólguþjóðfélagi okkar fer því fjarri að nokkrar fjármögnunaráætlanir, hversu vel sem þær hafa verið undirbúnar í byrjun, standist í raunveruleikanum, og aldrei verið fjær því en nú í dag.

En góður undirbúningur verka á ekkert skylt við ýmislegt það smásmygli, sem mál geta strandað á í kerfinu svo að vikum og mánuðum skipti, þó að ekki sé nú horfið alla leið til Hólmavíkur. Löggjöfin má sem sagt í engu verka sem óeðlilegur hemill á nauðsynlegar framkvæmdir, því síður að ómerkja þær fjárhæðir til framkvæmda sem eru samkv. fjárl. hvers árs og gilda eiga og ráða öllum framkvæmdahraða. Verst er ef þessum einstrengingshætti er beitt gegn minni sveitarfélögunum sem hafa í flestu lakasta aðstöðu til þess að heimta leiðréttingu sinna mála, — ef þau eru beinlínis notuð til að greiða veg einnar framkvæmdar, en hindra aðra, þannig að fjármagni sé ráðstafað meira í eina framkvæmd en ráð var fyrir gert í fjárl. með því að tefja fyrir og hindra framgang annarra. Ekki er ég að fullyða að hægt sé að benda á bein dæmi hér um. En um þetta hefur heyrst hörð gagnrýni, m. a. frá sveitarstjórnarmönnum á landsbyggðinni, sem hafa í mörgu slæma sögu að segja í þessum efnum og vilja einmitt fá fram endurskoðun og vissar breytingar á þessum lögum nú. Þannig ályktuðu landshlutasamtök vestra, nyrðra og eystra a. m. k. um þessi mál í haust, að fyllsta ástæða væri til að kanna rækilega hvað er hæft í gagnrýninni og hverju á að breyta í réttlætis- og skynsemisátt. Eigin reynsla af máli þeirra á Breiðdalsvík bendir svo sannarlega til að meira sé hæft í gagnrýni þessari en þeir vilja vera láta sem með mál þessi fara.

Nú er rétt að undirstrika að vissulega á Alþ. hér beina aðild að með þátttöku í n. þeirri sem fer með lagaframkvæmdina, þ. e. form. fjvn. er einn nm. En það breytir engu um skyldu Alþ. að kanna öll þessi mál rækilega og hafa sérstakt samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um endurskoðun alla. Þar er um að ræða þann sameiginlega aðila, þ. e. fulltrúa þeirra sem harðast hafa gagnrýnt þessi lög, og mótrök og leiðréttingar ættu þá að koma skýrt fram og síðan yrði að vega það og meta að hve miklu leyti yrði tekið tillit til þess.

Ég hygg að framsögu þessa þurfi ekki að hafa öllu lengri. Löggjöf okkar þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Ný löggjöf þarf sinn tíma til að sannreyna gildi sitt og galla, og nær 5 ár ættu að vera hæfilegur mælikvarði. Því leggjum við nú einmitt til í ljósi hinnar hörðu gagnrýni að löggjöf þessi sé endurskoðuð og á næsta Alþ. verði nýtt endurskoðað lagafrv. lagt fram í þessu efni.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 38. fundur.

Miðvikudaginn 5. febr., kl. 2.05 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 31. jan. 1975.

Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess að 1. varamaður Alþb. í Norðurl. v., Hannes Baldvinsson síldarmatsmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed.“

Það þarf að rannsaka kjörbréf Hannesar Baldvinssonar og bið ég kjörbréfanefnd að taka við kjörbréfinu og rannsaka það og fær hún 10 mín. til umráða. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Hannesar Baldvinssonar síldarmatsmanns á Siglufirði sem 1. varaþm. Alþb. í Norðurl. v. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neina galla á kjörbréfinu og leggur til samhljóða að kjörbréfið verði samþ. og kosning Hannesar Baldvinssonar tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hannes Baldvinsson hefur áður setið á Alþ. og hefur undirritað eiðstaf, og býð ég hann velkominn til starfa.

Neðri deild, 39. fundur.

Miðvikudaginn 5. febr., kl. 2 miðdegis.

Háskóli Íslands, frv. (þskj. 76). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 273).

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frv. (þskj. 263). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 205). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 259). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Launajöfnunarbætur, frv. (þskj. 258). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92, n. 254 og 264, 265). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Hæstv. forseti. Ég þarf raunar ekki að hafa hér mörg orð um þetta mál. N. hefur um það fjallað og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess frekar en vænta mátti. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl., þeir hv. þm. Magnús T. Ólafsson og Kjartan Ólafsson, leggur til að frv. verði felllt, en gera þó till. um breyt. á því.

Eins og ég sagði hefur þetta mál verið svo mjög rætt að undanförnu, bæði í hv. Ed. og eins hér í d. og raunar í fjölmiðlum, að ég býst ekki við því að mikið nýtt kæmi fram þótt ég reyndi að rekja í löngu máli rök þau sem fyrir því eru að gera þessa breytingu.

Mergurinn málsins er sá, að menn virðast nú um það sammála að Alþ. eigi að kjósa útvarpsráð. Áður hafa verið uppi till. um annan hátt á kosningu útvarpsráðs, m. a. að útvarpshlustendur kysu það með einhverjum hætti, Háskólinn tilnefndi menn o. s. frv. Nú virðast menn hallast að því, að Alþ. eigi að kjósa útvarpsráð, og þá telur meiri hl. rétt að útvarpsráð sé skipað í samræmi við vilja meiri hl. Alþ. á hverjum tíma og þess vegna sé eðlilegt að útvarpsráð sé kosið að afstöðnum Alþingiskosningum. Þetta er það sem við í meiri hl. leggjum til að samþ. verði.

Að því er varðar brtt. hv. minni hl. menntmn., þá veit ég satt að segja ekki hvort á að taka þá till. alvarlega eða hvort hún er einhvers konar grínþáttur í skammdeginu. Mér finnst alveg fáránlegt að engir þeir, sem fullnægja skilyrðum til að vera í Blaðamannafélagi Íslands, megi vera í útvarpsráði. Það eru einmitt margir þeir menn, sem besta aðstöðu hafa til að fylgjast með ýmsum málum og hafa á þeim sérþekkingu. Að leggja til að þeir séu ekki kjörgengir finnst mér fráleitt og skil varla að hv. þm. meini það alvarlega að útiloka eigi þá menn frá kjörgengi. Sama vil ég segja um alla þá menn sem annast, eins og sagt er í till., „kynningarstarfsemi eða upplýsingamiðlun hjá fyrirtækjum, samtökum eða stofnunum." Þar er um að ræða fjölmarga menn í þjóðfélaginu, sem vinna t. d. hjá ASÍ, Vinnuveitendasambandi Íslands og óteljandi opinberum stofnunum og einkastofnunum, sem auðvitað annast meiri og minni upplýsingamiðlun til almennings, en ættu ekki af þeim sökum að vera útilokaðir frá þátttöku í útvarpsráði, það finnst mér fráleitt. Auðvitað er góðra gjalda vert að reyna að komast hjá því að hagsmunaárekstrar verði, eins og um er talað í nál. þessara hv. þm., en þetta finnst mér allt of langt gengið. Það yrðu jafnvel hundruð manna útilokaðir frá þátttöku í útvarpsráði af þessum sökum og í mörgum tilfellum menn sem einmitt hafa sérþekkingu, sem mundi nýtast þeim vel í útvarpsráði, og þau sambönd mundu auðvelda þeim þar störf.

Að tala um ofríkisverk valdhafa og annað í þeim dúrnum í nál. finnst mér líka vera fyrir neðan sæmd tillögumanna. Það er auðvitað ekki um nein ofríkisverk að ræða. En útvarpshlustendur sjálfir meta það hvernig núverandi meiri hl. útvarpsráðs hefur þar haldið á málum. Ég ætla ekki að leggja á það dóm. Það gerir hver og einn sem hefur fylgst með störfum útvarps og sjónvarps síðustu árin. En ég held að sæmd Alþ. væri mest að afgr. nú þetta mál sem allra fyrst og ræða það ekki öllu meira, því að varla kemur margt nýtt nýtilegt fram, þótt umr. séu enn dregnar á langinn.

Frsm. minni hl. (Kjartan Ólafsson): Hv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. menntmn. í þessari hv. d., en að því minnihlutaáliti stendur auk mín hv. þm. Magnús T. Ólafsson. Við höfum einnig leyft okkur að leggja fram brtt. á þskj. 265 og mun ég hér á eftir koma nokkru nánar að efni brtt. okkar og víkja að nál.

Efni þess frv., sem hér er til umr., er ekki flókið. Frv. er aðeins ein setning. Hv. alþm. er öllum kunnugt hver sú setning er, hvert efni hennar og innihald er, í stuttu máli það, að í stað þess að útvarpsráð skuli kjörið til 4 ára í senn og þá óháð alþingiskosningum, þá gerir hið nýja frv. hæstv. ríkisstj. ráð fyrir því að útvarpsráð skuli jafnan kjörið að loknum hverj-

um alþingiskosningum, hvort sem þær fara fram árlega, sem stundum gæti verið, eða aðeins á fjögurra ára fresti.

Um þetta mál urðu harðar deilur á hv. Alþ. fyrir jólaleyfi þm. Í Ed. fóru fram 3 umr. um málið og d. afgr. það frá sér hingað til Nd., en hér í Nd. fór aðeins fram 1. umr. á næturfundi sem stóð fram til kl. að ég hygg u. þ. b. 2 um nóttina a. m. k., og í báðum d. var mjög um þetta deilt og sýndist sitt hverjum.

Af hálfu ríkisstj. var svo að sjá, að mikið kapp væri á það lagt að ljúka afgreiðslu þessa máls fyrir jólaleyfi, og fór ekki milli mála að að því var stefnt. Fulltrúi Alþb. í menntmn. Ed., þegar málið var þar til meðferðar, var veðurtepptur í kjördæmi sínu norðanlands. Hann bar fram óskir um það, mjög alvarlegar, að málið væri ekki afgr. út úr n. að sér fjarstöddum, en ef n. vildi þoka því nokkuð áleiðis að sér fjarverandi, þá yrði látið duga að senda það til umsagnar eins og venja er hér á Alþ. Þessari alvarlegu ósk var neitað og þar með farið á svig, að mínu viti, við þingleg vinnubrögð. Kappið var svo mikið að koma málinu fram, að það mátti ekki dragast einn dag að afgr. það í Ed. Það var sýnt að hugmynd þeirra, sem áhugasamastir voru um að koma þessu máli fram, var sú að það skyldi í gegnum þingið fyrir jólaleyfið. Þegar málið kom á dagskrá hér í Nd. var hins vegar brátt sýnt að það væri með öllu óraunhæft að ætla að afgr. þetta mál fyrir jólaleyfið, nema þá því aðeins að menn legðu til hliðar hin veigamestu mál, svo sem afgreiðslu fjárl. fyrir jól. Niðurstaðan varð sú að málið fór þá aðeins í gegnum 1. umr. hér í Nd.

Ég vil minna á það, að við umr. í hv. Ed. fyrir jólaleyfi lét hv. forseti þeirrar d. Þorv. Garðar Kristjánsson, sem lengi hefur átt sæti í útvarpsráði, í ljós mjög alvarlegar og rökstuddar efasemdir um að sú skipan, sem hér er lögð til varðandi kjörtímabil útvarpsráðs, væri heppileg frá almennu sjónarmiði ríkisútvarpsins, og það voru mjög eðlilegar og rökréttar skoðanir sem þar komu fram frá hv. þm. sem á sæti í útvarpsráði. En það var brugðið ákaflega skjótt við af hálfu hans samflokksmanna og hann var hirtur opinberlega í helsta málgagni flokksins, Morgunblaðinu, með þeim hætti sem mjög óvenjulegt er að komi fyrir um einstaka alþm. í málgögnum þeirra flokka. Ég er ekki gjörkunnugur vinnubrögðum innan Sjálfstfl. og kann þess vegna ekki vel að meta vægi slíkrar hirtingar almennt. En í þessu ákveðna tilviki kom hún nokkurri breytingu til leiðar. Að vísu tókst ekki að kúga þennan hv. þm. og meðlim útvarpsráðs til að greiða atkv. með því frv. sem hér liggur fyrir, en það tókst að koma því fram, að hann lét sér duga að sitja hjá. Það var hálfur sigur, en ekki allur. Ég vil minna á það hér til stuðnings þeirri fullyrðingu minni, að hér sé ekki og eigi alls ekki að vera um að ræða deilumál, þar sem annars vegar hópist menn undir merki ríkisstj. og hins vegar stjórnarandstöðunnar, heldur beri hv. alþm. skylda til að spyrja sjálfa sig vandlega, sína eigin samvisku, að það voru reyndar fleiri en þessi eini hv. þm. í Ed. úr stuðningsmannahópi ríkisstj., sem ekki vildu veita frv. brautargengi, a. m. k. einn hv. þm. Framsfl. í þeirri d. neitaði einnig að greiða atkv. með þessu ákveðna frv.

Í hv. menntmn. þessarar d. lá þetta frv. þangað til þing kom saman á ný. Fyrir nokkrum dögum var kallaður saman skyndifundur í þeirri hv. n., sem ég á sæti í. Hann hefur staðið í hæsta lagi í 10 mínútur, og þar var þetta mál afgr. Þessi fundur var boðaður af formanni hv. menntmn. Nd., Ingvari Gíslasyni, fjarverandi. Það vakti athygli mína óneitanlega að svo skyldi vera. Það skyldi þó aldrei vera að tækifærið hafi verið gripið til að afgr. málið einmitt vegna þess, að hv. alþm. Ingvar Gíslason, formaður menntmn. Nd., var fjarverandi.

Við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. var það athyglisvert að enginn, ekki einn einasti þm. Framsfl. sá ástæðu til að taka til máls við þær umr., sem hér fóru fram, utan hæstv. menntmrh. einn. Ég vil beina því til hv. þm. Framsfl., þeirra sem eiga sæti í þessari d., að þeir láti í ljós nú við 2. umr. hver er skoðun þeirra á þessu máli. Þeir, sem sátu hér á næturfundi við 1. umr., heyrðu röksemdarfærslu og boðskap hv. þm. Sjálfstfl. sem þar töluðu. En ég hlýt að leyfa mér að draga það mjög í efa að þeir séu margir hv. þm. Framsfl. hér sem tækju undir þann málflutning sem þar fór fram. Og ég held að það væri ákaflega heppilegt að þeir létu í sér heyra, en þegðu ekki þunnu hljóði, líka þeir þeirra sem kynnu að ætla sér að greiða frv. atkv. Það væri þá fróðlegt að heyra þeirra rök fyrir því.

Á þeim skyndifundi sem haldinn var um þetta mál í hv. menntmn. Nd., var umsvifalaust af hálfu meiri hl. á þeim fundi hafnað till. frá mér um að senda frv. til umsagnar útvarpsráðs og útvarpsstjóra og málið afgr. þegar í stað, án þess að umsagna nokkurs aðila væri leitað. Er slíkt að sjálfsögðu ekki í nokkru samræmi við það sem venja er hér á Alþ. Ég vil leyfa mér að minna á, að útvarpsstjóri, sem ég lagði m. a. til að málið væri sent til umsagnar, var einn þeirra þriggja manna sem áttu sæti í þeirri n. er undirbjó útvarpslögin er Alþ. setti 1971 og nú er verið að leggja til breyt. á. Í till. þeirrar n., er að lögum varð, var einróma lagt til, að útvarpsráð skyldi kjörið til 4 ára, en fallið yrði frá því að það skyldi jafnan kosið að loknum alþingiskosningum, svo sem áður hafði tíðkast um skeið og nú er aftur lagt til. Þetta var eitt meginatriðið í þeim nýju lögum er sett voru 1971 og útvarpsstjóri átti hlut að að semja ásamt tveimur nm. öðrum. Ætla verður, að skoðun útvarpsstjóra sé enn óbreytt. En hafnað var af meiri hl. n. að senda málið til umsagnar hans eða annarra aðila, svo sem ég gat um áðan.

En um hvað snýst þetta mál? Það snýst aðeins um þetta eina atriði, kjörtímabil útvarpsráðs. Hugmyndirnar að baki geta svo e. t. v. verið á margan veg.

Á síðari árum hafa menn almennt boðað þá stefnu, að æskilegt væri, að Ríkisútvarpið væri sem allra sjálfstæðust stofnun. Þegar sett voru ný lög um Ríkisútvarpið í mars 1971, meðan ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl. sat enn að völdum, voru allir flokkar sammála um að það skyldi vera einn megintilgangur hinna nýju laga, að Ríkisútvarpið væri sem sjálfstæðust stofnun, og öll

meginatriði þeirra útvarpslaga, sem þá voru sett, voru samþ. hér á hv. Alþ. ágreiningslaust, einróma, þ. á m. breytingin á kjörtímabili útvarpsráðs á þann veg að það skyldi ekki kjörið að loknum hverjum alþingiskosningum, sem vissulega kunna að verða háðar árlega eða oftar á stundum, heldur reglulega til 4 ára í senn, hvað sem alþingiskosningum og úrslitum þeirra liði. Fyrir tæpum 4 árum voru allir þáv. hv. alþm. sammála um að þetta þá nýja fyrirkomulag stuðlaði að því að auka sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Það voru rökin fyrir breytingunni. Enginn andmæli komu fram. Með því frv., sem hér er til umr., er lagt til, að þessu verði breytt á ný og útvarpsráð það, sem nú situr og kjörið var til 4 ára, verði svipt umboði sínu nokkrum mánuðum áður en kjörtímabil þess rennur út og sá háttur tekin upp að sérhvert útvarpsráð skuli kjörið til óákveðins tíma, starfi stundum í hálft ár, stundum 2, stundum 4, allt eftir því hvernig vindurinn blæs á leikvangi stjórnmálanna. Svo augljóst sem það er ætti reyndar að vera óþarft að rökstyðja að með slíku frv. er gengið þvert gegn þeirri meginreglu, sem allir flokkar þóttust áður fylgja, að vilja gera Ríkisútvarpið sem óháðast stjórnmálaerjum, að gera það sem sjálfstæðasta stofnun, svo sem stefnt var að með lögunum 1971.

Þeir, sem útvarpsráð skipa hverju sinni, hafa m. a. það verkefni að móta dagskrárgerð. Augljóst er, að í þeim efnum og mörgum öðrum hlýtur það að vera ærin nauðsyn með tilliti til skynsamlegra vinnubragða að sérhvert útvarpsráð viti, hversu lengi því er ætlað að starfa, og geti því sett upp drög að dagskrá nokkuð fram í tímann, en þurfi ekki jafnan að vera við því búið að verða rekið heim innan fárra vikna, ef alþingiskosningar kynnu að verða háðar, sem oft vill verða. Hitt, að ætla útvarpsráði, eins og hér er lagt til, að vera fyrst og fremst fulltrúi starfandi ríkisstj. á hverjum tíma, svo sem það stjórnarfrv. miðar að er hér er til umr., slíkt er fyrst og fremst einkar vel til þess fallið að undirstrika að útvarpsráðsmenn skuli gegna hlutverki pólitískra varðhunda umfram allt annað.

Menn hafa velt því nokkuð fyrir sér vegna ummæla, sem féllu hér fyrr í þessum umr., hvort breytingin á útvarpslögunum varðandi þetta atriði árið 1971, breytingin um kjörtímabil útvarpsráðs, hafi verið gerð að vanhugsuðu eða óyfirveguðu ráði, og enda þótt færð hafi verið full rök fyrir því við 1. umr. málsins, að svo hafi ekki verið, heldur hafi þarna verið um skynsamlega hugsun að baki að ræða, þá vil ég enn á ný rifja upp rökin fyrir því að þarna hafi verið um skynsamlega hugsun að baki að ræða, þegar breytingin var gerð, en ekki neitt fljótræðisverk.

Þáv. menntmrh., hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, mælti sem ráðh. fyrir frv. að nýjum útvarpslögum hér á Alþ. Þau komu til umr. á tveimur þingum og voru afgr. fyrir þinglok vorið 1971. Ég vil vitna hér í örfá ummæli, sem þáv. hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, sem talaði fyrir munn ríkisstj. Sjálfstfl. og Alþfl., lét þá falla um þetta atriði. Hann segir á fundi í þessari hv. d. 29. okt. 1970:

„Þá er það nýmæli í frv., eina nýmælið sem ég tel orka nokkurs tvímælis og vil beina sérstaklega til hv. n. að athuga rækilega, en það er ákvæði frv. um breyt. á reglulegum kosningum útvarpsráðs.“

Þarna beinir hæstv. þáv. ráðh. þeim eindregnu tilmælum til n., að hún skoði þetta mjög vandlega og yfirvegað, og ég vil ekki efast um, að það hafi n. gert.

Síðar í ræðu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, þá hæstv. ráðh., segir:

„Sú skipan, sem frv. gerir ráð fyrir,“ — þ. e. a. s. sú skipun, sem nú er lagt til að hverfa frá, — „sú skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, hefur ýmsa kosti. Hún gerir útvarpið óháðara stjórnvöldum en verið hefur. En því er ekki að leyna að þeirri skipan fylgir líka nokkur ókostur. Það kann að vera að það torveldi samstarf útvarpsráðs og ríkisstj. eða menntmrh. og þá sérstaklega samstarf form. útvarpsráðs og menntmrh. ef þeir eru úr sitt hvorum flokknum.“

Hér eru taldir fram kostir og gallar og menn beðnir að yfirvega hvorir vegi þyngra, mjög eðlilegur og sjálfsagður málflutningur. Og það segir áfram í sömu ræðu hæstv. fyrrv. menntmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar: „Ég fyrir mitt leyti get þó vel fellt mig við þá skipan, sem hér er lögð til“ — þ. e. a. s. að útvarpsráð skuli kosið jafnan til 4 ára, en ekki alltaf að loknum hverjum kosningum. Ég endurtek þessa tilvitnun í fyrrv. ráðh.: „Ég fyrir mitt leyti get þó vel fellt mig við þá skipan, sem hér er lögð til. Sama gildir um ríkisstj. Annars væri frv. ekki flutt í því formi sem það er flutt. En ég vil vekja athygli þm. og hv. n. á því, að hér er um mikilsverða breytingu að ræða og rétt að athuga hana vandlega.“ — Það væri fróðlegt að vita, hvort núv. hæstv. menntmrh. telur breytinguna mikilsverða eða ekki.

Það er hér örlítið meira af tilvitnunum, sem ég vildi gefa hv. alþm. kost á að heyra. Það er reyndar á þinginu næst á undan, þegar málið var einnig til umr. Það eru aðeins örfá orð, sem hæstv. þáv. menntmrh. segir í svipuðum dúr, á þessa leið: „En ég vildi vekja athygli hv. alþm. og þá sérstaklega þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, væntanlega hv. menntmn., á þessu ákvæði.“ Það er ákvæðið sem við erum hér að ræða um. „Hér er í raun og veru um að ræða eina ákvæðið sem ég persónulega hef ekki gert upp endanlega afstöðu mína til.“ Ég læt þess getið, að þetta er sagt við umr. á fyrra þinginu. Á síðara þinginu er búið að þrauthugsa málið og þá er því lýst yfir af þáv. hæstv. menntmrh., að afstaða ríkisstj. sé mörkuð og ljós. Og aðrir flokkar, sem þá voru í stjórnarandstöðu, voru sammála þessum skilningi.

En hver eru þá þau rök, sem eru færð fram nú fyrir að breyta þessu á ný í fyrra horf? Rökin af hálfu talsmanna Sjálfstfl. hér á Alþ., m. a. þeirra sem töluðu við 1. umr. málsins hér í hv. d., og rök Sjálfstfl., sem komið hafa fram í hans málgögnum, eru alkunn. Við vitum öll bæði innan þings og utan hver þau rök eru. Og þau eru í stuttu máli þessi, að meiri hl. útvarpsráðs nú skipi óalandi og óferjandi kommúnistar, sem verði að reka þar frá þegar í stað, ef þjóðinni eigi ekki að stafa stórkostleg hætta af. Og hver er þessi meiri hl., hverjir eru þessir 4 menn, sem þarna eru taldir jafnhættulegir og fram hefur komið? Það eru í stuttu máli sagt

kjörnir fulltrúar allra stjórnmálaflokka í landinu nema Sjálfstfl., að vísu ekki allir kjörnir fulltrúar þeirra, en kjörnir fulltrúar frá Framsfl., SF, Alþfl. og Alþb. Ég þarf ekki að nefna nöfn þeirra. Ég vænti þess að hv. alþm. þekki þau.

Sem sýnishorn af þessum málflutningi vil ég leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að vitna til ummæla sem féllu í þessari hv. d. við 1. umr. málsins. Þau voru mælt af einum hv. þm. Sjálfstfl., hv. 6. landsk. þm., Guðmundi H. Garðarssyni. Ég er ekki viss um að þessi ummæli hafi verið tekin upp í Morgunblaðinu. Þau hafa kannske ekki þótt þar fyllilega boðleg, ekki skal ég dæma um það. En víst er um það, að það voru ekki margir hv. alþm. staddir í þessari hv. d. þegar ummæli féllu, og er þess vegna fróðlegt fyrir þá að heyra þau. Þau voru á þessa leið orðrétt úr Alþingistíðindunum, dálki 1150 í síðasta heftinu sem út er komið, 7. hefti:

„Ég vil aðeins segja það," segir „að því miður hefur núv. útvarpsráð stuðlað að ofstæki og örvað ofstæki og ég vil segja unnið gegn borgaralegu siðgæði, sem er eitur í beinum Þjóðviljamanna, gegn manneskjulegum viðhorfum, gegn íslenskri menningu og íslenskri erfð."

Minna mátti það ekki vera. Við skulum þakka fyrir meðan slíkir menn hafa ekki meiri völd en þeir þó hafa. Og það segir síðar í þessari sömu ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, hann er þá að lýsa starfi útvarpsráðs: „Leitað var í ríkum mæli í aðrar áttir eftir efni, sem hafði ákveðinn boðskap að flytja, boðskap sósíalismans. En það er boðskapur sem er íslensku þjóðinni mjög ógeðfelldur og gagnvart honum var þjóðin óvarin."

Ég vil biðja hv. alþm. að leggja sér þessi orð vel á minni. Það er fulltrúi Sjálfstfl., alþm. hans, sem talar. Og við höfum dæmin af málflutningi Sjálfstfl. utan þingsins líka. Ég hirði ekki um að tefja tímann við að rekja þau mörg, en menn minnast kannske þess, að fyrir fáum dögum var birt í ritstjórnardálkum Morgunblaðsins, í ritstjórnardálkum þess sem bera yfirskriftina „Staksteinar", bréf, — það var að vísu sagt aðsent, en nafnlaust, — en þótt það hafi verið aðsent var talin ástæða til að hafa svo mikið við það, að það var tekið upp í sjálfan ritstjórnardálkinn og hefur Morgunblaðið þar með tekið á því fulla ábyrgð. Þar er ráðist að meiri hl. útvarpsráðs fyrir ýmsar sakir og allt á það að vera á þann veg, að svokölluðum kommúnistum og þeirra fylgifiskum verið hampað í Ríkisútvarpinu, og dæmin eru tekin: Unglingaþáttur Ríkisútvarpsins, Frá ýmsum hliðum heitir hann víst, í höndum kommúnista samkv. Morgunblaðinu, Poppþáttur Ríkisútvarpsins í höndum kommúnista, þátturinn Spurt og svarað, allt var í höndum öruggra Marxista. Og til skamms tíma sá sama kona um að skrifa barnabækur í Þjóðviljann og velja efni handa Ríkisútvarpinu til flutnings fyrir börnin okkar. „Geðslegt eða hitt þó heldur", segir þar. — Ég vil nú aðeins láta þess getið, að hér er um að ræða konu sem kannske einhverjir hv. alþm. kannast við. Hún hefur lokið háskólaprófi í íslenskum fræðum, að ég hygg, frá Háskóla Íslands og heitir Silja Aðalsteinsdóttir. Og ég vil segja það hér, að þó að það hafi gerst, að þessi ákveðna kona hafi um eitthvert skeið skrifað um barnabækur í Þjóðviljann, en á öðrum tíma eða sama tíma komið nálægt álíka efni í Ríkisútvarpinu, þá kann að vera að þeim sjálfstæðismönnum þyki skömm að því fyrir Ríkisútvarpið að nota starfskrafta þeirrar ákveðnu konu sem hér um ræðir, en ég segi fyrir mig og fyrir hönd þess blaðs, sem ég starfa við, og þess flokks, sem ég er hér fulltrúi fyrir, að okkur þykir sómi að því.

En þetta voru aðeins örfá dæmi, annars vegar frá ummælum innan þings, hins vegar utan þings, um þann málflutning sem hafður hefur verið uppi til að — ég vil segja æra fólk í ótta við þetta hroðalega útvarpsráð, sem hér á að reka frá. En það er kannske vert að vekja athygli á því hér, að sennilega hefur samt talsmönnum Sjálfstfl. innan þings og utan láðst að nefna alvarlegasta illvirkið, sem þarna hefur verið unnið. Það hefur nefnilega gerst ekki alls fyrir löngu, að einum a. m. k. þjóðfrægum, ef ekki heimsfrægum kommúnista Sverri Kristjánssyni sagnfræðingi, hefur verið falið að lesa Passíusálmana í Ríkisútvarpinu. Og við hljótum að skilja áhyggjurnar.

Þau ummæli, sem ég vitnaði til hér áðan úr þingræðu hv. alþm. Guðmundar H. Garðarssonar, voru ekki vægileg. Það er talað um, að Ríkisútvarpið og útvarpsráð hafi gengist fyrir boðun sósíalisma og þjóðin hafi verið óvarin. Ég kannast að vísu ekki við þennan sósíalíska áróður í Ríkisútvarpinu. Ég kannast alls ekki við hann. Ég hlusta að vísu ekki mjög oft á Ríkisútvarpið, en ég hygg að þeir séu fáir sem gætu tekið undir það að yfirveguðu máli og eftir að hafa spurt sína samvisku, að í þessari stofnun íslenska ríkisins glymji sýnkt og heilagt það sem hægt væri að kalla með einhverjum rökum sósíalískan áróður. Ég vildi þá a. m. k. gjarnan, áður en menn greiða atkv., fá dæmin á borðið um þetta, og við skulum þá ræða þau hvert og eitt fyrir sig. Og þetta, að þjóðin sé óvarin fyrir þessum áróðri í útvarpinu, — við skulum ekki gleyma þessum orðum: þjóðin sé óvarin og þess vegna þurfi að koma upp nýju útvarpsráði, sérstöku varnarliði til að verja þessa vesalings þjóð, fávísan almúgann fyrir sósíalískum áróðri Ríkisútvarpsins. Minnir þetta tal ekki óhugnanlega rækilega á vissa atburði í öðrum löndum? Má vera, að hv. alþm. Guðmundur H. Garðarsson kunni vel við sig í félagsskap þeirra aðila sem slíkum rökum beita, en ég ætla að vona að þeir hv. alþm. séu fáir sem það gera.

Hver eru rök stjórnvalda sem meina með valdbeitingu ákveðnum skoðunum að komast fyrir augu og eyru þegna sinna? Alltaf og ævinlega eru þau hin sömu, að heilög skylda þeirra, þ. e. a. s. valdhafanna, sé að verja þjóð sína, hún megi ekki vera óvarin, — að verja þjóð sína, allan almúga, fyrir hættulegum skoðunum og kenningum. Slíkt má hvergi sjást, hvorki í ræðu né riti, ekki í fjölmiðlum, ekki í bókmenntum eða listum, þjóðin er óvarin gagnvart útsmognum áróðri hættulegra manna. Byggjum varnarmúr, þöggum niður í þeim órólegu. — Slík er jafnan kenning einræðissinnaðra stjórnvalda, hvort sem hættan er talin stafa af kapítalisma eða sósíalisma eða yfirleitt hverju sem er. Og dæmin þarf ekki að rekja í þessum efnum.

Þjóðin er óvarin, sagði hv. alþm. Guðmundur H. Garðarsson, burt með útvarpsráð strax. Fróðlegt verður að sjá, hvort kommúnistinn Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur fær að ljúka lestri Passíusálmanna, er nýtt varnarlið gegn kommúnismanum hefur sest að völdum í nýju útvarpsráði.

Morgunblaðið bendir af alvöruþunga á hættuna af því að unglingur, sem skrifaði í Þjóðviljann, eigi jafnframt hlut að einhvers konar poppþætti í Ríkisútvarpinu, og hversu ógnvænlegt hlýtur það þá ekki að vera í augum ráðamanna Sjálfstfl. að texti Hallgríms Péturssonar um réttlæti þessa heims og annars skuli fluttur í Ríkisútvarpinu með útsmognum áherslum undan rifjum heimskommúnismans.

En hvað þá um hæstv. menntmrh.? Ég leyfi mér að spyrja hæstv. forseta: Er hæstv. ráðh. í d.? Ég vildi óska eftir að hann væri hér við vegna þess sem ég mun segja nú. (**Forseti:** Það er rétt að tjá hv. þm., að það er verið að sækja hæstv. menntmrh.) Ég þakka fyrir. Hæstv. menntmrh. má heyra mál mitt, sé ég, og ég held þá áfram ræðu minni. Ég hafði lokið við að rekja hér nokkuð það sem að baki er að mínum dómi kröfum Sjálfstfl. um breyt. á lögum um útvarpsráð og rekja um það dæmi hvernig þeirra málflutningur hefur verið, og ég spyr: En hvað þá um hæstv. menntmrh.? Er hann þátttakandi í þessum kór? Syngur hann bara lægri rödd heldur en hinir eða er hann alls ekki í kórnum? Ég vildi gjarnan fá að vita það. Ég bar þá spurningu fram til hæstv. ráðh. hér við 1. umr., en hann leiddi hjá sér að segja neitt um það. Hann hefur þó tekið að sér að bera höfuðábyrgð á þessu frv. Er hann jafnáhyggjufullur vegna voðaverka núv. útvarpsráðs og einstakir þm. Sjálfstfl. eru og Morgunblaðið er? Svo hefur reyndar alls ekki verið að heyra. Það hefur reyndar ekki verið að heyra á því, sem hæstv. ráðh. hefur sagt við fyrri umr. um þetta mál hér á þingi, að hann hafi yfirleitt nokkra hugmynd um allan þann ofstopa, sem fram hefur komið af hálfu Sjálfstfl. varðandi þetta mál. Við allar umr. hér í báðum d. þingsins, sem fram hafa farið til þessa, hefur hæstv. ráðh. talað eins og hann hafi aldrei heyrt dóm Sjálfstfl. yfir núv. útvarpsráði. Svo virðist sem hann telji störf núv. útvarpsráðs eiga engan þátt í flutningi þessa frv., heldur byggist frv. eingöngu á því, að við það kosningafyrirkomulag, sem allir þm. voru sammála um fyrir 3—4 árum að væri rétt, þ. á m. núv. hæstv. menntmrh. sjálfur, væri nú ekki hægt að una stundinni lengur. Það hefur ekki verið hægt að lesa annað í hans málflutningi hingað til en svona liti hann á. Þetta kæmi hins vegar ekkert því við, hvernig núv. útvarpsráð hefur hagað sínum störfum. Það hefur máske allt verið í góðu lagi að hans dómi.

Ég verð að segja það, að það er furðulega mikið sem þarna ber á milli í málflutningi stjórnarflokkanna tveggja. En frv. er í þeim anda sem komið hefur fram hjá talsmönnum Sjálfstfl. um að innleiða verði á ný öryggi fyrir því, að útvarpsráð sé í fullkomnum takt við ríkisstj. landsins og að þjóðin verði ekki lengur óvarin.

Margir hafa haft á orði, að þeir aumkist yfir hæstv. menntmrh. í þessu hlutverki blindingjans og telji honum fara betur annað hlutskipti. Ég get því miður enga samúð látið í ljós honum til handa varðandi þetta mál, því að hvað sem öðru líður trúi ég því ekki að hæstv. ráðh. viti ekki hvað hann er að gera, enda þótt honum þyki henta að leika hér blindan mann.

Þær ásakanir, sem fram hafa verið bornar varðandi einstök atriði í störfum útvarpsráðs, sem nú situr, eru svo veigalitlar að það er varla að taki því að minnast á þær. Það eru þó örfá atriði, sem þar hefur borið hæst og ég vil nefna hér enn.

Einn mesti hávaðinn var út af dagskrá háskólastúdenta 1. des. s. l. Ég hef þó engan mann, hvorki innan þings né utan, heyrt halda því fram í alvöru, hvað sem um þessa dagskrá var að segja, að rétt hefði verið af útvarpsráði að stöðva flutning þessarar dagskrár og brjóta þar með áratugahefð í landinu, að háskólastúdentar réðu dagskrá á þessum degi. Ég hef engan heyrt halda þessu fram. Og ef menn eru að tala um að þetta hafi verið hættulegt fyrir þjóðina, þá vil ég fá svör við því: Vilja menn lýsa því hér yfir, að útvarpsráð hefði átt að stöðva þetta? Annars er ekki verið að bera á ráðið neina sök.

Það var allmikill hávaði á sínum tíma, hjá Sjálfstfl. fyrst og fremst, út af því að útvarpsráð eða meiri hluti þess leyfði sér að gera athugasemd við fádæma einhliða fréttaflutning frá atburðum í Chile eftir fall Allendes forseta og valdatöku fasistiskrar ríkisstj. herforingja þar. Mér dettur ekki í hug að saka þá fréttamenn útvarpsins, sem þarna áttu hlut að máli, um að þeir hafi vitandi vits hugsað sér að halla réttu máli og gera hlut herforingjanna meiri eða jákvæðari en efni stóðu til. Ég er hins vegar sammála því, sem hefur vafalaust verið skoðun meiri hluta útvarpsráðsmanna þá, að þeir ágætu fréttamenn hafi ekki gætt sín nægilega gagnvart erlendum fréttamiðlum sem þeir byggja á. Slíkt er mannlegt og getur alltaf komið fyrir. Ef um það hefði verið að ræða, að útvarpsráð hefði viljað reka einhvern ákveðinn fréttamann eða fréttamenn fyrir þessar sakir, þá hefði málið vissulega verið stórt og alvarlegt, en það var ekki aldeilis um það að ræða. Útvarpsráð leyfði sér hins vegar, og ég hygg að það hafi verið í samræmi við ýmislegt sem áður hafði gerst í þeirri stofnun, að láta í ljós þá skoðun sína opinberlega að þarna hafi ekki verið gætt reglna útvarpsins sem eru ákaflega eindregnar um það, að fyllstu óhlutdrægni skuli gætt. Um þetta má að sjálfsögðu deila, t. d. hvort útvarpsráð hefði átt að láta duga að gera þessa athugasemd við viðkomandi fréttamenn þeirra á milli, ekki láta þetta í fjölmiðla. En þetta er hégómamál, algjört hégómamál.

En það hefur hins vegar gerst annað. Það er reyndar fyrsta dæmið í tíð núv. útvarpsráðs, sem ég hef yfirleitt heyrt getið um, og menn skulu þá gjarnan hressa upp á mitt minni, ef þeir vita betur, — eina dæmið um það, að útvarpsefni væri með ákvörðun útvarpsráðs dæmt óhafandi, útvarpsefni sem búið var að vinna, tilbúið var til útsendingar, fleygt í ruslakörfuna, það er eitt dæmi. Talsmenn Sjálfstfl. hafa aldrei í öllum sínum hávaða nefnt eitt einasta dæmi um þetta, þegar þeir hafa verið að heimta að útvarpsráð yrði rekið frá. En hvaða dæmi er það sem ég er með í huga og gerðist nú fyrir fáum dögum? Það er — hvað heitir þessi þáttur, „Það

eru komnir gestir", trúi ég, í sjónvarpinu. Þar munu hafa verið ungir menn sem fást við að spila á gítar og syngja, þeim kvað hafa verið boðið þarna, Böðvari Guðmundssyni, menntaskólakennari á Akureyri, ljóðskáldi og söngvara og manni sem kallar sig Megas. Ég veit ekki hvað hann heitir réttu nafni. Hann mun eitthvað fást við yrkingar og söng líka. Þessum mönnum var meinaður nú fyrir fáum dögum aðgangur að Ríkisútvarpinu, þ. e. a. s. sjónvarpinu, með þátt, sem starfsmaður sjónvarpsins var búinn að taka upp, þar sem þeir komu fram. Mér kæmi býsna mikið á óvart ef hv. þm. Sjálfstfl. eða Morgunblaðið í sínum skrifum færu að ráðast á útvarpsráð fyrir þetta. Eru nokkrar raddir um það? Við fáum að heyra það í máli manna hér á eftir. Ætli þetta hafi ekki að þeirra dómi bara verið rétt og nauðsynleg ritskoðun, en þá líka sú eina eða a. m. k. ein af alveg örfáum, sem núv. meiri hluti útvarpsráðs hefur gengist fyrir? Og þegar ég segi núv. meiri hluti, þá er það nú kannske ekki alveg rétt, vegna þess að í þessu máli, varðandi þetta ákveðna bann, sem framkvæmt var, munu atkv. innan útvarpsráðs hafa fallið nokkuð á annan veg en oftast hefur verið á þess starfstíma. En ég mun ekki rekja það hér, enda þekki ég það ekki nákvæmlega. En allar ásakanir, sem hafðar hafa verið uppi gegn þessu útvarpsráði og þessum ákveðna meiri hluta, hafa verið um það, að þessi meiri hluti hafi leyft of mörgum að komast að, leyft of mörgum að tala og tjá sínar skoðanir, en ekki að mönnum hafi verið bannaður aðgangur að þessum ríkisfjölmiðlum. Og menn verða að hafa í huga þann reginmun sem er á þessu tvennu. Það er kannske hægt að ganga of langt í því að hleypa öllum mögulegum einstaklingum í Ríkisútvarpið, en sú synd getur aldrei verið dauðasynd. Það er minni háttar yfirsjón, ef svo hefur verið, en hitt er alvarlegt, ef menn eiga að fara að byggja hér upp varnarlið í kringum útvarpið til að bægja mönnum þar frá, til að meina þeim að tala vegna þess að þjóðin sé óvarin. Það er nú svo, að meiri hlutinn í einu þjóðfélagi, þær skoðanir í einu þjóðfélagi, hvers svo sem það er, sem eru almennar, viðteknar, sem hinn þögli meiri hluti, sem svo er stundum kallaður, klappar fyrir og hrópar húrra fyrir, þær hafa jafnan greiðan aðgang að fjölmiðlum eins og Ríkisútvarpinu hér. Það er ekkert vandamál, að það sé verið að bægja þeim frá. Slíkt er hreinn misskilningur. Hitt er oft vandamál fyrir hvaða stofnun sem er af tægi Ríkisútvarpsins, bæði hér á landi og í öðrum löndum, og fyrir þá menn, sem eiga þar að bera ábyrgð, í hve miklum mæli á að hleypa minnihlutaaðilum þar að, þannig að þeir eigi líka nokkurn rétt, þó að þeir séu ekki að tala fyrir hinn þögla meiri hluta, heldur kannske fyrir tiltölulega litinn hóp. Ég hygg, að það sé í raun og veru vilji og afstaða, ég vil ekki trúa öðru en það sé í raun og veru vilji og afstaða meginþorra allra alþm. hér, hvaða flokki sem þeir tilheyra, að það sé rétt hjá stofnun eins og útvarpsráði að vera rýmilegt í þessum efnum. Mín skoðun er sú, að það eigi að vera það alveg tvímælalaust.

Ég kem þá að lokum að þeirri grg. og brtt. sem við í minni hl. menntmn. höfum leyft okkur að leggja fram. Ég hygg að í máli mínu hér áður hafi komið fram öll þau efnisatriði sem í grg. felast og vísa til hennar á þskj. 264. Um brtt. gegnir hins vegar nokkuð öðru máli. Ég mun ekki hirða um að svara í löngu máli þeim röksemdum, sem komu fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. n. gegn þeim takmörkunum á kjörgengi manna til útvarpsráðs sem þarna eru lagðar til. Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli á því, að þessi till. er í tveimur liðum og hv. frsm. meiri hl. n. minntist aðeins á fyrri liðinn, og það er best að ég komi að honum fyrst, þ. e. a. s. þetta eru tvær málsgreinar.

Í fyrri málsgreininni er lagt til að starfsmenn Ríkisútvarpsins, starfsmenn annarra fjölmiðla, þ. e. dagblaðanna þá fyrst og fremst, svo og þeir, sem vinna að upplýsingamiðlun fyrir einstök fyrirtæki eða stofnanir, geti ekki átt sæti í útvarpsráði, séu þar ekki kjörgengir. Þetta er sjálfsagt umdeilanlegt atriði, en ég er þó þeirrar skoðunar, að með tilliti til þeirrar meginreglu, að útvarpið skuli vera sem allra sjálfstæðust stofnun, með tilliti til þeirrar óhjákvæmilegu samkeppni, sem í sumum tilvikum hlýtur að vera til staðar milli Ríkisútvarpsins og dagblaðanna, þá sé ekki heppilegt, að starfsmenn dagblaðanna, samkeppnisaðilar, sitji í yfirstjórn útvarpsins. Ég held að útvarpsins vegna sé þetta ekki heppilegt. Víst geta þessir menn haft ágæta þekkingu á ýmsum sviðum eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð gat um, þekkingu sem í sumum tilvikum gæti verið þarna gagnleg. En hitt vegur þyngra í mínum augum, að með tilliti til þeirrar samkeppni, sem þarna hlýtur að vera á milli, sé þetta ekki heppilegt. Það hefur verið nokkur tilhneiging í þessa átt á undanförnum árum hjá sumum stjórnmálaflokkanna, að tefla fram stjórnmálaritstjórum blaða sinna í útvarpsráð og við viljum með þessari till. útiloka það.

Varðandi starfsmenn Ríkisútvarpsins sjálfs er það að segja, að hugsun okkar, sem að þessari till. stöndum, er sú að útvarpsráð eigi að vera fulltrúi hins almenna manns í landinu, að vísu kosið af stjórnmálaflokkunum, meðan því fyrirkomulagi hefur ekki verið breytt hér á Alþ., en að þeir, sem kosnir eru, eigi að líta á sig sem fulltrúa almennings í landinu, ekki flokkanna fyrst og fremst, ekki stofnunarinnar sem slíkrar, heldur almennings og þess vegna eigi fastir starfsmenn útvarpsins þar ekki heima.

Þá er það með þá sem vinna, eins og þetta er orðað hér, að kynningarstarfsemi eða upplýsingamiðlun fyrir fyrirtæki, samtök eða stofnanir. Við leggjum sem sagt til að slíkir aðilar verði ekki kjörgengir til útvarpsráðs, og rökin fyrir því eru þau að verið er að bægja frá hættu á misnotkun á aðstöðu. Hugsum okkur að samtök, mikilvæg samtök, eins og þau sem Eyjólfur Konráð, hv. þm., minntist hér á áðan, þ. e. a. s. Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands, þau væru með blaðafulltrúa í störfum hjá sér, upplýsingafulltrúa, — ekki væri óeðlilegt að svo væri, það er því miður ekki hjá Alþýðusambandinu, ég þekki það minna á hinum staðnum, — en hugsum okkur að svo væri. Þá kæmi það t. d. strax upp, að mjög óeðlilegt væri að annar þessara manna sæti í útvarpsráði, en ekki hinn. Ef við skrifum upp á reglu að segja,

sem ég hygg að menn vilji almennt gera, að þarna sé um mótaðila að ræða, sem geri kröfu til þess að sitja við sama borð. Ég tek það að vísu fram, að ég er ekki með þessu að leggja Vinnuveitendasamband Íslands að jöfnu við Alþýðusamband Íslands. Þar er stór og mikill munur á, og ég mundi ekki ætla þessum aðilum sömu réttindi í öllum tilvikum. En í þessu ákveðna tilviki og miðað við þær þjóðfélagsaðstæður og þau vinnubrögð, sem tíðkast í okkar þjóðfélagi, þá væri það vafalaust talið óeðlilegt og gagnrýnisvert af mjög mörgum, ef þarna væri annar aðilinn með fulltrúa, en ekki hinn. Þess vegna teljum við hreinlegast, að slíkir aðilar séu útilokaðir. Þar getur að sjálfsögðu verið um að ræða miklu fleiri en fulltrúa slíkra félagasamtaka. Það getur verið um að ræða fyrirtæki, stofnanir eða samtök af ýmsu tagi.

Ég kem þá að lokum að síðari málsgr. þeirrar brtt., sem við í minni hl. menntmn., ég og hv. þm. Magnús T. Ólafsson, höfum leyft okkur að leggja hér fram. Brtt. er á þessa leið, síðari málsgr.: „Sama gildir um íslenska starfsmenn erlendra sendiráða eða fjölþjóðasamtaka, er njóta friðinda gagnvart íslenskum lögum vegna starfs síns.“

Hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni. Útvarpsráð er kjörið af Alþingi íslendinga. Í því eiga sæti sjö menn. Ég vænti þess að alþm. almennt, flestir, telji að þar geti ekki komið til greina að sæti eigi menn, sem ekki eru að öllu leyti undir íslenskum lögum, sem eru undanþegnir íslenskum lögum í meira eða minna mæli. Því miður verður það að segjast eins og það er, að tilefni þessarar till., sem við leggjum hér fram, er það að í veruleikanum er þetta þannig, að sæti í útvarpsráði á einstaklingur sem er vegna alþjóðlegra samninga undanþegin ákaflega mikilvægum ákvæðum í íslenskum lögum. Einn af þeim þáttum í Ríkisútvarpinu, sem minnst var á í Morgunblaðinu og ég las hér upp áðan að ekki væru í góðum höndum, skv. því sem þar var haldið fram, var þátturinn „Spurt og svarað“, held ég að hann heiti. Þann 8. des. s. l. var mættur til að svara spurningum hlustenda ráðuneytisstjóri íslenska fjmrn., Höskuldur Jónsson. Ég hef hér af segulbandi skrifað upp þau ummæli sem féllu í þessum þætti. Ég les þau orð orðrétt á þessa leið:

„Fyrstu spurningunni í þættinum í kvöld svarar Höskuldur Jónsson, ráðuneytisstjóri í fjmrn. Hún er í framhaldi af upplýsingum ríkisskattstjóra í þætti nú fyrir skömmu og það er Sigríður Stefánsdóttir sem spyr. Spurningin er þríliðuð: 1) Hvaða ríkjabandalög eru það, sem hafa starfsmenn hér á landi sem undanþegnir eru sköttum? 2) Hve marga menn er hér um að ræða hjá hverju bandalagi? 3) Hve miklar tekjur hafa viðkomandi starfsmenn undanþegnar sköttum skv. lögum eða reglugerð þar um?“ Og það er Höskuldur Jónsson ráðuneytisstjóri, sem svarar orðrétt: „Ekki er vitað um önnur ríkjabandalög, sem hafa starfsmenn hér á landi, en Atlantshafsbandalagið, en það hefur einn starfsmann hér á launum. Tekjur hans eru skv. A-launafl. bandalagsins. Um skatta starfsmanns þessa fer skv. samningi milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, er gerður var í Ottava 20. sept. 1951.“

Ég var dálitið forvitinn að vita hvað stæði í þessum samningi frá Ottava 20. sept. 1951. Ég fletti upp í Stjórnartíðindum íslenska ríkisins. Þar var ekki annað að finna um þetta mál en það, að þetta samkomulag aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hefði verið fullgilt. Af hálfu Íslands hafi hinn 11. maí 1953 utanrrn. Bandaríkjanna verið afhent fullgildingarskjal. Þetta er dagsett í Stjórnartíðindunum 30. júní 1953, en ekkert um innihald þessarar fullgildingar eða hvað í henni hafi falist, hvað í samningnum hafi falist. Ég hygg að menn telji það eðlilegt að utanrrn. Íslands svari þegar spurt er hvað í þessu fólst. Og það gerði það að nokkru leyti. Þetta samkomulag lá þar fyrir hendi staðfest, en athyglisvert var að það var eingöngu til á enskri tungu — ekki á þeirri tungu sem nú heitir íslenska og áður norræna, heldur á enskri tungu. Ég hef fengið þetta skjal í hendur og ég hef ekki viljað eiga neitt á hættu með þýðingar á því. Ég hef fengið til þess löggiltan skjalaþýðanda og ég er með það hérna í höndunum. Ég hygg, að það þurfi ekki að geta þess, hvað sá starfsmaður heitir, sem um er talað í útvarpsþættinum, sem ég hér vitnaði til. Það er sem alkunnugt er einn af meðlimum útvarpsráðs á Íslandi, og ráðuneytisstjóri fjmrn. hefur svarað, að um skatta starfsmannsins fari skv. samningi milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins, er gerður var í Ottava 20. sept. 1951. Og hvað segir þar? Þar segir, það er hér fjórði hluti, ég les ekki allan samninginn, heldur aðeins þau atriði, sem skipta máli varðandi það, sem ég hef hér að flytja, — það er fjórði hluti þessa samnings. Hann fjallar skv. fyrirsögn um alþjóðastarfslið og sérfræðinga í sendiþjónustu fyrir stofnunina, og þar segir, fyrst í 17. gr.:

„Semja ber milli formanns fulltrúaráðsins“ — þ. e. a. s. fulltrúaráðs Atlantshafsbandalagsins — „og sérhvers viðkomandi aðildarríkis um þá flokka embættismanna stofnunarinnar, sem 18.—20. gr. ná til. Ber formanni fulltrúaráðsins að tilkynna aðildarríkjunum nöfn embættismannanna, sem þannig eru flokkaðir.“

Síðan koma þessar 18.—20. gr. Ég hirði ekki um að lesa 18. og 20. gr., vegna þess að þær fjalla um þá aðila, sem ekki eru þegnar þess ríkis þar sem þeir starfa. En 19. gr. fjallar m. a. um þá einstaklinga sem eru jafnframt þegnar þess ríkis, þar sem þeir eru í störfum sem starfsmenn Atlantshafsbandlagsins, og það er það tilvik sem á við hér. Segir í 19. gr.:

„Embættismenn stofnunarinnar,“ — þ. e. a. s. Atlantshafsbandalagsins — „sem um semst skv. 17. gr., eiga að vera undanþegnir skattlagningu á laun sín og hlunnindi, sem stofnunin greiðir þeim fyrir slík embættisstörf. Hvaða aðildarríki sem er getur þó gert samkomulag við ráðið, sem kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar, um að aðildarríkið ráði og framselji til stofnunarinnar alla þegna sína sem þjóna eiga í alþjóðastarfsliði stofnunarinnar og greiði laun og hlunnindi þessa fólks úr eigin sjóðum og skv. launaskrá sem það ákveður.“

Íslenska ríkið á í því tilviki, sem hér um ræðir, þennan rétt út af fyrir sig, en skv. upplýsingum ráðuneytisstjóra fjmrn., sem ég lagði fram hér

áðan, hefur það ekki notað hann, heldur er viðkomandi manni greitt kaup frá Atlantshafsbandalaginu skv. þessu ákveðna samkomulagi, og það er þá líka skv. þessu ákveðna samkomulagi undanþegið öllum sköttum og þar með íslenskum lögum um skatta íslenskra ríkisborgara. Það er þetta, sem við viljum einfaldlega útiloka með síðari lið till. okkar, sem ég mæli hér fyrir, við sem að henni stöndum, því að þetta er hneyksli og ekkert annað en hneyksli.

Og það segir meira í þessu samkomulagi frá Ottava 20. sept. 1951 um réttindi slíkra starfsmanna sem hér um ræðir, og það er í 23. gr. Þar segir:

„Ákvæði 18., 20. og 21. gr.“ — hér er 19. gr. ekki talin, sem ég var að lesa úr áðan, ég vek athygli á því, að ég las úr henni vegna þess að hún er ekki talin hér, heldur segir: „Ákvæði 18., 20. og 21. gr. hér að framan skulbinda ekki ríki til að veita nein forréttindi eða undanþágur, sem um getur í gr., neinum þegnum sínum utan“ — eða nema, — nema hvaða forréttindi. Það kemur hér í lið a., b. og c. til viðbótar við skattana.

„a. Undanþága frá lögsókn vegna ræðu og rits eða aðgerða við framkvæmd opinberra starfa fyrir stofnunina.“

Undanþága frá lögsókn vegna ræðu og rits. Hvað er hér verið að gera? Hér er verið að taka einstaka menn undan íslenskum lögum vegna þess að þeir eru starfsmenn ákveðins hernaðarbandalags, sem á að heita að við séum aðilar að.

„b. Friðhelgi allra skjala varðandi störf þeirra í þágu stofnunarinnar.

c. Fyrirgreiðsla varðandi gjaldeyrishömlur eftir því sem nauðsynlegt er til að framkvæma störfin.“

Ég legg áherslu á höfuðatriðið í þessu, sem er að undanþiggja menn, sem slík störf vinna, skv. þessu samkomulagi, — og það er aðeins um einn mann að ræða nú, eins og ráðuneytisstjórinn hefur upplýst. Höfuðatriðin eru þau, að þeim ber ekki, slíkum starfsmönnum, að greiða hér skatt af sínum launum og þeir eru undanþegnir frá lögsókn vegna ræðu og rits. Það vildu kannske ýmsir fleiri búa við svipuð kjör.

Ég mun nú ljúka mínu máli, en ég vil beina því mjög alvarlega til hv. alþm. að hugleiða: Getur það verið eðlilegt, að einstaklingur, hversu ágætur sem hann er, — ekki ætla ég að gera lítið úr ágæti þessa einstaklings, — en getur það verið eðlilegt með nokkru einasta móti, að maður, sem er í þessari aðstöðu, nýtur slíkra forréttinda vegna starfa á vegum fjölþjóðasamtaka — er undanþegin íslenskum lögum — sé kjörinn í útvarpsráð? Fyrir utan allt annað hafa þau samtök, sem um ræðir, NATO, verið hér ákaflega umdeild, svo að ekki sé meira sagt. Látum vera að hann hafi þessi friðindi. Við skulum segja að það geti gengið. En ef það á að bætast við að stjórnmálaflokkur leyfi sér að kjósa persónu, hversu ágæt sem hún er, til þess að stjórna ríkisfjölmiðlum íslenska ríkisins, aðila sem með þessum hætti er tekinn undan íslenskum lögum, þá er það hneyksli. Og ég vil biðja menn að forða Sjálfstfl. — ég segi Sjálfstfl. — frá því hneyksli. Upplýsingaskrifstofa Atlantshafsbandalagsins, ég lít á hana sem anga af hernaðarkerfi Bandaríkjanna, og það er hér önnur upplýsingaskrifstofa. Það er upplýsingaskrifstofa, sem gengur undir nafninu Novosti. Ég veit ekki alveg hvað það þýðir, en hún er á vegum Sovétríkjanna, á vegum þeirra hernaðarkerfis. Hún gæti hæglega samkv. íslenskum lögum ráðið menn í sína þjónustu, sjálfsagt boðið þeim einhver friðindi o. s. frv. En hvert værum við eiginlega komnir, ef við ætluðum að tefla starfsmönnum slíkrar erlendrar upplýsingaþjónustu hér til setu í okkar útvarpsráði? Ég bið menn að hugleiða þetta og bera þetta saman, vegna þess að þetta er í raun og voru að öllu leyti hliðstætt.

Það kann að vera að einhver segi: Það vill nú svo til, að við erum í Atlantshafsbandalaginu. — Jú, jú, við erum það, og það kann að vera hægt að færa ýmis rök fyrir því að það sé rétt. Og þau eru fyllilega viðræðuhæf. Ég væri tilbúinn að ræða þau á öðrum vettvangi, þótt ég sé þeim ekki sammála. Og látum vera, að því fylgi það að þetta ákveðna bandalag hafi hér starfsmann. En hitt getur ekki gengið — getur einfaldlega ekki gengið með setu hans í útvarpsráði, eins og mál standa, og þess vegna höfum við lagt fram þá till., sem hér er að finna á þskj. 265, og síðari mgr. hennar er til komin í tilefni af þessu.

Ég hef lokið máli mínu, hv. forseti.

Ingvar Gíslason: Hæstv. forseti. Ég þarf ekki eins langan tíma til þess að segja það, sem ég vildi segja við þessa umr., eins og sá hv. þm. sem var að ljúka máli sínu. Ég sé þó ástæðu til þess að segja hér fáein orð til þess að lýsa afstöðu minni til þess máls, sem hér liggur fyrir. Og ég vil segja það strax, að ég get ekki lýst stuðningi mínum við það frv. sem hér er til umr., vegna þess að ég tel að sú breyting, sem frv. gerir ráð fyrir, sé ekki tímabær. Meginástæðan til þess að ég segi þetta er sú, að útvarpsl. eru tiltölulega nýsett. Þau voru sett árið 1971 og ekki hefur fengist sú heildarreynsla af þessum lögum að ástæða sé til þess nú að fara að breyta hér nokkru til. Ég held að ef við ætlum að fara að breyta útvarpsl. þá sé ástæða til þess að bíða frekari reynslu. Þetta er meginástæðan til þess að ég get ekki fellt mig við það frv. sem hér liggur fyrir.

Í öðru lagi tel ég það ákaflega vafasamt að miða kosningu í útvarpsráð við hverjar alþingiskosningar, m. a. vegna þess, að það stríðir beinlínis gegn meginsjónarmiðum útvarpslöggjafarinnar um sjálfstæði Ríkisútvarpsins, auk þess sem alþingiskosningar verða í reynd aldrei tímasettar reglubundið. Það geta t. d. orðið tvennar kosningar á ári og það geta orðið kosningar á tveggja eða þriggja ára fresti og allt þar á milli. Hins vegar held ég, að það sé mjög æskilegt að útvarpsráð hafi fast kjörtímabil, hvort sem það er lengra eða skemmra.

Eins og ég minnti á áðan voru gildandi útvarpslög sett fyrir tæpum 4 árum. Ég minnist þess ekki — og var ég þá á þingi — að deilur yrðu um efni frv. þegar það var lagt fram, heldur held ég að ég muni það rétt að alþm. hafi yfirleitt tekið þessu máli mjög vel, talið það til bóta og í samræmi við nútímaskoðun á því er varðar stöðu og starfsemi Ríkisútvarpsins. Í þessu efni

réð miklu sú skoðun, að Ríkisútvarpið skuli vera sjálfstæð stofnun, eins og ég held að standi í lögunum, þ. e. a. s. að það yrði sem allra óháðast pólitískum flokkum og sérhagsmunalegum duttlungum sem kunna að koma upp í landinu. Og eins og ég segi, þá leggur gildandi löggjöf um útvarpið mjög mikla áherslu á sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Þetta var í rauninni kjarni þess, sem fyrir lá til umr. hér fyrir þremur, fjórum árum, þegar við vorum að ræða þessi mál þá. Og ég fullyrði raunar og minni á það þrátt fyrir þetta, að allt frá því að Ríkisútvarpið var sett á fót í kringum 1930 hefur það sjónarmið ríkt að útvarpið skuli vera óhlutdrægt og það skuli vera óháð hvers konar pólitísku valdi. Þessi regla hefur verið meginstarfsregla Ríkisútvarpsins. Það hefur verið gengið út frá henni sem meginforsendu, og ég held að það hafi iðulega á hverjum tíma verið reynt að leitast við að fylgja þessari reglu.

Eins og ég sagði áðan liggur ekki fyrir nein viðurkennd athugun á því, hvernig núgildandi útvarpslög hafa reynst, þau 3—4 ár sem þau hafa gilt. Ég held því að veigamiklar efnisbreytingar á l. séu ekki tímabærar og eigi þar af leiðandi ekki rétt á sér. Maður heyrir að vísu stundum raddir í þá átt, að pólitísk misbeiting eigi sér stað í útvarpi og sjónvarpi. En það hafa aldrei verið færðar á þetta neinar sönnur, raunar hvorki fyrr eða síðar. Ég hef verið útvarps- og sjónvarpshlustandi og áhorfandi ákaflega lengi, í rauninni allt frá því að Ríkisútvarpið tók til starfa fyrir 45 árum, og ég hef aldrei, hvorki fyrr né síðar getað staðreynt neina pólitíska misnotkun á Ríkisútvarpinu. Hitt kann aftur að vera, að það finnist tilhneigingar til slíkrar misnotkunar hjá einstöku mönnum, ákaflyndum mönnum í hópi stjórnmálamanna eða talsmanna stjórnmálaflokka. Ég get vel trúað því, að það séu til í ýmsum flokkum einstakir menn eða fámennishópar, sem ekki mundu skirrast við að misnota útvarp og sjónvarp í pólitískum tilgangi, ef þeir sæju sér leik á borði. Slíkt kann vel að vera rétt. Það kunna að vera dæmi þessa. En ég veit ekki til þess, að útvarpsráð sem slíkt hafi nokkru sinni verið þannig skipað eða þannig hugsandi að það ástundaði pólitíska misnotkun og önnur gróf brot á anda og bókstaf útvarpslaganna. Þetta á við um núv. útvarpsráð eins og önnur sem setið hafa síðustu 45 ár. Ég held því að það sé ekki mikið unnið við það nú að breyta útvarpsl. eins og hér er gert ráð fyrir. Ég held að þjóðinni stafi ekki hætta frá þeim einstaklingum, sem nú sitja í útvarpsráði, hvort heldur sem þar er Magnús Þórðarson eða einhver annar, og mín vegna mega þeir allir sitja þarna út kjörtímabil sitt í samræmi við það, sem útvarpslögin ákveða. Hitt er svo annað mál, að það kemur vel til greina almenn athugun á því, hvort rétt sé að hafa kjörtímabil ráða og stjórnarnefnda, sem Alþ. kýs, svo löng sem nú á sér stað. Ég nefni í þessu sambandi bankaráð, stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins og ég vil einnig nefna útvarpsráðið. Ég er þeirrar skoðunar, að engu væri spillt, þótt Alþ. kysi þessar nefndir árlega í stað fjögurra ára. En ef einhverjar breytingar eru taldar nauðsynlegar, þá fyndist mér eðlilegast að kanna málið á víðtækum grundvelli og hafa sem mest samræmi í þessum efnum. Ef það er nauðsynlegt að breyta reglunum um kosningu útvarpsráðs, ætti einnig að breyta ákvæðum um kosningu bankaráða og stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins og fleiri nefnda sem Alþ. kýs hlutfallskosningu.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi nú í örstuttu máli gert svo greinilega grein fyrir mínu máli, að ég þurfi ekki að eyða í það öllu meiri tíma. En ég vil vegna þeirrar till., sem fram er komin frá minni hl. menntmn., taka það fram að ég sé ekki ástæðu til að styðja hana. Eins og hér hefur komið fram sé ég enga ástæðu til þess að fara nú að hrófla við útvarpslögunum. Þau hafa aðeins gilt á 4. ár, og það hefur ekkert það fram komið sem gefur tilefni til þess, að ástæða sé til að fara að gera á þessari löggjöf stórfelldar breytingar.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. frsm. minni hl. var að spyrja um afstöðu mína til frv., hvers vegna ég hefði lagt það fram. Ég hef nokkuð oft verið spurður um það í þessum umr., en af því að nú er komið fram yfir áramót og nýtt ár byrjað get ég vegna þessara tilmæla rifjað upp það sem ég sagði þegar ég talaði fyrir málinu við 1. umr. í Ed., það er örstutt. Ég sagði:

„Í aths. frv. segir: „Í gildandi útvarpsráðsl., nr. 19 1971, er mælt fyrir um, að útvarpsráðið skuli kjörið til fjögurra ára. Áður voru lagaákvæðin á þann veg að útvarpsráð skyldi kjörið eftir hverjar alþingiskosningar. Með því var tryggt, að skipan útvarpsráðs, sem bæri að gæta fyllstu óhlutdrægni, væri jafnan í samræmi við skipan Alþ. Þykir rétt að hverfa á ný að þessu ráði.“ Við þetta hef ég nánast engu að bæta. Útvarpsráð hefur verið valið með hlutfallskosningu á Alþ. allt síðan 1939 eða í 35 ár. Það þýðir í reynd, að stjórnmálaflokkarnir ráða vali útvarpsráðsmanna og styrkleikahlutföll þeirra á þingi, þegar kosningin fer fram, segja til um, hve marga fulltrúa hver stjórnmálaflokkur fær kjörna. Á meðan þessi háttur er á hafður sýnist mér eðlilegt, að skipan útvarpsráðs sé jafnan í samræmi við skipan Alþ., en það getur hún af augljósum ástæðum ekki orðið nema kosning fari fram á fyrsta þingi eftir alþingiskosningar.“ “

Þetta hélt ég að væri fullskýrt fyrir hvern sem eyru hefur og heyrir og vill heyra, og þetta þrennt á auðvitað við um okkur alla alþm.

Hv. frsm. minni hl. var að tala um ofstopafullan málflutning annarra alþm. í þessu máli. Hver hefur drepið mann og hver hefur ekki drepið mann? Hver fer með ofstopa hér og hver ekki?

Þá minntist hv. þm. á það, að það er í framhaldi af því sem töluvert var talað um fyrir áramótin, að það væri verið að vinna á óþinglegan hátt að framgangi þessa máls. Hann minntist á að málið hefði verið tekið fyrir í fjarveru formanns menntmn. þessarar hv. d. Ég skal að því leyti taka á mig mína sök, sem ég tel að vísu enga sök, að ég óskaði eftir því fyrir áramótin að þetta frv. fengi skjóta afgreiðslu. Ég held að menn geri það yfirleitt með frv. sem þeir flytja, og ég óskaði eftir því, enn þegar þing kom saman eftir hléið, að greitt yrði fyrir þessu máli og hv. n. vildi taka það til afgreiðslu. Ég

sé ekkert athugavert við það. Það er altítt, að hv. þm. þurfa, m. a. í opinberum erindum eins og hv. formaður menntmn. var að gegna þegar hann var fjarverandi, að vera fjarverandi um sinn. Til þess eru varaformenn og allt okkar kerfi, að það sé hægt að halda áfram þingstörfum, þó að menn þurfi að víkja af þingi nokkra daga.

Varðandi það, sem einnig kom fram í ræðu þessa hv. þm., að það væri mjög óeðlilegt, að ekki hefði gefist ráðrúm til að leita umsagna um þetta mál, og þar væru brotnar þingvenjur, þá mótmæli ég því algerlega. Það eru ýmis atriði þannig vaxin og það einföld, og slíkt hefur oft komið fyrir áður, að það telst engin ástæða til þess að Alþ. spyrji ráða um þau. Það er í sjálfu sér enginn aðili eðli málsins samkv. sem á að ráðleggja þar um eða dæma hér um. Hér er bara um að ræða: Vill Alþ. kjósa útvarpsráð eftir hverjar alþingiskosningar eða vill það kjósa til fjögurra ára? Þetta hljóta hv. alþm. að gera upp við sig án þess að kalla þar til einn eða annan aðila utan þings.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég vil aðeins taka það fram varðandi brtt. hv. minni hl. menntmn., að ég er henni andvígur. Ég hygg að þetta ákvæði, ef að lögum yrði, væri mjög óvenjulegt í lögum, og ég tel óeðlilegt að svipta menn þannig kjörgengi til trúnaðarstarfa, sem kosið er hér á hv. Alþ., vegna þess að þeir vinni ein eða önnur störf sem brjóta ekki neitt í bága við íslensk lög og reglur. Ég legg þess vegna til að sú till. verði felld.

Umr. frestað.

Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, þáltill. (þskj. 267). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fæðingarorlof kvenna, þáltill. (þskj. 268). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 39. fundur.

Fimmtudaginn 6. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf.

„Reykjavík, 5. febr. 1975.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Gunnlaugs Finnssonar, 4. þm. Vestf., sem nú dvelst erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Þórðarson skólastjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd.“

Ég bið hv. kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréf Ólafs Þórðarsonar og fær n. 10 mínútur til umráða. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Ólafs Þórðarsonar, Eyrargötu 1, Suðureyri, sem 1. þm. Blistans í Vestfjarðakjördæmi, en Ólafur er varamaður Gunnlaugs Finnssonar, 4. þm. Vestf.

Nefndin hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréfið og leggur shlj. til að það verði samþ. og kosning Ólafs Þórðarsonar tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Iðja og iðnaður, þáltill. (þskj. 270). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stofnlánasjóður vegna stórra atvinnubifreiða, þáltill. (þskj. 86). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jafnrétti sveitarfélaga í dreifbýli og Reykjavíkur í húsnæðismálum o. fl., þáltill. (þskj. 112). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Öryggisbúnaður flugvalla, þáltill. (þskj. 138). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lagning byggðalínu fyrir árslok 1975, þáltill. (þskj. 165). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til fjvn. með 41 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, þáltill. (þskj. 173). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Um allan hinn vestræna heim varð mönnum það þrálátt umhugsunarefni á s. l ári, að hver þjóðarleiðtoginn á fætur öðrum og ríkisstjórnir í hverju landinu á fætur öðru urðu að hrökklast frá völdum við lítinn orðstír vegna þess að þær stóðu frammi fyrir efnahagsvandamálum, sem þeim reyndist ofviða að glíma við. Ýmis teikn voru á lofti, sem bentu til þess að þjóðfélagsleg átök færu svo harðnandi að illgerlegt væri að leysa þau með samkomulagi innan ramma hefðbundins þingræðisstjórnarfars. Mönnum varð smám saman ljóst að ríkisstj. hvarvetna stóðu ekki einungis frammi fyrir vandamálum af efnahagslegum toga, sem af ýmsum skýranlegum ástæðum væru vandleyst, heldur væri naumast orðum aukið að segja að yfirvofandi væri pólitísk kreppa þingræðislegs stjórnarfars. Stórir þjóðfélagshópar væru í vaxandi mæli að glata trúnni á hæfni þingræðisskipulagsins til að ráða fram úr aðsteðjandi vandamálum iðnþróaðra ríkja.

Ég er ekki í nokkrum vafa um, að hið pólitíska ástand, sem skapaðist hér á landi á s. l. ári, ber mörg einkenni þessarar alþjóðlegu þróunar. Ástæðan til þess, að ég finn mig til knúinn að kveðja mér hljóðs utan dagskrár, er þó ekki sú að ég telji nauðsynlegt að þessu sinni að lyfta huga alþm. frá dægurþrasi innlendra efnahagsvandræða og beina sjónum þeirra að stærri alþjóðlegum vandamálum, þótt þess kunni stundum að gerast þörf, þvert á móti. E. t. v. verður ástæðan fyrir þessari dirfsku minni best skýrð, ef mér leyfist að gera stutta persónulega athugasemd.

Ég þarf ekki að taka það fram, að ég er nýgræðingur í sölum Alþingis, dvel hér sem gestur skamma hríð. Mér var þó fyrir löngu ljóst, eins og hverjum öðrum óbreyttum áhugamanni um stjórnmál, sem reynir að fylgjast með framvindu þjóðmála, að Alþ. og ríkisstj. stæðu þegar að loknu jólaleyfi frammi fyrir óvenjulega viðsjárverðu ástandi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Mér kom því ekki annað til hugar en að forustumenn í ríkisstj. og Alþ. hefðu notað ótæpilegt jólaleyfi samviskusamlega til að kanna leiðir og leita úrræða, er að gagni mættu koma frammi fyrir fyrirsjáanlegum vanda. Ég átti von á því þegar í upphafi þings, að þá biði það meginverkefni þm. að taka afstöðu til þeirra till. sem ráðh. og ríkisstj. hlytu að leggja fyrir þingið. Ég fæ því með engu móti dulið undrun mína yfir því, að ekkert slíkt hefur gerst. Þingfundir hafa verið fremur stuttir, þingbekkir jafnan fremur þunnskipaðir, eins og fundum sé fram haldið fremur af vana en vilja. Auðvitað hefur mörg þörf mál borið á góma, og þm. hafa svalað forvitni sinni með því að beina fsp. til ráðh. um eitt og annað sér til fróðleiks.

En allar eru þessar skeggræður fyrst og femst merkilegar fyrir það, sem ekki er minnst á einu orði. Það hefur enginn nefnt orðið efnahagsvandamál fremur en snöru í hengds manns húsi. Hvers vegna? Það er greinilegt að í sölum Alþ. ríkir andrúmsloft óþreyju, eftirvæntingar, jafnvel kvíða. Eftir hverju eru þm. að bíða? Það er auðfundið að þeir festa lítt hugann við umr. Þeir eigra um sali og ganga Alþ. eins og annars hugar og reyna að leggja hlustir við einhverju sem fram fer bak við tjöldin. Eru þeir að bíða eftir því, að ríkisstj. fái innblástur og segi þeim hvað þeir eigi að gera? Eða eru þeir að bíða eftir því að sérfræðingar ríkisstj. fái vitrun og segi ráðh. hvað þeir eigi að gera, svo að þeir geti sagt þm. hvað þeir eigi að samþ.? Ég veit það ekki. Ég vona að hv. þm. og landsfeður virði mér það í besta falli til vorkunnar þótt ég segi það sem mér sýnist, að Alþingi íslendinga minni mig á sjónleik eftir ekki ómerkari höfund en sjálfan Becket, sem ber yfirskriftina „Beðið eftir Godot." Sjálfsagt sakna margir vinar í stað, þar sem er hv. 5. þm. Vesturl., sem sennilega hefði ekki þurft að leita út fyrir þingsalina að verðugu yrkisefni.

Í umræðu í sjónvarpi fyrir nokkrum dögum, þar sem saman voru komnir ráðh., núverandi og fyrrverandi, flokksforingjar og óbreyttir þm., þótti það einna helst tíðindum sæta, að sjálfur fjmrh. vissi ekki hvað hann hafði í kaup. Þetta hefur valdið hneykslun sumra, sem þykjast þurfa að velta fyrir sér hverri krónu áður en hún verður að ólöglegum 25-eyringi í höndum þeirra, en vandlætingu annarra, sem betur eru settir, en þykjast kannske kunna greiðari skil á fjárreiðum sínum. Er nema von að sú hugsun læðist að mönnum, hvers vegna yfirleitt sé verið að borga alþm. kaup? Það líða dagar, senn vikur frá því að alþ. tók til starfa, langt á annan mánuð frá því að Alþ. samþ. fjárl., sem okkur er nú sagt af sérfróðum mönnum að hafi verið gerð á röngum forsendum, án þess að þeir menn, sem að áliðnu sumri mynduðu sterka ríkisstjórn með þungan þingmeirihl. að baki og réttlættu þessa stjórnarmyndun með því, að hún ein væri nægilega öflug til að ráðast gegn fyrirsjáanlegum vanda af festu og einurð. Allur hefur þessi tími liðið án þess að þeir góðu menn sjái ástæðu til að leggja till. sínar fyrir löggjafarsamkundu þjóðarinnar.

Hæstv. forsrh. hefur sætt gagnrýni opinberlega fyrir fjarveru sína í upphafi þings. Ég vil ekki taka undir þá gagnrýni. Í besta falli má líta svo á að fjarvera hans þessa daga staðfesti gagnkvæmt trúnaðartraust, sem hlýtur að ríkja milli hans og staðgengils hans, hæstv. iðnaðar- og orkumálarh., og því ástæðulaust að fara um það mörgum orðum. En ástandið versnar dag frá degi án þess að einstakir ráðh. sjái ástæðu til að skilgreina frammi fyrir þingi eða þjóð þann vanda, sem við er að fást, hvað þá heldur að þeir láti uppskátt hvaða ráð þeir kunni við vandanum. Að vísu ber að geta þess, að hæstv. viðskrh. flutti flokksmönnum sínum mikla hrollvekju skömmu áður en þing kom saman, með

þeim afleiðingum að gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar, sem þá entist til tveggja vikna innflutnings, entist miklu síður eftir en áður, og af því vildu sumir álykta að það færi best á því, að ráðh. hefðu að svo stöddu sem fæst orð um vandamálin. Það eina, sem vitað er með vissu og stöðugt hefur verið vísað til, er að ríkisstj. er að bíða eftir því að aðrir aðilar ákveði fiskverð.

Á undanförnum árum hefur oft og einatt mátt heyra þm. bera sig upp undan því á mannamótum að Alþ. sé í vaxandi mæli að verða að óvirkri afgreiðslustofnun, að öll völd hafi færst, ekki til ráðamanna skv. kjörorði Lenins, ekki til ráðh. heldur, heldur í hendur sérfræðinga og embættismanna. Þeir hafa farið hörðum orðum um þetta kerfi, um þetta bákn og um alla þessa skriffinnsku. Af þessu tilefni er ástæða til þess að spyrja: Er hér um að ræða yfirnáttúrlegt þjóðfélagslögmál, sem ekki sé í mannlegu valdi að rísa gegn, eða er hér einfaldlega um að ræða sjálfskaparvíti? Hafa þm. gefist upp og sætt sig við að stjórnarfarslegt hlutverk Alþ. og hugsanlegrar ríkisstj. skuli vera hlutverk sjúklings í biðstofu sérfræðings. Ef hlutverk Alþ. er óhjákvæmilega orðið það eitt að bíða eftir erkibiskupsboðskap, er þá ekki mál til komið að fara að pakka saman og halda heim? Ef Alþ. ber ekki þá virðingu fyrir sjálfu sér, að því beri skylda til að hafa sjálft frumkvæði að lausn aðsteðjandi þjóðfélagsvandamála, er þess þá að vænta að aðrir beri virðingu fyrir Alþ.? Ef þeir valdhafar, sem óumdeilanlega, stjórnarfarslega og pólitískt, bera ábyrgð á því að í óefni er komið um afkomu þjóðarbús Íslendinga, vilja eftir á firra sig ábyrgð og varpa henni á herðar þjóðarinnar, eins og vart hefur oðið í umr. að undanförnu, þá er þessi þjóð illa svikin að mínu mati. Henni er að því lítil huggun eftir á þótt sagt sé, að hver þjóð fái þá landsfeður á hverjum tíma sem þjóðin verðskuldar. Eitt er víst, ef Alþingi íslendinga ætlar að halda áfram að sitja með hendur í skauti og hafast ekki að, þótt stöðugt sigi meira á ógæfuhlið í efnahagsmálum, og gerir það eitt að bíða þess að einhverjir aðrir leysi vandann í þess stað, þá er kominn tími til að við spörum okkur vangaveltur spaklega um skipbrot þingræðislegs stjórnarfars í öðrum löndum, þá er tími til kominn að við lítum okkur nær.

Mér er fullkomlega ljóst að ummæli af því tagi, sem ég nú hef viðhaft, kunni að þykja harður dómur og ósanngjarn, jafnvel svo að þau beri vott um hroka og uppskafningsháttþess manns, sem gistir þingbekki skamma stund og hefur því ekki öðlast reynslu og þroska til að meta störf þm. af raunsæi og yfirvegun. Vel má vera að svo sé, enda gefst þá Alþ. hér með væntanlega kostur á að reka af sér slyðruorðið og sýna í verki að það sé þess umkomið að taka frumkvæðið að lausn vandamálanna í eigin hendur, í stað þess að bíða þess að utanaðkomandi aðilar taki að sér hvort tveggja, vandann og vegsemdina, sem Alþ. að réttu lagi ber.

Að svo mæltu vil ég gera þingheimi nánari grein fyrir erindi **mínu í þennan ræðustól. Þingflokkur** SF hefur í fyrstu viku þessa þinghalds tekið efnahagsmálin til eins ítarlegrar umr. og okkur var kostur á þessu stigi málsins. Á fundi sínum mánudaginn 3. febrúar s. l. samþ. þingflokkurinn ályktun sem ber heitið „Álitsgerð og tillögur þingflokks Samtakanna um vinnubrögð Alþ. og annarra stjórnvalda um val úrræða til lausnar efnahagsvandanum“. Jafnframt samþ. þingflokkurinn að beina þessari álitsgerð til hæstv. forsrh. með ákveðnum tilmælum um frumkvæði af hans hálfu við að koma á nauðsynlegu samstarfi Alþ. og ríkisstj. og annarra stjórnvalda um vinnubrögð við lausn vandans. Með leyfi forseta vil ég hér með leyfa mér að kynna þingheimi þessa ályktun, en þar segir:

„Eins og kunnugt er eru horfur í efnahagsmálum íslendinga á árinu 1975 iskyggilegri en verið hefur um langt skeið. Áhrif hinnar alþjóðlegu olíukreppu eru komin fram með fullum þunga. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa snúist okkur í óhag meira en dæmi eru til um á einu ári síðan á árunum eftir seinni heimsstyrjöldina. Viðskiptahalli þjóðarbúsins á árinu 1974 nam rúml. 16 milljörðum kr., og batahorfur eru ekki sýnilegar nema stjórnvöld gripi til skjótra og áhrifaríkra aðgerða. Gjaldeyrisvarasjóður er að mestu þrotinn og lánstraust þjóðarinnar erlendis þar af leiðandi stórlega skert. Langtímaskuldir þjóðarbúsins á árinu 1974 hafa aukist um 11 milljarða á núverandi gengi og greiðslubyrði erlendra lána nemur orðið háskalega háu hlutfalli rýrnandi þjóðartekna. Verðbólga innanlands á árinu 1974 nam yfir 50% og er því allt að þrisvar sinnum örari innanlands heldur en samsvarandi meðaltalshækkun innflutningsverðlags. Þessi öra verðbólguþróun hefur raskað rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækja í landinu og bitnar með óbærilegum þunga á útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar.

Það er ljóst að skammtímaaðgerðir stjórnvalda á s. l. hausti, er höfðu að markmiði að tryggja rekstrarafkomu útflutningsatvinnuvega, hafa ekki náð tilætluðum árangri, enda hefur sigið mjög á ógæfuhlið síðan miðað við þær forsendur sem þá voru taldar gildar. Framfærslukostnaður heimilanna á Íslandi hefur þegar aukist meira en sem nemur rýrnun viðskiptakjara og mun á næstu mánuðum bitna með vaxandi þunga á afkomu tekjulægstu hópa þjóðfélagsins, aldraðra, öryrkja og annarra bótaþega. Samdráttar gætir þegar í atvinnumagni. Minnkun eða afnám yfirvinnu veldur eitt sér hlutfallslega meiri kjaraskerðingu launþega vegna þess hve yfirvinna hefur á undanförnum veltiárum numið stórum hluta heildarvinnutímans. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að verði ekki skjótlega gripið til samræmdra hagstjórnaraðgerða mun atvinnuleysi halda innreið sína fyrr en varir. Við þetta bætist alvarlegur vandi er snertir ríkisbúskapinn, einkum áformuð rekstrar- og framkvæmdaútgjöld ríkisins samkv. nýsamþ. fjárl. Óleyst er fyrirsjáanleg fjármagnsþörf fjárfestingarlánasjóða sem nemur milljörðum kr.

Í þessu samhengi er rétt að vekja athygli á ummælum seðlabankastjóra í viðtali við Morgunblaðið sunnudaginn 2. febr. s. l., en hann segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ekki verður komist hjá því að taka til endurskoðunar allar áætlanir opinberra aðila um útgjöld og fjárfestingu, sem ekki stuðla að beinni aukningu

þjóðarframleiðslunnar, enda eru þessar áætlanir allar mótaðar af ákvörðunum, sem teknar voru á meðan afkoma þjóðarbúsins var miklu hagstæðari en nú er. Með lækkun þessara útgjalda er bæði hægt að draga úr umframeyðslu þjóðarbúsins í heild og veita meira svigrúm til þess að beina fjármagninu til arðbærrar atvinnuuppbyggingar í landinu.“

Af þessum tilvitnuðu ummælum Seðlabankastjórans, sem er einn helsti sérfræðingur og ráðgjafi stjórnvalda, þessarar ríkisstj. jafnt sem hinnar fyrrverandi, á sviði peningamála og fjármála, er ljóst að álit hans sem sérfræðings er það að ríkisstj. hljóti að beita sér fyrir því hér á Alþ. að nýsamþykkt fjárl. ársins 1975 verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar og niðurskurðar. Það er vitað, að álit flestra sérfróðra manna um efnahagsmál hnígur mjög í sömu átt. Þingflokkur samtakanna hefur tekið þetta alvarlega ástand efnahagsmála til umr. Það, sem birtist í þessari álitsgerð, er í stórum dráttum inntak þeirra umr. Í framhaldi þessarar almennu álitsgerðar vill þingflokkurinn vekja athygli á eftirfarandi:

1. Á þeim tíma, sem liðinn er frá því Alþ. kom aftur til starfa að loknu jólaleyfi, hafa stjórnvöld því miður brugðist þeirri lýðræðislegu upplýsingaskyldu sinni að leggja fyrir Alþ. nýjustu upplýsingar og álitsgerðir um ástand og horfur í efnahagsmálum.

2. Ráðherrar hafa ekki séð ástæðu til að gefa Alþ. og þjóðinni til kynna með samræmdum hætti hvaða áform eru uppi innan ríkisstj. til lausnar þessum vanda.

3. Alþ. hefur því ekki átt þess kost að taka þessi aðkallandi vandamál til umr. og krufningar.

Með hliðsjón af framansögðu vill þingflokkur Samtakanna leyfa sér að koma á framfæri eftirfarandi till. um samstarf Alþingis og annarra stjórnvalda um lausn efnahagsvandans og um málsmeðferð.

1. Þeim tilmælum er hér með beint til hæstv. forsrh. að hann beiti áhrifum sínum innan stjórnarflokkanna til að fá fjvn. Alþ. eða fjhn.- og viðskn. beggja þingdeilda í sameiningu til að efna til rannsóknar á þýðingarmestu þáttum efnahagsvandans og leita samráðs við ýmsa aðila um það, hvaða úrræðum er vænlegast að beita með sem bestri von um árangur. Til vara er sú till. að forsrh. beiti sér fyrir sérstakri nefndaskipan Alþ. til þess að fjalla um efnahagsmálin.

2. Rannsókn þessi fari þannig fram, að n. kalli fyrir sig, eftir því sem þörf krefur, ráðh., sérfræðinga og oddvita hagsmunahópa. Skulu þeir eftir atvikum leggja fram skriflegar grg. um afstöðu sína og viðhorf og svara spurningum nm. í framhaldi af því. Það er till. okkar að þessar umr. fari fram fyrir opnum tjöldum, eftir því sem málsatvik frekast leyfa, þannig að fjölmiðlum t. d. gefist kostur á að koma þessum upplýsingum jafnóðum á framfæri við þjóðina. Miðað við ófullnægjandi upplýsingar um þessi mál og með hliðsjón af mismunandi túlkun staðreynda teljum við þetta heppilegri aðferð að svo stöddu en eina saman kappræðu á þingi og líklegri til jákvæðs árangurs. Við leggjum mikla áherslu á skyldu Alþ. til að tryggja þjóðinni og skyldu stjórnvalda til að tryggja þjóðkjörnum fulltrúum greiðan aðgang að öllum upplýsingum um efnahagsvandann og um afstöðu forustumanna helstu hagsmunahópa til þeirra úrræða, sem til greina kemur að beita. Við teljum að leynd stjórnvalda um þessi mál sé óskynsamleg, hvort heldur á það er litið frá sjónarmiði ríkisstj. eða almennings í landinu. Við leggjum á það megináherslu að mótun heilbrigðs almenningsálits á aðsteðjandi vanda er í sjálfu sér veigamikill þáttur í tilraunum til úrbóta. Með því móti er dregið úr þeirri hættu að unnt sé í krafti ófullnægjandi eða villandi upplýsinga að draga upp fyrir þjóðinni ranga mynd af ástandinu og þeim leiðum, sem í reynd eru færar til að forða því að í algerum ógöngum lendi.“

Hér lýkur tilvitnun í þessa efnahagsmálaályktun þingflokksins.

Því er við að bæta, að jafnframt var hæstv. forsrh. send þessi ályktun til umfjöllunar með bréfi, og til viðbótar vil ég — með leyfi hæstv. forseta — drepa á nokkur atriði úr því bréfi:

„Til skýringar á málsmeðferð skal eftirfarandi tekið fram:

Við teljum brýnt, að Alþ. láti þessi vandamál til sín taka þegar í stað og bíði þess ekki að væntanlegar till. ríkisstj. verði lagðar fyrir þingið. Þess vegna er þessi málsmeðferð valin fremur en að leggja málið fyrir í formi þáltill., sem venju samkvæmt tæki mun lengri tíma. Við teljum að Alþ. eigi ekki að standa frammi fyrir orðnum hlut, allra síst þegar um svo veigamikil mál er að ræða, heldur eigi það að leggja sitt af mörkum við mótun stefnu og einstakra till. Þessu hlutverki teljum við að Alþ. geti best valdið innan þess ramma, sem hér er lagt til, þ. e. með nefndarstarfi fremur en í kappræðu á þingfundi að fengnum till. ríkisstj. Með þessum till. er m. ö. o. verið að leita að formi er bjóði upp á sem besta samstarfsmöguleika Alþ. og annarra stjórnvalda um lausn þessara alvarlegu vandamála, sem við er að fást. Sérstaklega teljum við mikilvægt, ef Alþ. gæti með þessum vinnubrögðum átt þátt í mótun upplýsts almenningsálits um raunhæfa valkosti til lausnar vandanum. Þingflokkurinn vill taka fram, að hann lítur mjög alvarlegum augum þann mikla vanda, sem aðsteðjandi er, og vill með þessum tillöguflutningi leggja sitt af mörkum til að stuðla að sem mestri samstöðu stjórnmálaflokka, hagsmunahópa og alls almennings í landinu um það, hvernig skynsamlegast verði við brugðist.“

Í niðurlagsorðum bréfsins segir: „Það er ætlun okkar — með leyfi þingforseta — að kynna þingheimi þessa álitsgerð utan dagskrár við fyrsta tækifæri.“

Ég vil taka það fram, að ég er forseta þakklátur fyrir að hafa veitt okkur tækifæri til þess og tel það bera vott um skilning hans á nauðsyn þessa máls.

Ég vil taka það skýrt fram hvað fyrir okkur vakir með þessum málatilbúnaði.

Í fyrsta lagi er það, sem margoft hefur komið hér fram, að við teljum að Alþ. hafi beðið nógu lengi, jafnvel of lengi.

Í annan stað teljum við það skyldu hvers þingflokks, þegar við er að glíma jafnalvarleg vandamál og þau, sem hér ræðir um, að hann reyni

að skilgreina ástandið og gera opinberlega grein fyrir fram fyrir mati sínu á hugsanlegum úrræðum. Raunsætt mat okkar á ástandinu er þannig, að við viljum ekki taka þátt í þeim leik að neita staðreyndum eða gera minna úr erfiðleikum en efni standa til.

Í þriðja lagi teljum við það lágmarksskyldu hvers þingflokks, sem vill láta taka mark á málflutningi sínum, að lýsa sig reiðubúinn til samstarfs við aðra aðila þegar um er að ræða vandamál, sem ekki verða leyst með góðu móti nema með samstöðu og samstarfi ólíkra þjóðfélagshópa. Þess vegna mælum við með því, að upp verði tekin vinnubrögð, sem við teljum öðrum fremur líkleg til að fyrirbyggja misskilning vegna ófullnægjandi upplýsinga og umræðna, og vinnubrögð, sem við teljum vel til þess fallin að virkja starfskrafta þingsins í samstarfi við ríkisstj. og aðra aðila einkum og sér í lagi að því **markmiði að upplýsa almenning** um eðli vandans.

Okkur er engin launung á því, að við teljum vinnubrögð bandarískra þingnefnda, sem gjarnan vinna sem mest fyrir opnum tjöldum við rannsókn á slíkum þjóðfélagslegum vandamálum, til fyrirmyndar að þessu leyti fyrir Alþingi íslendinga.

„Hálfnað er verk þá hafið er" stendur einhvers staðar. Okkur er fullkomlega ljóst að með þessum till. höfum við ekki lagt fram neina patentlausn á vandamálunum. Það þarf naumast að taka það fram hér á þessum stað, svo langa reynslu sem margir þm. hafa af bráðabirgðalausnum og skammtímaaðgerðum í efnahagsmálum frá fyrri tíð, að slíkar patentlausnir eru engar til. En hreinskilnar rökræður fyrir opnum tjöldum, byggðar á sæmilegri þekkingu og haldgóðum upplýsingum, eru lykillinn að lausn vandans. Mönnum ætti að vera ljóst eftir alla þessa bið, að hvorki ríkisstj. né sérfræðingar hennar hafa á reiðum höndum neina slíka allsherjarlausn.

Vandinn er ekki nema að litlu leyti tæknilegs eðlis, þ. e. a. s. spurning um hvaða úrræðum er unnt að beita við þessar aðstæður til þess að ná settum markmiðum. Markmiðin eru að koma í veg fyrir: Í fyrsta lagi að samdrátturinn þróist upp í atvinnuleysi. Í öðru lagi að tryggja rekstrargrundvöll atvinnuvega, að tryggja lífskjör og kaupmátt launa hinna lægst launuðu o. s. frv.

En vandinn er ekki fyrst og fremst tæknilegs eðlis. Hann er að mjög verulegu leyti pólitísks eðlis, þ. e. a. s. spurningin um það, hvort einstakir pólitískir flokkar og flokksforingjar vilji halda áfram að spila á fiðlu skrum og gylliboða meðan borgin brennur eða hvort þeir eru viðbúnir að viðurkenna staðreyndir, að nú er komið í óefni og sársaukafullar aðgerðir eru óhjákvæmilegar.

Það er staðreynd, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur hafa dregist saman, að ráðstöfunarfé þjóðarinnar fer minnkandi, að það er minna til skiptanna en áður var. Það er staðreynd, að við getum ekki lengur, þegar hallarekstur þjóðarbúsins út á við er kominn á þetta hættustig, haldið áfram að lifa langt um efni fram. Hið pólitíska vandamál er í því fólgið að ná sem mestri hugsanlegri samstöðu um það, hvernig byrðum verði jafnað milli einstakra þjóðfélagshópa, þannig að sem sársaukaminnst verði fyrir þá, sem minnsta getu hafa til að axla auknar byrðar. Og það skulum við gera okkur fyllilega ljóst, að það eru margir þjóðfélagshópar, sem nú þegar búa við skarðan hlut og eiga nú þegar um sárt að binda af völdum þeirrar óðaverðbólgu sem nú fer eldi um öll verðmæti þessa þjóðfélags.

Menn hafa stundum vikið að því áður við umr. sem þessar, að áður en hægt sé að gera sér einhverjar batavonir fyrir hönd sjúklings verði menn að koma sér saman um sjúkdómsgreiningu. Menn verða að þora að viðurkenna staðreyndir og reyna að skilja orsakir. Þetta þýðir ekki endilega, að læknar þurfi við sjúkrabeð að eyða orku sinni og sjúklingsins í rifrildi sín í milli um það t. d., hvers vegna sjúklinguri nn hafi vanrækt svo lengi að leita læknis eða hvers vegna heimilislæknir hafi of lengi látið sér í léttu rúmi liggja þótt greinilegra sjúkdómseinkenna hafi orðið vart fyrir löngu, meðan viðnámsþrek sjúklingsins var þó sannarlega meira.

Í grundvallaratriðum er ekkert nýtt í þeirri efnahagskollsteypu sem við höfum nú orðið vitni að. Árið 1973 var einstakt uppgangsár í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Óvænt útflutningsverðhækkun og stórbatnandi viðskiptakjör voru síðan látin ganga svo til afskiptalaust út um allt hagkerfið og meira að segja mögnuð upp um allan helming, beinlínis fyrir tilverknað aðgerða ríkisvaldsins. Það er athyglisverð staðreynd, að hagstjórnarkerfi okkar og afskipti ríkisvaldsins af efnahagsmálum virðast vera þess eðlis, að í stað þess að draga úr uppsveiflu og reyna með ýmsum þekktum ráðum að halda jafnvægi í þjóðarbúskapnum til þess að forðast kollsteypur síðar, þá virðist þessi miklu ríkisafskipti sjálf beinlínis hafa þveröfug áhrif. Við skilyrði fullrar atvinnu og nýtingar framleiðslutækja eru takmörk fyrir því, hve opinberir aðilar og einkaaðilar geta spennt bogann hátt að því er varðar neyslu og fjárfestingu, ef ekki á að lenda í greiðsluþroti út á við og þar af leiðandi stöðnun. Þegar umskiptin verða, aflavonir bregðast eða útflutningstekjur lækka eða hvort tveggja í senn og þar við bætist vaxandi innflutt verðbólga, er svo hömlulaus skriður kominn á útgjaldaþensluna á öllum sviðum, að það fer langt fram úr greiðslugetu útflutningsatvinnuvega. Þá er samkeppnishæfni og rekstrargrundvöllur þessara útflutningsatvinnuvega brostinn, vegna þess að framleiðslukostnaður innanlands hefur farið langt fram úr þeim tekjum sem markast af þróun hins erlenda markaðar. Pólitískt hugleysi eða ábyrgðarleysi getur svo valdið því, að þrátt fyrir umskipti til hins verra er enn reynt með ýmsum bráðabirgðaráðstöfunum að halda uppi falskri kaupgetu, falskri eftirspurn. Opinberrar stuðningsaðgerðir af ýmsu tagi eru notaðar. Það má nefna margar gamalkunnar, sem við höfum beitt. Vísitölubinding kaupgjalds er ein, tímabundnar styrkgreiðslur til atvinnuvega eru ein. Niðurgreiðslur á vöruverði eru ein. Verðbólgufjárfesting í skjóli lágra vaxta er ein aðferðin. Stjórnlaus útlánastarfsemi viðskiptabanka, studd

yfirdrætti hjá seðlabanka, er ein aðferðin. Fölsk gengisskráning er svo náttúrlega ein til viðbótar, og þessi listi er ekki tæmandi. Opinberar stuðningsaðgerðir af þessu tagi halda uppi innflutningseftirspurn löngu eftir að raunveruleg greiðslugeta er þrotin. Loks er svo komið í algert óefni, og þá er ekki eftir nema neyðarúrræðið, hið hefðbundna neyðarúrræði íslenskra efnahagsmála til að draga úr innflutningi og færa tekjur til sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina, hin sígilda gengislækkun.

Þannig snýst hjólið í heilan hring að lokum og þannig höfum við farið marga hringi. Geysileg útflutningsverðshækkun, batnandi viðskiptakjör, miklar kauphækkanir, takmarkalaus útlána-, framkvæmda og neyslualda hins opinbera og alls almennings endar í greiðsluþroti þjóðarbúsins út á við, stórkostlegum viðskiptahalla, uppþurrkun gjaldeyrisvarasjóða, rekstrarstöðvun atvinnuvega, hruni kaupmátar og stórfelldri lífskjaraskerðingu.

Það væri ósanngjarnt annað en að viðurkenna, að grundvallarstærðir íslensks efnahagslífs valda því, að stjórnvöldum er hér meiri vandi á höndum en í háþróuðum iðnríkjum að sjá fyrir óorðna hluti og grípa í tæka tíð til mótverkandi aðgerða, ef sveiflan upp eða niður ætlar að keyra allt úr skorðum.

Meginstærðirnar í jöfnum íslensks þjóðarbúskapar eru mikilli óvissu undirorpnar. Aflamagn verður gjarnan ekki fyrirséð, og þegar til lengri tíma er litið, þá hlýtur það að vera okkur eitt helsta áhyggjuefnið, að almennt er búist við áframhaldandi minnkun heildarþorskafla á Íslandsmiðum á næstu árum, einmitt vegna rýrnandi stofnstærðar og það þrátt fyrir stóraukna sókn með nýjum og afkastamiklum fiskveiðitækjum. Það er ekki nóg með að aflamagn verði naumast fyrir sér. Þótt hægt sé að gera sér nokkra grein fyrir fram fyrir þróun verðlags á erlendum mörkuðum, þá geta umskiptin orðið snögg, og við ráðum engu um verðlagsþróun á þeim mörkuðum. Við þetta geta svo bæst erfiðleikar vegna vaxandi innfluttrar verðbólgu, sem hefur gætt sérstaklega s. l. tvö ár, og auðvitað einstakra utanaðkomandi áfalla sem þjóðarbúið verður fyrir, eins og t. d. Vestmannaeyjagossins. Enda þótt það tjón á mannvirkjum, sem gosið olli, hafi að talsverðu leyti verið bætt með erlendu fjármagni, þá breytir það ekki því, að á þeim uppsprengda markaði, sem fyrir var, urðu framkvæmdir við endurreisnarstarfið eftir gosið auðvitað til þess að kynda stórlega undir verðbólgu, sem best sést á því verulega launaskriði og þeim miklu yfirborgunum, sem ríkjandi voru, þótt lágt hafi farið, í byggingariðnaðinum t. d.

En þótt við af sanngirni reynum að taka tillit til alls þessa, þá verður ekki hjá því komist að viðurkenna að orsakir þeirrar algeru kollsteypu sem við nú stöndum frammi fyrir, má að verulegu leyti rekja til þess, að á árinu 1973, löngu eftir að fyrirsjáanlegt var hvert stefndi, brugðust íslensk stjórnvöld þeirri skyldu sinni að grípa til aðhaldsaðgerða í tæka tíð til þess að tryggja jafnvægi, hægari vöxt, en öruggari. Menn verða að hafa í huga, að það er miklu sársaukaminna að grípa til aðhaldsaðgerða þegar vel árar, að það er miklu meira svigrúm til þess að beita aðgerðum með árangri þegar allar helstu stærðir þjóðarbúskaparins eru hagstæðar. Þeir sem spyrja, og þeir eru margir: Átti þá að daga úr æskilegum og eftirsóknarverðum hlutum, eins og t. d. fjárfestingu í nýjum atvinnutækjum, uppbyggingu á landsbyggðinni, bættum lífskjörum o. s. frv., — þeir menn, sem þannig spyrja, koma í raun og veru upp um að þeir skilji ekki eðli vandans. Það er ekki hér um að ræða val. Stjórnlaus mögnun verðbólgunnar stefnir öllu í þrot, þ. á m. auðvitað fyrst og fremst þessum æskilegu hlutum: uppbyggingu á landsbyggðinni, lífskjörum fólks og fjárfestingu í nýjum atvinnutækjum. Markmiðið er auðvitað að forðast öfgakenndar sveiflur, beita tiltækum hagstjórnaraðgerðum í tíma til þess að tryggja hægari, en öruggari vöxt. Þeir hagsmunahópar t. d., sem hverju sinni freistast til þess að nota aðstöðu sína út í æsar og spenna bogann til hins ítrasta í kauphækkunarkröfum í krónutölu á veltiárum, sbr. reynsluna af sérsamningum í kjölfar rammasamningsins á öndverðu ári 1974, hugsa kannske ekki til þess í svipinn að þeir eru í reynd að opna flóðgáttir atvinnuleysisins síðar meir, auk þess sem gervikauphækkanir í krónutölu gufa upp á svipstundu og koma hvorki þeim né neinum öðrum að nokkru haldi.

Tíminn til áhrifaríkra aðgerða var þess vegna fyrri hluta árs 1973. Þá þegar var sýnt, að heildaraflamagn reyndist meira en spáð hafði verið, sérstaklega vegna þess að loðnuvertíðin reyndist óvæntur búhnykkur, þrátt fyrir nokkurn samdrátt í þorskafla. En sérstaklega er þó það, að verðlag á útflutningsmörkuðum hækkaði meira en dæmi eru til fyrr eða síðar eða um allt að 57% fyrir útfluttar sjávarafurðir í heild og miklu meira í einstökum greinum sjávarútvegs. Öll útgjaldaáform einkaaðila og opinberra, bæði að því er varðaði fjármunamyndun og neyslu, stefndu í krafti þessara staðreynda stöðugt upp á við.

Það er mikill misskilningur að halda, að frv. hæstv. fyrrv. forsrh., Ólafs Jóhannessonar, um viðnám gegn verðbólgu vorið 1974 hafi verið dæmi um framsýna eða ábyrga efnahagspólitík. Þá þegar var fyrir löngu komið í óefni, og frv. fól ekki í sér annað en örþrifaráð eftir dúk og disk, eftir að svigrúm til viðnámsaðgerða var orðið stórlega skert.

Það er engin tilviljun, að skýrsla Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu um íslensk efnahagsmál fyrir árið 1974 er einn samfelldur áfellisdómur yfir þeirri fyrirhyggjulausu og vanhugsuðu grútarbræðsluhagfræði, sem ég leyfi mér að kalla svo, sem réð lögum og lofum um stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum á árunum 1973—1974, þeim tveimur árum sem hagsveiflan gekk yfir. Þar er sýnt fram á, að afskipti ríkisvaldsins af efnahagslífinu og hagstjórnarkerfi okkar í heild er með þeim endemum að gera jafnan illt verra. Einföldustu skólabókardæmi um sjálfstæðar efnahagsaðgerðir, sem allar ríkisstjórnir eftir stríð, hvar á hnettinum sem væri, mundu grípa til undir svipuðum kringumstæðum, voru látin lönd og leið. Hver er ástæðan? Hún getur ekki verið sú að við vitum ekki betur. Þekkingu okkar

á íslenskum efnahagsmálum hefur fleygt stórlega fram á undanförnum árum. Við erum orðnir reynslunni ríkari eftir viðskipti fyrri ríkisstjórna við hagsveifluvandamál af svipuðu tagi. Meginástæðan virðist mér vera pólitísk að eðli, og hún er ekki léttbærari fyrir það.

Mér virðist það vera staðreynd, að áhrifamiklir stjórnmálaforingjar þykjast þess umkomnir í hroka sínum og þröngsýni að vísa á bug og meta einskis þær ósmáu framfarir, sem orðið hafa að því er varðar þekkingu manna og tæknilega kunnáttu við stjórn efnahagsmála. Þetta er þeim mun furðulegra og þversagnakenndara þegar þess er gætt, að þetta á einkum og sér í lagi við um stjórnmálaforingja, sem í orði kveðnu kenna sig hvað mest við sósíalísk úrræði og skipulagsbyggingu. Þannig hefur reynslan af síðustu vinstri stjórn endanlega skorið úr um það að mínu mati að einhver áhrifamesti ráðh. fyrrv. ríkisstj. og foringi Alþb., hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, sé einhver glæfralegasti fjárhyggjumandarín sem nokkurn tíma hefur setið á ráðherrastóli á Íslandi. Þetta er sagt með fullri virðingu fyrir þessum hv. þm. sem nýtur viðurkenningar innan Alþingis jafnt sem utan fyrir yfirgripsmikla þekkingu á málefnum sjávarútvegs og fiskvinnslu, sem hann hefur aflað sér á löngum ferli sem sveitarstjórnarmaður, þm., ráðh. og síðast, en ekki síst forstjóri útgerðarfyrirtækis. Slíka þekkingu ber ekki að vanmeta, og ég skal síðastur manna gera lítið úr henni. Ég segi þetta vegna þess, að ég þykist vita að hv. þm. hafi reynst hvað áhrifamestur innan fyrrv. ríkisstj. við mótun afstöðu til efnahagsvandamála, þótt því verði ekki á móti mælt, að formlega a. m. k. hvílir sú ábyrgð þyngst á herðum hæstv. fyrrv. forsrh. En það er furðuleg þversögn, og það er þessi furðulega þversögn sem í reynd varð fyrrv. vinstri stjórn að falli.

Kjarni málsins er sá, að „öngva góður vilji gerir stoð". Vinstri stjórnin gat framfylgt miklum útgjaldaáformum sínum svo lengi sem hagsveiflan, sem mótast af undirstöðustærðum hinnar íslensku efnahagsjöfnu og er algerlega óháð vilja stjórnvalda, — svo lengi sem hagsveiflan reyndist ríkisstj. hagstæð og gjöful. Meðan lukkuhjólið snerist henni í vil, þá lék allt í lyndi. En um leið og hagsveiflan snerist á hinn veginn hrundi þessi ríkisstj. eins og spilaborg í vindi.

Þessi þriðja ríkisstj. vinstri aflanna á Íslandi var greinilega sjálf þungt haldin happdrættishugarfari okkar verðbólgusjúka efnahagslífs. Það er leitt til þess að vita og umhugsunarefni fyrir alla vinstri menn, að fátt virðist hafa verið þessari ríkisstj. jafnframandi og skipulagshyggja nútíma hagstjórnarfræða. Þegar upp var staðið hafði þessi fyrrv. ríkisstj. í reynd veðsett framtíðinni þau markmið sem ég hygg undirhyggjulaust að hún hafi borið fyrir brjósti öðru fremur, t. d. uppbyggingu landsbyggðarinnar, traustan grundvöll þjóðlegra atvinnuvega, sem mikið var talað um í upphafi, að tryggja fulla atvinnu, vaxandi kaupmátt launa o. s. frv. Minnismerki fyrrv. vinstri stjórnar um áætlanabúskap og skipulagshyggju í efnahagsmálum var sem kunnugt er Framkvæmdastofnun ríkisins, en þar hefur hv. 5. þm. Austf., Sverrir Hermannsson, nú hreiðrað um sig á rústunum.

Væri þessi þversagnakennda lífsreynslusaga vinstri stjórnarinnar ekki tilvalið efni til doktorsritgerðar fyrir einhvern ungan og efnilegan menntamann úr röðum Alþb., sem einhvern tíma hefði af einhverri alvöru kynnt sér barnalærdóm marxíska fræða? Sá lærdómur er, ef nokkur, að menn storka ekki þjóðfélagslegum þyngdarlögmálum að vild sinni án einhvers konar áhættu fyrir eigið pólitískt heilsufar, fremur en menn láta persónulega reyna á þyngdarlögmálið með því að hoppa út um glugga.

Það er svo til þess að kóróna háðungina, að þegar allt er komið í þrot og óhjákvæmilegt er að ríkisvaldið beiti aðferðum skipulagshyggju og stjórnsemi í efnahagsmálum, á það að koma í hlut svokallaðra hægri afla á Íslandi, sem opinberlega styðjast þó við hugmyndafræði frjálshyggju. Það er varla nema von að þeir kunni illa við sig í hlutverkinu og varla nema von að þjóðin eigi bágt með að skilja „systemið" í þessum „galskap".

Það er lærdómsríkt að rifja það upp hvað ríkisstj. skipulagshyggju hefði þurft að gera fyrri hluta ársins 1973 til að stemma í tæka tíð stigu við ella fyrirsjáanlegri kollsteypu. Ég nefni nokkur dæmi — skólabókardæmi:

1. Þá bar nauðsyn til að hemja fiskverðshækkanir innan ákveðinna takmarka til þess að koma í veg fyrir að misgengisáhrif í tekjuöflun sjávarútvegs og fiskiðnaðar hefðu keðjuverkandi áhrif um allt hagkerfið.

2. Þá átti að auka bindingu fjár í verðjöfnunarsjóði sjávarútvegs til að geta mætt umskiptum í viðskiptakjörum síðar meir.

3. Þá átti að beita samræmdu aðhaldi varðandi útgjaldaaukningu og útlán yfirleitt, jafnt hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum.

4. Þá átti að beita aðferðum áætlunarbúskapar og skipulagshyggju við að ákvarða forgangsverkefni, að því er varðaði framkvæmdir hins opinbera, bæði innan ramma fjárlaga og framkvæmdaáætlana og fjárfestingarsjóða. T. d. að veita vissum þáttum uppbyggingar á landsbyggðinni algeran forgang, en beinlínis beita ráðum til þess að skera niður og draga úr ofþenslu sem ríkjandi var á sama tíma á höfuðborgarsvæðinu.

5. Þá átti að herða á skattlagningu til þess að draga úr umframkaupgetu og eftirspurnaræði, sem skapaði hættu að því er varðaði viðskiptajöfnuðinn út á við, svo sem fljótlega kom á daginn.

6. Þá átti að gera ráðstafanir til aukinnar bindingar fjármagns með því að taka það úr umferð frá skammtímaneyslu, t. d. að því er varðaði lífeyrissjóði, tryggingarfélög, lánastofnanir.

7. Þá hefði verið ráðlegt að taka upp einhvers konar form aukins skyldusparnaðar.

8. Þá var óhjákvæmilegt að hverfa frá lágvaxtapólitíkinni, sem hér hefur verið hefðbundin, og hækka vexti verulega til að koma í veg fyrir hreina verðbólgufjárfestingu í ýmsum greinum.

9. Þá hefði átt að vera eitt helsta keppikefli stjórnvalda að reyna að ná samstöðu og samkomulagi við verkalýðshreyfinguna um að varðveita með einhverjum varanlegum hætti vaxandi kaupmátt og bætt lífskjör, t. d. með samkomu-

lagi um takmörkun eða afnám að hluta til á vísitölubindingu kaupgjalds á hátekjum gegn virkum stuðningi ríkisvaldsins með óbeinum aðgerðum við launajafnaðarpólitík verkalýðshreyfingarinnar. Engum stóð þetta nær en vinstri flokkum og verkalýðsflokkum.

Þá var tíminn og tækifærið til þess að beita úrræðum skipulagshyggju að því er varðaði útlánapólitík fjárfestingarlánasjóða og bankakerfis. Staðreyndin er samt sem áður sú, að hvorir tveggja þessara aðila, þó að allir eigi þeir að heita að vera ríkiseign og undir ríkisforsjá, þeir lögðu sitt ótæpilega af mörkum til að magna sveifluna upp um allan helming. Allar þessar ráðstafanir, hver og ein, kölluðu á það að valdhafar væru í ríkum mæli gæddir æðstu dyggð sérhvers stjórnmálaforingja, en sú dyggð heitir að mínu mati pólitískt hugrekki, ekki aðeins hugrekki til að fremja skyssur, eins og hæstv. fyrrv. forsrh. minnti einn fyrrv. samráðh. sinn á með frægum hætti hér um árið, heldur ekki síður að þora að gera það sem vit er í, jafnvel þó að það valdi óvinsældum í svip og má þess vegna kannske núna minna hæstv. ráðh. á kvers vegna var þetta ekki gert? Hvaða félagsfræðilegar skýringar eru til á því, að ríkisstj., sem kennir sig við vinstri, sem telur sig málsvara hinna verst settu í þjóðfélaginu, verkalýðshreyfingar og landsbyggðarfólk, hegðar sér eins og óuppdreginn síldarspekúlant og nýríkur grósseri og teflir þar með árangrinum af öllu því, sem hún vildi vel gera, ekki aðeins í tvísýnu heldur í þrot? Hvað stoðar það bótaþega almannatrygginga nú, þótt hæstv. fyrrv. ráðh. Magnús Kjartansson hafi sannarlega af góðum hug og þekkilegu pólitísku innræti viljað tryggja þeirra hag á veltiárum vinstri stjórnarinnar? Hvað stendur eftir af því þegar afleiðingarnar af efnahagsóstjórn vinstri stjórnarinnar hafa endanlega allar komist til skila? Hvað stoða okkur landsbyggðarmenn auknar fjárveitingar í hafnir, vegi og brýr á tímum vinstri stjórnarinnar, ef afleiðingarnar af efnahagsóstjórninni leiða til þess óhjákvæmilega, að við verðum nú nauðugir viljugir að horfast í augu við alvarlegan niðurskurð, jafnvel eitt til tvö ár fram í tímann, á fjárveitingum til verklegra framkvæmda á landsbyggðinni?

Hvað er hægt að gera, úr því sem komið er? Það er augljóst, að svigrúmið til aðgerða er miklum mun minna nú, þegar allt er komið í þrot, heldur en ef gripið hefði verið í tæka tíð til fyrirbyggjandi ráðstafana, eins og það er orðað í heilbrigðismálum. Þá hefðu ýmsar aðhaldsaðgerðir verið tiltölulega sársaukalitlar. Nú verður ekki hjá því komist að koma við kaun ýmissa þjóðfélagshópa. Það eru engin ráð til að losna við timburmennina eftir veisluna miklu.

Grundvallarstaðreyndin er sú, að hinar ytri aðstæður þjóðarbúsins hafa snúist við. Við búum við skertar þjóðartekjur, og þær fara minnkandi. Menn verða að horfast í augu við þær staðreyndir, að það er minna til skiptanna en var, og það er óhugnanlegt til þess að vita, að þarf ekki annað út af að bera en að vertíð bregðist, til þess að atvinnuleysið sé orðið stærsta staðreynd í þjóðarbúskap íslendinga. Það er nú þegar svo komið, að það er ekki hægt að halda uppi gervikaupmætti í þjóðfélaginu lengur áfram en erlendir lánardrottnar fást til þess að skrifa upp á víxilinn. Þurrð gjaldeyrisvarasjóðsins og viðskiptahalli á einu ári upp á 16 milljarða, þýðir í mæltu máli það, að við getum ekki búist við því að lifa lengur á öðrum.

Hið pólitíska vandamál, sem við nú stöndum frammi fyrir og hlýtur að koma í hlut stjórnmálamanna að leysa, er því fólgið í því að skipta smærri köku. Alveg eins og arðinum var misskipt á velgengisárunum, eins verður nú að jafna niður tapinu eftir efnum og ástæðum, ekki aðeins vegna þess, að það er pólitískt siðalögmál upplýsts velferðarríkis, sem vill ekki kafna undir nafni, heldur líka vegna þess, að sé það siðalögmál sniðgengið er um leið verið að efna til borgarastyrjaldar sem væri enn eitt sjálfskaparvítið og líklega það versta. Þetta er ekki aðeins vandamál hæstv. ríkisstj. Þetta er vandamál, sem þjóðkjörnum fulltrúum á löggjafarsamkomu þjóðarinnar ber skylda til að leysa. Þetta er líka vandamál hagsmunasamtaka og félagsmálahreyfinga fólksins í landinu. Þetta er endanlega það vandamál, sem nú hvílir þyngst á herðum þeirra sem minnst mega sín í þessu þjóðfélagi, ef rás viðburðanna ein saman á að hafa sinn gang. Þeir, sem telja sig sérstaka umbjóðendur þess fólks, láglaunafólksins í verkalýðshreyfingunni, bótaþega almannatrygginga, aldraðra og öryrkja og íbúa landsbyggðarinnar, sem þegar búa við skarðastan hlut í sameiginlegri neyslu þjóðarinnar og félagslegri þjónustu, geta ekki skotið sér undan því að taka þátt í björgunarleiðangrinum. Það er ríkisstjórnarinnar að gera í einstökum atriðum grein fyrir sínum úrræðum. Það er okkar allra einmitt áður en ríkisstj. birtir sínar till. eða ákvarðanir, að skýra viðhorf okkar og benda á leiðir eins og við erum frekast menn til.

Neyðarástand kallar á neyðarúrræði. Þeim er ætlað að leysa vandann til bráðabirgða, koma þjóðarskútunni aftur á réttan kjöl, skapa svigrúm til varanlegra umbóta síðar á þeim grundvallarveilum í efnahagskerfi og hagstjórnaraðferðum okkar, sem bitur reynsla hefur nú kennt okkur að við verðum að forðast framvegis eins og heitan eldinn. Hvað er hægt að gera?

Í fyrsta lagi er óhjákvæmilegt að draga úr almennri neyslu til þess að létta á viðskiptahalla. Þetta er hægt að gera með hækkun skatta á hátekjuhópum, sérstökum ráðstöfunum, sem stuðla að aukinni sparifjármyndun, annaðhvort með óbeinum aðgerðum eða beinum þvingunum, og með tilteknum umbótum á peninga- og lánsfjármarkaði.

Í öðru lagi er óhjákvæmilegt að flytja til aukið fjármagn frá neyslu til atvinnuveganna og þá einkum útflutningsatvinnuvega. Þetta höfum við venjulega gert með gengislækkun, en það er líka hægt að gera það með lögbundnum millifærslum fjármuna. Gengislækkun er þess eðlis, að það er ríkisstj. einnar að taka ákvörðun um það og bera ein ábyrgð á þeirri ákvörðun. Hitt er ljóst, að ytri aðstæður í okkar þjóðarbúskap eru nú slíkar, að gengislækkun hefur aldrei komið að jafnlitlu haldi, þótt aðeins sé hugsað til örskamms tíma, en þessu veldur skuldaklafi útflutnings-

atvinnuveganna og ört vaxandi verðbólguþróun í viðskiptalöndum.

Í þriðja lagi verður að tryggja kjör hinna verst settu. Það er hægt að gera með ýmsu móti. Það er hægt að gera með skattaívilnunum og hugsanlega takmarkaðri vísitölubindingu kaupgjalds, t. d. upp að vissum lágmarkstekjum. En þetta felur jafnframt í sér, og það eiga allir stjórnmálamenn að þora að segja fullum fetum, að það er óhjákvæmilegt að skerða kjör hátekjufólks og þeirra þjóðfélagshópa, sem stöðu sinnar vegna hafa notið sérstakra fríðinda og í sumum tilvikum sjálfdæmis um ákvörðun eigin tekna. Þetta er hægt að gera með skattaðgerðum og skyldusparnaði í einhverri mynd. Margir hafa á orði: Hvernig væri að ráðh., „kommissarar“ og þm. gengu á undan öðrum með góðu fordæmi og legðu þar með loksins fram raunhæfan skerf til þess að endurreisa álit þjóðarinnar á Alþ., sem mönnum ber saman um að ekki muni af veita.

Í fjórða lagi verður að spara. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason orðaði það þannig: „Það verður að spara og spara og spara.“ Þetta er rétt. Hjá því verður ekki lengur komist að taka upp, e. t. v. smám saman í áföngum, verðtryggingu fjárskuldbindinga eða með öðrum hætti skapa ákveðin tengsl milli vaxtastigs og verðbreytinga. Það verður með öðrum orðum loksins að taka ákvörðun um það að fara að tryggja verðgildi peninga. Til þess að svo megi verða verðum við að hætta að tala um að það þurfi að brjóta verðbólguhugsunarháttinn á bak aftur. Það ber að nota núna tækifærið og gera það. Það er eina leiðin til þess að auka framkvæmdafé innanlands, eina leiðin til að vernda raungildi sparifjár, sem er ekki hvað síst hagsmunamál þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Og um leið er þetta eina leiðin til þess til frambúðar að reka hagkvæma fjárfestingarpólitík og stuðla að aukinni framleiðni, sem er allt of lág í íslenskum atvinnurekstri, öðrum en sjávarútvegi og fiskiðnaði.

Þá er heldur betur komið að því að ríkisvaldið verði sjálft að taka sína eigin fjármálastjórn og þar með t. d. starfsemi fjárfestingarsjóða og viðskiptabanka til gagngerðrar endurskoðunar. Í því efni er ekki nóg að hrófla upp stofnanabáknum, sem í reynd eru eins konar sjálfsalar fyrir hvers kyns verðbólguspekúlanta. Um leið og við ætlumst til þess að almenningur taki á sig þungar byrðar, sem m. a. stafa af almennri óstjórn í efnahagslífinu, verðum við að gera þá kröfu til forráðamanna fyrirtækja og atvinnurekenda og forstjóra lánastofnana, að atvinnurekendur séu látnir reka fyrirtæki sín eins og menn eða gjalda fyrir ella sjálfir, og afnema þá ævitryggingu þeirra, að þeir geti hlaupið ævinlega eftir á á náðir ríkisvaldsins og fengið styrki af almannafé til þess að sjá sér borgið. Í þessu efni er rétt að benda á að við endurskoðun skattalöggjafar verður að taka upp breytta skattmeðferð verðbólguhagnaðar og vaxta sem kæmi réttilega við kaun ýmissa sérhagsmuna- og fríðindahópa í þjóðfélaginu.

Loks má á það benda, að Alþ. og ríkisstj. verða að taka vinnubrögð sín við undirbúning fjárl. til gagngerðrar endurskoðunar með það fyrir augum að fjárlögum ríkisins verði framvegis beitt í auknum mæli sem hagstjórnartæki, þ. e. til þess að hafa áhrif á helstu þjóðhagsstærðir eftir því sem hagsveiflutilhneigingar krefjast hverju sinni. Mig langar til gamans — með leyfi forseta — að vekja athygli þingheims á bráðskemmtilegri umsögn forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar beinlínis af þessu tilefni, vegna þess að það snertir beint það sem við erum að ræða. Í erindi, sem hann flytur um framtíðarviðhorf í opinberum hagstjórnarmálum, fluttu 28. apríl árið 1974, um það leyti sem hvað mest gekk á í íslenskum stjórnmálum, þá segir hann svo um þetta efni, með leyfi forseta:

„Fjvn., Alþ., sem ásamt fjh.- og viðskn. d. ætti að vera vettvangur efnahagsmála á þingi, hafa í reynd orðið í mörgu hreinn framkvæmdaaðili sem ákveður úthlutun fjárveitinga út í ystu æsar, en fer kannske með glans yfir heildaráhrif fjárl. á þjóðarbúið á einu síðdegi í skammdeginu. Því fer fjarri, að við þingið eitt sé að sakast, þótt það hafi lengi verið vinsælt að gagnrýna vinnubrögð þess. Hér er einkum um það að ræða að farvegur efnahagsmála er yfirleitt lauslega markaður í stjórnkerfinu. Ég held, að hér gæti m. a. komið til greina að gera almennum efnahagsmálum hærra undir höfði í þinginu, t. d. með sérstökum efnahagsumr. einu sinni eða tvisvar á ári á grundvelli yfirlitsskýrslna og e. t. v. með sérstakri efnahagsmálanefnd beggja deilda.“ — Ég vek sérstaka athygli á þessu vegna þess, að þetta er algerlega shlj. þeim tilmælum sem við nú höfum beint til hæstv. forsrh. Og ég vil taka það fram, að mér var ókunnugt um þetta erindi þjóðhagsstjóra, þegar við gerðum þær till. Ég lýk þessari tilvitnun: „— auk þess sem staða efnahagsmálanna ætti að markast skýrar innan ríkisstj., annaðhvort með eflingu forsrn. eða fjmrn. eða sérstöku rn., og er fyrri kosturinn án efa betri. Stjórnmálasaga“ — taki nú stjórnmálamenn eftir — „stjórnmálasaga síðustu áratuga bendir til þess, að stjórnarfarið hafi dregist aftur úr í veruleikanum í þessum efnum. Og svo oft hafa efnahagsmálin orðið tilefni stjórnarskipta, að stjórnmálamenn gætu orðið þessu a. m. k. að einhverju leyti sammála.“

Það skal fúslega viðurkennt að ráðstafanir af því tagi, sem ég hef nú nefnt, eru ekki einhlítar. Vafalaust þarf fleiri til. Flestar eru þessar ráðstafanir, sem ég hef nefnt, skammtímaráðstafanir, sem hafa fyrst og fremst þann tilgang að stuðla aftur að jafnvægi og skapa ráðrúm til að koma á varanlegum umbótum á „strúktúr“ og starfsaðstöðu kerfisins. Þær varanlegu aðgerðir, sem rétt væri að víkja að, beinast ekki hvað síst að samskiptum aðila vinnumarkaðsins og ríkisvaldsins, en viðunandi framtíðarskipan þeirra mála byggist fyrst og fremst á aukinni pólitískri samstöðu og skilningi á sameiginlegum hagsmunum. Ég hef fyrir fram litla trú á því að fenginni reynslu, skammri reynslu að vísu, að núv. hæstv. ríkisstj. sé líkleg til stórræða á því sviði, þótt aldrei skuli því slegið föstu fyrir fram, og mun því ekki ræða það frekar hér.

Herra forseti. Ég læt nú senn þessu máli lokið. Samkv. blaðafregnum frá fundi hæstv. forsrh. með fréttamönnum þriðjudaginn 4. þ. m. virðist ríkisstj. ekki vera undir það búin að

leggja samræmdar heildartill. um lausn efnahagsvandamálanna fyrir Alþ. alveg á næstunni. Með vísun til þess vil ég að lokum ítreka þau tilmæli, sem fram komu í álitsgerð þingflokks Samtakanna og í bréfi til hæstv. forsrh., þess efnis að hann beiti áhrifum sínum innan stjórnarflokkanna og innan meiri hl. á Alþ. til þess að einhver af starfsnefndum þingsins taki frumkvæði að sjálfstæðri úttekt og rannsókn á helstu valkostum, sem til greina koma við lausn vandans. Það situr sist á mér sem upphafsmanni þessara umr. að gera lítið úr gildi þeirra. Umr. í Sþ. gegna sínu hlutverki við að skýra mál og móta afstöðu þingflokka. En slíkar umr. geta ekki komið í stað þess starfs, sem best fer á að unnið sé í n., enda reynslan sú að meginið af veigamestu störfum þingsins fer fram með þeim hætti. Ég tel mig þegar hafa fært fullgild rök fyrir þessum tilmælum.

Ég vil að lokum leggja á það megináherslu, að óþarfaleynd stjórnvalda um undirbúning mála og málatilbúnað sé óskynsamleg, hvort heldur á það er litið frá sjónarmiði ríkisstj., Alþ. eða almennings í landinu. Upplýsingamiðlun og mótun upplýsts almenningsálits á meginþáttum vandans og raunhæfum úrræðum til bóta er í sjálfu sér ómissandi þáttur í öllum heiðarlegum tilraunum á hagstjórnaraðferðum okkar. Þá fyrst þegar almenningur í landinu hefur átt þess raunverulega kost að fylgjast með undirbúningi að lausn vandans á öllum stigum og hefur fengið skýra mynd af þeim kostum, sem taldir eru vera fyrir hendi, þá fyrst verður almenningur dreginn til ábyrgðar, ef hann að lokum hafnar því að þræða hinn dyggðum prýdda þrönga veg um skeið, þótt það þyki skynsamlegast að bestu manna yfirsýn.

Herra forseti. Ég þakka þolinmæði við þetta langa erindi.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Á þingflokksfundi Alþb. í gærdag var ákveðið að óska eftir því, að umr. gætu farið hér fram á Alþ. í dag utan dagskrár um stöðuna í efnahagsmálum. Og þar sem hér eru nú þegar hafnar umr. utan dagskrár um þessi mál, mun ég nota tækifærið til þess að víkja nokkuð almennt að stöðunni í efnahagsmálum frá sjónarmiði okkar Alþb.-manna, en koma kannske síðar í máli mínu eitthvað svolítið inn á þá sérstöku ræðu, sem var verið að ljúka við að flytja af þeim nýja spámanni sem hefur birst á Alþ. nú nýlega.

Það hefur auðvitað ekki farið fram hjá neinum manni í landinu undanfarna daga, að við allmikinn efnahagsvanda er að glíma, og sérstaklega ætla ég að þeir, sem hlusta eftir máli stjórnarherranna í landinu og þeirra stuðningsblaða, hafi ekki misst af boðskapnum um það, við hvaða vanda sé nú að glíma í íslenskum þjóðmálum. Þeir hafa heyrt frá því skýrt, að gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar væri nú uppurinn með öllu og þar væri komið í algert óefni. Þeir hafa heyrt sagt frá því, að gífurlegur taprekstur væri hjá útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar, sérstaklega sjávarútvegi, og í þeim efnum hafa verið nefndar hrikalega háar tölur um taprekstur inn. Þeir hafa auðvitað veitt því athygli, að þó að komið sé nokkuð fram í febr., er ekki enn búið að ákveða fiskverð fyrir komandi vetrarvertíð, sem þó á lögum samkv. að ákveða fyrir áramót eða áður en vertíð byrjar. Og svo vita allir landsmenn, að nær allir kaupgjaldssamningar í landinu eru lausir og allmikið rætt um það, að verkföll geti skollið á við sjálf aðalframleiðslustörfin. En þetta hefur sem sagt dunið á okkur nú síðustu daga, fréttir af þessu tagi, þrátt fyrir það að legið hafi fyrir á Alþ., að núv. ríkisstj. gerði tilteknar efnahagsráðstafanir rétt eftir að hún tók við völdum, — ráðstafanir sem hún hélt þá fram að ættu að vera nægjanlegar. Það var ekki annað á hæstv. ríkisstj. að heyra en að hún tryði þessu alveg fram að jólaleyfi alþm. Þá var Alþ. að fjalla um ráðstafanir í efnahagsmálum, einkum til stuðnings sjávarútveginum, og m.a. setja reglur um ráðstöfun á gengishagnaði, og þá fóru hér fram allmiklar umr. um þessi mál og kom ekkert fram frá hálfu ríkisstj. annað en það, að ef þessar aðgerðir væru staðfestar væri málunum borgið.

Síðan gerðist svo það, að ríkisstj. losaði sig við Alþ. alldrjúgan tíma, nokkuð á annan mánuð, og ekki var komið saman hér á Alþ. fyrr en 27. jan. Þá höfðu orðið allmiklar breytingar, eins og nú hefur verið skýrt frá, í ýmsum greinum. Var því fyllilega við því að búast í kjölfar allra þessara umsagna, sem ég hef minnst á, um stöðuna í efnahagsmálum, að hæstv. ríkisstj. kæmi fram með nýjar till. í efnahagsmálum. En á því hefur nú orðið dráttur og einnig varðandi eitt af þýðingarmestu atriðum þessara mála, þ. e. a. s. ákvörðun fiskverðs, svo að vetrarvertíð geti hafist með eðlilegum hætti og lögum samkv. Vitanlega er mjög alvarlegt fyrir sjómenn að ráða sig til skips, vita ekki upp á hvaða launakjör þeir eiga að ráða sig og komið er talsvert fram á vertíðina. Það er líka býsna erfitt fyrir útvegsmenn að hefja af fullum krafti útgerðarrekstur án þess að vita um verð á aflanum, að maður tali nú ekki um þá sem eiga að kaupa þennan afla til verkunar. Þeir vita enn ekkert um á hvaða grundvelli þeir eiga að starfa.

Það er því ekkert um það að villast, að eitt af því nauðsynlegasta, sem fyrir liggur, er að fá ákvörðun á fiskverði, sem hefði átt að vera komin fyrir alllöngu. En nú hefur verið frá því skýrt af þeim, sem einkum hafa með þessi mál að gera, t. d. forustumanni eða formanni í Landssambandi ísl. útvegsmanna, að hann telji og þeir, sem með þessi mál hafa að gera, að það sé ekki hægt að ákveða fiskverð eins og nú standa sakir, vegna þess að það skorti á að fá upplýsingar um hvaða ráðstafanir eigi að koma til hjálpar frá ríkisvaldinu, það sé engin aðstaða til að ganga frá fiskverðinu. Á nær sama tíma sem þessi forsvarsmaður útgerðarinnar skýrir frá þessu, kemur síðan hæstv. forsrh. og segir: Fyrst fiskverðið, síðan munum við athuga um efnahagsráðstafanir af hálfu ríkisins. — Á þessu er vitanlega ekki annað að heyra en þessi mál séu komin í hina mestu sjálfheldu.

Ég vil benda á að það hefur alltaf, að því er ég veit, verið þannig staðið að þessum málum, að fiskverðið hefur verið ákveðið í fullu samráði við stjórnvöld og venjulega á þann hátt, að stjórnvöld hafa orðið að lofa ákveðnum aðgerðum til þess að endar næðust saman í sambandi

við ákvörðun á fiskverði. Þetta hefur orðið að gerast allt um sama leyti.

Ég fyrir mitt leyti vil fordæma það, hve mikill dráttur hefur orðið á því að þessu sinni að ákveða fiskverð fyrir vetrarvertíð, og benda á, að það er enginn vafi á því að þessi dráttur er þegar farinn að hafa veruleg áhrif til þess að draga úr framleiðslu þjóðarinnar. Útgerð getur ekki hafist af fullum krafti undir þessum kringumstæðum og gerir það ekki. Ég vil því fyrir mitt leyti beina því til hæstv. forsrh., að hann taki til endurskoðunar fullyrðingar sínar um að það sé ekki hægt frá hans hálfu eða ríkisstj. að segja til um, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hefur í huga, fyrr en fiskverð liggur fyrir. Það er óneitanlegt, að það er eflaust mjög erfitt, eins og nú standa sakir, að ákveða fiskverðið á raunhæfan hátt án þess að beint samstarf sé við stjórnvöld um leið og þessi ákvörðun er tekin. Ég held, að það ætti allra síst að standa á hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, því að það getur ekki verið í hennar hag að tefja það að lausn fáist á þessu þýðingarmikla atriði.

En vitanlega er einnig brýn þörf á því að teknar verði ákvarðanir hið fyrsta af ríkisstj. og Alþ. um óhjákvæmilegar aðgerðir í efnahagsmálum að því er varðar rekstrarafkomu útflutningsatvinnuveganna. Á þessu stigi málsins legg ég engan dóm á það hvernig raunverulega er háttað rekstrarafkomunni. Ég var fyrst nú í dag, rétt um það bil sem þessi fundur byrjaði, að fá þau gögn sem fyrir hafa legið frá Þjóðhagsstofnun um nýja úttekt á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins. Þessi gögn fékk ég í hendur fyrir milligöngu hæstv. forsrh. og er þakklátur fyrir að hafa fengið þau. En við í stjórnarandstöðunni hefðum auðvitað átt að vera búnir að fá þessi gögn fyrir nokkru til þess að við hefðum haft aðstöðu til þess að glöggva okkur á því, hver þessi vandi er í raun og veru, eins og hann hefur verið settur á blað nú. Ég efast ekkert um að við allmikinn vanda er að stríða í sambandi við rekstrarmál sjávarútvegsins. En ég tek það með miklum fyrirvara, að sá vandi sé eins og látið er í veðri vaka í sambandi við þær tölur sem settar hafa verið fram.

Það hefur verið skýrt frá því, að reikna megi með að heildartaprekstur á bátaflotanum á einu ári muni nema rúmlega 2 milljörðum kr., heildartaprekstur á togaraflotanum muni nema um 1 milljarði og taprekstur inn á veiðiflotanum alls muni nema um 3 milljörðum kr. Þessar háu tölur segja ekki alla söguna. Það þarf að fá upplýsingar um það, á hvaða grundvelli þessar tölur eru fengnar, með hvaða aflamagni hefur t. d. verið reiknað og með hvaða verðlagi hefur verið reiknað, hvað er að segja um afskriftir, sem reiknaðar eru inn í þetta dæmi, að maður tali nú ekki um hin nýju vaxtaútgjöld. Í þessum efnum vil ég aðeins nefna það á þessu stigi málsins, að afskriftir fyrir sjávarútveginn, sem reiknaðar eru með í þessum nýju upplýsingum, nema 2 661 millj. kr. eða rúmlega 2.6 milljörðum, svo að mjög drjúgur hluti af því tapi, sem hér er um að ræða, eru afskriftir, og um þær má ræða út af fyrir sig. Ég vil einnig benda á að vaxtagreiðslur — og þá er talað aðeins um beinar vaxtagreiðslur, þær sem útgerðarfyrirtækin verða beint að borga, en ekki á óbeinan hátt, en á þann hátt borgar útgerðin líka mikið í vexti, — að vaxtagreiðslur útgerðarinnar eru samkv. þessum reikningum, miðað við eitt ár, rúmlega 2 milljarðar kr. og hafa hækkað við síðustu vaxtahækkun um rúmlega 500 millj. kr. Þarf engan að undra, að taptölurnar fari vaxandi hjá útgerðinni við vaxtahækkun eins og þá sem hefur verið samþ. nú í áföngum.

Ég hef látið þá skoðun í ljós og á eftir að víkja nokkuð að því síðar, að þessi vaxtahækkun hafi verið algerlega röng og aðeins til þess að auka á vandann. En svo eru til nýir spámenn, sem hér hafa nýlega talað, þeir vilja enn þá hærri vexti og boða sérstaklega vaxtahækkun og átelja m. a. vinstri stjórnina fyrir að hafa ekki hækkað vexti. En ég hygg að þeir menn eigi eftir að kynnast ýmsu varðandi þessi mál í veruleikanum, ef þeir þá lifa það nokkurn tíma að snerta veruleikann, að þeir eigi eftir að læra nokkuð af því, hvað það þýðir í raun að ætla að búa við vaxtafót sem kominn er í mjög mörgum tilfellum upp í 24%. En samkv. núgildandi reglum hafa bankar landsins rétt til þess að taka 2% á mánuði eða 24% á ári þegar um vexti af vanskilalánum er að ræða, og þetta er gert nú í mjög stórum stíl. En sem sagt, menn þykjast góðir ef þeir geta búið við það að borga 18% vexti.

Það er enginn vafi á því að mínum dómi, að það er allverulegur vandi fyrir höndum, sem þarf að leysa fyrir okkar sjávarútveg. Ég tel, að þann hátt eigi að hafa á varðandi þessi mál öll, að ríkisstj. sú, sem meiri hl. Alþ. hefur valið sér til framkvæmdastjórnar, eigi að gera grein fyrir till. sínum, leggja þær fram, gjarnan að leita eftir samráði og samstarfi við minni hl. á Alþ., og ég vil lýsa því yfir fyrir hönd okkar Alþb.-manna, að við erum reiðubúnir til samstarfs við ríkisstj. varðandi úrræði í efnahagsmálum. En við teljum, að það sé hinn eðlilegi gangur málsins að ríkisstj., sem til þess hefur verið valin af meiri hl. Alþ. að hafa forstjórn þessara mála með höndum, geri grein fyrir sínum till. og eigi síðan samstarfsviðræður við minni hl. á Alþ. um þessi mál og að sjálfsögðu einnig við þýðingarmikla aðila utan þings, sem láta sig þessi mál miklu skipta. Þetta er hinn eðlilegi gangur málsins. Það er auðvitað hægt að hugsa sér hina leiðina, sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, að ríkisstj. gefi þessi mál alveg frá sér og segi við Alþingi: Við ætlum ekki að skipta okkur af þessum málum í bili, nú er best að Alþ. taki við, nú er rétt að fara að halda fundi í fjvn. á nýjan leik, jafnvel að blanda saman fjhn. Nd. og Ed. og fjvn., eins og stungið er upp á, og fara síðan að yfirheyra ráðh. og alla sérfræðinga í þjóðfélaginu og reyna að kanna hvað sé að. Auðvitað er hægt að hugsa sér allan þennan hringleik, og það færi auðvitað afskaplega vel á því að nýir spámenn, sem risið hafa upp, fengju að taka þátt í svona leik. Ég er hins vegar á þeirri skoðun, að þessi mál liggi þannig fyrir að við hér á Alþ. vitum allir nema þá þeir, sem hafa nýlega skotist inn í þingsalinn, — vitum í meginatriðum hver sá vandi er sem við er að glíma. Hins vegar er rétt að taka fram, að það er ekkert nýtt að nokkur ágreiningur sé

meðal alþm. og á milli flokka um það, hvernig skuli leysa alvarleg og stór vandamál. Ég er t. d. alveg viss um að við eigum enga samleið saman við að leysa svona mál, ég og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, sem vill hækka vextina enn meira. Ég vil lækka þá. Ég hef verið á þeirri skoðun að ég vil lækka þá. Ég veit nefnilega vel um hvernig þessir vextir koma út í okkar hagkerfi. Ég veit t. d. mætavel um það, að íslenska verslunin, svo að við tökum hana sem dæmi, skuldar í bönkum landsins rétt í kringum 9 milljarða kr., 9 000 millj. Þetta er samkv. reikningum bankakerfisins. Ég veit að þegar menn hækka vexti, t. d. að meðaltali um 4%, að ég tali nú ekki um þegar menn gera það enn betur, þá er verið varðandi þessa upphæð eina að leggja á verslunina býsna stóra fjárhæð, á milli 300 og 400 millj. kr. á ári, og ég veit af reynslunni að verslunin fær leyfi til að velta þessu af sér út í verðlagið, eins og hún hefur gert að undanförnu. Ég veit líka, að þegar menn hækka vextina við núverandi aðstæður hjá sjávarútveginum um yfir 500 millj. kr. á ári, þá hækka reikningarnir sem Kristján Ragnarsson kemur með og leggur á borðið í sambandi við ákvörðun á fiskverði og aðrir forsvarsmenn útgerðarinnar í landinu. Ég þekki líka hvernig þessir vextir koma, eins og okkar kerfi er, svo að segja sjálfkrafa út í kerfið, birtast m. a. í hærri umsetningartölum og meiri hallarekstri, þar sem hætta er á honum. Ég er sannfærður um að þetta verður ekki til að draga úr vandanum hjá okkur, heldur til að auka hann.

Ég skal ekki við þessar umr. fara út í að rekja það, hvað ég tel að fyrst og fremst eigi að gera til stuðnings okkar útflutningsatvinnuvegum, sjávarútveginum, en þó aðeins drepa á það í örfáum atriðum, hvað ég tel að þar sé brýnast.

Það er skoðun mín að þegar í stað eigi að lækka vexti í landinu. Sú ákvörðun t. d. að hækka stofnlánavexti í Fiskveiðasjóði úr 5½%, sem þeir voru í tíð vinstri stjórnar, upp í 9%, sem þeir nú eru, sú ákvörðun var röng, hún bætti ekki úr neinu. Það er skoðun mín, að nú þegar eigi að ákveða fiskverð og gera þar ráð fyrir umtalsverðri fiskverðshækkun. Ég er ekki á þeirri línu, sem Jón Baldvin Hannibalsson er á, að fiskverðið hafi verið spanað upp allt of mikið, eins og hann orðaði það, á árinu 1973, það hafi gætt alveg sérstakrar ógætni á árinu 1973 í því að spana upp fiskverð. Þá hefði kaup sjómanna átt að vera allt of hátt á árinu 1973 að hans dómi og afkoma útgerðar í landinu þá líka allt of góð. Útkoman á árinu 1973 var útgerðinni hagstæð, og að því býr hún nú.

Ég er einmitt á því, að nú þurfi fiskverð að hækka, bæði til þess að mæta vandamáli útgerðarinnar og einnig til þess að við fáum fullan gang í útgerðarreksturinn, þannig að við fáum sjómenn til starfa og köllum ekki yfir okkur þá hættu, sem við stöndum frammi fyrir nú í dag, að það geti orðið sjómannaverkfall vegna óánægju sjómanna með sín kjör. En ég býst við því, að ýmsir segi að það sé lítill vandi að leggja til að fiskverð hækki, til þess þurfi peninga, það er rétt. En það eru margar leiðir til þess, ef menn vilja fara þær leiðir. Ein leiðin er sú m. a. að á tímum eins og þeim, sem nú ganga yfir, eigum við að nota Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og greiða úr honum til viðbótar við það fiskverð, sem við höfum að öðru leyti úr að spila.

Málið er ekki þannig, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson heldur, en veit sýnilega ekkert um, að á árinu 1973 höfum við verið að draga fé út úr verðjöfnunarsjóðnum. Á því ári jókst innistæðufé í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins stórkostlega. Um síðustu áramót var innistæðan í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins rúml. 2.6 milljarðar og hafði stórhækkað á árinu 1973. Nú er eðlilegt að nota þetta fé að nokkru leyti.

En fleira þarf að koma til. Ég er á þeirri skoðun, eins og ég lét koma fram í umr. um þessi mál hér síðustu dagana fyrir jól, að það hafi verið alrangt að hækka framlögin til Stofnlánasjóðs fiskiskipa úr 10% upp í 15%. Þetta álag var of mikið, og það var engin bein þörf á því. Það er rétt að gera sér grein fyrir því, að með þessu lagi var verið að reyna að halda niðri fiskverðinu. En þó að framlagið í stofnfjársjóð hafi áður ekki verið nema 10%, þá var það svo að mikill hluti af veiðiflotanum gat borgað afborganir sínar og vexti með þessum 10%. Sumir gátu það ekki, þetta nægði ekki, og þá vitanlega urðu þeir að þorga sínar afborganir og vexti þar umfram.

Það var ekki höfuðvandinn í þeirri stöðu sem við stöndum nú frammi fyrir að auka á innstreymi fjárins í Fiskveiðasjóð eða í stofnfjársjóðinn hjá Fiskveiðasjóði. Það var ekki höfuðvandamál. Það hefur komið fyrir áður, að það hafi nokkuð skort á að útgerðin greiddi allar afborganir sínar og vexti á viðkomandi rekstrarári, og það hefði ekki verið nein meginhætta þótt það hefði orðið nú.

Ég lét líka koma hér fram þá skoðun mína, að það var röng leið að leggja á jafnmikið gjald og gert var með lögum um ráðstafanir í þágu sjávarútvegs nú rétt fyrir jólin, með því að taka 4% og upp í 5.5% af útflutningsverði og leggja í sérstakan oliuniðurgreiðslusjóð. Það var engin von til þess, að hægt væri að leggja allan þennan skatt á útgerðina, eins og sakir stóðu, og á sjómenn. Þarna gat vitanlega komið til greina að ríkisheildin tæki að sér einhvern hluta af þessari greiðslu. Það er rétt að átta sig á því, að þessi greiðsla í oliuniðurgreiðslusjóðinn jafngildir kringum 12% af fiskverði. Það voru um 12% af fiskverði sem hurfu í þetta. Það er mín skoðun líka, að það hefði frekar átt að minnka framlagið í vátryggingarsjóð fiskiskipa, en ekki auka það, eins og gert var. Hefði svo illa farið, að vátryggingasjóðurinn hefði ekki staðið undir sínum útgjöldum á næsta ári, þá hefði annað hvort átt að myndast þar skuldahali, eins og við höfum reyndar búið við æði oft áður, eða þá að ríkið hefði þar hlaupið undir bagga. Við þurftum á því að halda nú að halda fiskverði uppi, útgerðarinnar vegna og vegna þess að við þurfum að hafa fullan þunga á með gjaldeyrisöflun fyrir þjóðarbúið.

Ég vil einnig benda á að um það hafði verið rætt og till. fluttar um það í tíð fyrrv. ríkisstj., og á þeim tíma hafði stjórnarandstaðan einnig verið með sams konar till., að það væri hægt að draga úr rekstrargjöldum ríkisins sem næmi í kringum 1500 millj. kr. á ári. Ég álít, að það hefði fyllilega verið ástæða til að reyna að fara þessa

leið, eins og nú er komið, og skapa þannig svigrúm til þess að ríkið hefði getað tekið eitthvað á sig af þessum sérstaka vanda útflutningsatvinnuveganna.

Varðandi vandamál togaranna hef ég lengi haldið því fram, þótt ekki næðist um það samkomulag, að það væri einstaklega skammsýn stefna, sem gerði ráð fyrir því að taka hvorki meira né minna en 20% af aflaverðmæti togaranna til tryggingar greiðslum þeirra á afborgunum og vöxtum, og þetta rennur til Ríkisábyrgðasjóðs og Fiskveiðasjóðs. Það eru tekin 20% af aflaverðmæti skipanna við hverja löndun þeirra. Þau þeirra, sem afla sæmilega, verða að leggja fram á þennan hátt mun meira fé en sem nemur afborgunum og vöxtum. En ég er á þeirri skoðun, að í árferði eins og þessu hefði ekkert gert til þó að þessi skylda hefði verið færð niður í 12—15% jafnvel þó að í nokkrum tilfellum hefði orðið um einhvern skuldahala að ræða hjá Ríkisábyrgðasjóði, sem hefði þá þurft að bæta upp aftur síðar. Þessi krafa hins opinbera hefur verið allt of stíf og hún fær ekki staðist, enda er gefið mál, miðað við þróun, að aldrei mundi verða reynt að halda uppi þessari vitleysu nema allra fyrstu árin. Síðan mundu menn verða að lækka þessi 20%. Það er engin ástæða til að búast við því, að það þurfi að taka 20% á ári í vexti og afborganir nema menn hækki vextina alveg úr hófi fram, það þurfi að gera það af umsetningu skipanna um langan tíma fram á við.

Ég vil svo um þessi mál aðeins segja það, að ég tel að það æskilega væri að hæstv. ríkisstj. kæmi hið allra fyrsta fram með till. sínar um ráðstafanir fyrir t. d. sjávarútveginn og hún leitaði eftir samráði og samstarfi við minnihlutaflokkanna á Alþ. til þess að reyna að fá sem sterkasta samstöðu um það sem gera þarf í þessum efnum. Við Alþb.-menn erum reiðubúnir til að taka þátt í slíku samstarfi. Við hinu er svo að mínum dómi ekkert að segja, það er aðeins hinn eðlilegi gangur málsins, að því leyti til sem flokkana greinir á um leiðir hvernig á að leysa vandann, fjárhagslegan vanda, þá á það að koma skýrt og greinilega fram.

Auk þess, sem ég hef hér minnst á, er sá vandi sem oft hefur verið rætt um síðustu dagana, sá vandi sem upp hefur komið við að gjaldeyrisvarasjóðurinn er raunverulega þrotinn. Ég tel að það sé í rauninni ekki hægt fyrir ríkisstj. að bíða lengur en orðið er með ráðstafanir í þeim efnum. Það er þegar farið að taka upp gjaldeyrisskömmtun. Það er þegar byrjað á haftapólitík, hvað svo sem menn kalla það í vissum blöðum. Það er ekki lengur hægt að fara inn í bankana með lögskylda pappíra og fá gjaldeyri *sinn afgreiddan samkv. þar til settum reglum.* Gjaldeyrisbeiðnirnar eru allar teknar og lagðar til hliðar, og það er vitað mál að gjaldeyrisbeiðnir í sambandi við tiltekinn innflutning eru lagðar til lengri geymslu út á borðshorn og menn fá ekki afgreiðslu. Þessi skömmtun er því þegar byrjuð, vegna þess að það er enginn gjaldeyrir að ráði til í gjaldeyriskassanum.

Það er því full þörf á því að bregðast við þessum vanda og bregðast við honum strax, gera ráðstafanir til þess að hagnýta gjaldeyri betur, spara það sem hægt er að spara. Þar koma að sjálfsögðu upp ákveðnar, stórar spurningar sem menn verða að svara. Eigum við t. d. að heimila áfram, miðað við þessa stöðu, jafnhömlulausa afgreiðslu á gjaldeyri til bílainnflutnings í landið og við gerðum á s. l. ári? Á að hafa þetta nákvæmlega jafnopið og það var? Eigum við aftur að eyða yfir 3 milljörðum kr. í bílainnflutning á einu ári? Ég veit, að þeir menn eru til sem segja: Það á ekki að hreyfa við þessu, þetta á að vera óbreytt. Það má ekki leggja hér neinar hömlur á. Það á ekki að fara að taka upp höft. — Ég er á þeirri skoðun og við Alþb.-menn, að það verði ekki undan því vikist, miðað við þá stöðu sem við höfum í dag, að leggja hér á nokkrar hömlur. Þær geta orðið með ýmsum hætti. Við þurfum að gera ráðstafanir til þess að nota miklum mun minna en við höfum gert af okkar gjaldeyri til bílainnflutnings á þessu nýbyrjaða ári

Líka kemur upp spurningin um það: Eigum við að eyða jafnmiklu af okkar takmarkaða gjaldeyri til ferðalaga eins og var á s. l. ári, þegar talið var að við hefðum eytt 1760 millj. kr. í beinan ferðagjaldeyri? Það er enginn vafi á því, að hægt er að draga úr þessari eyðslu. Spurningin er aðeins sú: Telja menn það óhjákvæmilegt? Vilja þeir taka þátt í því og með hvaða hætti?

Þannig mætti tilnefna miklu fleira. En ég veit, að það er grundvallarskoðanamunur á milli manna og flokka varðandi þessi mál. Þeir eru til, sem segja ósköp einfaldlega, sérstaklega þeir sem krýna sig með heitinu hagfræðingar eða einhverjir hagspekingar, — þeir segja ósköp einfaldlega: Kaupmátturinn í landinu er of mikill, færum allan kaupmáttinn jafnt niður, jafnt gagnvart bílum og brýnustu nauðsynjum. Eitt skal yfir alla ganga. Þetta verður best gert með *almennri gengislækkun og þetta heitir frelsi.* — Ég veit, að það er hægt að fara þessa leið. Ég fyrir mitt leyti, miðað við þá aðstöðu sem við búum við í dag, er ég á móti þessari leið. Ég tel hana ranga og ég tel hana ósanngjarna. Og ég er alveg saunfærður um að hvert það heimili í landinu, sem hefði staðið frammi fyrir eitthvað svipuðum vandamálum eins og okkar þjóðarbú stendur frammi fyrir í dag, mundi taka öðruvísi á þessum málum. Þeir, sem hefðu hugsað sér að kaupa sér nýjan bíl til viðbótar við einn eða tvo, sem fyrir voru á heimilinu, hefðu frestað bílakaupum og þeir hefðu kannske frestað því líka að fara til sólarlanda og eyða þar miklum gjaldeyri. En það er ekki víst, að þeir hefðu samþykkt á þessu heimili að færa mjög mikið niður útgjöld sín í sambandi við brýnustu lífsnauðsynjar. Það er ekki víst, að þeir hefðu treyst sér til þess að draga verulega úr hitunarkostnaði húsa sinna eða úr rafmagnsnotkun til heimilisþarfa eða úr kaupum á öðrum brýnustu nauðsynjum.

Þegar við stöndum frammi fyrir vanda af þessu tagi, álít ég að hér eigi að gera nokkurn mismun á. Hins vegar er rétt að þetta má gera með mismunandi aðferðum. En að gera ekki neitt, láta þetta reka í reiðuleysi, eins og hefur verið og er nú, það er vitanlega ekki afsakanlegt. Ég get ekki skilið að hæstv. ríkisstj. treysti sér til að sitja undir þessu í marga daga enn

án þess að koma með sínar till. Það er a. m. k. alveg þýðingarlaust að halda því fram, að menn láti allt bíða vegna þess að þeir séu að forðast að taka upp hömlur. Hömlurnar eru þegar teknar upp og það er þegar farið að mismuna í sambandi við gjaldeyrisafgreiðslurnar í bönkunum, hvort er verið að biðja um gjaldeyri fyrir brýnar rekstrarvörur eða fyir ýmsar „kapital"-vörur. Það er þegar farið að mismuna í þessum efnum.

Eins og áður er að vikið í þessum umr. hafa þegar komið hér fram hugmyndir frá Samtökum frjálslyndra og vinstri manna um tiltekin vinnubrögð í sambandi við lausn þessara mála. Ég tel þær hugmyndir ekki sérlega aðlaðandi og ekki líklegar til þess að þær leysi neitt með þeim hraða, sem þarf nú að verða á. Ég hef því verið að benda á aðrar leiðir. Mér finnst það bein skylda ríkisstj. að koma með sínar till., ekki endilega sem fullbúnar till., sem lagðar eru fyrir Alþ. Það hefur áður verið farin sú leið, að ríkisstj. komi með þær till. og ræði við flokkana á Alþ. um hugmyndir sínar og leiti eftir sem breiðastri samstöðu um úrlausnarleiðir, og ég fyrir mitt leyti mæli með því. Eins og ég hef sagt áður, erum við Alþb-menn reiðubúnir til að taka þátt í slíkum umr. við stjórnarflokkana og leita eftir sem breiðastri samstöðu.

En það er augljóst, að um leið og verður farið að vinna þannig að málunum, þá þarf auðvitað að gera sér fulla grein fyrir því, í hverju vandinn er fólginn sem við er að glíma. Ég hef alloft sagt þegar þessi mál hafa verið rædd, að ég álít að menn eigi að varast að vera að skrökva að sjálfum sér eða þjóðinni um þann vanda sem við er að glíma, hann er nægilega mikill samt. Það er t. d. reginfjarstæða, sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, að nú sé þetta allt saman gersamlega komið um koll. Ég álít, að því fari víðs fjarri. Ég álít, að þó að vandinn sé býsna mikill í ýmsum greinum, höfum við mjög góða aðstöðu á margan hátt til þess að snúast við þessum vanda og leysa hann. Við höfum m. a. þá góðu aðstöðu, að við notuðum okkur góðærið á árinu 1973, þegar hann vildi fara samdráttarleiðina eins og hann lýsti hér, — við notuðum það til að byggja upp okkar undirstöðuatvinnuvegi. Við notuðum þetta góðæri til þess að eignast sérstaklega afkastamikinn og góðan fiskiskipastól, þann fiskiskipastól sem stendur upp úr í dag og er orðinn einn þýðingarmesti liðurinn í framleiðslukeðju okkar. Það er engin tilviljun, að einmitt þar sem hinir minni skuttogarar eru, þar er afkoma frystihúsanna í landinu nú langsamlega best, og þar sem eitthvað hefur tekist að ráði að þoka áfram framkvæmdum í endurbótum í frystihúsakerfinu í landinu, þar er afkoman allt önnur en hjá hinum sem búa við gamla lagið. Þeir fjármunir, sem við vörðum á þessum árum til fiskiskipakaupa og endurnýjunar á okkar fiskiskipastól, og þá ekki síst hvernig við dreifðum þessum flota til þess að hagnýta það vinnuafl, sem var ekki fullnýtt fyrir, og sömuleiðis endurbyggingin í fiskiðnaðinum, það er þetta sem gerir að verkum, að hv. þm. þarf sérstaklega að tilnefna mig, þann versta af öllum vondum í fyrri stjórn, því að á þessu ber ég auðvitað meiri ábyrgð en nokkur annar maður, það er rétt. En mér er heldur ekkert nýtt að heyra frá ýmsum aðilum, að það hafi verið voðalegt hvað við eyddum miklum peningum til kaupa á þessum tækjum, m. a. af því líklega, að þeir höfðu ekki fengið þá nægilega mikla peninga til að kaupa inn bíla eða eitthvað annað. Ég er ekki í neinum vafa um að það er einmitt á þessum ráðstöfunum sem við byggjum okkar viðnám nú við þeim vanda, sem við stöndum frammi fyrir

Það var einstaklega fróðlegt að hlusta á ræðu Jóns Baldvins Hannibalssonar með tilliti til þess, í hvaða flokk hann hefur skipað mér nú þessa stundina. Það hlýtur að hafa verið ákaflega skemmtilegt fyrir hv. þm. Magnús T. Ólafsson, sem er þó annar helmingurinn af þeim þingflokki, sem Jón Baldvin Hannibalsson var að tala fyrir, að hlusta á ræðu Jóns Baldvins Hannibalssonar, en meginhlutinn í ræðu hans var einn refsilestur um vinstri stjórnina. Það var vinstri stjórnin sem gerði allt illt, það var hún sem hleypti öllu í vanda, m. a. með því, eins og hann tilgreindi, að hemja ekki betur en raun varð á fiskverðið til sjómanna á árinu 1973 og m. a. með því að hækka ekki vexti, það skyldi dragast alla leið fram á árið 1974, að það næði fram að ganga. Og í allri upptalningunni fengum við það til viðbótar, að auðvitað hefðum við átt að semja við verkalýðshreyfinguna um að halda aftur á bak þetta ár, en ekki áfram. Hann er kannske maður til þess að ná slíkum samningum við verkalýðshreyfinguna og um það að halda niðri fiskverði og kjörum sjómanna. En fram til þessa eru störf hans ekki ýkjastór á því sviði.

Já, það átti að framkvæma, sagði hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, niðurskurð á verklegum framkvæmdum, því að eins og hann segir: Nú stendur fyrir dyrum alger niðurskurður á verklegum framkvæmdum. — Það er heldur betur boðskapur sem þessi nýi spámaður hefur að flytja. Hann sem sagt kemur hingað inn á Alþingi til að segja mönnum það og berst það þá vestur í hans kjördæmi, að nú standi fyrir dyrum að skera niður allar verklegar framkvæmdir. Þetta er það sem hann vildi án efa gera. Þetta er það sem hann er að boða.

Það er auðvitað ekkert um það að villast, að það hefur sannast með þessari ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar sem margir vissu áður, að hann var andstæðingur vinstri stjórnarinnar allan þann tíma, sem hún starfaði, þó að hann skriði á seinustu stundu upp í þann bát, sem hann skreið upp í við framboðið síðasta, til þess kannske að fá að sleppa eina dagstund inn á Alþ. og flytja ræðu af þessu tagi. Hann hefur auðvitað verið andstæðingur þeirrar stjórnar allan tímann og mér sýnist, að hann sómi sér tiltölulega vel, t. d. í sameiginlegu liði þeirra Alþfl.-manna eða a. m. k. Gylfa Þ. Gíslasonar, — ég held ekki með öllum Alþfl., — Gylfa, enda vitnaði hann í hann sem hinn ágætasta mann í þessum efnum, og svo í hópi sjálfstæðismanna, því að þetta var boðskapur þeirra í meginatriðum. Hann talaði um tímabil vinstri stjórnarinnar sem veisluna miklu og algera efnahagslega óstjórn, sú stjórn hefði hleypt öllu í algert þrot.

Það er ekki mikil þörf á því að mínum dómi að eyða hér löngu máli í ræðu þessa hv. nýja

þm., sem er hér á þingi nú, og nýja spámanns. Ég held, að hann hafi sannað það svo greinilega að ekki verður um villst, að hann á ekki heima í hópi þeirra, sem kenna sig við sósialisma. Það var líka mjög greinilegt, að það orð fór talsvert í taugarnar á honum, og ég trúi því ekki, að hann eigi mjög langa setu á þingi fyrir þann flokk sem hann er þó fyrir nú í bili, nema þá menn hafi allar mögulegar skoðanir á öllum málefnum í þessum litla flokki og þeir geti gert það.

Að lokum vil ég svo aðeins segja það, að ég tel alveg fráleitt, að það dragist öllu lengur að ákveða fiskverð. Hins vegar tek ég undir það, að ríkisstj. verður að aðstoða við ákvörðun fiskverðs með því að skýra frá því til hvaða ráðstafana hún hyggst grípa í efnahagsmálum. Ég legg einnig áherslu á það, að ríkisstj. leggi þegar í stað fram, a. m. k. við þingflokkana hér á Alþ., till. sínar eða hugmyndir um aðgerðir varðandi gjaldeyrismálin og varðandi stuðning við atvinnuvegina. Og ég ítreka það, að við Alþb.-menn erum reiðubúnir til samstarfs í þessum efnum. Að sjálfsögðu verður þessum ráðstöfunum að fylgja það, að jafnhliða sé hugað að því að ná eðlilegu samkomulagi við verkalýssamtökin í landinu, jöfnum höndum um sjómannakjörin og um kaup láglaunafólks í landinu og þá verðtryggingu, sem lægstu launin verða að hafa í sambandi við kaupmátt gagnvart lífsnauðsynjum. Það verður að finna lausn á því atriði um leið. Ríkisstj. getur ekki öllu lengur látið þessi mál reka í slíku reiðuleysi sem þau hafa nú verið um sinn. Hún verður að gera grein fyrir afstöðu sinni til mála.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þessar umr. hófust með því að rætt var um ýmis formsatriði varðandi meðferð efnahagsmála hjá hæstv. ríkisstj. og hér á Alþ. Síðan hafa þær orðið að eins konar innbyrðis uppgjöri milli tveggja af þeim aðilum, sem stóðu að síðustu ríkisstj., ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, og skal ég síst af öllu hafa nein afskipti af þeim skemmtilega sjónarleik. En að lokum hafa þær orðið almennar efnisumr. um ástand og horfur í efnahagsmálum. Það er ekki beinlínis góður vitnisburður um starfshætti á Alþ., þegar fyrstu eldhúsumr. um efnahagsmál ber þannig að, að þær koma svo að segja óvænt og utan dagskrár.

Stjórnarandstöðuflokkarnir hafa undanfarið óskað eftir upplýsingum frá Þjóðhagsstofnuninni um það, hvernig sú stofnun telur að málum sé komið í efnahagslífinu, og fengum við fyrstu sendingu af þeim upplýsingum nú í byrjun þessa fundar, eins og hv. síðasti ræðumaður skýrði frá. Erum við að sjálfsögðu þakklátir fyrir. En það hefur komið í ljós í þessum umr., að sumir aðilar þurfa ekki á neinum slíkum skýrslum að halda, heldur geta hellt sér út í umr. um efnahagsmálin og hafa fyrir fram ákveðnar skoðanir á þeim. Ég skil því ekki, hvers vegna þeir eru að biðja um skýrslurnar þegar þeir þurfa ekki á þeim að halda. Það er svo fróðlegt að heyra, að þessir sömu aðilar, t. d. síðasti ræðumaður, fordæma hástöfum ástand og aðgerðir, sem þeir létu viðgangast og blómgast í sinni eigin ráðherratíð, þegar hann var viðskrh. og gjaldeyrismálaráðherra þjóðarinnar. En það er hans mál.

Alþfl. hefur undanfarið reynt að afla sér margvíslegra upplýsinga um þessi mál og leitað þar víða til fanga, þ. á m. haft náið samstarf við verkalýðshreyfinguna og frétt af þeim umr. og upplýsingum sem hún hefur fengið í viðræðum við atvinnurekendur og ríkisvald. Engu að síður óskum við eftir að fá að athuga þær upplýsingar, sem nú loks hafa verið lagðar fyrir stjórnarandstöðuflokkana, og láta frá okkur heyra um þær skýrslur þegar okkur hefur gefist tóm til að athuga þær og ræða. Það teljum við vera eðlileg vinnubrögð.

Hitt er að sjálfsögðu ljóst, að í grundvallaratriðum hefur Alþfl. ákveðna stefnu í þessum málum, þegar litið er á heildina. Ég vil þar í fyrsta lagi geta þess, að við höfum viðurkennt að við mjög mikinn og alvarlegan vanda í efnahagsmálum er að stríða. Það þýðir ekki að streitast við og reyna að draga óþarflega úr því, þó að sjálfsagt sé rétt að athuga af gagnrýni skýrslur, sem hagfræðingar eða stofnanir gera, og þá ekki síst þær skýrslur, sem atvinnurekendur flytja sjálfir um afkomu fyrirtækja sinna. Í framhaldi af þessu viðurkennum við, að það muni vera óhjákvæmilegt að gerðar verði áhrifaríkar efnahagsaðgerðir. En við erum þeirrar skoðunar, að þær geti ekki dregist lengi. Í þriðja lagi styðjum við varnarbaráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir hönd láglaunafólks, ellilífeyrisþega og annarra sem við verst kjör búa við þær aðstæður sem nú eru í efnahagskerfinu. Það er viðurkennt af forustumönnum alþýðusamtakanna sjálfum, að eins og sakir standa í dag geti varla verið um meira en varnarbaráttu að ræða, baráttu til að reyna að halda því, sem náðist fyrir skömmu.

Alþfl. vill að sjálfsögðu sem grundvallaratriði og sem stjórnarandstöðuflokkur leitast við að veita bæði ríkisstj. og atvinnurekendum ýtrasta aðhald, til þess að þær álögur, sem virðast óhjákvæmilegar, verði ekki þyngri en hægt er framast að komast af með. Og loks erum við ávallt reiðubúnir til samstarfs og viðræðna við aðra aðila um ábyrga lausn á vandamálum eins og efnahagsmálunum og þá helst lausnir sem gætu orðið til einhverrar frambúðar.

Þegar Alþ. kom saman fyrir tæplega tveim vikum, eftir alllangt starfshlé, var ljóst að þjóðin stendur nú frammi fyrir hrikalegum efnahagsvanda og það miklum mun alvarlegri vanda en þjóðinni var sagt þegar fjárl. voru afgreidd og þingstörfum lauk fyrir jól. Það verður að teljast í hæsta máta grunsamlegt, að efnahagsstofnanir og sérfræðinga þjóðarinnar hafi um miðjan des. ekki verið farið að gruna hvert stefndi eða hvert komið væri efnahagsvanda þjóðarinnar. Það er alveg útilokað, að Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki og aðrar slíkar stofnanir hafi ekki getað lesið það úr þróun talna og öðrum upplýsingum, sem þeir hafa, hvað var að gerast og hvað var fram undan á næsta leiti. Með tilliti til þessa verður að fordæma það, að Alþ. skyldi undir forustu ríkisstj. starfa í des., afgreiða efnahagsfrv. og sérstaklega fjárl., rétt eins og allt væri í lagi eftir þær takmörkuðu ráðstafanir, sem gerðar voru í fyrrasumar. Og það er rétt að gera sér grein fyrir, hversu stórbrotið met það er, að

fjárlög upp á 45 milljarða skuli vera orðin svo úrelt 6—7 vikna gömul að það verði að byrja algerlega upp á nýtt og gerbreyta þeim. Það hygg ég að hafi aldrei komið fyrir í sögu okkar, og hefur þó ýmislegt gerst hjá okkur á þessu sviði.

Öll þjóðin veit nú í stórum dráttum, hvernig komið er í efnahagsmálum. Blöð og útvarp hafa gert skyldu sína og flutt allar þær upplýsingar sem fáanlegar hafa verið. Sérfræðingar hafa verið látnir gefa samninganefndum launþega og atvinnurekenda svo og samtökum útgerðarmanna skýrslur um þessi mál, líklega sömu skýrslurnar sem alþm. fá sumir hverjir á borð sín í dag. Og það gerðist meira að segja þegar hæstv. forsrh. var fjarverandi, að fyrrv. forsrh. reis upp, kvaddi sér hljóðs og lýsti ekki aðeins vandanum, heldur dró upp úr pússi sínu næstum því ársgamlar till., sem hann taldi að enn mundu duga. Ég skal ekkert um till. segja, hvorki hvort þær duga nú eða dygðu fyrir ári, þó að ég dragi það raunar í efa. En það er gömul saga hér á Alþ., að þingflokkum, þegar þeir eru í andstöðu, hefur þótt það vera harla furðuleg vinnubrögð, að ráðh. stæðu upp á fundum í flokkum sínum úti í bæ til þess að skýra frá því hvernig komið væri í efnahagsmálum þjóðarinnar og til hvaða úrræða eigi að grípa. Ég man eftir mörgum atvikum, þegar framsóknarmenn sjálfir hneyksluðust mjög — og það með réttu — yfir því, að fyrstu upplýsingar um stöðu í efnahagsmálum komu fram á fundum í Heimdalli. Þannig er almælt, hvernig ástandið er, e. t. v. ofmælt, því að það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að t. d. ræða hæstv. dómsmrh. varð til þess að þeir, sem einhver peningaráð hafa enn, menn og fyrirtæki, gerðu áhlaup á gjaldeyrisbankana, — áhlaup, sem ég hygg að bankayfirvöld hafi haft meiri áhyggjur af heldur en þau þorðu að láta uppi. Það er virðingarvert að taka til máls og skýra frá því, hvernig hlutirnir eru, en það þarf að gæta þess, hvar það er gert, hvenær og hvernig, til þess að upplýsingar og tillögur vafalaust gefnar af góðum vilja, hafi ekki þveröfug áhrif og verði jafnvel til tjóns.

En á meðan allt þetta gerist út um bæ, gerist ekkert í efnahagsmálum hér á Alþ. Í tæplega 2 vikur hefur þingið að vísu starfað, en fundir hafa verið stuttir og stundum jafnvel fallið niður, enda rætt um ýmis mál sem eru næsta lítilvæg í samanburði við efnahagsvandann og snerta hann yfirleitt ekki, þó að þau geti verið merk hvert fyrir sig á sínu sviði.

Það er því von, að nýr þm. og raunar þjóðin öll varpi fram þeirri spurningu, af hverju Alþ. sitji aðgerðarlaust. Til hvers er Alþ., ef það fjallar ekki um slíkan vanda?

Svarið við þessum spurningum þekkjum við, og það er þetta: Í þingræðislandi með þingbundinni ríkisstj. er það skylda ríkisstj. að hafa forustu um þingstörfin. Hún hefur sérfræðinga og starfslið, og hún á að gera till. um úrræði til lausnar á vandamálum, ekki síst þeim, sem nú blasa við Íslendingum. Einstakir þm. eða stjórnarandstöðuflokkar geta ekki haft frumkvæði í slíkum málum í heild, þótt þeir geti gert einstakar till., það er tæknilega algerlega útilokað. Þetta hafa allir flokkar einhvern tíma viðurkennt, þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu.

Meiri hl. hér á Alþ. og sú ríkisstj., sem hann hefur valið sér, mega ekki bregðast þeirri skyldu að hafa slíka forustu þegar mikinn vanda ber að höndum. Alþfl. lýsir því þeirri sök á hendur ríkisstj., að hún bregðist nú þessu forustuhlutverki. Þess sjást engin merki, að ríkisstj. hafi myndað sér stefnu í efnahagsmálum, en það hefði hún átt að gera áður en þing kom saman og leggja málin þá þegar fyrir þingið til eðlilegrar rannsóknar og afgreiðslu.

Það er oft rætt um hlutskipti sérfræðinga og þeir hafnir til skýjanna. Sagt er, að þeir segi stjórn og þingi hvað þessir aðilar eigi að gera. En þetta er á misskilningi byggt. Hlutverk sérfræðinganna, sem ég hygg að þeir gegni af samviskusemi, er að rannsaka málin og leggja fyrir hin pólitísku yfirvöld, stjórn og þing, þær mismunandi leiðir sem talið er að hægt sé að fara. Síðan geta stjórn og þing athugað forsendurnar, vefengt þær eða breytt þeim, ef ástæða er til, og valið um það, hvaða leið er talin hagstæðust. Það er ekki hægt að leysa öll efnahagsmál á tölulegum grundvelli. Það verður líka að leysa þau á mannlegum grundvelli, sem einnig mætti orða „á pólitískum grundvelli."

Venjan er sú, að ríkisstj. ræðir slík vandamál og till. um lausn þeirra fyrst við sína eigin þingflokka, en veitir stjórnarandstöðuflokkunum fljótlega upplýsingar um málin. Þau hafa því verið nokkuð rædd þegar frv. eru flutt og opinber umr. fer fram. En þetta er eitt af þeim atriðum, sem algengast er að fólk í landinu misskilji, vegna þess að þessar fyrstu og oft þýðingarmestu umr. um efnahagsmál og raunar flest meiri háttar þingmál fara fram í þingflokkunum fyrir luktum dyrum. Að því búnu koma frv. fram og hefst þá opinber umr. um málin. Eftir það taka þn. við og geta kallað fyrir menn, óskað upplýsinga, farið með mál eins og þær vilja, ef ríkisstj. beitir þá ekki hörðu til þess að hraða afgreiðslu, sem því miður kemur mjög oft fyrir.

Hv. 5. þm. Vestf. hefur þegar á fyrstu þingsetudögum sínum komið auga á veikasta þáttinn í störfum Alþ., en það eru óneitanlega nefndirnar, sem eru allt of margar, starfa allt of lítið, hafa sjaldan eða aldrei frumkvæði og eru allt of slakur þáttur í rannsókn Alþ. á málum sem fyrir það eru lögð. Það er í rauninni ekkert því til fyrirstöðu, að þn. geti samþ. að taka tiltekin mál eins og efnahagsmálin til rannsóknar, kalla fyrir sig sérfræðinga og safna gögnum. En þó verða menn að gæta þess að rugla ekki saman í þessum efnum hlutverki þings og þingnefnda, þar sem þingbundin ríkisstj. situr við völd, og í öðrum kerfum, þar sem alls ekki er þingbundin stjórn, heldur er framkvæmdavaldið aðskilið frá löggjafarvaldinu. Þá getur með frumkvæði þings samhliða frumkvæði framkvæmdavalds komið til erfiðra árekstra, eins og einmitt þessa dagana eru að gerast vestur í Bandaríkjunum. Engu að síður er innan okkar kerfis mikið rúm til þess að n. geti látið meira að sér kveða og unnið betur og skipulegar en þær hafa gert.

Önnur leið hefur þó verið algengara að fara hér á landi, en sú er að skipa sérstakar n. til þess að vera tengiliður milli stjórnar og stjórnarandstöðu í stórmálum. Þetta er t. d. gert í landhelgismálinu og þykir öllum sjálfsagt. Og í raun

og veru er ekkert því til fyrirstöðu að gera hið sama í efnahagsmálum, þegar þau eru komin í slíkan hnút sem nú ber raun vitni.

Ef núv. ríkisstj. væri ekki ráðalaus og hikandi að því er best verður séð, ef hún veitti þá forustu, sem ríkisstj. ber að veita á slíkum tímum, væri Alþ. þegar búið að fá till. stjórnarinnar ásamt öllum þeim upplýsingum, sem þörf væri á. Þá mundi ekki standa á þm. og þingflokkum að leggja sig fram og vinna að hverri þeirri lausn vandamálanna, sem líklegust reynist og farsælust fyrir þjóðina að skoðun meiri hl. í hverju atriði.

Herra forseti. Ég ítreka, að Alþfl. krefst þess að ríkisstj. stjórni landinu í eðlilegu samráði við Alþ. og leggi þegar fram till. og gögn varðandi ráðstafanir til að bægja frá þeirri hættu, sem augljóslega steðjar að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa ánægju minni yfir þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, að því marki sem þær bera vitni um að ræðumenn og fulltrúar viðkomandi stjórnmálaflokka, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, gera sér grein fyrir því, að viðhorfin í efnahagsmálum eru alvarlegs eðlis. Um vandamál er að ræða, sem leysa þarf og ekki verður fram hjá gengið. Ég vil enn fremur lýsa ánægju minni yfir því tilboði stjórnarandstöðuflokka að taka þátt í samráði og samstarfi við stuðningsflokka ríkisstj., til þess að unnt verði að finna sem hagkvæmasta lausn á því vandamáli sem við er að glíma.

Ég hlýt þó að gera nokkrar aths. við ræður þær, sem fluttar hafa verið, þótt ég ætli mér ekki að taka þær efnislega til meðferðar, síst af öllu lið fyrir lið. Ég er nefnilega sammála því, sem segir í bréfi þingflokks SF til mín og talsmaður flokksins las hér upp áðan, þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessu hlutverki teljum við“ — þ. e. a. s. að ræða efnahagsmálin eða ráða fram úr þeim — „þessu hlutverki teljum við að Alþ. geti betur valdið innan þess ramma, sem hér er lagt til, þ. e. með nefndarstarfi, fremur en í kappræðu á þingfundi að fengnum till. ríkisstj.“

Það er því miður, að talsmaður þessa flokks skuli ekki fara eftir þeim reglum og skoðunum, sem hann sjálfur hefur tjáð að fylgja bæri.

Það er gerð aths. við það, að á þeim dögum, sem Alþ. hefur setið að loknu jólaleyfi, þ. e. a. s. á s. l. 10 dögum eða svo, hafi stjórnvöld ekki lagt fyrir Alþ. nýjustu upplýsingar og álitsgerðir um ástand og horfur í efnahagsmálum. Ég minnist þess ekki, þótt um vanda hafi verið að ræða í efnahagsmálum, að legið hafi fyrir þm. strax í upphafi málsmeðferðar upplýsingar eins og þær, sem hér er farið fram á. Sannleikurinn er sá, að á þessum 10 dögum og nokkuð löngu fyrr hefur verið unnið að gagnasöfnun og upplýsingaöflun til þess að gera grein fyrir vandanum, sem við blasir. Vegna þess hve útlit hefur verið óvíst, m. a. varðandi verðlag á útflutningsafurðum okkar, hafa þessar skýrslugerðir dregist. Enn sem komið er hafa þær tæpast verið annað en vinnugögn í umr. í sambandi við ákvörðun fiskverðs. Það hefur þó verið talið rétt og sjálfsagt, að formenn stjórnarandstöðuflokkanna fengju þessi gögn til skoðunar, og það er von mín, að þessi gögn verði gerð fyllri og við þau verði bætt nú næstu daga og þá verði öllum þm. jafnóðum send þau til skoðunar og yfirlits, svo að þeir geti gert sér grein fyrir hvernig málin horfa við.

Það er enn fremur fundið að því, að ráðh. hafi ekki séð ástæðu til að gefa Alþ. og þjóðinni til kynna með samræmdum hætti, hvaða áform eru uppi innan ríkisstj. til lausnar vandanum. Ég verð að segja, miðað við það, sem hér hefur einnig komið fram, að vandlifað er. Annars vegar er ætlast til þess, að ráðh. gefi skýrslu um ástand og horfur í efnahagsmálum. Hins vegar hefur það komið fram í fleiri en einni ræðu, að hæstv. viðskrh. er gagnrýndur fyrir að hafa einmitt gert þetta opinberlega nú nýverið. Ég skil ekki samræmið í þessum málflutningi. En að því leyti sem rætt er um það, að ríkisstj. hafi ekki nú þegar tiltækar till. með samræmdum hætti um lausn vandamálsins, vil ég láta það koma hér skýrt fram, að ég er þeirrar skoðunar, að við þurfum fyrst og fremst að koma okkur niður á fiskverðið, ákveða fiskverðið, og er sammála þeim röddum, sem hér hafa heyrst um það, að mikil nauðsyn sé á að flýta því.

Við skulum rifja upp, með hvaða hætti fiskverð er ákveðið. Fiskverð er ákveðið með lögbundnum hætti og er í höndum yfirnefndar, þar sem fulltrúar sjómanna og útvegsmanna og fiskframleiðenda eiga sæti ásamt oddamanni. Þessir aðilar þurfa helst að koma sér saman eða alla vega ná sem víðtækustu samkomulagi um fiskverðið. Það er skylda oddamanns að leita sem víðtækasts samkomulags í þessum efnum. Jafnhliða snertir ákvörðun fiskverðs kjör almennings í landinu, og því þurfa að fara fram viðræður við fulltrúa launþegasamtakanna um viðhorf þeirra í kjaramálum. Það þarf að tengja marga fleti þessa vandamáls saman við úrlausn og ákvörðun fiskverðs. Mér er vel ljóst, að auðvitað verður ríkisstj. að vera reiðubúin til að gefa ákveðnar leiðbeiningar, sem stuðla að og auðvelda ákvörðun fiskverðs. Það þarf að vera samráð á milli þessara aðila, þegar um er að ræða ákvörðun fiskverðs. Í þessu sambandi er einmitt fróðlegt að rifja það upp, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði áðan, að þarna kemur margt til álita: við hvaða aflamagn á að miða, við hvaða verðlag á útflutningsafurðum, við hvaða afskriftir, og hann bætti við: við hvaða vaxtagjöld. Ég er sammála hv. þm. að þessu leyti. En í þessum efnum ræður ekki mat ríkisstj. einnar, heldur verður að ná sem víðtækastri samstöðu um mat á þessum atriðum.

Úr því að ég er farinn að nefna þessi atriði, get ég ekki komist hjá því að segja, að mér finnst það lítið raunsæi af hálfu hv. þm., þegar hann telur, að afskriftir séu ekki kostnaður. A. m. k. ætti að vera ljóst, að afskriftir að því marki sem afborganir nema eru nauðsynlegur útgjaldaliður sjávarútvegsins og fiskútgerðarinnar. Rétt til þess að hafa orð á því, að hv. þm. gagnrýndi vaxtaútgjöld sjávarútvegsins, má geta þess, að að því er ég best veit eru vaxtaupphæðir — þ. e. vaxtagjöld — reiknaðar með nákvæmlega sama hætti nú og gert var í tíð hv. þm. sem bankamrh.

Af þessu má sjá, að það tekur nokkurn tíma að móta þær till., sem ríkisstj. mun leggja fram, og grundvöllur þess er ákvörðun fiskverðs, en samhliða hljóta ákvarðanir einnig að vera teknar eða fyrirheit að vera gefin.

Þá er að því fundið, að Alþ. hafi ekki átt þess kost að taka þessi aðkallandi vandamál, þ. e. a. s. efnahagsmálin, til umræðu og krufningar. Í því sambandi vil ég láta koma fram, að Alþ. getur vitaskuld, hvenær sem einn einstakur alþm. óskar eða telur sig knúinn til þess, vakið máls á hverju því máli sem á dagskrá er. Ég þarf ekki að upplýsa alþm., með hvaða hætti unnt er að gera það. Það hefur t. d. verið gert hér í dag með því að taka þessi mál til umr. utan dagskrár. Ég tel það ekki réttlætanlegt nema að því marki sem um er að ræða málsmeðferð og aths. að því leyti. Hins vegar ef um efnisumr. átti að vera að ræða, þá átti að gera slíkt með því að fara fram á að þessi mál yrðu tekin upp sem sérstakur dagskrárliður á fundi Sþ., og ég skil ekki í að forseti og því síður ríkisstj. mundi nokkuð hafa haft við það að athuga.

Ég vil þá ekki draga lengur að svara þeim tilmælum, sem í bréfi þingflokks SF felast. Að því er snertir upplýsingaöflun vil ég láta koma fram, að í lögum um Þjóðhagsstofnunina er beinlínis gert ráð fyrir því að Þjóðhagsstofnunin sé Alþ. og alþm. til aðstoðar varðandi upplýsingaöflun. Hygg ég, að allir alþm. hafi fullt traust á þeirri stofnun og hafi fengið góða fyrirgreiðslu af hennar hálfu.

Ég vil láta það koma skýrt fram, að ég tel það auðvitað hlutverk ríkisstj. að móta till. til úrlausnar vanda líðandi stundar og framtíðarinnar og leggja slíkar till. fram á hverjum tíma. Núv. ríkisstj. mun ekki bregðast þessari ábyrgð, sem á hverri ríkisstj. hvílir, og hún telur vitaskuld, að það sé skylda hennar að eiga frumkvæði í þessum efnum. Það liggur svo í augum uppi, að að svo miklu leyti sem till. ríkisstj. taka t. d. gildandi fjárlög til endurskoðunar, hljóta þær till. að koma til meðferðar fjvn. Og það liggur sömuleiðis í augum uppi, að að svo miklu leyti sem efnahagstill. ríkisstj. þarfnast löggildingar og lagasamþykktar, hljóta slíkar till. að koma til meðferðar Alþ. og þeirra n., sem um þær eiga að fjalla, svo sem fjh.- og viðskn. En umfram það, sem felst í slíkri þinglegri meðferð, vil ég lýsa því yfir fyrir hönd ríkisstj., að hún vill eiga sem nánasta samvinnu við alþm. og Alþ. og hafa samráð við þingflokkana um þær till., sem fram verða lagðar til úrlausnar efnahagsvandanum. Ég vil þó gera fyrirvara um það, með hvaða fyrirkomulagi slíkt samráð verður, og í þeim efnum tel ég réttast og eðlilegast, að við ráðgumst um það, formenn stjórnarandstöðuflokkanna og ráðh., og er ég í engum vafa um að við náum samkomulagi um það efni sérstaklega.

Loks vil ég lýsa því yfir sem minni skoðun, að ég tel að öll gögn varðandi ástand og horfur í efnahagsmálunum eigi að birta strax og þeir, sem útbúa þau, telja þau svo áreiðanleg að á þeim sé að byggja upplýsandi umr. um lausn vandamálanna.

Umfram það, sem ég hef hér látið koma fram, sé ég ekki ástæðu til í umr., sem til er stofnað með þeim hætti sem ég hef gert hér grein fyrir, að fjalla um einstök efnisatriði þeirra ræðna, sem hv. þm. hafa hlustað á. Ég vil þó láta það koma fram, að ég er að vissu marki svartsýnn á að samráð slíkt sem við höfum rætt um að hafa til lausnar þessum vanda beri árangur, ef menn eru svo óraunsæir að álíta, að unnt sé að skjóta vandanum svo á undan sér sem fram kom hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Ég gat ekki betur heyrt en að hann léti að því liggja, að það þyrfti t. d. ekki að horfast í augu við hækkun olíuverðsins til fiskiskipaflotans. Það er að vissu leyti í samræmi við það fyrirheit, sem hann gaf fiskiskipaflotanum við næstsíðustu áramót, við ákvörðun fiskverðs þá, að olíuverð til fiskiskipaflotans skyldi vera óbreytt frá því sem var síðla árs 1973 þrátt fyrir hinar stórkostlegu olíuverðshækkanir. Það var eitt af þeim vandamálum, sem óleyst voru þegar núv. ríkisstj. var skipuð, að afla fjár til að efna þetta loforð. Ef hv. þm. þykir of há útflutningsgjöld vera á sett til þess að afla fjármagns til þess að efna hans eigin loforð, þá á hann við sjálfan sig að sakast. En það er líka ljóst, að þessi reynsla sýnir okkur, að ekki er unnt að ýta slíku vandamáli á undan sér. Það er ekki heldur efnilegt, þegar talað er um það sem mögulegt ráð til þess að leysa vandamálin að minnka megi eða lækka framlög í vátryggingasjóði fiskiskipa. Vátryggingasjóði þessum er fjár vant í dag, og það þýðir ekkert annað en horfast í augu við að það verður að afla fjár til hans, ef fiskiskipaflotinn á að vera tryggður. Það er sömuleiðis ekki vænlegt til lausnar vandamálsins, ef við ætlum í mjög ríkum mæli — ég segi ekki, að það sé útilokað að einhverju lágmarki — að skjóta á undan okkur afborgunum af stofnlánum fiskiskipa. En þær úrlausnir, ef úrlausnir skyldi kalla, sem felast í þessum skoðunum hv. þm., hafa þann annmarka til viðbótar því að vera engan veginn raunsæjar, að þær auka á eftirspurnarþensluna innanlands, og þegar gjaldeyrisvarasjóður okkar er uppurinn, þá er ekki upp á neitt að hlaupa og því er það eingöngu til þess fallið að treysta á aukna skuldasöfnun erlendis eða algert greiðsluþrot. Ég nefni þessi dæmi aðeins til þess að sýna, að nauðsynlegt er, þegar þingflokkarnir hafa samráð sín á milli um lausn vandamálsins, að menn geri það af fullu raunsæi og ábyrgðartilfinningu.

Hv. þm. Benedikt Gröndal nefndi að það væri gagnrýnisvert, ef við þyrftum nú að taka til endurskoðunar fjárlög, sem gengið var frá fyrir jól, áður en þinghald hætti þá. Í því sambandi er rétt að það komi fram, að forsenda fjárl. 1975 er viðskiptakjaravísitala 96.9 miðað við viðskiptakjaravísitölu 100 á árinu 1972. Nú telur Þjóðhagsstofnunin rétt að setja fram nýja hugmynd forsendna, sem annaðhvort yrði 90 stiga viðskiptakjaravísitala eða 86.7 stiga vísitölu. Ég vil líka taka fram, að við afgreiðslu fjárl. var búist við að viðskiptakjararýrnunin á árinu 1975 skerti þjóðarframleiðslu um nálægt 1½%, en miðað við þessar nýju hugmyndir Þjóðhagsstofnunarinnar mun þjóðarframleiðslan skerðast um 3% eða 4%. Hér er um það veigamikla breytingu forsendna að ræða, að það gefur tilefni til endurmats á stöðunni, þótt ekki væri öðru til að dreifa.

Með tilvísun til þess, sem ég hér hef sagt, að

ríkisstj. vill efna til sem mestrar samvinnu alls þingheims um lausn vandamálanna og mun hafa samráð við formenn stjórnarandstöðuflokkanna nánar, hvernig slíku samráði eigi að haga, tel ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri og læt máli mínu lokið.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel þá grg. eða samþykkt SF, sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson las hér upp, mjög athyglisverða fyrir margra hluta sakir. Þá á ég sérstaklega við það, sem fram kemur á bls. 1 og aftur á miðja bls. 2, þ. e. a. s. mat SF á vandanum í efnahagsmálum. Ég held að sú viðurkenning, sem felst í þessu, og það mat, sem þar liggur fyrir, sé í algeru samræmi við mat ríkisstj. á þessum vanda, e. t. v. aðeins málað með eilítið dekkri litum en ríkisstj. þó hefur gert. Ég held líka, að þetta sé í algeru samræmi við þann vanda, sem ég lýsti á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur fyrir nokkru og nokkuð hefur borið hér á góma, nema ég hef kannske ekki miklað þar vandann fyrir mér sjálfum eða öðrum alveg eins mikið og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. En að sjálfsögðu er mjög mikilvægt, að það liggi fyrir sama mat af hálfu stjórnarandstöðu og af hálfu ríkisstj. um þann vanda, sem við er að glíma. Þá verður síðar deilt um það hjá þjóðinni, að þetta sé svo í raun og veru, að þetta sé staðreynd sem ekki verður vefengd.

Það er ákaflega mikilsvert, að þjóðin viti sannleikann og viti allan sannleikann í þessu efni. Þess vegna er það sérstaklega þakkarvert af hv. þm. að hafa lesið upp þessa grg. hér, birt hana þingheimi, og ég efast ekki um, að hennar muni verða að verðleikum einnig getið í fjölmiðlum og hún muni berast út til þjóðarinnar og þjóðin muni fá vitneskju um hvernig stjórnarandstaðan er þannig í einu og öllu að kalla samdóma ríkisstj. um þann vanda sem við er að glíma. Þetta er þeim mun mikilsverðara sem ég veit af kynnum mínum við annan hv. þm. þessa þingflokks, hv. þm. Magnús T. Ólafsson, og þeirri ábyrgðartilfinningu sem hann hefur jafnan sýnt, að það er öruggt að þingflokkur SF er ekki klofinn í þessu máli. (Gripið fram í.) Nei, nei, við skulum vera bjartsýnir og vona að það haldi áfram. Batnandi mönnum er best að lifa.

Þá er hitt ekki síður mikilsvert að mínum dómi og þakkarvert, að það kemur fram í bréfi frá þingflokki SF, að hann vill leggja sitt af mörkum til að stuðla að sem mestri samstöðu stjórnmálaflokka, hagsmunahópa og alls almennings í landinu um það, hvernig skynsamlegast verði við brugðið, sem sagt vill bjóða fram samstarf um lausn vandans. Ég tel alveg sjálfsagt að taka í þessa framréttu hönd.

Þetta er auðvitað höfuðatriðið. Ég leiði að miklu leyti hjá mér þau gagnrýnisorð, sem falla í garð hæstv. ríkisstj. í þessari samþykkt, og enn fremur leiði ég að sjálfsögðu hjá mér að langmestu leyti a. m. k. þá skemmtilegu, en annars dálítið skólameistaralegu ræðu, sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson flutti yfir okkur þm. hér áðan. En það er þó enn þá gleðilegra, að aðrir hv. stjórnarandstæðingar hafa tekið undir þetta að meginstefnu til, að vísu með svolítið mismunandi blæ.

Það hefur borið hér á góma og reyndar strax í ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar sjónvarpsþátt, sem nýlega var fluttur, og er það að vonum að hann hafi hreyft honum, þar sem hann hefur fengið mjög góðan vitnisburð fyrir frammistöðu sína á þeim vettvangi. En í þessum sama sjónvarpsþætti var hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, sem fékk reyndar næstbesta einkunn fyrir frammistöðu sína í sjónvarpsþættinum. Hann lét þau orð falla, að hann efaðist ekki um að ég hefði sagt allt satt og rétt um efnahagsvandann, sem ég hefði sagt á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur. Hv. formaður Alþfl. Benedikt Gröndal, tók mjög undir þetta áðan. Að vísu sagði hann það ekki beint um það, sem ég hefði sagt á fundinum, en hann lét þess getið að hann viðurkenndi fullkomlega, að um alvarlegan efnahagsvanda væri að tefla, þó að hann þyrfti ekki alveg að binda sig um það, sem ekki var heldur eðlilegt, hversu mikill hann væri í einstökum atriðum, þar sem hann hefði ekki haft aðstöðu til að kanna það. Ég gat ekki betur skilið orð hans en hans flokkur væri einnig reiðubúinn til þess að taka þátt í samstarfi um að leysa þann vanda sem við væri að glíma, þó að hann tæki að sjálfsögðu fram, að hann mundi reynast trúr því hlutverki, sem stjórnarandstöðuflokkur ætti að hafa, að veita stjórninni hæfilegt aðhald. Og hv. þm. Lúðvík Jósepsson viðurkenndi alveg hreinlega, að hér væri um efnahagsvanda að tefla. Hann var að vísu með meiri efasemdir en þeir djarfmæltu menn, hinir sem ég hef nefnt og sérstaklega hv. 5. þm. Vestf., um að vandinn væri eins mikill og af væri látið. Samt sem áður fólst í máli hans fullkomin viðurkenning, eins og eðlilegt var, á því að hér væri um mikinn vanda að tefla.

Það er því engum blöðum um það að fletta, að viðurkennt er af bæði ríkisstj. og stjórnarandstöðu, að hér sé um alvarlegan efnahagsvanda að ræða. Og eins og ég sagði áðan, er mjög mikilvægt að það komi fram gagnvart þjóðinni, að menn eru sammála um þetta, vegna þess að aðstæðurnar hafa verið þannig í þessu þjóðfélagi á undanförnu ári, að þjóðinni hefur kannske af eðlilegum ástæðum gengið illa að skilja að það gæti verið um slíka efnahagserfiðleika að ræða, vegna þess að það er sannleikur, sem ekki þýðir að dylja, að þjóðfélagið sem heild hefur lifað um efni fram. Þar með er langt frá því, að ég sé að segja, að allir í þessu þjóðfélagi hafi lifað um efni fram. Mér er það fyllilega ljóst, að mörgum í þessu þjóðfélagi er naumt skammtað. En sem heild höfum við ekki sniðið okkur stakk eftir vexti og þess vegna er komið sem komið er. Þetta er sá beiski sannleikur, sem þjóðin verður að átta sig á, og það er fyrsta skilyrðið fyrir því, að hægt sé að gera sér vonir um skilning þjóðarinnar á því og stuðning við það, sem til þarf að koma, að slík vitneskja og sannfæring sé fyrir hendi hjá þjóðinni. Þess vegna eru þessar umr., sem hér fara fram, vissulega þýðingarmiklar og gegna sínu hlutverki.

Ég hef ekki farið leynt með það, að ég tel við

mjög mikla efnahagsörðugleika að etja. Ég hef ekki heldur farið dult með það, í hverju ég álít þá efnahagsörðugleika aðallega fólgna. Ég tel þá fólgna í afstöðu þjóðarinnar út á við.

Ég vil ekki lengja þessar umr. með því að fara langt út í að rekja það, af hverju þessi þáttur efnahagsvandans stafar, en hann stafar auðvitað fyrst og fremst af stórkostlega versnandi viðskiptakjörum. Það eru ýmsar fleiri ástæður, en þetta er höfuðástæðan, sem ekki þýðir fyrir nokkurn mann að ætla að neita. Það er líka sannleikur, sem ekki þýðir að mótmæla, að þessi viðskiptakjör hafa farið snögglega versnandi allra síðustu mánuði fyrra árs og því miður enn það sem af er þessu ári. En þetta hafa menn ekki tekið með í reikninginn. Kaupgeta sumra manna, skulum við segja, ég held að væri óhætt að segja mikils hluta þjóðarinnar, hefur verið meiri en svarað hefur til þess, sem við höfum haft efni á að eyða, með tilliti til þess sem við áttum inni í reikningum okkar erlendis, sem við áttum inni á okkar viðskiptareikningi. Við höfum ekki aðeins stofnað til enn meiri úttektar á þeim viðskiptareikningi af þeim sökum, heldur hefur líka lánabensla verið mjög mikil og miklu meiri en ákveðið var af fyrrv. stjórn í samráði við Seðlabankann á sínum tíma á s. l. ári. Það hefur skapað falska kaupgetu einnig. Þess vegna hefur þetta getað átt sér stað. En eins og ég drap á áðan, komu auðvitað margir aðrir þættir þarna inn í líka, en þetta sá stóri „faktor", sem er mikilvægastur og þetta er sá vandi, sem í mínum augum er langstærstur, þó að við höfum annars sannarlega fangið fullt af vandamálum í sambandi við þessi mál hér innanlands.

Ég tel drengilegt hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni að segja það alveg skýrt og skorinort, eins og hann sagði, að auðvitað er ekki hægt að mæta þessu með öðrum hætti en að lífskjörin hljóta að rýrna. Það er alveg ómögulegt öðruvísi. Þetta á að segja þjóðinni. En þar með er ekki sagt, að það sé sama hverjir menn taka á sig eða þurfa að taka á sig lífskjaraskerðingu. Það er yfirlýst stefna stjórnarinnar að reyna að halda þannig á þessum málum, og ég efast ekki um að hv. stjórnarandstaða verður fús til samvinnu á því sviði, að þetta komi sem minnst eða ekki við þá, sem eru þannig settir varðandi launakjör og aðbúð í þjóðfélaginu, að þeir geta ekki tekið á sig kjararýrnun. Þetta er það mark, sem keppa á að. Ég vona, að með skilningi og atbeina stjórnarandstöðunnar takist ríkisstj. að ná einmitt þessu marki, að láta kjararýrnunina koma fram í jöfnun lífskjara, því að það er það sem um er að ræða. Ég held, að þjóðin fari að skilja þetta, og ég held, að það sé ekki hægt að blekkja hana, jafnvel þótt einhverjir vildu reyna. Ég held að hún hljóti að fara að skilja, að hún verður að horfast um sinn í augu við þessar staðreyndir. En eins og ég sagði áðan, er svo aftur á hinn bóginn ekki ástæða til þess að mikla þessa erfiðleika of mikið fyrir sér. Íslendingar hafa oft komist í krappari sjó en þennan og siglt sínu fleyi heilu í höfn. Ég efast ekki um, að þeir geri það enn, vegna þess að þótt lífskjörin þurfi eitthvað að rýrna, þá er ekki þar með sagt að þurfi að vera neitt bágborin lífskjör, vegna þess að þegar við tölum um lífskjör, þá miðum við alltaf við þau lífskjör sem við höfum haft síðast, og þau hafa sannarlega ekki verið neitt bágborin síðustu árin hér á Íslandi, almennt talað. Og þó að það þyrfti í bili eitthvað örlítið að þrengja að, t. d. eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson minntist á, að menn yrðu að neita sér um að flytja inn jafnmarga bíla og verið hefur að undanförnu eða fara jafnmikið í ferðalög til útlanda, þá get ég ekki séð að neinn skaði væri skeður. Ég held, að allir mundu lifa það af og gætu lifað það notalega af.

Það er svo auðvitað eins og hæstv. forsrh. hefur drepið á og gert grein fyrir og hefur reyndar komið fram í máli annarra þm., að það er samkv. okkar þingræðislegu reglum og venjum, að þá hvílir sú skylda á ríkisstj. að hafa frumkvæði í þessu efni. Undan því frumkvæði mun hún ekki skorast og mun vinna að tillögugerð um þessi efni. En ég tel sjálfsagt eins og hann að hafa allt það samráð við stjórnarandstöðuna sem unnt er að koma við. Ég tel hins vegar, að það sé mjög vafasamt að sá háttur eigi við, sem stungið er upp á í bréfi eða grg. Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, en það er algert aukaatriði. Ég álít að rökréttast sé í framhaldi af því bréfi, sem þeir hafa skrifað forsrh., að fylgja því eftir á þann hátt, að þeir ræði það mál við hæstv. forsrh., hvernig þessu samstarfi verði fyrir komið, og menn leiti að leiðum til að koma þessu samstarfi fyrir á sem haganlegastan hátt. Það er auðvitað aðalatriðið, en ekki formið á því, hvernig þetta er gert.

Ég er á alveg sama máli og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson og reyndar aðrir þeir hv. þm., sem hér töluðu, að nauðsynlegt sé að það ríki ekki nein óeðlileg leynd yfir þessum málum, að þjóðinni sé sagt sem best og skilmerkilegast frá þeim, eftir því sem unnt er, og að upplýsingamiðlun í þessu efni sé mjög þýðingarmikil. En þá þykir mér verst, að hv. 9. þm. Reykv. er hér ekki viðstaddur, af því að mig langar til að bera fram við hann fyrirspurn í sambandi við margumtalaðan sjónvarpsbátt. Hv. 9. þm. Reykv. lét þess nefnilega getið, áður en hann var búinn að komast að þeirri niðurstöðu að ég hefði sagt allt satt og rétt um þann vanda, sem við væri að glíma, að ræðan, sem ég hefði flutt á fundi Framsóknarfélagsins í Reykjavík, hefði verið afskaplega óheppileg. Og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson var sömu skoðunar, hann taldi hana óheppilega. Ég held, að ég setji nú spurninguna fram, þó að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sé ekki við. Ég veit, að hv. formaður flokksins mun flytja honum hana, og e. t. v. er gott fyrir hann að fá svolítinn umhugsunartíma, en ég veit að hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson mun geta svarað spurningunni hér á stundinni. Spurningin er ákaflega einföld. Hún er þessi: Hvenær er heppilegt að stjórnmálamenn segi satt og hvenær ekki?

Ég hef talið mér skylt að veita mínum umbjóðendum og flokksmönnum fræðslu um staðreyndir. Það gerði ég á þessum margumtalaða fundi. Ég leyfði mér líka að benda á nokkur úrræði og tók skýrt fram, að það væru mínar persónulegu hugmyndir, vegna þess að sá háttur málanna hefði ekki verið ræddur innan ríkisstj. til neinnar hlítar. Og það er einmitt rétt að undirstrika það, að jafnsjálfsagt sem það er að hafa opnar umr.

um og kynna vandann sem við er að glíma, getur verið nauðsynlegt að menn varpi ekki fram till. alveg hiklaust og umhugsunarlaust. Ég held, að það geti oft staðið þannig á, að það sé óhjákvæmilegt að það hvíli einhver leynd, ef menn vilja kalla það svo, yfir undirbúningi og gerð úrræða í efnahagsmálum.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson staðhæfði það, og ég held, að hv. þm. Benedikt Gröndal hafi tekið undir það, að vegna þeirrar ræðu, sem ég flutti á sínum tíma á fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur, hefði gjaldeyrissjóðurinn tæmst. Þetta er rangt. Til þess að sanna þetta þarf hv. þm. að leggja fram skýrslu um sölu á gjaldeyri fyrir og eftir að þessi ræða var flutt. Og ég leyfi mér að staðhæfa, að gjaldeyrissalan hafi ekki verið meiri, heldur minni eftir þann tíma sem þessi ræða var flutt. Það stafar sumpart að sjálfsögðu af því, að samkv. bréfi frá mér og að höfðu samráði við Seðlabankann, eins og lög gera ráð fyrir, var tekinn upp nýr háttur á afgreiðslu gjaldeyrisleyfa og farið að meta það af gjaldeyrisdeildunum, hver innflutningur væri nauðsynlegastur, en hver aftur væri þess háttar að minna gerði til þó að það drægist nokkuð að taka afstöðu til þeirra beiðna. Ég álít, að þessi skipan hafi ekki valdið neinum vandkvæðum enn. Hins vegar er hún auðvitað út af fyrir sig ekkert frambúðarskipulag. Það verður að koma fastari skipan á þessi mál með einhverjum hætti.

Að því leyti til sem gjaldeyrisstaðan hefur versnað á þessu tímabili, þá er það ekki af því að gjaldeyrissalan hafi verið meiri, heldur af hinu, að skilin á innkomnum gjaldeyri hafa verið enn lakari jafnvel en áður fyrr, og það er það sem stendur á. Það er hinn mikli vandi, sem við höfum átt við að glíma. Það er ekki aðeins hið mikla verðfall, sem verið hefur á okkar afurðum, heldur líka sölutregðan, sem hefur verið um að tefla. Það má nefna aðeins örlítið dæmi, sem getur e. t. v. gefið hv. þm. hugmynd um það vandamál, sem um er að ræða. Einmitt í dag var verið að undirrita í Moskvu samninga um sölu á fiskafurðum, að mínu áliti eftir atvikum mjög mikilvæga og hagstæða samninga miðað við útlitið annars, — samninga sem munu gefa um 4 milljarða ísl. kr. En þetta gerir ekki, miðað við olíukaup frá Sovétríkjunum á síðasta ári, nema vega upp á móti 2/3 af olíunni frá Sovétríkjunum. Þá þurfa menn ekki að vera hissa á því, að það sé úr vöndu að ráða, þegar olíuverðið hefur breyst svona.

Ég tel mig ekki þurfa neitt að vera að svara til saka frekar fyrir það að hafa flutt þá ræðu, sem ég flutti á sínum tíma, en vil þó aðeins geta þess til viðbótar, að þá þegar hafði verið birt hér skýrsla Efnahags- og framfarastofnunar í París, þar sem lágu fyrir skýrar niðurstöður um þann efnahagsvanda, sem við væri að etja, og tekið skýrt fram líka, hverjar orsakir væru aðallega til hans. Þeir, sem lesa þá skýrslu, þurfa ekki að vera í neinum vafa um, hvernig þeir sérfræðingar líta á, hvaða atriði það eru sem fyrst og fremst valda þeim vanda í þessum efnum sem íslendingar eiga nú við að etja.

Ég gæti nú sjálfsagt látið máli mínu lokið. En nokkuð var vikið að stjórninni, sem við mig hefur verið kennd og er mér af eðlilegum ástæðum nokkuð kær. Ég sagði, að ég gæti látið máli mínu lokið, af því að ég held að sú stjórn þurfi í raun og veru ekki á málsvörn að halda. Verk hennar munu tala og tala hennar máli. En samt sem áður vil ég segja nokkur orð út af þeim orðum, sem hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson lét falla sérstaklega um árið 1973, og um þá kenningu, sem hann setti líka fram í margrómuðum sjónvarpsþætti, að það hefði ekki verið tekið frá á góðárunum og sparað til hinna lélegu. Nú kom þetta skýrast fram, að það var 1973 sem átti að spara, þá átti að leggja til hliðar og geyma. Ég held nú í fyrsta lagi, að hv. þm. hafi gleymt einum býsna þýðingarmiklum atburði í annál ársins 1973, þ. e. a. s. eldgosinu í Vestmannaeyjum. A. m. k. er þess vert, þegar menn líta yfir árið 1973, að tíunda það og reyna að gera sér grein fyrir því, hver áhrif þess hafi orðið. Og enn er fyrir hendi fjárhagslegur vandi, sem þarf að leysa vegna þess. En strax var brugðið við og lagt til hliðar til þess að mæta þeim vanda á árinu 1973.

Já, hún er ekki ný þessi hagspeki, að það eigi að leggja til hliðar á góðu árunum. Við könnumst öll við söguna af Faró, sem dreymdi draumana um feitu kýrnar, sem risu upp fyrst, og svo mögru kýrnar 7, sem komu og átu þær feitu og kornöxin o. s. frv. Faraó gat ekki ráðið þessa drauma og sendi þess vegna eftir Jósep, sem sat í myrkrastofu, því að hann hafði ekki viljað þiggja gott boð og þýðast konu Pótifars. Og Jósep réð draumana auðvitað réttilega, að það mundu koma 7 góð ár og síðan 7 slæm. Ráðið, sem Jósep gaf, var það ráð, sem sjálfsagt og viðurkennt af hagfræðingum allra alda síðan, að leggja til hliðar, Faraó skyldi setja í lög, að egyptar skyldu leggja fram fimmtung afraksturs framleiðslu sinnar á næstu 7 árum, og svo bjargaðist þetta allt vel. En það voru ekki til neinir gjaldeyrisvarasjóðir þá og ekki sjóðir, það var ekki safnað í sjóði peningum. Það, sem safnað var, voru kornbirgðir, og allar kornhlöður voru fylltar.

Þá kem ég að því, sem ég er hjartanlega sammála hv. þm. Lúðvík Jósepssyni um, að einmitt á þessum góðu árum að undanförnu hefur verið safnað. Það hefur verið safnað með hliðstæðum hætti eins og þeim að safna í kornhlöður. Þetta hefur verið undirbúið á þann hátt, að við höfum endurnýjað okkar skipastól. Og það er alveg hárrétt, sem hann sagði, enda veit hann það manna best, Lúðvík Jósepsson, að einmitt það eru þessi skip, minni stærðin af togurum, sem standa núna upp úr, og staðirnir, sem hafa aflað þeirra, sem standa líka upp úr. Ég tala nú ekki um ef saman hefur farið, að endurnýjaðar hafa verið eða byggðar upp fiskvinnslustöðvar á þessum stöðum. Það er þessi staðreynd, sem gerir það að verkum, að fólkið í þessum byggðum er miklu betur undir það búið en annars hefði verið að mæta erfiðleikum.

Þess vegna er það, að það er mark þessarar ríkisstj., og það veit ég líka að stjórnarandstaðan muni taka undir og fylgja fram, að reka atvinnuleysisvofuna frá dyrum þessarar þjóðar, og ef hægt verður að halda hér fullri atvinnu, þá vorkenni ég engum þó að eitthvað verði að breyta

til í lífnaðarháttum frá því sem verið hefur allra síðustu árin.

Það er með þessum hætti, sem einmitt góðu árin voru notuð til þess að safna kornbirgðum, sem við nú njótum góðs af. En það var ekki bara með þessum hætti. Það var líka gert með öðrum hætti. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gleymdi því, að á árinu 1973 var gerð gengishækkun sem hafði ekki orðið hér á landi í 50 ár. Hvað var það annað en í raun og veru að safna óbeint til þess að vera betur viðbúinn þegar harðnaði aftur? Vissulega hefði mátt gera þetta í öðru formi og safna í sjóði í staðinn, en þessi háttur var hafður á. Þessu er alveg óþarft að gleyma, og þessu gleymi ég auðvitað ekki þegar ég held áfram að tíunda góðverk vinstri stjórnarinnar.

Ég vil hins vegar ómögulega láta hv. þm. Lúðvík Jósepsson eigna sér einum alla skuttogarana, sem keyptir voru til landsins. Ég held, að öll stjórnin eigi þar jafnan hlut að, þó ég dragi ekki annars í efa hans mikla áhuga á því efni, eins og á sjávarútvegi yfirleitt.

En hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gleymdi því líka, að það var á árinu 1973 raunverulega safnað í sjóði. Við áttum í ársbyrjun 1974 9 milljarða með núv. gengi í gjaldeyrisvarasjóði. Það er hann, sem við m. a. höfum lifað á og haldið uppi þeim mikla og góðu lífskjörum, sem við höfum búið við á þessu þjóðhátíðarári. Það má líka nefna það, að lagt var til hliðar og hefur verið lagt til hliðar í verðjöfnunarsjóði, var gert á góðu árunum, en ekki nægilega mikið að mínu mati. En það eru sérstakir aðilar sem um það fjalla, og það er þeirra fé, sem þar er um að tefla. Það má sjálfsagt segja nú, að það hefði verið skynsamlegra af þeim að leggja meira til hliðar, en um það þýðir ekki að fást. En það var lagt til hliðar. Þess vegna held ég, að hv. þm. Jón Hannibalsson verði að endurskoða sína ræðu, ágæta að öðru leyti, áður en hann flytur hana næst, að því er varðar árið 1973.

Hann gerði lítið úr því frv. um viðnám í efnahagsmálum, sem fyrrv. ríkisstj. flutti á síðasta Alþ.. En ég held, að það sé alveg ástæðulaust. Það er að vísu rétt, að fyrrv. ríkisstj. setti brbl. um viss atriði úr því frv., sem gerðu mögulegt að fleyta þessu öllu áfram yfir það umbrotaskeið, sem var hér á s. l. sumri og menn kannast við. En það var ekki talið fært vegna aðstöðunnar að taka upp í þau brbl. ýmis þau veigamiklu atriði, sem voru í frv. um viðnám gegn verðbólgu og hefðu gert gæfumuninn að mínu viti, ef þau hefðu verið lögleidd, og gert vandann minni nú. Það varð m. a. alger stefnubreyting að því leyti, að með því frv. var stefnt að jöfnun lífskjara. Það var ákveði þar um það, að hækkun umfram 20% á kaupi skyldi frestað út árið á launum yfir 36 þús. kr. á mánuði. Þar með var í raun og veru stigið a. m. k. hænufet í þá átt, sem Samtök frjálslyndra og vinstri manna réttilega hafa talið — ekki allir, en margir í þeim samtökum hafa talið það rétta leið, sem sagt niðurfærsluleið, verðstöðvunarleið. Og það var líka í þessu frv., sem auðvitað var ekki hægt að setja í brbl., lögbundið að vissar peningastofnanir skyldu leggja fram til ráðstöfunar, ekki 10% eða 20%, sem hafa fengist með samningum við þá, heldur 35%. Það mundu vera dálítið annað við að eiga núna, ef við hefðum fengið þann sjóð til ráðstöfunar og hefðum hann til ráðstöfunar. Það var líka í því frv., sem ekki var talið fært að taka upp í brbl., ákveði um að þeir tekjuhærri í þjóðfélaginu skyldu leggja til hliðar, að vísu ekki nema örlítinn hluta, allt of lítinn hluta af tekjum sínum í skyldusparnað. Með því hæði að festa þannig mjög rífleg framlög úr þessum sjóðum og afla þannig skyldusparnaðarfjár, hefði verið fé dregið frá einkaneyslu og til samneyslu, og jafnframt hefði verið takmarkað það svigrúm, sem peningastofnanir höfðu á s. l. ári til þess að lána út.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. í sambandi við efnahags- og fjármál ríkisins. Það gefst tækifæri til þess sjálfsagt áður en langt um líður. En út af ummælum hv. 5. þm. Vestf. áðan, þar sem hann vék að mér persónulega og hélt því fram, að í sjónvarpsþætti s. l. föstudag hafi komið fram að ég vissi ekki, hver laun mín væru, þá vil ég leiðrétta það sem þm. sagði, um leið og ég lýsi furðu minni á þessum málflutningi hv. þm., þar sem hann hallar réttu máli gegn betri vitund.

Í nefndum sjónvarpsþætti var ég ekki spurður að því, hver laun mín væru né heldur laun þm., heldur hvort þm. Reykn. fengju sérstakar greiðslur vegna búsetu sinnar utan Reykjavíkur og hvort sú upphæð væri 30 þús. kr. Ég svaraði og sagði að það væri rétt, að þm. Reykn. fengju greiðslur vegna búsetu sinnar þar, en ég vissi ekki nákvæmlega hver upphæðin væri nú.

Mér hefur verið legið á hálsi að hafa ekki gert grein fyrir því og gefið skýringu á því, hvers vegna ég væri ekki viss um, hver upphæðin væri. Ástæðan er einfaldlega sú, að ég fæ ekki þessar greiðslur vegna þess að ég gegni störfum í Reykjavík, en þm., sem hafa með höndum störf í Reykjavík, eru ekki taldir hafa aukakostnað af þingsetu sinni og fá þess vegna engar greiðslur. Þá hefur það og komið í ljós, að upphæð sú, sem nefnd var í sjónvarpsþættinum, var ekki rétt.

Þá finnst mér og rétt, að það komi hér fram, að fjmrh. hefur ekki með höndum greiðslur til þm. Það er Alþ. sjálft og þá sérstaklega þingfararkaupsnefnd.

Jón Baldvin Hannibalsson: Virðulegi forseti. Ég má e. t. v. byrja þessa ræðu með því að segja, að því miður hefur mér ekki að fullu leyti orðið að þeirri ósk minni, að erindi þingflokks SF og ræða mín yrði til þess að hér kynnu að spinnast á Alþ. íslendinga gagnlegar, fróðlegar og skynsamlegar umr. um efnahagsmál. Er þetta sjálfsagt enn eitt dæmið um skort minn á þingreynslu og hroka. En ég má til með að byrja samt sem áður á því að þakka þá landsföðurlegu mildi, sem einkenndi alla ræðu hæstv. fyrrv. forsrh. svo mjög, að það hvarflaði stundum að mér að hann hefði á vissum stöðum í ræðunni jafnvel gleymt því, að það hefðu farið fram stjórnarskipti, svo landsföðurleg var sú meðhöndlun sem skólameistarinn fékk í ræðunni.

Ég var spurður og hæstv. viðskrh. efaðist ekki um, að ég mundi svara því á stundinni: Hvenær er heppilegt, að stjórnmálamenn segi satt og hvenær ekki? Það er rétt, svarið við þessu er einfalt. Stjórnmálamenn eiga alltaf að segja satt. Það fer eftir aðstæðum, hvenær þeir meta það svo, þegar þeir gegna einhverjum tilteknum embættum, hvenær sé hyggilegt að þeir láti stundum satt kyrrt liggja.

Gagnrýni mín á úreltar og skammsýnar hagstjórnaraðferðir vinstri stjórnarinnar beindist m. a. mjög að því, að ábyrgir valdhafar stjórnarinnar brugðust þeirri skyldu sinni að segja satt nógu snemma. En það hljóta allir menn að skilja við nána umhugsun, að á þessu tvennu er mikill munur, og þykir gjarnan virðingarverðara að draga það ekki um of.

Fleyg voru eitt sinn þau ummæli hæstv. fyrrv. forsrh., sem hann viðhafði í kosningabaráttunni síðustu, þegar þá var spurt um hug hans og flokksmanna hans til áframhaldandi vinstra samstarfs, en þá mun hann hafa komist að orði eitthvað á þá leið, að slyngur spilamaður héldi spilunum jafnan upp að brjóstinu og sýndi ekki spil sín fyrir fram, það væri ekki hygginna manna háttur. Þess vegna varð mér óneitanlega mjög skemmt, vegna þess að fyrri hluti ræðu hæstv. ráðh. snerist mjög um það, að nú hefði mér hugsanlega orðið á í spilamennskunni, ég hefði nefnilega sýnt spilin, ég hefði sagt nokkurn veginn allan hug minn um það, hvernig ég met ástand efnahagsmála. Samkv. spilamennskuformúlu er það væntanlega ekki hyggilegt. Og ég skal taka það fram, að hvort sem sumir menn telja þetta til afglapa, þá var það auðvitað að yfirveguðu ráði af minni hálfu, því að til þessara spurninga um pólitíska spilamennsku hef ég alveg ótvíræða afstöðu. Hún er sú, sem vikið var að og er svar við spurningunni til hæstv. ráðh. áðan: Stjórnmálamenn eiga að segja satt og þeir eiga ekki að leyna þjóð sína neinu. Þeir þurfa ekki á því að halda. Þó að það kunni að hafa hótt hyggindi til skamms tíma að fara með blekkingar, þá mun það ásannast fyrr en varir, að það er einmitt skammsýni. Og það er satt að segja ekki spurning um einhverjar siðferðilegar vangaveltur manna, heldur er þetta einn mjög veigamikill þáttur í pólitísku uppeldi íslendinga og pólitísku viðhorfi stjórnmálaforingja, að viðhorf spilamennskunnar eru þar allt of ríkjandi.

Hæstv. viðskrh. vildi leggja á það mikla áherslu, að með málflutningi okkar hefðum við sýnt fram á, að við værum sammála ríkisstj. Þetta þarfnast dálítið athugunar við. Við höfum skriflega lagt fram mat okkar á ástandi efnahagsmála, og þá er að spyrja: Á hverju byggjum við það? Við byggjum það á þeim upplýsingum um ástand efnahagsmála, sem hverjum almennum borgara á Íslandi er tiltækt að afla sér og kynna sér. Það er byggt á öllum þeim upplýsingum, sem liggja fyrir opinberlega, án þess að við hefðum haft nokkurn aðgang að þeim sérstöku viðbótarupplýsingum um ástandið á allra seinustu vikum, sem ríkisstj. einni eru innan handar. Svo er annað mál, að ef upplýsingarnar, sem fyrir hendi eru, eru ábyggilegar og réttar, þá á það að vera svo, að í ástandi eins og nú er, ef menn á annað borð viðurkenna að í nútíma þjóðfélögum sé ekki einasta réttlætanlegt, heldur sjálfsagt að beita þeim hagstjórnaraðferðum, sem þau þjóðfélagsvísindi, sem ganga undir nafninu hagfræði, hafa komið upp á seinustu áratugum og hafa verið reyndar með öðrum þjóðum, þá er e. t. v. að vissu leyti tæknilega séð takmarkað svigrúm til ágreinings. Enda lagði ég á það áherslu, að vandamálið er ekki tæknilegs eðlis. Vandamálið er pólitísks eðlis. Þess vegna hef ég ekki tjáð mig um það enn, hvort ég verði sammála þeim úrræðum, sem ríkisstj. kann að grípa til, vegna þess að ég legg á það áherslu að úrræði ríkisstj. liggja ekki fyrir. Við kunnum að meta ástandið svipað, en eftir er að vita hvaða ályktanir ríkisstj. dregur af þessum ályktunum og til hvaða ráða hún grípur. Ég hygg að það sé óþarfi að leggja á það áherslu og það á að hafa komið nægilega skýrt fram í minu máli, að um leið og ég rakti þau úrræði, sem ég taldi óhjákvæmilegt að grípa til við slíkar aðstæður, þá um leið skilyrti ég það að því er varðar pólitískar grundvallarstærðir, m. ö. o. að það yrði að skipta tapinu eftir efnum og ástæðum, ekkert síður en gróðanum á uppgangstímunum var misskipt eftir efnum og ástæðum. Það er kannske kjarni málsins. Ég bíð enn eftir því, að það hefur ekki komið fram í þessum umr., að fá hins vegar að vita, hvaða stefnu ríkisstj. tekur, hvaða úrræði hún birtir.

Sé það rétt, að ræða mín hér áðan hafi verið á köflum kannske harðorð gagnrýni á hagstjórnaraðferðir fyrrv. stjórnar, þá er enn eftir að láta á það reyna, hvort sú gagnrýni á kannske við um hagstjórnaraðferðir núv. stjórnar, því að það er einmitt mjög athyglisvert, að þrátt fyrir það að þessi ríkisstj. var mynduð í ágúst á s. l. sumri, þá er það raunverulega ekki komið á daginn hvort þessi ríkisstj. hefur lært eitthvað af mistökum fyrri ríkisstj. í glímunni við hagsveifluvandamál íslendinga, hvort hún ætlar, þegar litið er fram hjá skammtímaráðstöfunum, sem eiga að bjarga okkur í svipinn, að móta einhverja herstjórnarlist í stjórn efnahagsmála, sem er í einhverju samræmi við þekkingu nútímamanna á slíkum hlutum.

Málsvörn hæstv. viðskrh. fyrir vinstri stjórnina, þ. e. a. s. hennar hagstjórnaraðferðir, var að vísu til mikilla muna þekkilegri og íhugulli að minu mati heldur en fram kom í ræðu hæstv. fyrrv. sjútvrh. En engu að síður var hún meira að segja dálítið skemmtileg á köflum, sem er mjög lofsvert, því að það er mjög mikils um það vert að stjórnmálamenn reyni að ræða efnahagsmál íslendinga með þeim hætti að þau verði ekki svo leiðinleg, að þjóðin hætti að leggja við hlustirnar. En ef sú málsvörn væri grandskoðuð nokkru nánar, þá held ég samt sem áður að meginatriði þeirrar gagnrýni, sem að henni hefur verið beint og m. a. kom fram í minni ræðu, hafi ekki verið svarað. Ég gleymdi ekki áhrifum eldgossins í Vestmannaeyjum og viðurkenndi sérstaklega, að það áfall hefði vafalaust kynt verulega undir verðbólguþenslu innanlands, átt sinn þátt í því að verðbólguþróunin innanlands varð meiri en nam innfluttri verðbólgu. Megingagnrýnin beindist að sjálfum hagstjórnaraðferðunum. Það er rétt, það var gerð tilraun til gengishækkunar, enda voru skilyrði fyrir því að reyna þá ráðstöfun. En um allar aðrar hliðarráðstafanir, sem

jafnframt þurfti að beita, er því miður svo, að meira þurfti til.

Ég skal viðurkenna, að það er stundum svo sem ekki stórmannlegt að þykjast vera vitur eftir á. En ég get að vísu vitnað til þess, að á þeim tíma, á fyrri hluta árs 1973, lét ég í ljós þungar áhyggjur út af skorti á pólitískri herstjórnarlist og aðferðum vinstri stjórnarinnar í efnahagsmálum, mjög svo í þeim dúr sem ég gerði nú, þannig að það var ekki um að ræða gagnrýni sem fundin hafði verið upp eftir á. Svo að nefnt sé eitt atriði, það voru keyptir togarar. Og þetta er vafalaust ásamt með auðvitað landhelgismálinu það, sem allir fylgismenn vinstri stjórnarinnar og velunnarar munu segja, að muni halda nafni hennar á lofti. Nú er það svo, að ég veit ekki hvort það er rétt af hæstv. ráðh. að metast um það hvor eigi þarna meiri heiður, vegna þess að kjarni málsins er þessi: Skipastóll íslendinga hafði verið látinn grotna niður um langt skeið. Síðan gerist það, að vinstri stjórnin er í grundvallaratriðum svo heppin, að hún nýtur geysilega hagstæðrar hagsveiflu. Hún er við völd á mjög svo hagstæðum tímum, líkt og gilti um viðreisnarstjórnina á ákveðnu tímaskeiði. Þetta þýddi það, að vinstri stjórnin hafði ósköp einfaldlega mjög gilda sjóði, hún hafði mikil fjárráð. Það var geysilega mikil fjármunamyndun í þjóðfélaginu. Að sjálfsögðu lá beint við að auka fjárfestingu í endurnýjun fiskiskipa, og að sjálfsögðu var við því að búast á slíkum tímum að fjárfesting væri ör. En menn mega ekki rugla því saman annars vegar, að sú ríkisstj. eða sá stjórnmálamaður, sem á slíkum uppgangstímum segir: Nú hef ég tækifæri til að kaupa mér minnisvarða, að láta reisa mér sem allra mestan og stærstan minnisvarða, með því að beita þeim fjármunum, sem upp í hendurnar koma, alveg aðhaldslaust og fyrirhyggjulaust, án tillits til annarra grundvallarþátta, sem hljóta að móta hagstjórnaraðferðir manna. Staðreynd er það, að þrátt fyrir að fjárfestingarstuðull hefur verið hár jafnaðarlega á Íslandi, þá er það svo að arðsemi fjárfestingar hefur verið allt of lág löngum og löngum. Og það er annað, sem gerist á efnahagsreikningi við að leggja í fjárfestingar og kaupa tæki, og hitt, að meta það á hverjum tíma miðað við efnahag fyrirtækis eða þjóðfélags, hversu miklum fjármunum er skynsamlegt að verja á þessum tíma við þessar aðstæður til þess að byggja upp framleiðslutæki og fjárfestingu.

Auðvitað er það ein af heilögum kúm í íslenskum stjórnmálaumræðum, að það má ekki orða það, að hugsanlegt væri að það hefði verið hyggilegt að fjárfesta í togaraflotanum á lengri tíma, alveg eins og það kemur fram hjá hæstv. sjútvrh., að um leið og sagt er: Það á á uppgangsárum að reyna að takmarka það, að uppsveiflan gangi í gegnum allt þjóðfélagið og kollvarpi því innan skamms, sem æskilegt er að hafa í góðu horfi, þá eru menn sakaðir um að þeir vilji lækka kaup verkamanna, vilji láta skera niður, eins og hér sé um eitthvert val að ræða. Auðvitað er ekki um val að ræða. Það er einfaldlega um ágreining að ræða um aðferðir, hvort eigi að láta allt vaða stjórnlaust á súðum, eins og frjálshyggjumandarínninn, hæstv. fyrrv. sjútvrh., hefur enn ítrekað að sé hans grundvallarstefna, eða hvort eigi að beita einhverjum hyggindum, skynsemi og skipulagshyggju í ætt við sósíalisma til þess að tryggja að kollsteypurnar verði ekki jafnörar, en árangurinn meiri, þegar til lengri tíma er litið.

Ég ætla að láta eins getið í sambandi við fjárfestingarmálin. Ég veit ekki, hvað menn hafa tekið mikið tillit til þess eða hlustað mikið á fiskifræðinga eða reynda sjómenn um það, hvert er líklegt ástand fiskstofna og hvaða magn við getum gert okkur vonir um að geta veitt. Auðvitað tengist þetta útþenslu landhelgismálsins sjálfs og þeim árangri, sem við getum gert okkur vonir um að ná með því. En ef það er staðreynd, ef það er yfirvegað mat manna, að við séum í vaxandi mæli, miðað við sókn á íslensk mið, að lenda í rányrkju og tefla jafnvel framtíðinni í hættu vegna sírýrnandi fiskstofna, þá er það mál sem við þurfum að taka til gaumgæfilegrar íhugunar. Það er ekki nóg að segja á heldur yfirborðslegan máta: Ég hef reist mér minnismerki. — Það verður stundum að skyggnast dálítið dýpra.

Ég má til með að fá að víkja örfáum orðum að ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, en það þarf ekki að vera lengi. Ég vil rifja það upp, að í framsögu minni fór ég heldur viðurkenningarorðum um það, að hv. þm. nyti almennt viðurkenningar fyrir þá reynslu, sem hann hefur aflað sér, og þá hagnýtu þekkingu, sem hann hefur á málefnum sjávarútvegs og fiskiðnaðar. Þrátt fyrir ræðu hans hér áðan ætla ég að ítreka það, að ég hef ekki skipt um skoðun, þó að ég hafi ekki í annan tíma heyrt ræðu manns, sem hefur jafnlanga stjórnmálareynslu og hv. þm., þar sem hann tekur afstöðu til þeirra efnahagsvandamála, sem við erum hér að lýsa, sem er jafnfátækleg, yfirborðskennd og þröngsýn og ræða hans óneitanlega var. Hann vék sérstaklega að því, að hann hefði oft sætt gagnrýni hagfræðinga og ýmiss konar spekinga, sem ekki var nú hlýlega eða virðulega talað um, en látum það nú vera. Hann byggir á reynslu sinni, það er virðingarvert. Og hann vék sérstaklega að því, að ég mundi hafa litla reynslu af slíkum málum. Það er rétt. Reynsla mín til sjós t.d. var ekki nema eitt eða tvö sumur á togaraútgerð Lúðvíks Jósepssonar. En hún var þó þess eðlis, að ég sé ekki eftir henni og tel hana hagnýta. En reynsla mín að því er varðar stjórn efnahagsmála er líka takmörkuð. Hún byggist á því fyrst og fremst — og er dálítið skyld reynslu Lúðvíks Jósepssonar — að vera bæjarstjórnarmaður í bæjarfélagi vestur á fjörðum. Ég veit nákvæmlega af þeirri reynslu, að spurningarnar, sem hv. þm. var svo ósvífinn að bera upp á einfeldningslegan máta um það, að ég hefði í ræðu minni sýnt að ég tæki undir einhver íhaldsúrræði um að það bæri að lækka kaup, að það bæri að skera niður fjárfestingu, eru ekkert annað en ósvífin undanbrögð og þýða ekkert annað en að hv. þm. er að skjóta sér undan að ræða af skynsamlegu viti, sem ég vefengi ekki að hann hljóti að hafa til að bera, um vandamálin. Þetta er „billeg“ lausn. Mér er fullkomlega ljóst, að afleiðingarnar af þeirri óstjórn, sem átt hefur sér stað í íslensku þjóðfélagi, eru nú slíkar, að það er ekki vegna

minna óska, heldur er það staðreynd, að það munu verða skornar niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda um land allt. Og það er þegar staðreynd, að sveitarfélög um allt Ísland standa frammi fyrir því vegna þeirrar óðaverðbólgu, sem hefur afskræmt allt þjóðfélagið sem afleiðing af þessu, að geta ekki fyrirsjáanlega ráðið við þau verkefni sem að var stefnt.

Ég vek athygli þingheims á því, að í þessum umr., sem snúast um skilning manna og skilgreiningu á mjög flóknum efnahagslegum vandamálum og þar sem raunverulega mætti ætlast til þess að menn tækju afstöðu til og gerðu grein fyrir ekki einasta ástandinu eins og það er og þá ekki aðeins að því er varðar útflutningsatvinnuvegi, heldur varðandi allar meginstærðir þjóðarbúskaparins, þá kemur hingað í ræðustól einhver reyndasti stjórnmálamaður á Íslandi, maður sem hefur um langt árabil haft meiri áhrif en sennilega nokkur annar á stjórn efnahagsmála, og hvað hefur maðurinn fram að færa? Hann segir tvennt: Mín pólitík er sú, að það á að lækka vexti, og mín pólitík er sú, að það á að hækka fiskverð.

Við skulum víkja að fyrra atriðinu. Hvað eru vextir? Vextir eru verð á peningum. Ef það á að lækka vextina, þá á að gera peninga ódýrari. Þm. lét þess getið, að það lægi opinberlega fyrir í skýrslum frá bankakerfinu, að verslunin skuldaði 9 milljarða kr. í bankakerfinu. Hvers vegna skuldar verslunin 9 milljarða í bankakerfinu? Vegna þess að það er verið að gefa henni af almannafé út úr bankakerfinu peninga. Það er verið að gefa versluninni fé, vegna þess að útlán bankakerfisins á vöxtum, sem eru ekki nema brot af raunverulegu verðgildi peninga, eru gjöf. Með þessum orðum sínum er Lúðvík Jósepsson — auðvitað óviljandi, því að hann gerir það ekki vitndi vits, — að gerast málsvari þess, að versluninni í landinu sé skenkt stórfé af almannafé. Og hann ætti manna gerst að vita frá hverjum það fé er tekið, sem er rekstrarfé í bönkum. Það er auðvitað hægt að greiða niður peninga, það er hægt að halda lágum vöxtum. En hverjir eiga að borga þann reikning? Ég er ekki að neita því, að það hafi verið til í dæminu til skamms tíma til þess að leysa brýnustu vandamál útflutningsatvinnuveganna að grípa til vaxtalækkana, ef við höfum einhvers staðar þá sjóði, ef það er málsvörn Lúðvíks Jósepssonar, að almenningur í landinu eigi að axla byrðarnar af óstjórninni með því að reiða fram sína sjóði í niðurgreiddum peningum til þess, sem þörf er á í atvinnurekstrinum. En það er afleiðingin af lágvaxtapólitík. Undir eðlilegum kringumstæðum ættu vextir að vera réttir. Ef þeir eru það ekki, þá er verið að taka peninga frá einhverjum öðrum. — Lágvaxtapólitíkin á Íslandi er búin að færa gífurlegar, ótrúlegar fjárhæðir frá almenningi í landinu, frá launþegunum í verkalýðshreyfingunni yfir til atvinnurekenda og oft á tíðum ekki endilega þeirra, þar sem það fé var best niður komið.

Það á að hækka fiskverð. Jú, hvernig ákvarðast fiskverð. Fiskurinn er ein helsta útflutningsafurð landsmanna og er einn meginþátturinn í vandamálinu, sem við erum að ræða um, að skyndilega hafa orðið snögg umskipti í viðskiptakjörum. Verðlag á erlendum mörkuðum hefur lækkað, þ. e. a. s. fiskverð hefur lækkað. En það á að hækka fiskverð. Það á ekki að fara eftir því, sem fáránlegir hlutir eins og hlutlæg markaðslögmál segja til um, — að sjálfsögðu ekki. Við eigum að stjórna að okkar eigin geðþótta. Hverjir eiga þá að borga niður fiskverðið? Það er spurningin, sem hv. þm. á eftir að gera grein fyrir. Sú fullyrðing, að það eigi að hækka fiskverð, er ekkert annað en fullyrðing um það, að einhverjir eigi að borga þetta hærra fiskverð. Það væri fróðlegt að fá að vita, hverjir eiga að borga það.

Lúðvík Jósepsson hélt því reyndar fram ranglega, að ég hefði fullyrt í ræðu minni, að á árinu 1973 hefði verið tekið út úr verðjöfnunarsjóði. Ég hélt því ekki fram. Ég var að halda því fram, að á því mikla uppgangsári, því einstæða uppgangsári, sem gekk þá yfir sjávarútveg og fiskiðnað, átti að gera meira að því að binda fé í verðjöfnunarsjóði, láta ekki með hækkuðu fiskverði þessa peninga ganga út í aðgerðir til þess að magna upp verðbólgu, vegna þess að það reyndist endanlega engum til góðs, hvorki útgerðarmönnum, sjómönnum, launþegum í landi né einum né neinum. Það var bara skammsýn, heimskuleg ráðstöfun.

Þegar samdrátturinn kemur, þá er spurningin: Hver á að borga? Kjarninn í allri viðleitni okkar til þess að mæta þeim miklu sveiflum, sem eru í eðli íslensks efnahagskerfis, er sá, að það á að taka upp á miklu fleiri sviðum verðjöfnunarsjóðspólitík, sem hér um ræðir, vegna þess að það á að losa okkur undan þeim hókus-pókus aðferðum, sem Lúðvík Jósepsson hefur gerst sérstakur talsmaður fyrir að eigi að grípa til alltaf þegar komið er í þrot, en það megi ekki gera neitt, sem ber keim af fyrirhyggju, viti, skynsemi og ég tala nú ekki um sósíalisma, þegar allt leikur í lyndi. Það væri reyndar mjög fróðlegt, þegar hv. þm. ber mér, sem flyt hér sjónarmið skipulagshyggju og viti borinnar stjórnar í efnahagsmálum, það á brýn að ég sé með þeim ummælum mínum, með þeim málflutningi sérstaklega að setja mig á bekk með íhaldsöflunum í landinu, alveg sérstaklega. Ég hefði gaman af að heyra einhvern tíma, hvaða hugmyndir hv. þm. hefur, hver er hans grundvallarstefna og hver eru hans lífsviðhorf yfirleitt. Það mætti stundum ályktа, að hv. þm. Lúðvík Jósepsson væri fyrst og fremst talsmaður á Alþ. og talsmaður í ríkisstj. skammsýnustu brasksjónarmiðanna í þjóðarbúskap íslendinga. Ég minnist þess varla að hafa heyrt hv. þm. gerast talsmann raunverulegrar skipulagshyggju í efnahagsmálum.

Að lokum eitt atriði. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson vék sérstaklega að því, að eitthvað kynni það að vefjast fyrir okkur í SF að samræma sjónarmiðin, þar sem annars vegar kæmi fram jafnhörð gagnrýni af minni hálfu og hér um ræðir á hagstjórnaraðferðum vinstri stjórnarinnar og hins vegar sú staðreynd, að hv. þm. Magnús T. Ólafsson sat í þeirri ríkisstj. til enda. Það kynni að vera, að þetta væri mjög alvarlegt mál. Ég er alveg sannfærður um að við hv. þm. Magnús Torfi erum menn til þess að hafa vissan ágreining um mat á reynslu vinstri stjórnarinnar, og við gætum vafalaust rætt það báðum okkur til gagns og fróðleiks. Sá ágreiningur er ekki þess eðlis,

að hv. þm. Magnús T. Ólafsson taki undir þau skammsýnu sjónarmið eða þau óskiljanlegu sjónarmið hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar að vísa með fyrirlitningu og hroka á bug þeim hagstjórnaraðferðum, sem helst má kenna við sjónarmið jafnaðarstefnu og hafa reyndar sett mark sitt á alla þróun, efnahagslega og þjóðfélagslega þróun Vesturlanda. Þar er ekki um ágreining að ræða á milli mín og hv. þm. Magnúsar T. Ólafssonar. En ég gæti trúað því, að sá ágreiningur væri öllu meiri milli mín og hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, enda þótt hann snúist að vísu ekki um skiljanlega hugmyndafræði.

Ég vil að lokum taka það fram, að að því er þetta varðar hef ég áður leyft mér að gagnrýna stefnu vinstri stjórnarinnar í efnahagsmálum. Ég hef oft leyft mér það að láta í ljós opinberlega skoðanir án þess að spyrja einhverja forustumenn flokka að því, hvort þeim líki það betur eða verr. Ég vil t. d. — með leyfi hæstv. forseta — vekja athygli á því, að á öndverðu ári 1973 túlkaði ég skoðanir mínar á þáverandi stöðu í efnahagsmálum og aðgerðum vinstri stjórnarinnar með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Endanlegur dómur um reynsluna af þessu stjórnarsamstarfi verður ekki kveðinn upp að sinni. En því er ekki að neita, að um of margt hafa stjórninni verið mislagðar hendur. Henni hefur reynst ósýnt um að hafa nokkra viti borna stjórn á þróun efnahagsmála. Afleiðingin er sú, að oft hefur orðið minna en efni stóðu til úr þeim réttarbótum almenningi til handa, sem tryggðar hafa verið með lagasetningu. Engin ástæða er til að efast um góðan vilja stjórnarinnar í garð launþega og verkalýðshreyfingar. En vegna skorts á raunsæi í efnahagsmálum og takmarkaðra stjórnmálahygginda hefur oft orðið að taka viljann fyrir verkið."

Þessi ummæli þýða ekki af minni hálfu, að ég hafi snúist öndverður gegn vinstri stjórninni og hafi verið andstæðingur hennar frá upphafi. Þau tákna það, að ég áskildi mér rétt til þess að vara við því, að einmitt þetta stjórnleysi í efnahagsmálunum, sem aðrir bera ábyrgð á en ég, er hin raunverulega orsök þess, að þessi vinstri stjórn varð ekki langlífari í landinu en hún varð. Það hefði farið betur, að hún hefði í tæka tíð látið sér lærast af mistökum margra ríkisstjórna í landinu.

Ég tel að lokum, að það sé meginatriðið að meta hleypidómalaust reynsluna af glímu þessarar ríkisstj. sem annarra við þessi vandamál, vegna þess að eðli þeirra er mjög svipað. En það er ógæfusamlegt, þegar til lengri tíma er litið, ef menn ætla einfaldlega og fyrir fram að vísa á bug algerlega að nota þær aðferðir, sem einar duga til þess að jafna þessa sveiflu og tryggja þannig einhverja kjölfestu og einhvern varanlegan öruggan hagvöxt og lífskjarabætur í okkar þjóðfélagi.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af þeirri ræðu, sem hér var nú flutt.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson minntist talsvert á öndvert ár 1973 og hvað hann hafi sagt þá og virtist vera með einhvern ræðustúf, sem hann hafði flutt í upphafi árs 1973 og gat lesið úr. Það er því ekki ómaksins vert að minnast örlítið á það, hvað var að gerast á þessum tíma í íslenskum efnahagsmálum.

Rétt í árslokin 1972 stóðum við frammi fyrir efnahagsvanda eins og fyrri daginn. Þá komu margir af hinum alvísu mönnum og sögðu, að nú væri allt að farast, og lögðu til mikla gengislækkun. Flokkur þessa hv. þm., Jóns Baldvins Hannibalssonar, var svo sannfærður um það í des. 1972, að það yrði að lækka gengi krónunnar, að hann sagðist mundu slíta vinstra samstarfinu ef hún féllist þá ekki á gengislækkun. Hann dró ekki af sér, þessi hv. stuðningsmaður þessa flokks, á þessum tíma, enda var hann að halda þá ræðu, sem hann var að lesa hér upp úr, rétt eftir að þetta afrek var unnið, eftir að þeir höfðu knúið fram gengislækkun í árslokin 1972. Hins vegar stóðu mál þannig strax í byrjun ársins 1973, aðeins einum eða tveimur mánuðum eftir að gengislækkunin var gerð, að nálega allir viðurkenndu að gengislækkunin, sem þar var knúin fram, hafi verið mistök og vitleysa. Þá lá það fyrir, að það hafði reynst rétt, sem ég hafði haldið fram allan tímann, að þessi gengislækkunarkrafa væri gersamlega ástæðulaus. Og það fór auðvitað þannig, að eftir örfáa mánuði eða í byrjun apríl á árinu 1973 var ráðist í að hækka gengi íslenskrar krónu og gengið var hækkað frá aprílmánuði til ársloka um 15%. Þetta var það, sem þessi hv. þm. þrástagast á að heiti vit og fyrirhyggja og hagstjórnarvísindi og allt þar ofan á, sem hann einn kann að meðhöndla, en hins vegar menn af minni tegund meta svona og svona.

Mér sýnist að þessi hagstjórnarvísindi hans, eins og þau hafa komið fram, hafi ekki reynst ýkjamerkileg. Hann hefur, eins og ég hef bent á áður, veist alveg sérstaklega að mér sem einum fulltrúa í vinstri stjórninni. Ég kom ekki auga á vegna hvers ég var alveg sérstaklega þarna tilnefndur, nema þá fyrir það sem sérstaklega mátti tengja við mig, jafnvel öðrum mönnum fremur í þessari stjórn, þ. e. a. s. um þá málaflokka, sem beint heyrðu undir mig og ég hafði mikið með að gera. Mér hefur vitanlega ekki dottið í hug — og skal nú sérstaklega hughreysta hæstv. viðskrh. og fyrrv. forsrh. í þeim efnum, — að halda neinu fram um að hann hafi ekki átt sinn góða þátt í því, að það voru keyptir togarar, alveg eins og ég, en skorast heldur ekkert undan því, þó að menn eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kenni mér sérstaklega um að það voru keyptir togarar. Að því stóð ég vissulega. Og ég er sannfærður um að hann fær ekki marga af þeim, sem hafa kynnt sér eitthvað að ráði ástandið í íslenskum efnahagsmálum í dag, til þess að óska eftir því, að við hefðum keypt færri togara. Hann veit e. t. v., að togararnir eru um það bil helmingi dýrari í dag í erlendri mynt en þeir voru þegar við vorum að kaupa þá. Það var góð fjárfesting, og hún hefur líka skilað miklu í íslenskt þjóðarbú.

Eins og ég sagði, hann getur líka nefnt mitt nafn sérstaklega í þessum efnum vegna þeirrar efnahagsstefnu, sem var rekin í tíð vinstri stjórnarinnar í sambandi við uppbygginguna í sjávarútvegi, uppbygginguna í sambandi við okkar

fiskiðnað. Auðvitað þorir þessi hv. þm. ekki að halda því fram, að hann sé raunverulega á móti þessum fiskiskipakaupum eða uppbyggingunni í fiskiðnaðinum. Hann þorir ekki að halda því fram. Hann er að vísu aðeins að impra á því, að það hefði e. t. v. mátt dreifa þessu á lengri tíma. Já, skyldi ástandið á Vestfjörðum t. d. vera eitthvað betra núna, ef þeir hefðu 2—3 eða 4 skuttogurum minna en þeir hafa í dag og ættu ekki að fá þá fyrr en á næsta ári eða þar næsta? Já, ætli það væri ekki betra?

Þessi hv. þm. er einn í þeim hópi, sem getur djarft um talað, að það eigi að taka meira af t. d. íslenskum sjómönnum, þeir eigi að leggja meira fyrir, geyma meira í verðjöfnunarsjóði af því, sem þeir hafa raunverulega samið um sem sinn aflahlut. En það hefði verið gaman að vita, hvað hann hefur lagt til að hann og hans stétt legði mikið á þennan sama hátt til geymslu í hagkerfinu, einhvern hluta af sínu kaupi. Hví flytur ekki þessi hv. þm. till. um það, að skólastjórar í landinu leggi t. d. 5 eða 10% af sínu árlega kaupi í ákveðinn verðjöfnunarsjóð, sem verði geymdur í Seðlabankanum, þangað til harðnar í ári? Ætli hann hefði ekki gert kröfu til þess að fá sinn hluta útborgaðan hverju sinni? Ég á von á því. En þeir, sem hafa þessa afstöðu, geta vitanlega djarft um talað, að það, sem íslenskir sjómenn hafa fengið, sé of mikið. Og auðvitað veit þessi hv. þm. hvað hann fær í staðinn. Hann fær lof í Morgunblaðinu, hann fær fyrstu einkunn hjá Morgunblaðinu fyrir slík ummæli.

Ég vil aðeins segja það í sambandi við þann vanda, sem ég hygg að sé innan þessa sérkennilega flokks, sem þessi hv. þm. er í, SF, að ég efast ekkert um að það verður erfitt fyrir hann að samræma sjónarmið manna í þeim flokki. Ég hef t. d. átt kost á að vinna hér talsvert með þeim þm., sem er í raununni 5. þm. Vestf. og Jón Baldvin Hannibalsson kemur hér sem varamaður fyrir. Við höfum hlustað á hann tala um þessi mál hér á Alþ. Hann er sannarlega ekki á þeirri sömu skoðun sem Jón Baldvin flytur hér. Þar er greinilega um alveg andstæðar skoðanir að ræða. Og það þýðir ekkert fyrir Jón Baldvin Hannibalsson að bera á móti því. Við hérna höfum eyru og við höfum alveg skilning á við hann til þess að þýða það, hvað talað er við okkur. Þó að hann tali mjög mikið um að beita viti og vísindum, þá skiljum við mælt mál nokkurn veginn til jafns við hann.

Það var auðvitað ekki merkilegt, sem hv. þm. taldi að ég hefði haft fram að færa eða við sem hér töluðum um efnahagsmálin, borið saman við þau vísindi sem hann flutti hér. Hann var aldeilis undrandi á þessum málflutningi og við skyldum ekki gera betur grein fyrir ástandinu, eins og það er nú almennt í efnahagsmálum. Hér hafa ekki enn farið fram umr. um að skilgreina þetta ástand í einstökum greinum. Ég gerði m. a. grein fyrir því í ræðu minni, að ég hefði fengið rétt um það leyti sem ég gekk hér upp í ræðustólinn gögn frá hæstv. ríkisstj. varðandi mat sérfræðinga á ástandinu nú, ég hefði rétt verið að fá þau, þegar ég gekk upp í ræðustólinn. Hér hafa ekki farið fram umr. um það, enda hefur skilgreining hans verið harla fátækleg í sambandi við þann vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Ég hef ekki farið út í það fyrir mitt leyti að rekja í löngu máli hvað ég tel að einkum sé nú erfitt í sambandi við t. d. rekstur íslensks sjávarútvegs. Ég viðurkenni að þar er um allmikinn vanda að ræða á mörgum sviðum, þar þarf að gera á ýmsar breytingar, en fór ekki út í að ræða þær nýju skýrslur, sem mér höfðu ekki þá borist í hendur. En af því að ég minntist lauslega á í mínu máli, að ég teldi að eins og nú stæðu sakir þyrfti að hækka fiskverð og mætti gera það, eins og ég sagði, með ýmsu móti, og það ætti að mínum dómi að lækka vexti, ég hefði verið á móti hækkun vaxtanna og benti á þá erfiðleika, sem vaxtahækkunin hefur í för með sér, þá vék hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson einmitt að þessu tvennu. Og hans hagfræðilega speki lét sannarlega ekki á sér standa, þegar hann fór að ræða um þessi atriði. Hann greip það á lofti, að ég hefði sagt að íslenska verslunin skuldaði í bönkum landsins 9000 millj. kr. og reynslan hefði alltaf sýnt að hækkun á vöxtum, t. d. hækkun í einu vetfangi um 4% á vöxtum, væri slíkt áfall á verslunina, að hún væri ekki látin borga það, hún fengi að velta þessu af sér út í verðlagið. Þá komu hagstjórnarvísindi Jóns Baldvins Hannibalssonar strax til skjalanna, og þau voru þessi: að segja, að það væri alveg augljóst mál að ég væri að leggja til að gefa versluninni stórar upphæðir með því að láta hana borga of lága vexti, fá niðurgreidda peninga. Sem sagt, þegar ég hafði bent á að reynslan hefði orðið sú, bæði nú og fyrr, að þegar vextirnir voru hækkaðir, þá fékk verslunin að velta af sér vaxtahækkuninni út í verðlagið og almenningur í landinu látinn borga þetta í aukinni dýrtíð, þá kemur hagspekin og segir: Sá, sem ekki er með háu vöxtunum, vill lága vexti, hann ætlar að gefa versluninni.

Nei, mér hafði ekki dottið það í hug. Ég hafði bent á það á sínum tíma, þegar var verið að ræða um vaxtahækkunina, að ef menn væru á þeirri skoðun að t. d. verslunin gæti borið þessa auknu vaxtahækkun, þá væri alveg eins hreinlegt að skera niður álagninguna hjá versluninni og draga þannig úr því sem hún hefði, ef menn væru á því að verslunin þyldi þetta. En ég var sannfærður um af reynslunni, að það mundi fara eins nú og áður, að verslunin fengi að velta þessu af sér út í verðlagið. Þannig hefur líka reyndin orðið.

Það er einmitt þetta, sem ég benti á líka í sambandi við sjávarútveginn. Það er hægt að æpa hátt um gífurleg töp og mikla erfiðleika hjá sjávarútveginum, einnig af því, þegar skuldirnar eða tapið eykst um yfir 500 millj. kr. hjá útgerðinni vegna þess að vextir voru hækkaðir. Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson er að tala um að ég sé talsmaður lágvaxtapólitíkur. Það má mikið gera í því að færa niður vexti frá því sem þeir eru í dag, áður en maður nálgast einhverja lágvexti. En þessi hv. þm. er sennilega ekki hissa á því að hækka þá talsvert frá því sem þeir eru nú í dag. Það mundi heita hjá honum hagstjórnarvísindi.

Jón Baldvin skildi ekki heldur, að það væri möguleiki á því að hækka fiskverð. Ég vék að

því, að nú er þessu þannig háttað hjá okkur, að við höldum beinlínis niðri fiskverði með ýmsum hliðarráðstöfunum, ýmsum álögum, með því að láta útgerðina greiða í margvíslega sjóði og í suma þeirra að mínum dómi of mikið. Ég hef lengi haldið því fram, að ég álít að vátryggingasjóðskerfið sé allt of dýrt hjá okkur, það kosti allt of mikið að vátryggja skip á Íslandi, enda kostar það miklu meira hjá okkur en t. d. norðmönnum. Það stafar m. a. af því skipulagi, sem við höfum á þessum málum. Ég hef beitt mér fyrir því að reyna að fá hér breytingu á, hins vegar hefur ekki fengist um það samkomulag. En ég er á því, að það eigi ekki eins og sakir standa að auka við framlag í þetta kerfi, heldur eigi að vinna að því að þar verði sparnaður og beina þessu í staðinn út í hækkað fiskverð, því að við þurfum á því að halda.

Ég veitti því athygli, að hv. þm. varð bumbult við að heyra sín eigin orð, hvað hann hefði sagt í sambandi við það hvernig hann liti nú á þessi vandamál. Ég skrifaði upp eftir honum, og það er eflaust hægt að fá það nákvæmlega, að hann sagði í sinni fyrri ræðu að efnahagsleg óstjórn vinstri stjórnarinnar hefði nú leitt til þess og það væri staðreynd — hann talar nú aftur um staðreynd — að nú yrði um algeran niðurskurð á verklegum framkvæmdum að ræða. Þetta var dómur hans á stefnu vinstri stjórnarinnar. Hún leiddi til þess, að það þyrfti að stöðva allar verklegar framkvæmdir. Þetta voru hans eigin orð.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar. Eins og ég sagði, ég tel varla ómaksins vert að ræða hér í löngu máli við hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson um þessi mál. Hann hefur þegar hlotið 1. einkunn hjá Morgunblaðinu og hann má eflaust vera ánægður með það. Hann fer svo vestur, þegar hann er búinn að vera hér inni sem varamaður, og flytur þeim fyrir vestan þennan dásamlega boðskap, sem hann hefur verið að flytja hér. Ég hefði gaman af því að frétta af því, þegar hann er búinn að flytja þennan boðskap þar. En það mætti segja mér, að það stæði eitthvað á því, að hann flytti þennan boðskap fyrir vestfirska sjómenn, þann sem hann hefur verið að flytja hér yfir okkur.

Kjartan Ólafsson: Herra forseti. Ég hef nú ekki hugsað mér að framlengja þann málfund, sem hér hefur farið fram í tilefni af langri og ítarlegri ræðu hv. 5. þm. Vestf. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að vekja athygli á einu alveg ákveðnu atriði í öllum hans málflutningi, þar sem gætir reyndar í mínum augum — ég veit ekki hvort svo er í annarra augum — ákaflega mikils misræmis. Þetta atriði er reyndar með þeim hætti, að það er ákaflega auðkennandi fyrir hans röksemdafærslu í heild.

Hann fer um það hér ákveðnum orðum vegna þess, sem hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, hafði sagt, að nú þyrfti að hækka fiskverð, — þá fer hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson um það þeim orðum, hvort menn ætli þá ekkert tillit að taka til markaðslögmálanna. Hafa menn ekki heyrt það, spyr hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, að okkar fiskur hefur lækkað í verði á mörkuðunum, og virðist furða sig á því, að svo sé hér fólk að tala um hækkað fiskverð, eins og það vilji ekkert gera með sjálf markaðslögmálin. Ef það hefði bara verið þetta eitt, þá hefði ég ekki látið það verða til þess að biðja hér um orðið. En það var fleira, sem þessi hv. þm. sagði. Hann talaði nefnilega líka um ákvörðun fiskverðs og hvernig henni hefði verið háttað á árinu 1973. Þá var fiskverðið hér innanlands hækkað allt of mikið að hans dómi, og það var ein höfuðsök vinstri stjórnarinnar og það sem hafði skapað hvað mestan vanda, jafnvel réð úrslitum um það efnahagsöngþveiti, sem hér ríkir í dag.

Var það í samræmi við markaðslögmálin þá, að fiskverð hér innanlands var hækkað? Er það ekki öllum hv. alþm. kunnugt og einnig hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, að á okkar mörkuðum fór fiskverð mjög hækkandi og það mjög verulega á árinu 1973. Og ég spyr: Ef það var algerlega rangt að láta fiskverð til sjómanna og útgerðarmanna fylgja markaðsverðinu til hækkunar þá, hvers vegna á þá endilega að fara eftir markaðslögmálunum núna, þegar fiskur á útflutningsmörkuðunum fer lækkandi?

Það er fiskverðið, sem ræður úrslitum og segir í raun og veru eitt til um kjör íslenskrar sjómannastéttar. Samkv. þeim málflutningi, sem hv. 5. þm. Vestf. hafði hér uppi áðan, virðist þetta eiga að ganga þannig til, að markaðslögmálin eiga að gilda, þegar fiskverð á mörkuðunum fer lækkandi. Þá verður að taka tillit til þeirra fyrst og fremst og alls ekki hækka laun sjómanna. En þegar fiskverðið á mörkuðunum fer hækkandi, þá má það ekki koma fram í bættum kjörum sjómanna. Þetta er reyndar hagfræði, sem við könnumst ósköp vel við. Þetta er í samræmi við þá stefnu, sem viss stjórnmálaflokkur hér á Íslandi, Sjálfstfl., hefur gjarnan haldið uppi í sínum viðskiptum við verkafólk í landinu og sjómenn þ. á m. Sú stefna hefur verið á þá leið og jafnan komið fram í verki, að þegar okkar þjóðartekjur hafa farið hækkandi þá hefur kaupmáttur eða raungildi tekna verkafólks og þ. á m. sjómanna ekki mátt hækka í samræmi við það. Ég nefni viðreisnarárin og minni á dæmi, sem ég hygg að flestum alþm. sé kunnugt og ekki verður vefengt. Á árunum 1959—1970 hækkuðu þjóðartekjur okkar samkv. opinberum skýrslum að raungildi og föstu verðlagi um 43% á mann, en kaupmáttur samningsbundins dagvinnutímakaups verkamanna hækkaði á sama tíma ekki nema um 15% eða rétt rúman þriðjung. Nú er það hins vegar stefna Sjálfstfl. í dag, að kaupmátturinn, m. a. hjá þeim lægstlaunuðu og ég tala nú ekki um hjá sjómönnum, sem kannske hafa farið verst út úr ráðstöfunum núv. ríkisstj., þá skal kaupmátturinn lækka, ekki aðeins um það sem nemur lækkuðum þjóðartekjum. Hingað til hefur því verið spáð, að þær mundu lækka á þessu ári um 1%. Hæstv. forsrh. kom hér fram með nýja spá áðan, og kann að vera að hún sé raunsærri. Þar var talað um 3—4%. En það er langtum meira, sem kaupmátturinn bæði hjá verkafólki og sjómönnum hefur hins vegar verið lækkaður nú. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu.

Þeir, sem tala máli Sjálfstfl., bæði nú og áður,

hafa í málflutningi sínum haft uppi í raun og veru ákaflega líkar röksemdir og þær, sem komu hér fram í máli hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Þess varð aldrei vart í málflutningi hans, að hann gerði sér þess grein að hér er um stéttskipt þjóðfélag að ræða sem við búum í. Það kann að vera að þau vísindi, sem hv. þm. talar um með mikilli virðingu, nútíma hagfræðivísindi, feli í sér nokkurt brot af sannleika. En það skiptir miklu máli, í hverra þágu þeirri þekkingu er beitt. Hv. þm. talar um herstjórnarlist í samræmi við þekkingu nútímamanna á slíkum hlutum. En ég vil nota tækifærið til að minna hann á það, sem ég held, að hann hafi einu sinni kunnað, og það er að herstjórnarlist verkalýðshreyfingarinnar er eitt og herstjórnarlist stéttar andstæðinga hennar annað.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég heiti því fyrir fram, að þetta skal vera mjög stutt. — Þegar notað er orðið markaðslögmál í sambandi við verðlagsþróun á erlendum mörkuðum er rétt að taka fram eða skýra það, úr því að um er beðið eða fram á það er farið, hvað við er átt.

Við sem þjóð, við sem útflytjendur ráðum ekki verðlagi á erlendum mörkuðum. Við eigum það undir markaðslögmálum. Það er nákvæmlega það, sem ég átti við, þegar ég vísaði til markaðslögmála. Við ráðum ekki verðlagi og verðlagsþróun fyrir fiskafurðir á erlendum mörkuðum. Við getum hins vegar ráðið því, hvaða ákvörðun við tökum um fiskverð. Ég hef verið borinn hér þungum sökum, og ég veit svo sem ósköp vel, til hvers refirnir eru skornir. Ég er borinn þungum sökum af útúrsnúningameisturum Alþb. í þessu máli, sem enn einu sinni hafa sannað að þeir vilja ekki vera viðræðuhæfir um efnahagsmál. Ég er borinn þeim sökum, að ég sé að halda því fram, það sé minn málflutningur, að það eigi að lækka fiskverð, það eigi að halda fiskverði lágu. Nú vil ég taka þetta til athugunar.

Ég sagði: Á árunum 1973 átti að beita ýmsum ráðstöfunum til þess að halda verðhækkunum og ýmsum öðrum hagstærðum í skefjum. Var ég að gera þetta vegna þess, að ég vildi hafa kaup af sjómönnum? Ég ætla bara að biðja menn að íhuga, að ef öll tekjumyndunin í sjávarútveginum, ef auknar tekjur af hækkuðu fiskverði og auknum afla í sjávarútveginum breiðist út um allt hagkerfið, eins og gerðist, þá þýðir það að tekjumyndunin heldur áfram með keðjuverkandi áhrifum, og þannig er raunverulega lýsingin á hagsveiflunni. Útflutningsverðshækkun leyfir hækkað fiskverð, ég tala nú ekki um, ef aflaaukning fer saman. Þetta þýðir batnandi viðskiptakjör. Þetta þýðir auknar þjóðartekjur. Þetta þýðir aukið fé til ráðstöfunar. Þetta þýðir, að aðrar stéttir koma í kjölfarið með auknum tekjum, þangað til málið er komið hringinn og svo er komið, að við fyrstu viðbrögð til hins neikvæða hjá sjávarútvegi og fiskiðnaði verður hann að standa undir raunverulegu kaupmáttarstigi og neyslustigi, sem hann fær ekki undir risið, en er síðan haldið áfram að halda uppi þrátt fyrir þá staðreynd, að sjávarútvegurinn, fiskiðnaðurinn og útflutningurinn standa ekki undir því.

Það, sem ég er að segja, og það, sem hver einasti maður, sem í fyrsta lagi tekur eitthvert tillit til margrómaðra hagstjórnaraðferða, ég tala nú ekki um hver einasti maður sem hefði einhverja nasasjón af sósíalískum áætlunarbúskap, ályktar út frá þessu, er þetta: Verðjöfnunarsjóðurinn hefur því hlutverki að gegna að jafna verðsveifluna. Það þýðir, að með því að hafa hækkun fiskverðs takmarkaða á góða árinu er verið að koma í veg fyrir, að fiskverðið hrynji á slæma árinu. Það er verið að mynda sjóð. Það er tekið af einni stétt manna, það er rétt, til þess að tryggja það, að hún fari ekki algerlega á vonarvöl, að hún lendi ekki í algeru hruni lífskjara, þegar hagsveiflan snýst niður á við: Mér er spurn: Hv. viðskrh. og sjútvrh. sá til þess, að fiskverð var ekki skert, ekki var af sjómönnum tekið, — hann Lúðvík tekur ekki af sjómönnum, nei, því var haldið háu, — en hvað gerðist svo? Jú, hin stjórnlausa frjálsræðishagsveifla, sem Lúðvík Jósepsson ber ábyrgð á, gekk sinn gang. Og hvernig er komið kjörum sjómanna nú? Ætli sjómenn á Íslandi viti það ekki gerst sjálfir? Eru þeir ánægðir með það, hvað þeir hafa í hlut nú? Hvað er orðið af góðu afkomunni hjá fiskiðnaðinum, sem var árið 1973? Hvað er orðið af öllum arðinum, sem fiskiðnaðarfyrirtækin skiluðu? Hvað er orðið af hinum háu tekjum sjómanna? Þeir tala alltaf um það, þessir góðu herrar, vegna þess að þetta var þarna og þá eigi það að vera þarna enn þá. En þeir átta sig ekki á því, vegna þess að þeir skilja ekki, að það er breytingin, sjálfur breytingaferillinn, sem skiptir máli. Hvernig sem ástandið var þá, er það staðreynd núna og um það ástand erum við að tala, að allt er komið í óefni í íslenskum efnahagsmálum, vegna þess að valdamiklir menn hafa af þröngsýni neitað að beita þeim aðferðum einum, sem duga, og eru svo ósvífnir ofan í kaupið að bera aðra menn sökum um það, að þeir vilji kauprán, að þeir vilji lífskjaraskerðingu, að þeir vilji ræna sjómenn. Heyr á endemi! Hvílík röksemdafærsla!

Efri deild, 41. fundur.

Mánudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 275). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Orka Íslands er ein dýrmætasta auðlind þessarar þjóðar. Virkjunarmöguleikar eru miklir og aðeins lítill hluti þeirra enn nýttur. Hér er bæði um að ræða virkjanir fallvatna og virkjanir jarðhitans. Að því er virkjun fallvatna snertir, þá höfum við hina margvíslegustu möguleika, bæði um stórvirkjanir, smærri virkjanir og meðalstórar. Stundum hefur heyrst að við ættum eingöngu eða nær eingöngu að byggja á stórvirkjunum í þessu landi. Það tel ég ekki rétt vera, heldur megum við á enga lund vanrækja hinar smærri virkjanir, dreifðar um landið. Slíkar virkjanir heima í héruðum eða í grennd þeirra skapa öryggi, þegar heiða- og fjallalínur bila í ofviðrum. Auk þess eru hinar smærri virkjanir heima fyrir eðlilegt metnaðarmál og sjálfstæðismál héraðsbúa. En hinar stóru virkjanir skapa okkur að sjálfsögðu mikla möguleika í atvinnu og efnahagslífi landsins.

Þegar ráðist er í stórar virkjanir hefur hingað til þurft og þarf væntanlega um alllangan aldur að taka til þeirra erlent lánsfé. En til þess að reisa stórvirkjanir þarf einnig að tryggja um leið sölu orkunnar, því að það hefur jafnan verið svo og mun verða á næstunni, að ekki er a. m. k. fyrst um sinn nægilegur almennur markaður fyrir þá orku, sem þar verður framleidd. Þess vegna er nauðsyn í sambandi við stórar virkjanir að fá einnig iðjufyrirtæki, sem getur keypt orkuna sem þar er umfram almenningsnotkun. Slík stóriðjufyrirtæki, sem standa þannig að vissu leyti undir stofn- og rekstrarkostnaði stórvirkjana, gera það að verkum að orkan verður ódýrari til almenningsnota.

Þegar ráðist var í fyrstu virkjun Þjórsár við Búrfell kom þetta sjónarmið til greina. Niðurstaðan varð þá sú, að samið var um byggingu álversins í Straumsvík og samið við það fyrirtæki um kaup á orku frá Búrfellsvirkjun. Þegar kom að næsta áfanga á Þjórsársvæði, virkjun við Sigöldu, sem nú er í byggingu, kom þetta sama vandamál upp, hvort nægur markaður væri fyrir þá orku sem þar yrði framleidd. Flestir töldu að til þess að nýta þá orku þyrfti einnig að koma upp stóriðju. Að vísu heyrðust raddir um það, að slíkt væri óþarfi, þar sem rafhitun húsa mundi skapa nægilegan markað fyrir það afl og þá orku, sem Sigalda hefði að bjóða. En þær raddir hljóðnuðu fljótlega, og nokkru eftir stjórnarskiptin 1971 skipaði þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, viðræðunefnd um orkufrekan iðnað til þess að eiga viðræður við erlend fyrirtæki um byggingu stóriðju sem gæti verið orkukaupandi frá Sigölduvirkjuninni.

Í rauninni eru um það bil 4 ár síðan athuganir hófust á því, hvernig ætti að nýta sem best rafmagnið frá Sigöldu. Án þess að fara ítarlega út í þá sögu — hún er rakin í grg. þessa frv. — þá má taka fram, að það voru einkum tvær tegundir stóriðju, sem komu til greina: annars vegar álframleiðsla og hins vegar járnblendiframleiðsla. Niðurstaðan varð sú að mati hinna fróðustu manna, að æskilegra væri að reisa járnblendiverksmiðju í sambandi við Sigölduvirkjun heldur en nýja álverksmiðju eða stækka þá sem fyrir var. Ástæðurnar voru aðallega tvær: önnur sú að æskilegt væri að auka fjölbreytni í stóriðju en byggja ekki aðeins á álframleiðslu, heldur fá einnig aðra framleiðslutegund. Í annan stað var sú ástæða að járnblendiverksmiðja getur notað meira af afgangsorku heldur en álframleiðsla.

Sú framleiðsla, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er járnblendi eða ferrosilikon. Þau hráefni, sem notuð eru til þessarar framleiðslu, eru kvarts, brotajárn, kol, spænir og rafskaut. Járnblendi eða ferrosilikon er notað einkum við stálframleiðslu og járnsteypu. Þetta efni hefur þá þýðingu, að það hreinsar málminn, eykur viðnám og bætir ýmsa eiginleika stáls og járns. Er gert ráð fyrir framleiðslu á svokölluðu 75% járnblendi, þ. e. a. s. 75% af silikon og 25% af járni.

Það er talinn allöruggur markaður fyrir þessa framleiðslu nú og í fyrirsjáanlegri framtíð. Að undanförnu hefur verið mikill skortur í heiminum á þessu efni, mikil eftirspurn, og hin síðustu ár hefur verð farið hækkandi.

Sem samningsaðili við íslensku ríkisstj. var valið bandarísk fyrirtækið Union Carbide og hafa samningar staðið yfir milli íslensku ríkisstj. og fulltrúa hennar annars vegar og þessa bandaríska fyrirtækis nú í nokkur ár. Þetta fyrirtæki virtist frá byrjun hafa verulegan áhuga á þessu máli, og það er brautryðjandi á sviði slíkrar framleiðslu. Þetta er stórt fyrirtæki, sem veltir nú um eða yfir 500 milljörðum ísl. kr. á ári, eða 4—5 sinnum meira en öll þjóðarframleiðsla Íslands er nú. Þetta félag er byggt upp eins og mörg slík stórfyrirtæki, bæði í Bandaríkjunum og víðar, hluthafar eru mjög margir, en það er talið, að nú séu um 190 þús. hluthafar í þessu fyrirtæki. Þetta fyrirtæki má telja sérfræðing á sviði þessarar framleiðslu, járnblendiiðnaðar. Það hefur um margra ára skeið haft með höndum ákaflega viðtækar og fjárfreakr ransóknir og tilraunir um ýmiss konar málmblendi, og m. a. hefur það varið stórfé á undanförnum árum til mengunarvarna, rannsókna og tilrauna á því sviði. Auk þess er talið, að það hafi söluskipulag og þjónustu við kaupendur, sem sé til fyrirmyndar, og er það að sjálfsögðu mikilvægt í sambandi við slíka samninga.

Stofnkostnaður járnblendiverksmiðju er nú áætlaður 68 millj. dala. Þegar við það er bætt þeirri tækniþóknun, sem Union Carbide fær og verður í formi hlutabréfa, og vöxtum á byggingartíma, er stofnkostnaður samtals um það bil 80 millj. dala.

Að því er reksturinn snertir er gert ráð fyrir að framleiðsla og sala verksmiðjunnar verði hin fyrstu ár um það bil 29 millj. dala á ári. Fyrir þessu, bæði stofnkostnaði og rekstrarkostnaði, er gerð allítarleg grein í aths. við frv., grg. og þeim fskj. sem því fylgja. Að því er reksturinn snertir, þá er áætlun á bls. 16, í grg. frv., sem miðuð er við markaðsverð á járnblendi nú og byggð á þeim spám, sem gerðar eru af kunnáttumönnum. Samkv. því er gert ráð fyrir því, að

hreinn hagnaður, eftir að allar greiðslur hafa verið inntar af hendi og m. a. skattar, ætti að verða hin fyrstu ár um 3 millj. dala, en síðan fara hækkandi upp í 4.6 millj. dala á árunum 1983—1987 og síðar upp í 6.4 millj. Þetta eru þær spár, sem nú liggja fyrir.

Varðandi fyrirkomulag þessa samstarfs er gert ráð fyrir, að hér verði um hlutafélag að ræða og að hlutafé verði 24 millj. dala. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að Union Carbide eigi 45% í fyrirtækinu, en íslendingar 55%. 55% af þessu hlutafé eru því 13.2 millj. Bandaríkjadollara eða um það bil 1575 millj. ísl. kr., eins og getið er í 3. gr. frv. Þetta framlag af Íslands hálfu, hlutafjárframlag, hefur verið gert ráð fyrir að taka að láni. Liggur það nokkurn veginn ljóst fyrir, að slíkt lán mun fáanlegt með viðunandi kjörum. Það hefur einnig verið kannað, eftir því sem unnt er, hvort slík lántaka kynni að draga úr eðlilegum lántökumöguleikum Íslands að öðru leyti á erlendum mörkuðum, og er talið af þeim sem fróðastir eru í þeim efnum að svo muni ekki vera. Þetta fyrirtæki þykir bæði það sérstaks eðlis og það álitlegt um arðsemi, að lántaka í því skyni yrði ekki talin mundu draga úr almennum lánsfjármöguleikum Íslands á erlendum markaði.

Varðandi eignaraðild að þessu fyrirtæki koma ýmsar leiðir til greina.

Í fyrsta lagi gæti komið til greina sú leið, sem valin var þegar álverksmiðjan var reist, þannig að íslendingar séu ekki eignaraðilar, heldur eigi hið erlenda fyrirtæki verksmiðjuna. Kosturinn við þetta fyrirkomulag er auðvitað fyrst og fremst sá, að með þessu tekur Ísland ekki á sínar herðar neina áhættu af þessum rekstri.

Önnur hugsanleg leið væri sú, að íslendingar ættu einir slíka verksmiðju. Á því eru ýmsir annmarkar, með þeim hætti þyrfti Ísland að leggja fram miklu stærri hlut en nú er gert ráð fyrir. Í annan stað tæki landið á sig áhættu, þar sem það bæri eitt ábyrgð og áhættu af þessum rekstri. En það, sem skiptir ekki minnstu máli í þessu sambandi er að framleiðsla eins og sú sem hér ræðir um krefst svo mikillar tækniþekkingar og reynslu, að það er ákaflega hæpið, að íslendingar gætu, nema þá á löngum tíma og fyrir of fjár, sjálfir öðlast þá reynslu og þekkingu, ef þeir yrðu einir um hituna.

Þess vegna hefur verið talið eðlilegra að velja þriðju leiðina, að íslendingar verði eignaraðilar að þessu fyrirtæki, en hið erlenda fyrirtæki, sem hefur áratugareynslu í þessu efni, yrði meðeigandi. Þátttaka þess fyrirtækis er auðvitað fyrst og fremst æskileg frá sjónarmiði Íslands, vegna þess að það fyrirtæki leggur fram tækniþekkingu, sérleyfi og sérfræðinga, sem til þarf, og ekki síst það, sem ég drap á áður, að fyrirtækið hefur yfir að ráða mjög vel skipulögðu sölukerfi, sem er ómetanlegt í þessu sambandi.

Þegar viðræður voru hafnar við Union Carbide var það skilyrði sett af hálfu íslensku ríkisstj., að Ísland ætti meiri hl., þ. e. a. s. minnst 51%, í verksmiðjunni. Í fyrstu taldi Union Carbide hæpið að ganga að þeim skilyrðum, vegna þess að í flestum, ef ekki öllum tilvikum, þar sem það fyrirtæki hafði reist verksmiðjur í öðrum löndum, hafði það sjálft átt meiri hl. Hins vegar féllst það síðar á þetta skilyrði, en tjáði þá fulltrúum ríkisstj., að ef Union Carbide ætti ekki meiri hl., þá kærðu þeir sig ekki um að eiga meira en um þriðjung. Þannig er það til komið, sem gert var ráð fyrir á s. l. vetri og vori í þeim till., sem þá lágu fyrir, að Ísland væri með 65% aðild og Union Carbide með 35%.

Eftir stjórnarskiptin, þegar þetta mál var allt tekið til meðferðar að nýju, þótti ríkisstj. ástæðulaust, að Ísland ætti meira en ríflega helming. Varð það niðurstaðan eftir allítarlegar viðræður við hið bandaríska fyrirtæki, að hlutföllin yrðu 55% eignaraðild Íslands og 45% af hálfu Union Carbide, eins og þetta frv. og samningar, sem því fylgja, byggjast á.

Sú framleiðsla, sem hér um ræðir, byggist auk þeirra hráefna, sem ég nefndi, á orku. Samningar hafa nú tekist við þetta fyrirtæki um orkuverð, sem verður að teljast vel viðunandi. Fyrir liggur álitsgerð Landsvirkjunar, sem birt er sem fskj. með frv., þar sem þetta kemur fram. Verðið er í stórum dráttum þetta, sem nú skal greina. Það er skilið milli forgangsorku og afgangsorku og að því er snertir forgangsorkuna, þá verður orkuverðið fyrstu tvö árin 9.5 bandarísk mill, en mill er þúsundasti hluti úr dollara, þ. e. a. s. fyrstu tvö árin 1.12 kr. á hverja kwst. Eftir tvö ár hækkar svo þetta verð á forgangsorkunni upp í 10 millj. eða 1.18. Að því er snertir afgangsorkuna, þá verður hún fyrstu árin ½ mill eða 6 aurar, en hækkar síðan í byrjun 3. árs upp í 1.4 mill eða 16.5 aura, á 5. ári í 1.8 mill eða 21 eyri og í byrjun 7. árs hækkar það í 2.4 mill eða 28 aura. Þegar tekið er meðalverð, þá er það fyrstu árin 5 mill eða 59 aurar og hækkar eftir 6 ár upp í 6.2 mill eða 73 aura.

Þá er ákvæði um það í samningsdrögunum, að orkuverðið skuli endurskoða á fjögurra ára fresti. Það skal hækkað hlutfallslega jafnt og orkuverð norsku ríkisrafveitnanna til norsks iðnaðar. Þegar orkuverðið er skoðað í samanburði við orkuverð annars staðar kemur í ljós, að forgangsorkuverðið er mun hærra en orkufrekur iðnaður greiðir nú almennt, bæði í Noregi og í Bandaríkjunum.

Að því er snertir skiptingu milli forgangsorku og afgangsorku, þá er sú skipting orðin verulega hagstæðari nú en hún var áður og verður að teljast mjög viðunandi. Að því er orkusamninganna í heild varðar verður að teljast, að þeir séu okkur hagstæðir.

En þá kemur upp sú spurning, hvort nægileg orka sé þá til handa þessari verksmiðju eða hvort hætta sé á því, að orkuskortur verða til annarra nauðsynja. Niðurstaðan af könnun á því er sú, að orkan sé næg og það munin ekki skapa örðugleika, þó að samið sé um raforkusölu til þessarar verksmiðju. En orkusalan til þessarar verksmiðju mun nema frá 60 til 68 mw. á ári.

Nú kunna menn að spyrja: Hvernig má það vera, að næg orka sé til sölu til þessarar verksmiðju, þegar jafnátakanlegur orkuskortur er hér í landi víða eins og vart hefur orðið nú á þessum vetri og síðustu ár? Því er til að svara, að hér á Suður- og Suðvesturlandi er ekki orkuskortur, og þegar Sigölduvirkjun tekur til starfa, sem við vonum að verði fyrir árslok 1976, þá er nægileg orka til almenningsnota, iðnaðar og hús-

hitunar, á þessu orkuveitusvæði, þó að orka sé einnig seld til járnblendiverksmiðjunnar. Og því til viðbótar er nægileg orka handa Norðurlandi til þess að flytja norður, þegar norðurlínan er komin.

Sá orkuskortur, sem hefur þjakað okkur að undanförnu, er á Norðurlandi og Austurlandi fyrst og fremst. Það stafar af því, að þar hefur ekki verið virkjað nægilega hratt til þess að fullnægja eftirspurn. Á Norðurlandi er, eins og kunnugt er, mjög mikill orkuskortur. Úr honum verður væntanlega ekki bætt á viðunandi hátt fyrr en Kröfluvirkjun tekur til starfa eða þegar norðurlínan kemur í notkun, hvort sem verður á undan. Varðandi Kröfluvirkjun er þess að geta, að til skamms tíma var gert ráð fyrir því að hún tæki um 4 ár. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að hraða öllum undirbúningi sem mest mætti verða, og nú hafa horfur breyst mjög til batnaðar í því efni, þannig að líkur eru til þess nú, að Kröfluvirkjun geti tekið til starfa veturinn 1976—1977.

Varðandi Austurland hefur sú virkjun, sem átti að bæta úr skák, Lagarfossvirkjun, dregist úr hömlu. Hún átti að vera tilbúin á s. l. sumri, en vegna dráttar á afhendingu ýmiss útbúnaðar og tækja hefur það ekki orðið enn. Alþ. hefur nú skömmu fyrir jól samþ. lög um nýja virkjun, Bessastaðaárvirkjun, en að sjálfsögðu tekur það nokkur ár að hún komist í notkun.

Um þetta mál, hvort orka sé aflögu til járnblendiverksmiðju, eru ýmsar upplýsingar í aths. við frv., sérstaklega í þeirri grg., sem frá Landsvirkjun er birt með frv., á bls. 46—55. Þar kemur m. a. fram, að á næstu árum verði afl á Landsvirkjunarsvæðinu 534 mw., og nægir það til allrar notkunar hér, til járnblendiverksmiðjunnar og fyrir Norðurland. Þessu til viðbótar gerum við ráð fyrir, að Kröfluvirkjun geti komið í notkun fyrr en gert var ráð fyrir.

En auk þessarar spurningar, hvort orka muni verða nægileg til þessarar verksmiðju, hafa þær spurningar einnig komið fram, hvort ekki sé æskilegra að nota þessa orku til annarra hluta heldur en járnblendiframleiðslu, t. d. til matvælaframleiðslu. Í því sambandi vil ég taka það fram, að við Íslendingar höfum stórkostlega möguleika til margs konar matvælaframleiðslu, m. a. grænmetis, með jarðhita. Það er enginn vafi á því, að notkun þeirrar orku, jarðhitaorkunnar, er hagkvæmari en notkun raforku í því skyni. Liggja fyrir áætlanir og greinargerðir um ylrækt með notkun jarðhita og jarðgufu, og verður væntanlega tækifæri til þess áður en langt um líður að ræða þau mál nánar hér á Alþ.

Þegar ráðast skal í virkjanir, sérstaklega stórvirkjanir, og þegar stofna skal til nýrra iðnaðarframleiðslu, þarf að huga mjög að því, að slíkar framkvæmdir verði ekki til tjóns á umhverfi og íslenskri náttúru. Við Íslendingar þurfum alveg sérstaklega að gefa þessu gaum vegna þess hvað íslensk náttúra er viðkvæm. Við erum líka sjálf ákaflega viðkvæm fyrir íslenskri náttúrufegurð og viljum ekki, að á nokkurn hátt sé að henni vegið. Hér kemur margt til. Við búum við hreint og tært loft, langdrægt útsýni, sem fáar aðrar þjóðir njóta. Við höfum líka í marga áratugi notið hitaveitu í höfuðborginni og sem betur fer á nokkrum stöðum annars staðar — hitaveitu sem hefur útilokað kola- og olíureyk og þar með orðið til mikillar hollustu og bættrar heilbrigði og hreinlætis fyrir það fólk sem hennar hefur notið.

Þegar við ræðum um nýja stóriðju þarf alveg sérstaklega að huga að því, að hún spilli ekki umhverfi eða náttúrufegurð landsins. En þegar athugað er, hvernig að þessum málum hefur verið staðið á undanförnum árum, þá er það ljóst að hér hefur víða verið pottur brotinn. Margar verksmiðjur og margvíslegur iðnaður hafa risið upp á síðari áratugum, þar sem hefur ekki verið gætt þessara sjónarmiða. Þar má nefna m. a. verksmiðjur á sviði sjávarútvegsins, sem mengað hafa loft og umhverfi, þótt menn hafi ekki tekið til þess, vegna þess að vitað var, hver björg í bú þessar verksmiðjur voru, og þess vegna lyktinni frá slíkum verksmiðjum valið heitið „peningalykt". En hér þarf að vinna vel og gera sitt ítrasta til þess að draga úr mengun og óþrifnaði hjá þeim verksmiðjum sem fyrir eru, en ekki síður gæta þess, að hreinlætis- og þrifnaðarreglum sé fylgt til hins ítrasta og komið í veg fyrir mengun og heilsuspillandi áhrif þegar ný fyrirtæki eru að rísa upp.

Í sambandi við járnblendimálið hefur verið lögð á það megináhersla, bæði af fyrrv. og núv. ríkisstj., að þetta mætti verða. Í þeim drögum að aðalsamningi, sem birtur er með frv., má sjá í 7. gr., á bls. 28 í frv., að þessu hefur verið gaumur gefinn. Í þeirri grg. segir svo um umhverfis- og öryggismál:

„Hönnun verksmiðjunnar, bygging og rekstur skulu í öllu vera í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglugerðir á Íslandi varðandi mengunarvarnir og öryggi, heilbrigði og hreinlæti á vinnustað og þá staðla, sem settir eru samkv. þessum lögum og reglugerðum.

Járnblendifélaginu ber að gera allar varúðarráðstafanir til að varna tjóni á umhverfi verksmiðjunnar af hennar völdum og að hanna mannvirki verksmiðjunnar þannig, að þau fari sem best í umhverfinu."

Meginefni þessa samningsákvæðis er svo einnig tekið upp í 11. gr. frv.

Í sambandi við þessa verksmiðju kemur til athugunar í fyrsta lagi, hvort loftefni, ryk eða reykur kemur frá verksmiðjunni, sem skaðlegt gæti orðið, enn fremur hvort frárennsli frá verksmiðjunni geti skapað hættu, enn fremur föst úrgangsefni og ekki síst allt vinnuöryggi og vinnuvernd í verksmiðjunni. Áður fyrr hafa ýmsar málmblendiverksmiðjur verið þannig úr garði gerðar, að mikill reykur og margs konar óhollusta hefur frá þeim stafað. En hin síðari ár er það, hvort tveggja að ýmis fyrirtæki — og þar er Union Carbide í fararbroddi — hafa lagt í það mikla vinnu og mikið fé að finna ráð til þess að útiloka sem mest mætti verða mengun og önnur óhöll áhrif. En einnig hefur þess gætt víða um heim og ekki síst í Bandaríkjunum, að mjög strangar reglur hafa verið upp teknar af heilbrigðiseftirliti. Hjá okkur er reglugerð um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna frá 1972. Þar er svo ákveðið, að leyfi til verksmiðjurekstrar eins og þessa, sem hér ræðir um, veiti heilbrrh. og áður en slíkt leyfi er veitt skuli leitað umsagnar Heilbrigðis-

eftirlits ríkisins, Náttúruverndarráðs, Öryggiseftirlits ríkisins, Siglingamálastofnunar og eiturefnanefndar, eftir því sem ástæða þykir til.

Til þess að kanna þessi mál sem best hefur stóriðjunefndin aflað upplýsinga og fulltrúar frá henni farið til Bandaríkjanna til þess að kynna sér meðferð þessara mála þar. Enn fremur hafa bæði forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Baldur Johnsen yfirlæknir, og starfsmaður hans, Eyjólfur Sæmundsson verkfræðingur, báðir farið vestur um haf til að kynna sér sem best þessi mál, ekki aðeins hjá viðsemjendum okkar, heldur hjá heilbrigðisyfirvöldum, náttúruverndarráði og öðrum slíkum opinberum aðilum þar vestra.

Gerðar eru ráðstafanir til þess, að hv. iðnn. þessarar d., sem fær málið til meðferðar og væntanlega mun vinna að því með iðnn. Nd., fái ítarlega grg. frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins um þetta mál allt. Í þeirri ítarlegu grg., sem heilbrigðiseftirlitið hefur samið, eru öll þessi atriði rakin rækilega, hvaða hættur eru í sambandi við mengun og hvaða ráð séu þar til varnar. Það er of langt mál að rekja það allt í þessari framsögu, en málið verður væntanlega rætt rækilega á fundum n. Ég skal þó taka það fram varðandi loftmengun, ryk eða reyk frá verksmiðjunni, að nú hafa verið fundnar upp og notaðar með ágætum árangri sérstakar aðferðir til þess að safna þeim reyk og ryki saman með pokasíum. Árangurinn, sem þegar hefur náðst í því efni, er að 99% af þessum loftefnum nást þar og verður unnið úr þeim að nýju. Úr þeim úrgangi, sem þannig fæst, eru gerðir kögglar sem notaðir eru að einhverju leyti til framleiðslunnar að nýju. Einnig hefur komið til orða, að Sementsverksmiðja ríkisins gæti til framleiðslu sinnar nýtt köggla, sem unnir eru úr þessu ryki og reyk. Það mál er til athugunar hjá Sementsverksmiðju ríkisins.

Varðandi frárennsli frá verksmiðjunni er ekki talið, að þar sé um neinn skaðvald að ræða, því að kælivatnið, sem notað er, er í lokuðu kerfi og fer ekki út.

Að því er snertir föst efni, þá er þar um að ræða gjall og málmgrýti og hafa ekki fundist í því háskaleg efni. En allt þetta verður að sjálfsögðu skoðað og settar um það strangar reglur. Hins vegar vil ég taka það fram, að ekki hefur þótt rétt enn — og það er í samræmi við álit Heilbrigðiseftirlits ríkisins — að sækja formlega um starfsleyfi fyrir þessa verksmiðju fyrr en Alþ. hefði ákveðið hvort hún skuli reist og stjórn verði skipuð fyrir félagið.

Í álitsgerð Baldurs Johnsens og Eyjólfs Sæmundssonar, segir svo, að heilbrigðisyfirvöld muni framfylgja íslenskum lögum og reglum til hins ítrasta til að tryggja sem best að umrædd verksmiðja spilli ekki umhverfi sínu og heilsu starfsfólks verði ekki stefnt í voða. Heilbrigðiseftirlit ríkisins mun fylgjast með byggingu verksmiðjunnar og tryggja, að stöðlun og öðrum skilyrðum, sem sett verða fyrir byggingar- og rekstrarleyfi, verði framfylgt. Að öllu þessu athuguðu mun Heilbrigðiseftirlit ríkisins ekki mæla gegn rekstrarleyfi fyrir fyrirhugaða málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, enda verði settum skilyrðum fyrir byggingu, viðhaldi og rekstri fylgt í hvívetna.

Varðandi tolla þessa fyrirtækis er gert ráð fyrir því, að verksmiðjan njóti sömu kjara og annar hliðstæður útflutningsiðnaður að því er varðar aðflutningsgjöld og söluskatt á innflutningi, bæði um stofnkostnað og rekstur. Sama gildir um útflutning. Varðandi skattlagningu verksmiðjufélagsins verður henni í meginatriðum háttað samkv. íslenskum skattalögum, eins og þau verða á hverjum tíma. Þau fáu sérákvæði, sem um er samið, er að finna í 7. og 8. gr. frv. og má segja að mikilvægast sé ákvæðið um frádráttarheimild um arðgreiðslu, sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Um það atriði segir undirbúningsnefndin á bls. 23 í frv., að þetta ákvæði hafi tvo kosti í för með sér. Annars vegar geri það fyrirtækinu kleift að byggja upp meiri varasjóði en ella væri og þannig gera það lánshæfara gagnvart erlendum bönkum. Hins vegar felst í þessu ákvæði, ef því verður beitt, frestun á greiðslu arðs úr landi, sem aftur hefur hagstæð áhrif á greiðslujöfnuð.

Varðandi staðarval fyrir verksmiðjuna, þá var það mál rannsakað rækilega og niðurstaða í því fengin alllöngu fyrir stjórnarskipti. Ýmsir staðir höfðu verið kannaðir og komist að þeirri niðurstöðu, að verksmiðjan væri best staðsett á Hvalfjarðarströnd, þ. e. a. s. í landi jarðarinnar Klafastaða í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu. Undanfarnar vikur hefur verið rætt við eigendur jarðarinnar um kaup á landi úr jörðinni. Hefur náðst samkomulag um það, að ríkið kaupi um það bil 80 hektara lands úr jörðinni, sem nægir ríflega fyrir verksmiðju og höfn, og enn fremur að ríkið fái forkaupsrétt á jörðinni að öðru leyti. Vegna þessa samkomulags hefur verið felld niður eignarnámsheimild, sem verið hafði í frv. upphaflega. Ég fagna því, að fullt samkomulag hefur náðst við aðila um þetta mál.

Í sambandi við verksmiðjuna þarf að gera hafnarmannvirki. Aðstaða til hafnarmannvirkja er ein af ástæðunum til þess, að þessi staður var valinn, því að hafnarskilyrði eru þarna mjög góð. Hefur verið mjög um það rætt, hvernig háttað skyldi aðild að höfninni, hvort þarna skyldi verða um landshöfn að ræða, hvort verksmiðjan skyldi að einhverju leyti eiga höfnina. En sú hefur orðið niðurstaðan, að sveitarfélögin, sem þarna eiga hlut að máli, verði eigendur hafnarinnar. Hreppsfélögin eru Skilmannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melasveit, auk þeirra Akraneskaupstaður. Einnig kemur til athugunar, hvort Borgarfjarðarsýsla yrði aðili. Samgrh. hefur nýverið skipað nefnd til þess að athuga nánar eignaraðild að höfninni, en í stórum dráttum má segja, að gert er ráð fyrir því að sveitarfélög verði eigendur hafnarinnar og höfnin verði síðan byggð eftir hafnalögum og almennum reglum um fjárframlög, þannig að ríkissjóður leggi fram 75% kostnaðarins, en sveitarfélögin 25%.

Varðandi tekjustofna sveitarfélaga segir í 7. gr. frv., að félagið greiði árlegt landsútsvar, sem á að reiknast út eftir svipuðum reglum og aðstöðugjald, enn fremur greiði það fasteignaskatta eftir venjulegum reglum. Það mál er til athug-

unar, hvernig þeim tekjum, sem til sveitarfélaganna ganga, verði skipt milli þeirra. Á þessu stigi er hægt að segja, að gert er ráð fyrir því að hreppsfélögin 4, sem ég nefndi, ásamt Akraneskaupstað verði aðilar að þessum tekjustofnum. Komið hefur til orða, hvort þessi 4 hreppsfélög mundu vilja sameinast í eitt sveitarfélag. Eru hafnar nokkrar umr. milli þeirra og fulltrúa ríkisins um það efni. Úrslit þess máls velta á óskum og vilja sveitarfélaganna sjálfra.

Það er eðlilegt, að þær raddir heyrist, bæði á Alþ. og utan þess, hvort það sé heppileg þróun byggðamála að svo margar stórar verksmiðjur rísi upp hér við Faxaflóa. Hér er áburðarverksmiðjan, hér er sementsverksmiðjan, hér er álverið, og nú er gert ráð fyrir að járnblendiverksmiðja rísi við Hvalfjörð. Er eðlilegt að fólk utan þessa svæðis og fulltrúar þess verði hugsi út af slíkri stefnu. En eins og þetta mál er til komið, í beinu sambandi við Sigölduvirkjun, mun verksmiðjan þurfa að vera einhvers staðar á þessu svæði. Það mun teljast óhagkvæmt að leiða rafmagn í svo stórum stíl til stóriðjufyrirtækis t. d. fyrir norðan.

Stórframkvæmdir af þessu tagi hafa eða geta haft mjög jákvæð áhrif fyrir sitt næsta umhverfi, og inn á það mál er farið í grg., bls. 19, þar sem stóriðjunefndin segir svo: „Það er skoðun viðræðun., að bygging járnblendiverksmiðju á þessum stað, ásamt góðri höfn, muni hafa mikla þýðingu til eflingar byggðar og atvinnuþróunar í sunnanverðu Vesturlandskjördæmi. Verksmiðjustæðið er aðeins 15 km frá Akranesi, svo að verksmiðjan á að geta fengið þaðan bæði vinnuafl og þjónustu, en búast má við þéttbýlismyndun nálægt verksmiðjunni með tímanum. Ljóst er að hafnarskilyrði eru mjög góð og stækkunarmöguleikar hafnar miklir. Mikið landrými er þarna fyrir hendi og góð skilyrði fyrir myndun þéttbýliskjarna."

Svo mælir n. um það gagn, sem þessi héruð gætu haft af verksmiðjunni, og framtíðarhorfur í því sambandi. En um leið og slík mál sem þessi eru til meðferðar á Alþ. þarf að huga að því, hvað nauðsynlegt er að gera fyrir byggðir annars staðar á landinu, fyrir aðra landsfjórðunga. Í sambandi við virkjunarmálin þarf sérstaklega að athuga hvernig megi leysa raforkuvandamál Vestfjarða. Varðandi Austurland hafa verið gerðar ráðstafanir, í fyrsta lagi með Lagarfossvirkjun og nú með fyrirætlunum um virkjun Bessastaðaár, sem lög hafa verið samþ. um. Auk þess eru athugaðir aðrir stórfelldir möguleikar á Austurlandi til rafvirkjana. Varðandi Norðurland er Kröfluvirkjun í undirbúningi, og er þess að vænta að hún verði tilbúin fyrr en ráðgert hafði verið. En vatnsvirkjunarmöguleikar á Norðurlandi eru margvíslegir og miklir. Vil ég þar nefna sérstaklega möguleika sem stærstir eru og nærtækastir: virkjun í Dettifossi, virkjun í Skjálfandafljóti, virkjun Jökulsánna í Skagafirði og virkjun Blöndu. Það þarf að hraða, eftir því sem föng eru á, undirbúningi og ákvörðun og síðan framkvæmdum við nýja vatnsaflsvirkjun á Norðurlandi. Ég tel, að virkjun Blöndu sé einhver hagkvæmasti og öruggasti virkjunarkostur sem völ er á, rannsóknir allvel á veg komnar, þó ekki nægilega til endanlegrar ákvörðunar. Mér virðist mjög æskilegt, að sem fyrst yrðu teknar ákvarðanir um stórvirkjun fyrir norðan til þess að skapa þar möguleika á auknu atvinnulífi, auknum iðnaði, — stórvirkjun sem gæti orðið lyftistöng fyrir þann landshluta eigi síður en stórvirkjanir og stóriðjuframkvæmdir fyrir Suðvesturland. Það eru óneitanlega miklar líkur til þess að Blönduvirkjun verði þar fyrir valinu, svo fremi að samningar takist um land- og vatnsréttindi við eigendur, sem að meginhluta eru upprekstrarfélög Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðaheiðar.

Ég tel nauðsynlegt í sambandi við stóriðjufyrirætlanir eins og þær, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að huga að byggðamálunum og hvað hægt er að gera í virkjunar- og iðnaðarmálum í öðrum landshlutum.

Það var fyrir réttu ári, að viðræðun. um orkufrekan iðnað sendi þáv. ríkisstj. grg. og taldi undirbúningi að járnblendiverksmiðju svo langt komið að taka mætti endanlegar ákvarðanir í því máli. Í apríl og maímánuði mun það jafnvel hafa verið í ráði að leggja fram frv. um málið fyrir Alþ., en af sérstökum ástæðum varð ekki af því, — ástæðum sem ég skal ekki rekja að þessu sinni.

Eftir stjórnarskiptin í haust var málið tekið upp að nýju. M. a. voru það þrjú atriði, sem lögð var áhersla á að kanna nánar og fá breytingar á. Í fyrsta lagi var talið nauðsynlegt að fá mun hærra orkuverð fyrir það rafmagn, sem selt yrði til járnblendiverksmiðjunnar, en gert hafði verið ráð fyrir í samningsdrögum frá því í fyrravor. Tókst að fá þar á verulega hækkun. Þegar talin er hækkunin á sjálfu orkuverðinu, forgangsorku og afgangsorku, og einnig aðrar breytingar í því sambandi, er samkv. þessum samningum, sem hér liggja fyrir, um 43% hækkun frá því sem var í þeim drögum sem lágu fyrir frá s. l. vori. Í öðru lagi var talið rétt að fá eignarhlut Íslands lækkaðan úr 65% niður undir 51% af ástæðum sem ég greindi áður. Samkomulag varð um það, að Ísland ætti 55% í staðinn fyrir 65%, eins og gert var ráð fyrir á s. l. vori. Í þriðja lagi var lögð á það megináhersla að tryggja sem best allar mengunarvarnir og hef ég rakið það mál.

Um öll þessi þrjú þýðingarmiklu atriði hefur náðst verulegur árangur.

Varðandi þá kosti, sem það hefur fyrir Ísland að ganga til þessa samstarfs og reisa þessa verksmiðju, skal ég í lok máls míns aðeins rekja nokkur meginatriði:

Það er í fyrsta lagi, að slík járnblendiverksmiðja er æskileg og í rauninni nauðsynleg vegna orkusölu frá Sigöldu, nauðsynleg til þess að selja við góðu verði þá orku, sem þar er framleidd og ekki er annar markaður fyrir um sinn. Að því leyti er þetta frv. og þessi samningur, sem það byggist á, mjög mikilvægt fyrir þessa stórvirkjun.

Í öðru lagi mundu renna með þessum hætti fleiri stoðir en nú er undir íslenskt atvinnulíf og efnahagslíf. Öllum er kunnugt hversu varhugavert er að byggja svo mjög á einum atvinnuvegi, þó að hann sé okkar lífæð. Við verðum að

fá fleiri stoðir. Í þá átt var stigið stórt spor með byggingu álversins og nú mundi járnblendiverksmiðjan einnig verða mikilvæg stoð.

Þá mundi slík verksmiðja auka gjaldeyristekjur okkar. Nettógjaldeyrishagnaður mundi verða verulegur af þessari verksmiðju.

Í fjórða lagi mundi verða hér atvinnuauki. Gert er ráð fyrir, að um 300 manns mundu hafa atvinnu við byggingarframkvæmdir, en síðar, þegar verksmiðjan tekur til starfa, er gert ráð fyrir 115 manns. Vitanlega verður að gæta þess hér vandlega hvernig þetta fellur að hinum almenna vinnumarkaði og að ekki stafi af þessum framkvæmdum aukin þensla. Það mál þarf að sjálfsögðu að skoðast í sambandi við framboð og eftirspurn eftir vinnuafli og efnahagsmálin í heild.

Þá mundi slík stóriðja skapa möguleika fyrir ýmiss konar aukna þjónustu, þjónustufyrirtækia, viðgerðarverkstæða, flutningsaðila o. s. frv.

Í sjötta lagi mundi Ísland fá skatttekjur af þessari verksmiðju, sem mundu verða verulegar, bæði til ríkis og sveitarfélaga, ef svo fer sem horfir.

Og í sjöunda lagi má gera ráð fyrir því, að Ísland fái töluverðan arð af þessu fyrirtæki.

Þetta fyrirtæki verður eftir þeim drögum, sem hér liggja fyrir, íslenskt fyrirtæki að meiri hluta og mun í öllu lúta íslenskum lögum.

Ég vil leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur nú gert grein fyrir frv. hæstv. ríkisstj. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Svo sem fram kom í ræðu hæstv. ráðh og í grg. frv., sem hér er nú til umr., hefur mál þetta átt alllangan aðdraganda og að því er virðist vandlegan undirbúning af Íslands hálfu. Hið fyrsta, sem fram kemur í þessu máli, um hagnýtingu á orkufrekum iðnaði, er skýrsla í upphafi árs 1971 að frumkvæði þáverandi iðnrh., Jóhanns Hafsteins. Þar á eftir, eða 28. sept. það ár, skipar þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, n. til þess, eins og í skipunarbréfi þeirrar n. segir, sbr. grg., sem frv. fylgir, að vera til ráðuneytis um viðræður við erlenda aðila sem áhuga hafa á þátttöku í orkufrekum iðnaði ásamt íslendingum. Fyrsti fundur umræddrar nefndar var svo haldinn ásamt aðstoðarmönnum n. í okt. 1971. Þann veg er upphaf þessa máls, og má öllum ljóst vera, að áhugi íslenskra stjórnvalda hefur frá upphafi verið fyrir hendi um samninga við erlenda aðila, sem áhuga höfðu á þátttöku í orkufrekum iðnaði með okkur. Þessi afstaða hefur ekki greinst á milli þeirra stjórnmálaflokka er fulltrúa eiga á Alþ., svo sem ljóst er af samsetningu þeirra ríkisstj., er afskipti hafa haft af málinu fram til þessa.

Hlutdeild okkar í sjálfum rekstri umræddrar járnblendiverksmiðju kann að vera umdeilanleg frá beinu hagsmunalegu sjónarmiði okkar íslendinga, þ. e. hve mikil þátttaka okkar á að vera í slíkum fyrirtækjum. Þingfl. Alþfl. hefur rætt þetta mál eins ítarlega og kostur hefur verið á eftir þeim gögnum og upplýsingum, sem hægt hefur verið að afla um allan aðdraganda málsins. Það er niðurstaða flokksins, að hann að lokinni athugun sinni sé efnislega samþykkur aðild íslendinga og þátttöku í umræddri járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Allar tölur frá upphafi rannsóknar þessa máls og undirbúningi hafa breyst mjög og ávallt til hækkunar frá ári til árs og eru því óáreiðanlegar. En hlutföll sjást þó glöggt þegar grannt er skoðað um sölu — og virkjunarmöguleika.

Ég tel nauðsynlegt að þetta álit komi nú fram við 1. umr. málsins, þrátt fyrir að ég eigi sæti í þeirri þingnefnd, sem málið fær væntanlega til meðferðar, þ. e. a. s. iðnn. Eðlilega hefur Alþfl. fyrirvara um einstök atriði, sem ekki eru þegar nógu skýr, til þessa stóra máls sem er nátengt orkuaukningu og virkjunarmöguleikum hér á landi. Þessi fyrirvari flokksins er ekki minnst varðandi fjármögnun þeirrar hafnargerðar, sem nauðsynlegt er talið að framkvæma vegna járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga í Hvalfirði.

Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram nú þegar, væntanlega fær svo hv. þm. frekari upplýsingar um málið, þegar málið kemur til meðferðar hennar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég treysti mér ekki til þess að samþ. þetta frv., a. m. k. ekki í þeirri mynd sem það birtist nú þessari hv. d. Alþ. Ég tel að rökstuðningurinn, sem fylgir frv. um hagsbætur sem okkur séu búnar af samningnum, sem hér er áformað að gera við erlent auðfélag, sé ekki sannfærandi. Þvert á móti virðist mér líkur benda til þess að hann kynni að valda okkur tjóni, efnahagslegu, menningarlegu og pólitísku. Auk þess fæ ég ekki betur séð en forsendur fyrir þessum samningi séu reistar á úreltu verðmætamati, bæði efnahagslegu og siðferðilegu. Raddirnar um notkun allrar raforku okkar, allrar raforkunnar frá Sigöldu, eru ekki þagnaðar og hafa aldrei þagnað. Loks þykist ég hafa ástæðu til að efast um að fyrirhugaður viðsemjandi okkar, Union Carbide Corp., sé verðugur þess trausts, að íslenska ríkið gerist félagi hans og leggi höfuð sitt í kjöltu hans með þeim hætti sem hér er ráðgert. Enn fremur tel ég að vinnubrögð við undirbúning þessa máls séu vítaverð.

Í fylgiskjölum með lagafrv. þessu, þar sem rakinn er aðdragandi málsins, segir frá skýrslu, sem Jóhannes Nordal seðlabankastjóri hafi sent iðnrh., Jóhanni Hafstein, í maí 1971, þar sem skýrt var frá viðræðum sem þá höfðu nýlega farið fram við Union Carbide og fleiri fyrirtæki um hagnýtingu og orku frá Sigöldu. Segir síðan frá því hvaða menn voru skipaðir í viðræðunefnd um þetta mál í tíð tveggja iðnrh. annarra til þess að ræða málið við Union Carbide. Af nærri 5 ára aðdraganda, þegar talið er frá bréfi Jóhannesar Nordals til Jóhanns Hafsteins, virðist okkur ætlað að draga þá ályktun að mál, sem hafi svo lengi verið í athugun, hljóti að hafa verið grannskoðað að bestu manna yfirsýn og hlotið jafnframt lýðræðislega meðferð. Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar, að vinnubrögðin við undirbúning málsins af hálfu yfirvalda séu ekki með þeim hætti, að þau geti talist viðunandi fyrir Alþ., heldur hafi þau verið í aðra röndina ólýðræðisleg svo að stappi nærri móðgun við alþm. og þá jafnframt

og ekki síður við umbjóðendur þeirra, hv. kjósendur. Í hina röndina hafa þau orðið harla grunsamleg, svo sem gjarnan vill verða þegar ekki er gætt eðlilegrar kurteisi í starfi.

Hér sveigi ég ekki að þeim mönnum, sem nafngreindir eru í fskj. frv. þessa sem ábyrgðarmenn undirbúningsmálsins, þeirra á meðal eru flokksbræður mínir, sem ég veit með vissu að vilja ekki landi sínu annað en allt hið besta. Þar eru líka pólitískir andstæðingar, sem ég hef fullkomna ástæðu til að ætla að séu vammlausir sæmdarmenn. Ég er sannfærður um að við umr. þær, sem nú fara fram hér á Alþ., og þá ítarlegu könnun, sem verður að fara fram á málavöxtum, munu koma í ljós eðlilegar skýringar á mistökum þessara manna. En þangað til þær hafa komið í ljós ætla ég að halda áfram að undrast það hvernig hópur heiðarlegra, greindra og vel menntaðra íslendinga getur komist að þeirri niðurstöðu að æskilegt geti verið fyrir þjóð mína að leggja nú í það a. m. k. 10 milljarða kr. að koma upp málmblendiverðsmiðju í Hvalfirði. Seinna mun ég í þessari ræðu rökstyðja andstöðu mína gegn þessu frv. í einstökum atriðum. En ég vil nú strax í upphafi þessa máls, sérstaklega sökum þess að ljóst er skv. upplýsingum hæstv. forseta, að ég mun ekki geta lokið ræðu minni í dag, setja fram vingjarnlegustu tilgátuna sem ég á völ á um orsök þess, að góðir menn skuli reynast jafnóráðhollir og raun ber vitni í þessu stjórnarfrv. og kalla það að reisa nýjar stoðir undir efnahag og velferð þjóðar sinnar í þokkabót að reiða svo til höggs að rótum hennar sem hér er gert. Ég held að þessir ágætu menn hafi verið blekktir sumir þeirra hafi meira að segja verið menntaðir undir það að láta blekkjast í þessu máli.

Um þetta mál hafa fjallað öðrum fremur verkfræðingar, skólaðir undir reykskýjum stóriðnaðarsamfélaganna, og hagfræðingar, menntaðir undir sams konar himni. Í grófum dráttum má segja að þetta séu mennirnir, sem hafa verið að reyna að koma því inn hjá íslenskum fiskimönnum og bændum, að landbúnaðar og sjávarútvegur takmarki hagvöxt þjóðarinnar. Þessir sérfræðingar hafa numið fræði, sem ekki falla að íslenskum atvinnu- og þjóðháttum. Þegar þeir koma heim telja þeir íslenska þjóðhætti og atvinnuhætti, óhæfa, af því að þeir falla ekki að þessum reykskýjafræðum þeirra, og þess vegna þurfi að breyta íslenskum þjóðháttum til samræmis við fræðin. Þeir geta ekki sætt sig við þá tilhugsun, að e. t. v. sé það verkfræðin þeirra og hagfræðin þeirra sem séu óhæfar, vegna þess að þær falla ekki að íslenskum þjóðháttum, og væri kannske réttara að breyta fræðigreinum þeirra til samræmis við þá. Við búum ekki í iðnaðarsamfélagi, ekki í iðnaðarþjóðfélagi, og einmitt þessi missirin blasa hvarvetna við okkur aðvaranir gegn því að breyta samfélagi okkar í iðnaðarþjóðfélag. Við búum í vélvæddu hjarðmanna- og veiðimannasamfélagi, sem á sér engan líka í öllum heiminum og hefur fram að þessu veitt íslendingum framfærslu og lífsþægindi á við það sem langbest gerist í iðnaðarsamfélögum. Því aðeins að hagfræðingarnir okkar og verkfræðingarnir hafi til þess greind og nennu að sníða fræði sín að þörfum þess skrýtna samfélags, því aðeins geta þeir gert okkur gagn. Með því að beita kunnáttu sinni og valdi, sem henni fylgir, til að breyta samfélagi okkar á þá lund að það hæfi fræðigreinum þeirra þá vinna þeir okkur ógagn. Ég á sjálfsagt eftir að víkja nánar, þegar fram í sækir, að þeim annmörkum, sem eru á því að treysta blint á leiðsögn sérfræðinga í málum sem þessum. En hér kemur fleira til. Það væri t. d. freistandi að vitna í þessu sambandi í orð Guðmundar sáluga Benjaminssonar, bónda á Grund, hins vitrasta og besta manns, sem sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Það er nú svona með íslendinga, þessa góðu og göfugu þjóð, þeim er svo eiginlegt að trúa því sem þeir vita að er ósatt og treysta á skýrslu sem þeir hafa sjálfir falsað.“ Þar eiga að vísu háskólamenntaðir sérfræðingar ekki einir hlut að máli, heldur fleiri, en þeir eru ekki undanþegnir. Og það eitt er víst, að þeir eiga öðrum mönnum fremur sök á því ef við skjótum nú skollaeyrum við reynslu annarra þjóða af sams konar iðnvæðingu og þeirri, sem ráðgert er í þessu frv., og þó e. t. v. fyrst og fremst ef við skjótum skollaeyrum við reynslu sem við höfum sjálfir öðlast af sams konar iðjuverum, sem þeir hafa sjálfir talið okkur á að koma upp á þessu landi. Við höfum nefnilega talsverða reynslu í rekstri stóriðjuvera í samstarfi við erlend auðfélög, að vissu leyti býsna lærdómsríka, einmitt vegna þess að annað iðjuverið, álverið í Straumsvík, er algerlega í eigu útlendinga, en hitt, kísilgúrverksmiðjan í Mývatnssveit, er í sameign með útlendingum, að vissu leyti svipað því sem ráðgert er í frv. ríkisstj., að málmblendiverksmiðjan verði, þótt ekki sé það að öllu leyti. Með tilliti til þess arna hlýtur að vera æskilegt að gera nokkurs konar úttekt á reynslu okkar af þeim samningum, sem við gerðum við útlendinga í sambandi við þau iðjuver, reynslu okkar af rekstri þeirra og áhrifum þeirra á nánasta umhverfi sitt, dautt og lifandi, og rekstur þjóðarbúsins í heild. Þá úttekt treysti ég mér nú ekki til að gera á eigin spýtur, svo að heitið geti. Til þess að hún mætti koma að virkilegu gagni þurfa sérfræðingar að fá aðstöðu til þess að fjalla um málið á eðlilegan hátt, og sú rannsókn hlýtur að taka talsverðan tíma. Að vísu hefur sérfræðingur athugað lítillega hin vistfræðilegu og vistpólitísku áhrif þessara stóriðjufyrirtækja. Ég skal minnast á það hér á eftir með hvaða hætti aðstandendur fyrirhugaðrar málmblendiverksmiðju brugðust við þeim athugunum og bundu endi á þær. Vegna skorts á upplýsingum og gögnum verð ég sem sagt að styðjast við nokkrar alkunnar staðreyndir í þessu sambandi og reyna að draga ályktanir af þeim.

Þá víkjum við fyrst að stærra fyrirtækinu, álverinu. Það voru líka sérfræðingar á sviði hagfræði og verkfræði, sem lögðu á ráðin um samninginn við Alusuisse um stofnun ÍSALs og verksmiðjunnar miklu í Straumsvík, ekki að öllu leyti sömu verkfræðingarnir. Þó hafði forustu sami maður og nú leggur á hin hagfræðilegu ráðin varðandi málmblendiverksmiðjuna, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri. Hin fræðilega forusta var raunar einnig hin sama, þótt nú séu nöfn annarra einstaklinga tilgreind.

Svo að við rifjum aðeins upp rökin, sem viðhöfð voru í byrjun, þegar upp hófst róðurinn fyrir álverksmiðjunni, þá ber þessi hæst.

1. Algert skilyrði sögðu þeir fyrir því, að hægt væri að fá lán til virkjunar við Búrfell var, að við seldum verulegan hluta af orkunni fyrir fram til erlends stóriðjufyrirtækis.

2. Við urðum, sögðu þeir, að taka tilboði Alusuisse um raforkuverð, sem var langt undir kostnaðarverði og bundið til ársins 1997, vegna þess að alveg á næstu árum yrði raforka frá vatnsaflsstöðvum ekki lengur samkeppnisfær um verð við raforku frá kjarnorkuverum.

3. Vegna þess hve mikið var nú í húfi að gera þennan ágæta samning strax, áður en raforkuverðið lækkaði, urðum við að fallast á það, að álverið lyti ekki íslenskri lögsögu.

4. Því var heitið munnlega og fór víst ekki á milli mála, að þar fylgdi hugur máli, að gætt yrði fyllsta hreinlætis og fullkomnustu hollustuhátta og öllu því til kostað, sem þyrfti, að koma í veg fyrir eitrun eða mengun.

5. Ástæðulaust var að leita álits óháðra erlendra sérfræðinga á því, hvort ekki þyrfti að setja upp hreinsitæki í verksmiðjuna, því að „lægðirnar, ryksugur háloftanna hér á norðurslóð," eins og verkfræðingarnir okkar orðuðu það, mundu sjá um alla hreinsun.

6. Aðrar mótbárur, bæði varðandi fjárhagslega hagkvæmni samningsins, hugsanleg umhverfisspjöll og óæskileg áhrif á sviði þjóðfélagsmála, voru bara þvaður úr öfgafullum andstæðingum þessa þjóðþrifamáls, sem sennilega voru flestir kommúnistar.

Ég mun e. t. v. á óbeinan hátt bera þessi rök hér á eftir saman við þau rök, sem nú eru höfð uppi í sambandi við málmblendiverksmiðjuna. En við skulum staldra aðeins við og athuga, hversu haldgóð þessi rök verkfræðinganna hafa reynst, hversu haldgóð þau hafa verið í sambandi við rekstur verksmiðjunnar.

Þá skulum við taka fyrir fyrsta atriðið. Það var sannreynt, þegar vinstri stjórnin samdi við Alþjóðabankann um lán til Sigölduvirkjunar, að þar voru ekki sett nein skilyrði af hálfu bankans um það, að nein orka yrði seld fyrir fram til erlendrar stóriðju, heldur talið sjálfsagt að íslendingar ráðstöfuðu orkunni á þann hátt sem þeim þætti sjálfum þjóðhagslega best.

2. Staðhæfingin um raforkuverðið, 2.3 millj., sem samsvarar nú að því er mér virðist 27 aurum á kwst. en við skuldbundum okkur til að selja helminginn af allri raforkuframleiðslu landsins fyrir fram til ársins 1997 vegna hættunnar á verðfalli rafmagns, — þessi staðhæfing hefur reynst svo sönn, að nú er okkur boðið upp á það að selja rafmagn á fimmfalt hærra verði til stóriðju. Ég mun færa rök að því hér á eftir, að þetta fimmfalda verð sé eigi að síður smánarverð. Afleiðingin af þessum hagstæða orkusölusamningi er sú, að almennur neytandi á orkusölusvæði Landsvirkjunar þarf nú að greiða á 9. kr. fyrir kwst. eða 35-falt það verð, sem helmingur allrar raforku landsins er seldur fyrir til hins erlenda auðfélags í Straumsvík. Til nánari skýringar á þessu niðurgreiðslufyrirkomulagi almennings á Íslandi á raforku til stóriðju leyfi ég mér að tilgreina hér heiðarlega, en alþýðulega athugun, sem Adolf Björnsson rafveitustjóri á Sauðárkróki gerði á rafmagnsverði á Norðurlöndum fyrir hálfu öðru ári. Hann spurði að því í nokkrum bæjum í Noregi og Danmörku, hvað verkamaður fengi þar margar kwst. fyrir hverja unna klst. eða fyrir klukkustundarlaunin sín. Í Vestby í Noregi fékk verkamaður 240 kwst. fyrir hverja unna klukkustund. Kertemünde á Fjóni, þar sem raforkan er framleidd með olíu, fékk verkamaðurinn 120 kwst. fyrir unna klst., á Íslandi, í landi vatnsorkunnar, landinu sem hafði efni á því að selja helminginn af raforkuframleiðslu sinni til erlends auðfélags til framleiðslu á áli, þar fékk verkamaðurinn 50 kwst. fyrir unna klst. Til þess nú að færa þessar tölur Adolfs í skynsamlegt samhengi við síðustu og verstu tíma, þá hringdi ég til rafveitustjóranna í þessum tveimur bæjum í gær og fékk þær upplýsingar, að í Vestby, þar sem fæst raforka úr norskum fallvötnum, hefði dæmið breyst verkamanninum í vil. Norski verkamaðurinn fær nú 290 kwst. fyrir unna klst. Í Kerteminde, þar sem olíuhækkunin hefur komið til skjalanna eins og víða annars staðar, höfðu hlutföllin breyst verkamanninum í óhag. Þar fær hann nú ekki nema 67 kwst. fyrir unna klst. Í Reykjavík fær verkamaðurinn, hér í landi vatnsorkunnar, um það bil 22 kwst. fyrir klukkutímakaup. Ástæðan er að öllum útúrdúrum, talnaflækjum og blekkingum slepptum ósköp einföld. Hún er sú, að íslenskur raforkukaupandi er skuldbundinn með ríkisstjórnarsamningi til þess að borga niður raforku fyrir svissneska auðhringinn ofan í 1/35 hluta af því, sem verkamaðurinn þarf sjálfur að greiða fyrir orkuna.

Þá komum við að fyrirheitinu, sem gefið var um hreinlæti og hollustu, sem ég númeraði nr. 3 hér á undan. Í álverinu í Straumsvík vinna menn enn í dag við svo heilsuspillandi aðstæður vegna sóðaskapar og trassaskapar, að dæmalaust mun vera í gervallri Evrópu. Starfsmenn, sem kvartað hafa undan aðstæðunum, hafa hreinlega verið reknir úr starfi, ef þeir hafa kvartað nógu hraustlega. Þeir, sem leituðu læknis, sumir hverjir vegna sýkingar í öndunarfærum, hafa verið níddir opinberlega af hálfu fulltrúa ÍSALs. Sú skýring er gefin, að þeir séu sennilega kommúnistar. Eitruðum úrgangsefnum frá verksmiðjunni hefur verið komið fyrir á bersvæði í grennd við hana og síðan þrætt fyrir skaðsemi þeirra.

Fjórða atriðið, rykmökkurinn blái, sem hjúpar álverið daglega, blasir við hvers manns augum, sem leið á fram hjá, segir sína sögu um nytsemi ryksugunnar miklu í háloftunum. Umhverfi verksmiðjunnar er þegar orðið yfirmettað af flúor. Og þá loks að „sérfræðingum" íslenskra yfirvalda, launuðum af álverinu, hélst ekki lengur uppi við tilkomu nýs iðnrh. í tíð vinstri stjórnarinnar að þræta fyrir skaðsemina af völdum flúormengunarinnar, þá hófst andófið af hálfu ÍSALs gegn því að setja upp hreinsitæki í verksmiðjuna. Þau eru ekki enn komin. Þótt þau komi einhvern tíma, verði einhvern tíma sett upp, munu þau ekki megna að gera verksmiðjuna óskaðlega umhverfi sínu.

Ég nenni ekki að ræða 5. liðinn, um öfgafullar skoðanir þeirra, sem mæltu gegn smíði álverksmiðjunnar. Ég þarf þess raunar ekki, því að flestir þeir orðaleppar eru viðhafðir þessa dagana og þessar vikurnar um þá, sem leyfa sér að láta í ljós efasemdir um nytsemi fyrirhugaðrar málmblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Síðar í þessum umr. gefst vafalítið tækifæri til þess að drepa á það, með hvaða hætti álverið í Straumsvík hefur keppt við útgerðina hér við Faxaflóa um vinnuafl, hvaða sannanleg áhrif álverið í Straumsvík hefur haft á kaupgjald í landinu og þá væntanlega í samhengi við hugsanleg áhrif málmblendiverksmiðjunnar á þjóðlega atvinnuvegi á Vesturlandi. Ég bið hv. þm. sem sagt að hugleiða í sambandi við þetta frv., sem hér liggur frammi, hversu ráðhollir sérfræðingarnir okkar reyndust í sambandi við Alusuisse-samninginn og rekstur álversins í Straumsvík, ef vera skyldi að hægt sé að lauma inn í hugskot þeirra einhverjum efa um það, að þeir muni reynast fyllilega ráðhollir í sambandi við byggingu fyrirhugaðrar málmblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Þá komum við að hinu dæminu okkar um erlenda stóriðju á Íslandi í samvinnu við erlent auðfélag, kísilgúrverksmiðjunni í Mývatnssveit. Einnig hér var gulli heitið og grænum skógum, sveitarstjórnarmönnum talin trú um ofsagróða sem skyldi renna í vasa heimamanna, og því með, að ekki skyldi verksmiðjan valda neinum spjöllum í þeim unaðsreit íslenskrar náttúru, sem Mývatnssveit hefur talist til skamms tíma. Hér voru ekki gerðar neinar grundvallarathuganir, hvorki náttúrufræðilegar né félagslegar, áður en leitað var heimildar Alþ. og sveitarstjórnarmanna heima fyrir til þess að setja þessa verksmiðju upp, heldur var hvað eina unnið á loforðum um skaðleysi. Hér var sem sagt reist efnaverksmiðja ásamt nauðsynlegu íbúðarhverfi fyrir starfsfólk í þeirri sveit, þar sem náðst hafði við 1000 ára búsetu þess háttar griðasáttmáli milli manns og náttúru, að til fádæma telst, um allan heim, — þess háttar jafnvægi í vistbúskapnum, að maður, fiskur og fugl virtist styðja tilveru hvers annars af slíkri nærfærni, að jafnvel húsöndin, sem er einhver mannfælnasti fugl allra andategunda víða annars staðar í heiminum, gerðist þar húsdýr af eigin hvötum og tók að verpa í gripahúsum.

Þannig var ástandið í Mývatnssveit. Það skal að vísu játað, að til mun vera skýrsla í vörslu heilbrrn. samin af eina umhverfisverkfræðingi Íslands, um afleiðingarnar af verksmiðjubyggingunni og rekstrinum í Mývatnssveit. Þessa skýrslu hef ég séð, en ég hef hana ekki undir höndum til nota, þar sem henni hefur verið haldið mjög vandlega leyndri af hálfu rn. Því verð ég enn sem fyrr að notast við alkunnar staðreynrdir einar varðandi áhrifin af verksmiðjurekstrinum í Mývatnssveit.

Verksmiðjan, sem hér um ræðir, svo að við ræðum fyrst og fremst umhverfisatriðin, spýr yfir Mývatnssveit þúsundum lesta af kísilgúryki. Skólpið frá verksmiðjunni og íbúðahverfinu stofnar lífríki Mývatns nú þegar í auðsæjan voða. Það ágæta fólk, sem réðst til verksmiðjunnar og ekki gat gerst aðili að fyrrgreindum griðasáttmála manns og dýrs, vegna þess að það lifir ekki á gæðum landsins, lenti í andstöðu við mikinn hluta heimamanna með þeim afleiðingum, að mannabyggð við Mývatn má nú heita klofin í tvo hagsmunahópa. Kísilgúrverksmiðjan er sem sagt vel á veg komin með að eyðileggja Mývatnssveit, og enn sér ekki hilla undir þann ódæma mikla gróða, sem gæti hugsanlega bætt slíkt tjón.

Hér skulum við staldra aðeins við. Það er ekki ætlun mín að ræða hér tilkomu álverksmiðjunnar í Straumsvík og kísilgúrverksmiðjunnar í Mývatnssveit umfram það sem nauðsynlegt er til að skilgreina þau víti, sem okkur ber að varast í sambandi við fyrirhugaða málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Ég held ekki, að sérfræðingarnir, sem lögðu á ráðin um samninginn, sem heimilaði smíði kísilgúrverksmiðjunnar í Mývatnssveit, þann sem nú er kominn á fremsta hlunn með að eyðileggja dýrustu perlu íslenskrar náttúru og eitthvert frjóasta menningarsamfélag landsins, — ég held ekki, að þeir hafi gert sér grein fyrir því, sem þeir voru að gera. Ég held, að þeir hafi gert þetta í góðri trú, í þeirri góðu trú, að þeir væru að vinna Íslandi gagn. Hið sama gildir um Straumsvík. Ég trúi því og er viss um það, að sérfræðingarnir, sem undirbjuggu samninginn um smíði þessa álvers, trúðu því staðfastlega, að þessi samningur væri okkur hagstæður. Þeir trúðu því, að svonefndir kjarnakljúfar, sem framleiða munu raforku fyrir skít og ekki neitt, væru alveg á næsta leiti. Þar af leiðandi væri okkur fyrir bestu að gera samning um fyrirframsölu á raforku til erlendra auðhringa fram til ársins 1997 fyrir verð, sem ekki stóð undir framleiðslukostnaði. Þeir trúðu því, að þennan samning fengjum við ekki nema með því móti að gangast undir það jarðarmen að taka fyrirtækið undan íslenskum lögum og gera það að ríki í ríkinu undir erlendri löggjöf. Þeir hafa samt kannske tæplega trúað sinni háfleygu kenningu um ryksugu háloftanna, sem annast mundi alla hreinsun frá álverinu. En þeir töldu svo mikið vera í húfi fyrir okkur að fá til okkar þetta erlenda iðjuver að það væri afsakanlegt að segja ósatt um annað eins lítilræði, sem varðaði aðeins mengun umhverfisins. Og einnig hér eiga þeir dálitla afsökun. Álverið var reist á síðustu missirunum áður en þær miklu umræður hófust um heim allan, sem afhjúpað hafa voðann, sem öllu jarðlífi er búinn af völdum stóriðju, mengun, sóun auðlinda í hagvaxtarkapphlaupinu og síðast, en ekki síst þeirri óhamingju, sem ört vaxandi fólksfjölda er búin af völdum heimskulegs og ómanneskjulegs lífskjarakapphlaups. Þetta skulum við viðurkenna, því að það ætla ég að sé í meginatriðum satt. Ef við viðurkennum ekki þessa afsökun aðstandenda álsamningsins í grundvallaratriðum, þá setjum við sjálfa okkur í þá óþolandi aðstöðu að velja á milli tveggja hrottalegra skýringa á hvötum þessara landa okkar, að þá, sem hér hafi um vélað, hafi annað tveggja brostið greind og lærdóm til þess að sjá við voðanum ellegar þá heiðarleika og þegnskap, og ég vil hvorki kalla þá fífl né fanta. Ég held, að okkur sé hollast að leita þeim mun vingjarnlegri skýringa á þeim mistökum, sem gerð hafa verið í stóriðjumálunum fram að þessu, og leggja þeim mun meiri áherslu á það í sameiningu að koma í veg fyrir endurtekningu þeirra.

Annars er dálítið grátbroslegt að hugleiða það, hvers konar áráttu tæknilegir ráðunautar íslenskra stjórnmálamanna í hagfræðilegum og verkfræðilegum efnum virðast hafa til þess að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum, sem virtust réttar, einmitt þegar það er að koma berlega í ljós, að þær eru rangar, og hvað þeim

virðist hætta til þess að endurtaka mistök sín. Tvisvar höfum við að ráðum hagspakra ráðamanna leyft minkarækt á Íslandi, í fyrra sinnið með þeim hörmulegu afleiðingum fyrir náttúrulegt dýralíf landsins, sem aldrei verða að fullu bættar. Þegar þessar afleiðingar voru komnar í ljós, að tjón hafði þegar verið unnið og það með að hagur þjóðarinnar hafði versnað til mikilla muna, þá var minkarækt og innflutningur á minkum bönnuð með lögum. En að nokkrum árum liðnum, eftir að það hafði frést um sinn, að minkaskinn væru í háu verði í útlöndum, þá var minkainnflutningur leyfður öðru sinni ásamt minkarækt og talsvert fé lagt af mörkum til þess arna. Og svo hófst minkabúskapurinn öðru sinni í þann mund sem skinnin voru orðin verðlaus erlendis að kalla. Og nú, ofan í reynsluna af stóriðjuverunum tveimur, kísilminkabúinu í Mývatnssveit og álminkabúinu í Straumsvík, þá leggja hagfræðingarnir okkar og verkfræðingarnir okkar að okkur að koma upp stálminkabúi á Grundartanga við Hvalfjörð rétt í þann mund sem nægtakreppan er að leggja fjárhag iðnaðarríkjanna í rúst. Og svo, áður en ég hætti í bili að ræða um fyrri mistök, sem við ættum að læra af í sambandi við stóriðju, þá verð ég að taka eitt skýrt fram, sem ég hefði kannske átt að taka fram strax í upphafi máls míns, — ég verð að taka eitt skýrt fram vegna þeirrar sérstöku tegundar pólitískrar góðvildar, sem ríkir í hugskoti og þó kannske fyrst og fremst málgögnum andstöðuflokkanna, og það er þetta: Ég jafna ekki þeim drögum, sem gerð hafa verið að málmblendiverksmiðjusamningnum, við samningana við Alusuisse. Ég jafna þeim ekki við þá. Þar skilja á milli ákvæðin um meirihlutaeign íslendinga í fyrirtækinu, sú staðreynd að málmblendiverksmiðjunni er ætlað að vera undir íslenskum lögum og loks ákvæði um endurskoðun raforkuverðs.

Hér er um að ræða mikilsverða stefnubreytingu varðandi nýtingu orkulinda landsins til stóriðju. Þessi stefnubreyting hygg ég að verði lengi talin vinstri stjórninni til tekna og þeim ráðh., sem knúði hana fram, til vegsauka. Af þessum sökum væri fráleitt að jafna saman þessum tveimur samningum. En það er líka fráleitt að draga ekki lærdóm af álsamningnum, þegar fjallað er um samningsuppkast það, sem hér liggur fyrir hv. Alþ. í dag.

Það segir sína sögu um álsamninginn, að enda þótt samningsuppkastinu um málmblendiverksmiðjuna í félagi við Union Carbide verði ekki jafnað til þess samnings, þá er það eigi að síður forkastanlegt frá sjónarmiði þjóðarhags, menningar og umhverfisverndar.

Alþb. hefur tekið skýra afstöðu gegn þessum samningi. Á landsfundi flokksins, sem haldinn var í haust, var samþ. einróma till., sem borin var fram af Ragnari Arnalds, Magnúsi Kjartanssyni og Lúðvík Jósepssyni, á þá lund, að Alþb. sé andvígt þessum samningi, þótt ekki sé nema vegna ástandsins í orkumálunum og þarfa þjóðarinnar fyrir alla fáanlega raforku til eigin nota. Afstaða Alþb. gegn þessum samningi er afdráttarlaus, þótt því sé ekki að neita að einstakir flokksmenn ræði hinum ýmsu mótbárum sínum gegn honum í mismunandi röð og menn séu ekki á eitt sáttir um það sumir hverjir, hvaða ágallar á þessum samningi vegi þyngst á metunum. Menn eru ekki sammála um hvað eina innan Alþb., guði sé lof, liggur mér við að segja.

En þá er ég hræddur um, að pólitískir andstæðingar okkar verði fyrir vonbrigðum, ef þeir halda að ágreiningur um málmblendiverksmiðjumálin muni lama Alþb. Andstæðingablöð okkar mega hamast mín vegna með Morgunblaðið í fylkingarbrjósti fyrir rógburði um Magnús Kjartansson. Af hálfu Alþb.-manna verður það aðeins skilið sem raunhæft mat þessara málgagna á óbreyttu gildi Magnúsar Kjartanssonar fyrir vinstri hreyfingu í landinu. Því meir sem Morgunblaðið ólmast á Magnúsi Kjartanssyni, því betra. Í okkar hópi túlkast slíkt viðmót aðeins sem pólitískt heilbrigðisvottorð handa þeim sem verður fyrir því. Magnús hefur haft mjög gott af slíku viðmóti af hálfu Morgunblaðsins á liðnum árum. Hann hefur beinlínis þrifist af því.

Ef mér leyfist að svo mæltu, herra forseti, að snúa mér beint að undirbúningi þeirra samningsdraga, sem hér liggja fyrir, eða frv. um málmblendiverksmiðjuna og vekja athygli á því, að enda þótt ég fyndi margt til foráttu vinnubrögðum sérfræðinga þeirra, sem störfuðu að undirbúningsathugunum í tíð vinstri stjórnarinnar, þá virðist svo sem kastað hafi tólfunum, þegar málið kom til meðferðar núv. ríkisstj. Í grundvallaratriðum hefur verið vikið frá þeirri stefnu, sem mörkuð var af fyrrv. iðnrh., og þá helst á þeim sviðum sem lúta að umhverfisvernd og vistfræðilegum áhrifum. Mér er kunnugt um, að þáv. iðnrh. ætlaðist svo til, að fyrir Alþ. lægi óvefengjanleg álitsgerð óháðrar stofnunar, svo sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, ellegar að öðrum kosti einhverra þeirra heimsþekktra sérfræðinga, sem ekki yrðu vændir um hlutdrægni í málinu, um þá þætti fyrirhugaðs verksmiðjurekstrar, sem að hollustuháttum lúta, enn fremur að leitað yrði á sama hátt álits óháðra aðila um hugsanleg áhrif verksmiðjunnar á lífríki landsins og vistfræðilega samfélagsþætti í landinu. Nú er okkur tjáð, að Heilbrigðiseftirlitið muni leggja nokkur plögg fyrir iðnn. þessarar hv. d. En hitt er ljóst, að engin slík undirbúningsvinna hefur verið innt af höndum, sem hægt er að telja óhlutdræga í þessu máli. Engin slík gögn liggja frammi með þessu frv. Eins og málið liggur hér fyrir, virðist Alþ. vera ætlað að heimila ríkisstj. að gera þennan samning við Union Carbide, ef henni býður svo við að horfa, án þess að fyrir liggi óyggjandi upplýsingar um það, hvaða áhrif framkvæmd hans mundi hafa á heilsufar verksmiðjufólksins, sem kemur til með að starfa í þessari verksmiðju, á lífríki umhverfisins og ríkjandi samfélagshætti manna í landinu. Síðan á að reisa verksmiðjuna, og þegar því verki hefur verið lokið, á að sækja um rekstrarleyfi til Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Það má hver ykkar, hv. alþm., sem vill trúa því, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins muni að svo búnu synja 10 milljarða verksmiðju að 55% í eigu íslenska ríkisins um rekstrarleyfi. Hér er um að ræða grundvallaratriði varðandi meðferð þessa

málmblendimáls af hálfu Alþ. Hið æskilega hefði verið, að ríkisstj. hefði látið fara fram nauðsynlegar rannsóknir, áður en málið kæmi til kasta Alþingis. Ef niðurstöðurnar af þeirri athugun hefðu orðið á þá lund, að ríkisstj. hefði talið augljósan skaða búinn af völdum verksmiðjunnar, hefði hún að sjálfsögðu ekki lagt þetta frv. fram. Nú leggur hún frv. fyrir hv. Alþ. án þess að hafa raunverulega sjálf gengið úr skugga um þetta atriði. Alþ. getur ekki heldur myndað sér rökstudda skoðun um skaðleysi eða skaðsemi þessarar fyrirhuguðu verksmiðju, án þess að fengnir verði óháðir sérfræðingar til þess að rannsaka málið og skila álitsgerð til þessarar hv. stofnunar.

Í stað rannsóknar sérfræðinga á sviði mengunar, umhverfisverndar og vistfræði hefur verið látið sitja við yfirlýsingar af hálfu fyrirhugaðs samningsaðila, Union Carbide, um að fyllsta hreinlætis verði gætt við framleiðsluna og síðan látið sitja við yfirlýsingar nefndarmanna í samstarfsnefnd um orkufrekan iðnað og forstjóra Heilbrigðiseftirlits ríkisins um að þeir trúi fyrirheitum Union Carbide. Þrátt fyrir reynsluna af sams konar yfirlýsingum varðandi álverksmiðjuna í Straumsvík og kísilgúrverksmiðjuna í Mývatnssveit virðist eiga að láta við þess háttar yfirlýsingar sitja. Varðandi grunsemdir um óæskileg mannvistfræðileg áhrif fyrirtækisins er látið við það sitja að lýsa skorinort yfir því, að verksmiðjan hljóti að verða til blessunar í framtíðinni. Sem dæmi um vinnubrögðin á þessu sviði þarf aðeins að lesa næstneðstu mgr. á bls. 17 í fskj. frv., grein sem byrjar á fyrirsögninni „Umhverfismál". Þar segir orðrétt:

„Frá upphafi viðræðnanna hefur verið lögð rík áhersla á, að mengun frá verksmiðjunni yrði í algeru lágmarki. Hefur því ætíð verið heitið og er ljóst, að hugur fylgir þar máli".

Af hvaða atriðum er það ljóst að það fylgi hugur máli hjá Union Carbide? Voru þeir svona einlægir á svipinn, þegar þeir sögðu það? Horfðu þeir svona djúpt í augun á hv. þm. Steingrími Hermannssyni samtímis því sem þetta fyrirheit leið af vörum þeirra? Eða hvað merkir þetta? Allar upplýsingar, sem þessu frv. fylgja varðandi hreinlæti og umhverfisverndaráhuga Union Carbide eru frá Union Carbide sjálfu komnar. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson segir í grein, sem hann skrifaði í Tímann í fyrradag, að áður hafi Union Carbide verið alræmt fyrir sóðaskap, en nú hafi það bætt ráð sitt og ætli að gera það enn þá meira. Þetta er ítarleg grein um málmblendiverksmiðjuna og mjög löng. Samt finnur hv. þm. ekki rúm í henni til þess að greina frá heimildinni um þessa fyrirhuguðu hreinlætisaukningu Union Carbide. Það skyldi þó ekki vera, að einnig þetta hefði Union Carbide sagt honum.

Við höfum heyrt hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen lýsa yfir því, bæði hér á Alþ. og á kynningarfundum, að alls engin mengunarhætta stafaði frá fyrirhugaðri málmblendiverksmiðju. Á fundi, sem haldinn var að Leirá í Leirársveit sællar minningar fyrr á þessum vetri, lýsti hæstv. iðnrh. yfir þessu og Baldur Johnsen forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins lýsti einnig yfir því, að alls engin hætta væri af völdum mengunar frá þessari verksmiðju og heldur alls engin hætta á heilsutjóni hjá starfsmönnum verksmiðjunnar. Kvaðst hann sjálfur hafa farið vestur og gert vettvangsskoðun í málmblendiverksmiðju hjá Union Carbide og ekki orðið var neinnar mengunar. Hann sagðist með fullri virðingu fyrir ágætri alþýðumenntun og greind borgfiskra bænda ekki telja til neins að ræða við þá um háfræðileg atriði í þessu sambandi, en lét í staðinn þessu máli sínu til sönnunar ganga litmynd, sem hann hafði sjálfur tekið af fyrrnefndri málmblendiverksmiðju á Instamatic myndavél sína. Á bls. 18 í fskj. með frv. er þessari ítarlegu könnun af hálfu forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits lýst svo, að Baldur Johnsen forstöðumaður *Heilbrigðiseftirlits ríkisins fór „í stutta kynnisför til* Bandaríkjanna til þess að kynna sér þessi mál. Í viðtali við n. taldi Baldur ljóst, að Union Carbide gerði mjög miklar kröfur að því er varðaði öryggis- og mengunarvarnamál".

Nú veit ég ekki, hversu langan tíma ég hef til afnota enn, en mun þó freista þess að halda áfram þangað til forseti aðvarar mig. (**Forseti**: Ef hv. ræðumaður vildi hafa það í huga að hafa heppileg skil á ræðu sinni einhvern tíma á næstu 5 mínútum.) Já, ég skal gera það.

Ég kom á þennan nefndarfund í Leirárskólanum ásamt Jónasi Árnasyni alþm. Þangað komu tveir bændur úr Mývatnssveit, alla leið suður yfir fjöll í skammdeginu, gagngert til þess að segja borgfirskum bændum frá revnslu sinni af stóriðju við Mývatn. Ég hygg, að árangurinn af þeirri skýrslu bingeysku bændanna austan úr Mývatnssveit hafi þegar komið fram í samþykktum Búnaðarsambands Borgarfjarðar. Á þennan fund komu líka 6 stúdentar úr náttúrufræðideild Háskólans ásamt Einari Val Ingimundarsyni umhverfisverkfræðingi til þess að spyrja hæstv. iðnrh. og sérfræðinga hans nokkurra fræðilegra spurninga varðandi fyrirhugaða umhverfisvernd í sambandi við þetta verksmiðjumál. Nú held ég að það væri raunar ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen, geti ætlað sér mikinn tíma til þess í erli embættis síns að kynna sér sjálfur tæknileg atriði varðandi mengunarhættu og umhverfisáhrif af völdum þessarar verksmiðju, heldur hljóti hann að treysta þar sérfræðingum sínum. Og þeir hafa farið dálítið skrýtilega út úr því sumir valdamennirnir í hinum vestræna heimi síðustu missirin, sem orðið hafa að treysta á ráðgjöf sérfræðinga. En þeir sérfræðingar, sem hér um ræðir, eru ekki viðstaddir þessar umr. og eiga þess ekki kost að svara fyrir sig í þessu húsi. Ég verð því að láta nægja að láta í ljós álit mitt, að svör þeirra hafi ekki verið traustvekjandi.

Skömmu eftir þennan Leirárfund hélt svo hv. þm. Steingrímur Hermannsson fund um verksmiðjuna í Framsóknarhúsinu á Akranesi. Samkv. frásögn framsóknarblaðsins á Akranesi sagði hann þar, að „engar teljandi hættur væru þessu samfara fyrir næsta umhverfi. Þetta mál væri fullkannað af mörgum mönnum, m. a. erlendum sérfræðingum, sem óháðir væru Union Carbide. Hér væri því allur ótti ástæðulaus og illt verk að vekja þá hræðslu, sem sumir menn væru að

skapa". Þetta er orðrétt í frásögn framsóknarblaðsins á Akranesi af ræðu hv. þm. Það má líka ekki seinna vera að svara þessari stuttu aths. þm. Það þurfti ekki utanaðkomandi aðila til að gera vinnubrögðin í sambandi við umhverfismál þessarar fyrirhuguðu verksmiðju tortryggileg. Þau eru tortryggileg af eigin rammleik. Það varð ekki hjá því komist að vekja athygli á því, og það var gott verk að vekja athygli á því.

Þá hygg ég, að ég sé kominn að þeim mörkum í ræðu minni, sem hæstv. forseti taldi eðlilegt að ég hinkraði við. Ræðunni mun ég halda áfram næst þegar málið verður tekið á dagskrá og tala þá sennilega enn í tvo klukkutíma. — [Frh.]

Umr. frestað.

Neðri deild, 40. fundur.

Mánudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92, n. 254 og 264, 265). — Frh. 2. umr.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Ég tel, að eitt hið athyglisverðasta, sem komið hefur í ljós í þeim löngu og ítarlegu umr., sem orðið hafa um frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, sé það hversu mjög stuðningsmenn þessa máls hafa orðið tvísaga um tilgang þess og eðli. Þar skiptir svo gersamlega í tvö horn, að athygli hlýtur að vekja. Flm. frv. og helsti talsmaður, hæstv. menntmrh., skýrir svo frá í allmörgum ræðum, bæði í þessari d. og hv. Ed., að einhvern tíma eftir 1971, þegar hann ásamt öllum þáv. þingheimi greiddi atkv. gildandi útvarpslögum og ekki síst hinu nýja ákvæði um kjörtímabil útvarpsráðs, sem þar hafði sérstaklega verið vakin athygli á í framsöguræðum, — einhvern tíma eftir að þetta gerðist kveðst hæstv. ráðh. hafa orðið mjög hugsi út af því, hvaða afstöðu hann tók þarna, ásamt þingheimi öllum. Ekki er það nákvæmlega tímasett, hvenær vomur komu á hæstv. ráðh. um afleiðingar þessa verks, en heilabrotin urðu það ströng, að hann kveðst ekki hafa getað varið það fyrir samvisku sinni að láta við svo búið standa, að kjörtímabil útvarpsráðs væri ákveðið klippt og skorið 4 ár, og því kveðst hæstv. ráðh. hafa beitt sér fyrir flutningi þessa máls til þess að færa kjörtímabil útvarpsráðs í fyrra horf, hafa það óákveðið, svo að það falli saman við setu Alþ., sem, eins og hæstv. þm. ætti að vera best kunnugt, getur verið mjög mismunandi.

Nú er því ekki að leyna, að einstöku hv. þm. hafa gerst til þess að draga í efa, að hæstv. ráðh. segði þarna allan sannleikann. Eitthvað fleira virtist þeim að hlyti að búa undir þessum málatilbúnaði en fræðilegar vangaveltur hans um hvort heppilegra sé fastákveðið kjörtímabil útvarpsráðs eða óvíst. En hæstv. ráðh. hefur vísað öllum slíkum bollaleggingum á bug og kvað svo að orði við umr. í hv. Ed., með leyfi hæstv. forseta, að ef menn væru að halda slíku fram, þá væru þeir að „búa sér sjálfir til þann sannleika sem þeir vildu hafa".

Málflutningur framsögumanna, stuðningsmanna þessa frv., í báðum d. hefur verið mjög á sömu lund og hæstv. ráðh., frekar stutt mál í báðum tilvikum og aðeins vikið að hvílík þörf sé á að fella saman kjörtímabil útvarpsráðs og Alþ. Nú hefur verið sýnt fram á það með — að ég hygg — ærnum rökum að þessi breyt. ein torveldar mjög framkvæmd þeirrar stefnu, sem mörkuð var með útvarpslögunum 1971 um sjálfstæði þeirrar ríkisstofnunar, og hefur ekki verið borið á móti því, að miklu torveldara er fyrir útvarpsráð, sem á allt í óvissu um starfstíma sinn, að marka stefnu og starfa heldur en það ráð sem á vísa 4 ára setu.

En þegar þetta mál kom til 1. umr. hér í hv. d., kvað nokkuð við annan tón en hjá hæstv. ráðh. í máli nokkurra stuðningsmanna breytingarinnar á útvarpslögum. Einna skorinorðastur mun hafa verið hv. 9. landsk. þm., sem sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Við skulum tala alveg tæpitungulaust um það" — þ. e. a. s. um það, hvers vegna verið er að gera þessa breyt. á starfstíma útvarpsráðs — „vegna þess að það er gert að gefnu tilefni. Núv. meiri hl. útvarpsráðs hefur brugðist trausti almennings." Mjög á sömu lund féllu orð fleiri hv. þm. T. d. skýrði hv. 6. landsk. þm. frá því, að það væri nauðsynlegt, að hreinlega að víkja eða reka núv. meiri hl. útvarpsráðs frá starfi vegna þess m. a., að hann hefði unnið gegn borgaralegu siðgæði og framið önnur óþurftarverk, sem hv. þm. tíundaði. Enn fremur kvað hv. 11. þm. Reykv. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Það hefur engum manni dottið í hug að breyta skipan útvarpsráðs frekar en öðrum stjórnum opinberra stofnana fyrr en lög segja til um, nema af því að útvarpsráð sjálft hefur kallað á þessa breytingu." Þarna skiptir svo gjörsamlega í tvö horn um rökin sem annars vegar hæstv. ráðh. færir þessu máli til stuðnings og hins vegar þær skýringar sem áköfustu stuðningsmenn hans í málinu gefa á sinni afstöðu. Og sé þessi málflutningur skoðaður, þá kemst ég að þeirri niðurstöðu, að hv. þm., sem ég vitnaði til, hafi í rauninni meira til síns máls en hæstv. ráðh. um það, hvað knýr á eftir að bera þetta mál fram og reyna eftir föngum að hraða því í gegnum þingið.

Frv. er efnislega aðeins ein grein og bráðabirgðaákvæði. Fyrri gr. fjallar um það, eins og allir hv. dm. vita, að útvarpsráðsmenn skuli ásamt varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþ. eftir hverjar alþingiskosningar. Með þessari gr. er algjörlega fullnægt þeirri niðurstöðu, sem hæstv. menntmrh. segist hafa komist að eftir heilabrot sín og umþenkingar og þar af leiðandi sinnaskipti frá því að hann tók afstöðu til sama máls 1971. En í frv. er ekki látið við það sitja að fullnægja þessum tilgangi. Frv. hefur einnig inni að halda ákvæði til bráðabirgða, þar sem það er tekið fram, að útvarpsráð skal kjörið þegar er lög þessi hafa tekið gildi, og fellur samtímis niður umboð núv. útvarpsráðs. Hefði tilgangurinn aðeins verið sá, sem hæstv. ráðh. lýsir, var þetta ákvæði gjörsamlega óþarft. En það er ómissandi ef fullnægja á þeim tilgangi, sem

stuðningsmenn hæstv. ráðh. gerðu svo rækilega grein fyrir hér í d. við 1. umr. málsins, þeim tilgangi að svipta núv. útvarpsráð umboði sínu tæpu ári áður en kjörtímabil þess rennur út. Og svo mikið kapp er lagt á að fullnægja þessum tilgangi, að ekki er í það horft þó að brotið sé í bága við skýrt markaða stefnu í útvarpslögunum og þó að tvímælalaust sé hverju því útvarpsráði, sem starfa skal samkv. ákvæðunum svo breyttum, gert mun erfaðara fyrir að gegna störfum sínum en væri ef fast kjörtímabil gilti áfram. Ég tel sem sagt engum vafa undirorpið, eftir það sem fram hefur komið við umr. og eins og málið er úr garði gert af hálfu hæstv. ráðh., að hér sé fyrst og fremst verið að fullnægja þeim vilja að víkja úr starfi nokkru fyrr en ella mundi þeim meiri hl. sem mótað hefur starf og stefnu útvarpsráðs á yfirstandandi kjörtímabili.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að hér á hinu háa Alþ. hafa tveir menn með langa setu í útvarpsráði og mikla reynslu af starfi útvarpsins látið til sín heyra um þetta mál, sinn í hvorri deild. Í hv. Ed. tók hv. 3. þm. Vestf. til máls þegar við 1. umr. og færði að því rök, að stefnan frá 1971 um aukið sjálfstæði Ríkisútvarpsins og fast kjörtímabil útvarpsráðs í því skyni að tryggja þetta sjálfstæði sem best, hún væri ef ekki fortakslaust rétt, þá það lítt reynd að óráðlegt væri að hverfa frá henni að svo komnu máli. Varaði hann eindregið við afleiðingunum, væri þetta gert, og benti m. a. á, að sömu rök mætti færa fyrir því að skipta ætti um útvarpsráð hvenær sem stjórnarskipti yrðu í landinu. Einnig benti hv. 3. þm. Vestf. rækilega á það, að óbreytt er sú skylda útvarpsráðs að sjá um að gætt sé fyllstu óhlutdrægni í útvarpi og sjónvarpi, og taldi það veikja aðstöðu ráðsins til að gegna þessari skyldu að vera að skerða hið fasta kjörtímabil sem lögfest var fyrir fáum árum. Nákvæmlega á sömu lund hnigu orð hv. 2. landsk. þm. við 1. umr. í þessari hv. d. Hann færði að því í ítarlegu máli sterk rök, að sú breyt., sem lagt er til að gera á útvarpslögum með frv. á þskj. 92, væri ekki líkleg til þess að hafa heillavænleg áhrif á starf Ríkisútvarpsins í heild og útvarpsráðs sér í lagi, — það liggur alveg ljóst fyrir að mínum dómi og þessara hv. þm., og þar vil ég einnig nefna til mann úr öðrum stjórnarflokknum, flokki hæstv. menntmrh., hv. 1. þm. Norðurl. e., sem við þessa umr. lýsti skoðun sinni á málinu og kvaðst ekki geta stutt fram komið frv., einmitt vegna þess að þar sé verið að brjóta í bága við þá stefnu, sem mörkuð var af einróma Alþ. 1971.

Frsm. menntmn. í þessari hv. d., hv. 4. þm. Norðurl. v., komst svo að orði í ræðu sinni, að hann teldi okkur í minni hl. n. ekki sæmandi að viðhafa það orð í okkar nál., að flutningur þessa máls„ eins og það er til komið, væri ofríkisverk. Ég get ekki viðurkennt, að það sé á nokkurn hátt ofmælt að kalla það ofríkisverk, þegar í því skyni að bægja frá störfum í nokkra mánuði mönnum, sem til þeirra eru kjörnir, er haggað starfsgrundvelli jafnþýðingarmikillar stofnunar í þjóðfélaginu og Ríkisútvarpið er. Ég tel þvert á móti, að það beri vott um ofríki að ætla sér að standa að breyt. á mannavali í útvarpsráði á þennan hátt. Einnig komst hv. 4. þm. Norðurl. v. svo að orði um breytt., sem við í minni hl. menntmn. flytjum, að hann teldi hana fáránlega, því að þar væri um það að ræða að þrengja svo kjörgengi í útvarpsráð, að þar með væru að hans áliti útilokuð hundruð manna og þ. á m. ýmsir þeir sem hann kvaðst telja einna hæfasta til að gegna störfum útvarpsráðsmanna. Nú er það í sjálfu sér rétt, að í þeim hópi, sem brtt. fjallar um að ekki séu kjörgengir í útvarpsráð, þ. e. a. s. fastir starfsmenn Ríkisútvarpsins, þeir sem vegna starfa við aðra fjölmiðla fullnægja inntökuskilyrðum Blaðamannafélags Íslands og þeir sem hafa atvinnu af kynningarstarfsemi og útbreiðslustarfsemi fyrir ýmiss konar aðila, þeir eru tvímælalaust margir vel hæfir til að gegna störfum í útvarpsráði. Með þessum tillöguflutningi um að þrengja kjörgengi í útvarpsráð er síður en svo tilgangurinn að draga í efa hæfni nokkurs ákveðins hóps eða kasta rýrð á ákveðna menn. Till. byggist á því sjónarmiði, að ekki sé rétt að í þessari stofnun, útvarpsráði, sitji menn sem vegna annarra starfa geta lent í hagsmunaárekstrum ef þeir eiga að gegna þeim skyldum sem útvarpsráðsmönnum eru lagðar á herðar.

Ég held að enginn hv. alþm. geti gengið þess dulinn, að hér fyrr á árum, þegar hyllst var til þess af hálfu margra flokka að velja t. a. m. ritstjóra flokksblaðanna til setu í útvarpsráði, þá vakti það verulega gagnrýni meðal almennings. Og ég held að við umhugsun hljóti menn að sjá, að útvarpsráð með sinn sérstaka starfsgrundvöll, þ. e. a. s. mótun dagskrárstefnu og endanlegt ákvörðunarvald um dagskrárefni, er ekki réttur vettvangur fyrir fasta útvarpsstarfsmenn til að starfa, því að þar með væru þeir að stjórna eigin störfum í öðru umboði en því sem þeir fá með ráðningu sinni til útvarpsstarfa, og ráðning sú er eftir núgildandi lögum í höndum útvarpsstjóra. Allt annað mál er hitt, að mjög kemur til greina að við Ríkisútvarpið starfi starfsmannaráð, eins og við margar aðrar stofnanir, ríkisstofnanir og einkafyrirtæki. En útvarpsráð hefur mjög afmörkuðu verkefni að gegna samkv. lögum, og það verkefni er þannig vaxið, að ég fæ ekki séð að starfsmenn útvarpsins gætu þar leyst störfin af hendi án þess að eiga á hættu að lenda einhvern tíma í þeim hagsmunaárekstrum sem ég gat um. Þar að auki eru í brtt. nefndir starfsmenn erlendra aðila, og býst ég við að hv. alþm. geti a. m. k. verið sammála um það, að þeir íslendingar, sem kunna að ráðast til starfa við upplýsingastarfsemi eða áróðursstarfsemi fyrir erlend ríki eða ríkjabandalög, eigi ekki erindi í það ráð, sem stjórna skal dagskrárgerð og dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins íslenska.

Það fer ekki milli mála, að átt hefur sér stað á liðnum árum, að upp hafa komið atvik sem ég a. m. k. tel að beri vott um að óttinn við hagsmunaárekstra sé ekki ástæðulaus. Ég skal aðeins nefna það, sem máske er farið að dofna yfir í hugum ýmissa, þegar stjórnandi vinsæls tónlistarþáttar var látinn víkja frá stjórn hans — og líklega mun hann hafa verið fyrsti stjórnandi hans, raunar stofnandi þess þáttar — var látinn víkja frá þáttarstjórninni og átti þangað ekki afturkvæmt, vegna þess að honum hafði

orðið það á að lesa í einum þættinum aðsent bréf þar sem gagnrýnd var framkoma afgreiðslu eins dagblaðsins við vistmenn í tiltekinni stofnun. Ég nefni þetta gamla og hálfkátlega dæmi aðeins til þess að benda á hvað getur gerst ef í slíkt starf sem hér er um að ræða eru settir menn, sem geta í vissum tilvikum lent í þeirri klípu, sem svo er orðuð í fornri bók, að enginn kunni tveim herrum að þjóna.

Ég tel mig hafa sýnt fram á, að það er síður en svo af löngun til þess að iðka fáránleika eða sýna hótfyndni að sú till. er flutt, sem ég stend að um að þrengja kjörgengi í útvarpsráð eins og þar er lagt til, og ég tel mig einnig hafa sýnt fram á það, að skipulagsbreyting á kjörtímabili útvarpsráðs og ákvæði um að skipta tafarlaust um menn í ráðinu eru alveg sitt hvað, svo að þær yfirlýsingar hæstv. menntmrh., að þetta frv. sé aðeins ávöxtur af hugleiðingum hans um, hversu kjörtímabili útvarpsráðs skuli skipað, fá alls ekki staðist.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 3. landsk., Magnúsar T. Ólafssonar, fyrrum menntmrh., vil ég lýsa undrun minni yfir því að hann, jafnsiðprúður og ágætur maður sem hann er, skuli ekki hafa neitt t. d. við dagskrá stúdenta í Ríkisútvarpinu 1. des. að athuga, eða þegar ráðist var að útvegsmönnum á mjög ósæmilegan hátt í barnatíma útvarpsins á sínum tíma, svo að dæmi séu nefnd. Var það ekki skylda útvarpsráðs að láta þessi mál til sín taka og gera viðeigandi ráðstafanir til að fyrirbyggja, að slíkur málflutningur og árásir væru gerðar á hópa manna, sem urðu fyrir barðinu á því ófgafólki sem hér var á ferðinni. Ég álít að sú stjórn, sem lætur ekki slíkt til sín taka með viðeigandi hætti, hafi brugðist skyldu sinni í þágu meiri hl. þjóðarinnar. Það er svo aftur annað mál, hvernig menn vilja túlka það og hvernig menn vilja líta á það, eftir því á hvern er ráðist.

Ég vil einnig víkja örlítið að öðru atriði í ræðu hv. 3. landsk., þar sem ég tók ekki eftir því fyrr en áðan, þegar hann flutti sína ræðu, að hann er því miður aðili að minnihlutaáliti menntmn. Ég get tekið það strax fram, að það þarf engin lög á Alþ. til að segja mér sem fyrrverandi starfsmanni hjá stórfyrirtæki í kynningu fyrirtækja í ákveðinni atvinnugrein, að mér dytti ekki í hug að taka sæti í útvarpsráði með slíkum störfum sem ég innti af hendi þar. Enn þá er þó til það siðferði væntanlega hjá þjóðinni, að það þurfi ekki að setja lög til að banna mönnum að gera hvað sem er.

Mér finnst hörmulegt og sorglegt, að það skuli eiga að útiloka að t. d. fastir starfsmenn Ríkisútvarpsins komi til greina að vera kjörgengir í útvarpsráði. Þetta finnst mér bera vott um — ég veit ekki hvaða orð ég á að hafa yfir það — eiginlega brot á almennum mannréttindum gagnvart þessu starfsfólki, fyrir utan það að eitt meginatriði í stefnu frjálsrar verkalýðshreyfingar er að berjast fyrir því að starfsmenn fái aðild að stjórnum og ráðum stórfyrirtækja, ekki hvað síst stórra opinberra fyrirtækja. Ég minnist þess, að hv. fyrrv. iðnrh. mun hafa skýrt frá því á sínum tíma og verið stoltur af að nú væru komnir starfsmenn í stjórn eða í ráðgefendastarf hjá Sementsverksmiðju ríkisins eða Áburðarverksmiðjunni. Hann leiðréttir mig ef þetta er rangminni hjá mér. Ég taldi þetta mikið og gott spor í rétta átt. Þess vegna kemur mér mjög á óvart að þarna skuli eiga að taka upp þann hátt að útiloka starfsmenn Ríkisútvarpsins. Og ég vona, að a. m. k. hluti þm. Alþb. hér á þingi sé ekki sammála áliti minni hl. um þetta.

Ég vildi spyrja hv. 3. landsk. að því, þegar hann talaði um að umræddir aðilar, sem tilteknir eru í áliti minni hl. menntmn., gætu lent í hagsmunaárekstrum með setu sinni í útvarpsráði, — ég vil spyrja hv. 3. landsk.: Gætu ekki einnig aðrir opinberir starfsmenn lent í hagsmunaárekstrum með setu sinni í útvarpsráði, eða yfirleitt hver sem er, eftir því hvernig maður vill skilgreina stöðu og áhrif manna í þjóðfélaginu? Hvað segðu menn t. d. um það, ef form. Vinnuveitendasambandsins tæki sæti í útvarpsráði eða forseti ASÍ, svo að nokkuð sé nefnt? Það má örugglega teygja þetta á alla vegu og finna þá út reglu, sem útilokar miklu stærri hóp manna en minnihlutatill. gerir ráð fyrir.

Fyrr í þessari umr. hef ég lýst stuðningi við þá lagabreytingu um kjör útvarpsráðs sem hér er til umr. Um er að ræða að kosið skuli útvarpsráð eftir hverjar alþingiskosningar, svo sem tíðkast hafði í áratugi eða þar til sú breyt. var gerð á útvarpslögunum í ársbyrjun 1971, að útvarpsráð skyldi kosið til fjögurra ára í senn, óháð því hvort alþingiskosningar hefðu farið fram eða eigi. Tilgangur Alþ. með þessari breytingu mun hafa verið sá að gera útvarpsráð óháðara stjórnmálaflokkunum, sjálfstætt, eins og það hefur verið orðað. Samt sem áður skyldi það kosið af Alþ. í réttu hlutfalli við styrkleika stjórnmálaflokkanna á þingi. Virðist það ekki bera vott um einlægan vilja til að gera útvarpsráð sem óháðast stjórnmálaflokkunum, því að þá hefði örugglega annar háttur verið á hafður um kjör og val manna í útvarpsráð en raun ber vitni um, en ég vík að því síðar. Þó má segja, að af hálfu Alþ. hafi þetta verið virðingarverð viðleitni, en því miður verður það að segjast eins og er í ljósi fenginnar reynslu, að þessi tilraun í þá átt að gera ríkisfjölmiðlana sem óháðasta pólitískum áhrifum hefur gersamlega mistekist, og það sem verra er, að í ljós hefur komið að ákveðinn hópur manna hefur leitast við að hagnýta sér þessa fjölmiðla undir hinu nýja fyrirkomulagi sjálfum sér og sínum öfgafullu skoðunum til framdráttar á skipulegan, en oft á tíðum mjög lævísan hátt. Er það mat sumra, að jaðrað hafi við misnotkun í þessum efnum.

Viðbrögð hv. 5. landsk., Kjartans Ólafssonar ritstjóra Þjóðviljans, og framkoma Þjóðviljamanna í þessu máli virðast renna sterkum stoðum undir þetta álit. Allt frá því frá því að nýkjörnir þm., þ. á m. ég, leyfðum okkur að láta í ljós þá skoðun skömmu eftir alþingiskosningarnar s. l. sumar, að breyta bæri ákvæðum l. varðandi kosningu útvarpsráðs hefur persónulegum árásum á okkur ekki linnt á síðum Þjóðviljans og nú síðast í umr. hér á Alþ. Sýnir það nokkuð virðingu þessara manna fyrir tjáningarfrelsi og

skoðunum annarra yfirleitt. Þegar rök þrýtur eru menn svivirtir og gefið í skyn, ef ekki beinlínis sagt, að þeir séu fasistar eða nasistar og aðhyllist vinnubrögð þeirra. Það dugir sem sagt ekki minna en líkja mönnum við verstu böðla mannkynsins. Það er ljótt til þess að vita, að ég og mínir líkar skulum hafa verið í forustu íslenskrar verkalýðshreyfingar í fjölda ára og á stundum setið til borðs með verkalýðsleiðtogum úr röðum Alþb-manna. Það mun ekki vera að skapi jafneinlægra lýðræðissinna og hv. 5. landsk., Kjartans Ólafssonar, sem vill hafa hreint borð að austrænum sið. Þar eru nefnilega aðeins hreinræktaðir kommúnistar í forustu verkalýðsfélaganna, og þar fá aðeins meðlimir kommúnistaflokkanna að skrifa í dagblöð og tímarit eða tjá sig yfirleitt í útvarpi og sjónvarpi. Í þessum ríkjum, t. d. í Sovétríkjunum, munu innan við 5% þjóðarinnar vera í Kommúnistaflokknum. Það mun víst vera þess konar lýðræði, sem hv. 5. landsk., Kjartan Ólafsson, vill innleiða á Íslandi. Leiðarar blaðs hans, Þjóðviljans, bera þess oftlega vott, hvert stefna skuli.

En hvers vegna eru Alþb.-menn, menntamennirnir, sem nýverið hafa tekið öll völdin í flokknum, svona hatrammir og ofsafengnir í þessu máli? Hvað er eiginlega hér á ferðinni? Það er eins og það eigi að fara að afnema útvarpsráð og útiloka skoðanir manna, en svo illt er það nú aldeilis ekki. Eina breytingin, sem gera á, er sú, að það á aðeins að kjósa eftir hverjar alþingiskosningar í útvarpsráð, nákvæmlega á sama hátt og áður hafði verið gert í áratugi. Það á ekki að kjósa pólitíska varðhunda, alla vega ekki af hálfu lýðræðisflokkanna. Hvað öfgaarmur Alþb. hyggst gera, þ. e. a. s. sá hluti þess flokks sem aðhyllist sérkennilegar hugmyndir hv. 5. landsk., veit ég ekki um, en einkennilegt er hve oft honum verður tíðrætt um varðhunda og það á svæði Reykjavíkur, þar sem hundahald er ekki leyft. Hins vegar er því ekki að leyna að þeir, sem tíðum sækja heim Austur-Evrópuríkin, alþýðulýðveldin, komast ekki hjá því, þegar þeir fara yfir landamæri austurs og vesturs að sjá mikinn fjölda stórra og grimmra varðhunda á landamærunum, en að vísu eru þeir allir austanmegin, í alþýðulýðveldunum. Þetta er einkennileg tilviljun, þegar haft er í huga hve mikið dálæti menntamenn Alþb. og hv. 5. landsk. hafa á umræddum ríkjum og því þjóðskipulagi sem þar er.

Í umr. um þetta mál hef ég m. a. látið í ljós þá skoðun, að segja mætti að af hálfu ákveðinna aðila, sem hafa ráðið miklu um val efnis íslensku ríkisfjölmiðlanna undanfarin ár, hafi gætt ákveðinnar misnotkunar og þar hafi verið reynt að þrengja upp á íslendinga lífsskoðunum, sem væru meiri hluta þjóðarinnar ógeðfelldar. Í sjónvarpsviðtali s. l. haust leyfði ég mér að vekja athygli á, að það hefði færst mikið í aukana á árunum 1971—73, að íslenskum sjónvarpsnotendum væru sýndar austur-evrópskar kvikmyndir, er flyttu sósíalrealistíska boðskap. Leyfði ég mér að halda því fram, að slíkar áróðursmyndir ættu lítið erindi til íslendinga almennt. Hið mikla magn þessara kvikmynda í dagskrá ríkisfjölmiðlanna væri fjarri því að vera í réttu hlutfalli við óskir meginþorra notenda þessara fjölmiðla. Blað hv. 5. landsk. brást einkennilega illa við þessum ummælum. Helstu „skríbentar“ blaðsins voru gerðir út af örkinni, reynt var að drepa málin á dreif með málalengingum, útúrsnúningi o. s. frv. og reynt að sannfæra lesendur að hugtakið sósíalrealismi hefði enga umtalsverða merkingu og þá alls ekki varðandi hugmyndafræði eða listina í kommúnistaríkjunum í Austur-Evrópu, þar sem umræddar kvikmyndir og fræðslumyndir voru framleiddar. Hér var verið að reyna að draga dul yfir það, að öll slík framleiðsla í umræddum ríkjum hefur ákveðinn boðskap að flytja, boðskapinn um hið kommúníska þjóðskipulag, sem Alþb.-menn flestir segja að sé best og vilja koma á hérlendis. Ég geri varla ráð fyrir að hv. 5. landsk. afneiti því. Það vill svo til, að sumir okkar hafa oftsinnis ferðast um og dvalið í alþýðulýðveldunum í Austur-Evrópu, þar sem umræddar kvikmyndir eru framleiddar. Við vitum vel, enda ekki farið dult með það þar austur frá, að listin í þessum ríkjum á að þjóna því þjóðskipulagi sem þar ríkir. Sú list, sósíalrealismi, ef hægt er að tala um list í sumum tilvikum, á að glæða með fólki í alþýðulýðveldunum aukna trú á hugsjónum og framkvæmd hins vísindalega sósíalisma, kommúnisma í anda Marx og Lenins. Þetta hefur útvarpið gert með ýmsum hætti. Skal ekki farið nánar út í það hér, en aðeins vakin athygli á því, að í þessum ríkjum er varla framleidd svo ómerkileg mynd, hvort sem það er fyrir sjónvarp eða sýningar annars staðar, að ekki sé einhvers staðar eða á einhvern hátt annaðhvort vegið að borgaralegu þjóðfélagi og lífsvenjum þess eða gert lítið úr hvoru tveggja, á sama tíma sem allt sem lifir og hrærist í anda sósíalismans er hafið til skýjanna. Gengur þetta jafnvel svo langt að það er látið koma beint og óbeint fram í verkum eldri tíma höfunda, þegar verk þeirra eru endursamin í kvikmyndahandritum.

Hvers vegna er verið að þreyta þingheim með umr. um kommúnisma, alþýðulýðveldi, sósíalrealisma o. s. frv.? Á Íslandi gerist slíks varla þörf. Blessað Alþb. er eiginlega sósíaldemókratískt. Kommúnisminn er dauður á Íslandi, eða allavega þykir mörgum í þeim flokki best að tala sem minnst um hann. En svo er því miður ekki. Hv. 5. landsk., Kjartan Ólafsson, hefur minnt óþyrmilega á það, að innan vébanda Alþb. eru harðlínumenn sem svífast einskis. Það kann að vera að hv. eldri þm. taki þennan hv. þm. ekki alvarlega og e. t. v. sé það rétt. En við skulum minnast þess, að hv. 5. landsk. er ekki einn um þá hörku, sem sýnd er af hálfu Alþb.-manna út af þessu máli sem hér er til umr. Hann og hans líkar hafa tekið völdin í Alþb. og á Þjóðviljanum, málgagni flokksins. Hinir hægfara og prúðari menn þessa flokks, sem fyrst og fremst hafa viljað starfa fyrir alþýðu manna eins og sönnum íslendingum sæmir, hafa orðið að þoka fyrir hinni nýju stétt.

Til þess að undirstrika enn frekar, að það er ástæðulaust að vera að hafa hina austrænu list í sérstökum hávegum á Íslandi, þar sem meginþorri þjóðarinnar er borgaralega sinnaður, þótt hins vegar sé vitað að ákveðinn hópur ætli að læða sósíalrealistískum áhrifum inn á hana gegn-

um sjónvarp og útvarp með sérstöku tilliti til áhrifanna á börn og unglinga og ómótað fólk, skal vitnað í skáldið góða Stein Steinarr, sem kynntist þessum málum af eigin raun, en Steinn ferðaðist til Sovétríkjanna sumarið 1956. Eftir heimkomuna átti Alþýðublaðið viðtal við skáldið um listina austur þar. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp úr viðtalinu: Blaðamaðurinn spyr skáldið: „Hvað finnst þér um skáldskap og listir í Rússlandi?“ Steinn Steinarr, skáldið íslenska, svarar: „Það, sem við köllum skáldskap og listir, á mjög örðugt uppdráttar í Sovétríkjunum. Flokkurinn ákveður hvernig mála skuli mynd, skrifa skáldsögu og yrkja kvæði. Þetta kalla þeir sósíalrealisma og þykjast góðir. Sömu lögmálum lýtur byggingarlistin. Það er erfitt að hugsa sér auðvirðilegri hégómaskap og andlausara tildur en sumar nýbyggingar í Moskvu, t. d. háskólann, Metro o. fl. slíkt. Fyrst í stað heldur maður kannske að verið sé að skopast að Viktoríutímabilinu eða jafnvel Thorvaldsen gamla, en svo kemur upp úr kafinu að þetta er rammasta alvara. Listsmekkur sósíalismans, gerið þið svo vel. Það er víst þetta, sem við köllum hlægilegt og aumkunarvert í senn.“

Það var þetta, sem ég átti við í fyrri ræðu minni, þegar ég sagði m. a. að þjóðin hefði verið óvarin fyrir ýmiss konar sósíalísku efni, sem meiri hluti útvarpsráðs tróð og lét troða inn á íslensku þjóðina í krafti meiri hlutans. Vona ég, að hv. 5. landsk. skilji nú við hvað var átt.

Vegna rangfærslna og útúrsnúnings hv. 5. landsk. út af fyrri ummælum mínum vil ég endurtaka þau nú að hluta, með leyfi hæstv. forseta, þar sem ég ræði um hlutleysi núv. útvarpsráðs í umr. hér á Alþ. fyrir jól. Ég tel rétt að endurtaka það, svo að hið sanna komi fram í málinu en ekki sú blekking og útúrsnúningur, sem hv. 5. landsk. lét út úr sér hér í umr. fyrir nokkrum dögum. Í umr. 18. des. sagði ég m. a.:

„Nei, því miður kom í ljós, að tilraunin með hið óháða og sjálfstæða útvarpsráð, sem farið var á stað með 1971, hefur gersamlega mistekist. Núv. útvarpsráð hefur verið hlutdrægt, mjög hlutdrægt, því miður. Meiri hl. var ákveðinn í upphafi síns ferils að boða landsmönnum ákveðna stefnu í menningar- og þjóðfélagsmálum, og það hefur ekki farið fram hjá þeim sem hafa hlustað á útvarpið og horft á sjónvarpið að staðaldri. Sú stefna byggist ekki á trú íslendinga á því þjóðskipulagi eða þeirri menningu, sem íslenskt þjóðfélag hefur byggst á. Leitað var í ríkum mæli í aðrar áttir eftir efni, sem hafði ákveðinn boðskap að flytja, boðskap sósíalismans. En það er boðskapur, sem er íslensku þjóðinni mjög ógeðfelldur, og gagnvart honum var þjóðin óvarin.

Þetta er sannleikurinn, — og þetta er sannleikurinn sem ekki má segja samkv. kennisetningum hv. 5. landsk. þm., án þess að á menn sé ráðist og sagt að hér sé um Morgunblaðsofstæki að ræða. En í síðustu alþingiskosningum tók þjóðin sjálf af skarið. Hún hristi af sér þetta ok með eindregnum kosninganiðurstöðum, og Alþb.-menn verða að þola það að þjóðin óskaði ekki eftir þeim boðskap sem þeir hafa verið að reyna að flytja okkur í gegnum sjónvarp og útvarp undanfarin ár.“

Varðandi ummæli mín um, að meiri hl. núv. útvarpsráðs hafi stuðlað að ofstæki, vil ég segja þetta:

Útvarpsráð sem lætur undir höfuð leggjast að gera athugasemdir við og koma í veg fyrir að ráðist sé að ákveðnum einstaklingum, stéttum eða því þjóðskipulagi, sem meiri hl. þjóðarinnar vill búa við, hefur brugðist skyldu sinni gagnvart meiri hl. þjóðarinnar. Slíkt útvarpsráð þjónar þá einhverjum öðrum sjónarmiðum og vill greinilega ekki breyta í samræmi við grundvallarsiðgæðisreglur íslensku þjóðarinnar. Í þessu sambandi má ekki blanda saman þeirri meginstefnu að ríkja skuli tjáningarfrelsi til handa meiri og minni hl. Varðandi það tók ég skýrt fram, að það eigi ekki að nota útvarpsráð þannig, að þeir menn, sem skipa útvarpsráð, séu eins og pólitískir varðhundar flokkanna og að minni hl. hafi ekki fullan rétt á við meiri hl. í því að tjá sig í útvarpi eða sjónvarpi. En það hlýtur að vera með tjáningarfrelsið eins og allt annað í samskiptum manna, að notkun þess má ekki valda öðrum þjáningu eða skaða. Sá eða þeir, sem ekki þekkja takmörk sín í samskiptum við menn og málefni, sem skortir lágmarkshátttvísi eða þekkja ekki muninn á sannleika eða lygi, geta ekki haft ótakmarkaðan aðgang að sameiginlegum fjölmiðlum þjóðarinnar. Ég vona að allir hv. þm. geti verið sammála um það.

Hv. 5. landsk., sem virðist vera aðaltalsmaður Alþb. í þessu máli, verður að sætta sig við þessar lágmarkskröfur. Hvort hann og félagar hans fá útrás í ákveðnu dagblaði, tímaritum eða með öðrum hætti með árásum sínum á íslenskt þjóðfélag, einstakar stéttir eða einstaklinga, er annað mál. Það er viðkomandi frjálst. En ríkisfjölmiðlana er ekki hægt að nota til þessarar iðju.

Ég vík þá nokkuð að meginefni málsins í frv., þ. e. a. s. kosningu í útvarpsráð. Í sjálfu sér er það ekkert stórmál. Eðli málsins samkv. breytist lítið við það nú á þessu herrans ári hvort kosið er í ráðið nú eða í haust hvað starfstíma núv. útvarpsráðs áhrærir, enda voru engar ofsóknir á hendur útvarpsráðsmönnum sem slíkum hér á ferðinni. Hins vegar er hér um að ræða „prinsip“-skoðanaágreining um það, hvort kosið skuli til 4 ára óháð alþingiskosningum eða ekki. Eins og þessum málum er háttað hérlendis tel ég eðlilegt, að kosið sé eftir hverjar alþingiskosningar, og ég leyfi mér að halda því fram, og tel mig hafa frelsi til að halda þessari skoðun fram, án þess að ráðist sé á mig með því ofstæki sem gert hefur verið.

Því fer víðs fjarri, að það sé aðeins á Íslandi sem ríkisfjölmiðlar og stjórnir þeirra séu til umr. Á síðustu mánuðum hafa verið mikil umbrot í þessum málum í Vestur-Evrópu. Þar eru menn ekki vændir um einræði eða þess háttar, þótt þeir leyfi sér að óska eftir skipulagsbreytingum á ríkisfjölmiðlunum. Sannleikurinn er sá, að þessir fjölmiðlar, útvarp og sjónvarp, eru svo öflug áróðurstæki, að almenningur og almannavaldið, þing og ríkisstj., þurfa stöðugt að hafa vakandi auga með ríkisfjölmiðlunum. Sé það ekki gert getur annað tveggja átt sér stað, að óvandaðir aðilar misnoti þessa fjölmiðla eða að þeir staðni og fullnægi þar með ekki þeirri

kröfu eða þeim kröfum, sem til þeirra eru gerðar.

Í Frakklandi var t. d. sú skipulagsbreyting nýverið gerð á ríkisfjölmiðlum, að í stað hins gamla, miðstjórnarfyrirkomulags, þar sem öllu er stjórnað af einu ráði og fáum mönnum, þar var ríkisfjölmiðlunum skipt í 7 ný útvarps- og sjónvarpsfyrirtæki. Skiptast þau í 3 sjónvarpsfyrirtæki, þ. e. a. s. 3 sjálfstæðar útsendingarrásir, 1 útvarpsfyrirtæki og 3 fyrirtæki sem annast framleiðslu og tækniþjónustu. Hvernig litist mönnum á það, að við innleiddum það frelsi t. d. hér á Íslandi, að leyfð væri sjálfstæð sjónvarpsstöð í eigu einstaklinga, almenningshlutafélag? Skyldi það vera að skapi hv. Alþb.-manna að veita þjóðinni eða mönnum það frelsi? Ég varpa því fram. Þá er það nýjung í sambandi við franska fyrirkomulagið eða þá breytingu, sem gerð var þar, að fulltrúar stjórnvalda skipa aðeins ⅓ hluta stjórnenda viðkomandi fyrirtækja. Afgangurinn, þ. e. a. s. ⅔ hlutar, kom úr röðum vinnuveitenda og launþega. Það er víst ekki lýðræði sem fellur í kramið hjá ákveðnum mönnum í þessum sal.

Þá hafa nýverið verið gerðar miklar breytingar á skipulagi og rekstri fjölmiðla á Ítalíu, Austurríki og víðar og allt í frjálslyndisátt, allt frá því að þessir fjölmiðlar séu algjörlega undir stjórn og valdi kjörinna manna stjórnmálaflokka á þingum viðkomandi ríkja. Þetta er lýðræði. Hitt fyrirkomulagið er ekki jafnfrjálst og óþvingað, sem hv. 5. landsk. og hans líkar vilja viðhalda. Væri ekki nær, að hv. þm. Alþb. ræddu um, að íslensku ríkisfjölmiðlarnir fengju meira frelsi en í annarri útfærslu, og væri ekki nær að þessir hv. þm. væru jákvæðari í því hvað gera skal í þessu efni, t. d. í þá átt að gera stjórn útvarps og sjónvarps enn lýðræðislegri og frjálslyndari, eins og t. d. tíðkast nú í Frakklandi í sambandi við kjör útvarpsráða eða stjórna þeirra fyrirtækja, sem ég lýsti hér áðan, þar sem fulltrúar launþega og vinnuveitenda eiga sæti í viðkomandi stjórnum? Væri það ekki nær heldur en að koma með þá ólýðræðislegu stefnu gagnvart starfsmönnum þessara fjölmiðla, eins og birtist í till. minni hl., þar sem útiloka skal starfsmenn sjónvarps og útvarps frá því að hafa nokkurn tíma möguleika á að taka sæti í útvarpsráði?

Ég ítreka það hér, að þessi hluti till. minni hl. er í algjöri andstöðu við yfirlýsta stefnu verkalýðssamtaka Vestur-Evrópu varðandi atvinnulýðræði. En sú stefna felur í sér, eins og ég gat um áðan, aukna kröfu um þátttöku fólksins í stjórnum og ráðum stórra fyrirtækja og þá sérstaklega ríkisfyrirtækja. Satt að segja hlýtur maður að vorkenna mönnum, sem daginn út og daginn inn eru með það á vörunum að þeir einir séu vinir verkalýðsins og að í baráttunni fyrir hagsmunum verkalýðsins sé þeim einum treystandi, mönnum sem koma með slíka till. um skerðingu almennra mannréttinda og það þvert gegn stefnu verkalýðshreyfingarinnar í Vestur-Evrópu, þar sem lýðræðið er hvað mest. Það hefði verið nær, að þeir hefu gert till. um, að starfsmenn ríkisfjölmiðlanna ættu fulltrúa í útvarpsráði, og finnst mér það koma mjög vel til greina og ber að athuga gaumgæfilega.

Ég vil að lokum endurtaka skoðun mína varðandi starfsmenn þessara fjölmiðla. Ég sagði í minni fyrri ræðu að ég legði mikla áherslu á að þeir geti starfað sjálfstætt og sem óháðastir útvarpsráði og þeim stjórnmálamönnum, sem kunna að vera kosnir í útvarpsráð á hverjum tíma, svo sem tíðkast hefur í áratugi í hvoru fyrirkomulaginu sem er, því sem nú gildir og hinu gamla. Ég lagði megináherslu á það, að starfsmenn skyldu vera sem óháðastir og frjálsastir fyrir þeim áhrifum sem kynnu að geta komið frá pólitíkusunum. Ég sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta, og vil hafa það sem mín lokaorð enn einu sinni:

„Ég treysti því, að Alþ. geti eftir hverjar kosningar kosið útvarpsráð í samræmi við vilja meiri hl. þjóðarinnar. Ég treysti því, að þannig kjörið útvarpsráð geti frekar en það útvarpsráð, sem kjörið var á grundvelli gildandi laga, gætt fyllsta hlutleysis og verndað einstaklinga og stéttir manna frá árásum öfgafólks, sem hefur misnotað þessa fjölmiðla herfilega og sært þjóðernislegar tilfinningar meginþorra þjóðarinnar. Ég treysti því, að útvarpsráð, kjörið eftir hverjar alþingiskosningar, geri starfsmönnum útvarps og sjónvarps kleift að vinna sjálfstætt og óháð að þeim mikilvægu verkefnum, sem þetta fólk innir af hendi, ekki fyrir stjórnmálamennina eða stjórnmálaflokkana, heldur fyrir íslensku þjóðina í heild.“

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja mjög þessar umr. Þær eru orðnar vel langar til viðbótar við næturfund hér fyrir jólin. En þar eð ég átti hlut að máli við afgreiðslu meiri hl. menntmn., tel ég rétt að ég skýri sjónarmið mitt í því sambandi út af orðum hv. 5. landsk., Kjartans Ólafssonar.

Það var rétt, sem hv. þm. sagði, að fundurinn var óeðlilega stuttur. Ég hefði gjarnan viljað ræða þetta í betra tómi í menntmn., enda þótt ég ímyndi mér ekki, að lengri umr. hefðu breytt niðurstöðu fundarins. Formaður n., hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, var fjarverandi, en mér er ekki kunnugt um að hann hafi óskað þess fyrir brottför sína, að afgreiðslu málsins yrði frestað, og það kom fram í máli hæstv. menntmrh. hér í Nd. fyrir helgina, að hann fór þess á leit að þessu máli yrði hraðað, og því var varaformanni n. falið að kalla saman n., sem ég held að hljóti að teljast í alla staði eðlileg og þingræðisleg aðferð.

Hvað varðar till. minni hl. um umsögn útvarpsstjóra um málið, sem kom fram á fundinum, þá vil ég segja það sem mína skoðun, að ég tel að útvarpsstjóri sé of skyldur og náinn aðili í þessu máli til að hann gæti talist eðlilegur og hlutlægur umsagnaraðili. Með það viðhorf í huga fannst okkur ekki ástæða til þess að seinka málinu með því að leita umsagnar utan Alþ. Og ég tek undir orð hæstv. menntmrh., sem hann viðhafði um þetta atriði í umr. hér s. l. viku.

Ég endurtek það sem ég sagði fyrir jólin á fundi í hv. Nd., að ég harma að lagabreyting eða frv. til slíkrar lagabreytingar skuli nú koma fram, en eins og margoft er af ýmsum þm. búið að taka fram er það að gefnu tilefni, því

miður. Útvarpslögin frá 1971, sem voru vissulega heiðarleg tilraun í rétta átt, hafa mistekist svo að ekki verður um villst. Ég er ekki þar með að segja, að við eigum að útiloka pólitík úr útvarpinu. Pólitík er hluti þjóðlífsins og verður að fá inni í okkar ríkisfjölmiðli, Ríkisútvarpinu. En ég tel að óhlutdrægni og jafnvægis hafi ekki verið gætt undir forustu meiri hl. útvarpsráðs, eins og það er skipað í dag. Það hefur margt verið vel gert í dagskrá meðan þetta útvarpsráð hefur setið að völdum, en að mínu mati og ótalmargra fleiri hefur það mótast um of af pólitískri þráhyggju og þröngsýni, sem er í senn hvimleitt fyrirbæri og hættulegt frjálsri skoðanamyndun í landinu.

Það er óumdeilanlegt, að Ríkisútvarpið hefur undanfarin 3 ár verið vettvangur pólitísks áróðurs, enda vitað mál, að margt af því fólki, sem þar á hlut að máli, er þeirrar skoðunar að tilgangurinn helgi meðalið til þess að koma fram pólitískum áróðursáformum. Ég vil eindregið taka undir þá skoðun, að Ríkisútvarpið eigi að vera sem allra sjálfstæðast og óháðast ríkjandi stjórnmálaflokkum og það er ákaflega langt því frá að ég sé ánægð með þessa skipan mála, að útvarpsráð sé kosið af Alþ. pólitískri hlutfallskosningu. Ákaflega miklu geðfelldara væri og menningarlegra, að í útvarpsráð veldust menn án tillits til pólitískra skoðana, sem gættu þeirrar menningarlegu víðsýni og þroska sem við hljótum að krefjast af mönnum í slíkri ábyrgðarstöðu sem fulltrúi í útvarpsráði óneitanlega er. En við höfum ekki enn, því miður, fundið aðra skárri leið en þessa, — ég skal manna fúsust verða til þess að ganga inn á aðra leið, jákvæðari og menningarlegri en þessi er, en á meðan svo er ekki og þessi háttur er á hafður vil ég enn leggja áherslu á, að stjórnmálaflokkarnir hver um sig vandi sérstaklega val sitt á fulltrúum sínum í útvarpsráð og láti ekki pólitíska hagsmuni koma til greina við það val. Í útvarpsráð þurfa, eins og ég sagði, að veljast menntaðir, frjálshuga og víðsýnir menn, sem eru ekki haldnir neinni pólitískri áráttu, hvorki til hægri né vinstri, menn, sem ekki sjá alla skapaða hluti gegnum pólitísk gleraugu eftir forskrift frá flokksforustu eða hundleiðinlegum og úreltum pólitískum kreddum.

Ég er, eins og fram hefur komið, samþykk þessari lagabreytingu nú, vegna þess að meiri hl. núv. útvarpsráðs hefur því miður gefið tilefni til þess að gripið sé til þessa ráðs. Og ég vil í tilefni af orðum hv. 3. landsk. taka það fram, að ég dreg enga dul á það, að sú afstaða mín byggist ekki á því að ég telji ekki hina aðferðina og hin lögin, sem gilda í dag, skemmtilegri og geðfelldari, heldur hitt, að sá háttur, sem nú hefur verið á hafður s. l. 3 ár, hefur leitt til pólitískrar misnotkunar. Ég tel að það sé nauðsynlegt, að menn í útvarpsráði viti, að þeim verður ekki liðið, hvorki af stjórnvöldum né þjóðinni sjálfri, að misnota þennan volduga ríkisfjölmiðil í pólitískum tilgangi, svo að ég lít á þessa lagabreyt. nú, ef að lögum verður, sem beina viðvörun til eftirmanna þess útvarpsráðs sem nú situr. Ég skal ekki segja, hvort þessi vinnubrögð meiri hl. núv. útvarpsráðs eru til komin af ráðnum hug eða vanhæfni þessara manna til að meta hvar draga skuli mörkin. En hvort tveggja er illt og getur haft skaðleg áhrif. Með illu skal illt út reka, segir gamall málsháttur, og ég vil leggja áherslu á, að ég tel það ekki girnilega lífsreglu til eftirbreytni. En þeir menn, sem nú ásaka aðra um ofstæki, öfgar og ofríki, gera ekki annað en að hitta hér sig sjálfa fyrir.

Varðandi brtt., sem minni hl. menntmn. lagði hér fram, vil ég segja það að ég tel eðlilega fyrstu setninguna, að enginn fastur starfsmaður Ríkisútvarpsins skuli kjörgengur í útvarpsráð. Það tel ég eðlilegt og ég mundi vilja styðja þann hluta brtt. En hitt, að meina öllu fólki, sem kemur nálægt fjölmiðlum, kjörgengi í útvarpsráð, tel ég ekki ná nokkurri átt.

Ég vil að lokum láta í ljós þá ósk mína og von, að næsta útvarpsráð, hvernig sem það verður skipað, beri gæfu til farsællar og menningarlegrar samvinnu, okkur hlustendum, hvar sem við stöndum í pólitískum flokki, til ánægju og andlegrar uppbyggingar.

Forseti (Ingvar Gíslason): Enn eru margir hv. þm. á mælendaskrá og mér sýnist ekki líklegt, að þessu máli verði lokið á tilsettum fundartíma. Auk þess hefur komið fram mjög ákveðin beiðni um að taka hér fyrir önnur mál, sem einn hv. varaþm. flytur, en hann er að hverfa af þingi á morgun. Mér þykir eðlilegt að hv. þm. fái tækifæri til að tala máli sínu. Ég mun því fresta umr. um 2. dagskrármál, en taka fyrir 4. dagskrármálið.

Umr. frestað um stund.

Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, þáltill. (þskj. 267). — Ein umr.

Flm. (Bjarnfríður Leósdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Að undanförnu hefur lífeyrissjóðskerfi landsmanna verið nokkuð til umr. hér á Alþ. og ekki síður utan þings. Hefur komið fram, að 90—95% launþega 20 ára og eldri eru innan lífeyrissjóðakerfisins, í 90—100 mismunandi lífeyrissjóðum. Það, sem hefur komið af stað umr. um þessi mál, er sá vandi sem margbrotnar og mismunandi reglugerðir þeirra hafa að bjóða, en þó fyrst og fremst sá mismunur sem felst í því, að sumir lífeyrissjóðir eru verðtryggðir, aðrir ekki.

Í verðtryggðum lífeyrissjóði njóta lífeyrisþegar bóta sem eru ákveðið hlutfall atvinnutekna eins og þær eru á hverjum tíma. Í óverðtryggðum lífeyrissjóði aftur á móti breytast greiðslur úr sjóðnum aldrei, hvernig sem atvinnutekjur breytast, og með áframhaldandi verðbólgu geta þessir sjóðir ekki gegnt hlutverki sínu og réttindin verða gagnslaus að mestu. Þetta hlýtur öllum að vera ljóst, sem hafa fylgst með þróun kaupgjalds og verðlags á síðustu árum.

Nú á að fara fram endurskoðun á löggjöf um almannatryggingar og ég tel æskilegt, að við þá endurskoðun verði alvarlega athugað hvort ekki sé hægt að sameina alla lífeyrissjóði landsmanna

innan þess kerfis í einni reglugerð, sem væri eins fyrir alla, með sömu réttindum og skyldum.

Ég hef aðeins minnst á að lífeyrissjóðir gegni hlutverki sínu mjög misjafnlega. Lífeyrissjóðir ríkisstarfsmanna eru verðtryggðir af ríkinu, bæjarstarfsmanna af viðkomandi bæjum og bankamanna af viðkomandi bönkum. Einnig er reglugerð þeirra að öðru leyti á þann veg, að þeir gegna hlutverki sínu mjög vel eins og vera ber.

Mig langar til að taka dæmi af tveim mönnum, öðrum í verðtryggðum lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, en hinum í óverðtryggðum lífeyrissjóði verkalýðsfélaga. Þeir væru báðir búnir að vinna sér inn 30 ára réttindi og hættu að vinna á sömu launum, 40 þús. kr. á mánuði, sem eru sem næst dagvinnutekjum verkamanna 4. taxta Dagsbrúnar. Þá fær sá, sem í verðtryggða sjóðnum er, 60% af þeim launum sem hann hættir á, sem mundu vera í þessu tilfelli 24 þús. kr. á mánuði, hinn, sem er í óverðtryggða sjóðnum, fær 56% af meðaltali launa sinna síðustu 5 ára, sem yrðu 11 810 kr. á mánuði. Ég vil geta þess, að þetta var reiknað út fyrir mig á skrifstofu þeirri sem hefur með lífeyrissjóði verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar að gera. Lífeyrir þess, sem er í óverðtryggða sjóðnum, breytist aldrei, hvernig sem verðlag og kaupgjald verður í landinu.

Kaup verkafólks hefur nær þrefaldast á síðustu 5 árum. Laun annarra stétta hafa hækkað enn meira, svo að 40 þús. kr., sem nú væru mánaðarkaup, yrðu með sama áframhaldi nálægt 120 þús. kr. eftir 5 ár. Í reglugerð lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna stendur að lífeyrir skuli greiðast sem ákveðin prósenta af launum, eins og þau eru á hverjum tíma í því starfi, sem viðkomandi hættir að vinna á. Þannig mundi hann fá 60% af 120 þús., sem mundu verða 72 þús. á mánuði, en hinn yrði áfram með 11 800 kr. á mánuði. Eftir 5 ár yrði orðinn rúmlega 60 þús. kr. munur á mánuði á lífeyri þessara tveggja manna sem enduðu starfsdag sinn á sömu launum.

Ríkið verðtryggir lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, svo að þessi mismunur verður tekinn af almannafé. Á fjárl. fyrir árið 1975 nema þessar uppbætur 395 millj. kr.

Ég held, að ég hafi með þessu dæmi sýnt fram á þann hrikalega mismun sem hér er um að ræða, og þó getur þessi mismunur orðið enn þá meiri, því að sumir geta verið í fleiri en einum verðtryggðum lífeyrissjóði, svo að eftirlaun þeirra geta orðið hærri en atvinnutekjur þeirra voru.

Eitt dæmi vil ég enn benda á. Það er misrétti kynjanna. Í lífeyrissjóði verkafólks eru ekki greiddar ekklabætur. Ekklar fá ekki bætur. Þó að kona væri búin að vinna sér inn full réttindi þegar hún létist, fengi eftirlifandi eiginmaður hennar enga greiðslu úr sjóðnum, nema hann væri öryrki eða hinn látni sjóðfélagi teldist hafa verið aðalfyrirvinna heimilisins.

Margir líta á lífeyrissjóðina sem lánastofnanir, en gleyma hinum upprunalega tilgangi þeirra. Þetta á helst við um ungt fólk sem vantar lánsfé til þess að eignast íbúð. Fólk vill gjarnan gleyma því, meðan allt leikur í lyndi, að lífið er áhættusamt og að á vegi okkar verða ýmsar hættur, svo sem slys og sjúkdómar, og enginn veit hvenær hann missir starfsorku sína til tekjuöflunar langan eða skamman tíma.

Elli fylgir nær alltaf lækkun vinnutekna eða alger missir þeirra. Þá er fráfall fyrirvinnu fjárhagslegt áfall fyrir þá, sem notið hafa framfærslu hennar. Það á að vera hlutverk lífeyrissjóðanna að bæta sjóðfélögum, mökum þeirra og börnum upp þennan tekjumissi. Þess vegna varðar það öllu, að lífeyrir, sem fólk er búið að leggja til hliðar af launum sínum, verði ekki brenndur upp á verðbólgubáli.

Ég gat þess, að fólk liti á lífeyrissjóðinn sem lánastofnun. Það er í rauninni ekki óeðlilegt meðan það ástand ríkir, að allir eru í kapphlaupi við verðbólgu og þeir einir komast í mark sem á hlaupunum hafa náð í sem mesta peninga til þess að fjárfesta og þá helst í steinsteypu. Að eignast íbúð er það jarðsamband sem allir, viljugir og óviljugir, eru látnir keppa að — og því ekki að nota sína eigin sjóði til þess? En til þess að fá lán úr lífeyrissjóði þarf að hafa veð í fasteign. Þeir, sem hafa lægst laun og eru verst staddir, hafa oft ekkert veð, svo að þeir hafa enga möguleika á að nota sér lífeyrissjóðina á þennan hátt.

Það kemur líka í ljós mismunur á þessum tveimur sjóðum, sem ég hef tekið til samanburðar, þegar litið er á lánakjörin. Í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna eru vextir 14%, en hjá verkalýðsfélögum almennt 17%. Í lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna þurfa sjóðfélagar ekkert að huga að verðbólgu gagnvart sjóðnum, því að ríkissjóður sér um verðtrygginguna.

Ég vona að enginn taki orð mín svo, að ég sé að ráðast á kjör ríkisstarfsmanna. Þvert á móti. Ég er aðeins að benda á þennan mismun til að vekja menn til umhugsunar um ranglætið. Á síðasta ári voru atvinnutekjur landsmanna áætlaðar 78 milljarðar kr. Greiðslur af atvinnutekjum til lífeyrissjóða voru 4,2 milljarðar og á þessu ári eru þær áætlaðar 5.4 milljarðar. Í sjóðum launafólks mun því vera saman kominn stærsti hluti af sparnaðarfé þjóðarinnar. Það fólk, sem vinnur við undirstöðuatvinnuvegina, stendur undir nær allri gjaldeyrisöflun sem allt veltur á, svo að efnalegt sjálfstæði þjóðarinnar sé tryggt. Það fólk, sem með greiðslu af launum sínum, oft mjög lágum, svo lágum að það munar um að leggja þetta fé í lífeyrissjóði, það stendur einnig undir uppbyggingu þjóðarinnar með þessu sparnaðarfé. Hluti af þessu fé er í bönkum, fjárfestingarlánasjóðum, þar sem það er óverðtryggt, nema með þeim innlánsvöxtum sem gilda á hverjum tíma. Ég held að flestir viti að það er ekki fólkið í lægstlaunuðu störfunum sem hefur greiðastan aðgang að bönkum og öðrum lánastofnunum. Það fólk uppfyllir í sumum tilfellum ekki einu sinni lágmarkskröfur til lántöku í sínum eigin sjóðum, af því að það á ekkert, svo það verða aðrir sem hagnast á því sparnaðarfé sem verður af lífeyrisgreiðslum þessa fólks.

Launafólk á þessa sjóði. Það hefur samið um þá við atvinnurekendur. Verkafólk hefur oftast orðið að sækja rétt sinn með harðri baráttu á hendur atvinnurekendum og óvinveittum vald-

höfum. Það hefur ávallt orðið að slá af kröfum sínum í samningum, og eru lífeyrissjóðirnir eitt dæmi um það. Þeir eru óverðtryggðir og gerð þeirra fullnægir ekki kröfum um upprunalegan tilgang.

En þá komum við að spurningunni: Hver á að greiða verðtryggingu þessara sjóða? Atvinnurekendur, ríkissjóður eða sjóðirnir sjálfir með eigin fé, með engri sjóðmyndun heldur noti þeir fé sitt jafnóðum til greiðslu lífeyris. Ég ætla ekki á þessu stigi máls að fjölyrða um það, hvaða leið yrði líklegust til lausnar. En hitt vil ég fullyrða, að þeim mun lengur sem þetta er látið viðgangast, þeim mun erfiðara verður það úrlausnar.

Virðulegi forseti. Ég hef lagt til með þessari till., að ríkisstj. verði falið að bæta úr í þessum efnum. Réttlætiskrafan er lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, lífeyrisgreiðslur verði verðtryggðar og allir njóti sömu réttinda án tillits til kyns eða atvinnustéttar.

Ég legg til, að þessu máli verði vísað til hæstv. heilbr.- og trn. Alþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fæðingarorlof kvenna, þáltill. (þskj. 268). — Ein umr.

Flm. (Bjarnfríður Leósdóttir): Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um fæðingarorlof kvenna og fæðingarstyrk. Nú þegar ákveðið er, að almannatryggingar skuli endurskoðaðar, er ekki úr vegi að flytja þáltill. sem þessa. Þetta er eitt af þeim málum sem konur hafa barist fyrir og reynt að færa til meira réttlætis. Sumar konur, sem vinna utan heimilis, fá nú þegar allt að þriggja mánaða fæðingarorlof, aðrar 10—14 daga og sumar ekkert.

Það er almennt álitið, a. m. k. í orði, að æskilegt sé, ef ekki nauðsynlegt, að konur annist börn sín fyrstu vikur eða mánuði eftir fæðingu. Alltaf eru uppi raddir um það, að konur eigi ekki að vinna úti, þær eigi að vera heima og hugsa um börn og buru, faðirinn, þá væntanlega eiginmaður, eigi að sjá heimilinu farborða. En þessi verkaskipting er þverrandi eins og aukin þátttaka kvenna í atvinnulífinu sannar.

Það eru fleiri en ein ástæða, sem liggja að því að konur vinna utan heimilis. Fyrst skulum við nefna þá ástæðu, að konur hafi enga fyrirvinnu, ógiftar mæður með börn. Hagskýrslur segja, að 34% fæddra barna á Íslandi 1973 séu óskilgetin. Ég veit að þessi tala segir ekki allan sannleikann um þessa tölu, því að eins og einhver sagði við mig um daginn, þá giftir fólk sig kannske ekki fyrr en það er nauðbeygt til þess. En hvað um það, við verðum að álykta, að flest þessara óskilgetnu barna séu einvörðungu á framfæri móður. Ég hygg að flestir geri sér nokkra grein fyrir því að afkomuhorfur kvenna, sem ekki fá nema 10—14 daga greidda vegna barnsburðar, séu mjög slæmar. Það tekur sinn tíma að fá úrskurðað meðlag, og margar þessar mæður eru ungar og allslausar. Hvort slíkt ástand er börnum þeirra holt til að feta fyrstu dagana á lífsleiðinni eða gerir mæðurnar færari að annast þau þessa fyrstu daga læt ég hvern og einn um að svara.

Í öðru lagi vilja margar konur vinna utan heimilis. Eigum við ekki að telja það nægja ástæðu í lýðfrjálsu landi, hvort sem það er vegna þess að þær þurfa þess, af fjárhagsástæðum, eða vegna þess að þær hafa kosið sér starf sem þær hafa áhuga á og jafnvel hlotið menntun til að sinna og þær vilja halda því áfram, hvort sem þær verða mæður eða ekki, rétt eins og karlmennirnir, sem velja sér sjaldan starf eftir því hvort þeir verða feður eður ei? Það þykir sjálfsagt að sem flestir, helst allir, eignist sitt eigið húsnæði. En hvernig skyldi það ganga fyrir t. d. mann sem vinnur á 2. taxta Dagsbrúnar og hafði 419 þús. kr. í dagvinnutekjur á s. l. ári, að eignast eigið húsnæði, ef hann er einn um tekjuöflun fyrir heimilið? Og hvernig skyldi velferðarþjóðfélaginu vegna, ef kaupmáttur heimilanna færi alls staðar eftir launum heimilisföður? Skyldi ekki ríkissjóði og kaupsýslumönnum bregða í brún? Þá kem ég að því þriðja: Hvað yrði um nútímaþjóðfélag okkar íslendinga ef allar konur, sem eru mæður, legðu niður vinnu? Hvað yrði um fiskiðnað og alls konar annan iðnað? Í mörgum frystihúsum eru nær eingöngu konur, og ég held að þannig sé það á mörgum öðrum vinnustöðum.

Fyrir nokkrum árum sat ég hér á þingi, sem varamaður Jónasar Árnasonar rétt eins og núna. Þá buðu iðnrekendur hópi þm. að skoða nokkur iðnfyrirtæki og ég fékk að fljóta með. Við komum á nokkra vinnustaði, þ. á m. saumastofu, sem á voru nær eingöngu konur. En svo komum við í Hampiðjuna. Þar voru margar konur við vinnu. Þá spurði einn þm. framkvæmdastjórann um það, hvort konur væru ekki óstöðugur vinnukraftur hjá fyrirtækinu. „Nei, það er nú öðru nær," var svar framkvæmdastjórans, það var fullorðinn maður og hann var gamall sjómaður. „Konur eru stöðugasti vinnukrafturinn hér. Karlarnir eru alltaf að fara, enda getum við ekki greitt þeim eins hátt kaup og þeir geta fengið annars staðar." En þetta er nú önnur saga. Og hvernig ætli færi einnig um þjónustustofnanir, svo sem sjúkrahús og elliheimili, og hvernig færi með skólana, hvernig yrðu þeir settir og margar aðrar stofnanir?

Ég held að störf kvenna séu svo snar þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að ekki verði snúið við. Menntun kvenna til ýmissa starfa er orðin svo almenn, að það hlyti að vera sóun á verðmætum að nýta ekki krafta þeirra til þeirra starfa sem þær hafa menntun til, það að þær verði mæður.

En aukin þátttaka kvenna í atvinnulífinu kallar á ýmsar félagslegar aðgerðir til að mæta þessum þörfum og þessu hefur ekki verið nægjanlega sinnt til þessa. Mikið vantar t. d. á að hægt sé að bjóða börnum jafnan rétt til dvalar á dagvistunarheimilum eða nægilegt tillit sé tekið til þess almennt, að aukin útivinna foreldra útheimtir stofnanir sem sinnt geta uppeldi barnanna og tekið að nokkru við hlutverki því, sem móðir gegnir á heimilinu.

Eitt af því, sem veldur talsverðum mismun milli kynjanna og gerir bæði afkomu og atvinnu konunnar ótryggari en karlmanna, er að við barns-

burð nýtur kona allajafna ekki launa, nema þá í mjög skamman tíma, 10—14 daga þegar best lætur. Frá þessu eru þó veigamiklar undantekningar, því að þær konur, sem starfa hjá ríki og bæjarfélögum, njóta 3 mánaða barnsburðarorlofs á fullum launum.

En nú hugsar kannske einhver: Hvers vegna á ríkið að borga þetta? Er ekki eðlilegast að atvinnurekendur greiði þetta? Því er til að svara, að þær konur, sem enn þá hafa aðeins 10—14 daga fæðingarorlof, hafa undanfarin ár verið að reyna að ná meiri réttindum í samningum við atvinnurekendur, en það hefur gengið sorglega seint og það hefur gengið misjafnlega að fá þessa daga greidda þrátt fyrir samninga. Þeir eru með alls konar vífilengjur, og ef bryddir á atvinnuleysi, er einmitt reynt að forðast þessar konur á vinnumarkaði. Í öðru lagi kemur þetta mjög misjafnlega niður á fyrirtækjum. Sum fyrirtæki hafa nær eingöngu konur í vinnu, önnur aðeins karlmenn, a. m. k. enn sem komið er, t. d. eins og járnsmiðir og trésmiðir, svo að eitthvað sé nefnt. Þessi fyrirtæki losna því alveg við að greiða skatt af þessu vinnutapi. Annars hefur þetta ekki verið mjög þung byrði á fyrirtækjum. Í nýjustu skýrslum frá kjararannsóknarnefnd er allt tíundað sem atvinnurekendur greiða, það sem þeir kalla álögur á kauptaxta. Álögur á kauptaxta Iðju hér í Rvík vegna fæðingarorlofs kvenna eru eftir þessari skýrslu 20 aurar á klst., svo það virðist ekki vera mjög tilfinnanlegt, ef miðað er við það sem atvinnurekendur greiða til Félags ísl. iðnrekenda sem álögur á laun verkafólks, en það eru 2.56 kr. á klst. Ef þessir aðilar greiddu konum 90 daga í staðinn fyrir 14 mundi það vera eftir núverandi kauptöxtum 1.21 kr. á klst.

Ég hef ekki í huga með þessari þáltill. að leggja til að atvinnurekendur losni við að greiða þetta, þvert á móti. En ég tel að þetta eigi að leggja á alla atvinnurekendur, líka þá sem hafa eingöngu karlmenn í vinnu, því að væntanlega eiga þeir börn líka, þó þeir þurfi ekki að öllum jafnaði að leggja niður vinnu vegna barnsburðar. Ef þessi skattur verður lagður á öll fyrirtæki, held ég að hann verði ekki tilfinnanlegur og þá fellur þessi deila um hann niður. Ég tel æskilegast að konur fái þessi laun greidd af almannatryggingum, en tryggingarnar innheimti þetta fé hjá atvinnurekendum.

Með till. þessari er lagt til að eitt verði yfir allar konur látið ganga í þessum efnum og ríkisstj. verði falið að gera þær breyt. á l. um almannatryggingar, að þar verði konum tryggð þessi réttindi. Þá er í þessari till. lagt til, að fæðingarstyrkur skv. 16. gr. laga um almannatryggingar verði látinn ganga til móðurinnar eins og það var í fyrstu til þess að létta undir með þeim kostnaði sem óneitanlega hlýtur að vera samfara barnsburði, en að dvöl á fæðingarstofnunum verði ókeypis, eins og hver önnur sjúkrahúsvist.

Ég tel ekki ástæðu til að rökstyðja þetta frekar. Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og legg til að till. verði vísað til hæstv. heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92, n. 243, 264, 265). — Frh. 2. umr.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég hef áður á stuttum þingferli lýst þeirri skoðun minni, að upplýst almenningsálit sé einn helsti burðarás lýðræðislegra stjórnarhátta. Ástæða er til að vekja athygli á því, að eftir því sem okkar þjóðfélag gerist flóknara, eftir því sem öllum almenningi gengur kannske verr að skilja samhengi í öllum þeim urmul upplýsinga, öllum þeim urmul mismunandi skoðana og sjónarmiða sem fram koma á ýmsum þáttum þjóðlífsins, þá skiptir meira máli að fjölmiðlar gegni því meginhlutverki sínu að stuðla að því að almenningsálit í landinu geti myndast á grundvelli haldgóðra upplýsinga og hleypidómalausra umr.

Félagsfræðingum samtímans hefur orðið þetta vandamál æ meira íhugunar- og rannsóknarefni á seinustu árum og áratugum. Það er t. d. ástæða til að benda á það, að stjórnmálamönnum sem hópi manna er að því gífurlegt aðhald og nauðsynlegt að fjölmiðlar gegni því hlutverki sínu að leggja á þá mat, eftir því sem tök eru á, út frá sem hlutlægustum mælikvörðum, að þrengstu sjónarmið stjórnmálamanna, að flokkshagsmunir stjórnmálamanna, áróðurssjónarmið stjórnmálaflokka verði ekki þau sjónarmið sem látin verði ríkja í almennri þjóðmálaumr., eins og hún fer fram í fjölmiðlum.

Það er ástæða til þess að vekja athygli á því, að það er illa komið fyrir þeirri þjóð sem af einhverjum ástæðum á ekki greiðan aðgang að óhindraðri og hleypidómalausri umr. um málefni líðandi stundar. Það er hætt við því að slíkri þjóð nýtist illa liðin reynsla, ef hún getur ekki lagt á hana mat, við skulum segja á ágreiningsefni samtímans, hvort sem það er á vettvangi stjórnmála eða menningarmála, ef hlutverk fjölmiðla er það fyrst og fremst að viðhalda einhverjum tilteknum áróðurssjónarmiðum eða goðsögnum eða hindra fólk, sem af einhverjum ástæðum hefur myndað sér sérstakar skoðanir sem kannske eiga ekki upp á pallborðið hjá valdhöfum, í því að koma þeim sjónarmiðum sínum á framfæri. Sumir vilja ætla svokölluðum menntamönnum sérstakt hlutverk í þessum efnum, þ. e. a. s. þeir eigi kannske öðrum fremur að gegna því hlutverki að vera ekki bundnir á einhverja tiltekna hagsmunaklafa og eigi kannske menntunar sinnar vegna að einhverju leyti sérstöku hlutverki að gegna við að taka til gagnrýninnar meðferðar vandamál líðandi stundar. Þess vegna skiptir það miklu máli fyrir almennt menningarstig einnar þjóðar að sem minnstar hömlur séu lagðar á frjáls skoðanaskipti og frjálsa skoðanamyndun í fjölmiðlum. Einkum og sér í lagi skiptir það kannske máli, ef sú kenning styðst við einhver rök, að skáld og rithöfundar eigi að vera samviska þjóðarinnar, að meðal þeirra myndist oft viðhorf og skoðanir sem lengi vel kannske eiga erfitt uppdráttar, hafa ekki náð almannahylli, hafa ekki náð útbreiðslu, en eiga kannske smám saman eftir að vera sú lygi dagsins í gær, sem verður sannleikur dagsins á morgun, að fjölmiðlar ræki það hlutverk sitt að gefa þeim, sem eiga erindi við

þjóðina, hvort heldur eru stjórnmálamenn, skáld, rithöfundar eða aðrir, milliliðalaust og hleypidómalaust samband við hana.

Það er kannske ekki úr vegi á löggjafarsamkomu íslendinga, sem hlýtur að vera pólitískur vettvangur, að minnast þess að í mjög innblásinni umr. um slíka hluti milli tveggja ágætra stjórnmálarithöfunda, mannsins sem öðrum fremur skoðast e. t. v. ábyrgur fyrir rússnesku byltingunni, Lenins, og einhvers innblásnasta gagnrýnanda þeirra stjórnarhátta, sem mynduðust og mótuðust í Sovét-Rússlandi eftir byltinguna, innan hreyfingar sósíalista, Rósu Luxemburg. Það er vitnað til ummæla hennar í gagnrýnum skrifum um hin pólitísku viðhorf Lenins, sem lagði áherslu á miðstjórnarvald, þegar hún sagði, kannske ekki endilega orðrétt, en eftir minni: Það, sem sker úr um það hvort lýðræði er virkt eða ekki, er það, hvort réttur minni hl. til þess að reyna að verða meiri hl. er virtur. Það er kannske heldur ekki úr vegi á þessum stað að rifja upp sígildustu ummæli verjanda frjálsrar skoðanamyndunar, ummæli hins franska háðfugls og dæmigerða mnentamanns, Voltaires, sem hann viðhafði í tilefni af deilum um rit samtímamanns hans, Rousseaus, þegar hann sagði: „Ég fyrirlít hvert einasta orð sem þú segir, en ég skal berjast til seinasta blóðdropa fyrir rétti þínum til þess að fá að segja það."

Ég vona að hv. alþm. telji ekki að aths. af því tagi, sem ég nú hef nefnt, séu endilega úr vegi þegar talið berst að hlutverki fjölmiðla í íslensku þjóðfélagi. Það er ástæða til þess að vekja athygli á því að af ýmsum sérstökum, sögulegum ástæðum hefur þróast á Íslandi, að því er varðar eignarhald og starfsemi fjölmiðla, næsta sérstakt stjórnkerfi, sem ég, á minum yngri árum þóttist ekki geta betur lýst en með því að kalla flokksræðiskerfi. Það, sem átt er við, er fyrst og fremst það að helstu fjölmiðlar í landinu, þ. e. a. s. dagblöð, eru í eigu stjórnmálaflokka. Hlutverk þeirra er það fyrst og fremst að túlka áróurssjónarmið viðkomandi stjórnmálaflokka. Það flokkakerfi, sem við búum við, byggir á þessu sem hyrningarsteini. Að þessu leyti er íslenskt þjóðfélag ólíkt þeim þjóðfélögum í grennd við okkur, sem við gjarnan tökum nokkurt mið af, hvort við heldur tölum um frændur okkar á hinum Norðurlöndunum, eins og sumir orða það í merkingunni annars staðar á Norðurlöndum, eða tölum um ríki Vestur-Evrópu eða vestræn lýðræðisríki. Dagblað sem er í eigu stjórnmálaflokks og hefur fyrst og fremst því hlutverki að gegna að koma á framfæri áróðurssjónarmiðum flokksins, að vegsama hlutverk foringjans, að hefja til vegs og álits sína flokksmenn, er allt annars konar blað en blað, sem er óháð slíkum pólitískum safnaðarforingjum, og leggur á það annað mat. Nú er það háttur gagnrýnenda frá vinstri að benda þar á móti á vald fjármagnsins í slíkum þjóðfélögum, eignarrétt fjársterkra aðila, auðhringa, að t. d. áhrifamiklum dagblöðum, og gjarnan líta menn þá til Bandaríkjanna. Það merkilega er, að reynslan kennir okkur að þrátt fyrir það, að áhrifamikið blað, áhrifamikill fjölmiðill, svo að við nefnum tvö dæmi, New York Times í Bandaríkjunum og The Washington Post, þótt enginn geti út af fyrir sig neitað vissum tengslum þessara málgagna við fjársterka aðila og fjársterkar ættir, fjölskyldur í þjóðfélaginu, þá hefur vegna þróunar ákveðinna pólitískra erfða þróast sú hefð, að ritstjórnarpólitík þessara blaða reynist mjög óháð. Ef menn vilja ekki viðurkenna þá staðreynd, þá geta menn ekki skilið fall Nixons forseta í Bandaríkjunum vegna þess að það liggur alveg ljóst fyrir, að það var hlutverk þess, sem við köllum stundum frjálsa fjölmiðla, í Bandaríkjunum, frjálsrar pressu, sem ekki var taglhnýtt einhverjum pólitískum flokki, og þrátt fyrir eignarhald fjársterkra aðila á þessum blöðum stóðst sú aðdáunarverða erfð bandarísks lýðræðisþjóðfélags að ritstjórn þessara blaða var ekki hindruð í því að snúast gegn æðsta embætti Bandaríkjanna og bera sannleikanum vitni, koma sannleikanum á framfæri við þjóðina með þeim afleiðingum að ofurvald forsetaembættisins í Bandaríkjunum stóðst ekki og varð að lúta í lægra haldi. Þetta er nýjasta, en um leið eitthvert aðdáunarverðasta dæmið um það að þær pólitísku erfðir, sem við kennum við pólitískt lýðræði á Vesturlöndum, hafa staðist alvarlega þrekraun með miklum sóma.

Ef við beinum sjónum okkar nær okkur, sjáum við allt aðra mynd blasa við hér á okkar landi. Hér hefur sú þróun skapast að áhrifaríkustu fjölmiðlarnir, dagblöðin, starfa á allt annan máta. Þeirra hlutverk er ekki að taka til hlutlægrar meðferðar deilumál líðandi stundar. Þessir fjölmiðlar eru ekki þess umkomnir að setja eitthvert ákveðið viðmiðunarmark á störf stjórnmálamanna. Stjórnmálamenn hafa ekki það aðhald af þessum blöðum, þessum fjölmiðlum, sem þeir verða að sætta sig við í þeim löndum, sem við kennum við vestrænt lýðræði. Tengsl stjórnmálaforingjanna við þessi blöð og blöð af þessu tagi eru þau, að blöðin eru í þjónustuhlutverki við stjórnmálaforingjana og hafa það hlutverk að lyfta þeim á stall, draga upp af þeim fagra mynd, auglýsa þá upp og hlífa þeim við þeirri almennu viðmiðun, við þeirri gagnrýni sem þeir ella mundu sæta. Og staðreynd er það, að hvert blað hefur almennt tilhneigingu til þess að segja nokkurn veginn fjórða part af sannleikanum.

Það er þessi meginstaðreynd sem veldur því, að íslendingar sem þjóð hafa að mjög verulegu leyti átt erfitt með að fá ólogna, óýkta, óskrumskælda mynd af staðreyndum mála í íslensku þjóðfélagi. Sem þjóð höfum við átt erfitt með að taka reynslu okkar til gagnrýnins mats. Sem þjóð búum við við það, að það er allt of mikið um heilagar kýr, tótem og tabú, í íslenskri þjóðmálaumr., sem ræðst ekki af tengslum við veruleikann, heldur af því, hvað hentaði hinum pólitíska áróðri hverju sinni.

Mér finnst ekki úr vegi að taka sem dæmi, því að það er mér ferskt í minni, frásagnir fjölmiðla af umr. sem nýlega varð hér á hv. Alþ. um þau vandamál, sem mest voru aðkallandi og brýnust úrlausnar íslenskri þjóð, þar sem eru vandamál sem steðja að efnahagskerfi íslendinga. Mér virðist, að það séu ekki ýkjur að segja, að frásagnir fjölmiðla af þessum umr., sem hér urðu, hafi mjög einkennst af því hver voru þrengstu flokkssjónarmið viðkomandi flokks, fremur en þeirri skyldu hvers blaðamanns að

segja satt og rétt frá því sem sagt var og gerðist. Ég skal nefna nokkur dæmi máli mínu til stuðnings.

Í Alþýðublaðinu, málgagni jafnaðarstefnu á Íslandi, var t. d. frá því skýrt daginn eftir í örstuttri rammaklausu, að formaður Alþfl., Benedikt Gröndal, hefði kvatt sér hljóðs á Alþ. og gert málin að umtalsefni, efnahagsmálin. Af þeirri frásögn mátti ekkert annað ráða. Af þeirri frásögn varð ekki sýnt, að nokkur annar hefði tekið til máls, að nokkur annar hefði sagt eitt né neitt. Og það var ekki hægt að skilja af hvaða tilefni hv. þm., formaður Alþfl., tók til máls. Þetta er afleiðing af því, að þetta blað, eins og reyndar önnur blöð, og ég beini þessari gagnrýni ekkert sérstaklega að Alþýðublaðinu, var einfaldlega trútt sínu hlutverki. Það var ekki að segja frá því sem gerðist, það var ekki að koma á framfæri við lesendur sína því sem sagt var í raun og veru, það var bara að draga upp ákveðna mynd af því, að form. Alþfl. hefði ekki látið deigan síga, hann hefði gegnt skyldu sinni. En frásögn af þessu tagi er náttúrlega í engu samræmi við hugmyndir manna um hvert skuli vera hlutverk blaða eða fjölmiðla.

Þannig mætti nefna fleiri dæmi. Það, sem var augljóst við þessar frásagnir, var að hvert blað sagði auðvitað fyrst og fremst frá því, sem flokksmenn viðkomandi blaða höfðu sagt. Fyrirsagnir mótuðust af því að það var flokksforingi þess blaðs sem sagði þetta. Það, sem aðrir sögðu, skipti að sjálfsögðu minna máli. Okkur getur greint á um það, ef við tækjum t. d. bara blaðaúrklippur þessa daga til meðferðar, hvaða blað hafi sennilega verið fjærst því að gegna hlutverki fjölmiðils, eins og mikil þörf er á að þau gegni sínu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi. Dæmið, sem ég tók af Alþýðublaðinu, er slæmt. Ég hika ekkert við að segja það sem mitt persónulega mat, að málgagn verkalýðs og sósíalisma á Íslandi, Þjóðviljinn, er að því leyti kannske dálítið sérstakt, að málflutningur þess einkenndist að verulegu leyti ekki aðeins af þessari venjulegu reglu um það að segja fyrst og fremst frá því, hvað flokksmenn viðkomandi flokks sögðu, heldur jafnframt af því að segja rangt frá því sem andstæðingarnir sögðu, gefa lesendum sínum rangar forsendur um það, til þess að auðveldara væri að kveða þá niður.

Þessi dæmi, sem ég get stutt frekar einstökum tilvitnunum, ef fram á það verður farið, sýna það að því miður er svo komið, að við búum ekki við það á nokkurn máta, að því er varðar dagblöð okkar, sem kalla mætti á slæmri íslensku „frjálsa pressu“. Við verðum að sætta okkur við það, að þessir áhrifamiklu fjölmiðlar eru áróðurstæki. Þetta er geysilega þýðingarmikill þáttur í íslensku þjóðlífi, þáttur sem oft er vanmetinn, þáttur sem menn vilja oft gleyma. Og þetta er mál, sem snertir í raun og veru undirstöðuatriði lýðræðislegra stjórnarhátta. Það er mjög erfitt að halda uppi gróskumikilli gagnrýni á lýðræðislegu þjóðfélagi með tækjum af þessu tagi. Þó að ég segi þetta táknar það ekki að ég vilji endilega æðrast þess vegna. Ég er þeirrar grundvallarsannfæringar, og miða þar við reynslu mína af öðrum þjóðfélögum, að þrátt fyrir allt eru íslendingar forréttindaþjóð í þessari veröld að því leyti, að við búum í einhverju opnasta og frjálsasta þjóðfélagi, sem ég þekki a. m. k. í þessari veröld. Og þrátt fyrir þessa alvarlegu annmarka á okkar stjórnkerfi og á okkar þjóðmálaumr., sem vonandi stendur til bóta, þótt þess sjáist kannske ekki greinileg merki enn, þá er engu að síður hægt að nefna margt annað sem veldur því að íslenskt þjóðfélag er aðdáunarvert að mörgu leyti fyrir þær sakir að það er þrátt fyrir allt, þrátt fyrir þessa annmarka, tiltölulega opið, tiltölulega frjálst.

Með hliðsjón af þessum almennu ummælum um þá þýðingarmiklu fjölmiðla, sem heita dagblöð, vil ég aðeins víkja nánar að því sem hér er beinlínis á dagskrá, brtt. borinni fram af hæstv. menntmrh. við tiltölulega nýlega sett útvarpslög, lög um starfsemi þess þýðingarmikla fjölmiðils sem heitir Ríkisútvarpið, frá 26. mars árið 1971. Ég hygg, að það hafi ekki verið út í hött að lög um starfsemi Ríkisútvarpsins voru endurskoðuð. Ef ég man rétt var það orðin allviðtæk skoðun að fenginni reynslu af flokksræðisstjórnarfari fjölmiðlanna, sem heita dagblöð, og reyndar líka af því að betta flokksræðisstjórnarfar gerði sér mjög far um og það kannske í vaxandi mæli á ákveðnu árabili, að setja sitt mark líka á starfsemi Ríkisútvarpsins. Þá held ég, að a. m. k. hinum sanngjarnari og umburðarlyndari mönnum hafi verið orðið ljóst, að það væri æskilegt að við íslendingar þokuðumst svolítið fram á við að því er þetta varðaði, tækjum svolítið mið af þeirri þróun sem átt hafði sér stað með öðrum þjóðum, tækjum svolítið mið af okkar eigin reynslu, sem var slæm, af þessu flokksræðisstjórnari. Ég hygg að það sé rétt, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., að ákvæðið um að stefnt skuli að kjöri útvarpsráðs til fjögurra ára, — það er að vísu ekki út af því brugðið, að hér skuli vera um að ræða kjör útvarpsráðs samkv. reglum um hlutfallskosningar, en það skuli kjörið til fjögurra ára, — hafi í raun og veru verið eitt þýðingarmesta ákvæðið, þ. e. a. s. það væri ákveðinn lágmarkstími sem útvarpsráði væri tryggður til starfa, jafnframt að það hafi ekki einasta verið sú lagagr. einsömul, heldur hitt, að andinn á bak við þessa lagasetningu hafi verið sá, að verið var af ásettu ráði að stefna að því að þokast út úr þessu pólitíska varðhundakerfi frekar í áttina til þess að efla sjálfstæði þessa þýðingarmikla fjölmiðils eða fjölboða.

Það er skammur tími liðinn síðan þessi lög voru sett og auðvitað ætti það þá að vera uppistaðan í þessari umr. að meta reynsluna. Ég vil aðeins, áður en ég vík að því, rifja upp hvernig komið var, hvernig ástandið var eða a. m. k. öllu heldur, svo að ég orði það rétt, eins og mér kom það fyrir sjónir, áður en l. var breytt.

Ég held að það þurfi ekki að rifja upp fyrir hv. þm., sem margir hverjir a. m. k. hafa lengra minni en ég, að það virtist vera mjög eindregið keppikefli innsta hringsins í hverjum pólitískum söfnuði að tryggja sína hlutdeild í yfirráðum yfir Ríkisútvarpinu. Það var nokkurn veginn orðin algild regla, að stjórnmálaflokkarnir freistuðust til þess að setja sína helstu pólitísku varðhunda, þ. e. a. s. kerfismenn síns flokksræðiskerfis, nánar tiltekið sína áróðursstjóra, sem

heita ritstjórar dagblaðanna, inn í útvarpsráð til þess auðvitað fyrst og fremst að gæta þar sinna hagsmuna. Nú þarf ekki að ihuga það lengi hverjir eru hagsmunir pólitískra varðhunda af þessu tagi, hverjir eru hagsmunir pólitískra áróðursstjóra sem heita ritstjórar dagblaða. Það er auðvitað framlenging á því hlutverki sem þeir gegna við sín eigin blöð. Það er fyrst og fremst náttúrlega að sjá til þess að einhverjir af meðlimum safnaðarins komist til einhverra áhrifa hjá þessum ríkisfjölmiðli, að þeir komist til þess að hafa umsjón með ákveðnum þáttum, ekki hvað síst að því er varðar túlkun innlendra og erlendra stjórnmála, komist jafnvel kannske að innbyrðis samkomulagi um það að skipta þessu milli sín, jafnvel þótt það þýði það að útiloka einhverja aðra á þeirri forsendu að skoðanamyndun í landinu eða með þjóðinni, sem er kannske óháð þessum pólitísku valdaklíkum, eigi ekki rétt á sér. Það er m. ö. o. hin stofnanabundna skoðanamyndun flokksklíknanna, sem átti að setja svip sinn á ríkisfjölmiðilinn, Ríkisútvarpið, alveg eins og hún hafði sett sitt soramark á dagblöðin. Það þarf ekki að rifja það upp fyrir mönnum, sem muna þann tíma, að það var föst regla að það voru pólitísk helmingaskipti eða þriðjungaskipti um það, hvaða mönnum var treystandi til þess að fjalla t. d. um innlend og erlend stjórnmál, og yfirleitt starfsmannaráðningar fjölmiðilsins mjög bundnar slíkum sjónarmiðum. Það þótti ekkert athugavert við það að ef ekki ritstjórar blaðanna, þá þeir menn sem gegndu lykilhlutverki hjá þessum blöðum, annað hvort sem innlendir eða erlendir fréttastjórar, skiptu með sér verkum um það að koma þessum flokkssjónarmiðum sínum líka á framfæri í ríkisfjölmiðlunum. Þá var ekki sú tíð upp runnin, að til væru einhver fagsjónarmið blaðanna, að til væru einhverjar þær siðareglur blaðanna eða eitthvert það hlutlægt mat starfsmanna, að þeim væri treystandi til þess að fjalla um mál af skynsamlegu viti, að setja fram gagnrýnisjónarmið, jafnvel þótt ekki væri endilega svo, að fyrirfram væri tekin um það ákvörðun, hvað þeir ættu að segja, í miðstjórnum í tilteknum flokkum. Að sjálfsögðu á það ekki við í umr. sem þessari að nefna hér ákveðin nöfn. Ég held að það hafi t. d. á ákveðnu tímabili verið nærri því algild regla, að menn, sem voru flokksbundnir í Alþb. á þeirri tíð, hafi helst ekki þótt gjaldgengir í þessum ríkisfjölmiðlum. Ég held, að það hafi þótt eðlileg regla að hinum svokölluðu þrem lýðræðisflokkum, þeim einum eða fulltrúum þeirra flokka og þeirra flokkssjónarmiða, væri treystandi til að fjalla um innlend eða erlend stjórnmál. Nú breytti það engu þótt Alþb. væri flokkur sem kannske hafði 15—18% atkv. Það var ekki til siðs, ef ég man rétt, — og ég bið menn að leiðrétta mig ef þeir muna betur, að blaðamaður, sem starfandi væri á Þjóðviljanum, starfaði við ríkisrekinn fjölmiðil á þeim tíma. Nú heyri ég aftur á móti, að það þykir mikið hneyksli og stórháskalegt mál, ef það kynni að fara saman að maður, sem starfar við flokksáróðursmálgagnið Þjóðviljann, starfar við slíkan ríkisfjölmiðil, en allt í lagi, ef hann er við einhverja aðra flokkspólitíska áróðursmiðla. Lái mér hver sem vill að ég skil ekki samhengið í þessu. Það komu upp hneyksli, þau voru mörg. Það komu upp hneyksli af því tagi að einstakir valdhafar í landinu fundu sig til þess knúna að hlutast til um það, stundum jafnvel fyrir fram, hvaða einstakur útvarpsþáttur fengi að birtast í fjölmiðlum. Við skulum nefna nokkur nöfn.

Maður heitir Ólafur Ragnar Grímsson. Hann hafði menntast í Bretlandi og kynnst þar ákveðinni — áhugaverðri, skulum við segja — tækni eða aðferðum við starfsemi fjölmiðla, lagt sig greinilega fram um að kynnast því, og hann tók að sér að annast þátt í útvarpinu, sem vakti athygli fyrir það að hann var með nýstárlegu sniði, yfir honum dálítið ferskur blær. Maðurinn var ungur, og kannske ekki algerlega ánetjaður hinum steingeldu flokksáróðurssjónarmiðum og leyfði sér bæði að kalla menn til umr. sem kannske þótti ekki til siðs að ræða við, eða leggja þannig spurningar fyrir menn að ekki þótti til siðs að menn ættu því að venjast að þurfa að svara slíkum spurningum. Og það er skemmst frá að segja, að þar kom að valdamiklir ráðh. skárust í leikinn og tryggðu það með þeim aðferðum sem ekki er hægt að kalla neitt annað en valdníðslu — jú það má kalla það skort á umburðarlyndi, að einum slíkum þætti var aflýst og maðurinn rekinn frá slíkum störfum.

Það má nefna annað dæmi. Maður er nefndur Magnús Torfi Ólafsson. Hann hafði um árabil vakið á sér athygli allra skynsamra og réttsýnna manna fyrir það, að hann hafði á síðum Þjóðviljans fjallað um utanríkis- og alþjóðamál af óvenjulega yfirgripsmikilli þekkingu og ég hygg, að flestra dómi, aðdáunarverðri hlutlægni. Hann kom um skamma hríð til starfa hjá þeim ágæta ríkisfjölmiðli Ríkisútvarpinu og mætti orða það svo, að Ríkisútvarpið hafi fengið að njóta reynslu hans sem blaðamanns og þekkingar hans. En þar kom nú svo engu að síður, að þetta þótti ekki fært, og ákveðinni valdníðslu var beitt til þess að koma í veg fyrir það. Læt ég hv. þm. eftir að meta, hvílíkur háski hlustendum Ríkisútvarpsins var búinn við það að hlýða á mál þessa vammlausa heiðursmanns. Hann fékk að vísu síðar tækifæri til að sýna, — í þætti sem heyrir ekki undir kerfið, spurningaþætti, af einhverjum ástæðum hefur það form ekki komist undir þetta flokksræðiskerfi, — að hann bjó yfir alveg óvenjulega fjölskrúðugri þekkingu á ýmsum málum. Það er kannske til marks um það, hversu ritskoðunin er oft og tíðum óhyggin, óklók. Hún hefði frekar átt að banna honum þátttöku í þeim þætti heldur en að fjalla um alþjóðamál.

Í umr. hér um daginn var mikið rætt um hvort það væri eðlilegt að það færi saman, að starfsmaður fjölþjóðasamtaka ætti sæti í útvarpsráði. Ég minnist þess frá þessum árum, frá árunum fyrir 1970, frá viðreisnarárunum, að starfsmaður þessa fjölþjóðasamtaka, Atlantshafsbandalagsins, var til þess fenginn, væntanlega af útvarpsráði, að vera einn af þremur samkv. þriðjungaskiptareglunni sem fjölluðu um alþjóðamál. Nú skal ég taka það fram að það, sem ég segi hér á eftir, er engin umsögn um viðkomandi starfsmann. Við búum í smáu þjóðfélagi og ég get sagt það hispurslaust sem mína skoðun, að

ég hef hinar mestu mætur á Magnúsi Þórðarsyni, sem einu sinni var ungur og efnilegur marxisti. En ég verð samt sem áður að lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel það undir engum kringumstæðum fara saman að maður sé ráðinn upplýsingastjóri erlends hernaðarbandalags, þótt svo við eigum aðild að því, og um leið til þess fenginn af ríkisfjölmiðli að vera fréttaskýrandi Ríkisútvarpsins um alþjóðamál. Ég vitna til þess, að það þykir ekki hæfa í háborg kapitalismans, Bandaríkjunum, annað en þeir auðkýfingar, sem þar veljast til trúnaðarstarfa, sjái svo a. m. k. um að hlutabréfaeign fjölskyldunnar sé komið fyrir í góðgerðarstarfsemi eða með einhverjum hætti komið þannig fyrir að ekki særi almenningsálit, og vil eindregið segja það í fullri alvöru að slíkt fer að sjálfsögðu ekki saman. Mér er t. d. spurn hvað jafnvel hinir umburðarlyndustu menn í ritstjórn Morgunblaðsins mundu segja ef upplýsingafulltrúi hernaðarbandalags sem kennir sig við Varsjá, eða upplýsingastofnunar í meira eða minna óskilgreindum tengslum við það hernaðarkerfi, því að allt er þetta sama leyniþjónustan, væri til þess fenginn af Ríkisútvarpinu að vera fréttaskýrandi um alþjóðamál. Nú leiðrétti menn mig ef það kann að vera hægt að nefna dæmi um að þarna séu einhverjar hliðstæður á ferðinni.

Það er eitt sem rétt er að víkja að í þessum samningi. Menn hafa á orði, að það séu vaðandi uppi í þjóðfélaginu svo óskynsamlegar, öfgakenndar og mannhatursþrungnar skoðanir, að það þurfi að gera eitthvað í því að koma í veg fyrir að þær fái að ná eyrum alþjóðar. Ég get ekki að því gert að mér finnst þetta varla sjálfu sér samkvæmt. Ef menn hafa trú á dómgreind almennings, og ég veit ekki hvernig maður getur sagt þetta tvennt: ég er lýðræðissinni og ég hef ekki trú á dómgreind almennings — í einni og sömu andránni, — ef menn hafa trú á dómgreind hins upplýsta almennings á Íslandi, þá er ekkert betra þessum fámennu, þröngsýnu, öfgakenndu mannhatursþróunaröfgahópum til háðungar en að hafa þá sem allra oftast í hljóðvarpinu, og í raun og veru má skilja það svo að hafi slíks eitthvað gætt, þá eru viðbrögð alls almennings, sem hefur alveg ótrúlega heilbrigða dómgreind, gjarnan á þá leið að þeir, sem að slíkum sjónarmiðum standa, hafa ekki hag af. Ég held því að þeir menn, sem gerast málsvarar lýðræðis, eigi að minnast þess að lýðræðislegt stjórnarfar er að vísu afskaplega ófullkomið, kannske eitt með því versta í heimi, en ástæðan fyrir því að við trúum á það er þó sú, að enn hefur ekki verið fundið upp annað stjórnarfar skárra, og það fær aldrei staðist ef menn eru ekki reiðubúnir til þess að verja til síðasta manns rétt þess skoðanahóps, sem maður er algerlega ósammála, til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Ef menn vilja víkja talinu að pólitískum hyggindum, þá hygg ég að málsvarar andlegs frelsis í Sovétríkjunum, sem að sjálfsögðu eru aðallega saman komnir á ritstjórn Morgunblaðsins, ættu að athuga sinn gang áður en þeir hleypa sér í spor valdhafa austur þar, þ. e. a. s. að gefa Solzhenitsyn og félögum píslarvættið, því að geti sú skoðun stuðst við rök að það volduga herveldi og það volduga lögregluríki, Sovétríkin, sé risi á leirfótum, þá er það vegna þess að menn hafa nokkuð til síns máls þegar þeir segja að þetta sé land sem byggir á pólitísku stjórnarfari og pólitískum kenningum, sem er siðferðilega rotið, og stoðar þá vonandi lítt, þegar til lengdar lætur, yfirþyrmandi máttur lögregluríkisins.

Það má kannske skjóta því að hér, svo sem eins og innan sviga, að það fer ekki hjá því að mér hafi verið kannske dálítið skemmt við þær umr., sem hér áttu sér stað af þessu tilefni síðast, þegar ég virti fyrir mér málflutning ritstjóra Þjóðviljans, innblásna ræðu málsvara frjálsrar menningar, sem hann flutti hér af miklum ástríðuhita í hálfa aðra klukkustund eða svo og beitti þar að sjálfsögðu öllum röksemdum þeirra sem gjarnan trúa einlæglega og dýpstum skilningi á lýðræðislegt stjórnarfar. Nú vil ég engan veginn gera þessum hv. þm. upp skoðanir heldur aðeins vekja athygli á því að hann er, eins og aðrir pólitískir varðhundar, undir sömu sök seldur. Sem ritstjóri síns málgagns gætir hann síns fjórða parts af sannleikanum. Hlutverk hans sem ritstjóra er það, sem ég vék að í upphafi, að lofa og vegsama sína menn, að fegra og halda fram málstað síns flokks, áróðurslínum síns flokks, miklu fremur en opna t. d. málgagn sitt fyrir öllum sjónarmiðum, fyrir hvers kyns gagnrýni kannske á sjónarmið þessa flokks, sem ekki veitti nú af, og þar tala ég af reynslu. Ég þekki marga menn í hinni sósíalistisku hreyfingu á Íslandi sem geta borið vitni um að þeir hafi orðið fyrir ritskoðun þess blaðs og ekki átt þar inni fyrir þær greinar og sjónarmið og einlægan áhuga á sósíalisma sem hefði sennilega átt að eiga heima einhvers staðar á síðum þess blaðs. Þeim mun skringilegra er það að ritstjórar Morgunblaðsins og máttarstólpar Sjálfstfl., sem á að vera sá borgaralegi flokkur á Íslandi, og ef hið marxíska skammarheiti: borgaralegt lýðræði — ætti sér einhverja sögulega réttlætingu, þá ættu oddvitar þessa flokks að vera málsvarar þess sem heitir borgaralegt lýðræði og er hlutur sem ég vil ekki vanmeta.

Að loknum þessum almennu hugleiðingum er kannske ástæða til þess að spyrja: Hvers vegna er verið að flytja svona skrýtna till. um það að breyta kosningafyrirkomulagi til útvarpsráðs nú á þessum tíma, þ. e. a. s. till. felur það í sér, eins og mönnum er kunnugt, að hvenær svo sem það kann að henda sem afleiðing af hinu íslenska efnahagsglundri eða fallvelti íslenskra efnahagsmála, að við efnum til kosninga, þá skal það jafnframt koma í hlut Alþ. að kjósa nýtt útvarpsráð, þannig að öllu lýðræði sé fullnægt, svo að ég vitni til þeirrar meginröksemdar hæstv. menntmrh. að útvarpsráð eigi á hverjum tíma að endurspegla þjóðarviljann? Ég get ekki dulið þá skoðun mína, að hér er um annað af tvennu að ræða: afskaplega mikinn misskilning eða þá að hér er um að ræða yfirvegaða skoðun, þ. e. a. s. að í þessari till. felist vantraust á því útvarpsráði sem kosið var og gegnt hefur störfum nú að undanförnu, svo mikið vantraust að stjórnvöld, ríkisstj. og æðsti yfirmaður, menntmrh., geta varla beðið þann skamma tíma, sem eftir er þangað til kjörtímabil útvarps-

ráðs er útrunnið, til þess að koma þar að sínum mönnum. Þeim mun undarlegra er það þá að hæstv. ráðh. skuli ófáanlegur með öllu til þess að ræða málið. Þá fáu daga sem ég hef hér setið og þann tíma sem málið var rætt fékkst hæstv. ráðh. ekki til þess að segja annað en það að hann væri nánast að gegna embættisskyldu sinni að tryggja það að öllum formsreglum lýðræðis væri fullnægt. Hæstv. ráðh. fékkst með engu móti til þess að lýsa vantrausti á útvarpsráð, að nefna dæmi um pólitíska misnotkun útvarpsráðs, að nefna dæmi um það, hvernig það hefði gerst, að þetta voðalega útvarpsráð hefði leitt Trjóuhesta heimskommúnismans inn í musterið. Sei, sei, nei, þetta var bara embættisskylda.

Þetta er svo saklaust og einfalt, að það setur að manni grun um að hér séu á ferðinni dálítið sniðug pólitísk látalæti. Tilgangurinn með endurskoðun l. árið 1971 var sá, vitandi vits og yfirlýstur, að efla sjálfstæði stofnunarinnar. Það tel ég vera meginatriði málsins. Og um það mætti gjarnan fara fram einhver umr., hvort útvarpsráð hafi reynst nógu sjálfstætt, nógu óháð þessum pólitísku hagsmunahópum, nógu óháð þeirri flokkspólitísku gagnrýni, sem það hefur sætt, hvort það hafi gengið nógu langt í því að fitja upp á nýjungum, hvort það hafi gengið nógu langt í því að gefa einstökum starfsmönnum stofnunarinnar nægilegt svigrúm til þess að leika nógu mikið lausum hala. Ef ég ætti að gagnrýna það, þá mundi það sennilega beinast að því að ekki hefði verið nægilega langt gengið. En ég get að vísu sætt mig við það að þetta gangi hægt og það taki lengri tíma en 4 ár.

Ég held að við ættum með hliðsjón af því, hversu illa við erum staddir að því er varðar fjölmiðlana í eigu flokkanna, fyrst og fremst að beina sjónum okkar að reynslu nágrannaþjóða okkar hvað það snertir að finna form fyrir því að efla sem mest sjálfstæði þessa ríkisfjölmiðils. Þar skiptir náttúrlega meginmáli að ríkisfjölmiðillinn hafi í sinni þjónustu vel menntað starfsfólk, starfsfólk sem hefur til þess löngun að setja hlutlægan mælikvarða þessarar stofnunar sem hæstan, hefur til þess andlegt þrek, menntun og hæfileika og er tilbúið að bjóða þröngum flokksklíkusjónarmiðum byrginn. Æskilegast væri náttúrlega að slíkir starfsmenn ættu *hald og traust í yfirmanni menntamála*, þar sem væri hæstv. menntmrh., fyrir slíkum nýjungum, tilraunastarfsemi af hverju tagi sem væri.

Að sjálfsögðu má ekki gleyma því, að það skiptir meginmáli, að jafnvel þótt fjölmiðlum tækist að fá í sína þjónustu vel menntaða og sæmilega andlega sjálfstæða starfsmenn, þá skiptir líka miklu máli að þeir eigi hauk í horni, þar sem eru ráðh. og aðrir valdhafar, um það að tryggja þeim fjárráð til þess að þeir geti staðið sjálfstæðari gagnvart ýmsum hagsmunahópum og pressu, sem á þá kann að verða beitt. Ég vil t. d. vekja athygli á því með þann litla flokk, sem ég tilheyri, sem er vafalaust einn lítill minnihlutahópur í þessu þjóðfélagi, en vill þó óska eftir réttindum til þess að mega halda áfram að verða meiri hl. eftir lýðræðislegum leiðum, að ég veit ekki betur en þessi flokkur hafi á sínum tíma tilnefnt í útvarpsráð mann, sem ekki var í þessum flokki, heldur í allt öðrum flokki. Ég man ekki betur en form. útvarpsráðs hafi tilheyrt Alþfl. á þeirri tíð. Minn flokkur gat ekki heldur borið ábyrgð á því, þótt hann hafi síðar séð ástæðu til þess að breyta því ástandi. Þetta gefur kannske til kynna að þau sjónarmið hafi verið ríkjandi í þessum litla flokki að við óskuðum ekki eftir því að eignast pólitíska varðhund til þess að tryggja það að fimmti partur sannleikans væri örugglega tryggður í ríkisfjölmiðlum, þannig að við gætum örugglega treyst því að við gætum troðið þarna inn einhverjum okkar manni til þess að hafa hönd í bagga um það, að þeir pólitíkusar, sem kynnu að koma fram einhvers staðar í einhverjum þáttum fyrir hönd þessara samtaka, hefðu eitthvert innhlaup inn í innsta hring þessa fjölmiðils. Auðvitað á ekki að hælast um slíkt, en það má kannske láta þess getið.

Ég held, að þetta leiði til þess, að menn geti ekki rætt og ekki borið fram þessa till. í alvöru um einhverja lýðræðislega nauðsyn á því að breyta nú útvarpslögum til þess að fullnægja skilyrðum lýðræðis um það að útvarpsráð endurspegli þjóðarviljann, nema þá með því móti að þeir komi fram með dæmi um það að misnotkun útvarpsráðs á því sjálfræði, sem því hefur verið falið, sé svo yfirmáta yfirþyrmandi að sannanlega megi fullyrða að siðgæðisvitund þjóðarinnar sé ofboðið. Ég hef verið að bíða eftir því að talsmenn þessa frv. kæmu fram með dæmin. Það hafa verið nefnd einhver dæmi. Ég tek t. d. eftir því að hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir frá Vigur, ágætiskona, hafði orð um það að hún væri mjög óánægð með þessa till. Henni þótti miður farið að útvarpsráð skyldi kosið pólitískri hlutfallskosningu. Ég tek undir það, þetta er skynsamlegt sjónarmið. Ef ég tók rétt eftir, þá komst hv. þm. svo að orði, að æskilegt væri að annað form fyndist, og eiginlega ættum við að leggja saman um það að leita að öðru formi. Það er ekki óskaplega erfitt. Það er hægt að nefna dæmi um það með öðrum þjóðum að ýmis önnur form hafi verið fundin heldur en þau, að stjórn ríkisfjölmiðils af þessu tagi skuli endurspegla einhver hlutfallssjónarmið þingflokka. Mér virðist að með slíkum orðum sé ljóst, að hér á hv. Alþ. koma fram sjónarmið hjá hv. þm. sem bera í sér skilning á því að það, sem á að stefna að, sé auðvitað að losa enn frekar um flokkspólitísk yfirráð, húsbóndavald pólitískra flokksforingja og safnaðarstjóra yfir Ríkisútvarpinu. Og ég er í engum vafa um það, að auðvitað mundum við finna slíkt form, ef vinnubrögðum Alþ. væri beitt til þess, menn gætu einhvern tíma komið sér saman um það að beita nefndakerfi Alþ. til þess að vinna hlutlægt að málum fremur en að nota það, eins og gert hefur verið, þannig að það eins og annað endurspegli hin flokkspólitísku hlutföll. Ef ég tók rétt eftir, þá sagði hv. þm. um lagasetninguna frá 1971, að óneitanlega þætti henni þetta ákvæði, þetta umdeilda ákvæði, 5. gr., skemmtilegra og geðfelldara eins og það var en í þeirri mynd sem nú er verið að flytja brtt. Hver er svo skýringin á stuðningi hv. þm. við þessa brtt.? Jú, rökin eru þau að reynslan hafi sýnt að útvarpsráð hafi misnotað þennan þýð-

ingarmikla ríkisfjölmiðil í pólitískum tilgangi, að í störfum útvarpsráðs hafi gætt pólitískrar þráhyggju, þröngsýni, og að þessi fjölmiðill hafi verið notaður sem vettvangur til pólitísks áróðurs. Nú vita allir menn það að hv. þm. er, svo sem hann á ætt til, orðvar, yfirvegaður í málflutningi. En ég tók eftir því sérstaklega að hv. þm. nefndi engin dæmi þessu til stuðnings. Og ég er í vandræðum með að nefna þau sjálfur, þótt ég hafi reynt að koma þar til hjálpar, en hef þó heyrt í þessum umr. almennt nefnd þrjú dæmi.

Það er barnatíminn hennar Olgu Guðrúnar, sem mér skilst að hafi stafað af því að dagskrárstjóri í útvarpinu var þeirrar skoðunar, að fenginni reynslu, að þetta væri efnisstúlka og vildi gera henni greiða með því að sjá til þess að hún fengi skotsilfur til utanferðar, sem mér finnst aðdáunarvert sjónarmið.

Nefnt hefur verið að stúdentakrakkar 1. des. hafi verið haldnir ofstæki og þröngsýni. Nú er það svo að ég get að vissu marki tekið undir það sjónarmið, sem fram hefur komið í dálkum Velvakanda að það væri kannske tímabært að stofna foreldrafélag við Háskólann. En það breytir engu um það að það hefði verið mjög varhugavert af útvarpsráði að rjúfa áratugahefð um að krakkarnir fengju að segja það sem þeim þóknast 1. des. Ég a. m. k. vona, að ég verði seint svo gamall að ég muni gera þá kröfu að unglingar á mótunarskeiði megi ekki segja það sem þeim sýnist og mjög svo gjarnan t. d. hafa þá hefð, að þeir segi þetta 1. des., og skil ekki ritskoðunarsjónarmið þeirra manna sem segja svo: Ef ofstæki, mannhatur og þröngsýni krakkanna er svo mikið að þjóðinni ofbjóði, þá hygg ég að það reyni á pólitískan þroska stúdenta þeir hljóti þegar í stað að standa frammi fyrir þeim pólitíska vilja þjóðarinnar að gera eitthvað í málinu, svo sem að draga alvarlega úr lánveitingum til stúdenta erlendis. Og ég veit ekki, hvernig menn eiga að öðlast pólitískan þroska ef ekki þannig. Menn verða að trúa á hinn pólitíska, lýðræðislega feril, trúa á það að menn þroskist.

Það hefur verið nefnt þriðja dæmið, kvikmynd um Grindavík. Ég var svo óheppinn að ég hef ekki séð þessa kvikmynd, en er sagt af mönnum, sem ég ber traust til, sem bera skynbragð á kvikmyndun, að út frá handbragðssjónarmiðum og listrænni gerð hafi myndin verið heldur mislukkuð og vafalaust hægt að færa rök að því að menntamenn, nýkomnir utan úr löndum, fullir af gagnrýni á þetta heldur þröngsýna, leiðinlega flokksræðisstjórnarfar sem við búum við, kunni að hafa heldur yfirborðskenndar og ósanngjarnar skoðanir. En guð minn almáttugur, ef þjóðfélagið ætlar að rjúka upp til handa og fóta, þótt það sjái eina mislukkaða mynd, en getur setið kvöld eftir kvöld, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár undir nánast þeim dreggjum bandarísks kvikmyndaiðnaðar, sem varla þættu boðlegar nokkurs staðar á byggðu bóli nema hér, af því að þetta fæst með afsláttarprís. Ég verð að segja fyrir mig að sjónarmið af þessu tagi valda mér áhyggjum. Ég geri mér grein fyrir því, að þrátt fyrir þá skoðun, sem ég hef á íslensku þjóðfélagi, og margt er að í því, þá er ég á margan hátt vegna íslenskrar, sögulegrar erfðar, vegna smæðar þessa þjóðfélags eða vegna margháttaðra forma mannlegra samskipta, sem hér hafa þróast, þeirrar skoðunar að íslenskt þjóðfélag sé eitt hið eftirtektarverðasta sem til er og þessi litla þjóð eigi í raun stórkostlegt tækifæri til þess að skapa hér nánast mikið fyrirmyndarsamfélag og ber ég það þá saman við þau ægilegu, hrikalegu vandamál og allt að því vonlausu aðstöðu sem mörg auðugri, þróaðri þjóðfélög í kringum okkur standa nú frammi fyrir, í og með vegna þess að við, ung þjóð, nýfrjáls þjóð, erum geysilega atorkumikil þjóð, við erum þjóð sem hefur áreiðanlega notið þess alveg í ótrúlegum mæli, að við höfum sent marga af okkar bestu sonum og dætrum um allar trissur, alla veröld. Þetta fólk hefur komið heim með margvíslega lífsreynslu og hugmyndir. Má ég t. d. rifja upp fyrir hv. þingheimi viðtal sem haft var við fulltrúa frá Álandseyjum sem kom hingað í tilefni af 1100 ára þjóðhátíð íslendinga. Hann vakti athygli manna á því, að það væri merkilegt þrátt fyrir þann góða efnahag sem íslendingar byggju við, þrátt fyrir reynslu þeirra af því að fara vítt um veröldina, að þess væru fá dæmi að íslendingur, sem legði land undir fót, vildi ekki koma aftur. Þetta er geysilega þýðingarmikil staðreynd og hún er mjög áhrifamikil umsögn um íslenskt þjóðfélag. Það er þrátt fyrir allt eftirsóknarvert og ekki leiðinlegt. Og einmitt með hliðsjón af því veldur það mér áhyggjum að það skuli vera eitt helsta keppikefli valdhafa á Íslandi nú, þegar við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegum vandamálum, að reyna að keyra í gegnum löggjafarsamkomu þjóðarinnar mál, sem er jafnlítilfjörlegt, lágkúrulegt, smátt eins og þetta, smátt vegna þess að það kemur einhvern veginn upp um svo yfirborðskenndan skilning á mannlegum samskiptum og mannlegum vandamálum, eitthvað svo takmarkað umburðarlyndi gagnvart fjölbreyttum skoðunum.

Má ég ekki af þessu tilefni beina því til hæstv. menntmrh. að hann taki nú sér að kjörorði — og meini það, — eitthvert stórkostlegasta pólitíska kjörorð á okkar tímum, sem eitt sinn var sett fram af Maó formanni, um það að láta frekar þúsund blóm blómstra, að gefa öllum skoðunum svigrúm, tækifæri, ekki af pólitískri undirhyggju til þess að geta látið leynilögregluna loka fyrir það aftur síðar, heldur af undirhyggjulausri trú á yfirburði lýðræðislegra stjórnarhátta, þrátt fyrir allan sinn ófullkomleika, fram yfir það þröngsýna, smáa pólitíska varðhundakerfi sem við þurfum endilega að losa okkur við sem fyrst.

Jón Skaftason: Herra forseti. Sú ræða, sem hv. þm. flutti hér síðast, ekki síst upphaf hennar, var að mínu viti á margan hátt afar athyglisverð, og var ég honum í mörgum atriðum nokkuð sammála. Það væri freistandi að fara út í ýmis þau atriði, sem fram komu í ræðu hans, en ég sé ekki ástæðu til þess hér á þessari stundu, e. t. v. gefst tækifæri og tími til að gera það síðar. Mér fannst þetta ekki síst athyglisvert

fyrir það, að við, sem aðhyllumst lýðræðislegt þjóðskipulag og lifum við aðstæður eins og þær eru þar sem lýðræðisskipulagið er hvað fastast í sessi, í Vestur-Evrópu, verðum að viðurkenna að í mörgum löndum Vestur-Evrópu á lýðræðið nú í vök að verjast og vafasamt er að það lifi af í öllum þessum löndum á næstu mánuðum og árum. Við lýðræðismenn trúum ekki síst á það, að hægt sé að gera almenningi ljósan þann mikla mun, sem á að vera á lýðræðisskipulagi og einræðisskipulagi og á m.a. ekki hvað síst að koma fram í því, að lýðræðisþjóðfélögin séu umburðarlynd um skoðanir og beiti ekki sömu ráðum til þess að berja niður skoðanir og einræðisríkin gera. Og ég verð satt að segja að játa það hér, þrátt fyrir að mér sé það ekki létt, að ég tel það frv., sem hér er verið að ræða, þess eðlis þótt í litlu sé, að innihald þess, ef samþ. verður, geri muninn á lýðræðisskipulaginu og einræðisskipulaginu minni í reynd heldur en ætti að vera. Þegar af þeirri ástæðu get ég ekki lýst fylgi mínu við þetta frv.

Þetta er í fyrsta skipti sem ég á þess kost á þessu Alþ. að lýsa skoðun minni á þessu frv. Ég var á þingi Sameinuðu þjóðanna fyrri part vetrar, þegar þetta frv. var til umr. í þeim þingflokki, sem ég tilheyri. Ég harma það, því að ég mundi hafa gert mitt til þess að fá þann ágæta og ofstækislausa mann, sem ber frv. fram, til þess að athuga sinn gang betur og íhuga betur, hvort það er virkilega þess virði að flytja — ja, kannske ekki stórt frv. í sjálfu sér, en þó um visst „prinsip“ mikilvægt, til þess eins, að mér sýnist, að fá kjörið nýtt útvarpsráð aðeins 10 mánuðum áður en eðlilegur tími er kominn til þess að kjósa nýtt útvarpsráð. Ég hefði ráðið frá því í þingflokknum, ef ég hefði verið þarna staddur. Ég tel að frv. eins og þetta þurfi að byggjast á mjög sterkum forsendum og tilefnið þurfi að vera ákaflega ríkt til að flytja það.

Ég heyrði ekki þá útvarpsdagskrá, sem vitnað hefur verið hér til, frá 1. des s.l. Ég sá ekki heldur myndina um Grindavík, en af og til heyrði ég að vísu barnatímann, sem Olga Guðrún stóð fyrir, og ég get sagt það hreinskilnislega að fæst af þessu féll mér sjálfum. Og að því sem ég hef séð um dagskrána 1. des. s.l. með lestri blaða, þá hefði ég tvímælalaust notað mér þann rétt og þann möguleika, sem ég eins og aðrir útvarpshlustendur hef, að skrúfa fyrir þá þætti í útvarpinu sem mér falla ekki. Enda verður að segja það, að útvarpsdagskráin 1. des., jafnfráleit og hún var að mínu mati, var að sjálfsögðu fyrst og fremst flutt á ábyrgð stúdentaráðs Háskólans væntanlega eða annarra yfirvalda í Háskólanum. Og ég er viss um að það hefði heyrst víða hljóð úr horni og með nokkrum rétti ef útvarpsráð hefði fyrirfram viljað banna þessa dagskrá, sem á sér áralanga hefð í íslenskri útvarpssögu.

Ég sagði áðan að frv. þetta væri ekki efnislega stórt. En í því er nokkurt fordæmi, sem ég vil ekki lýsa fylgi mínu við.

Hver er þörfin fyrir að svona frv. er flutt? Ég hef sjálfur ekki heyrt neinar umr. hérna um þetta mál, eins og ég gat um áðan. Ég hef hins vegar lesið nál., sem hafa fram komið, og ég hef lesið frásagnir í blöðum af umr. um þetta mál. Og mér skilst að hæstv. menntmrh., sá ágæti og ofstækislausi maður, hafi talið eðlilegt að flytja þetta frv. af þeirri ástæðu fyrst og fremst, að eðlilegt sé að kjósa nýtt útvarpsráð eftir hverjar nýjar alþingiskosningar, svo að fram kæmi í skipan útvarpsráðsins þjóðarviljinn sem á að vera hér á Alþ. Ég get ekki alveg gleypt þessa skýringu hráa. Mér finnst hún yfirborðsleg og satt að segja ekki trúverðug. Eða ef þetta væri rétt, hvers vegna á þá ekki að hafa sömu reglu um kosningu annarra ráða og annarra nefnda, sem kosnar eru hér á hv. Alþ. og þá gjarnan til fjögurra ára, þar sem sömu sjónarmið hafa ráðið um skipun nm. eða ráðsmanna eins og í útvarpsráði, þ.e. að hinir pólitísku flokkar á Alþ. hafa sett þangað sína skoðanabræður fyrst og fremst? Hvers vegna skyldi þá ekki sú sama regla gilda um kosningu í slíkar n.? Og jafnvel þótt það þætti nú of mikið verk, en einhverjir tryðu því, að það væri alveg lífsnauðsynlegt sérstaklega að kjósa nú nýtt útvarpsráð að samþykktu þessu frv., vegna þess að þjóðarviljinn, hinn rétti þjóðarvilji, sem kom fram í síðustu kosningum, yrði nauðsynlega að koma fram í skipan þess, hvers vegna má þá ekki hafa í frv. ákvæði um að hinar nýju reglur skuli ekki taka gildi fyrr en að loknu því kjörtímabili núv. útvarpsráðs sem enn þá eru um 10 mánuðir eða svo eftir af? Ég get því miður ekki trúað því að þessar séu ástæður þær sem að baki ákvörðunar ráðh. liggja, og mér er það satt að segja hulin ráðgáta, þó að ég hafi eftir eins miklum leynilögregluleiðum og ég get farið reynt að finna skýringarnar í mínum þingflokki. Ég get ekki fundið, hverjar raunverulegar ástæður liggja til þess að svona frv. er flutt, og hlýt satt að segja að komast að þeirri niðurstöðu að þarna knýi einhverjir þeir á sem sé brátt í brók að ná kosningu í útvarpsráð á ný af eigingjörnum ástæðum.

Á maður að trúa því að Alþ. íslendinga, sem árið 1971 samþykkti ný útvarpslög með þeim ákvæðum í að kjörtímabil útvarpsráðs skuli vera 4 ár, sé rúmum þrem árum síðar svo gersamlega breyttrar skoðunar, að mikill meiri hl. þess nú í dag telji lífsnauðsynlegt að fá þetta frv. samþykkt? Erum við alþm. virkilega þannig að við getum látið kalla okkur til þess að samþykkja næstum hvað sem er, ef einhverjum hæstv. á ráðherrastólum dettur svo í hug? Ég segi nei. Ég held að það séu fá fordæmi á Alþ. íslendinga að flutt séu frv. í þeim tilgangi fyrst og fremst að losna við ákveðna kjörna menn í nefndum eða ráðum af því að þeir þyki óþægilegir á þeim stað.

Ég vil undirstrika það og endurtaka það, að margt af því, sem meiri hl. útvarpsráðs hefur staðið fyrir í dagskrárgerð, er samkv. mínum smekk fyrir neðan allar hellur. En það er ekki neitt nýtt í sögunni að menn, er skipa ráð og nefndir, fari þannig með sitt vald að mönnum falli það ekki öllum. Ég minnist ekki þess, síðan ég kom á þing fyrir 15 árum, að flutt hafi verið frv., þó að mig kunni að misminna, beint í þeim tilgangi að losna við menn úr nefndum og ráðum. Þó kann það að vera. Og ég vona a.m.k., að hafi það verið gert, þá hafi ég ekki fallið í þá gryfju að greiða því atkv., því að ég tel að tilgangurinn geti ekki helgað meðalið

í efnum sem þessum. Við lýðræðismenn verðum að hefja okkur upp yfir þann ótta, sem einkennir einræðisþjóðfélögin, að þola ekki frjáls skoðanaskipti eða að menn eigi kost á því að komast í fjölmiðla til þess að túlka sínar skoðanir, ef þær falla ekki valdhöfunum í geð. Og við eigum ekki að reyna að nálgast slík vinnubrögð. Okkar opna þjóðfélag, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, á að vera okkar aðalsmerki og við eigum ekki að gera neitt til þess að reyna að þrengja eða loka því meir. Ég segi því: Mér er algerlega óskiljanlegt hvernig sú ranga niðurstaða hefur orðið ofan á í minum flokki að flytja þetta frv., af því að ég reikna nú með að frumástæðan fyrir því, að það er flutt, sé sú að ýmsir telji nú, að við höfum ekki verið mjög heppnir um val fulltrúa í útvarpsráð. En í þeirri erfiðu stöðu okkar hefði þó sá kosturinn verið miklu betri að þreyja þorrann og góuna og láta það útvarpsráð, sem nú situr, sitja út sitt eðlilega kjörtímabil, en grípa ekki til þess neyðarúrræðis sem flutningur þessa frv. er, eins og ég hef verið að reyna að lýsa.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól á ný við þessa umr. er fyrst og fremst að víkja nokkrum orðum að atriðum, sem fram komu í ræðu hv. 6. landsk. þm. hér í dag, fyrst og fremst því atriði, að till. sú um þrengingu á kjörgengi til útvarpsráðs, sem ég flyt, gangi í berhögg við stefnuna um atvinnulýðræði. Ég hélt mig hafa gert grein fyrir því í ræðu minni í dag, að slíkur skilningur er alrangur og getur ekki átt við, vegna þess að útvarpsráði er markað mjög þröngt og ákveðið starfssvið í útvarpslögum. Það á að fjalla um dagskrá og tekur endanlegar ákvarðanir um dagskrárgerð. Þess vegna væri engu atvinnulýðræði fullnægt þótt svo t. d. væru sett ákvæði um að einhverjir fulltrúar starfsmanna ættu að sitja í þessari stofnun, því að hún fjallar ekki nema um afmarkaðan geira af hinu víðtæka starfssviði Ríkisútvarpsins. Hún fjallar ekki um kjör né ráðningu starfsmanna né um skipulag stofnunarinnar í heild né um fjármál hennar í heild, svo að nefndir séu nokkrir mikilsverðir þættir. Til þess að tryggja atvinnulýðræði í Ríkisútvarpi eða öðrum fyrirtækjum, verða starfsmannafulltrúar að eiga sæti í stofnunum sem geta fjallað um störf stofnunarinnar í heild, en ekki um mjög takmarkað svið eins og útvarpsráð gerir. Því er það algerlega tilefnislaust hjá hv. 6. landsk. þm. að segja, að flutningur þessarar till. gangi gegn atvinnulýðræði og sé árás á það.

Hv. þm. furðaði sig á að ég skyldi ekki fordæma ákveðnar gerðir eða aðgerðarleysi útvarpsráðs. En ég kærði mig ekki um að endurtaka í máli mínu í dag það, sem ég sagði við 1. umr., að auðvitað eru einstök verk núv. útvarpsráðs eins og annarra stofnana umdeilanleg. Kannske gætu það orðið fróðleg skoðanaskipti fyrir okkur báða, hv. 6. landsk., ef við bærum saman bækurnar um það hvað okkur þykir vel fara og hvað miður í dagskrárgerð útvarpsins. En ég held, að það sé ekki ástæða til að gera slíkan samanburð frammi fyrir hv. þd. Það, sem er mergurinn málsins, er eins og hv. tveir síðustu ræðumenn hafa glögglega bent á, hvort núv. útvarpsráð hefur unnið sér svo til óhelgi að ástæða sé til að slá það af í snatri í stað þess að láta það ljúka sínum útmældu ævidögum með haustinu. Og í ákafanum að koma þessari aftöku í kring er því engu skeytt þótt höggið, sem á að ríða á hálsi meiri hl. útvarpsráðs, bitni grimmilega á þeirri stefnu sem einróma Alþ. mótaði með setningu útvarpsráðslaganna að Ríkisútvarpið sé sjálfstæð stofnun og dagskrárgerð þess sé stjórnað af útvarpsráði sem kosið er til fastákveðins kjörtímabils.

Frsm. minni hl. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Ég hef talað hér áður við þessa umr. og mun því ekki gerast langorður að þessu sinni, en það eru nokkur atriði, sem fram hafa komið í máli ræðumanna hér við umr., sem ég sé þó ástæðu til að minnast á. Ég kemst ekki hjá því heldur að vekja á því sérstaka athygli að þetta er í annað sinn hér í hv. Nd. Alþingis sem ástæða þykir til að efna til sérstaks kvöldfundar, jafnvel næturfundar, út af þessu máli. Þegar hér er efnt til kvöldfundar er ekki verið að ræða um þau miklu vandamál, sem ég hygg að menn ætlist til að fjallað sé um á Alþ. og kannske haldnir fundir um bæði nótt og dag. Það er ekki haldinn kvöldfundur til að ræða um gjaldeyrissjóðinn okkar, sem var 9 milljarðar fyrir rúmu ári, en er nú orðinn að engu, og ekki heldur til að ræða um vandamál undirstöðuatvinnuvega okkar, hvernig þeim verði haldið gangandi, en ríkisstj. og hennar talsmenn telja þó allt í tvísýnu um, og enn síður er verið að halda hér kvöldfund á Alþ., jafnvel næturfund, til að fjalla um það hvernig almennt verkafólk og aðrir lágtekjuhópar í þjóðfélaginu eigi yfirleitt að fara að því að draga fram lífið á þeim kjörum sem hæstv. ríkisstj. hefur þóknast að skammta þeim með valdboði og lögbindingu, — ekkert af þessu. En það er talin ástæða til að halda hér kvöldfund í annað sinn, jafnvel næturfund, til þess að koma fyrir kattarnef hinu háþölvaða útvarpsráði. Ef það tekst ekki í dag, þá skal það þó a. m. k. takast á morgun.

Ég veit ekki um fólk, sem lítur til Alþingis utan úr bæ eða utan af landi, hvernig þessar athafnir líta út í þess augum, hvort virðing þess fyrir Alþ. vex, ég held tæplega.

Hv. 5. þm. Vestf., Jón Baldvin Hannibalsson, flutti hér einkar athyglisverða ræðu í kvöld og ég verð að segja það, að enda þótt okkur kunni að greina á um fáein atriði, þá er ég sammála honum um flest af því sem hann sagði hér í kvöld. Hann minntist m. a. lítillega á dagblöðin okkar hér á Íslandi, þau væru háð stjórnmálaflokkunum meira en góðu hófi gegndi og ættu það öll sammerkt að vera flokksmálgögn. Það væri hægt að færa fram ýmislegt í einkennum dagblaðanna allra, sem er til marks um að þau eru reyndar líka eitthvað fleira, en samt eru þau flokksmálgögn. Og ég er hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni alveg sammála um, að þetta er út af fyrir sig ekki æskilegt ástand. Látum það vera, að flokkarnir hafi hver um sig sitt málgagn, en það væri mjög æskilegt að hér væri jafnframt fyrir hendi blað algerlega óháð flokkum, helst fleiri en eitt. En vegna þess að það er

ekki, þá er þeim mun meiri nauðsyn sem ber til þess að ríkisfjölmiðlarnir komi í svo miklum mæli sem kostur er í stað slíkra óháðra málgagna.

Það kann einhver að segja sem svo að það sé undarlegt, að ég, sem er sjálfur starfandi við eitt þessara blaða, harmi að ekki skuli hafa þrifist hér óháð málgögn. Það hefur verið reynt að hleypa slíkum blöðum af stokkunum, það hefur því miður ekki tekist. En frá mínum bæjardyrum skoðað er sú afstaða, sem ég lýsti hér, fullkomlega eðlileg. Við íslenskir sósíalistar, sem störfum í þeim stjórnmálaflokki sem Alþb. heitir, stöndum frammi fyrir þeirri ákveðnu staðreynd, að yfirgnæfandi blaðastyrkur á Íslandi er í höndum okkar stjórnmálaandstæðinga. Ég ætla ekki að rekja ástæðurnar fyrir því. Það er einu sinni staðreynd. Og með tilliti til þess að málin eru þannig vaxin, þá er það að sjálfsögðu ekki neitt sem er einfalt mál, að við segjum: Þrátt fyrir þetta þurfum við ekki á flokksmálgagni að halda. Lausnin er ekki svo einföld á þessum vanda. Ég vil hins vegar að gefnu tilefni vekja á því athygli, að á liðnum árum hefur það alloft borið á góma, hvort ekki gæti komið til greina að þeir, sem teldu sig heldur vinstra megin í íslenskum stjórnmálum, stæðu jafnvel sameiginlega að einu voldugu blaði. Ég tel að slíkt gæti fyllilega komið til álita og gæti verið æskileg þróun. Af þessu hefur ekki orðið frekar en ýmsu öðru sem íslenskum vinstri mönnum, sem svo vilja nefna sig, hefur ekki tekist að koma sér saman um.

Ég vil aðeins til viðbótar við þetta segja það, að hv. 5. þm. Vestf., Jón Baldvin Hannibalsson, sem fór um það ýmsum orðum, hversu háð dagblöðin væru sínum flokkum, og mikið af því réttilega, leit þó, að ég hygg, fram hjá því að það blað, sem að vísu er ekki nema aðeins vikublað, sem gefið er út í tengslum við þann flokk sem hann er sjálfur fulltrúi fyrir, ég hygg, að óhætt sé að segja, að það sé í öllum meginatriðum undir sömu sök selt og dagblöðin hjá stærri flokkunum í þessum efnum. Einhver kynni að vilja benda á varðandi einn ákveðinn þátt sem hv. þm. kom hér lítillega inn á, þ. e. a. s. fréttir héðan frá Alþ., þingfréttir, að Morgunblaðið gerði kannske meira að því heldur en önnur blöð að geta um málflutning andstæðinganna. Og það er ekki alveg út í loftið að benda á það. En hér er ekki spurningin bara um það, hvort nefnt sé, hvort þessi eða hinn hafi tekið til máls og kannske birt einhver setning úr hans máli, heldur er spurningin um það, hvernig frá sé sagt. Og ef menn hyggja að því, þá getur niðurstaðan að mínu viti ekki orðið önnur en sú að Morgunblaðið sé síst hlutlægara í sínum fréttaflutningi heldur en önnur blöð. Og það er rétt, að öll blöðin eru undir þá sök seld, og gildir sama um málgagn SF í þeim efnum og önnur, að þau segja meira frá málflutningi sinna fulltrúa, sinna liðsmanna á Alþ. og í öðrum stofnunum heldur en málflutningi annarra. Og það kemur til af því, að þau eru flokksmálgögn.

En eins og ég sagði áðan er þetta óðruvísi en það þyrfti að vera að mínu viti. Ég vildi mjög gjarnan sjá þá þróun, að vinstri menn á Íslandi gætu sameinast um eitt stórt dagblað, sem hér væri eðlilegt mótvægi gagnvart hinu stóra og volduga Morgunblaði. Og ég hygg að báðir aðilar gætu haft gott af því

Svo vil ég nú nefna það áður en ég hverf frá því sem ég hugðist segja hér varðandi hina ítarlegu ræðu hv. 5. þm. Vestf., að hann nefndi það réttilega að í þessum umr., sem hér hafa farið fram um breytingar á útvarpslögunum, hafi talsmenn frv. ríkisstj. engin dæmi nefnt um það, að útvarpsráð hafi misfarið með sitt vald, engin dæmi a. m. k. sem hægt væri að taka alvarlega. Þetta er alveg hárrétt. Ég er honum algerlega sammála. En ég held, að ég komist ekki hjá því — þó að ég vildi nú síst af öllu fara að kýta við hv. þm. með tilliti til þess hvað ég var honum í öllum meginatriðum innilega sammála, að benda á það að þegar hann leyfði sér að tæpa hér á því í tengslum við það mál, sem ég hafði flutt í þessari umr. fyrr, að þar hefði talað ritstjóri Þjóðviljans sem að manni skildist væri kunnur að því að beita ritskoðunaraðferðum á því blaði, þar sem minn starfsvettvangur er, þá láðist honum líka að geta nokkurra dæma um þetta. Og ég vil leyfa mér að vísa aðdróttunum í þessum efnum til föðurhúsanna í allri vinsemd.

En það eru miklu alvarlegri hlutir sem hér hafa verið á ferðinni. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm., flutti hér ræðu við þessa umr. í dag og hafði þar á orði að menn hefðu verið að beita hann einhverjum persónulegum ofsóknum, eins og hann komst að orði, og þetta var gert í tilefni af því, að ég hafði í fyrri ræðu minni við þessa 2. umr. rifjað upp nokkur orð, sem hann hafði sagt við 1. umr. málsins, og leyft mér að leggja svolítið út af þeim ummælum. Ég ætla ekki að endurtaka þau hér. Þau standa í Alþingistíðindunum og verða ekki máð þaðan. Ég hirði ekki heldur um að fara orðum um tal hv. 6. landsk. þm. um ástand mála í Austur-Evrópu þar sem hann kvaðst oft hafa verið á ferð og dvalið, enda efa ég ekki að hann muni vera þar langtum kunnari hnútum heldur en ég. Hann komst þannig að orði í ræðu sinni í dag, efnislega, að segja: „Þeir, sem ekki þekkja muninn á sannleik og lygi, geta ekki haft ótakmarkaðan aðgang að fjölmiðlum.“ Kannast menn enn við orðafarið? Hvaðan er þetta komið? Hverjir væru líklegastir til þess að láta falla setningar í þessum dúr? Ég þarf ekki að benda á dæmin að ég hygg. Þeir, sem ekki þekkja muninn á sannleik og lygi, geta ekki átt ótakmarkaðan aðgang að fjölmiðlum. Hvað var sagt um þann margumtalaða rithöfund Solzhenitsyn á einum stað? Það ættu þeir Morgunblaðsmenn a. m. k. að kannast við, þó að svo megi vera að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson þekki það ekki. Ég læt mér hans orð í léttu rúmi liggja.

Hins vegar þótti mér svolítið átakanlegt að hlíða hér á mál hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, 9. landsk. þm., og það var kannske vegna þess að maður fann það svo ákaflega vel að hún gekk ekki glöð til þessa leiks. Það var rifjað upp hér áðan af hv. 5. þm. Vestf., hvernig hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir komst að orði, m. a. sagði hún eitthvað á þá leið að hún harmaði að þetta frv. skyldi hafa komið fram, hún hefði í raun og veru miklu fremur kosið þá skipan sem þeir sem eru sömu skoðunar og ég telja

líka að sé miklu heppilegri. En niðurstaða hennar var engu að síður sú að hún hlyti að fylgja frv. með þeim rökum, eins og hún sagði orðrétt, að „illt skal með illu út reka“. Kann að vera að þau ósköp hefðu hugsanlega getað gerst á þeim stað sem útvarpsráð er að eitthvað slíkt mætti teljast nauðsynlegt, að starfa skv. máltækinu: „Illt skal með illu út reka“. En ósköp held ég að því fari fjarri að neitt það hafi gerst hjá þessu útvarpsráði eða meiri hluta þess sem gefi tilefni til þess.

En það var athyglisvert hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, að hún lagði á það mikla áherslu að stjórnmálaflokkarnir þurfi að vanda sérstaklega val sitt á fulltrúum í útvarpsráð meðan sú skipan er á að þessir fulltrúar séu kosnir hér á Alþ., pólitískri kosningu þá óhjákvæmilega. Ég vil taka mjög undir hennar ummæli um þetta. Það er ákaflega mikil ástæða til þess að þetta val sé vandað. En ég get ekki komist hjá því með tilliti til þessara ummæla hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, sem ég efast ekki um að hafi verið í einlægni mælt, að minna hér aftur á þann, — ég vil segja óhreina hlut, sem hv. stuðningsmenn frv. hafa allir sneitt hjá í sínum ræðum hér, þ. e. a. s. tilefninu til þess að við í minni hl. menntmn. þessarar hv. d. leggjum til í okkar brtt., síðari hluta hennar, síðari málsgr., að starfsmenn erlendra sendiráða eða fjölþjóðasamtaka, starfsmenn slíkra aðila, sem njóta hér sérstakra friðinda gagnvart íslenskum lögum, séu ekki kjörgengir í útvarpsráð. Enginn talsmanna ríkisstj. í þessu máli hefur minnst á þennan lið í okkar till. Það er ákaflega athyglisvert. Ég vil ekki trúa því að þeir séu margir, þeir hv. alþm. hér í þessari stofnun sem finnst það eðlilegt og sjálfsagt að einstaklingur sem nýtur sérstakra friðinda gagnvart íslenskum lögum, þeirra friðinda að þurfa ekki að greiða hér neina skatta af tekjum sínum, frá aðalvinnuveitenda sínum, einstaklingur, sem er undanþeginn frá lögsókn vegna ræðu og rits, nýtur í þeim efnum forréttinda umfram alla aðra fullgilda þegna í þessu þjóðfélagi og ýmissa fleiri friðinda, friðinda af sama tagi og sendimenn erlendra ríkja njóta, — ég vil ekki trúa því að þeir hv. alþm. geti verið margir sem telji eðlilegt að slíkur aðili skipi sæti í æðstu stjórn Ríkisútvarpsins, kjörinn hér á hv. Alþ. Þetta segi ég algerlega burt séð frá ágæti þessa eða hins einstaklings. En staðreyndin er sú, eins og ég hef rifjað hér upp áður, að sá eini aðili, sem slíkra réttinda nýtur af íslenskum þegnum, hefur verið valinn til þess starfs að sitja í útvarpsráði fyrir Sjálfstfl. Og ég vil allra síst trúa því, að þeir sem, eins og hv. þm. frú Sigurlaug Bjarnadóttir, telja að stjórnmálaflokkarnir verði alveg sérstaklega að vanda val sitt í þessum efnum, síst vil ég trúa því að þeir hv. þm., sem eru frú Sigurlaugu Bjarnadóttur þarna sammála, telji það vera að vanda sitt val að hafa þennan háttinn á.

Ég mun ekki orðlengja þetta öllu frekar hér við þessa umr. Við eigum enn eftir að mæta hér til 3. umr. málsins. En vonandi eigum við ekki eftir að lifa það að hv. alþm. láti sig hafa það að fella þá brtt. okkar eða þann lið hennar sem ég hef gert hér að umtalsefni nú síðast. Hins vegar kynni að koma í ljós að athæfi það, sem hér er um að ræða, reynist vera við athugun annarra aðila brot á siðareglum Atlantshafsbandalagsins. Ég held það sé ástæða til að hv. Alþ. íslendinga verði fyrra til í þessum efnum og samþykki þennan lið í brtt. okkar.

Frsm. meiri hl. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Eins og ég sagði þegar ég gerði grein fyrir áliti meiri hl. hv. menntmn., tel ég tilgangslítið að þjarka öllu meira um það mál, sem hér er á dagskrá, en þegar er orðið. Það væri eðlilegra að ljúka umr. og ganga til atkv.

Ég hafði satt að segja ekki hugsað mér að taka hér aftur til máls, en vegna málflutnings hv. síðasta ræðumanns, bæði nú áðan, en þó einkum og sér í lagi ræðu hans síðast þegar málið var hér til umr., s. l. fimmtudag, hygg ég að það hafi verið, verður ekki hjá því komist að víkja nokkuð að því. Það var raunar talsvert annar hv. þm., Kjartan Ólafsson sem þá talaði, en hinn sem hér ræddi áðan. Hann var tiltölulega stilltur nú áðan og hafði áhyggjur af einu og öðru, m. a. af Atlantshafsbandalaginu, skyldist mér. Þá var það dálítið annar maður, sem talaði hér um daginn, og mun ég víkja að því örfáum orðum á eftir.

Ég kemst ekki hjá því að víkja einnig nokkuð að skemmtilegri ræðu Jóns Baldvins Hannibalssonar hér áðan þegar hann sérstaklega fjallaði um dagblöðin. Margt var skemmtilegt í hans ræðu og margt sem ég get að sjálfsögðu tekið undir. Þó hafði ég á tilfinningunni að ræðumanni fyndist hann hafa höndlað allan sannleika og talaði út frá því. Ég held, að svo sé nú ekki og ýmislegt var a. m. k. ekki með öllu rétt í ræðu hans, eins og t. d. það að helstu dagblöð landsins væru í eigu stjórnmálaflokka. Svo er ekki um tvö dagblöðin og einmitt ekki um þau stærstu. Þau eru í eigu félaga, og það hélt ég að allir vissu.

Ræðumaður sagði að dagblöðin íslensku tækju ekki mál til hlutlægrar meðferðar á líðandi stund. Á þessu er að vísu mikill misbrestur, það skal ég játa. En ekkert held ég að við frekar hefðum viljað þau 15 ár sem ég var ritstjóri Morgunblaðsins, en að geta haft starfskraft einmitt til þess að taka mál til hlutlægrar yfirvegunar í miklu ríkara mæli en gert er. Það er svo í störfum blaðamanna, að þeir eru á hlaupum daginn út og daginn inn að safna fréttum og hafa ekki mikinn tíma til þess að verja kannske dögum og vikum til þess að kanna mál niður í kjölinn, það er rétt. En hjá þessu málgagni a. m. k. er það ekki af viljaleysi sem of lítið er að þessu gert. Það vil ég leyfa mér að fullyrða.

Út af fyrir sig er rétt að leiðarar dagblaðanna eru pólitískir, en hvaða blað er ekki pólitískt. Blað á að hafa erindi. New York Times og Washington Post eru pólitísk blöð sem betur fer. Einmitt þess vegna gátu þau afrekað það sem þau gerðu að fletta ofan af Watergate-hneykslinu og koma Nixon frá. Ég vil ekki halda því fram að neitt af dagblöðunum hér sé í líkingu við þessi stórblöð að gæðum, enda væri slíkt með ólíkindum. En ég held því hiklaust fram að stefnt hafi verið í þá átt, a. m. k. hjá stærsta dagblaði landsins, allan þann tíma sem ég hef þar þekkt til og starfað þar, að gera blaðið frjálsara og hafa

meira af almennum umræðum innan blaðsins, hafa það opið fyrir öllum heilbrigðum röddum. Ég sagði heilbrigðum, við erum ekki opnir fyrir kommúnisma, nasisma eða anarkisma. Það er rétt og það má gjarnan upplýsa það, að hvenær sem blaðamenn voru að leita eftir starfi á Morgunblaðinu voru þeir aðeins spurðir um þetta eitt varðandi stjórnmál. Við sögðum viðkomandi, að kommúnista, fasista og anarkista ráðum við ekki. Hvaða aðra stjórnmálaskoðun sem var mátti viðkomandi maður hafa. Og það er opinbert leyndarmál, að þm. Sjálfstfl. og forustumenn eru ekki alltaf sammála því, sem í Morgunblaðinu stendur, eða ánægðir með allt, sem þar er gert. Ritstjórar þess blaðs bera einir ábyrgð á því, sem þar birtist, og það er ekki skrifað á ábyrgð neins stjórnmálaflokks. Þetta vildi ég upplýsa Jón Baldvin Hannibalsson um, vegna þess að ég veit að hann vill hafa það sem sannara reynist.

Lítið dæmi um að ég a. m. k. tek þessa stefnu dálítið alvarlega er það, að nú þegar ég var orðinn kjörinn þm. taldi ég það ekki samrýmast þingmennsku minni að vera áfram ritstjóri og sagði starfinu lausu. Þetta er mjög gott starf og sérstaklega skemmtilegt og ég sé mikið eftir því. Ég vona að þetta sé þó einhver vitnisburður um að þetta er ekki tómt mál að tala um. Það er alvara, sem því fylgir. Og ég vona svo sannarlega, að íslensk dagblöð eigi eftir að þróast áfram í þessa átt, til meira frjálsræðis og að þau verði óháðari stjórnmálaflokkunum en þau eru. Ræðumaðurinn gat um það að blöðin hefðu ekki skýrt rækilega frá umr. hér utan dagskrár um daginn er hann hóf máls utan dagskrár. Ég hygg að ég muni það rétt að í Morgunblaðinu — og ber ég þó ekki ábyrgð á því lengur — hafi verið mest sagt frá ræðu hans, kannske af því að hún var lengst, en þó eru langar ræður ekki alltaf þær bestu. Þetta var ágæt ræða, ég meina það ekki á þann veg að hún hafi verið slæm, síður en svo, en ég hygg að frá hans máli hafi verið skýrt meira en frá máli sjálfs forsrh.

Þá er það umtal hans um flokksklíkur, að flokksklíkur ráði dagblöðunum, þá neita ég því að svo sé um Morgunblaðið. Þar veit ég að ég fer með rétt mál, þar ræður engin flokksklíka. Það er alveg óhætt að fullyrða. En Jón Baldvin Hannibalsson, hv. þm., talaði um að hér á Íslandi mundi geta þróast fyrirmyndarsamfélag. Ég hygg raunar að það sé að mörgu leyti fyrirmyndarsamfélag hér og ég er innilega sammála honum um að við búum í landi, besta landi heims, það er ég sannfærður um, langbesta landi heims, og við höfum betri aðstöðu til þess en nokkrir aðrir að þróa þetta fyrirmyndarsamfélag. Og það veit ég að við Jón Baldvin Hannibalsson, ef við báðir lifum talsvert lengi, munum reyna að sameinast um, þó að við verðum ekki sammála um hvert einasta atriði, því að það er rétt sem hann segir, að eitt hið mikilvægasta er hið opna samfélag. Það er auðvitað fámennið, sem gerir það að verkum m. a. að hér verður að vera opið samfélag. Það er ekki svo þægilegt að halda hlutunum leyndum. Fólkið sér í gegnum þá sem betur fer, og það borgar sig sjaldnast að vera að reyna að halda hlutum leyndum, vegna þess einfaldlega að menn gera sér venjulega ljóst, ef þeir eru eitthvað gruggugir, að upp koma svik um síðir. Það ættu menn að vita og þekkja og ég hygg að fjölmiðlar mættu þess vegna gjarnan vera talsvert opnari en þeir nú eru.

En að því er varðar þessa margumtöluðu brtt., sem hv. þm. Magnús T. Ólafsson vék að hér áðan, þá er það auðvitað mjög mikið álitamál til hvaða manna þetta ákvæði mundi taka. Ég sagði við umr. um daginn að það væri vafalaust hundruð manna. Það má skýra þessa till. bæði þröngt og rúmt, en mergurinn málsins er sá að það er Alþ. sjálft sem velur mennina. Það tekur um það ákvörðun hverja það vill styðja þegar þar að kemur. Þess vegna þarf út af fyrir sig ekki neinar reglur um það hverjir séu kjörgengir og hverjir ekki, jafnvel þótt ætti að útiloka einhverja hópa manna, t. d. vegna þess að þeir störfuðu hjá alþjóðlegri stofnun, eins og Magnús Þórðarson gerir, en hann virðist eiga að útiloka frá störfum sérstaklega vegna þess að hann njóti skattfríðinda. Ég held að það séu fleiri menn í þessu þjóðfélagi sem kannske mætti segja að hefðu ýmiss konar fríðindi. Á að útiloka þá þess vegna? Sumir halda því fram að við þm. höfum ýmiss konar fríðindi og ef við samþ. það ættu þá allir þm. að vera útilokaðir frá störfum í útvarpsráði. Ég held að þetta sé allt saman nokkuð langsótt.

Raunar held ég að fá dæmi séu um það úr þingsögunni nú í seinni tíð a. m. k., að þm. leyfi sér að ráðast að fjarstöddum einstaklingi með þeim hætti sem hv. þm. Kjartan Ólafsson gerði sérstaklega hér s. l. fimmtudag. Það er stundum deilt hart hérna innan þingsalanna og um það er ekkert nema gott eitt að segja. Hér hafa menn tækifæri til þess að svara fyrir sig. En þegar farið er að ráðast á menn sem ekki geta hér í sölunum borið hönd fyrir höfuð sér, þá tekur í hnúkana og ég get ekki hjá því komist að gagnrýna það harðlega. En hitt er annað mál að ég gat svo sem vel ætlað hv. þm. Kjartani Ólafssyni þessa framkomu. Hitt kom mér mjög á óvart að hv. þm. Magnús T. Ólafsson vildi láta bendla sig við þennan tillöguflutning, og ég hygg að hann mundi ekki hafa gert það ef hann hefði áður verið búinn að hlusta á ræðuna og vitað hvernig átti að nota þetta til árása á þennan einstakling. Ég trúi því ekki að þá hefði hann staðið að þessum tillöguflutningi og gefið honum stimpil með þessum hv. þm. En Kjartan Ólafsson ræddi einnig um það að sú breyting, sem lagt er til að verði gerð á útvarpslögunum með þessu frv. miðaði að því að það yrðu settir, eins og hann orðaði það, pólitískir varðhundar við útvarpið. Ég segi það nú eins og er, að þessi hv. þm. veit sjálfur hvað pólitískir varðhundar eru og hvert þeirra hlutverk er í þeim ríkjum sem aðhyllast það stjórnarfar sem hann hefur dyggilega stutt og hans blað. Hann veit hvað hann er að tala um, og virði þeir mér það til verri vegar, þeir þm. sem heyra mál mitt, ef þeir vilja, að ég tel engan einstakling — ég þekki engan einstakling sem ég teldi líklegri til að vilja taka að sér hlutverk þessa pólitíska varðhunds en einmitt þennan hv. þm. Ég þekki engan sem ég fremur mundi ætla líklegan til þess. Hann spurði einnig orðrétt: „Minnir þetta tal ekki á óhugnanlega atburði í öðrum löndum?“ Og þar með brigslaði hann hæstv. menntmrh. og

öðum stuðningsmönnum þessa frv. um athafnir á borð við þær sem eru ær og kýr þeirra stjórnarherra sem þessi sami hv. þm. og blað hans hafa lofsungið ár og síð. Og hann talaði um ofstæki, en sjálfur var hann í þessari ræðu s. l. fimmtudag froðufellandi hér í þessu ræðupúlti. (Gripið fram í.) Já, hann var froðufellandi í bókstaflegri merkingu, og það munu þm. aldrei áður hafa séð í þessu púlti. Það sá hver einasti þm., ofstækið var svo ofboðslegt og heiftin að froðan féll úr báðum munnvikum.

Það mál sem hér er til umr. er ofureinfalt. Þm. geta gert upp hug sinn, hvort þeir vilja styðja þessa breytingu eða ekki. Ég itreka þá skoðun mína að það væri sæmd fyrir Alþ. að fara nú að greiða atkv. um málið og mér finnst að útvarpshlustendur og landsmenn allir eigi rétt á því að fá að vita um afstöðu hvers einasta þm. Þess vegna væri eðlilegast að nafnakall færi fram við afgreiðslu málsins.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti: Örfá orð að gefnu tilefni í framhaldi af þessari athyglisverðu umr.

Ég má e. t. v. taka það fram í upphafi máls míns að e. t. v. finnst mörgum hv. þm. og kannske öðrum sem þetta mál okkar heyra, að margt annað sé brýnna í verkahring Alþ. en að skiptast á skoðunum eins og gert hefur verið hér í kvöld um tiltekin undirstöðuatriði okkar þjóðfélagsskipunar. Mörgum finnst brýnna að þm. ræði einstök mál sem þeir flytja sem eru þrengra afmörkuð og kannske í vissum skilningi einfaldari í sniðum. Ég vil einungis lýsa þeirri skoðun minni að því er varðar starfshætti Alþ., að ég tel mjög æskilegt að Alþ. gefi sér öðru hverju tíma til þess sem heitir pólitísk umr., þ. e. a. s. til skoðanaskipta um tiltekin grundvallarsjónarmið í þjóðmálum. Þess vegna segi ég það sem mína skoðun, þó að ég sé ekki dómbær á — eigum við að segja gæði þeirrar umr. sem hér hefur farið fram, þótt vafalaust megi eitthvað að henni finna, — þess vegna finnst mér það ekki eftirsjárvert þótt Alþ. t. d. nú að gefnu tilefni taki upp pólitíska eldhúsdag svo oft sem ytri aðstæður í okkar þjóðfélagi knýja á um það, að menn fyrst og fremst skiptist á skoðunum og takist á um efnahagsmál, þ. e. a. s. skiptingu þjóðartekna og efnislegra verðmæta.

Það, sem þessar umr. hafa leitt í ljós, er að þrátt fyrir allt, bak við hinn að mörgu leyti tilbúna og dulda skoðanaágreining, sem fram kemur í þjóðmálaumr. flokksblaða, þá er e. t. v. ekki, ef því birtingarformi þjóðmálaumr., sem birtist í málflutningi flokksblaðanna, er sleppt, — þá er e. t. v. ekki um eins hatramman, djúpstæðan ágreining að ræða um ákveðin grundvallarverðmæti í okkar þjóðfélagi og mönnum kynni að virðast ef einhver framandi fræðimaður ætti að kynna sér þetta af heimildum dagblaðanna. Og það er út af fyrir sig merkilegt. En það er ekkert óeðlilegt við það þótt ágreiningur sé. Ef hann væri ekki, þá væri stjórnarfar hins menntaða einvalda sennilega miklu meira aðlaðandi og miklu réttmætari þjóðfélagsskipun heldur en það marglofaða lýðræðisskipulag sem við höfum flestir hverjir vikið að einhverjum orðum hér. Ég get að vissu leyti fallist á að þau sjónarmið sem fram komu hjá hv. landsk. þm. Kjartani Ólafssyni, þess efnis að það beri kannske ekki að vanmeta hlutverk hinna flokkspólitísku blaða miðað við ríkjandi aðstæður. Mér dettur ekki í hug að neita því að þau eigi sér einhvern tilverugrundvöll og einhverjar sögulegar forsendur. Og ég tek undir þá skoðun hans, að þeim mun brýnna er, eins og kom fram í minni framsöguræðu áðan, að ríkisfjölmiðlarnir reyni af enn þá meiri samviskusemi að ástunda hlutlægni í sínum starfsaðferðum. Ég vil ekki láta álykta það af mínu máli áðan — og vil þá taka það fram — að ég sé að lýsa þeirri skoðun að flokkspólitísk málgögn eigi ekki rétt á sér enda, ef grannt er skoðað, sjáum við það í flestum þeim löndum, sem vitnað hefur verið til, að þar er að finna flokkspólitísk málgögn, þ. e. a. s. þeir hópar, sem telja sér það nauðsyn, hafa sín flokkspólitísku málgögn þótt þau gegni fyrst og fremst því hlutverki að vera einhvers konar upplýsingamiðill innan flokksins, en leika hins vegar ekki það hlutverk að vera hin opinbera samviska þjóðarinnar út á við og nái því yfirleitt ekki þeirri stöðu að vera viðlíka áhrifamikill skoðanamótandi aðili eins og er í okkar þjóðfélagi.

Ég var af hv. þm. borinn þeim sökum að vera undir sömu sök seldur og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir að því leyti, að ég hefði ekki nefnt dæmi máli mínu til sönnunar, þess efnis að ritstjórar Þjóðviljans hefðu sjálfir á ýmsum tímum verið haldnir þvílíku ritskoðunarhugarfari og við höfum rætt hér um í kvöld. Ég vil ekki skorast undan því að nefna slík dæmi vegna þess að ég veit að þau eru allmörg. Mér er kunnugt um það, að þess voru dæmi á því tímabili áður en pólitísk ákvörðun var tekin um það innan forustu Alþb. — alias Sósíalistaflokksins — að leyfa í málgögnum sínum gagnrýnin viðhorf á þá þjóðfélagsskipan sem náð hefur að þróast í Austur-Evrópu, en sú pólitíska ákvörðun var tekin eftir innrásina í Tékkóslóvakíu árið 1968, — fyrir þann tíma voru þess allmörg dæmi að það þótti ekki góð siðfræði, hvorki á málfundum innan samtaka Sósíalista á Íslandi né heldur í málgögnum þeirra, að birta sjónarmið eða greinar sem byggðust á gagnrýnum viðhorfum á þeirri þjóðfélagsskipan. Þetta var stundum reynt að réttlæta með því að sjálfur Sósíalistaflokkurinn íslenski byggði tilveru sína á því að vera „stikkfrí“ að því er varðaði mat á starfsaðferðum, vinnubrögðum og þjóðfélagskerfi sem mótast hafði í þessum löndum. Í raun og veru var þetta vanhugsað, þetta var hálfhugsað og þetta mótaðist af einhverri þeirri pólitískri nauðsyn flokksforingjanna að halda saman söfnuðinum, en gera það samt sem áður raunverulega í skjóli þeirrar blekkingar að sósíalísk hreyfing geti nokkurn tíma verið til eða staðist eftir að hún hefur hætt að beita því, sem á þó að vera hennar rannsóknartæki á þjóðfélagslega þróun, þ. e. a. s. sinni fræðikenningu til rannsóknar og gagnrýni á þjóðfélagsþróun. Þetta var náttúrlega út af fyrir sig á hnignunarskeiði. Þess voru einkum og sér í lagi mörg dæmi á árunum upp úr 1950, eftir að ungir menn

af Íslandi lögðu leið sína til þessara landa og stunduðu nám í ýmsum fræðum með þessum þjóðum. Það hefur vafalaust gerst misjafnlega snemma að þeir gerðu upp heimanfenginn arf sinn í afstöðu sinni til þessara þjóðfélaga. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að þeir hafi margir hverjir tekið í arf héðan að heiman úr þjóðmálaumr. íslenskra sósíalista afskaplega barnalegar hugmyndir um þá þjóðfélagsskipan sem hér var um að ræða. Þess voru dæmi að allnokkrir þessara manna urðu fyrir þeirri lífsreynslu á þessum árum og höfðu til að bera þann manndóm að þeir vildu hlíta lögmáli fræðimanns eða menntamanns að láta ekki einhver pólitísk hyggindasjónarmið flokksforustu á hnignunarskeiði ráða því, hvað væri leyfilegt að segja og hvað ekki, og gáfu málgögnum sósíalistahreyfingar á Íslandi kost á því að birta slík sjónarmið. Ég þekki allmörg dæmi þess, að slíkum greinum hafi verið hafnað.

Það stoðar lítt þótt sagt sé að þetta hafi verið í gamla daga og það kunni vel að vera að slíkt gerist ekki nú. Ég minnist þess úr kosningabaráttu vestan af Fjörðum á s. l. vori, að hv. þm. ferðaðist um Vestfirði með siðferðisvottorð upp á vasann frá tímaritinu Stefni, málgagni ungra sjálfstæðismanna, þar sem einhver nafngreindur maður hafði sagt að frá og með innrásinni í Tékkóslóvakíu hefði Alþb. fengið siðferðisvottorð upp á það að það leyfði nú — (Gripið fram í.) já, það leyfði nú slíkri gagnrýni að koma fram.

Eitt er hvað gert er af pólitískum hyggindum eða illri pólitískri nauðsyn og annað það, hverjar kröfur slík hreyfing gerir til sjálfrar sín að taka til endurmats grundvallarhugmyndir, sem hún hefur byggt á tilvist sína mjög lengi og hún viðurkennir í orði, með því að leyfa slíka gagnrýni, til neydd vegna þrýstings frá almenningsáliti, sem flokkurinn stenst ekki lengur þegar hann stefnir að því að verða fjöldaflokkur á Íslandi, og annað hvaða kröfur beri að gera til þeirra menntamanna í forustu flokksins, sem telja sig byggja á sósíalískri fræðikenningu, að láta ekki þar staðar numið. Það er verk sem þessi stjórnmálaflokkur sósíalista á Íslandi hefur enn ekki haft hugrekki eða manndóm til að byrja á. Að mínu mati er það ein af alvarlegri veilum í íslensku stjórnmálakerfi að ekki skuli vera til flokkur sem raunverulega byggir á slíkum forsendum, og það er um leið ein af ástæðunum fyrir því að mínu mati að Alþb. sem slíkt hefur æ meir hrakist undan þrýstingi utanaðkomandi áhrifa og stefnir hraðbyri í þá átt að vera flokkur sem lætur sér nægja eingöngu og í allt of ríkum mæli skammtímasjónarmið, nálgast því að verða um of hentistefnuflokkur á borð við Framsfl. Ég mun láta útrætt um það.

Ég vil fyrst víkja að einu dæmi að því er varðar svarræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfs K. Jónssonar. Mér var að sjálfsögðu fullkunnugt um það að Morgunblaðið og Vísir eru ekki í eigu stjórnmálaflokka að formi til, en taldi þá staðreynd ekki svo veigamikla, að það eignarréttarform eitt út af fyrir sig markaði þeim sérstöðu. Ég vil hins vegar vekja athygli hv. þm. og fyrrv. ritstjóra á því, að sá maður í þessum umr. sem er fyrrverandi kollegi hans, ritstjóri Þjóðviljans, fór að vissu marki nokkrum viðurkenningarorðum um þá viðleitni sem gætt hefur af hálfu Morgunblaðsins til þess að hefja sig upp yfir þrengstu flokkssjónarmið, og mér fyndist í nafni almennrar kurteisi að hv. þm. hefði átt að veita andstæðingi sínum viðurkenningu fyrir þessa sanngirni í skoðunum. Ég vil nefna eitt dæmi. Að sjálfsögðu er það rétt sem fram kom hjá hv. þm. að þau erlend stórblöð, sem ég nefndi í máli mínu hér áðan, eru að sjálfsögðu pólitísk blöð. Það frjálsræði til hlutlægrar afstöðu, sem ritstjórn stórblaðs eins og New York Times eða Washington Post er gefið, m. a. í krafti þess að þetta eru blöð sem styðjast við mikið fjármagn og eru fjárhagslega hugsanlega laus undan þrýstingi, þýðir ekki það að þau láti sér það eitt nægja að vera merkingarlaust dægrastyttingarlesmál. Þau eru að sjálfsögðu pólitísk blöð og þau hafa sýnt það að þau hafa getað tekið pólitíska afstöðu sem er í veigamiklum atriðum geysilega gagnrýnin á sjálfar grundvallarforsendur þeirrar stefnu sem rekin er af valdhöfum á hverjum tíma.

Nú vil ég nefna eitt dæmi sem mér finnst þýðingarmikið. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að Víetnam-styrjöldin hefur fyrir þá kynslóð, sem telst til yngri borgara á Íslandi og reyndar víðar um heiminn, verið ámóta mótandi viðburður að því er varðar ekki einungis afstöðu manna til stjórnmála, heldur lífsviðhorfsmótun ungrar kynslóðar eins og hugsanlega Spánarstyrjöldin var á sínum tíma að móta viðhorf manna gegn fasisma á sinni tíð. Eitt af því, sem ég minnist frá þeim árum, frá einmitt sjöunda áratugnum, sem ég mundi vilja nefna sem dæmi um afstöðu af hálfu Morgunblaðsins, — og menn leiðrétta mig þá ef þeir hafa rök fyrir því, — þar sem ég hygg að Morgunblaðið sem stórblað á íslenskan mælikvarða hafi verið bert að því að vera í raun og veru kaþólskara en páfinn. Þess gætti ekki á síðum Morgunblaðsins á þeim tíma að þar kæmu fram gagnrýnin viðhorf á þessa örlagaríku styrjöld sem þó mátti lesa daglega á síðum helstu blaða í Bandaríkjunum sjálfum. Þetta er að mínu mati til marks um of mikið ósjálfstæði og of „fanatíska“ einhyggju að því er varðar alþjóðleg viðhorf og gildismat og ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta táknaði raunverulega að vissu leyti viðskilnað við eðlileg sjónarmið og viðhorf hugsandi borgara um allan heim. Ég ætla ekki að fara að vekja hér upp umr. um Víetnam-stríðið að öðru leyti en því að nefna þetta sem dæmi. (**Gripið fram í:** Manstu á hvaða árum þetta átti að vera?) Já, þetta er sérstaklega á árabilinu frá 1964 og fram undir 1968—1969, að mínu mati. Ég hygg að tengsl Morgunblaðsins við ráðandi öfl í Sjálfstfl. hafi valdið þarna miklu um. Ég hygg að innan Sjálfstfl. — það nánast segir sig sjálft — sem er flokkur sem fær fylgi í kosningum frá 37% kjósenda og upp í það að fara yfir 40% kjósenda, — ég hygg að það segi sig sjálft að innan Sjálfstæðisfl. og meðal fylgismanna hans var þá þegar að finna fjöldann allan af mönnum sem höfðu allt annan skilning á þeim hrapallegu mistökum í bandarískri utanríkisstefnu sem Víetnam-stríðið var. Þegar ég nota þessi orð:

„hrapalleg mistök að því er varðar bandaríska utanríkisstefnu“ — þá kann það að valda misskilningi. Ég mæli það fyrst og fremst á þann máta að framkvæmd þessarar styrjaldar og þær forsendur, sem fyrir henni lágu, voru ekki í þágu þeirrar utanríkisstefnu sem eftir á að hyggja hefði verið í samræmi við hagsmuni svokallaðra vestrænna lýðræðisríkja. Og ég hygg að enginn einstakur atburður í seinni tíma sögu hafi verið málstað þessara ríkja eins skaðlegur og þessi tiltekni atburður. Og að þessu leyti nefni ég t. d. málflutning Morgunblaðsins um þetta efni. Ég tel að í þessu tilviki hafi Morgunblaðið brugðist hlutverki sínu. En til marks um umburðarlyndi þessa öfluga málgagns, þessa öfluga dagblaðs, var það nefnt hispurslaust og hreinskilnislega, að þegar að því kæmi að ráða starfsmenn að þessu blaði, þá væru menn yfirleitt ekki spurðir að neinu nema þrennu, þeir þyrftu að uppfylla þrjár meginkröfur: að vera ekki kommúnistar, fasistar eða anarkistar. Ég get ekki að því gert, að mér kemur í hug að ýmsir af þeim, sem nú skipa raðir Alþb., jafnvel þingflokk Alþb. hafa fengið uppeldi sitt í blaðamennsku á Morgunblaðinu, og ýmsir þeirra, sem reynst hafa áhrifamiklir í íslenskri blaðamennsku við önnur málgögn, hafa einmitt átt langan feril á Morgunblaðinu, og þarf ekki að nefna nöfn í því sambandi. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri að því er varðar þau sjónarmið sem hér hafa komið fram í umr.

Ég lauk máli mínu áðan með því að lýsa áhyggjum mínum yfir þeirri tilhneigingu til mér lítt skiljanlegs skorts á umburðarlyndi, sem gætti í flutningi þessa frv., og vil ítreka að ég harma það. Það er hægt að nefna fleiri dæmi og ég get ekki staðist þá freistingu að nefna eitt slíkt dæmi í samhengi við þessa umr. Ég geri það með þeim formála að ég teldi æskilegt að einmitt æðstu yfirmenn menntamála á Íslandi litu á það sem skyldu sína, hvað svo sem líður tímabundnum pólitískum ágreiningi, að þeirra væri það öðrum fremur að virða grundvallarreglu umburðarlyndis í opinberu lífi á Íslandi og halda aftur af þeim bráðræðissjónarmiðum eða þrengstu flokkssjónarmiðum sem greinilega setja mark sitt á viðleitni tiltekinna hópa að því er varðar t. d. þetta mál.

Eitt dæmi, sem ég vil nefna um það og veldur mér áhyggjum, er t. d. þetta: Sá atburður varð á s. l. hausti að tilteknum starfsmanni menntmrn. var fyrirvaralaust sagt upp störfum og gefnar að sakarefni tvennar sakir. Í fyrsta lagi var það hin opinbera skýring, að þessi umræddi starfsmaður hefði birt grein um skólamál í nafngreindu tímariti norðanlands, og í annan stað, að þessi tiltekni starfsmaður hefði í heimildarleysi dreift skýrslu sem sérfræðingur hafði unnið um vandamál sérkennslu í íslenskum skólum. Nú kann vel að vera að menn leggi misjafnt mat á það hvað þessi atburður tákni. Menn geta haft sínar eigin skoðanir á þeim mönnum sem hér koma við sögu, og ég ætla ekki út af fyrir sig endilega að gera það að umtalsefni. Ég skal enn fremur taka það fram, að sjálfur er ég persónulega þeirrar skoðunar að æviráðningarkerfi íslenskra embættismanna væri eitt af því sem væri í þágu virks stjórnarfars og umbótasinnaðra breytinga að afnema. Ég er t. d. þeirrar skoðunar að það ætti aldrei að ráða nokkurn mann í starf til lengri tíma en 4 ára og því næst hafa það í huga að fenginni reynslu, hvort æskilegt væri að maðurinn héldi áfram í því starfi. Ég tel að þetta sé bæði rétt gagnvart almennum lýðræðisreglum grundvallarsjónarmiðum og enn fremur gagnvart skilningi manna á því hvað sé æskilegt. Ég tel óæskilegt að menn ali upp í okkar tiltölulega litla þjóðfélagi smávaldakónga sem að sjálfsögðu í skjóli æviráðningar og atvinnuöryggis hættir til þess að byggja upp lítið valdakerfi sem hætt er við að staðni.

En mér er spurn af þessu tilefni um tvennt. Úr því að sakarefnin eru þessi og manni er vísað úr starfi fyrir að hafa skrifað grein, þá kemur til álita að meta það hver greinin er og hvað er þar sagt. Ég er undirmaður hæstv. menntmrh. að starfi og starfa að skólamálum. Ég tók við þessu starfi og gerðist svo önnum kafinn við að sinna því, að ég hef lítið getað látið frá mér fara, sem ég þó hefði talið æskilegt, um viðhorf mín til skólamála og reynslu af þeim. En áður en það varð, minnist ég þess að ég lét oft á tíðum frá mér fara greinar í fjölmiðlum þar sem ég gagnrýndi ýmsa þætti skólamálanna. Ég tel rétt að mitt mat á umræddri grein, þar sem hér er um að ræða sakarefni, komi fram: Meginkjarni greinarinnar er sá að benda á mjög alvarlegar veilur í skipan framhaldsskólakerfis á Íslandi og jafnframt koma á framfæri því sjónarmiði að innan yfirstjórnar menntamála á Íslandi sé í allt of litlum mæli þess gætt að eðlileg sjónarmið menntmrn., þ. e. a. s. uppeldis- og kennslufræðileg sjónarmið, fái notið sín gagnvart þröngum fjárhagslegum formúlum. Að því er varðar kjarna þessa máls get ég lýst því yfir hér úr þessum ræðustól að ég er efnislega sammála þessari gagnrýni, og ég er reiðubúinn til að lýsa því yfir úr þessum ræðustól að ég er reiðubúinn til þess að endurtaka þau ummæli mín utan þinghelgi og taka á mig þá áhættu að verða brottrækur úr mínu starfi, ef það telst eðlilegt siðgæði og eðlilegt umburðarlyndi og eðlileg viðhorf að svo sé gert. Hitt er annað mál, að það kann vel að vera, og undir það get ég tekið, að þessum sjónarmiðum í umræddri grein hafi hugsanlega verið haldið fram líka af nokkrum skorti á umburðarlyndi, að það hafi ekki verið tekið tillit til vissra erfiðleika sem við er að fást o. s. frv., að greinin hafi verið skrifuð — eigum við að segja, eins og hv. 5. þm. Austurl. orðaði það um aðra gr. — að þessi grein hafi kannske verið skrifuð nokkuð hratt.

Annað sakarefnið er það, að umræddur starfsmaður hafi í heimildarleysi dreift ákveðinni skýrslu sem var niðurstaða af rannsókn sem ákveðinn sérfræðingur vinnur um vandamál þeirra sem verst eru settir í íslensku skólakerfi, börn á skyldunámsstigi, sem eiga sannarlega í miklum erfiðleikum, vegna þess einfaldlega að í okkar skólakerfi hefur þeim málum ekki verið gefin nægur gaumur, grundvallarsjónarmiðum að því er varðar það að taka tillit til ýmissa einstaklinga sem ekki falla inn í þetta almenna kerfi. Þessi skýrsla er, ef mér leyfist að segja

það út frá minni litlu reynslu sem skólamaður, hið þarfasta plagg. Þar kemur að vísu fram gagnrýni á tiltekinn starfsmann menntmrn. sem er þannig fram sett að hún er niðurstaða af viðræðum og viðtölum við fjölda skólastjóra um land allt. Nú má líka deila um það, hvort það hafi verið rétt að þessi gagnrýni kæmi fram með þessum hætti. En tilefnið er svo smátt að ég fæ með engu móti lagt það saman, og það er algjörlega nýtt gagnvart viðhorfum manna til slíkra hluta, að hér sé um að ræða brottrekstrarsök. Ég vil t. d. vekja athygli á því að hér fyrir hv. Alþ. liggur þáltill. þar sem gerð er till. í þá átt að þessi mál verði tekin fastari tökum af hv. menntmrn. og að því stefnt að sérstökum sérfróðum starfsmönnum verði falið að fjalla um þetta — í fullri viðurkenningu þess að einmitt þessi skýrsla hafi leitt í ljós að hér er um mjög alvarlega vöntun að ræða í okkar skólakerfi.

Þetta er dæmi — og ég nefni það hér í samhengi þessara umr. — um viðbrögð og viðhorf sem ég átti ekki von á. Ég vil taka það fram að ekkert af því sem ég hef hér sagt er borið fram af illum hug eða í fjandskaparskyni við hæstv. menntmrh. Þvert á móti hef ég enga ástæðu til að ætla annað en að hæstv. menntmrh. vilji láta gott af sér leiða. Ég hafði einmitt gert mér vonir um það að hann nálgaðist flókin viðfangsefni menntamála út frá sjónarhóli þeirrar lífsreynslu sem gerði honum það kannske sérstaklega kleift að ráða fram úr slíkum vandamálum frá nýjum sjónarhóli og ferskum lífsviðhorfum. Þess vegna tel ég alveg sérstaka ástæðu til þess að harma tillöguflutning eins og þann sem hér liggur fyrir hv. Alþ. um að grípa til lagasetningar um að svipta útvarpsráð starfsfriði og skipta um útvarpsráð, þótt ekki sé eftir nema tiltölulega lítill hluti af kjörtímabili þess, án þess þó að flytjandi frv. fáist til þess að viðurkenna að þetta sé borið fram vegna vantrausts á störfum útvarpsráðs eða nein þau dæmi séu nefnd, sem ég hef enn ekki fengið að heyra, sem réttlæti þetta. Og eins er með hitt dæmið sem ég nefndi, að ég tel það bera vott um svipuð viðhorf, án þess þó að yfirstjórn menntamála hafi í þessu tilviki talið sér skylt að gera heiðarlega og ærlega grein fyrir því hvers vegna var gripið til þeirra aðgerða.

Því verður ekki af efnislegum ástæðum trúað að brottrekstrarsök umrædds starfsmanns hafi verið sú að hann skrifaði grein í blað eða hann dreifði skýrslu til skólastjóra. Hér býr eitthvað annað að baki, og ég harma að svo skuli vera og á erfitt með að trúa því að hér sé um annað að ræða en misráðnar aðgerðir sem raunverulega byggjast ekki á nægilegri íhugun á því raunverulega hvað í þeim felst. Hugsanlega er einmitt hér um það að ræða að stjórnmálamönnum á Íslandi, sem skyndilega taka að sér forstöðu fyrir viðamiklum stofnunum og ráðuneytum, hætti til þess að hafa einmitt ekki nægilegt sjálfstæði gagnvart því kerfi sem þeir koma til með að starfa í. Þeir eiga ekki að vera fangar þess, þeir eiga að stýra því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 40. fundur.

Þriðjudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 41. fundur.

Þriðjudaginn 11. febr., að loknum 40. fundi.

Lækkun á byggingarkostnaði, þáltill. (þskj. 269). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðja og iðnaður, þáltill. (þskj. 270). — Ein umr.

Flm. (Gunnar J. Friðriksson): Herra forseti. Eins og getur í grg. með þáltill. þeirri, sem hér er til umr., er uppistaða laga um iðju og iðnað lög nr. 18 frá 1927. Á þeim tíma, sem síðan er liðinn, hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að fá lögum þessum breytt. Snemma árs 1950 var skipuð n. af þáv. iðnrh. til að endurskoða lögin. Var n. sammála um frv. til iðnaðarlaga sem síðar var lagt fyrir Alþ. sem stjfrv. árið 1952. En þó að n., sem skipuð var fulltrúum iðnaðarmanna og iðnrekenda, hafi orðið sammála um frv., varð reyndin sú að samtök iðnaðarmanna höfnuðu frv. Þegar iðnn. Nd., sem hafði málið til meðferðar, var ljós þessi ágreiningur lagði hún til að málið væri afgr. með rökst. dagskrá og ríkisstj. falið að reyna að ná samkomulagi við aðila.

Næstu ár voru gerðar nokkrar tilraunir til að brúa bilið sem skildi skoðanir iðnrekenda og iðnaðarmanna, en án árangurs. Á þessum árum var verksmiðjuiðnaðurinn að vaxa úr grasi og farið var að fjöldaframleiða í verksmiðjum ýmsa þá hluti sem fram til þess höfðu einungis verið framleiddir á verkstæðum meistara. Af þeim sökum var oft um mismunandi skoðanir að ræða á því, hvað væri lögvernduð framleiðsla og mætti því aðeins vinna af sveinum og meisturum og lærlingum eða hvað mætti vera unnið af ófaglærðu starfsfólki verksmiðjanna.

Eftir því sem árin hafa liðið hefur fækkað þeim kærum sem bornar hafa verið fram vegna mismunandi skilnings á verkaskiptingu milli handverks og verksmiðjuiðnaðar. Má því ætla að nú sé grundvöllur fyrir því að samkomulag náist um nýja löggjöf um iðnað, en þurfi ekki að stranda á ósamkomulagi þessara aðila. Jafnframt má benda á að sú breyting hefur orðið á skipulagi samtaka iðnaðarmanna, að frá því að algengast var að meistarar og sveinar væru saman í iðnaðarmannafélagi hefur þróunin orðið sú, a. m. k. í hinum fjölmennari byggðarlögum, að sveinar og meistarar skipi sér hvor um sig í sitt eigið stéttar- og hagsmunafélag. Þetta þýðir það að félögin gæta hagsmuna félagsmanna sinna með samtakamætti stéttarfé-

laganna og þurfa því ekki að leita réttar síns fyrir sakadómi eða félagsdómi eins og gömlu lögin heimila.

Það efast enginn um gildi handverks og verksmiðjuframleiðslu, en gömul lög, sem ekki samræmast breyttum aðstæðum, mega ekki standa í vegi fyrir nauðsynlegri framþróun. Einnig mælir það mjög með endurskoðun þessara laga að mikil breyting er og hefur verið að eiga sér stað í menntun iðnaðarmanna og annarra þeirra sem við tæknistörf fást.

1973 var skipuð n. til að endurskoða iðnfræðsluna. Hefur n. unnið mikið starf og mun starfssvið hennar jafnframt hafa færst út á svið almennrar verkmenntunar þar eð það tengist óhjákvæmilega iðnmenntuninni. Nauðsynlegt er að n. sú, sem skipuð verður ef till. þessi verður samþ., hafi samband við n. þessa.

Við vitum öll að undirstaða þróaðs verksmiðjuiðnaðar er verkmenning og tækniþekking. Það er engin sú bifreið tekin til fjöldaframleiðslu að fyrsta eintakið eða fyrirmyndin hafi ekki verið handsmíðað og reyndir iðnaðarmenn síðan framleitt þá stansa og mót sem gera fjöldaframleiðsluna mögulega. Sama máli gegnir um hvern þann hlut úr plasti sem við daglega höfum milli handa. Einnig gildir sama um flest húsgögnin, fötin o. s. frv., eða nær alla þá hluti sem í verksmiðjum eru framleiddir. Það er hagsmunamál hverrar þjóðar að eiga vel menntaða iðnaðarmenn og háþróaðan iðnað. Iðnaðarmaðurinn á að njóta virðingar vegna hæfni sinnar og kunnáttu og verksmiðjurnar trausts vegna vandaðrar vöru sem fjöldin getur eignast vegna hagkvæmni fjöldaframleiðslunnar. Það, sem skilur milli þróunarlandanna og hinna þróuðu, er iðnaður. Þjóðum, sem eiga frjósama jörð og auðug fiskimið, hefur þrátt fyrir það ekki tekist að ná þeirri efnahagsþróun sem þarf til þess að geta séð þegnum sínum fyrir viðunandi viðurværi vegna þess að iðnaðinn hefur vantað. Það er iðnaðurinn sem hvarvetna hefur lagt landbúnaðinum til tækin og efnin sem auka afköst bóndans. Sama er að segja um fiskveiðar. Þar er það iðnaðurinn sem hefur lagt fiskimanninum til fullkomnari skip, siglingar- og leitartæki og afkastameiri veiðarfæri. Hvað íslenskan sjávarútveg snertir hefur það gert mögulegt að fiskur og fiskafurðir standa undir rúmlega helmingi gjaldeyrisöflunar þjóðarinnar. Ánægjulegt dæmi um, hvernig iðnaðurinn hefur stuðlað að auknu öryggi og hagkvæmni, eru sjálfstýritæki þau sem nýlega hafa verið framleidd af íslenskum tæknimönnum og sett í skip og fiskimjölsverksmiðjur. Reynslan er sú að þjóðir, sem eru um of háðar öðrum þjóðum um tækni og iðnaðarframleiðslu, eiga erfitt með að sjá þegnum sínum fyrir viðunandi lífskjörum. Okkur íslendingum er því nauðsyn að efla iðnaðinn hvar sem við verður komið. Með því stuðlum við jafnframt að hagkvæmari nýtingu auðæfa okkar til lands og sjávar.

Sú þáltill., sem hér er flutt, er hugsuð sem einn liður sem greiði fyrir þessari framþróun. Samkv. tölum frá 1972 unnu 22 500 manns við iðnað, þar af um 6 þús. við fiskiðnað. Á sama tíma unnu rétt tæplega 10 þús. manns við byggingarframkvæmdir eða samtals um 32 500 manns. Sem hundraðshluti vinnandi fólks í landinu er þetta rúmur þriðjungur.

Þó að iðnaðarþróunin hafi verið ör allt frá lokum styrjaldarinnar hafa skilyrði til iðnþróunar á ýmsan hátt verið óhagstæð og þróunin því hægari en æskilegt má teljast, sérstaklega ef hafður er samanburður við nágrannaþjóðir okkar. Orsakir þessa eru ýmsar, m. a. að hinir hefðbundnu atvinnuvegir okkar, landbúnaður og sjávarútvegur, hafa einatt átt fleiri og athafnasamari talsmönnum á að skipa en iðnaðurinn, enda þess gætt í aðgerðum þings og stjórnar þegar um ráðstafanir og fjármögnun vegna atvinnuveganna hefur verið fjallað. Það skal samt viðurkennt að þetta hefur verið að breytast eftir því sem skilningur á þjóðhagslegri þýðingu iðnaðar hefur aukist. Þjóðinni er að verða ljóst hve gífurleg auðæfi hún á í orku hvera og fallvatna, að skynsamleg nýting þeirrar orku getur verið aflgjafi iðnaðar sem tryggi aukið jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Mikilvægi þess hlýtur að vera okkur ljóst einmitt þessa dagana. Með þeirri þekkingu og tækni, sem þjóðir heims hafa nú yfir að ráða, er ekkert því til fyrirstöðu að saman geti farið virkjun orku og rekstur iðjuvera og umhverfis- og náttúruvernd. Það er von mín að Alþ. beri gæfu til að fjalla af raunsæi um öll þau mál er iðnað og iðnþróun varða og þar með stuðla að aukinni hagsæld með þjóðinni.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. frestað og vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskræktarmál eldisstöðvarinnar að Laxalóni, þáltill. (þskj. 81). — Fyrri umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Tilefni þeirrar þáltill., sem er á þskj. 81, er eins og hér mun greint — með leyfi forseta — tilvitnun í bréf, dags. 24. okt. 1973, er Skúli Pálsson laxaræktarbóndi sendi landbn. Alþ. Ég verð að fá leyfi forseta til að vísa í nokkur bréf sitt á hvað. En eins og fram mun koma með tilvitnun í þessi bréf frá sitt hvorum aðilanum, er það einmitt ástæðan fyrir því að við höfumst handa um að fá þessa þáltill. gegnum Alþ., en hún er þannig:

„Alþ. ályktar að kjósa n. 5 manna er rannsaki orsakir deilna þeirra sem risið hafa vegna starfsemi fiskeldisstöðvarinnar að Laxalóni. Skulu sérstaklega rannsakaðar ástæður þær sem til þess liggja að yfirvöld hafa neitað um nauðsynleg leyfi til frjálsrar sölu og meðferðar á afurðum stöðvarinnar. N. skal hafa lokið störfum áður en reglulegt Alþ. kemur saman á hausti komanda. Kostnaður vegna starfa n. greiðist úr ríkissjóði."

Þetta er ályktunin eins og hún er og nokkur grg. fylgir.

En fyrsta bréf, sem ég sá um þessi mál, kom til mín sem nefndarmanns í landbn. Ed. og er dagsett, eins og ég sagði áðan, 24. okt. 1973:

„Ég leyfi mér hér með allra virðingarfyllst að senda hv. landbn. Alþ. ljósrit af bréfi mínu, dags. 11. sept. s. l. til landbn., þar sem ég hef óskað eftir því að rn. hlutist til um að fram fari

opinber rannsókn á afskiptum veiðimálastjóra, Þórs Guðjónssonar, af fiskræktarstarfsemi minni allt frá upphafi til þessa dags og þeirri viðleitni sem þessi embættismaður hefur haft í frammi til þess að knésetja starfsemi mína, en með neikvæðum afskiptum sínum annars vegar og vanrækslu embættisskyldu hins vegar hefur hann þegar valdið mér og þjóðarbúinu í heild ómældu tjóni.

Jafnframt leyfi ég mér að láta fylgja ljósrit matsgerðar tveggja sérfræðinga sem dómkvaddir voru á s. l. vori til þess að meta til peningaverðs tjón það er ég varð fyrir, sakir þess að eigi reyndist unnt að fá viðeigandi vottorð um heilbrigði fisksins í eldisstöð minni.

Fisksjúkdómanefnd, en þar er veiðimálastjórinn einn nm., hefur vanrækt þau eftirlitsstörf sem veiðilöggjöfin hefur lagt henni á herðar, og vanrækt að koma á fót aðstöðu til þess að fylgjast með heilbrigðisástandi eldisfiska til þess að unnt sé að gefa vottorð um heilbrigði fisksins í samræmi við þær kröfur sem almennt eru nú gerðar erlendis í sambandi við útflutning hrogna og seiða.

Í ársbyrjun 1971, eða skömmu eftir að fisksjúkdómanefnd hafði verið skipuð, óskaði ég eftir því við form. hennar, yfirdýralækni Pál Pálsson, að framvegis yrði fylgst með því að um smitnæma sjúkdóma væri ekki að ræða í fiskræktarstöð minni vegna væntanlegs útflutnings hrogna og seiða. Vænti ég þess að nú verði bót á ráðin eftir 20 ára vanrækslu veiðimálastjórans sem fyrir stofnun fisksjúkdómanefndar hefði átt að hafa heilbrigðiseftirlit á hendi, en aldrei framkvæmt að því er varðaði eldisstöð mína. Stöðugt eftirlit dýralæknis hefur að vísu verið framkvæmt síðan og aldrei orðið vart neinna sjúkdóma nú fremur en nokkurn tíma áður. Engu að síður hefur n. eða yfirdýralæknir ekki treyst sér til þess að gefa fullkomið heilbrigðisvottorð varðandi veirusjúkdóma, og hefur synjun um slíka vottorðsgjöf verið rökstudd með því að hvorki væri hér völ sérfræðinga, tækja né aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar rannsóknir í því skyni. Ég hef bent á það að rannsóknir þessar mætti framkvæma erlendis, t. d. í Danmörku, á sýnum, sem reglulega væru tekin úr stöð minni af dýralækni. Hef ég boðist til þess að greiða allan þann kostnað sem af þessu hlytist. Jafnframt hef ég boðist til þess að greiða kostnað af komu sérfræðings hingað til lands sem framkvæmt gæti slíka rannsókn, svo að dýralæknir gæti gefið viðhlítandi vottorð. Ábendingar mínar hafa engan hljómgrunn fengið hjá yfirvöldum veiðimála.

Það var ekki fyrr en á s. l. vori, eftir fund minn og lögfræðings míns með hæstv. landbrh., að hann gaf yfirdýralækni fyrirmæli um að semja við sænskar eða danskar vísindastofnanir um fisksjúkdómarannsóknir á hrognum, seiðum eða fiski úr íslenskum eldisstöðvum, þar til unnt verður að annast slíkar rannsóknir hérlendis.

Eins og ég hef margsinnis bent á og raunar gert kröfu til yfirvalda veiðimála um, hefðu þessar rannsóknir getað farið fram undanfarin ár, en vegna þessa dæmalausa sinnuleysis hefur ekkert verið að gert og hef ég af þeim sökum orðið að eyðileggja nálega alla regnbogasilungshrognaframleiðslu mína undanfarin ár. Á s. l. vori aðvaraði ég sérstaklega við því yfirvofandi tjóni sem hæglega hefði mátt afstýra ef vilji heilbrigðisyfirvalda og yfirstjórnar veiðimála hefði verið fyrir hendi, en tjón mitt á þessu ári af þessum sökum er 2 millj. 573 þús. kr. skv. niðurstöðum matsmanna. Er þó ekki tekið tillit til þess að vegna þeirra afskipta sem ég hef orðið að þola af veiðimálastjóra nú á þriðja áratug, hefur mér verið meinað að efla regnbogasilungsrækt mína og annarra vegna banns við brottflutningi hrogna og seiða úr eldisstöð minni, en þrengsli eru svo mikil í stöðinni að ekki er unnt að auka við þann regnbogasilungsstofn sem þar er. Ég hef átt kost þess að selja einum aðila regnbogasilungshrogn fyrir 3 millj. kr. árlega um fimm ára skeið, auk þess sem mér berast pantanir og fsp. um mögulega sölu fyrir millj. kr. árlega sem ég hef ekki fengið að hagnýta mér vegna sinnuleysis og dæmalausrar þröngsýni þeirra aðila sem stjórn veiðamála hafa á hendi.

Eins og áður sagði skipaði hæstv. landbrh. á s. l. vori svo fyrir, að erlendum vísindastofnunum skyldi falið að annast veirurannsóknir á fiski í eldisstöðvum hér á landi meðan ekki væru tök á því hér. Ekki var þó hafist handa um þessar rannsóknir fyrr en síðla sumars. Var þá m. a. rannsakaður fiskur í eldisstöð minni. Hef ég að vísu rökstuddan grun um að fisksjúkdómanefnd hafi nú þegar fengið gögn um niðurstöður þeirrar rannsóknar, en ekki hefur n. þó séð ástæðu til þess að tilkynna mér um hana, enda mun hún hafa verið á þá leið, sem og var vitað, að veirusjúkdómar fundust ekki í fiski. Er það og í samræmi við þær rannsóknir á sýnum, sem ég hef sjálfur sent til rannsóknar í rannsóknarstöð í Danmörku, og enn fremur í samræmi við margendurteknar og stöðugar rannsóknir á eldisfiski úr stöð minni sem alinn er einangraður í Danmörku og eigandi hans bindur nú miklar vonir við, sbr. meðfylgjandi grein í dagblaðinu Tímanum.

Ég vil sérstaklega vekja athygli yðar á þeirri staðreynd að augu flestra fiskræktarstöðva um alla Evrópu, þar sem regnbogasilungur er ræktaður, einblína nú á Ísland, þar sem vitað er að unnt er að fá heilbrigðan fisk. Það ber orðið brýna nauðsyn til þess að ráða þá bót á stjórn veiðimála og framkvæmd í veiðimálum að sá, sem yfir þessu máli er skipaður, standi ekki gegn eðlilegri þróun þeirra.

Ég kemst að sjálfsögðu ekki hjá því að leita réttar míns um bætur fyrir það tjón sem ég hef orðið að þola af þessum sökum, en hefði að sjálfsögðu kosið það heldur að ekkert hefði orðið sem aldrei þurfti að verða. Ég heiti hins vegar á hv. n. að hún beiti áhrifum sínum til þess að byggja fyrir endurtekningu þeirra í framtíðinni og veiti jafnframt jákvæðan stuðning við þjóðhagslega arðbæra fiskrækt í landinu.

Ég hef nú fyrir nokkrum árum keypt mér land til fiskræktar austur í Ölfusi. Vegna þess fjárhagslega tjóns sem ég hef orðið fyrir vegna sinnuleysis þeirra stjórnvalda sem með þessi mál fara og lagt hafa stein í götu eðlilegrar þróunar á regnbogasilungsrækt minni og hindrað sölu verðmætis fyrir millj. kr. árlega, hef ég

ekki haft bolmagn til að hefja þar framkvæmdir á fiskræktarstöð minni, enda má segja að til lítils væri að koma þar upp slíkri stöð ef ekki má flytja í hana fiskinn, þann sem arðvænlegastur er eins og nú standa sakir. Hefði ég að sjálfsögðu heldur kosið að unnt yrði að bæta mér það tjón, sem ég hef þegar orðið fyrir, með samningum, t. d. þar sem kveðið væri á um árlega fjárhagsfyrirgreiðslu við fiskræktarstarfsemi mína, fremur en að þurfa að leita réttar míns fyrir dómstólum sem ella er óhjákvæmilegt.

Það er nú eindregin ósk mín og von að hv. landbn. Alþ. vilji nú láta málefni þessi nokkuð til sín taka í þeim tilgangi að koma á betri og hlutlægari skipan veiðimála en hingað til hefur verið, en á því er brýn nauðsyn.

Ég hef í þessu erindi mínu ekki drepið nema á örfá atriði sem að mér hafa snúið, en sýna þó að litlu leyti hvert tjón er hægt að baka einum fiskræktarbónda með sinnuleysi og ódrenglyndi stjórnvalda þeirra sem skipuð eru til að sjá um eflingu hans. Þessi mynd sýnir hins vegar ekki það þjóðhagslega fjártjón sem sinnuleysi þetta hefur valdið.

Mér væri mikil þökk í því að eiga þess kost að fá að ræða nánar við hv. n. eða einstaka nm. fyrir hennar hönd til þess að veita nánari skýringar á því sem óskýrt kunni að vera í erindi þessu og veita annars upplýsingar um viðskipti mín við stjórn veiðimála á undanförnum áratugum og þá reynslu sem ég hef haft af fiskrækt á þeim tíma, ef það mætti stuðla að betri skipan þessara mála í framtíðinni.

Allra virðingarfyllst.
Skúli Pálsson."

Þannig var þetta fyrsta bréf sem landbn. fékk. Skúli Pálsson hefur komið á fund n. og einnig kom Þór veiðimálastjóri á fund. Skúli bætti mjög við þau gögn sem hann sendi n. þegar í upphafi. Hins vegar lofaði veiðimálastjóri að senda okkur mörg gögn, en ég hef ekki fengið eitt einasta bréf frá hans hendi þó að ég hafi fengið bréf frá yfirdýralækni og fleiri aðilum er mætti kalla að nokkru leyti gagnaðila í málinu. Þetta verð ég að harma mjög, að sjálfur veiðimálastjóri skuli ekki sjá ástæðu til þess, þegar hann lofar því á fundi n. að senda okkur nm. margvísleg gögn um þetta mál og skýra með því viðhorf sitt. Ég vil undirstrika það mjög rækilega að till. er sett fram til þess að þetta mál fái eðlilega athugun og jafnvel þó að svo fari að ég verði hér að vitna í fleiri bréf frá Skúla, vil ég undirstrika það rækilega að tilgangur okkar er að málið fái eðlilega athugun og leitt sé í ljós hið sanna í þessu vandamáli og leiðindadeilumáli. Við flm. drögum ekki taum eins eða neins í þessu máli. Þetta er þannig vaxið að þegar einni n. í Alþ. eru send bréf og ýmiskonar gögn og harðar ásakanir, er varla hægt að þegja lengur yfir því að líta á málið nokkru nánar. Einnig hefur það skeð, að Alþ. hefur veitt ríkisábyrgð fyrir allt að 15 millj. kr. fyrir þennan laxveiðibónda og þess vegna tel ég eðlilegt að hlutlaus rannsókn fari fram á því hvernig þessi mál eru til komin og hægt verði að fá þau útkljáð og málið lagt fyrir og þar með verði því lokið á sem skemmstum tíma.

Á sínum tíma skrifaði Þór Guðjónsson nokkuð um hvað regnbogasilungur væri, og til að skýra málið og um hvaða fisk er að ræða ætla ég aðeins að lesa hér örstutta tilvitnun úr þessari grein:

„Regnbogasilungurinn hefur verið fluttur frá hinum upprunalegu heimkynnum sínum á vesturströnd Bandaríkjanna og sleppt í veiðivötn í öllum heimsálfum. Hófust þessir flutningar um 1880 og var mest flutt af hrognum og seiðum salta afbrigðisins frá ríkisklakstöðinni í McCloud-ánni í Kaliforníu. Til Evrópulanda fóru fyrstu flutningarnir fram 1882. Flutningur regnbogasilungs í ár og vötn í Ameríku og á Nýja-Sjálandi hefur tekist ágætlega. Hins vegar hefur árangurinn af flutningi hans í veiðivötn í Evrópu verið síður en svo góður. Er aðeins um að ræða sárafá veiðivötn þar sem komist hafa upp regnbogasilungsstofnar. Seiðaflutningar hafa mjög oft tekist vel og fyrstu árin hafa seiðin vaxið ört, en fiskurinn tímgast ekki og hverfur því úr vötnum nema því aðeins að sleppt sé í þau regnbogasilungi árlega. Í ám hefur regnbogasilungurinn einnig horfið fáeinum árum eftir að honum hefur verið sleppt sem seiðum. Er talið að hann gangi til sjávar og skili sér ekki aftur í árnar. Eldi regnbogasilungs hefur gengið ágætlega í Evrópu eins og annars staðar. Regnbogasilungurinn hefur ýmsa kosti í eldi fram yfir t. d. urriða, því að hann þolir hærri hita, er ónæmari fyrir sjúkdómum og vex örar þegar vel er fóðrað."

Fleira mætti taka úr þessari grein, en ég held að það verði varla tími til þess að vitna meira í þessa grein eftir veiðimálastjóra. En það kemur fram af þessu að hér er um vænlegan fiskstofn að ræða til þess að hafa af honum nokkurn arð sem búskapargrein, enda er það alkunnugt víða í Evrópu og víðar í heiminum að hann gefur allmikinn arð af sér.

Þetta mál hefur borið hér fyrir Alþ. áður og var fsp. á þskj. 379, þá flutt af Oddi Ólafssyni, til landbrh. um afskipti stjórnvalda af regnbogasilungseldi Skúla Pálssonar að Laxalóni. Um þetta urðu allmiklar umr. og fisksjúkdómanefnd gerði þá aths. í allmiklu bréfi, þar sem fisksjúkdómanefnd taldi að rangar upplýsingar hafi komið fram, og held ég að ég verði að lesa talsvert úr því bréfi til að skýra viðhorf þeirra einnig, en þeir verja afstöðu sína m. a. með þessum orðum:

„Eins og kunnugt er voru regnbogasilungshrogn flutt frá Danmörku árið 1951 að eldisstöðinni í Laxalóni við Grafarlæk. Af hálfu landbn. voru þá sett ýmis skilyrði fyrir þessum innflutningi í varúðarskyni, svo sem varðandi heilbrigðisvottorð, sótthreinsun hrogna og einangrun þeirra. Talið er að skilyrði þessi hafi ekki verið haldin að fullu af innflytjanda, Skúla Pálssyni. Hrogn þau, sem hér um ræðir, komu frá dönskum fiskræktarmanni í Egtved. Við þann bæ er Egtvedveikin kennd, en það er banvænn veirusjúkdómur í regnbogasilungi sem valdið hefur dönskum fiskræktarmönnum þyngri búsifjum en allir aðrir fisksjúkdómar undanfarna tvo áratugi og hefur kostað danska ríkið óhemjufjárútlát. Er nú reynt

að útrýma sjúkdómnum með niðurskurði og fiskskiptum í þeim eldisstöðvum þar sem hann gerir mest tjón.

Fyrstu árin eftir að regnbogasilungshrognin komu til landsins var stofninum haldið einangruðum. Síðar var sú kvöð lögð á eiganda regnbogasilungsins að lifandi fisk mætti ekki flytja frá Laxalóni nema með leyfi landbrn. Hins vegar hafa aldrei verið lagðar neinar hömlur af hálfu hins opinbera á ræktun og eldi regnbogasilungsins innan stöðvarinnar til slátrunar og sölu, en það var að sögn eiganda tilgangur hans með innflutningi og eldi regnbogasilungsins."

Síðan kemur kafli sem varla er rétt að vera að vitna meira í, en síðar segir svo:

„Í lögum um lax- og silungsveiði, sem tóku gildi 25. júní 1970, er gert ráð fyrir að sjúkdómum vatnafiska sé sinnt sérstaklega. Í lögum þessum er gert ráð fyrir n. sérfróðra manna, fisksjúkdómanefnd, er starfi stjórnvöldum til ráðuneytis. Frá því snemma á árinu 1971 hefur héraðsdýralæknirinn í Rvík að frumkvæði fisksjúkdómanefndar haft eftirlit með eldisstöðinni að Laxalóni sem og öðrum eldisstöðvum í umdæmi hans, sbr. reglugerð er síðar var sett um það efni, reglugerð nr. 70/1972. Eftirlit þetta felst í því að dýralæknir kemur óvænt í heimsókn á stöðvarnar, skoðar fisk, seiði og hrogn sem þar er í eldi með tilliti til sjúkdómseinkenna. Ef ástæða er talin tekur hann sýni til krufningar eða frekari rannsókna.

Þar sem aðstaða til rannsókna á veirusjúkdómum í fiski hefur ekki verið fyrir hendi hér á landi, hafði landbrn. forgöngu, eins og áður var tekið fram, um það að fenginn væri danskur fisksjúkdómafræðingur til þess að rannsaka sýni úr eldisstöðvunum hér á landi með tilliti til þess hvort veirusjúkdómar kynnu að leynast þar. Þær rannsóknir hófust haustið 1973 og er gert ráð fyrir eðli málsins samkv. að þær standi yfir eitt ár hið skemmsta. Rannsóknir á einu úrtaki frá eldisstöðinni í Laxalóni hafa þegar verið gerðar og fundust ekki veirur í sýnunum. Blóðsýni, sem tekin voru á liðnu hausti úr stálpuðum regnbogasilungi frá Laxalóni, reyndust innihalda mótefni gegn svonefndri IPN-veiru. Er óvíst hvernig beri að túlka þær niðurstöður. Þó munu IPN-veirur hafa fundist í sumum þeim fiskum sem aldir voru upp í Danmörku af regnbogasilungshrognum frá Laxalóni, en á því gæti verið sú skýring að þessi silungur hafi sýkst í Danmörku þar sem slíkar veirur eru landlægar."

Svo er ýmislegt fleira tekið fram hér, sem að mínu mati skiptir minna í þessum inngangi til að sýna viðhorf manna á tvo vegu, en síðar í bréfinu, á bls. 4, segir:

„Óþarft ætti að vera að minna hv. alþm. á þá hörmulegu og dýrkeyptu reynslu sem Íslendingar hafa orðið fyrir af völdum smitsjúkdóma búfjár þrátt fyrir mikla varfærni í þeim málum oft á tíðum. Á ég þar við hina alþekktu sauðfjársjúkdóma, mæðiveiki, garnaveiki, riðuveiki, kýlapest o. s. frv. sem hingað hafa borist með innflutningi. Þess eru mörg dæmi að smitsjúkdómar í fiskum hafi borist landa á milli með hrognum og seiðum og oft valdið stórfelldu tjóni. Afleiðing þess er svo m. a. hinar ströngu hömlur á innflutningi vatnafiska og hrogna sem ýmsar þjóðir, t. d. bandaríkjamenn og danir, hafa sett hin síðari ár og bitnað hafa að nokkru á íslendingum. Þeim mun minni sem þekking manna er á fisksjúkdómum miðað við sjúkdóma annarra dýrategunda, þeim mun meiri ástæða er til þess að sýna ítrustu varfærni í þessum **málum.**"

Þetta bréf er dags. 18. febr. 1974.

Ég hef hér undir höndum í gögnum, sem landbn. var send, nokkur ljósrit af bréfum sem Skúli Pálsson ritaði yfirdýralækni. M. a. ritar hann 2. mars 1971 svo hljóðandi bréf:

„Hr. yfirdýralæknir Páll A. Pálsson, Keldum við Reykjavík.

Ég leyfi mér að vísa til samtals er ég átti við yður 26. febr. s. l. viðkomandi eftirlit varðandi fisksjúkdóma í fiskeldisstöð minni að Laxalóni. Ég vil hér með leyfa mér að fara þess á leit við yður, að eftirleiðis verði fylgst með því að um smitnæma fisksjúkdóma sé ekki að ræða í fiskræktarstöð minni. Þessi ósk mín er vegna þess að þeir aðilar erlendis, sem hafa hug á að kaupa hrogn eða seiði frá mér, óska að fá heilbrigðisvottorð þegar varan er afgreidd til þeirra. Þann kostnað, sem mun verða af viðkomandi eftirliti, mun ég annast greiðslu á. Ég leyfi mér að vænta svars yðar þessu viðkomandi.

Virðingarfyllst,
Skúli Pálsson."

Því miður er þessi beiðni ekki virt svars og er enn eitt dæmi um það í embættiskerfi Íslendinga að hinn almenni borgari er ekki virtur þess að bréfum sé svarað. En Skúli hættir ekki samt sem áður við þetta og skrifar annað bréf efnislega eins 12. jan. 1972 og bréfinu er ekki heldur svarað. Og hann heldur áfram að skrifa og biðja um að athugun fari fram á fiskinum svo að hann geti sinnt beiðnum, sem koma frá útlöndum, um sölu á hrognum. Og 22. maí 1973 skrifar hann landbrn. langt bréf sem ég get ekki vitnað í nema að hluta, en þar segir m. a.:

„Þrátt fyrir beiðni mína hafa ekki verið framkvæmdar þær rannsóknir á fiskstofninum sem leiði í ljós, að um vírussjúkdóma er ekki að ræða í stöðinni" — þetta segir hann að sínu mati — „og því hefur ekki verið unnt að gefa nauðsynleg vottorð sem fylgja þurfa og krafist er við útflutning hrogna og seiða úr stöðinni til útlanda. Hefur þetta þegar leitt til ómælds tjóns fyrir mig, þar sem ég hef ekki getað tekið erlendum kauptilboðum um regnbogasilungshrogn, þar sem ég hef ekki átt þess kost að láta sendingum fylgja vottorð, þar sem fram komi að umræddrar vírusrannsóknir hefðu farið fram."

Og afrit af þessu bréfi til landbrn. fær fisksjúkdómanefnd, hr. yfirdýralæknir Páll A. Pálsson.

Landbrn. svarar 13. júní 1973 og þar segir:

„Vegna bréfa yðar, dags. 22. maí" — sem ég var að vitna í áðan — „og 7. júní s. l. varðandi heilbrigðisrannsóknir í eldisstöð Skúla Pálssonar á Laxalóni tekur rn. eftirfarandi fram:

Yður er ljóst að á Íslandi er enn ekki aðstaða

til að gera sumar þær heilbrigðisrannsóknir sem erlendir kaupendur að framleiðslu eldisstöðva krefjast. Til slíks skortir bæði sérmenntaða starfsmenn og tæknibúnað. Tekin hefur verið ákvörðun um að stefna að því að koma upp aðstöðu hér á landi fyrir rannsóknir á sjúkdómum í fiskeldisstöðvum, þ. á m. veirusjúkdómum. Þangað til slík aðstaða hefur verið sköpuð er áformað að leita eftir samvinnu við erlenda sérfræðinga um fiskeldissjúkdóma og er nú unnið að því að koma á slíkri samvinnu.

Vegna fsp. í bréfi 22. maí s. l. um afstöðu rn. til ráðstöfunar á hrognum sem ekki reyndist unnt að selja þar sem enn er ekki aðstaða til veirurannsókna, skal yður tjáð að rn. er í engri aðstöðu til að hafa afskipti af hvernig þeim er ráðstafað, en mun eftir getu stuðla að því að samvinna við erlendar vísindastofnanir um sjúkdóma í eldisfiskum komist á sem fyrst.

F.h. ráðh. Sveinbjörn Dagfinnsson
ráðuneytisstjóri.“

Síðan sendir rn. frá sér bréf 16. júlí 1973 en þar segir:

„Rn. hefur borist ljósrit af bréfi, sem barst frá P.E. Westergård Jörgensen dýralækni við Statens Veterind Laboratorium, Afdeling for Jylland, dags. 10. þ. m., varðandi töku sýna og rannsóknir veirusjúkdóma í eldisfiski. Eins og bréfið ber með sér er hinn danski sérfræðingur fáanlegur til að semja um rannsóknir á fiski úr íslenskum eldisstöðvum og hefur rn. ákveðið að leita eftir samningum um þessar rannsóknir.

Þetta tilkynnist hér með. — F.h. ráðh. Sveinbjörn Dagfinnsson.“

Sent lögfræðingi Skúla Pálssonar, Sveini Snorrasyni hrl.

Síðan koma niðurstöður úr þessum rannsóknum og hef ég hér fengið sendar tilvitnanir um þessar rannsóknir en þar kemur fram að ekkert finnst athugavert. Ég hef hér undir höndum niðurstöður frá 9. maí 1974, 4. okt. 1974 og 5. des. 1974. Af öllum þessum sýnum, sem þessar tilvitnanir fjalla um, kemur í ljós að þar hefur ekki fundist neitt sem bendir til að þessi IPN-vírus sé í stofni Skúla Pálssonar og því, eins og hann hefur haldið fram, má ætla að stofninn sé alheilbrigður. En í millitíðinni hefur það gerst að Skúli hefur átt kost á því að flytja út, en viðkomandi aðilar hafa ekki treyst sér til að gefa út vottorð er segi neitt af eða á um heilbrigði stofnsins vegna þess að þeir hafa ekki annast rannsóknir, og þess vegna segja þeir: Við erum ekki í aðstöðu til þess að gefa út eitt eða neitt varðandi heilbrigðina, fyrr en aðstaða er fyrir hendi eða rannsókn annars staðar frá.

Hér sendi yfirdýralæknir mér persónulega bréf eða ljósrit af bréfi, dags. 25. mars 1974, sem ég ætla að lesa kafla úr, með leyfi forseta, en þar segir:

„Eins og ég hef þrásinnis áður bent á, hefur Skúla Pálssyni aldrei verið synjað um heilbrigðisvottorð vegna útflutnings á seiðum eða hrognum úr eldisstöðinni að Laxalóni. Hafa vottorð þessi verið gefin eftir því sem efni hafa staðið til hverju sinni og afhent Skúla þegar hann hefur óskað eftir því. Til þess að unnt sé að gefa út slík heilbrigðisvottorð, þurfa auk upplýsinga um heilbrigðisástand að liggja fyrir ýmsar upplýsingar sem útflytjandi verður að láta í té, t. d. varðandi magn og tegund seiða eða hrogna, pökkun sendingar og merkingu hennar, hvaða flutningstæki er fyrirhugað að senda vöruna með og hvenær. Þá þarf upplýsingar um nafn og heimilisfang móttakanda og sendanda. Allt þetta þarf að koma fram á vottorðinu svo að móttakanda sé tryggt að heilbrigðisvottorð taki til ákveðinnar sendingar frá ákveðnum stað. Auk þessa þarf útflytjandi að upplýsa, hvort einhverjar kröfur séu gerðar af hendi kaupanda eða innflutningslands sem fram þurfi að koma á vottorði, t. d. varðandi sótthreinsun hrogna, gerð og gæði umbúða, sérstaks orðalags á heilbrigðisvottorði, númers á flutningsleyfi o. s. frv.“

Síðan segir: „Að fengnum framangreindum upplýsingum getur Skúli Pálsson eða aðrir útflytjendur nú sem fyrr eða að öllu óbreyttu fengið afhent heilbrigðisvottorð hliðstætt því sem fylgir áðurnefndu bréfi Skúla og undirritaður gaf út í byrjun þessa árs vegna sölu á 250 þús. laxahrognum til Spánar, enda hafi stöðvar þeirra verið undir eftirliti og fulltrúi yfirdýralæknis verið viðstaddur pökkun. Þetta er Skúla vel kunnugt um, enda þótt það komi ekki fram í bréfi hans, því að ég hef oftar en einu sinni skýrt Ólafi Skúlasyni fulltrúa hans frá þessu. Tilmæli Skúla til landbrh. um að hlutast til um útgáfu vottorða eru því yfirdrep eitt.“

Vegna misskilnings, sem fram kemur í áðurnefndu bréfi Skúla Pálssonar um veirurannsóknir í fiski úr eldisstöðvum hér á landi, vil ég taka fram: Þegar reyna á að kanna til hlítar, hvort veirusjúkdómar leynast í eldisfiski, hefur reynst vænlegast til árangurs að dreifa sýnatöku nokkuð eftir árstíðum. Það er skýringin á því að sýni eru tekin með alllöngu millibili, en ekki með fárra daga eða vikna millibili. Því hlýtur slík rannsókn óhjákvæmilega að taka sinn tíma. En eins og fram kom snemma í ræðu minni, hlutaðist hæstv. núv. landbrh., Halldór E. Sigurðsson, til um það — og á hann sérstaka þökk fyrir — að koma þessum margumræddu rannsóknarþætti í gang, og ég verð að telja, miðað við þær upplýsingar sem ég hef, að honum sé lokið og ætla megi að stofninn sé alheilbrigður. Fyrir atbeina hæstv. ráðh. liggur nú þetta ljóst fyrir, svo að ég held að menn ættu ekki að þurfa að deila endalaust um það, hvort stofninn sé heilbrigður og þá er aðeins að fá málið sett niður með öðrum hætti, rannsakað gaumgæfilega af hlutlausri n. eins og till. gengur út á.

Það hefur farið fram mikil matsgerð í bæjarþingi Reykjavíkur sem ég ætla ekki að fara að vitna hér í. Það er langt plagg og mikið þar sem Skúla eru dæmdar ákveðnar bætur. Hann hefur sjálfur gert kröfu um miklu meiri bætur. En allt er þetta mjög mikið mál, mikið af pappírum komið í hendur mínar og margra annarra nm. sem ómögulegt er að fjalla um í framsöguræðu, þá yrði það of langt mál. En grundvallaratriðið í þessu er — það vil ég undirskrika enn einu sinni — að þetta mál fái hlutlæga athugun og við vitum hvað hefur skeð og hvernig eigi að bregðast við þessu í framtíðinni. Og ég vil ekki

una því — og ég hugsa að ég sé ekki einn um það — að hvort sem það er bóndi eða bara venjulegur verkamaður eða annar atvinnurekandi í landinu sem ritar rn. eða æðstu embættismönnum landsins bréf hvað eftir annað, að þau séu ekki virt svars, eins og óumdeilanlega liggur hér fyrir. Jafnvel þó að aðstaða þessara embættismanna sé ekki fyrir hendi til þess að sinna umræddri beiðni fullkomlega, þá er það lágmarksskilyrði og kurteisi að bréfunum sé svarað af æðstu embættismönnum þjóðarinnar.

Það er mjög óvenjulegt að Alþ. taki svona mál fyrir. E. t. v. hefur það verið sofandaháttur hér á Alþ. að sinna ekki ýmsum kvörtunum sem við fáum inn á borð okkar, alþm. En þá kann þetta að reynast nokkur prófsteinn á það hvort hægt er að fá hér hlutlausa og eðlilega rannsókn og málið sé lagt fyrir í skýrslu sem þessi væntanlega n. mun þá semja.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa hér um fleiri orð, en ég vona að till. nái fram. Ég geri hér hlé á ræðu minni og legg til að allshn. fái þetta mál til athugunar. Ég er reiðubúinn að afhenda þessa möppu hér með þeim gögnum sem ég hef, til þess að n. geti flett og skoðað. Auðvitað getur hún kallað þessa svonefndu deiluaðila á sinn fund og heyrt, hvað þeir segja. En ég verð að vænta þess eindregið, og við gerum það allir nm., að málið verði ekki svæft í n. Þetta er þess eðlis að það er rétt að það fái athugun og það liggi ljóst fyrir, hvernig það er vaxið, og að deilur í þessu efni verði settar niður á eðlilegan og sómasamlegan hátt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 81 er þáltill., sem hv. 1. flm., Jón Árm. Héðinsson, hv. 1. landsk. þm., var að gera hér grein fyrir áðan, og hún er um það að taka til rannsóknar störf fisksjúkdómanefndar og veiðimálastjóra af þingkjörinni n. Hér er um að ræða að mínu mati stórmál því að það eru mjög fá dæmi þess að hér á Alþ. hafi verið lögð fram þáltill. sem hafi gengið í þessa átt. Ég hef athugað það nokkuð og á s. l. 30 árum eru 5 till. sem hafa gengið í þá átt að setja upp rannsóknarnefnd til þess að rannsaka sérstaka málaflokka svo að hér er ekkert smámál á ferðinni, ekki síst þar sem þetta mál virðist fara að eiga að verða árviss þáttur hér á hv. Alþ. Ég tel mig hafa gert grein fyrir fsp. þar að lútandi á s. l. þingi og taldi því að það mundi ekki koma til þess að ég þyrfti að endurtaka nokkuð af þeim svörum sem þá voru lögð fram á hv. Alþ. En vegna þess að málið hefur nú endurtekið sig og með þeim hætti að veist er að vissum embættismönnum mjög alvarlega, þar sem t. d. því er haldið fram, eins og kom fram í bréfi því sem hv. 1. landsk. þm. las hér áðan, að veiðimálastjóri, sem er merkur embættismaður og hefur unnið hér stórkostlega mikið starf á sviði ræktunar lax og silungs í landinu, sem hægt væri að nefna óyggjandi tölur um, hafi valdið þjóðinni stórtjóni. Sama er að segja um aðra nm. í fisksjúkdómanefnd. Af þeirri ástæðu hef ég nú aflað mér meiri gagna um þetta mál heldur en ég lagði fram á hv. Alþ. í fyrra og mun skýra frá því þó að það verði að taka nokkurn tíma.

Upphaf þess máls, sem hér er til umr., er það að með bréfi 10. apríl 1951 sótti Skúli Pálsson um leyfi til innflutnings regnbogasilungshrogna. Í bréfi hans segir m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Til frekari skýringar vil ég leyfa mér að upplýsa eftirfarandi: Það er ákveðið að rækta fisktegund þessa sérstaklega í tilbúnum tjörnum, þangað til fiskurinn hefur náð ákveðinni stærð fyrir sölu á erlendum markaði.“

Ég vil vekja athygli á þessu, að leyfið er upphaflega byggt á þessu. Leyfi fyrir innflutning hrogna var veitt. Fyrsta sendingin misfórst að einhverju eða öllu leyti, en með bréfi, dags. 16. apríl 1951, veitti landbrn. aftur leyfi fyrir innflutningi hrogna gegn þeim skilyrðum, að þeim fylgdi vottorð erlendis frá um að þau hafi verið sótthreinsuð áður en þau voru flutt hingað. Gögn hafa aldrei komið fram sem sanna að þessu skilyrði hafi verið fullnægt.

Sjúkdómarannsóknir, sem gerðar hafa verið á regnbogasilungsstofninum, hafa ekki útilokað að í honum kunni að leynast smitsjúkdómar þótt þeir hafi ekki fundist. Af þessari ástæðu hefur að ráði sérfræðinga verið sýnd varkárni í að dreifa regnbogasilungi um Ísland og slík dreifing til þessa ekki verið leyfð. Árið 1964 synjaði rn. um leyfi til að flytja regnbogasilungsseiði að Búðaósi. Af þeirri ákvörðun rn. spunnust málaferli þar sem Skúli Pálsson krafði ríkissjóð skaðabóta. Ríkissjóður var sýknaður af kröfu Skúla og í forsendum í dómi Hæstaréttar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gagnáfrýjandi (þ. e. Skúli Pálsson) fékk í upphafi leyfi til að flytja hingað til lands regnbogasilungahrogn í þeim tilgangi að rækta fiskinn til sölu erlendis, en silungstegund þessi var þá ekki til hér á landi. Í leyfi þessu fólst ekkert vilyrði til gagnáfrýjanda um að hann mætti vænta þess að fá heimild til þess að selja innanlands lifandi fisk eða hrogn. Síðari aðgerðir eða staðfest afstaða rn. gáfu eigi heldur gagnáfrýjanda réttmætt traust til þess að telja að svo yrði. Vegna reynslu fyrri ára og með tilliti til fræðilegra viðhorfa var eðlilegt að rn. teldi að gjalda bæri varhug við flutningi og dreifingu erlendra dýrategunda innanlands, ekki síst vegna smitunarhættu, en hér er um stjórnarathöfn að ræða sem hlítir mati rn. Eigi er sannað að ákvörðun rn. sé reist á ómálefnalegum grundvelli né slíkir annmarkar séu á undirbúningi og úrlausn rn. að baki ríkissjóði bótaskyldu.“

Hér lýkur því sem vitnað er í forsendur að dómi Hæstaréttar.

Skúla Pálssyni hefur alla tíð frá því að hann flutti inn regnbogasilung sinn og hóf eldi hans staðið opið að flytja út afurðir sínar og hefur í því sambandi ekki staðið á heilbrigðisvottorðum byggðum á eftirliti og þeim rannsóknum sem íslenskir sérfræðingar eru í aðstöðu til að gera. Á s. l. ári hafa auk þess veirurannsóknir á fiski úr stöðinni farið fram í Danmörku, þar sem aðstaða til sliks er ekki til á Íslandi. Rannsóknir þessar fara fram að tilhlutan landbrn. og eru kostaðar af ríkissjóði. Dæmi munu þess að sérfræðingar okkar hafi ekki getað látið Skúla Pálssyni í té umbeðin heilbrigðisvottorð, þar sem vottorðsbeiðandi hefur ekki gefið nauðsyn-

legar upplýsingar svo að heilbrigðisvottorðin yrðu gefin út. Sérfræðingar hafa heldur ekki séð sér fært að sinna kröfu Skúla Pálssonar um allsherjarheilbrigðisvottorð, heldur vilja binda þau útgáfu tímavottorðs og þær afurðir sem selja á hverju sinni, enda er það í samræmi við alþjóðavenju.

Varðandi aðstöðu Skúla Pálssonar til rekstrar regnbogasilungseldisstöðvar hér á landi skal upplýst, að á grundvelli till. fisksjúkdómanefndar og að undangengnum innlendum og erlendum heilbrigðisrannsóknum leyfði rn. með bréfi 27. des. s. l. fyrir sitt leyti að flytja sótthreinsuð regnbogasilungshrogn í áformaða eldisstöð að Þóroddsstöðum í Ölfusi. Enn fremur má geta þess að árið 1973 flutti Skúli út samkv. verslunarskýrslum fyrir tæp 1300 þús. og 1974 fyrir tæp 1500 þús. kr.

Í framhaldi af þessu vil ég nú lesa hér grg. sem Guðmundur Pétursson forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði á Keldum hefur samið. Og ég vil biðja hv. þm. að leggja eyrun við, því að hér er um mjög merkilega grg. að ræða um vandamál *smitsjúkdóma í eldisfiski*:

„Að undanförnu hefur þrálátlega verið veist að yfirvöldum opinberlega vegna afskipta þeirra af fiskræktarstarfsemi Skúla Pálssonar í Laxalóni. Vegna þess að flm. þáltill. þeirrar, sem nú er í annað sinn lögð fram á Alþ., virðast enn telja að einhver annarleg sjónarmið hafi ráðið afstöðu yfirvalda og jafnvel fjandsamleg viðhorf til fiskræktar, þykir nauðsyn bera til að skýra fræðilega grundvöll þeirrar varkárni sem fisksjúkdómanefnd hefur ráðlagt í meðferð regnbogasilungsstofnsins að Laxalóni.

Þekking manna á sjúkdómi í fiskum hefur lengst af verið sáralítil, en fer þó ört vaxandi hin síðari ár. Sjúkdómar eru fremur sjaldan alvarlegt og áberandi vandamál í viltum fiski við náttúrleg skilyrði, en valda þeim mun meira tjóni í fiskræktarstöðvum, enda skapast þar allgóð skilyrði til örrar tímgunar og útbreiðslu sóttkveikjanna. Flest vandamál síðari tíma í heilbrigðismálum fiska má því rekja beint eða óbeint til fiskeldis og ræktunar. Tjóns gætir fyrst og fremst í fiskeldisstöðvum og útbreiðsla fisksjúkdóma er oftast tengd flutningi á lifandi fiski, hrognum eða fiskafurðum á milli staða eða landa.

Hér á landi eru sem kunnugt er mikil verðmæti í húfi í fiskríkum og fengsælum veiðiám og vötnum. Þó að lítið hafi enn verið unnið að rannsókn á fisksjúkdómum hérlendis, er full ástæða til að ætla að við séum blessunarlega lausir við marga, ef ekki flesta þá sjúkdóma sem mestu tjóni valda á laxfiskum erlendis. Eigi að tryggja framfarir í fiskrækt á Íslandi verður að gæta þess að sýna ítrustu varkárni í innflutningi erlendra vatnafiska eða hverjum þeim aðgerðum sem stuðlað gætu að því að erlendar fiskpestir berist til landsins.

Hér skulu nú rakin nokkur dæmi um smitsjúkdóma í erlendum fiski, tjón af þeirra völdum og hvernig útbreiðsla þeirra hefur átt sér stað vegna þekkingarskorts, andvaraleysis og fyrirhyggjuleysis. Dæmi um aðra dýrasjúkdóma og innflutning þeirra til Íslands verða ekki rakin, enda gert ráð fyrir því að öllum sé kunnug raunasaga innflutnings fjárkláða, mæðiveiki og garnaveiki og fleiri fjárpesta og afleiðinga þeirra fyrir íslenskan landbúnað.

Í fyrsta lagi: Kýlapest er einn alvarlegasti og hættulegasti bakteríusjúkdómur sem þekkist í laxfiskinum. Skömmu eftir að regnbogasilungur var fyrst fluttur frá vesturríkjum Bandaríkjanna til Evrópu, tók þessa sjúkdóms að gæta í Evrópu. Olli hann miklu tjóni, einkum á urriða. Sömuleiðis fluttist hann með regnbogasilungi, að því er talið er, til austurríkja Bandaríkjanna og olli þar tjóni á lækjarsilungi. Kýlapest er nú þekkt víðast hvar um heiminn, nema í Ástralíu og Nýja-Sjálandi, og vonandi finnst hún ekki hér á landi. Hún hefur valdið miklu tjóni, bæði í klak- og eldisstöðvum, jafnframt hefur hún valdið stórtjóni í ám og vötnum, m. a. á Bretlandseyjum, og er talið að hún hafi dreifst út frá klakstöðvum. Enn leikur vafi á því að óyggjandi aðferð til þess að finna heilbrigða smitbera sé þekkt. Til Svíþjóðar barst þessi veiki með innfluttum hrognum 1951.

Annað: Veiki, sem Danir kalla „drejesyge“, er talin hafa verið landlæg þar síðan 1890 að tekið var að rækta þar regnbogasilung af krafti. Talið er að regnbogasilungur sé sérstaklega næmur og hafi smitast af evrópskum urriða sem oft sé heilbrigður smitberi. Sjúkdómi þessum veldur frumdýr er eyðir brjóskvef fisksins. Kvilli þessi hefur fundist í laxi og silungi um heim allan að heita má, en einkum veldur hann tjóni í klakstöðvum. Sjúkdóms þessa varð fyrst vart í Bandaríkjunum 1956. Talið er að hann hafi borist þangað með frystum, innfluttum regnbogasilungi, og líkur eru á því að þannig hafi hann borist til Skotlands fyrir fáeinum árum. Sjúkdómi þessum má útrýma úr klakstöðvum. En berist hann í ár eða vötn verður sýklinum ekki útrýmt. Verða fiskar úr þeim þá stöðug ógnun við heilbrigða stofna annarra staða og litlar líkur eru á því að erlendir kaupendur fengju að flytja inn slíkan fisk, jafnvel þótt dauður væri og frystur.

Egtved-veiki er veirusjúkdómur sem valdið hefur miklu tjóni í regnbogasilungi í Danmörku og víðar á meginlandi Evrópu. Hans varð fyrst vart í Egtved í byrjun árs 1950, en regnbogasilungurinn í Laxalóni var fluttur til Íslands frá fiskræktarmanni í grennd við þá stöð árið 1951. Lítið var vitað um eðli og útbreiðslu þessa sjúkdóms þegar Laxalónsstofninn var fluttur til Íslands, en tæpast dylst nokkrum manni sem þekkir til þessa sjúkdóms að silungsstofninn í Laxalóni þyrfti að kanna til hlítar áður en nokkur áhætta væri tekin í sambandi við dreifingu regnbogasilungsins hérlendis. Undanfarna tvo áratugi hefur Egtved-veikin valdið dönskum fiskræktarmönnum þyngri búsifjum en allir aðrir fisksjúkdómar og hefur danska ríkið reynt með óhemju fjárútlátum, niðurskurði og fiskaskiptum að útrýma honum úr sýktum eldisstöðvum.

Síðast, en ekki síst skal talinn veirusjúkdómur, sem venjulega gengur undir nafninu IPN. Þessa sjúkdóms mun fyrst hafa orðið vart í Kanada 1940, 1955 gekk IPN-faraldur á austurströnd Bandaríkjanna og 1963 hefur hann borist til vesturríkjanna. Með hrognum barst hann svo

til Frakklands og er lýst þar 1965. Og 1968 verða Danir fyrst varir við hann. En rekja má uppruna hans í Danmörku til innflutnings silungshrogna frá Frakklandi árið 1960, en sum tilfellin til innflutnings silungshrogna frá Bandaríkjunum 1963. Á það skal sérstaklega bent, að enginn varð var við þennan sjúkdóm í 7—8 ár eftir að hann var fluttur til landsins og hann kom fyrst fram svo að tekið væri eftir í þriðja ættlið regnbogasilunga þeirra sem upp voru ræktaðir af hinum innfluttu, frönsku hrognum. Engin leið er þekkt til að sótthreinsa lifandi hrogn svo að duga megi gegn IPN-veirunni, þar sem hún getur leynst inni í hrognunum og þangað nær ekkert sótthreinsunarlyf án þess að drepa hrognin um leið. Erfitt getur verið að greina sjúkdóminn, einkum einkennalausa smitbera, enda gefa slíkir smitberar ekki veiruna stöðugt frá sér, heldur getur það verið með höppum og glöppum. Sem dæmi um það hve erfitt er að ganga úr skugga um það hvort IPN-veira sé til staðar í fiskstofni, má skýra frá því að dýralæknarannsóknastofnun ríkisins danska tók sýni frá öllum hrygnum í tilraunastöð Dana árið 1970, áður en þær voru fluttar ásamt hrognum í aðra eldisstöð sem þurrkuð hafði verið og rækilega sótthreinsuð. Ekki fundust veirur í einu einasta þessara sýna. En viti menn, sjúkdómurinn kom upp í seiðum sem klakið var út í hinni nýju eldisstöð þrátt fyrir allt. Þetta sýnir að veiuræktun verður seint alveg óyggjandi þegar um neikvæðar niðurstöður er að ræða.

Þess skal enn getið, að haustið 1973 tók danskur sérfræðingur í veirusjúkdómum fiskablóðsýni úr regnbogasilungi í Laxalóni. Blóðsýni þessi innihéldu mótefni gegn IPN-veiru og sum í miklum mæli. Ástæða er til að undirstrika það að langoftast finnast slík mótefni einungis í þeim mönnum eða dýrum sem komið hafa í nána snertingu við viðkomandi sóttkveikju, annaðhvort með sýkingu eða þá með bólusetningu. Nú er ekki vitað til þess að silungurinn í Laxalóni hafi verið bólusettur. Er þá sterkur grunur á því að hann hafi einhvern veginn komist í kynni við veiru a. m. k. er svipar til IPN. Skylt er þó að geta þess að við endurteknar ræktunartilraunir um eins árs skeið hefur ræktast IPN-veira og raunar hafa svipuð mótefni fundist víða um heim í regnbogasilungi án þess að IPN-veira ræktaðist jafnframt. Er því óvíst, hvernig beri að túlka þessar niðurstöður. En hverjum góðgjörnum og hugsandi manni getur tæplega dulist að þörf var og er á ítrustu varfærni þegar slíkar niðurstöður liggja fyrir og hefði það verið ófyrirgefanlegt ábyrgðarleysi af hálfu fisksjúkdómanefndar að leyfa flutning á slíkum fiski án þess að þrautkanna áður með endurteknum ræktunartilraunum, hvort lifandi veira fyndist í stofninum. Þess má og geta að fleiri en einum stofni af IPN-veirum hefur verið lýst í Danmörku og er á þeim nokkur munur hvað snertir sérvirkni mótefna og hversu áberandi sjúkdóm þær framkalla. Er því hugsanlegt að til hafi verið stofn af IPN í dönskum silungi áður en fyrrgreindir stofnar bárust frá Frakklandi og Bandaríkjunum. Hafi svo verið kynnu slíkar veirur að hafa borist með innfluttum hrognum til Laxalóns um árið.

Enn skal þess getið, að regnbogasilungshrogn voru flutt frá Laxalóni a. m. k. í tvo staði í Danmörku árið 1972. Miklar varúðarráðstafanir voru gerðar í Danmörku því að freista átti þess að ala upp heilbrigðan fisk af hrognum þessum. Þrátt fyrir það kom upp IPN í fiskum sem aldir voru upp af hrognum þessum á öðrum staðnum og ræktaðist IPN-veira frá þeim. Vissulega kann þessi fiskur að hafa smitast í Danmörku þrátt fyrir varúðarráðstafanir, en óneitanlega varð þetta til þess að hvetja yfirvöld hér til enn frekari varkárni.

Hér á undan hafa verið leidd rök að því að nauðsyn ber til að sýna ítrustu varkárni í meðferð regnbogasilungs á Íslandi og dreifingu hans um landið. Því hefur oft verið haldið fram að neitað hafi verið um heilbrigðisvottorð vegna útflutnings regnbogasilungs frá Laxalóni. Mest af þessum ásökunum er hreinn uppspuni frá rótum og skal hér engum getum að því leitt hvað veldur slíkum málflutningi. Hinu ber ekki að neita, að yfirvöld ýmissa ríkja eru mjög miskröfuhörð um það á hvað viðtæku og umfangsmiklu eftirliti, ræktun og prófun slík vottorð eiga að byggja, áður en þau eru tekin gild. Einna kröfuharðastir í þessum efnum eru bandaríkjamenn og höfum við hér á landi ekki treyst okkur til þess að koma á svo kostnaðarsömu og viðtæku eftirliti að nægja mundi til að uppfylla óskir þeirra.

Til þess að gera mönnum ljósara, hvers konar kröfur bandaríkjamenn gera, skal þess getið, að danir, einhver mesta fiskræktarþjóð Evrópu, fluttu áður út mikið magn regnbogasilungs á Bandaríkjamarkað. Árið 1958 nam útflutningur Dana þangað 1.5 millj. punda og fékkst fyrir það um 500 þús. dollara virði. Árið 1961, eftir að bandaríkjamenn höfðu sett fram sínar ströngu kröfur um eftirlit það sem heilbrigðisvottorð ætti að byggjast á, þá hrapaði útflutningur dana niður í 20 þús. pund, jafnvirði 6 600 dollara. Síðan hafa danir beint öllum útflutningi sínum til annarra landa og hafa fundið þar markað fyrir sinn regnbogasilung. Í Danmörku eru um það bil 500 eldisstöðvar. Þeir hafa sérstaka rannsóknarstofu sem sinnir eingöngu veirurannsóknum í fiski. Þeir kjósa samt að beina útflutningi sínum annað og geta það. Varla getur nokkurn undrað þó að íslendingar séu ekki í aðstöðu til þess að slá þar dönum við, en vonandi kemur að því fyrr en síðar að við eigum vel menntaða sérfræðinga í fisksjúkdómum, eins og lög gera ráð fyrir, og mun það að sjálfsögðu gerbreyta ástandi þessara mála hér.

Á það skal að lokum bent að fisksjúkdómanefnd var sett á stofn af Alþ. með lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Ákvæði um það, hverjir skipi n., og störf hennar er að finna í X. kafla þessara laga. Vantreysti hið háa Alþ. n. til þeirra starfa, sem henni eru ætluð, svo mjög að það sjái ástæðu til að skipa sérstaka rannsóknarnefnd til þess að kanna störf hennar, virðist eðlilegast að ákvæðum fyrrnefndra l. um fisksjúkdómamál sé breytt á þann hátt sem tryggi farsæla þróun að dómi alþm."

Þetta er undirskrifað af Guðmundi Péturssyni, sem er forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans á Keldum.

Þá vil ég þessu næst — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa hér upp úr bréfi yfirdýralæknis sem er form. fisksjúkdómanefndar, en ég treyti mér ekki til að lesa þessi bréf öll, því að þau eru of löng til þess. Hins vegar mundi ég geta látið hv. allshn. þau í té og tel reyndar brýna nauðsyn að þau komist inn í skjöl Alþ. En á bls. 4., þar sem komið er að 5. lið í frásögn yfirdýralæknis, segir svo — með leyfi hæstv. forseta:

„**Heilbrigðisvottorð:** Oft hefur verið deilt á opinbera aðila og fisksjúkdómanefnd fyrir það að eigi væri hægt að fá heilbrigðisvottorð með seiðum, hrognum og vatnafiski vegna útflutnings. Hér er um algeran uppspuna að ræða, hver svo sem ástæðan er fyrir slíkum dylgjum. Heilbrigðisvottorð hafa verið látin af hendi eftir því sem efni standa til hverju sinni til þeirra sem þess hafa óskað og hefur það verið í verkahring yfirdýralæknis. Skal nú drepið nokkuð á þessi mál almennt, þar sem sumir eru málum þessum ókunnugir.

Um langt árabil hefur verið nauðsynlegt að gefa út heilbrigðisvottorð með öllum sendingum af búfjárafurðum, hvalaafurðum, lifandi dýrum o. s. frv. sem seldar eru til útlanda. Án þess fæst ekki að flytja vörur þessar inn í önnur lönd. Hér er fyrst og fremst um varúðarráðstöfun að ræða, því að alkunnugt er að hvers konar búfjárafurðir, að ekki sé talað um lifandi dýr, geti borið sjúkdóma þegar illa tekst til. Þeir sem slík vottorð láta af hendi í rétti embættis, verða að gæta þess að þau veki aldrei tortryggni eða vantrú, t. d. með alhæfingum sem eigi fá staðist, ónákvæmu orðalagi o. s. frv. Jafnframt þarf að koma fram á vottorðum við hvaða sendingu vottorðið á. Því þurfa að koma fram nákvæmar upplýsingar um magn, merkingu móttakanda, tegund, pökkunareiningu o. s. frv., þannig að móttakandi og viðkomandi yfirvöld þar í landi geti áttað sig án alls efa á því að tiltekið vottorð eigi við tiltekna sendingu. Ella er vörunni oft og tíðum vísað frá, vottorðsgjafi hefur tapað trausti og jafnvel landið, sem vöruna sendi, tapað áliti. Þeir, sem vanir eru viðskiptum af þessu tagi, vita um þýðingu þessara atriða. Sem dæmi má nefna að árlega eru gefin út vottorð í hundraðatali með útfluttum landbúnaðarvörum, hvalafurðum, skepnum o. s. frv., jafnóðum og vörur þessar eru fluttar úr landi. Þær hafa verið kannaðar af trúnaðarmönnum þess, sem vottorð gefur, eða af honum sjálfum.

Hin síðari ár hafa mörg lönd sett reglur um innflutning á seiðum og hrognum og vatnafiski í eldisstöðvum. Er þar að jafnaði ákvæði um að slíkum innflutningi skuli fylgja heilbrigðisvottorð er tilgreini að eigi hafi orðið vart ákveðinna sjúkdóma á stöð þeirri eða í landi því sem afurðir koma frá. Ástæðan fyrir þessu er sú að þráfaldlega hafa smitsjúkdómar fiska borist milli landa með hrognum eða lifandi fiski.

Kröfur um gerð þessara vottorða eru misjafnar, en þó munu enn lönd sem gera engar kröfur um slík vottorð. Þeir aðilar hér á landi, sem óskað hafa eftir því að fá heilbrigðisvottorð með hrognum eða seiðum, hafa alltaf fengið þau þegar fyrir hafa legið nauðsynlegar upplýsingar um magn, tegund, móttakanda o. s. frv. Hafa vottorð verið látin af hendi eftir því sem efni hafa staðið til hverju sinni. Stundum hefur þess verið óskað að fylgst væri með pökkun og útbúnaði sendinga og hefur verið reynt að verða við þeim tilmælum. Þegar þess hefur hins vegar verið óskað að yfirvöld ábyrgðust fyrir fram að fullgild heilbrigðisvottorð yrðu gefin út vegna útflutnings á seiðum eða hrognum sem fram ætti að fara að svo eða svo löngum tíma liðnum, hefur yfirdýralæknir ekki talið sér fært að verða við þeim tilmælum, þar sem hann er þess ekki megnugur að sjá svo langt inn í framtíðina. Því hefur aðeins verið hægt að lofa því að heilbrigðisvottorð yrðu gefin út að öllu óbreyttu þegar á þeim þyrfti að halda.

Fyrir tveimur árum var spurst fyrir um það af dönskum aðila, hvort fisksjúkdómanefnd gæti borið ábyrgð á að eldisstöðin í Laxalóni væri laus við alla sjúkdóma, eins og það var orðað, og átti þá sú ábyrgð væntanlega að standa um einhverja ótiltekna framtíð. Ekki treysti fisksjúkdómanefnd sér til þess. Ljóst ætti að vera að vottorð um heilbrigði fiska nær eingöngu fram til þess tíma, þegar vottorðið er gefið út. Það er hins vegar ógerlegt að spá neinu um hvernig heilsufari fiska í eldisstöð verður háttað í framtíðinni og því þykir ekki fært að gefa út um það neitt vottorð eða yfirlýsingu eins og farið hefur verið fram á. Ég hygg að Skúli Pálsson eða handbendi hans hafi ekki áttað sig á þessu og þess vegna sé haldið á lofti dylgjum og ósönnum fullyrðingum um tregðu á vottorðagjöf. Ég vil endurtaka það sem fyrr er sagt, að heilbrigðisvottorð hafa útflytjendur hrogna og seiða frá eldisstöðvum alltaf fengið og hafa þau verið orðuð í samræmi við þá vitneskju sem tiltæk hefur verið.

Ég hef í stuttu máli rakið störf fisksjúkdómanefndar þau 4 ár sem hún hefur starfað. N. hefur leitast við að sinna þeim atriðum sem lög um lax- og silungsveiði gera ráð fyrir að n. hafi afskipti af. Störf hennar eru ekki mörg eða merkileg. En telji hið háa Alþ. þörf á því að rannsaka störf n. sérstaklega, eins og till. liggur fyrir um, með því að kjósa til þess sérstaka rannsóknarnefnd, mun fisksjúkdómanefnd fús að veita slíkum herrum frekari upplýsingar, enda þótt slík rannsókn sé næsta einstæð í okkar þjóðfélagi þegar um er að ræða ráðgefandi n. sem lögin ljá ekkert framkvæmdavald og ekki eina krónu á fjárl. til starfsemi sinnar.“

Þetta er undirritað af Páli A. Pálssyni yfirdýralækni.

Hér hef ég svo að lokum nokkuð úr svari veiðimálastjóra. Þótt lestur minn sé orðinn æðilangur, þá finnst mér nú ástæða til að halda honum áfram því að ég tel að hér sé stórmál á ferðinni þegar teknir eru þrír embættismenn og farið er fram á að setja sérstaka rannsókn á þá og þar er um að fjalla mál sem ekki verða úrskurðuð nema af sérfræðingum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta — en þar verð ég einnig að stytta mál mitt — um samskipti veiðimálastjóra og Skúla Pálssonar sem hv. 1. flm. er nú þegar búinn að gera allmikið að umtalsefni:

„Þá hefur Skúli Pálsson,“ segir veiðimálastjóri, „ásakað stjórnvöld um að láta sér ekki í té nægja fyrirgreiðslu við uppbyggingu fiskeldisstöðvar

sinnar. En staðreyndin er hins vegar sú að á árunum 1952—1955 fær hann fjárhagsstuðning sem nemur 415 þús. kr. frá opinberum aðilum, þ. e. beinan styrk úr ríkissjóði 100 þús., lán úr Ræktunarsjóði og Fiskimálasjóði 165 þús. og ríkisábyrgð fyrir 150 þús. kr. Haustið 1954 gerði verkfræðingur áætlun um kostnað við byggingu mannvirkja til klaks og fiskeldis að Laxalóni eins og þau voru þá. Komst hann að þeirri niðurstöðu að hæfilegur kostnaður við byggingu mannvirkis ætti að hafa verið nálægt 160 þús. kr., en í l. er gert ráð fyrir að styrkja fiskræktarmannvirki um allt að ⅓ af áætluðum byggingarkostnaði. Á árunum 1955 hóf Skúli Pálsson að byggja frystihús að Laxalóni þar sem frysta átti regnbogasilung til útflutnings. Til frystihússins fékk hann á næstu árum ríkisábyrgð að upphæð 1743 þús. kr. og lán úr Fiskimálasjóði 140 þús kr. Í ársbyrjun 1965 seldi Skúli Pálsson frystihúsið. Þegar eldisstöðin á Laxalóni hafði starfað í um áratug, virtist hafa dregið úr rekstri hennar og varaði það ástand í nokkur ár. Haustið 1964 er eldishúsið leigt Látravík hf. og hluti stöðvarinnar var einnig í leigu þeirra a. m. k. frá vorinu 1965 til maíloka 1967, en þá tók Skúli Pálsson við allri stöðinni á ný og hefur rekið hana síðan. Nú síðustu árin hefur mikil áhersla verið lögð á eldi laxaseiða í göngustærð og mikil sala gönguseiða hefur átt sér stað ef dæma má eftir fréttum í fjölmiðlum um það efni.

Eftirspurn eftir hrognum, seiðum og neysluhæfum regnbogasilungi hefur verið lítil innanlands. Á ca. fyrstu 15 ára starfsferli stöðvarinnar er fjórum sinnum óskað eftir kaupum á regnbogasilungshrognum hjá Skúla Pálssyni, eða 1955, 1958, 1959 og 1964. Í tvö skipti var Skúli Pálsson tilleiðanlegur til þess að selja regnbogasilungshrogn. Þá er vitað um nokkra sölu á regnbogasilungi til neyslu innanlands og þá nokkra tugi kg í hvert skipti. Skúli Pálsson hefur haldið því fram að hann hafi ekki fengið leyfi til þess að flytja út regnbogasilung og hrogn. Slíkt leyfi er gefið út af viðskrn. og er ekki vitað til að honum hafi verið neitað um slíkt leyfi eins og áður er getið."

Þetta er það sem veiðimálastjóri hefur um málið að segja. Annað er svo náið því sem ég hef þegar lesið upp úr skýrslum þeirra sérfræðinga sem ég hef hér vitnað til.

Herra forseti. Ég mun nú fara að stytta mál mitt. Ég vil vekja athygli á því að hér er ekkert smámál á ferðinni. Það er ekkert smámál ef hv. Alþ. sér ástæðu til að samþykkja þál. um það að setja skuli sérstaka rannsóknarnefnd á þá sérfræðinga sem hafa sýnt fyllstu varfærni í meðferð á sjúkdómum í eldisfiski. Skýrsla Guðmundar Péturssonar sannar svo að ekki verður um villst að hér er ekki fyrir leikmann um að dæma hvort eigi að gefa út tilhlýðandi vottorð eða ekki. Og frásögn Páls Agnars Pálssonar um það að slíkir embættismenn eigi ekki að gefa út vottorð nema þeir hafi til þess möguleika að vera öruggir um að þeir sjálfir trúi því að þau séu gefin út á réttum forsendum. Ef hv. Alþ. ætlar sér að álykta á þann veg að embættismenn íslenska ríkisins eigi að fara að gefa út vottorð alveg án tillits til þess hvort þeir geta metið það rétt, sem þeir eru að fjalla um eða ekki þá eru ný vinnubrögð tekin upp í embættiskerfi ríkisins og það mun verða afdrifaríkt. Og ég vildi segja það að lokum að þeir, sem hafa áhuga á fiskeldi í þessu landi, kæra sig ekki um að fá þar sjúkdóm eins og hefur verið fluttur inn í annan bústofn hér á landi. Þeir eiga að gjalda varhuga við því að það séu ekki sleggjudómar kveðnir hér upp um störf varfærinna og heiðarlegra embættismanna. Ég verð því að endurtaka það að hér er um stórmál að ræða og ég tel að skýrslur þessara embættismanna sanni það sem flm. eru að leita eftir svo að ekki þurfi þar framar vitnanna við. En færi svo, sem mér dettur ekki í hug að verði, að hv. Alþ. færi að álykta á þá leið að þessa menn ætti að setja undir sérstaka rannsókn af því að þeir hafa unnið sín embættisstörf af samviskusemi og varfærni, þá er Alþ. að fara inn á þá braut sem það hefur enga sæmd af.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þetta var gríðarleg og að sama skapi fróðleg ræða hjá hæstv. landbrh. um heilsufar fiska. En fæst var frá eigin brjósti, sem von var til, í því efni. Ég vil taka það fram að gefnu tilefni að ástæðan til þess að ég gerðist meðflm. að þessari till. var einvörðungu sú, að mér þótti tími til kominn eftir margra ára draugagang í þessu máli að hið sanna kæmi fram, ekkert annað. Mér gekk það ekki til að fá einn eða neinn dæmdan sekan í þessu máli. Í grg., sem hv. 1. landsk. samdi, kemur fram að vísu nokkur áreitni, það skal játað, byggð á þeim gögnum sem hann hefur aflað sér. En hvað kemur fram í bréfum þeim sem hæstv. ráðh. las hér upp frá þessum embættismönnum? Menn voru nefndir handbendi hér. Hann segir sjálfur að með því að biðja um hlutlausa rannsókn sé verið að kveða upp sleggjudóma fyrir fram. Hann leiðir menn hér sem vitni, hverra verk er verið að biðja um að athuguð séu, á hlutlausan hátt vitanlega, því að Alþ. mundi ekki gera það öðruvísi. Hann er að búa til úr þessu stóra sprengju og varpar slíkum áherslum á að það liggur við að menn verði andhlaupa undir.

Þótt embættismenn séu að vísu heilagar kýr, það hefur margkomið fram og það er ekki víst að núv. hæstv. stjórnvöld séu búin að bíta úr nálinni með það, þar sem fyrir liggur að menn hafi æviráðningu og geti látið borga sér laun frá þrítugu og upp í sjötugt, þá eins og ég segi geta þær ástæður legið til grundvallar að fullkomin ástæða sé til þess að Alþ. athugi málið og hann veit ekkert meira um málið, hæstv. ráðh., þótt hann fái vitnisburð þeirra manna sem eru annar aðili deilunnar, ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut. Og ég endurtek það: ekkert annað gengur mér til og ég vænti þess að meðflm. mínum hafi ekkert annað gengið til en fá rannsókn á hinu sanna í þessu máli.

Það eru tveir deiluaðilar sem deila þarna um mjög mikilvægt málefni, — ég tek undir það með ráðh., — en það dugar ekkert þótt hann setji hér á klukkutíma ræðu sem er lestur upp úr skýrslum frá öðrum deiluaðilanum. Það dugar vitanlega ekki skapaðan hrærandi hlut. En ég

hef átt hér till. um fiskrækt á undanförnum þingum sem ég tel eitt það mál sem er brýnast að unnið sé að, fiskrækt í söltu vatni, og var um það fjallað í tillögugerð sérstaklega. En ég minnist þess ekki að hæstv. landbrh., sem var í því embætti alla þá tíð, hafi haft eitt einasta orð um það að segja. Hann hefur kannske ekki einu sinni tekið eftir því. En nú, þegar er spurt hver sé embættisfærsla embættismanna sem eru sjálfsagt allir — og ég vænti þess — hinir mestu heiðursmenn, þá umhverfist hæstv. ráðh., þá loksins losnar um málbeinið svo að um munar, og beinlínis vænir menn um það að þeir séu að kveða upp sleggjudóma, þó að þeir séu að sínu leyti að afla sér gagna og fara með tilvitnanir í þau, eins og hann sjálfur gerir eftir embættismönnunum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að fagna því, að þessi till. á þskj. 81 skuli koma fram og tel hana tímabæra. Um árabil hefur fiskeldisstöðin að Laxalóni staðið í deilum við opinbera aðila og mikið verið um þau mál skrifað. Ég hef að vísu ekki kynnt mér þetta mál mikið, en hef þó fylgst með þeim blaðagreinum sem ég hef rekið augun í og furðað mig á þeirri deilu, bæði frá hálfu fiskeldisstöðvarinnar og eins frá hálfu opinberra aðila, þeirra embættismanna sem hæstv. ráðh. mælti nú lítið með í tilvitnunum sínum. Eins og síðasti ræðumaður tók fram, leyfir hann sér, sá ágæti embættismaður, yfirdýralæknirinn, í bréfi til ráðh. að tala um Skúla, eiganda laxeldisstöðvarinnar eða handbendi hans. Ég tel mig ekki handbendi eins eða neins þótt ég taki afstöðu í máli, og ég vil segja að slíkur embættismannahroki eins og þarna kemur fram segir mér ekkert annað en það, að það er fyllilega ástæða til þess að athuga hvort þessir menn eru hæfir til þess að standa í embættum sínum. Það kemur einnig fram hjá hv. 1. flm. þessarar till. að eftir að hafa kvatt á fund nefndarinnar veiðimálastjóra hafi veiðimálastjóri farið af fundi með þeim orðum að hann muni skrifa n. bréf sem hann gerir svo ekki. Halda þessir menn að þeir séu alveg „stikkfrí“ í kerfinu eða hvað? Það er ekki í fyrsta skipti, hvorki hér á Alþ., í ríkiskerfinu né í borgarapparatinu sem embættismenn halda að þeir séu einráðir. Það er fyllilega ástæða til að fara að taka þessi mál föstum tökum.

Þessi deila er búin að standa nokkuð lengi og það er ekki nokkur vafi á því að hún hefur orðið ekki aðeins eigandanum að fiskeldisstöðinni að Laxalóni til stórtjóns, heldur líka íslenska ríkinu og þeirri útflutningsatvinnugrein sem hér er verið að byggja upp. Það fer ekkert á milli mála að hér er um stóran og verðmikinn atvinnurekstur að ræða ef hann fær að þróast á eðlilegan hátt, en það hefur hann ekki fengið að gera og það er kominn fyllilega tími til þess að athuga hver orskin er. Þessi þáltill. hljóðar um að láta fara fram, hvort það er gert af 5 manna n. eða einhverjum öðrum, hlutlausri n. þá, rannsókn á því, hvers vegna þessi deila er, hvernig hún hófst og af hverju hún heldur áfram. Á meðan hún stendur yfir, er stöðvun á útflutningi á þessari ágætu vöru sem Skúli á Laxalóni framleiðir og þýðir stórtjón, ekki aðeins fyrir hann peningalega, heldur gjaldeyristekjurnar í landinu. Það fer ekkert á milli mála að það er hægt að rækta fisk á Íslandi og flytja hann út eins og annars staðar. En við erum ekki að flytja inn, við erum að flytja út.

Ég verð að segja það að ég er ekki nógu vel inn í þessu máli til þess að vita af hverju þessi deila stendur. Við erum að flytja út. Við erum ekki að flytja inn eitthvað sem gæti skilið eftir sjúkdóma í landinu. Það getur verið að það sé vanþekking mín sem kemur mér til þess að varpa þessu fram. En ég tel að hér sé um að ræða einstakling í baráttu við þessa ófreskju sem í hugum fólksins er kerfið. Hérna er duglegur hugsjónamaður sem hefur reynt að brjótast áfram, hvernig sem honum hefur verið tekið, og alls ekki fengið að starfa óáreittur, af hverju sem það er. Við skulum fá það fram með athugun af hverju það er sem þessi duglegi maður, sem er kominn á efri ár, er að eyða sínum síðustu kröftum á sama hátt og hann byrjaði: að reyna að koma í gegnum kerfið möguleika á því að rækta hér góða vöru og selja á erlendum mörkuðum sem eru miklu stærri en við höfum efni á — sérstaklega miðað við okkar efnahagskerfi eins og það er í dag — að halda áfram að vanrækja. Hvort það er embættismönnum að kenna eða einhverjum öðrum, það vitum við ekkert. Við skulum í augnablikinu halda að embættismennirnir hafi alveg á réttu að standa. En hér eru þingkjörnir menn sem taka til greina erindi einstaklings sem telur sig hafa orðið fyrir miklum rangindum um langan tíma og Alþ. ber skylda til að standa við hliðina á þeim manni svo lengi sem það er stætt á því að standa við hliðina á honum og byggja upp þessa útflutningsatvinnugrein. Ef aftur á móti embættismennirnir hafa á réttu að standa og þessi deila er þess eðlis að í ljós kemur að þeir hafi á réttu að standa — þetta er ekki persónulegt eins og væri næst að halda miðað við þau blaðaskrif sem ég hef lesið — þá skulum við standa með þeim. En við skulum ekki koma í veg fyrir að eðlileg og hlutlaus rannsókn eigi sér stað.

Ég vil ítreka það, að þegar menn vinna góð störf eins og þessi maður hefur gert, góð brautryðjandastörf, þá eyði þeir ekki allri ævinni í það, þeir fái þá að njóta afrakstursins að einhverju leyti og að atvinnugreinin detti ekki alveg niður með fráfalli þessa manns sem aldurinn færist yfir eins og okkur öll.

Ég lýsi stuðningi mínum við þetta mál. Eg tel mig ekki vera að ganga á rétt embættismanna. Ég tel mig ekki vera að vanmeta þeirra störf og tel mig ekki vera að sýna þeim neitt vantraust, en þarna er gamalt deilumál sem ég tel að sé nauðsynlegt að fá leyst. Ég held að það hljóti að koma að því að við flytjum út regnbogasilung, hvort sem það er gert á vegum þessarar fiskræktarstövar eða einhverra annarra í framtíðinni, og líklega verður ekki langt að bíða að lax- eða eldisstöðvar ríkisins sjálfs stefni að því að flytja út þessa vöru.

Ég skal taka undir það með ráðh. að veiðimálastjóri og yfirdýralæknir eru merkir embættismenn. En ég get ekki undir neinum kringumstæðum þolað það — og það er þess vegna sem ég stend hér upp — að veiðimálastjóri eða

nokkur annar embættismaður ríkisins standi ekki við það sem hann lofar þingkjörinni nefnd: að skila áliti, að skila bréfi. Og ég get ekki heldur þolað það að þeir, sem standa hér upp og taka afstöðu í málum, hvort sem það er með eða á móti embættismönnum, séu taldir handbendi eins eða annars. Það getur hæstv. ráðh. alls ekki flutt inn á Alþ. Og að ætla að fara að binda okkur í afstöðu með þeim ummælum sem hann viðhafði í lok ræðu sinnar, það hreinlega skil ég ekki. Ég veit ekki betur en þótt við berum mikla virðingu fyrir niðurstöðum af skýrslu Guðmundar Péturssonar — sem ég efast ekkert um að er hinn færasti maður — þá eru líka til skýrslur frá þeim dönsku sérfræðingum sem ekki finna neitt að, eftir því sem komið hefur hér fram í ræðum ráðh. að mig minnir og alla vega 1. flm. Þeir finna ekkert af þessum veirum, sem við erum að tala um, í regnbogasilungi frá laxeldisstöðinni á Laxalóni svo að þarna stangast þá á. Annars vegar er mikil varfærni frá okkar mönnum. Það getur vel verið að það sé réttlætanlegt, en látum það þá koma fram í athugun og berum þá skýrslu hlutlausra sérfræðinga saman við þær skýrslur sem okkar sérfræðingar gera. Ég skal ekki leggja neitt mat á það, hvort þeir eru betri eða verri embættismenn eða vísindamenn, okkar menn en þeir erlendu, sem rannsakað hafa hrogn frá eldisstöðinni á Laxalóni. En ég vil ítreka það, að ég tel að hér eigi einstaklingur í höggi við kerfið. Hann hefur leitað til Alþ. um leiðréttingu á málum sínum í mjög stóru máli. Það er stórt mál hvort sem við tölum um hugsanlega sjúkdóma, sem geta falist í regnbogasilungnum, eða við erum að koma í veg fyrir eðlilega þróun á mikilvægri atvinnugrein, á dýru hráefni sem markaður er fyrir víðs vegar um lönd.

Ég ítreka það að ég tel ekki síður skyldu Alþ. að standa vörð um rétt einstaklingsins til að þróa slíka atvinnugrein en að standa vörð um þau álit sem embættismenn geta lagt fyrir okkur, ef þau eru á annað borð þess eðlis að þau séu trúverðug. En meðan ágreiningur hjá sérfróðum mönnum er á báða bóga, — ég tel Skúla á Laxalóni sérfróðan í sinni grein annars vegar og þá sérfræðinga sem hann hefur leitað til og hins vegar okkar sérfræðinga sem ráðh. leitar til — meðan er ágreiningur þarna, þá skulum við fá hlutlausa menn til að dæma um, hvor aðilinn hefur rétt fyrir sér.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég stend ekki upp til þess að leggja neinn dóm á þá deilu sem er tilefni þeirrar þáltill. sem til umr. er. Það er mál sérfræðilegs eðlis og treysti ég mér ekki til þess að fella neinn dóm um það, enda því ekki verulega kunnugur. En þetta mál allt minnir mig á annað mál sem ég mælti hér fyrir einum tvisvar, þrisvar sinnum. Það er mál sem var kallað þáltill. um umboðsmann Alþingis. — Mér sýnist að þetta mál sé einmitt alveg dæmigert málefni þar sem slíks manns er þörf. Hér er einstaklingur sem á í útistöðum við embættismenn og það þarf að vera til í landinu aðili sem sker úr um slík mál.

Þegar ég flutti þessa þáltill., var það upphaflega í stað varamanns míns, Kristjáns Thorlacíus, en síðan flutti ég málið á eigin vegum. Það náði ekki fram að ganga. En á þinginu 1972 í maí gerðist það að hv. þm. Pétur Sigurðsson tók málið upp að nýju og það var samþykkt og það liggur fyrir ályktun Alþ. um stofnun þessa embættis. Þó að það sitji ekki á mér að reka á eftir ríkisstj. um að hafa frumkvæði að lagasetningu sem henni er falið af Alþ., þá ætla ég samt að leyfa mér að segja að þessu tilefni gefnu að það er full ástæða til þess að dusta rykið af þessari þáltill. og koma frv. um stofnun þessa embættis fyrir Alþ. Mér datt í hug undir þessum umr. að vekja athygli enn á ný á þessu embætti, sem ég tel mjög þarft, sem aðrar þjóðir hafa reynslu af og hana góða. Ég vil þess vegna vona að þessar umr. reki á eftir því að embætti umboðsmanns Alþ. verði stofnað þannig að Alþ. sjálft þurfi ekki að hafa afskipti af deilum embættismanna og einstaklinga, enda sýnist mér að það sé nokkuð vandmeðfarið mál fyrir þn. að ætla sér að gerast úrskurðaraðili í svo sérhæfðu og viðkvæmu máli.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Alltaf heyrir maður eitthvað nýtt, þegar maður heyrir það nú að hv. 3. þm. Austf., sem ég hélt að væri sæmilega kjarkgóður og ýmsu vanur, hrekkur við ef maður talaði í aðeins hærri tón hér úr ræðustól en venja er. Verð ég að segja það, að ég hefði þá haldið að einhver hefði getað hrokkið við orð mín, t. d. á framboðsfundum, ef þetta hefur gefið tilefni til þess. En lítið lagðist fyrir kappann, fyrst það var ekki meira en þetta sem hann þurfti.

En það merkilega, sem kom fram í ræðu þessa hv. þm., var það að í þáltill., sem hann er flm. að, taldi hann að í grg. væri dróttað að þessum embættismönnum meira en góðu hófi gegndi að hans dómi. Þess vegna er von að öðrum finnist svo þegar flm. sjálfum finnst það.

Það, sem um er að ræða hér, er það hvort embættismenn hafi sinnt sínu verki eða ekki. Það hefur komið hér fram í skýrslum og ekki verið mótmælt, að þeir hafa gefið út þau vottorð sem þeir hafa verið beðnir um, ef aðstæður hafa verið til að gera það þannig, að þeir hafi haft möguleika til þess að meta hvort um heilbrigði væri að ræða eða ekki. Þeir hafa ekki viljað gera það nema í sambandi við einstök tilfelli svo að það mætti bera saman vottorðsgjöfina og það sem vottorðið hljóðaði upp á. Að fara að gefa út heilbrigðisvottorð fyrir útflutningi á einn eða annan hátt út á framtíðina, það veit ég a. m. k. að læknirinn hérna vinstra megin mundi ekki gera, enda of vanur og of hygginn til þess að gera það. Ég held að það sé engum fært, sem vill halda sínu nafni og sínum heiðri, að gefa út vottorð út á eitthvað sem hann veit ekki hvað verður. Þess vegna er það sannað og það var sannað þegar ég svaraði hér fsp. í fyrra og þurfti þess vegna ekki að endurtaka málið nú, að þessir embættismenn hafa gefið út vottorð vegna útflutnings bæði á fiski og hrognum þegar þeir hafa verið í aðstöðu til þess að gera það. Þeir hafa hins vegar ekki verið í aðstöðu til að

gefa út vottorð vegna veirusjúkdóma af því að þeir hafa ekki haft möguleika til þess að rannsaka þá. Hins vegar hefur af hálfu ríkisvaldsins og í samráði við þessa menn verið tekin sýni nú á annað ár til þess að reyna að fá þetta atriði sérstaklega rannsakað af þeim sem færastir eru þar um. Og það getur enginn talað um embættismannahroka eða annað því um líkt þó að embættismaður eða einn eða annar maður vilji ekki gefa út vottorð fyrir því sem hann hefur ekki möguleika til að votta, það er útilokað. Það væri þá frekar ástæða til að rannsaka hans störf ef hann gæfi út slíkt vottorð. Enda hefur líka komið fram að það hafa engar hömlur verið lagðar á þessa starfsemi Skúla á Laxalóni. Það hefur meira að segja verið gengið lengra en hann sjálfur fór fram á þegar hann fékk leyfi til innflutnings á hrognum 1951. Og það hefur gengið dómur um þetta mál, hvort það hafi verið brotinn á honum réttur eða ekki. Auðvitað verður hann eins og aðrir menn að fara að réttum leikreglum í málinu og annað ekki. Það er í raun og veru ekkert annað sem um er deilt í þessu. Það er sannað að hann hefur fengið þau vottorð sem hafa verið möguleikar til að gefa honum. Það er sannað að hann hefur fengið líka leyfi til þess að flytja í aðra stöð þótt hann hafi áður farið fram á það eitt að ala þetta upp í þar til gerðum húsum, eins og segir í hans bréfi upphaflega og var þessi starfsemi hans þar bundin við. Þannig hefur verið greitt fyrir honum. Hann hefur verið studdur líka fjárhagslega. En honum hefur bara dottið í hug að fá vottorð alveg án þess að væri nokkuð á bak við þau og flytja stofninn þangað sem honum hefur hugkvæmst í það og það skiptið, og af því að það hefur ekki verið gert alveg skilyrðislaust, þá er deilt á þessa starfsmenn ríkisins fyrir. Þetta finnst mér vera allt annars eðlis heldur en hv. 12. þm. Reykv. talaði hér um og það hlýtur hann nú að játa eins og fleiri að frelsi manna eru takmörk sett og þeir mega ekki sniðganga lög eða reglur bara eftir geðþótta, ekki síst þegar um er að ræða svo alvarlega hluti eins og þetta getur verið, þar sem það gæti haft áhrif á fiskeldi landsmanna almennt.

Hvað varðar þær skýrslur sem ég hef lesið upp, þá er það rétt hjá hv. 3. þm. Austf. að ræða sú, sem ég flutti hér, var að meiri hl. ekki samin af mér, sem er þó óvenjulegt, því að yfirleitt sem ég mínar ræður sjálfur. En í slíku máli sem þessu treysti ég mér ekki til þess að semja ræðu, því að þarna er um að ræða mál sem þeir, sem ég hef leitað til kunna best skil á og rökstyðja svo að ekki verður hrakið, þannig að mér bar skylda til þess að gera það í þessum tilfellum. Hér er ekki um mitt mál að ræða, heldur embættismál sem ég taldi mér skylt að sinna.

Ég verð því að endurtaka það að mér finnst flutningur á þessari till. alls ekki viðeigandi, vegna þess að slíkt er ekki viðeigandi þó að einn og einn aðili reki sig á lög og reglur og haldi því fram, að þær hafi verið brotnar á sér. Það er búið að gera grein fyrir því hér á Alþ. fyrir einu ári að svo hafi ekki verið gert, og það hefur ekkert verið lagt fram sem sannar að það hafi verið gert, heldur liggja fyrir skýrslur sem sanna hið gagnstæða. Og ég verð að segja það, að það, sem mér þykir máli skipta og eina sem er gagn að þessari till., er að koma á framfæri þeim skýrslum sem hér hefur nú verið gert, koma þeim inn í þingtíðindin, því að þá ættu hv. þm. að geta lesið sér til í framtíðinni svo að þeir færu ekki af stað með mál sem jafnórökstutt er eins og þetta mál.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég hefði ætlað það fyrir fram að hæstv. landbrh. gæfi sér tíma, þó að mikið sé að gera núna við að bjarga þjóðarbúinu frá algerri kollsteypu, að lesa till. En það var ekki einu sinni að hann gæfi sér tíma til að hlusta á það sem ég sagði hér í upphafi máls míns: „Alþingi ályktar að kjósa n. 5 manna, er rannsaki orsakir deilna þeirra sem risið hafa vegna starfsemi fiskeldisstöðvarinnar á Laxalóni.“ Þetta er 1. mgr. Og ég lauk orðum mínum með því að segja að ég vænti þess að það mætti setja þessa deilu niður með sóma af hendi beggja aðila. Ég las upp úr bréfum frá báðum aðilum og ég tók það greinilega fram í upphafi ræðu minnar hvers vegna þetta mál hefði komið hér inn aftur, það var vegna bréfs til landbn. beggja d. Síðan atvikaðist svo að Þór Guðjónsson veiðimálastjóri kom á fund hjá okkur í Ed. og hann lofaði að senda til okkar frekari gögn. Þá var einn nm., Björn Fr. Björnsson sýslumaður, og enginn vænir hann um hlutdrægni í starfi á einn eða annan veg, en hann sagði, ég held orðrétt, a. m. k. efnislega þetta: „Er ekki æskilegt, Þór, að málið sé til lykta leitt og það liggi ljóst fyrir?“

Ég spyr: Er það ekki æskilegt fyrir alla aðila, fyrir deiluaðila, fyrir hæstv. landbrh. sem ég þakkaði í ræðu minni fyrir að hafa gert gangskör að því að rannsóknin kæmist af stað, sem var nauðsynlegt og hefði átt að eiga sér stað fyrir löngu, og fyrir framtíðina? En það, sem er ámælisvert við þessa ágætu embættismenn, er það, að þeir virða ekki þennan mann svars í bréfum eins og ég tók skýrt fram áðan. Hann er ekki virtur svars. Það er óþolandi að við fáum það hér inn til okkar, þm. og aðrir, í bréfi eftir bréfi, að einn æðsti embættismaður þjóðarinnar virði ekki borgarana svars, þótt þeir séu ekki sammála. Og ef hæstv. landbrh. styður þessa stefnu hjá einum æðsta embættismanni þjóðarinnar, þá vil ég að það liggi á hreinu að hann telji það viðeigandi að æðstu embættismenn þjóðarinnar virði borgarana ekki svars við mikilvægum fsp. En þá er það önnur skoðun sem upp skýtur í mínum huga gagnvart hæstv. landbrh. en ég hef haft hingað til, því að ég hef talið að hann vildi manna helst hafa alla hluti á hreinu í þeim efnum og veit ekki um neitt í embættisfærslu hans með öðrum hætti.

Við flm. viljum, að þetta mál sé til lykta leitt, og drögum ekki taum eins eða neins. Ég tók það fram að það gæti vel verið þar sem miklu meiri gögn hafa komið fram frá öðrum aðilanum, að mönnum fyndist sem svo að við værum að túlka fremur málstað hans, en það er alls ekki svo. Ég las upp úr bréfi frá yfirdýralækni og fleiri aðilum til þess að sýna hvert væri þeirra viðhorf og dró ekkert undan í því efni, alls ekki

neitt. En þó leyfir yfirdýralæknir sér að halda því fram að einhverjir þm. séu handbendi ákveðins manns, þessa manns, og bliknar hvorki né blánar við það og landbrh. ekki heldur að lesa það hér orðrétt upp.

Við leggjum til að Alþ. álykti að kjósa 5 manna n. Ég lagði til að allshn. fengi málið í hendur og kannaði orsakir þessara deilna, kannaði gögn og ræddi við aðila, og ef hún kemst að því, hvað um er að ræða, þá ályktar hún auðvitað um málið. Það eru eðlileg þingleg vinnubrögð, en ekki verið dæma það fyrir fram að þetta sé alveg vonlaust og tóm vitleysa allt saman, eins og mér finnst koma fram í ræðu hæstv. ráðh.

En nú vildi ég bara spyrja hann í leiðinni og koma því áleiðis til Þórs Guðjónssonar með milligöngu hans: Mættum við fá að vita hvers vegna jafnvel hundruð þúsunda seiða eru blind í stöðinni? Hver á að rannsaka það eða skýra frá því opinberlega og hvers vegna? Kannske er rétt að þegja yfir því, segja ekki eitt einasta orð? Ef hann ber þessa beiðni áleiðis til veiðimálastjóra, þá veit hann við hvað ég á.

Einnig þóttu mér það merkileg tíðindi sem koma fram í skýrslu Guðmundar Péturssonar. Ég á bók sem mætti kalla Uppeldi fiska í hálfa öld í Danmörku og kom út á 50 ára afmæli samtaka þeirra fyrir 4—5 árum, held ég. Í þeirri bók er rakin saga þessara mála, mistök og árangur, eins og kom fram reyndar í skýrslu Guðmundar Péturssonar. En bókin skýrði þó frá því að í Danmörku hafi verið, a. m. k. þegar hún kemur út, yfir 1000 býli sem fást við silungsuppeldi eða fiskuppeldi, en í skýrslu Guðmundar kemur fram að um 500 eldisstöðvar sé að ræða, svo að mikið hrun hefur nú átt sér stað ef þetta hefur skeð á 3—4 síðustu árum.

Annað er einnig athyglisvert. Ég hef fengið hér ljósrit frá Skúla Pálssyni, — en hann er ekkert sinkur á það að senda nm. gögn og væri betur að fleiri væru sama sinnis, — en hér er danskur bóndi, fiskræktarbóndi, sem býðst til að kaupa allan stofn Skúla og flytja hann úr landi með húð og hári, þar sem rannsóknir sýni að hann sé laus við alla sjúkdóma. Ég vona að til slíks komi alls ekki. Ég vona að þetta verði ekki flutt út úr landinu.

Ég tel þetta hneisu og ég trúi því ekki að hæstv. landbrh. láti málin þróast á þann veg. Ég trúi því ekki því að hann hefur að mínu mati viljað þessum málum allt hið besta og sem fjmrh. féllst hann á það að þessum umdeilda manni, Skúla Pálssyni, væri veitt ríkisábyrgð í fjárl., ef ég man rétt 15 millj., vegna fyrirhugaðrar eldisstöðvar austur í Ölfusi.

Við erum ekki að gera okkur neinar grillur hér fyrir fram. Við erum ekki að vantreysta, hvorki einum embættismanni né einum eða neinum. Við erum að fara fram á að hlutlaus rannsókn fari fram, að það sé talað við mennina sem hér eru að deila sitt á hvað eða sameiginlega og sé reynt að setja málið niður, eins og hann orðaði það, með sóma og það sé út úr heiminum, menn hætti að þræta um þetta og stefni að því að efla fiskræktarmálin í landinu á heilbrigðan og eðlilegan hátt.

Ég verð að segja það alveg hreinskilningslega að ég varð fyrir vonbrigðum með bréf veiðimálastjóra. Í bréfi hans, sem upp var lesið a. m. k., kom fram um fjárhagslega aðstoð ríkisvaldsins eða einhverra við Skúla Pálsson. Það kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við og ég orðaði það ekki á einn eða annan hátt. En einhvern veginn hefur viðkomandi aðili fundið hvöt hjá sér til þess að blanda þessu inn í sem kemur málinu ekkert við, kannske til þess að friðþægja okkur, vegna þess að mjög mikið fjármagn er komið í Kollafjarðarstöðina og árangur miklu minni en maður gæti dregið fram gögn um að átti að vera á sínum tíma, þegar Alþ. byrjaði með fjárveitingu til þessa verkefnis. En það er nú ekki víst að það yrði plús framan við þær tölur sem þar standa ef menn fara að bera saman.

En málið er ekki þannig vaxið. Við viljum að málið fái hlutlausa og eðlilega athugun. Það er eðlilegt að þessir embættismenn fari varlega. Og það er grundvallaratriði að litið sé á þetta mál þrátt fyrir það að hæstv. ráðh. hafi séð sig tilknúinn fjórum sinnum að undirstrika það sérstaklega að hér væri um ekkert smámál að ræða. Auðvitað er hér um ekkert smámál að ræða ef þetta þróast upp í það að enginn regnbogasilungur verði lengur til á Íslandi innan skamms vegna þess að málin megi ekki fá heilbrigða og eðlilega athugun. Þá er málið ekkert smámál. En ég trúi því ekki að það sé vilji hæstv. ráðh. Ég hef miklu meira álit á honum en það. Ég held að hann vilji fremur efla þessa starfsemi heldur en láta hana hverfa út úr landinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Þessar umr. hafa þróast út í það að fjalla ekki fyrst og fremst um deilumál Skúla á Laxalóni og embættismanna, heldur e. t. v. fyrst og fremst um stöðu einstaklingsins í þjóðfélaginu gagnvart kerfinu. Auðvitað er okkur öllum ljóst að embættismannakerfið eins og önnur kerfi í þjóðfélaginu er byggt upp til þess að þjóna hagsmunum fjöldans, þjóna einstaklingum, sem þjóðina mynda, og þjóðarheildinni. Hins vegar er hættan að sjálfsögðu sú að kerfið fari að stjórna sér sjálft, setja sig á háan hest gagnvart almenningi, einstaklingum og jafnvel Alþ. sjálfu, eins og ég tel að hér hafi komið fram að nokkru leyti. Alþekktir eru erfiðleikarnir þegar einstaklingar eða hópar komast upp á kant við þetta svokallaða kerfi. Og einmitt til þess að reyna að vernda rétt einstaklingsins í þjóðfélaginu gagnvart m. a. embættismannakerfinu hefur sá háttur verið upp tekinn í mörgum nágrannalöndum okkar að búa til sérstakt embætti umboðsmanns þjóðþinga til þess að gæta réttar almennings gagnvart embættisstofnunum. Það er mjög tímabært að slíkt fyrirkomulag verði tekið upp hér á Íslandi og ég tek eindregið undir till. hæstv. utanrrh. um það að rykið sé dustað af gömlu till. hans og fleiri um umboðsmann Alþ. En ég vil vekja athygli á því að þarna er rætt um umboðsmann Alþ. sem eigi að hafa því hlutverki að gegna að vernda hagsmuni borgaranna gagnvart embættismannavaldinu,

gagnvart kerfinu. Ef umboðsmaður Alþ. á að hafa þessi völd, ef umboðsmaður Alþ. á að hafa þetta hlutverk, þá leiðir það af sjálfu sér að Alþ. hlýtur að hafa það einnig. Það leiðir af sjálfu sér að ef umboðsmaður Alþ. á að gæta réttar borgaranna gagnvart kerfinu, þá hlýtur Alþ. sjálft ekki síður að eiga þeim skyldum að gegna. Og það er gersamlega fráleitt, sem hæstv. ráðh. heldur fram, að það sé eitthvert stórmál, það sé eitthvert stefnubreytandi mál ef Alþ. tekur að sér að gæta réttar borgara gagnvart kerfinu. Það er eitt af hlutverkum Alþ. að veita framkvæmdavaldinu í landinu aðhald. Alþ. hefur ekki gert nógu mikið að þessu, það hefur ekki gert nógu mikið að því að veita framkvæmdavaldinu í landinu aðhald. Það er kominn tími til þess að Alþ. taki þann háttinn upp og mér finnst eðlilegt að þegar einstaklingur eða lítill hópur þjóðfélagsþegna finna sig standa vanmegna gagnvart kerfinu, þá snúi sá hópur sér til kjörinna fulltrúa þjóðarinnar og biðji þá um að reyna að leiðrétta sitt mál. Það er þess vegna alger fjarstæða að halda því fram að með því að taka upp þá rannsókn sem þáltill. sú, sem hér er til umr., gerir ráð fyrir, sé Alþ. að fara út á vafasama braut. Þeir, sem telja rétt og eðlilegt að stofnað sé embætti umboðsmanns Alþ. til þess að vernda einstaklinginn gagnvart kerfinu, hljóta einnig að telja eðlilegt að Alþ. taki það verk að sér, svo fremi sem þetta embætti hafi ekki verið stofnað og jafnvel eftir að það hefur verið gert.

Ég vil aðeins í lokin á þessum fáu orðum mínum vitna til þess að mér virtist af lestri hæstv. ráðh. hér áðan að Alþ. fái ákaflega áþekk svör frá sérfræðingunum eins og Skúli Pálsson á Laxalóni. Hæstv. ráðh. talaði um það, að ef þessi till. yrði samþ. væri í henni fólgin árás á embættismannastéttina, á þá embættismenn í landinu sem um er að ræða. En hvernig svara þessir ágætu embættismenn Alþ.? Þeir svara okkur alþm. með því að segja okkur það í fyrsta lagi að við höfum ekkert vit á þessu máli. Við eigum ekki að taka upp neina rannsókn á þessu máli vegna þess að við séum ekki sérfræðingar í fisksjúkdómum og við höfum ekkert vit á þessu máli. Við séum kennarar, húsmóðir, útgerðarmaður, blaðamaður o. s. frv., við höfum ekkert vit á þessu, okkur komi þetta raunverulega ekkert við, við skulum bara láta sérfræðingana fást við þetta. Ef þetta er ekki sérfræðingahroki, þá veit ég ekki hvernig slíkt væri. Hvað mundu alþm. segja t. d. ef Þjóðhagsstofnunin sendi Alþ. svipuð skilaboð um efnahagsmál, að alþm. hefðu ekkert vit á efnahagsmálum og ættu því ekkert að vera að fjalla um þau, það ætti að lofa sérfræðingunum að útkljá þetta í tómi með ríkisstj.? Þetta er eitt af þeim svörum sem sérfræðingarnir, sem hér er verið að ræða um, gefa Alþ. Þeir tala einnig um að ákveðnir alþm. séu handbendi Skúla Pálssonar á Laxalóni af því að þeir leyfa sér að taka upp mál hans hér í sölum Alþ., taka upp mál þar sem borgari telur rétt á sér brotinn af embættismannakerfinu. En ég vil spyrja: Ef það er rétt að þeir þm. hv., sem standa að þessum tilllöguflutningi, séu handbendi Skúla Pálssonar á Laxalóni, telja þá ekki embættismennirnir með sömu rökum að hæstv. ráðh., sem var að flytja sitt mál hér áðan, sé þeirra handbendi? Ég heyrði ekki betur en að hann styddi sjónarmið embættismannanna í þessu máli sem hér er til umr. Telja þeir þá, þessir ágætu embættismenn, að hæstv. ráðh. sé þeirra handbendi? Þeir hljóta að telja það ef þeir telja með sömu röksemdafærslu að þeir þm., sem tekið hafa mál þetta upp hér á Alþ., séu handbendi Skúla Pálssonar á Laxalóni.

Ég vil að lokum taka fram að mér finnst það ekki heldur þjóna neinum tilgangi og ekki til þess fallið að auka traust alþm. á þeirri málsmeðferð sem þetta mál hefur fengið hjá embættismönnum þeim sem hér er verið að ræða um, þegar þeir svara Alþ. einnig á þann hátt eins og kom fram af lestri hæstv. ráðh. hér áðan og segja raunverulega við Alþ.: Ef þið ætlið eitthvað að fara að skipta ykkur af þessu máli þá skuluð þið bara breyta lögunum. Ef þið ætlið að fara að kákla við okkar mál, þá skuluð þið bara hirða þessi lög, sem þið settuð sjálfir, og breyta þeim eins og þið viljið.

Þetta eru svör í svipuðum anda og Skúli Pálsson á Laxalóni hefur fengið frá þessum embættismönnum, og ég tel það enga goðgá að Alþ. fari út á þá braut sem ráð er fyrir gert með þessari till., að það taki að sér rannsókn á máli eins og þessu. Og svör embættismannanna, sem hér hafa verið kynnt, eru ekki til þess fallin að fá mig ofan af þeirri skoðun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Dýpkunarskip, þáltill. (þskj. 116). — Ein umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir) Herra forseti. Við þm. Vestfj. flytjum á þskj. 116 till. til þál. um að ríkisstj. athugi nú þegar um kaup á nýju dýpkunarskipi eða leigu erlendis frá. Ég leyfi mér að lesa till., en hún hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að athuga nú þegar hvort ekki sé tímabært að efna til kaupa á nýju dýpkunarskipi eða að öðrum kosti leita fyrir sér um leigu á slíku skipi erlendis frá til að leysa úr aðkallandi þörf margra hafna á landinu."

Þessi till. þarf ekki langrar skýringar við umfram það sem fram kemur í grg. sem henni fylgir, en í upphafi hennar er bent á atriði sem hlýtur að vega mjög þungt á metunum í þessu máli, þ. e. að íslendingar hafa stóraukið skipastól sinn á undanförnum árum. Stærri og fullkomnari skip kalla á bætt hafnarskilyrði, ella geta þau engan veginn gengt því hlutverki sínu til uppbyggingar í atvinnulífi landsmanna sem til er ætlast.

Í fjögurra ára áætlun Hafnamálastofnunarinnar um hafnargerðir á Íslandi, sem hv. alþm. fengu í hendur rétt fyrir síðustu jól og lögð verður nú alveg á næstunni sem þáltill. fyrir Sþ., er fjallað um þetta atriði í inngangi áætlunarinnar, en þar segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Hinn nýi floti skuttogara hefur valdið mörgum vandamálum í höfnum landsins. Ekki hefur fylgst að fjárfesting í nýjum skipum og hafnarmannvirkjum. Flestir hinna nýju togara rista dýpra en þau flutningaskip sem notuð eru til

strandsiglinga hér á landi og um einum metra dýpra en stærstu bátar. Hljóta því að skapast vandamál þegar hafnir, sem miðaðar eru við bátaútgerð og flutninga með minni flutningaskipum, þurfa að taka við skuttogurum og veita þeim viðlegu og skjól. Lítil athugun virðist hafa verið gerð á því hvort hafnir á hverjum stað hæfðu þeim skipum er keypt voru. Hafnirnar eru misdjúpar og djúprista skipanna er mismunandi eftir gerð þeirra og stærð."

Engum blandast hugur um að stórkostleg atvinnubót er að hinum nýja skuttogaraflota, en það er jafnframt augljóst að ekki hefur verið gætt nægilegrar fyrirhyggju og aðgætni af hálfu stjórnvalda, bæði að því er varðar stærð og gerð skipanna miðað við hafnarskilyrði sem fyrir hendi eru og hins vegar fjölda þeirra sem líka snertir beint það mál sem hér er til umr. þótt ekki sé þá höfð í huga hin hlið málsins, hinn stóraukni ágangur á fiskistofna okkar sem eftir öllum sólarmerkjum að dæma, minnkandi veiðimagni, smækkandi fiski, eru nú í alvarlegri yfirvofandi hættu, ekki hvað síst þorskstofninn sem er okkur hvað dýrmætastur. Við hljótum að gera strangar kröfur til okkar sjálfra um aðgát og hófsemi í veiðiaðferðum okkar á sama tíma og við eigum í stríði gegn ásókn og rányrkju erlendra þjóða á fiskimiðum okkar.

En snúum okkur aftur að dýpkunarskipinu. Dýpkunarskipið Grettir, sem er eina skipið sinnar tegundar sem við eigum, var byggður árið 1947 og er því orðinn 28 ára gamall. Fyrir tveimur árum var hann settur í allsherjarklössun og þá gert ráð fyrir að það yrði í síðasta skipti og mundi duga næstu 5 árin. Sú áætlun hefur þó ekki staðist og nú er skipið enn komið á þurrt í aðra klössun sem mun taka nokkra mánuði, enda mun verr farið en það var metið á floti. Þetta hef ég eftir upplýsingum frá þeim aðila hjá Hafnamálaskrifstofunni, áhaldahúsi stofnunarinnar, sem umsjón hefur með viðgerðinni. Er nú til álita hjá stofnuninni hvort gera eigi eins litið við hann og hægt er nú til stutts tíma eða miða við tveggja ára notkun til viðbótar, en sú viðgerð er áætlað að mundi kosta 30—40 millj. Er eftir upplýsingum, sem ég vitnaði til áðan, gert ráð fyrir að þessi viðgerð gæti tekið allt að 3 mánuði. Fyrrnefndur aðili hjá Hafnamálastofnun taldi í samtali við mig að með þessum mikla viðhaldskostnaði yrði leiga skipsins það há að á mörkunum sé að verjandi geti talist.

Nú hefur Grettir verið á annað ár við dýpkunarframkvæmdir í Grindavík og er enn ekki lokið framkvæmdum þar. Næst á biðlistanum koma Sandgerði, síðan Bolungarvík, Dalvík, Húsavík og auk þessara hafna er í fyrrnefndri 4 ára hafnaáætlun gert ráð fyrir dýpkun á hörðum botni á Patreksfirði, Hólmavík, Skagaströnd og Þórshöfn. Fyrirsjáanlegt er, ef engra nýrra úrræða verður leitað, að allar þessar hafnir munu bíða stórkostlegan baga og atvinnutjón af óhæfilegum drætti á nauðsynlegum dýpkunarframkvæmdum. Ég vil taka hér sem dæmi þá höfnina sem ég þekki best til, Bolungarvíkurhöfn, en þeir Bolvíkingar voru núna þessa dagana að fá nýjan glæsilegan skuttogara, Dagrúnu, 500 lestir að stærð, sem ekki kemst inn á sína heimahöfn nema í logni og blíðasta veðri. Hann verður því að leita til Ísafjarðar, leggja aflann upp þar og síðan þarf að keyra fiskinn á bílum út til Bolungarvíkur, þ. e. a. s. ef fært er á Óshlíðina sem sannarlega getur brugðið til beggja vona yfir meiri hluta ársins. Bolvíkingar eiga nú einnig rúmlega 300 lesta bát í smíðum og er gert ráð fyrir að hann verði tilbúinn til veiða um næstu áramót, og gegnir sama máli um hann. Hann kemst ekki inn á Bolungarvíkurhöfn svo að *öruggt sé fyrr en höfnin hefur verið dýpkuð*, en Hafnamálastofnun gerir ráð fyrir þeirri framkvæmd fyrst á árinu 1976 og fjárveitingar til hafnarinnar eru miðaðar við þá staðreynd að dýpkunarskip verður ekki tiltækt fyrr en þá vegna anna við aðrar hafnir. Það er því eðlilega engin furða þótt hljóðið sé þungt í þeim mönnum sem standa að útgerð þessara skipa og annarra, sem eins er ástatt um, og því augljós nauðsyn á að stjórnvöld á þessu sviði bregði við til úrbóta svo fljótt sem nokkur kostur er.

Nú er það vitað mál að nýtt og fullkomið dýpkunarskip kostar mikið fé, ég hef heyrt lauslega áætlað 250—350 millj. kr. Á hitt ber að líta, að það er vafasamur sparnaður að því að dragast lengi með gamalt, úr sér gengið og úrelt skip sem er margfalt dýrara í rekstri, m. a. vegna þess að það útheimtir allt að því helmingi fleiri menn í áhöfn en á nýju og vel búnu skipi, segja þeir menn sem þekkja til þessara mála. Á þessu sviði sem öðrum hefur allri tækni fleygt fram á síðustu árum og margvísleg hagræðing komið til sem í senn eykur afköstin og dregur úr mannaflaþörf. Þessar staðreyndir ber að sjálfsögðu að hafa í huga þegar vegið er og metið, hvort ráðast beri í kaup á nýju skipi, en bæði er að hér er um stóra fjármuni að ræða sem ekki hefur verið gert ráð fyrir á fjárl. þessa árs og auk þess líklegt, að alllangan tíma þyrfti til að athuga um og útvega slíkt skip til kaups. Því er í till. bent á þann möguleika að taka á leigu dýpkunarskip erlendis frá, þar eð sú ráðstöfun gæti tekið skemmri tíma. Mætti vel hugsa sér að skipið, ef fáanlegt væri, yrði leigt til ákveðins tíma með kaup fyrir augum síðar ef það reyndist vel.

Þá vil ég síðast, en ekki síst benda á mikilvægt atriði í þessu máli sem hugsanlega gæti varpað nokkurri vonarglætu á mál okkar bágstöddu hafna. Til er íslenskt fyrirtæki, Björgun hf., sem er nú með nýtt dýpkunarskip í smíðum og er gert ráð fyrir að það verði tilbúið í maí eða júní n. k. Skipið er hannað í Hollandi, en smíðað hér heima í Stálsmiðjunni. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um gerð og útbúnað þessa nýja skips, sýnist mér ljóst að það muni geta leyst nokkuð af okkar vanda í þessum efnum. Það er útbúið bæði dælu og krana og getur því fengist við bæði sandbotn og harðari botn sem eldri dæluskipin Sandey og Hákur hafa ekki ráðið við. Ekki mun þó hægt að ætla því stór verkefni á við þau sem Grettir hefur fengist við, til þess er það ekki nógu öflugt, svo að þörfin á nýju og fullkomnu dýpkunarskipi er enn fyrir hendi þótt þetta nýja skip komi til og leysi vafalaust nokkuð af vandanum.

Eðlilegt hlýtur að teljast eins og þráfaldlega

hefur verið bent á að verkefni við hafnarframkvæmdir verði boðin út á frjálsum markaði, enda skýrt ákvæði um það í núgildandi hafnalögum og nýútkominni reglugerð með lögunum. Það hlýtur alltaf að teljast hæpið að sami aðilinn, í þessu tilfelli Hafnamálastofnunin, annist í senn framkvæmd og úttekt í slíkri mannvirkjagerð.

Það fer ekki á milli mála að mikilvægi hafna í þjóðarbúskap okkar íslendinga sem fiskveiðiþjóðar verður vart ofmetið og því nauðsynlegt að svo vel sé að þeim búið sem efni og aðstæður framast leyfa. Að því er varðar þátt þeirra í verðmætasköpun þjóðarinnar má benda á, að árið 1972 nam verðmæti þess varnings, sem um hafnirnar fór, að meðtöldum fiskafla, 43 milljörðum kr. eða 64% af brúttóþjóðarframleiðslu sem það ár nam 67 milljörðum. Því miður hef ég ekki handbærar nýrri tölur, en öruggt má telja að þetta hlutfall hafi hækkað höfnunum í vil s. l. tvö ár með stórauknum fiskiskipastóli. Hér er því um að ræða sannkallaða lífæð atvinnulífsins.

Við Vestfjarðaþm., sem stöndum að þessari till., teljum að hér sé á ferðinni knýjandi nauðsynjamál sem við væntum eindregið að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir að leysa svo skjótt sem auðið er. Mér er kunnugt um að innan Hafnamálastofnunarinnar hefur till. verið tekið feginsamlega og með jákvæðum áhuga á að málið fái sem skjótasta lausn.

Herra forseti. Ég vil að lokum mælast til að málinu verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 42. fundur.

Miðvikudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, frv. (þskj. 263). — Ein umr.

Frsm. (Ingi Tryggavson): Herra forseti. Ed. hefur verið sent að nýju frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó. Breyting sú, sem Nd. gerir á þessu, er einungis á þá leið, að bætt verði einni gr. við frv., sem hljóðar þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja neitt um þetta og sé ekki heldur ástæðu til þess að gera till. um að málinu verði vísað til n.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 290).

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 275). — Frh. 1. umr.

Stefán Jónsson (frh.): Herra forseti. Á mánudaginn byrjaði ég þessa ræðu mína með gagnrýni á frv. því, sem hér liggur fyrir, um heimild handa ríkisstj. að semja við bandaríska auðhringinn Union Carbide um sameiginlega málmblendiverksmiðju á Grundartanga. Ég vil leyfa mér að rifja upp nokkur grundvallaratriði úr þeim hluta ræðunnar sem ég þá flutti.

Ég vakti athygli á reynslu okkar af þeim stóriðjuverum, sem við höfum þegar í landinu, álverinu í Straumsvík, sem við erum skuldbundnir til að selja helminginn af núv. raforku landsins allt fram til ársins 1997 fyrir verð, sem samsvarar nú 27 aurum á kwst., sem hver einasti íslendingur verður að borga stórfé með. Ofan á það bætast svo ómæld spjöll á náttúrufari Suðurnesja og eitrun umhverfisins. Ég vakti athygli á reynslu okkar af kísilgúrverksmiðjunni sem er vel á veg komin með að eyðileggja Mývatnssveit. Ég leyfði mér að vekja athygli á því, að ekki vantaði útskýringar sérfræðinga, hagfræðinga á þeim hagsbótum, sem okkur væru búnar af þessum iðjuverum, og einlægar yfirlýsingar um, að komið yrði í veg fyrir öll umhverfisspjöll af völdum þessara iðjuvera. Ég leyfði mér líka að vekja athygli á því, að það væru sömu sérfræðingarnir, reikningsstokksmennirnir, menntaðir undir sótsvörtum himni stóriðjuþjóðanna, hagfræðingarnir og verkfræðingarnir, sem legðu nú á ráðin um málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Ég leitaði vingjarnlegra skýringa á þessu framferði þeirra. Niðurstaða mín varð sú, að þessir menn, sem efalaust vildu landi sínu vel, gætu ekki fellt sig við það, að íslenskir atvinnuhættir og þjóðhættir kæmu ekki heim við fræði þeirra sjálfra, sem vitaskuld eru miðuð við iðnaðarsamfélög. Þessi fræði féllu sem sagt ekki að því einstæða fyrirbæri, íslenska þjóðfélaginu, sem ekki er iðnaðarþjóðfélag, heldur vélvætt veiðimannasamfélag sem hefur eigi að síður megnað að veita þessari þjóð góða afkomu og lífskjör, sem jafnast á við þau sem best gerast í iðnþróuðum þjóðfélögum. Og af því að þessir samfélagshættir þjóðar okkar féllu ekki að þeim fræðum, sem þessir góðu menn hafa numið, þá legðu þeir á það ofurkapp að breyta þeim, svo að þeir féllu að fræðunum, í stað þess, sem eðlilegt væri, að þeir reyndu að samhæfa fræði sín íslenskum aðstæðum, svo að þessi fræði mættu verða okkur að gagni en ekki til tjóns. Í þessu sambandi vitnaði ég einnig — með leyfi hæstv. forseta — í ummæli látins spekings á Snæfellsnesi sem sagði: „Það er nú svona með íslendinga, þessa góðu og göfugu þjóð. Þeim er svo eiginlegt að trúa því, sem þeir vita að er ósatt, og treysta á skýrslur sem þeir hafa sjálfir falsað.“

Ég drap lítillega á það, með hvaða hætti aðstandendur þessa fyrirhugaða iðjuvers í Hvalfirði brugðust við tilraun, sem var gerð til þess af hálfu fræðimanns að rannsaka vistfræðilegt og vistpólitísk áhrif stóriðjuveranna hér á landi og með hvaða hætti þeir bundu endi á þá tilraun, sem ég mun nú skilgreina hér nánar í næstu andránni. Ég leyfði mér að vekja athygli á nauðsyn þess að leita vingjarnlegra skýringa á hróplegum mistökum tæknilegra ráðunauta stjórnmálamanna þjóðarinnar í þessum tilvikum, enda þótt þeir hefðu dálítið grátbroslega áráttu til þess að hrinda í framkvæmd þeim hugmyndum, sem hefðu lengi talist réttar, einmitt í þann

mund sem það væri komið berlega í ljós, að þær voru rangar. Ég gerði grein fyrir þeim ugg mínum, að sérfræðingarnir, sem fjallað hafa um málmblendimálið, hefðu reitt sig um of á fögur orð og fyrirheit Union Carbide-manna í þessu máli og vakti athygli á því að engin hlutlæg rannsókn hefur farið fram á því hvers konar áhrif fyrirhuguð verksmiðja mundi hafa á lífríki Hvalfjarðar og nágrennis, né heldur á því hvaða áhrif hún mundi hafa á samfélag manna í grennd sinni og víðar. Ég gerði kröfu til þess að slík rannsókn yrði gerð af hæfum og reyndum aðilum og niðurstöður hennar lagðar fyrir Alþ. áður en frv. þetta yrði tekið til endanlegrar afgreiðslu. Þá man ég ekki betur en ég minntist lítils háttar á kynningarfund, sem hæstv. iðnrh. hélt að Leirá í Leirársveit ásamt sérfræðingum sínum til þess að tjá ágæti málmbræðslunnar fyrir sveitamönnum, þar sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins lét ganga milli manna litmynd, er hann hafði sjálfur tekið af málmblendiverksmiðju hjá Union Carbide og þar sem nokkrir stúdentar úr náttúrufræðideild Háskólans ásamt Einari Val Ingimundarsyni báru fram fáeinar fræðilegar spurningar varðandi málið.

Herra forseti. Þá er sem sagt komið að því að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið í ræðu minni á mánudaginn og tilgreina nú einstök atriði í sambandi við vistfræðilegu hliðina á þessu máli, sem valda því að ég hef fyrr í þessari ræðu leyft mér að kalla undirbúning þennan tortryggilegan. Ég hef áður vitnað í sjálfa grg. þessa frv. þar sem látið er nægja að staðhæfa það að hugur fylgi máli hjá Union Carbide þegar hann segist skulu vernda umhverfið. Ég hef líka sagt frá staðhæfingum aðstandenda málmblendiverksmiðjunnar um fullkomið og algert skaðleysi hennar. Ég á enn eftir að segja frá því, hvernig aðstandendur verksmiðjunnar, sem staðhæfa skaðleysi hennar fyrir umhverfið, losuðu sig við eina sérmenntaða íslendinginn í umhverfismálum, Einar Val Ingimundarson umhverfisverkfræðing, sem var starfsmaður Heilbrigðiseftirlitsins, en höfðu áður haldið leyndum fyrir honum upplýsingum varðandi málmblendiverksmiðjuna.

Einar þessi Valur Ingimundarson lauk fyrir röskum tveimur árum námi í efnaverkfræði við Lundúnaháskóla. Þegar það fréttist heim að þessi ágæti námsmaður væri að velta því fyrir sér hvaða sérgrein innan efnaverkfræðinnar hann ætti að leggja fyrir sig, þá gerðist það að einn af helstu verkfræðiráðunautum ríkisstj., sem ég hirði ekki að nafngreina hér, gekk á hans fund og bað hann endilega að leggja fyrir sig umhverfisverkfræði, environmental engineering, eins og það heitir á ensku. Samkv. þeirri reglugerð vantaði mann með slíka menntun til starfa í Heilbrigðiseftirlitinu, því að nú átti að taka tillit til umhverfismálanna í sambandi við iðnvæðingu á Íslandi. Það varð svo úr, að Einar Valur samdi um það við Baldur Johnsen forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins að hann færi í þetta sérnám, en ynni með náminu eftir því sem hann gæti á vegum Heilbrigðiseftirlitsins. Þessu námi lauk Einar Valur á tveimur árum, kom heim til starfa í vetur leið, en hafði þá þegar byrjað undirbúningsrannsóknir í sambandi við doktorsritgerð sem fjallar um rykmengun. Samdist um það að hann fengi svigrúm til þess í starfi sínu að ljúka doktorsritgerðinni jafnframt.

Af starfi Einars Vals er svo það helst að segja í beinum tengslum við stóriðjumálið hér á landi, að honum var falið að rannsaka áhrifin af völdum kísilgúrverksmiðjunnar í Mývatnssveit. Hann samdi skýrslu um rannsóknirnar og skilaði þeim til yfirmanns síns. Niðurstaða þeirrar skýrslu er í sem skemmstu máli á þá lund, að verksmiðjan hafi ekki haft sem best áhrif á umhverfið í Mývatnssveit, starfsmönnum verksmiðjunnar sé hætta búin vegna kísileitrunar og loks að verksmiðjan hafi spillt samfélagi manna í sveitinni. Vitaskuld var þessi skýrsla ekki birt, heldur hlaut umhverfisverkfræðingurinn ákúrur fyrir það að vera á móti stóriðju.

Samtímis því sem Einar Valur vann að skýrslunni um kísilgúrverksmiðjuna og þó einkum eftir það gerði hann athugun á mengun frá álverinu í Straumsvík, hreinlætis- og hollustuháttum þar. Þetta atferli hans spurðist út, m. a. að hann hefði komist að því að blásýrumengaður sori frá verksmiðjunni væri settur út í hraun, þar sem eitrun frá honum gæti valdið mönnum og dýrum skaða ef ekki fjörtjóni. Þá fékk Einar Valur Ingimundarson fyrirmæli frá yfirboðurum sínum um að hætta rannsóknum varðandi álverið í Straumsvík. Samtímis var hann sviptur öllum gögnum varðandi þetta stóriðjuver sem hér um ræðir í Hvalfirði. Þegar svo var komið málum var hann gersamlega sniðgenginn í sambandi við mál er vörðuðu umhverfi fyrirhugaðrar verksmiðju á Grundartanga.

Eins og ég sagði frá áðan var Einar Valur umhverfisverkfræðingur í hópi þeirra sem báru fram nokkrar spurningar á fundinum sæla á Leirá. Nokkrum dögum seinna fékk hann að vita að hann væri ekki lengur starfsmaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Það kom sem sagt í ljós að ungi efnaverkfræðingurinn, sem ráðinn var til þess að sérhæfa sig í umhverfisverkfræði með tveggja ára framhaldsnámi, taldi það vera hlutverk sitt að rýna eftir þeim hættum sem íslensku umhverfi væru búnar af stóriðjufyrirtækjum.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem ég ætla að heyri til mín núna, sé með símtólið við eyrað, segist í Tímagrein sinni á laugardaginn var óttast að sjónarmið Einars Vals mótist af öðrum sjónarmiðum en þeim, sem að vísindum lúta. Hann segist óttast að sjónarmið Einars Vals Ingimundarsonar umhverfisverkfræðings mótist af öðrum sjónarmiðum en þeim, sem að vísindum lúta. Þetta finnst mér ekki alveg nógu vingjarnlega sagt, eða leyfist mér á sama hátt að láta í ljós ugg minn um það að ákvörðunin um brottvikningu Einars Vals Ingimundarsonar umhverfisverkfræðings úr starfi frá íslenska ríkinu og þær hnútur, sem kastað hefur verið í hann síðan, mótist af öðrum sjónarmiðum en þeim sem varða umhyggju fyrir íslensku umhverfi og lífríki þess.

Samtímis því sem venslamenn málmblendiverksmiðjunnar losuðu sig við Einar Val Ingimundar-

son umhverfisverkfræðing, eftir að þeir komust að því, að vafasamt gæti verið, að hann makkaði rétt að öllu leyti, þá tóku þeir að vitna í Náttúruverndarráð Íslands um skaðleysi verksmiðjunnar. Á bls. 18 í riti því, sem geymir frv., finnum við tilefni til þessarar ívitnunar. Þar stendur í 3. mgr. að ofan: „Viðræðunefndin hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs um staðarval verksmiðjunnar.“ Umsögn þessi er dags. 4. júlí 1973, og koma þar ekki fram neinar aths. aðrar en þær, sem sjálfsagðar eru og lúta að frágangi og útliti. Þess er ekki getið, að það var ekki leitað umsagnar Náttúruverndarráðs um neitt annað en það sem laut að frágangi og útliti. Á fyrrnefndum kynningarfundi á Leirá var vitnað í þessa álitsgerð Náttúruverndarráðs óbeint á þá lund, að sjálft Náttúruverndarráð hefði ekkert við málmblendiverksmiðjuna að athuga. Í fskj., sem látin eru fljóta með álitsgerð nefndar veiðiréttareigenda við Hvalfjörð varðandi hugsanlega hættu fyrir göngufisk af völdum verksmiðjunnar, er vitnað í þetta álit Náttúruverndarráðs um skaðleysi verksmiðjunnar. Árni Reynisson forstöðumaður Náttúruverndarráðs segir mér að aðeins hafi verið leitað álits ráðsins varðandi smíði verksmiðjuhúsanna á Grundartanga. Náttúruverndarráð hafi aðeins látið í ljós álit sitt á áhrifum mannvirkja á þessum stað, ekki á rekstri málmblendiverksmiðju, enda hafi ráðinu ekki verið fengin í hendur nein gögn varðandi það fyrirtæki. Eigi að síður hafa forgöngumenn málmblendiverksmiðjunnar notað þetta ómerkilega plagg frá Náttúruverndarráði um það atriði fyrirtækisins, sem minnstu máli skiptir, sem plagg upp á það, að Náttúruverndarráð telji málmblendiverksmiðjuna óskaðlega.

Nú hljótum við næstum því að álykta sem svo í góðgirni okkar, að aðstandendur þessarar málmblendihugsjónar hljóti samt að hafa leitað álits Náttúruverndarráðs um önnur atriði en fasteignir á Grundartanga, þeir hljóti að hafa lagt fram gögn varðandi sjálfan verksmiðjurekstrinn. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hefur þeim láðst þetta. Mér er kunnugt, að Náttúruverndarráð hefur beiðst þess að fá slíkar upplýsingar, en ekki fengið. Ég hef hér ljósrit af tveimur bréfum frá Náttúruverndarráði, sem sýna að Náttúruverndarráð telur eðlilegt, að það fái aðstöðu til að fjalla um málið áður en það kemst á ákvörðunarstig, sem sagt áður en Alþ. heimili samningsgerðina við Union Carbide, en þá aðstöðu hefur Náttúruverndarráð ekki fengið. Ég ætla að lesa fyrir ykkur ljósritin af tveimur bréfum, sem votta þetta álit Náttúruverndarráðs.

Fyrst kemur hér bréf, sem Líffræðistofnun Háskólans sendi Náttúruverndarráði um miðjan s. l. mánuð. Náttúruverndarráð samþykkti bréfið, gerði málaleitan Líffræðistofnunar Háskólans að sinni og sendi til iðnrn. þar sem þetta bréf liggur enn ósvarað. Bréfið er dags. 15. jan. 1975 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi stjórnar Líffræðistofnunar Háskólans hinn 14. jan. 1975 var samþykkt eftirfarandi:

Það hefur vakið athygli stjórnar Líffræðistofnunar Háskólans að við þá gagnasöfnun og þær athuganir, sem gerðar hafa verið vegna hugsanlegrar mengunar frá málmblendiverksmiðju hafa líffræðingar ekki verið hafðir með í ráðum, þrátt fyrir talsverðar umr. um áhrif slíkrar verksmiðju á lífríki.“

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. iðnrh. hefur gengið burt frá umr. um þetta mál. Ég vildi gjarnan, að hann fengi að heyra gagnrýni mína um frv., og vil því gera hlé á máli mínu þangað til hann sér sér fært að koma hingað inn aftur. (**Forseti**: Ég hygg, að það sé rétt hjá mér, að hæstv. ráðh. sé upptekinn í Nd. vegna nafnakalls í atkvgr.) Væri fjarri lagi, að það yrði þá hinkrað eftir að nafnakalli þar lyki? Ég er tilbúinn að standa hérna á meðan. (**Forseti**: Jú, málið er leyst, hæstv. ráðh. gengur í salinn, en eins og ég tók fram var hann við skyldustörf í hv. Nd.)

Já, þá vil ég, hæstv. iðnrh., fara örlítið til baka aftur, vegna þess að ég álít að það, sem ég var að þylja í svipinn, eigi erindi til ráðh. Ég vitnaði til þess, að ekki hefði verið leitað til Náttúruverndarráðs um álit á fyrirhugaðri verksmiðju, og sagði sem svo, að við hlytum þrátt fyrir allt að álykta sem svo í góðgirni okkar, að aðstandendur þessarar málmblendihugsjónar hefðu samt leitað álits Náttúruverndarráðs í einhverju öðru heldur en því, sem lyti að byggingum á Grundartanga. Þeir hlytu að hafa lagt fram gögn varðandi sjálfan verksmiðjureksturinn. En samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hefur þeim láðst þetta. Mér er kunnugt um, að Náttúruverndarráð hefur beiðst þess að fá slíkar upplýsingar, en ekki fengið. Ég hef hérna fyrir framan mig afrit af tveimur bréfum frá Náttúruverndarráði, sem sýna það, að ráðið telur eðlilegt, að það fái aðstöðu til þess að fjalla um málið áður en það kemst á ákvörðunarstig, sem sagt áður en Alþ. heimili samningsgerðina við Union Carbide, en þá aðstöðu hefur Náttúruverndarráð ekki fengið. Ég ætla þá sem sagt að lesa þessi tvö bréf, með leyfi hæstv. forseta.

Þá er það fyrst bréf frá Líffræðistofnun Háskólans, — bréf sem Líffræðistofnun sendi Náttúruverndarráði um miðjan s. l. mánuð. Náttúruverndarráð samþykkti bréfið og gerði málaleitan Líffræðistofnunarinnar að sinni og sendi bréfið iðnrn., þar sem mér skilst að það liggi enn ósvarað. Bréfið er svo hljóðandi:

„Á fundi stjórnar Líffræðistofnunar Háskólans hinn 14. jan. 1975 var samþ. eftirfarandi:

Það hefur vakið athygli stjórnar Líffræðistofnunar Háskólans að við þá gagnasöfnun og þær athuganir, sem gerðar hafa verið vegna hugsanlegrar mengunar frá málmblendiverksmiðju, hafi líffræðingar ekki verið hafðir með í ráðum þrátt fyrir talsverðar umræður um áhrif slíkrar verksmiðju á lífríki. Vill stjórn Líffræðistofnunarinnar í því sambandi beina því til Náttúruverndarráðs, að það beiti sér fyrir því, að þegar á þessu stigi málsins verði tveimur líffræðingum (vistfræðingi og lífeðlisfræðingi) falið að fara í kynnisför til Bandaríkjanna og Noregs til að kynna sér málmblendiverksmiðjur og áhrif þeirra á lífríki og afla upplýsinga frá umhverfisstofnunum um þessi mál og safna prentuðum heimildum og vinna úr þeim. Tæpast verður ætlast til þess, að verkfræðingar geti gert þessu efni

viðunandi skil án verulegrar aðstoðar líffræðinga. Hér er augljóslega um nauðsynlegan þátt undirbúningsathugana að ræða.“

Þetta bréf frá Líffræðistofnun Háskólans er undirritað af Agnari Ingólfssyni. Náttúruverndarráð fjallaði um þetta bréf, gerði efni þess að sínu, sendi það iðnrn. og hefur ekki fengið svar enn.

Þá kemur bréf, sem Náttúruverndarráð ritaði iðnrn. 27. jan. s. l., fyrir tiltölulega fáum dögum og ber enn að sama brunni. Bréfið er dags. 27. jan. 1975. Efni: Hönnun málmblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði.

„Náttúruverndarráð hefur á fundi sínum 23. 1. '75 samþ. að beina því til hæstv. rn., að þess verði gætt að ráðið fái aðstöðu til að fylgjast með hönnun nefndrar verksmiðju, sbr. 29. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971. Áður hefur ráðið í bréfi, dags. 4. júlí 1973, tjáð sig um staðsetningu verksmiðjunnar á þessum stað.“ — Það er bréfið sem notað hefur verið til vitnisburðar um það, að Náttúruverndarráð hafi ekkert við málmblendiverksmiðju í Hvalfirði að athuga. Sem sagt: „Áður hefur ráðið í bréfi, dags. 4. júlí 1973, tjáð sig um staðsetningu verksmiðjunnar á þessum stað, en leggur áherslu á, að fá að fylgjast með undirbúningi verksins áður en til bindandi ákvarðana kemur. Ráðið leggur sérstaka áherslu á að upplýsingar um hvers konar úrgangsefni sem haft gætu áhrif á lífríki svæðisins. Óskar ráðið eftir því, að þessar upplýsingar verði sendar því sem fyrst. Þá telur Náttúruverndarráð nauðsynlegt að sá aðili, sem annast undirbúning væntanlegs iðjuvers, afli sér í tæka tíð lögboðins rekstrarleyfis og áður en til bindandi ákvarðana kemur um staðsetningu og rekstur, sbr. 4. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, nr. 164/1972.

Með vinsemd og virðingu.

Eysteinn Jónsson, formaður Náttúruverndarráðs.

Árni Reynisson framkvæmdastjóri.“

Ég hef áður spurt ykkur, hv. þm., hvort þið telduð líklegt að *Heilbrigðiseftirlit ríkisins* mundi synja um rekstrarleyfi fyrir 10 milljarða verksmiðju í Hvalfirði þegar búið væri að reisa hana svo sem fyrirhugað er og sækja síðan um rekstrarleyfi. Það verður ekki ljósar sagt en í *þessum tveimur bréfum* Náttúruverndarráðs hvert álit þess aðila er á því á hvaða stigi eigi að rannsaka það mál, er að umhverfisvernd lýtur, og að ráðið er ekki ánægt með málsmeðferðina fram að þessu.

Ég hef áður sagt frá því með hvaða hætti þeir málmblendimenn hafa notað bréf Náttúruverndarráðs varðandi byggingarnar. Nú spyr ég hv. alþm., hvort þeir telji það ekki dálítið tortryggilegt hvernig Náttúruverndarráð hefur verið sniðgengið í þessu máli, hvort þeir telji ekki að eðlilegt hefði verið að rökstutt álit Náttúruverndarráðs hefði legið fyrir hv. Alþ. ásamt þessu frv. Og enn spyr ég: Getur það hugsast að aðferðirnar, sem hafðar voru til þess að losna við Einar Ingimundarson umhverfisverkfræðing, hafi staðið að einhverju leyti í sambandi við tilhneigingu þeirra málmblendimanna að torvelda Náttúruverndarráði Íslands *afskipti* af þessu máli?

Nú skulum við hinkra aðeins við. Eitthvað rámar mig í að hafa sagt það eða a. m. k. gefið í skyn að ég tryði því ekki að óheiðarlegar hvatir lægju að baki áhuga þeirra sérfræðinga og þeirra stjórnmálamanna sem fastast sækja á um stóriðju á Íslandi. Nú hef ég eytt í það þó nokkrum tíma að segja frá tortryggilegum vinnubrögðum þessara aðila við undirbúning málsins. Þó ætla ég að ítreka þá trú mína, þá skoðun mína, að þessum mönnum gangi gott eitt til, en í ofurkappi sínu að ná því fram að Alþ. fallist á byggingu þessarar verksmiðju, þá sjáist þeir ekki fyrir í vinnubrögðum.

Af því að ég hef nú kosið að nefna vin minn, hv. þm. Steingrím Hermannsson sérstaklega í þessu máli, mann sem ég þekki vel og viðhorf hans til manna og málefna, þá vil ég taka fram að ég efast ekkert um það af kynnum mínum við hann, að hann muni vilja nokkru til kosta að vernda umhverfi á þessu landi og lífríki þess. Raunar hef ég gilda ástæðu til þess að ætla, að honum sé engu síður annt um þessi verðmæti heldur en mér. En hann hefur jafnframt trú á aðra guði. Hann gengur fram í þessu málmblendimáli, eða málmsíli kallar hann það, og *mér finnst* það nokkuð *gott* orð, — hann gengur fram í því af þess háttar ofurkappi að vinnubrögðin skipta hann ekki lengur mjög miklu máli. Og sama er að segja um ýmsa skoðanabræður hans og samráðgjafa.

Ég leyfi mér enn eins og fyrr í þessari ræðu að undanskilja að nokkru hæstv. iðnrh. og finn honum til afbötunar að hann hlýtur að styðjast við álit sérfræðinga sinna, slíkir sem þeir hljóta að vera.

Og svo aðeins eitt innskot varðandi frv. sjálft. Á það e. t. v. að bera vott um uggleysi flm. frv. um algert skaðleysi verksmiðjunnar, að hvergi getur að finna í frv. ákvæði um skaðabætur vegna hugsanlegs tjóns? Slíkt ákvæði getur ekki að finna í frv.

Ég geri ekki kröfu til þess, að hv. alþm. ímyndi sér að ég hafi persónulega vit á eðlisfræði eða efnafræði, og enn síður þykist ég kunna neitt fyrir mér í umhverfisverkfræði. Aftur á móti held ég að hv. þm. Steingrímur Hermannsson hljóti að misminna, að andstæðingur verksmiðjunnar hér á þingi hafi látið þá skoðun í ljós í þingsölunum opinberlega, að það mundi hanga kvikasilfurský yfir málmblendiverksmiðjunni fyrirhuguðu. Og þrátt fyrir takmarkaðan lærdóm í fyrrnefndum fræðum hef ég lagt á mig talsverða vinnu við að afla upplýsinga um málmblendiverksmiðjur af því tagi sem fyrirhugað er að koma upp í Hvalfirði og hér er haldið fram að séu umhverfi sínu gjörsamlega skaðlausar. Það skal að vísu viðurkennt að þessar upplýsingar eru ekki frá Union Carbide, en ég mun tilgreina heimildirnar jafnóðum, eins ómerkilegar og þær eru.

Í 12. hefti tímaritsins „Journal of the airpollution control association,“ útgefnu í Lundúnum í des. í vetur, er grein eftir John Key Burchard, sérfræðing bandaríska umhverfismálaráðsins US environmental protection agency, stofnun sem mér skilst á Tímagrein hv. þm. Steingríms Hermannssonar að hann taki talsvert mark á. Í þessari grein er fjallað um þann eiginleika kísilryk-

korna að þétta um sig uppgufaða þungmálma og bera þá út í andrúmsloftið. Þar segir fullum fetum að rykkorn af stærðinni frá 1 míkrónu niður í 0.1 míkrónu, — það mun vera kornastærð sem einna mest verður af í rykinu frá fyrirhugaðri verksmiðju — geti flutt tvítugfalt og upp í hundraðfalt magn af þungmálmum á við það sem er í sjálfu hráefninu sem rykið myndar, eða með öðrum orðum að uppgufaðir þungmálmar safnist saman í rykinu. Í greininni er skrá yfir þær tíu tegundir iðjugreina, sem mest af þessu hættulega ryki komi frá, og þar eru málmblendiverksmiðjur efstar á blaði af 10 iðjugreinum sem tilnefndar eru. Ferro aloy furneces eru taldir fyrstir, næst á undan stálbræðslum og kolakyntum rafstöðvum.

Í sama hefti þessa tímarits er grein eftir George W. Walsh, einnig frá ameríska náttúruverndarráðinu. Þar er raunar um að ræða skýrslu um rannsóknir á vegum ráðsins á hreinsun ryks úr verksmiðjureyk. Í þessari grein er m. a. vitnað í grein Freadlanders prófessors, hina sömu og þá sem gerð er að umtalsefni í blaðagreinum þeirra Steingríms Hermannssonar og Einars Vals Ingimundarsonar umhverfisverkfræðings. Segir í þessari grein Walsh að við hagstæðar aðstæður sé hægt að hreinsa úr loftinu allt upp í 99% af smæstu kornunum, þ. e. a. s. kornum frá 0.1 míkrónu og niður í 0.01 míkrónu, vegna þess að við gefin skilyrði vilji þessi örsmáu korn loða saman, sem sagt við hagstæðar aðstæður. Hið sama gildi um kornin fyrir ofan 2 míkrónur að stærð, það sé einnig hægt að ná þeim að verulegu leyti, en af kornunum, sem séu af stærðinni frá 1 míkrónu ofan í 0.1 míkrónu, hafi ekki tekist að hreinsa nema 70—80% af heildarmagninu. Í þessari grein segir Walsh ljósum orðum að hreinsun ryks frá málmblendiverksmiðjum sé enn þá ógnþrungið vandamál sem öllu lífi stafi hætta af og þá fyrst og fremst lífi manna.

Í desemberhefti þessa sama tímarits frá árinu 1973 segir í grein eftir prófessor E. K. Ermson, sem skrifuð er um hættuna af völdum uppgufaðra málma, The hasards of heavy metals in flight: „Í öllu brotajárni og flestum brotamálmum leynist misjafnlega mikið af þungmálmum og getur verið frá 1% upp í allt að 5%, en flestir þeirra gufa upp við það hitastig, sem til þarf að bræða sjálfan meginmálminn.“ Hér er um að ræða zink, blý, kvikasilfur, nikkel, kopar, kóbalt, mangan, kadmíum og króm. „Allir þessir þungmálmar,“ segir í greininni, „finnast í brotajárni.“

Svo að ég vitni þá næst í almenna kennslubók í eðlisefnafræði, sem heitir raunar á frummálinu Popular handbook for physical chemistry, eftir Frederik Cavenaugh prófessor, þá sýður blý og gufur upp við 1700 stiga hita á Celsíus, kvikasilfur við 350 stig, zink við 900 stig og kadmíum við 760 stig á Celsíus. — Ég þorði ekki annað en að fletta upp í viðurkenndri fræðibók, vegna þess að, svo að ég noti nú sama orðalag og einn þm., sem er mjög fylgjandi málmsílinu, sagði úr ræðustól á fundi Sþ. í vetur að þungir málmar gufuðu ekki upp.

Skv. grein próf. Odds Melanders í tímaritinu Miljö, sem gefið er út í Osló á vegum norsku náttúrufræðisamtakanna, — greinin nefnist Biokemiske problemer i metalindustrien eða líf-

efnafræðileg vandamál í málmiðnaðinum, — þá fer bræðslan í málmblendiverksmiðjunum fram við 1700—2000 stiga hita og eru engin tiltæk ráð til að koma í veg fyrir uppgufun fyrrgreindra málma. Ef eitt af patentunum, sem við eigum að kaupa af Union Carbide, er það hvernig á að koma í veg fyrir uppgufun þungra málma, þá er sannarlega eftir nokkru að slægjast.

Nú leyfi ég mér þann munað að tilgreina ekki fræðirit til sönnunar þeirri almennu staðhæfingu að allir þessir málmar geti reynst hættulegir, sumir hverjir öllu lífi, kviku sem rótföstu, og að málmeitrun þessarar tegundar hafi nær gjörbreytt öllu náttúrlegu lífi á stórum svæðum í sumum hinna iðnvæddu ríkja. Þetta eru alkunn sanninda. En svo til viðbótar frétti ég af tilviljun af íslenskum lækni, Valgarði Egilssyni, sem stundar nú rannsóknir við University College Hospital í Lundúnum og hefur einkum lagt fyrir sig athuganir á skaðsemi uppgufaðra þungmálma í ryki. Niðurstöðurnar af rannsóknum Valgarðs hafa vakið mjög mikla athygli í Bretlandi. Ég kom því skilaboðum til Valgarðs nú föstudaginn um að senda hæstv. Alþ. skeyti, helstu niðurstöður af þessum rannsóknum, og leyfi ég mér nú að lesa þetta skeyti, með leyfi hæstv. forseta.

„Nýlegar athuganir mínar hafa sýnt skaðleg áhrif á frumur af kadmíum 20 kornum í rúmmillimetra, af krómati 60 kornum í rúmmillimetra, kóbalt 30 kornum í rúmmillimetra og nikkel 200 kornum í rúmmillimetra. Verksmiðjuryk getur innihaldið mun meira skv. grein Roberts Lee í Airpollution journal í okt. 1973, bls. 857. Skaðsemismörk kynnu að vera lægri. Ofannefnd 4 efni geta valdið krabbameini, en ekki er vitað í hvað miklu mæli.“ Undirskriftin er, svo að þið fáið heimilisfangið, Valgarður Egilsson, 57 Park Drive, London W 3. Það skal tekið fram að landlækni mun kunnugt um þessar niðurstöður á rannsóknum Valgarðs.

Nú tókst mér að verða mér úti um ljósrit af þessari grein Roberts E. Lee. Hún heitir Trace metal pollution in the enviroment eða Þungmelmismengun í umhverfinu. Í þessari grein er vitnað í fræðimenn ameríska náttúruverndarráðsins rétt einu sinni, eins og fyrr er getið, um tormerki þess að ráða við rykmengunina með neinum kunnum tæknilegum ráðum, kveðið fast að orði um hættuna, sem öllu lífi er búin af völdum þungmálmanna sem safnast í rykið og dreifast með því víðs vegar. Lang mest er þó hættan fyrir verksmiðjustarfsfólkið. Ein einasta rykögn mettuð kadmíum, sem lendir í mannslunga og hittir fyrir veika frumu, getur valdið krabbameini.

Herra forseti. Ég hef undir höndum miklu fleiri álitsgerðir heimsfrægra sérfræðinga, sem eru þeirrar skoðunar að öllu kviku og þá fyrst og fremst mönnum stafi heilsutjón af völdum mengunar frá verksmiðju á borð við þá sem nú er fyrirhugað að reisa í Hvalfirði, og að því fari víðs fjarri, að tekist hafi enn að finna ráð til þess að bægja þeim voða frá dyrum, enda þótt tekist hafi að hemja rykmökkinn sem áður bar þessari hættu augljóst vitni. Hættan sé enn fyrir hendi, aðeins hin sýnilegu ummerki hættunnar, rykskýið, hafi verið gerð óljósari, þannig að hættan blasi ekki eins ljóslega við. Enn á ég þá

ósagt frá þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér varðandi vandamálið sem tengt er úrgangi frá þessari verksmiðju, föstum úrgangi, og frá vatnsmengun frá þessum verksmiðjum. Til þess gefst efalaust tími við frekari umr. um mengunaratriði þessa máls.

Ég býst fastlega við því, að formælendur málmblendiverksmiðjunnar muni nú þegar við 1. umr. greina frá heimildum sínum fyrir þeim staðhæfingum að verksmiðjur af þessu tagi séu fullkomlega óskaðlegar, jafnt umhverfi sínu og lífríki þess sem heilsu starfsmanna. Ég ætlast ekki til þess, að þær upplýsingar, sem ég hef komið hér á framfæri við hv. Alþ., verði teknar fram yfir þær upplýsingar sem þeir kunna að leggja fram máli sínu til stuðnings, en ég ætlast til þess að þær verði um sinn metnar jafnhátt, lagðar að jöfnu. Ég ætlast til þess að Alþ. fái til óvilhalla fræðimenn, sem óvefengjanlega hafa til að bera nægа þekkingu og reynslu á þessu sviði, til þess að rannsaka málið út frá íslenskum staðháttum, staðháttunum í Hvalfirði, og fella síðan úrskurð um það hvort fyrirhuguð verksmiðja verði skaðlaus, svo sem forvígismenn hennar halda fram, eða hvort hún sé umhverfi sínu og lífríki þess hættuleg. Og ef svo reynist, hvort hún sé líkleg til þess að valda meiru tjóni en svo, að Alþ. geti fellt sig við hættuna. Í þessu sambandi vitna ég til bréfanna tveggja, sem ég hef lesið hér upp frá Náttúruvenrdarráði.

Rannsóknir af þessu tagi eru þegar orðnar sjálfsagðar í öllum undirbúningi stóriðjurekstrar erlendis. Mér er t. d. kunnugt um að rannsóknir, sem sérfræðingar frá University College í Lundúnum, Lancaster University og Dyflinnarháskóla gerðu sameiginlega við Clyde-fjörð fyrir skömmu, leiddu til ákveðinnar niðurstöðu. Þar átti að reisa stáliðjuver með fullkomnum hreinsiútbúnaði, þeim fullkomnasta í heimi. Forstöðumenn þessara rannsókna voru Arthur Bourne prófessor, sérfræðingur í sjávarlíffræði sem m. a. hefur starfað mikið með norðmanninum Thor Heyerdahl, og niðurstaðan varð sú, að hætt var við að reisa þetta stáliðjuver vegna fyrirsjáanlegra áhrifa á umhverfi, lífríki fjarðarins og samfélag manna í landbúnaðarhéruðunum í kring. Mér er einnig kunnugt um, að hópur sérfræðinga gerði sams konar rannsóknir við Fjarðarfjörð, Firth of Forth, fyrir tveimur árum vegna efnaverksmiðju sem þar átti að reisa og náttúruverndarmenn óttuðust. Niðurstaðan af þeirri rannsókn leiddi til þess að verksmiðjan var reist, þar eð hættan á umhverfisspjöllum þótti ekki réttlæta það að hætt væri við verkið.

Nú vil ég strax vara unnendur málmblendihugsjónarinnar við því að ákveða það á stundinni með sjálfum sér að leita heldur til sérfræðinganna, sem störfuðu við Fjarðarfjörð, heldur en hinna, sem unnu við Clydefjörð. Ég hef grun um, að það hafi verið sömu mennirnir sem stjórnuðu rannsókninni við báða firðina. Og svo til þess að spara tíma, þið skulið ekki bera það fram, að það sé eitthvað sitt hvað, stáliðjuver við Clyde-fjörð eða málmblendiverksmiðja við Hvalfjörð, vegna þess að John Burchard, sérfræðingur ameríska náttúruverndarráðsins, sagði í greininni, sem ég vitnaði í áðan, að málmblendiverksmiðjur, þótt búnar væru fullkomnustu hreinsunartækjum, yllu meiri mengun en stálverksmiðjur búnar fullkomnum hreinsitækjum.

Við höfum nægan tíma til þess að rannsaka eðli þessa stórmáls, svo að Alþ. fái áreiðanlegar forsendur til að dæma það, þegar það tekur ákvörðun sína með eða móti þessu frv. Annað væri óhæfa, því að nauðsynlegt er, að óyggjandi upplýsingar liggi fyrir. Aðeins með því móti verður eytt þeirri tortryggni, sem þegar hefur upp vakist í kringum þetta mál, — upp vakist, segi ég, vegna meðferðar málsins sjálfs. Nú á ég jafnvel von á því, svo að ég noti allt að því hið klassíska orðalag, að alþm., sem beitir sér mjög fyrir málmblendiverksmiðjunni, kunni að andmæla þessu, að við höfum nógan tíma, og segja frá því, sem ég hygg að Union Carbide hafi sagt sjálfur, að þeir gætu fengið nóg rafmagn og framleiðsluleyfi í Noregi fyrir viðbótarverksmiðju við gömlu verksmiðjuna sína. Ég hringdi til vonar og vara til kunningja míns í norska Stórþinginu á miðvikudaginn var og bað hann að rannsaka málið fyrir mig. Hann hringdi svo til mín í gærkvöldi og sagði mér, að samkv. upplýsingum réttra yfirvalda þar hefði Union Carbide ekki inni liggjandi neina slíka umsókn hjá norskum yfirvöldum og ástandið í orkumálum Noregs væri þannig, að fráleitt mætti telja að slíkt leyfi yrði veitt þótt eftir því væri leitað. Ég á von á staðfestu skeyti um þetta mál frá Osló í dag. Og ég segi aðeins frá þessu núna á þessu stigi til þess að spara okkur tíma.

Nú las ég það í Morgunblaðinu fyrir helgina, að hæstv. iðnrh. væri jafnvel að gera sér vonir um að Alþ. mundi afgreiða þetta frv. fyrir næstu mánaðamót. Ég er viss um það, að séu þessi ummæli rétt höfð eftir hæstv. iðnrh., þá hefur honum beinlínis láðst að taka tillit til bréfanna tveggja frá Náttúruverndarráði sem ég las áðan. Ég er líka viss um, að þetta hefur ráðh. sagt vegna þess að hann hefur ekki heyrt þá frétt eða lesið ofan úr Borgarfirði, að Búnaðarsambandið þar gerði einróma samþykkt um að skora á yfirvöld að fara sér hægt í málinu, svo að unnt yrði að framkvæma hlutlausa rannsókn á hugsanlegum áhrifum verksmiðjunnar á lífríki umhverfisins og á atvinnuhætti á Vesturlandi. Ég býst líka við því, að það hljóti að hafa farið fram hjá hæstv. iðnrh., sem hv. þm. Ásgeir Bjarnason, formaður Búnaðarfélags Íslands, getur borið um, að þetta mál hefur þegar verið tekið á dagskrá Búnaðarþings, sem á að koma saman hér í Reykjavík 20. þ. m. og sitja í 3 vikur. Það væri slök miðlungskurteisi við virðulegustu bændasamkundu þjóðarinnar ef Alþ. flýtti sér að afgreiða þetta þýðingarmikla mál áður en Búnaðarþingi gefst kostur á að fjalla um það og það enda þótt tilkynnt hafi verið að málið sé tekið á dagskrá þess samkv. fyrrgreindri samþykkt Búnaðarsambands Borgarfjarðar, þar sem óskað er eftir því að tími gefist til þess að athuga þetta mál og ganga úr skugga um eðli þess.

Enn á ég eftir, herra forseti, að huga nokkuð að þeim efnahagslega ávinningi sem forgöngumenn þessa málmblendimáls telja þjóð okkar af þeim samningi sem hér er ráðgert að gera við Union Carbide. Hér er verið, segja þeir, að renna stoðum undir efnahag þjóðarinnar, nýjum stoðum undir efnahag þjóðarinnar. Það var líka ver-

ið að gera það með samningnum við Alusuisse. Sú stoð stendur hjúpuð blárri móðu í Straumsvík. Annarri nýrri stoð var rennt undir efnahag þjóðarinnar við Mývatn. Við höfum reynslu af báðum þessum nýju stoðum.

Þegar við veltum nú fyrir okkur þriðju nýju stoðinni undir efnahag þjóðarinnar, þá held ég að það sé orðið meira en tímabært að við gáum örlítið í því sambandi að gömlu stoðunum undir efnahag þjóðarinnar, þessum sem hafa gert okkur kleift að lifa býsna góðu lífi í þessu landi og síbatnandi lífi fram að þessu. Ég ætla að það sé við hæfi, að við gáum nú að því hvort ekki geti átt sér stað að nýju stoðirnar séu til þess fallnar að feygja þær gömlu og veikja þær. Hér er ráðgerð 10 milljarða fjárfesting í málmblendiverksmiðju á Grundartanga við Hvalfjörð, þó öllu fremur 13 milljarða ef við reiknum með, sem eðlilegt er, þriðjungi verðs aflstöðvanna í Sigölduvirkjun, sem eiga að sjá þessari verksmiðju fyrir rafmagni sem á að kosta 62 aura kwst. að meðaltali eftir 2 ár. Það er með fullri virðingu fyrir þeim ágætu mönnum, sem hafa annast útreikningana, býsna lágt verð þegar miðað er við það að nú þegar greiða íslendingar á 9. kr. á þessum veðrasama vetri fyrir kwst. eða fjórtánfalt hærra verð en málmblendiverksmiðjan á að borga eftir tvö ár. Í útreikningum Landsvirkjunar, sem fylgja með þessu frv., segir að gróðinn af raforkusölunni reiknist 700 millj. á 20 ára tímabili, eða 35 millj. á ári, til sölu á 550 gwst. Í grundvallaratriðum er verðið reiknað eins af hálfu Landsvirkjunar og til álversins í Straumsvík. Þar virðist 27 aura verð á kwst. líka sýna lítilsháttar ágóða. Ágóðinn skilst mér að fáist með því að láta raforkusöluna til innfæddra standa undir ýmsum kostnaðarliðum sem ella þyrfti að reikna með í dæminu. Afleiðingin er sú, að við borgum nú á 9. kr. fyrir kwst. eða rúmlega 35 sinnum hærra raforkuverð en svissnesku auðjöfrarnir í Straumsvík. Kostnaður einstaklinga af reikningsfærslunni vegna málmblendiverksmiðjunnar fyrirhuguðu verður hins vegar ekki nema fjórtánfaldur, ef miðað er við verðið eins og það er núna.

Okkur er sagt, að hagnaður íslenska ríkisins, sem á að verða eignaraðili að fyrirtækinu að 55% á móti Union Carbide, verði 1300 millj. í gjaldeyri á ári og er þar að vísu reiknað með útreiknuðum 35 millj. kr. hagnaði af orkusölunni á ári. Jafnvel þótt þessi upphæð fengi staðist við kritíska skoðun, þá væri það lítill hagnaður á okkar mælikvarða af 13 milljarða fjárfestingu.

Ef við reiknum dæmið á enda og tökum tillit til þeirra fríðinda sem þessu fyrirtæki eru ætluð, verður útkoman stórfellt tap. Einnig hér eins og í umfjölluninni um umhverfisvandamál verksmiðjunnar virðist stóriðjublindan leiða sérfræðingana okkar í gönur. Ég fellst að vísu á það sjónarmið, að ekki væri réttlátt að reikna verksmiðjunni, svo stórum raforkukaupanda, orkuna á sama verði og hún er seld til heimilisnota. En ég staðhæfi að ekki sé rétt að reikna hana á lægra verði en hægt væri nú þegar að selja hana á til bæjar- og sveitarfélaga til húshitunar, sem mun vera 3.60 kr. kwst. samkv. útreikningum Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsens, og mundi þá strax vanta næstum milljarð til þess að ágóðinn vægi upp á móti ívilnunni, það mundi strax nema einum milljarði í tap á ári. Þetta dæmi er rétt að því leyti, að við gætum komið allri raforkunni frá Sigöldu í verð til húsahitunar fyrir 3.60 kr. kwst. áður en málmblendiverksmiðjan í Hvalfirði yrði tilbúin að hefja kaup á henni fyrir 62 aura kwst. Það má hver sem vill trúa þeirri staðhæfingu, að okkur skorti fé til að styrkja dreifikerfi fyrir raforku til húsahitunar á svo skömmum tíma. Það þyrfti ekki nema brot af þeirri upphæð, sem hér er reiknuð með að verja til málmblendiverksmiðjunnar, til þess að koma upp dreifikerfinu til allra þeirra staða, sem nú verða að nota olíu til húshitunar, og í hvert einasta afskekkt heiðarbýli í þokkabót. Sá sem trúir því bara vegna þess að verkfræðingar og hagfræðingar segja honum það, að það verði erfiðara að útvega fé í jafnarðbært fyrirtæki og það að selja raforku til húshitunar, heldur en í þess háttar fyrirtæki sem hér er ætlað að reisa á Grundartanga, sá maður sem trúir því, mun trúa flestu.

Þá eigum við enn eftir að reikna fríðindin sem þessari verksmiðju eru ætluð umfram öll önnur íslensk fyrirtæki, eftirgjöf á tollum af öllu byggingarefni og vélbúnaði, eftirgjöf á tollum af öllu hráefni, ívilnanir í sköttum af 45% af ágóðahlut Union Carbide og launum starfsmanna þess fyrirtækis, hafnargerð upp á hálfan milljarð og veg fyrir milljónatugi. Hvernig haldið þið að íslenskur landbúnaður stæði í dag ef honum væri séð fyrir orku á sama verði og málmblendiverksmiðjan á að njóta eða fiskiðnaðurinn? Hvernig haldið þið að fyrirtæki sjávarútvegs og landbúnaðar stæðu fjárhagslega ef þeim væru ætlaðar álíka ívilnanir í tolla- og skattamálum? Meira að segja byggðarlögin okkar, sem hafa orðið verst úti af völdum náttúruhamfara á síðustu árum, hafa ekki notið fríðinda á borð við þessi við uppbyggingu. Það voru greiddir tollar af innfluttu húsunum handa Vestmannaeyingunum, og það verða greiddir tollar af þeim verðmætum, sem flutt verða til Neskaupstaðar til þess að byggja upp það sem eyðilagðist í snjóflóðinu. Og nú vantar ekki úrræðin til þess að afla fjár til hafnargerðar. Það hefur vafist fyrir mönnum að útvega fé til hafnargerða á Stokkseyri og Eyrarbakka. Það virðist ekki að það sé vandamál að útvega 500 millj. til hafnargerðar við Grundartanga, vegna þess að þar á að rísa stóriðjuver með erlendri eignaraðild. Það þurfti beinlínis eldgos til þess að losa um peninga til nauðsynlegra hafnarbóta í Þorlákshöfn og Grindavík.

Að renna nýrri stoð undir atvinnuvegi landsmanna, segja þeir, 10 milljarða kr. stoð í málmblendiverksmiðju á Grundartanga við Hvalfjörð, og þar eiga að vinna 114 íslendingar. Ef við reynum að gera okkur grein fyrir því, hvað gera mætti til stuðnings við okkar gömlu atvinnuvegi, sjávarútveg og landbúnað, til þess að treysta gömlu stoðirnar, með því fjármagni sem hér er um að ræða, þá mætti, að því er mér skilst, t. d. koma upp fyrir þessa fjármuni 50 nýtísku fiskiðjuverum sem gætu veitt 5000 manns atvinnu við framleiðslu á matvælum. Það mætti koma upp, eftir því sem mér skilst, samkv. áætlunum 60 stórum ylræktarverum sem veittu 3000 manns

vinnu í sveitum landsins við matvælaframleiðslu. Og það vantar meiri mat í heiminum. Á þessu ári er talið, að nær 100 millj. manna muni deyja úr hungri, og svo segja þeir okkur, að það muni verða erfitt að selja mat. Og haldið þið að það yrði erfitt að reka þessi 50 fiskiðjuver eða 60 ylræktarver ef þau nytu sams konar ívilnunar um orkuverð, tolla, skatta og innflutning og málmblendiverksmiðjunni er ætlað? Að vísu las ég í tittnefndri Tímagrein eftir hv. þm. Steingrím Hermannsson að verð á járnsíli væri nú hækkandi, á sama tíma og matvælin, sem við flytjum út, færu lækkandi og yfirleitt væri verð á málmsíli stöðugra en á matvælum. Það má vel vera. En hingað berast heldur ekki óp deyjandi fólks utan úr heimi, sem biðja í angist sinni um ferrosilikon.

Svo er það Union Carbide. Hæstv. iðnrh. sagði í framsöguræðu sinni að þetta væri tíundi stærsti auðhringur í heimi. Ég veit ekki hvort það var tekið fram til þess að sannfæra okkur um það hversu góður hann væri eða hversu hræðilegur hann væri. (**Iðnrh.**: Ég hef ekki minnst á þetta.) Ég bið ráðh. að fyrirgefa, ég mun hafa þetta enn úr tittnefndri Tímagrein eftir hv. þm. Steingrím Hermannsson. Sjálfur er ég ekki viss um að þessi auðhringur, Union Carbide, sé neitt að ráði verri en t. d. níundi stærsti auðhringur í heimi og ekki heldur viss um að hann sé neitt að ráði skárri en t. d. ellefti stærsti. Þó veit ég ýmislegt um Union Carbide sem við getum tekið til athugunar síðar. En ef stöðugleiki verðlags ætti einn saman að vera mælikvarði á nytsemi framleiðslunnar, þá mætti svo sem vel vera að taugagasið, sem Union Carbide framleiðir, og eiturefnin, sem sá ágæti auðhringur framleiddi til áburðar á hrísgrjónaekrur bændanna í Vietnam, séu jafnvel enn þá stöðugri í verði og arðgæfari en málmsílið. Og þó endurtek ég það, að ég er ekki viss um að Union Carbide sé neitt verri en aðrir auðhringar sem til mála gæti komið að gera við álíka samning og þennan.

Hæstv. iðnrh. sagði þó a. m. k. sjálfur, að Union Carbide væri býsna duglegur í framleiðslu. Til merkis um mátt og dýrð Union Carbide sagði hann, að framleiðsluverðmæti hans árlega væri 4—5 sinnum meira en þjóðarframleiðsla Íslendinga. Af því getum við fyrst og fremst dregið þá ályktun í sambandi við þetta samningsuppkast, að Union Carbide hafi fjór- fimmfalt efnahagslegt bolmagn á við okkur. Ég veit ekki hversu margir ykkar, hv. þm., hafið lesið þá bók sem að dómi ýmissa fróðra bandaríkjamanna er lykilbók að amerískum kaupsýsluháttum og pólitík. Hún heitir „The Godfather". Guðfaðirinn hafði eina magnþrugna aðferð í viðskiptum sínum. Það var að gera, eins og hann orðaði það sjálfur, andstæðingnum þess háttar tilboð, að hann gæti ekki neitað því, sem þýddi í stuttu máli: ef hann segir ekki já, þá veit hann það bara sjálfur að hann verður drepinn. — Ég fæ ekki betur séð en Union Carbide, slíkur sem hann er, muni fá samkv. þessu samningsuppkasti aðstöðu til þess með undraskjótum hætti að gera okkur þess háttar tilboð, sem við getum ekki neitað.

Hver milljónatugur, sem við verjum af eigin fé eða lánsfé sem okkur er tiltækt til fyrirtækja á borð við þessa fyrirhuguðu málmblendiverksmiðju, er tekinn frá sjávarútvegi okkar og frá landbúnaði okkar. Með þess háttar fjárfestingu, sem hér er fyrirhuguð, væri hægðarleikur að efla okkar þjóðlegu atvinnuvegi, svo að þeim yrði ekki á kné komið. Ef þannig hefði verið að þeim búið á undanförnum árum sem hér á að búa að fyrirhugaðri málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, þá stæðu þjóðlegir atvinnuvegir okkar ekki illa í dag.

Svo eru þeir, sem að þessum málum standa, að tala um byggðastefnu. Það á að auka fjármagn Byggðasjóðs um 420 millj. samkv. fjárl. þessa árs. Við skulum skoða þá fjárveitingu lítils háttar í ljósi þeirra framkvæmda, sem nú standa fyrir dyrum á suðvesturhorni landsins í beinum og óbeinum tengslum við þessa fyrirhuguðu verksmiðju. Okkur er óhætt að reikna verksmiðjuna á 13.5 miljarða kr. að meðreiknuðum þriðjungi Sigölduvirkjunar og hafnar- og vegagerð. Í fskj. þessa frv. kemur berlega fram, að forsendan fyrir byggingu verksmiðjunnar er sú, að tafarlaust verði ráðist í virkjun Hrauneyjarfoss í Þjórsá, en sú virkju mun kosta a. m. k. 10 milljarða. Af fskj., sem liggja frammi með frv., er líka ljóst og er aldeilis gert ráð fyrir því að verksmiðjan á Grundartanga verði stækkuð með tilkomu aukinnar orku á orkuveitusvæði Landsvirkjunar, og er alveg óhætt að reikna þá með öðrum 10 milljörðum. Og þá fæ ég ekki betur séð, fyrst við erum að tala um byggðastefnu, en það vanti núna 30 milljarða kr. til þess að halda fjárfestingarjafnvægi í öðrum landshlutum. Upp í það vega þessar 420 millj. kr., sem nú eiga að renna í Byggðasjóð, ekki ýkjamikið.

Það er ekki svo að skilja, að okkur vanti málmblendiverksmiðju á Norðurlandi. Ég vildi ekki sjá hana rísa þar fremur en hér. Og ég mundi mæla gegn henni ekki síður, vafalaust enn þá meir, ef fyrirhugað væri að reisa hana þar. En okkur vantar rafmagn og okkur vantar áburðarverksmiðju við Eyjafjörð til þess að geta aukið framleiðslu okkar á góðum og ómenguðum matvælum. Og okkur vantar peninga til þess að bora eftir heitu vatni, til þess að borga fyrir hitaveitur. Einnig fjármálahlið þessa máls þarfnast nákvæmrar athugunar. Allt málið þarfnast ítarlegrar rannsóknar. Þá rannsókn verður að framkvæma af ábyrgum, hlutlausum aðilum áður en Alþ. tekur þetta frv. til endanlegrar afgreiðslu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur gert þessu máli svo ítarleg skil að litlu er þar við að bæta. Skoðanir okkar fara enda svo saman varðandi þetta mál allt, að hans orð voru sem töluð úr mínu hjarta.

Það vakna vissulega ýmsar spurningar í okkar hugum, þegar við stöndum andspænis stórmáli eins og þessu, og þá fyrst og fremst kannske spurningin um atvinnuþróun á Íslandi og spurningin um erlend áhrif í okkar fjármálalífi og atvinnumálum, — áhrif sem kannske geta orðið okkur ofviða áður en við vitum af ef ekki er hófs gætt. Varúð er nauðsynleg vegna smæðar okkar, það er auðskilið mál, og þegar talað er um það, við hverja eigi að semja, við hvaða erlenda

aðila eigi að gera samninga, þá er vitanlega sá kosturinn verstur þegar við voldugan aðila er samið, ég tala nú ekki um þegar samið er við verulegan auðhring, en saga þeirra er einmitt sú, að þeir hafa skilið eftir sig víðast hvar blóðug spor, yfirráð heilla þjóðríkja, býsna stórra meira að segja, kúgun og þjáningar heilla þjóða, og það hlýtur að auka varúð okkar enn þá meira. Og eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. tók skýrt fram er þessi auðhringur, sem þarna er verið að semja um, víst enginn sérstakur fyrirmyndaraðili hvað þetta snertir.

Er við hyggjum að viðbótarþáttum í okkar innlenda atvinnulífi eigum við vitanlega að hyggja að því fyrst og fremst, að það sé algerlega í okkar eigin höndum. Hingað til hefur mér sýnst að óunnin verkefni okkar í fullvinnslu og nýtingu okkar eigin náttúrugæða væru ærin og við þyrftum ekki að leita út fyrir þann vettvang svo mjög til þess að styrkja okkar eigið efnahags- og atvinnulíf. Það er þess vegna spurning um röð verkefna, og reynslan af vinstri stjórninni og atvinnutækjum hennar er þar ólygnust, hvað sem talað er um dökkt og svart efnahagsástand í dag.

Það vita það allir að þau atvinnutæki, sem vinstri stjórnin aflaði, bera nú af í okkar þjóðarframleiðslu. Og það er þess vegna ótvírætt, að þar hefur verið vel að verki staðið, rétt að verki staðið. Ég er ekki að mæla á móti allri iðnþróun, síður en svo. En ég vil vara við iðnaði af hverju því tagi sem fylgir veruleg mengunarhætta. Ég trúi blátt áfram ekki kenningunum um enga mengunarhættu. Ég tek miklu meira mark á varnaðarorðum annars staðar frá en eigin frásögnum auðhringsins sjálfs, sem virðist vera byggt á, kannske framar öllu öðru í þessu tilfelli. Ég hef þess vegna allan vara á því. Við vitum líka ekki, hversu hart verður gengið eftir efndum á þeim skilyrðum sem kunna þó að verða sett. Við vitum að það er enginn vilji slíkra aðila til að standa við eitt eða neitt í sambandi við það að hindra mengun og koma í veg fyrir hana. Hvarvetna þar sem þeir hafa þurft að gera þetta og þar sem ég veit, þá hafa þeir verið neyddir til þess, blátt áfram neyddir til þess, kúgaðir til þess.

Það var sannarlega mjög mikilsvert að heyra það af vörum hæstv. iðnrh., þegar hann sagði í framsögu sinni að mengunarvandamálið í sambandi við þetta væri þó vissulega mest og stærst. Það er nefnilega gott að heyra það af vörum fulltrúa þess flokks, sem bar framar öðru ábyrgð á Straumsvíkursamningunum. Þar var mengunarvandamálið svo sannarlega ekki mest og stærst. Þar var það nánast kjaftæði einhverra sérvitringa sem ekki þurfti og átti að hlusta á. Batnandi mönnum er sem sagt best að lifa. En þeim sem blessuðu álsamningana á sínni tíð, þeim sem vanræktu þá alla varúð varðandi þá stóriðju sem þar var á ferðum, þrátt fyrir allar yfirlýsingar þeirra í dag, vegna þess að þeir hafa verið meira og minna hraktir til þess að gefa þær yfirlýsingar, treysti ég ekki. Þá er ég sannfærður um að það þarf aðhald og það meira en lítið aðhald, ef eitthvað á að verða úr þessum stóru orðum um að mengunarvandamálið sé, þegar allt kemur til alls, mest og stærst. Þetta aðeins um það, annars hefur það verið tekið svo rækilega fram af hv. 5. þm. Norðurl. e. að ég þarf ekki þar við að bæta, en það má mikið ganga á áður en ég sannfærist um ágæti þessarar framkvæmdar fyrir íslenskt náttúrufar og lífríkið þar í grennd í heild.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur einnig rakið hér, hvernig ýmsir þættir þessa samkomulags, sem hér er um að ræða, eru á annan og betri veg en álsamningarnir í Straumsvík voru. Við vitum að þeir voru gerðir í auðmýkt, mikilli auðmýkt. Það var verið að fitja upp á þeirri stefnu að erlend fjárfesting á Íslandi í formi stóriðju væri sett ofar innlendri atvinnuuppbyggingu, og þetta var aðeins hugsað sem forleikur. Og við hljótum auðvitað að sjá það, að að mörgu leyti er þessi samningur hagstæður miðað við þann endemissamning, og hv. þm. Stefán Jónsson hefur þegar rakið hvað þar sé helst og stærst. En í ljósi alls þessa afhjúpast vitanlega enn betur smán og vesöld álsamninganna, en það hefur ekki þennan samning út af fyrir sig neitt upp til skýjanna fyrir því eða gerir hann endilega dýrlegan. Það eina, sem gerist, er það að vesöld og smán álsamninganna verður enn augljósari. Og það verður reyndar að taka það fram, að vitanlega eru þessir kostir ekki hæstv. núv. iðnrh. að þakka, því að allar þessar forsendur, þessar jákvæðu forsendur þó fram yfir álsamningana, voru vitanlega gefnar af fyrrv. iðnrh. og þar er um að ræa stefnumarkandi atriði sem vonandi verða látin ráða áfram ef það verður svo að stefna erlendrar fjárfestingar í stóriðju verði ofan á almennt.

Ég skal enga dul draga á það, að ég er í meginatriðum andvígur þeirri stefnu sem setur þetta á oddinn, þeirri sömu stefnu sem viðreisnin sáluga var með. Og það er ekki amalegt fyrir Framsfl. að fá að taka þar við, gerast verðugur arftaki Alþfl. í þessum sameiginlega draumi þeirra sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna á sínum tíma. Það er ekki amalegt fyrir hv. þm. Steingrím Hermannsson, þegar hann þarf að standa að því að koma þeim fögru viðreisnardraumum í framkvæmd.

Við vitum það fullvel að í þessu er ekki fólgin nein frambúðarlausn íslenskra atvinnumála, vegna þess að fyrr eða síðar verður þetta ekki íslenskt atvinnumál, heldur atvinnumál einstakra erlendra auðhringa og erlendra stórfyrirtækja. Við vitum að á okkar smáa mælikvarða yrðu þetta ráðandi aðilar er fram líða stundir. Ég hef þess vegna alla fyrirvara á í sambandi við frv. þetta, er því fullkomlega andvígur í alla staði.

Það er rétt að þetta mál var skoðað í tíð fyrrv. ríkisstj., og það er líka rétt að það var annað mál skoðað einnig, það var einnig skoðuð mjög vandlega nýting raforkunnar í okkar eigin þágu, nýting innlendra orkugjafa í okkar eigin þágu, einmitt vegna þess ástands sem hafði skapast í orkumálum heimsins, og mig furðar á því, að þegar niðurstöðurnar af báðum þessum athugunum liggja fyrir, þá skuli nokkrum detta í hug að taka þessa lausn fram yfir, ég segi fram yfir það brýna verkefni að nýta innlenda orkugjafa í eigin þágu. Hvað sem öllum meira og minna ímynduðum kostum þessarar málmblendiverksmiðju líður, þá bíður okkar, að ég held, þýðingarmeira og brýnna verkefni en þetta. Og þetta

er einmitt mergurinn málsins, aðalatriði þess. Þetta er a. m. k. augljóst hverjum þeim sem í dag þarf að hita hús sitt með olíu eða notar rafmagn fengið með dísilorku. Það er kannske ekki von að menn hér á hitaveitusvæðinu hafi náð þessum skilningi, *ég efa það a. m. k.* Og þjóðhagslega nauðsynin núna mitt í orkukreppunni — eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. rakti hér ágætlega áðan, hvað við greiðum á sama tíma fyrir orkuna sjálfir, langt umfram áætlað raforkuverð til þessarar verksmiðju, flytjum inn olíu fyrir hundruð milljóna, m. a. til húshitunar, meira að segja til raforkuframleiðslu til brýnustu þarfa, margfalt verð miðað við þessa orkusölu, — svo er verið að tala um einhverja þjóðhagslega nauðsyn í þessu sambandi. Það væri fróðlegt að fá nánari skýringu á þessari þjóðhagslegu nauðsyn, á nauðsyn þessarar verksmiðju fyrir t. d. okkur austfirðinga eða norðlendinga eða vestfirðinga, sem búa hér við verst kjör í þessum efnum. Það væri gaman að vita um þá miklu dýrð sem okkur ætti að stafa af þessu. Og það er verið að benda á gjaldeyri sem verksmiðjan skapar okkur, á sama tíma og við eyðum gjaldeyri til olíukaupa vegna dísilstöðvanna, vegna húshitunarinnar — og svo er verið að tala um gróða í þessu sambandi. Það er greinilegt að hann hverfur í þjóðarbúinu sjálfu, að ekki sé nú talað um heimilin í landinu sem búa við stórkostlega hækkaðan framfærslukostnað sinna fjölskyldna af þessu.

Ég hélt satt að segja, að hvaða ríkisstj. sem hér væri við völd mundi nú í ljósi þeirrar staðreyndar, sem nú liggur fyrir, í ljósi orkukreppunnar gera orkunýtinguna í eigin þágu, húshitunina, að forgangsverkefni og öllu öðru yrði vikið til hliðar, nákvæmlega sama hver hér færi með völd. Hvað sem menn hafa áður hugsað, þá hlýtur þessi olíukreppa að kalla á endurmat og í ljósi hennar getur varla talist rétt að ráðast í þetta, hversu mikla trú sem menn hafa annars á dýrð þessa verkefnis.

Það kemur líka annað til, sem er fróðlegt að fá skýringar á og hv. þm. Stefán Jónsson kom einnig inn á. Það er ótæpt látið að því liggja að fyrir dyrum standi niðurskurður ríkisútgjalda. Það er afleiðing efnahagsástands sem nú er málað býsna dökkt. Ég veit að íbúarnir í byggðarlögunum á landsbyggðinni óttast nú stórfelldan samdrátt í framkvæmdum, enda skilst manni ótæpt að til þeirra samdráttaraðgerða eigi að grípa. Og við skulum segja, að það sé í einhverju réttlætanlegt. En á sama tíma er þessum sömu íbúum boðað þetta fagnaðarerindi um hlutafjárkaup íslenska ríkisins um vegagerð, um hafnargerð upp á 100 millj., upp á milljarða. Eitthvað er þarna, sem ég ekki skil, og eitthvað, sem ég er meira að segja hræddur um að íbúar í byggðarlögum landsbyggðarinnar eigi erfitt með að fá botn í, jafnvel í kjördæmi hv. þm. Steingríms Hermannssonar, á sama tíma og íslenska ríkið þyrfti að grípa til niðurskurðar og samdráttar í opinberum framkvæmdum, bráðnauðsynlegum framkvæmdum, í menntamálum, í heilbrigðismálum eða hafnar- og samgöngumálum. Hér er kannske um að ræða hina nýju byggðastefnu sem hv. þm. Stefán Jónsson var að nefna hér um gleggst dæmi áðan. Það ætlar sennilega að sannast, að margt þurfi vesalings Framsfl. að þola í þessu hjónabandi áður en lýkur, ef þessi yrði nú raunin á, ef þetta væri þessi eina og sanna byggðastefna. Á þessu ósamræmi verður að fá skýringar. Og á ýmsu öðru vildi ég fá skýringar. Það eru mál, sem koma kannske ekki beint hér inn í, en eru nátengd þessu máli öllu. Ég óttast sem sagt að hér sé um að ræða fyrsta áfanga í stórfelldum áformum um erlent fjármagn í stóriðju hér á landi. Það er að vísu enn allt á huldu um þetta. Við fáum ýmsar fréttir erlendis frá. Þær eru afar traustvekjandi. Og íslenskir aðilar vita lítið um þetta meir en einhverjar áþreifingar, og þegar ég minntist á þessi mál hér fyrir jólaleyfi, þá kom hv. þm. Steingrímur Hermannsson upp og róaði mig *fjarskalega, til þess að ég gæti sofið um jólin,* því að hér væri í raun og veru ekkert á ferðinni og ekkert í bígerð.

Ekki veit ég hvað er satt í því, en stundum hef ég heyrt að dagblaðið Vísir væri sérstakt málgagn hæstv. iðnrh. Ég vona nú eiginlega hans vegna að þetta sé ekki rétt, en engu að síður hefur þetta heyrst. Í leiðara þess blaðs í gær, sem heitir „Hröðum orkusókninni", stendur þetta orðrétt, ég skrifaði það upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Við þurfum á næstu mánuðum að móta nýja stóriðjuáætlunum og dreifa bæði orkuverum og verksmiðjum í sem flesta landshluta. Kominn er tími til að vinna að stórvirkjun á Norðurlandi og síðan á Austurlandi einmitt til þessara verkefna."

Þetta segir Vísir. Það væri gaman að heyra álit hæstv. iðnrh. hér á og ég tala nú ekki um álit hv. þm. Steingríms Hermannssonar, og ekki síður skemmtilegt að vita hvað þeir segja um þessa klausu, sem er líka býsna falleg og getur kannske verið nær sanni en ýmislegt af því, sem við fáum að heyra frá þeim mönnum sem þarna eiga að stjórna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, — mér þykir leitt að þurfa að vitna *svona oft í þetta blað:* „Sum iðjuverin getum við átt að meiri hluta, en önnur geta erlend fyrirtæki átt að öllu leyti."

Þannig hljómar sá fagnaðarboðskapur og endirinn er sem sagt þessi: „Við skulum í öllum tilvikum gæta þess" — þarna reikna ég með að áhrifa gæti frá ræðu hæstv. iðnrh. hér um daginn — „að stóriðjan leiði ekki til mengunar, en að öðru leyti skulum við láta úrtölur sem vind um eyru þjóta og hefja stórsókn á þessu sviði nútíma framleiðslu. Við skulum gera orkuna að enn meiri auðlind en fiskimiðin okkar."

Þannig hljómar fagnaðarboðskapur Vísis. Ef þetta er sett í samband við sérstakt málgagn hæstv. iðnrh., þá getur þarna verið um viðkvæmnismál að ræða. En ég skora a. m. k. á hv. þm. Steingrím Hermannsson að segja hér af eða á, hvort hérna sé verið að bera á borð sameiginlegan óskadraum Sjálfstfl. og Framsfl.

En það er fleira, sem ég þarf að spyrja um. Í sambandi við umr. um Bessastaðaárvirkjun kom mér það örlítið á óvart hvað hv. þm. Tómas Árnason varaði í ræðu sinni alvarlega við því að erlendir aðilar ættu einhvern þátt í rannsóknum í sambandi við virkjanir okkar. Mér kom þetta á óvart, vegna þess að ég hélt að þetta stæði hreinlega ekki til, og stend raunar enn í þeirri

trú. Og svo núna ekki alls fyrir löngu fjallaði leiðari Tímans sérstaklega um þetta mál, þar sem hann talaði um fádæma ósvífni erlendra aðila, sem vildu fara að annast þessar virkjunarrannsóknir með okkur. Svo hefur þetta verið staðfest síðar í blöðum, að þessi gæfulegu tilboð hafi svo sannarlega komið fram. Ég vil bara spyrja hæstv. iðnrh.: Eiga einhverjir útlendir aðilar, nánar tiltekið t. d. svisslendingar, að koma inn í þetta dæmi, ráða jafnvel ferðinni í virkjunarrannsóknum okkar? Og þá þarf maður sennilega ekki að spyrja að hinum vistfræðilegu hliðum málsins þegar þessir aðilar eru komnir í spilið. Ég tel það mjög nauðsynlegt að þær raddir, sem hafa heyrst um þetta, verði kveðnar niður. Ég tel hæstv. iðnrh. rétta manninn til þess að lýsa því yfir hér að slíkt komi vitanlega ekki til greina, að útlendingar eigi að fara að ráða í einhverju virkjunarrannsóknum okkar íslendinga og hafa þar á áhrif.

Ég þarf enn að bæta hér nokkru við. Í sambandi við áframhaldið og það sem komið hefur aðallega í fréttum erlendis frá um ný áform í virkjunarmálum og ný áform í stóriðjumálum, þá hefur min heimabyggð, Reyðarfjörður, verið þar sérstaklega nefnd, og það hefur jafnvel gengið svo langt að það hefur verið talað um bæði álbræðslu og málmblendiverksmiðju í sama firðinum. Hvílíkur fagnaðarboðskapur! En það kemur annað til. Forsendan fyrir þessu er vitanlega ný Austurlandsvirkjun, stórvirkjun. Þar eru rannsóknir allar enn þá á frumstigi og enn er þar margt sem ber að varast. Fljótsdalshérað, eða veigamikill hluti þess, er þar t. d. í hugsanlegri hættu ef ógætilega er að farið. Þar er sem sagt vandlegrar rannsóknar þörf, einkum vistfræðilegrar, áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar. Þær hafa hingað til ekki setið í fyrirrúmi, þótt að þeim hafi eitthvað verið unnið. Ásókn erlends fjármagns og erlendra stórfyrirtækja, þ. e. a. s. ný stefna í atvinnumálum okkar, gæti svo vissulega rekið hér óþarflega á eftir, þannig að þessar vistfræðirannsóknir hyrfu í skuggann eða það væri jafnvel ekki tekið neitt tillit til þeirra. Það er sérstök hætta sem er því samfara ef ráðist yrði í virkjun sem þessa án nægra forrannsókna. Þar gæti af hlotist óbætanlegt tjón. Öll skammsýni í þeim efnum væri þess vegna hörmuleg.

Laxárdeilan ætti nú að vera okkur víti til varnaðar. Þar tókst að vísu að fyrirbyggja skemmdarverk á síðustu stundu. En ef nú er komin ný stefna upp, sú sama stefna sem þar var öllu að koma í óefni, þá fer ég að verða meira en lítið hræddur. Ég vara við öllum áformum um stórvirkjun eystra nema fullnaðarrannsókn liggi fyrir um náttúruspjöll og óbætanlegt tjón á lífríki héraðsins.

Stóriðjan við Reyðarfjörð er svo sérmál. Ég kem að henni hér vegna þess að ég sé ekki annað betra tækifæri til þess og vegna þess að vitanlega liggja svipaðar forsendur fyrir andstöðu minni við stóriðju þar og andstöðu minni við þetta mál. En það kemur fleira til. Hér er um andhverfu réttrar byggðastefnu að ræða. Efling atvinnulífs jafnt og þétt undir yfirráðum heimamanna er rétt í stað stökkbreytingar án áhrifa heimamanna, þar sem stóriðja yrði ríki í ríkinu og ráðandi aðili um allt innan skamms tíma, eins og verða mundi t. d. í minni heimabyggð. En um öll þessi áform ríkir óviðfelldin þögn.

Það er leiðinlegt að vera stöðugt að fá fréttir um þetta erlendis frá, og það er eins gott að fá þessa þögn rofna rækilega í framhaldi af þessu. Ég þykist vita, að þótt hv. 2. þm. Vestf. hafi viljað róa mig mjög fyrir jólin, þá viti hann núna miklu meira og betur en þá. Ég veit ekki hvort hann vill láta uppi allt sem hann veit, en róandi ummæli duga ekki lengur, því að hversu mjög sem menn vilja gera lítið úr þeim alvarlega þætti, menguninni, þá hefur enn ekkert það komið fram sem haggað gæti þeirri skoðun minni að verksmiðjur, sem þarna er rætt um, álbræðsla eða málmblendiverksmiðja eða hvort tveggja, hafi í för með sér gífurlega mengunarhættu, ég tala nú ekki um inni í firði eins og Reyðarfirði, löngum, tiltölulega lokuðum firði með lognkyrrð eða hafátt til skiptis að langmestu leyti. Mengunarhættan er sem sagt þar algerlega ótvíræð, og ég þarf ekki annað en hafa fyrir mér mökk saklausrar síldarbræðslu, sem byrgði sýn til sólar á síldarárunum dögum saman, til þess að það sé mér nægt víti til varnaðar. Ég hugsa sem sagt með skelfingu til þess eiturmökks, sem álbræðsla eða málmblendiverksmiðja eða hvort tveggja mundu frá sér spúa, jafnvel þótt, eins og hv. þm. Stefán Jónsson sagði, hún yrði ekki til þess að byrgja okkur sólarsýn alla, heldur væri gerð örlítið óljósari. Ég efast ekkert um áhrif þessa eiturmökks fyrir gróðurinn og ekki síður fyrir mannlíf við fjörðinn.

Ég bendi á það, að stórfyrirtæki erlendra aðila mundi þegar í upphafi verða hinn sterki og mótandi aðili um öll mál þegar svo smá samfélög eiga í hlut sem þarna er um að ræða. Áhrif og ítök þeirra yrðu sem sagt margföld á við áhrifin þó hér í þéttbýlinu. Ég treysti ekki atvinnulegri leiðsögn erlendra auðhringa, allra síst þegar um þá þrengist víða um heim af völdum orkuskorts. Ég vil vara við því, ef það er meiningin að gera Austurland að aðsetri slíkra aðila, sem þar yrðu án efa fljótlega ríki í ríkinu.

Allt þetta og miklu fleira mætti telja, sem er í rauninni sameiginlegt með andstöðu minni við þetta frv. svo og allar fyrirætlanir um stóriðju á Austurlandi. Ég vil þess vegna skora á hæstv. iðnrh. og sérlegan fulltrúa — ég hygg Framsfl. — í stóriðjun., hv. þm. Steingrím Hermannsson, að upplýsa hversu langt er hér komið málum, hvaða sannleikur er hér á ferðinni í þeim fréttum sem maður heyrir alltaf um þessi mál? Það er a. m. k. lágmarkskrafa að heimaaðilar séu spurðir í tíma og látnir hafa úrskurðarvald. Ég get t. d. upplýst það hér, að fulltrúar í sveitarstjórn eystra á Reyðarfirði þar sem þetta kæmi til umr. og e. t. v. ákvörðunar í besta falli, hafa ekki almennt kannske látið sínar skoðanir í ljós. Þó hafa 3 af 7 fulltrúum sveitarstjórnar þar lýst ótvírætt yfir fullri andstöðu sinni, og þ. á m. er flokksbróðir hv. 2. þm. Vestf., sem er heilbrigður vinstri maður fram í fingurgóma og um leið mikill velunnari hollra lífshátta, sem er meira en sagt verður um suma aðra í þeim herbúðum, þó að ég ætli ekki í neinu að hv. 2. þm. Vestf. taki þau orð til sín.

Ég vil sem sagt fá svör við þessu ásamt mörgu fleiru reyndar, sem hér gefst ekki tími til að fara út í. En að öðru leyti get ég vísað í ræðu hv. þm. Stefáns Jónssonar um andstöðu mína í meginatriðum við það frv., sem hér er til umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég sagði við hv. þm. Stefán Jónsson, minn ágæta vin, eftir fyrri hluta ræðu hans á mánudaginn að ég hefði orðið fyrir miklum vonbrigðum. Ég sagði honum að sá leikaraskapur, sem hann hafði þar í frammi, hæfði honum illa, hann ætti ekki að hafa þar eftir lærimeistara sínum. Ég verð að segja það, að ræða hans í dag var að ýmsu leyti skárri, og ég hef séð mig tilneyddan til að standa upp og svara nokkrum orðum því sem til mín hefur verið beint, en ég mun þó reyna að **stytta mál mitt.**

Þetta mál fær ítarlega meðferð í n. og í þeirri n. á hv. þm. Stefán Jónsson sæti. Hann mun fá þar tækifæri til að fjalla um þessi mál mjög ítarlega. Út af því að líta djúpt í augun, þá vil ég t. d. geta þess að við hv. þm. höfum iðulega rætt um hugsjónir okkar, m. a. hefur hann stundum lýst þeirri hugsjón sinni að við íslendingar værum betur settir í torfbæjum og með trillu til útgerðar og ég hef ekki þurft að horfa djúpt í augu hans til að gera mér grein fyrir því að hann hefur meint það sem hann hefur þar sagt. Hitt er svo annað mál, að við höfum aldrei náð endum saman í þessari umr., þó að ég sé að mörgu leyti sammála ýmsu sem þar hefur komið fram, því að eins og hinn frægi ameríski hagfræðingur Gilbeys gerði, hef ég alltaf strandað á því, hver á að snúa þessu hjóli og koma í veg fyrir þá sjúkdóma, þá örbirgð sem þeir bjuggu við sem þannig bjuggu. Ég held nefnilega að við þurfum að renna fleiri stoðum undir okkar efnahagslíf, svo að ég noti það orð, til þess að gera okkur kleift að njóta hinna grænu grunda. Ég held að þeir, sem þannig bjuggu, hafi ekki notið eins og við njótum í dag t. d. laxveiðiánna, og margt fleira mætti nefna. Það er rétt sem hv. þm. segir, við trúum eflaust nokkuð á aðra guði, þó að þar sé e. t. v. ekki mjög langt á milli.

En ræða hv. þm. beinist ekki síst og raunar fyrst og fremst að sérfræðingum hvers konar, bæði verkfræðingum, hagfræðingum og vísindamönnum. Ég hef haft mikið saman við slíka menn að sælda og ég kann ákaflega illa þeim áburði sem kom fram í garð þessara manna. Ég hef reynt langflesta, ef ekki alla vísindamenn að því að leggja heiður sinn að veði fyrir því að það, sem þeir segja, sé rétt og það hefur ekki breytt neinu hvort þeir eru starfsmenn Union Carbide eð einhvers annars. Ég hef staðið þá að því að segja það sem þeir þekkja best. Ég vil mótmæla því að íslenskir verkfræðingar og sérfræðingar séu aldir upp til þess að láta blekkjast. Þetta er rangt. Ég mun kalla á fund iðnn. sérfræðinga sem við þekkjum báðir, og ég vil biðja hv. þm. að hafa þessi ummæli þá aftur í frammi.

Hv. þm. ræddi m. a. töluvert um álbræðsluna og kísiliðjuna o. m. fl., og ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það. En það vil ég þó segja, að ekkert hefur komið í ljós í álbræðslunni sem ekki var vitað þegar hún var sett á fót. Það var ávallt vitað, m. a. frá þeim sérfræðingum, bæði innlendum og erlendum, sem við var rætt, að frá álbræðslunni mundi stafa flúormengun. Það var m. a. rætt við opinbera norska aðila um þetta mál. Það lá alveg á ljósu. Hins vegar var andrúmsloftið eða tíðarandinn allt annar þá en hann er nú og sérfræðingar, m. a. innlendir og ekki sérfræðingar, menn eins og hv. þm. o. fl., töldu ekki þá hættu frá álbræðslunni og frá þeirri flúormengun sem ástæða væri til að óttast. Ég skal að vísu taka það fram, kannske mér til hróss, að ég taldi eðlilegra að hreinsunartæki yrðu sett í þá verksmiðju, en ég var kveðinn í kútinn m. a. af sérfræðingum erlendum og sérfræðingum ekki, mönnum eins og t. d. Rökskaderádet í Noregi sem taldi ekki að hætta stafaði hér af þessu. Þessir menn hafa nú breytt um skoðun og nú er leitað að hverri minnstu hættu, og ég fagna því. Svo ber að vinna þó að vel megi vera hins vegar að við skjótum stundum yfir markið í þessum málum og kannske göngum út í öfgar. Og ég er ekki frá því að það sé rétt sem sumir segja að það er erfitt að meta hvort lífríki innan við einhvern vog, sem vegur er lagður yfir, er verra í fersku vatni heldur en söltu eins og það var áður, en við göngum kannske þarna dálítið langt. En ég vil leggja áherslu á það að þessir hlutir séu skoðaðir til hins ítrasta. Ég mótmæli því því harðlega að sérfræðingar, sem við var rætt um álbræðsluna, hafi gefið nokkrar rangar upplýsingar.

Ég hafði ákaflega lítið með kísiliðjuna að gera, en ég harma það að þar var þetta ryk látið fara út í loftið. Það lá alltaf ljóst fyrir og ég held að því hafi aldrei verið mótmælt, að það verður vitanlega að vinda bráðan bug að hreinsun þess, annað kemur ekki til mála.

Ég held að það mikilvægasta í þessu máli sé vitanlega það að við lærum af reynslunni, því að vítin eru til að varast þau, eins og hv. þm. sagði. Og ég tel það einn af kostum þessa máls að hér hefur verið lært af reynslunni og lögð rík áhersla á það. Við höfum gert okkar stóru glappaskot í sjávarútvegi og fiskiðnaði, en við leggjum ekki sjávarútveg og fiskiðnað niður, við reynum að bæta og við reynum að læra, og eins verður að gera í okkar iðnaðarþróun, það er þar enginn reginmunur á. Í þessu tilfelli erum við að nýta orkulind sem er til staðar í þessu landi, auðæfi alveg eins og við erum að nýta auðæfi sjávarins í öðru tilfelli.

Ég verð að leiðrétta smávegis misskilning sem hv. ræðumaður hafði eftir mér. Þótt það sé efnislega ákaflega lítið, þá vil ég ekki þola það. Hann þóttist hafa það orðrétt úr grein sem ég skrifaði í Tímann og margnefnd er að „því miður óttast ég“ — held ég hann hafi sagt — „að sjónamið höfundar mótist af öðrum sjónarmiðum.“ Þetta er svo ljótt orðalag að ég trúi því ekki að hv. góður íslenskumaður vilji leggja mér þetta í munn. Ég sagði: „Því miður óttast ég að afstaða höfunda ráðist af öðrum sjónarmiðum.“ Þetta er lítið, en það hljómar þó, finnst mér betur og ég vil ekki þola hitt. (**Gripið fram í:** Meiningin er

sú sama.) Já, en það er andstyggilegt að maður, sem kallar sig fræðimann, skuli fara með þær blekkingar sem ég hef dregið hér fram.

Hæstv. ræðumaður fjallaði einnig um það sem ég segi í þessari grein um kvikasilfursský. Ætlar hv. þm. að mótmæla því að hann sagði við mig í tröppum þessa húss, að hann hefði sönnun fyrir því að yfir slíkum verksmiðjum hengi kvikasilfursský? Ætlar hann að mótmæla því? Ég segi það hvergi í þessari grein að það hafi verið sagt opinberlega. Ég segi það hvergi Ég skal lesa þetta fyrir hv. þm.: „Einn andstæðingur málsins á þingi kveðst hafa það eftir sérfræðingi að yfir slíkum verksmiðjum hangi kvikasilfursský.“ — Hvaða sérfræðingur ætli það hafi verið? Svona voru mín orð. Ef hv. þm. vill mótmæla því, þá geri hann það.

Ég vil einnig fá að heyra hvaða sérfræðingur, fá að heyra orðrétt hver sagði að þungir málmar gufi ekki upp. Ég hef aldrei heyrt slíka firru. Þungir málmar gufa upp við ákveðið hitastig. (**Gripið fram í:** Þú sagðir þetta úr ræðustól í Sþ.) Vill ekki hv. þm. fletta upp í þeirri ræðu og lesa upp það sem ég sagði þar, — ekki fara með svona staðlausa vitleysu.

Mikið hefur verið rætt um mengun og Náttúruverndarráði eðlilega blandað í þau mál. Eins og hv. þm. les upp sjálfur var Náttúruverndarráð á því stigi málsins aðeins spurt um staðarval. Það var spurt að því hvort þarna væri meiri hætta á áhrifum slíkrar verksmiðju á lífríki en kannske einhvers staðar annars, hvort þarna væru einhverjir viðkvæmir þættir. Það var ekki spurt um annað. Hv. þm. las þetta upp. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að Náttúruverndarráð skv. lögum muni fjalla um þetta mál í fullu samráði við heilbrigðisyfirvöld. Við gátum alls ekki vænst þess að Náttúruverndarráð gæti svarað svo margslungnum spurningum á því stigi. Það bjóst enginn við því. Hinu mótmæli ég harðlega, að Náttúruverndarráð hafi ekki fengið aðgang að öllum þeim skjölum og gögnum sem við höfum fengið. Og ég mótmæli því í þessu sambandi alveg sérstaklega sem hvað eftir annað kom fram hjá hv. þm., að við höfum ekki litið í augun á öðrum en sérfræðingum Union Carbide. Þarna á borðinu hjá mér liggja 3 stórir doðrantar sem eru skrifaðir allir um málmblendiiðnaðinn af sérfræðingum Environmental Protection Ageney í Bandaríkjunum eða Umhverfisverndarráði Bandaríkjanna. Þessi skjöl hefur m.a. sá maður í Náttúruverndarráði, sem fyrst og fremst kynnti sér þessi mál, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, sem hv. þm. þekkir eins og ég, lesið og farið yfir. Það hefur engu verið haldið leyndu, ekki einum einasta staf. Náttúruverndarráð hefur einnig fengið eintök af þeim skýrslum um ferðir mínar sem ég hef skrifað, og engu verið haldið leyndu. Ég hef átt viðræður við form. Náttúruverndarráðs og framkvæmdastjóra. Mér er vel kunnugt um efni þeirra bréfa sem hafa verið skrifuð, og þeir munu báðir — ég hef gert ráðstafanir til þess — mæta á fundum iðnn. og þá getur hv. þm. spurt þá að því sem hann vill. Ég held að þarna sé fullkomlega skotið yfir markið, og það mun sannast. Ég vil einnig spyrja að því, hver hefur sagt að það sé fullkomið og algert skaðleysi frá slíkri verksmiðju — skrifað orðrétt niður eftir hv. þm. Getur hv. þm. bent á nokkra framkvæmd sem er fullkomlega skaðlaus? Erum við ekki alltaf að trufla lífrikið? Ég hef aldrei heyrt slíkar fullyrðingar. Þær eru hin mesta firra.

Hv. þm. ræddi töluvert um rykkornin — það er mikið rætt um þau í þessum ritum þarna, — og hann ræddi um það hvernig þau safnast. Hér er opinber tafla, sem tekin er þarna úr, um þessi rykkorn. Þar er sagt — hún er ekki frá Union Carbide, hún er frá Umhverfisverndarráði Bandaríkjanna — þar segir: „Rykkorn af stærðinni 0—0.3 míkron safnast í 99.4%.“ Síðan eru 0.3—0.2 98.1%,0.6—1 97.8%, 1—1.5 97.7% og þar yfir 99.6%. Þetta liggur einnig allt fyrir. Þetta lá einnig fyrir í grein prófessors Friedlanders sem umhverfisfræðingurinn Einar Valur vitnaði í, en sleppum því.

Hv. þm. segir að ekki hafi verið leitað álits sérfræðinga. Ég hef getið þess að við höfum rætt við sérfræðinga. Ég mun einnig leggja fram bréfaskriftir frá þeim út af sérstökum atriðum sem ég óskaði eftir skriflegri staðfestingu á, m. a. varðandi ýmis atriði sem hv. þm. hefur hér drepið á. Það hefur einnig verið rætt við heilbrigðisyfirvöld Bandaríkjanna og það hefur einnig verið rætt við heilbrigðisyfirvöld verkalýðsfélaganna amerísku. Þetta mun allt saman verða lagt fram og frá þessum aðilum liggja fyrir skýrslur.

Það hefur einnig komið fram að við réðum sérstaka erlenda sérfræðinga í upphafi þessa máls til þess að fjalla um marga þætti sem við töldum nauðsynlegt að bera undir slíka nefnd. Þetta mun einnig verða lagt fram.

Hv. þm. minntist sérstaklega á skeyti sem hann vill ekki — hv. þm., sem ekki á sæti í þessari d., þegi á meðan ég flyt ræðu mína — hv. þm. minntist einnig á skeyti sem barst frá London, en hann sleppti nokkrum hluta þess. Það segir nefnilega í upphafi þessa skeytis: „Vinsamlegast komið eftirfarandi skilaboðum hið skjótasta til skrifstofu Alþ. samkv. beiðni viðræðunefndar um orkufrekan iðnað.“ Skilaboðin eru frá Einari Val Ingimarssyni sem segir að þessi n. Alþ. hafi beðið sig um að senda upplýsingarnar símleiðis. Nú hefur hv. þm. upplýst að þessar upplýsingar komi að hans ósk. Hvers vegna fer þessi fræðimaður svona rangt með? Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hefur ekki beðið Einar Val um þessar upplýsingar. Hvers vegna fer hann svona rangt með? Og hvers vegna segir hann, þegar hann kemur til sendiráðsins, að þetta eigi að senda til fjölmiðla? Getur verið að þetta séu þau vinnubrögð sem tíðkast í þessum herbúðum, því miður?

Í þessu skeyti er fjallað um krabbamein. Það er margt sem veldur krabbameini. Hefur hv. þm. nokkurn tíma hugleitt það, hvað tóbaksreykurinn, sem hann púar allar stundir þegar hann fær heimild til, getur valdið miklu krabbameini? Hefur hv. þm. nokkurn tíma hugleitt það, að útblásturinn frá bifreiðum okkar veldur krabbameini? Því miður eru svo ákaflega margir þættir, sem við leyfum okkur, sem valda skaða, mjög margir. Og ég hygg að við getum þannig endalaust talið. Staðreyndin er sú að frá þessari verksmiðju, sem hér er um að ræða, er að mati mínu, ég hef sannfærst um það, minni hætta af slíku en frá öðrum iðnaði sambærilegum.

Hv. þm. ræddi töluvert um raforkuna og vitnaði í ágæta skýrslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens sem er mjög merkilegt innlegg í það mál og var lögð fram hér á hv. Alþ. vorið 1974, var unnin að beiðni þáv. iðnrh. En hv. þm. virðist trúa sumu, sem þar stendur, en öðru ekki. Hann t. d. getur þess ekki, að í þessari skýrslu segir Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens að hún telji ekki unnt að koma raforku til upphitunar nema til 80% landsmanna fyrir árslok 1981 og skýrir það m. a. með því að þetta muni kosta 4 000 millj. og það sé bæði mikið fjármagn og ekki til sá sérhæfði vinnukraftur í þessu landi sem þurfi til að vinna það verk. Ég hygg að þarna sé satt að segja vægt á tekið. Þetta er gífurlegt mál, og ég vil ekki ætla að umbjóðendur hv. þm. eða hv. þm. Helga F. Seljans á Austfjörðum öllu fremur, þaðan sem fréttir hafa borist daglega um bilaðar rafmagnslínur, treysti á upphitun frá því kerfi sem nú er þar til dreifingar raforku. En þetta verk er gífurlegt. Hins vegar voru allir sammála um það á síðasta reglulegu þingi að þetta verkefni ætti að ganga fyrir. Og til að gera mál mitt styttra vil ég vísa í þá grein sem hv. þm. hefur lesið eftir mig í Tímanum s. l. laugardag og ég vil biðja hann að vefengja það sem ég set þar fram um orkuframboð og orkuþörf. Ég hef sett það þar fram af bestu vitund og skoðað allt það sem að gagni hefur komið, en fyrst og fremst er sú tafla byggð á niðurstöðum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Ég hef litið svo á að með þeirri ákvörðun að virkja Kröflu hafi verið tekin jafnframt sú ákvörðun að koma í veg fyrir orkuskort þótt málmblendiverksmiðjan verði reist.

Ég ætla ekki að fara hér út í langar umr. um raforkuna og nýtingu hennar og verð, en ég treysti því að hv. þm. geri sér grein fyrir því að það er æðimikill munur á verði raforku eftir nýtingartíma raforkunnar. Til húshitunar nýtist raforkan í um það bil 4 500 stundir á ári. Ég vona, að hv. þm. geri sér jafnframt grein fyrir því að rekstrarkostnaður vatnsaflsvirkjana er um það bil 88% fastur kostnaður sem greiðist hvort sem vélarnar snúast eða snúast ekki. Því er það ákaflega mikils virði fyrir vatnsaflsorkuver að vélarnar fái að snúast í 8000 tíma eða sem sagt allt árið. Þetta ræður ákaflega miklu í raforkuverðinu.

Ég tek undir það með hv. þm., að það er sannarlega mikið áhyggjuefni að raforkuverð hér borið saman við Noreg skuli skakka svo miklu sem hann nefndi, og ég get raunar nefnt, held ég, öruggari tölur en hann var með. Raforkuverð í Þrándheimi, ef ég man þá tölu rétt, var sem svarar 2.60 ísl. kr. til almennrar notkunar, en raforkuverð hjá Rafmagnsveitum ríkisins er yfir 12 kr. Þetta er sannarlega mjög mikið áhyggjuefni. En frá sölu raforku til málmblendiverksmiðjunnar fær Landsvirkjun á ári um 250 millj. kr. tekjur. Ef þær tekjur verða ekki til þess að lækka aðrar nauðsynlegar tekjur Landsvirkjunar, þá tek ég undir með hv. þm. að við það er eitthvað bogið. Ég held að þessar auknu tekjur fyrir raforku, sem annars yrði ekki seld, hljóti að verða til þess að lækka hið almenna raforkuverð. Hitt er svo annað mál að það þarf sannarlega að skoða þetta háa raforkuverð. Ég hygg að það felist ekki síst í ákaflega háum dreifingarkostnaði hjá okkur, óheyrilega háum. Og ég vil benda hv. þm. á að það eru einnig innlend fyrirtæki sem fá raforku á lágu verði með svipuðum kjörum, t. d. Áburðarverksmiðjan hf., sem er alinnlent fyrirtæki sem fær raforkuna á sama verði og álbræðslan. Og ég tel alveg skilyrðislaust að þeir, sem geta tekið raforku á 8 000 stunda nýtingartíma og við þá spennu sem þarna er til staðar, hljóti skilyrðislaust að fá raforkuna á sama verði og hér er reiknað með. Ég ætla ekki að fara út í þá kostnaðarútreikninga sem hv. þm. var með hér áðan, það tæki of langan tíma. En á þetta atriði vildi ég leggja áherslu í sambandi við raforkuna.

Ég get nú farið að stytta mál mitt, en þó vildi ég segja þetta um vond fyrirtæki: Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er margt vont í þessum heimi okkar og líklega öll þessi stóru fyrirtæki síður en svo góð. En við lifum nú einu sinni í slíkum heimi. Við seljum fisk til bandaríkjamanna sem henda sínum sprengjum á Víetnam — og ég er ekki að fagna, ég fordæmi það. Við seljum einnig fisk til rússa og skuldum þeim þúsundir millj. Þeir gætu eflaust sett á okkur þumalskrúfuna einnig. Þeir drápu einnig þúsundir manna í Tékkóslóvakíu og Ungverjalandi. Og víðar mætti leita. En ég held að við verðum að gera það besta úr þeim heimi sem við lifum í, og ég lít á það sem hér er verið að gera, þar sem íslenskt fyrirtæki að meiri hluta gerir viðskiptasamning við erlendan auðhring, ákaflega svipaðan og þá viðskiptasamninga sem við erum að gera við þessar þjóðir og fleiri sem ég hef nefnt (Gripið fram í.) Við erum komnir í nokkuð náinn félagsskap þegar við skuldum rússum eins mikið og við gerum.

Ég verð að segja það, að í mínum huga er það ríkast í þessu að hér hefur verið gerbreytt um stefnu frá því sem áður var og einnig, vona ég, dreginn lærdómur af reynslu. Ég legg á það ríka áherslu að hér er að meiri hl. íslenskt félag. Ég legg á það ríka áherslu að raforkuverðið er hér ekki fest, það er á kostnaðarverði, ég er sannfærður um það, og það hækkar með árunum.

Það er raunar þrennt í þessum samningi sem gerir það að verkum að raforkan er ekki föst. Í fyrsta lagi hækkar hún sjálfkrafa á tveggja ára fresti. Í öðru lagi er hún bundin við raforkuverð hjá norskum rafveitum til svipaðs iðnaðar. Það má geta þess í því sambandi, að það raforkuverð er nú um 56 aurar ísl. kwst. þannig að það er mjög lágt. Og að lokum hafa báðir aðilar, m. a. stjórn þessarar verksmiðju sem er að meiri hl. íslenskir aðilar og einnig stjórn Landsvirkjunar, heimild til að segja upp þessum samningi ef grundvöllurinn skerðist. Hér er því um allt aðra raforkusamninga að ræða en áður hafa verið gerðir. Ég legg einnig ríka áherslu á það að hér hefur ekkert verið til sparað að tryggja þau fullkomnustu tæki, m. a. að mati umhverfisverndarráðsins ameríska, sem þekkt eru, til að koma í veg fyrir mengun. Þetta tel ég einnig ákaflega mikið atriði. Ég tel það einnig mjög mikið atriði og skiptir kannske sköpum að þetta fyrirtæki fellur að öllu leyti undir

íslensk lög og undir íslenska dómstóla. Hér er enginn gerðardómur sem fjalla mun um þetta fyrirtæki.

Hv. þm. Helgi F. Seljan beindi nokkrum spurningum til mín og hæstv. iðnrh. Ég veit að hann trúir mér þegar ég segi að blaðið Vísir er ekki mitt málgagn. Ég vil hins vegar benda honum á það sem stóð í því málgagni sem ég hallast meira að, þ. e. dagblaðinu Tímanum, þar sem í leiðara hefur verið fjallað um þessi mál og hann fór með og ég get að öllu leyti tekið undir það. Ég álít ekki að við eigum að leggja hér í neina stóriðjuáætlun. Ég álít að stóriðja eigi að vera aukaatriði í okkar virkjunum. Ég álít hins vegar að hún komi til greina við sérstakar aðstæður og með sérstökum samningum, með þeim kjörum sem ég var að rekja áðan, þegar um stærri virkjanir er að ræða. Ég tel að hún geti rennt viðbótarstoðum undir okkar efnahagslíf.

Ég vil einnig vekja athygli hv. þm. á því að á síðasta flokksþingi Framsfl. var gerð samþykkt þar sem tekið var af skarið með það, að Framsfl. telur alls ekki og aldrei koma til greina að erlendir aðilar taki þátt í virkjunarrannsóknum okkar eða virkjunum. Og ég get sagt hv. þm. að ég átti mjög ríkan þátt í samþykkt þeirrar ályktunar sem var samþ. shlj., þar fer ekkert á milli mála.

Með Reyðarfjörðinn, af því að hann beindi því til mín, þá verð ég að segja að það gleður mig í fyrsta lagi að hann hafi sofið rótt yfir jólin, að mér skilst. Ég veit ekki, hvort mér tekst að svæfa hann aftur, en ég vil segja það að að því leyti sem mér er kunnugt hafa ekki nokkur minnstu loforð eða vilyrði verið gefin um stóriðju á Reyðarfirði. Hins vegar er það staðreynd sem hann veit eins vel og ég að það eru fjölmargir erlendir aðilar sem leitað hafa hingað með fsp. um hugsanlega stóriðju í sambandi við virkjanir, og það fer ekkert á milli mála að upplýsingar um Austurlandsvirkjun liggja á lausu og menn hafa gjarnan spurt um ráðstöfun þeirrar orku. Og það er alveg rétt að sumir þessara aðila, eins og Norsk Hydro, hafa sérstaklega vakið athygli á Reyðarfirði í því sambandi. En hæstv. iðnrh. mun að sjálfsögðu svara þessu ítarlega. Ég vil aðeins segja það, að í þeirri n., sem ég sit í, hafa ekki nokkur minnstu vilyrði verið gefin um slíkt, og ég tek undir það með honum, að þegar þetta verður athugað, því að ég álít að það beri að svara þessum aðilum einhvern tíma, þá á að gera það í fullu samráði við heimamenn. Það er að mínu viti frumskilyrði til réttrar meðferðar þessa máls. — Annars langar mig til að beina því til hv. þm. hvort hann hafi nokkurn tíma hugleitt hvort nokkur mengun stafi af loðnubræðslunni hjá þeim á Reyðarfirði. Ég er nefnilega hræddur um að þau séu mörg brotajárnin hjá okkur á mengunarsviðinu.

Ég segi svo það sem ég reyndar sagði áðan og tek undir það, að ég mun í fyrsta lagi leggja ríka áherslu á það sem formaður iðnn. þessarar d. að þar verði leiddar fram þær upplýsingar sem tök eru á og þar fáist góður umræðugrundvöllur um þetta mál. Ég er fylgjandi þessu máli eftir að ég hef skoðað það, að ég tel mjög ítarlega, og ég held að þetta renni fleiri stoðum undir okkar efnahagslíf og geri okkur e. t. v. kleift að flytja út matvæli til hinna mörgu fátæku þjóða sem því miður geta ekki greitt þau því verði sem við verðum að fá fyrir þau. En mér skilst að það sé mikið hugsjónamál, sem von er, og gott hugsjónamál hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Miðvikudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92, n. 254 og 264, 265). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Kjartan Ólafsson): Hv. forseti. Ég vil aðeins ítreka ósk mína um það að síðari málsgr. brtt., sem borin er fram af minni hl. menntmn., verði borin upp sérstaklega og að viðhaft verði nafnakall. Ég sé ekki að það geti verið neitt því til fyrirstöðu að bera þetta upp í tvennu lagi, þar sem um tvö greinilega aðskilin atriði er að ræða í till. Ég tel eðlilegt að fyrri liður brtt. sé borin upp á undan og óska eftir nafnakalli um hann, en þegar kemur aftur að síðari málslið till., þá stendur ósk mín um það að viðhaft verði nafnakall og greidd atkv. um hana sérstaklega. Ég hef innt þingvanari menn en mig eftir því, hvort þetta sé ekki frambærileg ósk, og mér hefur verið tjáð að svo sé, að það sé ekki óvenjulegt eða a. m. k. að um það séu allmörg dæmi að einstakir málsliðir séu bornir upp sérstaklega ef eftir því er óskað.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Í tilefni af orðum hv. þm. vil ég geta þess, að ég get út af fyrir sig fallist á að það er ekki sama efni í báðum þessum málsgr. Hins vegar fannst mér orðalag brtt. vera þannig að eðlilegt væri að bera hana upp í einni heild. Ég hef hins vegar leitað umsagnar frá starfsmönnum skrifstofu Alþ. um þetta atriði, sem getur fljótt á litið verið nokkurt vafaatriði, og þeir telja að unnt sé að bera þennan málslið upp sérstaklega og mun það verða gert.

ATKVGR.

Brtt. 265, fyrri málsl., felld með 14:8 atkv.

Brtt. 265, síðari málsl., felld með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: LJós, MK, MÓ, KÓ, EðS, GS, GilsG, JónasÁ,

nei: MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, ÞP, PJ, PS, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, ÓÞÞ, HES, IngJ, IG, JóhH, LárJ, RH.

7 þm. (KP, SighB, SigurlB, HeimH, BGr, GÞG, JSk) greiddu ekki atkv.

1 þm. (GTh) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að benda á að þetta yrði í hæsta lagi undarleg lagagr. sem byrjaði svona: „Sama gildir um íslenska starfsmenn erlendra sendiráða“ o. s. frv., — þar sem fyrri hlutann vantar þá alveg. Ég leyfi mér að benda á þetta. Að sjálfsögðu segi ég nei.

Benedikt Gröndal: Virðulegi forseti. Ég er efnislega sammála þeirri hugsun sem felst í þessum málslið. En ég tel það vera svo sjálfsagt að starfsmenn erlendra þjóða eða alþjóðastofnana, sem njóta diplómatískra réttinda hér á Íslandi, gegni ekki trúnaðarstörfum fyrir íslenska ríkið, að mér finnst það vera fyrir neðan virðingu okkar að þurfa að slá sliku föstu í lögum. Þar að auki, ef það er óhjákvæmilegt að setja það í lög, þá á það ekki bara við útvarpsráðið, heldur við allar aðrar opinberar stöður. Vegna þessara formsatriða greiði ég ekki atkv.

Ingvar Gíslason: Hæstv. forseti. Ég tel, eins og hæstv. menntmrh. benti á, að það sé tæplega þinglegt að greiða atkv. um þetta orðalag, hvað sem varðar efni málsliðarins. Þess vegna hlýt ég í þessu tilfelli að segja nei.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil leyfa mér að taka fram út af ummælum um það, hvort þinglegt sé að greiða atkv. á þennan hátt, að brtt. er um að greinin orðist svo, að á eftir 1. mgr. 5. gr. laganna komi ný mgr. sem svona hljóði. Þess vegna tel ég að út af fyrir sig sé þetta þinglegt.

1. gr. samþ. með 26:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SigurlB, HeimH, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, ÓÞÞ, HES, IngJ, JóhH, LárJ, RH.

nei: LJós, MK, MÓ, SighB, KÓ, BGr, EðS, GS, GilsG, GÞG, IG, JSk, JónasÁ, KP.

2. gr. samþ. með 26:9 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26:11 atkv.

Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, þáltill. (þskj. 267). — Frh. einnar umr.

Till. vísað til heilbr.- og trn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fæðingarorlof kvenna, þáltill. (þskj. 268). — Frh. einnar umr.

Till. vísað til heilbr.- og trn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Menntunarleyfi launþega, frv. (þskj. 280). — 1. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Frv. þetta, sem Jón Baldvin Hannibalsson er aðalflutningsmaður að, fjallar um menntunarleyfi launþega. En þar sem Jón Baldvin var hér sem varamaður og hefur nú vikið af þingi og ég er meðflm. hans mun ég segja örfá orð til skýringar þessu máli.

Á síðustu tveimur ársþingum, sem Alþjóðavinnumálastofnunin í Genf, ILO, hefur haldið, hefur mikið verið fjallað um það sem nefnt er menntunarleyfi launþega á launum, og hafa verið gerðar um það till. sem vinnumálastofnunin hefur sent til stjórnvalda þátttökuríkja þar að lútandi.

Frv. það, sem hér liggur fyrir um þetta mál, gerir ráð fyrir tvenns konar rétti launþega til þess að auka menntun sína og nám: annars vegar að á tveggja ára fresti eigi launþegi rétt til háls mánaðar náms án þess að missa nokkurs í launum, hins vegar eigi hann rétt til náms launalaust, en án þess að missa rétt til fríðinda er atvinnu fylgja, svo sem sumarleyfis, atvinnuleysisbóta o. s. frv. innan þeirra takmarka sem þessi rammalög setja. Ekki er hér gert ráð fyrir því, hvernig fjármagna skuli slíkt nám þannig að aðgengilegt verði fyrir sem flesta, en væntanlega verður þess ekki langt að bíða að sett verði ítarleg löggjöf um símenntun eins og kallað er nú orðið, þ. e. a. s. möguleika fullorðinna, sem lokið hafa frumskólagöngu sinni, til þess að hefja aftur nám og geta ýmist á skömmum tíma eða með fristundanámi fylgst með starfsgreinum sínum, jafnframt því sem námið verður hluti af lífi og lífsnautn almennings.

Lög, sem ganga í svipaða átt og þetta frv., hafa ýmist verið samþ. eða liggja nú fyrir löggjafarþingum ýmissa landa í Evrópu. Hvergi er þó þörfin á föstum reglum um þetta eins mikil og hér á Íslandi þar sem vinnudagur er mjög langur miðað við önnur lönd, enda er alkunna að þau óvenjulegu lífskjör, sem við höldum uppi, byggjast að verulegu leyti á aukavinnu eða margföldum störfum viðkomandi manna. Vinnutap og möguleikar eru því meiri fjötur um fót hér á landi en víðast annars staðar ef maður eða kona hafa sérstakan áhuga á eða sérstaka nauðsyn til að afla sér einhverrar viðbótarmenntunar.

Hér er að sjálfsögðu ekki aðeins um réttlætismál að ræða, heldur einnig um dálitinn áfanga að því marki að námið sé ekki forréttindi fárra sem tekið sé út á unga aldri og menn njóti síðan til æviloka, heldur verði það hluti af lífi allrar þjóðarinnar á einn eða annan hátt frá æsku til fullorðinsára. Allir eru sammála um hugsjónina um framhaldsmenntun. Allir hafa gert sér ljóst, vænti ég, sem um þessi mál hafa hugsað, að nú á dögum dugir ekki að sitja nokkur ár á skólabekk og koma svo ekki nálægt námi framar. Hver vill fara til sérfræðimenntaðs læknis sem hefur ekki litið í bók eða tímarit eða haldið námi sínu áfram á annan hátt í 10 eða 15 ár? Þetta er ýkt dæmi, en á í mismunandi ríkum mæli við ótrúlega margar stéttir.

Um leið og fram hefur komið mjög víðtækt frv. um fullorðinsfræðslu eða símám eða hvað menn vilja nú kalla það, er eðlilegt að einnig sé fyrir því hugsað, hvernig fólk eigi að geta hagnýtt sér þau tækifæri sem væntanlega verða veitt með löggjöf hér áður en langt líður. Ljóst er að þar getur ekki eingöngu verið um að ræða fristundastarf, og einnig er ljóst að mjög mikið af því námi, sem fólk í hinum ýmsu at-

vinnustéttum mun leita eftir á fullorðinsárum sínum eða eftir að það hefur lokið skyldunámi og fyrsta framhaldsnámi, mun hafa verulega raunhæfa þýðingu fyrir starf þessa fólks, hvert sem það er. Þess vegna hygg ég að hugmyndin um menntunarleyfi launþega sé þess virði að menn íhugi hana vandlega. Þetta er eitt af því sem tvímælalaust mun koma.

E. t. v. kann ýmsum að finnast í fyrstu að hér sé bara verið að setja enn einn baggann á atvinnufyrirtækin og atvinnurekendur. En ég hygg að það sé of þröngur skilningur á þessu máli, því að þegar frá líður mun það koma æ betur í ljós, að starfsfólk fyrirtækja — hvers konar fyrirtæki sem það eru eða stofnanir og í hvaða starfs- og atvinnugrein sem er — muni hafa það gagn af áframhaldandi menntun, þó að það sé ekki nema tiltölulega stutt námskeið, að það geri vinnu þessa fólks stórum mun verðmætari, og að atvinnuveitendur, hverjir sem þeir eru, muni síður en svo bíða tjón við það að slíkt kerfi verði að veruleika.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að lokinni umr. vísað til hv. félmn.

Karvel Pálmason: Hv. forseti. Það eru aðeins örfá orð varðandi það mál sem hér liggur fyrir. Í mínum augum er það vissulega mikið réttlætismál sem hér er um að ræða. Og það er meira en það, það er að mínu áliti mjög mikils um vert, ekki bara fyrir viðkomandi einstaklinga sem kæmi til greina að njóta slíkrar menntunar, framhaldsmenntunar eða þjálfunar, það er ekki síður nauðsyn á því eins og hv. 2. flm. þessa frumvarps gat um áðan og mun koma í ljós, verði horfið að því að framkvæma eða lögfesta slíka löggjöf, að sá atvinnurekstur, sem kæmi til með að nota eða nýta þann vinnukraft og auknu þekkingu sem viðkomandi einstaklingar yrðu aðnjótandi gegnum slíka löggjöf, og þjóðarbúið í heild mundu að mínu áliti vera miklum mun betur sett eftir en áður.

Vel má vera að ýmsum kunni að finnast hér um umtalsverða fjárupphæð að ræða í öllu því sparnaðartali, sem uppi hefur verið nú síðustu daga, og að vart sé bætandi útgjöldum á atvinnureksturinn. Þó að ég hafi ekki um það neinar tölulegar upplýsingar eða hafi í reynd getað myndað mér um það ákveðna skoðun hvaða fjárútlát slík löggjöf hefði í för með sér, þá held ég eigi að síður að það, sem til væri kostað við slíka endurmenntun launþega, mundi skila sér, kannske margfaldlega, í aukinni þekkingu, menntun og auknu starfi hjá þeim atvinnugreinum, sem viðkomandi einstaklingar mundu nýtast betur við ef af þessu yrði. Ég á vart von á öðru en að þm. almennt, hvar í pólitískum flokki sem þeir standa, hljóti að vera sammála um, að það er full þörf og nauðsyn á slíkum ákvæðum að því er varðar launþega og það er ekki síður nauðsyn á því að þeir, sem eru í framleiðslugreinunum, eigi þess kost að halda þekkingu sinni við og auka hana, alveg á sama hátt og talin er nauðsyn á því — og það mikil — að einstaklingar í ýmsum öðrum starfsgreinum þjóðfélagsins eigi þess kost að auka menntun sína frá því sem var þegar þeir luku prófi á sínum tíma. Ég held þess vegna eða a. m. k. vona að þm. almennt geti orðið um það sammála að hér sé hreyft mjög merkilegu máli og að menn verði um það sammála að nauðsyn til þess sé það rík, að mál þetta fái fljóta og jákvæða afgreiðslu hér á þingi þannig að það geti orðið að lögum áður en þingi lýkur nú á vordögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 24. shlj. atkv.

Neðri deild, 42. fundur.

Miðvikudaginn 12. febr., kl. 9 síðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 288). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Frú forseti. Hinn 11. febr. s. l. tilkynnti ríkisstj. að hún teldi, að höfðu samráði við bankastjóra Seðlabankans, óhjákvæmilegt að tekin yrði ákvörðun um breytt gengi íslensku krónunnar. Í kjölfar þess var felld niður gengisskráning erlends gjaldeyris frá og með deginum í dag. Ríkisstj. hefur nú í dag fallist á till. Seðlabankans, að gengisskráning verði tekin upp að nýju n. k. föstudag eða þegar að lokinni afgreiðslu þess frv., sem hér er á dagskrá, og verði þá markaðsgengi ísl. krónunnar ákveðið sem næst 20% lægra en það gengi var er gilti áður en gengisskráningu var hætt í dag. Verður þá kaupgengi dollars 149.20 kr. og sölugengi 149.60 kr., en gengi annarra mynta í samræmi við það. Jafnframt hefur verið ákveðið að gullgildi krónu, þar sem það er enn notað í samningum á grundvelli sérstakra lagaheimilda, muni framvegis verða byggt á daglegu miðmarkaðsgengi í stað stofngengis.

Frv. þetta er flutt vegna þessarar ákvörðunar. Frv. hefur að geyma ákvæði um tollmeðferð innflutnings og ráðstöfun á gengismun á útflutningsvörubirðum og ógreiddum útflutningi sjávarafurða. Ákvæði frv. eru svipuð þeim sem áður hafa verið sett í lög vegna breytinga á gengi krónunnar.

Gengisbreyting þessi er einn meginþátturinn í efnahagsráðstöfunum sem ríkisstj. beitir sér fyrir. Samkv. frv. er gert ráð fyrir sérstakri ráðstöfun á gengismun til lausnar brýnni fjárhagsvandamála innan sjávarútvegsins. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði þau sem till. eru um í frv.

Áður en ég fjalla um frv. sjálft eða einstakar gr. þess, mun ég fara nokkrum orðum um tilefni þess, þ. e. hina breyttu gengisskráningu.

Efnahagsvandi sá, sem við blasir, er í höfuðatriðum tvíþættur: halli í rekstri sjávarútvegs annars vegar og gjaldeyrisstaðan hins vegar, þegar gjaldeyrisvarasjóður landsmanna er nú þrotinn. Gengisbreytingin, sem ákveðin hefur verið, hefur þann megintilgang að bæta rekstrargreiðslustöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna

Gengi krónunnar var síðast breytt í byrjun sept. s. l. og voru þá jafnframt gerðar viðtækar hliðarráðstafanir. Stóðu vonir til þess að þær aðgerðir ásamt frekara aðhaldi í fjármálum og peningamálum nægðu til þess að rétta við hag útflutningsatvinnuveganna og koma á þolanlegum greiðslujöfnuði við útlönd. Reyndin hefur þó orðið önnur. Ör rýrnun viðskiptakjara síðustu mánuði ásamt söluerfiðleikum á ýmsum mörkuðum hefur gjörbreytt rekstrarstöðu útflutningsatvinnuveganna og greiðslujafnaðarhorfum. Eru viðskiptakjörin nú um fjórðungi lakara en á árinu 1973 og 14% lakari en á s. l. sumri.

Eins og þm. er kunnugt af yfirlitsskýrslu þeirri sem þjóðhagsstofnunin hefur tekið saman um efnahagshorfur á þessu ári, er nú við stórfellda erfiðleika að etja í efnahagsmálum. Helstu niðurstöður áætlana Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1975 eru þær, að aukning þjóðarframleiðslu verði lítil sem engin, að vegna versnandi viðskiptakjara muni raunverulegar þjóðartekjur minnka um 3—5% í heild eða um 5—7% á mann, að við blasi að öllu óbreyttu mikill halli í viðskiptum við útlönd eða 14—17 milljarðar kr., að jafnvel þótt reiknað sé með ítrustu lántöku erlendis virðist ókleift að jafna viðskiptahallann með þeim hætti.

Í frumdrögum Seðlabankans var spá um fjármagnshreyfingar til og frá útlöndum og er þar gert ráð fyrir að unnt verði að afla erlendra lána í þeim mæli að fjármagnsjöfnuðurinn skili í mesta lagi 9½ milljarði kr. til að mæta viðskiptahalla. Þar með væri nú stefnt í versnun gjaldeyrisstöðunnar um 5—8 milljarða á ári, en um þessar mundir er gjaldeyriseignin þegar þorrin.

Grundvallarmisvægið milli heildarframboðs og eftirspurnar í hagkerfinu birtist inn á við í ýmsum myndum: rekstrarhalla sjávarútvegs, fjárhagshalla hins opinbera og fjárvöntun til fyrirhugaðra framkvæmda og útlána.

Engum vafa er undirorpið að þróun, eins og nú er í stefnt, fær ekki staðist. Möguleikarnir til þess að halda uppi þjóðarútgjöldum umfram tekjur mega heita tæmdir. Ef öllu fer fram sem horfir hlyti að draga til þess að hægði á starfsemi í hagkerfinu þegar fjármögnunarmöguleikar tæmast, og jafnvel gæti farið að gæta skorts á innfluttum nauðsynjum. Þessi hvörf í hagsveiflunni heima fyrir gætu orðið hastarleg.

Þetta segir í áliti Þjóðhagsstofnunarinnar. Nýlegar áætlanir Þjóðhagsstofnunarinnar, sem þm. hafa fengið í hendur um afkomu sjávarútvegsins við rekstrarskilyrði um s. l. áramót, segja svo að ekki verður um villst að mjög alvarlega horfir um rekstur mikilvægustu greina útflutningsframleiðslunnar. Eins og þm. er kunnugt, sýndu áætlanir þessar að við blasti alvarlegur rekstrarhalli sjávarútvegs og sjóðakerfis hans. Einkum væri séð fram á mikinn taprekstur báta- og togaraflotans svo og frystihúsa, en staða söltunar og herslu væri betri, en rekstur annarra vinnslugreina stæði tæplega í járnum.

Niðurstöður rekstraráætlana báta- og togaraflotans sýndu um 1750—2550 millj. kr. árshalla og fer það eftir mati á aflahorfum sérstaklega, en væri í stað afskrifta og vaxta í rekstraráætlunum miðað við áætlaða þekkta greiðslubyrði afborgana og vaxta stofnlána til opinberra sjóða lækkaði þessi halli í mesta lagi um 700—800 millj. kr. Hér stæði þó enn eftir verulegur rekstrarhalli auk þess að ekki er tekið tillit til skulda við einkaaðila vegna skipakaupa eða eigin fjármagns fyrirtækja.

Hér er einnig ótalinn olíukostnaður og halli á sjóðum sjávarútvegs, svo sem Tryggingarsjóðs að upphæð samtals um 1000—1200 millj. kr. Frystiiðnaðurinn er nú talinn rekinn með 2500 millj. kr. halla á ársgrundvelli. Þessi halli og fiskverðshækkun verður ekki uppi borin af gengisbreytingunni einni saman, heldur verður að nýta Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins að einhverju leyti, enda er það í samræmi við tilgang hans að draga úr þörf á gengisbreytingu.

Gengisbreyting sú, sem nú hefur verið ákveðin, færir að vísu sjávarútveginum í heild mikla tekjuaukningu, en af henni hlýst jafnframt talsverð aukning tilkostnaðar, einkum fyrir útgerðina. Þessi tekjuskiptingarvandi í kjölfar gengisbreytingar er gamalkunnur hér á landi. En nú hefur vandamálið ágerst vegna þeirrar stórkostlegu hækkunar á mikilvægum kostnaðarliðum, einkum olíu og veiðarfærum og stofnkostnaði nýrra skipa.

Mikilvægt er að leysa þennan vanda nú með hagkvæmum hætti. Hér er ekki aðeins um kostnaðarvanda útgerðar að ræða, heldur einnig hvort við þesum vanda verður snúist með þeim hætti að öflugt aðhald sé veitt. Við notkun þessara rándýru innfluttu aðfanga í núgildandi kerfi, þar sem útgerðin borgar lítinn og minnkandi hluta þessa kostnaðar, felst sennilega þjóðhagsleg sóun sem ekki fær staðist til lengdar. Það er ekki eðlilegt að hver rekstrareining greiði kr. 5.80 á olíulítrann þegar hann kostar á milli 16 og 17 kr í raun. Slíkur verðmunur og slík niðurgreiðsla eru ekki til þess fallin að koma á sparnaði á olíu eða draga úr olíuinnflutningi til landsins.

Það verður að breyta þessu fyrirkomulagi. Kostnaðurinn verður helst að koma fram hjá þeim sem nota verðmætin þótt með öðrum hætti sé séð fyrir tekjum til þess að standa undir þeim kostnaði. Þennan vanda verðum við að leysa á næstunni.

Á fundi yfirnefndar Verðlagsráðsins í dag náðist samkomulag með fulltrúum sjómanna og öðrum fulltrúum kaupenda um öll meginatriði ákvörðunar lágmarksverðs þeirra fisktegunda, sem venjulega fara saaman við ákvörðun almenns fiskverðs, fyrir tímabilið 1. jan. 1975 til 31. mai 1975. Fiskverðsákvörðunin felur að þessu sinni í sér verulega breytingu á stærðarflokkun fisks til verðs og á verðhlutföllum milli stærðarflokka og fisktegunda. Þessar breytingar miðast í senn við breyttar aðstæður á fiskmarkaði erlendis og breytingar í tilkostnaði í sjávarútvegi hér á landi, auk þess sem þær ættu að vera til þess fallnar að beina sókninni í meira mæli að arðgæfari fisktegundum og að stórfiski sem fellur saman við sjónarmið skynsamlegrar nýtingar fiskstofnanna við landið eða verndunarsjónarmið.

Vegna þess, hve breytingar þessar eru umfangsmiklar, verður endanlegum frágangi verðs einstakra fisktegunda hvað gæði og stærðarflokka varðar ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi á morgun. Með þessari ákvörðun er leitast við að tryggja

að tekjur sjómanna standist eðlilegan samjöfnuð við tekjur annarra stétta, enda er það nú mikilvægara en oftast áður að sjósókn verði öflug. Erfitt er að meta niðurstöður til einnar tölu, en vert er að hafa í huga að sjómenn og útvegsmenn hafa þurft að þola verulega tekjuskerðingu vegna verðlækkana á loðnu. Enginn þarf því að líta á fiskverðsbreytinguna sem fordæmi fyrir kjarabreytingum annarra stétta. Hana ber að skoða sem nauðsynlegan þátt í því að bæta rekstrarstöðu sjávarútvegsins í heild.

Nú liggur fyrir að greiðslujöfnuðurinn við útlönd hefur versnað gífurlega á árinu 1974 og mun meira en gert var ráð fyrir á s. l. hausti. Þannig er ljóst að viðskiptahallinn við útlönd hefur numið um 16.300 millj. kr. á s. l. ári eða sem svarar til um 12% af þjóðarframleiðslunni, en árið 1973 var viðskiptahallinn nálægt 3% af þjóðarframleiðslu þess árs. Jafnframt hefur gjaldeyrisstaðan versnað um ⅝ á árinu 1974, og jafngilti gjaldeyrisvarasjóðurinn aðeins um 2 vikna innflutningi í árslok.

Útgjaldafyrirætlanir þjóðarbúsins stefna í þá átt að hallinn á viðskiptajöfnuði verði svipaður og á s. l. ári, sem er langt umfram það sem greiðslugeta þjóðarinnar leyfir. Nú í byrjun febr. var gjaldeyrisforðinn, eins og áður er sagt, uppurinn. Erlend skuldaaukning af stærðargráðunni 15—17 þús. millj. kr., sem slíkur viðskiptahalli kallar á, væri langt umfram þörf mögulegrar atvinnuuppbyggingar, þannig að tilgangurinn væri sá einn að fjármagna neyslu yfirstandandi árs á kostnað næstu ára. Erlend afborgana- og vaxtabyrði var um 11.3% af útflutningstekjum á árinu 1974 og mun hækka í um 14.5% á þessu ári. Áætlanir sýna jafnframt að greiðslubyrðin muni fara vaxandi næstu árin vegna mikillar skuldasöfnunar á undanförnum árum, og hefur þá ekki verið gert ráð fyrir erlendum lántökum 1975 af slíkri stærð sem ég gat um áðan. Auk þess er vert að hafa í huga að lánstraust þjóðarinnar út á við hlýtur að þrjóta áður en langt um líður, ef framvinda utanríkisviðskipta verður slík sem hér hefur verið lýst.

Það misvægi í hagsveiflunni, sem þjóðarbúið hefur búið við að undanförnu, hefur annars vegar birst í vaxandi rekstrarhalla sjávarútvegsins og hins vegar í auknum greiðsluhalla ríkisins og ríkisfyrirtækja og aukinni fjárvöntun til framkvæmda og útlána fjárfestingarlánasjóða, en hvort tveggja þetta hlýtur að hafa áhrif á þróun greiðslustöðunnar út á við.

Það fer ekki á milli mála að útgjaldaáform þjóðarinnar stefna, eins og horfir í heild, verulega fram úr raunverulegum þjóðartekjum. Það virðist því auðsýnt að nauðsynlegt muni reynast að leysa þann fjárhagsvanda sem af þessu leiðir, annars vegar með auknu aðhaldi í útgjöldum, m. a. með því að draga úr fyrirhuguðum framkvæmdum, og hins vegar með því að auka tekjur opinberra aðila. Í slíkri aðgerð felst hins vegar sá vandi að viðhalda eðlilegri atvinnustarfsemi í samræmi við framleiðslugetu þjóðarinnar. Meginákersla verður því á það lögð að beina innlendum sparnaði í ríkara mæli til atvinnuveganna til þess að tryggja aukna framleiðslugetu og atvinnu. Í þessu sambandi virðist eðlilegt að haldið verði áfram á þeirri braut að beina sparnaði landsmanna hjá lífeyrissjóðum enn meira til atvinnuveganna.

Ríkisstj. hefur unnið að endurskoðun á útgjalda og framkvæmdaáformum ríkisaðila og útgjaldaáformum fjárfestingarlánasjóða með það að markmiði að halda útgjalda- og lánaáformum innan fjárhagsgetu þessara aðila, jafnframt því sem mótuð verði stefna um forgang opinberra framkvæmda og atvinnuuppbyggingu. Sömu stefnu er nauðsynlegt að fylgja í útlánum bankakerfisins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla hér um frv. það til l., sem hér er til umr., í einstökum atriðum. Vegna gengisbreytingarinnar er nauðsynlegt að setja í lög ákvæði svipuð þeim sem áður hefur verið gert í sambandi við gengisbreyt., svo sem um tollmeðferð á innflutningi, meðferð gengismunar hjá einstökum bönkum og loks ráðstöfun á gengismun sem fram kemur vegna birgða útflutningsafurða sjávarútvegsins. Ég tel ekki ástæðu til að rekja athugasemdir við lagafrv. þetta en vil aðeins taka tvö atriði fram.

Það fyrra, sem ég sé ástæðu til að nefna, eru ákvæði 3. gr. sem heimila sjútvrn. að ákveða hækkun á magngjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sem ákveðið var með 5. gr. l. nr. 106 frá 31. des. 1974, í samræmi við þessa gengisbreytingu. Hér er um eðlilega ákvörðun að ræða. Hitt atriðið, sem ég vildi gera að umtalsefni, er að með vilja er ekki í þessu frv. kveðið á um það hvernig ráðstafa skuli gengishagnaðarsjóðnum í einstökum atriðum. Verður um það flutt sérstakt frv. En ég sé ástæðu til þess að láta það koma hér fram, að auk þess sem ætla má að þeim gengishagnaðarsjóði verði ekki síst varið til þess að mæta erlendum tilkostnaðarhækkunum útgerðarinnar, þá verði sett til hliðar upphæð, 75 millj. kr., í sérstökum tilgangi. Ríkisstj. mun beita sér fyrir því að 75 millj. kr. af þessu fé verði varið til eflingar lífeyrissjóða sjómanna, einkum til að styrkja getu þeirra til að greiða lífeyri þeim sjómönnum sem lífeyrisgreiðslna eiga að njóta á þessu ári og næstu árum og til annarra umbóta á lífeyrisrétti sjómannastéttarinnar.

Því er ekki að leyna, að óneitanlega fylgir gengislækkun jafnan verðbólguhætta. Og að vissu leyti er hér hopað í því viðnámi gegn verðbólgu sem nauðsynlegt er. Við getum ekki gert okkur vonir um að ná því takmarki, sem við áður settum okkur, að ná verðbólguvextinum í lok yfirstandandi árs niður á það stig sem gerist hjá nágrannaþjóðum okkar. En við megum samt sem áður ekki missa sjónar á þessu markmiði þótt það sé lengra undan. Við höfum vitandi vits valið hér milli kosta til þess að tryggja fyrst og fremst fulla atvinnu. Það, sem ræður valinu, er einkum þrennt.

Í fyrsta lagi áhersla á fulla atvinnu sem meginmarkmið efnahagsstefnunnar og nauðsyn þess, ef hún á að haldast til frambúðar, að staða þjóðarbúsins út á við sé tryggð.

Í öðru lagi veldur gengislækkun almennri hækkun tekna útflutningsgreina án mismunar, en mismunun er fylgifiskur flestra annarra leiða. Jafnframt bætir gengislækkun samkeppnisstöðu allrar innlendrar atvinnustarfsemi gagn-

vart innflutningi, örvar innlenda framleiðslu og dregur úr innflutningi.

Í þriðja lagi felur valið í sér, að við viljum að við höldum fast við þá fríverslunarstefnu sem þessi ríkisstj. hefur fylgt og vill fylgja og er ein meginforsenda álits okkar og lánstrausts á alþjóðavettvangi. Við hljótum því að hafna haftastefnu og freista þess að leysa efnahagsjafnvægisvandann með almennum aðgerðum. Þetta mundi, er til lengdar lætur, reynast farsælasta lausnin.

Frú forseti. Samhliða breyttri gengisskráningu og ákvörðun fiskverðs mun ríkisstj. beita sér fyrir ýmsum hliðarráðstöfunum til þess að tryggja svo sem verða má að gengisbreytingin nái tilgangi sínum. Flutt verður sérstakt frv. til l. um hvernig ráðstafa skuli gengishagnaðarsjóði þeim sem stofnað er til með frv. því sem hér er til umr. Skal ég ekki á þessu stigi rekja fyrirhugað efni frv. að öðru leyti en því, að leitast verður við að létta að einhverju leyti erlendar kostnaðarhækkanir fiskiskipaflotans og ríkisstj. mun, eins og áður er sagt, beita sér fyrir því að 75 millj. kr. verði varið til eflingar lífeyrissjóða sjómanna.

Þá verður unnið að því eins og unnt er í samráði við aðila að leysa tekjuskiptingarvandamálin innan sjávarútvegsins í þeim tilgangi að koma á hagkvæmara fyrirkomulagi til að standa undir hækkuðum tryggingakostnaði, olíukostnaði og erlendum verðhækkunum fiskiflotans eftir að kjör sjómanna hafa verið tryggð.

Lögð verður áhersla á við aðila vinnumarkaðarins að vísitölukerfi launagreiðslna verði tekið til endurskoðunar og mun ríkisstj. fyrir sitt leyti beita sér fyrir breyttu fyrirkomulagi í þessum efnum.

Í samræmi við fyrri yfirlýsingar ríkisstj. munu launajöfnunarbætur verða teknar til endurskoðunar í þeim tilgangi að auðvelda þeim, er lágar tekjur hafa, að standa undir hækkuðum framfærslukostnaði sem fram er kominn og leiðir af gengisbreytingunni. Með sama hætti verða tryggingabætur til þeirra, sem litlar eða engar aðrar tekjur hafa, teknar til endurskoðunar. Þá verður og verðlagskerfi búvöru tekið til endurskoðunar svo og verðlagsmálin í heild.

Vegna rýrnunar þjóðartekna og erfiðrar greiðslustöðu út á við telur ríkisstj. nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að tryggja hagstæðan jöfnuð í fjármálum opinberra aðila, en forðast jafnframt óhóflega aukningu erlendra skulda. Til að ná þessu markmiði mun hún beita sér fyrir því að dregið verði úr útlánafyrirætlunum fjárfestingarlánasjóða og útgjaldaáformum hins opinbera, en fyrir aukinni innlendri fjáröflun að því leyti sem þetta hrekkur ekki til.

Gengislækkun sú, sem nú hefur verið ákveðin, ásamt þeim hliðarráðstöfunum, sem ég hef rakið, stefnir að óhjákvæmilegri leiðréttingu á stöðu útflutningsframleiðslunnar og takmörkun á gjaldeyrisnotkun. Hér er um það að tefla að þjóðin bregðist með sameiginlegu átaki við óvæntu og þungu efnahagslegu áfalli. Þess vegna skiptir meginmáli að almennur skilningur allra stétta og hagsmunahópa náist á nauðsyn þessara ráðstafana og um leiðir til að tryggja sem réttlátasta skiptingu þeirra byrða sem þeim hljóta að fylgja.

Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Hæstv. ríkisstj. hefur nú setið að völdum í u. þ. b. hálft ár. Hvað hefur einkennt störf hæstv. ríkisstj. á þessu hálfa ári? Ég hygg að dómur þjóðarinnar sé sá að einkenni á störfum hennar hafi verið ráðleysi, hafi verið tímasóun, hafi verið hik í störfum og ákvörðunum, en á s. l. sumri munu margir sannarlega hafa talið að nóg væri komið af slíku. Þjóðin hafði búið við stjórnleysi í 3 ár á mestu góðærum sem yfir þjóðina höfðu gengið. Þau góðæri höfðu ekki verið nýtt til þess að leggja traustan grundvöll að heilbrigðum framtíðarbúskap Íslendinga. Þess vegna m. a. er nú komið eins og komið er.

Þeir, sem í sumar og á undanförnum mánuðum bjuggust við breyt. á stjórnarháttum, hljóta að hafa orðið fyrir vonbrigðum. Ekki aðeins þeir sem frá upphafi voru í andstöðu við þessa ríkisstj., heldur einnig fjölmargir þeirra sem studdu myndun hennar og fylgdu henni, en fylgja henni varla lengur vegna reyslunnar af henni þegar á fyrsta missirinu sem hún hefur starfað. Það litla, sem ríkisstj. hefur gert, hefur verið í því fólgið að halda áfram stefnu fyrrv. ríkisstj. Það ríkir enn sama stjórnleysið. Það ríkir enn sama óreiðan og ríkir enn sama sukkið og þjóðin stundi undir 3 árin á undan.

En hvað átti hæstv. ríkisstj. að gera þegar hún tók við völdum á s. l. sumri? Hún átti auðvitað að framkvæma allsherjarúttekt á þjóðarbúinu. En hvað á ég við þegar ég tala um allsherjarúttekt? Ég á ekki við það sem þetta orð hefur venjulega verið notað til þess að tákna, þ. e. a. s. úttekt á greiðslugetu atvinnuveganna, mat á stöðu einstakra atvinnurekenda eða atvinnuvega né heldur á því hvernig viðskiptajöfnuðurinn hafi verið, sé eða muni verða. Auðvitað þarf að athuga hvernig atvinnuvegirnir standa og hverjar horfur eru í þeim. Auðvitað þarf að athuga hver viðskiptajöfnuðurinn er og hverjar horfur eru á því sviði. En það þarf líka að athuga greiðslugetu stéttanna. Það þarf líka að gera úttekt á tekjuskiptingunni, á því hverjir geti þolað kjaraskerðingu og hverjir geti það ekki, hverjir geti borið byrðar og hverjir geti það ekki.

Þessa úttekt hefur hæstv. ríkisstj. algjörlega vanrækt að framkvæma. Hún gerði að vísu ráðstafanir í sumar, en þær ráðstafanir voru bráðabráðabirgðaráðstafanir. Hyggnir menn munu hafa séð fyrir að þær mundu verða bráðabirgðaráðstafanir.

Undanfarnar vikur og nú síðdegis hefur komið í ljós að þær voru bráðabirgðaráðstafanir, dugðu í fáeina mánuði. Þess vegna hafa ákvarðanir dagsins verið teknar. Þess vegna er þetta frv. hér til umr. í hv. d. nú í kvöld. Þá aftur er rokið til — og hvernig? Gengið er lækkað aftur, í annað skipti á einu missiri. Látum það vera. Gengisbreyting getur verið nauðsynleg. Gengisbreyting getur verið heilbrigð. Hún er heilbrigð ef hún er þáttur í heildarlausn á þeim vanda sem við er að etja. Það ber engan veginn að fordæma gengisbreytingu undir öllum kringumstæð-

um. Allar þjóðir, við og allar þjóðir, nágrannaþjóðir, hafa beitt gengisbreytingu sem tæki til þess að komast út úr kreppu, til þess að leysa efnahagsvandann. En því aðeins gera skynsamar ríkisstj. gengisbreytingu að lið í stefnu að um heildarlausn sé að ræða, að von sé um jákvæðan heildarárangur. Sérhverja gengisbreytingu ber að dæma eftir því hvort hún er þáttur í slíkri heildarlausn eða ekki.

En hvað segja þeir, sem gengislækkun er fyrst og fremst ætlað að þjóna, um þetta efni, um þessa gengislækkun? Fagna útvegsmenn henni? Hafa þeir fagnað henni og óskað eftir henni? Þeir hafa ekki óskað eftir henni og þeir fagna henni ekki í dag og þeir munu ekki fagna henni á morgun. Af hverju? Af því að þeir líta þannig á að hún sé ekki fullnægjandi lausn á þeim vanda sem steðjar að íslenskum sjávarútvegi eða íslenskum efnahagsmálum yfirleitt. Þess vegna liggur það í loftinu, að ríkisstj. kunni að hafa í huga að til viðbótar þessari gengislækkun muni koma uppbætur, en til þess að greiða uppbætur þarf auðvitað að leggja á skatta, m. ö. o. að það, sem okkar bíður, sé ekki aðeins gengislækkunin frá síðdeginu í dag, heldur einnig uppbótakerfi, m. ö. o. gengisbreyting + skattar + uppbætur, og slíkt er versta heildarlausn sem hugsanleg er.

Það á að hafa hreinar línur í lausn á efnahagsmálum, annaðhvort að hafa gengisbreyt. þannig, að hún beri lausnina uppi eða þá á að fara niðurfærsluleið sem sé kjarni í lausninni. Alltaf þarf einhverjar hliðarráðstafanir. Fræðilega er til sá möguleiki að fara hreina millifærsluleið, þ. e. að fara hreina uppbótaleið, en samkrull af öllu þessu þrennu er versta og óhyggilegasta lausnin sem hugsanleg er.

Það, sem ég óttast, er að hæstv. ríkisstj. sé því miður á þessari leið, m. ö. o. að lausnin sé hrærigrautur, hún sé hvorki fugl né fiskur. Og eitt er alveg augljóst mál, að ekki örlar á því, sem hlýtur að eiga að vera undanfari allra lausna á efnahagsmálum, hvort sem kjarni þeirra er gengisbreyt., hvort sem kjarni þeirra er niðurfærsla, hvort sem kjarni þeirra er millifærsla en það er allsherjarsparnaður hjá hinu opinbera, hjá ríkinu, hjá sveitarfélögum og kvaðir á atvinnurekstur til sparnaðar. Þetta hlýtur að vera og á að vera undanfari allra tilrauna til heildarlausnar á efnahagsmálum. Á engu slíku hefur bólað hjá hæstv. ríkisstj. á því misseri sem hún er er búin að sitja við völd.

Það var í blöðum fyrir skömmu skýrt frá ræðu sem einn helsti efnahagssérfræðingur þjóðarinnar, Jónas H. Haralz landsbankastjóri, hélt á Akureyri fyrir skömmu. Eitt stjórnarblaðanna skýrir ítarlega og að ég er viss um alveg réttilega frá innihaldi þeirrar ræðu. Það er sannarlega ástæða til að hlusta á það sem einn reyndasti og helsti efnahagssérfræðingur þjóðarinnar hefur um núverandi vanda og hugsanlega lausn hans að segja. Kjarninn í máli hans var einfaldur og hann var þessi: Fyrir alla muni á ekki að reyna að leysa yfirstandandi efnahagsvanda með því að gera eina ráðstöfun í þessu horni, aðra í hinu, þriðju í þriðja horninu. M. ö. o.: það á ekki að reyna að gera sitt lítið af hverju heldur taka á vandanum í heild og reyna að leysa hann allan. Auðvitað veit maður eins og Jónas H. Haralz að efnahagsvandi þessi verður aldrei leystur til hlítar, aldrei til fullnustu. Menn hugsa ákveðinn tíma fram í tímann, en fyrir þann tíma verður heildarlausnin þó að duga. Það er eins og Jónas H. Haralz hafi haft eitthvert hugboð um það að ríkisstj. kynni að vera á annarri leið en þeirri sem hann taldi rétta. Það er eins og hann hefði eitthvert hugboð um það að ríkisstj. kynni að vera með það í huga að leysa einhvern hluta vandans með gengisbreyt. einhvern hluta vandans með uppbótum í einhverju formi, með því að greiða uppbætur á þennan fisk veiddan á þessum tíma og annan fisk veiddan á öðrum tíma og einhvern fisk sem fluttur var á þennan markað og annan fisk sem fluttur var á hinn markaðinn og afla tekna til þess með því að leggja þessa prósentu á þessa vöru og hina prósentuna á hina vöruna, eina prósentuna á vöruna sem kemur frá þessu landi og aðra á þá sem kemur frá hinu landinu. Við þekkjum þessa leið frá gamalli tíð. Hún er þrautreynd áður og það er eflaust við þessu sem okkar reyndi efnahagssérfræðingur hefur verið að vara, og þess vegna vitna ég sérstaklega í þessi ummæli, af því að það er ástæða til þess að halda að hann viti eitthvað um það hvað hrærist í hugum þeirra manna sem nú fara með völd á Íslandi. Ég skil ræðu hans þannig að hann óttist að þetta muni verða gert og hann vilji gera sitt til þess að vara við að þetta verði gert. En ég óttast líka núna, að þetta sé það sem er að gerast og muni gerast, og það ber að harma.

Ég skal fúslega viðurkenna, hika ekki við að viðurkenna það, að eins og á stendur í íslenskum efnahagsmálum nú, á þessari stundu og þessum vikum og þessum mánuðum, eru ekki möguleikar á allsherjar kjarabótum fyrir launþega í landinu. Það er staðreynd sem sérhver ábyrgur og skynsamur íslendingur hlýtur að viðurkenna og við það eiga menn auðvitað, stjórnvöld og aðrir, að miða stefnu sína og gerðir. Það eitt er ábyrgt og það eitt er skynsamlegt. En það jafngildir auðvitað ekki því að hægt sé að horfa aðgerðarlaus á hversu gífurlega kjör hinna lægst launuðu hafa rýrnað á undanförnum vikum og mánuðum og munu rýrna í kjölfar þessara ráðstafana, ef ekki er gripið til alveg sérstakra ráðstafana eins og raunar forsrh. hæstv. var að boða en við vitum ekki í hverju munu vera fólgnar og getum því ekki fellt neinn endanlegan dóm um á þessu stigi.

Ég sagði áðan að það væri óskynsamlegt að fordæma gengislækkun sem slíka. Það gerir í raun og veru enginn skynsamur maður sem ræðir efnahagsmál. Það verður að skoða gengisbreyt. í samhengi við aðrar ráðstafanir sem hún er þáttur í, sem hún er liður í. Hvað er í raun og veru gengisbreyting? Gengisbreyting er, með sem skýrustum orðum sagt, endurskipting á þeim hluta þjóðarteknanna sem á rót sína að rekja til utanríkisviðskipta. Hækkun á verði erlends gengis eykur tekjur allra þeirra sem framleiða til útflutnings og selja gjaldeyri, en eykur útgjöld allra hinna sem nota gjaldeyri hvort sem það er til neyslu eða til fjárfestingar. Það er í raun og veru verið að flytja tekjur frá þeim sem nota gjaldeyri, til hinna, sem skapa hann. Mér dettur ekki í hug að andmæla því að þeir, sem framleiða vörur til útflutnings nú þurfi á aukn-

um tekjum að halda. Það er staðreynd sem væri rangt, óeðlilegt og raunar heimskulegt að andmæla og það kemur mér ekki til hugar að gera. Þeir þurfa á auknum tekjum að halda eins og þróunin hefur verið undanfarið. En þann tekjuauka, sem þeir þurfa að fá, hlýtur einhver að borga. Ef gengisbreyt. er framkvæmd og ekkert annað en gengisbreyt., borga þeir þennan tekjuauka sem erlendan gjaldeyri nota til neyslu eða til fjárfestinga. Þeir borga reikninginn. Og ef ekkert er gert annað en að breyta genginu borga allir neytendur erlends gjaldeyris reikninginn jafnt að sínum hluta eftir notkuninni á gjaldeyri og það hlýtur að teljast ranglátt. Það verður því að gera viðbótarráðstafanir, hliðarráðstafanir, sem stefna að því, sem miða að því að þessum reikningum til gjaldeyrisnotendanna sé dreift misjafnt með misjöfnum hætti, að sumir greiði ekkert, en aðrir þeim mun meira.

Ég er hiklaust á þeirri skoðun að tekjunum eigi að dreifa hlutfallslega jafnt á útflytjendur, annað gæti beint fjárfestingunni inn á rangar brautir. Þess vegna tel ég út af fyrir sig að sú hugsun í gengisbreyt. sé heilbrigð og rétt t. d. að gera ekki upp á milli sjávarútvegs og iðnaðar, ekki á milli einstakra greina sjávarútvegs og einstakra greina iðnaðarins með því að beita misjöfnu gengi. Það er ekki heldur hægt að skrá misjafnt gengi á einstakar vörur sem við notum gjaldeyrinn til kaupa á, en það má gera aðrar ráðstafanir sem gera vissum hluta neytenda, vissum hluta launþeganna kleifara en ella að greiða þann reikning sem í gengisbreyt. felst. Og það er þetta sem nauðsynlega þarf að gera. Við bíðum tillagna ríkisstj. um þetta efni. Fyrir fram skal ég engan dóm um það fella fyrr en þær sjást. Mér sýnist ýmislegt benda til þess að ekki sé von til þess að launþegar geti horft björtum augum til framtíðarinnar í þessum efnum, en allan dóm um það skal ég láta bíða síns tíma.

Hinn megintilgangur gengisbreyt. er auðvitað sá að jafna viðskiptahalla. Viðskiptahallinn hefur verið uggvænlegur á undanförnum árum, sérstaklega á síðasta ári, og horfur um hann eru enn þá uggvænlegri á þessu ári. Gengisbreyting er tilraun í þá átt að jafna viðskiptahalla og að því leyti hefur hún hagkvæm og skynsamleg áhrif. Það er sjálfsagt að sé viðurkennt, en jafnframt verður enn að ítreka nauðsyn þess að það eitt er ekki nóg að stuðla að því að viðskiptahalli jafnist ef tekjuskipting raskast jafnframt með mjög óeðlilegum hætti. Þó markmiðið sé heilbrigt að jafna hættulegan viðskiptahalla, má það ekki gerast með öðrum hætti en þeim að tekjuskiptingaráhrif af þessum tilraunum séu jafnframt höfð í huga.

Ég sagði áðan að ég dragi ekki í efa að útflutningsatvinnuvegirnir þyrftu á tekjuauka að halda. En er þessi tekjuauki nógur til þess að leysa vanda útflutningsatvinnuveganna? Ég skal ekki svara því, heldur bara vitna til þess sem þeir menn segja sjálfir sem eiga að njóta hans. Þeir segja: Nei, hann er ekki nógur. Og það er það sem vekur ugg í brjósti manns um það, að sagan sé ekki öll sögð með ráðstöfununum í dag, að það séu einhvers konar uppbætur í vændum til viðbótar. Sérfræðingar munu einnig segja: Nei, gengisfellingin jafnar ekki viðskiptahallann. Og það vekur ugg manns um það, að eitthvað annað til viðbótar sé í pokahorninu sem eigi að gera það sem gengislækkun er ekki talin gera af sérfræðingunum, þ. e. að jafna viðskiptahallann í svo miklum mæli sem nauðsynlegt er talið.

M. ö. o.: útgerðin er ekki ánægð eftir daginn í dag og hún verður ekki ánægð á morgun. Viðskiptabankarnir, sem eiga að sjá um viðskiptahallann munu ekki heldur vera ánægðir. Það er því eitthvað enn þá meira í viðbót í vændum, og það er það sem við vitum ekki enn þá hvað er. En það sýnir að um heildarlausn er hér ekki að ræða, og það er það sem er uggvænlegt. Og síðast, en ekki síst verður að vekja athygli á því í sambandi við gengisbreytinguna í dag að hún virðist vera upphaf efnahagsráðstafana, ekki efnahagsráðstafanirnar. Það er hún ekki. Hún er upphaf keðju af efnahagsráðstöfunum.

Um þessa ráðstöfun hafa engin alvörusamráð verið höfð við launþegasamtökin. Launþegasamtökin, sem oft hafa þurft að horfa upp á það undanfarna mánuði að kjör meðlima þeirra hafa farið síversnandi, að kaupmáttur tekna þeirra hefur farið síminnkandi, hafa sett fram ábyrgar og skynsamlegar óskir gagnvart vinnuveitendum og gagnvart ríkisvaldinu. Þeirra fyrsta ósk hefur verið sú að skattakerfið verði endurskoðað frá grunni. Þeirra önnur ósk hefur verið sú að gerðar yrðu ráðstafanir í húsnæðismálum til þess að létta kostnað við húsnæði sérstaklega hjá láglaunafjölskyldum. Og þau hafa óskað eftir því að sérstök endurskoðun á láglaunabótunum fari fram. Hæstv. forsrh. gat þess að vísu í ræðu sinni áðan að á slíku mundi ekki vera von, en hann nefndi ekki ráðstafanir í skattamálum og hann nefndi ekki ráðstafanir í húsnæðismálum. Þetta eru þó meginóskir verkalýðshreyfingarinnar. M. ö. o.: það er hafin röð efnahagsráðstafana með róttækri breytingu á genginu, án þess að nokkur alvörusamráð séu höfð við launþegasamtökin, og það ber sannarlega að harma.

Ég vil ekki eigna ríkisstj. það sem einn af forustumönnum bænda segir í Morgunblaðinu í dag, Gunnar Guðbjartsson, form. Stéttarsambands bænda, þar sem kemur fram þáttur í hans hugmyndum um það, hvernig eigi að leysa efnahagsvandann, sé að banna verkföll í eitt eða tvö ár, senda þá til Rússlands eða Kína, sem ekki hlýða og lengja vinnuvikuna í 50 klst. Hann tekur sem beturfer fram í lok greinar sinnar að þetta séu sínar einkaskoðanir og ég vil ekki ætla nokkrum flokksmanni, hvorki í ríkisstj. né hér á hinu háa Alþ., að þeir hafi aðrar eins skoðanir á efnahagsmálum og launþegamálum og koma fram í þessari grein þessa bændaforkólfs.

Að síðustu skal ég segja þetta: Auðvitað verður að sjá allt efnahagsdæmið áður en endanlegur fullnaðardómur verður felldur um stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. En ég segi það enn og aftur: Ég held að þetta, sem þegar er komið, sé ekki nema hluti af því sem ríkisstj. ætlar sér að gera og hefur í hyggju að gera, og það sem t. d. ummæli Jónasar H. Haralz benda til að hrærist í huga hæstv. ríkisstj., bendir ekki í góða eða rétta átt. Ef þessi verður niðurstaðan verður framtíðin áframhaldandi verðbólga, þá

verða áframhaldandi hallaviðskipti, þá verður það eyðsla og sukk sem áfram setja svip sinn á stjórn íslenskra efnahagsmála.

Ég hef sagt það áður, að auðvitað dugi ekki neitt eitt ráð til þess að leysa jafngagngeran efnahagsvanda og nú er við að etja í íslensku þjóðlífi. En ég vil segja það aftur og það skal vera það sem ég hef sem meginniðurstöðu míns máls, að forsendur allra ráðstafana sem við getum talið skynsamlegar og réttlátar, forsenda alls þess, sem á að geta borið árangur í efnahagsmálum, þarf að vera sparnaður á öllum sviðum. Ríkið verður að ganga á undan, síðan verða sveitarfélögin að taka alvarlega á og halda sínum framkvæmdafyrirætlunum og útgjöldum og þar með skattlagningu í hófi. Og það verður að knýja fyrirtæki til sparnaðar. Hjá fyrirtækjum á sér stað óhæfileg sóun á fjöldamörgum sviðum sem menn komast upp með. Það verður að stöðva. Þá fyrst þegar þetta þrennt hefur gerst verður hægt að ætlast til þess að almenningur skilji að hann verði, a. m. k. verulegur hluti hans, að herða nokkuð að sér ólina, þó að talsverður hluti hans sé þannig settur að hann geti alls ekki hert ólina og hlífa þurfi honum við öllum byrðum, og þar á ég við hina lægst launuðu.

Ég óttast að það, sem hér er á ferðinni, sé ekki bara gengislækkunin sem Seðlabankinn og ríkisstj. ákváðu í dag, heldur gengislækkun + uppbótarkerfi + skattheimta + áframhaldandi eyðslustefna og þar með stjórnleysi. Ég gat þess ekki áðan í sambandi við hugmyndirnar um það sem kynni að vera í huga ríkisstj. um skattheimtu, að það hefur verið talið að eitt af því, sem ríkisstj. hafi í huga, sé að hækka söluskattinn um 1 stig til þess að standa straum af kostnaði við bætur vegna náttúruhamfaranna í Neskaupstað. Auðvitað eru allir alþm. og auðvitað er þjóðin öll á einu máli um að það þurfi að bæta norðfirðingum það ógnartjón, það hörmulega tjón sem þeir urðu fyrir. Hitt hygg ég að hljóti að vera fráleitur reikningsmáti, að til þess að endurbyggja nokkur fyrirtæki sem sjálfsagt er að hið opinbera og þjóðin öll endurbyggi, þá þurfi 1 söluskattsstig, heilt söulskattsstig til að standa straum af þeim kostnaði. Ef það gerist á næstunni sem liður í framhaldsráðstöfunum ríkisstj., að söluskatturinn verði hækkaður um 1 stig, þó að í jafngöfugum tilgangi sé og hjálpa norðfirðingum, þá sýnir það að heildarstefnan, sem ríkisstj. hefur í huga, er ekki heilbrigð og hlýtur að mæta mjög alvarlegri andstöðu af hálfu launþegasamtakanna. Ef þessar grunsemdir mínar reynast réttar — og ég skal játa að hér er enn aðeins um grunsemdir að ræða — að stefnan sé gengislækkun + uppbótakerfi + skattheimta + áframhaldandi eyðsla, þá verður stefna ríkisstj. varla kennd við annað en það að kunna í hvorugan fótinn að stíga, og af því getur ekkert gott hlotist.

Hæstv. forseti. Um þetta frv., sem hér er til umr., er það að segja að það er í eðli sínu hliðstætt frv. sem áður hafa fylgt í kjölfar gengisbreyt. Hér er ekki um sjálfstæðar ráðstafanir Alþ. að ræða, heldur nauðsynlegar ráðstafanir vegna ákvarðana sem þegar hafa verið teknar. Ég ræði frv. ekki í einstökum atriðum þar sem ég á sæti í þeirri n. sem því mun verða vísað til. En ég vil aðeins taka fram, að í grundvallaratriðum tel ég samþykkt þessa frv. vera eðlilega og sjálfsagða og minn flokkur mun greiða fyrir því að sú n., sem frv. verður vísað til, afgr. málið skjótlega á morgun þannig að Alþ. geti lokið afgreiðslu frv. á morgun, svo að eðlileg gjaldeyrisviðskipti geti hafist þegar á föstudagsmorgni. Þetta tel ég vera eðlileg vinnubrögð og í raun og veru sjálfsagða skyldu Alþ. eins og á stendur.

Lúðvík Jósepsson: Hv. forseti. Þá hefur hæstv. ríkisstj. enn einu sinni gripið til gengislækkunar og þó eru aðeins 5 mánuðir og 10 dagar síðan gengi krónunnar var formlega lækkað um 17%. Frá 1. jan. 1974 og þar til nú var hætt að skrá gengi krónunnar þá hefur verðgildi ísl. krónu lækkað gagnvart dollar um 41%, og nú þegar þessi gengislækkun verður komin til viðbótar er gengislækkunin orðin á rétt rúmu ári milli 60 og 70%. Gengi ísl. kr. var skráð 1. jan. 1974 84.50 í dollar, en nú er gert ráð fyrir að skráningin nemi 149.20. Þessi verðsveifla nemur því, þegar allt er lagt saman, 76.5% á rúmlega einu ári.

Ég vil vekja athygli á því að með þessari gengislækkun hefur núv. ríkisstj. slegið fyrra met gömlu viðreisnarstj. í gengislækkunarhraða. Viðreisnarstj. gamla lækkaði gengið með 11 mánaða millibili. Það var mesti hraði sem hún náði. En þessi ríkisstj. lækkar gengið með millibili sem nemur 5 mánuðum og 10 dögum. Ekki þætti mér ólíklegt að margur byggist við því að næsta gengislækkun yrði eftir jafnvel enn styttri tíma, sérstaklega þegar þess er gætt hversu trúaðir núv. stjórnarherrar virðast vera á mátt gengislækkunar. Það er engu líkara, eftir því sem þeir segja en að þeir haldi að gengislækkun út af fyrir sig sé allra meina bót. Já, jafnvel er talað þannig við þjóðina, að vegna þess að viðskiptakjör okkar við umheiminn hafi farið versnandi, sem að sjálfsögðu skapa okkur erfiðleika, þá þurfum við að fara í gengislækkun.

Auðvitað breytir gengislækkun engu um okkar viðskiptakjör. Viðskiptakjörin standa eftir sem áður. Við getum ekki hreyft við þeim bara með því að hreyfa okkar gengi. En versnandi viðskiptakjör valda okkur að sjálfsögðu erfiðleikum í okkar þjóðarbúskap. Það er annað mál, og við þurfum að bregðast við þeim vanda á skynsamlegan hátt.

Ég vil taka það fram starx í upphafi máls míns að við í Alþb. erum algjörlega andvígir þessari gengislækkun. Við teljum hana rangláta og við teljum að ríkisstj. hafi borið skylda til að reyna að fara allar aðrar leiðir fyrst, áður en gripið yrði til gengislækkunar, og síðan að hafa gengislækkunina eins litla og tök voru á ef aðrar ráðstafanir hefðu ekki dugað.

Ég vil minna á það í þessu sambandi að þegar efnahagsmálin voru hér til umr. á Alþ. fyrir nokkrum dögum buðum við í Alþb. og reyndar stjórnarandstaðan öll hér á Alþ. ríkisstj. samstarf um ráðstafanir gegn þeim vanda sem við er að fást í okkar efnahagslífi. Hæstv. forsrh. fagnaði þessu tilboði, og það var á honum að skilja að ríkisstj. vildi hafa samstarf við minnihlutaflokk-

ana á Alþ. varðandi afgreiðslu þessara mála. En það verður að segja það eins og það er, að fram til þessa hefur ekki verið um neitt samráð við stjórnarandstöðuna að ræða. Við höfum haft aðeins örstuttan fund þar sem bent var á niðurstöður þær, sem fyrir liggja í gögnum frá Þjóðhagsstofnun um stöðu sjávarútvegsins sem okkur höfðu borist, en umr. voru þar örstuttar, fundurinn mjög stuttur og engar sérstakar till. af hálfu ríkisstj. voru þarna ræddar.

Það næsta, sem við heyrum af þessu samstarfi, er það að ríkisstj. sé búin að taka þá ákvörðun að stöðva gengisskráningu í landinu og ákveða að það skuli fara gengislækkunarleið. Ég tel að þetta hafi verið óskynsamleg vinnubrögð af hálfu ríkisstj., óheppileg bæði gagnvart stjórnarandstöðunni á Alþ. og auðvitað á sama hátt gagnvart þýðingarmiklum hagsmunasamtökum í þjóðfélaginu.

Hæstv. forsrh. sagði, þegar hann vék að þeim erfiðleikum sem við væri að fást í okkar efnahagsmálum, að hann teldi vandamálið fyrst og fremst vera tvíþætt: annars vegar þann vanda sem við væri að glíma varðandi gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar og hins vegar þann halla sem fyrirsjáanlegur væri í okkar útflutningsatvinnuvegum og þá fyrst og fremst hjá sjávarútveginum. Ég vil bæta við þetta því, að ég tel að sá vandi, sem nú er við að eiga, sé fyrst og fremst þríþættur. Ég viðurkenni þetta hvort tveggja sem hæstv. forsrh. nefndi. Þar er við allmikinn vanda að fást. En það má ekki gleyma þriðja þætti þessara mála sem snertir hin almennu kjaramál launafólks í landinu, en þarna er vissulega einnig við stórkostlegt vandamál að glíma. Mig langar til þess í sambandi við þessar umr. að víkja með nokkrum orðum að hverju þessu vandamáli fyrir sig og benda á þær leiðir sem við Alþb.-menn teljum að þar komi til greina að meira eða minna leyti.

Ég vík þá fyrst að gjaldeyrisvandamálinu. Það leikur ekki neinn vafi á því að okkar gjaldeyrisvarasjóður er búinn. Að vísu er staðan ekki alveg jafnslæm í þeim efnum og af hefur verið látið, þegar þess er gætt að það hafa safnast fyrir hjá okkur allmiklar útflutningsvörubirgðir. Við eigum meira af framleiddri útflutningsvöru nú en við höfum átt áður og af þeim ástæðum er gjaldeyrisstaðan nokkru verri. Það er ekki hægt að segja að þær gjaldeyrisvörur, sem safnast hafa í landinu, séu ekki seljanlegar. Vissulega eru þær seljanlegar. Við höfum allan tímann getað selt þessar vörur. Við höfum hins vegar ekki verið ánægðir með það verð sem í boði hefur verið og því hefur orðið nokkur dráttur á sölunni. Ég tel að eins og þessi mál standa í dag, þá standi salan á þessum vörum tiltölulega vel miðað við það sem verið hefur. Nokkuð fast verðlag liggur fyrir og stórar sölur hafa verið gerðar, og ég býst því við, að það gangi frekar á birgðirnar en hitt á næstu mánuðum. En eigi að síður er staðan í gjaldeyrismálum mjög alvarleg. Við höfum notað gjaldeyri á nýliðnu ári í ríkara mæli en nokkru sinni áður á einu ári. Og þó að gjaldeyristekjur okkar á s. l. ári hafi verið einar þær mestu sem við höfum haft á einu almanaksári, fóru útgjöldin eigi að síður fram úr gjaldeyristekjunum. Í þessum efnum vil ég undirstrika það sem ég var að segja: Það er ekki þannig, eins og maður gæti helst skilið á þeim sem tala um þessi mál, að s. l. ár, árið 1974, hafi verið okkur óhagstætt ár, að heildartekjur okkar hafi fallið á því ári. Það er alrangt. Þær fóru mjög vaxandi, framleiðslan og heildartekjurnar, hvernig svo sem þær eru mældar, þó að við mælum þær beint í erlendum gjaldeyri. En eyðslan var meiri en nokkru sinni fyrr. Þar í lá vandinn.

Þá er spurningin hvort gengislækkun af þeirri gerð, sem nú hefur verið ákveðin, muni leysa þann vanda sem við stöndum frammi fyrir með okkar gjaldeyrisvarasjóð. Ég tel engar líkur til þess, eins og nú standa sakir, að sú breyting á skráningu ísl. krónu, sem nú er ákveðin, leysi þennan vanda. Það er enginn vafi á að á meðan ástandið er þannig að fjöldamargar vörutegundir hækka í verði erlendis og innflytjendur okkar vita að þær eru hækkandi í verði, þá munu þeir sækja fast á um að fá gjaldeyri og hraða sínum innflutningi. Og þeir vilja ekki aðeins hafa úr að spila hinum almenna kaupmætti sem til fellur af tekjum. Þeir munu þrýsta á bankakerfið, eins og þeir hafa gert, til að ná sér í viðbótarfé. Og þeir munu gjarnan fara í þær innistæður í bönkum landsins, sem eru þeim meira og minna frjálsar, ná í þær og beina þeim í aukinn innflutning. Og talsverður markaður mun verða áfram í landinu a. m. k. meðan full atvinna verður. Ég tel því mjög litlar líkur til þess að sú gengislækkun, sem nú á að ganga yfir, leysi þennan vanda, auk þess sem gengislækkunin miðar við það að verðhækkanir, sem af henni leiðir og ættu að draga úr innflutningi og gera það vissulega að einhverju marki, eigi að ganga jafnt yfir allar vörutegundir, jafnt yfir brýnustu lífsnauðsynjar og óþarfa innflutning eða lítið þarfan.

Það er staðreynd að á s. l. ári notuðum við rúmlega 3 milljarða kr. í beinum gjaldeyri vegna bílainnflutnings til landsins og höfðum aldrei notað jafnmikið áður. Það er mín skoðun að það eigi beinlínis, eins og nú er komið, að stöðva gjaldeyrisafhendingu til bílainnflutnings um nokkra hríð, t. d. 3 mánuði eða 6 mánuði, á meðan við erum að sjá nokkuð til hvað gerðist, eða þá að setja á aðrar hömlur sem drægju verulega úr því að gjaldeyrir færi í frekari bílainnflutning en orðið er nú í bráð. Svipað tel ég að þurfi að gera með ýmiss konar annan innflutning, sem er okkur ekki nauðsynlegur eins og sakir standa. Við flytjum nú inn fyrir okkar dýrmæta gjaldeyri margvíslegar vörutegundir sem við framleiðum auðveldlega hér í landinu, og gætum við því sparað okkur verulegan gjaldeyri. Það á að leggja hömlur á að ráðstafa gjaldeyri í slíkar vörur eins og nú er komið, a. m. k. til bráðabirgða. Við Alþb.-menn bendum á að það eigi að fara þessa leið að meira eða minna leyti, m. a. vegna þess að gengislækkunarleiðin til þess að leysa gjaldeyrisvandann nái ekki tilgangi sínum og sé í eðli sínu óréttlát. Það er óréttlátt að hækka jafnmikið í verði brýnustu lífsnauðsynjar, sem fluttar eru til landsins, og hreinan óþarfavarning. en það felst í gengislækkunarleiðinni. Það kemur líka til mála eins og ýmsar þjóðir hafa gert að leggja sérstakt innflutnings-

gjald, tímabundið, á ákveðna vöruflokka, sem ekki teljast til brýnna nauðsynja, og nota þær fjárhæðir, sem fást með því gjaldi, til almennra dýrtíðarráðstafana, til þess að halda niðri verði á brýnum nauðsynjum og leysa þannig þýðingarmikinn vanda í kjaramálunum um leið. Vissulega kemur það einnig til greina, sem reynt var á s. l. ári, að setja reglur um að innflytjendur verði að binda tiltekið fjármagn í sambandi við innflutning á ákveðnum vörutegundum, ef þeir flytja inn tilteknar vörutegundir, þá verði þeir að binda viðbótarfé við gjaldeyrisverðmætið í Seðlabanka landsins, og stefna á þann hátt að því að hamla gegn of miklum innflutningi. Sem sagt, niðurstaða mín er að sú leið, sem ríkisstj. hefur valið varðandi gengislækkunina, leysi ekki þennan meginþátt vandans, gjaldeyrisstöðuna, þar hefði átt að fara aðrar leiðir. Við í Alþb. höfum bent á þessar leiðir, teljum að það hefði átt að reyna að skapa samstöðu og velja eitthvað af þessum leiðum, sem ég hef hér minnst á, og fara ekki gengislækkunarleiðina til að leysa þennan vanda fyrr en í síðustu lög.

Ég vil þá minnast nokkuð á þann vanda sem við er að fást í sambandi við hallarekstur sjávarútvegsins. Ég hef áður sagt að sá vandi, sem þar er við að glíma, sé býsna mikill. En hann er engan veginn sá, sem oft er látið að liggja í umr. um þessi mál. Mér sýnist satt að segja að þeir, sem mest hafa um þessi mál rætt, hafi ekki einu sinni lagt það á sig að lesa þær skýrslur sem Þjóðhagsstofnunin hefur lagt fyrir okkur varðandi stöðuna hjá sjávarútveginum. Hitt skil ég mætavel, að mat manna á því hvað langt eigi að ganga í stuðningi við einstakar atvinnugreinar verður alltaf mismunandi. Þær skýrslur, sem fyrir okkur liggja og eru aðalskýrslurnar frá Þjóðhagsstofnuninni, en ekki merktar með því sérstaka merki af hennar hálfu að þær séu kallaðar „dekkri myndin", eins og sagt er, þar sem verið er að spá því sem er öllu lakara, — ég held mér við þá útreikninga sem flokkast í þessari skýrslu undir A1 og A2, bæði varðandi fiskveiðar og fiskvinnslu, sem sagt aðalskýrslurnar, — þær eru ekki bjartar, síður en svo, og mikið væri ég óánægður ef það reyndist ekki betra í útkomunni en þarna er reiknað með. Ég tek það fram fyrir mitt leyti að ég hef mikinn fyrirvara á gagnvart tölum sem koma fram í skýrslunni. En hvað um það fyrst skulum við athuga hvað í skýrslunum stendur. Séu þessar skýrslur teknar þá er í samandregnu máli þetta niðurstaðan: Séu allar greinar fiskveiðanna teknar, þ. e. a. s. jafnt bátar, loðnuskip, togarar af minni og stærri gerð, sem sagt allar tegundir veiðiflotans, og síðan allar aðalgreinar fiskvinnslunnar, sé þetta allt tekið saman, eins og gert er í skýrslunni, og litið á tvær niðurstöðutölur þarna, annars vegar hver er útkoman samkv. þessum skýrslum áður en svonefnd fyrning er uppfærð? Hver er þá niðurstaðan? Áður en fyrning er uppfærð er niðurstaðan sú, að allar þessar greinar veiða og vinnslu hafa þá 969 millj. kr. afgangs umfram beinan rekstur upp í afskriftir. Þessi tala er fundin þannig, að þá er Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins kominn inn í þetta dæmi á þann hátt, að það er búið að taka úr Verðjöfnunarsjóðnum fjárhæð yfir árið sem nemur 968 millj. samtals, en í sjóðnum voru í ársbyrjun rúmlega 2 600 millj. kr. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að ganga á innistæðurnar í Verðjöfnunarsjóði upp á tæpan helming, og þá verður þessi niðurstaðan. En þegar búið er að setja inn í þetta dæmi einnig afskriftirnar, þær afskriftir sem reiknað var með á öllum tegundum fiskiflotans og á öllum verkunarstöðvunum, þegar búið er að færa upp afskriftirnar líka, þá er orðið tap sem nemur 1 721 millj., vegna þess að afskriftirnar eru 2 690 millj. kr. Nú hef ég bent á það nokkrum sinnum, að það er mikið álitamál hvað á að gera ráð fyrir miklum afskriftum. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. nú — sem að vísu kemur ekki algjörlega heim við þær upplýsingar sem ég hef haft frá Þjóðhagsstofnun áður, en það skiptir ekki höfuðmáli, það er ekki stór skekkja — að það mætti færa þessa upphæð í afskriftum niður um 700—800 millj. kr. ef menn vildu láta sér nægja að hafa afskriftirnar jafnháar og umsamdar afborganir af flotanum og of verkunarstöðvunum eru. Ég segi alveg eins og er, að það er mín skoðun að miðað við núv. kringumstæður sé ekki ástæða til þess að reikna útgerðinni sem heild, — ég segi: miðað við núv. kringumstæður, — meira en helminginn af þeim afskriftum sem reiknað er með í þeim skýrslum sem hér liggja fyrir. Afskriftirnar þyrftu því ekki að vera nema 1 345 millj. í stað fyrir 2 690 millj. Ég segi ekki að í miklu góðæri vilji ég ekki gjarnan fallast á að afskriftirnar gætu verið nokkru meiri, en ég tel, að þetta miklar afskriftir séu fullsæmilegar fyrir þennan atvinnurekstur miðað við núv. ástand.

Þá eru þessar skýrslur, sem hér liggja fyrir, ekki verri en það, að útgerðin á 969 millj. upp í afskriftir sem þá væru kringum 1300 millj. Það vantar sem sagt nokkuð upp á, en tiltölulega lítið. Ég sé enga ástæðu til þess — og á þó eins mikið undir því og hver annar alþm. hér í sambandi við góða afkomu hjá útgerð — að mála skrattann þannig á vegginn í sambandi við þann vanda sem við eigum við að glíma varðandi rekstur útgerðarinnar, að telja þennan vanda meiri en sem þessu nemur miðað við þær skýrslur sem hér liggja fyrir. Mér er alveg ljóst, að þessi vandi getur í veruleikanum orðið meiri ef afli verður lélegur eða eitthvað annað steðjar að sem til óhappa verður að teljast. En afkoman getur líka orðið miklu betri. Og ég fyrir mitt leyti er ekki ánægður með það ef afkoman verður ekki miklum mun betri en hér er reiknað með, því að það er verið að gera ráð fyrir því, einkum í sambandi við fiskverkunina, að það sé staðið illa að henni.

Nú hef ég sagt áður að ég tel að það þurfi ekki aðeins að leysa þennan vanda sem ég hef hér verið að gera grein fyrir, heldur þurfi að leysa enn meira. Ég er á þeirri skoðun að það þurfi bráðnauðsynlega að hækka fiskverð frá því sem nú er og auðvitað þyrfti að hækka fiskverðið miklum mun meira ef gengislækkun á að koma. En þó að engin gengislækkun kæmi þarf að hækka fiskverðið, bæði vegna afkomu útgerðarinnar almennt séð og eins vegna tekjumöguleika sjómannastéttarinnar. Það er bráðnauðsynlegt. Það er auðvitað lengi hægt að halda uppi ágrein-

ingi um hvað þessi fiskverðshækkun ætti að verða mikil. Mín skoðun er sú að hún þyrfti að vera a. m. k. 12—14%, miðað við það að ekki yrði gengislækkun, en meiri ef það verður gengislækkun.

Þá kemur spurningin um það hvernig eigi að reyna að leysa þennan vanda og það á þann hátt að ekki verði gripið til gengislækkunar. Ég skal minnast hér á nokkrar leiðir.

Í fyrsta lagi segi ég nú eins og áður: það á að lækka vextina frá því sem þeir eru nú. Þeir eru eintóm vitleysa og það fær enginn eðlilegur rekstur á Íslandi staðist með því að halda uppi þessum vöxtum. Menn geta verið í þessum leik á eftir skottinu á sér allan tímann ef þeir ætla að halda hér uppi vöxtum sem eru frá 24 upp í 28%. Nú er svo komið að bankarnir eru farnir að reikna mönnum í mjög ríkum mæli 2% vexti á mánuði af öllu því sem þeir kalla vanskilaskuldir, en það eru ekki aðeins 24% á ári, það munu vera eitthvað í kringum 27—28% vextir á ári af því að vextirnir koma ofan á vextina út allt árið. Þetta fær ekki staðist. Viðskiptabankarnir vita líka að þetta fær ekki staðist. En þeir afsaka sig með því, að þeir séu komnir í yfirdrátt hjá Seðlabankanum og Seðlabankinn reikni þeim 24% og þeir verði að reyna að velta þessu yfir á aðra. Ég hef bent á það að ef vextirnir, þessir óstjórnlegu vextir, sem eru hér ríkjandi hjá okkur, væru færðir niður um 3—4%, þá mætti létta af útgerðinni í landinu í kringum 500 millj. kr. á ári. Það á að gera þetta, og þá fylgdi ýmislegt fleira á eftir. Um leið og vextirnir væru lækkaðir er líka verið að létta útgjöldum af versluninni í landinu sem hún hefur fengið að velta af sér út í verðlagið. Það á að lækka verðlagið, það á að lækka álagninguna strax til þess að þessi lækkun fái að skila sér út í verðlagið.

Í öðru lagi bendi ég á að það á að minnka fyrirhugaðar greiðslur í hið svonefnda vátryggingakerfi fiskiskipaflotans, en ekki auka það eins og er verið að leggja til. Það á að minnka það. Og þar vil ég ekki leggja til allt of snögga breytingu, en það á að minnka framlagið í þennan sjóð sem nemur 2—3% í fiskverði. Ætli það séu ekki a. m. k. 12—13% í fiskverði nú, það sem rennur í þennan allsherjarvátryggingasjóð? Og það á að auka ábyrgðina hjá þeim sem vátryggja sín skip, það á að hækka eigin ábyrgð, þannig að þeir verði að standa meira en þeir gera nú undir smátjónum sínum. Og ríkissjóður á að standa bakábyrgur fyrir þessu vátryggingakerfi. Ef útgjöldin reynast meiri á árinu í bótagreiðslum en iðgjöldin nema þá verður ríkissjóður að standa undir þeim vanda, eða þá að ríkið taki að sér þessa vátryggingu eða byði hana út.

Í þriðja lagi tel ég að það sé óhjákvæmilegt, eins og sakir standa að minnka greiðslu útgerðarinnar í hinn svonefnda olíuniðurgreiðslusjóð. Nú nemur greiðsla útgerðarinnar í olíuniðurgreiðslusjóð í kringum 12% af fiskverði. Þetta er allt of há greiðsla, og ég vil færa hana niður sem nemur u. þ. b. 4—5% í fiskverði. Það á jöfnum höndum að spara verulega í olíunotkun með því að allur togaraflotinn taki upp svartolíunotkun. Þannig er tvímælalaust hægt að spara, þó að ég geri ekki ráð fyrir að hægt verði að koma við öllum þeim sparnaði sem sérstök n., sem með þessi mál hefur haft að gera, telur að sé hægt með þessari breyt. Á þennan hátt á að rýma fyrir því að hægt sé að hækka fiskverðið, en minnka greiðslurnar í olíuniðurgreiðslusjóð. Áður hef ég einnig bent á það, að ég tel fyllilega koma til greina að ríkisheildin, að ríkissjóður, sem auðvitað verður að skapa möguleika til þess, leggi í þennan olíuniðurgreiðslusjóð einhverja fjárhæð, 300—400 millj. kr. Og ég tek að sjálfsögðu fram, að þá ætlast *ég til þess að allur útflutningsiðnaður okkar*, ekki bara sjávarútvegurinn, heldur einnig aðrir sem eru í útflutningi, geti orðið aðnjótandi sams konar kerfis og sjávarútvegurinn í þessum tilfellum. Með þessu vil ég skapa möguleika til þess að hækka fiskverðið eftir þessari leið um 4—5%.

Í fjórða lagi legg ég til að tekin verði aftur sú ráðstöfun sem samþ. var hér á Alþ. síðustu dagana fyrir jól, þegar ákveðið var að hækka greiðslur af fiskiskipaflotanum í Stofnfjársjóð úr 10% í 15%. Þar fóru 5% í fiskverðið, sem ég tel ekki vera beina þörf á, og miðað við núv. kringumstæður tel ég það heldur ekkert vandamál þó að jafnvel svo færi að eitthvað af skipunum í landinu stæði ekki alveg að fullu í skilum með greiðslur sínar samkv. þessu kerfi í gegnum Stofnfjársjóð. Yrði þá að mæta þeim vanda eftir öðrum leiðum, eins og áður var og hefur verið nú um margra ára skeið. En þarna er líka um að ræða möguleika á 5% fiskverðshækkun.

Ég hef nú verið að benda á leiðir til þess að hægt væri að hækka fiskverðið með vissum tilfærslum um 12—14%. Ég tel að það sé brýn þörf á að reyna að fara slíka leið sem þessa til þess að forðast gengislækkun því að ein gengislækkun mun leiða af sér aðra eins og reynslan hefur sannað. Þá legg ég einnig til að það yrði gert verulegt átak í því, að beinum stuðningi frá ríkisvaldinu, að koma á verulegri hagræðingu í fiskvinnslunni í landinu. Það hefur stundum verið rætt um það að ríkið legði t. d. fram kostnaðinn af því að ráðnir yrðu 4—5 menn, sérfræðingar í þessari grein, til þess a ferðast á milli fiskvinnslustöðvanna í landinu og benda mönnum á hvað þeir gætu gert betur í rekstrinum og reyna að koma rekstrinum á hagkvæmari grundvöll. Þarna eru gífurlega miklir möguleikar sem best sannast á því, að ef við tökum nokkur bestu frystihúsin í landinu, þá er gífurlegur munur á afkomu þeirra og meðalfrystihússins. Í þessum efnum hefur m. a. verið bent á það — og ég vil aðeins minnast á það hér — að á árinu 1973 hækkaði fiskblokkin á Bandaríkjamarkaði gífurlega mikið í verði allt árið, alveg til ársloka, þegar fiskblokkin náði þar hámarksverði. Þetta leiddi að sjálfsögðu til þess að á því ári fór mjög vaxandi það magn sem menn framleiddu í frystihúsunum af fiskblokkum, og þá nam fiskblokkin í kringum 55% af heildarmagninu sem fór í frystingu. Á s. l. ári, 1974, þegar fiskblokkin ýmist seldist ekki, fór ekki úr landi af því að við vildum ekki sætta okkur við jafnmikla verðlækkun á henni og raun varð á, eða þá að þar var um að ræða verðlækkun sem menn urðu að taka á sig, þá hefur reynslan sýnt að sumir aðilar í landinu hafa haldið áfram að framleiða fiskblokk eins

og ekkert hafi í skorist og í álíka háu hlutfalli við aðra framleiðslu og áður, þó að allar aðrar hraðfrystar fisktegundir hafi haldið sínu fulla verði og þó að t. d. aukning í saltfiskverkun hefði verið mjög hagstæð af því að saltfiskurinn stórhækkaði í verði. Ýmis frystihús hafa breytt rekstri sínum þannig að þau fyrsta nú tiltölulega mjög lítið af fiskblokk, eru komin í 10—12% miðað við sína heildarframleiðslu. Afkoma þeirra er auðvitað öll önnur. Hér grípur ýmislegt inn í sem ég skal ekki fara út í en auðvitað er hægt að gera í þessum efnum miklu meira og betra en gert hefur verið. Það þarf að koma á hagræðingu, það þarf að aðstoða menn við að leysa þennan vanda, en ekki framlengja frá ári til árs sömu vitleysuna og segja alltaf: meiri gengislækkun, meiri gengislækkun. Við þurfum að komast út úr erfiðleikum eins og þessum á réttan hátt en ekki steypa okkur kollhnís eins og gert hefur verið.

Auk þessa legg ég svo til fyrir mitt leyti að Verðjöfnunarsjóðurinn, sem safnað hefur verið í á undanförnum árum, verið notaður við lausn á þessum vanda, og er í öllum till. gert ráð fyrir því. Ég tel það sé engin goðgá þótt við notum okkar verðjöfnunarsjóð, sem kominn var upp í 2 600 millj. á þessu ári að helmingi, og ég tel hreint ekki mikið að nota rúmar 900 millj. af 2 600 millj.

Áður hef ég minnst á að það á að gera ráð fyrir því í þessari lausn að afskriftirnar verði ekki nema helmingur þess, sem reiknað er með í þessum útreikningum og það verði útgerðin að sætta sig við, m. a. vegna þess að það er um nokkru erfiðara árferði að ræða en áður, og hafandi í huga að árið þar á undan, árið 1973 höfðu menn ekki aðeins þessar afskriftir, heldur enn þá meira.

Til viðbótar við þetta vil ég svo bæta því við, að ég tel einnig sjálfsagt að af hálfu ríkisins verði lögð fram sérstök fjárhæð, 200—400 millj. kr., í því skyni að leysa vandamál útgerðarrekstrar þar sem er um alveg sérstök vandamál að ræða sem ekki geta talist til hins almenna. Þau koma alltaf upp. Við höfum að vísu býsna öflugt sjóðakerfi nú til þess að leysa slíkan vanda, eins og Almannatryggingasjóð, Byggðasjóð o. fl. En ég held að það kæmi fyllilega til mála að í þeim almennu efnahagsráðstöfunum, sem þarf að gera, væri tekin frá okkur fjárhæð af almannafé, 200—400 millj. kr., til að leysa slíkan vanda.

Við þetta get ég svo bætt því, að ég tel út af fyrir sig ekkert við því að segja, ef endar eru ekki af fullri sanngirni taldir ná saman eftir þessum leiðum, þó að þá sé farið í eitthvað gengissig eða einhverja minni háttar gengislækkun sem þá verður látin ganga yfir með venjulegum hætti, án þess að þar sé um beina kaupskerðingu til manna að ræða, til þess að brúa bilið að fullu.

Varðandi svo þriðja þátt þess vanda sem við stöndum hér frammi fyrir, hin almennu kjaramál er hinn mesti blindingjaháttur að mínum dómi að líta fram hjá þeim. Hæstv. ríkisstj. veit það að launþegasamtökin í landinu eru öll með lausa kaupgjaldssamninga. Þau hafa haft fulltrúa sína til viðtals við ríkisstj. nú um nokkra hríð, vegna þess að þau hafa talið alveg óhjákvæmilegt að fá hér fram ýmsar ráðstafanir launþegum til hagsbóta. Þessi samtök geta ekki tekið við slíku höggi eins og ný, stórfelld gengislækkun er þegjandi og hljóðalaust. Það dugar lítið, þótt hæstv. ríkisstj. segi eins og hæstv. forsrh. sagði hér: Við viljum taka láglaunabæturnar til endurskoðunar. Við viljum taka til endurskoðunar reglur um það hvernig eigi að mæta vandamálum gamalla og öryrkja. Við viljum taka vísitölukerfið til endurskoðunar og allt þess háttar. — Þetta sögðu menn strax þegar þeir fóru í gengislækkun í sept. í sumar. Þá var þetta sagt. Menn lifa ekki lengi á því að þetta skuli tekið til endurskoðunar. Þegar fallhamarinn er látinn falla með gengislækkun, sem þýðir það að öll innflutt vara, jafnt brýnustu nauðsynjar sem annað, hækkar strax í verði um 25%, þá er enginn vafi á því að hér er talsverð hætta á ferðum. Ég tel að nú hefði þurft að gera þær ráðstafanir í kjaramálum að reyna að ná samkomulagi við launþegasamtökin um að verðlagi yrði haldið niðri á brýnustu lífsnauðsynjum og að verð á ýmsum slíkum vörutegundum yrði beinlínis lækkað, þó að verðlag á öðrum varningi hækkaði samtímis. Það hefði t. d. verið mjög þýðingarmikið að létta söluskatti af öllum matvörum, söluskatturinn þar er orðinn 19%, eða a. m. k. að taka þar allflestar vörur út úr og létta söluskatti af þeim. Það hefði verið hægt að sjá um að ríkið hefði haft jafnmiklar tekjur af aukaskatti á innfluttar vörur af öðrum tegundum, sem ekki eru jafnbrýnar nauðsynjavörur. Ég álít að ráðstafanir af þessu tagi hefðu skapað möguleika til þess að ná samkomulagi um kyrrð á vinnumarkaðinum. Það hefði líka, eins og ég benti á áður, mátt lækka verslunarálagningu sem næmi afleiðingum af lækkun á vöxtum, því að hinir háu vextir hvíla með miklum þunga á versluninni í landinu. Ég benti á það hér áður að verslunin í landinu skuldar samkv. opinberum reikningum í bönkum landsins 9 þús. millj. kr. Ég vil biðja fréttamann Morgunblaðsins að skrifa nú rétta tölu því að hann hefur ekki trúað þessu þegar ég sagði það síðast, hann skrifaði **bara 900 millj. kr.** En honum er alveg óhætt að trúa því að verslunin í landinu skuldar samkv. skýrslum bankanna, í ríkisbönkunum 9 þús. millj. kr. Og ég er ekki fyrst og fremst að segja þetta vegna þess að ég óskapaðist yfir tölunni en vil benda á það að veruleg hækkun á vöxtum bitnar með miklum þunga á versluninni og verslunin hefur fengið leyfi til þess að velta slíkri vaxtabyrði af sér út í verðlagið. Því á óneitanlega að skila aftur í lækkuðu verðlagi ef vextirnir verða lækkaðir.

Ég tel líka að við núv. kringumstæður eigi að framkvæma það, sem fyrrv. ríkisstj. lagði til í sínu frv. en náði ekki fram, og reyndar sú stjórnarandstaða, sem þá var og nú er komin til valda í landinu að verulegu leyti, Sjálfstfl., talaði um sem sína stefnu, að nú eigi að taka upp að færa niður hin háu ríkisútgjöld, t. d. um 1 500 eða 2 000 millj., og þá tek ég fram að ég álít að þessi niðurfærsla þurfi að vera á öðrum en beinum nauðsynlegum framkvæmdum. (Gripið fram í.) Rekstrarkostnaðurinn hækkaði gífurlega, eins og hv. þm. hlýtur að muna frá

afgreiðslu fjárlaga þegar rekstrarútgjöldin hækkuðu um 67% hjá ríkinu á milli ára. En ef ríkið tæki á þennan hátt þátt í sparnaði væri vitanlega hægt að nota þessa fjármuni í almennar dýrtíðarráðstafanir.

En það er auðvitað ekkert nýtt, það gerðist bæði þegar ég var í ríkisstj. og gerist ábyggilega nú, að það verða til ýmsir menn sem styðja ríkisstj. sem sjá ekki mikla möguleika á því að færa niður útgjöldin hjá ríkinu, þótt þeir sjái alltaf leiðir til þess að færa niður útgjöld hjá mörgum öðrum. En ég er eigi að síður á þeirri skoðun að þetta sé hægt og það þurfi að gera þetta og það sé engin von til þess að menn nái fram þessum sparnaði hjá almenningi í landinu ef ríkið leggur ekki þarna almyndarlaga upphæð fram. Það má svo einnig athuga um það í versta tilfelli, ef menn eru hræddir um afkomu ríkissjóðs, að það eru til ýmsar aðrar leiðir til þess að drýgja tekjur ríkisins heldur en að ríkið byggi á þeim tekjum sem það byggir á í dag. Það er enginn vafi á því að það fer talsvert af hinum háa söluskatti fram hjá ríkissjóði, skilast aldrei þangað. Það ætti að efla eftirlit og drýgja söluskattstekjurnar, sem koma beint í ríkissjóð, með skarpara eftirliti. Að mínum dómi mætti einnig hækka tekjuskatt af hæstu tekjum í landinu frá því sem nú er, a. m. k. *tímabundið á meðan við glímum* við þá erfiðleika sem við er að glíma nú. Og það er auðvitað gefið mál að allur samkomulagsgrundvöllur við launþegasamtökin í landinu verður að hvíla á því, að um það sé samið að halda uppi fullri atvinnu og alveg fullri nýtingu þeirra framleiðslutækja sem við eigum. En þá verður líka að vera full alvara á bak við það að standa við slíkt, því að menn eru orðnir býsna þreyttir á almennum yfirlýsingum, sem nú koma t. d. frá þessari hæstv. ríkisstj. í sífellu, um það að hún ætli að sjá um að byrðunum verði réttlátlega skipt og allt sé þetta miðað við fulla atvinnu o. s. frv. En það er auðvitað enginn vafi á því, eins og þessar till. allar birtast, að þessum byrðum er ekki réttlátlega skipt, þó að menn tali um það, og það eru engar líkur til þess að þessar till. tryggi að það verði full atvinna hér um allt land.

Ég vil aðeins bæta því við það sem ég sagði áður, til vonar og vara, að ég efast ekkert um að ég fæ að heyra það nú eins og stundum áður að ég vilji ekki horfast í augu við þann vanda sem við sé að glíma hjá atvinnuvegum okkar, hjá sjávarútveginum, ég sé of smátækur í því hvernig eigi að leysa þann vanda. Aðrir geta að sjálfsögðu státað af því að þeir leggi fram hærri fjárhæðir, það er rétt. En ég er sannfærður um það, að ef þetta væri framkvæmt sem ég hef bent hér á, þá kæmi það útgerðarrekstrinum í landinu að meira gagni en gengislækkunarkollsteypa sem er búin eftir örfáa mánuði.

Hvernig skyldi standa á því að útgerðin skuli ekki búa við ágætan hag í dag að hún skuli bera sig eins og hún gerir, eins og hún segir í sínum skýrslum, sem ég tek með miklum fyrirvara nú eins og áður? Hvernig skyldi standa á því eftir allar þær gengisbreytingar sem ég hef minnst hér á og er staðreynd að hafa átt sér stað? Það er vegna þess að gengislækkanirnar éta sig upp sjálfar á tiltölulega skömmum tíma. Hér þarf að leita annarra ráða.

Ég get tekið undir það sem hér hefur verið sagt, að m. a. vegna stórversnandi viðskiptakjara þjóðarinnar, — það er staðreynd að margar innfluttar vörur til landsins hafa hækkað gífurlega í verði og veldur okkur auðvitað stórkostlega auknum útgjöldum, — ég get tekið undir það með mönnum að það á að reyna að gera ráðstafanir til þess að við spörum notkun á þessum vörum eins og mögulegt er. Ég vil t. d. styðja allar till. sem væru í þá átt að við, sem munum vera ein allra mesta sykurneysluþjóð í heiminum, minnkuðum svolítið sykurátið eftir að sykurinn hefur hækkað jafngífurlega í verði og raun er á. Ég tel líka að við getum komið fram sparnaði í brennsluolíunotkun, bensínnotkun og olíunotkun og það á að gera ráðstafanir í þessa átt. Og það er ábyggilega hægt að skapa allbreiða samstöðu um það. En ég dreg mjög í efa að það verði mikill árangur af gengislækkunarleiðinni í þessum efnum. Auðvitað á bensínlítrinn, sem er kominn upp í 51 kr. að hækka um 5—6 kr. Þegar þessi gengislækkun er gengin yfir. En þegar allar aðrar innfluttar vörur hækka um 25%, hvað margir draga þá við sig notkun á þessari vöru? Ég held að gengislækkunarleiðin sé ekki sú leið sem við eigum að fara fyrr en í síðustu lög.

Svo vil ég aðeins bæta þessu við: Ég tel að það sé á því mikil nauðsyn, að allir hv. alþm. og sem allra flestir í þjóðfélaginu leggi það á sig að kynna sér vel þær skýrslur sem fyrir liggja, m. a. frá Þjóðhagsstofnuninni, án þess þó að taka þegjandi við öllu því sem þar stendur, að þeir reyni að skapa sér eðlilega skoðun á því, sem fyrir liggur hafandi í huga að þessi stofnun, sem hefur á að skipa ágætum starfsmönnum á margan hátt, hefur hvað eftir annað lagt fyrir okkur skýrslur með stuttu millibili og orðið að játa að fyrri skýrslur fengju ekki staðist. Og það er rangt, sem hér hefur verið sagt, að það hafi gerst einhver snögg breyting nú nýlega, bæði í innflutningsverði og útflutningsverði. Þannig er þessu ekki varið. Það er rétt að sá vandi, sem menn áttu að vita um og vissu um að meira eða minna leyti að lá fyrir í septembermánuði, hefur verið að koma enn betur í dagsljósið nú en áður, og svo hefur það verið að sannast í reyndinni að gengislækkunin, sem ákveðin var 2. sept., hefur komið að harla litlum notum. Sem sagt, skýrslurnar sem við fengum í sept., þegar átti að leysa allt með gengislækkun, voru rangar. Skýrslurnar, sem við fengum dagana fyrir jólin, þegar við vorum að afgr. fjárlögin, reyndust rangar. Því er sanngjarnt að við tökum þær skýrslur, sem nú eru lagðar fyrir, og skoðum þær og fellum okkar eigin dóm yfir þeim eftir að við höfum athugað þær í kyrrð og næði. Ég a. m. k. áskil mér alveg fyllilega rétt til þess að hafa mínar skoðanir á þessum málum, hvað svo sem sett verður í þessar skýrslur.

Að lokum vildi ég segja það, að við í Alþb. viðurkennum að það er við margvísleg vandamál að glíma í efnahagsmálum okkar. Það er alvar-

legt ástand sem við stöndum frammi fyrir varðandi gjaldeyrisvarasjóðinn. Þar þarf að beita hömlum sem duga. Við þurfum að tryggja að framleiðslutæki okkar verði öll notuð og nýtt til fulls, og útflutningsatvinnugreinar okkar verða að bera sig og geta staðið undir sæmilegum lífskjörum þeirra sem við framleiðsluna vinna. Við viljum taka þátt í að reyna að leysa þennan vanda og halda hér uppi fullri atvinnu. En við viljum leita allra ráða annarra en gengislækkunar og teljum það hið mesta óvit að ætla að æða út í eina gengislækkunina af annarri og það jafnvel án þess að huga að því alvarlega ástandi sem er nú á okkar vinnumarkaði í sambandi við stöðuna í kjaramálum. Það þarf ekki mikið að koma þar við til þess að þar verði alvarleg stöðvun. En slíkri stöðvun fylgir auðvitað stórminnkandi framleiðsla í þjóðarbúinu.

Ég ítreka það svo að við Alþb.-menn erum andvígir þessari gengislækkun, en erum enn sem fyrr reiðubúnir til samstarfs við stjórnvöld um að leita annarra ráða til þess að ná þeim meginmarkmiðum sem ég hef verið að lýsa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ein af þeim meginröksemdum sem forustulið Framsfl. beitti á s. l. sumri í þeirri varnarbaráttu, sem forusta þess flokks háði þá vegna þess axarskafts þegar formaður Framsfl., núv. hæstv. viðskrh., hljóp til og myndaði ríkisstj. fyrir form. Sjálfstfl., var sú að nú þyrfti að mynda sterka, heilsteypta ríkisstj. sem væri þess megnug að snúast gegn þeim mikla vanda sem þá hafði verið málaður á vegginn varðandi efnahagsmál þjóðarinnar. Í öllu þessu tali forustuliðs Framsfl. bar það hæst að stjórn sú, sem nú situr, væri hin eina og sanna sem til þess væri líkleg að ráða við allan þennan vanda.

Nú eftir tæplega 1/2 árs setu sjá allir Íslendingar afrakstur þessarar sterku ríkisstj., stjórnvisku hennar og kænsku að því er varðar lausn þess vanda sem við hefur verið að glíma í efnahagsmálum. Ég hygg að vart finnist, þó að lengi sé leitað og vel, dæmi annars eins ráðleysis og verið hefur innan núv. hæstv. ríkisstj. og ríkisstjórnarflokkanna í heild að því er varðar lausn þeirra vandamála sem upp hafa komið. Ráðh. sjálfir, skipstjórinn á skútunni, stýrimaðurinn og fleiri hafa vart vitað sitt rjúkandi ráð til hvers skyldi grípa í þessum efnum. Það er búið að taka núv. ríkisstj. á annan mánuð að koma sér saman um þær leiðir eða þá leið, hvort heldur orðalagið er notað, sem þessir ríkisstjórnarflokkar gætu hugsanlega orðið sammála um. Síðast seinni hluta dags í gær hafði hinn óbreytti þm. úr þingliði Framsfl. ekki hugmynd um til hvaða ráðstafana ætti að grípa. (Gripið fram í). Nei, því er nú verr og miður, hv. þm., að það var ekki svo. En hafi einhver eða einhverjir efast um það að Sjálfstfl. tækist að teyma forustulið Framsfl. inn á þær brautir til lausnar efnahagsvandanum sem viðreisnarstjórnin sáluga hafði að leiðarljósi, þá mega þeir nú vera um það fullvissir að það hefur tekist á tiltölulega skemmri tíma en ætla mætti, enda nú orðið svo innan þingliðs Framsfl. að fáir eru orðnir þar eftir sem eru taumskakkir að því er varðar forustuna í þeim flokki. Þeim hefur fækkað æðimikið frá því sem áður var og voru þeir þó ekki margir fyrir.

Þess hefur orðið vart í umr. og þó sérstaklega nú að undanförnu, að hæstv. viðskrh., fyrrv. forsrh., ásamt fleiri forustumönnum Framsfl., hafa barið sér á brjóst og látið þau orð falla að sá vandi, sem nú er við að glíma, hefði verið minni hefði þingheimur á s. l. vori verið jafnyfirfullur ábyrgðartilfinningar og þeir að eigin sögn hafa sjálfir verið þá. Þeir framsóknarmenn hafa mikið um það talað að þá hafi Framsóknarforustan, Framsfl. í heild, verið hinn ábyrgi aðili í íslenskum stjórnmálum, hinn eini ábyrgi aðili sem hafi þá viljað taka ábyrga afstöðu, lagt fram till. til úrlausnar sem að gagni mættu koma.

Ég held að hefði hæstv. fyrrv. forsrh. viljað hlusta á þær till. og ábendingar, sem við í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna höfðum þá uppi gagnvart þeirri stefnu sem forsrh. vildi þá beita sér fyrir, íhuga þau varnarorð og fara þær leiðir sem við bentum á, þá væri ekki komið eins og komið er, því að það hefur verið ljóst og ætti að vera ljóst öllum þeim, sem fengist hafa við stjórnmálaforustu á undanförnum árum og áratugum, að efnahagsmál verða ekki leyst í fullkominni andstöðu við verkalýðs- og launþegahreyfinguna í landinu. Það hefði fyrrv. forsrh. átt að gera sér ljóst og það ætti núv. hæstv. forsrh. og ríkisstj. í heild líka að gera sér ljóst.

Ég held að engum detti í hug að halda því fram að nú sé ekki við talsverðan vanda að glíma í efnahagsmálum þjóðarinnar, og ég veit ekki til að nein slík rödd hafi fram komið hér á Alþ. eða í fjölmiðlum af hálfu stjórnmálamanna. Hitt deila menn um og greinir á um, hvaða leiðir skuli fara til lausnar þeim vanda, til þess að þeim byrðum, sem bera verður, verði réttlátast skipt.

Ég held að það sé nauðsynlegt að rifja aðeins upp með örfáum orðum það sem gerðist í þeim stjórnarmyndunarviðræðum sem fram fóru á milli vinstri flokkanna á s. l. sumri, þegar reynt var, að vísu að sumra áliti af takmörkuðum áhuga og vilja sumra aðila, að koma á vinstri stjórn eftir kosningarnar sem fóru fram á s. l. sumri. Þetta er nauðsynlegt að rifja upp, vegna þess að sú leið, sem núv. ríkisstj. valdi, og þau úrræði, sem hún taldi duga í sept. s. l., hafa nú reynst æðihaldlítil þegar til þess hefur komið að ráða fram úr þeim vanda sem við var að glíma. Ég tel að sú gengisfelling, sem nú hefur verið ákveðin, sé í reynd játning á algjöru skipbroti þeirrar stefnu sem núv. ríkisstj. tók upp strax við valdatöku á s. l. sumri.

Í þeim viðræðum, sem fram fóru milli vinstri flokkanna á s l. sumri um stjórnarmyndun, gerðum við í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna ákveðnar till. um hvaða leiðir við teldum að bæri að fara varðandi þann vanda sem þá var við að glíma og við blasti. Þessi leið var fyrst og fremst niðurfærsluleiðin, og sú afstaða okkar byggðist fyrst og fremst á því að sú leið, ásamt öðrum ráðstöfunum, yrði til þess líklegust að jafna það bil sem orðið hafði í þeim samningum sem gerðir voru í febr. 1974, samningum sem ég tel að hafi nánast verið hneykslí að því leyti sem snýr að samningum sem gerðir voru umfram rammasamning Alþýðusambands Íslands. Niður-

færsluleið hefði haft það í för með sér að hún hefði verndað kjör þeirra sem minnst fengu út úr þeim samningum, en tekið til baka af hinum sem fengu langtum meira, voru hærra launaðir og fengu langtum meira en þeir lægst launuðu fengu, sem þó var yfirlýst stefna Alþýðusambands Íslands og verkalýðshreyfingarinnar í heild. Við bentum samhliða þessu á ýmsar aðrar ráðstafanir sem gera þyrfti, m. a. um aukinn skyldusparnað, t. d. í formi þess að allir, sem hefðu yfir eina millj. í útsvarsskyldar tekjur, skyldu leggja til hliðar í skyldusparnaði ákveðna upphæð af sínum tekjum, aukin yrði skattlagning á þeim gróða sem skapast við sölu fasteigna, skattaeftirlit yrði hert, verðtrygging sparifjár og fjárskuldbindingar yrði sett á.

Hér hef ég nefnt aðeins nokkur atriði af þeim sem bent var á samhliða niðurfærsluleið, eins og við lögðum þá til að væri farin. Við bentum fyrst og fremst á þessa leið til þess að það skapaðist umræðugrundvöllur, m. a. við verkalýðshreyfinguna, um leiðir út úr þeim vanda, sem við var að fást, og á þann veg væri verkalýðshreyfingin í heild gerð ábyrgari fyrir þeim axarsköftum, sem ég vil kalla, eða þeim mistökum sem gerð voru við gerð kjarasamninganna í febr. s. l. Og við vorum ekki einir um það að telja að þessi leið væri raunhæfust, miðað við það ástand sem þá var í þjóðfélaginu. Bæði þáv. hæstv. forsrh., form. Framsfl., og núv. form. þingfl. Alþfl., fyrrv. form. þess flokks, lýstu báðir yfir því að þeir teldu þessa leið vera þá raunhæfustu og til þess fallna að ná sem mestum árangri. En þá brast þessa reyndu stjórnmálaforingja kjark til þess að reyna til þrautar, láta á það reyna hvort framkvæmanlegt væri að fara slíka leið.

Ekki höfum við enn, og ég tel ástæðu til að nefna það hér, fengið þá úttekt af hálfu Þjóðhagsstofnunar, sem við óskuðum eftir á þessari leið til samanburðar við þær leiðir til lausnar vandans sem núv. ríkisstj. hefur haft að leiðarljósi og farið. Ég vil hér með eindregið mælast til þess við hæstv. forsrh. að hann hlutist til um að slík úttekt á niðurfærsluleið, miðað við þær aðstæður sem voru á s. l. sumri, þegar þetta var lagt til, verði gerð og við fáum hana í hendur.

Það hefur vissulega margt gerst á sviði efnahagsmála frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þótt ekki sé langur tími liðinn síðan. Þær eru margar sendingarnar sem hinn almenni launþegi í landinu hefur fengið frá núv. hæstv. ríkisstj. og þær eru flestar, ef ekki allar, heldur slæmar, vægast sagt. Ein af fyrstu ráðstöfunum stjórnarfl. var hækkun á öllu búvöruverði í landinu án þess að kaupgjald ætti að hækka, 17% gengisfelling, 2% hækkun á söluskatti, hækkun raforkuverðs, hækkun bensínsskatts, ráðstafanir í sjávarútvegi, sem færðu hundruð millj. frá sjómönnum til útgerðarmanna og þyddu í reynd a. m. k. 10—12% lækkun á umsömdum kjörum sjómanna frá því sem var. Og þrátt fyrir þær láglaunabætur, sem ákveðnar voru þá, hefur orðið stórfelld kjaraskerðing, ekki bara hjá þeim sem kannske mættu teljast til þeirra hærra launuðu, heldur líka hjá þeim lægst launuðu í hópi launþega. Það er talið að bein kjaraskerðing á mánuði yfir tímabilið okt.—des. sé tæplega 4 þús. kr. á hverjum einasta mánuði hjá manni með innan við 40 þús. kr. mánaðartekjur. Enn heggur núv. hæstv. ríkisstj. í sama knérunn.

Það var nokkuð fróðlegt að hlýða á ræðu hv. 9. þm. Reykv. hér áðan, þegar hann var að rifja upp það sem varast bæri þegar verið er að framkvæma aðgerðir til lausnar efnahagsvanda, þ. e. a. s. ef þær aðgerðir ættu að hafa einhvern tilgang. Það hefur óneitanlega minnt hv. 8. þm. Reykv. á þær leiðir sem farnar voru á 12 ára skeiði viðreisnarstjórnarinnar, því tímabili þegar þessir hv þm. báðir tveir voru í stjórnarsamstarfi, því að hann, hv. 8. þm. Reykv., greip einmitt fram í og spurði: „Kannast þm. eitthvað við þessar leiðir?“ Enda er það svo, og það held ég að öllum hljóti að vera orðið ljóst eftir það sem nú hefur gerst, að núv. hæstv. ríkisstj. virðist ætla að fylgja dyggilega í kjölfar þeirrar efnahagsstefnu sem hér réð ríkjum um 12 ára skeið undir kjörorðinu „viðreisn“, — efnahagsstefnu sem varð þess valdandi og verður þess valdandi, verði henni beitt, að hætt er við að heilir landshlutar skaðist meira eða minna og verði eins og þeir voru í tíð viðreisnar og verði, ef fram heldur sem horfir í tíð núv. ríkisstj., gersamlega sveltir og vanræktir að því er varðar eðlilega uppbyggingu og nauðsynlega uppbyggingu sem þar þarf að vera.

Við erum þeirrar skoðunar að gengisfelling við þær aðstæður, sem nú ríkja í þjóðfélaginu, verki álíka og að olíu sé skvett á eld. Það kæmi mér ekki á óvart, eftir að hafa hugleitt þessi mál og hlýtt á forsvarsmenn þeirra atvinnugreina í landinu sem talið er að verið sé að bjarga, að það mundu ekki líða 5, ekki 6 mánuðir til næstu gengisfellingar, — það kæmi mér ekki á óvart þó að slík ráðstöfun ætti sér stað innan 3 mánaða, eins og mál standa og horfa í dag. Eftir þá stórkostlegu kjaraskerðingu sem átt hefur sér stað í tíð núv. ríkisstj. hjá láglaunafólki í landinu, þá hélt ég að það væri ekki á bætandi með áframhaldandi kjaraskerðingu og það ekkert lítilli og áfram haldið að höggva í þann knérunn sem síst skyldi, vitandi að hvert einasta verkalýðsfélag í landinu, hvort sem er um að ræða verkalýðsfélag eða sjómannafélag, er með lausa kjarasamninga og stendur nú í samningaviðræðum, bæði við vinnuveitendur og ríkisvald. Það er augljóst mál, að gengisfelling við þessar kringumstæður greiðir ekki fyrir því að eðlilegir og sanngjarnir samningar að því er varðar láglaunafólkið fyrst og fremst fáist eftir það sem nú hefur gerst. Meira að segja einn af helstu talsmönnum útgerðarmanna í landinu, form. Landssambands ísl. útvegsmanna, lýsti því yfir í dag, síðari hluta dags, að allur sá vandi sem útgerðin hefði staðið frammi fyrir áður en gengisfellingin átti sér stað verði óleystur að henni lokinni.

Það er því ljóst að einhverjar aðrar ráðstafanir hljóta að fylgja í kjölfar þess sem nú hefur gerst. Um þær ráðstafanir er að sjálfsögðu ekkert hægt að fullyrða og verður ekki gert fyrr en þær sjá dagsins ljós. En ekki kæmi mér á óvart þó að innan ekki langs tíma sæju launþegar í landinu fram á ráðstafanir sem væru þess eðlis að þær gætu leitt til styrjaldar á vinnumarkaðnum. Ég held, hvað sem öllu áliti forustuliðs Framsfl. líður og hvað sem öllu áliti hæstv. rík-

isstj. líður um það að sterk ríkisstj. sé við völd á Íslandi, þá ætti hún að hafa hugað að því, sem á eftir kemur við slíka ráðstöfun sem þessa, og líka að huga að því, sem á undan er gengið af hennar eigin völdum. Það liggur ótvírætt fyrir að núv. hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir að sá vandi, sem nú er við að glíma, hafi stórkostlega vaxið frá því hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum.

Nei, öllum ætti að vera ljóst, ekki síst þeim sem fengist hafa við stjórn efnahagsmála um langt árabil, að gengisfelling eða gengisfellingar upp á 35—40% á hálfu ári geta varla leitt til neins góðs í stjórn efnahagsmála eins og málum hefur verið háttað. Mín síðustu orð, a. m. k. að þessu sinni, skulu vera þau að við í SF erum andvígir þeirri efnahagsstefnu sem núv. ríkisstj. hefur fylgt og virðist ætla að fylgja, við erum andvígir þeirri gengisfellingarstefnu sem hún virðist hafa sett sér að leiðarljósi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég satt að segja ætlaði ekki að koma hér upp í ræðustól í kvöld til að halda uppi vörn fyrir hæstv. ríkisstj., heldur frekar til að finna að við hana. En þar sem fyrri ræðumenn hér í kvöld hafa nokkuð haft á orði fyrri ríkisstj. og að mér finnst heldur ódrengilega vegið að núv. ríkisstj., þá get ég ekki varist því að hafa nokkur orð þar um.

Það mátti að sjálfsögðu heyra á hv. síðasta ræðumanni að hann hefur, eins og ég á framundan, verið til lækninga að undanförnu og bítur fast saman tönnum, þótt gleymst hafi að setja í hann hljóðkútinn eins og við óskuðum eftir hér í þingdeild. En skrýtið er það þegar þessi þm., sem var einn aðal- og snarpasti stuðningsmaður fyrri ríkisstj., fer að tala um að skvetta olíu á eld og bera saman tvær gengislækkanir. Fyrri gengislækkunin, sem núv. ríkisstj. hefur staðið að, var til þess að betrumbæta það ástand sem þá hafði skapast, m. a. vegna aðgerða þessa hv. þm. Það, sem nú er verið að gera, er að koma á móti hinu stórversnandi viðskiptaástandi sem Ísland á í við aðrar þjóðir, minnkandi afla, lækkandi verðlagi og öðru þess háttar, sem ég þykist ekki þurfa að hafa frekari orð um við jafnskynsaman bolvíking og þann sem hér talaði áðan. Hitt skal viðurkennt, að ég hef til skamms tíma talið að leið þessi, gengislækkunarleiðin, væri hin versta leið sem farin væri. Það var ekki fyrr en nú fyrir nokkrum dögum, að lagðar voru fyrir okkur þm. staðreyndir þessa alvarlega máls og ég gat ekki annað en viðurkennt að við verðum að fara, a. m. k. að hluta, þessa leið. En ég er hins vegar ekki enn sammála ríkisstj. um það að við þurfum að stíga svona stórt spor, heldur eigum við þrátt fyrir þau orð, sem hv. form. þingfl. Alþfl. lét hér falla í kvöld, að fara blandaða leið, og reyndar mun það vera skoðun hv. form. Alþb. líka, eftir því hvernig skilja má hann hverju sinni sem hann talar. Hann er einn þeirra manna sem geta talað með tungum tveim hvenær sem hann kemur hér upp í ræðustól. En þar á ég að sjálfsögðu við hv. þm. Lúðvík Jósepsson, og hefur þó líklega sjaldan verið skynsamlegri ræða af honum flutt en einmitt nú í kvöld. Hann bent á hin mörgu stóru vandamál sem sjávarútvegurinn á við að stríða um þessar mundir og reyndar fleiri aðilar.

Það sem bæði ég og aðrir, sem hér hafa talað í kvöld, verða að benda á í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir, um leið og nauðsyn aðgerða er viðurkennd, er sú staðreynd að ekki liggur enn þá fyrir neitt um það hvað á að koma til hliðar með þessu frv. Hvernig á að koma á móti fátæka fólkinu í landinu? Hvernig á að koma á móti hinum sjúku, öldruðu og öryrkjum? Hvernig eigum við að koma einu sinni enn á móti þeim mönnum, sem mest hefur verið gengið á, sjómannastéttinni? Það hefur ekkert legið fyrir um það nú í dag í sambandi við þetta frv. Á að vega enn í sama knérunn og gert var í haust? Ég segi nei, það mun aldrei ganga. Og þegar talað er um að ná samstöðu og samningum við íslenska launþegahreyfingu, þá er það fyrsta stigið til þess að það muni ekki nást, ef svo verður gert. Hins vegar segi ég ekki að ef hæstv. ríkisstj. býður upp á samninga við sjómannastéttina um þetta mjög erfiða atriði, sem er þeirra helgi réttur, sem er samningurinn við gagnaðilann, þótt gagnaðilinn, útgerðarmennirnir vilji hverju sinni komast fram hjá þessu samningsatriði sínu þegar þeir geta og þá með hjálp löggjafans, að ef hægt verður að semja um þetta, þá tel ég vel farið. En það kostar líka samninga, það kostar tilboð og það verða engir samningar gerðir nema tilboð liggi fyrir. Það þekkja allir sem til samninga ganga. Auk þess, um leið og þeir verða e. t. v. að gefa eitthvað eftir, þá hlýtur það að verða grundvallarkrafa þeirra að það verði einhverjir aðrir sem gefa eftir líka og kannske þá fyrst og fremst þeir sem hafa alltaf sífelldan hagnað af því að gengisfelling er framkvæmd. Er það tryggt í væntanlegum ráðstöfunum ríkisstj? Ég spyr.

Við lásum í blöðum í gær að landbúnaðurinn kvartar nú yfir því að áburðarverð hækki um á annan milljarð. Við vitum að það mun koma inn í búvöruverð. Ef við ættum að leysa þann vanda er þeir kvarta um, að þeir fái ekki fé til niðurgreiðslu, ef við ættum að leysa þann vanda á sama hátt og lagt hefur verið til og gert við sjómenn á undanförnum árum, þá ættu bændur sjálfir að leggja saman og borga þetta niður. Það er hin rétta leið fyrir þá. Auðvitað geta launþegar ekki og munu ekki þola að hún fari óbreytt út í búvöruverð, sú verðlagshækkun sem nú mun dynja yfir ásamt öðrum verðhækkunum eða enn ein óðaverðbólguholskeflan. Það er það, sem ég hef haft á móti í sambandi við gengisfellingu. En við þetta verðum við að horfast í augu, og það kemur auðvitað fyrst og fremst niður á launþegum þessa lands.

Hitt er líka rétt, sem fram hefur komið hjá málsvörum ríkisstj., að gengisfellingin mun fyrst ná tilgangi sínum í því að við munum fá áfram afgreiðslu á bensíni og olíu erlendis og neysluvörum til þjóðarinnar, en eins og er verðum við að telja okkur gjaldþrota. Það er ekki eingöngu vegna versnandi viðskiptakjara á síðustu 5 mánuðum heldur þeirrar þróunar sem skapaðist í tíð fyrrv. ríkisstj. Það verður hv. bolvíkingur að viðurkenna líka.

Það er auðvitað hárrétt, sem kom fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að það er ekki nóg

að tala um það að við náum flotanum frá bryggju, sem ég þó efast að náist, miðað við núverandi aðstæður, nema samningum verði náð við sjómenn og reyndar fleiri aðila og þá kannske fiskverkunarfólk um leið. Við verðum að fá hreinar og skýrar yfirlýsingar um að það kerfi, sem nú gildir fyrir flotann, verði skorið upp, vátryggingakerfið, þar sem sterkur grunur leikur á um að viðgerðir og viðhald að þó nokkuð miklu leyti falli undir, í stað hreinna trygginga við slys og annað þess háttar, það sé borgað þar í gegnum. Þetta kerfi verður að breytast. Sjálfsábyrgð útgerðarmanna verður að vera miklu meiri en er í dag. Sama gildir auðvitað um olíukostnaðinn, þegar útgerðarmaður eða skipstjóri þarf að borga tæpar 6 kr. fyrir olíulítrann, sem á raunverulega að kosta nær 17 kr., getur kannske sparað 3—4 lítra á því að spara sér of mikla keyrslu á síðustu einni til tveim mílunum. Það verður að veita þeim nokkurt aðhald í því að þeir misnoti þetta ekki.

Svona er auðvitað um allar opinberar greiðslur og uppbætur sem við búum við, að við eigum alltaf von á misnotkun á þessu sviði og við verðum að veita mönnunum sjálfum meira aðhald en nú er í sambandi við a. m. k. þessi tvö atriði og reyndar mörg fleiri. Þetta kannske stangast á hjá mér í sambandi við tryggingarnar á skipunum sjálfum, vegna þess að ég hef oft gert ítrekaðar kröfur til þess að tryggingar verði borgaðar hins vegar úr sameiginlegum sjóði eða af hinu opinbera þegar mannslíf eru annars vegar, og ég tel það síst þýðingarminna en þegar skipsskrokkurinn á í hlut. Þess vegna held ég mig enn þá við þá skoðun mína.

Síðustu ræðumenn hafa mörg orð haft um það að þessi ríkisstj. hafi nú aftur gripið til gengislækkunar. Og ég segi: því miður hefur hún gripið til þess. Ég hef tekið það fram líka, að ég tel þó skömminni skárra að fara þá leið en þá sem lá fyrir í þeim till. sem þingflokkarnir fengu að sjá áður en þessi leið var valin, þótt ég hins vegar haldi að ráðh. hafi jafnvel verið búnir að velja þessa leið áður en til þess kom að við fengum þar um að fjalla. Samt sem áður vil ég beina því til núv. hæstv. ríkisstj. að hún athugi vel sinn gang í sambandi við álagningu beinna skatta á þjóðina samfara þessum ósköpum sem nú er verið að gera. Og jafnvel þótt við yrðum að byggja eitt frystihús og aðra verksmiðju í Neskaupstað, þá skulum við ekki vera að leggja á varanlegan skatt.

Hví má ekki ríkisstj. hlusta á till., sem kom fram í síðustu ríkisstj. frá þáv. hæstv. forsrh., að taka upp skyldusparnað? Hví var ekki hægt á síðasta hausti að verja þá kaup almennings með því að leggja á skyldusparnað? Það átti ekki að taka hann af öllum aðilum þjóðfélagsins. Það mátti byrja nokkru fyrir ofan láglaunauppbætur og taka svo hlutfallslega vaxandi upp í hæstu tekjur. Þá hef ég grun um að við hefðum ekki lent í því kaupæði sem við lentum í á síðustu mánuðum. Og ég bendi enn á þessa leið til þess að losna við beina skatta. Við erum þá ekki að leggja skatt á fólkið, en það lánar þjóðfélaginu í heild þessa peninga meðan við erum að komast út úr ríkjandi örðugleikum. Ef við trúum ekki á að við komumst út úr þessum örðugleikum á næstu missirum, þá skulum við undirbúa það að við fellum gengið að nýju eftir 9—11 mánuði. En ég hef þá trú að fiskverðið muni hækka á erlendum markaði á næstu missirum þótt engin batavon sé í dag, en þangað til það verður skulum við helst skulda þjóðinni. Mín till. til hæstv. forsrh. var fyrir nokkrum dögum að við gerðum það á þann hátt að við lánuðum verðjöfnunarsjóðum sjávarútvegsins þetta fé og þá auvitað með litlum vöxtum, en hins vegar gæti ríkissjóður þá hlaupið undir að nokkru leyti, en þegar svo verðhækkun yrði erlendis byrjuðu verðjöfnunarsjóðirnir að borga almenningi þessa fjárhæð. Ég sé ekkert að því að fara þessa leið í stað beinnar skattheimtu, og ég tel hana ólíkt geðslegri leið en að fara í stórfellda gengisfellingu sem þýðir almenna verðhækkun, óðaverðbólgu í þjóðfélaginu, nema þar verði komið mjög hart á móti, sem við eigum eftir að sjá í till. ríkisstj.

Ég hef fyrir hönd þeirra samtaka, sem ég starfa í utan þings, sjómannasamtaka, sent ríkisstj. ákveðna till., án þess að við höfum nokkuð vikið til baka um þær kröfur sem sjómannasamtökin hafa gert, og ég veit að þau standa við það boð, sem þau hafa líka látið þar fram koma um að reyna að leita efnislegrar lausnar á þeim vanda sem við búum við, um leið og þau bentu á ákveðnar leiðir. Ég skal fúslega viðurkenna að þær ábendingar koma ekki nema að litlu leyti á móti þeim vanda, sem síðar hefur komið í ljós að er fyrir hendi. En hæstv. forsrh. hefur boðið það að hann vilji heils hugar rétta fram höndina á móti þeim atvinnustéttum, sem nú búa við það að vera með lausa samninga og verða þyngst fyrir barðinu á þeim aðgerðum, sem nú er verið að gera, og hafa orðið. Og vegna þess að þeir tveir ráðh., sem ég hef mesta trú á, hafa með þetta gera, hann og sjútvrh., þá vænti ég þess að við fáum að sjá innan skamms eitthvað af þessum till. þeirra og reyndar annarra ráðh. líka, sem eiga að fjalla um vandamálið í heild og koma með till. til lausnar hinum ýmiss konar vanda sem skapast af gengisfellingunni sjálfri. Það eru ekki aðeins þessir tveir ráðh., heldur og öll ríkisstj. sem auðvitað verður að vera sammála þar um.

Ég sagði það í byrjun að ég harmaði að þessi leið hefði verið farin, þótt ég viðurkenni að það hefði þurft að fara hana að nokkru. En ég segi enn: Við skulum ekki fara svona djúpt í þetta, við skulum reyna að leysa þetta með samhliða aðgerðum. Við skulum reyna að taka þetta inn með sparnaði þjóðarinnar, með öðrum aðgerðum og með því, sem ég tel mikilverðast og hér var bent á af hv. þm. Austf., Lúðvík Jósepssyni, að skera á hjá útgerðinni, því að útgerðarmenn eru ekki heilagar kýr í þessu þjóðfélagi frekar en íslensk bændastétt, — og hafðu það, Sverrir Hermannsson!

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vek athygli þingheims á því að sá maður, sem lauk hér máli sínu með þeim orðum: „Og hafðu það, Sverrir Hermannsson," — sá maður sem lýsti ástandinu þannig, að hann teldi þjóðina nú gjaldþrota eftir setu núv. ríkisstj., — sá maður sem

sagði: „Ég veit ekki meir," — sá maður sem spurði: „Hvað um verkalýðshreyfinguna?" — sá maður sem sagði: „Hvaða ósköp eru að gerast?" — sá maður sem sagðist mótmæla þeim fyrirætlunum ríkisstj. að leggja á nýja skatta, — sá maður sem sagði: „Afleiðingarnar af þeim aðgerðum, sem nú er verið að tilkynna, eru óðaverðbólga í þjóðfélaginu," — þessi maður, hv. 8. þm. Reykv., er þm. kjörinn hingað á Alþ. af Sjálfstæðisfl. Þetta er dæmi um þá upplausn sem nú ríkir í stjórnarherbúðunum. Þetta er dæmi um það ósamkomulag sem nú ríkir milli stjórnarflokkanna. Þetta er dæmi um það að jafnvel stuðningsmenn ríkisstj., sem fylgja verkalýðshreyfingunni að málum, gera sér nú ljóst hvað er að gerast. Þetta er dæmi um skoðanir Péturs Sigurðssonar, „og hafðu það, Sverrir Hermannsson."

Þetta er í annað skiptið á tæpum 5 mánuðum sem núv. ríkisstj. leggur til alvarlegrar atlögu við lífskjör almennings í þessu landi. Þetta er í annað skiptið á innan við hálfu ári sem til gengisfellingar er gripið. Og hvaða tími er valinn til þess að grípa til þessara ráðstafana? Það er valinn sá tími þegar verkalýðshreyfingin stendur í samningaviðræðum við hæstv. ríkisstj. til þess að reyna að rétta hlut sinn frá síðustu árásum hæstv. ríkisstj. á almenning og launþega í þessu landi. Við eigum að baki ár með 50% verðbólgu. Við eigum að baki ár með 36% kjaraskerðingu. Verkalýðshreyfingin hefur komið að máli við ríkisstj. og viljað semja við hana um einhverjar bætur fyrir þessa árás ríkisstj. Verkalýðshreyfingin hefur boðið hæstv. ríkisstj. samstöðu, hún hefur boðið henni samkomulag, hún hefur rétt fram hönd sína á móti hæstv. ríkisstj. til þess að reyna að ná einhverju samkomulagi við hana um aðgerðir. Stjórnarandstaðan hefur gert það líka. Fyrir tveimur dögum var tilkynnt hér á Alþ., að stjórnarandstaðan væri reiðubúin til samningaviðræðna við ríkisstj. um hvernig eigi að leysa málið. En hvert er það svar sem hæstv. ríkisstj. gefur í kvöld? Það er hnefahögg í andlit verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Það er hnefahögg í andlit stjórnarandstöðunnar. Það er tilkynning um enn eina nýja árás á lífskjör almennings í þessu landi. Hún hefur tilboð stjórnarandstöðunnar að engu. Hún hefur tilboð verkalýðshreyfingarinnar að engu. Hún svarar með hnefahöggi í garð almennings í landinu. Það er hennar svar við tilboði verkalýðshreyfingarinnar, við tilboði stjórnarandstöðunnar um að reyna að taka þessi mál til sameiginlegrar úrlausnar með hæstv. ríkisstj.

Allt frá því, að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð hafa ráðh. hennar og aðrir málsvarar haft þungar áhyggjur af afkomu atvinnuveganna í þessu landi, afkomu forstjóranna, afkomu fyrirtækjanna. En það hefur verið minni áhyggjur að merkja á hæstv. ríkisstj. og málsvörum hennar fyrir afkomu heimila launþega í landinu. Morgunblaðið hefur ekki talað um það, Morgunblaðið hefur ekki haft áhyggjur af afkomu launþegafjörskyldnanna, Morgunblaðið hefur ekki haft áhyggjur af afkomu verkafólks, sjómanna og annarra launþegafjölskyldna. Nei, það hefur rætt um afkomu atvinnuveganna, um vanda fyrirtækjanna, um vandamál forstjóranna.

Ný ríkisstj. í þessu landi hefur hafið til valda nýja stétt, stétt forstjóranna, stétt fjármagnseigandanna. Þar ná Framsfl. og Sjálfstfl. saman. En þeir hafa gleymt annarri stétt manna. Þeir hafa gleymt öldruðum, þeir hafa gleymt öryrkjum, þeir hafa gleymt sjúkum, þeir hafa gleymt láglaunafólki, á sama tíma og þeir hafa staðið að yfir 50% verðbólgu á einu ári, yfir 36% kjararýrnun á einu ári. Þegar verkalýðshreyfingin réttir fram hönd sína og býður samstarf um að leita að lausn vandans, þá svarar ríkisstj. tveimur dögum síðar með nýrri áskorun, með nýrri ögrun, með nýrri árás á þessar stéttir.

Það hefur verið tekið hér fram, m. a. af hv. 8. þm. Reykv., Pétri Sigurðssyni, sem kjörinn var á Alþ. fyrir Sjálfstfl. í síðustu kosningum, að þessi ríkisstj. hafi enga heildarstefnu mótað. Hún hefur starfað meira en hálft ár, en allan þann tíma hafa aðgerðir hennar einkennst af smáskammtalækningum. Hæstv. ráðh. sem hér sitja — og er bara einn eftir nú — eru skottulæknar í íslenskum efnahagsmálum.

Það er mikið rætt um það af hæstv. ríkisstj. að atvinnureksturinn á Íslandi, fyrirtækin, forstjórarnir, þeir séu sjúkir. Hæstv. ríkisstj. lítur á sig sem einkahjúkrunarkonu þessara forréttindastétta. Og hvernig á að koma sjúklingnum til heilsu? Það á að beita bíldnum, beita skurðarhnífnum á blóðæðar almennings í landinu. Það er búið að gera það í hálft ár og það er verið að gera það enn. Það á að taka almenningi blóð til þess að veita því blóði inn í sjúkar æðar atvinnurekstrarins í landinu sem ríkisstj. segir nú að hangi á heljarþröminni. Bíldurinn skal brýndur, kutinn skal skerptur, almenningur skal skorinn. Það er ekki furða þó að Morgunblaðið æpi daglega: skera, skera, niður, niður, hausa, eins og slátrari á blóðvelli. Og hverja á að skera, skera? Hverjir skulu niður, niður? Hverja skal hausa, hausa? Það er almenningur í landinu. Það eru launþegarnir. Þetta er hróp Morgunblaðsins.

Það á að skera af launþegum í landinu allar þær kjarabætur sem þeir hafa unnið sér á umliðnum árum. Það á að skera sjúkrasjóðina, það á að skera atvinnuleysistryggingarnar, það á að skera af launþegum í landinu allar félagslegar réttarbætur sem þeir hafa unnið sér á umliðnum árum. Sá er boðskapur Morgunblaðsins.

Það er von að hæstv. ríkisstj. hvessi nú bíldinn einu sinni enn. Þeir hæstv. ráðh., sem í dag hafa tekið ákvörðun um að gera enn nýja atlögu að almenningi í landinu, gera sér það e. t. v. ekki ljóst, — og hlusta þú nú, Sverrir Hermannsson, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði hér áðan, — að láglaunafólkið í landinu hefur 34 þús. kr. í laun fyrir dagvinnu. Samkv. útreikningum um hvað venjuleg meðalfjölskylda á Íslandi þarf að hafa til að framfleyta sér þarf sú fjölskylda að hafa 75 þús. kr. Og ég spyr hæstv. ríkisstj.: Hvar á verkafólkið, sem nú er verið að segja upp í Keflavík, að ná þessum 40 þús. sem það vantar til þess að lifa mannsæmandi lífi? Hvar á fátækt iðnverkafólk í Reykjavík að ná þessum 40 þús., sem það vantar til að lifa mannsæmandi lífi? Ég spurði um þetta í sjónvarpsþætti fyrir viku. Þá spurði ég hæstv. sjútvrh.: „Það hefur verið tilkynnt af atvinnurekendum í Keflavík að nú stæðu yfir uppsagnir

á öllu láglaunafólki sem starfaði við fiskiðjuver í Keflavík. Hvað ætlar þú að gera? Hverju ætlar þú að svara þessu fólki?“ spurði ég hæstv. sjútvrh. Og hvert er svarið? 20% gengislækkun. Það er svarið, sem fiskverkafólkið í Keflavík fær frá hæstv. sjútvrh. og hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstj. Það var svarið sem hæstv. ríkisstj. gaf. Það var svarið sem hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, fékk áðan og gerði það að verkum að hann er hlaupinn úr þingsalnum. Það er svarið sem þessi hv. þm. gat ekki lengur undir setið og flýði því af þingi.

Okkur hefur verið sagt að afkoma sjávarútvegsins væri slöpp, fyrirtækin, forstjórarnir í sjávarútvegi væru að leggja upp laupana. Það hafa verið gerðir meðaltalsútreikningar á þessu sem eiga að sýna að allt sé í kaldakoli í sjávarútveginum, einasta leiðin sé sú að taka enn nýjan skatt af launþegum þessa lands og flytja hann yfir til fyrirtækja og forstjóra í sjávarútvegi.

Ég og Alþfl. neitum að viðurkenna þessar niðurstöður. Við neitum að fallast á að þær séu réttar. Hvers vegna neitum við því? Vegna þess einfaldlega að við vitum það, eins og almenningur í landinu veit það, að þetta eru ekki réttar tölur. Það má vel vera að út af fyrir sig sé þetta rétt niðurstaða þegar reiknað er út frá þeim forsendum, sem gefnar eru. En við vitum það, t. d. vestfirðingar, að afkoma útgerðarfyrirtækja og fiskvinnslustöðva á Vestfjörðum er ekki svona. Vestfirðingar kunna að reka útgerðarfyrirtæki. Þeir sýna ekki svona afkomu. Og við neitum að trúa því, við neitum að samþykkja það og við neitum að styðja það að alþýða landsins sé skattlögð fyrir forstjóra og framkvæmdastjóra sem ekki kunna að reka sín fyrirtæki. Ég neita því að það sé lagður skattur á launþega til þess að tryggja hallalausan rekstur útgerðarfyrirtækis, sem rekur bíl og bifreið útgerðareigandans. Ég neita því að alþýða Íslands og launþegar á Íslandi séu skattlagðir til þess að mæta hallarekstri útgerðar sem rekur eiginkonu forstjórans. Ég neita því að almenningur á Íslandi sé skattlagður til þess að mæta halla útgerðarfyrirtækis sem rekur börn forstjórans. Ég neita því að almenningur á Íslandi sé skattlagður til að mæta halla útgerðarfyrirtækis sem rekur heimili útgerðarforstjórans. Ég neita þessu. Þetta er spilling. Þarna þarf að skera upp.

Hæstv. ríkisstj. hefur hvesst sinn bíld. Hún hefur brýnt sinn kuta. Hún ætlar að leggja almenning í landinu á höggstokkinn. En ég segi við hæstv. ríkisstj.! „Legg þú þessi útgerðarfyrirtæki á þitt skurðarbretti. Skerðu burt þessa meinsemd, skerðu burt þetta krabbameinsæxli. Íslenskir launþegar ætla ekki að borga rekstrarkostnað af bifreið útgerðarforstjórans. Þeir ætla ekki að borga rekstrarkostnað af eiginkonu útgerðarforstjórans. Þeir ætla ekki að borga rekstrarkostnað af börnum útgerðarforstjórans. Og þeir ætla ekki heldur að borga rekstrarkostnað af því sem útgerðarforstjórinn og hans famelía borðar. (SvH: En útfararkostnaðinn?) Ekki heldur útfararkostnaðinn, Sverrir Hermannsson. Ef hv. þm. bregður við þetta og er farinn að hugsa til sinnar eigin útfarar ef ríkisstj. gerði slíka skurðaðgerð, þá skal ég taka það sérstaklega fram að ég ætlast ekki heldur til þess að alþýðan í landinu borgi útfararkostnaðinn.

Á fyrstu sjö dögum þessarar hæstv. ríkisstj. færði hún 7 þús. millj. kr. frá launþegum á Íslandi yfir til atvinnufyrirtækjanna, yfir til forstjóranna, yfir til forréttindastéttanna í þessu landi. Drottinn allsherjar, þegar hann skapaði heiminn, tók sér frí á 7. degi. En hæstv. ríkisstj. lét sér ekki nægja að starfa 6 daga að slíku verkefni, hún starfaði 7. daginn líka til þess að ná 1 000 millj. kr. í viðbót af almenningi og flytja þær til forstjóranna. Nú eru nýir 7 dagar að renna upp. Nú á enn á ný að skera, gera uppskurð á alþýðu þessa lands. Nú á enn á ný að flytja stórfjármuni frá almenningi, frá almennum launþegum, yfir til fyrirtækjanna, yfir til forstjóranna sem þessi hæstv. ríkisstj. var mynduð utan um. Þessi hæstv. ríkisstj. var mynduð á atkvæðum fólksins um hagsmuni forstjóranna, og um þá ætlar hún að standa vörð nú, eins og fram hefur komið.

Það er oft sagt að þessi hæstv. ríkisstj. sé sterk stjórn. Það er sagt að hún eigi marga þm. Það er rétt. Hún á marga þm. Hún á t. d. þm. eins og hv. 8. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, sem hljóp út úr þessari hv. d. fyrir skömmu. Betra væri ef hún ætti fleiri slíka þm. En þó að hæstv. ríkisstj. eigi marga þm., þó að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að vera hrædd um meiri hl. sinn hér á Alþ., þá þarf hún kannske að vera hrædd um annað. Þá þarf hún kannske að vera hrædd við það, hvernig íslenskir sjómenn svara, íslensk verkalýðshreyfing, hvernig íslensk launþegasamtök svara því hnefahöggi, sem þau hafa fengið í dag frá þessari hæstv. ríkisstj.

Það hefur engin heildarstefna enn verið mótuð í efnahagsmálunum af þeirri ríkisstj. sem enn situr. Óráðsían og sukkið er enn þá jafngegndarlaust og á tímum hæstv. síðustu ríkisstj. Það er enn sama sukkið, enn sama stjórnleysið. Ef ríkisstj. kann ekki að stjórna landinu, ef ríkisstj. hlustar ekki á rödd fólksins, þá ber alþm. skylda til að hlusta eftir þeim röddum. Fólkið krefst þess að landinu sé stjórnað í samráði við Alþ., en ekki látið reka á reiðanum, eins og gert hefur verið undanfarna mánuði og allur almenningur hefur undrast. Það krefst þess að ríkisstj., sem telur sig sterka stjórn, sýni það með því að stjórna landinu, en ekki halda áfram sömu óráðsíunni og sama sukkinu og fyrrv. stjórn hefur gert sig seka um.

Hvar ætti að byrja? Það er talað um það að nú þurfi að fara að skera niður. Í kjölfar þess að skera niður kaup, í kjölfar þess að skera niður kjör almennings í landinu, sjómanna, verkamanna, aldraðra, öryrkja og annars láglaunafólks, hyggst ríkisstj. nú skera niður þau fjárlög sem hún var að samþ. fyrir nokkrum vikum á hæstv. Alþ. Hún ber það á borð fyrir þingheim og þjóðina að þegar hún samþ. þessi fjárl. hafi hún ekki vitað hvað í vændum var. Hver trúir því? Hver trúir því, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki vitað það í lok desembermánaðar hvaða ástand mundi koma upp í þjóðarbúskapnum í byrjun janúarmánaðar eða í lok janúarmánaðar? Ég trúi því ekki, þm. trúa því ekki og þjóðin trúir því ekki. Það sem ríkisstj. var að gera

í des. var að svindla fjárl. í gegnum Alþ. gegn betri vitund, og nú tilkynnir hún að nú eigi að skera fjárl. niður. Nú er hún þegar byrjuð á niðurskurðinum. Um leið og búið er að taka almenning af höggstokknum og niðurskurðarbrettinu á að leggja fjárl. þar á. Og hvað á að skera niður? Að sjálfsögðu aðeins eitt. Það á að skera niður þær framkvæmdir sem gagnast landsmönnum. Það á að draga áfram úr framkvæmdum sem eitthvað skilja eftir sig fyrir landsfólkið, eins og gert var við afgreiðslu fjárl. síðast. En það á ekki að skera það niður sem ríkisstj. skar ekki niður í fjárlagaafgreiðslunni í lok desembermánaðar, það á ekki að skera niður eyðsluútgjöld ríkissjóðs sem ekkert skilja eftir sig fyrir almenning í landinu. Það á ekki að skera niður sukkið og óráðsíuna. Það á ekki að koma í veg fyrir að 3 hv. þm. hlaupi burt af Alþ. á ríkisins kostnað til að sækja ómerkilega ráðstefnu úti í heimi, eins og gert hefur verið nú undanfarnar vikur. Það á ekki að koma í veg fyrir svona sukk. Nei, það á að ráðast að framkvæmdunum sem eitthvað skilja eftir sig fyrir fólkið í landinu, og þar á að skera niður.

Ég segi, og ég held að margir taki undir það með mér: Nú er nóg komið. Hafi ríkisstj. ekki þroska til að ganga á undan og gera eins og form. Alþfl. lýsti yfir: spara, spara og aftur spara, ekki í framkvæmdum, heldur í sukki og óhófi, þá ber Alþ. að taka frumkvæðið úr höndum hennar, þá ber okkur þm. að sjá svo til að almenningur í landinu hafi okkur ekki að skotspæni fyrir okkar eigin eyðslu, fyrir okkar eigin útgjöld af almannafé. Þá eigum við að taka frumkvæðið, ganga til móts við fólkið sem við erum að biðja um að spari, og sýna í verki vilja okkar til þess með því að spara sjálfir.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka til máls við þessa 1. umr., en ástæðan til þess að ég er kominn hér er sú, að ég hef verið að bíða í kvöld eftir sérstakri ræðu. Ég hef verið að bíða eftir því að hæstv. viðskrh. talaði við 1. umr. þessa frv. Þetta er frv. sem snertir hann alveg sérstaklega. Hæstv. ráðh. fer með viðskiptamál, hann fer einnig með yfirstjórn bankamála, yfirstjórn þess banka sem lagði til í dag að gengið yrði lækkað um 20%. Hann fer einnig með yfirstjórn gjaldeyrissjóðsins. Mér finnst að þessi hæstv. ráðh. geti ekki undan því komist að koma hér í ræðustól við 1. umr. þessa máls og gera grein fyrir ástæðunum fyrir því að hann stendur að þeim aðgerðum sem ákveðnar hafa verið hér í dag, og það er raunar enn þá meiri ástæða til að hann geri það vegna þess að hann er form. Framsfl., annars flokksins sem stendur að þessari ríkisstj., og það er á vitorði allrar þjóðarinnar, að um það hefur orðið mjög hörð deila milli þessara tveggja stjórnarflokka hvernig ætti að leysa þau vandamál sem þjóðin stendur frammi fyrir. Það liggur fyrir í dag að Framsfl. hefur verið svínbeygður undir stefnu Sjálfstfl. í þessu máli. Þess vegna finnst mér að bæði við alþm. og þjóðin öll eigi heimtingu á því að heyra hæstv. viðskrh., form. Framsfl., gera grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls og til þeirrar þróunar sem leitt hefur til þessara málaloka núna.

Hæstv. viðskrh. hefur sannarlega átt hlut að þessu máli alla tíð síðan núv. ríkisstj var mynduð. Það voru gerðar ráðstafanir í sept. sem áttu að hafa heillavænleg áhrif á þróunina, bæði koma í veg fyrir verðbólgu og koma í veg fyrir að gjaldeyrissjóður okkar hyrfi að fullu og öllu, eins og spáð hafði verið. Það var á ábyrgð þessa hæstv. ráðh., form. Framsfl., að reyna að sjá til þess að gjaldeyriseign okkar yrði ekki sólundað. Þetta gerðist samt mánuð eftir mánuð eftir að núv. ríkisstj. var mynduð. Það gerðist í sept., okt., nóv. og des. Þessa tvo síðustu mánuði ársins var hér meira kaupæði en nokkru sinni hefur verið á Íslandi vegna þess að þjóðin var öll í óvissu um framtíðina og menn töldu að þeir yrðu að koma fjármunum sínum í eitthvert verðmæti sem hefði varanlegt gildi. Og það gerðist á þessum tíma að heildsalarnir óðu í gjaldeyrissjóðinn og fluttu inn langt umfram þessa gífurlegu eftirspurn. Þeir fluttu inn 2000 bíla umfram það sem þjóðin óskaði eftir á síðasta ári, og voru óskir hennar þó ekkert smáræði. Það voru fylltar allar birgðaskemmur í landinu af vörum, og þær hrukku ekki til, vörurnar hrúguðust upp fyrir utan vöruskemmurnar og hafa legið þar undir skemmdum. Á þessum mánuðum var sólundað milljónum kr., einum 4 milljörðum kr. umfram það sem ríkisstj. spáði í sept. að mundi gerast á árinu. Með þessu hlýtur hæstv. viðskrh. að hafa fylgst. En hann greip ekki til neinna ráðstafana, og ég vænti þess að hæstv. ráðh. geri grein fyrir því hér, hvers vegna hann lét þessa þróun gerast án þess að taka til sinna ráða til þess að stöðva þessa óhóflegu og óhemjulega gjaldeyrissóun? Það var skylda hans sem ráðh. að bregðast þarna við. Og þessi hæstv. ráðh. er þá orðinn dálítið ólíkur því, sem ég þekkti hann meðan við unnum saman í ríkisstj., ef hann hefur ekki haft vilja til að gera þetta. En hvers vegna var ekkert gert? Ég spyr að því.

Hæstv. viðskrh. hélt síðan ræðu í janúarmánuði þegar búið var að eyða gjaldeyrissjóðnum, og þá dró hann upp dökka mynd af ástandinu. Það hefur áður verið minnst á þessa ræðu hér og menn hafa sagt að hæstv. ráðh. hafi sagt satt frá. Hæstv. ráðh. kom hér upp í ræðustól til að svara gagnrýni á þessa ræðu með einfaldri spurningu: Hvenær eiga ráðh. að segja satt og hvenær ekki? spurði hæstv. ráðh. Ráðh. eiga alltaf að segja satt. En það nægir ekki að ráðh. segi satt. Ráðh. sitja í ráðherrastólum til að framkvæma stefnu, og þegar hæstv. ráðh. lét orðin nægja í janúarmánuði var hann í raun og veru að vara við alla þá sem gátu búið sig undir að verða fyrir áföllum af völdum gengislækkunar eða einhverrar annarrar slíkrar ákvörðunar.

Þetta er það, sem hefur verið að gerast undanfarnar vikur. Við vitum það ákaflega vel. Eignamenn hafa staðið í alls konar fjárplógsstarfsemi til þess að styrkja aðstöðu sína gagnvart gengislækkun eða einhverjum öðrum slíkum ráðstöfunum, vegna þess að þessi ræða hæstv. ráðh., þessi sanna ræða, varð eins og aðvörun, vegna þess að það var ekki gert neitt í margar vikur þar á eftir. Þess vegna tæmdist gjaldeyrissjóðurinn gjörsamlega, þannig að við höfum núna síðustu vikurnar lifað á einum saman neyslulánum.

Mér finnst það vera skylda hæstv. viðskrh. að skýra það einnig út hvers vegna hann stóð þannig að málum. Ég held líka að það væri ráð

fyrir hæstv. viðskrh. að vera dálítið hreinskilinn núna. Ég held að allir, sem hafa fylgst með hans málflutningi að undanförnu, viti, að þessi hæstv. ráðh. vildi fara aðrar leiðir en gengislækkun. Hann hefur margsinnis að undanförnu rifjað upp frv. sem lagt var fram hér á þingi fyrir tæpu ári og við stóðum báðir að. Hæstv. ráðh. hefur talað um þær ráðstafanir, sem þar voru lagðar til, eins og þær ráðstafanir sem sjálfsagt hafi verið að gera, og það var ekki gengislækkun í þeim till.

En hvernig stendur þá á því að hæstv. viðskrh. hleypur brott frá þessum till. sem kjósendur kusu hann til þess að fylgja fast eftir í kosningunum í fyrra? Hvernig stendur á því að hann beygir sig og gerir allt annað en hann þóttist vilja gera? Ég vænti þess, að menn hafi tekið eftir því að umskiptin urðu þegar hæstv. forsrh. kom úr utanlandsferð sinni. Þá var það fyrsta verk blaðamanna að spyrja um efnahagsvandann á Íslandi og svar hans var afskaplega einfalt: Hér má ekki hefta á neinn hátt frelsi kaupsýslumanna. Það er heilög regla, það má ekki gera neitt til þess að hefta þetta skefjalausa frelsi. Og eftir að hæstv. forsrh. var kominn heim hefur hæstv. viðskrh. verið að hverfa frá þeim meginreglum, sem hann hefur haldið fram að hann vildi framfylgja með störfum sínum í ríkisstj. Ég held að það væri ærin ástæða til þess að hæstv. ráðh. gerði hreinskilninslega grein fyrir ágreiningnum, sem verið hefur milli Sjálfstfl. og Framsfl. um þessi mál. Ég held að það væri líka mjög þarflegt fyrir hann og forustu Framsfl. Ég get sannfært hæstv. ráðh. um það að allur þorrinn af kjósendum Framsóknar er agndofa yfir þeirri þróun sem nú hefur orðið.

En fyrst ég er farinn að spyrja hæstv. ráðh. og ég geri mér vonir um að hann muni koma hér og gera grein fyrir þeim hlutum sem ég bið hann að gera grein fyrir, þá er best að ég spyrji hann um dálítið meira.

Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar einvörðungu um tæknileg atriði í sambandi við gengislækkunina. En það hefur tíðkast að það hafi verið lögð fram frv. með miklu víðtækari atriðum í. Þar af er eitt atriðið, sem snertir þennan hæstv. ráðh. alveg sérstaklega, og það er atriðið með verslunarálagningu. Gengislækkun gerir það að verkum að innflutningsverð á öllum vörum hækkar um 25%. Innflytjendur hafa álagningu sína í prósentum af innkaupsverði, þannig að ef sú prósenta héldist óbreytt mundu tekjur þeirra hækka um 25% í krónutölu á sama tíma og verið er að skerða kjör alls launafólks og á þungbærastan hátt kjör þess fólks sem hefur bágust kjör fyrir. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. um hvort ekki komi ákvæði í frv. um að taka á þessu viðfangsefni, og í því sambandi held ég að væri ástæða til þess að taka á fleiru. Við vitum allir að við höfum orðið fyrir mjög miklum búsifjum vegna erlendra verðhækkana, og þetta eru búsifjar sem menn segja að verði að leggjast á þjóðina alla, eins og vissulega er verið að gera, á næsta óréttlátan hátt að vísu. En það er hópur manna sem ekki hefur orðið fyrir búsifjum af þessum sökum, og það eru einmitt innflytjendurnir. Þeir fá álagningu sína í prósentum, eins og ég sagði, þ. e. a. s. þegar varan hækkar erlendis, þá hækkar ágóði þeirra, og þarna hefur ekki verið um að ræða neinar smáræðishækkanir. Ég skal taka dæmi af sykri. Sykur hefur núna á síðustu árum sexfaldast í verði. Ársneysla Íslendinga af sykri kostaði 1972 milli 200 og 300 millj. Miðað við sykurverðið eins og það er núna kostar ársneysla Íslendinga 1 600—1 800 millj. Á árinu 1972 var álagning á sykri í heildsölu og smásölu 80 millj. kr. Árið 1974 var álagning í smásölu og heildsölu á ársgrundvelli 250 millj. kr., hafði hækkað úr 80 millj. í 250 millj. Og ef við miðum við verðið eins og það er núna, — við vitum ekkert um hvort það helst svona hátt allt árið, — en ef við reiknum með því að það héldist allt árið, þá yrði þessi álagning í heildsölu og smásölu hvorki meira né minna en 600 millj. kr., hún hefði hækkað um 520 millj. kr. frá árinu 1972 og þessu ættu innflytjendur að stinga í eigin vasa á sama tíma og sagt er við þjóðina að hún verði að taka á sig byrðarnar af erlendri verðbólgu. Það eru æðimargar matarholur af þessu tagi sem ég hygg að hæstv. viðskrh. gæti skyggnst í, ef hann hefði áhuga á, og þar væri hægt að leysa æðimargan vanda sem nú er reynt að velta yfir á þá sem minnsta hafa burðina í þjóðfélaginu.

Og fyrst ég er farinn að spyrja hæstv. ráðh., þá kemst ég ekki hjá því að spyrja hann um eitt atriði í viðbót, sem raunar hefur verið vikið að áður í þessum umr., og það er grein sem birtist í Morgunblaðinu í dag eftir einn af helstu forustumönnum Framsfl., Gunnar Guðbjartsson, form. Stéttarsambands bænda. Þetta er einhver, — ja, ég veit ekki hvaða lýsingu ég á að nota um slíka grein, hún er svo furðuleg, hún kemur upp um svo annarlegt hugarfar að manni hrýs hugur við að lesa ritsmíð af þessu tagi. En þarna er um að ræða mann sem hefur slíka stöðu innan Framsfl. og í stéttarsamtökum bænda að við eigum heimtingu á að vita hvort nánustu samverkamenn hans eru sömu skoðunar og kemur fram í greininni hjá honum. Þar er um að ræða skoðanir sem vissulega hafa verið túlkaðar af fleiri aðilum.

Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það var talað um það mjög digurbarkalega í forustugrein Morgunblaðsins fyrir nokkrum dögum að það þyrfti að höggva í spað og skera þau félagslegu réttindi sem verkafólk hefur áunnið sér í sambandi við kaupgjaldssamninga sína, þ. e. a. s. svokölluð launatengd gjöld, sem renna m. a. til orlofs, til atvinnuleysistryggingasjóðs, til slysatrygginga og sjúkratrygginga, til sjúkrasjóða verkalýðsfélaganna, til orlofsheimila og til annarra hliðstæðra félagslegra verkefna.

Morgunblaðið sagði: Þetta á að höggva í spað, þetta á að skera, — og þetta er einmitt fyrsti liðurinn í grein Gunnars Guðbjartssonar. Hann segir, ef hann hefði völd:

„Fyrst ákvæði ég að fella niður þau 15 launatengdu gjöld sem nú hvíla á atvinnuvegunum og eru 45—50% álag á launin. Síðan mundi ég ákveða hækkun kauptryggingar til sjómanna og hækkun launa til launþega í landi u. þ. b. 15—20%. Hver einstaklingur yrði sjálfur að kaupa sér tryggingar.“ Það á að fella niður hið félagslega tryggingakerfi, en það á að taka upp það ameríska kerfi, að hver einstaklingur geti

keypt sér tryggingu, þ. e. a. s. ef hann hefur efni á því. Og áfram: „Hætt verði að greiða hærra kaup fyrir svokallaða eftirvinnu.“

Og annar liður: „Vinnulöggjöfinni yrði breytt.“ Og síðar: „Þegar sérstakir erfiðleikar sækja á þjóðarbúskapinn eins og nú er, þá yrðu verkföll bönnuð 1—2 ár í senn og allir skyldir að hlíta gerðardómi, eins og bændur og opinberir starfsmenn gera og hafa gert lengi. Þeir launþegar, sem ekki vildu hlíta þessu, yrðu sendir til dvalar í Rússlandi eða Kína.“

Þetta er formaður Stéttarsambands bænda, sem er að lýsa skoðunum sínum í Morgunblaðinu, einn nánasti samverkamaður hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) Ja, ég hef ekki hugmynd um það hvaðan Gunnar Guðbjartsson hefur heimild til að koma hér fram sem einhver agent fyrir Rússa og Kínverja til þess að ráðstafa til þeirra vinnuafli. Það er ekki það sem ég er að hugsa um. Ég er að hugsa um viðhorfið sem í þessu er, mannfyrirlitninguna og fyrirlitninguna á verkalýðsfélögunum og rétti þeirra. Þetta er eitthvert mesta siðleysi sem ég hef nokkurn tíma séð í íslenskum skrifum.

Og enn stendur hér: „Þjóðin þarf að auka sparnað. Ríkið og sveitarfélögin verða líka að spara. Stærstu útgjöld ríkisins eru til tryggingamála og menntamála. Þar verður því að ráðast á garðinn svo að sparnaði verði við komið.“ Það á að skera niður framkvæmdir í tryggingamálum og í menntamálum samkv. þessari kröfu.

Svo kemur áfram: „Lengja verður vinnuvikuna í um það bil 50 klukkustundir og fækka fólki í þessum stofnunum og ríkiskerfinu yfirleitt.“ Þessar stofnanir eru þær stofnanir, sem heyra undir heilbr.- og trmrn. og menntmrn. Það á að fækka læknum, það á að fækka hjúkrunarkonum, það á að fækka öðru starfsfólki á sjúkrahúsum og það á að fækka kennurum. Þannig á að framkvæma sparnað.

Og áfram: „Vinnusiðgæði verður að batna. Þeir, sem mæta illa í vinnu, eiga að tapa réttindum, svo sem rétti til tryggingabóta og lífeyris.“ Það er eins og maðurinn sé að tala um eitthvert þrælahaldaraþjóðfélag, en ekki þjóðfélag frjálsra manna. En þetta er einn af leiðtogum Framsfl., æðsti maðurinn í Stéttarsambandi bænda.

Hætt verði að gefa með börnum á dagheimilum og hætt verði að veita skattfríðindi vegna vinnu giftra kvenna utan heimila. Þjóðfélagið á ekki að þurfa að bera útgjöld af slíku. Barnaheimili á helst að leggja niður nema fyrir þá sem hafa svo mikil efni að þeir geti greitt þar fullt gjald. Það á að koma í veg fyrir að lágtekjukonur, sem þurfa lífsnauðsynlega að vinna utan heimila, geti vistað börn sín á slíkum stofnunum.

Ég ætla ekki að vitna lengur í þetta, en mér finnst þessi grein vera til marks um ákaflega óskyggileg viðhorf sem hafa verið að magnast eftir að núv. ríkisstj. var mynduð. Það eru viðhorf hins svartasta afturhalds, ekki aðeins á sviði kaupgjaldsmála, heldur einnig á sviði félagsmála og menntamála. Þessi viðhorf eru nú látin í ljós á miklu ósvífnari hátt en nokkurn tíma fyrr, og ég er ákaflega hræddur um að þessi viðhorf geti orðið ríkjandi ef skynsamari menn í báðum stjórnarflokkunum halda ekki aftur af ofstækismönnum af þessu tagi. Ég held, að það þurfi að hreinsa andrúmsloftið hvað þetta snertir gersamlega. Mér finnst að við eigum heimtingu á því að fá um það vitneskju sama dag og þessi grein birtist, hvort form. Framsfl., flokksbróðir Gunnars Guðbjartssonar og samverkamaður hans, er sömu skoðunar og hann eða hvort hann fordæmir ásamt mér skrif af þessu tagi.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ríkisstj. hefur af eðlilegum ástæðum áhuga á því að koma þessu frv., sem hér liggur fyrir, sem fyrst til n., og þess vegna hafði ég ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr. sem hér fara fram. Ég ætla nú að reyna að spara mér það að taka mjög almennan þátt í þeim. En þar sem hv. þm. Magnús Kjartansson langar nú svo mikið til þess að heyra í mér, þá get ég nú ekki verið að valda honum vonbrigðum. Ég skal nú reyna að svara þessum spurningum hans nokkurn veginn útúrdúralaust, þó að ég gæti talað dálítið lengra mál um þau efni sem hann hreyfði. Og þá ætla ég að byrja á niðurlaginu og svara þeirri spurningu sem hann beindi til mín varðandi afstöðu mína til greinar Gunnars Guðbjartssonar í Morgunblaðinu.

Í þessari grein Gunnars Guðbjartssonar tekur hann alveg skýrt fram að þarna sé um sínar persónulegu skoðanir að ræða, hann skrifi þar ekki í nafni neinna samtaka, hvorki þeirra stéttarsamtaka, sem hann er form. fyrir, og ekki heldur í nafni Framsfl. Og ég get svarað þeirri spurningu afdráttarlaust hvort ég sé sammála þeim skoðunum, sem settar eru fram í grein Gunnars Guðbjartssonar, á þá lund að það er ég ekki, og það eru ekki skoðanir Framsfl. Og nú vona ég að hv. þm. Magnús Kjartansson sofi betur í nótt en ella.

Hitt er svo annað mál, sem er alvarlegra og okkur kannske greinir á um. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar að það eigi hver maður rétt á því að láta í ljós skoðanir sínar, hverjar svo sem þær eru, hvort sem þær eru skynsamlegar eða óskynsamlegar, hvort sem þær eru fjarstæðukenndar eða ekki. Þannig er það í okkar þjóðfélagi og hefur verið, og það er eitt mesta aðalsmerkið á okkar þjóðfélagi. Þannig er það því miður ekki í öllum þjóðfélögum. En ég veit af eigin reynslu og játningu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar að þessi regla um skoðanafrelsi hefur verið í heiðri höfð í Þjóðviljanum. Þar birtust æ ofan í æ á vinstristjórnarárunum greinar, sem Magnús Kjartansson vildi hvítþvo sig af og hefði nánast getað sagt eins og einn góður maður sagði áður, að byssurnar færu stundum að skjóta sjálfar.

Gunnar Guðbjartsson á vissulega rétt á því að láta í ljós sínar persónulegu skoðanir, hverjar svo sem þær eru, eins og hver einasti íslendingur. Og ég verð að segja það, að það verða daprir dagar á Íslandi þegar og ef svo færi einhvern tíma að hver maður ætti ekki þennan rétt, já, jafnvel rétt til þess að standa uppi á strætum og gatnamótum og prédika eins og honum list. En nóg um það.

Hins vegar fólst nokkuð hörð ádeila í ræðu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar á mig fyrir

mína stjórn á innflutnings- og gjaldeyrismálum þá mánuði sem ég hef farið með stjórn þeirra mála. Ég skal ekki biðjast undan neinni gagnrýni í því sambandi, og það má sjálfsagt gagnrýna ýmislegt í stjórn þessara mála. En hins vegar vil ég leiðrétta það sem hann sagði, að það hefði haldið áfram meira hófleysi í innflutningi eftir að ég tók við stjórn þessara mála en áður. Þetta er ekki rétt. Þetta er hægt að sanna með tölum þó að ég hafi þær ekki í höndunum hér. Það dró og hefur dregið, sem betur fer, aðeins úr innflutningi á síðustu mánuðum ársins og á því sem af er þessu ári. Og það voru líka gerðar vissar ráðstafanir til þess á síðustu mánuðum ársins að hafa áhrif í þá átt. Það var lagt á sérstakt innborgunargjald sem að vísu fór minnkandi á hverjum mánuði. En það er haldgóð skoðun þeirra manna, sem gerst þekkja, að þessi gjaldtaka hafi haft nokkur áhrif í þá átt að draga úr innflutningi, en ekki nægilega mikið miðað við þær aðstæður sem voru fyrir hendi. En ástæðan til þess að gjaldeyrisástandið hefur samt sem áður versnað á þessum tíma og versnað mjög er fyrst og fremst sú staðreynd, að sala og útflutningur á afurðum okkar hefur gengið miklu tregar þessa mánuði en áður. Það er fyrst og fremst ástæðan fyrir því, að þetta hefur breyst á þessa dapurlegu lund sem raun ber vitni. Enn fremur hefur það átt sinn þátt í þessu, að það eru mjög margar vörur sem við höfum flutt inn á þessum tíma sem hafa farið stöðugt hækkandi á þessu tímabili. En þó að það megi gagnrýna mig fyrir að hafa ekki tekið nógu skjótt hér í taumana, þá er þetta staðreyndin sem er fyrir hendi, að það er útflutningurinn sem brestur fremur en hitt að innflutningurinn hafi farið vaxandi þessa síðustu mánuði.

Þegar það var sýnt að svo búið mátti ekki lengur standa og gjaldeyrissjóður var að kalla mátti uppurinn, þá tók ég í taumana með því ákvörðunarvaldi sem ég hef, sem ég veit að t. d. hv. þm. Lúðvík Jósepsson, fyrrv. viðskrh., veit að er nokkuð takmarkað. Þá ákvað ég að það skyldi tekið upp nýtt fyrirkomulag í afgreiðslu á gjaldeyrisyfirfærslum. Og síðan hefur því verið fylgt eða var fylgt á meðan gjaldeyrisdeildirnar voru opnar. Það var aðeins yfirfært fyrir skuldbindingum sem voru gjaldfallnar fyrir nauðsynlegum rekstrarvörum til útgerðar, fyrir nauðsynlegum hráefnum til iðnaðar og svo að vísu ferðamannagjaldeyri samkv. þeim reglum sem þar um gilda, en þó hert á því þannig að hann var ekki afhentur fyrr en farseðill var sýndur og þremur dögum fyrir brottför. Þetta hafði nokkrar afleiðingar. Þetta hafði nokkur áhrif í þá átt að takmarka gjaldeyriseyðsluna, þannig að á þeim dögum, sem þetta hefur gilt, hefur það þó ekki verið nema sem svarar 150 millj. á dag að meðaltali. Þar af voru 87 millj. vegna skuldbindinga og allra nauðsynlegustu rekstrarvara. En sem sagt, ég er ekkert að biðjast undan ábyrgð á þessu og það má gjarnan deila á mig í þessu sambandi. Ég álít að það hafi ekki mátt dragast lengur en raun ber vitni að skerast hér í leikinn og taka ákvarðanir og ef nokkuð er, þá sé það heldur of seint en of snemma.

Hann beindi til mín spurningu, hvernig stæði á því að það væri ekki ákvæði í þessu frv. varðandi verslunarálagningu. Það er rétt, það er ekki í lögum en ég er búinn að gefa verðlagsstjóra og verðlagsnefnd fyrirmæli um hvernig þessu skuli hagað. Þessu verður hagað alveg nákvæmlega á sömu lund og við fyrri gengisfellingar, og ég veit að hv. þm. þekkir þá reglu varðandi álagningu sem þar um hefur gilt.

Svo verð ég nú því miður tímans vegna að spara mér að ræða við hv. þm. meira að þessu sinni, þó að gaman væri að eiga við hann orðastað síðar þegar við höfum betri tíma. Ég ætla ekki heldur að fara út í ræður þær sem hér hafa verið fluttar, nema ég get ekki alveg virt að vettugi þau orð, sem hæstv. þm. Karvel Pálmason lét falla, úr því að ég er kominn hér í stólinn. Það er verst að hann er nú ekki viðstaddur. Sennilega hefur honum láðst að lesa ræðu þá sem hv. þm., staðgengill hans, Jón Baldvin Hannibalsson, hélt hér fyrir nokkrum dögum. En ég veit að hann mun gera það á næstunni og efa ekki að hann muni hafa gott af því. En það er nú oft þannig í sögum, að það er sagt frá einhverjum manni, þekktum í þorpinu sem náungarnir hafa gaman af og segja honum hitt og þetta. Þá er það segin saga að hann er hlaupinn með þetta út um borg og bý og farinn að þylja það upp. Þetta eru skemmtilegir menn, en trúgjarnir. Og þannig stendur á þessari sögu sem hann var að segja um að framsóknarþm. hefðu ekkert vitað um það í gær hvað yrði gert. Það hefur vafalaust einhver gamansamur framsóknarþm. skotið þessu að honum og hann hefur trúað því og hlaupið svo með það. En ég get sagt honum það, að Framsfl. tók ákvörðun í þessu máli á mánudag. Það liggur bókað í gerðabók og hann getur gengið úr skugga um það.

Þetta er iðrunartíð og menn syngja gjarnan iðrunarsálma á þessum tíma, og það var ekki laust við það að mér fyndist ræða hv. þm. bera þess nokkur merki að hann væri í iðrunarhug og iðraðist sinna fyrri verka, af því að það er einhver skuggi á samviskunni hjá honum af að hafa fellt vinstri stjórnina. Hann ræddi þó ekki svo mjög um þann viðskilnað og ekki heldur það frv., sem við stóðum þá að, við hv. þm. Magnús Kjartansson og fleiri góðir menn, en Karvel ekki, heldur notaði það sem tylliástæðu til þess að flytja vantraust á ríkisstj. Nei, hann vék að stjórnarmyndunarviðræðum í sumar og rakti þá m. a. hvaða úrræði hans flokkur hefði bent á. Það var reyndar svo að þá var gengislækkun ekkert bannorð. Þá voru allir þeir, sem þátt tóku í vinstristjórnarviðræðum, sammála um að gengislækkun hlyti að koma til greina þó að það væri ágreiningur um það og gæti verið skiptar skoðanir um hversu langt ætti að ganga. En hann sagðist vilja benda á þau úrræði sem þeir hefðu bent á í sumar. Þeir hefðu í fyrsta lagi bent á niðurfærsluleið, gengisfellingu hefðu þeir ekki viljað. Úttekt vildu þeir láta gera. Það var gerð allrækileg úttekt 1972. Þá voru valinkunnir menn settir í n. og skrifuðu mikla postillu og settu þar fram þrjá valkosti, og einn af þeim valkostum var svokölluð niðurfærsluleið. Og því er ekki að neita að það voru

margir innan stjórnarflokkanna, sem að þeirri stjórn stóðu, sem höfðu augastað á þeirri leið. Þetta skeði, ef ég man rétt, skömmu fyrir áramótin 1972—1973. En þá var það einn flokkur sem skarst úr leik, einn flokkur sem heimtaði að gengið yrði fellt. Það var ekki krafa um niðurfærsluleið þá, það var krafa um gengisfellingu. Kannske var hún fyrst og fremst runnin undan rótum eins manns í þeim flokki, en hann var a. m. k. svo sterkur í þeim samtakahópi að raddir Samtakanna hljómuðu þá eftir það — aldrei þessu vant — í kór. Og þá var gengisfelling góð. Þetta er nú sagan um niðurfærsluna og gengisfellinguna.

En niðurfærslu vildu þeir í sumar. En hvað var það, sem var eitt meginatriði í frv. fyrrv. stjórnar, ef það var ekki niðurfærsluleið? Það var einmitt um það, sem hv. þm. Karvel Pálmason var að tæpa á hér áðan, að jafna laun, en eitt ákvæði í því frv. var að taka af þá launahækkun fram yfir 20%, sem samið hafði verið um, af launum sem fóru fram úr ákveðinni upphæð. En á vordögum s. l. gat hv. þm. ekki fallist á þetta, heldur flutti vantraust eða var þátttakandi í því að flytja vantraust á fyrrv. stjórn, þannig að það var ósköp lítið nýjabragð af þessu hjá honum. Þetta var gömul lumma frá fyrrv. stjórn, — gömul lumma sem hann vildi ekki renna niður þegar hún var ný.

Og svo var það annað atriði sem þeir bentu á í þessum vinstristjórnarmyndunarviðræðum, þetta nýja, sem þeir vildu gera að skilyrði. Það var skyldusparnaður. Jahá, það var skyldusparnaður. En hvað var í frv. frá í vor? Þar var eitt ákvæði um skyldusparnað á hærri tekjur. Ég held að hann hafi farið niður fyrir þessa 1 millj. sem hv. þm. var að tala um. Svo skal ég ekki eyða fleiri orðum að honum.

En ég skal í framhaldi af því, sem hefur komið fram almennt hjá stjórnarandstöðuræðumönnum, gera grein fyrir því, hvers vegna ég er með því að gera þá ráðstöfun sem nú hefur verið gerð, gengisfellingu, sem ég veit, að í raun og veru gerir aldrei neinn með glöðu geði, því að aldrei er gengisfelling ein út af fyrir sig neitt fagnaðarefni neinum manni. En ég held, að það hafi komið fram í þessum umr. að um eitt eru allir sammála, og það er þetta höfuðatriði að það sé meginmarkmiðið nú að reyna að stefna að fullri atvinnu og halda öllum framleiðslutækjum þjóðarinnar í gangi. Þegar ég geri það upp til hvaða úrræða á að grípa, þá met ég það hvaða úrræði er líklegast til þess að ná þessu markmiði. Og ég hef eftir vandlega skoðun metið það svo, að sú leið, sem hefur verið skoðuð, millifærsluleið mætti kalla hana, að leggja á álögur, afla tekna til þess að mæta þeirri fjárvöntun sem um er að tefla og jafnframt draga þá úr kaupgetu og takmarka með þeim hætti eftirspurn eftir gjaldeyri og svo jafnframt að fara leiðina að spara, að spara, draga úr, — ég hef sannfærst um að þessi leið, slík millifærsluleið, er um þær stærðir að hún er ekki fær, hún er ekki framkvæmanleg. Það mundi hver sem væri gefast upp á henni áður en komið væri á leiðarenda. Hitt er þó verra, að ég álít að ef hún væri farin, þá mundi hún leiða til samdráttar í atvinnulífi alveg óhjákvæmilega. Og þá kýs ég heldur að grípa til þessarar leiðar, gengisfellingarinnar, þó að henni fylgi stórir skuggar, af því að ég hef þó þá trú á henni samkv. líka fyrri reynslu, að hún muni verða viss innspýting í atvinnulífið þrátt fyrir allt og stuðla betur að því höfuðmarkmiði sem allir eru sammála um, að eigi að keppa að.

Hitt er svo öllum jafnljóst, að gengislækkunin ein út af fyrir sig nægir ekki. Hún nægir ekki til þess t. d. að jafna viðskiptahalla á þessu ári. Ég álít líka að það sé í rauninni óframkvæmanlegt að gera það að fullu og öllu og við eigum ekki að ætla okkur það. Mér eru líka ljósir vissir agnúar á henni í sambandi við það að leysa úr vandræðum útgerðarinnar. En því hefur verið lýst yfir og það hefur verið samþykkt af stjórnarflokkunum að þessari ráðstöfun eigi að fylgja vissar hliðarráðstafanir. Það er auðvitað afsakanlegt og hægt að taka það gott og gilt hjá hv. þm. að þeir geti út af fyrir sig ekki og vilji ekki í stjórnarandstöðu taka afstöðu til þessarar gengisfellingar eða samþykkja hana, fyrr en þeir hafa séð og fengið að sjá hverjar hliðarráðstafanirnar eru. Hæstv. forsrh. hefur í sinni framsöguræðu nokkuð gert grein fyrir þeim, að vísu með almennum orðum, en það er í raun og veru ekki hægt að gera það á annan veg á þessu stigi. En hv. þm. Karvel Pálmason get ég huggað með því að ég er enn við sama heygarðshornið hvað skyldusparnað snertir. Það getur vel verið að hann eigi eftir að taka afstöðu til þess. Enginn veit það fyrr en á dynur. Við skulum sjá til. En það eru einmitt slíkar ráðstafanir sem þurfa að koma til viðbótar við þá gengisákvörðun sem hefur verið ákveðin, en þó auðvitað fyrst og fremst, eins og hæstv. forsrh. gerði alveg fullkomlega grein fyrir, að í sambandi við hana verður auðvitað fyrst og fremst — og það er meginatriðið — litið til þeirra sem versta hafa aðstöðuna, þeirra sem hafa notið jafnlaunabótanna, elli- og örorkulífeyrisþeganna, og þeirra hagur réttur eftir því sem unnt er, þannig að þeir bíði ekki skarðan hlut vegna þessarar ráðstöfunar.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Aðeins fáein orð. Það var alveg óþarfi af hæstv. viðskrh. að gefa það í skyn að okkur greindi eitthvað á um það að allir ættu að hafa frelsi til þess að birta skoðanir sínar í blöðum. Ég hygg að hann viti það fullvel að þar hef ég nákvæmlega sömu skoðanir og hann, enda var ég ekki að gagnrýna það. Ég var hins vegar að vekja athygli á grein sem er birt í Morgunblaðinu í mjög merkum félagsskap. Það eru 4 menn sem er leitað álits hjá: Bragi Hannesson bankastjóri Iðnaðarbankans, titlaður svo í Morgunblaðinu, Davíð Scheving Thorsteinsson formaður Félags ísl. iðnrekenda, Gunnar Guðbjartsson formaður Stéttarsambands bænda og Þorvarður Elíasson framkvæmdastjóri Verslunarráðsins. Þeir eru beðnir að lýsa skoðunum sínum vegna þess að þeir eru í svo mikilvægum stöðum, og þeir eru að lýsa sínum persónulegu skoðunum að sjálfsögðu. Þeir eru ekki að vitna í neina samþykkt fyrir þessum skoðunum en þeir eru engu að

síður kallaðir til vegna þess að þeir eru í þessum stöðum.

Hæstv. viðskrh., formaður Framsfl., hefur oft sagt hér á þingi að skoðanir, sem hann hefur gert grein fyrir, væru hans persónulegu skoðanir, og mér finnst það ákaflega eðlilegt og sjálfsagt. Hins vegar hygg ég að menn í Framsfl. þekki viðhorf Ólafs Jóhannessonar það vel að þeir hafi treyst honum til þess að verða formaður flokksins vegna þess að þeir vita að einnig persónulegar skoðanir hans, sem hann hefur enga flokkssamþykkt fyrir, verða ekki til þess að varpa skugga á þann flokk, sem hann er í. En ég er hræddur um að þessar skoðanir Gunnars Guðbjartssonar komi ákaflega mörgum á óvart, bæði framsóknarmönnum og bændum, og ég held að það sé nauðsynlegt fyrir þá, sem taldir eru nánir samverkamenn Gunnars að gera hreint fyrir sínum dyrum um afstöðu sína til þeirra kenninga sem hann er að boða í Morgunblaðinu í dag.

Ég gagnrýndi hæstv. viðskrh. fyrir það að hann hefði látið reka á reiðanum að því er gjaldeyrismálin snertir allt til loka, og hann nánast tók undir þetta, hann viðurkenndi þetta. En þetta er í sjálfu sér ákaflega alvarlegt mál. Þegar hæstv. ráðh. tók við störfum greindi hann frá því að hann og sérfræðingar hans áætluðu að viðskiptahallinn á árinu 1974 yrði 12.5 milljarðar. Þessi halli varð yfir 16 milljarða, 4 milljarðar umfram það sem spáð var í sept. Auðvitað hefur jafnnákvæmur og vinnusamur maður og hæstv. viðskrh. fylgst með þessu dag frá degi. Auðvitað bar honum skylda til að taka í taumana miklu fyrr en gert var. Það hefði verið miklu hægara að eiga við þennan vanda ef við hefðum ekki verið komnir í þessa furðulegu sjálfheldu að gjaldeyrisbankar þjóðarinnar væru að afgreiða neyslulán. Ef það hefði verið tekið á þessu, meðan enn þá var dálítil eign eftir í gjaldeyrisvarasjóðnum, og farið að fjalla um vandann þá, hefði verið auðveldara við hann að eiga. Þetta er ákaflega mikið andvaraleysi og ólíkt þessum hæstv. ráðh. að láta þannig reka á reiðanum. Og ég segi það eins og er, að ég þekki þennan ráðh. ekki sem sama mann og þann sem ég vann með í vinstri stjórninni, því að þar vildi hann sannarlega ekki halda á hlutunum á þennan hátt.

Hæstv. ráðh. ætlaði um skeið að víkja sér undan því að svara því sem ég spurði hann fyrst og fremst um, að hann gerði grein fyrir því hvers vegna Framsfl. hefði látið beygja sig til þess að fallast á þessa gengislækkunarleið enda þótt öllum væri ljóst þangað til fyrir tiltölulega stuttum tíma að hæstv. viðskrh. beitti sér fyrir allt annarri leið. Hæstv. ráðh. segir nú að hann hafi komist að þeirri niðurstöðu — og ég skal ekki vefengja það — að sú millifærsluleið, sem hann beitti sér fyrir, hafi verið of erfið, þunglamaleg, hann hafi ekki treyst sér til að fylgja henni til enda og þess vegna hafi hann fallist á þessa gengislækkun. En hann tók sérstaklega fram, að gengislækkunin væri aðeins hluti af lausninni. Og þá virðist mér að við séum að koma að því sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason vék að í ræðu fyrr í kvöld, að þessi efnahagslausn virðist vera ný helmingaskipti. Það er hluti af lausn Sjálfstfl. og hluti af lausn Framsfl. Ég verð að segja það, að á grautargerð af þessu tagi hef ég nú ekki mikla trú. Ég held að menn verði að vita hvert þeir eru að stefna til þess að geta tekið réttar ákvarðanir. En að ætla jafnvel að stefna í tvær gagnstæðar áttir í senn, það verður til þess að menn komast ekkert úr sporunum.

Hæstv. ráðh. sagði að gengislækkunin mundi t. d. ekki duga til þess að ráða við vandann í gjaldeyrismálum. Það virðist eiga að grípa til einhverra annarra ráðstafana til þess að hafa tök á þeim vanda. Ég ætlast ekki til þess, að hæstv. ráðh. fari að gefa skýrslu um það hér núna. Hann hefur því miður gert of mikið að því að tala þannig að menn tóku það sem boðun aðgerða og reyndu að gera ráðstafanir til að vernda sig gegn þeim, eins og ég vék að áðan og hæstv. ráðh. minntist ekki á.

Ekki ætla ég að fara út í það að svara fyrir hv. þm. Karvel Pálmason, hann er fullfær til þess. Hins vegar vil ég þó láta þess getið að það er rétt sem hæstv. viðskrh. sagði að það var tekin ákvörðun um það í þingflokki Framsfl. á mánudag að gefa ráðh. flokksins fullt umboð til þess að semja um þrjá valkosti. Þeir fengu fullt umboð til þess að semja um þrjá valkosti, og það voru býsna margir þm. Framsfl. sem komu til mín í dag og spurðu mig að því hvaða valkost ráðh. Framsfl. hefðu valið, og ég gat sagt þeim það.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að taka hér til máls aftur og heyrði því miður ekki allt það sem hæstv. viðskrh. mun hafa fjallað um og varðaði mig eða minn málflutning hér í kvöld. En ég held þó að ég hafi náð nokkrum hluta af því, kannske kjarnanum, en ég vil þó biðja hæstv. ráðh., ef ég hef tekið skakkt eftir eða ekki tekið eftir öllu, að hann leiðrétti það þá hér á eftir.

Hann vék að því, eins og raunar var þrautspilað plata allra frambjóðenda Framsfl. við kosningarnar á s. l. sumri, sennilega alls staðar á landinu, í hverju einasta kjördæmi, að það hefði verið ég fyrst og fremst sem hefði staðið að falli vinstri stjórnarinnar. Það er mér kærkomið tækifæri að fá að ræða þetta að gefnu tilefni hæstv. ráðh. sjálfs við hann hér. Ég ætlaði ekki að fara að efna hér til sérstakra umr. um þetta mál að fyrra bragði, en hæstv. ráðh. hefur sjálfur valið þann kostinn og ég skal verða til viðræðu við hann um þessi mál svo og önnur þau mál sem hér kann að bera á góma á þessari nóttu, jafnvel til morguns og lengur ef með þarf.

Hver er sannleikurinn um að ég hafi fellt vinstri stjórnina? Það ætti að vera fróðlegt fyrir menn að rifja upp gang mála um það leyti sem þeir hlutir gerðust. Og það ætti hæstv. viðskrh., formaður Framsfl. og oddviti þeirrar ríkisstj. sem mynduð var 1971, að festa sér í minni, ekki síst vegna þess að hann hvatti menn til þess sjálfur á þeim stjórnarárum að lesa málefnasamninginn helst kvölds og morgna. Hann hefði sjálfur átt að læra betur það sem í því plaggi stendur og varðar viðskipti og samráð við verkalýðshreyfinguna. En á því atriði strandaði sam-

þykki okkar við því frv. sem hér um ræðir, um viðnám gegn verðbólgu. Það segir orðrétt í Ólafskveri, eins og menn kölluðu það þá, þar sem rætt er um kjaramál og efnahagsmál:

„Hún (þ. e. a. s. ríkisstj.) mun leitast við að tryggja að hækkun verðlags hér á landi verði ekki meiri en í helstu nágranna- og viðskiptalöndum, og í því skyni (og taki menn nú eftir) mun hún beita aðgerðum í peninga- og fjárfestingarmálum og ströngu verðlagseftirliti. Til þess að ná þessu marki vill stjórnin hafa sem nánast (ekki samráð — það stendur ekki samráð, heldur) samstarf við verkalýðshreyfinguna."

Það var þetta og fyrst og femst þetta, sem við í SF töldum á þessum tíma að ætti að fullnægja sem skilyrði í stjórnarsamningi. Og það var þetta sem við vildum ekki fótumtroða og þverbrjóta, en forsrh. sjálfur beitti sér fyrir og vildi gera. Og í reynd var það báv. hæstv. forsrh. sjálfur sem var búinn með vinnubrögðum sínum í þeirri ríkisstj. að stuðla að því að hún hafði ekki þingmeirihl. hér á Alþ. Það ætti honum að vera manna kunnugast um sjálfum. Ég hygg að í hvaða pólitískum flokki sem menn eru eða hvaða stjórnmálaskoðun sem menn hafa annars, þá hefði enginn einstaklingur, hvar í flokki sem hann hefði verið, tekið þeim vinnubrögðum með þökkum sem báv. hæstv. forsrh. beitti sinn samráðh. í þeirri ríkisstj. Það var ekki aðeins móðgun við hann sem einstakling eða þann pólitíska flokk sem hann var fulltrúi fyrir, heldur og ekki síst fyrir þau launþegasamtök í landinu sem hann gegndi oddvitastörfum fyrir. Og það var þetta, vinnubrögð sjálfs forsrh., sem varð þess valdandi að slitnaði upp úr stjórnarsamstarfi sem til var stofnað 1971. Ég hygg að ef menn vilja á annað borð líta á þessi mál af raunsæi og hleypidómalaust þá hljóti menn að verða um það sammála að samstarfsaðilar, hvort sem er í ríkisstj. eða á öðrum vettvangi, verða að kunna að eiga venjuleg og eðlileg samskipti við sína samstarfsmenn.

Þá vék hæstv. ráðh. að því að SF hefði ekki viljað niðurfærsluleiðina 1972, það haust, og það er rétt. Það verður að mínu áliti að beita aðgerðum í samræmi við þann vanda sem við er að glíma hverju sinni. Það eiga ekki alltaf við sömu aðgerðir varðandi lausn efnahagsmála. Það fer eftir ástandi í þjóðfélaginu hverju sinni. Það væri álíka vitlaus kenning að segja: alltaf gengisfelling eða alltaf niðurfærsla, eins og læknir ákvæði að beita sömu lækningaaðferðinni við hvaða sjúkdóm sem væri. Kannske vill hæstv. viðskrh. meina að slíkt sé eðlileg lausn mála, og sé það svo að hans áliti og annarra hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj., þá er ekki við góðu að búast af stjórnvöldum sem nú ráða hér.

Þá sagði hæstv. ráðh. að í því frv., sem hann lagði fram og lagði sinn höfuðmetnað í að bæri stimpil hans sjálfs og Framsfl. á árinu 1974, — það frv. sem hann lagði þá fram og var um viðnám gegn verðbólgu, — í því hefði verið í raun og veru um niðurfærsluleiðina að ræða. Það reyndi ekkert á það hvort Samtökin hefðu endanlega fylgt því eða ekki í sambandi við efnisafstöðu til málsins. Frumkrafa okkar var að staðið yrði við málefnasamninginn og haft yrði samráð og samstarf við verkalýðshreyfinguna, eins og heitið var, um lausn efnahagsmálanna. Það var frumskilyrðið. En því var neitað af hálfu forsrh. Það er því hann og hann einn sem ber ábyrgð á því að upp úr því stjórnarsamstarfi slitnaði.

En við skulum líka líta til þeirra viðræðna sem fram fóru eftir kosningarnar á s. l. sumri. Hvar var viljinn þá hjá hæstv. forsrh., formanni Framsfl., til áframhaldandi vinstra samstarfs í landinu? Risti hann djúpt? Nei, hann risti ekki inn að hjartarótum hjá báv. hæstv. forsrh. eða forustuliði Framsfl. almennt talað. Sú einstrengingslega afstaða formanns Framsfl. þá þess efnis að það kæmi ekki til mála að leita neins samráðs við verkalýðshreyfinguna um lausn efnahagsmálanna, hún varð auðvitað til þess að um áframhaldandi vinstra samstarf var alls ekki að ræða vegna þess að vitað var, það var komið fram, að krafa var uppi af hálfu Alþfl., jafnóskynsamleg og óhyggileg ákvörðun eins og hjá Framsfl., um að það væri skilyrðislaus krafa, ófrávíkjanlegt skilyrði, að fullt samráð væri haft við verkal.-hreyfinguna. Það eru því formaður Framsfl., forustan í þeim flokki, og forusta í Alþfl., sem bera á því höfuðábyrgð að ekki varð úr áframhaldandi myndun vinstri stjórnar á s. l. ári. Og hvað sem hæstv. viðskrh. segir og hvað sem hver annar segir úr forustuliði Framsfl., þá verður þetta ekki af þeim þvegið. Þetta hygg ég að sé öllum orðið ljóst og það þurfi engar vangaveltur, hvorki hæstv. viðskrh. né annarra, um það að það vantaði viljann hjá framsóknarforustunni til þess að halda áfram í vinstri stjórn. Hvað hefur orsakað þá ákvörðun, skal ég ekki fullyrða. Það má ýmsum getum að því leiða hver er valdur þess. Það skal ég ekki gera að sinni. En gefi hæstv. viðskrh. eða aðrir úr stjórnarliðinu tilefni til, þá verður kannske vikið að því síðar í þessum umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Efri deild, 43. fundur.

Fimmtudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hef talið rétt að kveðja mér hljóðs utan dagskrár og flytja hv. d. stutta tilkynningu til upplýsingar.

Í tilefni af miklum umr. í fjölmiðlum og utan um kaup og kjör alþm. kom þingfararkaupsnefnd Alþingis saman í morgun og ákvað þar að innan skamms tíma, 10 daga eða hálfs mánaðar, boðaði n. til blaðamannafundar um þessi mál öll og mundi þar leggja fram öll tiltæk gögn og svara til um þau atriði, er um yrði spurt varðandi kaup og kjör alþm. Þingfararkaupsnefnd mun óska eftir því að sjónvarpað verði frá þessum fundi.

Þetta þótti mér rétt, að hv. þm. fengju að vita, en formaður þfkn. gefur Nd. Alþ. sams konar tilkynningu.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 278). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að ræða, er hið árlega og venjulega frv. um veitingu ríkisborgararéttar. Að þessu sinni er um að ræða að veittur skuli 20 mönnum íslenskur ríkisborgararéttur samkv. frv., og hafa verið teknir upp í þetta frv. þeir sem fullnægja þeim skilyrðum sem fylgt hefur verið áður um það efni og á sínum tíma voru sett af hæstv. Alþingi. Jafnframt er svo gert ráð fyrir því, að fylgt verði venjulegum reglum um að þeir, sem kunna að sækja um ríkisborgararétt til viðbótar meðan þetta frv. er til meðferðar hér á Alþ. og fullnægja kunna skilyrðunum fyrir því að mega öðlast íslenskan ríkisborgararétt, verði teknir upp í frv. Að öðru leyti er þetta frv. með sama hætti og önnur slík hafa verið, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það, en leyfi mér að æskja þess, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. og geng út frá því, að fylgt verði þeim hætti sem jafnan fyrr, að allsherjarnefndir starfi saman á sínum tíma að athugun frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 271). — 1. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Við afgreiðslu frv. til l. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða urðu sjútvn. á smávegis mistök. Í n. hafði verið ákveðið að leggja fram brtt. við 4. gr. frv. Var það gert samkv. ábendingu sjútvrn. og raunar einnig Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Nú er 4. gr. orðuð þannig að skilja má að allar rannsóknir Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skuli gerðar í samráði við Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Þarna er eingöngu átt við þær rannsóknir sem varða starfsemi þeirrar stofnunar, Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Sjútvn. þessarar d. hefur því orðið sammála um að bæta ráð sitt og hefur lagt hér fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, og fjallar eingöngu um 4. gr., sem hún leggur til að verði orðuð þannig:

„Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins framkvæmir, í samráði við Framleiðslueftirlit sjávarafurða, þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru vegna þeirrar stofnunar."

Það er því skýrt og tvímælalaust, að hér er eingöngu átt við rannsóknir sem varða Framleiðslueftirlit sjávarafurða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 276). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 276 frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, svo hljóðandi, að við 15. gr. l., sem er að nokkru heimildargr. varðandi innheimtu afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps, bætist ný mgr., svo hljóðandi:

„Einnig skal ráðh. heimilt að ákveða, að tekið skuli tillit til þess við innheimtu afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps, ef útsendingar til einstakra landshluta eða byggðarlaga eru ófullkomnar eða gæði þeirra ekki sambærileg við það sem eðlilegt má teljast."

Frv. þarfnast ekki langra skýringa umfram grg. Ég tel sem sagt rétt að fá ótvíræða lagaheimild til handa ráðh., því að þótt ég viti góðan vilja hans til þess að rétta hag okkar austfirðinga, sem hér um ræðir sérstaklega, í hvívetna, þá vil ég að hér séu tekin af öll tvímæli um rétt hans til að grípa inn á verksvið undirmanna sinna ef allt réttlæti mælir með því. Hingað til hafa svör þeirrar ágætu stofnunar, sem hér um ræðir, verið lítt skiljanleg venjulegu fólki á Austurlandi, sem nú hefur loksins — ég endurtek: loksins — misst alla þolinmæði. Það er látið sem svo að hér sé að einhverju leyti nýtt vandamál á ferðinni þrátt fyrir óviðunandi sjónvarpsskilyrði austfirðinga frá byrjun. Fjármálasérfræðingur Ríkisútvarpsins sagði í blaðaviðtali eitthvað á þá leið, að menn gætu nánast sjálfum sér um kennt að hafa farið að kaupa sér sjónvarpstæki, eigandi allt á hættu um not þeirra og gæði þess efnis sem sjónvarpið flytti, því að aldrei hefði nein ábyrgð fylgt frá hálfu þeirra sem þó rukka inn afnotagjöld, jafnt af austfirðingum sem öðrum þeim er við nær algjört öryggi búa í þessum efnum. Gagnvart svona fullyrðingum og öðrum svipuðum og þessum hug sem þarna býr á bak við þarf svo sannarlega á því að halda að ráðh., sem á þessu máli hefur fullan og ótvíræðan skilning, geti lögum samkv. sett reglur ofar allri svona röksemdafærslu sem minnir á margfræga röksemdafærslu ýmissa alvitringa í kerfinu okkar, sbr. viðtal í sjónvarpinu við yfirverkfræðing Landssímans, þar sem hann kvaðst, nokkurn veginn orðrétt, ekki vita hvernig í ósköpunum austfirðingar gætu vitað um veðurfar á Austurlandi og þannig um það dæmt hvernig aðstæður væru til viðgerða á Gagnheiðarstöðinni hverju sinni.

Þessi viðbrögð öll og viðbrögð áður í garð austfirðinga, sem möglunarlaust hafa fullu verði greitt þjónustu sem oft hefur verið fyrir neðan allar hellur, þessi viðbrögð brjótast nú út í undirskriftasöfnun hátt í 400 sjónvarpseigenda á þrem stöðum austanlands, þar sem þeir tilkynna að þeir muni ekki greiða afnotagjöld sjónvarps á næsta gjalddaga. Norðfirðingar krefjast endurskoðunar á afnotagjöldunum einnig og þegar hafa flestallir sjónvarpsnotendur á Norðfirði gert þá kröfu og skrifað undir þá kröfu um endurskoðun.

Ég horfi á sjónvarp hér syðra og eystra einnig, og ég get vel um það dæmt hve ósambærilegt það er á flestan veg. Víða eru sjónvarpsskilyrði það léleg, að ég get vart ímyndað mér annað en sjón fólks sé í stórhættu. Einkum eru það börn sem sitja gjarnan of lengi og rýna í snjókófið á skerminum, og ég get vart ímyndað mér annað en þau bíði tjón á sjón sinni af þessum sökum.

Ég skal ekkert um það fullyrða, að eitthvað hafi frá upphafi verið gert til þess að bæta

skilyrðin á Gagnheiðarstöðinni frá því að hún kom upp. En okkur hefur sannarlega reynst erfitt að sjá þess merki í reynd. Fullyrðingar um truflanir af völdum rafbilana hafa verið gerhraktar og bilanir hafa síður en svo verið við illviðri ein bundin, þó að þá hafi þær verið nær óbrigðular, þrátt fyrir það að mér tjá fróðir menn að illviðri eigi hér sáralítið að segja í flestum tilfellum. Sannleikurinn, sem ekki má segja, mun nefnilega sá að sendirinn á Gagnheiði og allt í tengslum við hann mun vera af vanefnum gert, mikið af því gamalt og óhæft til notkunar.

Óþarft er að rekja sögu þessara mála nánar, en fyrr í vetur spurðist ég fyrir um þær smærri endurvarpsstöðvar sem enn eru í umsjá heimamanna á Austurlandi, þó að þær hafi fyrir löngu átt að vera komnar í fulla umsjá sjónvarpsins. Ég tek mína heimastöð, Reyðarfjarðarstöðina, sem dæmi. Hún er ein þeirra. Hún er í lélegu kofaskrifli sem einhvers staðar var fengið í upphafi. Því miður fauk þessi kofi ekki burt í vetur, eins og nærri lá. Þá hefði e. t. v. eitthvað fengist raunhæft gert þar. En algert ófremdarástand er þar, vægast sagt, varahlutir t. d. aldrei neinir til. Reyðfirðingar höfðu því ríka ástæðu til þess að ríða á vaðið með undirskriftasöfnun af þessu tagi, og ég ritaði þar nafn mitt heils hugar undir.

Nú allt í einu, þegar svona er komið, fara forráðamenn sjónvarpsins að tala um ósamræmið, ekki sé hægt að krefjast lagfæringa á sama tíma og verið sé að neita um tekjur. En reynsla liðinna ára, aðgerðarleysi og trassaskapur varðandi úrbætur allar þrátt fyrir fulla greiðslu óhæfrar þjónustu sanna okkur austfirðingum ótvírætt, að við höfum ekki gert rétt í því að bíða þolinmóðir og treysta á lagfæringar þessara aðila. Málið er í sjálfu sér svona einfalt. Austfirðingar þeir, sem nú hafa neitað, munu án alls efa endurskoða afstöðu sína ef þeir sjá það í verki að til móts við þá verður komið og betri þjónusta tryggð eftirleiðis. Til þess er líka þessi mótleikur þeirra, sá einn sem ég tel þá hafa völ á. Verði honum á engan hátt svarað, þá hlýtur viðkomandi ráðh. að láta málið til sín taka og það því fremur sem hann er þm. þessa kjördæmis. Ég vil aðeins veita honum til þess skýra lagaheimild nú og ráðh. menntamála eftirleiðis að grípa hér beint inn í, þótt ég viti ágætan vilja hæstv. núv. menntmrh. og hug í þessum efnum.

Ég tek það fram, að þótt kastast hafi um sinn í kekki milli okkar hæstv. ráðh. út af útvarpsráðsmáli og ég sé honum e. t. v. eitthvað sár og gramur fyrir allt það mál, þá breytir það engu um fullkomið traust mitt á hæstv. ráðh. sem einörðum málsvara okkar austfirðinga og einlægum stuðningsmanni góðra réttlætismála af flestu tagi. Alveg sérstaklega þess vegna vil ég að heimild hans nú í lögum heimild til handa ráðh. nú sé ótvíræð og skýr til þess að ákveða afslátt afnotagjalda, þar sem það telst réttlætismál að hans mati, og því er frv. þetta flutt.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 279). — 1. umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 279 flyt ég frv. til l. um breyt á l. um tekjustofna sveitarfélaga, þess efnis að persónufrádrætti við álagningu útsvara verði hækkaðir til samræmis við breytingar á almennum launatekjum frá því að þeir voru ákveðnir við setningu laga sem komu fyrst til framkvæmda við álagningu 1972. Þá er í frv. lagt til að persónufrádrættir við álagningu útsvara breytist eftirleiðis í samræmi við skattvísitölu.

Útsvör eru samkv. núgildandi lögum brúttóskattur. Ákveðinn hundraðshluti, allt að 11%, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, af svo til öllum brúttótekjum gjaldenda fellur til sveitarsjóðs sem útsvar. En frá þeirri upphæð dregst ákveðin krónutala, sem ræðst af fjölskyldustærð gjaldenda. Af útsvörum hjóna og einstæðra foreldra, sem hafa fyrir heimili að sjá, dragast nú 7000 kr., frá útsvari einhleypings 5000 kr. og fyrir hvert barn, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 1000 kr. Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu, skal enn fremur lækka útsvar hans um 2000 kr. fyrir hvert barn umfram 3. Þessar tölur eru fastbundnar í lögum og breytast ekki í samræmi við verðlags- og launaþenslu í þjóðfélaginu, andstætt því sem gildir um álagningu tekjuskatta, þar sem persónufrádrættir, þ. e. a. s. skattfrjálsar tekjur miðað við fjölskyldustærð, svo og bil skattstiga og síðan sérstakur skattafsláttur eftir fjölskyldustærð breytist allt í réttu hlutfalli við breytingar á meðaltekjum á tekjuárinu.

Þær föstu krónutöluupphæðir, sem gilda sem persónufrádráttur við útsvarsálagningu, hafa verið óbreyttar frá því að útsvör voru fyrst lögð á samkv. núgildandi lögum, þ. e. frá árinu 1972. Meðallaun munu á s. l. ári hafa verið um 170 þús. hærri en á því tekjuári sem var grundvöllur álagningar 1972, hækkun á árinu 1972 var um 30%, 1973 37%, 1974 51%. Þegar svo örar breytingar verða á tekjuupphæðum er ljóst, að fastbundinn persónufrádráttur að krónutölu til jöfnunar milli gjaldenda vegna mismunandi framfærslubyrði missir að verulegu leyti gildi sitt. Segja má að byrði gjaldenda vegna álagningar útsvara, sem miðuð eru við ákveðna prósentu brúttólauna á undangengnu ári, hafi um síðustu ár örra launabreytinga milli ára verið léttari en lögin gerðu ráð fyrir, þar sem gjaldendur greiddu á gjaldárinu ekki raunverulega 10% tekna sinna í útsvar. Þegar laun hækka t. d. um 50% á einu ári, eins og á s. l. ári, þýðir 10% tekjuálagning ársins á undan í raun um 6.7% greiðslu af tekjum gjaldársins í stað 10% ef launin hefðu verið óbreytt. Gildi persónufrádráttarins til jöfnunar hefur eigi að síður rýrnað. En þörfin á leiðréttingu hans til samræmis við krónutölubreytingar launa er þó brýn-

ust nú og óhjákvæmileg þegar svo er komið að í mestu óðaverðbólgu, sem hér hefur átt sér stað, hafa verðbætur á laun verið stöðvaðar að undanteknum smávegis láglaunabótum og kaupmáttur launa minnkað með degi hverjum og veruleg hætta er á að tekjur ýmissa gjaldenda lækki jafnvel að krónutölu vegna minnkandi atvinnu. Er því ljóst, að álagningin 10% bráttóskatts af óbreyttum eða lægri tekjum á gjaldári en tekjuári er í raun veruleg hækkun útsvarsbyrði, og er þá að heyra að sveitarfélögum almennt hafi jafnvel verið gefið fyrirheit um heimild til álagningar 1% aukaálags eða álagningu 11% skatts á brúttótekjur í stað 10%, sem var hámarksálagning í fyrra. Brúttótekjur til útsvarsálagningar á þessu ári, tekjur frá árinu 1974, munu vera um 31 þús. millj. kr. hærri en við síðustu álagningu, en lækkun útsvara vegna persónufrádráttar nam í fyrra um 600 millj. kr. og mun að óbreyttum lögum ekki hækka nema sem svarar til fjölgunar gjaldenda. Með 10% skatti má því áætla að útsvarsálagning hækki um 3000 millj. kr. á árinu, en samkv. þessu frv. ættu persónufrádrættir að hækka um ríflega 1000 millj. kr. Þess má einnig geta, að fasteignaskattar eru á þessu ári miðaðir við 100% álag á fasteignamati í stað 45% í fyrra.

Þegar haft er í huga, hve gildi hins fastbundna persónufrádráttar við álagningu útsvara hefur rýrnað við 170% hækkun á tekjutölum frá því að lögin komu fyrst til framkvæmda, og þær aðstæður, sem nú blasa við, minnkandi kaupmáttur, stöðvun og jafnvel hækkun heildarlauna, þá er að mínum dómi óhjákvæmilegt að persónufrádrættir við útsvarsálagningu verði nú leiðréttir og færðir til samræmis við þær breytingar, sem orðið hafa á krónutölu launa frá því, að lögin voru sett.

Það er ljóst, að hafi stjórnvöld vilja til þess að koma til móts við óskir verkalýðshreyfingarinnar um minnkun skattbyrði, þá ættu úrbætur fremur að beinast að útsvörum en tekjuskatti, þar sem skattbyrði hinna lægst launuðu og verst settu kemur ekki fram í tekjuskatti. Verulegum breytingum á útsvarsbyrði hlytu að sjálfsögðu að fylgja tilfærslur til sveitarfélaga í staðinn.

Í því frv., sem hér er til umr., hef ég þó einungis gert till. um óhjákvæmilegar breytingar á persónufrádrætti í beinu samræmi við breytingar á tekjutölum síðan lögin tóku gildi, þ. e. að persónufrádrættir verði jafngildir og þeir voru 1972. Það er að vísu mín skoðun að persónufrádrættir hafi verið ákveðnir of lágir, þegar lögin voru sett, sérstaklega hafi skort á að nægilegt tillit hafi verið tekið til framfærslubyrði vegna barna, og sama eigi sér stað um frádrætti við álagningu tekjuskatts. En ég tel að í dag sé þetta vanmat á framfærslukostnaði vegna barna við skattlagningu enn tilfinnanlegra þegar haft er í huga, að brýnustu matvæli hafa hækkað meira en aðrar vörutegundir. Ég hef þó ekki kosið að miða þetta frv. um breytingar á persónufrádrætti við útsvarsálagningu við önnur hlutföll en fyrir eru í lögunum, heldur er einungis lagt til að hækkun persónufrádráttar verði í beinu hlutfalli við breytingar á krónutölu launa á tímabilinu síðan lögin tóku gildi, í von um að meiri líkur séu á framgangi málsins. En ég vil beina því sérstaklega til þeirrar hv. n. sem fær frv. væntanlega til meðferðar, félmn., að hún kanni hvort samstaða geti náðst um að aukinn verði enn fremur frádráttur vegna barna. Ég hef einnig talið rétt að leggja til, að eftirleiðis fylgi persónufrádráttur við álagningu útsvars þeim breytingum sem verða á skattvísitölunni.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera örstutta aths. við frv. þetta áður en það fer til n. Ég er því algerlega sammála, að það sé þörf á því að breyta þessum frádrætti til útsvars eins og rökstutt er í þessu frv. En áður en þessi breyting er gerð, sem hér kemur fram, tel ég nauðsynlegt að það sé kannað, hvort sveitarfélögin þoli í raun og veru þá lækkun tekna sem þetta hefur í för með sér. Það er svo, að sveitarfélögin hafa mörg hver barist í bökkum undanfarið og ekki veitt af þeim tekjum sem þau hafa fengið, og ég teldi mjög varasamt að lækka tekjur sveitarfélaganna.

Það er sett hér fram, að þetta muni hafa í för með sér allmikla jöfnun á milli hinna ýmsu tekjuhópa í þjóðfélaginu. Ég er þessu ekki alveg sammála, vegna þess að hér fær hver einstaklingur það sama, sömu upphæð í krónutölu fyrir sig og fjölskyldu sína, án tillits til þess hvað hann hefur í tekjur. Ef við viljum koma á meiri jöfnuði við álagningu útsvars, þurfum við að gera tvennt í senn: hækka persónufrádráttinn og hækka jafnframt skatt- eða útsvarshlutfallið. Þá fyrst kemur fram sú jöfnun, sem ég vildi kalla raunverulega jöfnun, á milli þeirra, sem lágar tekjur hafa, og þeirra, sem meiri tekjur hafa. Ég vil gera þessa fyrirvara varðandi þetta frv., og ég vænti þess að hv. n. hugleiði þessi mál vel áður en frv. verður endanlega afgreitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Hitaveita Siglufjarðar, frv. (þskj. 286). — 1. umr.

Flm. (Hannes Baldvinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, má eiginlega heita að vera ein af margumræddum afleiðingum þeirrar olíukreppu sem gengið hefur yfir og Ísland hefur ekki farið varhluta af. Forsaga málsins er í stuttu máli á þá leið, að í Siglufirði eins og alls staðar annars staðar, þar sem menn hafa haft grun um að jarðhiti og heitt jarðvatn væri fyrir hendi, hafa menn lagt á það réttmætt mat að þar væri um mjög mikilsverð náttúruauðæfi að ræða ef takast mætti að nýta að gagni fyrir íbúa næstu byggðarlaga.

Íbúar í Siglufirði gerðu sér grein fyrir þessu. Þeir vissu af heitum lindum inni í svokölluðum Skútudal, sem liggur skammt innan bæjarins, og þeir gerðu á sínum tíma ráðstafanir til þess að

eignast þar landsréttindi og réttindi til að virkja hitaveitu, ef það kæmi í ljós við nánari athugun að þarna væri vatn fyrir hendi sem svaraði kostnaði að virkja. Um nokkurt árabil fóru fram tilraunaboranir á vegum Orkustofnunar, en vatnsmagnið, sem fékkst við þessar boranir, reyndist að dómi sérfræðinga ekki nægilegt til þess að það svaraði kostnaði að virkja það. Niðurstöður sýndu, að vatnsmagnið dugði fyrir um það bil ⅔ hlutum bæjarins, en framkvæmd virkjunarinnar mundi verða það dýr, að hitaveita í Siglufirði yrði ekki samkeppnisfær við það olíuverð sem þá var ríkjandi. En með olíukreppunni breyttust viðhorfin og bæjarstjórn Siglufjarðar eygði á ný möguleika á því að nytja heita vatnið, sem var í eigu hennar inni í Skútudal, og lét fyrir þær sakir framkvæma svokallaða frumhönnun fyrir virkjunaráætlunum í Skútudal. Þessi frumhönnun var framkvæmd af verkfræðingi hjá Vermi hf., sem heitir Matthías Matthíasson, og þær tölur, sem ég nota hér á eftir í ræðu minni, eru byggðar á þessari frumhönnun, sem hann lagði fyrir bæjarstjórn s. l. haust.

Það kemur fram, þegar farið er að gæta að orkunni sem er þarna fyrir hendi, að ef heita vatnið er nýtt, en það er um 18 sekúndulítrar án nokkurra sérstakra aðgerða, þá samsvarar það sem næst tvöföldu orkumagni þess sem hægt er að framleiða í Rafveitu Siglufjarðar við Skeiðsfoss. En það lá fyrir, að þessir 18 sekúndulítrar eru ekki nægilegir til þess að fullnægja hitaþörf kaupstaðarins, og því fór fram prufudæling til þess að ganga úr skugga um hvort ekki mætti útvega þarna nægilegt magn af heitu vatni með svokallaðri niðurdráttardælu. Þær tilraunir leiddu í ljós, að unnt mundi vera að ná þarna allt að 21 sekúndulítra af 67 gráðu heitu vatni. Það kemur fram, að eftir að búið er að áætla byggingarkostnað upp á 195 millj., þá mun varmaverð frá þeirri veitu kosta 2 521 kr. gígakalorían, en upphitun á sama magni eða einni gígakaloríu með gasolíu kostar á sama tíma 3 380 kr. Og með því að gera nokkuð greinargóða fjárhagsáætlun um framkvæmdir og rekstur kemur sú niðurstaða í ljós, að virkjun á heita vatninu í Skútudal er talin hagkvæm og um 19% ódýrari heldur en ef notuð er olía til upphitunar á jafnstóru húsnæði.

Þegar þessar niðurstöður lágu fyrir hendi fór sendinefnd á vegum Siglufjarðarkaupstaðar á fund iðnrh. og á fund Seðlabankans hér fyrir sunnan, ræddi við þá þessar niðurstöður og óskaði eftir fyrirgreiðslu af hálfu stjórnvalda til þess að unnt væri að hefjast handa um framkvæmdir, og í þessari sömu ferð voru gerðir samningar við Guðmund G. Þórarinsson verkfræðing og fyrirtæki það, er hann rekur, um að hann taki að sér fullnaðarhönnun á lagningu hitaveitu í Siglufirði með að hluta til tvöföldu kerfi um sem svaraði ⅓ hluta bæjarins. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða að undirtektir stjórnvalda hafi verið mjög vinsamlegar, en þó kom þessi sendinefnd heim án þess að hafa nokkuð afgerandi í höndunum um, hvað verða mundi um væntanlegar framkvæmdir í náinni framtíð, og ekkert á hreinu um leyfi til að fjármagna það fyrirtæki sem hér um ræðir.

En hér á Alþ. voru stuttu fyrir áramót samþ. lög um Hitaveitu Suðurnesja, þar sem á sama hátt er verið að ráða bót á þeim vanda sem skapast hefur við gífurlega aukningu á upphitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis á þéttbýlissvæðum á Suðurnesjum, og með þessum lögum kemur í ljós að ríkisstj. og Alþ. hafa talið rétt að gengið yrði til liðs við þau sveitarfélög, sem búa við þann vanda, og þeim veittur nokkur fjárhagslegur stuðningur til að hrinda málunum í framkvæmd. Þegar ég hafði komist að raun um þetta taldi ég rétt, þar sem mér gafst tækifæri til þess hér með setu minni á Alþ., að gera tilraun til að greiða fyrir málum Siglufjarðar varðandi hitaveitu á sama hátt og gert hefur nú verið með Hitaveitu Suðurnesja og samdi því það frv. sem hér liggur nú fyrir til umr. Á því varð af eðlilegum ástæðum að gera nokkrar breytingar, en þær eru þó hvergi neinar efnislegar, heldur fyrst og fremst tæknilegar og stafa af öðrum viðhorfum norður á Siglufirði en hér suður á Suðurnesjum, og mun ég nú í stuttu máli rekja þær helstu breytingar, sem um ræðir frá lögunum og í frv. sem liggur fyrir.

Inn í 1. gr. hefur verið bætt einum málslið sem hljóðar svo: „Hitaveita Siglufjarðar skal reisa kyndistöð og miðlunargeymi til að tryggja rekstraröryggi og annast frekari boranir eftir heitu vatni, teljist slíkt nauðsynlegt.“

Það hefur sem sé komið í ljós í frumhönnuninni, að nauðsynlegt er talið að reisa kyndistöð á Siglufirði og miðlunargeymi, sem safna mætti í vatni til notkunar og upphitunar í kaldari veðráttu og að elga þarna nokkurn varasjóð upp á að hlaupa þegar álag á veituna yrði hæst. Að auki er svo setningarhlutinn „og annast frekari boranir eftir heitu vatni“ byggður á þeirri vitneskju, að það er víðar en í Skútudal í Siglufirði sem finna má nokkrar heitar lindir. Rannsóknir á þeim hafa ekki farið fram, svo að heitið geti, en e. t. v. er þar að finna lausn á eða það vatnsmagn, sem á vantar til að anna hitaþörf bæjarins að öllu leyti. En slíkar rannsóknir taka auðvitað töluverðan tíma, og ég held að allir, sem til þekkja, séu sammála um að ekki sé skynsamlegt að fresta framkvæmdum á grundvelli þeirrar áætlunar, sem fyrir liggur, þó að niðurstöður af rannsóknum, sem síðar kunna að fara fram á jarðhitasvæðinu í Siglufirði, beri jákvæðan árangur.

Í 2. gr. er ekki um neina efnisbreytingu að ræða. Þar er aðeins í stað þeirra sveitarfélaga, sem sameinast hafa með ríkissjóði, talið upp nafn Siglufjarðar, og eignarhlutfallið er hið sama í frv. um Hitaveitu Siglufjarðar og felst í l. um Hitaveitu Suðurnesja.

Í 3. gr. er einnig um lítilfjörlega tæknilega breytingu að ræða. Í l. er talað um að lögð verði Hitaveita á Keflavíkurflugvelli. Þeirri setningu er auðvitað óhætt að sleppa varðandi framkvæmdir á Siglufirði, en í staðinn bætti ég inn í ítrekun á nauðsyn þess að frekari rannsókn fari fram á þeim jarðhitasvæðum í Siglufirði sem vitað er að þar eru.

Í 4. gr. er um verulega breytingu að ræða, vegna þess að þar má segja að hlutverkin snúist við. Ríkissjóður eða Orkustofnun í eigu ríkissjóðs hefur framkvæmt allar þær undirbúningsrannsóknir sem áætlanir um Hitaveitu Suðurnesja byggjast á, og lagt var í talsverðan kostnað

við boranir eftir heitu og köldu vatni og úrvinnslu gagna og áætlana á þeim niðurstöðum sem þar fengust. Þetta hlutverk var aftur á móti á Siglufirði í höndum Siglufjarðarkaupstaðar, og efnisbreytingin er sú ein að þarna verði notuð sama aðferð við mat á þeim verðmætum, sem hvort aðili fyrir sig hefur lagt fram, ríkissjóður í öðru tilfellinu og Siglufjarðarkaupstaður í hinu tilfellinu, og verðmæti þeirra framkvæmda, sem um ræðir, verði talið sem framlag eignaraðila í stofnframlagi.

Í 5. gr. er fjallað um stofnframlag, og þar verð ég að viðurkenna að mér var nokkur vandi á höndum. Í l. um Hitaveitu Suðurnesja er gert ráð fyrir að stofnframlag eignaraðila verði 50 millj. kr. Má auðvitað um það deila hversu hátt slíkt stofnframlag má vera til þess að eðlilegt megi teljast. En ég held þó að ég hafi ekki sett markið utan eðlilegra marka þegar ég tala um að sameiginlegt stofnframlag sameignaraðila að Hitaveitu Siglufjarðar verði 20 millj. kr. og undirstrika, að þá verður eignarhlutur ríkissjóðs í fyrirtækinu, ef þetta frv. verður að lögum, 8 millj. kr.

6. gr. er óbreytt frá l. um Hitaveitu Suðurnesja.

7. gr. fjallar um skipan stjórnar fyrirtækisins og þar er auðvitað um tæknileg frávik að ræða. Það er gert ráð fyrir, að stjórnin sé eingöngu skipuð af bæjarstjórn Siglufjarðar og svo ríkissjóði og þeim ráðh. sem fyrirtækið kemur til með að heyra undir.

Í 9. gr., sem fjallar um aðalfundi fyrirtækisins, er ekki um neina breytingu að ræða. Þó orkar tvímælis, hvort ekki hefði átt að fella niður 4. gr. úr l., sem segir að eignaraðilar skuli tilkynna tilnefningu nýrra manna í stjórn. Slíkt gerist í sambandi við Hitaveitu Siglufjarðar ekki nema á þriggja ára fresti, en þó fannst mér ekki ástæða til þess að fella þessa grein niður af þeim sökum.

10. gr. er algerlega shlj. í l. og í frv. og 11. gr. sömuleiðis.

Í 12. gr., þar sem fjallað er um heimild ríkisstj. til þess að takast á hendur ábyrgð á lánum til framkvæmda, er svo auðvitað um verulega breytingu að ræða, þar sem annað fyrirtækið má reikna með allt að 2 milljörðum kr. til framkvæmda, en hitt fyrirtækið ætti að sleppa að öllu áfallalausu a. m. k. með 200 millj. kr. lántöku. Skilyrðin fyrir lántökunni eru óbreytt í l. og frv. og ekki ástæða til að fjölyrða um það.

Inn í frv. hef ég bætt einni gr. frá því, sem er í l., svo hljóðandi, — það er 14. gr. í því frv., sem hér liggur fyrir:

„Siglufjarðarkaupstaður skal, án endurgjalds, leggja til lóðir og lóðarréttindi, sem eru í eigu kaupstaðarins og nauðsynlegar eru undir byggingar, miðlungargeymi, aðveituæð og önnur mannvirki, sem reist verða á vegum Hitaveitu Siglufjarðar.“

Ég taldi rétt að setja þessa gr. inn í frv., vegna þess að allar þær lóðir, sem um ræðir, eru í eigu Siglufjarðarkaupstaðar, og ég teldi óeðlilegt að hann færi að taka sérstakt lóðargjald eða lóðarleigu fyrir þau mannvirki, sem reist kunna að verða á vegum Hitaveitunnar. Mér fannst þó ekki ástæða til að sleppa niður 15. gr. úr l., sem fjallar um eignarnámsheimild sem ráðh. getur veitt, en ég held að ég fari fullkomlega með rétt mál þegar ég fullyrði, að til slíks muni ekki koma í sambandi við virkjun á hitaveitu í Siglufirði.

Í 15. gr. er talað um að lokið skuli við skipun stjórnar fyrir fyrirtækið fyrir 15. apríl 1975. Ég tel, að þar sé um nokkuð rýmileg tímamörk að ræða og raunveruleg skilyrði fyrir því, hvort unnt verður að hefjast handa um framkvæmdir samkv. þessu frv., ef að l. verður, það tímanlega að lokið verði við verkið á næsta ári. En til þess standa fyllilega vonir samkv. þeirri fullnaðarhönnun, sem verið er að vinna að, og bæjarstjórn hefur í öllum ákvörðunum í sambandi við hitaveituna tekið mið af því að ljúka verkinu fyrir lok næsta árs. Það er meira að segja hugsanlegt að hægt verði að taka hluta af hitaveitunni í gagnið strax í haust eða í vetur.

Ég hef rakið það hér áður, að ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt hér er það fordæmi, sem þegar er fengið með l. um Hitaveitu Suðurnesja. Ástæðan er einnig sú, að þrátt fyrir viðræður bæjarstjórnar Siglufjarðar við stjórnvöld um heimild til framkvæmda og hugsanlega fjármögnun fyrirtækisins, þá liggur enn þá ekkert ljóst fyrir um þá fyrirgreiðslu, sem hugsanlega hefði verið hægt að ná eftir öðrum leiðum en lagasetningu. Ég tel, að með því að samþykkja þetta frv., sem hér liggur fyrir, og gera það að lögum sé tryggð sú framkvæmd, sem öllum bæjarbúum í Siglufirði og raunar öllum landsmönnum kemur að mjög góðum notum. Ég álít að sú stefna, sem raunverulega er mörkuð af hálfu Alþ. með samþykkt laganna um Hitaveitu Suðurnesja, sem felur í sér að það er talið eðlilegt að ríkisvaldið taki þátt í framkvæmd slíkra þjóðþrifafyrirtækja, sé rétt, og ég leyfi mér að vona, að sú stefna verði einnig ráðandi í afstöðu manna varðandi þær framkvæmdir sem nú eru fyrirhugaðar á Siglufirði.

Ég verð því miður að viðurkenna það, að afritið af frumhönnuninni fyrir varmaveituna barst mér ekki í hendur fyrr en rétt í þann mund sem ég var að stíga hér í ræðustól, og ég gat því ekki búið mig undir að taka nógu greinilega til meðferðar þær niðurstöðutölur sem hönnunin byggir á. En ég lýsi því yfir að ég er reiðubúinn — og ég veit að það verða allir aðilar sem málið varðar — til að leggja mitt liðsinni til að sú n., sem kemur til með að fjalla um þetta frv. hér á hv. Alþ., fái í hendur öll þau gögn, sem fyrirliggjandi eru og til upplýsinga mega verða í máli þessu.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. þessu verði vísað til hv. iðnn., og jafnframt láta í ljós þá ósk mína að sú n. afgreiði málið bæði fljótt og vel og til hagsbóta fyrir það byggðarlag sem hér um ræðir.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um merkilegt mál, þar sem er Hitaveita Siglufjarðar, og vil ég strax taka það fram, að þar er um að ræða mál sem er sjálfsagt að styðja, þannig að af framkvæmdum geti orðið hið allra fyrsta. Ég tel aðeins rétt að upplýsa, hvaða afskipti iðnrn. hefur haft af þessu máli.

Það gerðist í febr. 1974, fyrir ári, að Siglufjarðarkaupstaður skrifaði iðnrn. um málið og fór fram á að rn. fjármagni frumhönnun og, komi sá kostnaður inn í stofnkostnað veitunnar ef úr framkvæmdum verður. Iðnrn. svaraði þessu bréfi í marsmánuði 1974 á þessa leið:

„Rn. hefur því miður ekki fjármagn til að kosta umrædda frumhönnun að sinni. Hins vegar skal yður tjáð, að unnið er nú að áætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað erlendra og að fjármögnun í því sambandi. Ætlun rn. er að leggja fram till. um þessi efni innan skamms. Rétt er að geta þess, að Siglufjarðarkaupstaður kynni að eiga þess kost síðar að fá endurgreidd útgjöld sín varðandi þessa frumhönnun."

Bréfið er dags. 12. mars 1974. Þrátt fyrir þessa synjun rn. að greiða frumhönnun, a. m. k. að sinni, var ráðist í hana engu að síður og liggur hún fyrir, eins og hv. flm. gat um.

Þessar hitaveitufyrirætlanir eru með nokkuð sérstökum hætti, þannig að hér er um að ræða svokallaða blandaða hitaveitu. Það virðist ekki vera nægilegt heitt vatn til þess að hita upp allan bæinn, og í þessari frumhönnun segir svo: „Að mati sérfræðinga Orkustofnunar má ekki búast við að frekari boranir auki virkjanlegt vatnsmagn í Skútudal." Þess vegna eru hugmyndirnar þær að byggja þessa hitaveitu annars vegar á því heita vatni, sem til er, en nota svo kyndistöð til þess að sjá fyrir því sem á vantar, og hita upp vatn með rafmagni eða olíu, svartolíu. Virðist eftir þessari frumhönnun, að þó að þessa blönduðu aðferð þurfi að nota, þá sé hér um álitlegt og æskilegt fyrirtæki að ræða, sem eins og ég gat um er sjálfsagt að styðja.

Fyrir nokkru ræddu fulltrúar Siglufjarðar við mig um þetta mál og afhentu mér þá m. a. þessa frumhönnun, sem hlutafélagið Vermir hefur gert, um varmaveitu fyrir Siglufjörð. Málið er til athugunar í iðnrn. og gert ráð fyrir að það verði afgreitt þar fljótlega.

Varðandi frv. hv. þm. vil ég aðeins taka fram, að það þarf að skoða nokkru nánar hvernig ætlað er um eignaraðild að þessari hitaveitu. Hv. þm. hefur í frv. sínu sniðið þetta eftir l. um Hitaveitu Suðurnesja. Nú er það svo að hitaveitur þær, sem reistar hafa verið hingað til, hafa yfirleitt verið eign sveitarfélaganna einna. Varðandi Hitaveitu Suðurnesja var hafður annar háttur á, þ. e. a. s. að ríkið yrði eigandi að 40%, en sveitarfélögin 7 saman að 60%. Ástæðan var sú að Keflavíkurflugvöllur kemur þarna inn sem stór aðili, væntanlega sem notandi meiri hluta hitaorkunnar, og af þeim ástæðum þótti rétt að ríkið væri þar meðeigandi og meðaðili.

Ég skal ekkert um það fullyrða, hvað þætti eðlilegast að því er Siglufjörð snertir, en fyrst detur manni í hug hvort ekki væri eðlilegast að sami háttur væri hafður og almennt er um hitaveitur, að Siglufjarðarkaupstaður væri einn eigandi að þessu fyrirtæki. Mér hafa ekki borist neinar óskir um það frá forráðamönnum Siglufjarðar, að ríkið kæmi inn sem meðeigandi. Hins vegar vil ég taka það fram, að hvernig sem á þetta yrði litið eða hver sem niðurstaðan um eignaraðildina yrði, þá verður ríkið auðvita að veita allan þann atbeina sem með þarf í þessu skyni, bæði um ríkisábyrgð og aðra fyrirgreiðslu, e. t. v. lánsútvegun. Vænti ég þess að niðurstöður geti skjótlega orðið í þessu merka máli fyrir Siglufjörð. En að því er auðvitað stefnt að hraða sem mest má verða hitaveitum hér á landi og eru margar nýjar hitaveitur í undirbúningi.

Ég vildi aðeins, um leið og ég lýsi eindregnum stuðningi við það mál að hitaveitu verði sem fyrst komið á fyrir Siglufjörð, láta þessar skýringar fylgja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 43. fundur.

Fimmtudaginn 13. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Að því gefna tilefni að kaup og kjör þm. hafa mjög verið í sviðsljósinu að undanförnu ákvað þingfararkaupsnefnd á fundi sínum í morgun að boða til blaðamannafundar um það mál innan skamms þegar tími vinnst til. Yrði það að líkindum innan 10 daga eða hálfs mánaðar. Þar yrðu öll atriði þeirra mála upplýst og þess farið á leit við rétta ráðamenn að þeim fundi yrði sjónvarpað. — Þetta vildi ég að hv. þdm. vissu.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég bið hv. þdm. að vera mjög stuttorða. Það var ekki ætlunin að hafa umr. um þetta efni. Hins vegar þótti rétt að þessi tilkynning væri birt samtímis í báðum d. áður en gengið væri til dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég skal að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum að vera mjög stuttorður, en í tilefni af þessum upplýsingum hv. formanns þfkn., sem ég fagna mjög, vil ég láta það koma fram, að þingflokkur Alþfl. ræddi þetta mál nýlega á fundi sínum. Það var einróma niðurstaða þingflokksins að eðlilegt væri að Alþ. gerði breytingu á þeirri skipan, sem gilt hefur varðandi ákvörðun á launum alþm. og endurgreiðslu á ferðakostnaði og dvalarkostnaði þm. Það væri óeðlilegt að þingið sjálft tæki ákvörðun um kjör þm. og kostnaðargreiðslur þeirra.

Síðan 1962 hefur sérstök stofnun, Kjaradómur, lögum samkv. ákveðið laun ráðh. og hæstaréttardómara. Það var skoðun þingflokks Alþfl. að langeðlilegast væri, að samþ. yrði lagabreyting um það að Kjaradómur skyldi einnig ákveða laun þm. og kostnaðargreiðslur af hálfu þeirra. Við sömdum frv. um þetta efni og strax daginn eftir afhenti ég þetta frv. forseta Sþ. og hinum þingflokkunum öllum í trausti þess að málið yrði tekið til athugunar í þingflokkunum, sem ég vona að hafi verið gert eða verði gert innan skamms.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég skal svo sannarlega verða við tilmælum forseta. Ég ætla ekki að ræða efnislega um þetta mál og kvaddi mér ekki hljóðs til þess. Hins vegar vil ég fagna því að hv. formaður þfkn. og þfkn. í heild hefur tekið þessa ákvörðun, því að ég tel mjög nauðsynlegt og æskilegt að fólk almennt verði upplýst um það hver hin raunverulegu kjör alþm. eru. Það er síður en svo þeim í hag að nein leynd hvíli yfir slíku. Það á að vera öllum opinbert og það er best fyrir alla að það sé öllum ljóst, hvernig þau mál standa og hvernig alþm. er greitt kaup og hvernig þeir hafa sín kjör. Þetta vildi ég láta koma fram. Ég fagna því sérstaklega, að til slíks fundar verður boðað, og vænti þess að þar upplýsist öll mál eins og best verður á kosið.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Mér þykir það mjög á óvart að hv. 9. þm. Reykv. hóf máls á þessu atriði, vegna þess að ég vissi ekki betur en það hefði orðið samkomulag um það að einmitt þetta málefni, sem hann drap á hér, gengi til þfkn. til athugunar. Ég að mínu leyti er ekki reiðubúinn til þess að ræða það að neinu leyti fyrr en n. hefur gefist kostur á að taka afstöðu til þess, eins og samkomulag varð um.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 288, n. 291, 292 og 293). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. hefur á fundi sínum í morgun rætt þetta frv. og er álit meiri hl. n. á þskj. 291. Haldinn var sameiginlegur fundur fjh.- og viðskn. beggja þd. um þetta mál og á fundinum mættu tveir af bankastjórum Seðlabankans, þeir Jóhannes Nordal og Davíð Ólafsson, og forstjóri Þjóðhagsstofnunarinnar, Jón Sigurðsson. Þeir svöruðu fsp. nm. og veittu ýmsar upplýsingar.

Nm. urðu ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. hefur skilað sérálitum sem verður mælt fyrir væntanlega hér á eftir.

Svo ítarlegar umr. hafa farið fram um þetta mál að ég sé ekki ástæðu til að bæta þar miklu við hér og nú. Menn greinir á um réttmæti gengisfellingar sem slíkrar og hvers vegna við þurfum að grípa til slíkra aðgerða nú. Orsakirnar liggja að sjálfsögðu í fortíðinni, um það ættu menn að vera sammála, svo og það að gengislækkun ein út af fyrir sig er ekki ráð við öllum vanda. Þess vegna er þörf á margs konar hliðarráðstöfunum sem koma munu í kjölfarið, eins og hæstv. forsrh. greindi frá í ræðu sinni hér í gærkvöldi.

Ef gengisbreyting kemur ekki að því gagni sem vonast er til og ætlast er til, þá liggur það fyrst og fremst í því að ástandið hefur haldið áfram að versna. Slíkt hefur einmitt gerst nú á síðustu mánuðum eða frá því er síðasta gengisbreyting var gerð. Viðskiptakjör eru nú talin svipuð því og þau voru 1970, en kostnaðarstig hér hefur orðið a. m. k. þrisvar sinnum meira en í nágrannalöndum að því er talið er, og þó vafalaust enn meira í sjávarútvegi vegna þess hve sú atvinnugrein er háð þeim vörutegundum sem hvað mest hafa hækkað, þar sem er olía og veiðarfæri.

Gengisbreytingin síðasta var eins hófleg og mögulegt var að hafa hana. Hún var við það miðuð að viðskiptakjör héldu ekki áfram að versna. Það gerðu þau hins vegar og því er nú svo komið sem öllum er ljóst.

Menn spyrja sjálfsagt nú hvort einhver munur sé á þessari gengisbreytingu og hinni næstu á undan, hvort við megum eiga von á annarri eftir nokkra mánuði. Því er til að svara, að menn þykjast sjá þess merki að verð á útflutningsafurðum okkar muni ekki falla frekar og fremur hækka á næstunni. Því er ástæða til að ætla að hér sé nú nóg að gert samfara þeim ráðstöfunum sem munu fylgja. Gengisbreyting byggist á því að menn leiti fleiri úrræða til að tryggja rekstur atvinnuveganna og svo mun verða gert.

Hinar tíðu gengisbreytingar hljóta að benda til þess að einhverjar veilur séu í okkar efnahagslífi og efnahagsaðgerðum. Það eru allir óánægðir þegar til svona aðgerða þarf að grípa. Menn vilja í orði kveðnu gera breytingar sem ættu að duga, en þegar til kastanna kemur, eru menn gjarnan á móti þeim breytingum, sem þarf að gera til að umbótum verði komið á.

En nóg um þetta. Það frv., sem hér er til umr., er nauðsynlegt að lögfesta vegna þeirrar ákvörðunar, sem þegar hefur verið tekin um gengisbreytinguna. Frv. er hliðstætt þeim frv. sem áður hafa verið fylgifiskar gengisbreytinga. Meiri hl. fjh.- og viðskn. mælir með því, að frv. verði samþ.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Eins og hér hefur þegar fram komið varð fjh.- og viðskn. d. ekki sammála um afgreiðslu frv. Ég hef gefið út sérstakt nál. á þskj. 292 og legg þar til að frv. verði fellt. Í rauninni er sá ágreiningur, sem uppi er og fram kom í fjh.- og viðskn., ekki um efni þess frv. sem hér er nú til afgreiðslu. Það er, eins og hér hefur réttilega verið sagt, líkt öðrum frv. sem fylgt hafa með gengislækkunum áður og er fyrst og fremst um tæknilega framkvæmd varðandi skráningu gengisins að nýju. En ágreiningurinn er fyrst og fremst um það hvort rétt hafi verið að velja hér gengislækkunarleið eða ekki, og segja má að þetta frv., sem hér er nú til afgreiðslu, sé hin formlega eða lagalega staðfesting á því að þessi leið er valin. Af þeim ástæðum legg ég til að frv. verði fellt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hefja hér almennar umr. um þennan ágreining að þessu sinni. Ítarlegar umr. fóru hér fram í gær um málið og því þarf ég í rauninni ekki að hafa mín orð fleiri. Ég legg til að frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Við einstök atriði þessa frv. er í sjálfu sér ástæðulaust að gera aths. Frv. er eðlilegt

framhald af þeirri ráðstöfun sem gerð var í gær, að breyta gengi íslenskrar krónu. Hins vegar er þingflokkur Alþfl. andvígur þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. sem gengisbreytingin er hluti af, og þess vegna mun hann greiða atkv. gegn þessu frv. Í því felst yfirlýsing um andstöðu við stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Hæstv. forseti. Ágæti þingheimur. Við, sem komum hér inn og dveljum stutta stund, horfum gjarnan á það, sem hér fer fram, e. t. v. í öðru ljósi en þeir sem sitja hér að staðaldri. Við metum það kannske með meiri spurn hvort mönnum sé alvara eða hvort þeim sé ekki alvara, hvað þeir telji sig gera vegna pólitískrar nauðsynjar um stuðning og áhrif og áróður og hvað þeir telji sig gera af því að það sé nauðsyn fyrir þjóðina.

Nú er það svo, að öll þjóðin hlustar að sjálfsögðu á það hvað hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, segir um þessi mál. Þau eru honum það skyld að slíkt hlýtur að teljast eðlilegt. Á sínum valdaferli tók hv. 2. þm. Austf. eina mjög örlagaríka ákvörðun, — ákvörðun sem átti eftir að vara mun lengur en valdaseta hans sjálfs. Það var skipun manns sem bankastjóra við Seðlabanka Íslands. Ég held að þegar slíkir hlutir koma upp eins og nú, þá sé eðlilegt, þegar menn meta það hvenær hv. 2. þm. Austf. er alvara og hvenær ekki, að þeir horfi á það hvernig sá maður, sem hann taldi öðrum hæfari til þess að meta á hverjum tíma m. a. hvort gengi íslenskrar krónu væri rétt, með því að skipa hann í þessa stöðu — ég held að menn hljóti að meta það hvort hans ákvörðun þar hafi verið röng eða rétt og hvort við þá ákvörðun hafi raunverulega komið fram skoðun hv. 2. þm. Austf., Lúðvíks Jósepssonar. Ég fyrir mitt leyti hlustaði alveg sérstaklega eftir því í útvarpinu í gær hver afstaða þessa manns hefði verið. Það var ekkert sératkv. sem þar kom fram. Hann studdi það sem ábyrgur maður í sinni stöðu að fella gengið, vegna þess hvernig komið var viðskiptakjörum þessarar þjóðar. Ég vona að hv. 2. þm. Austf. geri sér einnig grein fyrir því að það er ekki gamantafl eins eða neins að fyrirskipa það að hörfa — því að gengisfelling er ekki yfirlýsing um neitt annað en að hörfa að næstu vígstöð. Það höfum við Íslendingar verið að gera þau ár sem ég man eftir með gengi þessarar krónu, við höfum verið að hörfa, yfirleitt vegna breytingar á mörkuðum erlendis og stundum jafnframt og í þessu tilfelli einnig í dag vegna mikillar verðbólgu innanlands.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri, en vona að þetta nægi til þess að þeir, sem orð mín hafa heyrt, geri sér grein fyrir því að ég held að íslenska þjóðin taki tillit til fleira en þess sem menn segja hér í pontunni. Það er líka fylgst með því hvað er að gerast á öðrum stöðum í tengslum við þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:12 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 21:10 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:11 atkv.

Neðri deild, 44. fundur.

Fimmtudaginn 13. febr., að loknum 43. fundi.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 288). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Heimir Hannesson: Herra forseti. Áður en þessari 3. umr. er lokið verð ég aðeins að vekja athygli á smávegis ósamræmi, sem gætir hér annars vegar í lagagreinunum og grg., til að öll tvímæli verði af tekin.

Í 2. gr. er sagt í sambandi við væntanlegan gengishagnaðarsjóð að hann eigi við útfluttar sjávarafurðir, og ráðh. og aðrir talsmenn þessa frv. hafa gert grein fyrir því. Hins vegar segir í grg. á bls. 3, þar sem gert er ráð fyrir ákveðnum undanþágum, að ríkisstj. geti ákveðið til hvaða afurða ákvæði um gengismun skuli taka. Er þá sérstaklega haft í huga að undanskilja vissar afurðir, svo sem niðurlagðar og niðursoðnar sjávarafurðir.

Ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því að hér er um misskilning að ræða og nokkurt ósamræmi, vegna þess að þegar á síðasta ári, held ég að ég megi segja, lá fyrir úrskurður þáv. hæstv. iðnrh. og hans rn. um að niðurlagðar sjávarafurðir, lagmeti öðru nafni, beri að flokka sem iðnaðarvörur og séu þar af leiðandi ekki sjávarafurðir, og þarf enga undanþágu til. Ég óska eftir því í öryggisskyni, vegna þess að þótt þetta sé að vissu leyti heimildarákvæði og yfirlýsing í þá átt að slík undanþága verði veitt, þá upplýsi forráðamenn ríkisstj. hér og þá væntanlega hæstv. iðnrh., að hér sé um misskilning að ræða, þannig að öll tvímæli verði tekin af í þessu máli. Ég held það sé nauðsynlegt því að þarna hefur ákveðinn misskilningur slæðst inn.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:11 atkv. og afgr. til Ed.

Framkvæmdasjóður Suðurnesja, frv. (þskj. 7, n. 277). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt frv. það til l. um Framkvæmdasjóð Suðurnesja sem hér er til 2. umr. N. hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Ýmis rök mætti nefna sem urðu til þess að móta þessa afstöðu n. til þessa frv. og skal ég geta nokkurra. Áður vil ég þó geta þess að hinn 4. des. s. l. var ákveðið á fundi n. að senda frv. til umsagnar til þeirra aðila sem málið virtist einkum snerta, þ. e. Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi, Samstarfsnefndar sveitarfélaga á Suðurnesjum og Framkvæmdastofnunar ríkisins, og var frestur veittur til 15. jan. til þess að skila umsögnum. Frá tveim hinum fyrr töldu barst engin umsögn. Framkvæmdastofnun ríkisins sendi hins vegar allítarlega umsögn sem

ég sé þó ekki ástæðu til að rekja, en niðurstaðan í þeirri umsögn er sú að ekki var mælt með samþykkt frv.

Vart verður talið skynsamlegt að fjölga fjárfestingarsjóðum, og enn síður getur það talist skynsamlegt að kljúfa stofnlánasjóði upp eftir landshlutum eða héruðum og mundi við slíkt koma upp nokkuð undarlegur flötur á byggðastefnunni svonefndu. Lánakerfið virðist nægilega flókið fyrir þótt svo sé ekki gert, og slíkir sjóðir eru ekki líklegir til að ráða við fjármagnsþörf hinna einstöku fyrirtækja í hinum einstöku héruðum.

Í frv. er gert ráð fyrir að einn af tekjustofnum sjóðsins sé ákveðin skattlagning á starfsemi sem tengd er varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Það er rétt að benda á í því sambandi að varnarsamningurinn setur nokkrar skorður við slíkri skattlagningu. Annar tekjustofn er hluti af aðstöðugjöldum sveitarfélaga á svæðinu, en það þýðir í raun að viðkomandi sveitarfélög eru þar með svipt hluta af sínum tekjustofnum sem aftur önnur sveitarfélög njóta. Slíkt veldur ósamræmi. Þriðji tekjustofninn er svo gjald af ríkisfyrirtækjum á Keflavíkurflugvelli, — ríkisfyrirtækjum, sem nú eru skattfrjáls. Það verður að teljast í meira lagi vafasamt að skattleggja ríkisfyrirtæki á einu svæði, en ekki öðru, og þarf vart að rökstyðja það nánar.

Þau atriði, sem ég hef hér nefnt og mótað hafa afstöðu n., ættu kannske að nægja til þess að n. legði til að frv. yrði fellt. N. hefur þó valið þann kostinn að leggja til að frv. verði vísað til ríkisstj., og má skilja þá afstöðu n. sem vísbendingu um það að ástæða sé til að taka málefni Suðurnesja til sérstakrar athugunar að því er varðar afstöðu fjárfestingarsjóða til lánveitinga á þessu svæði.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að gera að umræðuefni raunveruleg efnisatriði þessa máls, þar sem afstaða mín til þess kemur fram í nál. sem hv. frsm. fjh.- og viðskn. var að lýsa hér áðan, en ég stend að því nál. ásamt öðrum nm. En það, sem ég vildi vekja athygli á í sambandi við þetta mál er, að okkar sjóðakerfi eða okkar lánakerfi er orðið býsna flókið og umsvifamikið. Ég hef hér í höndum skrá yfir fjárfestingarlánasjóði og helstu sjóði sem lána til atvinnuveganna og það er býsna löng upptalning að telja þá alla upp. En ég ætla samt að gera það.

Það er í fyrsta lagi Byggðasjóður, það er Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Ferðamálasjóður, Fiskimálasjóður, Fiskveiðasjóður Íslands, Framkvæmdasjóður Íslands, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Iðnlánasjóður, Iðnrekstrarsjóður, Iðnþróunarsjóður, Lánasjóður sveitarfélaga, Stofnlánadeild landbúnaðar, Stofnlánadeild samvinnufélaga, Veðdeild Búnaðarbankans, Veðdeild Iðnaðarbankans, Veðdeild Landsbankans, Verslunarlánasjóður, Atvinnuleysistryggingasjóður, Bjargráðasjóður, Fiskræktarsjóður, Hafnabótasjóður, Orkusjóður og Útflutningslánasjóður. Þetta eru samtals 24 sjóðir. Einn er sá sjóður til viðbótar sem stofnaður var með sérstökum l. í tilefni af náttúruhamförunum í Vestmannaeyjum, Viðlagasjóður, sem mundi verða sá 25. Auk þessa koma svo um 100 lífeyrissjóðir sem allir stunda lánastarfsemi, þannig að hér er um að ræða 125 aðila sem lána með ýmsum hætti til ýmiss konar framkvæmda og starfsemi í landinu. Til viðbótar við þessa 125 aðila kemur svo bankakerfið, allir bankarnir og útibú þeirra sem ég hef nú ekki tölu yfir, svo og sparisjóðir.

Það er hverjum manni ljóst af þessari upptalningu að lánakerfið í heild fyrir 215 þús. manna þjóð, þar sem um er að ræða 125 sjóði, banka og sparisjóði og allt sem þeim fylgir, er býsna margbrotið. Það er dýrt fyrir þjóðina og það er að mörgu leyti óhagkvæmt. Ég er ekki með till. um að gera á þessu breytingar. Ég vildi aðeins nefna þetta í tilefni af því að hér er flutt frv. um að stofna nýjan sjóð fyrir ákveðið svæði í landinu, sem mundi eflaust þýða það ef það væri samþ. að fram kæmu kröfur um aðra sjóði fyrir önnur svæði landsins.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessum staðreyndum og þær mega gjarnan koma inn í þingtíðindi í sambandi við þetta málefni. Og ég er þeirrar skoðunar að þegar af þeirri ástæðu, hversu okkar lánakerfi er margbrotið og yfirbyggingin geysilega dýr fyrir fámenna þjóð, að stofnun nýs sjóðs sé óþörf. Þegar af þeirri ástæðu leggst ég á móti stofnun nýrra sjóða af því tagi sem hér er um að ræða.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál sérstaklega.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég var sammála meðnm. mínum um það að rétt væri að afgreiða þetta mál til ríkisstj., m. a. af þeirri ástæðu sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að þegar er orðið helst til mikið af fjárfestingarsjóðum og því eðlilegra að vinna að sameiningu þeirra heldur en fjölga þeim. En ég kaus hins vegar að þessari till. n. um að vísa málinu til ríkisstj. hefði fylgt jákvæð afstaða að því leyti, að hún teldi rétt að málefni Suðurnesja væru tekin til sérstakrar athugunar í samræmi við þær hugleiðingar sem komu fram í grg. þessa frv.

Aðstaða suðurnesjamanna er að ýmsu leyti sérstæð t. d. vegna herstöðvarinnar sem þar er og kannske verður lögð niður þá og þegar, enginn getur sagt um það, hvenær það verður. Það getur vel farið svo að það verði fyrr en varir vegna breyttra aðstæðna í alþjóðamálum. Þá er ljóst að á Suðurnesjum mun skapast alveg sérstakt ástand. Til þess verður að sjálfsögðu að taka nokkurt tillit. — Ég sé að hv. 5. þm. Vesturl. brosir að þessum hugleiðingum mínum í sambandi við Keflavíkurvöllinn eða herstöðina. Ég vona að það sé nú ekki af því að honum líki sú hugmynd illa, að svo gæti farið að herstöðin þar yrði lögð niður fyrr en seinna, m. a. vegna breyttra aðstæðna í alþjóðamálum. Ég held að allir landsmenn mundu fagna slíkum breytingum, jafnvel líka þeir sem misstu nöldrið sitt ef slík breyting yrði. Ég a. m. k. trúi ekki öðru en að það yrði fagnaðarefni fyrir hv. 5. þm. Vesturl. eins og aðra. Ég er líka viss um að það yrði fagnaðarefni fyrir sjálfstæðismenn ef

slík breyting yrði í alþjóðamálum, þó að þeir hafi nú aðra afstöðu en hv. 5. þm. Vesturl. í þessum efnum. En þetta var nú innskot sem ekki heyrir þeim hugleiðingum til sem ég ætlaði að flytja hér.

Ég tel að vegna þessa viðhorfs þurfi að gefa málefnum Suðurnesja sérstakan gaum, það þurfi að vera til áætlanir eða viðbúnaður í sambandi við það, hvað eigi að gera til að tryggja atvinnuástandið þar ef þróun yrði slík í alþjóðamálum eins og ég er að minnast hér á.

En annað atriði er nærtækara í þesum efnum sem ég tel ástæðu til að ríkisvaldið gefi sérstakan gaum. Aðstaða útgerðarinnar á Suðurnesjum er um þessar mundir á ýmsan hátt erfiðari en víða annars staðar á landinu. Það hefur verið aflabrestur þar í ýmsum verstöðvum á undanförnum vertíðum og afkoma útgerðar þar því tiltölulega lakari en víða annars staðar. Að auki er þess að gæta að bátaflotinn þar mun vera tiltölulega eldri en víða annars staðar og þarfnast því sérstakrar fyrirgreiðslu. En samkv. ákvörðun stjórnar Byggðasjóðs, sem ég er ekki að deila á hér, er ákveðið að veita ekki sérstök framlög úr honum til svæðisins frá Akranesi til Þorlákshafnar. Þess vegna er þetta svæði út undan hvað þetta snertir. Í verstöðvunum við Faxaflóa á Suðurnesjum er nú orðið meira aðkallandi að endurnýja skipin heldur en víða annar staðar og því máli tel ég að þurfi að gefa sérstakan gaum.

Það er af þessum ástæðum sem ég hef rakið, að ég hefði kosið að till. n. um að vísa þessu máli til ríkisstj. hefði fylgt ábending um að hún teldi rétt að gefa málefnum Suðurnesja sérstakan gaum, þó að n. áliti ekki fært að afgreiða þetta frv. í því formi sem það er.

ATKVGR.

Till. á þskj. 277 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 22 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92). — 3. umr.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Það er mikill eftirrekstur hjá hæstv. menntmrh. með þetta frv. sem hann hefur verið að reyna að ýta í gegnum Alþ. núna í 3 mánuði og hefur hyllst til að ýta helst á eftir þegar við höfum verið að fjalla um ýmis erfið og vandasöm efnahagsleg vandamál. Við munum öll eftir því, að skömmu fyrir jólin kom upp sá vandi hvort heldur ætti að afgreiða þetta mál eða fjárl., og það tók alllangan tíma fyrir hæstv. ráðh. að sætta sig við það að fjárl. væru látin ganga fyrir.

Þegar þetta mál er hér til 2. og 3. umr., þá er öll þjóðin að ræða um mjög alvarlegar efnahagsráðstafanir sem henni hefur fundist Alþ. fjalla furðulega lítið um. Við höfum í staðinn verið hér jafnvel heila daga, heil kvöld og langt fram á nótt til þess að ræða þetta mál, á sama tíma og fólkið í landinu var ákaflega áhyggjufullt vegna væntanlegra efnahagsráðstafana sem það vissi ekkert um og átti sannarlega von á að yrðu lagðar fram hér fyrir opnum tjöldum og alþm. leyft að fjalla um þær á eðlilegan hátt áður en ákvarðanir væru teknar.

Mér finnst að hæstv. menntmrh. hafi í þessu máli fyrst og fremst kynnt okkur þann þráa sem stundum er kenndur við sauðkindina. Hann hefur hins vegar ekki látið svo lítið að vilja fást til þess að fjalla um hinar raunverulegu ástæður á bak við flutning þessa frv. Hann hefur verið spurður um slíkt aftur og aftur, æ ofan í æ, og hann hefur stundum komið hér upp í stólinn og endurtekið þá aðeins sömu ræðuna, sem hann flutti í fyrsta skipti, að hér sé aðeins um að ræða tæknilega breytingu og ekkert annað, það sé ekkert á bak við þetta annað en það viðhorf hans að útvarpsráð eigi á hverjum tíma að vera eins samansett og meiri hl. Alþ., þ. e. a. s. þeir flokkar sem hafa rottað sig saman til að stjórna landinu. Hæstv. ráðh. var 1971 á gagnstæðri skoðun og hann hefur ekki gert neina grein fyrir því, hvað hafi gerst á þessum árum sem hafi valdið því að hann hefur skipt um skoðun. Hann hefur aðeins borið fram þessi tæknilegu atriði.

Nú verð ég að segja það að mér hefur runnið til rifja að sjá hæstv. ráðh. í þessu hlutverki. Ég þekkti hann sem þm. að því að vera hreinskilinn og einlægur í afstöðu sinni til mála. Ég kynntist ekki þeirri hlið á honum að fást ekki til þess að tjá hug sinn og tala opinskátt um þau vandamál sem uppi voru. Og mér þykir það leitt að hæstv. ráðh. skuli hafa tekið upp þennan hátt eftir að hann var sestur í ráðherrastól.

En það er kannske ekki alveg út í bláinn þrátt fyrir allt að við fjöllum um þetta mál á sama tíma og verið er að fjalla um meiri háttar efnahagsaðgerðir, því að tengslin þarna á milli eru vissulega raunveruleg. Það hafa gerst þeir atburðir í landinu að íhaldsstjórn hefur tekið við af vinstri stjórn, að gróðahyggjustjórn hefur tekið við af félagshyggjustjórn. Og þegar slíkar umbreytingar verða, ekki aðeins hér á landi, heldur alls staðar þar sem slíkir atburðir gerast, þá birtast áhrifin ekki aðeins á sviði efnahagsmála, þau birtast ekki aðeins í því að það er reynt að færa fjármuni til í þjóðfélaginu, frá launamönnum til forréttindastétta, eins og íhaldsstjórnir reyna ævinlega að gera, heldur birtist það einnig í nýjum og þrengri viðhorfum á sviði félagsmála og sviði menningarmála. Þetta eru ævinlega fylgifiskar slíkrar ríkisstj. Einmitt þess vegna er þetta frv. alveg augljóslega tengt þessari stjórnarbreytingu. Það er afleiðing af því að í stjórnarflokkunum báðum og ekki síst í Sjálfstfl. eru ofstækisöfl sem vilja láta sín þröngsýnu, pólitísku sjónarmið komast til meiri valda og vegs í þjóðfélaginu en verið hefur að undanförnu. Þetta viðhorf hefur ekki farið neitt leynt í Morgunblaðinu. Á þessu hefur verið klifað og þráklifað á undanförnum árum. Það hefur verið talað um að hættulegir menn hafi vaðið allt of mikið uppi, ekki síst í ríkisfjölmiðlum, og þess hefur verið krafist að beitt yrði valdboði til þess að koma í veg fyrir að þar gæti farið fram frjáls og heiðarleg umr. um málið.

Á því er að sjálfsögðu enginn vafi að flutningur þessa frv. er tilkominn vegna þrýstings úr þessari átt. Ef það væri aðeins um þessi formsatriði að ræða sem hæstv. menntmrh. ber fyrir sig, þá vita allir að honum hefði ekki þótt

taka því að flytja sérstakt frv. til þess að breyta samsetningu útvarpsráðs sem hvort eð er á að kjósa eftir 3 ársfjórðunga. Og ef ástæðan væri bara þessi, þá mundum við andstæðingar frv. ekki heldur leggja slíka áherslu á andstöðuna gegn þessum málatilbúnaði. Ástæðan þarna er sú að þetta er merki um nýja og háskalega ofstækisstefnu í menningarmálum, — stefnu sem getur orðið okkur ákaflega hættuleg ef hún fær að vaða áfram yfir þjóðfélag okkar. Við skulum vissulega minnast þess að þjóðfélag okkar byggist ekki aðeins á því, hversu mikla peninga launamenn geta talið upp úr umslögunum sínum, heldur einnig á andrúmsloftinu í landinu, á frjálslyndi okkar og umburðarlyndi, á því hvernig við getum starfað saman og ræðst saman á sem eðlilegastan hátt, án þess að á það séu lagðar óeðlilegar hömlur eins og nú er greinilega stefnt að.

Allt hefur þetta verið rætt ítarlega í umr. hér að undanförnu og hafa ekki komið fram neinar réttlætingar á þessari breytingu. Þvert á móti þótti mér afar fróðlegt að hlýða hér á hv. þm. Guðmund H. Garðarsson, þegar hann var að gera grein fyrir því, hvers vegna hann styddi þetta frv. Hann sagði þar ákaflega margar fróðlegar setningar. Hann sagði m. a. að núv. útvarpsráð hefði með því að opna útvarpið fyrir meiri og víðtækari umr., m. a. með því að hleypa ýmsum sjónarmiðum minnihlutaskoðana inn í útvarpið og leyfa þeim að gera grein fyrir skoðunum sínum, reynt að þrengja upp á íslendinga lífsskoðunum sem væru meiri hl. þjóðarinnar ógeðfelldar. Þetta sagði þessi hv. þm.: Með því að leyfa slíkt málfrelsi væri verið að þrengja upp á íslendinga skoðunum sem væru meiri hl. þjóðarinnar ógeðfelldar.

Samkv. þessari kenningu eiga engar skoðanir rétt á sér í fjölmiðlum, ríkisreknum fjölmiðlum, ef þær eru ógeðfelldar meiri hl. þjóðarinnar. Við skulum gera okkur grein fyrir því hvers konar feiknalegur háski liggur í afstöðu af þessu tagi. Þetta er í sjálfu sér nákvæmlega sams konar sjónarmið og við heyrum frá ríkjum austan járntjalds þegar verið er að verja þar árásir á afstöðu minnihlutaaðila, listamanna og annarra slíkra, sem eru valdhöfunum ógeðfelldar. Þeir segja: Meiri hl. þjóðarinnar er á móti öllum þessum tilraunum og þessari afstöðu og þessum viðbrögðum þessara menntamanna og þess vegna viljum við ekki leyfa þeim að koma fram.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson stóð hér alveg eins og rússneskur menningarkommissar um daginn og flutti nákvæmlega sömu skoðun og þeir flytja. Ég skrifaði hjá mér að það væri reynt að þrengja upp á íslendinga lífsskoðunum sem væru meiri hl. þjóðarinnar ógeðfelldar. (GHG: Hvenær sagði ég að það ætti að útiloka minni hl.?) Með þessu, að það mætti ekki flytja skoðanir sem væru meiri hl. þjóðarinnar ógeðfelldar. (GHG: Það sagði ég ekki). Ég skrifaði það hjá mér, það birtist á prenti eftir nokkra daga. Og hv. þm. sagði miklu meira, hann sagði margt, margt meira af þessu tagi. Ég hafði ekki við að skrifa setningarnar eftir honum, þær voru allar til marks um það sama. Hann var m. a. að gagnrýna útvarpsráð fyrir það að fluttar hefðu verið í sjónvarpi kvikmyndir sem teknar hefðu verið austantjalds. Og hann sagði: Öll framleiðsla í austrænum ríkjum hefur pólitískan boðskap að flytja, svokallaðan sósíalrealisma, eins og hann sagði. Flokkurinn þar ákveður, hvað skuli vera list, og þess vegna væri með sýningu slíkra kvikmynda verið að reyna að lauma þessum áróðri yfir íslendinga ófúsa. (GHG: Þetta er rétt.) Já, þetta er rétt, segir hv. þm. Þetta er nákvæmlega það sama og rússnesku menningarkommissararnir segja þegar þeir vilja ekki flytja í sjónvarpi hjá sér kvikmyndir eða aðra þætti frá Vesturlöndum. Þeir segja: Þarna er um að ræða kapítalíska undirróður. Þetta er hættulegt fyrir þjóðfélagið. Við viljum ekki heimila þetta. — Þetta er nákvæmlega sama afstaðan, alveg nákvæmlega sama afstaðan. Og þetta er sú afstaða sem ævinlega birtist í Morgunblaðinu, vegna þess að á þessu sviði er enginn munur á afstöðu Prövdu og Morgunblaðsins. Það eru nákvæmlega sömu viðhorfin sem þar eru uppi þ. e. a. s. þjónusta við ríkjandi valdastétt. Það er þetta sem skilur á milli þeirra sjónarmiða, hvort við eigum að hafa opið og frjálst þjóðfélag með eðlilegum skoðanaskiptum eða hvort aðeins á að leyfa það sem valdhafar kæra sig um í það og það skiptið.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson endurtók rétt einu sinni þetta sem hann sagði áður, að þjóðin hefði verið óvarin fyrir ýmsu sósíalistísku efni. Það á að verja þjóðina fyrir sósíalistísku efni með því að banna að það sé flutt í hljóðvarpi og sjónvarpi. Það á að verja þjóðina á þann hátt. Það á að koma upp menningarvarðhundum, pólitískum kommisörum, sem eiga að sigta það hvað þjóðinni er óhætt að sjá og heyra og hvað ekki. Og hann sagði enn, — ég skrifaði mikið hjá mér, hann var alltaf að segja svo merkilegar setningar sem gefa innsýn inn í þetta ritskoðunarsjónarmið, — hann sagðist vilja koma í veg fyrir að í fjölmiðlum sé ráðist gegn því þjóðfélagi sem meiri hl. þjóðarinnar vill búa við. Slík sjónarmið mega ekki heyrast, þau mega ekki sjást. Og ég endurtek: Þetta er nákvæmlega sama afstaðan og við heyrum frá Sovétríkjunum, að það megi ekki koma þar fram í blöðum, í hljóðvarpi eða sjónvarpi neitt það sem ráðist gegn því þjóðfélagi sem þar er, þeirri þjóðfélagsskipan. Þetta er alveg sama ritskoðunarsjónarmiðið, nákvæmlega það sama og sannar þann einfalda hlut sem við þekkjum frá ákaflega mörgum löndum, að valdastéttir reyna ævinlega að tryggja völd sín með aðgerðum af þessu tagi.

Ég tel skipta ákaflega miklu máli að við íslendingar reynum að halda áfram að lifa í þjóðfélagi sem hefur önnur viðhorf til þessara mála, sem leyfir frjálsar umr., sem leyfir einnig að minnihlutaaðilar gagnrýni valdhafa og gefur almenningi kost á að taka frjálsa og sjálfstæða afstöðu til mála eins og þau eru borin fram, án þess að ákveða fyrir fram hvað þjóðin þoli og hvað hún þoli ekki, og allra síst án þess að ákveða fyrir fram að með vissum skoðunum sé vegið gegn þjóðfélaginu og þess vegna megi hún ekki heyra þær.

Árás á þjóðfélagið, sagði þessi hv. þm., það mætti ekki gera árás á þjóðfélagið, það mætti ekki gera árás á þjóðfélagið í hljóðvarpi og

sjónvarpi. Og hann sagðist vilja fá að hafa þessa skoðun án þess að ráðist væri á sig. Hann þolir ekki einu sinni að hann sé kannske gagnrýndur, að skoðunum hans sé svarað. Hann vill fá að hafa þessa skoðun án þess að ráðist sé á sig. Fyrr má nú vera. Það er eins og Brésnef sjálfur sé kominn hér í þingið til okkar og vilji fara að stjórna málunum. En þessi ræða var ákaflega gagnleg, vegna þess að hún sýnir okkur nákvæmlega hvað er á bak við þetta frv., og ég skil það í sjálfu sér ákaflega vel að hæstv. menntmrh. kveinki sér undan því að þurfa að reyna að gera grein fyrir sjónarmiðum af þessu tagi á kannske svolítið hærra stigi en þessum hv. þm. hefur tekist, því að það er í rauninni alls ekki hægt.

Það hafa verið haldnar margar fróðlegar og skemmtilegar ræður í tilefni af þessu frv. M. a. flutti hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ágæta og gagnlega ræðu á kvöldfundi. Hann fór þar mörgum fögrum orðum um íslenskt þjóðfélag, að við nytum þeirrar gæfu að búa í kannske besta þjóðfélagi í heimi, og ég get tekið undir þetta á margan hátt. Við njótum þess í ákaflega ríkum mæli að við búum í svo litlu þjóðfélagi að hér getur ekki verið um að ræða þær miklu fjarlægðir, sem verða í milljónaþjóðfélögum á milli valdamanna og óbreyttra borgara. Við erum hér í nábýli hver við annan og eðlileg jafnréttistilfinning er okkur öllum í blóð borin. Þetta eru ákaflega verðmætir eiginleikar. En við skulum ekki gleyma því samt, að einnig í þessu þjóðfélagi okkar hefur verið reynt að halda uppi valdstjórn af valdastéttunum og beygja og kúga aðila sem hafa viljað breytingar á þjóðfélaginu, sem hafa gagnrýnt ríkjandi valdakerfi og hafa beitt sér fyrir breytingum á þjóðfélagsskipaninni. Þessi dæmi þekkjum við ákaflega mörg á undanförnum áratugum.

Það er ekki langt síðan einn merkasti rithöfundur þjóðarinnar, Þórbergur Þórðarson, lést. Ég veit ekki, hvort allir hv. þm. vita það, kennske er það nú svo þó að þeir séu yngri en að þeir muni það persónulega, að þegar Þórbergur Þórðarson skrifaði og gaf út Bréf til Láru, þá var hann rekinn úr störfum sínum einvörðungu af pólitískri ofsókn. Hann var blásnauður maður, hann þurfti á þessum störfum að halda, en hann var rekinn úr kennslustörfum fyrir að hafa skrifað þessa bók, fyrir að hafa þessar vanþóknanlegu skoðanir. Slík dæmi eru því miður ákaflega mörg á Íslandi. Hér var háð mjög hatrömm deila á milli íslenskra listamanna, ekki síst rithöfunda, og stjórnarvalda á 4. áratugnum og fram á þann 5. Meðan þessar deilur stóðu — þær stóðu um stjórnmál, þær stóðu um menningarmál, sem ekki verða skilin í sundur — þá gerðist það aftur og aftur að tilteknir listamenn voru sviptir listamannalaunum einvörðungu af pólitísku ofstæki. Þetta bitnaði ár eftir ár á Halldóri Laxness t. d., enda var aldrei birtur annað en óhróður um Halldór Laxness í stærsta blaði þjóðarinnar, Morgunblaðinu, þangað til hann fékk Nóbelsverðlaunin. Fram að þeim tíma var birt um hann endalaust níð í blaðinu, endalaust níð. Hann var talinn mjög hættulegur maður, hann var talinn erindreki erlends valds, og það var farið um hann þeim svívirðilegustu orðum sem Morgunblaðið getur fundið andstæðingum sínum og á þeim er vissulega enginn hörgull. Það gerðust meira að segja þau tíðindi að utanrrn. Íslands var beitt til þess að reyna að koma í veg fyrir að ein af skáldsögum Halldórs Laxness, Atómstöðin, væri þýdd á erlendar tungur. Því var haldið fram, að þessi skáldsaga væri þvílíkt níð um íslensku þjóðina að það yrði að forðast að aðrar þjóðir fengju vitneskju um þessi ósköp. Af hálfu utanrrn., *starfsmanns í utanrrn.*, var *reynt að koma* í veg fyrir að erlendir bókaútgefendur gæfu þessa bók út og, að hún væri þýdd.

Það hefur því miður oft verið grunnt á ofstækinu á Íslandi. Það gerðist einnig á þessum árum, að það var haldin myndlistarsýning á vegum opinberra aðila til háðungar íslenskum myndlistarmönnum. Þetta átti að vera sýning sem sýndi úrkynjaða list, — alveg að fordæmi þýsku nasistanna — og meðal þeirra listamanna, sem þarna voru sýndar myndir eftir og áttu að vera þeim til háðungar, voru ýmsir af bestu listamönnum okkar, Jón Stefánsson og Þorvaldur Skúlason, — ég get ekki talið þessi nöfn. En þessir atburðir hafa líka gerst og þetta var gert af hálfu opinberra aðila í pólitísku ofstækisástandi, þegar reynt var að bæla og berja niður frjálsa og eðlilega umr. um stjórnmál, um listir og um menningarmál.

Hér voru rifjuð upp um daginn ýmis dæmi sem gerðust á tímabili kaldastríðsins, þegar íslenskir sósíalistar voru ekki taldir hæfir til þess að koma fram í útvarpinu og ýmsir þeirra hraktir þaðan burt, þótt þeir væru meðal vinsælustu útvarpsmanna landsins. Það væri hægt að rekja mörg slík dæmi, m. a. dæmi sem hafa bitnað á mönnum sem eiga sæti og hafa átt sæti í þessum sal. Þessi ofstækisafstaða leynir sér ekki enn í dag. Hún er alltaf að birtast í Morgunblaðinu í sífellu, ekki aðeins í svokölluðum lesendabréfum, sem allir vita að eru framleidd fyrst og fremst á ritstjórnarskrifstofum Morgunblaðsins, heldur einnig í afstöðu ráðamanna blaðsins.

Ég tók eftir ákaflega skemmtilegu dæmi fyrir nokkru, um það leyti þegar rússnesk stjórnvöld tóku einn mesta rithöfund sem nú er uppi, Solzhenitsyn, og fluttu hann nauðugan úr landi. Þá skrifaði ritstjóri Morgunblaðsins, Matthías Johannessen, margar greinar í blað sitt og gagnrýndi þessa ákvörðun af mjög svo skiljanlegum ástæðum. Ég gat tekið undir flest þau sjónarmið sem hann hafði uppi til þess að gagnrýna rússnesk stjórnarvöld. En það kom fram eitt atriði hjá Matthíasi Johannessen sem mér þótti ákaflega fróðlegt.

Hér á Íslandi er starfandi rússnesk fréttastofa samkv. alþjóðlegum samningum. Hún hafði birt í einhverju sem hún gefur út einhverja málsvörn rússneskra stjórnvalda fyrir þessu óhæfuverki. Og hver urðu viðbrögð Matthíasar Johannessens við þessum atburði? Hann gagnrýndi ekki aðeins þetta — eins og hann átti að sjálfsögðu að gera — hann bar fram þá kröfu að *þetta blað, sem þessi upplýsingaskrifstofa gefur* út, yrði bannað og að starfsmenn þess yrðu teknir og fluttir úr landi. Þetta var nákvæmlega sama afstaðan og uppi er hjá rússunum, aðeins

með öfugu formerki. Það er sama ofstækisviðhorfið þarna á bak við, nákvæmlega sama ofstækisviðhorfið.

Meðan menn geta ekki áttað sig á því að forsenda heilbrigðrar, eðlilegrar umr. er umburðarlyndi, er frjálslyndi, þá komast þeir ekkert áfram. Það er ósköp auðvelt að sitja í sínum stól og segja: Ég er með allar réttar skoðanir. Ég er frjálslyndur af því að mínar skoðanir eru réttar. Hins vegar eru þessir þarna með rangar skoðanir og þess vegna má ekki heyrast neitt í þeim. — Þetta ofstækissjónarmið er enn uppi, og það er þetta ofstækissjónarmið sem er undirrót þessa frv. Einmitt þess vegna er frv. ákaflega alvarlegt og einmitt þess vegna er óhjákvæmilegt að það sé varað við því eins sterklega og hægt er að haldið verði áfram á þessari braut.

Hér hefur verið minnt á það áður í umr. að fyrir nokkru birtist í Morgunblaðinu ákaflega fróðleg grein, þar sem taldir voru upp — ég man ekki hvort það voru 7 eða 9 menn sem væru með einhverja þætti í hljóðvarpi og sjónvarpi. Þessir þættir voru ekki gagnrýndir, það var ekki sagt að þar hefði verið um misnotkun að ræða á neinn hátt. Hins vegar var þess getið að þessir sömu menn hefðu skrifað greinar í Þjóðviljann, og þess vegna var þetta ótækt, þessir menn voru óalandi og óferjandi. Vegna þess að þeir höfðu skrifað greinar í Þjóðviljann, þá voru þeir ekki hæfir um að annast um vissan þátt eða flytja visst efni í útvarpið. Menn kunna kannske að segja að ég sé að mála skrattann á vegginn og vonandi er ég að gera það. En við skulum samt vera tortryggnir þegar við verðum varir við svona ofstækistilburði í þjóðfélaginu.

Ég minntist í gærkvöld á dæmi um hrikalegt ofstæki sem fram kom í grein í Morgunblaðinu í gær frá formanni Stéttarsambands bænda, og við verðum varir við það að þetta ofstæki er uppi allt í kringum okkur. Ef við látum undan því, þá er mikil hætta á ferðum vegna þess að þarna er ekki aðeins um að ræða íslenskt fyrirbæri. Þetta ofstæki gerir vart við sig í löndunum umhverfis okkur einnig um þessar mundir. Það er svo ástatt umhverfis okkur, ekki síst í Vestur-Evrópu, að þar er um að ræða mjög alvarleg kreppueinkenni, ekki aðeins efnahagslega kreppu, heldur einnig pólitíska kreppu. Við þekkjum best dæmi frá Danmörku um þetta. En í þessu pólitíska og efnahagslega upplausnarástandi eiga ofstækiskenningar mjög auðvelt uppdráttar og við höfum sannanir fyrir því úr sögunni hvert slík ofstækisafstaða leiðir, og þess vegna ber okkur alltaf að vera á varðbergi gegn slíkum viðhorfum. Ég vona að slík tíðindi eigi ekki eftir að dynja yfir okkur. En það er hætta á því að þau geri það ef við erum ekki sífellt á varðbergi, ef við hugum ekki vandlega að því að þessir ofstækisaðilar mega ekki komast til of mikilla pólitískra valda í þjóðfélaginu.

Ég minntist áðan á grein sem formaður Stéttarsambands bænda birti í Morgunblaðinu í gær. Það er margt fleira af þessu tagi sem hefur verið uppi að undanförnu. Það er uppi alls konar ákaflega leiðinlegur rógburður gegn námsmönnum, gegn menntamönnum, gegn listamönnum. Við urðum varir við það í vaxandi mæli að það er reynt að hreykja lágkúrunni, eins og alltaf er gert á slíkum tímum, og þetta liggur í andrúmsloftinu í kringum okkur og við skulum vara okkur á því.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði í hinni gagnmerku ræðu sinni við 2. umr., að hann sem upplýsingamiðlari fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna teldi ekki að það samrýmdist því starfi að hann persónulega tæki sæti í útvarpsráði og hann bætti við: Það sýnir þó að enn er til siðferði hjá þjóðinni. — Mér þykir vænt um að heyra að þessi hv. þm. hefur siðferðisþroska sjálfur, og sem betur fer eru það margir sem eiga hann. Það var flutt hér við 2. umr. brtt. um að starfsmenn erlendra sendiráða og fjölþjóðlegra stofnana ættu ekki að vera kjörgengir í útvarpsráð. Sumir urðu til þess að lýsa því yfir úr þessum ræðustól að þetta sjónarmið væri alveg laukrétt, en þeim fyndist leiðinlegt að setja þetta í lög, þetta væri svo sjálfsagt að það væri aðeins siðferðilegt viðhorf manna sem ætti að tryggja þetta. Og mikið væri það nú ánægjulegt ef siðferðileg viðhorf manna væru svona öflug. Þá væri vafalaust hægt að grisja lagasetningu á Íslandi þó nokkuð mikið, vegna þess að æðimörg lög hér eru af siðferðilegum toga spunnin. En því miður er raunin ekki sú og hefur ekki verið sú, t. d. að því er varðar útvarpsráð. Þegar þessi till. kom til umr. eða til afgreiðslu hér, þá gerðu menn einnig þá grein fyrir atkv. sínu að orðalagið, eins og frá því var gengið, væri þess eðlis að það væri ekki hægt að greiða um hana atkv. á eðlilegan hátt. Menn beittu fyrir sig formlegum rökum. Ég vildi leyfa mér hér við 3. umr. að flytja brtt. um þetta atriði, að á eftir 1. mgr. 5. gr., eins og hún er, eða 1. gr. frv. komi ný setning:

„Ekki eru kjörgengir í útvarpsráð ráðnir starfsmenn erlendra eða fjölþjóðlegra stofnana.“

Þetta er ákaflega einfalt og getur ekki valdið neinum misskilningi, hvað við er átt, og ég held að þetta hljóti að vera afstaða allra hv. alþm. í hjarta sínu. Ég vil leyfa mér, þar sem þessi brtt. er skrifleg, að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði skrifl. brtt. (sjá þskj. 309) samþ. með 23. shlj. atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð. Það fór aldrei svo að í öllum þessum ræðum sem fluttar hafa verið í þessu máli, komi þó ekki fram eitt atriði sem gleður mann stórlega, þó að það sé ekki nema staðfesting á því sem maður áður vissi, þ. e. að hv. þm., sem hér talaði síðast, staðfesti það að hann væri með öllu horfinn frá átrúnaði á hið austræna einræði sem við höfum oft kallað svo. Þetta þótti mér vænt um að heyra. Og ég tel að hv. þm. hafi haft fyllsta rétt til þess að skipta um skoðun og ég sem sagt fagna því. Á sama hátt tel ég að ég hljóti að hafa haft fullan rétt til að skipta um skoðun á því, hvort kjósa skyldi útvarpsráð á fjögurra ára fresti ellegar eftir hverjar alþingiskosningar.

Ég greiddi atkv. með breytingunni á sínum tíma yfir í það horf sem nú er, en hef skipt um skoðun. Þetta er nú allt og sumt.

Þá vildi ég segja það enn fremur, að þó að þetta gleðji mig og ég samfagni hv. þm. yfir þessum löngu teknu sinnaskiptum sem hann var bara að staðfesta núna að hann hafi tekið, þá verð ég jafnframt að segja það, að mér finnst hv. þm. örlítið vondur með að hagræða í málflutningi sínum því sem hann hefur eftir öðrum ræðumönnum. Það er kannske ekki alveg nýtt í skylmingum á Alþ. og annars staðar í orðasennum að menn geri það, og skal ég ekki fara um það fleiri orðum.

Þessi ræða var eins og margar aðrar, sem fluttar hafa verið um þetta mál, nokkuð svona á víð og dreif og um sumt kannske teflt á tæpasta. Það er t. d. ákaflega lengi hægt að ræða um úthlutun listamannalauna og um afstöðu manna til þeirra. Þar sýnist sitt hverjum enn í dag. Ýmsir telja að mismunandi viturlega sé á málum haldið og menn eru ekki alveg vissir um nema einstakir hópar hafi tilhneigingu til þess að halda utan um sitt o. s. frv.

Ég vil enn, eins og ég hef gert einhvern tíma áður, vísa á bug öllum ásökunum um það að ég stefni að því með þessari breytingu að innleiða ný vinnubrögð hjá útvarpinu í þá veru að útvarpið dragi taum eins ákveðins stjórnmálaflokks. Ég vísa því algerlega á bug. Það stendur óhaggað í útvarpslögunum og ég hef lagt á það áherslu hér í ræðu, að það telji ég eitt meginatriðið að Ríkisútvarpið gæti fyllstu óhlutdrægni í öllum sínum störfum og málflutningi.. Og á það legg ég hina fyllstu áherslu enn, að það boðorð verði í heiðri haft í Ríkisútvarpinu eins og ætíð hefur verið meiningin, hver sem þarna hefur haldið um stjórnvöl, þó að auðvitað sýnist mönnum sitt hvað um það hversu til hafi tekist þá og þá. Ég hef sagt það hér og get sagt það enn til upprifjunar, að fyrir mér vakir að skipan útvarpsráðs sé í samræmi við skipan Alþ. á hverjum tíma. Ég held að þegar ákveðið er, að Alþ. kjósi þetta ráð eða þessar nefndir hlutfallskosningu, sé það í raun og veru alltaf það sem fyrir mönnum vakir, þó að menn leggi mismunandi mikla áherslu á það og þó að í sumum tilfellum hafi verið kosið til fjögurra ára. Það er alveg fráleitt að menn hafi nokkurn tíma hugsað sér það gagnstæða. Aldrei man ég t. d. til þess, að nokkurn tíma hafi komið fram till. um það að kjósa í nokkurt ráð eða nakkra n. ári fyrir alþingiskosningar. Það held ég að öllum mundi þykja fráleitt ákvæði. (Gripið fram í.) Já, það getur átt sér stað, en það hefur aldrei verið tekin ákvörðun um það í lögum frá Alþingi að þannig skuli því til hagað að kjósa árið fyrir kosningar.

Um þetta má auðvitað deila. En sú skipan, sem hér er lögð til, er mjög algeng eins og oft hefur verið tekið fram, og hún hefur oftast gilt varðandi þetta ráð. Ég hef t. d. nýlega rekið augun í það að þeir, sem undirbjuggu frv. um þjóðleikhús eða frv. til nýrra þjóðleikhúslaga, eru á þessari skoðun. Lagt er til í því frv., að kosið sé nokkuð stórt ráð sem komi saman sjaldan og leggi meginlínur, en svo verði aftur fámenn stjórn innan stofnunarinnar sem skipuleggi daglega starfið. Ég trúi að það frv. hafi að miklu leyti verið undirbúið af mönnum utan þings, en þar er lagt til einmitt að velja til þessa ráðs að loknum alþingiskosningum. En um þetta má sem sagt deila. En þetta er það sem fyrir mér vakir og það árétta ég hér enn og væntanlega í síðasta skipti við umr. um þetta mál.

Þá vil ég alveg sérstaklega vísa frá mér öllum ásökunum um það að ég hafi farið fram í þessu máli með einhverju offorsi og heimtað það afgr. fyrr en eðlilegt er að gerist hér á Alþ. Þessu frv. var útbýtt 4. des. Það er nú komið þetta á 3. mánuð, og ég held að það geti enginn haldið því fram með nokkrum rétti að þar hafi verið harkalega að unnið af hálfu meiri hl. á Alþ. Ég held að það sé alveg fráleitt. (Gripið fram í.) Ég óskaði þess strax, því að málið er að mínum dómi mjög einfalt, að málið yrði afgreitt sem fyrst og þess óska ég enn í dag. Hins vegar hef ég alltaf verið fús til þess, ef ástæður þm. t. d. hafa verið þannig að þeir hafi óskað eftir frestun, þá hefur ekki staðið á mér. Ég man eftir því fyrir jólin, að þá þurfti einn hv. þm. að sinna nefndarstörfum og orðfærði það og ég féllst að sjálfsögðu á það. Og núna sagði núv. hæstv. forseti mér að það væru ekki fleiri forsetar í húsinu, en hann sjálfur óskaði eftir að taka til máls við þessa umr., og þá var auðvitað ekkert sjálfsagðara — ef ekki hefðu komið á vettvang fleiri þingforsetar hér í d. — ekkert sjálfsagðara heldur en fresta þá málinu. En nú eins og áður ætla ég að það sé svipað um flesta sem flytja mál á Alþ., að þeir óski að þau nái fram að ganga sem fyrst. Ég sem sagt óska þess að málið fái sem greiðastan framgang úr því sem komið er, og í sjálfu sér er það ekkert óeðlilegt, jafnvel þótt mál sé einfalt, þótt það taki þennan tíma að afgreiða það á Alþ. því að þar eru vissulega mörg stór mál til meðferðar, bæði fyrir og eftir áramót, eins og allir hv. þm. vita.

Frsm. minni hl. (Kjartan Ólafsson): Herra forseti. Það er búið að segja ærið margt um það frv. sem hér er til umr., en ég tel mig enn hafa ýmsu við að bæta.

Ég vil fyrst víkja lítillega máli mínu að því sem fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. sem hér var að ljúka máli sínu. Ég átti satt að segja síst von á því að hæstv. ráðh. gripi til svo ómerkilegra áróðursbragða að tala um það hér, að hann hafi verið að heyra í ræðu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar hér áðan lýsingu á sinnaskiptum sem hv. þm. Magnús Kjartansson átti að hafa tekið að dómi ráðh. Og þessi sinnaskipti Magnúsar Kjartanssonar, sem fram komu í ræðu hans nú hér í hv. d. að dómi hæstv. menntmrh., áttu að vera fólgin í því að hv. þm. Magnús Kjartansson fór hér nokkrum orðum um stjórnarfar í ýmsum ríkjum Austur-Evrópu og lýsti skoðunum sínum á því og varaði jafnframt við því, að það, sem fram hefði komið í máli einstakra talsmanna ríkisstj. áður við þessar umr. bæri um of keim af málflutningi valdhafa í slíkum ríkjum. Í þessu áttu að hafa komið fram einhver sinnaskipti að dómi hæstv. menntmrh. Ja, maður skilur fyrr en skellur í tönnum. Hæstv.

ráðh. leyfir sér að gefa í skyn að sá þm., sem um ræðir og fyrir skömmu var samstarfsmaður ráðh. Framsfl. í fyrrv. ríkisstj., hafi áður, á þeim tíma, haft einhverjar aðrar skoðanir í þessum efnum og þess vegna hafi verið að birtast sinnaskipti hans allt í einu nú.

Ég vil leyfa mér að minna rækilega á það og undirstrika hér, að það er ekki heppilegt, hvorki fyrir hæstv. menntmrh. né aðra, að ætla að hafa ummæli og sleggjudóma Morgunblaðsins að bibliu í þessum efnum frekar en öðrum. Það vita allir, sem eitthvað hafa fylgst með íslenskum stjórnmálum, að það hefur í fyrsta lagi frá upphafi verið skýr og afdráttarlaus stefna Alþb., frá því að það tók til starfa í íslenskum stjórnmálum, að ekki kæmi annað til greina heldur en hér skyldi haldið uppi því þjóðfélagi þar sem störfuðu allir þeir stjórnmálaflokkar sem um það kærðu sig og sem menn fengju að tala og skrifa það sem þeim best líkaði hverjum og einum. Og ekki aðeins hefur þetta verið svo þau ár sem Alþb. hefur starfað, heldur var þetta einnig stefna þess stjórnmálaflokks sem hv. þm. Magnús Kjartansson starfaði áður í. Það ætti hæstv. menntmrh. að vita fullvel, og ég tel að það sé honum síst af öllu sæmandi að hafa frammi dylgjur af þessu tagi hér á hv. Alþ.

Það er alkunna að hv. þm. Magnús Kjartansson, sem hæstv. ráðh. beindi að þessum orðum, hefur um mjög langan tíma verið einn allra skeleggasti gagnrýnandi sovéskra stjórnarhátta og stjórnarhátta sem bera keim af aðferðum sem valdhafar þar í landi beita, hvort sem sá selshaus skýtur upp kolli hér á Íslandi eða annars staðar.

Hæstv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, vildi láta svo varðandi dæmi sem hv. þm. Magnús Kjartansson minntist hér á um einræðistilhneigingar gagnvart listamönnum, rithöfundum og myndlistarmönnum sérstaklega, sem hv. þm. Magnús Kjartansson rakti hér dæmi um, að þar hefði svo sem ekki verið um neitt sérstakt að ræða. Menn greindi jú alltaf á um úthlutun listamannalauna og þetta væri í raun-inni ekki til að nefna, það sem hv. þm. Magnús Kjartansson talaði hér um í þessum efnum. Látum svo vera að hæstv. ráðh. þyki þau dæmi úr liðnum tíma hér í okkar landi e. t. v. ekki umtalsverð. En við skulum vona að það þýði ekki það að við eigum í vændum fjölgun slíkra dæma hér í okkar landi.

Hæstv. ráðh. kvaðst vilja vísa því algerlega á bug, að fyrirætlunin með þessu frv. ríkisstj. væri sú að dreginn yrði taumur eins eða annars stjórnmálaflokks í Ríkisútvarpinu. Og ég leyfi mér að segja, að þrátt fyrir allt hef ég þá trú að hæstv. ráðh. mæli þetta af heilum hug, og ég vil út af fyrir sig treysta því hvað hann snertir. En ég lýsi enn og aftur furðu minni á því, miðað við allt sem fram hefur komið í umr. um þessi mál, ef hæstv. ráðh. er ekki uggandi um það að ýmsir hans samstarfsaðilar séu þarna í allt öðrum og verri hug. Ég vil leyfa mér að minna hæstv. menntmrh. á það að tveir af hv. þm. Framsfl. í þessari d. hafa lýst eindreginni andstöðu sinni við þetta frv. og annar þeirra a. m. k., hv. þm. Jón Skaftason, færði m. a. þau rök fyrir sinni andstöðu, að hann teldi að frv. miðaði í einræðis- eða alræðisátt, það drægi úr lýðræðislegu yfirbragði þessara mála og færði okkur nær einræðislegum vinnubrögðum.

Ég hygg að það, sem hv. þm. Jón Skaftason sagði um þessi efni, sé alveg laukrétt og ætti að vera mjög auðskilið. Ef menn líta svo á að meginatriðið í þessum efnum skuli vera eindregið það að útvarpsráð skuli skipa í samræmi við meiri hl. Alþ., þar megi alls ekkert út af bregða undir neinum kringumstæðum, ekki í fáeinar vikur eða fáeina mánuði, þá hlýtur að vera eðlilegt að það hvarfli a. m. k. að mönnum að svona vilji menn hafa þetta vegna þess að útvarpsráðið eigi með einum eða öðrum hætti að vera verkfæri í höndum stjórnvalda.

Ég vil leyfa mér að vekja á því athygli líka, að enda þótt hæstv. ráðh. beri af sér sakir varðandi það að hann hafi verið að reka eitthvað sérstaklega á eftir þessu máli, þá virðist áhuginn vera svo mikill einmitt varðandi þetta, að staðreynd er það, að á þessu þingi, sem hér hefur setið síðan í okt., með jólaleyfi að vísu, — þá mun ekkert frv. hafa komið fram frá hæstv. menntmrh. sem ekki var búið nokkurn veginn að fullvinna í tíð hans fyrirrennara, ekkert frv. á vegum menntmrn., menntmrh. nema þetta eitt. Þetta mun vera það eina sem eftir hann liggur í menntamálum, þótt hann sé búinn að sitja á þeim stóli í nær hálft ár. Og það er vissulega hugleiðingarefni.

Það eru tvö atriði í þessu ákvæðna frv. ríkisstj., það má segja tvö efnisatriði. Hv. þm. Magnús T. Ólafsson undirstrikaði sérstaklega í sinni ræðu við 2. umr., — og ég vil ítreka það — að ef taka ætti mark á málflutningi hæstv. menntmrh., ef taka ætti hann alvarlega, þá hlyti að vera nægilegt að setja í lög aðeins fyrra atriðið af þessum tveimur, þ. e. a. s. að útvarpsráð skuli kosið að loknum hverjum alþingiskosningum, en þetta er ekki látið duga í frv. eins og það er, heldur er bætt við og hnykkt á að það útvarpsráð, sem nú starfar, skuli hætta þegar í stað, það skuli ekki fá að sitja þá fáu mánuði sem eftir eru af þeim starfstíma sem það var kjörið til samkv. þágildandi lögum árið 1971. Út frá málflutningi hv. þm. Sjálfstfl. er þetta mjög skiljanlegt og í fullu samræmi við þeirra málflutning. En hæstv. menntmrh., sem ég hygg að sé eini talsmaður Framsfl. á hv. Alþ. sem mælt hefur með þessu ákvæðna frv., hefur ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna hann telur líka nauðsynlegt að reka þetta ákvæðna útvarpsráð frá strax. Hann er enn að halda uppi málflutningi sem er ætlaður til þess að menn líti væntanlega svo á að hann hafi út af fyrir sig ekkert við störf þess útvarpsráðs, sem nú situr, að athuga. En samt vill hann reka það.

Það er auðvitað engin ástæða til að reka þetta útvarpsráð frá nema því aðeins að menn líti svo á að það hafi misfarið með sitt vald, og það hefur borið hér á góma áður í þessum umr., hvaða dæmi væru um það að útvarpsráð hefði misfarið með vald eða meiri hl. þess. Það hafa verið nefnd ýmis dæmi um að það hafi leyft þessum og þessum aðila að tala. Ég ætla ekki að fara að rekja þau hér eða það sem um það hefur verið sagt, en ég hef lýst eftir því, hvaða dæmi menn hefðu um hitt, að hv. útvarpsráð

eða meiri hl. þess hafi bannað aðilum að koma fram í Ríkisútvarpinu, sjónvarpi eða hljóðvarpi. Eru þessi dæmi til? Einn hv. þm. tæpti á því hér við 1. umr., það var hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, að þessi dæmi væru vissulega til, jafnvel fjölmörg. Hann hefði þau að vísu ekki við höndina, en skyldi gefa mér kost á að sjá þau síðar. Þau hafa ekki komið enn. Nú er komin hér 3. umr., ekkert dæmi. Það væri ágætt að fá þau á borðið fyrir síðustu atkvgr.

Ég hef hins vegar nefnt hér eitt dæmi um þetta, ég gerði það hér við 2. umr., og það var dæmið um það, að ákveðnum sjónvarpsþætti, sem búið var að taka upp, sem starfsmaður sjónvarpsins var búinn að fullvinna, honum var hafnað, honum var fleygt í ruslakörfuna, neitað að sýna hann í sjónvarpinu þótt hann lægi fyrir fullunninn. Þessi ákvörðun var ekki tekin af þeim hópi manna sem venjulega er talað um sem meiri hl. í því útvarpsráði sem hér hefur setið að störfum. Hún var tekin af fulltrúum Sjálfstfl. og fáum öðrum. En flestir þeirra manna, sem þennan umrædda „fasta“ meiri hl. — fasta segi ég nú innan gæsalappa — skipa, þeir voru andvígir þessu eina dæmi um ritskoðun. Þetta var riskoðun sem var í samræmi við kröfur Morgunblaðsins og Sjálfstfl. Hin dæmin hef ég hvorki séð né heyrt, og ég hygg að þau séu vart finnanleg. Það væri ákaflega fróðlegt að heyra hver þau væru, ef þau eru til. Ég þekki þau ekki.

En það er út af fyrir sig skoðun, að það sé vítavert að hleypa fram í fjölmiðlum, Ríkisútvarpinu, skoðunum eða viðhorfum sem menn telja hættuleg. Mér kemur út af fyrir sig ekki á óvart þó að menn finnist með slík viðhorf. En menn skulu gæta sín á slíkum viðhorfum. Þau geta mjög fljótlega leitt menn út í hreina ófæru, — ófæru sem menn hafa kannske ekki ætlað sér að lenda í, þannig að menn verða að gera svo vel að mínu viti, bæði hv. alþm. og aðrir, að hafa uppi nokkra sjálfsgagnrýni, vil ég segja, í þessum efnum, skoða hug sinn vandlega á hvaða leið þeir yfirleitt séu, áður en þeir stíga skref í slíka átt. En það skref liggur ekki fram á við, það liggur niður. Og það er þeim mun athyglisverðara að slíkt skuli geta átt sér stað, að hv. alþm. telji, nokkrir þeirra a. m. k., að útvarpsráð hafi misfarið með sitt vald á þann hátt, með því að leyfa þessum og þessum að komast að í Ríkisútvarpinu. Og það er athyglisvert, að þetta skuli í allmörgum tilvikum vera sömu mennirnir, sömu einstaklingarnir sem vart hafa mátt vatni halda yfir því að fyrrv. ríkisstj. leyfði sér að loka hér fyrir útsendingar sjónvarps frá erlendri herstöð hér í landinu. Þá átti að leyfa öllum að tala — eða var það ekki? Sjónvarpsstöð á vegum erlends herveldis sem hér hefur herbækistöð um takmarkaðan tíma — hún átti aldeilis að fá að vera í friði og ala þessa þjóð upp. Það að vilja hafa þar einhverjar hömlur á, það hét á máli þeirra sem þar gengu harðast fram, að menn væru að ráðast á hið eðlilega tjáningarfrelsi sem allir aðilar ættu að hafa og eðlilegt væri að hér væri til staðar. En þegar að því kemur að íslensk stofnun, stofnun þessa þjóðríkis sem við búum í, ríkisstofnun, ríkisfjölmiðill fái stjórn sem ætlar að fara eftir þeirri almennu reglu að þar skuli sem allra fæstir okkar samlanda útilokaðir, þá er hlaupið upp til handa og fóta og menn þola ekki lengur við.

Ég vil aðeins segja við hv. þm.: Er ekki ástæða til að vera a. m. k. svolítið hugsandi varðandi þann samanburð sem ég hef hér dregið fram hvað þetta snertir? Við skulum varast það öll í þessari stofnun, hv. Alþ., sem annars staðar að halda okkur hvert og eitt sitja inni með allan sannleikann. Við þurfum öll á því að halda að hugsa, að taka kannske fyrri viðhorf til endurskoðunar, og ég held að við ættum að skoða vel í hug okkar, hvort ekki sé ástæða til að draga nokkurn lærdóm af þeim samanburði sem ég hef hér sett fram.

Hv. 4. þm. Norðurl. v., Eyjólfur K. Jónsson, sagði hér við 2. umr. málsins á kvöldfundi að það blað, sem hann hefur lengi starfað við, Morgunblaðið, vildi gjarnan gæta hlutlægni í fréttaflutningi og leyfa sjónarmiðum að komast að. Ég vil út af fyrir sig ekki vefengja það, að innan ákveðins ramma sé nokkur vilji fyrir hendi í þessa átt — innan ákveðins ramma. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hrósaði yfirstjórn blaðsins á liðnum árum — þar með væntanlega sjálfum sér jafnframt — af því í næstu setningum, sem hann mælti þar á eftir, að það væri þó föst regla við þetta blað að þegar menn væru þar ráðnir til starfa, þá væru þeir spurðir að því, hvort þeir væru anarkistar, og hvort þeir væru kommúnistar, og að sjálfsögðu væri enginn ráðinn nema hann sverði þetta af sér. Hann talaði að vísu ekki um svardaga, en sagði að slíkir menn kæmu auðvitað ekki til greina. Honum fannst þetta algerlega eðlilegt og sjálfsagt mál, sem væntanlega ætti að gilda hvar sem er og væntanlega líka við Ríkisútvarpið — eða hvað?

Það hefur verið ákveðin stofnun hér á Íslandi önnur en Morgunblaðið sem líka hefur haft þessa reglu. Ég veit ekki með vissu nema um þessar tvær. Hvaða stofnun er það? Ég tala þá um hlutina eins og þeir voru a. m. k. fyrir fáeinum árum. Það er hugsanlegt að þeir hafi breyst nú. Þessi stofnun er sendiráð Bandaríkja Norður-Ameríku á Íslandi. Það hefur líka uppi þennan sama spurningalista eða hafði a. m. k. fyrir ekki ýkjalöngu. Ef menn vildu fá vegabréf til Bandaríkjanna, þá urðu þeir að gera svo vel að skrifa undir svipaða pappíra um að þeir væru ekki kommúnistar eins og hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson hældist yfir að Morgunblaðið rétti að mönnum sem hygðust ráða sig þar í vinnu. Við skulum vona það, hv. alþm., að þessar tvær stofnanir lendi ekki í því að rugla saman sínum pappírum, þannig að þeir viti ekki hvað er blað annars og hvað er blað hins. Þá er illa komið.

Á sama tíma og það þykir rétt og skylt af ýmsum mætum mönnum hér á hv. Alþ. að setja sérstök lög til að hnekkja einu útvarpsráði nokkrum mánuðum áður en kjörtímabil þess rennur út, og þetta er gert vegna þess af flestra hálfu, sem að því standa, að þetta útvarpsráð er talið hafa misfarið með sitt vald og misfarið með sitt vald fyrst og fremst varðandi það að hafa ekki gætt nægilega grundvallarreglu Ríkisútvarpsins um óhlutdrægni, þá virðast menn á

sama tíma ekki eiga neitt erfitt með að fella brtt. sem hér var borin fram af okkur í minni hl. menntmn., — brtt. og þá sérstaklega ákveðinn málsl. hennar, þann málsl. sem kvað á um að starfsmenn erlendra ríkja eða erlendra fjölþjóðastofnana, sem njóta sérstakra friðinda gagnvart íslenskum lögum, gætu ekki verið kjörgengir í útvarpsráð. Um þetta var okkar till., sá málsl. sem hér voru greidd atkv. um með nafnakalli, og sú brtt. var felld. Það er sem sagt niðurstaðan hér á hv. Alþ., að þetta sé allt í lagi, við það sé ekkert að athuga þótt starfsmenn erlendra ríkja eða erlendra fjölþjóðasamtaka, eins og um var að ræða í því ákveðna dæmi sem var tilefni þessarar till., skipi æðstu stjórn íslenska Ríkisútvarpsins og það þrátt fyrir það þótt slíkur aðili njóti hér sambærilegra réttinda að mörgu leyti við erlenda sendimenn annarra ríkja, skattfríðinda, friðhelgi gagnvart málssókn o. s. frv.

Ég held að þegar þessi brtt. okkar var felld, þá hafi gerst hér á hv. Alþ. atburður sem mundi vekja mjög mikla athygli í flestum þeim ríkjum heims hér í nágrenni við okkur, sem við teljum okkur skyldust um stjórnarfar, ekki aðeins hjá stjórnmálamönnum, heldur einnig hjá almenningi, svo fremi sem þeim væri um það kunnugt að annað eins gæti gerst í þessari stofnun. Ég vil biðja hvern einstakan hv. þm. að hugleiða það, áður en hér kemur að lokaatkvgr., hvort hann geti látið það hvarfla að sér að annað eins og þetta, — og ég á þá fyrst og fremst við veru viðkomandi einstaklings í útvarpsráði, hvort annað eins og þetta gæti gerst í nokkru ríki sem við teljum standa okkur nálægt um stjórnarfar. Ég leyfi mér að fullyrða að það er gersamlega útilokað og þætti fjarri öllu lagi, t. d. á Norðurlöndum.

Hér er nú að hefjast Norðurlandaþing. Kannske hv. þm. vildu spyrja þm., sem hingað koma frá öðrum Norðurlandaríkjum, ef þeir eru í vafa: Gæti þetta átt sér stað í einhverju þeirra? Það er út af fyrir sig hægt að segja að við eigum ekkert að vera að apa neitt eftir öðrum þjóðum, við eigum að hafa hlutina eftir okkar eigin höfði. Víst er mikið til í því og það er rétt, við eigum að hafa þá eftir okkar eigin höfði. En er samt ástæða til að skera sig úr hvað þetta snertir? Það hefði ég a. m. k. viljað vona að meiri hl. Alþ. teldi ekki vera.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Ég vil segja það í upphafi míns máls að alltaf hef ég borið ákveðna virðingu fyrir hv. 3. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni. Það á sér alveg örugglega lengri sögu en þingferill hans og pólitík að svo er. En hvað sem því líður þá hefur þessi afstaða mín ekki breyst. Hins vegar verð ég að segja það, að lífsreynsla Magnúsar Kjartanssonar, sem hefur örugglega verið mjög mikil á mörgum sviðum, hefur haft töluvert mikil áhrif á hann og kemur það því miður oft fram í pólitískum málflutningi.

Það er greinilegt að hv. 3. þm. Reykv. er mjög fróður um bæði nasisma, kommúnisma, sósialisma og ýmislegt af þessu tagi og hann hefur oft á tíðum beitt sér fyrir og stutt góð mál. En því miður slær út í fyrir honum, sérstaklega þegar komið er út í umr. sem fjalla um isma, Morgunblaðið o. s. frv.

En eitt er augljóst, að það, sem ég hef sagt hér í þessu máli, hefur greinilega farið mjög í taugarnar á hv. þm. Alþb. sem hér hafa talað. Ég tel það gott, vegna þess að ég er kominn á þetta þing til þess að tjá mig, hafa mínar skoðanir óháð því hvort þær falli saman við skoðanir hv. þm. Alþb. eða skoðanir Morgunblaðsins eða yfirleitt annarra þm. Svo verður það að ráðast hvort þær reynast réttar eða rangar eða hvort þingheimur getur aðhyllst þær eða eigi. Þess vegna er þessi umr. hér og ég hafði búist við því að hún gæti farið fram af prúðmennsku og verið öfgalaus.

Það kann að vera að fyrir suma hv. þm. hafi ég verið einum of hreinskilinn. Ég kann ekki þá list að færa mál mitt í margfaldar umbúðir sem er svo verið að taka utan af af hv. þm. sjálfum oft og tíðum eða öðrum í lengra máli. En það er e. t. v. háttur þessara reyndu atvinnustjórnmálamanna að koma yfirleitt aldrei umbúðalaust að sannleikanum eða a. m. k. umvefja sannleikann þeim umbúðum að hann sjáist ekki. Síðan hljóta þessir æfðu stjórnmálamenn að sjálfsögðu að ráðast að þeim sem eru hreinskilnir og segja hlutina eins og þeir eru.

Ég frábið mig því að vera borinn þeim sökum að í þessu máli hafi ég annarlegar skoðanir og að tilgangurinn á bak við skoðanir mínar í þessu máli sé sá, að ég ætli að útiloka minni hl. eða einhverja ákveðna einstaklinga. Það hefur margsinnis komið fram í ræðum mínum hér að það er ekki tilgangurinn með afstöðu minni til þess að kjósa skuli í útvarpsráð eftir hverjar þingkosningar.

En hverjir tala mest um að það eigi að útiloka minni hl. frá aðild að útvarpsráði eða möguleikum til tjáningar í ríkisfjölmiðlum? Hverjir hafa talað um að hrekja t. d. Sverri Kristjánsson frá því að lesa upp Passíusálmana í Ríkisútvarpinu? Það eru engir sem hafa gert það nema talsmenn Alþb. Þessi orð hafa aldrei hrotið af vörum okkar hinna. En það getur hentað hins vegar að setja það þannig upp í Þjóðviljanum til þess að færa sannleikann í búning að láta í það skína að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafi í ræðu talað þannig að það mætti skilja það að hann vildi útiloka að sá ágæti maður, Sverrir Kristjánsson, gæti lesið upp Passíusálmana í Ríkisútvarpinu. Ef það er slíkt frelsi sem þessir hv. þm. eru að verja hér í dag, þá frábið ég mig slíku tjáningarfrelsi þeirra manna sem hreint og beint nota sín málgögn til þess að gera mönnum upp hugsanir og skoðanir sem þeir hafa aldrei látið orð um falla hér í þingsal.

Ég kannast ekki við ofsóknir af því tagi sem verið er að gera hér skóna af hv. talsmönnum Alþb. Ég hef aldrei kynnst slíkum ofsóknum, hérlendis né erlendis, þar sem ég hef dvalist. Ég veit ekki hvaðan þessar hugsanir eru komnar til hv. þm. Alþb. Mér finnst þær annarlegar og óeðlilegar.

Það er athyglisvert þegar maður hlýðir á mál þessara reyndu þm., þessara æfðu stjórnmálamanna sem eru búnir að vera hér í ræðustól í

áratugi, sem eru búnir að skrifa útþvældar greinar um pólitík í þessum flokksmálgögnum sem Jón Baldvin Hannibalsson lýsti ágætlega í ræðu fyrr við þessa umr., — það er athyglisvert að heyra orðalag þeirra, orðbragð, hvernig þeir gera mönnum upp hugsanir og athafnir.

Það olli mér vonbrigðum þegar hv. 3. þm. Reykv. gat ekki stillt sig um að tala um að núv. stjórnarflokkar hefðu rottað sig saman, það væru ofstækisöflin í Sjálfstfl. sem réðu ferðinni og nú væri ný og háskaleg stefna á ferðinni í sambandi við menningarmál, bara út af því einu að það á að kjósa í útvarpsráð eftir hverjar þingkosningar í stað þess að kjósa samkv. lögum sem samþ. voru í ársbyrjun 1971. Ég skil þetta ekki. Og ég skil það ekki heldur þegar sami maður er að tala um frjálslyndi og umburðarlyndi í sömu andránni.

Einnig sagði hann að nú væri stefnt að hömlum. Ég skil ekki hvernig hv. þm. getur komist að þessari niðurstöðu. Ég ítreka það enn einu sinni: Það hefur aldrei komið fram, hvorki hjá mér né öðrum sem hafa talað fyrir þeim breytingum sem hér eru til umr., að það ætti að útiloka minni hl. í einu eða neinu. En ég benti hins vegar á að það efni, sem hér hefur verið töluvert til umr., þetta mikla magn af austrænu — skulum við segja — kvikmyndaefni sem hefur verið í sjónvarpinu, það hefur verið óeðlilega mikið ef litið er til óska og smekks þjóðarinnar um dagskrárefni yfirleitt. Þetta hef ég sagt og við það stend ég.

Um það að verja þjóðina fyrir misnotkun ríkisfjölmiðla væri hægt að flytja hér langt mál. En ég spyr hv. þm.: Er það ekki hlutverk þingkjörinna fulltrúa að stuðla að því að ríkisfjölmiðlar séu ekki misnotaðir? — Mundi t. d. hv. 3. þm. Reykv. vilja leyfa ótakmarkaðar árásir í ríkisfjölmiðlum á hópa manna eða einstaklinga eða vilja láta endurtaka slíkar árásir, hvaðan sem þær væru komnar? Ég hugsa að ég geti hiklaust svarað fyrir hans hönd að það mundi hann ekki vilja. Það vel þekki ég hann. Það er þetta sem ég átti við, þ. e. að Ríkisútvarpið sé ekki notað þannig og útvarpsráð komi í veg fyrir að það sé endurtekið.

Varðandi umburðarlyndið, sem ég kann vel að meta og ég veit að hv. þm. á töluvert af, vil ég segja það, að hann ætti að temja sér sjálfur ákveðið umburðarlyndi hér í þingsal, og einnig vildi ég beina því til hans, að hann beitti sínum ágætu áhrifum til þess að Þjóðviljinn, hans ágæta málgagn, sýndi meira umburðarlyndi en það yfirleitt gerir og færi betur höndunum um sannleikann í *fréttaflutningi sínum*.

En sem sagt, ég vísa á bug að það eigi að fara að innleiða einhverjar einræðisaðferðir, það eigi að fara að breyta stefnunni í menningarmálum. Sú stefna á auðvitað að vera frjáls. Ég hef margsinnis sagt það hér, að ég hef lagt áherslu á að ríkisfjölmiðlarnir eigi að vera sjálfstæðir og sem óháðastir stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum. Þetta hef ég sagt í hverri einustu ræðu sem ég hef flutt um þetta mál. Hins vegar hefur lítið verið talað um það atriði, sem ég minntist á í síðustu ræðu minni, breytingarnar sem hafa verið gerðar í sambandi við ríkisfjölmiðlana í nágrannalöndunum. Ég vakti t. d. athygli á því að í Frakklandi hefði sú skipulagsbreyting nýlega verið gerð, að 2/3 hlutar þeirra 7 fyrirtækja, sem voru stofnuð upp úr ríkisfjölmiðlunum í Frakklandi, væru skipuð fulltrúum frá samtökum launþega og vinnuveitenda, en 1/3 hins vegar kæmi frá hinu opinbera. Ég ræddi einnig um að það kæmi vel til athugunar — og ég get sagt það hér að ég er mjög fylgjandi því — að t. d. fulltrúar starfsmanna þessara stofnana ættu aðild að útvarpsráði. Ég tel það í anda þeirrar stefnu sem ég hef leyft mér að tala fyrir — stefnu atvinnulýðræðis í stærri fyrirtækjum og hjá ríkisstofnunum.

Ég vil leyfa mér að segja það, að eftir þessa ræðu var lítið um þetta fjallað, bæði hér í umr. og annars staðar, og það hefur ekki verið minnst á það atriði t. d., að minni hl. bar fram till. til breytingar á kjöri manna sem kæmu til greina í útvarpsráð, þar sem átti algerlega að útiloka það að starfsmenn gætu tekið sæti í útvarpsráði. *Ég fyrir mitt leyti tel æskilegt að þetta atriði* — þ. e. afstaða mín til þess að þessir starfsmenn gætu komist í útvarpsráð sem fulltrúar sinnar stofnunar og einnig að minni hl. hafi viljað útiloka að svo gæti orðið — að það kæmi fram í þingfréttum ríkisfjölmiðlanna. Það hefur ekki gert það. Það er lýðræði að skýra rétt og satt frá öllu sem máli skiptir. Og það er að mati okkar margra mikið mál, stefnumál verkalýðssamtakanna, að vísu ekki hér á Íslandi enn þá, en í vestrænum ríkjum, að slíkt atvinnulýðræði verði innleitt. Ég treysti því að þeir tímar komi og þá skapist svigrúm til þess hér á Alþ. að gera þær breytingar á útvarpslögunum og öðrum lögum um ríkisstofnanir og stórfyrirtæki, að starfsmenn geti átt aðild að stjórn þessara fjölmiðla.

Umr. frestað.

Efri deild, 44. fundur.

Fimmtudaginn 13. febr., kl. 3.07 síðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 288). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt tilkynnti ríkisstj. 11. febr. s. l., að hún teldi, að höfðu samráði við bankastjórn Seðlabankans óhjákvæmilegt að tekin yrði ákvörðun um breytt gengi íslensku krónunnar. Í kjölfar þess var felld niður gengisskráning erlends gjaldeyris frá og með deginum í gær. Ríkisstj. féllst í gær á till. Seðlabankans, að gengisskráning verði tekin upp að nýju á morgun að því tilskildu að frv. það, sem hér er til umr., verði þá afgreitt frá Alþ. Verði þá markaðsgengi íslensku krónunnar ákveðið sem næst 20% lægra en það gengi var er gilti áður en gengisskráningu var hætt í gær.

Frv. þetta er flutt vegna þessarar ákvörðunar.

Frv. hefur að geyma ákvæði um tollmeðferð innflutnings og ráðstöfun á gengismun á útflutningsvörubirgðum og ógreiddum útflutningi sjávarafurða. Ákvæði frv. eru svipuð þeim sem áður hafa verið sett í lög vegna breytinga á gengi krónunnar.

Gengisbreyting þessi er einn af meginþáttum efnahagsráðstafana, sem ríkisstj. beitir sér fyrir, en samkv. frv. er gert ráð fyrir sérstakri ráðstöfun á gengismun til lausnar brýnna fjárhagsvandamála innan sjávarútvegsins. Af þeim ástæðum er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði þau, sem till. eru um í frv.

Efnahagsvandinn, sem við okkur blasir, er í meginatriðum tvíþættur: annars vegar halli í rekstri sjávarútvegs og hins vegar gjaldeyrisstaðan þegar gjaldeyrisvarasjóður landsmanna er nú þrotinn. Ég nefni hér ekki sérstaklega kjaramálin almennt, en þau eru auðvitað það vandamál sem hlýtur að setja blæ sinn á efnahagsvandann. Við getum ekki skapað önnur og betri kjör heldur en verðmætasköpunin í þjóðfélaginu gefur tilefni til á hverjum tíma, og það er efnahagsvandinn á hverjum tíma að auka verðmætasköpunina svo að bæta megi kjörin. Gengisbreytingin, sem ákveðin hefur verið, hefur þann megintilgang að bæta greiðslustöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og tryggja rekstrargrundvöll atvinnuveganna.

Gengi krónunnar var síðast breytt í byrjun sept. s. l. og þá voru gerðar hliðarráðstafanir. Stóðu vonir til þess, að þær aðgerðir ásamt frekara aðhaldi í fjármálum og peningamálum nægði til þess að rétta við hag útflutningsatvinnuveganna og koma á þolanlegum greiðslujöfnuði við útlönd. Reyndin hefur þó því miður orðið önnur. Ör rýrnun viðskiptakjara síðustu mánuði ásamt söluerfiðleikum á ýmsum mörkuðum hefur gerbreytt rekstrarstöðu útflutningsatvinnuveganna og greiðslujafnaðarhorfum. Eru viðskiptakjörin nú um fjórðungi lakari en á árinu 1973 og 14% lakari en á s. l. sumri.

Eins og þm. er kunnugt af yfirlitsskýrslu þeirri, sem Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman um efnahagshorfur á þessu ári, er við stórfellda erfiðleika að etja. Helstu niðurstöður áætlana Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1975 eru að aukning þjóðarframleiðslu verði lítil sem engin að vegna versnandi viðskiptakjara muni raunverulegar þjóðartekjur minnka um 3—5% í heild eða um 5—7% á mann, að við blasi að öllu óbreyttu mikill halli í viðskiptum við útlönd eða 14—17 milljarðar kr., að jafnvel þótt reiknað sé með ítrustu lántöku erlendis virðist ókleift að jafna viðskiptahallann með þeim hætti.

Grundvallarmisvægið milli heildarframboðs og eftirspurnar í hagkerfinu birtist inn á við í ýmsum myndum: rekstrarhalla sjávarútvegsins, fjárhagshalla hins opinbera og fjárvöntun til fyrirhugaðra framkvæmda og útlána.

Nýlegar áætlanir, sem þm. hafa fengið í hendur um afkomu sjávarútvegsins við rekstrarskilyrði um s. l. áramót, segja svo að ekki verður um villst, að mjög alvarlega horfi um rekstur mikilvægustu greina útflutningsframleiðslunnar. Við blasir alvarlegur rekstrarhalli sjávarútvegs og sjóðakerfis hans. Einkum er um að ræða taprekstur báta- og togaraflotans svo og frystihúsa, en staða söltunar og herslu er betri. Rekstur annarra vinnslugreina stendur tæplega í járnum.

Niðurstöður rekstraráætlana báta- og togaraflotans sýndu um 1 750—2 550 millj. kr. árshalla, en væri í stað afskrifta og vaxta í rekstraráætlunum miðað við áætlaða þekkta greiðslubyrði afborgana og vaxta stofnlána til opinberra sjóða lækkaði þessi halli í mesta lagi um 700—800 millj. kr. Þótt tillit sé tekið til þess, stæði eftir verulegur rekstrarhalli, auk þess sem ekki er tekið tillit til skulda við einkaaðila vegna skipakaupa eða eigin fjármagns fyrirtækja. Hér er og ótalinn olíukostnaður og halli á sjóðum sjávarútvegs, svo sem tryggingasjóða, að upphæð 1 000—1 200 millj. kr.

Frystiiðnaðurinn er talinn rekinn nú með 2 500 millj. kr. halla. Þessi halli og fiskverðshækkun, sem bæri halla fiskveiðanna uppi að einhverju eða öllu leyti, verður ekki uppi borinn af gengisbreytingu einni, heldur verður að nýta verðjöfnunarsjóð sjávarafurða að einhverju leyti, enda í samræmi við tilgang hans að draga úr þörf á gengisbreytingu.

Gengisbreyting sú, sem nú hefur verið ákveðin færir sjávarútveginum í heild mikla tekjuaukningu, en af henni hlýst jafnframt talsverð aukning tilkostnaðar, einkum fyrir útgerðina. Þessi tekjuskiptingarvandi í kjölfar gengisbreytingar er gamalkunnur hér á landi. En vandamálið hefur ágerst nú vegna þeirrar stórkostlegu hækkunar á mikilvægum kostnaðarliðum sem orðið hefur, einkum olíu og veiðarfærum og stofnkostnaði nýrra skipa.

Mikilvægt er að leysa þennan vanda með hagkvæmum hætti. Hér er ekki aðeins um kostnaðarvanda útgerðar að ræða, heldur hvort við þessum vanda verður snúist með þeim hætti, að öflugt aðhald sé veitt við notkun þessara ránd yru, innfluttu aðfanga. Í núgildandi kerfi, þar sem útgerðin borgar lítinn og minnkandi hluta þessa kostnaðar felst sennilega þjóðhagsleg sóun sem ekki fær staðist til lengdar. Það er ekki unnt að halda svo áfram að þeir, sem með verðmæti fara, hafi aðeins fyrir augum innan við ½ hluta þess kostnaðar sem þau standa í fyrir þjóðarbúið í heild. Til skamms tíma var olíulítrinn kr. 5.80 fyrir fiskiskip, en raunveruleg kostnaðarverðmæti hans eru á milli 16 og 17 kr. Það þarf vitaskuld að sjá svo um, að útgerðin hafi tekjur til þess að mæta hækkandi olíukostnaði, sem hún greiddi beint eða hver rekstrareining fyrir sig. En það væri æskilegt að gera þarna töluverða, að ég segi ekki róttæka breytingu á sjóðakerfi útvegsins, bæði hvað snertir olíusjóðinn og tryggingasjóðinn.

Á fundi yfirnefndar Verðlagsráðs í gær náðist samkomulag með fulltrúa sjómanna og öðrum fulltrúa kaupenda um öll meginatriði ákvörðunar lágmarksverðs þeirra fisktegunda, sem venjulega fara saman við ákvörðun almenns fiskverðs, fyrir tímabilið 1. jan. — 31. maí n. k. Fiskverðsákvörðunin felur að þessu sinni í sér verulega breytingu á stærðarflokkun fisks til verðs og á verðhlutföllum milli stærðarflokka og fisktegunda. Þessar breytingar miðast í senn við breyttar aðstæður á fiskmarkaði erlendis og breytingar í tilkostnaði sjávarútvegs hér á landi, auk þess sem þær ættu að vera til þess fallnar

að beina sókninni í auknum mæli að arðgæfari fisktegundum og stórfiski, sem fellur saman við sjónarmið um skynsamlega nýtingu fiskstofnana við landið.

Vegna þess hve breytingar þessar eru umfangsmiklar verður endanlegum frágangi verðs einstakra fisktegunda, gæða- og stærðarflokka ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi í dag. En með þessari ákvörðun er leitast við að tryggja, að tekjur sjómanna standist eðlilegan samjöfnuð við tekjur annarra stétta, enda er það nú mikilvægara en oftast áður að sjósókn verði öflug. Erfitt er að meta niðurstöður til beinnar tölu, en vert er að hafa í huga að sjómenn og útvegsmenn hafa þurft að þola verulega tekjuskerðingu vegna verðlækkana á loðnu. Enginn þarf því að líta á fiskverðsbreytinguna sem fordæmi fyrir kjarabreytingum til annarra stétta. Hana ber að skoða sem nauðsynlegan þátt í því að bæta rekstrarstöðu sjávarútvegsins í heild.

Hv. þm. er kunnugt um hve greiðslujöfnuðurinn við útlönd hefur versnað á s. l. ári, en viðskiptahallinn varð þá 12% af þjóðarframleiðslunni á móti 3% árið 1973. Nú stefna útgjaldafyrirætlanir þjóðarbúsins á samsvarandi viðskiptajafnaðarhalla á þessu ári, en það er langt umfram það sem greiðslugeta þjóðarinnar leyfir. Erlend skuldaaukning af stærðargráðunni 15—17 þús. millj. kr., sem nauðsynleg yrði til þess að jafna viðskiptahallann, væri langt umfram þörf mögulegrar atvinnuuppbyggingar. Tilgangurinn væri því sá einn að fjármagna neyslu, eyðslu yfirstandandi árs á kostnað næstu ára. Erlend afborgana- og vaxtabyrði var um 11.3% af útflutningstekjum á s. l. ári, en mun hækka í 14.5% á þessu ári og er þó ekki gert ráð fyrir jafnhárri erlendri lántöku, eins og ég gat um áðan. Greiðslubyrðin mun fara vaxandi næstu árin vegna mikillar skuldasöfnunar á undanförnum árum. Lánstraust þjóðarinnar út á við hlýtur þannig að þrjóta áður en langt um líður, ef svo heldur fram sem horfir.

Það misvægi, sem þjóðarbúið hefur búið við að undanförnu, hefur annars vegar birst í vaxandi rekstrarhalla sjávarútvegsins og hins vegar í auknum greiðsluhalla ríkis og ríkisfyrirtækja og aukinni fjárvöntun til framkvæmda og útlána fjárfestingarlánasjóða, en hvort tveggja hefur áhrif á þróun greiðslujafnaðar út á við. Eins og nú horfir, stefna útgjaldaáform þjóðarinnar í heild verulega fram úr raunverulegum þjóðartekjum. Það er því auðsýnt, að nauðsynlegt er að leysa þann fjárhagsvanda, sem af þessu leiðir, annars vegar með auknu aðhaldi í útgjöldum, m. a. með því að draga úr fyrirhuguðum framkvæmdum og útgjaldaáformum og hins vegar með því að auka tekjur opinberra aðila. Í slíkri aðgerð felst hins vegar sá vandi að viðhalda eðlilegri atvinnustarfsemi í samræmi við framleiðslugetu þjóðarinnar. Meginhersla verður því lögð á það að beina innlendum sparnaði í ríkara mæli til atvinnuveganna til þess að tryggja aukna framleiðslugetu og atvinnu. Í þessu sambandi virðist eðlilegt, að haldið verði áfram á þeirri braut að beina sparnaði landsmanna hjá lífeyrissjóðum, enn meir til atvinnuveganna.

Ríkisstj. hefur unnið að endurskoðun á útgjalda- og framkvæmdaáformum ríkisaðila og útlánaáformum fjárfestingarlánasjóða, en það var markmiðið að halda útgjalda- og lánaáformum innan fjárhagsgetu þessara aðila, jafnframt því sem mótuð verður stefna um forgang framkvæmda og atvinnuuppbyggingu. Sömu stefnu er nauðsynlegt að fylgja í útlánum bankakerfisins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara yfir frvgr., þær skýra sig sjálfar og eru mjög hliðstæðar því, sem tíðkast hefur hingað til. Ég skal þó aðeins nafna tvennt: Annars vegar er í 3. gr. heimild til að ákveða hækkun á magngjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sem ákveðið var með 5. gr. l. nr. 106 frá 1974, í samræmi við þessa gengisbreytingu. Um hitt atriðið skal ég nefna að gengishagnaðarsjóði er ekki ráðstafað að öðru leyti í 2. gr. en að gert er ráð fyrir því, að fé af gengishagnaði skuli varið til að greiða hækkun útflutningskostnaðar, sem verður óhjákvæmilega vegna gengislækkunarinnar, og þar sem útflytjendur fá greitt fyrir gjaldeyrinn miðað við gengið fyrir breytinguna, er ekki eðlilegt að þeir beri þann kostnaðarauka.

Önnur ráðstöfun þessa gengishagnaðarsjóðs mun ákveðin af Alþ. með sérstakri löggjöf. En þó er rétt að það komi hér fram, að ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún muni beita sér fyrir því, að 75 millj. kr. af því fé verði varið til eflingar lífeyrissjóða sjómanna.

Því er ekki að leyna, að óneitanlega fylgir gengislækkun jafnan verðbólguhætta og verðhækkanir hljóta einhverjar að fylgja í kjölfar gengisbreytingarinnar. Markmið það, sem við settum okkur, að verðbólguvöxtur hér á landi væri kominn niður á það stig, sem gerist meðal nágrannaþjóða okkar, við lok ársins, kann því að færast lengra undan. En við megum ekki missa sjónar á því markmiði, heldur stefna ósleitilega að því, þótt leiðin sé langvinnari en við bjuggumst við.

Það, sem ræður valinu að því er snertir úrræði gengisbreytingarinnar, er einkum þrennt:

Í fyrsta lagi: Áherslan á fulla atvinnu sem meginmarkmið efnahagsstefnunnar og nauðsyn þess, ef hún á að haldast til frambúðar, að staða þjóðarbúsins út á við sé tryggð.

Í öðru lagi er meginkostur gengislækkunar, að hún veldur almennri hækkun tekna útflutningsgreina án mismununar, en mismunun er fylgifiskur flestra annarra leiða. Jafnframt bætir gengislækkun samkeppnisstöðu allrar innlendrar atvinnustarfsemi gagnvart innflutningi, örvar innlenda framleiðslu og dregur úr innflutningi.

Í þriðja lagi felur valið í sér, að við höldum fast við þá fríverslunarstefnu, sem þessi ríkisstj. hefur fylgt og vill fylgja og er ein meginforsenda álits okkar og lánstrausts á alþjóðavettvangi. Við hljótum því að hafna haftastefnu og freista þess að leysa efnahagsjafnvægisvandann með almennum aðgerðum. Þetta mun þegar til lengdar lætur reynast farsælasta lausnin.

Samhliða breyttri gengisskráningu og ákvörðun fiskverðs mun ríkisstj. beita sér fyrir ýmsum hliðarráðstöfunum til þess að tryggja svo sem verða má, að gengisbreytingin nái tilgangi sínum. Flutt verður sérstakt frv. til l. um, hvernig

ráðstafa skuli gengishagnaðarsjóði þeim sem stofnað er til með frv. því sem hér er til umr. Skal ég ekki á þessu stigi rekja fyrirhugað efni frv. að öðru leyti en því, að leitast verður við að létta að einhverju leyti erlendar kostnaðarhækkanir fiskiskipaflotans, og ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að 75 millj. kr. verði varið til eflingar lífeyrissjóða sjómanna, einkum til þess að styrkja getu þeirra til að greiða lífeyri til sjómanna sem lífeyrisgreiðslna eiga að njóta á þessu ári og næstu árum og til annarra uppbóta á lífeyrisréttindi sjómannastéttarinnar.

Þá verður unnið að því eins og unnt er í samráði við aðila að leysa tekjuskiptingarvandamálin innan sjávarútvegsins í þeim tilgangi að koma á hagfelldara fyrirkomulagi til að standa undir hækkuðum tryggingakostnaði, olíuverði og erlendum verðhækkunum fiskiflotans, eftir að kjör sjómanna hafa verið tryggð.

Lögð verður áhersla á við aðila vinnumarkaðarins, að vísitölukerfi launagreiðslna verði tekið til endurskoðunar, og mun ríkisstj. fyrir sitt leyti beita sér fyrir breyttu fyrirkomulagi í þessum efnum.

Í samræmi við fyrri yfirlýsingar ríkisstj. munu launajöfnunarbætur verða teknar til endurskoðunar í þeim tilgangi að auðvelda þeim, er lágar tekjur hafa, að standa undir hækkuðum framfærslukostnaði sem fram er kominn og leiðir af gengisbreytingunni. Með sama hætti verða tryggingabætur til þeirra, sem litlar eða engar aðrar tekjur hafa, teknar til endurskoðunar.

Þá er vert að geta þess, að fram fer athugun á því, með hvaða hætti breytingar á tekjuskattsálaginu gætu komið launastéttunum til góða, sem og aðgerðir í húsnæðismálum.

Þá verður og verðlagskerfi búvöru tekið til endurskoðunar svo og verðlagsmálin í heild. Vegna rýrnunar þjóðartekna og erfiðrar greiðslustöðu út á við telur ríkisstj. nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að tryggja hagstæðan jöfnuð í fjármálum opinberra aðila, en forðast skal samt óhóflega aukningu erlendra skulda. Til að ná þessu markmiði mun hún beita sér fyrir því, að dregið verði úr útlánafyrirætlunum fjárfestingarlánasjóða, útgjaldaáformum hins opinbera, en fyrir aukinni innlendri fjáröflun, að því leyti sem þetta hrekkur til.

Gengislækkun sú, sem nú hefur verið ákveðin, ásamt þeim hliðarráðstöfunum, sem ég hef nú rakið, stefnir að óhjákvæmilegri leiðréttingu á stöðu útflutningsframleiðslunnar og takmörkun á gjaldeyrisnotkun. Hér er um það að tefla, að þjóðin bregðist með sameiginlegu átaki við óvæntu og þungu efnahagslegu áfalli. Þess vegna skiptir meginmáli, að almennur skilningur allra stétta og hagsmunahópa náist á nauðsyn þessara ráðstafana og um leiðir til að tryggja sem réttlátasta skiptingu þeirra byrða sem þeim hljóta að fylgja.

Herra forseti. Ég vil gera það að till. minni, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. Mér er kunnugt um að nefndir beggja d. höfðu sameiginlegan fund í morgun, og vænti ég því þess að afgreiðsla n. geti verið snögg eða fer vinsamlega fram á það að hún hraði störfum sínum eins og hún frekast treystir sér til.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það má segja, að skammt sé stórra högga á milli í okkar virðulegu litlu krónu og leggist nú lítið fyrir sterka ríkisstj. að þurfa að saxa af henni enn nokkurn skerf og gera hana minni en áður var, og þótti mörgum langt gengið í því efni. Það var á sumarþinginu fjallað um sams konar frv. og minnti ég þá á að þær ráðstafanir, eins og þar voru settar fram mundu ekki duga lengi, spá mín var sú að innan skamms mætti eiga von á annarri gengisbreytingu, og ég spurði: Verður þetta innan hálfs árs, verður þetta innan árs eða verður tíminn eilítið lengri? Nú sjá menn hvað skeð hefur, því miður, vil ég segja.

Ég hélt því fram þá og held því fram enn, að gengisfelling sem slík sé ekkert allsherjarúrræði, og kannske hefur enginn dæmt það út af fyrir sig. En hvers vegna erum við þá alltaf að grípa til gengisfellingar og þorum ekki að takast á við vandann með öðrum hætti? Ég held að það sé fyrst og fremst framkvæmdin sem valdi því, hvað það er þægilegt, ef svo má segja, að gera ráðstafanir fljótlega og skjótlega með því að breyta genginu og blása þannig nýjum fjörkipp í atvinnulífið með þessari ráðstöfun, þó að haldið sé niður brekkuna og hopað að einhverju leyti undan vandanum og honum ýtt á undan sér.

Gengisfelling sem slík er ekki og verður aldrei neitt allsherjarúrræði. Henni þurfa að fylgja mörg önnur frv., það hlýtur að vera forsenda fyrir heilbrigðri og skynsamlegri gengisfellingu, og þá hlýtur að vera bráðnauðsynlegt að hafa gert sér grein fyrir því hvað þarf að fylgja með. Eftir því sem fram kom á hinum sameiginlega nefndarfundi í morgun, upplýst af einum stuðningsmanni stjórnarinnar, verð ég að ganga út frá að ekkert slíkt hefði verið rætt, a. m. k. ekki í Sjálfstfl. Þetta vakti mjög mikla furðu hjá mér, ef menn hafa hugleitt eitthvað fram í tímann hvað þyrfti að fylgja með.

Við höfum heyrt drepið á að það eigi að hækka söluskattinn um 1 stig, fara úr 19 í 20. Eitt stig, hvað er það, hvað munar um einn sláturkepp í sláturtíðinni? segja menn. Það skiptir sáralitlu máli. — En er það lausnin á að hefta verðbólgu? Er það lausnin á að draga úr erfiðleikum sjávarútvegsins? Er það lausnin á því að hafa launþegasamtökin jákvæð í því að stuðla að minni eyðslu í þjóðfélaginu? Ég held alls ekki. Miklu heilbrigðara væri að geta byrjað hraustlega að að ráðast á margslungið skattkerfi og alls konar álögur sem eru, held ég, að færa okkur í kaf að ýmsu leyti. Má þar nefna eitt dæmi sem er næsta undarlegt, að geta ekki létt á sveitarfélögum, en þeim er gert að greiða söluskatt af því að moka snjó af götum bæjanna, svo að menn komist um göturnar. Ég veit ekki betur en að það kosti t. d. Akureyrarbæ sennilega hátt í millj., eða jafnvel meira, bara söluskattur af snjómokstri. Þetta hlýtur að vera fáranleg skattalöggjöf. Hún hlýtur að vera alveg fáranleg og okkur öllum til háðungar og dreg ég mig ekkert þar undan.

Við búum til skrifstofubákn, við búum til pappírsvinnu og búum til kerfi sem er að kaffæra okkur. Sífelld millifærsla, sífellt bákn þar sem við kiknum undan, þar sem framleiðslukerfið er

að kikna undan þessum gífurlega þunga, sem er búið að hlaða á okkur. Ég drap á þetta hér í haust og ég verð enn að vekja athygli á því, það er óhjákvæmilegt. Ég ætla ekki að fara að lesa upp úr ræðu minni um það, það gerði ég hér í haust, og enn heldur áfram og enn á að auka. Ég er viss um það að almennt erum við allir á því að hér sé komið meira en nóg. En hví ekki að staldra við? Hví ekki að staldra við þegar svona uppgötvun er gerð? Hví þarf að hækka erlendan gjaldeyri hátt í 60—70% á rúmu ári? Hví er ekki hægt að mæta þessum erfiðleikum með einhverjum öðrum hætti? Ég trúi því ekki að þetta sé eina leiðin, þótt hún sé handhægari en margt annað, af því að hún er orðin gamalkunn og þekkt og allir flokkar hafa tekið þátt í henni, þó með mismunandi geði, eins og vel er kunnugt.

Og svo kemur þetta gamalkunna viðkvæði: Það er verið að bjarga útgerðinni. Þess vegna var gengisfellingin. Mikið ætti að vera búið að draga í land og draga hátt til björgunar ef allt hefði verið satt sem um það er sagt. En svo skeði það undarlega í gær, að talsmaður framleiðsluþáttarins, þ. e. a. s. útgerðarþáttarins, við verðákvörðun telur að þessi gengisbreyting sé engra bóta leið, alls ekki nein. Og nú eftir nokkrar mínútur komu þeir saman til fundar, þeir aðilar sem er verið að bjarga og draga á land svo að þeir drukkni ekki, og það verður gaman að vita hvað þeir álykta að fundi sínum loknum. Það verður gaman að vita það. Mér kemur ekkert á óvart að þeir álíti að þetta sé engra meina bót og séu ekki bætur til bjargar. Það stafar af því að í fjármögnun togaraflotans núna er það mikið af erlendum lánum, launakjörin eru bundin og rekstrarliðirnir hafa hækkað svo gífurlega að það er engin leið að ná saman endum með því bara að lækka gengi krónunnar stanslaust. Það er engin leið eins og uppbyggingu togaraflotans hefur verið háttað undanfarið, ekki nokkur leið. Og það ætti mönnum að vera mætavel kunnugt um. Erlendar skuldir á þessum flota eru rúmlega 10 milljarðar og jafnvel yfir 11 milljarða og nú hækka þessar skuldir um fjórðung. Við síðustu gengisfellingu hækkuðu þær um rúmlega 3 milljarða og núna á fimmta milljarð, þ. e. a. s. á áttunda milljarð hafa þessar skuldir hækkað núna á hálfu ári. Það eru engar smávegis álögur sem þetta eru fyrir þennan þátt framleiðslunnar, og vaxtabyrði af þessu nemur mörgum hundruðum millj. aukningu.

Einn stór vandi í þessu sambandi er að stofnfjársjóðirnir hafa ekki getað veitt eðlileg stofnlán. Í ræðu hæstv. forsrh. kom fram áðan að það á að draga úr útlánum fjárfestingarlánasjóðanna. Það var ekkert meira sagt. En hér er mjög óljóst talað. Ég vil fá að vita úr hvaða fjárfestingarlánasjóðum. Það skiptir meginmáli. Fiskveiðasjóður á enn ósvarað, en hefur þó lofað lánum um 1.6 milljarð og ég vil hafa það á hreinu. Á að stöðva það eða skera niður um fjórðung, þegar erlend aðföng varðandi þann þátt hækka um fjórðung? Þá sjá menn það gap sem þar myndast. Það er gersamlega óviðráðanlegt fyrir skipasmíðastöðvarnar að halda áfram eða halda uppi eðlilegri atvinnuuppbyggingu í landinu varðandi sjávarútveginn. En það eru margir aðrir fjárfestingarlánasjóðir sem eru mikilvægir. Iðnlánasjóður hefur ekki getað svarað eftirspurn eftir lánum þar um margra ára bil og vantar 100 millj. Sumir segja að það sé þegar of mikið af trésmíðaverkstæðum í landinu og ýmiss konar öðrum vélum. Það getur vel verið að það megi stöðva og setja núll við á yfirstandandi ári. Ég legg engan dóm á það. Síðan eru enn aðrir fjárfestingarlánasjóðir sem við þurfum að fá upplýsingar um og meta og vega hvort fært er að skera niður fjárfestingarlán þeirra. En á sama tíma er því haldið fram að það sé forsenda að hafa jafna og trygga atvinnu, og er það vel ef það er markmið sem má taka eitthvert mark á.

Það var merkilegt viðtal, sem kom fram bæði í sjónvarpinu og mikið hefur verið rætt um, og einnig framsöguræða hæstv. viðskrh. á fundi Framsóknarfélagsins hér í Reykjavík fyrir hálfum mánuði. Það má deila um það hvort menn, bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskrh., hafi látið teyma sig um of út í að tala um ástandið hreint og beint eða ekki En þegar menn vita það, og það vita þessir ágætu menn manna best, að þróun okkar efnahagsmála hafi eitthvað átt að fara niður á við, fyrst og fremst vegna mikillar eyðslu, þá eru menn oft neyddir til að láta satt kyrrt liggja. En hæstv. fjmrh. sagði aðspurður um gengisfellingu: Jú, það er vitað að krónan nú er minni en hún var í haust. Þegar fréttamaður spyr: Verður gengisfelling? — hefði hann einfaldlega átt að segja: Um það hefur ekki verið tekin nein ákvörðun á þessu stigi. — Vegna þess að þessi maður sagði þessi orð var eftirspurnaraukning slík eftir alls konar vörum að þær runnu út og umsóknir um gjaldeyri voru miklu meiri, þótt þær hafi ekki fengist afgreiddar. Og nú liggja fyrir óafgreiddar umsóknir frá gjaldeyrisdeildum bankanna, rúmlega 2 milljarðar. Á sama tíma heimtar fjmrn., hæstv. fjmrh., að uppboð sé gert á vörum sem menn fá ekki að borga, til að ná inn tolltekjum. Það er samræmi í hlutunum eða hitt þó heldur!

Frægt var það þegar hæstv. viðskrh. spurði: Á ekki ráðh. að segja satt? Spurningin er raunverulega út í hött við ríkjandi aðstæður. Spurningin er um það, hvernig ráðh. beri að meta ástand og haga orðum sínum til þess að áhrif orða hans sjálfs verði þjóðarbúinu fyrir bestu. Hann þarf ekki að blekkja einn eða neinn. En hann getur hagað orðum sínum það gætilega að ekki stafi af aukinn vandi, þegar allir viðurkenna að hann er geysilega mikill.

Því miður hafa orð þessara tveggja ágætu manna stuðlað að því að þjóðin reynir að eyða mun meiru en hún hefði annars gert í jafnvægi. Menn gera ráð fyrir því að þessi gengisfelling verði til þess að menn dragi úr eyðslu. En gleyma þessir ágætu menn þá ekki því að sparifé landsmanna er um 30 milljarðar, lífeyrissjóðirnir, sem eru að vísu verulega bundið fé, rúmir 13 milljarðar, og hvað gerir fólkið? Ef þessir ágætu menn gengju nú í stærstu verslanir hér og heyrðu í verslunarstjórunum, heyrðu í fólkinu, þá mundu þeir sannreyna það á staðnum að það rífur út vörurnar. Það rífur út sparifé sitt og það rífur út vörurnar af því að það hefur ekki trú á okkur lengur, að við getum ráðið við vandann í þjóðfélaginu. Menn reyna að selja víxla í dag í

bönkunum og á sama tíma er verið að bjóða út happdrættisskuldabréf og á sama tíma vantar atvinnulífið svo yfirþyrmandi mikið rekstrarfé að það nemur hundruðum millj., ef ekki mikið á annan milljarð, þegar í stað, frumframleiðsluna, bæði sjávarútveg, iðnað og landbúnað.

Hvernig á þá að koma dæminu saman? Á að hvetja til aukinnar eyðslu á sama tíma og við erum allir sammála um það að við stöndum svona bágt, einmitt vegna þess að þjóðin hefur lifað um efni fram, eins og kom fram í viðtali við hæstv. viðskrh. og hann hefur ítrekað hér, almennt talað, eins og hann segir.

Nei, því miður er gengisfelling neyðarúrræði og svo algert neyðarúrræði að það er ótrúlegt að menn skuli ekki koma auga á aðra leið heppilegri, a. m. k. samræmdar aðgerðir samtímis og þetta er tilkynnt, þannig að fólk sjái í heild að hverju er stefnt. En það er nú öðru nær. Það er boðað að ýmislegt eigi að fylgja hér, en það hefur ekki verið rætt einu sinni enn, a. m. k. ekki í öðrum stjórnarflokknum, eftir því sem einn þm. þar upplýsti á nefndarfundi í morgun, — ekki einu sinni verið rætt. Það er ekki langt síðan fjárl. voru afgreidd, 1½ mánuður. Þá fengum við margvíslegar áætlanir og þar var gert ráð fyrir þessu og hinu. Það allt virðist meira og minna hrunið og þær forsendur allar brostnar, svo að nú virðist óhjákvæmilegt að stokka þar allt upp og fara yfir að nýju. En hvar á þá að hamla á móti?

Ég get nefnt það sem ég tel rökréttast að gera þegar í stað. Það er að hamla á móti í vegagerð. Ef ég man rétt er það hátt í 3. milljarð sem á að setja í vegagerð á landinu, og það er tiltölulega mikið fjármagn á hvern mann sem þar hefur vinnu. Þess vegna er eðlilegt, við svona þröngar aðstæður, að sá þáttur mætti helst bíða, því að vissulega lifir þjóðin það af þó að við förum okkur nokkru hægar þar. Vissulega lifir hún það af. Vissulega mundi hún lifa það af þó að við hefðum ekki brú yfir Borgarfjörð í gangi á komandi sumri. En það fer að þyngja í æðivíða ef atvinnulífið úti um landið og þeir ágætu togarar, sem menn bundu miklar vonir við, snúast ekki mikið. Og af því að það eru kornöx fyrrv. ríkisstj. í hlöðunni, þá mætti ég rétt skjóta því hér inn, sem hæstv. viðskrh. nefndi ekki þegar hann var að tala um togarana á sínum tíma hér í Sþ., að ég veit ekki betur en vissir stofnfjársjóðir eða aðrir lánasjóðir hafi orðið að rétta Skagaströnd svo að nemur mörgum millj., jafnvel á 2. tug milljóna, með skyndilánveitingum svo að togarinn kæmi og landaði á staðnum. Þetta er bara lítið dæmi um þá erfiðleika sem a. m. k. vissir staðir eiga við að etja, og fjármagnið er ekki ótæmandi.

Við verðum að velja á milli alveg rólegir og yfirvegað, það er ekki hægt að gera allt í einu við ríkjandi aðstæður. Þó að fjárl. séu ung að tíma til, stutt síðan við afgreiddum þau, þá verðum við að byrja að skera niður og fá að vita það þegar við erum að taka afstöðu til eins mikilvægra mála og hér liggja fyrir. Með gengisbreytingunni í haust var fært á milli 1600 og 1800 millj. kr. innbyrðis í sjávarútveginum. Það var ekki ein einasta ný króna úr ríkissjóði í því sambandi. Nú vitum við ekkert, hvernig á að ráðstafa þessum gengishagnaði. Það er aðeins boðað, að frv. komi hér um það, en við vitum ekkert meira. Ríkissjóður tekur kannske engan þátt aftur í því að hjálpa togaraútgerðinni og þjóðinni í heild, nema þá gagnvart gengisfellingunni sem slíkri, og þarf enn að leggja á sjómennina sem slíka einungis. Hér held ég að sé ansi djarft leikið og mætti vel spyrna við fótum og athuga aðeins sinn gang í því efni. Ef mönnum sýnist að sjómenn, sem á togaraflotanum eru, hafi óeðlilega miklar tekjur þá ættu menn að þora að segja það hreint út og vera ekkert feimnir við það. En það mætti þá um leið taka það til rækilegrar yfirvegunar hvernig útgjaldaliðir togarans skiptast og taka eins og 10—15 útgerðarfyrirtæki til rækilegrar athugunar og birta nákvæmlega alla eyðslu gersamlega alveg í botn og draga þar ekkert undan. Ég held að við ættum heimtingu á því hér á Alþ. að fá slíka skýrslu.

Markmið þessarar gengisfellingar er, eins og fram hefur verið tekið, að koma útflutningsatvinnuvegunum aftur á réttan kjöl og hvetja til minni gjaldeyriseyðslu, gera gjaldeyrinn það dýran að menn hafi ekki áhuga á honum og jafnvel svo að sparnaður aukist aftur, og þetta er gott út af fyrir sig. En þegar við vitum ekki meira, þá getur maður ekki verið trúaður á að þetta takist, því miður. Reynslan sannar það. Almenningur í landinu mun ekki vera trúaður á að þetta sé nema bráðabirgðaráðstöfun þegar hann sér ekki hvað fylgir á eftir, og það mun fara á kreik fullt af alls konar vangaveltum og sögum um hvað sé fram undan, ýmiss konar álögur og viðbótarskattar, sbr. söguna um 1% söluskatt og jafnvel fleira, og það mun stuðla að aukinni eyðslu og gera hlutina enn verri, gagnstætt því sem tilgangur þessa frv. og þessara aðgerða er.

Ég skil ekki hvaða óhemjustjórnleysi það má vera að vera búinn að hafa óvenjulega langt þingfrí, nær út allan janúar og svo þetta af febrúar, og hafa ekki getað mótað sér ákveðna stefnu í heild um stöðu þjóðarbúsins og hvernig við á að bregðast. Það er alveg furðulegt. En þetta kemur einmitt glögglega fram í fréttum um ýmsa niðurstöðu á greiðslujöfnuði okkar við útlönd og margt fleira, en þær tölur breytast næstum viku eftir viku. Við fengum fyrst, ef ég man rétt, í fjvn. áætlun um 12.5 milljarða, svo fer hann upp í rúma 14, svo er hann 15.3 svo 16 og nú um 17 milljarðar, og margt fleira eftir þessu. Þetta er mjög undarlegt og sýnir að einhvern veginn er ekki eðlilega að þessu staðið og unnið, og maður er reyndar hissa á þessu, svona geysilega miklum talnabreytingum, á svo stuttum tíma, jafnvel þó að viðskiptakjör okkar hafi versnað mjög skyndilega. Það hefur verið stöðugt gengissig undanfarið og gjaldeyririnn hefur hækkað núna á tiltölulega stuttu tímabili um 70—75%. Það er engin smáverðrýrnun á sparifé þegar slíkt á sér stað og sparifé landsmanna er um 30 milljarðar. Þetta er slík ofsaleg blóðtaka gagnvart gamla fólkinu og mörgum öðrum, sem eiga sparifé, að hún er raunverulega forkastanleg að öllu leyti. Eitt af frumskilyrðum til þess að menn komi á aftur heilbrigðum sparnaði og jafnvægi í eftirspurn er að viðurkenna sparnaðinn og setja ákveðna vísitölu á útlán. Ef við

þorum ekki að byrja á því hér á Alþ. að koma með löggjöf um slíkt, og það er raunverulega mál hæstv. ríkisstj. að gera slíkt, þá mun illa fara aftur og stutt í næstu gengisfellingu.

Hvað segir verslunin núna? Hvernig á hún að mæta þessari verðbólguþróun? Hvernig geta verslunarmenn haft eðlilegar vörubirgðir og eðlilega þjónustu miðað við þá yfirlýsingu sem hæstv. viðskrh. gaf við umr. í Nd. og ég hlýddi á í gærkvöldi, og þá sýndist mér að þar muni þrengja mjög víða að — þrengja mjög að. Það getur líka verið nauðsynlegt að þrengja um marga þætti verslunarinnar. En ég á von á að mörg kaupfélögin kvarti nú þegar yfir afar þröngum kosti og telji ekki fært að ganga lengra en þegar er komið vegna þeirrar þjónustuverslunar sem þau þurfi að annast út um allt land. Mér leikur því nokkur forvitni á að vita hvernig á að beita því, sem hæstv. ráðh. lýsti yfir í gær. Eins og ég skildi það, þá á að þrengja kosti verslunar enn mjög verulega. Það getur vel verið að sumir segi að verslunin hafi það allt of gott, ég legg engan dóm á það. En hinu er ég vel kunnugur að a. m. k. viss kaupfélög eru svo illa sett að þau urðu að borga margar millj. kr. og nærri tug milljóna í yfirdrátt á s. l. ári, og allur ávinningur þeirrar verslunar er rokinn út í veður og vind vegna yfirdráttar- og refsivaxta. Ég starfaði alllengi við kaupfélag og sá um alla vöruútvegun og innkaup fyrir neytendur þar, bændur sem aðra, og mér er mætavel kunnugt um það hvað vörubirgðir slíkra fyrirtækja þurfa að vera fjölbreytilegar og menn skilja ekki ef ekki er hægt að útvega hluti og hafa eðlilega varahlutaþjónustu fyrir hendi og margt annað. Menn skilja ekki að það skuli ekki vera eðlilegt að hafa fjármagn til slíkra hluta, þegar það er lífsnauðsynlegt fyrir viðkomandi svæði. Ég dreg mjög í efa að það sé hægt að ákveða með einu bréfi, eins og hæstv. ráðh. tilkynnti, að hann hafi gert, að allt skuli verða þrengt til muna. Ég dreg það mjög í efa að það sé framkvæmanlegt öðruvísi en að skapa stórvandræði á viðkomandi svæðum, því að það kostar bóndann ekkert lítið að engir varahlutir séu til hjá kaupfélaginu og þurfi að sækja þá til Englands, Bandaríkjanna eða Tékkóslóvakíu. Það er ekkert smááfall ef þurrkur stendur yfir.

Sama mætti segja um iðnaðinn, hér á Reykjavíkursvæðinu sérstaklega, en hann á nú þegar útistandandi, fyrst og fremst hjá útgerð og fiskvinnslu, nærri milljarð, og aðspurðir sögðu báðir bankastjórar Seðlabankans í morgun á sameiginlegum nefndarfundi að engin ákvörðun um aukningu útlána hefði verið tekin enn þá og það yrði beitt harðri bankapólitík. En það skiptir náttúrlega meginmáli, hvort við erum að beita harðri bankapólitík gagnvart þessum fyrirtækjum eða fyrirtækjum sem versla með kjóla, snyrtivörur, sportvörur eða vélsleða. Það skiptir meginmáli. Við viljum nefnilega gjarnan heyra það, þegar við erum að fjalla um mál eins og þetta, hvað er lagt til, til þess að tryggja að gengisfellingin beri árangur. Annars getur maður ekki fylgt svona ráðstöfun, það er algerlega vonlaust. Það er ekki nóg að segja, að það komi á sínum tíma eitthvað og eitthvað. Það er ekki einu sinni byrjað að ræða það, eins og ég hef drepið á hér áðan, hjá öðrum stjórnarflokknum.

Menn hafa oft velt fyrir sér mismunandi leiðum. Menn hafa talað um niðurfærsluleið; jafnvel aukna skattheimtuleið og margt fleira og jafnan hafa menn staðnæmst við gengisfellinguna. Hún hefur oftast verið gerð. Eins og ég sagði áðan hafa allir flokkar tekið þátt í gengisfellingum. En ég held að það sé fyrst og fremst vegna þess að hún er þægilegri í framkvæmd en margt annað, og svo er hitt að verkalýðshreyfingin er alltaf tortryggin á það að niðurfærsluleið komi sanngjarnt niður og þá eiga menn eftir að borga skatta og margt annað. Menn hafa staðið í húsbyggingum, menn hafa tekið lán og það er ósköp þægilegt að fá að borga þetta allt með verðminni krónum og þá hugsar hver gagnvart sjálfum sér. En það er ekkert grín, hvernig Ísland er að verða kynnt erlendis í stjórnspeki. Það var áður en það uppgötvaðist að verðbólgan fór hér yfir 50%, en þá birtist mynd af hundrað króna seðlinum í víðlesnu blaði og þar var hann rifinn að 40 hundraðshlutum og með stóru upphrópunarmerki: Verðbólga á Íslandi á einu ári 40% — og seðillinn er rifinn samkv. því í tvennt. En nú getum við séð næstu mynd, þar sem hann er enn betur skaddaður og við orðnir heimsfrægir fyrir og jafnvel setjum algert met í því efni og lengra en Suður-Ameríkuríkin hafa gert. Þetta er nú kynningin á Íslandi. Og þetta er kynningin á stjórnvisku ágætra manna sem sitja á Alþ. í dag og herskörum sérfræðinga. Þetta er ánægjulegt eða hitt þó heldur! Samt viljum við telja okkur í fararbroddi menningarþjóðanna og finnst ömurlegt ef hallað er á eitthvað hér á landi í erlendum blöðum. En bara svona ein lítil mynd með viðeigandi aths. gerir okkur meira ógagn en margt annað, og ættu menn að hugleiða hvert orðspor fer af okkur hér eftir erlendis.

Íslendingar eru löngu þekktir fyrir það að vera erfiðir í viðskiptum og eru löngu þekktir fyrir það að gera miklar kröfur út á við, en vera seinir til að borga. Þetta er slæmt því að það er mikilvægt fyrir okkur, sérstaklega á þeim tíma þegar verðsveiflur eru að geta náð góðum viðskiptum og hafa traust og góð sambönd erlendis. Þetta þekkja allir sem í viðskiptalífinu hafa staðið, hvort sem þeir eru við sjávarútveg eða aðra verslun. En fari svo fram sem nú hefur verið undanfarið munu áhrifa bara þessa þáttar eins hafa mikið að segja fyrir atvinnulíf á Íslandi, þar sem við munum alls ekki njóta sömu viðskiptakjara og þæginda í milliríkjaverslun og annars hefði verið, og mættu menn hugleiða það einnig í leiðinni.

Þessi aðgerð er sögð stafa af því að það hefur verið mikill aflabrestur, það hefur verið verðfall á vörunni og svo olíuvandræðin. Afli hefur minnkað varðandi bolfisk, en er svipaður af öðrum fisktegundum, en verulegt verðfall varð á loðnuafurðum fyrir rúmu ári, sérstaklega mjölinu, og gildir það auðvitað um aðrar tegundir mjöls úr öðrum fiski. Það háttaði svo til fyrir rúmu ári að allir töldu loðnuna geta bjargað hverju sem vera skal og menn voru svo gullslegnir af þeim tölum sem hún skapaði þá, að enginn maður hlustaði á eitt eða neitt í því efni að fara var-

lega. Hélt ég hér þá nokkra tölu úr þessum ræðustóli og hvatti til þess að við létum nú ekki blindast af þeim ávinningi, sem virtist fram undan, áður en loðnan var veidd, áður en hún var seld, og ég bað núv. hæstv. forsrh. þá að ljá þessum orðum mínum nokkurt eyra og skoraði á hann að gera það, en hann daufheyrðist við og taldi slíkt mikið afturhald hjá mér. En nú hefði hann sannarlega átt við minni vanda að etja, ef hann hefði aðeins hlustað á þetta andartak. Það má aldrei fara varlega og hóflega í íslenskum efnahagsmálum, því að þeir, sem það vilja, eru hrópaðir niður. Ég taldi einnig þegar togaraflotinn var hvað mest á döfinni og þáv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin, var með fyrsta frv. um togarakaup, að við ættum að taka ákveðna áfanga og reyna í rekstri og síðan að taka stærra stökk miðað við þá reynslu sem þá lægi fyrir, eftir um það bil ársútgerð, en var einnig hrópaður þá niður.

Það er ágætt að vera bjartsýnn, en maður verður að vera raunsær um leið. Það er ekki hægt að ganga fram hjá því. Og einhverjir verða að borga fyrr eða síðar þær skyssur, sem gerðar eru af stjórnvöldum. Og nú verða sparifjáreigendur að borga. Nú verða þeir, sem eru eignalitlir, og raunar hinn almenni borgari, sem á ekki neitt, að taka á sig enn meiri kvaðir til þess að þola millifærslu varðandi gengisbreytinguna, sem er gífurleg við svona gengisbreytingu. Og þeir, sem eiga miklar eignir, og þeim, sem skulda mikið, eru færðir milljarðar á silfurfati á þessum dögum með slíkum aðgerðum. Og það er ekki hægt að ætlast til þess undir neinum kringumstæðum að við náum jafnvægi í þjóðarbúskap okkar ef þessari stefnu heldur svona áfram. Það er algerlega vonlaust. Því gagnrýni ég þetta enn einu sinni mjög ákveðið, að við skulum ekki sjá nein önnur úrræði.

Það má ekkert spara hér á Alþ., það má hvergi spara neitt í ríkisrekstrinum. A. m. k. hefur það ekki komið fram enn þá. Það er ekki einu sinni haft svo mikið við hér við útgjaldaaukningu Alþingis, að venjulegum þm. sé tilkynnt um hvað til standi, og það er ekki gert af fullskipaðri þingfararkaupsnefnd, hún er ekki einu sinni fullskipuð, þegar útgjaldaaukning er tekin sem nemur mörgum millj. og flokkarnir ekki látnir vita af því. Það er mikið ósamræmi í svona vinnubrögðum. Það er mikið ósamræmi hér á hv. Alþ.

Við eigum von á lögum um ráðstöfun á gengishagnaði. Við eigum von á mörgum fleiri lögum sem eiga að tryggja hin jákvæðu áhrif af gengisbreytingunni. En við vitum ekkert meira. Þess er vænst að sparnaður verði aukinn að nýju svo að atvinnulífið fái rekstrarfé. En er nokkur minnsta von til þess að menn fari að spara að nýju, meðan menn hafa ekki hugmynd um hver stefna hæstv. ríkisstj. er? Ég get ekki ætlað nokkrum manni það á þessu stigi. Það hefur verið býsnast yfir því að hér lægju um 2000 bílar innfluttir umfram eðlilega eftirspurn frá síðasta ári. Ég veit ekki, hvað mönnum tókst að losa út núna eftir að þessar fregnir fóru af stað, að til stæði að fella gengi eða setja á sérstaka skatta, en mikil var eftirspurnin víða eftir þessum bílakosti og sýndi það enn einu sinni svo glöggt sem verða má, að fólk er reiðubúið til að fórna sparifé sínu strax í eyðslu af ótta við enn meiri rýrnun en verið hefur á undanförnum árum, jafnvel þótt það hafi ekki beina þörf fyrir hlutina. Og þetta segja menn í mörgum öðrum verslunargreinum. Í húsgagnaþættinum og í hljómburðartækjakaupum og mörgu öðru kemur þessi aukna eftirspurn fram vegna óvissunnar, vegna orðrómsins um það hvað fram undan er.

Ef hæstv. ríkisstj. vill raunverulega stuðla að því jafnvægi í búskapnum sem hún talar svo mikið um að hún vilji, þá ætti hún að láta eitthvað koma fram sem gæfi fólki vísbendingu um hvað til stæði, svo að það væri ekki að gera sér sjálft ýmsar hugmyndir um hlutina og sögur um margs konar álögur gengju ekki á milli fólksins og hvettu fólkið aðeins til meiri eyðslu en nauðsyn er á.

Hæstv. forsrh. undirstrikaði það mjög ákveðið að haldið væri fast við fríverslunina. Hæstv. viðskrh. tilkynnti að hann hafi nú ritað gjaldeyrisdeildum bankanna bréf þar sem hann fyrirskipar þeim að fara rólega, og því liggja nú fyrir beiðnir sem eru yfir 2 milljarða. Þessar beiðnir eru óafgreiddar hjá viðskiptabönkunum eða gjaldeyrisdeildum þessara banka. Það má kalla þetta frjálsræði en það er þá bara á pappírnum. Það er ekki nema í orði kveðnu. Það getur vel verið að það sé nauðsynlegt að setja hér harðar og miklar reglur varðandi innflutning, sérstaklega á vissum vöruflokkum. En þá á bara að hafa það á hreinu og menn eiga að vita það mjög glöggt hvernig þær reglur eru. En þetta eru ekki eðlilegir viðskiptahættir, engan veginn, og skapa aðeins aukin vandræði fyrir alla aðila, seljendur og innflytjendur og neytendur. Það er miklu betra að hafa það á hreinu með hvaða hætti menn geta fengið yfirfærslu strax og hitt liggi í láginni ef þarf að spara á þeim þáttum.

Það hafa birst margar skemmtilegar fyrirsagnir í blöðunum undanfarið þar sem sagt er að eigi að taka hraustlega á og ekkert að draga úr skynsamlegum aðgerðum. Enn bólar samt ekkert á því. Í Morgunblaðinu föstudaginn 24. jan. stendur í leiðarafyrirsögn: „Ekki er ráð nema í tíma sé tekið.“ Nú eru að verða 3 vikur síðan þetta var skrifað. Og næstu viku mun ekkert gerast hér á hv. Alþ. vegna þings Norðurlandaráðs, þannig að það verður nærri kominn mánuður frá því að þessi leiðari var skrifaður, sem hefst á því að minna á hve viðskilnaður vinstri stjórnarinnar var ömurlegur og hve þessi hæstv. ríkisstj. ætlar að vera hress í bragði og taka hraustlega til höndunum. En hægt er farið af stað og kannske af gát. En bara að það skaði ekki meira, vegna þess að menn eru svo málglaðir að það hefur skapað stórvandræði, eins og ég drap á áðan, með ræðum bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh.

Þann 11. febr. segir í leiðara Morgunblaðsins: „Nú þarf afgerandi aðgerðir.“ Er það tíundað þar vel sem gera þarf. En við sjáum ekkert meira en þessa einu gengisfellingu. Við sjáum ekkert meira. Það er boðað að margt annað komi, við vitum ekkert meira. Og þegar það er boðað þá fara af stað ýmsar sögusagnir sem auka á vandann vegna ráðleysisins. Og eyðslan verður

meiri og sparnaðurinn minni, þvert ofan í það sem hæstv. forsrh. drap á að nauðsyn væri að ætti sér stað.

Tvær bæjarstjórnir hafa ályktað nú undanfarið, bæði á Akranesi og í Keflavík, að vandræði útgerðarinnar væru gífurleg og stöðvun væri fram undan hjá fiskvinnslustöðvunum og togaraflotanum á báðum þessum svæðum ef ekki væri gripið strax til raunhæfra aðgerða. Því miður ályktar fulltrúi þessara aðila, útgerðaraðila í verðlagsráði, að það sem gerst hefur með verðlagningu og gerst með gengisbreytingunni sé engan veginn til að koma þessum atvinnugreinum út úr þeim vanda sem þær eiga við að etja. Ég hef ekki þau gögn í höndunum, að ég geti dæmt um réttmæti þessarar aths., en ég vænti þess þó að okkur verði gefinn kostur á því að fá þau gögn svo að við megum sjálfir um þau fjalla. Forsvarsmenn togaraútgerðarinnar hafa látið mjög ákveðið í ljós að svona gengisfelling væri engan veginn lausnin á vandamálinu. Og formaður félagsskapar togaraútgerðarmanna, Valdimar Indriðason á Akranesi, segir afdráttarlaust í viðtali við Alþýðublaðið 4. febr. s. l. að gengisfellingin geti ekki leyst þennan vanda, og veit ég ekki annað en hann sé einn af dyggustu stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. þrátt fyrir það. Hann ætti að tala af reynslu, maður sem er búinn að fást við togaraútgerð í mörg ár og veit hvernig fjárhagur hennar er og hvernig fjármögnun hefur átt sér stað og við hvaða erfiðleika er að etja. En sérfræðingarnir og áhrif þeirra eru sterk og þeir eru sterkir, og þess vegna er gripið til þess ráðs, af því að þeir telja það ugglaust, að þetta sé besta og heppilegasta leiðin.

Það getur vel verið að það takist að sannfæra okkur um það með þeim frumvörpum, sem síðar eiga eftir að koma í ljós, að hér sé vel af stað farið. En á þessu stigi getum við ekki séð þess nein merki. Í báðum stjórnarblöðunum, bæði Morgunblaðinu og Tímanum, er æ ofan í æ nú undanfarið talað um þennan mikla efnahagsvanda og að þjóðin verði að taka á sig almenna kjaraskerðingu. Við hefðum því mátt vænta þess að með frv. um gengisfellingu væru okkur sýnd einhver frv. sem styddu að því að hér væri búið að gera sér grein fyrir heildarvandamálinu í þjóðfélaginu. En svo er alls ekki að sjá.

Í Morgunblaðinu í gær eða fyrradag birtist merkilegt viðtal við 4 menn, þ. á m. formann Stéttarsambands bænda, og þeir láta, þessir 4 ágætu menn sem eru forsvarsmenn á mismunandi sviðum í atvinnulífinu, sína persónulegu skoðun í ljós. En sú skoðun, sem þar kemur fram, er einstök að mínu mati og ætla ég ekki að fara að rekja hana því hv. þm. geta lesið sér mætavel til um hana. En ef þetta er einhver samnefnari fyrir ríkjandi skoðanir í Framsfl. í dag, þá er ekki von á góðu. Og ef menn ætlast svo til þess, að launþegasamtökin í landinu geti verið róleg þegar forsvarsmenn bænda tala með slíkum hroka sem þar kemur fram og þau mega eiga von á því að eitthvað slíkt eigi sér stað eða þróist að þeirri stefnu sem hann boðar, þá er alls ekki von á neinu jafnvægi í þjóðfélaginu né neinum friði um efnahagsmálin, um lífskjörin og launakjörin í landinu. Það er alveg útilokað. Ég hefði gjarnan viljað vita hvort þessi maður væri algerlega einn á báti og á eyðiskeri með þessa skoðun, vegna þess að hann er í slíkri stöðu að menn hlusta á þegar hann talar, þar sem hann hefur æ ofan í æ komið fram fyrir hönd bændasamtakanna og varið kjör þeirra og varið það kerfi sem er í verðlagningu landbúnaðarafurða, niðurgreiðslur, og þar fram eftir götunum, og hann ætlast til þess að almenningur hlusti á það sem hann segir. Hann hefur ætlast til þess hingað til. Auðvitað eru menn frjálsir að því að hafa hvaða skoðanir um efnahagsmál og þjóðfélagsmál sem menn vilja. Auðvitað eru allir frjálsir að því. En séu margir að sameinast um þessa skoðun innan Framsfl., þá vil ég fá það tímanlega í ljós. Það er nauðsynlegt þegar við erum að ræða um slíkar aðgerðir sem hér eru á dagskrá.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengur við vangaveltur í sambandi við þau úrræði sem fram undan eru. Í sjálfu sér er frv. meira tækniatriði heldur en að gefa í skyn einhverja heildarlausn á þjóðmálunum og venjulegt form um staðfestingu á gengisfellingu og því nauðsynlega sem henni fylgir, svo að í sjálfu sér geta umr. um þetta sérstaka frv. verið stuttar. En þar sem margt annað hefur verið boðað í kjölfar þessarar gengisbreytingar er ekki hægt annað en vera með nokkrar vangaveltur um það sem boðað hefur verið, þótt það hafi ekki verið rætt að verulegu leyti og líklega að engu leyti í öðrum stjórnarflokknum, þeim flokki er forsrh. stýrir, og er það mjög merkilegt að heyra slíkt á nefndarfundi. Það er afar merkilegt. Því hef ég verið með nokkrar vangaveltur frá mér og mínum flokki um þessi vinnubrögð, sem ég tel alveg einstæð og eru því miður ekki til þess fallin að skapa það jafnvægi sem leitast er við að túlka með þessari gengisfellingu að nást eigi og að þjóðin dragi úr eyðslu og hafi trú á þeim efnahagsráðstöfunum sem fram undan eru. En það hlýtur jafnan að vera tilgangur hverrar ríkisstj. að skapa trú meðal almennings á þeim efnahagsaðgerðum sem hún er að leitast við að gera, þrátt fyrir það að allir viti að efnahagsaðgerðir eru aldrei varanlegar, þær eru aldrei endanlegar. Við búum við síbreytileg skilyrði, versnandi og batnandi, og þar með breytileg lífskjör. En engu að síður hjálpar það alls ekki til, að fólkið hafi ekki í upphafi trú á því, sem reynt er að gera.

Hannes Baldvinsson: Herra forseti. Það er e. t. v. ekki ástæða til langra ræðuhalda um lagafrv. það sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Talsmenn Alþb. í umr., sem fram fóru í Nd. Alþingis í gærkvöld um efnahagsaðgerðir þær, sem eru undanfari þessa frv., þ. e. a. s. 20% gengisfellingu, gerðu þar mjög ítarlega grein fyrir afstöðu Alþb. og röktu ástæður fyrir andstöðu okkar við þá efnahagskollsteypu sem nú er lagt út í.

Í ræðum þeim, sem þar voru fluttar, voru taldar upp nokkrar þær leiðir sem Alþb. telur að átt hefði að fara til lausnar á þeim efnahagsvanda sem við er að etja. Og það hefur svo oft og rækilega verið rakið, bæði í ræðu og riti, að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér.

En í þess stað vil ég leyfa mér að líta aðeins um öxl og rifja upp í stuttu máli aðdraganda og orsakir fyrir því, hversu nú er komið fyrir okkur í efnahagsmálum.

Í byrjun ársins 1974 fóru afleiðingar olíukreppunnar svokölluðu að segja til sín í nokkrum helstu viðskiptalöndum okkar. Þar sem áður hafði verið tiltölulega stöðugt verðlag gætti nú vaxandi verðbólgu, sem óhjákvæmilega hafði einnig töluverð áhrif hér á landi, og samtímis kom nokkur afturkippur í verðlag á helstu útflutningsvörum okkar. Vinstri stjórnin, sem ég álít að hafi verið í hópi betri stjórna sem setið hafa á Íslandi, riðaði til falls vegna óeiningar, sem upp hafði komið í SF, hana skorti bolmagn hér á þingi til að beita viðeigandi varúðarráðstöfunum, og óábyrg stjórnarandstaða neitaði meira að segja að ræða nokkrar aðgerðir til úrbóta. Þar við bætist að misvitrir menn töldu að allan vanda mætti rekja til nýafstaðinna kjarasamninga, þar sem nokkurs misræmis gætti í kauphækkunum milli stéttarfélaga. Það misræmi hefði verið hægt að leiðrétta á sársaukalitinn hátt. En efnahagsvandinn stafaði ekki af þessu misræmi. Orsakir hans voru annars eðlis. En þannig stóðu málin þegar þing var rofið, boðað til kosninga og beðið um dóm þjóðarinnar. Úrslitin eru öllum kunn og óþarft að minna á að Sjálfstfl. kom sem sigurvegari út úr kosningunum. Þeim hafði rétt eina ferðina tekist að telja fólki trú um að þeir einir kynnu ráð við öllum efnahagsvandamálum. En aðspurðir voru þeir reyndar hljóðir um náðarmeðulin sem nota átti til lækninga. Alþb. varaði þjóðina við og minnti á að íhaldsúrræðin hafa alltaf verið eins, þ. e. gengisfelling með tilheyrandi kjaraskerðingu og kaupbindingu. En þjóðin er fljót að gleyma og allt of margir létu þessi varnaðarorð sem vind um eyru þjóta. Og þó að Alþb. bætti stöðu sína í kosningunum og ynni umtalsverðan sigur, þá dugði það ekki til að vega upp á móti óförum SF. Þjóðin gekk því til hátíðarhalda í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar í fullkominni óvissu um hvað verða mundi um myndun nýrrar ríkisstj.

En eftir þjóðhátíðarhöldin kom að þeirri spilamennsku sem frægust hefur orðið á Íslandi, eftir því sem ég veit best. Hæstv. fyrrv. forsrh. dró spilapakka fram úr pússi sínu, og hann tók það fram að eftir að búið væri að gefa mundu engir sjá hvaða spil hann hefði á hendinni. Og þegar hann hafði talið mannspilin og velt þeim fyrir sér nokkra hríð, sló hann út trompgosanum og gerði Geir að forsrh.

Eftir þessa einstæðu spilamennsku tók hæstv. núv. ríkisstj. til við að framkvæma aðgerðir sínar í efnahagsmálum. Gengið var fellt um 17%, kaupgjald bundið, kjör sjómanna skert og vísitalan tekin úr sambandi, — allt sömu gömlu íhaldsúrræðin sem menn hefðu mátt muna frá valdatímabili viðreisnarstjórnarinnar. Láglaunabæturnar, sem áttu að rétta hlut þeirra sem verst voru settir í þjóðfélaginu, brunnu upp í verðbólgueldinum jafnóðum og þær komu til útborgunar.

Verkalýðshreyfingin og launþegar áttu ekki nema eitt svar við þessum harkalegu aðgerðum, sem óumdeilanlega bitnuðu af mestum þunga á þeim, sem minnst mega sín. Öllum samningum hefur verið sagt lausum og Alþýðusambandið og önnur samtök launþega hafa búið sig undir baráttu til að rétta hlut meðlima sinna.

En samningsaðilarnir voru varla sestir að samningaborðum til viðræðna um kjarabætur þegar hæstv. ríkisstj. sendi sitt innlegg í viðræðurnar á nýjan leik í formi nýrra og enn meiri gengislækkunar. Það fer svo sem ekkert á milli mála hvorum megin við samningaborðið hæstv. ríkisstj. kýs að sitja. Hún hefur þegar tekið greinilega afstöðu með öðrum aðilanum. Fari svo að verkalýðshreyfingin neyðist til að grípa til verkfallsvopnsins til að rétta hlut sinn, þá er það sök hæstv. ríkisstj. og hennar einnar. Hún ein kemur til með að bera ábyrgðina ef svo illa fer.

Herra forseti. Í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun um afkomu þjóðarbúsins, sem dreift var hér á þinginu í gær, kemur greinilega fram að efnahagsvandinn, sem við er að etja, stafar ekki í jafnríkum mæli af verðfalli á útflutningsafurðum og útflutningsframleiðslu okkar eins og stuðningsflokkar ríkisstj. vilja vera láta, heldur þvert á móti. Útflutningsverðlagið hækkaði að meðaltali á árinu um 34% í krónum reiknað og 21—22% reiknað í erlendri mynt. Þó ber að hafa í huga að verðlækkun varð á nokkrum tegundum, eins og t. d. þorskblokk, en aðrar tegundir útflutningsvara okkar hækkuðu bara meira en sem þeim lækkunum nam. Hins vegar varð hækkun á innflutningsverðlagi og hún mun meiri eða 49% reiknað í kr. og 34—35% reiknað í erlendri mynt. Þær tölur, sem ég hef hér nú nefnt, eru teknar beint upp úr ritinu Úr þjóðarbúskapnum, sem er dags. 10. febr. 1975, og eiga við þróunina árið 1974. Þessi hækkun á innflutningsverðlagi veldur hinni óhagstæðu þróun viðskiptavísitölunnar og þaðan stafar aðalvandinn, þótt fleira komi auðvitað til. Það er t. d. bent á það hér á 1. síðu, að birgðasöfnun hjá álverinu sé ein af orsökum fyrir efnahagsvandanum, og það mættu þeir herrar athuga sem nú eygja það eitt hjálpræði fyrir íslenska atvinnuvegi að koma upp stóru fyrirtæki að hálfu í eign erlendra aðila í Hvalfirði sem á að vinna úr íslenskri orku á svipaðan hátt og álverið. Þar er ekki að finna lausnina í okkar efnahagsvandamálum, þó að byggingin kunni e. t. v. að skapa einhverja atvinnu hér, þar sem þó kannske minnst þarf á henni að halda. En eftir að búið er að rekja ástæðurnar fyrir þessari óhagstæðu þróun viðskiptavísitölunnar liggur það í augum uppi að gengisfelling leysir ekki þennan vanda, heldur þvert á móti magnar hann, eins og dæmi reyndar sanna.

Með 17% gengislækkuninni s. l. haust átti að leysa vandann að dómi hæstv. ríkisstj. en það þveröfuga gerðist. Óheillaáhrifin af þessari ráðstöfun eru ekki einu sinni að fullu komin inn í verðlagið þegar aftur þarf að gera ráðstafanir, og það er gripið til sömu vandræðaúrræðanna, bara í stærri stíl en fyrr. Það veit hver einasti heimilisfaðir, sem á síðasta ári þurfti að greiða upp undir 100 þús. kr. fyrir olíu til upphitunar á meðalstórri íbúð, að gengisfelling lækkar ekki kyndingarkostnað hans heldur hækkar hann. Og það veit hver einasta húsmóðir að gengisfelling lækkar ekki sykurverð, heldur þvert á móti hækkar það. Og hækkunin kemur ekki bara fram á

innfluttu vörutegundunum, áhrifanna gætir ekki síður á innlendum framleiðsluvörum, hvort heldur um er að ræða brýnustu lífsnauðsynjar eða ekki. Þannig virðist allur almenningur landsins bera betra skynbragð á afleiðingar þeirra efnahagsráðstafana en sá aðili sem beitir þeim. Alþýðuheimilin í landinu hafa þó ekkert bolmagn til að taka á sig þessar auknu álögur sem nú er stefnt að, eins og málum er komið. Kaupmáttur hjá verkafólki er óviðunandi í dag, og það verður ekki með nokkru móti ætlast til þess að þeir verst settu axli enn auknar byrðar. Hæstv. ríkisstj. verður að gera sér ljóst að það er ósanngjarnt og ódrengilegt og leysir á engan hátt neinn vanda að höggva þannig í sífellu í sama knérunn.

Herra forseti. Í umr. um efnahagsmálin að undanförnu hafa menn tíðum gripið til þeirrar líkingar, að ástandið í efnahagsmálum okkar minnti á sjúkling sem þarfnaðist læknisaðgerða, og má þá líkingu til sanns vegar færa. Og í umr. um verðbólguna hefur að undanförnu gjarnan verið gripið til samlíkinga við eld. Menn tala t.d. um það að kjarabætur og kauphækkanir brenni jafnóðum í eldi óðaverðbólgunnar. En nú er svo komið að margra dómi, að íslensk tunga á ekkert nógu sterkt heiti um eldsvoða sem nota mætti til að skilgreina afleiðingarnar af aðgerðum hæstv. ríkisstj. í sambandi við verðbólguna. Nú virðist ekkert minna duga en orðið eldgos. Og það er ekki að ástæðulausu að kvíða setur að mörgum mönnum er þeir heyra það orð. En varðandi lækninguna á sjúklingnum, sem ég minntist á hér áðan, minna vinnubrögðin hins vegar á hómópata þá eða skottulækna sem gengu milli bæja með blóðtökuhorn og bíld og kváðust bæta alla kvilla með nægilega stórum blóðtökum. En því eru takmörk sett hve missa má af blóði svo að lífi sjúklingsins sé ekki hætta búin af hendi þeirra kuklara sem vita varla hvað þeir eru að gera. Ég tel að hæstv. ríkisstj. hafi með sambærilegum aðgerðum sínum teflt á of tæpt vað. Vandi efnahagsmálanna verður ekki lengur leystur með þeim ráðum að hlaða í sífellu auknum byrðum á bognar herðar launþega, þó að í þeim herðum einum eigi Ísland þá orku sem allan vanda mun leysa þegar þjóðinni lærist að skilja sinn vitjunartíma.

Varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, má segja á ný að það sá afleiðing af þeirri ákvörðun ríkisstj. og stjórnar Seðlabankans að fella gengi íslensku krónunnar um 20%. Með því að greiða atkv. gegn þessu frv. erum við þm. Alþb. að mótmæla gengisfellingunni sem efnahagsaðgerð og þar af leiðandi þeim ráðstöfunum sem í frv. eru fólgnar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hætta mér út á þann hála ís að fara að svara síðasta hv. ræðumanni. Ræður þeirra Alþbmanna eru svo líkar, að það væri jafnvel hægt að gefa út fjölritað eintak til allra þeirra andstæðinga og afhenda þeim það sem svar áður en þeir hefja sitt mál. Ég er þó ekki að öllu leyti ósammála honum eða þeim sem hér hafa talað á móti aðgerðum ríkisstj. Ég vil á sama hátt og aðrir þeir hv. þm., sem tekið hafa til máls, harma það að svo skuli nú komið í efnahagsmálum þjóðarinnar að grípa þurfi til þeirra ráðstafana sem Seðlabankinn nú leggur til, þ.e. gengislækkunar. Verð ég að viðurkenna, að mér er heldur illa við þessa gengislækkun og tel hana ekki leysa efnahagsvanda þjóðarinnar til neinnar frambúðar. Að þessu leyti er ég þeim sammála. En ég vil þó taka það fram þegar í upphafi máls míns, að ég mun styðja fram komið frv. til l. um ráðstafanir vergna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi ísl. krónunnar. Ég vil þó leyfa mér á þessu stigi máls míns að harma þau ummæli sem mér hafa borist til eyrna að hæstv. viðskrh. hafi viðhaft í umr. um þetta frv. í Nd. í gærkvöld og snerta verslunarstéttina og þá aðallega þær vörubirgðir innfluttra vara sem þegar eru tollafgreiddar hjá innflutningsfyrirtækjunum. Mér skilst að hæstv. viðskrh. hafi lýst því yfir að óheimilt yrði innflutningsaðilum að endurmeta til nýs verðs vörubirgðir til samræmis hinu nýja verði, hvað sem það nú kann að verða eftir gengislækkunina.

Hér á sér stað enn einu sinni hrein eignaupptaka á vörubirgðum sem ég vil mótmæla. Ég get ekki undirstrikað nægilega að ég vil mótmæla þeirri eignaupptöku sem á sér stað með þessum aðgerðum gagnvart verslunarstéttinni. Verslunarstéttin hefur við undanfarnar gengislækkanir orðið að þola slíkar eignaupptökur, og hljóta þm. að sjá og skilja að engin stétt þolir slíkar aðgerðir til lengdar og reglulega með stuttu millibili. Það hlýtur öllum að vera ljóst.

Efnahagssérfræðingar ríkisstj. virðast ekki hafa önnur úrræði en skattlagningar og gengislækkanir, og harma ég það alveg sérstaklega. Þegar vandi steðjar að í efnahagsmálum ætlast þjóðin til þess að sparnaður og samdráttur eigi sér fyrst stað í ríkisbúskapnum, og ég vil nota tækifærið hér úr ræðustól og taka undir með hæstv. utanrrh. þegar hann viðhafði þau ummæli í sjónvarpsviðtali að þjóðinni bæri skylda til, ef ég man orð hans, að leggja á það áherslu að neyta fyrst og nota íslenskar afurðir, innlendar afurðir. Það er þó eitt sem ríkisstj. og Alþ. gætu haft að leiðarljósi í sambandi við áróður fyrir spanaði: Í þjóðarbúskapnum ber ríkisstj. að að draga saman í stað þess að þenja út, eins og átt hefur sér stað undanfarin ár. Ég er ekki þar að tala um neina sérstaka ríkisstj. eða sérstaka aðila. Undanfarin ár hefur verið útþensla í ríkisbúskapnum og ber að stefna að því að draga saman og létta undir með undirstöðuatvinnuvegunum í stað þess að íþyngja þeim, t.d. með þungum sektarvöxtum Seðlabankans o.s.frv. Það þarf að leggja niður óþarfar stofnanir ef þær eru til. Fólkið talar um að þær séu til. Ég skal ekki fullyrða að órannsökuðu máli hvort ríkisbúskapurinn ber óþarfar stofnanir, en ef þær eru til, þá ber að leggja þær niður.

Ég ítreka að það þarf að byrja á því að spara og spara eins og hægt er í ríkisbúskapnum sjálfum. Þegar það hefur verið gert af þeirri samviskusemi sem ég veit að núv. hæstv. ríkisstj. mun gera, ef hún á annað borð snýr sér að því af fullum krafti, þá þarf að liggja fyrir útkoma úr því dæmi hvað gengislækkun þarf að vera

mikil, ef hún þarf þá að vera nokkur. Þegar sparnaðaráætlanir hafa verið framkvæmdar á að reikna út hvað þarf að bæta við með gengislækkun eða öðrum ráðstöfunum.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, að efnahagssérfræðingarnir hljóti að þekkja aðrar leiðir en hér eru farnar og þeir komi fram með þessar leiðir og láti reyna á það, sem almennt er rætt meðal fólksins, hvort kjarkur er fyrir hendi hjá stjórnmálamönnum til að gera þær ráðstafanir, sem þarf að gera til þess að snúa ríkjandi efnahagsástandi í blómlegt þjóðarbú.

Öllum þm. er ljóst að hjá gengislækkun nú verður ekki komist. Ég endurtek að ég harma það. Og einmitt vegna þess að hjá henni verður ekki komist, mun ég styðja fram komið frv. En verslunarstéttin hrekkur við í hvert skipti sem um gengisbreytingar er talað eða þær boðaðar, og það er langt frá því að sú hugsun sé rétt, að verslunarstéttin hagnist á gengislækkunum. Það er þvert á móti að verslunarstéttin tapar á gengislækkun. Gengislækkanir breyta bjartsýni innan verslunarstéttarinnar í ótta við væntanlegar ráðstafanir. Sú er reynslan. Ég efast um að það komi meira við nokkurn atvinnurekstur en einmitt verslunarstéttina. Í hvaða greinar það skiptist er annað mál, hvort það er innan fisksölu, útflutnings eða innflutnings. Því hafa forustumenn hennar nú ritað bréf til hæstv. ríkisstj., sem mér hefur borist afrit af og ég ætla að leyfa mér að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, en það hljóðar svo:

„Verslunarráð Íslands telur brýna nauðsyn bera til þess að taka upp þá stefnu í verðlagsmálum, þegar gengisfelling á sér stað, að birgðir innfluttra vara verði endurmetnar til nýs verðs í samræmi við hið nýja gengi. Verði svo ekki gert má telja fullvíst, að svo fari nú sem jafnan hefur gerst áður eftir gengisfellingar, að vörubirgðir, sem seldar eru á gamla verðinu, hverfi á fáum dögum úr verslununum með þeim afleiðingum að innflutningur stóreykst.

Hér er því um að ræða, hvort gengisfellingin á að ná þeim tilgangi sínum í fyrsta umgangi að draga úr innflutningi eða auka hann.

Jafnframt þessu er óhjákvæmilegt að benda á, að nú getur verslunin alls ekki sætt sig við að almenn verslunarálagning verði lækkuð, svo sem oft hefur verið gert áður þegar gengisfelling hefur átt sér stað. Um allan rökstuðning í þessu máli vísast til erindis sem verðlagsnefnd hefur þegar borist í okt. s. l. ár."

Ég ætla ekki að lesa meira úr þessu bréfi. En ég vil benda á það, að jafnframt því sem verslunarstéttin verður að þola þá eignaupptöku sem ég minntist á áðan og að krónutöluálagning yrði látin halda sér, er ríkisfyrirtæki, sem stundar innflutning, með nýja álagningu, endurmat á gömlum birgðum og heldur sinni prósentutölu, og þá sér hver einstakur hvort ríkið sjálft metur ekki nauðsynlegt að álagning haldist óbreytt í prósentutölu.

Ég held að það fari ekki á milli mála, eins og kom hér fram hjá hv. 1. landsk., að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. eða Seðlabankinn eða aðrir bankar hyggjast nú gera, eru m. a. þær að þrengja að peningamarkaði bankanna, þannig að verslunin sé ókleift að stunda sín skyldustörf við þjóðfélagið og einstaklinga.

Þessar upplýsingar eru ógnvekjandi fyrir verslunarstéttina. Segja má að á öllum sviðum sé beint að henni spjótum. Ég veit ekki hvort það vantar skilning á því, að fjárvana verslunarstétt, ófær um að gegna sínum skyldustörfum, hlýtur að vera böl hjá hvaða þjóðfélagi sem er. Ég held það fari ekkert á milli mála, að verslunarstéttin er fjárvana. Og láglaunamaðurinn er alveg jafnfjárvana. Við getum ekki ætlast til þess að engar breytingar verði gerðar honum til handa. Ég get ekki séð í dag, án breytinga, hvernig fólk getur lifað af 10 500 kr. á viku eftir 40 stunda vinnuviku með 7 aukavinnustundum. Það er mér alveg óskiljanlegt. Það hlýtur að vera eitthvað meira að en við gerum okkur ljóst. En ég treysti engum betur en núv. ríkisstj. til þess að bæta þar úr, því að ég veit að þar vantar ekki viljann.

Ég vil sem sagt ítreka það, að ég tel mér ekki fært á þessu stigi að standa gegn þessari gengislækkun, þrátt fyrir það, sem ég hef þegar sagt, og mun styðja fram komið frv. í von um að tillit verði tekið til verslunarstéttarinnar og hagsmuna þeirra lægst launuðu, því að hagsmunir verslunarstéttarinnar og hagsmunir fólksins fara ávallt saman. Það verður ekki aðskilið.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að neinu marki, því að það er búið að segja flestallt sem þarf að segja til þess að réttlæta það að Alþ. samþykki það frv. sem hér er til umr.

Ég ætla ekki að endurtaka lýsingarnar á ástandinu í efnahagsmálunum. Það hefur verið gerð svo skilmerkilega grein fyrir því hvernig þar er ástatt að ég tel það óþarfa. En það er raunar búið að vera ljóst í nokkuð langa hríð að viðskiptakjörin hafa farið svo mjög versnandi að óhugsandi var að útflutningsatvinnuvegirnir gætu starfað við þau skilyrði. Meira að segja síðan fjárlög voru afgreidd á hv. Alþ. fyrir jólin hafa gerst þeir atburðir í utanríkisviðskiptum okkar sem hafa gerbreytt þeim forsendum sem fjárl. voru þó byggð á. Ég vísa til þess að það hefur lengi verið ljóst, sem hæstv. viðskrh. hefur sagt frá opinberlega, bæði í vor, þegar hann flutti frv. um viðnám gegn verðbólgu, og eins á margnefndum fundi í Framsóknarfélagi Reykjavíkur, sem haldinn var í jan., og mig furðar á því að fólk og þ. á m. hv. þm. skuli hneykslast á því, að þjóðinni var þá sagður sannleikurinn. Ég held að það hefði mátt jafnvel gera það fyrr og a. m. k. ekki síðar.

Ég þarf ekki að taka það fram, að sem meðlimur í ríkisstj. og stuðningsmaður hennar sem óbreyttur þm. er ég samþykkur þeirri leið sem nú er reynt að fara til að bjarga úr því öngþveiti sem við blasir og raunar er ríkjandi í efnahagsmálum. En ég vil mjög gjarnan gera þá játningu að ég nálgaðist þetta viðfangsefni í þeirri von að aðrar leiðir dygðu til þess að afstýra efnahagsvandanum en sú neyðarráðstöfun að fara enn einu sinni í gengisfellingu. Hún er mér mjög ógeðfelld eins og mörgum hv. þm. öðrum sem hér hafa talað. En við þá skoðun, sem fram hefur

farið undanfarnar vikur, á því hvaða ráð væru tiltæk til þess að ná endum saman í útflutningsatvinnuvegunum, í viðskiptajöfnuðinum við útlönd og á fleiri sviðum efnahagsmála, þá hefur það orðið mér ljóst a. m. k. að hjá þessari gengisfellingu varð því miður ekki komist. Dæmið náðist ekki saman með sparnaði og með niðurfærsluleið og uppbótarleið og hvað þær allar heita, þessar leiðir sem menn tala um og færar séu, en leiða yfirleitt af sér ógöngur þegar reyndar hafa verið. Og þá var ekki um annað að tefla fyrir okkur, sem tókum það að okkur í ágústmánuði s. l. að mynda ríkisstj. til þess, eins og við þá sögðum, að reyna að leysa aðsteðjandi efnahagsvandamál, en grípa til þessa gamalþekkta leiðindaúrræðis sem gengisfelling er.

En þó að sparnaður og samdráttur næði ekki endunum saman að mati sérfræðinga, — mati, sem ég hef fallist á fyrir mitt leyti, þá er ekki þar með sagt að leggja eigi til hliðar öll áform um niðurfærslu og sparnað. Þvert á móti tel ég ríka nauðsyn bera til þess að fyllsta sparnaðar og aðhalds sé gætt í öllum opinberum rekstri, og þess vegna er nauðsynlegt að yfirfara fjárl., þótt nýsamin séu, til þess að leita að leiðum til að spara fé. Á svo háum fjárl. sem við höfum hlýtur að finnast leið til þess að draga úr útgjöldum, enda þótt það sé rétt, sem oft hefur verið bent á, að stór hluti fjárl. er lögákveðinn og ríkisstj. ræður ekki við bretyingar á því. Þar þarf samþykki Alþ. til að koma. Ég er enn fremur sannfærður um það, að hjá mörgum aðilum í þjóðfélaginu er, þrátt fyrir þessa gengisfellingu og þrátt fyrir það sem á undan hefur gengið, ráðrúm til sparnaðar. Þess vegna hefur sú hugmynd skotið upp kollinum að þeir, sem hæstar tekjur hafi, verði skyldaðir til sparnaðar. Og ég verð að segja það, að það er ekki meira að skylda fullorðið fólk til þess að spara samkv. lögum, þegar það hefur sannanlega efni á því, heldur en það er talið rétt og sjálfsagt að skylda ungmenni, sem oft og tíðum hafa ekki efni á því, að leggja til hliðar, til skyldusparnaðar. Ég tel það sanngjarna og eftir atvikum sjálfsagða leið til þess að auka á sparnað með þjóðinni að lögbinda hann hjá þeim sem hæstar tekjurnar hafa.

Þá vil ég enn á ný ítreka það sem ég hef áður sagt um nauðsyn þess að sú stefnubreyting verði hjá íslensku þjóðinni að hún meti meira það, sem íslenskt er, og að sá málsháttur, sem þjóðin hefur haft yfir með sjálfri sér og trúað í aldir, að hollur sé heimafenginn baggi, verði leiddur til öndvegis á ný og íslendingar sameinist um það að styðja íslenskan iðnað með því að kaupa íslenskar iðnaðarvörur fram yfir erlendar. Og nú á einmitt gengislækkunin að vera liður eða hjálpartæki í þessari viðleitni því að samkepnisaðstaða iðnaðarins batnar væntanlega eitthvað við gengisbreytinguna.

Ég vil svo að lokum, af því að ég ætlaði ekki að lengja þetta mál, heldur aðeins lýsa mínum eigin viðhorfum til þess frv. sem fyrir liggur, láta í ljós þá von að fólk mæti þessum efnahagsráðstöfunum með skilningi. Ég held að það sé almennt viðurkennd staðreynd að eitthvað hafi þurft að gera. Ég vona að þessi gengisbreyting og þær ráðstafanir aðrar, sem í kjölfar hennar kunna að koma, verði til þess að koma útflutningsatvinnuvegunum á réttan kjöl, að þær verði til þess að skapa viðunandi viðskiptajöfnuð okkar við útlönd og að þær verði umfram allt ekki til þess að skerða úr hófi lífskjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 45. fundur.

Fimmtudaginn 13. febr., kl. 6 síðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 228, n. 295, 296 og 297). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur rætt þetta frv. á fundum sínum í dag, fyrst á fundi í morgun ásamt fjh.- og viðskn. Nd. Á þeim fundi mættu bankastjórar Seðlabankans og forstjóri Þjóðhagsstofnunar og svöruðu þeir fsp. og veittu ýmsar upplýsingar. Nm. hafa ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt, en minni hl. skilar sérálitum.

Þetta frv. er í sjálfu sér svipaðs eðlis og önnur frv. sem hafa komið í kjölfar ákvörðunar um gengisfellingu, og þetta frv. er því afleiðing þeirrar gengisfellingar sem Seðlabankinn hefur ákveðið í samráði við ríkisstj.

Sú gengisfelling, sem nú hefur verið ákveðin, er allt annað en gleðileg, ekki síst fyrir þá menn sem trúa ekki á mátt hennar og þeir eru margir og ég er þar engin undantekning. Þau áhrif, sem gengisfelling hefur í för með sér, eru í sjálfu sér samfélagslegt böl. Sú gífurlega eignaskipting, sem þá verður, er slík að allir hljóta að vera andstæðir slíku.

En þá má kannske spyrja: Hver er þá ástæðan til þess að gengið er nú fellt? Það má segja að gengisfelling orsakist í fortíðinni. Íslenskt hagkerfi er háð gífurlega miklum sveiflum. Þannig eru nú viðskiptakjör þjóðarinnar ¼ lakari að meðaltali en var 1973, viðskiptakjör sjávarútvegs eru mun verri og á sama tíma hefur kostnaðarstig innanlands hækkað. Viðskiptakjör eru nú svipuð og þau voru 1970, viðskiptastaðan er 10—15% lakari nú en hún var s. l. haust.

Það er alveg ljóst að íslenskt hagstjórnarkerfi hefur ekki ráðið við þessar sveiflur, og það eru þess vegna fyrst og fremst veilur í hagstjórnartækjum sem hafa orsakað þessa gengisfellingu. Þannig stöndum við nú í þessum vanda fyrst og fremst vegna þess og það hlýtur að verða að viðurkennast að við höfum ekki ráðið við þessar sveiflur. Við náum ekki saman endum. Gengissig var framan af árinu 1974 15%, síðan kom 17% gengisfelling og nú 20% gengisfelling.

Mönnum hefur lengi verið ljóst að miklar veilur eru í íslensku hagstjórnarkerfi. Því miður hefur ekki tekist að lagfæra þessar veilur, og það eru ýmsir sem eiga sök í þessu máli og ekki síst hv. Alþ. Það hefur aldrei tekist um það samstaða að taka nægilega á til að lagfæra þessar veilur, og og þar er ekki rétt að undanskilja neinn stjórnmálaflokk. Allir eiga þarna nokkra sök og einnig ýmsir aðrir utan þessarar stofnunar. Það hlýtur að verða hlutverk þessarar ríkisstj., eins og reyndar margra annarra, að lagfæra þessar veilur. En mér er það fullkomlega ljóst að hér er ekki um létt verk að ræða og það þarf áreiðanlega bæði mikið þol og mikinn skilning til þess að gera það.

Ég ætla ekki að ræða í sjálfu sér þessar veilur. Það er í sjálfu sér enginn sem hefur algert yfirlit yfir þær. — Það er hins vegar alveg ljóst að það þarf að breyta mörgu í ríkisrekstrinum. Þar þarf miklu meira aðhald. Og það er ekki nóg, þegar talað er um að lækka ríkisútgjöldin, að það skuli fyrst og fremst gert með því að skera niður framkvæmdir.

Það hefur því miður skort skilning margra á því hversu mikilvægar ýmsar eftirlitsstofnanir eru í þjóðfélaginu. Það þurfti margra ára baráttu, vil ég segja, til þess að koma á fót rannsóknadeild ríkisskattstjóra eða skattalögreglu og sú stofnun hefur í raun aldrei fengið nægilega aðstöðu til þess að sinna sínu hlutverki. En það er alveg ljóst að sú stofnun hefur skilað margfalt til baka því fjármagni sem hefur verið til hennar lagt. Það má kannske svipaða sögu segja um stofnun sem heitir Ríkisendurskoðun. Að mínum dómi á þessi stofnun að skila til okkar alþm. skýrslu um ríkisreksturinn á hverju ári. Og það er ekki nóg að þar sé eingöngu um tölulega endurskoðun að ræða heldur á hún að fylgjast með stjórnun ríkisstofnana og leggja á það mat hversu vel er farið þar með fjármagn. Þetta hafa margar aðrar þjóðir gert, m. a. svíar með mjög miklum árangri. Ríkisendurskoðun þeirra er hlutlaus aðili sem skilar þinginu skýrslu árlega um starfsemi og rekstur ýmissa ríkisstofnana. Mé er ekki kunnugt um það að alþm. fái í sjálfu sér neina vitneskju um það frekar, nema þeir leiti þá eftir því sjálfir, hvernig ríkisrekstrinum reiðir af eftir að fjárlög hafa verið samþ. fyrr en þá ríkisreikningurinn kemur. Og honum fylgja ekki miklar skýringar.

Einkaneysla hefur verið mikil í okkar þjóðfélagi og okkur hefur ekki tekist að hemja hana. Til þess að hemja einkaneysluna hljótum við að þurfa mjög sveigjanlega skattastefnu. Okkar skattkerfi er mjög stirt og erfitt að nota það sem hagstjórnartæki. Það hlýtur því að verða verkefni Alþ. að breyta þessu kerfi, einfalda það og gera það sveigjanlegra til þess að það verði hægara að bregðast við hagsveiflum þegar þær koma. Fleira má nefna, t. d. reglur um afborgunarviðskipti. Það er ekki til nægilega góð reglugerð um afborgunarviðskipti. Það væri að mínum dómi mjög eðlilegt, þegar svo stendur á sem nú í íslensku þjóðfélagi, að verslunum væri hreinlega bannað að selja vöru með afborgunarkjörum eða þá að þær mættu aðeins lána ákveðna prósentu. Slíkar reglur munu mjög hemja — ekki kannske beint spákaupmennsku, — heldur hömlulaus kaup einstaklinga, þegar svona stendur á, því að mikið af þeim kaupum á sér einmitt stað með afborgunarskilmálum. Það má einnig nefna vísitölukerfi okkar. Það má nefna launasamninga okkar. Það má nefna fjármálastefnu okkar. Útlán á síðasta ári hafa aukist um 48.5%, á sama tíma og innlán hafa aukist um 26%. Það er því alveg ljóst að kerfið allt er sjúkt og þarf að gera á því ýmsar lagfæringar. Þessi sjúkdómur hefur í sjálfu sér verið löngu þekktur. Og ég tel að það sé raunverulega skylda okkar hér að bregðast þannig við nú að við reynum og gerum allt sem hægt er til þess að lenda ekki aftur í þeim sporum sem við nú stöndum í.

Herra forseti. Ég vil að lokum vísa til ummæla minna hér í upphafi, en meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Hannes Baldvinsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um það frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Hún hefur, eins og frsm. meiri hl. tók fram, ekki orðið sammála og skilar því áliti frá minni hl. og meiri hl. og minni hl. í tvennu lagi. En ég verð að segja eftir þá ræðu, sem hv. 5. þm. Austf. flutti hér áðan, að ég leyfi mér stórlega að draga í efa, að þegar allt kemur til alls sé um nokkurn meiri hl. að ræða í fjh.- og viðskn. Ed. varðandi þetta mál. A. m. k. tveir af þeim hv. þm., sem undirrita meirihlutaálitið, hafa látið í ljós djúpstæðan efa um það að þær aðgerðir, sem frv. raunverulega fjallar um og er afleiðing af, þjóni þeim tilgangi sem flm. og talsmenn þess vilja vera láta. Og ég er þeim fyllilega sammála. Þær efasemdir eru vissulega á rökum reistar. Það er athyglisvert að þarna er um að ræða þm. úr báðum stjórnarflokkunum. Þeir eru óánægðir, þeir vilja ekki gengisfellingu. En það eru flokksböndin sem halda í þessu tilviki.

Ég skal ekki lengja umr. um það frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Afstaða mín í minni hl. fjh.- og viðskn. er skýr og ég vil — með leyfi forseta — leyfa mér að lesa hana, eins og hún liggur fyrir hér á þskj.:

„Frv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er eins konar staðfesting í formi laga á gengisfellingunni sem nú er komin til framkvæmda. Þar sem Alþb. er andvígt þessari gengisfellingu legg ég til að frv. verði fellt."

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur verið tekið fram koma fram þrjú nál. í sambandi við afgreiðslu þessa frv., þó að það sé í sjálfu sér tæknilegt atriði og viðurkenning á því sem þegar hefur verið gert af hálfu Seðlabanka Íslands, eins og lög mæla fyrir, en í samráði við hæstv. ríkisstj. og eftir hennar ábendingu.

Það er, eins og síðasti ræðumaður benti réttilega á, komið þannig fyrir þm., sem ekki er undarlegt út af fyrir sig, að mönnum finnst gengisfellingin orðin afar ógeðfelld svo að ég verð að vænta þess að næstu ráðstafanir, hvenær sem við þurfum að standa í þeim og hverjir sem það þurfa að gera, verði ekki í formi gengisfellingar. Ég held að gengisfelling sem slík eigi nú orðið mjög fáa meðmælendur eða formælendur hér á hv. Alþ., því að ekki var um það að villast að hæstv. utanrrh. taldi þetta ógeð-

fellt, gamalþekkt leiðindaúrræði. En það er að vonum.

Þá er að reyna hvað annað kemur til, og menn eru yfirleitt sammála um að það þurfi að hamla rösklega á móti í eyðslu. Ég tjáði mig um það hér áðan, að vegna þess, sem sagt hafi verið á ekki heppilegum tíma, og einnig vegna þess að fólk hafði vitund um væntanlega gengisfellingu og ýmislegt fleira, þá væri svo komið að það væri komið kaupæði í bænum. Og rétt áður en ég fór upp í ræðustól barst mér í hendur dagblaðið Vísir sem staðfestir það svo að ekki verður um villst á útsíðu að nú þegar séu biðraðir í vissum greinum verslunar til þess að ná öllu sem hægt er að ná út. Það er bara að það verði ekki eins og í haust, þegar ein ágæt húsmóðir kom í verslun og ætlaði að kaupa sér grillofn. Þeir voru allir búnir sem hentuðu heimilum. Hins vegar sagði hún: „Hvað er þetta?“ Jú, það var stór grillofn handa sjúkrahúsi. „Ég ætla að fá hann,“ sagði hún. „Nei, hann er nú fullstór fyrir venjulegt heimili.“ „Það skipti ekki máli, ég ætla að kaupa hann.“

Ef almenningur hugsar svona í landinu af ótta við að það verði ekkert úr sparifénu, þá tekst aldrei neitt þó að við stæðum allir hér á hv. Alþ. að baki ákveðinni ríkisstj. Fólkið verður að hafa trú á þeim aðgerðum, sem verið er að gera, til þess að jafnvægi myndist. Og ég sakna þess ef hæstv. forsrh. getur ekki gefið okkur neitt í þá áttina að gera nú átak í að verðtryggja sparifé og að einhver vísitala verði sett á útlán meira en gert hefur verið. Það er nokkuð byrjað á þessu hjá vissum stofnlánasjóðum, en almennt hafa vextir verið aðeins hækkaðir, en vísitöluhreyfing á útlán hefur ekki verið eins og skyldi. Ég held að það væri mjög þakkarvert af honum að taka frumkvæði í þessa átt núna, og ég trúi ekki öðru en hann fengi stuðning allra flokka í því efni. Ég tel ekki að hér eigi að fara með neinu óðagoti. Það þarf að undirbúa þetta vel og sýna fram á, að græddur er geymdur eyrir, þótt við séum að afnema blessaðan eyrinn og aðeins komnir að krónunni, en hún smækkar ört ef svona heldur áfram.

Það er sem sagt komið svo, að mér finnst að alþm. almennt klígi við að standa í gengisfellingaræfingum hér, jafnvel tvisvar á ári. Og ég held að almenningur muni vera sammála okkur um að það sé tími til þess nú að spyrna við fótum og að íslenska þjóðfélagið fari ekki hraðar en það sem það skilar af sér í afrakstri til heilbrigðs lífs og auk þess lántökur erlendis til eðlilegrar fjárfestingar í landinu.

Ég vil mega spyrja hérna um örfá atriði, skal ekki lengja umr. mjög í sjálfu sér, en mér liggur forvitni á að vita um Hitaveitu Suðurnesja. Það eru nú um tveir mánuðir eða rétt um það síðan frv. var samþ. Enn er ekki búið að tilkynna um stjórn í fyrirtækinu. Ég spurði hæstv. iðnrh. hvernig yrði háttað um fjármögnun þessa fyrirtækis sem er áætluð um 2 milljarðar. Hann sagði þá að væntanleg stjórn þess fyrirtækis mundi annast það, þá sennilega í samráði við hæstv. ríkisstj. Nú mun þetta fyrirtæki hækka um mörg hundruð millj. kr., og þetta er eitt af mestu hagsmunafyrirtækjum sem við stöndum í að koma á fót núna. Og ég verð að vænta þess, að þrátt fyrir það að áform séu um að þrengja að á lánamarkaði og hafa nú fast og ákveðið aðhald í fjármálum og bankamálum okkar, þá verði viss fyrirtæki, m. a. þetta og einnig varðandi Fiskveiðasjóð, ekki skert. Þetta verður að halda áfram með eins miklum hraða og framast er unnt. Það má ekki dragast miklu lengur en þegar hefur orðið — alls ekki.

Hér var fyrr í dag talað fyrir frv. um hitaveitu fyrir Siglufjörð. Hæstv. iðnrh. tók undir efni þess frv., og vil ég lýsa áhuga mínum á því einnig, það veit ég að við gerum allir í hv. d., að það mál fái einnig röska og góða athugun og eðlilegan framgang, því að það er undirstrikað í lokaorðum í bæklingi litlum frá Þjóðhagsstofnun að við verðum nú mjög að efla innlenda orkuframleiðslu og draga úr erlendri orkuneyslu og þar eigi að skapa aðhald. Og einmitt yrði ég ánægður ef hæstv. forsrh. gæti sagt okkur eitthvað frá því hvernig þetta mál stendur, sérstaklega með Hitaveitu Suðurnesja, því að það má ekki dragast ef framkvæmdir eiga að hefjast í tæka tíð og málið á að vera komið í höfn á næsta ári.

Svo spurði ég um og ítreka enn: Hvað verður um lánsloforð Fiskveiðasjóðs? Eins og hann rekur minni til spurði ég hann um það á sumarþinginu. Þá hét hann því hér úr ræðustól að hlutast til um að þau mál fengju greiðari úrlausn. Það tók nú tímann frá því í ágúst og þangað til fram í miðjan des. og tókst ekki að afgreiða nærri öll lánin fyrir áramót. Og tugir fyrirtækja í sjávarútvegi lentu í mjög leiðinlegu greiðsluþroti við sína seljendur á þjónustu og vörur vegna þess að Fiskveiðasjóður gat ekki staðið í skilum við þegar gerðar framkvæmdir, bæði við skipasmíði og í fiskvinnslu, eftir kröfu hins opinbera. Annars var fiskvinnsluhúsunum lokað, og þetta gengur náttúrlega ekki. Hið opinbera getur ekki unnið svona steinþegjandi og dautt innbyrðis að framleiðslunni og vegið svona að framleiðslunni sitt á hvað, það er ekki hægt. M. a. fara tugir millj., ef ekki hundruð millj. fyrir bragðið í súginn. Þetta þyngir allt reksturinn og þetta má ekki ganga svona.

Síðan eru vangaveltur um að taka fjárlögin til meðferðar að nýju, ef mig minnir rétt. Það kom ekki fram í þessari ræðu, en það kom fram, held ég, í fréttum að forsrh. hafi lofað stjórnarandstöðunni einhverri samvinnu. Mér er ekki kunnugt um eitt eða neitt í því efni enn þá. En það stendur til bóta. En ég sit í fjvn. og við höfum ekki verið heiðraðir með vitneskju um eitt eða neitt enn þá. Kannske eru menn bara farnir að tala um þetta sem komandi nauðsyn, en ekki meira. En ég held að almenningur vilji hafa það á hreinu, að bæði hér á Alþ. og af hálfu ríkisvaldsins sé sýnd ákveðin viðleitni í sparnaði þegar við heimtum af almenningi að hann spari. Og hæstv. forsrh. sagði það hér í framsöguræðu sinni að til þess væri ætlast með þessum aðgerðum. Við verðum að byrja á sjálfum okkur, það er óhjákvæmilegt. Annars rennur þetta allt út í sandinn.

Hæstv. utanrrh. ítrekaði hér fyrri sjónarmið sem höfðu komið fram hjá formanni Framsfl.,

hæstv. viðskrh., um skyldusparnað á hærri laun. Þetta er alveg bráðsnjallt, og hefði átt að framkvæma miklu fyrr og er sannarlega gott fordæmi að taka upp núna og draga það ekki. Þegar við, sem önnumst launauppgjör fyrir ýmsa, tökum nú af ungu fólki 15% og margir sjómenn hafa verið með skyldusparnað er nemur á 2. hundrað þús. kr. og auk þess er tekið af þeim orlof í viðbót þannig að þeir afhenda inn í ríkiskerfið 23% þótt þeir fái litla vexti af því, þá er ekki til of mikils mælst að hið háa Alþ. eða alþm. og hæstu embættismenn þjóðarinnar taki á sig nokkrun skyldusparnað. Það er ekki til mikils mælst. Orlofskerfið, sem sjómenn láta langmest í, fer til að reka Póst og síma, ódýrt, fyrir sáralitinn pening. Það er engin smárýrnun, sem þessir menn fórna auk hins, sem þeir taka á sig í almennri kjararýrnun vegna gengisfellingarinnar.

Það var komin á sú venja mjög víða, að áður en þetta nýja kerfi var tekið upp, borgað bara með merkjum, þá voru alls konar afföll í því sambandi og margir borguðu orlofið þess vegna beint inn. Nú er þetta sent til ríkisbáknsins til þess að útvega ríkisvaldinu ódýrt rekstrarfé og um leið verður gífurleg verðrýrnun á þessu orlofsfé. Einhverjir vextir kunna að koma á þetta, það eru vangaveltur um það, en ég held að það verði erfitt. Auk þess hafa komið í ljós ýmiss konar vandkvæði í framkvæmd við þetta kerfi, þótt öllum væri lofað góðu í upphafi. En það er nú svona, að það er oft erfiðara en menn gerðu ráð fyrir í upphafi að standa við það, sem sett er á stofn, þegar það veltir svona upp á sig eins og raun ber vitni. Allt þetta snertir kjör hins almenna borgara. Allt hefur þetta áhrif. Og mönnum er gert hér mjög misjafnt undir höfði. Fastlaunamaðurinn þarf ekki að sjá af neinu, en hinir verða að sjá af skyldusparnaði, 15%, auk þess að setja 8.33%, sem er orlofsfé, inn til Pósts og síma og geyma það þar marga, marga mánuði til þess að létta á fyrir ríkissjóðnum.

Einnig vildi ég vekja athygli á því og það hefur ekki komið fram í neinni ræðu hér, að við stöndum í gífurlegum fjárfestingaráformum vegna málmblendiverksmiðju og fyrir flugvöllinn o. fl. og þar er allt reiknað í dollurum. Við erum með þessu móti að gera þetta mjög miklu ódýrara fyrir hinn aðilann. Það má velta vöngum yfir því hvort sé skynsamlegt og æskilegt að hafa ekki þarna einhvern fyrirvara á um þessa hreyfingu. En það virðist ekki hafa verið gert.

Það hefur ekkert komið fram af hálfu hæstv. ríkisstj. hvernig rekstur togaranna verði tryggður áfram, ekki með neinu einasta einföldu dæmi á einn eða annan veg. Ég sé ekki að hann velti áfram við eðlilegar aðstæður, þótt aflinn verði góður eftir þessa gengisfellingu, af því að uppbygging við kaup þessara skipa var gerð með svo miklum erlendum lánum að endar nást ekki saman. Það er búið núna á 6 mánaða tímabili að hækka skuldir á þessum skipum á sjöunda milljarð, svo að það er ekkert smárekstrarálag sem kemur fram við þessa gengisbreytingu hjá togurunum. Hins vegar verður þetta mun léttara gagnvart bátaflotanum þar sem þar hvílir mjög lítið á af erlendum skuldum. Enn kemur þetta því afar misjafnt niður.

Frv., sem eiga að fylgja í kjölfar þessarar gengisbreytingar, verða kannske um beinar eignatilfærslur eins og verið hefur og þá bara í ögn stærri stíl á milli einstakra þátta sjávarútvegsins. Þá getur vel verið, það það sé eðlilegt að hætta við gengisbreytingarnar og færa einfaldlega á milli vasanna þar, vera ekkert að standa í því að skapa hér verðbólguhreyfingu og alls konar „spekúlasjónir“ með því að breyta genginu. Það er miklu einfaldara að færa innbyrðis á milli atvinnugreinarinnar, sem heitir sjávarútvegur. En með sama hætti mætti þá fara að færa innbyrðis á milli verslunarinnar, góður heildsali tæki á sig 5 eða 10% skatt handa lélega heildsalanum — og sama í iðnaðinum. En þá fer nú einhver að kveina og kvarta.

Ég held að það liggi orðið nokkuð ljóst fyrir að gengisfelling, þrátt fyrir það að menn hafi æðioft gripið til hennar, er algert neyðarúrræði, og eins og fram hefur komið, bæði í minni ræðu og hjá öðrum, þá leysir hún ein út af fyrir sig ekki vandamálin. Hún skapar mörg vandamál í kjölfar sitt og þess vegna koma fram margvísleg frv. eða þurfa að koma fram. En við vitum ekkert um hvað hæstv. ríkisstj. áformar í þessu efni. Meðan það ríkir er ekki hægt annað en vera á móti þessum vinnubrögðum, og ég tek fram í nál. mínu á þskj. 297, að við í Alþfl. munum greiða atkv. gegn frv. þar sem hér er ekki lögð fram nein heildarstefna til úrlausnar á þeim vanda sem við eigum við að etja. Þó að þetta frv. sé tæknilegs eðlis í sjálfu sér, þá er ekki hægt að fallast á þessi vinnubrögð og því legg ég til að frv. verði fellt.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil ekki lengja þessar umr., en ekki heldur skorast undan að svara þeim fsp. sem beinlínis eru hér fram settar og ég beðinn að svara.

Hv. 1. landsk. þm. nefndi það fyrst, hvaða fyrirætlanir ríkisstj. hefði varðandi verðtryggingu sparifjár. Í þeim efnum hefur ríkisstj. markað nokkra stefnu þegar við útlán fjárfestingarlánasjóða á síðasta ári og hefur nú með höndum frekari stefnumörkun á því sviði, þar sem tekin er upp í auknum mæli verðtrygging útlána með hliðsjón af því að geta verðtryggt fjáröflun til þessara sjóða sem m. a. er fengin frá lífeyrissjóðunum. Ég býst við því að þetta sé mjög í þeim anda er hv. 1. landsk. þm. talaði.

Að því er varðar verðtryggingu innlánsfjár í bönkum landsins, sparifjár, hafa ýmsir framkvæmdaörðugleikar verið taldir á því að koma þar á fullri verðtryggingu eða hvernig verðtryggingu skuli útreiknuð á skammtímalánum t. d. Á því sviði hefur því verið talið farsælla að beita sveigjanlegri vaxtastefnu, þannig að í spennuástandi væri um háa vexti að ræða til þess að skapa aukna viðleitni til sparnaðar og til þess að fjármagna þær framkvæmdir og athafnir sem gerast í þjóðfélaginu, en aftur á móti að lækka vextina þegar um er að ræða hættu á atvinnuleysi eða samdrætti.

Ég býst við því að í höfuðatriðum muni ríkisstj. sem slík leggja áherslu á annars vegar verðtryggingu fjárfestingarlána og lengri tíma lána og hins vegar sveigjanlega vaxtastefnu að því er skammtímalán snertir.

Þá var spurt um Hitaveitu Suðurnesja. Ég tel ekki rétt að svara þeirri fsp. í fjarveru hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. Ég vil aðeins taka það fram að fjáröflun er erfiðleikum háð nú sem stendur, bæði innanlands og erlendis, og þarf ekki mörgum orðum um það að fara. Skoðun mín er sú, að því fjármagni, sem unnt er að fá, sé best varið í orkuframkvæmdir, og ríkisstj. hefur lýst því yfir að orkuframkvæmdir hafi algeran forgang.

Þá spurði hv. þm.: Hvað verður um lánsloforð Fiskveiðasjóðs? Við munum leitast við að standa við þau loforð sem gefin hafa verið og efna þau. Hins vegar skulum við ekki loka augunum fyrir hinu, að nauðsynlegt er að fikra okkur að einhverju leyti frá hinu sjálfvirka kerfi á þessu sviði eins og öðrum, þ. e. a. s. við þurfum líkast til að breyta þeim útlánareglum sem gilt hafa og hafa veitt mönnum vonir um að þessir sjóðir veittu lán til fjárfestingar að hárri hlutfallstölu stofnfjárkostnaðar. Það er enginn vafi á því að í mörgum tilvikum þurfum við að lækka þessa hlutfallstölu lánsfyrirheita þegar um stofnkostnað er að ræða.

Þá spurði hv. þm. hvað liði áformum ríkisstj. um sparnað. Ég gat um það í framsöguræðu minni að áhersla yrði lögð á endurskoðun útgjaldaáforma, bæði fjárfestingarlánasjóða svo og ríkisins og ríkisfyrirtækja, með það fyrir augum að koma á sparnaði. Þær áætlanir eru í úrvinnslu í fjmrn., og ég efast ekkert um að þær verða allar lagðar fyrir fjvn. þegar þær eru betur mótaðar.

Ég vil svo aðeins taka það fram varðandi rekstur togaranna eftir þá gengisbreytingu sem nú hefur verið gerð, að að því er minni skuttogara snertir standa vonir til að rekstur þeirra geti borið sig. Rekstur stærri togaranna aftur á móti er sérstaks eðlis. Þeir sýnast gefa langt um verri rekstrarafkomu, og er það algert sérvandamál sem verður að taka til meðferðar út af fyrir sig. Skal ég ekki hafa fleiri orð um það. En spurningin er auðvitað sú, þegar hv. þm. segir að erlend lán, svo há sem þau eru, séu skýring á því að þessi rekstur sé vonlítill, hvort við verðum ekki að líta á erlend lán og innlend lán að þessu leyti, þegar við erum að ræða um rekstrarafkomu atvinnutækja, sem samsvarandi, verðum að gera ráð fyrir að fjármagn það, sem bundið er í atvinnutækjum, hvort sem bak við það fjármagn standa lán eða eigið fé, hvort sem lánin eru erlend eða innlend, þá verði þetta fjármagn að gefa arð. Annars getum við ekki byggt traustar undirstöður undir atvinnurekstur okkar. Það er tilhneiging okkar íslendinga að taka of mikið af atvinnuvegunum, ætla ekki nægilega mikið til atvinnutækjanna, til endurnýjunar þeirra og uppbyggingar. Þetta er e. t. v. ein höfuðástæðan fyrir því að við höfum þurft að grípa til gengisbreytinga. Við höfum ekki haft nægilega mikinn skilning á því að atvinnutækin sjálf eru tæki til þess að gera vinnu mannsins verðmætari og gefa honum meira í aðra hönd fyrir vinnu sína. Þetta kemur mjög glögglega í ljós þegar atvinnutæki heils byggðarlags eru lögð í rúst, eins og í snjóflóðunum í Neskaupstað. Þá eykst mönnum skilningur á því að atvinnutækin þurfa að vera til staðar til þess að skapa fólkinu meiri arð af vinnu sinni. En þá þurfum við líka að ætla eitthvert fjármagn í atvinnutækin sjálf og til uppbyggingar atvinnuveganna.

Ég held að það sé því miður ekki nægilegt að leysa vandamálið með tilfærslu innan sjávarútvegsins sjálfs. Það er engum blöðum um það að fletta að gengisbreyting er tilfærsla á fjármunum frá almenningi í landinu til útflutningsframleiðslunnar, til sjávarútvegsins. Gengisbreytingin er slík aðgerð. En ég hef ekki heldur leynt hv. þm. því, enda gera allir sér grein fyrir því, að í kjölfarið er nauðsyn að tilfærsla eigi sér stað á tekjuskiptingu innan sjávarútvegsins, milli vinnslu og fiskveiða, svo að skýrt dæmi sé tekið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:6 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13. shlj. atkv.

Efri deild, 46. fundur.

Fimmtudaginn 13. febr., að loknum 45. fundi.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 288). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 298).

Neðri deild, 45. fundur.

Mánudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár til þess að gera að umræðuefni hina mjög svo umdeildu ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins að því er varðar fiskverð, sem nú nýlega birtist. Það er ekki að ófyrirsynju að mikillar óánægju gætir með þessa verðákvörðun, sem nú hefur leitt til þess að allflestir starfandi sjómenn á vestfirska línubátaflotanum hafa tilkynnt uppsögn úr starfi sínu og allt útlit fyrir að floti vestfirðinga, sem stundar línu, muni innan vikutíma stöðvast verði ekkert að gert. Það, sem valdið hefur þessari ákvörðun vestfirskra sjómanna, er hin furðulega ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins um beina lækkun á steinbítsverði úr kr. 16.85 í kr. 10.60, tímabilið jan.-febr., þ. e. a. s. til 1. mars. Að því er best er vitað eftir yfirlýsingu Verðlagsráðs sjávarútvegsins sjálfs grundvallast þessi ákvörðun á því, hafi ég heyrt rétt í tilkynningu frá Verðlagsráðinu, að steinbítur veiddur á þessum árstíma á Vestfjarðamiðum sé ekki mannamatur, í öðru lagi að reglugerð sé í gildi um bann við veiðum á þessari fisktegund til 1. mars að því leyti að ekki sé heimilt að steinbítsafli sé nema 5% af heildaraflamagni, í þriðja lagi að á undanförnum árum hafi steinbítsafli Vestfjarðabáta á þessum árstíma aðeins verið líðlega 2% af heildaraflanum.

Steinbítsafli á Vestfjarðamiðum er nú miklum mun meiri á þessum tíma en áður hefur verið eða um 80—90% af heildaraflaverðmæti sem verið hefur núna t. d. í febrúar. Eftir því sem ég best veit hefur sú fullyrðing Verðlagsráðs sjávarútvegsins að steinbítur sé á þessum árstíma óhæfur til manneldis, ekki við rök að styðjast, a. m. k. ekki eins og málin nú standa. Ég tel furðulegt að slík ákvörðun skuli tekin eftir að viðkomandi sjómenn eru búnir að róa í einn og hálfan mánuð, að sjálfsögðu í trausti þess að fiskverð hækki, a. m. k. standi í stað, en lækki ekki stórlega frá því sem áður var. Hér er því vissulega um að ræða alvarlegt málefni sem kemur annars til af því, að ákvörðun um fiskverð dregst svo lengi sem raun ber vitni nú og hefur raunar gert áður líka. Það verður að teljast ámælisvert, a. m. k. af minni hálfu, að þannig skuli staðið að verðákvörðun að það skuli ekki liggja fyrir í vertíðarbyrjun, þannig að menn viti út á hvað þeir eru að róa og hvað þeir komi til með að fá fyrir sína vinnu. Einnig kemur í ljós að fulltrúi sjómanna í Verðlagsráði, sem mér skilst þó að hafi staðið að þessari ákvörðun, lýsir furðu sinni á því að slík ákvörðun skyldi taka gildi á þessum tíma.

Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh., hvort honum hafi ekki verið um það kunnugt áður en tekin var endanleg ákvörðun að því er þetta varðar, verð á steinbíti í jan.-febr., — hvort honum hafi ekki verið um slíka ákvörðun kunnugt áður en hún var endanlega tekin. Ef svo er ekki, sem mér þykir ólíklegt, að hæstv. ráðh. hafi ekki vitað hvert verðið átti að verða, þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. í öðru lagi: Er hann samþykkur þessari lækkun á steinbítsverði á tilteknum tíma? Og í þriðja lagi, sé svo ekki, hvort hæstv. ráðh. hyggist þá gera einhverjar þær ráðstafanir sem koma til með að leiðrétta þessa gífurlegu lækkun á fiskverði og þar með kjörum vestfirskra sjómanna á þessu tímabili og þar með koma í veg fyrir að bátaflotinn verði bundinn við bryggju á Vestfjörðum að viku liðinni eða kannske innan skemmri tíma. Ég satt að segja er undrandi á því, ef hæstv. ráðh. hefur staðfest þessa ákvörðun, ekki síst með tilliti til þess að honum er kannske manna kunnugast um það hvernig málum er háttað á þeim stað, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, þ. e. Vestfjörðum, hefur þar að auki um áraraðir staðið að útgerð á þessum stað og ætti því að vera manna kunnugastur hvernig þessum málum er og hefur verið háttað.

Mér finnst þetta það mikið mál að því er vestfirska sjómenn varðar, að það sé ástæða til þess að fá um það skýr svör hvort hæstv. ráðh. hefur með samþykki sínu ákvarðað fiskverð að þessu leyti eða ekki og hvort hann treystir sér ekki eða ríkisstj. í heild til þess að grípa til aðgerða, sem koma í veg fyrir að bátaflotinn á Vestfjörðum stöðvist vegna þessarar furðulegu ákvörðunar Verðlagsráðs.

Kjartan Ólafsson: Hv. forseti. Ég hafði í gær farið þess á leit við hv. deildarforseta að fá að taka hér til máls utan dagskrár og komið í því sambandi á framfæri við hæstv. sjútvrh. ákveðinni skriflegri spurningu. Mín spurning til hæstv. ráðh. lýtur að sama máli og hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, minntist á og er á þessa leið:

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstj. gera til að koma í veg fyrir þá stöðvun línuútgerðar á Vestfjörðum sem yfir vofir nú í vikunni, svo sem fram hefur komið í fréttum fjölmiðla síðustu daga?

Ég vil leyfa mér að fara örfáum orðum um það alvarlega mál, sem hér er rætt um. Það er staðreynd að af afla línubátanna vestfirsku hefur steinbítur verið um 80% síðustu daga og fer vaxandi að hluta til, en hlutur annars afla að sama skapi minnkandi dag frá degi. Þegar vetrarvertíð hófst um áramót var verð á steinbít óslægðum kr. 16.85 kg. Sjómenn, sem þá réðu sig í skiprúm, höfðu enga ástæðu til að ætla að fiskverð færi lækkandi í krónum talið, enda raunin orðið sú nú þegar fiskverð frá 1. jan. hefur loks verið ákveðið fyrir fáum dögum að almennt er um að ræða nokkra hækkun, sem mun láta nærri að sé 15—17% að jafnaði. Hvað hinsvegar steinbítinn, sem nú er uppistaða í bátaafla vestfirðinga, varðar, þá er um að ræða lækkun sem nemur hvorki meira né minna en 37% að krónutölu mánuðina jan. og febr.

Á undanförnum árum hefur það jafnan verið svo, að sama steinbítsverð hefur gilt frá áramótum til vertíðarloka. Þessi lækkun fyrir tíma sem liðinn er og til 1. mars kemur því sem algert reiðarslag yfir sjómenn á þessum bátum. Hafa að mínu viti engin gild rök verið færð fyrir því að nú er allt í einu breytt til og verð á steinbítnum stórkostlega lækkað sérstaklega fyrir jan. og febr.

Yfirnefnd Verðlagsráðs segir í Morgunblaðinu á laugardag að nokkrum hluta steinbítsaflans sé fleygt því að hann sé ekki mannamatur. Það kann að vera eitthvað til í þessu varðandi steinbítsafla af togurum sem veiða á djúpmiðum. En hvað snertir bátaaflann á línuveiðum fær þetta ekki staðist, þar er um að ræða steinbít sem veiddur er á grunnmiðum og búinn er að hrygna og farinn að fitna og þar er yfirleitt um ágæta vöru að ræða. Ég hef hér í höndum vegna ummæla Verðlagsráðs eða yfirnefndarinnar, skeyti frá fiskmatsmanni á Vestfjörðum þar sem segir: „Allur steinbítur, sem hefur verið landað hér af línubátum í jan. og febr., hefur verið metinn hæfur til vinnslu. — Friðjón Guðmundsson, fiskmatsmaður."

Þetta er staðfest skeyti frá Súgandafirði og stangast algerlega á við túlkun yfirnefndar Verðlagsráðs.

Það er talað um 2.5% af bátaafla á Vestfjörðum í jan. og febr. 1972 og 1973 hafi verið steinbítur. Þarna hljóta togararnir að vera taldir með því að þetta er miklu meira en af línubátum. Og það er staðreynd að síðustu dagana hefur verið um að ræða ekki 2.5%, heldur 80% af steinbít. Ef litið er á hvers vænta má varðandi febr. í heild, þá má búast við að steinbítur nemi yfir 50% í heildarafla línubátanna, því að hlutur steinbítsins fer nú vaxandi dag frá degi. Frystihúsin hafa tekið við steinbítnum óhindrað og engum dottið í hug að orða að steinbítur mætti ekki vera nema 5% af afla úr hverri veiðiferð, eins og ákvæði er um í reglugerð nokkurri sem ekki hefur verið virt.

Kauptrygging hjá hásetum á línubátum á Vestfjörðum mun nú vera 62 208 kr. Miðað við að aflinn sé steinbítur þarf línubátur nú að fiska hvorki meira né minna en 200 tonn á mánuði til að hafa fyrir tryggingu. Þess skal getið að í janúar var hæsti línubátur á Vestfjörðum með milli 170 og 180 tonn yfir mánuðinn og má það heita mjög góður afli. Af þessu sést að línusjómenn á Vestfjörðum eru með núgildandi verðlagsákvörðun dæmdir til að hafa nánast enga möguleika á að fiska fyrir meiru en tryggingu þrátt fyrir hörðustu sjósókn og mikinn afla.

En hugsum okkur engu að síður að einhverjum bátnum tækist að ná á land einhverjum afla umfram kauptrygginguna. Þá lítur dæmið þannig út að úr 10 tonna steinbítsróðri átti hásetinn að fá í hlut 4 901 kr. samkvæmt því verði sem gilti fyrir áramót, en hins vegar 3 084 kr. skv. núgildandi verði. Er þetta kauplækkun í krónutölu sem nemur 37%. Þarna er miðað við að skipshöfn fái í sinn hlut 32% og sé skipt í 11 staði eins og almennt mun vera.

Steinbítsverðið nú í febr. er kr. 10.60 á kg. skv. ákvörðun Verðlagsráðs. Þetta verð var fyrir einu ári kr. 15.15 og það var fyrir tveim árum, í febr. 1973, kr. 12.45. Kaup sjómanna hefur þannig lækkað um 15% frá því sem það var fyrir tveimur árum, um 15% í krónutölu, og á sama tíma hefur framfærsluvísitala í landinu, þ. e. allt almennt verðlag, hins vegar meira en tvöfaldast eða hækkað um 103%. Ég tel að þetta sé ekki hægt að bjóða upp á gagnvart vestfirskum sjómönnum.

Sú verðákvörðun, sem nú er í gildi, er greinilega við það miðuð að línuútgerð á Vestfjörðum leggist hreinlega niður, enda mun svo fara eins og nú horfir og það þegar í þessari viku, ef ekki verður að gert. Ég vil vænta þess, að ríkisstj. grípi til skjótra aðgerða og komi í veg fyrir að svo fari.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Þeir hv. tveir fyrirspyrjendur, sem hér hafa komið í ræðustól utan dagskrár út af steinbítsverði, virðast vera mjög mikið niðri fyrir og hafa, sérstaklega sá síðari, reiknað töluvert mikið yfir helgina. Ég gæti leiðrétt með hægu móti allmikið af þessum reikningi.

Fyrri spyrjandinn spurði mig m. a. um það, hvort ég hefði staðfest verð Verðlagsráðs sjávarútvegsins (KP: Samþykkt.) Staðfest var orðalagið. Það er hvorki um að ræða fyrir sjútvrh. að staðfesta eða samþykkja ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Ég hélt að þessi hv. þm., sem virðist hafa mikinn áhuga á sjávarútvegsmálum, læsi löggjöf eins og lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins og vissi þar af leiðandi hvað þar er um að ræða. Í 6. gr. þeirra l. segir, að aðalverkefni Verðlagsráðs séu:

„1. Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum þess sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings ósunnin.

2. Að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma.

3. Að safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu framleiðslugreina sjávarútvegsins svo og að safna öðrum þeim gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla."

Í 12. gr. l. um verðlagsráðið segir:

„Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið skv. ákvæðum þessara laga."

Verðlagsráð sjávarútvegsins lét frá sér fara skýringu á þessari ákvörðun um steinbítinn í jan.- og febr.-mánuði. Sú skýring er ákaflega stutt og er svo hljóðandi:

„Í tilefni af blaðaskrifum um ákvörðun lágmarksverðs á steinbít á tímabilinu 1. jan. — 28. febr. óskar yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins að taka fram:

A tímabilinu frá nóv. til febr. er steinbítur venjulega svo magur að nokkur hluti hans er ekki mannamatur og er fleygt frá í vinnslu. Nýting í vinnslu getur farið niður fyrir helming af því, sem eðlilegt er. Það sem nýtanlegt telst af steinbítnum er þó ekki notað nema í verðminni vöru.

Í þessu sambandi er rétt að minna á, að í síðustu málsgr. 5. gr. reglugerðar nr. 393 frá 31. des. 1974 segir:

„Þá skal óheimilt á tímabilinu 1. nóv. — 1. mars að landa steinbít sem nemur meir en 5% af afla skips í hverri veiðiferð."

Samkvæmt upplýsingum Fiskifélags Íslands var steinbítur ekki nema 2.5% af bátaafla á Vestfjörðum í jan. og febr. árin 1972 og 1973, en það eru síðustu árin sem upplýsingar liggja fyrir um. Steinbítur hefur því haft óverulega þýðingu fyrir

bátaútgerð á Vestfjörðum í jan. og febr. síðustu árin. Ekki varð ágreiningur í yfirnefnd Verðlagsráðs um að steinbít bæri að verðleggja hærra verði eftir 1. mars en fyrir þann tíma."

Í nál. nefndar, sem fyrrv. sjútvrh. skipaði og í áttu sæti fulltrúar rn., fulltrúar fiskvinnslu, fiskseljenda og sömuleiðis fulltrúar frá samtökum sjómanna og fulltrúar frá Hafrannsóknastofnuninni segir um möskvastærðir botnvörpu- og þorskfiskneta svo og um lágmarksstærðir fisktegunda:

„Um tvær hinna síðastnefndu tegundir, steinbít og karfa, eru nú engar reglur til um lágmarksstærðir, en n. leggur til að auk 40 cm lágmarksstærðar á steinbít verði ákveðið að á tímabilinu 1. nóv. til 15. mars megi steinbítur ekki nema meiru en 5% af afla skips í hverri veiðiferð, enn fremur að þrátt fyrir 500 gramma lágmarksstærð á karfa megi þó 5% af karfaafla hverrar veiðiferðar vera undir þessu marki."

Í samræmi við þetta nál. gaf fyrrv. sjútvrh. út reglugerð um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda. Í þeirri reglugerð er tekið orðrétt þetta álit þessarar n. og það gildir til 15. mars.

Einn stærsti útgerðaraðili á Vestfjörðum sendi mér bréf rétt fyrir áramótin og benti á að það gæti verið gagnvart línubátum hættulegt að láta þetta ákvæði gilda til 15. mars og taldi rétt að það gilti aðeins til mánaðamóta febr.-mars. Í bréfinu, sem ég fékk í hendur rétt fyrir jólin, en er dagsett 15. des., segir þessi aðili:

„Mér sýnist að þetta ákvæði gæti komið illa við línubátana hér vestra. Á síðustu vertíð var um 5% af afla línubátanna í mars annar fiskur en steinbítur og á tímabilinu 1.—15. mars komu margir togararnir með 25—30% af steinbít. Ég held að það sé alveg ljóst, að þetta ákvæði verður víða þverbrotið ef því verður ekki breytt í tíma."

Ég hygg að mér sé óhætt að fullyrða, að þegar fyrrv. sjútvrh. setti þessa reglugerð hefur hann farið eftir áliti þessarar n. og þá sérstaklega hvað snertir togsteinbít, sem við köllum, vestfirðingar, annars staðar á landinu. Hins vegar, við að fá þessa ábendingu, breytti ég tímamörkum þessarar reglugerðar í 1. mars. Það er nokkuð viðkvæmt mál hvað snertir steinbít af öðrum skipum og annars staðar á landinu. Hins vegar óskaði ég eftir upplýsingum um hvað steinbítsveiðin væri í raun og veru mikils virði á síðustu árum.

Þá kem ég að því, sem hv. þm. Kjartan Ólafsson gerði að umræðuefni, hvað sjómenn töpuðu miklu. Ég held að þá reikni hann bæði jan.- og febr.-mánuð. Þá skulum við líta aðeins á hve mikill steinbítsafli er í janúarmánuði, og þá skulum við líta á upplýsingar Fiskifélags Íslands í þessum efnum, sem ég óskaði eftir að fá þegar þessari reglugerð var breytt á þann veg að stytta þetta tímabil um 15 daga. Þar segir að steinbítsafli báta í Vestfirðingafjórðungi í jan. og febr. undanfarin ár hafi verið sem hér segir í lestum: Þorskafli alls í jan. 4 125 lestir 1972, þar af steinbítsafli 30 lestir, langt innan við 1%. Þorskafli 1973 4 459 lestir, þar af steinbítur 33 lestir, einnig langt innan við 1%. 1974 er áætluð tala, en það má segja að það megi fara mjög nærri, þar er þorskafli talinn 3 300 lestir og þar af steinbítur 35 lestir eða aðeins yfir 1%. 1975 áætla trúnaðarmenn Fiskifélagsins að þorskaflinn sé í janúarmánuði 3 150 lestir, þar af steinbítur ca. 30—40 lestir. Þetta er áætluð tala og fiskimálastjóri sagði mér að það gæti ekki munað mjög miklu hvað þetta snerti. Afli skuttogara er ekki talinn með í þessum tölum, en tölurnar um steinbítsaflann bæði 1974 og 1975 eru áætlaðar, eins og ég sagði áðan, í janúarmánuði. Í febrúarmánuði 1975 fór fyrst að bera á steinbít í aflanum, rétt um það bil 10. febr., og hann hefur verið mikill hjá línubátum síðan.

Eins og fram kemur í þessum upplýsingum hefur nær enginn steinbítur borist á land í febrúarmánuði á árunum 1972—1974. Samkvæmt upplýsingum trúnaðarmanna Fiskifélagsins er fremur óalgengt að steinbítur veiðist í jan. og febr., þá alveg sérstaklega fyrri hluta febrúarmánaðar, en þó koma fyrir ár, eins og t. d. nú í ár, sem steinbítsveiði verður mikil um miðjan febrúarmánuð. Og ég man eftir þeim árum frá þeim tímum sem ég gerði út á línuveiðar frá Djúpi.

Að því er snertir þá deilu, sem nú er uppi um steinbítsverð, þá má varpa fram þeirri spurningu hvort sú aðferð Verðlagsráðs að ákveða verð á steinbít eftir tímabilum sé æskileg, hvort ekki sé betri lausn að verðleggja eftir gæðum fyrir alla vertíðina. Þá ætti ferskfiskmatið að setja steinbít, sem veiðist snemma, í lægri gæðaflokk ef gæði hans til frystingar gefa tilefni til þess. Ég fyrir mitt leyti er mótfallinn þessari breyt., sem gerð var af Verðlagsráði sjávarútvegsins, að gefa út sérstakt verð á steinbít fyrstu tvo mánuði ársins. Ég tel að það sé miklu eðlilegra í alla staði að hafa það form á að gefa út verðið yfir verðtímabilið allt, en bæta við: „steinbítur hæfur til frystingar". Það er mín skoðun.

Ég ræddi þetta mál við oddamanninn í Verðlagsráði, sem er fulltrúi ríkisvaldsins, og þá kom þetta vandamál upp sem fram kom í þeirri reglugerð sem ég minntist á og var sett á s. l. ári. Hann var, að mér virtist, mjög inni á þessu sama sjónarmiði og ég. Við ræddum ekki um verðhækkanir á hverri fisktegund fyrir sig, en hins vegar ræddum við margoft um þá höfuðbreytingu sem nú var gerð varðandi stærðarflokka á fiski, og ég tel að ég hafi átt þar mikinn hlut að máli, að hækka stærsta fiskinn mest í verði og millifiskinn, en ekki smáfiskinn. Vakti það þá fyrir mér að það ætti að vera einn liðurinn af mörgum öðrum til þess að draga úr smáfiskadrápi. Ég tel það líka sterkt í sambandi við framhald þeirra aðgerða, sem við komum til með að gera í landhelgismálinu, að fara þannig að.

Ég hygg að ég hafi svarað þessum spurningum, en ég ætla að koma inn á annað sem skiptir höfuðmáli hvað þetta snertir. Í fyrsta lagi er hér um að ræða lágmarksverð á fiski, og þótt svona hafi tekist til, að allir aðilar Verðlagsráðsins hafi verið sammála um þetta, bæði fulltrúar sjómanna, útgerðar, fiskvinnslu og oddamaðurinn hafi fallist á þessa breytingu, þá breytir það ekki þeirri staðreynd að fyrir fiskkaupendur, ef þeir fá vinnsluhæfan steinbít á þessum tveimur mánuðum, er ekkert verra að greiða það verð fyrir steinbítinn þessa mánuði. Þegar hann er

vinnsluhæfur, eins og ég veit að hann er núna samkv. öruggum heimildum sem ég hef fengið víðast hvar af Vestfjörðum, þá er þeim ekki neitt úr lófa lagið að greiða sama verð fyrir steinbítinn í febrúar og þeir eiga að greiða eftir 1. mars. Hann er jafnmikils virði fyrir þá, ef hann er á annað borð vinnsluhæfur.

Það, sem hefur skeð, er það, að fiskvinnslustöðvarnar á norðanverðum Vestfjörðum, sem taka við þessum fiski, á Ísafirði, Bolungarvík, Súgandafirði, Flateyri og Þingeyri, þær hafa samþ. fyrir sitt leyti, að greiða það verð sem var að haustinu, svo að útreikningar hv. þm. Kjartans Ólafssonar eru algjörlega út í hött. Verðið á s. l. hausti var 19.05 kr. fyrir slægðan steinbít með haus og fyrir óslægðan 16.80 kr. Verðið á árinu 1974 var aftur 17.15 kr. fyrir slægðan steinbít frá áramótum og 15.15 kr. af óslægðu frá áramótum og til 31. ágúst, en hækkaði þegar nýja ríkisstj. tók við um 11%, í 19.05 og 16.80 kr., eins og ég sagði áðan. Auk þessa kemur uppbót á línufisk allan, þar með steinbít. Þessi uppbót á línufisk var á árinu 1974 til 31. ágúst 75 aurar greiddir af fiskvinnslustöðvum og 40 aurar greiddir úr ríkissjóði. Frá 1. sept. til áramóta hækkaði þetta framlag frá fiskvinnslustöðvum um 10 aura eða úr 75 aurum í 85 aura, en ríkishlutinn var óbreyttur 40 aurar. Frá áramótum breytist þetta framlag á þann veg, að hluti fiskvinnslunnar er nú kominn í eina krónu, hækkar úr 85 aurum í 1 kr., en hlutur ríkissjóðs hækkar úr 40 aurum í 60 aura eða um 50%. Þetta verður líka að taka með í reikninginn. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. hefur nú talað í 19 mínútur og ég vek athygli á ákvæðum þingskapa um ræðutíma um fyrirspurnir.) Ja, hæstv. forseti, þegar tveim fyrirspyrjendum er hleypt á einn ráðh. með löngu máli sem þarf margra útskýringa við, þá ætla ég ekki að svara fyrirspurnum ef ég ekki fæ þann tíma sem ég þarf til þess að svara. Ég hef ekki farið út fyrir mitt málefni. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því að hann hefur fengið næstum tvöfaldan tíma. Það vantar raunar 2 mínútur upp á.) Hér hefur verið um miklu fleiri en eina eða tvær fyrirspurnir að ræða og langar ræður frá tveimur fyrirspyrjendum. (**Forseti:** Hvor fyrirspurn var 5 mínútur, eins og vera ber eftir þingsköpum. Hæstv. ráðh. á eftir sömu grein þingskapa 10 mínútur og hefur, eins og ég sagði áðan, talað 19 mínútur. Ég mun ekki finna að því þó að hann fylli mál sitt með frekari upplýsingum, en æski þess að hann verði mjög stuttorður.) Ég þakka forseta fyrir, en ég ætla ekki að svara fyrirspurnum með þessu móti, nema það sé um einfalda eða eina ákveðna fyrirspurn að ræða, því að ég ætla ekki að koma hér fram í ræðustól upp á annað en að skýra það viðkvæma mál sem hér er um að ræða.

Það er engin deila um það, hvert fiskverðið verður eftir 1. mars. En það, sem ég hef mestar áhyggjur af, er hvað verðið á steinbít er lágt, en ekki þetta sem hér er um að ræða, því að þetta er auðvelt að brúa á margan hátt. Ég hef haft til athugunar núna undanfarna daga að breytt verði lögunum um útflutningsgjaldið á þann veg, að magnkvótinn af steinbít í útflutningi fari í sama flokk og af karfa vegna þess verðhruns sem orðið hefur á steinbít, eins og gert var þegar var breytt um karfa- og ufsaflök.

Ég vil benda á það, að í verðlagningu Verðlagsráðsins getum við ekki ásakað Verðlagsráðið, því að það hefur gengið eins langt og það hefur mögulega getað samkv. lögunum. Ég vil benda á það, að verð á steinbítsblokk er 48 cent í Bandaríkjunum, verð á þorski er 58 cent, 10x5 pakkningar af steinbít eru 76.90 cent pundið, 10x5 af þorski eru 86 cent pundið. Nýting hráefnis á þorski er allt upp í 37%, en nýting hráefnis á steinbít er frá 26—30%. Þetta er mesta vandamálið.

Ég hef skrifað margar greinar í blöð um steinbítsvandamálið hér fyrr á árum. Þar hef ég bent á, að eðlilegasta leiðin sé að fisksölusamtökin í landinu verðbæti á milli tegunda. En mér er ekki grunlaust um að fyrir mörgum árum, þegar steinbítsverðið fór fram úr þorskverðinu, hafi verið tekið af steinbít til þess að bæta þorsk. Slíkt hefur ekki verið gert. Verðlagsráð sjávarútvegsins verður ekki sakað um þessa verðlagningu að öðru leyti en því, sem ég er ósammála því um, að það átti aldrei að setja þessa tvo mánuði á, heldur aðeins að setja „steinbítur sem er hæfur til frystingar".

Ég ætla, þó að ég hefði viljað tala mun lengra mál en ég hef gert, að verða við ósk hæstv. forseta til þess að tefja ekki mikilvæg þingstörf.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Mér er ljóst, að það er ekki í verkahring hæstv. sjútvrh. að ákveða fiskverð. Mér er einnig ljóst, að það er ekki á hans valdi að breyta ákvörðun, sem þegar hefur verið tekin varðandi steinbítsverð, þeirri sem hér hefur verið gerð að umtalsefni. En ég vil hins vegar eindregið taka undir þá gagnrýni sem kom fram í ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar og Kjartans Ólafssonar á þá ákvörðun sem Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur tekið varðandi steinbítsverðið. Hér hafa orðið mistök sem bitna mjög illilega á vestfirskum sjómönnum. Það kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh., að hann getur haft góð og skynsamleg áhrif á ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins, því lýsti hann sjálfur í ræðu sinni áðan. Á tveim mínútum á ég þess engan kost að gefa honum nein góð ráð um það hvernig hann nú gæti beitt áhrifum sínum til þess að bæta úr mistökum. Eina erindi mitt í ræðustólinn er að beina þeim eindregnu tilmælum til hans, að hann noti aðstöðu sína sem sjútvrh. til þess að leiðrétta óumdeilanleg mistök sem því miður hafa orðið.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Ég skal ekki eyða hér löngum tíma, en ég verð samt að mótmæla því fyrir mitt leyti, að umr. utan dagskrár af því tagi sem hér fara fram eigi að miðast við þann ræðutíma sem ákveðinn er í þingsköpum um skriflegar fyrirspurnir. Ég hef mótmælt því áður og geri það enn og tel að það eigi ekki að taka upp þessa reglu. Hitt er eðlilegt og sjálfsagt, að forseti reyni að stytta umr. eins og tök eru á.

Þær athugasemdir, sem ég vildi gera við það sem hér hefur komið fram, eru einkum varðandi þá reglugerð sem hér hefur verið minnst

á. Ég tók eftir því, að hæstv. sjútvrh. nefndi það nokkrum sinnum að fyrrv. sjútvrh. hefði sett reglugerð, og það lágu helst orð að því hjá honum að það væri þessi reglugerð, sem hefði að einhverju leyti valdið því sem hér hefur gerst varðandi þá verðlagningu sem nú er verið að ræða. Í sambandi við þessa reglugerð vil ég segja það, að það er rétt að í minni tíð var skipuð nefnd hagsmunaaðila til þess að gera till. um möskvastærð og um stærð á þeim fiski sem leyfilegt er að veiða. Og það er eflaust rétt hjá honum, sem hann tilgreinir, að í sambandi við þær reglur, sem voru settar samkv. áliti þessarar n., hafi í þeirri reglugerð einnig verið komið eitthvað inn á veiði á steinbít. En ég vil taka það fram, að við mig hefur aldrei verið rætt um það mál að setja einhverjar reglur um veiði á steinbít. Mér kemur gjörsamlega á óvart að heyra að í þessu nál. hafi eitthvað verið um þetta atriði fjallað, enda er mér alveg ljóst að það hefur ekki getað haft áhrif á þessa ákvörðun á einn eða neinn hátt. Hæstv. ráðh. tók það líka fram, að hann hafi síðan breytt þessum ákvæðum og stytt þann tíma sem þar hafði verið gengið út frá.

Aðalatriði þess máls, sem hér er um að ræða, að mínum dómi og það sem ég vildi fyrst og fremst segja er það, að verðlagningin að þessu sinni fór fram með mjög sérstökum hætti, þar sem lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins voru í rauninni þverbrotin. Verðlagningin fór ekki fram fyrr en komið var fram undir miðjan febrúarmánuð, en átti að eiga sér stað áður en vertíð hófst eða um áramót. Slík frestun er vitanlega óeðlileg og getur í rauninni ekki átt sér stað nema með leyfi ráðh. — Já, hæstv. forseti, ég er rétt að ljúka við mál mitt. — En vegna þess að verðlagningin á sér stað með þessum hætti er auðvitað mjög hæpið að láta það verð, sem í gildi hafði verið og menn höfðu fulla ástæðu til þess að trúa að mundi standa áfram, ef ekki hækka, lækka á þann hátt sem nú er gert. Það er aðalatriði málsins að mínum dómi að þarna er farið óvenjulega að, og því á að breyta þessu. Ég vil líka segja það, að það hefur verið föst regla að fulltrúi ríkisstj. í yfirnefnd Verðlagsráðs hefur alltaf haft náið samstarf við ráðh. um störf sín og leitað gjarnan samþykkis ráðh. um öll þau atriði sem meiri háttar má telja. Ég taldi mér það skylt sem yfirmaður Verðlagsráðsins þann tíma sem ég var sjútvrh. að fylgjast með störfum ráðsins í einu og öllu, og yfirmaður hafði alltaf samráð við mig þegar teknar voru ákvarðanir, t. d. varðandi lækkun á fiskverði þegar slíkt kom til greina. Ég álít því að hæstv. sjútvrh. hljóti að standa ábyrgur fyrir því, að þetta hafi verið gert nú. Vegna þess að hann er mótfallinn þeirri ákvörðun, sem hefur verið tekin, eins og hann hefur hér sagt, þá álít ég að hann eigi að beita sér fyrir því að kippa þessu til baka og setja verðákvörðun á þann hátt sem hann sagði, að sé um vinnsluhæfan fisk að ræða til frystingar, þá gildi það verð sem átti að taka við 1. mars. Ég held að það sé langeinlægast að fá þessa leiðréttingu fram, því að ég trúi ekki öðru en að það væri hægt að fá þessa breytingu fram við Verðlagsráð, ef hæstv. ráðh. færi eftir því sem hann hefur hér tekið fram að sé hans skoðun.

Kjartan Ólafsson: Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin við fyrirspurn minni. Ég vil vekja athygli á því, að það, sem athyglisvert kom fram í máli hæstv. ráðh., var að fiskvinnslustöðvarnar á Vestfjörðum mundu greiða fyrir steinbítinn það verð sem greitt var fyrir áramót, þrátt fyrir það að lágmarksverð ákveðið af Verðlagsráði væri þetta miklu lægra. Þessari yfirlýsingu ber út af fyrir sig að fagna. En krafa sjómannanna er um að borgað verði það verð sem ákveðið var frá 1. mars, 18.60 kr. á kg. Ég vil hins vegar taka það fram, að það er auðvitað ekki nokkur afsökun fyrir ákvörðun Verðlagsráðs að fiskvinnslustöðvarnar skuli vilja gera þetta, því að ef slíkt ætti að gilda, þá mætti segja sem svo, að það skipti engu máli hvaða ákvörðun Verðlagsráð tæki, fiskverðið væri einfaldlega á frjálsum markaði.

Hæstv. ráðh. hrakti ekkert af þeim útreikningum sem ég fór með hér áðan, þó að hann hefði orð um að hann hefði möguleika á því. Hann gat um uppbótina á línufiskinn. Mér var fullkunnugt um hana. En samanburðurinn sem ég gerði milli áranna 1973 og 1975, var miðaður við verð án þessarar uppbótar og þess vegna réttur. Þarna mundi koma örlítið önnur útkoma ef uppbótin á línufiskinn væri tekin með, en það breytir engu um eðli málsins.

Ég vil einnig vekja athygli á því til að minna á hve kjör vestfirskra línusjómanna hafa versnað verulega, að jafnvel þó að greitt væri það verð fyrir steinbítsafla sem á að gilda frá 1. mars, þá er samt ekki um að ræða nema 50% hækkun í krónutölu frá því sem var fyrir tveim árum, úr kr. 12.45 og upp í kr. 18.60. Það er rétt í kringum 50%. En á sama tíma hefur framfærsluvísitalan hækkað um yfir 100%. Og þetta segir okkur hvað þessir sjómenn, sem línuveiðar á Vestfjörðum stunda, hafa orðið fyrir mikilli almennri kjaraskerðingu og hversu fráleitt það var, einmitt ekki síst af þeim ástæðum, að skerða kjörin enn frekar og það jafnhrikalega og gert var með ákvörðun um steinbítsverð í janúar og febrúar.

Hæstv. ráðh. fór hér með tölur um það, hvað steinbítur hefði verið mikill hluti í afla í janúar og febrúar þetta og þetta árið á liðnum tíma. Ég ætla ekki að vefengja þær út af fyrir sig. Þetta er mjög breytilegt. En það er staðreynd, sem ég hygg að hvorki hæstv. ráðh. né aðrir, sem kynna sér málið, mótmæli, að nú í febrúarmánuði, þ. e. þessa daga sem eru að líða er steinbíturinn 80% af aflanum, fyllilega það. Því hefur ekki heldur verið hér mótmælt, og svo geta menn hugleitt hvað þarna sé að gerast varðandi kjör sjómanna og hafi verið að gerast og hvort uppsagnir þeirra frá störfum hafi ekki verið fyllilega á rökum reistar og reyndar eina eðlilega viðbragðið af þeirra hálfu sem hægt var að grípa til.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austf. kom af alkunnum drengskap inn í umr. og var að kenna mér ráð sem auðvitað reyndur maður, en ég aftur unglingur. En það var eitt sem hann sagði, blessaður höfðinginn, að það hefði ekki nokkur maður talað við sig um að það væri óheimilt að veiða steinbít eða setja kvaðir á hver steinbítsafli mætti vera í einstakri

veiðiferð. Það stendur hér í reglugerð: „Þá skal óheimilt á tímabilinu 1. nóv. til 15. mars að landa steinbít sem nemur meira en 5% af afla skips í hverri veiðiferð.“ Undir þetta skrifa Lúðvík Jósepsson og Þórður Ásgeirsson eigin hendi. Það má hver þm. sjá það sem vill hér á eftir, hvort ég hafi ekki farið með rétt mál. Nei, það hefur enginn talað við hann, hann vissi ekkert um það. Hann veit þá ekki, fyrrv. sjútvrh. undir hvað hann var að skrifa á meðan hann var sjútvrh.

Þetta var skemmtilegt innlegg í málið, af því að hann var að reyna að ná sér niðri á mér, að ég ætti að stjórna Verðlagsráðinu á þann veg að það ætti ekki að hreyfa sig á einn eða annan hátt en eins og ráðh. vildi. Ég hef ekki lagt það í vana minn að vera á skrifstofu Verðlagsráðs fram á nætur. Ég hef rætt við oddamann, ég hef rætt við einstaka verðlagsráðsmenn um heildarniðurstöðu á fiskverði. Ég tel það miklu eðlilegri viðbrögð á allan hátt. Mín stefna var sú að hækka sem mest stærsta fiskinn og miðlungsfiskinn, ekki að verðlauna smáfiskinn, ekki að standa að því að auka smáfiskadrápið, eins og ég sagði áðan. Ég óskaði eftir því eindregið — og það veit ég að oddamaðurinn kannast við — og varaði hann eindregið við að fara eftir þessari reglugerð, sem sett var í þessum efnum, og hafa sama verð á vinnsluhæfum steinbít frá áramótum og út tímabilið. Hann var sjálfur inni á þessu og ég veit að hann er sá drengskaparmaður, að hann kemur til með að kannast við það hvenær sem er. Hins vegar setti ég það ekki á oddinn og sagði: Þú gerir engan hlut í Verðlagsráði nema þetta sé gert. Nú er nógu lengi búið að bíða eftir fiskverðákvörðuninni.

Hæstv. fyrrv. sjútvrh. kemur svo með að það hafi verið lögbrot hvað seint var ákvarðað fiskverð. Fyrst 8. janúar var fiskverðið ákvarðað á s. l. ári. Það er líka lögbrot. En það er ekki lögbrot þegar Lúðvík Jósepsson er annars vegar. En hvaða erfiðleikar voru þá að afgr. fiskverð. Þá var hægt að koma með fiskverðið fyrir áramót. En það er óliku saman að jafna þeim ástæðum sem nú hafa legið til grundvallar við fiskverðsákvörðun. Ég held að hann ætti að temja sér að tala af meiri drengskap en hann gerir, þessi hv. þm.

Kjartan Ólafsson sagði, að það breytti engu um eðli málsins þó að uppbætur á línufisk og þar með steinbít hafi verið hækkaðar, það breytti engu þó að ríkið hækki sitt framlag um 50%, þó að það sé ekki há upphæð. Vitaskuld breytir það eðli málsins, að fiskkaupendur hækka um 15% sitt framlag og ríkið um 50%. Fyrrv. sjútvrh. hélt þessum tölum niðri við uppbætur á línufisk meðan hann var sjútvrh. Var hann að sýna vestfirðingum og öðrum, sem stunda línuútgerð, sérstakan vináttuvott með því að hafa engan áhuga á því? Ég ræddi við hann einslega um það hvað eftir annað, en hann hafði engan áhuga á þeim efnum. Ég vona að áhugamaðurinn Kjartan Ólafsson fyrir línuútgerð reyni að hafa áhrif á áhugaleysi Lúðvíks Jósepssonar í þessum efnum.

Ég tek undir það, að ég sé ekki annað en að fiskverkunarstöðvar, sem taka við steinbít í febrúarmánuði, sem er vinnsluhæfur, geta borgað sama verð og verður á steinbít 1. mars og út þessa vertíð. Hitt hef ég til athugunar, eins og ég sagði áðan, í sambandi við útflutningsgjaldið, að það er ekkert meira að breyta því hvað steinbít snertir heldur en því hefur þegar verið breytt hvað snertir karfa.

Karvel Pálmason: Hv. forseti. Ég vil óska þess við hæstv. forseta að ég njóti sömu réttinda og hæstv. sjútvrh., að ég fái tvöfaldan tíma miðað við það sem hann hefur skammtað. Ég vil aðeins upplýsa það að hæstv. ráðh. þurfti ekki tvöfaldan tíma til þess að svara mínum fyrirspurnum, því að ég var ekki 5 mínútur með þær, þannig að ég óska eftir því að ég njóti sömu réttinda og hæstv. ráðh. og fái tvöfaldan tíma. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli á að í síðari ræðu hæstv. ráðh. notaði hann aðeins helminginn af þeim tíma sem hann hefði annars mátt hafa.) Nú, hæstv. sjútvrh. hefði ekkert þurft að lesa hér upp úr lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins vegna þeirrar fyrirspurnar sem ég gerði til hans áðan.

Ég spurði hann orðrétt og ég ætla að hafa það yfir aftur, þannig að hann geti heyrt það rétt, — ég spurði orðrétt í fyrsta lagi: „Var sjútvrh. ekki kunnugt um þá ákvörðun Verðlagsráðsins að lækka svo steinbítsverðið, áður en verðákvörðun var endanlega tekin?“ Var honum ekki kunnugt um það? Spurningin er ekki um það, hvort hann hefði staðfest það. Það er rangt hjá hæstv. ráðh.

Í öðru lagi spurði ég: „Er sjútvrh. samþykkur þessari verðákvörðun.“ Og það er aðalatriðið. Hvað sem hann segir nú um það, að hann hafi ekki sett stólinn fyrir dyrnar hjá fulltrúa ríkisstj. í Verðlagsráði, yfirnefndinni, um hvað hann ætti að gera, þá verður þessi ákvörðun að skrifast hjá hæstv. ráðh. Hafi hann verið með önnur sjónarmið en þarna urðu ofan á, hefði hann að sjálfsögðu átt að beita sér fyrir því, að hið réttláta sjónarmið hans, sem hann hlýtur að hafa talið, yrði ofan á í verðlagningunni. Ég tel a. m. k. og ég hygg að allir vestfirskir sjómenn telji að ábyrgð á þessu beri hæstv. sjútvrh., og það er vissulega köld kveðja til vestfirskra sjómanna frá núv. hæstv. ráðh.

Ég spurði í þriðja lagi: Ef svo er ekki, þ. e. a. s. ef ráðh. er ekki samþykkur þessari verðákvörðun, hyggst hann þá beita sér fyrir breytingu til leiðréttingar í rétta átt á verðákvörðuninni? Hann upplýsti hér áðan, að fiskvinnslustöðvar gætu að sjálfsögðu og hefðu samþ. að greiða hærra verð en Verðlagsráðið ákvarðaði. Út af fyrir sig er það rétt, þær geta það á hverjum tíma, ekki bara í þessu tilfelli, heldur öllum öðrum, ef þær vilja það og geta það. En mér hefur skilist að þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur gert að undanförnu í sambandi við efnahagsmál og hina slæmu stöðu fiskvinnslustöðvanna og fiskvinnslunnar í landinu, hafi verið gerðar vegna slæmrar stöðu hennar, en ekki vegna þess að þær gætu greitt miklu meira en viðkomandi verðlagsyfirvöld ákvörðuðu. Það skýtur þá skökku við. Og hvað sem þessu líður, að fiskvinnslustöðvar geti eða ætli að greiða hærra verð en verðákvörðunin varð, þá er hér um hrein mistök að ræða. Ég tek undir það, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði: Þetta eru mistök, herfileg mistök, og þau verður að

leiðrétta. Vestfirskir sjómenn una því ábyggilega ekki og kannske allra síst af hendi núv. hæstv. sjútvrh.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Það er greinilegt að hæstv. sjútvrh. er í mjög illu skapi og á erfitt með að ræða þessi mál, enda von þegar allt snýst svo á móti honum að jafnvel steinbíturinn á Vestfjörðum gerir uppreisn gegn honum og kemur til með að ganga í veiðarfærin á öfugum tíma við það sem hann hefur ætlast til. Ég hafði einmitt sagt, að ég efaðist ekkert um að það væri rétt, sem hæstv. ráðh. hefði sagt, að í þá reglugerð sem hann vitnaði til og ég hefði átt að gefa út hefði verið þetta ákvæði sem hann nefndi um steinbítsverð. Ég efast ekkert um það. Þetta sagði ég, svo að ég var ekki að rengja það sem hann sagði, síður en svo. Ég tók þetta fram. Það heyrði hæstv. ráðh. auðvitað ekki í öllum sínum ofsa. En ég sagði sem rétt er, að um það mál hefði aldrei verið rætt við mig sérstaklega, um ákvæði varðandi steinbítsveiðar á Vestfjörðum. Sú nefnd, sem hann vitnaði til, var sett til þess að setja reglur um mörkvastærð og um stærð á fiski sem veiddur er. Ég kannast við að um það mál hafi verið rætt við mig. Ég hef hins vegar í fullum trúnaði við þá n., sem skipuð var mönnum úr mörgum hagsmunahópum, staðfest till. hennar og í þessum till. er þetta að finna. Ég vildi láta koma fram að það er ástæðulaust að ætla að kenna mér sérstaklega um þetta, því að það hefur aldrei verið rætt við mig sérstaklega. Enda kom það greinilega í ljós, eins og ég benti á, að hæstv. ráðh. hafði fjallað um þetta atriði og gert á því breytingar. Það er aðalatriðið, sem ég benti hér á, að ákvörðun fiskverðs að þessu sinni fer fram með mjög óvenjulegum hætti og kemur eftir á og er vitanlega ekki saman að líkja við það sem áður hefur átt sér stað. Af þeim ástæðum kemur þetta illa við menn. Og fyrst hæstv. ráðh. er á sama máli og sjómennirnir fyrir vestan, að það ætti að hafa hér annan hátt á, þá á hann að beita sér fyrir leiðréttingu í þessum efnum. Ég trúi því ekki að hann geti ekki fengið þá leiðréttingu fram hjá Verðlagsráði. Mér finnst það vera harla langsótt, þegar hann fer svo að hæla sér fyrir það að hann hafi hækkað línufisksbætur úr 40 aurum upp í 60 aura, um 20 aura á kg. Ætli hann viti hvað kg. er verðlagt núna og hvað 20 aurar eru lítill hluti. Það er æðilangsótt að fara að hæla sér af því að hafa hækkað línufisksverð um 20 aura.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hefi litlu við að bæta. Það, sem fram hefur komið, eru aðallega endurtekningar, eins og hjá hv. síðasta ræðumanni. Það er þó allmikill munur á að línubætur hækki um 50% eða viðkomandi ráðh. standi gersamlega eins og hundur á beini að vilja engu hreyfa, eins og hann gerði í tvö eða þrjú ár, hvernig sem var farið fram á það við hann og honum bent á að þessi veiðigrein væri að dragast saman. Þá hafði hann ekki hátt hérna, hann „stóri-hávaði úr Bolungarvík", þegar hann var í flatsæng með Lúðvík Jósepssyni. Þá lét hann sér nægja að hafa sömu uppbætur á línufisk ár eftir ár. Þá var ekki áhuginn fyrir því.

En hver er áhuginn? Hvað er á bak við það sem er hér að gerast. Það er fyrst og fremst að reyna koma eitthvað við bakið á mér af því að ég er þm. Vestf. Þetta er ákaflega stórbrotinn maður og virðulegur og þykir gaman að tala, og það væri auðvitað sjálfsagt að nota gamla ræðustólinn, sem var lagður hér af, og lofa þessum þm. að tala í honum einhvers staðar annars staðar en hérna, því að manninum þykir svo gaman að tala og hann heldur að hann sé algerlega ómissandi. Hann er búinn að fá svar við fsp. sínum, sem hann kom fram með í upphafi. Svo kemur hann og belgir sig upp og það heyrist alla leið til Bolungarvíkur, að hann hafi spurt þessarar spurningar, sem ég var búinn að svara, og hann vildi fá að vita þetta og hitt, sem ég var búinn að svara. Þetta er að þykja vænt um sjálfan sig og vera hrifinn af sjálfum sér. Ég veit að það er ekkert á bak við það, það er enginn áhugi, því að hann veit að sjómenn koma til með að fá þetta verð fyrir steinbít sem er vinnsluhæfur. Það er búið að fallast á það, ég er búinn að taka það fram. Fiskvinnslustöðvarnar geta greitt þetta eftir gengisbreytinguna sem Karvel Pálmason var á móti og öllum umbótum til þess að hækka fiskverð. Þetta liggur alveg hreint fyrir. Ef við breytum útflutningsgjöldum á þann hátt, sem ég er að hugsa um, þá held ég að komi ekki til með að standa neitt á því að fiskvinnslustöðvarnar almennt greiði það verð fyrir fisk sem er vinnsluhæfur eftir 1. mars eins og áður. En svo má þessi hv. þm. halda áfram að skemmta sjálfum sér og sínu innræti fyrir mér.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég tel að það sé nauðsynlegt að ég fái að segja hér örfá orð vegna einmitt þess illskukasts sem hæstv. sjútvrh. er vissulega kominn í. Ég tel að ég sé borinn sökum þegar það er sagt, að ég noti þetta tækifæri til að koma í bakið á hæstv. ráðh. En það þurfti ekki mig til að koma í bakið á honum og það er ekki gert vegna þess. Hann hefur líklega ekki heyrt raddir vestfirskra sjómanna núna alls staðar að á Vestfjörðum. Það hefur aldrei gerst fyrr, að ég man eftir og hef ég fylgst með málum sjómanna á Vestfjörðum í langan tíma, að hver og einn einasti sjómaður á línubátum hafi sagt upp starfi vegna aðgerða ríkisvaldsins og þar skuli vera í fararbroddi 1. þm. Vestf. Það er það hlálegasta. (**Sjútvrh.:** Varstu ekki að kynda undir?) Var ástæða til þess? (**Sjútvrh.:** Ertu ekki alltaf að því?)

Hæstv. ráðh. sagði að línuuppbót hefði staðið í stað í tíð vinstri stjórnarinnar. Þetta er rangt. Hún var hækkuð, en hún stóð í stað í tvö ár í tíð viðreisnar. Tvö næstsíðustu ár viðreisnarstjórnarinnar stóð hún í stað, en hún var hækkuð á árinu 1972, í tíð vinstri stjórnarinnar, þannig að þetta er rangt líka.

Ég fullvissa hæstv. ráðh. um það, að ég er ekki að koma í bakið á honum. Hér eru aðeins

fluttar inn á Alþ. þær háværu kröfur vestfirskra sjómanna sem hann veit sjálfur að hafa verið uppi undanfarna daga og geta leitt til þess að vestfirski bátaflotinn stöðvist, og það er vegna aðgerða ríkisvaldsins sem þessi hæstv. ráðh. ber kannske höfuðábyrgð á í þessum efnum.

Útvarpslög, frv. (þskj. 92, 309). — Frh. 3. umr.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Þetta fyrirferðarlitla mál, sem hér liggur enn fyrir, hefur vakið umr. sem að umfangi eru í öfugu hlutfalli við lengd frv. Ástæðan liggur í augum uppi. Hún er sú, að menn gera sér ljóst hversu miklu skiptir um þá dagskrárstefnu, sem rekin er í Ríkisútvarpinu, og þær aðstæður, sem yfirstjórn dagskrárinnar, útvarpsráð, býr við í starfi sínu.

Það var einróma Alþ. sem samþ. núgildandi skipan um aukið sjálfstæði Ríkisútvarps og endanlegt úrskurðarvald útvarpsráðs um dagskrárefni. Fastákveðið kjörtímabil útvarpsráðs var talið ómissandi þáttur í þessari stefnumótun. Tilefni þess, að útvarpslögunum var breytt á þennan hátt fer ekki heldur milli mála. Það var almenn óánægja sem ríkti um áberandi dæmi þess að tilteknum skoðunum og mönnum var með íhlutun stjórnvalda bægt frá því að koma fram í útvarpi og sjónvarpi.

Nú rökstyðja flestir stuðningsmenn frv., sem til máls hafa tekið, afstöðu sína með því, að núv. útvarpsráð hafi brugðist óhlutdrægnisskyldu sinni, að vísu ekki með því að útiloka skoðanir, heldur með því að gera skoðunum, sem þessum hv. þm. gest ekki að ótilhlýðilega hátt undir höfði. Um meðalhófið í gæslu óhlutdrægni má að sjálfsögðu lengi deila. En sé grannt skoðað er óánægja með hlutföll í útvarpsefni af þessu tagi engin ástæða til að raska reglu um kjörtímabil útvarpsráðs. Breyting og leiðrétting, ef menn vilja kalla það svo, fæst með því að kosið verður nýtt útvarpsráð að liðnu kjörtímabili þess sem frá fer.

Menn ættu við yfirvegun að geta gert sér grein fyrir því, að með afnámi fasts kjörtímabils eru störf útvarpsráðs ekki einungis torveldað með því að baka því sífellda óvissu um starfstíma, heldur er einnig útvarpsráð gert ósjálfstæðara gagnvart öllum breyt. á stjórnmálahlutföllum á Alþ. Föst skipan á kjörtímabili útvarpsráðs getur ekki, þegar til lengdar lætur, orðið einni né neinni stjórnmálastefnu eða stjórnmálaflokki í hag, því að hið eina, sem ég býst við að við getum öll orðið sammála um að sé öldungis víst og fyrirsjáanlegt í íslenskum stjórnmálum, er að kjósendur muni hér eftir sem hingað til veita flokkum og stefnum brautargengi á víxl eftir því sem þeim tekst að ávinna sér tiltrú eða fyrirgera henni.

Flutningur þessa frv. er því skaðlegur samfelldum og skipulegum vinnubrögðum við dagskrárgerð Ríkisútvarpsins og ber að minum dómi vott um bráðræði sem á sér ekki gilda ástæðu. Það eru ekki traustvekjandi vinnubrögð að hrinda skipun, sem Alþ. hefur sett einróma að vandlega athuguðu máli, í því einu skyni að veita nýjum þingmeirihluta tækifæri til að breyta skipan útvarpsráðs einu missiri fyrr en til slíks kæmi hvort eð er að óbreyttum lögum.

Ég hef fyrr vakið athygli hv. d. á því, að hæstv. menntmrh. vill með engu móti gangast við röksemdafærslu og málflutningi áköfustu stuðningsmanna frv. sem hann flytur. Hæstv. ráðh. kveðst einungis hafa skipt um skoðun frá því 1971, þegar hann greiddi núgildandi skipan atkv. Frv. sé af sinni hálfu á engan hátt beint gegn meiri hluta núv. útvarpsráðs né verkum hans.

Nú er mér spurn: Finnst hæstv. ráðh. að það sé viðunandi, að þetta mál hans verði afgreitt hér á Alþ. á forsendum sem hann fyrir sitt leyti hefur lýst yfir að hann telji falskar?

Geri hæstv. ráðh. þetta, ómerkir hann í rauninni allan málflutning sjálfs sín í þessu máli. Ég sé í rauninni ekki, að hæstv. ráðh. eigi annað ráð, ef hann vill láta taka alvarlega að fyrir honum vaki skipulagsbreyt. um kjörtímabil útvarpsráðs hrein og skær, alls ekkert annað en það að taka frv. aftur á þessu þingi, en flytja það á ný að hausti þegar hvort eð er ber að kjósa nýtt útvarpsráð. Þá á Alþ. þess kost að fjalla um skipulagsbreyt. eina án þess að henni blandist þau persónulegu og flokkspólitísku sjónarmið sem vaðið hafa uppi í þessum umr., en hæstv. ráðh. kveðst vilja vísa frá sér af þvílíkum ákafa, að helst minnir á afneitunina frægu í helgri bók: „Vík frá mér, Satan“.

En til þess að afneitun hafi gildi, jafnt í sáluhjálparefnum og í stjórnmálum þarf að sjást að henni fylgi kraftur. Þegar frelsarinn ávarpaði höfðingja myrkranna hrapaði skrattinn fram af musterisburstinni í Jerúsalem og sá í iljar honum, þar sem hann steyptist í undirdjúpin. Þótt fúslega skuli viðurkennt að hér sé ólíku saman jafnað, hef ég bent hæstv. ráðh. á úrræði sem honum dugir til að sýna að hugur fylgir máli varðandi frv. sem hér er til umr.

Því skora ég á hæstv. menntmrh. að reka af sér allt slyðruorð um að afneitun hans sé kraftlaus með því að taka margumrætt frv. aftur þangað til Alþ. getur um það fjallað án þess að í meðferð þingsins blandist nokkuð annað en sú breyt. á kjörtímabili útvarpsráðs, sem hæstv. ráðh. segir sitt eina og hreina markmið með flutningi málsins.

Umr. (atkvgr.)frestað.

Trúfélög, frv. (þskj. 24, n. 282, 302). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B Schram): Hæstvirti forseti. Allshn. Nd. hefur haft þetta frv. til meðferðar og sent það til umsagnar nokkurra aðila, einkum þó sértrúarsafnaða, sem starfandi eru hér á landi. Það er skemmst frá því að segja, að umsagnir hafa ekki borist utan ein eða tvær og þær hafa verið á þá leið, að þeir aðilar væru meðmæltir samþykkt þessa frv. eins og það lægi fyrir.

Óþarfi er að rekja efni þessa frv. ítarlega, það hefur verið gert í framsögu hæstv. kirkjumrh. Það kom fram, eins og reyndar í grg. frv., að

löggjöf um þessi efni, um söfnuði utanþjóðkirkjumanna, væri ófullnægjandi og væri tímabært að setja skýrari reglur þar að lútandi. Einkum hefur það ýtt á eftir þessu máli að nokkrar umr. hafa verið um stöðu utankirkjumanna í þjóðfélaginu á undanförnum missirum og sýnst sitt hverjum. N. hefur komist að þeirri niðurstöðu að mæla með samþykkt frv., en Kjartan Ólafsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ríkisforlag, frv. (þskj. 284). — 1. umr.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Tilgangurinn með flutningi frv. á þskj. 284 er, eins og ég tel það beri með sér, tvíþættur. Annars vegar miðar frv. að því, að það fjármagn — það mikla fjármagn vil ég segja, sem ríki og ríkisstofnanir verja til útgáfustarfsemi, nýtist sem best og þar sé allrar hagsýni gætt. Hins vegar og ekki síður er ætlunin með flutningi þessa frv. að stuðla að því, að sú fjölþætta upplýsingastarfsemi, sem ríki og ríkisstofnanir hljóta að reka með útgáfu hvers kyns rita sem þau standa að sé sem tiltækust öllum almenningi sem á þessum upplýsingum þarf að halda.

Eins og í grg. kemur fram er það æði-almenn reynsla þeirra, sem einhverra hluta vegna þurfa að afla sér upplýsinga úr opinberum plöggum, að það er bæði tafsamt og torvelt að tína slík upplýsingarit saman, oft á mjög mismunandi stöðum. Á það við um slík höfuðgögn í starfsemi ríkisins sem til að mynda lög, sem sett hafa verið, og reglugerðir svo og hvers konar skýrslugerð sem ríkisstofnanir hafa með höndum.

Nú er sá háttur á, að hver ríkisstofnun eða rn. sér um sig, um útgáfu er varðar þau mál, sem þar er um fjallað. Ég er ekki í neinum vafa um að til þess er varið miklu fé og miklum starfskröftum þegar allt er talið, en heildarupplýsingar um það er hvergi að fá. Það er því að mínum dómi og meðflutningsmanns míns tvímælalaust mikil vinnuhagræðing fyrir ríkið að komið yrði á einni stofnun, sem hefði yfirsýn yfir þessa útgáfustarfsemi í heild og annaðist enn fremur sjálf útgáfustarfsemi eftir því sem hagkvæmt þætti að fela slíkri miðstöð. Ég held að ekki þurfi að lýsa fyrir hv. þm. vinnusparnaði og hagræði fyrir þá, sem upplýsinga þurfa að afla, að geta gengið að þeim á einum stað frekar en þurfa að leita milli margra rn., stofnana og skrifstofa til þess að afla sér þeirra gagna sem þörf er á hverju sinni.

Í 1. gr. er kveðið á um nafn þessarar fyrirhuguðu stofnunar, hún skuli heita Ríkisforlag, og er slíkt auðvitað ekkert höfuðatriði. En höfuðatriði frv. felst í 2. gr. um að ríkisforlag þetta skuli hafa annars vegar yfirsýn yfir útgáfu allra rita, gagna, bóka, blaða og bæklinga og annars prentaðs máls, er fram fer í upplýsingaskyni á vegum ríkisins og stofnana þess, og hafa jafnan þetta efni til sölu og dreifingar á einum stað. Hins vegar er gert ráð fyrir að forlag þetta annist sjálft útgáfu rita á vegum rn. og ríkisstofnana, eftir því sem starfssvið og starfshættir stofnunarinnar verða nánar ákvarðaðir í reglugerð. Okkur flm. þykir það allt of viðurhlutamikið að ganga út frá því sem gefnu, að það sé sjálfsagt að fela einni stofnun alla þessa útgáfustarfsemi á ríkisins vegum. Það teljum við að verði best ákvarðað með reglugerð eftir nánari athugun. Þá er einnig í 2. gr. gert ráð fyrir því, að Ríkisforlagið leiti samráðs við landssamtök, sem helst eiga hlut að máli, um upplagsstærð þeirra rita, svo sem laga og reglugerða, sem sérstaklega varða málefni meðlima þeirra. Þetta teljum við að sé nauðsynlegt að taka fram, því að það mun allalgeng reynsla, að þegar leitað er eftir tilteknum gögnum, meira að segja lögum og reglugerðum, þá reynist upplag þrotið og þessi nauðsynlegu gögn jafnvel ekki fáanleg langtímum saman. En ég vek sérstaklega athygli á orðalaginu í 2. gr., að það, sem lagt er til að Ríkisforlagið sjái um, varðar þau rit ein sem ríki og ríkisstofnanir gefa út í upplýsingaskyni.

Í grg. er tekið fram, að ekki sé ætlast til að þessi nýja stofnun seilist inn á verksvið þeirra ríkisforlaga sem fyrir eru og hafa með höndum afmarkaða útgáfu, annaðhvort til skólanota eða fyrir almennan markað, eða hin sérhæfða fræðiritaútgáfa sem t. d. fer fram í Stofnun Árna Magnússonar.

Í 3. gr. er ákvæði um að við stofnun þessa Ríkisforlags skuli hagnýta starfskrafta þeirra er þegar vinna við útgáfustörf á ríkisins vegum, þannig að sparnaður og vinnuhagræðing náist

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að Ríkisforlag heyri undir félmrn. Þessi till. byggist á því, að sú upplýsingaskylda og sú upplýsingamiðlun, sem fram fer á vegum ríkisins, beinist líklega ekki að neinum stærra hópi en til sveitarstjórnarmanna og þeirra sem fjalla um margvísleg sveitarstjórnarmál. Því er ákvæðið um að félmrn. skuli hafa yfirstjórn Ríkisforlags. Ég skal viðurkenna, að þetta er ekki sjálfgefið. T. a. m. kunna menn að benda á, að dómsmrn. sér um útgáfu Stjórnartíðinda, Lagasafns og Lögbirtingablaðs. Vissulega mætti því færa rök að því, að Ríkisforlag ætti þar e. t. v. heima. En þetta er atriði sem ég tel eðlilegt að athugað verði í n.

Ákvæðin í 5. gr. eiga að dómi okkar flm. að tryggja það, að stofnun Ríkisforlags verði a. m. k. ekki til þess að auka ríkisútgjöld og jafnvel til þess að draga úr þeim. Við teljum að útgáfan og útgáfuþörfin verði nokkuð jöfn, hvort sem þetta Ríkisforlag starfar eða ekki, hvort sem það verður stofnað eða hver ríkisstofnun og rn. haukar í sínu horni við útgáfu og dreifingu rita og ritlinga.

Það mun hafa verið nokkuð almenn regla og vera enn, að ríkisstofnanir útbýti ókeypis þeim ritum sem þær gefa út beinlínis í upplýsingaskyni. Okkur flm. finnst rétt, að Ríkisforlag taki eðlilegt og hæfilegt gjald fyrir þessa þjónustu, sem nægi til þess að mæta kostnaði bæði við útgáfu og við þá dreifingu sem ætti sér stað á vegum Ríkisforlags. Þó er í 2. málsl. þessarar gr. gert ráð fyrir því, að áfram geti haldið ókeypis dreifing þeirra gagna, sem þykja varða hagsmuni svo mikils fjölda þegnanna eða svo samfellds hóps að viðkomandi ráðh. þyki sjálfgefið að dreifa þeim ókeypis.

Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta frv., herra forseti, en leyfi mér að leggja til að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2 umr. og hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 285). — 1. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. 1. flm. þessa frv. er Jón Baldvin Hannibalsson. Þar eð hann hefur vikið af þingi mun ég sem meðflm. hans fylgja málinu úr hlaði.

Frv. fjallar um tvær breyt. á l. um stéttarfélög og vinnudeilur. Þessi löggjöf, sem er hin mikilsverðasta, er nú senn 40 ára gömul. Hún hefur stórfellda þýðingu vegna þess að á henni byggist kjarabarátta hinna vinnandi stétta í landinu, en framvinda þeirrar kjarabaráttu hefur að sjálfsögðu veigamikil áhrif á efnahag landsins

Enda þótt lögin séu tekin að eldast, er ekki svo að skort hafi hugmyndir um breyt. á þeim en þessi lög eru a. m. k. verkalýðshreyfingunni ákaflega viðkvæm, og hefur ávallt farið svo að hugmyndir um breytingar hafa runnið út í sandinn. Að þessu sinni er þó ekki gerð till. um *að breyta neinum af hinum veigameiri atriðum* sem snerta vinnudeilur, verkföll eða annað slíkt, sem mest hefur verið um deilt, heldur er aðeins gert ráð fyrir tveim breyt. er varða stöðu trúnaðarmanna á vinnustöðum.

Á síðari árum hefur í mjög vaxandi mæli verið talað um efnahagslegt lýðræði, og hefur þar verið átt við að vinnandi fólk ætti að fá aukna hlutdeild í stjórn þeirra fyrirtækja sem það starfar hjá og aukin áhrif á það hvernig vinnustaðir og vinnutilhögun eru. Þá komu fram um þetta margar till. hér á Alþ., og í nágrannalöndum okkar hafa verið stigin allstór skref í áttina til þessa atvinnulýðræðis. Þegar það mál er nánar athugað kemur í ljós, að atvinnulýðræði byggist að verulegu leyti á því, að fyrir hendi sé vel þróað kerfi trúnaðarmanna á öllum helstu vinnustöðum. Reynslan er sú í nágrannalöndum, að slíkt trúnaðarmannakerfi er ekki aðeins uppistaða verkalýðshreyfingarinnar, heldur líka nauðsynlegt grundvallaratriði áður en hægt er að gera atvinnulýðræði í einu eða öðru formi að veruleika. Trúnaðarmannakerfið er að ýmsu leyti skóli og uppeldismiðstöð fyrir vinnandi fólk. Þeir, sem taka að sér störf trúnaðarmanna, hljóta margvíslega þjálfun. Þeir kynnast vinnustöðunum, fyrirtækjunum, svo og samverkafólki sínu, óskum þess og kröfum, betur en aðrir. Úr þessum hóp hafa oft komið menn sem reynast efni í forustumenn fyrir samtökum launastéttanna. Störf trúnaðarmannanna eru því ekki aðeins mikilvæg fyrir vinnustaðina sjálfa, fyrir atvinnurekendur, sem hafa megináhuga á því að vinnan gangi snurðulítið, og síðast, en ekki síst fyrir vinnandi fólk sjálft, sem þarf að eiga einhverjar opnar leiðir til þess að koma á framfæri óskum sínum og umkvörtunum ef einhverjar eru.

Ef litið er á þetta tvennt, hvaða þýðingu trúnaðarmannakerfið hefur fyrir verkalýðshreyfinguna og það er þjóðarnauðsyn að verkalýðshreyfing öðlist hæfa og góða forustumenn og einnig hvaða þýðingu trúnaðarmannakerfið hefur í sambandi við hugsanlega uppbyggingu á atvinnulýðræði, þá er eðlilegt að í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur séu skýr og ítarleg ákvæði um þetta atriði. Það frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir því að ákvæðunum um trúnaðarmannakerfið verði breytt, þau gerð ítarlegri og fullkomnari, en verði ekki eins almenns eðlis og eins lauslega orðuð og þau eru í 10. gr. hinna tæplega fertugu laga.

Mál þetta hefur verið rætt nú undanfarið innan verkalýðshreyfingarinnar í fræðsluhópum og á fundum og hafa þar mjög almennt komið fram skoðanir í þá átt, að nauðsynlegt sé að byggja upp sterkari kerfi trúnaðarmanna á vinnustöðum en hér hafa verið til þessa. Er þá ekkert eðlilegra en að löggjöfin komi þar á undan og mæli svo fyrir sem nauðsynlegt verður talið til þess að trúnaðarmannakerfin geti farið batnandi og eins fljótt og unnt er uppfyllt þau skilyrði, sem nauðsynleg eru.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta frv. á þessu stigi, en legg til að því verði að lokinni umr. vísað til 2 umr. og hv. félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 42. fundur.

Þriðjudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Páll Þorbjörnsson skipstjóri og fyrrv. alþm. varð bráðkvaddur í heimabæ sínum, Vestmannaeyjum, s. l. fimmtudag, 20. febr., 68 ára að aldri.

Páll Þorbjörnsson var fæddur 7. okt. 1906 í Vatnsfirði í Norður-Ísafjarðarsýslu. Foreldrar hans voru Þorbjörn héraðslæknir á Bíldudal Þórðarson bónda á Neðri-Hálsi í Kjós Guðmundssonar og kona hans, Guðrún Pálsdóttir prófasts og alþm. í Vatnsfirði Ólafssonar. Hann hóf ungur sjómennsku úr heimabyggð sinni og vann sjómannsstörf lengstum á árunum 1920—1932. Gagnfræðaprófi við Menntaskólann í Reykjavík lauk hann utanskóla vorið 1922, var við nám í Stýrimannaskólanum í Reykjavík veturinn 1929—1930 og lauk þaðan farmannaprófi vorið 1930. Eftir það var hann um skeið stýrimaður hjá Skipaútgerð ríkisins. Árið 1932 fluttist hann til Vestmannaeyja og gerðist þar kaupfélagsstjóri og síðar skipstjóri og útgerðarmaður. Síðustu árin stundaði hann umfangsmikil kaupsýslustörf, rak heildsölu- og smásöluverslun með veiðarfæri og aðrar útgerðarvörur.

Páll Þorbjörnsson átti sæti í bæjarstjórn Vestmannaeyja á árunum 1934—1950 og gegndi öðrum trúnaðarstörfum fyrir bæjarfélagið. Landsk. alþm. var hann eitt kjörtímabil, 1934—1937, sat á 4 þingum. Hann var í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins 1935—1937 og yfirskoðunarmaður ríkisreikninga 1936—1937.

Víst má telja, að ungum hafi Páli Þorbjörnssyni staðið opnar ýmsar leiðir til frama. Hann valdi sér sjómennsku að ævistarfi og vann flest störf sín í tengslum við sjósókn og siglingar. Á Alþingi átti hann sæti í sjútvn. og ræður hans á þingi fjölluðu flestar um þau málefni. Á heimsstyrjaldarárunum var hann löngum í siglingum og auðnaðist honum þá að bjarga mörgum mannslífum úr sjávarháska. Í Vestmannaeyjum átti hann heimili í rúma fjóra áratugi við miklar athafnir og umsvif og þar féll hann frá skyndilega.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Páls Þorbjörnssonar með því að rísa úr sætum. — (Þm. risu úr sætum.)

Flutningskostnaðarnefnd, fsp. (þskj. 41). — Ein umr.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þessi fsp. á þskj. 41 var gerð af Vilhjálmi Sigurbjörnssyni, sem gegndi þingstörfum í fjarveru minni á haustþinginu og er á þessa leið, — hún er til samgrh. um störf flutningskostnaðarnefndar:

„1. Hvað líður störfum mþn., sem kjörin var í samræmi við þál. frá 10. apríl 1973 um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag á þeim flutningum?

2. Hvenær má vænta álitsgerðar n.?“

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. á þskj. 41 vil ég gefa upplýsingar um störf n. sem fyrir liggja, en þannig er ástatt um störf þessarar n., að formaður hennar varð menntmrh. á s. l. hausti og hefur af skiljanlegum ástæðum þess vegna ekki getað sinnt þessum störfum. Hann hefur hins vegar sagt því starfi lausu og við því starfi hefur tekið hv. 5. þm. Austf. Þess vegna get ég ekki svarað síðari liðnum, hvenær nál. liggi fyrir. En maður, sem starfaði hjá n., Guðmundur Einarsson deildarstjóri í fjmrn., hefur gefið svo hljóðandi skýringar á þeim atriðum sem til meðferðar höfðu verið hjá n.:

Áætlað er, að árið 1971 hafi vöruflutningar skipst á milli flutningatækja á eftirfarandi hátt miðað við tonn og km. Bílar 91%, skip 7%, flugvélar 2%. Á leiðum, sem eru 300 km eða lengri, er áætlað að hlutdeild bíla hafi verið 69%, skipa 26% og flugvéla 4—5%. Þróun undanfarandi ára hefur verið í átt til dýrari flutningsmáta, þ. e. hlutdeild bíla og flugvéla hefur aukist á kostnað skipanna.

Helstu ástæður þessarar þróunar eru:

1. Bættar samgöngur í lofti og á landi, en tiltölulega litlar framfarir í flutningum á sjó, t. d. með hraða og vörumeðferð.

2. Bætt þjónusta flutningaaðila á landi og í lofti, t. d. heimkeyrsla á vörum.

3. Léleg aðstaða Skipaútgerðarinnar til vörumóttöku og að því er virðist lítill áhugi á að ná til sín flutningum.

4. Ósamræmi í skattlagningu flutningatækja. Talið er, að öll opinber gjöld af rekstri vörubíla nemi um ⅓ hluta af tilkostnaði hins opinbera við þá.

5. Auknar kröfur um hraða og fljóta afgreiðslu, m. a. aukning verðmætisflutninga. Tilhneiging verður þá til að velja flutningatæki sem fljótari eru í förum þótt dýrari séu en önnur.

6. Flókin gjaldskrá í vöruflutningum á sjó.

Það er augljóst, að með þessari þróun verða flutningar dýrari að sumu leyti og óhagkvæmari en vera þyrfti, a. m. k. frá félagslegu sjónarmiði.

Nokkrar fleiri skýringar eru hér:

1. Endurbætt leiðakerfi Skipaútgerðar ríkisins dregur úr hringferðum og teknar upp ferðir til Vestfjarða og Austfjarða. Kanna þyrfti möguleika á að flóabátar tækju að einhverju leyti við flutningum, t. d. Drangur á Norðurlandi.

2. Fækka skipum Skipaútgerðar ríkisins, en samvinna er tekin upp við flutningsaðila á landi um framhaldsflutning eftir því sem hagkvæmara reyndist.

3. Aukin tækni í vörumeðferð, t. d. með aukinni notkun gáma og aukinni hagræðingu við notkun þeirra.

4. Bætt aðstaða til vörumóttöku, sérstaklega í Reykjavík.

5. Aukin þjónusta við neytendur, þ. e. a. s. heimkeyrsla á vörum, og aukið söluátak, þ. e. reynt að hafa frumkvæði að ná flutningum.

6. Endurnýjun skipastóls sem þörf er á og þess þá gætt að ný skip séu sem nýtískulegust.

Aðrar hugmyndir, er varða samgöngur á sjó: Ný skip sem sigla beint milli ákveðinna staða, t. d. Reykjavíkur og Akureyrar, bílferja sem sigldi á milli Reyðarfjarðar og Bergen. Aðbúnaður sé allur miðaður við að farmgjöld verði sem lægst með viðunandi þægindum, þó að hluti farrýmis verði færanlegur, þannig að nota megi til vöruflutninga á vetrum, t. d. á nýjum bílum. Einföldun vörugjalda í höfnum.

Flutningar á landi.

1. Umferðarmiðstöðvar á krossgötum til að auðvelda umhleðslu gætu bætt nýtingu flutningatækja og aukið tíðni ferða til smærri staða, mundu auk þess skapa möguleika á flutningum milli staða, þar sem ekki er um að ræða beinar ferðir.

2. Aukin áhersla á bundið slitlag. Mjög mikill hluti vegakerfisins hefur nú þegar svo mikla umferð að lagning bundins slitlags væri arðbær fjárfesting. Mundi það draga mjög úr rekstrarkostnaði bíla.

3. Aukin notkun gáma.

Flutningar í lofti: Skipulag flutninga í lofti er tiltölulega gott. Þó eru þar undantekningar. Það er helst gæti staðið til bóta er:

1. Sérstök flugvél eða flugvélar staðsettar á Akureyri, sem flygju til hinna einstöku staða á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum. Sérstök þörf er fyrir slíka þjónustu á Norðurlandi og Grímsey.

2. Bætt aðstaða í Reykjavík og úti á landi með tilliti til afgreiðslu.

3. Endurbættir flugvellir, m. a. í Reykjavík með nýjum flugvelli á Álftanesi — sem ég held að sé nú ekki um að ræða.

Flutningar almennt: Samræming í skattlagningu flutningatækja með tilliti til tilkostnaðar hins opinbera við þau. Aukin samræming í flutningi hinna ýmsu flutningatækja, m. a. við umferðarmiðstöð, og notkun gáma.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að þessar upplýsingar, sem ég hef lesið hér, eru hugmyndir sem starfsmaður n. hefur tekið saman, en eru hvorki till. n. þeirrar, sem um hefur fjallað, né samgrn. A. m. k. vil ég taka það skýrt fram, að nýr flugvöllur á Álftanesi mundi ekki verða samþykktur af minni hendi. Hins vegar eru í þessu margar góðar ábendingar sem n. sú, sem nú mun taka til starfa á nýjan leik, mun taka til athugunar.

Þetta svar verð ég að láta nægja við fsp. vegna þeirrar breytingar sem orðið hefur á störfum n.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans og sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar við þetta tækifæri.

Það er, eins og öllum hv. þm. er ljóst, mikið vandamál fyrir landsbyggðina að þurfa að búa við þau skilyrði að flytja yfirleitt vörur sínar í gegnum Reykjavík frá útlöndum. Þetta kemur auðvitað hastarlega niður á vöruverði úti á landi og hefur þau áhrif að vörur eru þar yfirleitt dýrari en hér í Reykajvík.

Ég get ekki stillt mig um, af því að ég hef ákveðin dæmi fyrir framan mig, að nefna tilvik um vörusendingar, sem gefa góða hugmynd um það, hvað hér er í húfi. Það eru timbursendingar sem flytja átti með skipi erlendis frá og til hafna á Austurlandi. Ég nefni tvö tilvik. Í öðru tilvikinu er millilandafragt 370 þús. kr., en framhaldsfragt eða strandfragt sömu sendingar frá Reykjavík og austur á Reyðarfjörð um 170 þús. kr. Í hinu tilvikinu er millilandafragtin tæplega 180 þús. kr., en strandfragtin til hafnar á Austfjörðum tæplega 100 þús. kr. M. ö. o.: flutningsgjald á sömu vöru er 35—40% hærra til Austfjarðahafna en það er til Reykjavíkur og hefur auðvitað tilsvarandi áhrif á vöruverðið á þessum báðum stöðum.

Ég vil endurtaka þakkir til hæstv. ráðh. og vonast til að þessi n., sem vinnur að gagnmerku starfi. starfi áfram og skili sem fyrst áliti og till. til hv. Alþ.

Söluskattur af framflutningsgjöldum, fsp. (þskj. 41). — Ein umr.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þessi fsp. var einnig flutt af Vilhjálmi Sigurbjörnssyni á sínum tíma til hæstv. fjmrh. um söluskatt af framflutningsgjöldum og hljóðar þannig:

„Hefur ráðh. látið kanna möguleika á því að fella framflutningsgjöld undan álagningu söluskatts, þannig að sú hækkun vöruverðs til neytenda, sem verður vegna strandflutninga og af öðrum flutningskostnaði innanlands, verði undanþegin álagningu söluskatts?“

Ég hygg, að það sé einhver misskilningur í sambandi við þessa fsp., sem væntanlega upplýsist af hálfu hæstv. ráðh., og leyfi ég mér að þakka honum fyrir fram fyrir svarið.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hugtakið framflutningsgjald, eins og það er í þessari fsp., er skilið á þann veg að hér sé um flutningsgjald af vöru að ræða sem leggst við vöruverð til viðbótar öðru flutningsgjaldi sem áður hefur verið reiknað inn í vöruverðið. Vöruflutningar eru undanþegnir söluskatti og hefur svo verið allt frá 1960. Nú í sumar voru upp- og útskipunargjöld einnig undanþegin söluskatti. Með hliðsjón af þessu verður sennilega að skilja fsp. þá, sem hér liggur fyrir, þannig, hvort unnt sé fyrir seljendur vöru að skilja kaupverð í sundur annars vegar í svokallað framflutningsverð og hins vegar í annað verð. Efni fsp. er þá nánast hvort unnt sé að nota hið svokallaða annað verð sem söluskattsstofn. Hitt er talið ógerlegt. Seljendur vöru hafa yfirleitt litla eða enga möguleika á því að greina hið svokallaða framflutningsverð frá heildarandvirði vöru.

Með hliðsjón af framansögðu hefur þetta mál ekki verið kannað sérstaklega og minna verður á, að allar undanþágur frá söluskatti gera eftirlit með þeim skatti erfiðara en ella, svo að þeim markmiðum, sem talið er æskilegt að ná, verði helst að ná með öðrum hætti en fella niður söluskattinn.

Fræðsluskrifstofur, fsp. (þskj. 111). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Á þskj. 111 hef ég leyft mér að flytja fsp. í tveimur tölul. til hæstv. menntmrh. um kostnaðarhlut sveitarfélaga varðandi stofnun og starfrækslu fræðsluskrifstofu í fræðsluumdæmum. Það er orðið nokkuð langt síðan þessi fsp. var borin fram og því vonandi ástæða til þess að ætla að hæstv. ráðh. sé búinn að taka það mál til úrlausnar sem hér er spurt um.

Eins og hv. þm. er kunnugt er í nýsamþykktum grunnskólalögum gert ráð fyrir því að skipta landinu í fræðsluumdæmi. Í hverju fræðsluumdæmi á að starfrækja fræðsluskrifstofu og eiga þessi umdæmi að hljóta nokkra sjálfstjórn í fræðslumálum, þannig að fræðsluskrifstofurnar séu nokkurs konar fulltrúar menntmrn. á þessum stöðum.

Nú hefur komið í ljós um þetta eins og svo fjölmargt annað, þegar á að dreifa valdi út um landsbyggðina, að gert er ráð fyrir því að fólkið í fræðsluumdæmunum leggi í talsverðan kostnað til þess að fá þessa þjónustu, þó að ekki sé vitað til þess t. d. að reykvíkingar hafi þurft að greiða sérstaklega fyrir þau forréttindi — skulum við e. t. v. segja — að hafa helstu stjórnsýslumiðstöðvar landsins staðsettar í Reykjavík. Er það raunar furðuleg framkvæmd á byggðastefnu ef svo á að vera, að sé verið að bjóða fólki í hinum dreifðu byggðum landsins að fá til sín ákveðnar stjórnsýslumiðstöðvar gegn því að senda þeim reikning jafnhliða, þar sem þeim er gert að borga stórfé til þess að halda þessum skrifstofum uppi.

Þetta mál var töluvert mikið rætt á þingi Fjórðungssambands vestfirðinga á s. l. hausti, og skömmu eftir að það þing var haldið fóru forráðamenn sambandsins suður til Reykjavíkur til þess að kanna frekar þetta mál og spurðust m. a. fyrir um það, hvort menntmrn. væri búið að gera einhverja útreikninga á rekstrarkostnaði og stofnkostnaði við þessar skrifstofur. Þá mun í

ljós hafa komið, eftir því sem mér er sagt, að það hafi ekki legið fyrir af menntmrn. hálfu. Eftir þær fregnir gerði stjórn Fjórðungssambands vestfirðinga sjálf áætlun um rekstrarkostnað og stofnkostnað við fræðsluskrifstofuna í Vestfjarðaumdæmi, og þar kom í ljós að samtals nemur árlegur rekstrarkostnaður og kaupverð innbús 6 millj. 67 þús. kr. samkv. áætlun stjórnar Fjórðungssambandsins, þar af er vestfirskum sveitarfélögum ætlað að greiða 2.8 millj.

Mér er kunnugt um það, að Fjórðungssamband vestfirðinga hafði ekki á þingi sínu í haust gert ráð fyrir því að þurfa að greiða svo mikið fé fyrir þessa skrifstofu, og raunar hefur Fjórðungssambandið ekki yfir slíkum fjármunum að ráða. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðh. hvort hann og ríkisstj. hafi tekið þetta mál til sérstakrar umfjöllunar og hvort tilgangurinn kunni að vera sá að tryggja sveitarfélögunum nýja eða aukna tekjustofna í því skyni að standa undir þessum kostnaðarhluta sveitarfélaganna við framkvæmd grunnskólalaganna.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, það er langt síðan þessi fsp. var fram lögð. Að nokkru leyti er það mín sök að henni hefur ekki verið svarað fyrr og bið ég velvirðingar á því, að svo miklu leyti sem mér er um það að kenna.

Í fyrsta lið fsp. er spurt um kostnaðaráætlun varðandi fræðsluskrifstofur. Þessi kostnaðaráætlun var saman tekin fyrir áramótin og þá litu tölurnar út svona, en spurt er um kostnað fræðsluskrifstofanna hverrar fyrir sig og hversu mikið fé sveitarfélögum hvers umdæmis er gert að leggja fram. Því svara ég þannig: Í Reykjavík alls áætlað 11 millj. 180 þús. og hluti fræðsluumdæmis 4 millj. 940 þús. Reykjaneskjördæmi 6 millj. 180 þús., 2 millj. 440 þús. Vesturl. 4 millj. 980 þús., 1 millj. 840 þús. Vestfirðir 4 millj. 980 þús., 1 millj. 840 þús. Norðurl. v. sama upphæð, 4 millj. 980 þús., 1 millj. 840 þús. Norðurl. e. 5 millj. 480 þús., 2 millj. 90 þús. Austurl. 4 millj. 980 þús., 1 millj. 840 þús. Suðurl. 4 millj. 980 þús. samtals og 1 millj. 840 þús. hluti fræðsluumdæmis. Samtals var rekstrarkostnaður áætlaður fyrir áramótin 47 millj. 740 þús. og hluti fræðsluumdæmanna alls 18 millj. 670 þús. Þá var áætlaður stofnkostnaður á hverja skrifstofu samtals 1 millj. 100 þús. kr. Er auðséð á því, að það er ekki gert ráð fyrir að byggt sé yfir þessa starfsemi. Samtals verður þetta 1 millj. og 100 þús. kr. sem skiptist þá til helminga, 4 millj. 400 þús. á hvorn aðilann.

Þá er í 2. lið fsp. spurt um það, hvort fyrirhugað sé að tryggja sveitarfélögunum nýja eða aukna tekjustofna eða aðrar sérstakar viðbótartekjur til að standa undir kostnaðarhluta sveitarfélaganna við þessa framkvæmd grunnskólalaganna. Hluti sveitarfélaganna er í þessari áætlun samtals bæði rekstur og stofnkostnaður, áætlaður 23 millj. og 70 þús. Nú hefur ekki verið lagt hér fram né heldur er í undirbúningi frv. um sérstakan tekjustofn til þess að standa undir þessum kostnaði. Það er þó rétt, að þetta er viðbótarkostnaður hjá sveitarfélögunum, en hitt verður þá einnig að hafa í huga, að í grunnskólal. eru mörg ákvæði, þar sem fremur léttir á sveitarfélögunum heldur en hitt og þyngir aftur á ríkissjóði, svo að í heildina tekið held ég ekki rétt að segja að grunnskólalögin íþyngi sveitarfélögunum sérstaklega.

Þrátt fyrir það að þetta er ekki stór upphæð yfir allt landið, 23 millj., þá er hér eigi að síður vandamál á ferðinni, sem þarf úrlausnar. Og það er vegna þess að landshlutasamtök sveitarfélaga, sem ætlað er að annast þessar fræðsluskrifstofur, hafa ekki verið lögfest, þau hafa ekki möguleika til að innheimta gjöld af meðlimum sínum á sama hátt og t. d. ríki og sveitarfélög hafa. Og meðan landshlutasamtökin hafa þannig ekki aðra tekjustofna en þá, sem þau nú hafa og eru bundnir við önnur verkefni, þá er þetta mál sem krefst sérstakrar úrlausnar.

Þetta atriði hefur nokkuð verið rætt. Ég hef kynnt það í ríkisstj. t. d. og hefur verið haldinn fundur með ráðh. menntamála og félagsmála og svo fulltrúum landshlutasamtakanna um þessa hlið málsins. Ákvörðun hefur ekki verið tekin enn um þetta efni, en það er sem sagt verið að vinna að því. Ég hef heyrt því hreyft, að nú þegar þrengir að og menn tala um samdrátt í útgjöldum hins opinbera, þá hef ég heyrt því hreyft að það væri skynsamlegt að fresta þessari framkvæmd, fresta því að setja á stofn fræðsluskrifstofurnar. Nú hefur þetta í raun og veru þegar frestast nokkuð, þar sem ekki er enn farið að auglýsa stöðu fræðslustjóranna. Það er þess vegna sýnt að skrifstofur geta varla tekið til starfa fyrr en á miðju ári. Ég álít hins vegar að það væri ekki skynsamlegt að fresta því lengur en svo sem eins og fram um mitt ár að þessar skrifstofur taki til starfa.

Það er alveg rétt, sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að þessum skrifstofum er ætlað að taka við hluta af því starfi, sem nú er unnið í menntmrn. Það er ekki búið að ganga alveg frá reglugerðum og erindisbréfum þar að lútandi. En það er t. d. ætlunin að skrifstofurnar fjalli um undirbúning áætlana fyrir skólana, um skoðun reikninga, jafnvel um ráðningu kennara sem eru settir í stöður og svo um ýmis atriði varðandi innra starf skólanna. Þannig er málum háttað, að það er mjög á hlaðið það starfsfólk sem nú er í menntmrn., og það er varla hugsanlegt annað en það þyrfti að auka þar við mannafla ef fræðsluskrifstofurnar kæmu ekki til, eins og gert hefur verið ráð fyrir, og þær gætu þannig létt ýmsum þeim störfum af ráðuneytinu, sem það nú hefur.

Ég held að ég hafi þetta ekki lengra. Ég hef reynt að svara hinum beinu fsp. og svo látið fylgja með örlitlar skýringar.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég vil aðeins vekja athygli þm. á því, sem fram kom í máli hans, að enda þótt menntmrn. hafi óskað mjög eindregið eftir því við fjórðungssamböndin að þau lykju ákvörðunartöku í sumar um hvar ætti að staðsetja fræðsluskrifstofurnar, gengju jafnvel frá samþykktum um það hvernig þau ættu að skattleggja sína aðila, þ. e. a. s. sveitarfélögin, í sambandi við

kostnaðarhluta sveitarfélaganna í skrifstofuhaldinu, þá liggur ekki fyrir fyrr en nú um áramótin áætlun frá menntmrn. um kostnað við þessa starfsemi.

Það ber ekki mikið á milli í þeim áætlunum sem menntmrn. hefur gert um rekstrarkostnað og stofnkostnað þessara skrifstofa, og þeirri áætlun sem Fjórðungssamband vestfirðinga gerði um skrifstofu sína. Það ber ekkert á milli varðandi stofnkostnað, það er sama upphæðin, en töluvert sem ber á milli í sambandi við almennan rekstrarkostnað. Ég vil taka það sérstaklega fram, að um þetta var gerð mjög nákvæm áætlun af Fjórðungssambandi vestfirðinga, sem ég hef hér undir höndum, og þar er miðað við verðlagið í nóv. 1974. Hvort sem möguleiki er að reka þetta með jafnódýrum hætti eins og menntmrn. gerir ráð fyrir eða hin áætlunin reynist réttari, um það vil ég ekki dæma, en þá er það engu að síður staðreynd að þarna þarf t. d. þetta fjórðungssamband — og sama máli gegnir um Norðurl. v. og Vesturland — að leggja fram til stofnkostnaðar og rekstrar nokkuð á þriðju millj. kr. Fjórðungssamböndin á þessum stöðum hafa ekki yfir þessu fé að ráða. Ég veit um að Fjórðungssamband vestfirðinga gerði ekki ráð fyrir því á fjórðungsþingi sínu í haust, að svo mikið fjárframlag þyrfti frá sveitarfélögunum til greiðslu rekstrarkostnaðar og stofnkostnaðar við þessa fræðsluskrifstofu. Ég vil eindregið óska eftir því við hæstv. menntmrh. að hann láti verða af því að tryggja þessum sveitarfélögum sérstakan tekjustofn til að geta staðið undir sínum kostnaðarhluta.

Sameinað þing, 43. fundur.

Þriðjudaginn 25. febr., að loknum 42. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 47. fundur.

Þriðjudaginn 25. febr., kl. 3 miðdegis.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 300). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., er fyrst og fremst framlenging um eins árs skeið á l. nr. 5 frá 1974 og á l. nr. 47 frá 1974. Með hinum fyrri l., nr. 5 frá 1974, var heimiluð álagning sérstaks gjalds, eins söluskattsstigs, til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, en jafnframt var í þeim l. ákveðið, að um ráðstöfun þess skyldi síðan sérstaklega ákveðið í l., og það var svo gert með l. nr. 47/1974 og þar mælt fyrir um hvernig tekjum af gjaldinu skyldi varið. Því skyldi annars varið til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og hins vegar skyldi því varið til að styrkja rafveitur að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu. Á grundvelli laga nr. 47/1974 var svo sett reglugerð, nr. 174 frá 30. maí 1974, um úthlutun olíustyrks. Í þeirri reglugerð er kveðið nánar á um framkvæmd laganna.

Eins og tekið er fram í aths. við þetta lagafrv. mun vera nálægt því að 95 000 einstaklingar hafi notið olíustyrks og heildarfjárhæð til þeirra á tímabilinu 1. mars 1974 til 28. febr. 1975 hafi numið 650—700 millj. kr. Þetta er ekki hægt að segja alveg með nákvæmni vegna þess að uppgjör liggur enn ekki endanlega fyrir og það kemur nokkuð eftir á. Jafnframt hefur á sama tímabili verið varið um 50 millj., að ætla má, til greiðslu til rafveitna. Skv. þessari reglugerð og þeirri framkvæmd, sem á þessu hefur verið höfð, hefur olíustyrkurinn numið 1 800 kr. á þriggja mánaða tímabili til hvers einstaklings eða 7 200 á ári. Þetta frv. gerir sem sagt ráð fyrir því, að þessi skipan mála sé framlengd um eitt ár og olíustyrkurinn verði að krónutölu til sá sami á þessu tímabili og hann hefur verið, 7 200 kr., en þó þannig að ellilífeyrisþegar, sem njóta bóta skv. 19. gr. l. um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, fái greiddan styrk sem nemur einum og hálfum styrk hvers einstaklings, og er það líka í samræmi við þá lagasetningu sem verið hefur.

Ég býst ekki við því, að það verði ágreiningur um að nauðsyn sé á því að framlengja þessi ákvæði, vegna þess að þær ástæður, sem voru fyrir hendi í fyrravetur, þegar þessi lög voru sett, olíuverðshækkunin, eru enn fyrir hendi og raunar jafnvel í enn ríkara mæli, þar sem alkunnugt er að síðan hafa átt sér stað nokkrar og það reyndar verulegar hækkanir á olíu. En jafnframt því sem þannig er um að ræða framlengingu fyrri ákvæða er skotið inn nýmæli í þetta frv. og það er að finna í c-lið 2. gr. Þar er gert ráð fyrir því, að með því að binda olíustyrkinn við sömu krónutölu og gilt hefur á síðasta tímabil verði nokkur afgangur af tekjum þeim, sem hér er um að tefla og eitt söluskattsstig gefur. Var á sínum tíma áætlað að eitt söluskattsstig mundi gefa á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febr. 1976 960 millj. kr. Það er auðvitað áætlun, en ég geri naumast ráð fyrir því að það sé ástæða til að ætla að sú upphæð verði lægri. Þá má sjá að þarna getur verið um nokkurn afgang að ræða, sérstaklega þó vegna þess að það er gert ráð fyrir því, að á þessu tímabili tengist fjölmenn svæði hitaveitu. Þar er auðvitað fyrst og fremst um að ræða svæðið Kópavog, Hafnarfjörð, Garðahrepp, þó að um fleiri staði kunni að vera að tefla. Þá mun það hafa verið svo samkv. þeim l., sem giltu á því tímabili sem senn er á enda runnið, að um leið og hús var tengt hitaveitunni féll að sjálfsögðu niður olíustyrkur til þeirra íbúa, sem þar bjuggu, þannig að þótt haldið væri sömu reglu og áður mætti gera ráð fyrir því að þarna yrði nokkur afgangur. Auk þess er stigið þarna nokkru lengra

skref, og það er breyt. frá því sem var í þeim l. sem giltu á s.l. tímabili, að styrkurinn skuli ekki greiddur til þeirra sem fá íbúðarhúsnæði sitt tengt við hitaveitu fyrir 29. febr. 1976, en gera má ráð fyrir að það verði a.m.k. mjög mikill hluti íbúa þess svæðis sem ég nefndi áðan.

Það er aðeins lausleg sundurliðun sem ég hef hér í höndum um olíustyrkinn eða greiðslu til þeirra sem búa á þessum svæðum sem ég nefndi, í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði. Greiðslur til þeirra á tímabilinu 1974—1975 má ætla að hafi numið í Kópavog 60 millj. kr., Garðahrepp 24 millj. kr. og Hafnarfjörð 72 millj. kr., eða samtals til þessa svæðis 156 millj. kr. Ef greiðslur yrðu óbreyttar í samræmi við þau lög sem giltu, má ætla að samsvarandi upphæðir yrðu til Kópavogs 24 millj., Garðahrepps 18 millj. og Hafnarfjarðar 58 millj., eða um 100 millj. alls, þannig að styrkur til þessa svæðis yrði þá 56 millj. kr. minni. Ef aftur á móti er miðað við þá reglu sem felst í þessu frv., er gert ráð fyrir því að styrkur til þessa svæðis yrði aðeins 40 millj. og mundi þá sparast 116 millj. við það að lögfesta þá reglu, sem í þessu frv. felst. Ákveðið er í þessum c-lið 2. gr. að þessum afgangi, hvort sem hann verður meiri eða minni, verði varið til Orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveituframkvæmda. En eins og þm. er sjálfsagt kunnugt, þá er af eðlilegum ástæðum víða áhugi á rannsóknum, jarðborunum, til þess að kanna hvort möguleikar séu fyrir hendi til hitaveitu og einnig á mjög mörgum stöðum áhugi og farið að vinna beinlínis að því að setja hitaveituframkvæmdir af stað utan þessa svæðis, sem ég hef áður nefnt. En til þessara framkvæmda og þessara rannsókna er verulegur skortur á fé í Orkusjóðinn. Þeirri fjárhæð, sem með þessum hætti kynni að renna til Orkusjóðs, mundi því verða vel varið með þessum hætti og gæti flýtt fyrir því og stuðlað að því að æ fleiri gætu orðið aðnjótandi húsahitunar með hitaveitu og þannig fengið ódýrari hitun en þeir búa nú við og sparað mjög dýrmætan gjaldeyri sem fer í innflutning á olíu. Eins og orkusjóðslögin eru núna er raunar aðeins heimilt eftir þeim að veita úr Orkusjóði til jarðaborana. En til þess að taka af öll tvímæli er þarna sagt: til jarðhitarannsókna og hitaveituframkvæmda þannig að verksvið Orkusjóðsins er að þessu leyti til í raun og veru rýmkað með þessu ákvæði ef það verður að lögum.

Ég þarf ekki að taka það fram, það getur hver og einn sagt þér það sjálfur, að með því að láta sömu reglu gilda og áður hefur gilt, þá getur olíustyrkur til hvers einstaklings orðið nokkru hærri. Menn verða að gera það upp, hvort þeir vilja hverfa að því ráði að úthluta þannig því fé, sem til fellur með þessu skattgjaldi, með þeim hætti eða leggja nokkuð af því til hliðar í þessum tilgangi sem ég hef hér talað um. Ég mun auðvitað fallast á það sem meiri hl. þings vill um þetta ákveða. Það er vandi þingsins að ákveða það. En ég tel mjög skynsamlega aðferð að leggja þannig til hliðar nokkuð og tel að þeir aðilar, sem þarna er fyrst og fremst um að ræða og eiga von í hinum ódýrari hita á þessu tímabili, ættu að geta fellt sig við að leggja þannig nokkuð af mörkum til þess að greiða fyrir því að fleiri gætu komist í samband við jarðvarma og fengið hitun húsa sinna með þeim hætti. Ég þarf ekki að rekja það, hv. þm. er sjálfsagt kunnugt um að það eru staðir víðs vegar úti á landi sem eru einmitt að hyggja að þessum málum nú og eru með þau í undirbúningi. Og það er ekki nokkur vafi á því, að ef Orkusjóður gæti haft nokkra upphæð, sem gæti fengist með þessum hætti, þá gæti það hjálpað til við þær rannsóknir, sem þar þarf að gera, og við þær framkvæmdir, sem þar þarf að gera.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vona að það sé nokkuð skýrt, hvað hér er um að tefla, og ég geri sem sagt alls ekki ráð fyrir því, að það verði ágreiningur í sjálfu sér um framlengingu laganna þetta tímabil. Það getur þá hugsanlega aðeins orðið eitthvert umhugsunarefni, hvort á að hverfa að því nýmæli sem er að finna í lögunum, og í þeim búningi, sem það er í þar. Það veit ég að hv. n., sem málið fær til meðferðar, mun skoða. Þessi lög, sem hér er verið að framlengja, renna út n.k. föstudag, og þess vegna verðum við að fara fram á það við hv. d. að hún bregðist skjótt við og stuðli að því að frv. fái skjóta afgreiðslu. Ég vil mælast til þess, að n. haldi þannig á máli, að það verði hægt að afgr. málið úr þessari hv. d. á morgun. Og ég veit ekki betur en að það mál hafi verið rætt við forstöðumenn stjórnarandstöðunnar og að þeir hafi fallist á að greiða fyrir afgreiðslu málsins .

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur gert grein fyrir frv. Það kom fram, að efnislega væri þetta, eins og kemur fram í 1. gr., framlenging á ákvæði sem þegar væri í gildi um 1% söluskattsgjald til að jafna sárindi vegna olíuhækkunar, og út af fyrir sig er ég ekki andvígur þessari gr. Hins vegar er ég algjörlega á öndverðum meiði við ákvæði 2. gr. og mun nú nokkuð fjalla um það. En ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir, að hann drap á, að það væri þó ekki það ákveðið markmið eða sjónarmið, sem hún setti fram, að það mætti ekki ræða og velta vöngum yfir því, og svo yrði að ráðast hvort meiri hluti myndaðist um það sjónarmið eða eitthvað annað. Því ætla ég aðeins að fjalla um þetta.

Í fyrsta lagi kemur í ljós, að gert er ráð fyrir, að talan, sem greiða á til baka aftur, er sú sama og gilt hefur. Eins og hæstv. ráðh. drap á hefur olían hækkað mikið. Hún hefur hækkað vegna gengisfellingar og hún hefur hækkað einnig vegna erlendrar söluhækkunar til okkar. Það er því augljóst mál, að ef krónutalan á að vera sú sama, þá er hér um auknar byrðar að ræða fyrir þá sem ekki njóta hitaveitu í landinu. Það verður ekki komist hjá því. Og þá auðvitað kemur sú spurning upp: Eigum við að mæta í krónutölu með hækkun þeirri hlutfallslegu hækkun sem orðin er á olíunni til neytandans? Nú mun hún vera komin nokkuð yfir 20 kr., jafnvel 23—24 kr. lítrinn, ég man það ekki alveg örugglega, úr um 16 kr., sem hún var lengi á s. l. ári, svo að hér er ekki langt frá því um fjórðungshækkun að ræða eða

jafnvel líðlega það, jafnvel yfir þriðjungshækkun, svo að það hlýtur að vera meira en vangavelta sem knýr okkur til að hugleiða alvarlega hvort ekki sé óhjákvæmilegt að hækka þessa tölu nokkuð. Ég lýsi því þeirri skoðun, að það sé óhjákvæmilegt að hækka hana. Það getur verið deiluatriði, hvort við eigum að skipta öllu upp algerlega eða ekki, en ég vil fara mjög nálægt þeirri hækkun í krónutölu sem hreyfingin á olíunni er og söluskattsstigið gefur okkur. Það þýðir það, að við höfum til ráðstöfunar fast að milljarði í staðinn fyrir 600—700 millj.

Svo er annað atriði sem mér þykir athyglisvert. Hæstv. ríkisstj. reiknar með því, miðað við það sem skeð hefur, að söluskattsstig gefi nú aðeins tæpan milljarð. Þetta kom mér mjög á óvart. Og þá er það undirstrikað, svo að ekki verður um villst, að reiknað er með að kaupgeta almennings í landinu snarversni á yfirstandandi ári, því að miklar verðbreytingar hafa átt sér stað vegna gengisbreytinga og velta mun aukast að þeim orsökum. Hún mun aðeins hafa þennan hemil með því einu móti að kaupgeta almennings sé verulega skert. Ég man ekki nákvæmlega upp á millj. hvað fjárlagafrv. gerði ráð fyrir að söluskattsstigið gæfi, en ég held að það sé ekki langt frá því að fjárlög hafi gengið út frá 930 millj. kr. á söluskattsstigi fyrir yfirstandandi ár. En hér er því slegið föstu þrátt fyrir gengisbreytingu, að þessi tala sé mjög svipuð, og það er að mínu mati undirstrikun á því, að hæstv. ríkisstj. tekur það fram að lífskjör almennings í landinu þrengist verulega og það er fyrirfram ákveðið. Þá auðvitað verður byrðin af olíunni fyrir þá, sem minna mega sín, enn sárari og enn meiri nauðsyn á því að komið sé á móti þessari miklu hækkun með *hærri krónutölu til jöfnunar*.

Svo er annar þáttur, sem er skotið hér inn ósköp meinleysislega í greinina og segir: „Styrkur þessi skal eigi greiddur til þeirra, sem fá íbúðarhúsnæði sitt tengt við hitaveitu fyrir 29. febr. 1976.“ Skemmtilega valinn dagur, hlaupársdagur 1976. Hér er nú boðið upp á nokkuð undarlega hluti. Sá maður, sem getur komið því svo fyrir, að húsið hans tengist nú 1. mars, á fullan rétt á uppbótum. Við megum ekki hafa svona löggjöf í gildi í landinu, sem býður mönnum upp á það að gera smátilfærslur. Ég lýsi algerri andstöðu gegn slíku. Efni þessa frv. er það að greiða mönnum hluta af kostnaði, sem olíuhækkunin hefur skapað, til baka aftur með jöfnunargjaldi sem ég efnislega er samþykkur. Ég held, að við séum að fara út á varhugaverða braut þarna og mér fannst á hæstv. ráðh. að hann væri ekki svo harður á þessu ákvæði, að hann geti ekki fallist á að þetta sé endurskoðað og jafnvel fellt í burtu. Hann leiðréttir mig þá, ef hann er mjög harður á þessu ákvæði. Það sparast ákveðin upphæð í þessu skyni, en ég hefði óskað eftir því, a. m. k. persónulega, að ég fengi ljósrit af þeirri skýrslu sem hann las upp hér áðan, a. m. k. að hún yrði lögð fram á nefndarfundi. Ég held að við séum að skapa hér ákvæði, sem geti dregið leiðindadilk á eftir sér og er ekki æskilegt að setja inn í löggjöf, jafnvel þó að viss rök, eins og hæstv. ráðh. drap á, væru fyrir því að þetta væri sett fram. En það hefur slíka agnúa í för með sér, að ég lýsi algerri andstöðu við þetta ákvæði og mun leggja til í n., að það verði *fellt* út, — *vil lýsa algerri* andstöðu við það.

Svo hefur það komið upp, sem hæstv. ráðh. er manna fróðastur um, að fyrir liggur beiðni hjá Hitaveitu Reykjavíkur — ég held að ég fari rétt með það — um 30% hækkun, svo að eðlilegur framkvæmdahraði geti átt sér stað í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði og þeim áætlunum, sem gerðar voru, yrði lokið í árslok 1976 um hitaveitufram*kvæmdir* á þessu svæði. Hér er mikið vandamál á ferðinni. Hitaveita Reykjavíkur telur sig þurfa á þessari hækkun að halda og rökstyður það, sjálfsagt á margvíslegan hátt og með góðum rökum. En á það er að líta að þessi hækkun hefur í för með sér um 2.7 stiga hækkun á framfærsluvísitölu og um 1 stigs hækkun á launavísitölu, svo að hin pólitíska ákvörðun varðandi að samþykkja þessa hækkun er ekki létt fyrir hæstv. ríkisstj. Það virðast því ekki miklar líkur fyrir því, að eðlilegur framkvæmdahraði geti átt sér stað á þessu mjög svo þýðingarmikla svæði, sem er þó óhjákvæmilegt að eigi sér stað, því að það er eins og við fyndum olíu sjálfir að geta tekið heita vatnið í notkun. Við höfum rætt þetta vandamál, þm. Reykn., við hæstv. iðnrh. og hann lýsti fullri samstöðu með okkar um að reyna að finna lausn á þessu máli. Þó að samningar um framkvæmd séu innbyrðis við Hitveitu Reykjavíkur gagnvart bæjarfélögunum hverju um sig, þá er þetta það stórt mál að það kemur inn í Alþ, óhjákvæmilega, vegna þess að hér er um lánsútvegun að ræða og vissa fjármögnun sem er stór í sniðum og það skiptir miklu máli, bæði fyrir hæstv. ríkisstj. og verðlagsþróun í landinu, hvernig þetta mál verður leyst.

Ég lýsi þeirri skoðun yfir eftir þeim upplýsingum sem ég hef, að það sé eðlilegt að fara hér blandaða leið. Það er óhjákvæmilegt að hækka nokkuð. Það má sjálfsagt velta vöngum yfir því, hve mikið það verður, en einnig þarf að útvega lán samtímis. Og það þarf að vera með góðum kjörum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur, því að ef ég man rétt lýsti forstjóri Hitaveitu Reykjavíkur yfir því hér í haust, að það mætti ganga út frá því, að reykvíkingar gætu fengið um 11% lægra heitt vatn þegar þessi stóri notendahópur, sem væri í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði, væri kominn með, svo að hér er um geysilegt hagsmunamál að ræða og stórar upphæðir að ræða í olíueyðslu.

Svo er hitt atriðið, að c-liður í 2. gr.: „Til orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveitufram*kvæmda*,“ segir þar seinast. Þetta er afgangsfé, sem á að nota þegar frv. gerir ráð fyrir því að óbreytt tala verði greidd til jöfnunar á hitunarkostnaði, þá á að leggja afganginn í Orkusjóð. Hæstv. ráðh. sagði að Orkusjóð skorti verulega fjármagn. Þessum peningum er vel varið, ég dreg það ekki í efa, en eðlileg framkvæmd þessa máls hlýtur að vera að við fjöllum um vandamál Orkusjóðs í sérfrv. Fyrst við erum að fjalla um vandamál hans, á það ekki að vera sérstakur angi í öðru frv., sem er aðeins tímabundið til eins árs og leysir þess vegna þörf hans engan veginn, ekki með nokkru móti. Vanti Orkusjóð 100—200 millj. eigum við að fá endurskoðaða áætlun hans

um jarðhitarannsóknir og framkvæmdir, vegna þess að við gengum frá því í sambandi við fjárlög að hann fengi allgóða hækkun til framkvæmda og rannsókna, og sé það of smátt skorið vegna ýmissa annarra atvika, þá vil ég sjá nýja áætlun frá Orkusjóði um þessi mál. Við getum afgreitt þau lög á stuttum tíma hér á Alþ., alveg eins og við erum að afgreiða þessi lög, og það á að liggja ljóst fyrir hvar á að rannsaka. Ég man eftir beiðni fyrir Hitaveitu Akureyrar, væntanlega um 20 millj., sem ég studdi eindregið að kæmist í gegn og allir vilja að komist í gegn. Akureyrarbær og það hérað er það stórt, að það er geysilegt atriði að sá áfangi náist eða a. m. k .vitneskja um að hægt sé að fá nægilegt vatn frá Hveravöllum í Reykjahverfi. Það kostar auðvitað stórfé að rannsaka það. Á mörgum fleiri svæðum þarf að koma rannsókn við á sem skemmstum tíma. Nú kostar það verulega aukið fé frá því sem áætlað var fyrir jól, og þá vil ég sjá nýja starfsáætlun hjá Orkusjóði í því skyni, en ekki bæta við einhverju, sem við vitum ekkert hvað þýðir, bókstaflega ekkert hvað þýðir. Við eigum að fá hér 100 millj., 200, 300 eða 400 millj. Ég tel, að það sé ekki hægt að bjóða svona lausn — alls ekki. Og mér finnst þetta bera allt of mikinn keim af einhverju stjórnleysi, sem er ekki geðfellt. Þess vegna vænti ég þess, að menn gefi sér nægan tíma. Þó að ég fallist á að afgreiða frv. með skjótum hætti gegnum d. og gegnum n., finnst mér þetta alls ekki rétt vinnubrögð.

Það eru allir sammála um að það er fundið fé fyrir íslendinga að geta notað heitt vatn, og ég held, að það sé loforð nr. 1 eða því sem næst hjá hæstv. ríkisstj. að auka nýtingu innlendra orkugjafa. Það er enginn ágreiningur um það, hvorki á hv. Alþ. né meðal þjóðarinnar, að taka á sig vissar kvaðir og jafnvel stórlán í því skyni, vegna þess að enn eru blikur þar á lofti, að olían muni ekki lækka, jafnvel spáð hækkun enn þá, þannig að við sitjum í úlfakreppunni og verðum að mæta þeim vanda með sérstöku átaki. Og ég er þeirrar skoðunar, að það sé alveg réttlætanlegt, eins og ástandið er í þjóðfélaginu í dag, að draga úr vegaframkvæmdum á yfirstandandi ári og færa ákveðið fjármagn þar á milli í orkurannsóknir og orkuvirkjun, vegna þess að þjóðin verður að lifa hér við sómasamlegan kostnað í lífsframfærslu og sætta sig þá við það að vera eilítið lengur til Akureyrar eða hringveginn en ella í 1—2 ár, en gera sérstakt átak til að beisla innlenda orku og mæta þeim aukna kostnaði sem olían veldur okkur.

Það má segja að þetta sé ekki í samræmi við það sem þetta frv. boðar. En ég vil þá að það liggi alveg á hreinu frá minni hálfu hvaða afstöðu ég hef í því máli og minn flokkur. Við erum tilbúnir að fallast á millifærslu í því skyni. Þó að það komi misjafnlega niður á kjördæmi, þá trúi ég ekki að það megi ekki velta vöngum yfir millifærslu frá vegakerfinu eða þeim fjármunum, sem í vegina fara, og ráðstafa því í orkuvinnslu. Hér er verið að leggja gjald á almenning í landinu til að skapa möguleika fyrir aukna innlenda orku, og ég veit ekki annað en almenningur taki á sig mikil gjöld í gegnum bílinn, í gegnum bensínið, sem fer með mismunandi hætti í gegnum kerfið, ríkissjóð og í vegaframkvæmdir. Og ég held að almenningur í landinu mundi sætta sig við það þótt eitthvert fjármagn yrði fært til til þess að mæta kostnaðarlið, sem hefur aukist verulega varðandi olíukyndingu húsa. Ég get þess vegna ekki sætt mig við að hafa þessa tölu óbreytta.

Ég get ekki sætt mig við að ákvæðið um dagsetningu varðandi tengingu á hitaveitu í hús sé í frv., því að ég óttast að það bjóði upp á misnotkun og jafnvel leiðindi, og við eigum ekki að afgreiða slík lög frá hv. Alþ. Einnig tel ég að sé vandamál Orkusjóðs svo mikið sem hér var gefið í skyn, þá eigi það að koma í sérstöku frv. inn á Alþ. og fjallað um það sem slíkt, og ég trúi ekki öðru en það fengi stuðning allra hv. þm., þar sem landsmenn allir eru sammála um, eins og hæstv. ríkisstj. hefur efst á sínum lista að aukning innlendrar orku eigi að hafa forgang um fjámagn og framkvæmdir í landinu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Frv. um endurnýjun olíustyrksins er seint á ferðinni, óþarflega seint á ferð. Það var fyrst í gær, síðari hluta dags í gær, að okkur fulltrúum stjórnarandstöðunnar var sagt frá þessu frv., og við fengum það ekki í hendur fyrr en í dag, þegar því var útbýtt hér í d. Fæ ég satt að segja ekki skilið hvers vegna frv. þurfti að vera svo síðbúið. En því fylgja óskir um hraða afgreiðslu vegna þess að mánaðamót eru að dynja yfir og málið þarf að vera komið á hreint fyrir fimmtudagskvöld. Að sjálfsögðu erum við Alþb.-menn reiðubúnir til að flýta afgreiðslu þessa máls, enda þótt við hljótum að átelja að frv. skyldi ekki fyrr koma fram, þannig að hægt væri að skoða það í betra næði.

Í meginatriðum felur frv. það í sér að sama krónutala verði greidd í olíustyrk og var á s. l. ári og til þess verði aflað fjár með 1% söluskatti. Við Alþb.-menn erum algerlega samþykkir því að fjárins verði aflað með þessum hætti, eins og gert var á s. l. ári. En okkur finnst satt best að segja alveg óskiljanlegt að ekki skuli vera gert ráð fyrir því að olíustyrkurinn hækki í einhverju hlutfalli við hækkað verð á olíu frá því sem var á s. l. ári. Því miður ber þetta mál svo brátt að, að ekki gafst tími til neinnar gagnaöflunar, en ég verð að láta mér nægja að fara með þá ágiskunartölu, að í byrjun s. l. árs hafi olían kostað einhvers staðar í kringum 12 kr. lítrinn, ekki var það hærra a. m. k. En nú kostar olíulítrinn líklega 20 kr. Það er því auðvelt að geta sér þess til, að olíuverð til húsahitunar verði einhvers staðar á milli 50 og 100% hærra á því ári, sem nú fer í hönd, heldur en á s. l. ári. Mér sýnist að það blasi við, enda þótt ég hafi að vísu ekki tölurnar fyrir framan mig, og ég tel þess vegna algerlega fráleitt og furðulega afstöðu af hálfu hæstv. ríkisstj. að ætla sér að láta sér nægja að greiða því fólki sömu krónutölu í uppbætur og greiddar voru á s. l. ári.

Ég þarf ekki að benda mönnum á hve gífurleg byrði það er sem lögð hefur verið á fólk sem verður að hita hús sín með olíu. Ég veit að fólk, sem býr í einbýlishúsum, þarf að vetrarlagi að greiða um það bil 20 þús. kr. á mánuði í olíukostnað, sem gerir hvorki meira né minna en 240 þús. kr. á ári. Þetta er að sjálfsögðu svo gífurleg byrði, að það er óhugsandi fyrir fólk að

standa undir þessum kostnaði. Ég veit að vísu, að kostnaðurinn er allmiklu minni þar sem menn búa í tvíbýlishúsum eða fjölbýlishúsum, en þetta er það sem fólkið í hinum dreifðu byggðum landsins verður að greiða, sem flest býr í einbýlishúsum. Og ég þarf sem sagt ekki að minna á að það er sérstaklega fólkið í strjálbýlinu sem þetta lendir á af mjög miklum þunga.

Ástæðan til þess, að ekki verður um að ræða hækkun í krónutölu á olíustyrknum, mun vera sú að ríkisstj. ætlar að næla sér í nokkur hundruð millj. kr. til verklegra framkvæmda á sviði orkumála. Ég þarf að sjálfsögðu ekki að taka fram, að það er mikið áhugamál okkar Alþb.-manna að hraðað verði eins og nokkur kostur er að hitaveita verði lögð alls staðar þar sem hægt er að fá heitt vatn og að rafhitun húsa eigi sér stað með eins miklum hraða og nokkur kostur er. En hitt er ljóst, að það er engin þörf á því að rýra olíustyrkinn í því skyni að halda uppi hæfilegum framkvæmdum á sviði orkumála. Hingað til hefur verið hægt að leggja hitaveitur og virkja orkuver með bæði erlendum lánum og innlendri fjáröflun af ýmsu tagi, og að sjálfsögðu verður að gera það áfram. En hérna er bara ósköp einfaldlega um það að ræða, að það er verið að leggja á nýja skatta í þessu formi, í formi söluskatts, til að standa undir orkuframkvæmdum.

Orkuframkvæmdirnar eru mál út af fyrir sig, sem er að sjálfsögðu ekki ástæða til að fjölyrða um við þessa umr. En ég neita því ekki, að mig furðar mjög hversu seint gengur að fá fram áætlanir stjórnvalda um rafhitun húsa víðs vegar um land. Ég sé ekki betur en þær áætlanir, sem lagðar hafa verið fram af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar og koma t. d. fram í frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, þær tölur feli það í sér að mjög hægt eigi að miða áfram með rafhitun húsa í stað olíukyndingar og að það sé alltaf að verða meiri og meiri hægagangur í þeim áætlunum, eftir því sem lengra líður, í stað þess að það blasir alltaf betur og betur við að við þurfum að snara okkur í þetta verkefni og fá það frá á tiltölulega fáum árum. Það á að vera hægt. Við höfum nægt fjármagn handa á milli til þess að vinna þau verk sem vinna þarf í þeim efnum, því að þetta verða að sjálfsögðu að vera algerar forgangsframkvæmdir og annað verður þá að víkja. En að ætla að fara að taka fjármuni til þeirra mála með þeim hætti að taka fjármunina frá því fólki, sem býr við verstan kost í húshitunarmálum, tel ég algerlega fráleitt. Við eigum að nota þetta 1%, sem ég hef grun um að gefi miklu meira en þær 900—1000 millj., sem sagt er að það gefi, ég hef þá trú að þetta 1% komi til með að gefa a. m. k. 1100 millj. ef ekki meira á næsta ári, en það skiptir í sjálfu sér ekki öllu máli, það kemur í ljós, ég tel að við eigum að verja þessu prósenti öllu til að minnka vanda þeirra sem verst eru staddir í húsahitunarmálunum. Ég vil því boða brtt. í þá átt. Hún verður lögð fram í fjh.- og viðskn. Ed. og kemur sjálfsagt til afgreiðslu við 2. umr. málsins.

Um frv. að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða á þessu stigi málsins. Þó vil ég aðeins nefna b.-lið 2. gr. frv., þar sem segir að tekjum af þessu gjaldi megi verja til þess að styrkja rafveitur að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu. Ég held að enginn ágreiningur sé um að þetta sé sjálfsagt ákvæði. En eins og menn heyra, þá er takmörkun fólgin í þessari gr. Þessi takmörkun, sem er eins orðuð og hún var seinast þegar þetta frv. var til meðferðar hér á Alþ., hefur verið túlkað nokkuð þröngt. Spursmálið er sem sagt um hús sem hituð eru með rafmagni á svæði þar sem rafmagn er ekki framleitt fyrst og fremst með olíu, en rafmagnskostnaðurinn er samt sem áður svo hár að hitakostnaðurinn verður hærri en kynt væri með olíu. Það eru til ýmis svæði á landinu, þar sem svo stendur á, að fólk verður jafnvel að borga meira en þeir, sem hita hús sín með olíu, vegna þess að raforkuverðið er svo hátt af ýmsum ástæðum, bæði vegna þess að framleiðslukostnaðurinn er mjög hár og þó fyrst og fremst vegna þess að ekki eru komnar á þær samtengingar, sem við stefnum að á milli orkuveitusvæða, og einnig vegna hins, að raforkuverðið er látið hækka í hlutfalli við olíukostnaðinn. Ég hef grun um, að í samræmi við ákvæði laga séu gjaldskrár rafveitna hækkaðar í hlutfalli við olíukostnað, og af því leiðir, að í einstaka tilviki — það eru kannske mörg tilvik — sem þannig stendur á um, en í einstaka tilviki getur staðið svo á að þetta fólk býr við versta kostinn af öllum. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort honum finnist ekki sjálfsagt og sanngjarnt að vandamál þessa fólks séu leyst í leiðinni og hvort það sé ekki skilningur hans að tilgangur frv. sé að gera mönnum jafnara undir höfði hvað snertir hitunarkostnað og þar af leiðandi sé eðlilegt að reyna að leysa þetta vandamál í leiðinni. Ég vek á því athygli, að fyrrv. ráðh. viðskiptamála gaf yfirlýsingu í þinginu í fyrra um að það væri hans skilningur, að leysa mætti vanda þessa fólks í samræmi við þetta ákvæði. En sú yfirlýsing dugði ekki þegar til kastanna kom, vegna þess að þeir, sem áttu að skera úr um þetta atriði, töldu að ákvæði gr. væru það þröng að þau næðu ekki til þessara tilvika. Þess vegna vil ég sem sagt spyrja hæstv. ráðh., ef hann telur að sanngjarnt sé að leysa vanda þessa fólks, hvort ekki mætti þá hugsanlega gera það í n. með því að taka af öll tvímæli um þetta atriði.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. Ég tek það aðeins fram að nýju, að við erum samþykkir meginstefnu frv., en við erum algerlega mótfallnir því að olíustyrkurinn skuli ekki hækka að krónutölu, teljum það brýna nauðsyn og munum því standa gegn því, að þessu fjármagni verði varið til annarra verkefna. En að sjálfsögðu erum við reiðubúnir til að hraða afgreiðslu málsins.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta skulu vera fá orð. Við heyrum öðru hverju í fjölmiðlunum hátíðlegar yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj. um það, hvað hún láti sér annt um að hafa samstarf við stjórnarandstöðuna í hverju einu og síðan fáum við allt í einu — ég segi allt í einu — frv. sem að sumu leyti fela í sér framhald þeirra ráðstafana, sem áður hafa verið gerðar, en að öðru leyti eru um margt nýjungar, án þess að hafa fengið nokkurt tækifæri til þess að kynna okkur þær nýjungar sem þar eru á ferðinni. Þessi

fögru orð og fyrirheit hæstv. ríkisstj., við sjáum sem sagt ekki efndir þeirra, við sjáum einmitt andstæðuna. Það er ekki út af þessu frv. sérstaklega, sem ég tala hér um þetta. Í Nd. er einnig verið að ræða frv., að mörgu svipaðs eðlis og hér er um að ræða, en þar er líka um nýja hluti að ræða sem vissulega hefði verið full ástæða til að hafa samstarf og samráð við stjórnarandstöðu um, og það því frekar sem ljóst var að vilji stjórnarandstöðunnar í þessum efnum til að leysa þessi mál var ríkur. Þetta verður sem sagt að átelja, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds gerði reyndar áðan.

Ég var austur á landi í þeim landshluta, sem hefur orðið harðast fyrir barðinu á olíuverðhækkuninni, núna á dögunum, og þegar nýjasta olíuhækkunin skall yfir var það ekki að ófyrirsynju að menn spyrðu að því, hvort það væri ekki nokkuð öruggt að olíustyrkurinn hækkaði eitthvað. Og í einfeldni minni svaraði ég því hiklaust til, að ég tryði engu öðru en því að það yrði reynt að gera það af bestu getu. Ég treysti stjórnvöldum til þess að mæta þessari stórfelldu hækkun með einhverjum hætti. Og það var greinilegt að fólk reiknaði með því almennt að olíustyrkurinn, uppbótin á þennan gífurlega rekstrarlið heimilanna, þessi upphót yrði hækkuð. Og það átti ekki síst við um fylgismenn hæstv. viðskrh., að þeir trúðu hér engu öðru en því að þeirra hlutur yrði a. m. k. jafnréttur og áður hafði verið.

Ég verð að lýsa, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds, yfir algerri andstöðu við þá ráðstöfun sem gert er ráð fyrir í c-lið 2. gr. Hæstv. viðskrh. sagði áðan að fjármunum til Orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveituframkvæmda, eins og þar er orðað, væri vel varið. Ekki skal ég úr því draga. Hann sagði að margir hefðu áhuga á því réttilega að koma á hjá sér hitaveitu og það yrði að flýta fyrir því og gera þeim það kleift. Í mínum augum lítur málið út á nokkuð annan veg. Ég álít að með þessu móti sé almennt jafnrétti í þessum efnum ekki aukið, enn sitji þeir, sem síðast aðstöðu hafa í þessum efnum, við enn þá lakara borð en áður hefur verið, þó að á sama tíma sé vitanlega verið að auka möguleika annarra til þess að búa við betri kjör. Það er svo sérkapituli út af fyrir sig þegar verið er að ræða orkumálin hvað það skýtur skökku við, það ofurkapp sem manni skilst að sé lagt á það að selja okkar raforku til erlendra aðila, og færi betur á því að fjármagninu væri varið einmitt í þá átt sem hæstv. viðskrh. vék að og gera það þá svo myndarlega að allir gætu sem allra fyrst setið þar við sama borð.

Þessari grein hlýt ég að mótmæla algerlega. Menn hafa reiknað með þessu. Menn vilja ekki trúa öðru en að hlutur þeirra verði jafnréttur eftir sem áður gagnvart þessu, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og þeir fái í einhverju bætta þá stórkostlegu olíuverðshækkun, sem orðið hefur frá því að þessi lög voru sett í fyrra.

Ég vil líka taka mjög eindregið undir það með hv. þm. Ragnari Arnalds, sem hann vildi fá ótvírætt fram hjá hæstv. viðskrh., um rafmagnshækkunina til húshitunar, þar sem hún hefur fylgt olíuverðshækkuninni, en það er mér kunnugt um að hún hefur gert mjög víða eystra. Menn hafa yfirleitt reiknað með því, að þar sem olíuverðshækkunin hefur komið þarna beint inn í, þá fengju þeir þetta að einhverju bætt, enda um það gefnar yfirlýsingar á sínum tíma. Og það er vissulega rétt og gott að fá um það upplýsingar hér einnig, hver séu hlutföllin í dag milli annars vegar kyndingarkostnaðar með olíu og svo aftur kostnaðar hjá þeim, sem hafa hitaveitu, hver hlutföllin eru í dag, miðað við þau hlutföll sem giltu á síðasta ári. Ég hygg nefnilega, að það fari ekkert á milli mála að þau hlutföll hafi raskast stórlega þeim í óhag sem við olíuverðshækkunina búa að fullu. Nú er sem sagt meiningin að öll hækkunin, sem hefur orðið frá síðasta ári og þangað til nú, verði látin óbætt. Fólk á sem sagt að taka þessa stórkostlegu hækkun á sig og hljóta engar bætur fyrir þá hækkun sem orðið hefur. Þetta tel ég miður, og ég hefði ekki trúað því á hæstv. ríkisstj. og enn síður hefðu fylgismenn hennar trúað því að svo muni verða.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, munu ekki vera deilur um það út af fyrir sig að framlengja þetta eina söluskattsstig eða öllu fremur vil ég segja: það munu ekki vera deilur um að halda áfram niðurgreiðslu á upphitun með olíu og ná þannig nokkrum jöfnuði með þeim, sem búa við olíuhitun, og hinum, sem búa við jarðhita. Þetta held ég að allir séu sammála um, enda gera menn sér grein fyrir þeim gífurlega ójöfnuði sem ríkir. Nefndar hafa verið tölur. Ekki mun vera fjarri lagi með einbýlishús að olíuupphitunarkostnaður, miðað við verð sem var um síðustu áramót, sé hátt upp í 200 þús. kr. á ári. Birt hefur verið að upphitunarkostnaður í Reykjavík um áramótin hafi verið um 27% af upphitunarkostnaði í sambærilegu húsnæði með olíu. Þetta er svo gífurlega mikil byrði, að við erum allir sammála um að þessa byrði beri að jafna á einhvern máta. Sérstaklega er þessi ójöfnuður mikill fyrir þá sem búa úti á landi, því að staðreyndin er sú, að þrátt fyrir góðan vilja, sem ég efast ekki um, og mörg fögur orð hefur ójöfnuður vaxið. Við höfum t .d. hækkað söluskattinn hvað eftir annað, hann leggst á vöruflutninga, og mismunur á vöruverði hefur stórlega aukist. Það er ekki undarlegt þótt almenningur úti á landsbyggðinni furði sig á því, hvernig hann á að mæta þeim mikla mismun á lífskjörum og bera byrði þá, sem þarna er orðin, ekki síst með rýrnandi kjörum sem eru staðreynd. Nóg um það. Um þetta held ég að menn séu út af fyrir sig sammála.

Deilan í þessu sambandi stendur um það, eins og komið hefur fram hjá hv. ræðumönnum hvernig eigi að ráðstafa þessu söluskattsstigi. Í frv. er brugðið verulega frá því sem lagt var til og er í lögum sem samþ. voru 28. febr. á s. l. ári. Þegar þau lög voru samþ. var olíuverð á dísilolíu kr. 7.50 lítrinn. Það var það 8. 12. 1973, en hækkaði hins vegar 1. 3. 1974 upp í 11.50 kr. lítrinn. Yfirleitt mun hafa verið miðað við það verð, sem varð rétt eftir að frv. var samþ., þ .e. a. s. kr. 11.50 lítrinn. 19. 2. 1975 er sama olía seld á kr. 20.20 lítrinn. Þarna er því orðin gífurleg hækkun, þó að það sé eingöngu miðað við verðið kr. 11.50 1. 3. 1974. Ljóst er, að upphitunarkostnaður hefur hækkað að sama skapi, og ég

leyfi mér að fullyrða að ójöfnuður milli þeirra, sem við þessi tvö kerfi búa, hafi aukist mjög verulega. Að vísu er ég ekki með tölurnar yfir hækkun á upphitunarkostnaði í Reykjavík, en eins og ég sagði áðan, þá er fullyrt að hann sé nú um 27% af upphitunarkostnaði í sambærilegu húsnæði með olíuhitun. Ef ég man þessa tölu rétt, þá var mismunurinn ekki svo mikill fyrir ári. *Mig minnir að þá hafi hlutfallið verið eitthvað um 33%.*

Þegar lögin voru afgr. í fyrra lágu fyrir ítarlegar tölur um þetta og vandlegur samanburður, m. a. frá forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar. Hér liggur ekki slíkur samanburður fyrir um ástandið eins og það er í dag. Og ég vil beina því til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, að slíkur samanburður verður að liggja fyrir áður en við getum ákveðið ráðstöfun á þessu eina söluskattsstigi. Ég vil að það komi greinlega fram, að ég get ekki tekið afstöðu með slíkri ráðstöfun sem hér er lögð til áður en ég sé slíkan samanburð og sannfærist um að sá ójöfnuður, sem orðið hefur, hafi ekki aukist.

Ég tel út af fyrir sig að það sé verðugt markmið að reyna að hraða hitaveituframkvæmdum. Og ég get vel hugsað mér að eitthvað af þessum tekjum renni smám saman til slíkra framkvæmda, t. d. ef það sýnir sig að með þessum 7 200 kr. náist svipaður jöfnuður og var þegar lögin síðustu voru samþ. Þá út af fyrir sig gæti ég samþykkt þetta, þó að ég telji það ákaflega ólíklegt og raunar sé viss um að það sé langt frá því að svo sé. En ef svo væri, þá gæti ég hugsað mér það. *Ég get einnig hugsað mér að hlut þeirra* sem fá hitaveitu, verði ráðstafað til þess að hraða framkvæmdum.

Ég vil hins vegar taka undir það sem hér hefur komið fram, að mér sýnist það ákvæði að hætta að greiða styrk til þeirra, sem eiga von á hitaveitu *á þessu tímabili, ákaflega erfitt í* framkvæmd. Hvernig verður það hjá einu sveitarfélagi að ákveða að þetta hverfi skuli fá hitaveitu fyrir 29. febr. 1976, en hitt ekki? Það getur munað nokkrum dögum. Og það liggja núna fyrir áætlanir um það frá Hitaveitu Reykjavíkur, sem við hefur verið samið, að koma hita í nágrannahverfin — Kópavog, Garðahrepp og Hafnarfjörð — á ákveðnum tíma. En mér sýnist ekki betur en að þær áætlanir séu allar að riðlast. Á að byggja þessa greiðslu á þessum áætlunum, eða ætlar hæstv. ríkisstj. um leið að ábyrgjast að hitaveita fáist á þessum tíma sem greiðslan er á byggð? Þetta er önnur veigamikil spurning. Ég fyrir mitt leyti væri stórum fúsari að fylgja þessari till. ef fyrir lægi slík ábyrgð, að ríkisstj. muni koma inn í málið og sjá til þess að framkvæmdum verði hraðað ef einhver dráttur verður á þeim, eins og nú hefur mjög legið í loftinu frá hendi Hitaveitu Reykjavíkur, *því miður*. Og ég vil taka fram, að ég er algjörlega ósammála þeim staðhæfingum sem komið hafa fram frá því fyrirtæki, en ætla ekki að fara út í það hér. Ég tel að það sé verið að blanda saman tveimur málum, sem alls ekki mega blandast saman.

Ég ætla ekki að segja um þetta mörg fleiri orð. Ég vildi á þessu stigi aðeins í fyrsta lagi lýsa eindregnum stuðningi mínum við áframhaldandi tilraun til jöfnunar á þessu sviði, en hins vegar miklum efasemdum mínum um þá skiptingu, sem hér kemur fram, og eindreginni kröfu minni um að fyrir *liggi hér í d. ítarlegar upplýsingar um* hvernig þessi samanburður er í dag áður en d. tekur endanlega afstöðu til málsins.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get þakkað hv. ræðumönnum, sem hér hafa tekið *til máls, fyrir að þeir hafa allir* tekið undir meginefni frv. og vilja styðja framlengingu þessara laga, sem í gildi hafa verið um eins árs skeið, og það er auðvitað aðalatriðið. Eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, þá gerði ég ráð fyrir að það gætu orðið skiptar skoðanir um það nýmæli sem felst í c-lið 2. gr., og það er ekkert við því að segja að menn hafi skiptar skoðanir um það efni.

Það er í sjálfu sér lítið, sem ég þarf að segja í tilefni af þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar. Það er að sjálfsögðu svo, að það getur enginn sagt með fullri vissu um það, hvað söluskattsstig gefur, en í frv. er byggt á áætlun, sem fengin hefur verið frá Þjóðhagsstofnun um það að söluskattsstig muni gefa 960 millj. kr. Það getur gefið eitthvað meira. Það getur gefið eitthvað minna. Það fer eftir því hvernig þróunin verður.

Hv. þm. Jón Árm. Héðinsson þarf ekki að tala um það í neinum undrunartón, að það geti komið fyrir að eitthvað dragist hér saman. Ég held að það geti ekki dulist neinum hv. þm., að það verður að stefna að því að það eigi sér stað nokkur samdráttur. Við getum ekki lifað á þessu ári eins og við lifðum á því næsta á undan, með þeim *viðskiptahalla sem þá var og með þeirri gjald*eyriseyðslu umfram efni sem þá átti sér stað. Það er ekkert óeðlilegt við það, þó að það sé líka tekið með í reikninginn, að þrátt fyrir verðhækkanir, sem ég skal játa að eiga sér stað og þess vegna gætu í fljótri svipan bent til þess að söluskattsstigið gæfi meira, — þá er ekkert ólíklegt að það verði að reikna með einhverjum magnsamdrætti.

Ég hef ekki handbærar tölur um samanburð á upphitun með olíu og hitaveitu. Ég dreg ekki í efa að það hafi raskast olíunotendum í óhag, þrátt fyrir það að hitaveitugjöld hafi verið hækkuð. Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur var hækkuð um 55% á s. l. ári. Það er augljóst, að það er minni hækkun en átt hefur sér stað á olíuverði á sama tíma. Ég hef að vísu ekki tölur um hvað olíuverðið var þegar þessi lög voru sett. Hitt er jafnvíst, að þá óx mönnum olíuhækkunin í augum, og það er ekkert óeðlilegt, vegna þess að þá var vitað um þá miklu hækkun sem hafði átt sér stað á olíu erlendis og var væntanleg. En eins og menn e. t. v. vita, þá er olíuviðskiptum þannig háttað að þau fara öll fram á 3 mánaða gjaldfresti. Þess vegna getum við lengur notið lægra olíuverðs þegar þannig horfir við að olíuverð er að hækka, og hefur sjálfsagt gert það í þessu tilfelli. Ég dreg ekki í efa, að á þeim mánuðum þegar verið var að setja þessi lög, þá var ljóst að hverju mundi draga í olíuhækkunum og sú mikla hækkun, sem var orðin þá á heimsmarkaðinum, hafi komið þarna til greina. Þetta verður öfugt, því miður, ef olían skyldi einhvern tíma lækka, þá tekur það sinn tíma að lækkunin komi fram hér.

Ég dreg það út af fyrir sig ekki í efa, að byrði þeirra, sem hita upp með olíu, hafi að þessu leyti þyngst, og þá er það ekkert óeðlilegt að mönnum sýnist það skjóta nokkuð skökku við að hafa þennan hátt á hér. Ég vil benda á það, að hér hefur aldrei verið um og getur aldrei verið um annað að ræða að óbreyttri skipan en styrk upp í þann mismun sem þarna er um að tefla. Það dettur engum í hug, að það sé hægt að jafna þetta út. Það er alveg sama þó að öllu þessu söluskattsstigi sé varið í olíustyrkinn, að þá verður mismunurinn ekki jafnaður út. Það verður aðeins örlítið hærri styrkur sem hver olíunotandi fær, en misræmið verður eftir sem áður fyrir hendi. Ef menn vildu hugsa sér að leiðrétta þetta misræmi að fullu, þá verða menn að vera við því búnir að segja öllu heldur A á undan B, þ. e. a. s. þeir verða að afla tekna til þess, og það þyrfti sennilega 3 fremur en 1 söluskattsstig ef þau ætti að nota í þessu skyni. Eru menn reiðubúnir til þess? Það verða menn að gera upp og meta, og því geta menn einnig velt fyrir sér í hv. n. En með þessu frv. er ekki stefnt að því fremur en í fyrra frv. og þeim lögum, sem gilt hafa, að jafna að öllu mismuninn. Það hefur öllum verið ljóst, að það var ekki hægt, heldur aðeins að draga nokkuð úr þessum mismun og veita þannig nokkurn styrk. Auðvitað getur það skipt einhverju máli, hvort sá styrkur er 2 kr. hærri eða lægri sem hér er um að ræða. En það verður ekki með því fé, sem er til umráða í þessu skyni, hægt að leiðrétta misræmið eða rétta hlut þeirra sem við olíukyndingu búa, þannig að þeir sitji við sama borð og hinir. Munurinn er sá, að ef úthlutað er öllu því fé, sem til ráðstöfunar verður og fæst með þessu eina söluskattsstigi, þá er það um 10 þús. kr. á einstakling í staðinn fyrir 7 200 kr. Það er sú staðreynd sem við verðum að horfast í augu við og gera upp og meta.

Ég skal ekki gera neitt veður út af því, þó að menn að athuguðu máli telji rétt að breyta þessu ákvæði í þessa átt, sem mundu þá í raun og veru þýða það, að lögin yrðu alveg í sama horfi og þau voru. En ég geri ráð fyrir að þetta ákvæði sé komið inn, auk þess sem menn vilja gjarnan styðja að þeirri miklu þörf sem er fyrir hendi til þess að ýta undir rannsóknir og hitaveituframkvæmdir, þá sé það e. t. v. líka eitthvað komið inn fyrir þá gagnrýni sem hefur verið höfð uppi á þessu kerfi. Það er ekki hægt að neita því, að það hefur dálítið borið á gagnrýni á þessu kerfi og framkvæmd þess kannske líka. En það verður að segja eins og er, að það er erfitt að framkvæma þetta og áreiðanlega erfitt að framkvæma það svo að öllum líki. Það er lögð kvöð á sveitarstjórnir í sambandi við þetta. Þær hafa verið misjafnlega ánægðar yfir því hlutverki sem þeim er falið samkv. þessum lögum.

Viðvíkjandi þeirri fyrirspurn sem sérstaklega var beint til mín varðandi skilning á ákvæði í 2. gr., b-liðnum, þá er ég ekki alveg viss um að ég hafi skilið fyrirspurnina alveg rétt. En ég verð að segja það, að ég tel að það sé nú ekki hægt að skilja þetta ákvæði öðruvísi en það hefur verið framkvæmt. Ég tel að þetta ákvæði sé alveg skýrt eftir orðanna hljóðan. Hvað sem líður yfirlýsingu fyrirrennara míns, þá sá hann um hálft ár um framkvæmd þessara laga, og hann gat ekki hagað henni á aðra vegu og sjálfsagt af þeirri ástæðu að hann hefur ekki talið fært að skilja það eða skýra á annan hátt. Ef menn vilja koma einhverju öðru inn í þetta ákvæði, þá verða þeir að orða það og setja það inn í ákvæðið og gera það þannig að skiljanlegt sé hvað menn eiga við. Ég held, að eins og þetta ákvæði er, þá sé ekki hægt að hafa þetta öðruvísi.

Ég leiði nú svo hjá mér annað, sem fram kom í ræðunum, eins og um stjórnleysi og því um líkt. Það er eins og þegar Kató gamli talaði, að hann lauk ræðu sinni á því sama. Sumir hv. þm. verða að hafa viss orð í ræðum sínum. Það er engin ástæða til að taka það alvarlega.

Jón Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Þetta frv. sem hér er til umr., það má segja að það sé efnislega að mestu leyti samhljóða þeim lögum sem í gildi hafa verið síðan 28. febr. s. l. og ganga úr gildi nú um næstu mánaðamót. Menn virðast vera á eitt sáttir um að framlengja söluskattsstig sem hefur verið til þess að standa undir kostnaði við þá niðurgreiðslu sem átt hefur sér stað á olíuverðinu á þessu tímabili. En nokkuð skiptar skoðanir virðast vera um það, hvort eigi að nota fjármagnið til þess að auka niðurgreiðslurnar eða hvort ákvæðið í c-lið, sem má segja að sé nýmæli, að gjaldið renni að einhverju leyti til Orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveituframkvæmda, eigi einnig að eiga sér stað.

Hv. þm. Ragnar Arnalds vék að því áðan og sagði í þessu sambandi, að ríkisstj. ætlaði að næla sér í nokkur hundruð millj. kr. til verklegra framkvæmda og í þessu tilfelli til aukinnar orkuöflunar. Ég held að þessi c-liður eigi fullan rétt á sér, og ég held, að það sé fátt sem komi þeim sem eiga við mestan vanda að búa í sambandi við upphitun íbúða sinna að meira gagni en að það sé hægt að flýta orkuframkvæmdum sem mest, þannig að sem flestar íbúðir geti verið tengdar annaðhvort jarðvarma eða þá fá raforku til upphitunar. Ég þykist viss um það og hef reyndar heyrt á mönnum, að þeir telja að það væri e. t. v. réttara að það væri meiri þáttur í þeim tekjum, sem hér eru til ráðstöfunar, sem ætti að verja til Orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveituframkvæmda, því að með því að verja stærri upphæð í því skyni, þá segir það sig sjálft, að þá miðar meir og fljótar áfram að virkja til upphitunar, hvort heldur er í sambandi við rafmagn eða jarðhita.

Í þessu tilfelli er því haldið fram, að það sé eðlilegra að afla tekna á annan hátt en í sambandi við þetta 1% söluskattsstig, sem hér er um að ræða. Um það geta að sjálfsögðu verið skiptar skoðanir. En ég tel, að þetta sé eitt af því sem við eigum að leggja megináherslu á, þ. e. að afla fjár til þess að hagnýtingu innlendrar orku verði sem fyrst komið á í þessu skyni. En það er fleira en aukin orka sem þarf í því sambandi, og jafnvel þó að það sé fyrir hendi á sumum stöðum í landinu nægileg raforka sem mætti selja og nota til upphitunar íbúðarhúsnæðis, þá vantar víða mikið á að dreifi-

veiturnar, sem fyrir hendi eru, séu færar um að taka við þeim orkuflutningi sem á þarf að halda. Þess vegna er það líka mál út af fyri sig, sem þarf að hraða og hraða endurbótum á, lagning dreifilína, ekki aðeins í dreifbýlinu, heldur og í þéttbýliskjörnum þar sem völ er á raforku. Mér er kunnugt um það, að á sumum stöðum er ekki hægt að fá raforku til upphitunar í dag, enda þótt raforka sé fyrir hendi, vegna þess að dreifiveiturnar, sem fyrir hendi eru, eða innanbæjarkerfin bera ekki þann raforkuflutning sem á þarf að halda í því sambandi.

Það er eitt, þó að það hafi lítið komið fram enn í þessum umræðum, sem hefur verið nokkuð deilt um og mér er kunnugt um að hafa komið fram athugasemdir um, sérstaklega frá sveitarfélögunum víðs vegar úti á landi, og það er framkvæmdin á þessari niðurgreiðslu. Það er almenn kvörtun yfir því að þetta sé bæði dýrt og ekki réttlát framkvæmd í sambandi við þann styrk sem um er að ræða, eins og hún hefur verið á s. l. ári og gert er ráð fyrir að haldi áfram samkv. frv. sem hér liggur fyrir. Það eru margir sammála um það, að á þessu séu ýmsir gallar, og hefur verið talað um að greiða olíuna niður á svipaðan hátt og átt hefur sér stað um olíuna sem fer til bátanna. Það kann vel að vera að það sé rétt. Það hefur verið bent á að það séu ýmsir meinbaugir þar á. En það kann að vera, að sé til líka þriðja leiðin, og ég vil beina því til þeirrar n., sem fær nú þetta mál til meðferðar, að hún athugi sérstaklega hvort ekki er hægt að hafa einhvern annan heppilegri hátt á í sambandi við þann styrk, sem kemur til með að verða veittur, eða ráðstöfun á því fjármagni, sem hér um ræðir, heldur en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Það hafa verið færð fyrir því rök af sveitarfélögunum, að hér sé um allt of kostnaðarsama framkvæmd að ræða, mikla fyrirhöfn og mikið starf sem í því liggur að koma þessum aurum til þeirra sem eiga að njóta þeirra. Einnig hefur verið á það bent, að í sumum tilfellum hefur þetta verið þannig, að einstaka aðilar hafa jafnvel fengið það mikið í sinn hlut, að þar hefur ekki verið um það að ræða að það sé styrkur til að færa niður olíukostnaðinn, því að það munu dæmi til þess að í einstaka tilfellum að styrkurinn hafi numið það hárri upphæð að hann hafi nægt til að borga allan olíukostnaðinn. Vissulega er það út af fyrir sig líka galli á þessu kerfi, þegar er hægt að vitna til þess að slíkt hafi átt sér stað.

Ég vil sem sagt beina því til n., hvort hún vilji ekki endurskoða eða athuga þá hlið sem veit að framkvæmdinni á þessu máli og athuga gaumgæfilega hvort það er þá ekki um einhverja enn aðra leið að ræða, ef þessar leiðir eru báðar erfiðar, bæði sú leið, sem frv. gerir ráð fyrir og eins hin leiðin, sem margir hafa bent á, að greiða hreinlega niður olíuverðið, hvort það er þá ekki hægt að fara einhverja þriðju leið í þessum efnum og það verði þá athugað gaumgæfilega í meðferð málsins hjá nefndinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Þriðjudaginn 25. febr., kl. 3 miðdegis.

Ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði, frv. (þskj. 307). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Frv. því til l., sem hér er lagt fram, er ætlað að mæta tvenns konar vanda: annars vegar að afla fjár til að standa straum af endurreisninni í Neskupstað í kjölfar snjóflóðanna þar og hins vegar að afla Viðlagasjóði viðbótartekna, svo að sjóðurinn geti komist sómasamlega frá verkefnum sínum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Mun ég greina nánar frá hvoru tveggja.

Föstudaginn 20. des. 1974. laust fyrir kl. 14, féll mikið snjóflóð á athafnasvæði Síldarvinnslunnar hf. í Neskaupstað. Um stundarfjórðungi síðar féll annað snjóflóð litlu utar á ströndinni. Hinar hörmulegu afleiðingar þessara atburða eru öllum landsmönnum enn í fersku minni. Auk mannslífanna, sem aldrei verða bætt, urðu norðfirðingar fyrir gífurlegu eignatjóni. Með bréfi forsrh. til Viðlagasjóðs, dags. 30. des. 1974, fól ríkisstj. sjóðnum til bráðabirgða að koma fram gagnvart yfirvöldum í Neskaupstað. Verkefni Viðlagasjóðs var m. a. í því fólgið að gera úttekt á tjóninu og bæta það, að svo miklu leyti sem það kæmi í hlut annarra en venjulegra bótagreiðsluaðila. Verkfræðingar og matsmenn sjóðsins hafa nú áætlað útgjöld sjóðsins af þessu verkefni og telja þau nema 500 millj. kr. Af þeirri upphæð eru 135 millj. kr. vegna fasteignatjóns, en 225 millj. vegna tjóns á vélum, tækjum og lausafé. Er þá miðað við að síldarverksmiðja sé ekki endurreist á sama stað og að fallist verði á, að bæta yfirgefin verðmæti. Hafa verður einnig í huga að mikil óvissa ríkti um ástand véla í rústum síldarverksmiðjunnar er áætlunin var gerð, en hún er lögð fram hér sem fskj. nr. 1. Í áætluninni kemur einnig fram að kostnaður við björgun og hreinsun muni nema 50 millj. kr., aðrar bætur en áður gat 40 millj. kr. og annar kostnaður og ýmislegt ófyrirséð 50 millj. kr. Varðandi þessa áætlun vil ég taka fram, að hér er ekki um endanlega áætlun að ræða og því geta þessar tölur vitaskuld breyst, en því miður eru litlar líkur til að um lægri bótafjárhæðir verði að ræða, heldur fremur líklegt að til hækkunar komi.

Í frv. því, sem hér er mælt með, felst ákvörðun um víkkun á hlutverki Viðlagasjóðs er samkv. gildandi lögum takmarkast við eldgosið í Vestmannaeyjum og afleiðingar þess. Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að stofna til bráðabirgða sérstaka deild við Viðlagasjóð með sjálfstæðum fjárhag vegna verkefnanna í Norðfirði. Ráðgert er hins vegar að leggja síðar fram frv. að varanlegri löggjöf fyrir Viðlagasjóð, þar sem sjóðurinn verði gerður að fastri stofnun er hafi yfir að ráða fjármunum og sérþekkingu til að veita skjóta og öfluga aðstoð ef meiri háttar vanda ber að höndum vegna náttúruhamfara eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika sem tryggingar ná ekki

til. Starfar nú n. á vegum trmrn. sem kannar þetta mál, og mun hún fljótlega skila áliti.

Hlutverk Norðfjarðardeildar Viðlagasjóðs er í frv. þessu þríbætt: Í fyrsta lagi að bæta tjón af völdum snjóflóðanna í Norðfirði. Í öðru lagi að greiða kostnað við björgun verðmæta og hreinsun rústa og athafnasvæða. Í þriðja lagi að stuðla að endurbyggingu atvinnufyrirtækja, sem eyðilögðust eða skemmdust í snjóflóðunum. Í frv. er skýrt tekið fram, að stjórn Viðlagasjóðs skuli við framkvæmd þessara laga hafa náið samband við bæjarstjórn Neskaupstaðar og aðra opinbera aðila sem um málefni norðfirðinga fjalla.

Stærsta einstaka tjónið í Neskaupstað er eyðilegging síldarverksmiðjunnar. Er endurbygging hennar nauðsynleg, en ekki er unnt að gera ráð fyrir að bætur fyrir gömlu verksmiðjuna nægi fyrir byggingarkostnaði nýrrar. Til þess að fjármagna þennan mismun gerir 6. gr. frv. ráð fyrir að ríkisstj. geti í samráði við Síldarverksmiðjur ríkisins selt Síldarvinnslunni í Norðfirði með hagkvæmum kjörum vélar og tæki sem fyrirsjáanlega er ekki þörf fyrir á næstunni. Auk þess gera menn sér vonir um að Byggðasjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður hjálpi verulega til að fjármagna þennan mismun.

Áætluð útgjöld Viðlagasjóðs vegna snjóflóðanna í Norðfirði eru 500 millj. kr. sem fyrr greinir. Frv. þetta gerir ráð fyrir að sjóðnum verði aflað tekna til að standa straum af þessum útgjöldum með álagningu viðlagagjalds á söluskattstofn. Hinn 28. febr. n. k. fellur úr gildi viðlagagjald á söluskattsstofn, sem innheimt hefur verið síðan 1. mars 1973. Gjald þetta var upphaflega 2% af söluskattsstofni, sem kunnugt er, en 1% frá 1. mars 1974. Var þá hinu prósentustiginu varið til niðurgreiðslu á olíu. Í frv. þessu er nú ráðgert að framlengja viðlagagjald og leggja 2% á söluskattsstofn á tímabilinu frá 1. mars 1975 til 31. des. 1975.

Samkv. áætlunum þeim, sem frv. fylgja, er talið að tekjur Viðlagasjóðs af þessum tveimur prósentustigum í 10 mánuði verði 1 600 millj. kr. Eftir að áætlanirnar voru gerðar hefur gengisbreyting verið framkvæmd, og miðað við hana er nú áætlað að þessi upphæð gæti e. t. v. orðið eitthvað hærri eða jafnvel um 1 700 millj. kr.

Tekjurnar skiptast á deildir sjóðsins í hlutfalli við áætlaða fjárþörf og renna 32% til Norðfjarðardeildar, en 68% til Vestmannaeyjadeildar.

Sú regla gildir sem fyrr, að hækkun á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af viðlagagjaldi á söluskatt, veldur ekki hækkun á kaupgreiðsluvísitölu.

Enn skortir Viðlagasjóð fé til að geta komist frá verkefnum sínum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og afleiðingum þess. Áætlun sú um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs, sem hér er lögð fram sem fskj. nr. 2, sýnir að yfirdráttarskuld sjóðsins við Seðlabankann mun aukast enn á þessu ári og mun nema 1 600 millj. kr. í árslok ef ekki koma til nýir tekjustofnar. Samkvæmt þessu mun staðan við Seðlabankann því versna um 65 millj. kr. á árinu 1975 eingöngu vegna tjónanna í Vestmannaeyjum og er þarna e. t. v. ekki allt fram tekið sem nauðsynlegt er, þ. e. a. s. hærri upphæð til tekjubóta, svo að dæmi sé nefnt.

Hinn gífurlegi hallarekstur Viðlagasjóðs undanfarin 2 ár, sem fjármagnaður hefur verið með útstreymi úr Seðlabankanum, er einn frumþáttur þeirrar peningaþenslu og verðbólgu, sem einkennt hefur tímabilið. Þessa þróun verður tafarlaust að stöðva og snúa við.

Hlutur Vestmannaeyjadeildar sjóðsins af 2% viðlagagjaldi í 10 mánuði er áætlaður 1100 millj. kr. og er sú fjárhæð talin duga til að koma fjármálum Viðlagasjóðs á réttan kjöl. Skuld sjóðsins hjá Seðlabankanum í árslok 1975 verður þá um 55% lægri en að óbreyttum tekjustofnum eða 740 millj. kr. í staðinn fyrir 1 600 millj. kr. Óinnheimtar eru þá um 220 millj. kr. af tekjum sjóðsins af álögðu viðlagagjaldi, sem berast honum á fyrstu tveimur mánuðum ársins 1976.

Í upphafi árs 1976 eru eignir Vestmannaeyjadeildar sjóðsins taldar munu vera 2 125 millj. kr. að meðtöldum 220 millj. kr. af óinnheimtum tekjum af viðlagagjaldi. Eftirstöðvar af ógreiddum skuldbindingum eru þá taldar 555 millj. kr., en hætt er við að sú upphæð geti hækkað verulega vegna óútkljáðra bótakrafna sem m. a. er fjallað um fyrir dómstólunum. Hafa verður hugfast, að ógreiddar skuldbindingar í lok þessa árs eru fyrst og fremst bætur til Vestmannaeyjakaupstaðar og verður greiðslum að mestu eða öllu lokið á árinu 1976. Á hinn bóginn er stærsti eignaliðurinn skuldabréf vegna sölu innfluttra húsa, og fæst andvirði þeirra ekki greitt nema á löngu árabili og síðustu greiðslur af skuldabréfum verða ekki inntar af hendi fyrr en eftir 25 ár. Annar stærsti liðurinn er skuldabréfalán til sveitarfélaga, en þau eru almennt til 5 ára.

Af þessu má ráða, að beinn samanburður á eftirstöðvum eigna og skulda gefur ranga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins. Ljóst er hins vegar að endanlega, þegar skuld sjóðsins hjá Seðlabankanum hefur verið greidd, sem verður væntanlega ekki fyrr en á árinu 1978, þá verða skuldlausar eignir sjóðsins, einkum í verðbréfum, nokkrar. Gætu þær orðið hluti höfuðstóls varanlegs viðlagasjóðs.

Ég vil láta það koma hér fram við 1. umr. þessa máls, að snjóflóð hafa fallið víðar á landinu, og þar sem svo háttar til að tjón vegna þeirra fæst ekki bætt með venjulegum tryggingum, þá er eðlilegt að slík tjón verði bætt með sama hætti og gert er hér ráð fyrir, hvort sem það verður gert með greiðslum úr Viðlagasjóði eða með greiðslum úr Bjargráðasjóði. Hvora tveggja þessara leiða þarf að íhuga við afgreiðslu þessa frv., og treysti ég því að n. sú, sem fær frv. til meðferðar, taki til athugunar hvor leiðin sé heppilegri, en í því sambandi er rétt að ítreka, að n. hefur nú til meðferðar, eins og ég gat um, hvernig unnt er að koma við tryggingum þegar tjón verða eins og þau er hér um ræðir.

Þá vildi ég láta það koma fram við þessa umr. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, þar sem gert er ráð fyrir 1 prósentustigshækkun á söluskatti, að vitaskuld er þetta neyðarúrræði, en þó nauðsynlegt til þess að standa undir þeim skuldbindingum, sem allur þingheimur hefur tekist á hendur vegna

Vestmannaeyjaeldgossins og snjóflóðanna í Neskaupstað.

Það er nú í dag til 1. umr. frv. til l. um olíuniðurgreiðslu sem gerir ráð fyrir að 1% söluskattsstigi sé áfram varið til þess að létta upphitunarkostnað þeirra íbúða sem byggja upphitunina á olíu, enn fremur að nokkur hluti þeirrar tekjuöflunar verði til staðar, svo að unnt sé að flýta þeim orkuframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru. Hér er vissulega um það að ræða, að almenningur í landinu tekur á sig bagga vegna óvæntra náttúruhamfara og tjóns sem af þeim leiddi.

Það er ekki óeðlilegt, að inn í umr. um þetta mál blandist að einhverju leyti þær efnahagsráðstafanir sem ríkisstj. hefur verið að gera og mun standa að. Ég vil því láta það koma hér fram, að þær ráðstafanir, sem ókomnar eru, eru fyrst og fremst þær sem hér skal frá sagt.

Það er í fyrsta lagi ákvörðun launajöfnunarbóta. Ekki er útlit fyrir að aðilar vinnumarkaðarins geti komið sér saman um bráðabirgðasamkomulag í þeim efnum, og ríkisstj. hefur skuldbundið sig til að taka launajöfnunarbætur til endurskoðunar þegar framfærsluvísitalan væri orðin hærri en 358 stig. Þar sem hún er nú 375 stig mun ríkisstj. gera ráðstafanir til að frv. það, sem er til meðferðar í Ed. Alþ., til staðfestingar á brbl. frá s. l. hausti um ákvörðun launajöfnunarbóta verði tekið til afgreiðslu og þar verði kveðið á um, hvernig þær launajöfnunarbætur skuli hækka með tilvísun til annars vegar að mínu áliti þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á framfærsluvísitölu frá 358 í 375, og hins vegar tel ég eðlilegt að tillit sé tekið til þeirrar söluskattshækkunar, eins stigs, sem hér er gerð till. um, þannig að hún verði bætt þeim lægst launuðu í þjóðfélaginu og hlutdeild í söluskattsstiginu komi þess vegna á aðra þjóðfélagsþegna en þá sem verst eru staddir.

Í öðru lagi eru í undirbúningi ákveðnar till., sem samráð verður haft um við aðila vinnumarkaðarins og hefur verið haft við þá, um tekjuskattslækkun. Er það vilji ríkisstj., að sú tekjuskattslækkun verði einkum þeim til góða sem á lægri tekjubilum eru.

Í þriðja lagi verða svo hér til meðferðar, væntanlega bráðlega, ráðstafanir til þess að leysa úr tekjuskiptingarvandamáli innan sjávarútvegsins, þ. e. a. s. milli vinnslu og veiða.

Í fjórða lagi mun Alþ. fá til meðferðar till. um samdrátt í útgjöldum og útgjaldaáformum ríkisins, sem væntanlega munu nema a. m. k. 2 500 —3 700 millj. kr., en það er nauðsynlegt vegna fjárhagsstöðu ríkissjóðs sjálfs, svo að annað sé ekki þar með tekið.

Í fimmta lagi er ríkisstj. svo að vinna að ákvörðunartöku varðandi aðhald og samdrátt í útgjaldaáformum fjárfestingarlánasjóða, er samræmist útgjaldaáformum ríkisins, og því, að náð verði viðunandi viðskiptajöfnuði og greiðslustöðu gagnvart útlöndum.

Allar þessar ráðstafanir, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir og ég hef nú minnst á, miðast við það í fyrsta lagi að full atvinna haldist í landinu, í öðru lagi að bætt verði úr gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins og í þriðja lagi að kjaraskerðing sú, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir, komi sem minnst við þá sem lægstar hafa tekjurnar.

Ég vonast svo til þess, að hv. þdm. greiði fyrir afgreiðslu þessa máls, og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég vil fyrst víkja að því, að ég harma að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa haft samráð við stjórnarandstöðuna um tekjuöflun til þess að standa við þau loforð, sem gefin hafa verið um stuðning við norðfirðinga vegna þeirra tjóna sem þar urðu í snjóflóðunum. Ég hafði satt að segja gert ráð fyrir því í framhaldi af því, sem hæstv. forsrh. hafði rætt við okkur um, að það yrði haldið þannig á þessu máli, eins og áður hafði verið gert í sambandi við Vestmannaeyjamálið, að reynt yrði að hafa sem nánast samráð við alla þingflokka varðandi flutning málsins, bæði gerð þess frv., sem hér hefur verið lagt fram, og eins um tekjuöflun. En þetta hefur ekki verið gert, og ég harma að ríkisstj. skuli hafa staðið þannig að málinu.

Á hinu tel ég, að engin vafi leiki, að það hvílir á Alþ. sú skylda að sjá til þess að mögulegt verði að standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið þeim sem hafa orðið fyrir tjóninu á Norðfirði. Ég er á þeirri skoðun, að það hefði verið æskilegt að reyna að afla fjár í þessu skyni með öðrum hætti en hér er lagt til, en geri mér fulla grein fyrir því, að í þessu tilfelli, alveg eins og átti sér stað í sambandi við fjáröflun vegna Vestmannaeyjavandans á sínum tíma, gátu komið fram mismunandi skoðanir um hvernig fjárins ætti að afla, og þá varð það að ráða úrslitum að samkomulag næðist, þannig að hægt yrði að standa við það sem heitið hafði verið.

Ég mun fyrir mitt leyti styðja þá fjáröflun, sem stungið er upp á í þessu frv., ef ekki tekst í þeirri n., sem fjallar um málið, að ná samkomulagi um aðra fjáröflun sem ég tel að hefði verið miklu hagkvæmari og eðlilegri, eins og nú standa sakir. Í Neskaupstað er sýnilega, miðað við þá áætlun sem gerð er grein fyrir í þessu frv., ekki gert ráð fyrir að bæta það tjón, sem þar hefur orðið, nema að litlu leyti, sennilega talsvert mikið undir hálfu því tjóni sem þar hefur orðið. Hér er því ekki um þá fjárhæð að ræða, að ekki hefði verið hægt að afla fjárins án þess að þurfa að fara þá leið að bæta við nýju söluskattsstigi. Ég verð að segja það, að ég lýsi líka yfir vonbrigðum mínum yfir því, ef þessi verður raunin í framkvæmdinni, að þessar bætur verði ekki meiri en þarna er um að ræða, miðað við það tjón sem orðið hefur. En ég vil líka ganga út frá því, að þar verði farið eftir alveg hliðstæðum reglum og miðað hefur verið við um bæturnar í Vestmannaeyjum, og þó að hér liggi fyrir lausleg áætlun um þetta tjón, þá verði vitanlega ekki bundið sig við þessa áætlun, heldur farið eftir því sem fram kemur að tjónið muni verða metið á.

Hér er frv. á ferðinni sem fjallar ekki einvörðungu um tekjuöflun til þess að bæta mönnum það tjón sem hefur orðið í Neskaupstað, heldur er þar einnig um að ræða viðbótartekjuöflun vegna Vestmannaeyjatjónsins. Það er skoðun mín að það verði ekki undan því vikist heldur

að afla viðbótartekna vegna tjónanna í Vestmannaeyjum. Þó að segja megi að staða Viðlagasjóðs sé þannig, að hann eigi raunverulega eignir til þess að standa undir þeim bótum, sem þar er gert ráð fyrir að falli á sjóðinn, þá er ég á þeirri skoðun að ekki sé hægt að hlaupa þannig frá því vandamáli, að þar verði ekki um auknar tekjur að ræða. Það er sýnilegt að Viðlagasjóður fær ekki inn allar þessar eignir sínar, fær þau verðbréf, sem hann á ekki greidd fyrr en eftir svo langan tíma, að það er ekki hægt að láta vestmannaeyinga bíða eftir því með sitt eðlilega bótauppgjör.

Það má að sjálfsögðu vera, að misjafnar skoðanir séu um hvað eigi að afla Vestmannaeyjadeildinni mikilla nýrra tekna, hvort þörf er á 1100 millj. til viðbótar við það sem orðið var. Ég fyrir mitt leyti geri ekki neitt aðalatriði úr því og mun fallast á að tekjuöflun eigi sér stað fyrir Vestmannaeyjadeildina eins og hér er lagt til, en hefði þó talið æskilegra, eins og nú standa sakir, að draga sem mest úr því að fara þá tekjuöflunarleið, sem lagt er til með þessu frv., en reyna heldur að afla Viðlagasjóði viðbótartekna eftir öðrum leiðum. En ég undirstrika það, að það er meginatriðið, bæði varðandi fjáröflunina fyrir Norðfjarðardeildina og eins Vestmannaeyjadeildina, að samkomulag þarf að fást um að hægt sé að standa við þau fyrirheit, sem gefin hafa verið. Ef hæstv. ríkisstj. getur ekki fallist á aðra leið en þá, sem hér er lögð til, þá verður það að vera niðurstaðan og þá mun ég styðja frv., en tek það skýrt fram, að ég tel að æskilegra hefði verið að afla teknanna með öðrum hætti og tel að það væri hægt. En væntanlega gefst tími til þess í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um frv., athuga það nokkru nánar, hvort samkomulag gæti tekist um aðra fjáröflun að einhverju leyti a. m. k.

Ég tel, að þegar slík óhöpp skella á eins og urðu í Vestmannaeyjum og í Neskaupsstað, þá sé það eðlilegt, að þjóðarheildin taki að sér að greiða slík tjón, fyrst þau fást ekki bætt annars staðar frá, og þá tel ég að það sé fullkomlega eðlilegt að fjár til þeirra sé aflað á þann hátt, að allir leggi þar fram sinn eðlilega hlut, svo að ég skorast ekki undan því fyrir mitt leyti að standa að því að afla þessara tekna.

Hæstv. forsrh. minntist í sambandi við þetta frv. á fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstj. almennt í efnahagsmálum. Ég tel ekki eðlilegt að ræða þær í samhengi við það frv., sem hér liggur fyrir, og mun því ekki gera það nema að mjög litlu leyti. Ég álít að það sé ekki þörf á því að blanda þessum málum saman á einn eða neinn hátt og það sé óæskilegt, þó að það hefði vissulega komið til mála að mínum dómi, að þegar um það er að ræða að lækka áætluð útgjöld ríkissjóðs frá nýlega samþykktum fjárl. um 2 500 millj. eða jafnvel 3 700 millj., sem hér voru nefndar, þá hefði vissulega komið til greina að af þessari fjárhæð hefði verið varið t. d. til Norðfjarðardeildarinnar í sambandi við þær bætur, sem lofað hefur verið, þeim 500 millj., sem nú er gert ráð fyrir að þangað kunni að renna. En ég sem sagt geymi mér að ræða um þessi atriði, sem hæstv. forsrh. minntist hér á, sem eru varðandi almennar efnahagsráðstafanir, að öðru leyti en því, að hann minntist hér einnig á frv., sem lagt hefur verið fram í Ed., um áframhaldandi niðurgreiðslu á olíuverði til húshitunar. Þá vil ég aðeins taka það fram, þó að það frv. sé ekki komið hingað, að ég tel að allar tekjurnar, sem til falla af því söluskattsprósentustigi sem hefur runnið og átti að renna til verðlækkunar á olíu til húsakyndingar, — allar þær tekjur eigi áfram að renna til þess að lækka þann gífurlega kostnaðarauka, sem orðið hefur hjá þeim sem verða að kynda íbúðarhús sín með olíu og það eigi ekki að klípa þar neitt af, eins og gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. nú og fara að taka hluta af þeim tekjum, sem þannig höfðu verið markaðar í þessu skyni, og ráðstafa í annað. Ég er algerlega mótfallinn því og tel, að það sé síst ástæða að draga úr þeim stuðningi sem verið hefur til þeirra, sem hafa þurft að hita upp íbúðarhús sín með olíukyndingu. En það kemur að því að það frv. komi til þessarar d., og gefst þá tækifæri til þess að ræða um það.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Ég er í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um þetta frv. Ég er samþykkur efni frv. og vil sjá um að hægt verði að standa við þau fyrirheit gagnvart bæði vestmanneyingum og norðfirðingum, sem gefin hafa verið.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þegar fyrrv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum sumarið 1971 urðu mikil tímamót í sögu íslenskra efnahagsmála og íslenskra stjórnmála. Þá tóku við stjórnartaumum á Íslandi valdaþyrstir menn eftir 12—13 ára stjórnarandstöðu, og þess sáust brátt greinileg merki.

Sumarið 1971 hafði þeirri ríkisstj., sem áður hafði setið að völdum í meira en áratug, tekist að sigrast á einhverjum mestu efnahagsörðugleikum sem til þess tíma höfðu dunið yfir íslensku þjóðina, þ. e. a. s. þegar það gerðist í senn að síldin hvarf af Íslandsmiðum algerlega á tveimur árum og meiri verðlækkun varð á aðalmarkaði íslendinga fyrir útfluttar sjávarafurðir, Bandaríkjamarkaði, en nokkurn tíma hafði orðið áður. Þetta tvennt: hvarf síldarinnar og verðlækkunin á Bandaríkjamarkaði, skerti útflutningstekjur þjóðarinnar á tveim árum um milli 45 og 50%. Annað eins hafði aldrei áður gerst í efnahagssögu þjóðarinnar, ekki einu sinni á árum heimskreppunnar miklu eftir 1930.

Þessi skyndibreyting á efnahagsstöðu þjóðarinnnar olli miklum erfiðleikum, atvinnuleysi og kjararýrnun. En við þeim var snúist með skynsamlegum og róttækum, en að vísu harðhentum ráðstöfunum, sem voru óhjákvæmilegar og játað var hreinskilningslega að væru nauðsynlegar. Það tókst að sigrast á erfiðleikunum á tveimur árum, þannig að þegar leið á árið 1970 var augljóst að erfiðleikatímabili var lokið, atvinnuleysið var horfið og kjör þjóðarinnar voru aftur farin að batna. En almenningi var það e. t. v. ekki jafnljóst og þeim, sem fylgdust náið með æðaslögum íslensks efnahagslífs.

Þegar fyrrv. ríkisstj. settist að völdum var góðæri þegar fyrir nokkru greinilega hafið, þannig að öllum mátti vera ljóst að svo var. Þess vegna var eðlilega ríkjandi mikill fögnuður í her-

búðum þeirra manna og þeirra flokka sem þá tóku við völdum. Þá hófst hin mikla og fræga veisla, sem mikið og rækilega var lýst á sínum tíma og mikið var um rætt meðan á valdatíma þessarar ríkisstj. stóð. En engin veisla í íslenskri efnahagssögu né íslenskri stjórnmálasögu hefur endað með öðrum eins ósköpum og þessi veisla. Og eftir enga aðra veislu hefur þjóðin fengið annan eins höfuðverk og þá veislu sem efnt var til sumarið 1971.

Á stjórnmálasviðinu voru afleiðingar þess, sem gerðist á stjórnarferli fyrrv. ríkisstj., þær að aðalsigurvegari kosninganna 1971, sá flokkurinn sem raunverulega hafði gert myndun þessarar ríkisstj. mögulega, SF, klofnaði í rætur, klofnaði algerlega, leystist svo að segja upp, enda galt hann mikið afhroð í síðustu kosningum, missti 3 af 5 þm. sínum, meira en helming þingliðs síns.

Það gerðist jafnframt í lok veislunnar, að hluti af Framsfl. klauf sig frá honum, hreyfing, sem kennt hafði sig við Möðruvelli, lýsti opinberri andstöðu við forustu Framsfl. Í þessum hópi voru ýmsir af hinum yngri forustumönnum framsóknarmanna, jafnvel heil samtök úr röðum Framsfl. Þeir reyndust að vísu ekki hafa það fylgi sem þeir sjálfir héldu að þeir hefðu, þannig að hreyfingin misheppnaðist algerlega, en engu að síður, hún var liður í lokum veislunnar miklu, sem stóð frá 1971—1974.

Og í veisluglaumnum, í veislufagnaðinum kom upp mikið sundurlyndi innan Alþb. Alþb. stóð nú að því í fyrsta skipti í sögu sinni að breyta gengi oftar en einu sinni og horfa á gengissig — stöðugt gengissig — á öllum síðari hluta valdaferils síns. Alþb. stóð að kaupbindingu í fyrsta skipti í sögu sinni. Og það kom í ljós að Alþb. var klofið í rót í afstöðu sinni til grundvallaratriða varðandi utanríkisviðskipti að því er snertir afstöðu til Efnahagsbandalagsins annars vegar og þó engu síður að því er varðar samstarfið við erlent fjármagn hins vegar, sbr. hina frægu deilu um málmblendiverksmiðjuna. M. ö. o.: Alþb. hafði það líka upp úr þátttöku í þessum veislufagnaði, að innviðir þess riðuðu. Það kom í ljós sundurlyndi, það kom í ljós ólík afstaða til grundvallaratriða stjórnmála og efnahagsmála í Alþb. Og sá ágreiningur helst enn, þótt nú sé hægt að breiða yfir hann, af því að Alþb. er í stjórnarandstöðu. Það var ekki hægt meðan Alþb. var innan ríkisstj., enda þýðir ekkert að þræta fyrir þennan ágreining núna, þótt flokkurinn sé í stjórnarandstöðu, hann kom svo skýrt í ljós og er svo vel staðfestur frá stjórnarárum flokksins.

En niðurstaðan af þriggja ára stjórnarferli þessara þriggja flokka var sú á efnahagssviðinu í fyrsta lagi, að það tókst að setja Evrópumet í verðbólgu. Hún var 1974, þegar stjórnin gafst upp, 43%, — Evrópumet í verðbólgu fyrsta niðurstaðan. Önnur niðurstaðan varð sú, að á þessu ári, þegar stjórnin fór frá nam viðskiptahalli 16 milljörðum kr. eða hvorki meira né minna en 12% af þjóðarframleiðslunni. Ringulreiðin og stjórnleysið í peningamálum var slíkt, að útlán banka jukust um 48%, samtímis því sem aukning sparifjárinnlána nam 26% og útlán fjárfestingarsjóða jukust um 53%, — algert stjórnleysi í peningamálum. Og ekki var það betra í ríkisfjármálunum. Á þessu viðskilnaðarári fyrrv. ríkisstj. versnaði staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum um hvorki meira né minna en 3 700 millj. kr. Það var 3 700 millj. kr. raunverulegur greiðsluhalli hjá ríkinu, þegar fyrrv. ríkisstj. gafst upp. Viðskilnaðurinn var m. ö. o. þannig, að hann verður ekki nefndur öðrum nöfnum en upplausn, ringulreið, sukk.(**Gripið fram í:** Þm. gleymdi einu. Alþfl. rýrnaði um þriðjung.) Ég skal gjarnan koma að því á eftir. Ég á mikið ósagt við flokk hv. þm. í framhaldi af ræðu hv. 2. þm. Austf., sem er búinn að afhjúpa flokk sinn með svo furðulegum hætti að því mun ekki verða gleymt. Og þá skal koma svarið til þess hv. þm., sem kallaði núna fram í, og hann skal bara bíða rólegur. Það skal ekki verða skorið utan af því.

Fyrrv. ríkisstj. var byrjuð að káka við ráðstafanir í efnahagsmálum. Hún lækkaði gengið, bæði beint og óbeint, hún bannaði kauphækkanir o. s. frv. En — og það er mergurinn málsins, — hún tók ekki á grundvallarvandamálinu. Hún tók ekki á eyðslunni, hún stöðvaði ekki eyðsluna, hún stöðvaði ekki sukkið. Hún tók ekki fyrir rætur verðbólgunnar. Hún reyndi ekki að stöðva fjárfestingaræðið, sem jafnan fylgir svo geigvænlegri verðbólgu sem hún hafði efnt til. M. a. þess vegna missti fyrrv. ríkisstj. meiri hl. sinn.

Af þessu er auðvitað ljóst, að núv. ríkisstj. tók ekki við blómlegu búi eins og fyrrv. ríkisstj. En hvað gerir hún? Hún heldur áfram sömu stefnu og fyrrv. ríkisstj. Það sést engin stefnubreyting, ekki á neinu sviði. Hún kákar við gengisbreytingar og aukaráðstafanir og heldur kaupgjaldinu föstu, en hún tekst ekki á við grundvallarvandann. Hún ræðst ekki gegn eyðslunni og sukkinu. Hún stöðvar ekki fjárfestingaræðið. Hún ræður ekki við verðbólguna. Þess vegna er allt í áframhaldandi sama öngþveiti og það var á síðustu árunum sem fyrrv. ríkisstj. var við völd. Það hefur engin raunveruleg breyting orðið. Það virðist vera Framsfl., sem ræður ferðinni enn, en hann réð ferðinni í samráði við Alþb. í fyrrv. ríkisstj. — Ég skal ekki segja raunar, að annar beri meiri ábyrgð á ófremdarástandinu heldur en hinn, auðvitað gera þeir það báðir, en stefnubreyting hefur engin orðið. Það er mergurinn málsins, og það er það sem ber að harma.

Greinilegasta dæmið um að ekki hefur orðið stefnubreyting er það, að ekki örlar á viðleitni til sparnaðar. Það örlar ekki á viðleitni til sparnaðar á einu eða neinu sviði, þó að ástandið sé eins og það hefur verið, þó að ríkissjóður hafi verið rekinn með upp undir 4000 millj. kr. raunverulegum halla á s. l. ári. Sem dæmi um þetta dettur mér í hug að nefna, að í þessu húsi sitja 60 alþm. á launum sem ýmsum þykja alveg nógu há, og skal ég ekki ræða það mál að þessu sinni. En í öðru húsi hér í miðbænum sitja 25 menn á búnaðarþingi. Þessir 25 þm., sem á búnaðarþingi sitja, fá laun úr ríkissjóði meðan á búnaðarþinginu stendur, sömu laun og þm., og fá greiddan ferðakostnað á þingið eins og þm. M. ö. o.: nú sitja hér á Alþ. tveir hópar manna, 60 manna raunverulegir þm. á þingmannslaunum og 25 búnaðarþingsmenn á þingmannslaunum og ferðakostnaði þm. Þessi síður mun hafa tíðkast um mörg undanfarin ár að því er snertir búnaðarþing og fiskiþing, þessi tvö þing. Hins vegar er ekki svo um þing iðnaðarmanna, Alþýðusam-

bandsins eða verslunarmanna eða nein önnur slík þing. Þessi tvö þing hafa með einhverjum hætti fengið að njóta algerrar sérstöðu meðal stéttarþinga þjóðarinnar. Ég hef áður vakið athygli á þessu opinberlega og lýst óánægju og gagnrýni minni á þessu fyrirkomulagi, en á það hefur ekki verið hlustað, þegar ég hef vakið máls á því, og því hygg ég að sami háttur gildi um þetta enn. En hér er auðvitað eitt dæmi af ótalmörgum sem hægt væri að nefna, þar sem hægt væri að spara og auðvitað ætti að spara. Þetta er ósiður sem aldrei hefði átt að komast á. En fyrst hann komst á, þá á að nota fyrsta tækifærið til þess að afnema hann. Nú var tækifærið til að afnema annað eins og þetta. Mörg fleiri dæmi eins og þetta væri hægt að nefna ef tími væri talinn til í þessum umr. En það getur beðið til annars og betri tíma. Dæmi er þetta og annað ekki.

En samtímis því sem ríkisstj. hefst ekkert að til þess að veita gott fordæmi að því er varðar sparnað, þá er þróun kjaramála uggvænleg, hún er beinlínis uggvænleg. Á tímabilinu frá því að kjarasamningar voru gerðir í febrúarlok 1974 til loka þess árs var raunveruleg kjararýrnun hjá þeim launþegum, sem fengu fyllstu láglaunabætur, 13%, en hinum, sem engar láglaunabætur fengu, um 23%. Á þessu ári hefur verðhækkun orðið sem svarar til þess að kjararýrnun hafi enn orðið á bilinu 4—5%. Nýlega hefur gengið verið lækkað, stjórnvöld viðurkenna sjálf að það jafngildi um 6—8% kjararýrnun. M. ö. o.: frá því kjarasamningar voru síðast gerðir hefur orðið raunveruleg kjararýrnun um 25% hjá þeim, sem hafa fengið láglaunabætur. Hún hefur orðið um þriðjungur hjá þeim, sem engar láglaunabætur hafa fengið. Nú skal ég að vísu fúslega viðurkenna að reikningslegi kaupmátturinn, sem útreikningar sýndu eftir kauphækkunina í febrúarlok 1974, var ekki raunverulegur. Það var ekki raunverulegur kaupmáttur og ekki raunveruleg kauphækkun sem þá var samið um. Tölurnar um reikningslegan kaupmátt voru rangar og eru rangar, og að því leyti má segja að þegar reiknuð er út kjararýrnun sem miðuð er við það að sá kaupmáttur hafi verið raunverulegur, þá séu tölurnar ýktar, þær séu of háar. Þetta ber fúslega að játa. En það er erfitt og ég skal enga tilraun gera til að slá neinu á það hvaða tala sé nákvæmlega rétt í þessum efnum. Mér er ljóst að þessar tölur, 25—33%, eru ýktar eða of háar, en hitt er jafnaugljóst, jafnrétt, að það hefur orðið mjög veruleg raunveruleg kjaraskerðing síðan kjarasamningarnir síðustu voru gerðir. Jafnframt hefur orðið mikil skerðing á viðskiptakjörum, hækkun á verðlagi innfluttrar vöru og lækkun á verðlagi útfluttrar vöru. Það hvarflar ekki að mér að andæfa því, að við horfum fram á versnandi kjör fyrir þjóðarheildina 1975, á þessu ári. Þjóðarheildin verður að sætta sig við það að hafa úr minna að spila á þessu ári en hún hafði í fyrra. Það væri að loka augunum fyrir staðreyndum að bera á móti slíku. Það hlýtur að verða kjararýrnun í ár fyrir heildina að ræða, en spurningin er: Hversu mikil þarf hún að vera?

10. febr., þ. e. a .s. fyrir hálfum mánuði, sendi Þjóðhagsstofnunin frá sér merka skýrslu og það er nýjasta skýrslan sem um ástand þjóðarbúsins hefur verið gefin út af hálfu þeirra aðila sem að þeirri stofnun standa. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunarinnar um horfur á árinu 1975 eru á næstsíðustu síðu skýrslunnar, þar sem niðurstöðurnar eru dregnar saman. Það er merkileg niðurstaða, sögð í skýru og ljósi máli, auðskildu hverju mannsbarni, og mig langar til — með leyfi forseta — að lesa þær setningar, þar sem Þjóðhagsstofnunin dregur saman spá sína um árið 1975. Helstu niðurstöðurnar verða þessar, segir í skýrslunni, að aukning þjóðarframleiðslu verði lítil sem engin (**Forsrh.**: Má ég vekja athygli hv. þm. á því, að ég las þessar niðurstöður upp í framsöguræðu varðandi efnahagsráðstafanir fyrir viku?) Já, já, ég bið afsökunar, það er alveg rétt. Ég þakka fyrir ábendinguna. Ég held samt sem áður að þm. hafi gott af að heyra þetta aftur því að svo merkileg er niðurstaðan, enda tekur ekki nema eina mínútu að lesa þessar fáu setningar. Mér þykir vænt um að hæstv. forsrh. hefur áður vakið athygli á þeim grundvallarniðurstöðum sem hér er um að ræða.

Vegna versnandi viðskiptakjara munu raunverulegar þjóðartekjur minnka um 3—5% í heild eða um 5—7% á mann. Það er þetta sem ég vil sérstaklega koma að á eftir og þess vegna er nauðsynlegt að minna á þær staðreyndir aftur. Við blasir að öllu óbreyttu mikill halli í viðskiptum við útlönd, 14—17 milljarðar kr. Jafnvel þótt reiknað sé með ítrustu lántökum erlendis virðist ókleift að jafna viðskiptahallann með þeim hætti. Í frumdrögum Seðlabankans að spá um fjármagnshreyfingar til og frá útlöndum er gert ráð fyrir að unnt verði að afla erlendra lána í þeim mæli að fjármagnsjöfnuðurinn skili í mesta lagi 9½ milljarði kr. til að mæta viðskiptahallanum. Þar með væri stefnt í versnun gjaldeyrisstöðunnar um 5—8 milljarða á árinu. Um þessar mundir, í febrúarbyrjun, er gjaldeyriseignin þegar þorrin. Og að síðustu, grundvallarmisvægið milli heildarframboðs og eftirspurnar í hagkerfinu birtist inn á við í ýmsum myndum, í rekstrarhalla sjávarútvegs, fjármagnshalla hins opinbera og fjárvöntun til fyrirhugaðra framkvæmda og útlána.

Svo mörg voru þau orð. Það, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á í þessu sambandi, var einn liður þessarar niðurstöðu. Ég vil ekki taka hann út úr niðurstöðunni og láta segja á eftir: „Niðurstaðan, ekki í heild, heldur aðeins einn liður hennar.“ Þess vegna leyfði ég mér að endurtaka þetta. Það er annar liðurinn, að vegna versnandi viðskiptakjara muni raunverulegar þjóðartekjur minnka um 3—5% í heild eða um 5—7% á mann. Hvað felst í þessu? Þjóðhagsstofnunin segir: Það sem þarf að gerast á árinu, það sem mun gerast á árinu er það, að raunveruleg kjör versni um 5—7% á mann. Hvað vorum við að sjá áðan með því að bera saman kaupgjald og framfærsluvísitölu? Hvað hafa kjör rýrnað mikið undanfarið gagnvart því fólki sem er í Alþýðusambandinu og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja? Skv. tölunum, eins og þær liggja fyrir, er kjararýrnunin hjá láglaunafólkinu 25%, hjá öðrum allt að 33%. Ég segi: þessar tölur eru auðvitað of háar. Ég skal ekki nefna neina aðra tölu sem ég tel vera réttari, en þetta eru margfaldar tölur. Í áætlun Þjóðhagsstofnunar segir að kjara-

rýrnun þurfi að verða, og ég skal ekki bera á móti að hún þurfi að verða. Þetta er mergurinn málsins. Þessi niðurstaða kjararannsóknarstofnunarinnar þýðir m. ö. o., að það er hægt, ef vilji er fyrir hendi, að vernda hina lægst launuðu frá þeirri 5—7% meðaltalslækkun á kjörum, sem Þjóðhagsstofnunin segir að sé nauðsynleg. Það er hægt með því að láta þá, sem hafa háar tekjur — og þeir eru margir í íslensku þjóðfélagi — bera t. d. 7—10% kjaraskerðingu. Þá er jöfnuður fenginn. Það er hægt að vernda láglaunafólkið frá nauðsynlegri 5—7% meðaltalsskerðingu á kjörum með því að láta hálaunafólk bera t. d. 7—10% skerðingu á kjörum. Það er þetta, sem auðvitað ætti að gera, en það er þetta sem hæstv. ríkisstj. vanrækir að gera. Hún hefur ekki hugað að þessum möguleika. En þetta eru staðreyndir sem sóttar eru í skýrslu þeirrar ágætu stofnunar, Þjóðhagsstofnunar Íslands.

Launþegasamtökin hafa haft fullkomlega ábyrga afstöðu til þessa vandamáls. Þeim er algerlega ljóst, að hækkun krónutölu kaupgjalds leysir engan vanda. Þau hafa líka lýst því yfir, að þeim er ljóst að vísitölukerfið þjónar ekki hagsmunum launþega til frambúðar, og lýst sig reiðubúin til að endurskoða það. En þau hafa bent á, að við verðum á árinu 1975 að slá skjaldborg um hag hinna lægst launuðu, og þau hafa bent á raunhæfar leiðir til þess aðrar en beina kauphækkun. Þau hafa óskað eftir lækkun á beinum sköttum sem næmi 2 500—3 000 millj. kr., sem mundi þýða raunverulegt afnám tekjuskatts hjá öllu venjulegu launafólki. Og það hefur beðið um auknar fjárveitingar til þess að auðvelda almenningi, einkum láglaunafólki, að eignast þak yfir höfuðið eða leiguhúsnæði með ódýrum hætti. En hvert hefur verið svar ríkisvaldsins? Skattahugmyndunum hefur verið hafnað. Það hefur verið sagt, að ríkisstj. væri reiðubúin til að lækka skatta, þá upphæð sem gert var ráð fyrir á fjárl., um einar 700 millj. kr., 1/4 af því sem alþýðusamtökin hafa farið fram á. Hver eru svörin á sviði húsnæðismálanna? Engin, engu hefur verið lofað, ekkert gefið í skyn, engin fyrirheit. Hins vegar hefur verið sagt, að það mundi verða tekið til athugunar að hækka láglaunabæturnar. Þetta eru svörin, sem fulltrúar launþegasamtaka hafa fengið fram til þessa dags frá stjórnvöldum, frá hæstv. ríkisstj.

En nú í dag kemur viðbótarsvar við þessum hóflegu og skynsamlegu till., viðbótarviðbrögð við þessari skynsamlegu og hógværu afstöðu launþegasamtakanna. Nú kemur hér till. um ekki aðeins að framlengja söluskattinn í 19 stigum, heldur hækka hann um eitt stig, þ. e. a. s. upp í 20%. Ég þykist viss um, að þetta munu launþegasamtökin, Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, skoða sem beina ógnun við sig. Það standa yfir samningar milli launþegasamtakanna og atvinnurekenda, og það hafa staðið yfir vinsamlegar viðræður, sem betur fer, á milli launþegasamtakanna og ríkisvaldsins. En nú kemur þetta innlegg í þessar viðræður, þ. e. a. s. það á að hækka söluskattinn um 1 stig. Áður en ég segi meira um þetta, þá spyr ég: Er þetta nauðsynlegt? Skyldi þetta vera nauðsynlegt?

Það var þegar orðið ljóst á s. l. ári, undir lok s. l. árs, að tjónið, sem varð í Vestmannaeyjum, væri meira en svo að hægt væri að bæta það að fullu með því að innheimta eitt söluskattsstig til ársloka 1974. Það var þegar orðið ljóst, og ég hygg að um það hefði náðst alger samstaða að framlengja söluskattinn, til þess að unnt væri að standa við allar skuldbindingar, sem orðið hefðu af Vestmannaeyjatjóninu. Ég hef hér fyrir framan mig plagg, þar sem stjórn Viðlagasjóðs lýsir skoðun sinni á því 11. des., með hverjum hætti væri hægt að leysa Vestmannaeyjavandann, og þessi skoðun er undirrituð af formanni stjórnar sjóðsins, Helga Bergs. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

11. des. 1974 — menn veiti því athygli: Það er því till. stjórnar sjóðsins að núverandi tekjustofn verði framlengdur í 12 mánuði, þ. e. a. s. til febrúarloka 1976. Í árslokin 1975 yrði skuldin við Seðlabankann 827 millj. kr. Þá væri óinnkomið söluskattsstig seinustu 4 mánuði sem áætlast 332 millj. kr. og mundi lækka þessa skuld á fyrstu mánuðum ársins 1976 í 495 millj. kr. Á móti væru eignir sjóðsins, skuldabréf til langs tíma umfram skuldbindingar við aðra en bankann, 1 350 millj. kr. — þ. e. a. s. 1 905 millj. kr. ÷ 555 millj. kr. Afborganir af þessum skuldabréfum mundu þá greiða skuldina við Seðlabankann á nokkrum árum.

Þetta var einróma till. stjórnar Viðlagasjóðs 11. des. 1974. Um þessa till. var þingfl. Alþfl. kunnugt og hann var á einu máli um að stuðla að því, að þessar hugmyndir næðu fram að ganga, að samþ. þessarar till., sem stjórn Viðlagasjóðs lagði einróma til. Það skortir ekkert á það, að þingflokkur Alþfl. sé reiðubúinn til að hafa ábyrga afstöðu til þeirra vandamála, sem við er að etja.

Svo gerðust hin hörmulegu tíðindi á Norðfirði, og að sjálfsögðu er það algerlega rétt, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. og hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepssyni, að það er sjálfsagt að þjóðin öll beri þann kostnað sem af slíkum válegum atburðum hlýst. Um það getur enginn ágreiningur verið meðal alþm. eða meðal góðra íslendinga yfir höfuð að tala. Það tjón, sem varð á Norðfirði hefur verið metið af stjórn Viðlagasjóðs á 500 millj. kr., og þingflokkur Alþfl. telur sjálfsagt að þetta tjón verði bætt, að þjóðin í heild greiði þessar 500 millj. kr. En hvernig á að greiða þær? Hér er um svo litla fjárhæð að ræða í hlutfalli við heildarfjárlög ríkisins, að það á enginn vandi að vera að spara sem þessum 500 millj. kr. nemur. Það þarf hvort eð er að taka fjárl. til gagngerrar endurskoðunar. Þau hljóða upp á næstum 50 milljarða kr. útgjöld. Hér er um að ræða 500 millj., hér er um að ræða 1% af útgjöldum fjárlaganna, sem þarf til að bæta norðfirðingum tjón þeirra, eins og sjálfsagt er. Ætli það leyfi sér nokkur að halda því fram, að það sé ekki hægðarleikur að lækka ríkisútgjöldin um 1% til þess að norðfirðingar geti fengið sitt, eins og þeir eiga auðvitað að fá? Það þarf ekkert að hækka söluskattinn vegna þess sem gerðist á Norðfirði, enda gefur eitt söluskattsstig helmingi meira, yfir 1000 millj., helmingi meira en tjónið á Norðfirði nam.

Við höfum hér, hv. þm., orð stjórnar Viðlagasjóðs fyrir því frá því í des. 1974, að það þarf ekki að hækka söluskattinn vegna Vestmanna-

eyjavandans. Við höfum orð allrar stjórnar Viðlagasjóðs undir forustu sjálfs Helga Bergs fyrir því að það þarf ekki. Síðan kemur 500 millj. kr. viðbótartjón á Austurlandi — 500 millj. — 1% af fjárlögum, sem þarf að bæta. Hvað er auðveldara en að bæta það með niðurskurði á fjárlögum?

Það þarf enga hækkun á söluskatti, hvorki vegna Vestmannaeyja né heldur vegna Neskaupstaðar. Þetta er mergurinn málsins. Þess vegna verð ég að segja það, að mér finnst afstaða hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar til málsins hér áðan afar furðuleg, alveg furðuleg, að ætla sér að samþ. það með hæstv. ríkisstj. að hún hækki söluskattinn í núv. verðlagsástandi, í núverandi ástandi á vinnumarkaðnum, um 1%, að ætla sér að að gefa fjmrh. að ástæðulausu yfir einn milljarð kr. Ég skil satt að segja ekki hugsanaganginn, ég skil hann ekki, vegna þess að þetta er í svo augljósri mótsögn við það, sem áður hefur verið afstaða hv. þm., bæði meðan hann var ráðh., meðan hann var í stjórnarandstöðu þar áður, og nú síðan hann komst aftur í stjórnarandstöðu, að hér hljóta einhver annarleg kjördæmissjónarmið að liggja að baki, það getur varla annað verið. Auðvitað er algerlega ófyrirgefanlegt af þm. að taka þröng kjördæmissjónarmið sín fram yfir það sem ætti að vera skylda flokks hans, sem er í nánum tengslum við verkalýðshreyfinguna, að styðja hana í baráttu sinni gegn því að kjararýrnun verði meiri en nauðsyn er á. En fái söluskatturinn að hækka um eitt stig, þá verður kjararýrnunin meiri en þörf er á, og að það skuli gerast með stuðningi hv. þm., það er furðulegt. Það mun leiða til þess að flokkurinn tapar ekki þriðjungi, heldur miklu meira. Það er eitt sem er alveg ábyggilegt, ef hann heldur áfram eins og hann byrjar núna.

Nú skal ég segja þessi orð aðeins til þessa hv. þm., ekki til flokksins sjálfs, ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að t. d. sá, sem kallaði fram í áðan, Gils Guðmundsson, þó að hann sé þéttur á velli, ég vona að hann reynist líka þéttur í lund þegar kemur að því að greiða atkv. um þessar óþörfu álögur á alþýðuna, — þá vona ég að hann láti ekki Austurlandsþm. Lúðvík Jósepsson skipa sér að greiða atkv. gegn samvisku sinni. Ég þykist þekkja þann hv. þm. Reykn. það vel og veit hann er það mikill og gamall verkalýðssinni, að ef hann lætur hafa sig í það að samþ. þetta óþarfa söluskattsstig, þá er hann ekki eins þéttur í lund og hann er á velli. En ég skal ekki fella ábyrgð á flokkinn í heild fyrir þetta. Ég vil mega vænta þess að þetta sé einkaskoðun Lúðvíks Jósepssonar, að það sé einkaskoðun Austfjarðaþm. Lúðvíks Jósepssonar, en ekki skoðun þingflokks Alþb. Ég veit að það mun ekki valda verkalýðshreyfingunni verulegu tjóni þó að þessi eini þm. taki eitthvað sem hann heldur að séu kjördæmishagsmunir, fram yfir hagsmuni verkalýðshreyfingarinnar, en það mundi valda verkalýðshreyfingunni tjóni ef allur þingflokkur Alþb. léti þennan mann kúska sig með jafnharkalegum og ósanngjörnum hætti og fælist í því ef hann fengi að ráða ferðinni í þessu máli. Það eru ímyndaðir Austfjarðahagsmunir. Ég segi: ímyndaðir, af því að enginn er á móti því að Norðfjörður fái bætt það tjón sem hann raunverulega hefur orðið fyrir. Enginn er á móti því, því eru allir samþykkir. En við hljótum að vera á móti því að meira sé tekið í þessu nafni heldur en nauðsynlegt er. Það er það, sem ég er að andmæla og ég vona að aðrir flokksmenn hv. þm. andmæli líka.

Niðurstaða mín og þingflokks Alþfl. er sú: Við fengum tækifæri til að kynna okkur þetta mál, fengum málið sent strax í gær og fyrir það erum við hæstv. ríkisstj. þakklátir að hafa fengið að hafa milli handanna í meir en sólarhring bæði málin, bæði þetta mál og málið í Ed. En einróma niðurstaða okkar var sú, að við vildum stuðla að óbreyttum söluskatti og óbreyttri hagnýtingu hans. Við mundum hafa samþ. till. stjórnar Viðlagasjóðs frá 11. des. 1974. Og við viljum að sjálfsögðu að tjónið í Neskaupstað verði bætt með þeim 500 millj., sem það hefur verið metið á, og sú upphæð verði fengin með sparnaði hjá ríkissjóði, en ekki með óþarfahækkun á söluskattinum. Ég er sannfærður um að launþegasamtökin munu skoða þessa hækkun á söluskatti sem beina ógnun við sig. Þetta mál allt er ótvírætt sönnun þess að ríkisstj. ræður ekki við þann vanda sem við er að etja í íslenskum efnahagsmálum.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Þegar hið mikla tjón varð af jarðeldunum í Vestmannaeyjum voru það viðbrögð allra, að þar yrði þjóðarheildin að hlaupa undir bagga og rétta hlut þess byggðarlags, sem orðið hafði fyrir þyngri búsifjum en nokkurt annað byggðarlag á landinu í manna minnum. Þess var líka skammt að bíða að ráðstafanir væru gerðar til þess að þjóðarbúið rétti þar hlut þeirra sem fyrir skaðanum höfðu orðið. Um þetta var enginn ágreiningur og er enginn ágreiningur, hvorki hér á Alþ. né meðal almennings, svo að mér sé kunnugt. En að sjálfsögðu var það og er áfram álitamál, hvernig rísa skuli undir þeim kostnaði sem þarna fellur á íslenska þjóðarbúið, á íslenska ríkið. Það var athugað í öndverðu hvaða leiðir væru vænlegastar. Ofan á varð að afla fjár til bóta vegna tjónsins í Eyjum með hækkuðum neysluskatti. En þá þegar hefðu menn getað gert sér ljóst, að eftir fordæmið frá Vestmannaeyjum er ekki á öðru stætt en önnur byggðarlög sem fyrir svipuðum hremmingum verða, fái einnig svipaða aðstoð, og því hefði verið vert að leiða hugann að því hversu búa skuli sig undir að rísa undir svipuðum vanda. Því fagna ég því sérstaklega, að frá því er skýrt í aths. við 1. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, að ætlunin er að leggja síðar fram frv. að varanlegri löggjöf fyrir Viðlagasjóð. Ég vil segja það sem mína skoðun og ég held skoðun okkar í Samtökunum sameiginlega, að sú leið, sem þar komi helst til greina, sé skyldutrygging mannvirkja um land allt fyrir stórkostlegum náttúruhamförum, sem venjulegar tryggingar ná ekki til, atvikum eins og jarðeldum, snjóflóðum, vatnsflóðum, fárviðrum og öðru slíku. Ég held að það sé sú leið, sem fyrst ætti að koma til athugunar, hvort og hvernig slíkum varúðarráðstöfunum, slíku heildartryggingakerfi við náttúruhamförum og tjóni af þeirra völdum verði við komið.

Þegar síðast var fjallað hér á Alþ. um fjáröflun til Viðlagasjóðs vegna Vestmannaeyja varð niðurstaðan að tekjustofn Viðlagasjóðs skyldi vera eitt söluskattsstig. Þá þegar mátti vera ljóst og var öllum ljóst að þessi fjárhæð mundi ekki nægja til að mæta kröfunum sem Viðlagasjóður þurfti að standa undir. Þetta hefur líka komið á daginn. Myndast hefur verulegur skuldahali við Seðlabankann með þeim afleiðingum, sem sjá mátti fyrir, að þetta lán Seðlabankans til Viðlagasjóðs hefur aukið á þenslu í landinu. Það var líka viðbúið að það kæmi að skuldadögum, að þessa lántöku hjá Seðlabankanum þyrfti að jafna. Síðasti ræðumaður hefur lýst því hvernig stjórn Viðlagasjóðs taldi sig á síðasta ári að unnt væri að gera hvort tveggja í senn, rísa undir nauðsynlegum útgjöldum og lækka mjög yfirdráttinn hjá Seðlabanka með framlengingu þess söluskattsstigs sem Viðlagasjóður hefur notið. En síðan hefur það gerst, að til hefur komið stórfellt tjón í Neskaupstað af snjóflóðinu sem þar féll. Það verkefni, sem að Alþ. snýr, er nú að kveða á um hversu fjár skuli aflað til þessara tveggja staða, til eftirhreytanna að jarðeldatjóninu í Vestmannaeyjum og til snjóflóðstjónsins í Neskaupstað.

Við athugun á því frv., sem hér er lagt fram, grg. og fylgiskjölum, kemur í ljós að viðlagasjóðsgjaldið, sem gilt hefur, 1 söluskattsstig, nægir til að standa undir hinum fyrirsjáanlegu tjónabótum bæði í Vestmannaeyjum og í Neskaupstað, en hér er lagt til að við sé bætt öðru söluskattsstigi, og það söluskattsstig á næstum einvörðungu að ganga til þess að færa niður skuldina við Seðlabankann. Ég skal ekki draga úr þörfinni á því að það bráðabirgðalán sé jafnað og dregið úr þeim óheppilegu áhrifum sem sú fjármögnun Viðlagasjóðs hefur haft á fjármálaástand í landinu. En ég get ekki fallist á að eina leiðin til þess sé að leggja á nýtt söluskattsstig í því ástandi sem nú ríkir. Hafi það verið torvelt að hækka neysluskattheimtu um eitt stig á þeim tíma þegar ákvörðun var um það tekin að það skyldi Viðlagasjóður láta sér nægja, og þar með í rauninni ákvörðun um þá bráðabirgðafjármögnun sem lent hefur á Seðlabankanum, þá er það að mínum dómi margfalt erfiðara nú, svo erfitt að ég fyrir mitt leyti og við í Samtökunum teljum það ógerlegt. Ég hirði ekki að rekja fyrir hv. þm. þær breytingar, sem orðið hafa á þeim tíma sem liðinn er milli þess að Alþ. fjallar um þessi tvö mál, en ég held að þeir hljóti allir að geta samþ. það, að þær hníga einvörðungu á þá hlið að ný neysluskattheimta er margfalt varhugaverðari nú heldur en hún var þegar síðast var um fjáröflun til Viðlagasjóðs fjallað.

Ég tel að það hefði frekar átt að kanna aðrar leiðir til þess að jafna skuld Viðlagasjóðs við Seðlabankann. Ég vil nefna tvær. Við í Samtökunum höfum tekið þá afstöðu þegar um það er að ræða að leggja á annaðhvort neyslugjöld, sem falla af mjög svipuðum þunga á allan landslýð, eða leggja á gjöld, sem fer eftir efnum og ástæðum hvar lenda, þá teljum við að fara eigi síðari leiðina og höfum þá gjarnan bent á skyldusparnað af þeim tekjum sem teljast í hærri flokkum. Ég tel, að í þessu tilviki hefði gjarnan mátt skoða þessa leið, og benti á, að það er síður en svo að Viðlagasjóður hafi efnt til skuldar við Seðlabankann sem ekkert standi fyrir. Þvert á móti þykir fyrirsjáanlegt og kemur fram í þeim plöggum, sem hér liggja fyrir, að Viðlagasjóður á og mun eignast eignir sem nema nokkurn veginn Seðlabankaskuldinni, þótt þær komi ekki inn sem reiðufé nema á nokkuð löngum tíma.

Önnur leið, sem að minni hyggju hefði einnig verið affarasælli en þessi, er að breyta bráðabirgðaskuldinni í Seðlabankanum í lengra lán hjá viðskiptabönkunum. Það ættu allir að sjá, að það hefur allt önnur áhrif í hagkerfinu í heild, hvort Seðlabankinn hleypur undir bagga með fjármögnun með þeim hætti, sem hér hefur orðið, eða hvort sú fjármögnun lendir á viðskiptabönkunum ásamt öðrum þörfum sem þeir þurfa að sinna. Og það ber að sama brunni með þessa leið og hina fyrri, sem ég nefndi, að fyrir þessu láni hefði að meginhluta getað staðið sú eign sem fyrirsjáanlegt er að Viðlagasjóður mun ráða yfir. Þar að auki hefði komið til, að svo miklu leyti sem þetta hrökk ekki til, væntanleg sjóðsmyndun af því almenna tryggingakerfi, þeim nýja varanlega Viðlagasjóði, sem fyrirhugaður er og ég hef lítillega lýst hvernig ég tel að réttast væri fyrir komið.

Þá vil ég lítillega víkja að einu atriði, sem fram kemur í fskj. með þessu frv. Þar segir í fskj. 1, að áætlun sé miðuð við að síldarverksmiðjan á Norðfirði sé ekki endurreist á sama stað og að fallast verði á að bæta yfirgefin verðmæti. Þessi verðmæti munu vera æðimikil, grunnur rammgerður með öllum leiðslum, þrær og e. t. v. fleira, svo að þarna er um mikil verðmæti að ræða. Mér er spurn: Hefur það verið athugað gaumgæfilega hver tök eru á að koma við snjóflóðavörnum á þeim stað þar sem síldarbræðslan stendur nú? Athygli manna á Íslandi hlýtur mjög að beinast að því, hvort við getum ekki lært af öðrum þjóðum, sem búa við jafnvel enn meiri snjóflóðahættu en við og reisa þó byggingar sínar og mannvirki á stöðum þar sem tvímælalaust er snjóflóðahætta, en búa mannvirkin þannig úr garði, að talið er að þeim sé ekki stórfelld hætta búin af snjóflóðum. Auðvitað mundu slík mannvirki kosta verulegt fé, en það er líka mikill kostnaður í því fólginn að yfirgefa það sem nýtanlegt er enn af mannvirkjum síldarverksmiðjunnar, og ég vil gjarnan varpa þessari spurningu fram.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það væri nú kannske ástæða til að gera ofurlítið að umtalsefni skrýtna og skemmtilega ræðu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, sem hann flutti úr þessum stól rétt áðan. Ég ætla að leiða hest minn frá því í bili, en lýsa bara þeirri skoðun minni, að ég tel að stjórnarvöldunum sé ómögulegt að kenna um það þótt eldur komi upp eða snjóflóð falli og valdi óbætanlegu tjóni. Það er náttúrlega verkefni þessa fundar að ræða um frv. til l. um fjáröflun til Viðlagasjóðs og gera honum kleift að sinna verkefnum sínum.

Ég hefði mjög gaman af því, ef hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefði tíma til þess að koma með mér upp í Bændahöll einhvern daginn meðan búnaðarþing stendur þar. Þá gætum við í félagi

talið búnaðarþingsfulltrúana, og ég er sannfærður um að við mundum komast að því, að þeir eru 25, en ekki 50, og úr því mundi fást glöggur úrskurður. Varamenn þessara manna eru að sjálfsögðu heima kauplausir, ef þeir hafa ekki þurft að mæta, og þá er aðalmaðurinn náttúrlega heima og kauplaus. Og svo gætum við horft á þá vinna, þessa búnaðarþingsfulltrúa, og ég hygg að við mundum komast að raun um að þeir eru að vinna og halda sig ekkert síður að heldur en alþm. Og búnaðarþingsfulltrúar vinna samviskusamlega og halda sig að verki lausir við hávaða og sýndarmennsku.

Ég vil gera örstutta aths. við þetta frv., sem hér liggur fyrir. Það er við 6. gr. frv., sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt í samráði við Síldarverksmiðjur ríkisins að selja Síldarvinnslunni á Norðfirði vélar og tæki úr þeim verksmiðjum Síldarverksmiðja ríkisins, sem ekki er fyrirsjáanleg þörf fyrir á næstunni, með mjög hagstæðum greiðslukjörum. Ríkisstj. ákveður verð og greiðsluskilmála.“

Ég vil staldra ofurlítið við þessa gr. Ég vil, að endilega liggi fyrir samþykki forráðamanna þeirra sveitarfélaga, þar sem þær verksmiðjur eru sem áformað er að flytja eða þær vélar eru sem áformað er að flytja til Norðfjarðar. Ég legg mjög ríka áherslu á, að það verði ekki gert gegn vilja heimamanna að taka af þeim þessi atvinnutæki og þá atvinnuaðstöðu sem þeim fylgir. Og ég vænti þess fastlega, að hv. fjh.- og viðskn. Nd. sjái sér fært að breyta frv. á þann hátt, að það sé tvímælalaust tekið fram, að þetta verði ekki gert nema með samþykki heimamanna á hverjum stað.

Ég sé ástæðu til þess að þakka hæstv. forsrh. þau ummæli, að bæta þurfi tjón sem orðið hefur af snjóflóðum annars staðar á landinu. En því miður finnst mér, að ummæli hans hafi ekki verið alveg nógu skýr. Ég vil — með leyfi forseta — segja ykkur frá samþykkt bæjarráðs á Siglufirði sem mér hefur borist í hendur. Hún er þannig:

„Bæjarráðið samþykkir að fara þess á leit við þm. kjördæmisins, að þeir leggi eindregið til, að Viðlagasjóði verði falið að greiða bætur vegna tjóns af völdum snjóflóða í Siglufirði í des. s. l., með sama hætti og á Norðfirði, þegar málið verður tekið fyrir á Alþ.“

Þannig hljóðaði ályktun bæjarráðs á Siglufirði, og ég tel eðlilegt að víkjast góðmótlega undir bón bæjarráðs Siglufjarðar, því að þetta tjón er sama eðlis og það sem varð á Norðfirði, þó að sem betur fer hafi það ekki verið eins hörmulegt. Á Siglufirði eyðilögðust tvö vönduð íbúðarhús og verða ekki byggð upp aftur á sama stað, þannig að eigendur þeirra hafa orðið fyrir miklu tjóni. Ég legg á það sérstaka áherslu að þetta verkefni verði falið Viðlagasjóði, því að ég hygg að samræmi verði mest í hlutunum með því. Og ég vænti þess, að hv. fjh.- og viðskn. d. hafi þetta atriði einnig í huga.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess eins að þakka hæstv. forsrh. fyrir þá yfirlýsingu sem hann gaf um að tjón yrði að bæta af völdum snjóflóða víðar en í Neskaupstað og á þar sérstaklega við Siglufjörð. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem um málið mun fjalla, flyt ég ekki brtt. á þessu stigi, en mun beita mér fyrir því í n. að tjón verði einnig bætt af snjóflóðinu í Siglufirði. Hygg ég raunar að allir þm. muni um það sammála að eitt eigi yfir alla að ganga í þessu efni og þess vegna verði enginn ágreiningur um að slík breyting verði á frv. gerð.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en sökum þess að mér fannst hv. 9. þm. Reykv. flytja hér nokkuð óvenjulega ræðu get ég ekki stillt mig um að segja hér nokkur orð.

Þessi ræða hv. þm. var óvenjuleg að því leyti að hér er verið að ræða nokkuð óvenjulegt málefni. Hér er verið að ræða um að bæta tjón sem hefur orðið vegna náttúruhamfara og tjón sem allir eru sammála um að verði bætt. En í stað þess að ræða um það mál sérstaklega eða hvernig það skyldi gert, þá flutti hv. ræðumaður hér eins konar eldhúsdagsræðu og fór alla leið tíu ár aftur í tímann, bæði til að hæla sér og sínum mönnum og til að bera sakir á aðra. Ég mundi sjá ástæðu til þess að ræða þetta efni nokkru nánar við hv. þm. ef hann væri ekki farinn af fundi, en mér finnst eigi að síður rétt að gera nokkrar aths. við það sem hann sagði. Hann getur þá lesið það í þingtíðindunum og ég vona að þegar hann les það í ró og næði beri það enn betri árangur en ef hann hefði hlustað á það hér.

Hv. þm. byrjaði á að bera mikið lof á úrræði viðreisnarstjórnarinnar á árunum 1967—1968. Vegna þess að ég er gamall kunningi hv. þm. vil ég nú gefa honum það ráð að minnast sem allra minnst á þessi úrræði. Þessi úrræði höfðu m. a. þær afleiðingar, að á þessum árum, samkv. skýrslum alþjóðastofnunar, setti Ísland heimsmet bæði í verkföllum og atvinnuleysi á þessum tíma. Við skulum þess vegna vona að slíkir tímar komi ekki aftur og slíkum úrræðum verði ekki aftur beitt.

Þá komst hv. þm. að þeirri niðurstöðu að stjórnin, viðreisnarstjórnin, hefði með þessum úrræðum sigrast á erfiðleikunum. Þetta er mikill misskilningur. Ástæðan til þess að við komumst út úr þessum erfiðleikum var ekki sú að úrræði stjórnarinnar hefðu komið að haldi, heldur var hún sú, að viðskiptakjörin fóru batnandi og bötnuðu stöðugt á árunum 1969, 1970 og 1971, og það var höfuðorsök þess að ástandið batnaði. Það var batnandi viðskiptakjörum að þakka, en ekki því að úrræði stjórnarinnar hefðu reynst rétt.

Þá fór hv. þm. að ræða um stjórnartíma vinstri stjórnarinnar, og hann komst að þeirri niðurstöðu að á þeim tíma hefði hér verið mikil veisla, stórkostleg veisla og hann fór mörgum orðum um það hve mikil þessi veisla hefði verið. En hver var afstaða hv. þm. sjálfs til þessarar veislu? Var hann eitthvað mótfallinn veislunni? Vildi hann draga úr henni? Eða vildi hann jafnvel auka veislufagnaðinn? Ég held, að ef menn rifji upp afstöðu hv. þm. þá hér á þingi, þá verði niðurstaðan sú að hann vildi ekki draga úr veislunni, hann vildi auka veislufagnaðinn. Ég minnist þess að á þessum þingum flutti hann fjölmargar

till. um útgjaldahækkanir. Ég minnist þess einu sinni við fjárlagaafgreiðslu, að þá flutti hann einsamall till. um að hækka útgjöld fjárlaga um 300 millj. kr. Ég held, að ef það hefði verið farið eftir þeim till. sem hann og hans flokkur fylgdu þá í sambandi við afgreiðslu fjárl., þá hefði veislan orðið miklu meiri en hún í raun og veru varð. Gerðist það kannske á þessum tíma að Alþfl. beitti sér fyrir því að draga úr kauphækkunum og kaupkröfum eða að draga úr verðhækkunum og kröfum þeirra aðila sem sóttu um verðhækkanir? Ég held að þvert á móti hafi reyndin verið sú að Alþfl. hafi á þessum tíma stutt svo að segja allar þessar kröfur, þannig að ef hann hefði fengið að ráða og þeir sem honum fylgdu þá að málum, þá hefði veislan orðið miklu meiri og veislufagnaðurinn miklu meiri en hann raunverulega varð.

Þá vék hv. þm. máli sínu að því að það hefði verið hér sukk og óreiða þegar vinstri stjórnin lét af völdum. Mér finnst rétt að rifja upp í tilefni af því, að staða þjóðarbúsins og staða atvinnuveganna hefur sennilega aldrei verið betri en í árslok 1973. Gjaldeyrissjóðurinn var aldrei stærri en þá, atvinnuvegirnir höfðu stórgrætt á árinu 1973, t. d. bæði sjávarútvegurinn og hraðfrystihúsin, og sama gilti í raun um allar aðrar atvinnugreinar, þannig að afkoma atvinnuveganna var sjaldan betri um langt skeið heldur en hún var einmitt í árslok 1973. Og þá er að minnast þess að á þessum árum átti sér stað alveg stórkostleg atvinnuuppbygging. Má þar fyrst og fremst benda á hinn nýja skipastól og endurbættu frystihúsin sem koma okkur að stórkostlegu gagni nú. Staðan var þess vegna góð hjá vinstri stjórninni í árslok 1973. En það gerðist síðustu mánuði ársins 1973 og ágerðist svo meira og meira á árinu 1974, að viðskiptakjörin fóru síversnandi. Það er orsök þeirra erfiðleika sem glímt er nú við. Þessir erfiðleikar stafa ekki af því að vinstri stjórnin hafi stjórnað rangt eða að núv. stjórn hafi farið rangt að. Erfiðleikarnir hafa aukist af ástæðum sem við ráðum ekki við nema að litlu leyti.

Ég skal ekki eyða tímanum í að fara lengra út í þessa sögu, en mér finnst rétt að láta þessi atriði koma fram í tilefni af þeirri ræðu sem hv. 9. þm. Reykv. flutti hér áðan.

Þá var þessi hv. þm. að tala heilmikið um sparnað. Ég heyrði nú samt ekki að hann væri með nema eina sparnaðartill. Mér skildist að hún væri sú að leggja niður búnaðarþing. Þessi till. hv. þm. lýsir einu sinni enn furðulegri fáfræði hans á landbúnaðarmálum. Þeir, sem þekkja til sögu íslensks landbúnaðar, vita að það hefur enginn aðili átt meiri þátt í framförum landbúnaðarins en búnaðarfélagsskapurinn. Svo að segja allar þær framfarir, sem hafa átt sér stað í landbúnaði, rekja að meira eða minna leyti rætur sínar til búnaðarfélagsskaparins. Og búnaðarþingið er höfuðaðilinn í þessum samtökum, í búnaðarfélagsskapnum. Það er alveg tvímælalaust að í gegnum árin hefur búnaðarþingið haft alveg geysimikil áhrif í þá átt að hvetja bændur til aukinna framfara og koma á framfæri auknum upplýsingum um alls konar nýjungar sem horfa til bóta í landbúnaðinum. Ég held þess vegna að Alþ. gæti gert fátt sem væri óráðlegra heldur en að leggja þessa stofnun niður. Það er kannske annað sem er álika sambærilegt, það væri að leggja niður Fiskifélagið og fiskiþing, því að þessir aðilar hafa áorkað stórkostlega miklu á sviði þeirra framfara sem hafa orðið í sjávarútveginum og fiskiðnaðinum. En þessi till. hv. þm. sýnir enn á ný, hve gersamlega ófróður hann er um landbúnaðarmál og þess vegna furðulegt að hann skuli hvað eftir annað vera að leyfa sér að tala um þau.

Ég ætla svo ekki að gera ræðu hv. þm. að frekara umtalsefni að sinni, vegna þess að hann er líka fjarverandi og það mun e. t. v. gefast tækifæri til þess að ræða við hann nánar um þessi mál síðar hér á Alþ.

En í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir, vil ég taka undir það sem hv. 2. þm. Austf. sagði, að það hefði vissulega verið æskilegt ef það hefði verið hægt að finna einhverja aðra tekjuöflun heldur en þá sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En það hefur orðið niðurstaðan hjá núv. hæstv. ríkisstj. eins og vinstri stjórninni þegar hún var að leita eftir tekjuöflun á þessu sviði, að þá komst hún ekki að annarri niðurstöðu en þeirri, að þrátt fyrir allt yrði að hækka söluskattinn í þessu skyni. Í samræmi við það lagði vinstri stjórnin það til á síðasta þingi að vegna Viðlagasjóðs yrði framlengt að leggja á 2% söluskatt. Því miður fékkst ekki samþykkt þá vegna afstöðu stjórnarandstöðunnar nema 1%. Af þeim ástæðum er staða Viðlagasjóðs eins erfið í dag og raun ber vitni. Ef hefði verið fallist á till. vinstri stjórnarinnar hér í fyrra um að leggja á 2% söluskatt í þessu skyni, þá væri staða Viðlagasjóðs nú allt önnur og þá hefðum við getað lækkað þessar álögur nú um 1% í staðinn fyrir að þurfa að bæta 1% við. Það var þess vegna mjög óheppilegt að þetta skyldi gerast á síðasta þingi. En um það þýðir ekki að tala. Við verðum að horfast í augu við ástandið eins og það er í dag. Ég tek samt undir það með hv. 2. þm. Austf., að ég hefði kosið að það hefði tekist að finna aðra tekjuöflun, sem ég hefði talið æskilegri, en fyrst ekki næst samkomulag um aðra tekjuöflun en þessa, þá styð ég þetta mál og mun vinna að framgangi þess í þeirri n. sem fær málið til meðferðar, en þar á ég sæti.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það var aðallega í tilefni af því sem kom fram hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni í hans ræðu, sem ég kvaddi mér hljóðs, en hv. þm. hefur nú vikið úr þingsalnum og það er ekki gaman að ræða við hann á þann hátt. Hann sprettur hér upp í ræðustólinn, heldur hávaðasamar ræður og beinir gjarnan máli sínu að einstökum mönnum en þykist svo góður þegar hann hefur sloppið út úr salnum og þýtur í burtu. En ég ætla samt sem áður, þótt hann sé hér ekki nærstaddur, að gera örfáar aths. við það sem hann sagði. Ég leiði þó algerlega hjá mér að ræða við hann almennt um efnahagsmálin, af því að ég sagði það hér í ræðu minni að ég teldi eðlilegt að ræða það frv., sem hér lægi fyrir, um fjáröflun til Viðlagasjóðs vegna tveggja meiri háttar tjóna sem við höfum orðið fyrir, Vestmannaeyjatjónsins og Norðfjarðartjónsins, en ég mundi hins vegar geyma mér alla

aðstöðu til þess að ræða við ríkisstj. og aðra um efnahagsmálin almennt. Ég er því ekki að elta ólar á neinn hátt við allar þær fjarstæður sem hv. þm. sagði hér varðandi þau mál. En það var sú afstaða sem kom fram hjá honum varðandi fjáröflun til að bæta tjónið í Neskaupstað, það var sérstaklega afstaða hans í þeim efnum sem ég tel ástæðu til þess að víkja nokkuð að.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði í ræðu sinni að hann og Alþfl. hefðu verið alveg ásáttir um það að styðja till. Viðlagasjóðs frá því í des. s. l. um að framlengja eitt söluskattsstig áfram í eitt ár eða í 12 mánuði vegna Vestmannaeyjatjónsins. Samkv. áætlun er gert ráð fyrir því að framlengja eitt söluskattsstig í eitt ár eða 12 mánuði, það muni færa sjóðnum í tekjur rúmlega 1 000 millj. kr. eins og nú er komið, þó líklega 1 100 millj. kr. miðað við það verðlag sem nú verður að reikna með. Samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að Vestmannaeyjadeild Viðlagasjóðs eigi einmitt að fá áfram á þessu ári um 1 100 millj. kr. vegna þess að það á ekki að innheimta þetta söluskattsstig, sem hér er um að ræða, nema til ársloka eða í 10 mánuði á þessu ári, en áður hafði verið rætt um framlengingu í 12 mánuði. Það er því alveg ljóst af því sem hv. þm. sagði, bæði beint og óbeint, að það stendur ekki á neinn hátt á honum að samþykkja þá beiðni sem fyrir liggur um tekjuöflun handa Viðlagasjóði vegna Vestmannaeyjatjónsins og vegna stöðu Viðlagasjóðs eins og hún er nú gagnvart Seðlabankanum. Þar er enginn ágreiningur á ferðinni.

Hins vegar er í þessu frv. einnig gert ráð fyrir því að afla, eins og þar segir, um 500 millj. kr. til þess að hægt sé að standa við lofaðar bætur til manna og fyrirtækja í Neskaupstað vegna snjóflóðanna þar. Ég sagði í ræðu minni þegar ég ræddi fyrr um þetta mál, að ég hefði talið æskilegra að miðað við núverandi kringumstæður hefðu verið valdar aðrar leiðir til tekjuöflunar, bæði vegna tjónanna í Neskaupstað og eins í sambandi við Viðlagasjóð almennt. Ég benti á að það mætti athuga það í n. hvort ekki næðist samkomulag um að fara aðrar tekjuöflunarleiðir, en bætti við, að ég teldi mér og öðrum hér á Alþ. skylt að sjá um að fjár yrði aflað til þess að standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið. Í þessum efnum stöndum við nákvæmlega eins og við stóðum á sínum tíma þegar um fjáröflunina til Viðlagasjóðs var að ræða fyrir Vestmannaeyjar í upphafi. Allir flokkar á Alþ. lýstu því þá yfir að þeir vildu standa við fyrirheitin til vestmanneyinga og afla tekna í Viðlagasjóð, en menn voru með misjafnar skoðanir um það hvernig teknanna ætti að afla. Þá voru uppi till. um að afla tekna í Viðlagasjóð vegna tjónanna í Vestmannaeyjum með því að verja ⅓ af svonefndu aðstöðugjaldi til sjóðsins og sú leið var farin í eitt ár. Þá voru uppi till. um að Atvinnuleysistryggingasjóður legði nokkurt fé fram og það varð einnig niðurstaðan, að ríkissjóður legði nokkuð fram beint og varð einnig samkomulag um það, og síðan að fara söluskattsleiðina. Þá höfðu menn þá ábyrgðartilfinningu, að menn sögðu — þó að einn vildi fara þá leið í ríkara mæli að láta ríkissjóð leggja beint fram til þess að bæta Vestmannaeyjatjónið, en annar fékkst ekki til að samþykkja það — að þá yrði niðurstaðan að vera sú að samkomulag tækist um málið, því að féð yrði að fást.

Það var einmitt þetta, sem ég sagði í fyrri ræðu minni varðandi bæturnar til Neskaupstaðar. Ég lít svo á að samkomulag verði að fást um að þetta fé verði fyrir hendi. En það er augljóst mál að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason vill ekki taka þátt í þessu. Hann segir bara einfaldlega að hann sé á móti þessu. Hann er með einhverri ákveðinni leið sem hann gerði ekki nánar grein fyrir, en er síðan á móti málinu. Mín afstaða er aftur á annan veg. Ég segi: Niðurstaðan verður að verða sú, að fjárins verði aflað svo að hægt sé að standa við gefin fyrirheit. Ég mun beita mér fyrir því í þeirri n., sem fjallar um málið, að aðrar tekjuöflunarleiðir verði farnar. En hinu geri ég mér alveg grein fyrir, að fáist mín leið ekki samþykkt, þá verð ég fremur með þessari leið heldur en að svíkjast undan því að standa við fyrirheit sem gefin hafa verið. Og það hefur ekki ýkjamikil áhrif á mig þó að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hrópi hátt að hér sé — eins og hann sagði — um ómerkilegt kjördæmissjónarmið að ræða eða hreppapólitík. Afstöðu mína þegar ég vil standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið til þess að bæta tjónið í Neskaupstað, kallar þessi hv. þm. ómerkileg kjördæmissjónarmið og hreppapólitísk sjónarmið sem séu á móti hagsmunum verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Þá hafa menn það.

Ég efast ekkert um að þeir eru margir innan verkalýðshreyfingarinnar sem eru svipaðrar skoðunar og ég að það hefði mátt afla tekna til þess að standa við þessi fyrirheit með öðrum hætti en hæstv. ríkisstj. leggur til og það hefði verið hægt að gera margar ráðstafanir í fjármálum á annan veg en hún leggur til, en það breytir ekki um það að ég vil ekki skorast undan að standa við það að hægt verði að bæta það tjón sem lofað hefur verið að bæta.

Ég heyrði það á hv. þm., að hann gerði sér miklar vonir um að jafnvel Alþb. mundi tapa miklu á þessari afstöðu minni og Alþfl. væntanlega vinna einhver ósköpin á, vegna þessarar afstöðu. Það er hugsanlegt að Alþfl. fari að vinna eitthvað á á Austurlandi hlutfallslega vegna þess að hann er nærri kominn ofan í núll þar, en ekki hef ég mikla trú á því að hann bæti við sig miklu fylgi nokkurs staðar á landinu við að halda fram skoðunum af þeirri gerð sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hélt hér fram í þessum efnum.

Mér er ljóst, að það hefði verið vel hægt að leggja til að Vestmannaeyjadeild Viðlagasjóðs sætti sig við að hafa sinn tekjustofn í gildi nokkru lengur en gert er ráð fyrir í þessu frv. og tæki sínar tekjur inn á lengra tímabili, og það hefði vitanlega orðið til þess að skuld sjóðsins við Seðlabankann hefði þá orðið meiri og í lengri tíma. En ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki til þess að neita um framlengingu á tekjum fyrir Viðlagasjóð vegna Vestmannaeyja, hafandi fyrir augunum hvernig á þessum málum hefur verið haldið, því að skuld Viðlagasjóðs við Seðlabankann hefur beinlínis orðið til þess að bitna á vestmanneyingum í framkvæmdinni. Ég tel að við eigum að standa við þau fyrirheit sem þar

voru gefin, og mun taka þátt í að afla fjár í því skyni, jafnvel þó að það verði ekki eingöngu farið eftir mínum till. um hvernig fjárins skuli aflað. Ég sætti mig við það.

Þá var eitt annað atriði, sem kom fram í þessum umr., sem mér þykir rétt að víkja hér að. Það var á það minnst að í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því að ríkisstj. verði heimilt í samráði við Síldarverksmiðjur ríkisins að selja Síldarvinnslunni á Norðfirði vélar og tæki úr þeim verksmiðjum ríkisins, sem ekki eru notaðar, á mjög vægu verði eða a. m. k. með hagstæðum greiðsluskilmálum, eins og segir í þessari grein. Ég vil taka fram í sambandi við þessa gr. að hún er ekki komin inn í frv. á neinn hátt vegna óska þeirra í Neskaupstað, og satt að segja hef ég enga trú á því að þeir kæri sig um að kaupa þær vélar sem hér er um að ræða. Sjálfsagt er að það verði athugað við þá uppbyggingu í verksmiðjunni í Neskaupstað sem er fyrirhuguð, hvort vélar fást hér innanlands sem hæfa. En í sambandi við þá aths. sem hér kom fram varðandi þetta atriði, vil ég að það komi skýrt fram að hér er ekki um að ræða neina ósk frá þeim á Norðfirði, og satt að segja tel ég ekki verulega miklar líkur á því að þessi leið verði farin.

Ég vil svo aðeins endurtaka það, að ég geri mér von um að þegar þetta mál verður tekið til afgreiðslu í fjh.- og viðskn., þá verði kannað rækilega hvort ekki getur orðið samkomulag um fjáröflun eftir öðrum leiðum en hér er lagt til. Ég hef margundirstrikað það að ég teldi það heppilegra og eðlilegra og hér sé ekki um slíkan vanda að ræða að það þurfi nauðsynlega að fara þessa leið. En hitt stend ég við, sem ég hef sagt, að ég tel hvíla á mér og öðrum alþm. þá skyldu að sjá um að hægt verði að bæta það tjón sem lofað hefur verið að bæta og að ég mun taka þátt í því að leysa málið með samkomulagi og tryggja það að fé verði fyrir hendi. Þeir, sem skerast þar úr leik hrópandi eitthvað um hreppasjónarmið og flokkspólitíska afstöðu, verða af mér og áreiðanlega mörgum fleiri dæmdir þannig að þeir hafi svikist um að reyna að standa við þau loforð sem þeir gáfu, enda verður auðvitað sá málflutningur, sem hér kom fram hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, aldrei af neinum túlkaður á annan hátt en þann, að hann hafi löngun til að svíkjast um að standa við það fyrirheit sem hann stóð að því að gefa.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég vísa til þess til að byrja með, að ríkisstj. lýsti því yfir nokkrum dögum eftir að snjóflóðin miklu féllu í Neskaupstað á sínum tíma, í desembermánuði, að hún mundi beita sér fyrir því að bæta tjón af völdum snjóflóðanna. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., er einmitt staðfesting á þeirri yfirlýsingu, stefnumörkun í þessum efnum. Ég vil sérstaklega fagna framkomu þessa frv. hér á Alþ., en í því felast nokkur atriði sem mig langar til að gera að umræðuefni.

Frv. er tvíþætt, þ. e. í fyrsta lagi viðbótarfjáröflun til Viðlagasjóðs vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum. Á sínum tíma var deilt talsvert um það hvort sú fjáröflun, sem þá var ákveðin til Viðlagasjóðs til að standa straum af bótum vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, mundi nægja. Ég vil ekki rifja þær deilur upp hér. En nú hefur komið í ljós að tekjurnar hafa ekki nægt og þess vegna er hér lagt til að aflað verði meira fjár til Viðlagasjóðs til þess að sjóðurinn geti komist sómasamlega frá verkefnum sínum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum, eins og það er orðað í grg. fyrir frv., en það er talið skorta á 1 100 millj. kr. til þess að svo geti orðið. Í öðru lagi fjallar svo frv. um ráðstafanir vegna snjóflóðanna í Norðfirði 20. des. s. l. Kemur fram í grg. fyrir frv. að það hefur verið gerð sem kallað er lausleg áætlun Viðlagasjóðs um útgjöld vegna Norðfjarðar, og niðurstaðan er sú að tjónið muni að líkindum nema samtals 500 millj. kr. Ég vil benda á það og undirstrika það, að þessi áætlun er lausleg og mönnum er ekki um það kunnugt enn hverjar endanlegar niðurstöður í þessu dæmi kunna að verða. Ég verð ekki undrandi á því þó að tjónið yrði meira en hér er talað um, þegar upp er staðið, enda er hér um lauslega áætlun að ræða.

Í þessu sambandi vil ég aðeins víkja að einu atriði sem kemur fram í grg., og það er að þessi áætlun um tjónið miðast við að síldarverksmiðjan í Neskaupstað verði ekki endurreist á sama stað og fallist verði á að bæta yfirgefin verðmæti, þ. e. a. s. það er gert ráð fyrir því að skilja svo lögin — ef að lögum verða — að grunnarnir undir síldarverksmiðjunum og öðrum þeim mannvirkjum, sem ekki verður reynt að endurreisa á sama stað og þau stóðu áður, verði bættir. Það hefur verið talað um að hér sé um að ræða hugsanlegar upphæðir eins og 50—60—70 millj. kr. Þetta er eitt af þeim atriðum sem þeir norðfirðingar höfðu áhyggjur af í sambandi við endurreisn síldarverksmiðjunnar. Ég hygg að það, sem hafi valdið úrslitum um að á þetta sjónarmið var fallist við samningu frv., hafi verið það að skipulagsyfirvöld, bæði í Neskaupstað og skipulagsyfirvöld ríkisins, leyfa ekki að síldarverksmiðjan verði reist á sama stað og hún stóð áður. Á þetta atriði vil ég benda.

Ég lít svo á að þetta frv., sem hér er flutt, sé í raun og veru hreinlega stefnuákvörðun um að bæta tjón af völdum snjóflóðanna í Neskaupstað og ef tjónið verður meira en gert er ráð fyrir í þeirri lauslegu áætlun sem þessi tekjuöflun byggist á, þá verði aflað tekna til viðbótar. Þannig varð reyndin í Vestmannaeyjum og hér er einmitt verið að flytja frv. til l. um viðbótarfjáröflun vegna tjónsins í Vestmannaeyjum af eldgosinu. Ég lít því svo á þetta frv. að hér sé um að ræða hreina stefnuákvörðun í því efni að bæta tjónið af völdum snjóflóðanna á Norðfirði án tillits til þeirrar fjáröflunar sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. forsrh. benti á það í framsöguræðu sinni að þessi lagaákvæði væru sett til bráðabirgða, eins og kemur fram í 1. gr., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Stofna skal til bráðabirgða sérstaka deild við Viðlagasjóð vegna snjóflóðanna, er féllu í Norðfirði 20. des. 1974“ — og síðar komi lagasetning sem hugsanlega verði á þá leið að gera Viðlagasjóð að almennum sjóði, almennum hjálparsjóði þjóðarinnar, sem grípa má til þegar atburði ber að höndum eins og t. d. eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð eða skriður eða jafnvel skaðaveður. Í því sambandi minntist hæstv. forsrh. á

að til greina kæmi að skoða sérstaklega lögin um Bjargráðasjóð í þessu efni, en eins og kunnugt er gilda aðrar reglur um bætur vegna tjóna skv. lögum og reglum Bjargráðasjóðs heldur en þær sem Viðlagasjóður notar í sínum störfum. Þess vegna er full ástæða til að samræma þessi lög, þannig að allir verði jafnt settir í þessum efnum án tillits til þess hvort þeir falla undir viðlagasjóðslög eða lögin um Bjargráðasjóð.

Það má auðvitað deila um aðferð til fjáröflunar í svona málum. Það er rétt að benda á að sú aðferð, sem nú er notuð, þ. e. a. s. að leggja á söluskatt í þessu efni, er sama aðferð og notuð var þegar löggjöfin um Viðlagasjóð var sett á sínum tíma. Þá voru allir stjórnmálaflokkar og að ég hygg allir alþm. sammála um þá stefnu. Í öðru lagi má benda á það, að þetta er í raun og veru sú stefna sem verkalýðshreyfingin í kjarasamningunum ‘ fyrravetur varð sammála um að marka, þ. e. a. s. að leggja á óbeina skatta, þó að ég hafi fyrir mína parta aldrei getað skilið að það væri í samræmi við hagsmuni þeirra lægst launuðu og tekjulægri í þjóðfélaginu að leggja á óbeina skatta, en það er annað mál. Ég viðurkenni fúslega, að það kann að orka tvímælis hvernig á að afla fjár í þessu skyni. Hér hefur verið talað um að gera þetta þannig að skera niður ríkisútgjöld að nokkru leyti í staðinn fyrir að leggja á söluskatt. Ég er sannfærður um að ef sú leið yrði farin að skera niður ríkisútgjöld í staðinn fyrir að leggja á söluskatt, þá yrðu fyrir valinu opinberar framkvæmdir og þá sennilega áreiðanlega að mestu leyti opinberar framkvæmdir úti um landsbyggðina. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er ekki reiðubúinn til þess að standa að því að breyta þessu á þá leið að skera niður opinberar framkvæmdir úti um landsbyggðina sem úrræði í því efni að afla fjár í þessu skyni.

Stofnun Viðlagasjóðs á sínum tíma var að mínum dómi Alþ. til hins mesta sóma, enda stóðu, eins og ég sagði áður, allir alþm. að þeirri löggjöf. Ég hygg að vegur Alþ. hafi vaxið með þjóðinni við þá afgreiðslu málsins. Og ég vil taka undir það, sem aðrir þm. hafa sagt hér, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að einhverjir stjórnmálaflokkar í landinu skerist úr leik í þessu efni, jafnvel þó að þeir séu óánægðir með þá aðferð sem notuð er til tekjuöflunar. Það er þýðingarmikið að hraða þessu máli, vegna þess að það má segja að þeir í Neskaupstað búi raunverulega eftir ákvörðun, sérstaklega í sambandi við endurbyggingu síldarverksmiðjunnar, því að þeir leggja á það hina mestu áherslu að unnt verði að endurbyggja síldarverksmiðjuna það fljótt að hún geti tekið til starfa fyrir næstu loðnuvertíð, 1976.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að setja á eldhúsdagstölu eins og hv. 9. þm. Reykv. En í sambandi við það sem fram kom hjá hv. 4. þm. Reykv., Þórarni Þórarinssyni, að vinstri stjórnin hefði ekki stjórnað illa, heldur mætti rekja alla þá óáran, sem við stóðum frammi fyrir er hún gafst upp, til viðskiptakjara út á við, þá hlýt ég að vera mjög á annarri skoðun í þeim efnum. Vinstri stjórnin bauð upp í þann verðbólgudans, sem alla hennar tíð var stiginn æ hraðar, með yfirlýsingum sínum við myndun stjórnarinnar að hún mundi beita sér fyrir 20% kaupmáttaraukningu, styttingu vinnutíma — styttingu vinnutíma sem hún vissi ekki einu sinni hver raunverulegur var í landinu — lengingu orlofs o. s. frv., og síðan, sem hlýtur að vera hægt að rekja til hennar, óstjórn sú sem kom í ljós hinn 26. febr. og dagana þar á undan í samningunum sem verkalýðurinn gerði þá um kaup sín og kjör, þar sem úrslitahöggið reið á það efnahagskerfi sem við þó höfðum búið við og hefði e. t. v. mátt takast að bjarga nokkurn veginn heilu í höfn ef þær ógnir hefðu ekki yfir dunið.

Ég verð að segja í sambandi við fyrri ræðu hv. 2. þm. Austurl., að mér kom á óvart þegar hann harmaði að of lítið samráð hefði verið haft við stjórnarandstöðuna af hálfu hæstv. ríkisstj. Ég þóttist vera þess fullviss og hafa það beint eftir honum, að hæstv. forsrh. hefði einmitt lagt fyrir hann þá aðferð sem hér er lagt til að viðhöfð verði við fjáröflun í því skyni að standa undir þeim áföllum sem orðið hafa í Neskaupstað. Og ég hygg að ég segi ekki frá neinu leyndarmáli þótt ég upplýsi, að það var fyrir margt löngu sem hann tjáði mér — og raunar hæstv. forsrh. líka — að þetta mál hefði verið formlega rætt þeirra í milli um þessa aðferð.

Hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, ræddi hér um það að hann mundi í n., sem hann á sæti í og þetta mál fær til meðferðar, fitja upp á öðrum aðferðum. Hann gat þess þó ekki, í hverju þær væru fólgnar. Enda þótt það sé ekki geðfellt á þessum tímum að þurfa að leggja á nýja skatta til að mæta þeim miklu áföllum sem þjóðin varð fyrir, fyrst við eldana í Vestmannaeyjum og síðan við hið mikla snjóflóð í Neskaupstað, þá er alveg ljóst, að til þess að við hin gefnu loforð verði staðið um bætur þessa vegna og viðreisn á þessum stöðum er sú aðferð, sem hér er lagt til að viðhöfð verði, nauðsynleg. Og það verður ekki kallað annað en svikjast undan merkjum þegar hv. 9. þm. Reykv. þenur skeiðið með þeim hætti sem hann gerði hér í þessu máli og notfærir sér það ástand, sem nú er, til þess að leggjast á fjóra fætur fyrir framan verkalýðinn í landinu og telja honum trú um það að hér sé verið að rýra kjör hans umfram nauðsyn.

Ég lít svo á, enda þótt hér liggi fyrir á fskj. 1, áætlun um þær bætur sem þarf að greiða vegna áfallanna í Neskaupstað, 500 millj., þá er það aðeins frumáætlun. Þeir, sem til þekkja, vita að ýmislegt annað kann að koma í ljós sem mundi koma til með að hækka þessa fjárhæð frá því sem þar er.

Ég tek undir það, að mjög ánægjulegt er að gert er ráð fyrir því að þau verðmæti, sem yfirgefin eru, verði bætt. Þar er átt við grunnana, bæði að veksmiðjuhúsi og öðrum húsum sem urðu snjóflóðinu að bráð. Vil ég í því sambandi aðeins ítreka það sem fram hefur komið vegna ræðu hv. 3. landsk. þm., Magnúsar T. Ólafssonar, þar sem hann fitjaði upp á þeim möguleika að varnir yrðu hafðar uppi og e. t. v. mætti þá reisa mannvirkin á sama stað, að úrskurður hefur verið gefinn af hálfu skipulagsyfirvalda ríkisins um það, að þarna á tilteknu svæði allbreiðu yrðu ekki reist mannvirki fyrst um sinn, þannig að

fyrir liggur þessi úrskurður. Svo er annað mál, hvort við almennt þurfum ekki að gera ítarlegar rannsóknir á þeim svæðum þar sem snjóflóðahætta er og með hvaða hætti hafa megi uppi fyrirbyggjandi aðgerðir eða framkvæmdir í því efni.

Hv. 4. þm. Norðurl. v. vék að 6. gr. Ég tek undir það með hv. 2 þm. Austurl., að ég álít sáralitlar líkur á því að keypt verði tæki í nýja verksmiðju, sem ráðgert er að reisa í Neskaupstað, úr mjög gömlum eða eldri verksmiðjum sem kunna að finnast í landinu. Á hitt ber að líta að það kann þó að vera möguleiki á þessu og þess vegna sjálfsagt að hafa þessa heimild í lögum. Ekki getur það skaðað. En fullvíst er það að engin slík tæki verða hrifin burt og flutt til Neskaupstaðar frá þeim stöðum þar sem þau nú eru í notkun og standa undir atvinnulífi eða með einhverjum hætti eru liður eða þættir í atvinnulífi einhverra staða. Hér yrði þá eingöngu um hluti að tefla sem lægju allsendis á lausu til ráðstöfunar.

Aðeins örfá orð til viðbótar við það sem ég sagði um ræðu hv. 9. þm. Reykv. Það var vægast sagt furðuleg ræða og ósmekkleg í hæsta máta, þar sem hann leyfði sér að viðhafa þau orð að hér væri um þröng kjördæmissjónarmið að tefla eða ómerkileg hreppasjónarmið. Ekki minnist ég þess að hafa nokkru sinni heyrt slíkt haft í frammi t. d. við þm. Suðurlands, enda þótt þeir væru búsettir jafnvel í Vestmannaeyjum, þegar þær aðgerðir voru hafðar í frammi, lífsnauðsynlegar, sem gerðar voru með stofnun Viðlagasjóðs og þeirra báta sem fóru til Vestmannaeyja. Maður á kannske von á því að fá að heyra það, þótt seint sé og nokkuð umliðið, að það hafi ríkt í viðhorfi t. d. hv. 3. þm. Suðurl., Guðlaugs Gíslasonar, eða hv. þm. Garðars Sigurðssonar, o. s. frv., þröng hreppasjónarmið, þegar þeir voru að stuðla að og vinna kappsamlega að því að við yrði brugðist þeim gífurlegu áföllum sem í Vestmannaeyjum urðu. Þetta er auðvitað alls ekki samboðið hv. 9. þm. Reykv., þótt hann telji sér henta nú að viðhafa þau orð sem hann flutti hér í sambandi við þetta mál.

Hann vék að kaupi búnaðarþingsmanna og sagði að um árabil og áraraðir og áratugi hefði viðgengist að þeir fengju kaup. Þessi mikli bændavinur — hann er ekki nýr af nálinni, þessi mikli bændavinur, hvorki hér á hinu háa Alþ. né í ríkisstj., — nú vísar hann til þess að spara megi með því að ræna þá kaupi — menn sem vinna að einhverjum mikilvægasta þætti okkar þjóðmála, — og svo líka að sjálfsögðu menn á fiskiþingi. Þetta var eina sparnaðartill. En hvernig stóð á því að hann beitti sér ekki fyrir því í þau 15 ár sem hann sat í ríkisstj. (Gripið fram í.) Nú jæja, það sýnir með öðru að hv. þm. hefur ráðið mátulega miklu.

Ég vil svo aðeins að lokum færa ríkisstj. þakkir mínar fyrir flutning þessa frv. Ég styð það alfarið eins og það liggur fyrir. Ég ítreka það, að það er ekki nein tilhlökkun að þurfa að leggja nýjar álögur á þjóðina þegar þannig stendur á eins og dæmin sanna nú. En með öðrum hætti verður ekki staðið við þau fyrirheit sem gefin hafa verið. Það kann vel að vera að Viðlagasjóði safnist fé, enda er nú til þess stofnað að hann verði að almennum áfallasjóði, þannig að þótt fé félli til hans umfram það sem brýnasta nauðsyn er til ráðstöfunar nú, þá kemur það í hag þótt síðar verði.

Heimir Hannesson: Hæstv. forseti. Áður en ég vík að því frv. sem hér liggur fyrir, langar mig að víkja aðeins með örfáum orðum að ræðu hv. 9. þm. Reykv., þó að e. t. v. sé ekki á það bætandi, og vil ég taka undir það sem menn hafa sagt um efni þeirrar ræðu, bæði hv. þm. Lúðvík Jósepsson og hv. þm. Sverrir Hermannsson, að það nær ekki nokkurri átt í slíku alvörumáli sem hér er um að ræða að kalla það mál, sem hér hefur verið lagt fram, þröngt kjördæmissjónarmið. Úr því að hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, fór að ræða efnahagsmál almennt og stjórnarsamvinnu o. fl., þá get ég ekki á mér setið að vitna í hans eigið málgagn í sambandi við almenn efnahagsmál og stjórnmál yfirleitt, áður en ég vík að því aðalumræðuefni sem hér er á dagskrá.

Út var að koma aðalmálgagn Alþfl. utan Reykjavíkur, Alþýðumaðurinn á Akureyri, kom út í síðustu viku, og með leyfi hæstv. forseta hefur stjórnmálaleiðari þess ágæta blaðs eftirfarandi boðskap að flytja:

„Hér skal ekki gert lítið úr efnahagsvanda okkar íslendinga nú. Hann blasir við augum. Og auðvitað ber okkur öllum að snúast við honum með manndómi. En tekst það þegar forustan, ríkisstj., er ráðvillt og sundurþykk? Mistökin við síðustu stjórnarmyndun voru þau að Alþfl. átti að mynda stjórnina með Framsókn og Sjálfstfl. Það var eina leiðin til að sigla fram hjá skerjum metings og afbrýðisemi stóru flokkanna í garð hvors annars, auk þess sem Alþfl. átti á að skipa reyndasta og hæfileikamesta stjórnmálaforingjanum“ — og taki menn nú vel eftir — „reyndasta og hæfileikamesta stjórnmálaforingjanum sem nú situr á Alþ. og flokkurinn fylgir þeirri jöfnunar og miðlunarstefnu, sem alltaf er þörf á, en aldrei meiri en nú.“

Þetta er nú hvorki meira né minna en boðskapur aðalmálgagns Alþfl. utan Reykjavíkur, sem þingflokksform. lagði ekki í að koma á framfæri í síðustu ræðu sinni hér áðan. Í framhaldi af þessu segir stjórnmálaleiðari blaðsins í síðustu viku, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna ráðleysis síns og ósamkomulags á því núverandi ríkisstj. að horfast í augu við staðreyndir og segja af sér. Við höfum bókstaflega ekki ráð á ráðleysissetu hennar lengur. Síðan ætti forseti Íslands að fela formanni þingfl. Alþfl., Gylfa Þ. Gíslasyni, vegna stjórnmálareynslu hans og hæfileika, að mynda nýja ríkisstj. með Framsókn og Sjálfstæði auk Alþfl. Innan allra flokkanna eru ágætlega færir menn til ráðherrastarfa sé forustan fyrir hendi. Við nefnum Benedikt Gröndal sem mennta- og trmrh., Geir Hallgrímsson sem dóms- og utanrrh., Matthías Bjarnason sem heilbr.- og sjútvrh., Þórarinn Þórarinsson sem iðn.- og viðskrh., Vilhjálm Hjálmarsson eða Ásgeir Bjarnason sem landb.- og félmrh., og Gylfi yrði að taka á sig mesta vandann, fjármálin auk forsætisins. Gunnar Thoroddsen væri kjörinn maður í sæti forseta Sþ. sökum kurteisi sinnar, fágaðrar framkomu og sanngirni.“

Ég get ekki látið hjá líða að minna á það, að ég er ekki að lesa upp úr Speglinum, heldur úr aðalmálgagni Alþfl. utan Reykjavíkur sem kemur hér með till. í stjórnmálaleiðara. Ég gat ekki á mér setið að minnast á þetta hér að gefnu tilefni eftir að form. þingfl. Alþfl. hafði fjölyrt hér um efnahagsmál. Læt ég honum um að segja sína skoðun á þessu. En eftir sem áður hefur þessi skoðun komið fram á þetta ábyrgan og óvenjulegan hátt. En sleppum því máli og víkjum aðeins að því máli sem hér er á dagskrá.

Ég vil taka undir með hv. þm. Sverri Hermannssyni og Lúðvík Jósepssyni, og ég vil sérstaklega þakka honum sem stjórnarandstöðumanni fyrir ábyrgð hans í þessu máli og hlýt að vísa því til föðurhúsanna eins og aðrir hafa gert, að hér sé um einhver þröng kjördæmismál að ræða.

Ég vil leggja á það sérstaka áherslu sem hæstv. forsrh. minntist á, og vil bæta við það örfáum orðum, að við megum ekki gleyma því, þó að vissulega hafi orðið gífurlega alvarlegir atburðir í Vestmannaeyjum og Neskaupstað, að þá er því miður við því að búast í okkar harðbýla og erfiða landi, að mjög alvarlegir atburðir eigi sér stað, meiri og minni háttar slys, sem menn taka kannske síður eftir, alvarlegir atburðir sem valda mjög miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Mönnum hættir við að gleyma þessu, vegna þess að atburðirnir eru ekki af sömu stærð og í Vestmannaeyjum og Neskaupstað. En ég held að það sé ekkert áhorfsmál, reynslan hlýtur að hafa kennt okkur, að það er ekki verjandi annað en koma á varanlegum viðlagasjóði eða björgunarsjóði sem sé til reiðu fyrir alla þjóðina þegar atburðir gerast þess eðlis að ástæða sé til að hið opinbera grípi fram í. Og ég fagna því að hæstv. forsrh. hefur gefið það til kynna að það sé í athugun að samræma störf Viðlagasjóðs og Bjargráðasjóðs, eins og hv. þm. Tómas Árnason vakti hér athygli á áðan. Ég held að það hljóti að vera viðfangsefni ríkisstj. að beita sér fyrir því að starfsemi þessara sjóða sé sameinuð og komið sé á fót með lagabreytingu varanlegum viðlagasjóði, sem sé reiðubúinn að taka þeim áföllum sem óhjákvæmilega eiga eftir að koma yfir okkar þjóð, þó að vonandi verði það ekki með þeim hörmulegu afleiðingum sem atburðirnir í Vestmannaeyjum og Neskaupstað voru.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. eða gera neina tilraun til að gera þær að almennum eldhúsdagsumr. um efnahagsmál. Erindi mitt í ræðustól er að segja aðeins örfáar setningar. Ég get þó ekki stillt mig um að láta þess getið í upphafi máls míns og skal þar með láta orðahnippingum vera lokið, að þegar þeir verða sammála Sverrir Hermannsson og Lúðvík Jósepsson, hv. þm., þá er ábyggilega eitthvað skuggalegt að ske.

Erindi mitt í ræðustólinn var að andmæla því mjög eindregið, að þá afstöðu, sem ég lýsti f. h. Alþfl., megi túlka þannig að við viljum ekki standa við þær yfirlýsingar sem ég gaf f. h. Alþfl. þegar hörmungarnar í Neskaupstað dundu yfir. Þá lýsti ég því yfir f.h. þingflokks Alþfl., að að sjálfsögðu væri það skylda þjóðarheildarinnar, skylda Alþ. að gera ráðstafanir til þess að það tjón, sem þarna varð, því miður, yrði að fullu bætt. Þetta var af einlægni mælt og við þetta viljum við að sjálfsögðu standa. Það hefur ekki hvarflað að okkur, að í afstöðu okkar fælist það að ekki yrði staðið við þetta fyrirheit, að við værum ekki reiðubúnir til þess að standa við ráðstafanir sem gera kleift að standa við þetta fyrirheit, bæta það 500 millj. kr. tjón sem Neskaupstaður og íbúar Neskaupstaðar urðu fyrir.

Það, sem ég benti á í ræðu minni og skal ekki endurtaka hér, heldur bara undirstrika sem aðalatriði, er að skv. álitsgerð sinni 11. des. taldi stjórn Viðlagasjóðs einróma að hægt væri að leysa Vestmannaeyjavandann með því að framlengja eitt söluskattsstig handa Viðlagasjóði í 12 mánuði. Þó að það kunni að vera rétt, að tölur frá 11. des. séu nú eitthvað breyttar, þar skakki nokkrum hundruðum millj. kr., þá er það engu að síður staðreynd að í lok þessa árs mun Viðlagasjóður eiga skuldabréf með veði í húseignum að upphæð 1 300—1 400 millj. kr. Breyting frá einum mánuði til annars á stöðu sjóðsins, sem nemur 100—300 millj. kr. raskar í engu þessari meginniðurstöðu stjórnar Viðlagasjóðs, að það væri hægt að leysa Vestmannaeyjavandann með því að framlengja söluskattsstigið í 12 mánuði, þ. e. í eitt ár. Við höfum þegar lýst því yfir, þm. Alþfl., að þetta styddum við, og ég endurtók það í ræðu minni, að þessa ráðstöfun hefðum við stutt heils hugar. Sá vandi, sem við hefur bæst, er nú metinn á 500 millj. kr. Viðbótarvandinn er 500 millj. kr. Það er ekki vandi sem ég tel réttlæta hækkun söluskatts um eitt stig sem gefur einhvers staðar í kringum einn milljarð eða helmingi hærri tölu. Ég tel 500 millj. kr. vanda norðfirðinga ekki réttlæta hækkun söluskatts um eitt stig sem þýðir helmingi hærri upphæð en þarf í bætur.

Vinnumarkaðurinn er mjög viðkvæmur. Það standa yfir samningar milli verkalýðshreyfingar og launþega annars vegar og vinsamlegar viðræður milli verkalýðshreyfingar og ríkisstjórnar hins vegar. Þetta er versta augnablikið sem hugsanlegt er til að leggja byrðar á almenning sem vitað er að launþegasamtökin eru andvíg og telja óþarfar. Ég var ekki einungis að tala fyrir hönd sjálfs míns eða þingfl. Alþfl. þegar ég sagði áðan að þessar byrðar væru óþarfar. Ég veit að þetta er skoðun forustusveita bæði Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og það mun áreiðanlega koma í ljós á næstu dögum. Þetta voru engin einkasjónarmið mín, heldur er þetta ríkjandi skoðun innan stærstu launþegasamtaka landsins, Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Það er alveg rétt að það er leiðinlegt að þurfa að taka sér þau orð í munn í umr. eins og þessum, að maður óttist að afstaða einstakra þm. kunni að mótast af kjördæmissjónarmiðum eða þröngum hreppasjónarmiðum — ég held ég hafi ekki notað það orð, ég held ég hafi talað um kjördæmissjónarmið. En það er ómögulegt að verjast þeirri hugsun að það eigi sér hér stað. Ómögulegt er að skilja málflutning hv. þm., Lúðvíks Jósepssonar og Sverris Hermannssonar á annan veg en þann að einhver slík sjónarmið liggi að baki því að styðja söluskattsstig sem veitir helmingi meiri tekjur en þörf er á, þegar fjárhagsvandinn,

sem við er að etja, svarar til 1% af fjárl., sem allir eru sammála um, að séu allt of há. Allir eru sammála um að það þurfi að skera niður þessi 48 milljarða fjárlög um risaupphæðir, og hvernig geta menn þá talið 500 millj. vera óleysanlegan vanda? Hvað þýðir að segja almenningi þetta? Þjóðin hristir aðeins höfuðið þegar hún heyrir slíkar raddir héðan úr sölum hins háa Alþ. Þessar 500 millj. kr. er sjálfsagt að greiða, og ég skal fúslega taka þátt í að benda á, hvar megi spara fyrir þeim, og bera fulla ábyrgð á þeim sparnaði og þeim óvinsældum sem af honum kynni að hljótast. Þeir, sem hefðu annars fengið 500 millj. í framkvæmdir, fá þær ekki. Alþfl. skal fúslega taka þátt í þeim óvinsældum sem af því hljótast. En við viljum ekki, eins og nú er ástatt á vinnumarkaði og í efnahagsmálum þjóðarinnar, standa að því að auka söluskattinn um helmingi hærri upphæð en sannanlega liggja tölur fyrir um að þurfi til að bæta norðfirðingum að fullu það tjón sem þeir hafa orðið fyrir. Þetta er mergurinn málsins. Og þess vegna hlýt ég — og það skulu vera síðustu orð mín — að andmæla því alveg eindregið að í þessari afstöðu þingflokks Alþfl., sem ég veit að er líka afstaða stjórnar Alþýðusambandsins og stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, felist það, að gefin loforð yrðu svikin. Við þau loforð, sem við höfum gefið, skulum við standa og munum standa við þau.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég tel þó rétt að það komi hér fram, að ég hef haft samráð um þetta efni við stjórnarandstöðuna, að því er ég tel, bæði fyrst eftir að snjóflóðin urðu í Neskaupstað, síðan áður en þing kom saman, og nú síðast í gær. Hitt er svo annað mál að það náðist ekki full samstaða, eins og heyrðist á málflutningi síðasta hv. ræðumanns. Ég verð að segja eins og er, að ég átti ekki von á því hér í þingsölunum að reyna hann að því að vera ábyrgðarlausari í málflutningi en ég hef heyrt hv. 2. þm. Austf. vera. Munur var alla vega á ábyrgðartilfinningu þessara tveggja hv. þm. í þessum umr.

Það er staðreynd, að frá því að stjórn Viðlagasjóðs skrifaði bréf það er þm. vitnaði í, 11. des., hafa komið á Viðlagasjóð bótakröfur og tjónabætur sem hann verður undir að standa og skipta umtalsverðum upphæðum. Um leið og hv. þm. gagnrýnir það, að ríkissjóður hafi verið rekinn með greiðsluhalla á síðasta ári, að viðskiptabankarnir hafi dregið á Seðlabankann á síðasta ári mörg hundruð millj. kr., vill hann halda þessari stefnu áfram á þessu ári. Hann talaði um sukk og eyðslusemi á síðasta ári og vill halda áfram þessu sukki og þessari eyðslusemi.

Ég held, að við hv. þm. hljótum að gera okkur grein fyrir að við verðum að greiða þessar tjónabætur. Þótt illa standi á í þjóðfélaginu, viðskiptakjör hafi rýrnað um meira en 30% á einu ári og það hljóti að koma niður á öllum þjóðfélagsborgurum, verðum við undir þessum útgjöldum að standa. Það þýðir ekki að ýta þeim á undan sér lengur eða meir en þegar er orðið, þegar skuldin við Seðlabankann af hálfu Viðlagasjóðs var yfir 1.5 milljarð á síðasta ári. Það er ekki launþegum landsins til hagsbóta.

Ég vil aðeins taka það fram, að ríkisstj. hefur ekki hafnað neinum skattatill. Alþýðusambands Íslands eða launþegasamtakanna. Ríkisstj. hefur ekki viljað skuldbinda sig til að segja fyrir fram hve hárri upphæð skattalækkanirnar muni nema, en boðið samstarf sitt um að létta verulega skattabyrðina hjá almennu launafólki. Ríkisstj. mun í þeim efnum leggja fram till. sínar á næstunni.

Á þessu stigi málsins vil ég ekki fjölyrða nánar um þetta mál, en vænti þess að n. taki mál þetta til meðferðar og reyni að hraða afgreiðslu þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv

Neðri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Svo hljóðandi bréf hefur borist til forseta Nd. Alþ., Alþingi, Reykjavík.

„Reykjavík, 26. febr. 1975.

Samkvæmt beiðni Péturs Sigurðssonar, 8. þm. Reykjav., sem nú liggur á sjúkrahúsi, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 1. varamaður hans, Geirþrúður Hildur Bernhöft félagsmálafulltrúi, taki á meðan sæti hans á Alþ.

Virðingarfyllst,
Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
ritari þingfl. sjálfstæðismanna."

Kjörbréf Geirþrúðar Hildar Bernhöft hefur verið rannsakað áður, þar sem hún hefur átt áður sæti á þessu þingi og býð ég hana velkomna til starfa hér í deildinni.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 301). — 1. umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga, sem fram kemur á þskj. 301 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við a-lið 3. gr. l. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Enn fremur hús, sem eru reist og notuð einvörðungu fyrir viðurkennda tómstundaiðju, sem fram fer á vegum félags- og æskulýðssamtaka eða í tengslum við þau."

Þetta mál er ekki stórt í sniðum þegar á heildina er litið, en hins vegar nokkuð stórt hagsmunamál fyrir þá sem hér eiga hlut að máli. Eins og fram kemur í grg. er mál þetta flutt fyrst og fremst með fasteignir og hús á vegum hestamannafélaga í huga og er málið reyndar flutt skv. beiðni viðkomandi hestamannafélaga, bæði hér í Reykjavík og annars staðar.

Um langan tíma hafa verið í gildi ákvæði varðandi fasteignaskatta, sem kveða á um undanþágur fyrir ákveðin samtök og málefni, og kemur sú undanþága fram í 5. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga. Þar segir: „Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli“ o. s. frv. M. ö. o. undanþága er veitt fyrir fasteignir, sem eru reknar í mannúðarskyni eða í þágu áhugasamtaka, sem ekki hafa ágóða af starfsemi sinni. Þ. á m. eru veittar undanþágur á fasteignaskatti vegna félagsheimila og íþróttahúsa. Löggjafinn hefur með þeim hætti viðurkennt þessa starfsemi og hefur sýnt skilning á því, að hún njóti undanþágu, sjálfsagt með það í huga að íþróttastarfsemi er til styrktar fyrir æskulýðinn og ekki í **ágóðaskyni.**

Hestamennska hefur átt vaxandi vinsældum að fagna, sérstaklega í þéttbýli, að undanförnu, en sú tómstundaiðja hefur hins vegar ekki fengið formlega viðurkenningu enn sem íþrótt. Af þessum sökum hafa fasteignir, hesthús og félagsheimili, sem reist eru á vegum slíkrar tómstundaiðju, ekki notið þeirrar undanþágu sem um getur í 5. gr. nefndra laga. Allir þeir, sem til þekkja, eru þó sammála um að þessi tómstundaiðja, hestamennska, sé fyllilega sambærileg við aðra íþróttastarfsemi enda verður ekki á marga tómstundaiðju betur kosið til að komast í snertingu við náttúruna og til þess að stunda heilbrigt útilíf en einmitt að vera í tengslum við hesta og hestamennsku.

Hestamannafélög og hestamenn hafa gert tilraun til að fá undanþágu eða afslátt frá því að greiða fullan fasteignaskatt, eða 1½%, en það hefur ekki borið árangur vegna mjög skýrra lagaákvæða þar að lútandi. Hestamenn hafa leitað til viðkomandi sveitarfélaga um niðurfellingu á þessum skatti, en það hefur ekki verið unnt að verða við þeim beiðnum. Enn fremur hefur verið leitað til rn. og stjórnvalda um að breyta reglugerðum, en rn. hefur ekki talið sér fært að breyta reglugerðum vegna, eins og fyrr segir, mjög skýrra lagaákvæða um þetta efni. Af þessum sökum hefur það orðið að ráði, að flutt er hér nú frv., sem gerir ráð fyrir því að fasteignaskattur af slíkum fasteignum verði lækkaður úr 1½% niður í ½%. Vek ég athygli á því, að ekki er farið fram á algera undanþágu frá fasteignaskatti eins og gildir um sambærilegar fasteignir, t. d. íþróttahús eða félagsheimili, heldur er gert ráð fyrir í þessu frv. að fasteignaskattur af húsum, sem hér um ræðir, verði lækkaður úr 1½% niður í ½%. Þetta á við um þetta sérstaka málefni, þessa sérstöku tómstundaiðju. En vitaskuld mundu falla undir þetta ákvæði aðrar þær fasteignir, sem reistar yrðu og starfræktar fyrir viðurkennda tómstundaiðju sem fram fer á vegum félags- og æskulýðssamtaka eða í tengslum við þau, þannig að fleiri mundu njóta góðs af samþykkt þessa frv. heldur en einvörðungu hestamannafélög eða hestamenn.

Ég held, að það sé hafið yfir allan vafa, að það er sanngirniskrafa að þetta frv., þessi ósk, sem í því kemur fram, verði viðurkennd, einfaldlega vegna þess að hér er um að ræða starfsemi, iðju, sem telst vera æskileg, er vinsæl og þjóðfélagið vill áreiðanlega stuðla að að sem flestir taki þátt í.

Hestamenn, eins og aðrir áhugamenn í slíkum samtökum, reka ekki starfsemi sína í ágóðaskyni, heldur með eigin tekjuöflun, félagsgjöldum, samskotum og ýmissi annarri tekjuöflun, en hafa ekki haft styrki frá hinu opinbera, hafa ekki verið neinn baggi á ríkissjóði með fjárframlög, og ég tel að svo eigi að vera. Það er æskilegt, að frjáls æskulýðssamtök séu rekin með slíkum hætti, og er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv. að út af því sé brugðið. Einfaldlega er farið fram á að þessi útilífsiðja, þessi starfsemi njóti að nokkru leyti sömu fyrirgreiðslu, sömu undanþágu og önnur slík starfsemi.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég held að það sé auðskilið, að hér er um mál að ræða, sem ekki er stórt í sniðum, en hefur þýðingu fyrir viðkomandi starfsemi og samtök. Það er einlæg von mín að hið háa Alþ. hafi skilning á þessu málefni og sjái sér fært að verða við þessari beiðni með því að samþ. þetta frv.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til annaðhvort félmn. eða fjh.- og viðskn. Ég legg það í dóm forseta að úrskurða um það, en legg til, að því verði vísað til nefndar og 2. umr.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Frv. þetta er flutt, eins og fram kemur, til þess að auka við þær undanþágur, sem veittar eru frá innheimtu fasteignaskatts skv. tekjustofnalögum. Svo hagar til, að yfirfasteignamatsnefnd úrskurðar í deilumálum sem rísa af því hvort greiða skuli fasteignaskatt af tilteknum fasteignum eða ekki, þ. á m. félagsheimilum og húsnæði, sem notað er til tómstundastarfs á vegum ýmissa félagssamtaka. Í þeim reglum sem yfirfasteignamatsnefnd hefur mótað sér, hefur hún skilgreint ákvæði laga um þetta efni ákaflega þröngt, þannig að þau félagsheimili, sem fengið hafa styrk úr Félagsheimilasjóði, hafa verið talin falla sérstaklega undir þetta lagaákvæði og hafa notið þessarar undanþágu. Hins vegar eru fjölmörg svokölluð félagsheimili eða húsnæði í eigu og notkun ýmissa félagssamtaka til tómstunda- og félagsstarfsemi sem ekki hafa fengið styrk úr Félagsheimilasjóði og ekki hlotið viðurkenningu hans. Í slíkum tilvikum hefur yfirfasteignamatsnefnd synjað um undanþágu frá fasteignaskatti.

Um þá starfsemi, sem um er rætt í þessu frv., æskulýðsstarfsemi eða aðra viðurkennda tómstundaiðju á vegum félags- og æskulýðssamtaka og þó einkum, eins og fram kom í framsöguræðu flm., starfsemi hestamannafélaga, hygg ég að yfirleitt hafi ekki verið veitt fé úr Félagsheimilasjóði til þessara samtaka. Ég vil því greina frá því til upplýsinga, að miðað við þær reglur, sem yfirfasteignamatsnefnd hefur starfað eftir, mundi t. d. félagsheimili á vegum hestamannafélaga og annarra slíkra ekki falla undir ákvæði laganna nema greitt hefði verið til þeirra úr Félagsheimilasjóði.

Um þá breyt., sem hér liggur fyrir, vil ég

aðeins segja það, að ég tel óheppilegt að víkka þær heimildir, sem eru til undanþágu frá gildandi lögum um fasteignaskattsálagningu. Ég tel að fremur ætti að þrengja þær undanþágur heldur en færa þær út.

Um þetta sérstaka málefni skal ég svo ekki segja annað en það, að eins og fram kom í ræðu flm. mundu fleiri njóta góðs af en hestamenn, ef farið væri út á þessa braut, og það er einmitt hættan sem í því er fólgin, ef farið er að teygja undanþágur til einstakra aðila, sem ekki hafa notið þeirra áður, að þá fylgja sífellt fleiri og fleiri í kjölfarið.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Mér kom ekki á óvart að heyra þessa rödd, því að þegar ég hef reifað þetta mál meðal þm. hef ég orðið var við, að ýmsir eru andvígir því að víkka út þær undanþágur sem nú þegar eru í lögunum. Af þessum sökum var ekki gengið það langt í þessu frv. að fara fram á fullkomna undanþágu, þ. e. a. s. að fasteignaskattur yrði alfarið lagður niður, heldur gert ráð fyrir því og lagt til að hann sé lækkaður úr 1½% í ½%.

Vegna þeirra orða, að hér sé um að ræða hættulega stefnu að víkka út þessar undanþágur, þá vil ég aðeins ítreka það, sem ég vildi sagt hafa áðan, að hér er raunverulega ekki um útvíkkun að ræða í sjálfu sér, heldur að viðurkenna ákveðna tómstundaiðju sambærilega við þær undanþágur sem veittar eru nú þegar í l., og leiðrétta þá ósanngirni að slík tómstundaiðja falli ekki undir þær undanþágur, sem l. gera ráð fyrir, úr því að á annað borð eru veittar undanþágur. Lögin og löggjafinn hafa fram að þessu viðurkennt að starfsemi eins og mannúðar- og líknarstarfsemi svo og íþróttastarfsemi og æskulýðsstarfsemi væri undanþegin eða fengi ákveðna fyrirgreiðslu varðandi fasteignaskatta.

Í þessu frv. er talað um fasteignir, sem einvörðungu eru notaðar fyrir viðurkennda tómstundaiðju sem fram fer á vegum félags- og æskulýðssamtaka eða í tengslum við þau. Og það kemur fram í grg., að það er ósk mín og vilji að þetta ákvæði sé túlkað mjög þröngt, en það felur það í sér, eins og orðalagið bendir til, að þarna falli undir starfsemi sem strangt til tekið er ekki viðurkennd sem t. d. íþróttastarfsemi, en í eðli sínu er þó íþróttastarfsemi.

Íþróttasamtökin hafa enn ekki getað komið hestamannafélögum fyrir í sínum samtökum, enda þótt flestir séu á því að þetta sé hliðstæð starfsemi og hliðstæð tómstundaiðja. Ég skal ekki dæma um af hvaða ástæðum sú tregða er, en ég held að allir, sem skoða þetta mál með velvilja, sjái að þarna er um líka hluti að ræða og ósanngjarnt er að á sama tíma sem íþróttahús og íþróttastarfsemi njóta þessarar undanþágu njóti einn þáttur æskulýðs- eða tómstundastarfa ekki sömu friðinda. Það er eingöngu af þessum ástæðum, sem þetta frv. er flutt, til að leiðrétta þetta misræmi. Menn mega ekki skilja það svo, að hér sé um að ræða útvíkkun á undanþágunum, heldur aðeins að fella að þá starfsemi, sem raunverulega á heima undir þeim undanþágum sem nú þegar hafa verið gefnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 48. fundur.

Fimmtudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 300, n. 318 og 320, 319, 321). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. til meðferðar. N. hefur rætt málið á tveim fundum. Á annan fundinn, sem var sameiginlegur fundur fjh.- og viðskn. í báðum d., komu starfsmenn viðskrn. og Þjóðhagsstofnunar og gáfu ýmsar upplýsingar.

Það er áætlað að 1 söluskattsstig geri um 960 millj. kr. á ársgrundvelli samkv. áætlunum Þjóðhagsstofnunar, og var gert ráð fyrir að þessu söluskattsstigi yrði ráðstafað á þrennan hátt: í fyrsta lagi til þeirra íbúa sem búa við olíuupphitun, í öðru lagi til að styrkja rafveitur að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, og í þriðja lagi til Orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveituframkvæmda.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur brtt. við 2. gr. frv. og fjalla þær brtt. einkum um það, hvernig þessu fé, þ. e. a. s. 960 millj., skuli ráðstafað. Þar eru gerðar nokkrar breytingar á frá því sem gert er ráð fyrir í frv.

Í fyrsta lagi er flutt brtt. um að í stað 7 200 kr. á hvern íbúa komi 8 200 kr. Það er öllum kunnugt, að gífurlegur munur er á kostnaði við að hita upp með olíu og jarðhita og sá munur hefur farið mjög vaxandi. Meiri hl. n. hefur því lagt til að þessi upphæð verði hækkuð, þótt ljóst sé að það nægi engan veginn til að jafna upp þá miklu hækkun sem orðið hefur. Með því að hækka þessa upphæð í 8 200 kr. á hvern íbúa er gert ráð fyrir því, miðað við að 95 þús. íbúar noti olíu til upphitunar, að til þess þurfi að verja um 800 millj. kr., þ. e. a. s. 780 millj. ef aðeins er reiknað með íbúafjölda, en síðan koma til viðbótar um það bil 20 millj. vegna elli- eða lífeyrisþega sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, þannig að það má áætla heildarupphæðina um 800 millj. kr.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að styrkja rafveitur að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu. Þar er gerð till. um að sé bætt við, að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding. Miðað við núv. verðlag á rafmagni hjá Rafmagnsveitum ríkisins má gera ráð fyrir að upphitunarkostnaður með rafmagni á hvern íbúa í landinu sé um 14 400 kr. Það hefur einnig verið áætlað, að upphitunarkostnaður á hvern íbúa með olíu sé um 23. þús. kr. Miðað við það að 8 200 kr. séu greiddar til sérhvers íbúa sem hitar hús sitt með olíu, yrði kostnaður hans nettó um 14 800 kr. Það, sem kemur inn í þennan lið til viðbótar, er einkum hugsað í því sambandi, að það orki ekki tvímælis að þessum hlutföllum skuli haldið, þannig að rafmagnskostnaðurinn fari ekki langt fram yfir

kostnað við að kynda með olíu. Það er gert ráð fyrir að það þurfi að verja á næsta ári til Rafmagnsveitna ríkisins í þessu skyni um 50 millj. kr.

Það verður einnig að gera grein fyrir því, að gerð er sú brtt. að síðasti málsliður í a-lið frv. falli niður, þ. e. a. s. „styrkur þessi skal eigi greiddur til þeirra, sem fá íbúðarhúsnæði sitt tengt við hitaveitu fyrir 29. febr. 1976“, en lagt til að í þess stað komi: „Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur kemur til greiðslu.“ Með þessu er gert ráð fyrir því, að ef íbúðarhús hefur verið tengt hitaveitu, þá komi engin greiðsla til eftir að viðkomandi íbúar þess húss njóta þeirra kjara.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að e-liður orðist þannig: „Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar gr.“ Það er ljóst, að ákveðin svæði á landinu fá aldrei hitaveitu, og þess vegna þótti rétt að þessi upphæð yrði notuð til hagsbóta fyrir alla, en ekki aðeins þá sem búa við þau sérstöku skilyrði, að jarðhiti er í námunda við þá. Er áætlað, að þessi upphæð muni nema um það bil 100 millj. kr., og það er rétt að geta þess, að á s. l. ári voru um það bil 8 þús. íbúar tengdir hitaveitu. Ef þessir íbúar hefðu kynt húsnæði sitt með olíu áfram þyrfti að leggja fram fjármagn í því skyni, a. m. k. 70 millj. kr., þannig að fram kemur að allur sá sparnaður, sem orsakast af því að hitaveitur eru tengdar, verður lagður í Orkusjóð til áframhaldandi framkvæmda, en kemur ekki til skiptingar milli þeirra, sem hafa ekki fengið hitavetu.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir brtt. meiri hl. n. Ég vil að lokum endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem eru lagðar fram á þskj. 321.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram ræddi fjh.- og viðskn. frv. á tveimur fundum sínum og áhrif þess til að draga úr kostnaði fyrir þá er verða að kynda upp húsnæði sitt með olíu. Á fund n. komu ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri viðskrn. og einnig hagrannsóknastjóri ásamt fulltrúa frá Þjóðhagsstofnun. Þessir aðilar gerðu grein fyrir framkvæmd gildandi laga og kostnaði við olíu-, jarðvarma- og rafmagnsupphitun í landinu. Samkvæmt því kom í ljós, að meðalverð á olíu til húshitunar fyrir árið 1974 reyndist vera kr. 12.53, en er nú kr. 20.20. Hér er því um hækkun að ræða er nemur 61.2% og enn má reikna með að olían hækki nokkuð. Augljóst er því að þeir, sem nota olíu til húshitunar, munu enn fá á sig aukin útgjöld vegna þessarar verðþróunar.

Í 1. gr. frv. segir, að leggja skuli 1% söluskatt á til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis. Eftir því sem næst verður komist munu notendur olíu til hitunar húsnæðis síns vera um 95 þús. manns í dag, og miðað við núgildandi verðlag yrði kostnaður á mann, reiknaður á 95 rúmmetra rými á hvern mann, samtals 23 028 kr. Tilsvarandi kostnaður reiknaður á sama hátt fyrir þá, er njóta jarðvarma með verðlagi 32 kr. hvert tonn af heitu vatni, yrði þá 6 536 kr.

Augljóst er að þeir, sem njóta hitaveitu nú þegar, búa við verulega betri lífskjör, er nemur mörgum tugum þúsunda hjá hverri fjölskyldu á árstímabili. Því er talið réttlætanlegt að leggja á 1% söluskatt er síðan sé jafnað út til þeirra er verða að kynda hús sín með olíu.

Minni hl. fjh.- og viðskn. telur að þessi styrkur geti ekki verið minni vegna verðþróunar þeim í óhag, er nota olíu, en 10 þús. á ári á mann. Gert er ráð fyrir að 1 söluskattsstig muni gefa um 960 millj. kr. alls á yfirstandandi ári og ekki verður annað séð en að hér sé varlega áætlað. Það er því augljóst mál, að þótt styrkurinn sé hækkaður upp í 10 þús. á hvern mann á ári mun enn verða eftir talsverð upphæð sem getur komið til ráðstöfunar samkv. liðunum b og c í brtt. okkar, einkum þegar það er haft í huga að á næstu mánuðum mun tenging hitaveitu við íbúðarhúsnæði eiga sér stað í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði. Þess er að vænta, að framkvæmdum í þessu skyni seinki ekki, svo að fleiri geti notið kosta hitaveitu en verið hefur.

Við teljum, að ekki geti með rökum verið um lægri upphæð til jöfnunar á hitunaraðstöðu að ræða á hvern íbúa en 10 þús. kr. miðað við ársgreiðslu. Því berum við fram á sérstöku þskj. till. um þessa greiðslu og einnig að þeir, sem nota rafmagn til upphitunar húsa sinna, þurfi ekki að sæta hærri hitunarkostnaði af húsnæði sínu en olíuhitun hefur í för með sér. En þess munu finnast dæmi að slíkt hefur átt sér stað.

Í till. okkar, sem koma fram á þskj. 319, er tekið fram að við leggjum til að upphæðin verði 10 þús. kr. sem er ákveðið að ráðstafa. Einnig breytum við svo til, að þegar svo háttar að styrkþegi á von á hitaveitu til upphitunar íbúðar sinnar skal hann njóta styrks fram til þess mánaðar er tenging fer fram. Upphaflega var gr. í frv., sem olli nokkurri andúð, um það að ekki skyldi verða um styrk til þeirra að ræða, er áttu von á hitaveitu með allt að ársfyrirvara. Meiri hl. hefur gengið til móts við þá gagnrýni, sem fram kom, og dregur svo í land að hann miðar við ársfjórðung og er það út af fyrir sig veruleg bót. Við teljum, að samkv. eðli frv. sé rétt að fara eins nálægt sómasamlegri framkvæmd og hægt er, og leggjum því til, vegna þess að það skapar alls ekki meiri vanda í framkvæmd laganna, að menn njóti styrksins að þessu tímabili, þ. e. a. s. ef maður fær hitaveitu tengda í ákveðnum mánuði, þá sé greitt fram að byrjun þess mánaðar, mánaðamótum. Þetta er ekki flókið vandamál, þar sem greiðslur koma jafnan fram ársfjórðungslega síðar, og mun því alltaf liggja fyrir í tæka tíð hverjir fá hitaveitu tengda, svo að sveitarstjórnir, sem hafa af þessu ýmislegt óhagræði, lenda ekki í meiri vanda en efni standa til.

Það komu reyndar fram í framsögu hér ýmislegar vangaveltur um þetta mál og þarf ég ekki að rekja það, en c-liður á að fá barna afgangspeninga. Hvað þeir geta verið há upphæð skal ég ekki spá nákvæmlega um, en eftir því sem upplýstist á nefndarfundi má ætla, að enn sé óráðstafað af tekjum s. l. árs 150—200 milli kr., a. m. k. nokkuð á annað hundrað millj. Það hefur

ekki verið tekin ákvörðun, hvernig á að ráðstafa því með öðrum hætti en að það renni þá til c-liðar, sem við erum fylgjandi, að Orkusjóður fái aukið fjármagn til frekari rannsókna og flýti þannig fyrir notkun á jarðvarma og hitaveituframkvæmdum. Einnig mun þrátt fyrir hækkun upp í 10 þús. kr. verða afgangur — ég trúi ekki öðru — eitthvað á annað hundrað millj. Það er því sýnilegt, að við erum ekki að herða að Orkusjóði á einn eða annan veg, heldur að leggja til að hann fái aukið fjármagn fram yfir gildandi fjárlög, með því að taka undir það sjónarmið að Orkusjóður fái afgangsfjármagn þarna.

Þetta er sameiginleg afstaða okkar allra, aðeins orðuð með mismunandi hætti. En við teljum eindregið, að talan 8 200 kr. á ári á íbúa, er styrkinn eiga að fá, sé of lág. Enda kom það fram í framsöguræðu frsm. meiri hl. áðan. Hann gat ekki dulið það, að verulega hallaði á hjá þeim, sem nota olíu til húsaupphitunar, og þrátt fyrir þessa hækkun væri enn hallað á þá vegna þeirrar miklu olíuhækkunar sem hefur átt sér stað. Ég tel því að hv. þm. ættu að hugleiða það mjög alvarlega og rólega, hvort 10 þús. séu ekki viðráðanleg tala, og reyna að jafna þetta bil.

Það hefur verið upplýst, að reykvíkingar einir, eftir því sem grein í Morgunblaðinu upplýsir, muni njóta — hvað getur maður sagt? — betri lífskjara er nemur um 2 600 millj. kr., miðað við verðlag í dag á ársnotkun heitavatns gegn ársnotkun á olíu í sama húsnæði og á sama íbúafjölda. Þetta er ekki lítil búbót. Við skulum segja, að ef söluskatturinn gerir um 1000 millj., þá eru auðvitað reykvíkingar skattlagðir, og við getum áætlað að sá skattur nálgist 500 millj., þannig að þar leggja þeir til hagsbóta hinum, er ekki njóta hitaveitu, um 500 millj. Nettómismunur þeim í hag er þá um 2 milljarðar. Nú liggur að vísu fyrir beiðni um hækkun á hitaveitu líklega um 24% miðað við síðustu fregnir, að það verði jafnvel samþ., þannig að hér hallar aftur til minnkunar fyrir þá. En það eru líka fleiri íbúar úti um landið sem blessunarlega njóta hitaveitu, og það hefur ekki verið talið fært enn þá að fara að mynda sérstakan skatt, annaðhvort söluskatt eða einhvern annan skatt, á notendur heits vatns í landinu, heldur láta þá taka á sig kvöð í gegnum söluskatt. Í sjálfu sér gæti verið umhugsunarvert, hvort ætti að fella svona söluskattsstig niður og setja sérstakan skatt á heitt vatn, en það hefur ekki verið gert enn þá og þess vegna óþarfi að vera með miklar vangaveltur um það. En niðurstaðan hefur sem sagt orðið sú, að allir telja það rökrétt og eðlilegt og vel verjanlegt að hafa söluskattsstig til þess að jafna þennan aðstöðumun nokkuð. Aðeins greinir okkur á um það, hver endurgreiðsluupphæðin eigi að vera.

Eftir því sem frsm. meiri hl. upplýsti mundi talan 8 200 kr. á mann gera í endurgreiðslu um 800 millj. á ári. Þá er augljóslega eftir til ráðstöfunar fast að 200 millj. Frá s. l. ári eru enn óráðstafað hátt í 200 millj., þannig að Orkusjóður mun eiga þarna von á allmiklu fjármagni. En ég tel, eins og ég sagði í ræðu minni við 1. umr., að vandamál Orkusjóðs eigi að athuga sérstaklega og við ættum að fá nýtt yfirlit um þarfir Orkusjóðs núna vegna gengisbreytingar og vegna þess að nú liggja fyrir meiri kvaðir á Orkusjóði um jarðvarmarannsóknir en áður hefur verið. Ég er alveg viss um það, að allir hv. alþm. eru reiðubúnir að standa að því að efla Orkusjóð. En ég tel, að þegar við erum að veita slíkar upphæðir án þess að hafa þær nánar sundurgreindar, séum við að fara út á heldur hálan ís, vegna þess að í fyrsta lagi hefur fjvn. samkv. þingsköpum þann rétt eða þá kvöð, eftir því hvað menn vilja kalla það, að fjalla um fjárþarfir ríkisstofnana og síðan leggja sitt álit fyrir, en hér erum við að veita einni ríkisstofnun ótiltekna upphæð, sem nemur mörgum hundruðum millj., án þess að grennslast nánar um beinar þarfir stofnunarinnar. En hvað sem því líður, þá má segja að í þessu tilfelli sé þörfin brýn og nauðsynleg og þess vegna sé þetta kannske réttlætanlegt við ríkjandi aðstæður. Ég tel samt sem áður að við eigum að gæta hófs í þessu efni og ekki að vera of bjartsýnir um ráðstöfun til Orkusjóðs, þar sem hlutverk hans er að rannsaka, en ekki að standa í stórframkvæmdum.

Það má segja, að efnislegur ágreiningur sé ekki orðinn mikill hjá okkur. Langstærsti þátturinn er talan, sem við leggjum til að sé greidd út, og hún hlýtur að eiga að vera eins há og hægt er með góðu móti að sjá að þetta fjármagn skiptist upp til, vegna þess að forsendan fyrir að afla þessa fjármagns er að bæta aðstöðumismunin. Það er forsenda frv., og þess vegna er það ósanngjarnt að skilja eftir mjög stóra tölu til ráðstöfunar í öðru skyni, þrátt fyrir það að Orkusjóður sé alls hins mesta maklegur í þessu efni. En það ætti þá að fylgja sem lágmarkskurteisi við okkur að sýna nýja rekstraráætlun fyrir Orkusjóð og nýjar þarfir hans, vegna þess að forstjóri Orkustofnunar gerði grein fyrir þörfum til fjv. fyrir áramót, og þó að fjvn. mætti ekki öllum hans óskum á sínum tíma, er það sómasamlegt, og væri eðlilegt að við fengjum nýja áætlun við breyttar aðstæður og tryggðum þá Orkusjóði nauðsynlegt fjármagn.

Herra forseti. Ég skal ekki að öðru leyti fara að karpa um efni frv. Það kom fram við 1. umr., að hæstv. forsrh. drap á, að ég teldi þetta enn einu sinni bera vott um óstjórn, og líkti mér við Kató. Ég held ég bæti nú því við, að þó að Karþagóborg hafi verið talin óvinnandi vígi á sínum tíma, þá féll hún, og svo mun einnig verða um hæstv. ríkisstj.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ef orðstír núv. ríkisstj. verður jafnmikill og orðstír þess Hannibals, sem stóð í fyrirsvari fyrir Karþagóborg á sínum tíma, þá óttast ég ekki um eftirmæli núv. hæstv. ríkisstj. Auðvitað kemur einhvern tíma að því að þessi hæstv. ríkisstj. lætur af völdum eins og allar ríkisstj.

Ég ætlaði ekki að vera fjölorður um það frv. sem hér er til umr. Það er eins og fram hefur komið hjá þeim hv. þm. sem þegar hafa talað við þessa umr., að það er ekki mikill ágreiningur um málið og í raun og veru enginn ágreiningur um megintilgang frv., þ. e. að afla fjár til að jafna aðstöðumun þeirra, sem hita upp hús sín með jarðvarma og raforku annars vegar og hins vegar með olíu. Ég er mjög veikur fyrir þeim sjónarmiðum, að það veiti ekki af að allt það

fjármagn, sem aflast á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir, fari til niðurgreiðslu á olíu. Það getur ekki verið neinn ágreiningur um að þörf er á því nú eins og var þegar sams konar ákvæði var sett fyrir einu ári. Hér er um að ræða ráðstafanir til þess að koma þegar í stað til aðstoðar þeim sem verr eru settir í þessu efni og til þess að jafna aðstöðumun.

Þetta breytir hins vegar að sjálfsögðu ekki því, að það er ákaflega þýðingarmikið að afla fjár til þess að vinna að framkvæmdum í hitaveitu- og raforkumálum til þess að auka húsahitun á þann hátt. Í því efni verðum við fyrst og fremst að treysta á yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. í því efni. Það er eitt af meginmálum hæstv. ríkisstj. að leggja áherslu á virkjunarmálin. En þó að svo sé vil ég ekki undir öllum kringumstæðum hrinda burt þeirri hugsun, að eitthvað sé hyglað framtíðarverkefnum í þessu efni með því fjármagni sem inn kemur með þeim hætti sem frv. þetta gerir ráð fyrir. En spurningin er: Hvað er ætlað að gera í því efni? Ákvæði frv. um það, eins og það er orðað í c-lið 2. gr., er á þann veg að ég tel það alls ekki fullnægjandi.

Ég tel, að ef eigi að taka af þessari fjárhæð eitthvað, skerða niðurgreiðslurnar, þá verði að vanda mjög til þess verkefnis sem það fjármagn er ætlað, sem af er skorið. Þá finnst mér, fyrst tilgangur þessa frv. er að jafna aðstöðumun, að hafa verði nokkuð í huga hvernig þeim tilgangi verði best náð, og þá sýnist mér augljóst að þar eigi fyrst og fremst að koma til greina að líta til þeirra landshluta og þess fólks sem hefur ekki aðstöðu og getur ekki haft aðstöðu í næstu framtíð eða kannske um fyrirsjáanlega framtíð til að njóta hitaveituframkvæmda. Ég tel þess vegna að brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um það að breyta orðalagi c-liðar þannig, að ráðstöfun fjárins nái til raforkuframkvæmda, sé ákaflega þýðingarmikil og breyti afstöðu minni verulega. Við verðum að hafa í huga, að það eru heilir landshlutar, eins og t. d. Vestfirðir, sem enga möguleika hafa til að njóta góðs af hitaveituframkvæmdum, engin þéttbýlissvæði þar, svo að heitið geti. Og ég tel að það eigi að líta til þessa fólks alveg sérstaklega í sambandi við ráðstöfun þess fjár sem verður til umráða, ef frv. verður samþ. í því formi sem það liggur nú fyrir.

Ég vil leggja áherslu á það, að ég lít svo á að ef brtt. um þetta efni verður samþ., þá hljóti hún að þýða framkvæmd eitthvað í þessum anda annars væri hún markleysa. Í því trausti að svo sé, mun ég fylgja þessu frv., ef brtt. á þskj. 321 verða samþ., og þá hef ég sérstaklega í huga breyt. á c-lið 2. gr. og svo hækkunina á upphæð niðurgreiðslnanna úr 7 200 kr. í 8 200 kr. Ég tel það spor í rétta átt.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. frsm. n. fyrir þær upplýsingar sem hann kom með og n. hefur aflað. Þar kom greinilega í ljós að þessi munur, aðstöðumunur hefur aukist, eins og ég reyndar færði rök að við 1. umr. um þetta mál. Ég sé einnig, að hv. n. hefur tekið nokkurt tillit til þess og hækkað styrkinn úr 7 200 í 8 200 kr., sem komi til greiðslu fyrir hvern olíunotanda eða hvern einstakling, og er þetta vissulega allt til bóta.

Ég er einnig hlynntur þeirri breyt. sem kemur fram í b-lið. Ég tel að framkvæmd eins og þarna er gert ráð fyrir sé að öllu leyti viðráðanlegri heldur en var í upphaflegu frv. Sýnist mér jafnframt ekki óeðlilegt að allt að ársfjórðungur sé tekinn af þeim sem von eiga á að fá hitaveitu, en einkum sýnist mér mikilvægt að þessi framkvæmd er stórum auðveldari.

Ég tek einnig undir það, sem hér hefur komið fram, að Orkusjóður þarf aukið fjármagn. Á því er enginn vafi. Ég get reyndar tekið undir það, sem hv. 1. landsk. þm. sagði, að það væri æskilegra að þekkja þörf Orkusjóðs eða hafa áætlun yfir það. En ég held að við gerum okkur allir grein fyrir því, að í raun og veru er þörf Orkusjóðs margföld sú fjárhæð sem hér um ræðir. Mér skilst að þetta séu um 110 millj. sem af eru teknar og renna í Orkusjóð. Ég hefði að vísu kosið fremur að þessu yrði öllu úthlutað, en hins vegar fallist á að inn í Orkusjóð renni það sem sparast þegar notandi tengist hitaveitu. Það er minna fjármagn, að því er mér skilst. Voru það ekki um 40 eða 50 millj. kr. eða u. þ. b.? Það finnst mér eðlilegt að renni í Orkusjóð. Nú má vitanlega segja, að ef sama regla hefði gilt á yfirstandandi tímabili, því sem er að líða, þá hefðu sparast í Orkusjóð líklega um 60 millj. Um 8 000 manns munu hafa tengst hitaveitu á tímabilinu, og því mætti segja að þessar 110 millj. séu ákveðnar með nokkru tilliti til þess.

Ég tel með þessum skýringum að frv. hafi tekið mikilvægum breyt. til batnaðar og mun fylgja því þannig, þó að ég eins og ég sagði, hefði heldur kosið hina leiðina, að skipta þessu öllu til olíunotenda.

Aftur á móti vil ég koma að því, sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Árm. Héðinssyni um þann afgang sem mun hafa orðið á síðasta ári og hann telur vera um 100 millj. Ég hygg, að áætlaðar tekjur af einu söluskattsstigi séu um 860 millj., en ákveðið muni hafa verið að greiða í kringum 760 millj. Þó er ég ekki viss um að þetta liggi svo ljóst fyrir enn. Engu að síður er þarna um töluverða fjárhæð að ræða, sem skiptir nokkrum tugum millj. a. m. k. — og hvað á að gera við hana? Lögin, sem nú eru í gildi, heimila ekki annað en að þessu fjármagni sé ráðstafað til þess að jafna hitunarkostnað, og í þessum lögum er ekki gert ráð fyrir að grípa þar neitt inn í. Er minn skilningur því ekki réttur, að þessu fjármagni hlýtur að verða ráðstafað til þess að jafna hitunarkostnað, að því verði skipt upp? Þetta vildi ég gjarnan fá upplýst. Líta má svo á að þessir milljónatugir hafi sparast saman, ef við viljum kalla það sparnað, vegna þess að um 8 000 manns hafa tengst hitaveitu, og ef sú regla hefði gilt á síðasta tímabili, að leggja slíkt í Orkusjóð, þá hefði það runnið að verulegu leyti í Orkusjóð. Hins vegar getum við ekki gert hvort tveggja, að rökstyðja að taka hér af um 100 millj., með því að þetta gilti ekki á síðasta tímabili og láta svo jafnframt það, sem þarna sparast á síðasta tímabili renna í Orkusjóð. Þarna sýnist mér vera laus endi í þessu máli, og ég vil gjarnan varpa þeirri spurningu fram, hvort skilningur minn sé ekki réttur, að þau lög, sem nú gilda, heimili aðeins að þessu sé skipt til olíunotenda og því hljóti svo að verða.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð frá minni hendi um það mikilvæga mál sem hér er til umr.

Ég vil í upphafi lýsa því yfir, að ég er samþykkur þeim breytt., sem hv. fjh.- og viðskn. hefur flutt við frv., og mun fylgja þeim. Ég tel eðlilegt að styrkurinn sé nokkuð hækkaður með hliðsjón af þeirri miklu olíuverðhækkun sem átt hefur sér stað á tímabilinu.

Svo langar mig til að segja það, að ég hef verið að lesa nál. minni hl. fjh.- og viðskn. og mig langar af því tilefni að fara í reikningstíma hjá hv. 1. landsk. þm. Hann segir í nál. sínu, að um 95 þús. manns muni nota olíu til hitunar húsnæðis síns. Hann leggur til að 10 000 kr. styrkur verði veittur á hvern þessara íbúa. Mér telst svo til að 10 000x95 000 séu 950 millj. kr. Þá leggur hann enn fremur til, eins og hv. meiri hl., að þeir, sem njóta bóta skv. 19. gr. l. um almannatryggingar fái 1½ styrk, og ég hef heyrt nefnt að slíkur styrkur gæti numið um 40 millj. kr. Þá er enn fremur lagt til í báðum till., bæði hans og meiri hl., að rafveitur verði styrktar að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki dýrari en olíukynding. Ég veit ekki hverju þetta kann að nema, en ég hef heyrt nefnda töluna 50 millj. kr. Ef þessar tölur eru réttar, sem ég hef hér stuðst við, telst mér til að útgjöld sjóðsins yrðu 1040 millj. kr. Í nál. minni hl. segir að söluskattsstig muni gefa 960 millj. kr. á yfirstandandi ári, það sem eftir er af árinu. (Gripið fram í.) Ég kem að því síðar. Þá finnst mér endilega, að í þetta dæmi muni vanta 80 millj. kr. En ég tók ekki betur eftir en að hv. 1. landsk. segði að Orkusjóður ætti að geta fengið um 200 millj. kr. út úr þessu dæmi.

Nú vil ég bara varpa fram þeirri spurningu, hvort það er skilningur minni hl. fjh.- og viðskn., að söluskatturinn sé svo vanáætlaður að þessir útreikningar þeirra fái staðist. Það er enn fremur rétt að taka tillit til þess, að nokkur breyting verður í Reykjaneskjördæmi, að hluti Kópavogs, Garðahrepps og Hafnarfjarðar fær hitaveitu á árinu. Ég veit ekki hvað það nemur miklu, en ég hef heyrt töluna 40 millj. kr. nefnda í því sambandi.

Ég fæ ekki séð, að Orkusjóður fái neitt ef þessi till. hv. minni hl. verður samþ., að olíustyrkurinn verði 10 000 kr., heldur sýnist mér, að það láti nærri að allur söluskatturinn renni til þess að greiða niður olíuverðið hjá þeim sem nota olíuna. Má vera að það sé tilgangur minni hl., en þá er líka c-liður 2. gr. óþarfur og órökréttur.

Ef hér er um einhvern misskilning hjá mér að ræða, þá er ég fús til þess að hafa það sem sannara reynist, en svona lítur uppsetning á dæmi hv. minni hl. út í mínum augum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Mál þetta er harla einfalt og ástæðualust að orðlengja um það. Í fyrra var lagt 1% söluskattsgjald á söluskattskyldar vörur og það átti að duga til að greiða niður olíu sem nam 7 200 kr. á mann. Meðalkostnaður við upphitun húsa með olíu var á s.l. ári um 13 100 kr., og þegar styrkurinn er frádreginn má ætla, að meðalkostnaður hafi raunverulega numið 6 900 kr. Til samanburðar er svo rétt að geta þess, að kostnaður við hitun húsa með hitaveitu á mann er talinn hafa numið 4 100 kr. Niðurstaðan er því sú, að olíuhitun hafi verið 68% dýrari á s.l. ári, þegar tekið hefur verið tillit til olíustyrksins.

Nú hefur orðið gífurleg hækkun á olíu milli ára, eins og kunnugt er. Eins og nú er útlit fyrir og þá ekki gert ráð fyrir neinum verulegum hækkunum á næstunni, þá er útlit fyrir að olíuverð á árinu 1975 verði um 61% hærra en var á árinu 1974.

Um það er fullt samkomulag, að á verði lagt enn á ný 1% söluskattsgjald. Hins vegar er ljóst, að þetta gjald mun hvergi nærri ná því marki að jafna út milli þeirra sem hafa hitaveitu og þeirra sem hafa olíu. Til þess að styrkurinn væri jafngildur því sem hann var á s.l. ári, þyrfti hann að nema 11 600 kr. Ef þessu 1% væru öllu ráðstafað í þessu skyni er hins vegar útlit fyrir að það mundi duga til 10 000 kr. greiðslu á mann. Við í minni hl. fjh.- og viðskn. leggjum til að þetta verði gert, að þessu fjármagni verði að öllu leyti varið í þessu skyni, með því að veita hverjum manni 10 000 kr. styrk. En þeir, sem í meiri hl. eru, vilja aðeins láta 8 200 kr. og vilja ætla talsverða upphæð til annarra nota.

Hæstv. utanrrh. undraðist reikningskúnstir okkar í minni hl. og gerði fsp. um hvernig mætti koma heim og saman þessu dæmi okkar. Við því er ósköp einfalt svar, sem hann í raun og veru gaf sér sjálfur í sinni ræðu. Við föllumst ekki á þær forsendur sem hinir leggja til grundvallar sínum reikningum. Við erum því ekki samþykkir að það sé raunhæft að reikna með að söluskatturinn muni aðeins gefa 960—970 millj. kr. Þetta kemur raunar fram í einni setningu í nál., sem hann las ekki, þar sem tekið er fram, að vísu kannske með óþarflega vægum orðum, að um augljóslega mjög varlega áætlun sé að ræða.

Ég er algerlega samþykkur hæstv. utanrrh. um það, að ef gengið er út frá því að þessi áætlun sé rétt, þá muni 10 000 kr. greiðslan draga meira úr ríkissjóði en inn í hann kæmi vegna þessa gjalds. En ég lít svo á, að það hljóti að koma meira inn í söluskatti en nemur þessum 960 millj. kr. Ég var einmitt að lesa um það áðan í Alþingistíðindum, umr. frá því í fyrra þegar afgr. voru lög frá Alþ. um skattkerfisbreyt., hvað menn sögðu þá að 1 söluskattsstig mundi gefa á árinu 1974, og ég get upplýst það, að menn úr öllum flokkum voru sammála um að á árinu 1974 gerði það a. m. k. 800 millj. að lágmarki til, 800 millj. kr. Margir nefndu þá 900 millj. Það er með þetta í huga sem ég á dálítið erfitt með að koma því inn í höfuðið á mér, hvernig í ósköpunum það geti átt sér stað aðsöluskatturinn gefi á þessu ári ekki meira en 960 millj., þegar haft er í huga að verðhækkun milli ára er alveg vafalaust í kringum 50%, fer að vísu dálítið eftir því við hvað er miðað og hvernig það er reiknað, en í grófum dráttum er hún í kringum 50%, og gengisbreyting, sem orðið hefur síðan þessar umr. fóru fram hér í þinginu, er hvorki meira né minna en milli 70 og 80% með viðeigandi hækkunum á innfluttum vörum. Ég veit að vísu, að þessi áætlun gerir ráð fyrir gífurlegum sam-

drætti í hvers konar neyslu, og ég býst við, að það sé alveg rétt til getið af hálfu þeirra, sem þetta hafa reiknað út, að samdráttur eigi sér stað. En að hann verði svo gífurlegur sem hér er reiknað með, því trúi ég ekki enn. Þess vegna er ég sannfærður um, að upphæðin muni nema a. m. k. um 1050 millj. og þess vegna virðist mér að sjálfsagt sé að hafa upphæðina a. m. k. 10 000 kr. enda dálítið óþægilegt að draga fram á síðari hluta ársins að ákveða þessa upphæð. Ég tel að það sé nauðsynlegt að ákveða þessa upphæð strax og þá séu 10 000 kr. ákaflega nærri lagi.

Ég viðurkenni það, að reikna þarf með því að rafveiturnar fái 50—70 millj. kr. til að greiða niður kostnað sinn vegna hækkunar á olíu. En eins og reikningsdæmið lítur út frá mínum bæjardyrum séð, — ég tók ekki eftir því hvernig hv. meðflm. minn að þessum till. tók til orða, — en frá mínum bæjardyrum séð verður ekki ýkjamikið eftir handa Orkusjóði, miðað við þessa upphæð, og ég viðurkenni að það er ekki útlit fyrir að svo verði, enda geri ég alls ekki ráð fyrir því í till. mínum. Hins vegar lít ég svo á, að um það verði ekkert sagt á þessu stigi málsins, hvort söluskattsstigið kemur til með að gefa 1 000 eða 1 050 eða 1 100 kr. á næsta ári, og ég er því þess vegna algerlega samþykkur að ef einhver afgangur verði þarna, sem vel getur orðið, þá renni hann til þessara framkvæmda. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt, að gera ráð fyrir því, að einhver aðili geti tekið við afgangi ef einhver afgangur verður.

Ég viðurkenni það hins vegar fúslega, að reikningsáætlun mín kann að vera röng. Það kann að vera, að samdráttarstefna ríkisstj. verði svo gífurleg, að hún leiði til þess að söluskatturinn gefi aðeins — segjum 1 000 millj. Þá er það ályktun mín, að þá verði ríkissjóður að greiða það sem á vantar, ef eitthvað vantar á. Það verða aldrei nema fáeinir tugir millj., því að ég lít svo á, að ef ríkisstj. hefur komið fram svo gífurlegri samdráttarstefnu, þá muni svo sannarlega ekki veita af að greiða eitthvað úr ríkissjóði til þeirra sem verst eru staðir hvað snertir olíukyndingu.

Um þetta mál er sem sagt engin ástæða til að fjölyrða frekar, ef misskilningi hefur að öðru leyti verið eytt. Við teljum, að hér sé allt of smátt skammtað og að 10 000 kr. séu lágmark þess sem eðlilegt sé að greiða til að lækka kyndingarkostnað með olíu, og ég minni þá á það, að ef till. okkar verður samþ., þá er gert ráð fyrir því að kyndingarkostnaður á mann verði 13 000 kr., sem er ekkert smáræði.

Í ræðu minni við 1. umr. þessa máls nefndi ég vanda þeirra sem búa við rafmagnshitun og hafa í mörgum tilvikum þurft á s. l. ári að greiða hæstu kyndingargjöldin. Ég lít svo á, að eftir að hafa fengið þær upplýsingar sem n. hefur fengið, þá hafi það verið staðfest, þótt erfitt sé kannske að sanna það beint, séu a. m. k. yfirgnæfandi líkur á því, með hliðsjón af olíustyrknum, sem ekki var greiddur til þeirra sem höfðu rafmagn, að kjör manna, sem kyntu hús sín með rafmagni á s. l. ári hafi í mjög mörgum tilfellum verið langsamlega lökust. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara í flókna röksemdafærslu fyrir þessari fullyrðingu minni, en hún liggur mjög beint við og er tiltölulega auðveld. Ég ætla ekki að orðlengja það frekar, það er liðin tíð, og ég lít svo á að mestu máli skipti að þetta endurtaki sig ekki. Ég óskaði eftir því, að inn í frv. yrði sett ákvæði, sem tryggði að þetta endurtæki sig ekki, og ég fagna því, að meiri hl. n. hefur fallist á þetta með því að taka upp í brtt. sínar það orðalag, að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding. Ég vil geta þess, að við hv. þm. Jón Árm. Héðinsson erum einnig með sömu hugmynd í okkar till. um b-lið 2. gr. Þar er okkar till. svolítið öðruvísi orðuð, en ég verð að játa að kannske sé eðlilegra og sanngjarnara að hafa orðalagið eins og þeir hafa ákveðið það. Ég get vel fellt mig við að það verði ofan á að bæta við setningunni: „að jafnaði óhagkvæmari“.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég tel að eins og meiri hl. n. hefur orðað c-liðinn, þá sé það að sumu leyti betra, en að öðru leyti lakara. Þeir segja: „Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkvæmt a- og b-lið þessarar gr.“ Ég er alveg samþykkur að bæta við orðunum „raforkuframkvæmdum“. En mér er til efs, að þá eigi að segja: „Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum.“ Mér er ekki ljóst, að Orkusjóður sé hinn rétti framkvæmdaaðili í þessu sambandi, og hefði talið hyggilegra að orða þetta þannig, að þessum fjármunum hefði mátt verja til raforkuframkvæmda án þess að þær rynnu beinlínis í gegnum Orkusjóð. Þetta atriði má kannske hugleiða betur á milli umr., og ég hef því ekki fleiri orð um málið að sinni.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni af orðum hv. utanrrh., en síðasti ræðumaður gerði raunverulega grein fyrir forsendu okkar í okkar mati og hvernig 10 þús. kr. mundu duga, þó kynni að skapast nokkur afgangur. En af því að 2. þm. Vestf. kom hér upp og drap réttilega á, að nauðsynlegt væri að hafa það á hreinu að afgangur frá s. l. ári rynni til þeirra er sæta olíukyndingu, þá vil ég taka undir sjónarmið hans mjög ákveðið. Okkar forsendur voru, — það kom fram í ræðu minni, — að ég reiknaði með að 150 millj. væru óráðstafað. Ég hafði það a. m. k. persónulega í huga, miðað við þær upplýsingar, sem fulltrúar viðskrn. gáfu okkur á nefndarfundi. Og ef við lítum á þessar þrjár forsendur, sem voru fyrir ákvörðun okkar í minni hl. að setja 10 þús. kr. á ári, þá var í fyrsta lagi þessi mismunur. Ég vil eindregið taka undir orð hv. 2. þm. Vestf., að tryggja eigi í frv., sem verður að lögum vonandi í dag eða á morgun, að þessu fé verði áfram ráðstafað óumdeilanlega til þeirra sem eiga að fá þessa peninga, því að ég tel að það sé ekki hægt að ganga frá því. 1% álagið var sett til þess að ráðstafa þessari tölu upphaflega, en eðlilegt var að byggja á ákveðnu mati. Það sýnir sig, að nokkur afgangur er. Hann stafar af tvennu: nokkru meiri veltu frá söluskattsstiginu en áætlað var í upphafi og

einnig hinu, að margir íbúar koma inn og njóta hitaveitu á tímabilinu, detta út sem styrkþegar. Þess vegna myndast afgangur. Það er ekkert óeðlilegt, og við göngum raunar út frá því enn, að svo muni verða á þessu ári, þar sem segir í nál. okkar, að á næstu mánuðum muni tenging hitaveitu við íbúðarhúsnæði eiga sér stað í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði. Ég trúi því ekki, þar sem það loforð er efst á lista hæstv. ríkisstj., að það verði mikil seinkun í þessu efni. Ég trúi því ekki, þó að öll útboð hafi verið stöðvuð frá því í des. varðandi þessar framkvæmdir. Á fundi, sem ég sem þm. Reykn. átti með hæstv. iðnrh., var afstaða hans sú að hér yrði að reyna að ráða bót á sem allra fyrst, og allir þm. Reykn. eru á því og munu þrýsta á það að hér verði ekki dráttur á. Við teljum, að hér muni sparast allveruleg upphæð, eins og reyndar frsm. meiri hl. drap á að reikna mætti. Þar er önnur forsenda hjá okkur, og svo einnig, eins og kemur fram í nál., að ekki verður annað séð en hér sé varlega áætlað um tekjuöflun af einu söluskattsstigi. Þess vegna taldi ég ekki óraunhæft, að nokkur upphæð yrði eftir handa Orkusjóði. Svo kemur fram það sjónarmið, sem skýrt var hér af Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, að Orkusjóður ætti að fá þetta til raforkuframkvæmda. En Orkusjóður er bara ekki framkvæmdaaðili rafveitna, svo að hér þurfum við að kveða nokkru nánar á. Sennilega er þetta ekki ágreiningsatriði heldur, að flýtt sé framkvæmdum á raforkusviðinu. En þá er bara að fara að lögum í því efni eða breyta þeim. Þó að við vinnum hratt á hv. Alþ. stundum og séum að gera það í dag, þá ættum við að gá að því að hafa sómasamlegt form á þeirri löggjöf sem við erum að afgreiða, svo að það skapi ekki viðkomandi ráðh. vandamál í framkvæmdum og ráðstöfun á fjármagni. Við ættum að gefa okkur nægilegan tíma í því efni.

Við í minni hl. styðjum þessar hugmyndir allar. En það er sýnilegt að það er nokkur fljótaskrift hér á, og ég held að við ættum aðeins að hugleiða það á milli 2. og 3. umr., hvort við gætum ekki haft þetta ákveðið og á hreinu, miðað við þær raddir, sem fram hafa komið, að það þurfi ekki að vera deiluefni um framkvæmd laganna. E.t.v. getur hæstv. viðskrh. leitt í ljós um betra orðalag eða nánari framkvæmd laganna, svo að þessum misskilningi sé eytt á báða bóga hjá okkur. En efnislega tel ég okkur hafa samstöðu um tekjuöflun og um ráðstöfun. Að því leyti að við viljum fara sem næst því marki sem við teljum raunhæft og ráðstafa einnig afganginum frá fyrra ári í þessu skyni, þá er talan 10 000 ekki út í loftið. Þess vegna held ég, að ég hafi svarað hæstv. utanrrh. varðandi vangaveltur hans. Við fyrstu sýn gæti það komið fram, að við hefðum skotið yfir markið með tölunni 10 þús. En þetta kom fram á nefndarfundi hjá þeim embættismönnum, sem komu til n. og gerðu grein fyrir ýmsum þáttum á bak við frv. Við töldum, að talan 10 þús. kr. ætti að geta verið nálægt lagi og þrátt fyrir það kynni að vera einhver afgangur handa Orkusjóði til rannsókna. Hann hefur ekki mikið til framkvæmda, enda ekki hans verkefni samkv. lögum að standa í stórframkvæmdum. Ef á að breyta því, þá þarf það að vera á hreinu.

Ég get að ýmsu leyti tekið undir orðalag meiri hl. Fyrst ekki var gengið endanlega frá á nefndarfundi, eins og kannske var eðlilegt eins og tímaskorturinn var, þá er það að sumu leyti eðlilegra og undirstrikar þarfirnar í raforkuframkvæmdunum. En þá er ráðstöfun á fjármagni til Orkusjóðs hæpin vegna þess að það er ekki hans verksvið. Hins vegar hefur Orkusjóður það verksvið að hefja undirbúningsframkvæmdir og e.t.v. er átt við það. En þá er nauðsynlegt að skýra það og hafa það á hreinu.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það liggur í hlutarins eðli, að ég hefði að sjálfsögðu heldur kosið að þetta frv. hefði verið afgreitt í þeirri mynd sem ég lagði það hér fram. Hins vegar tók ég skýrt fram í minni framsöguræðu, að það nýmæli, sem var að finna í frv., væri ekki neitt úrslitaatriði af minni hálfu. Þess vegna get ég fallist á brtt. meiri hl. n. og sætti mig við þær. Sannleikurinn er sá, að það hefur komið í ljós við þessar umr. og þau nál., sem fram hafa komið, að menn eru býsna mikið sammála í þessum efnum.

Það hefur sem sé komið í ljós, að það er enginn því frábitinn, heldur allir á því að eitthvað af þessum peningum sé tekið og lagt í Orkusjóð. Hv. minni hl. fjh.- og viðskn. gerir líka ráð fyrir því að það kunni að verða afgangur, þó að hann geri ráð fyrir 10 þús. kr. greiðslu til hvers. Þeim afgangi vill hann ráðstafa í Orkusjóð eða til þessara framkvæmda, sem hér er um að tefla, þannig að það er í rauninni ekki hægt að segja, finnst mér, að hér sé um verulegan ágreining að ræða. Höfuðágreiningurinn er hvort eigi að greiða nú, eftir að þessu hefur verið breytt í það form sem meiri hl. leggur til, 8 200 kr. til einstaklings eða 10 þús. Þar í liggur munurinn. Það verða menn að gera upp við sig. Er þá augljóst, hvað sem öllum áætlunum um söluskatt líður og hvað söluskattsstig muni gefa, að það verði þeim mun minni fjárhæð þá sem fer til þessara framkvæmda heldur en annars yrði, ef greiddar yrðu 8 200 kr.

Ég get alveg fallist á það orðalag sem er lagt til á síðasta málsl. a-liðar 2. gr. Það er að vísu efnisbreyting frá frv. Ég fyrir mitt leyti hefði ekki talið frágangssök fyrir þá, sem sjá fram á það á þessu ári og tveim mánuðum á hinu næsta, að vera án olíustyrks. Ég held, að þeir sjái fram á það mikla búbót, að þeir hefðu átt að geta gert það með glöðu geði að láta vera að taka við olíustyrk. En það er ekki einu sinni í fjárhagslegu tilliti óskaplega stórt mál. Það er að vísu upp á nokkra milljónatugi. En þó er það ekki svo, að ástæða sé til að vera að fárast út af því. Eins og liðurinn er orðaður er hann alveg í samræmi við þá framkvæmd, sem á þessu hefur verið, því að að sjálfsögðu hafa þeir ekki fengið greiddan olíustyrk, sem hafa tengst hitaveitu á því ársfjórðungstímabili sem greiðsla hefur átt að koma fyrir. Að vísu má segja, að það sé skýrara þarna, tekin séu af öll tvímæli um að þeir, sem eigi kost á því,

skuli vera strikaðir út, og það er allur varinn góður. En ég geri tæpast ráð fyrir því að þeir, sem eiga kost á því, muni hika mjög lengi við að fá tengingu. Þó er þetta skýrt og ég hef ekkert við það að athuga.

Út af því, sem hefur verið sagt hér um hitun með rafmagni og olíukyndingu, þá held ég að það hljóti að vera á nokkrum misskilningi byggt að hitun með rafmagni hafi verið hærri en olíukynding. Ég skal ekki fortaka það, að einhvern tíma á s. l. ári hafi þannig getað staðið á, áður en allar olíuhækkanir komu til framkvæmda. En í bréfi, sem ég hef hér um þetta efni, segir um Rafmagnsveitur ríkisins, að Rafmagnsveiturnar hafi haldið raforkuverðinu til hitunar óbreyttu allt frá 15. maí 1974, enda þótt olíuverð til dísilrafstöðva hafi hækkað um kr. 3.85 á þessu tímabili. Ég á því bágt með að trúa því, að það geti verið, samkv. þessum upplýsingum sem ég hef í höndum, að rafmagnshitun hafi orðið dýrari en hitun með olíu. Það eru þá einhverjir sérstakir taxtar, sem mér er ekki kunnugt um og ekki koma fram í þessu bréfi. Þessar upplýsingar, sem ég hef, eiga að vísu aðeins við um Rafmagnsveitur ríkisins. En um einstakar aðrar rafmagnsveitur veit ég það, að þar gildir hið sama.

Viðvíkjandi því, hvernig þetta hafi verið greitt til rafmagnsveitnanna, þá tel ég mig og rn. hafa farið eftir skýrum fyrirmælum laganna að greiða þetta til rafmagnsveitnanna, en til annars er ekki heimild í lögum. Hins vegar er það svo, að með bréfi, sem ég hef skrifað um úthlutunina til rafmagnsveitnanna og er stílað til iðnrn., segir svo, með leyfi forseta:

„Það er skilyrði fyrir ofangreindum greiðslum, að iðnrn. sjái um að tekið verði tillit til þeirra við ákvörðun á verði rafmagns til húsahitunar, þannig að þær komi þeim aðilum, sem nota rafmagn til upphitunar íbúða sinna, að fullu til góða."

Ég held að með þessum fyrirmælum ætti að vera tryggt, að þeim tilgangi sé náð sem mér virtist vaka fyrir mönnum. En þeir drógu svolítið í efa, að fjárhæð greidd til rafmagnsveitna kæmi einstaklingunum til góða, heldur væru þeir látnir greiða sitt háa verð samkv. gjaldskrá, en það kæmi þeim ekki til góða. Það held ég að geti ekki átt sér stað.

Það er að sjálfsögðu ekki uppgert, hver afgangur verður frá síðasta ári. En það er líklegt, að það verði einhver afgangur. Það hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um það, hvernig með hann verður farið, og ég er ekki tilbúinn að gefa lögskýringu á því, hvernig á því máli eigi að halda. Þar mun ég leita til þeirra manna í rn., lögfræðinga þ. á m., sem um þetta mál hafa fjallað, og fá álit þeirra um hvort það felist skylda til þess eftir hinum eldri l. að láta þetta allt fara til úthlutunar eða hvort heimild sé til þess samkv. þessum l. nú að taka það inn í þennan meginsjóð, sem hér er um að tefla, og láta það lúta reglum hans. Það gæti verið hugsanlegt, að það fælist e. t. v. í því ákvæði sem er í þessum l., að ráðh. skuli setja nánari ákvæði um framkvæmd l. með reglugerð.

Mér sýnist ekki, að mjög miklu máli skipti þær hugleiðingar, sem hv. 1. landsk., að ég held, var með um það, að orðalagið í b-lið í brtt. meiri hl.: „Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitufram kvæmdum" o. s. frv. gæti staðist, vegna þess að ég held að það hlyti að verða skýrt þannig, að þetta eru yngri lög. Hvað sem líður ákvæðum í orkulögum um hlutverk Orkusjóðs, þá er tekið þarna skýrt fram til hvers á að verja því fé sem hér er um að ræða, og það er til að hraða framkvæmdum. Það getur vitaskuld bæði verið með rannsóknum og e. t. v. líka þáttur í framkvæmdum beinlínis eða náð til þeirra.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að harma það, að þrátt fyrir ósk mína og ummæli í fjh.- og viðskn. Ed. hefur ekki unnist tími til þess að senda þetta frv. til l. um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða til umsagnar sveitarfélaga og þá sérstaklega þeirra sveitarfélaga, sem eru hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu og þetta frv. kemur sérstaklega til með að snerta hvað niðurgreiðslur á olíuverði til íbúa þar snertir. Ég vil enn einu sinni — ég hef gert það áður úr þessum ræðustól — harma það að ekki skuli vera gefinn nógur tími til þess að athuga áríðandi mál gaumgæfilega, áður en þau eru lögð fram eða koma úr nefnd.

Ég lít þannig á þetta frv., að það sé hægt að nota um það sömu orð og ég gerði hér, þegar ég talaði um skuldabréfasölu, að þetta er meira álag á Reykjavíkursvæðið, á Reykjavík, en nokkurt annað svæði. Ég vil enn einu sinni vara við því, að Reykjavík eða Reykjavíkursvæðið verði gert, eins og nú stendur til, að einhverju skattríki þjóðarinnar. Ég hafði gaman af því og þótti vænt um það, að hv. 3. þm. Vestf. kom strax með till. um að einhverju af þessum peningum, sem koma í Orkusjóð, verði varið til Vestfjarðanna. Það var byrjunin á þeim sama málflutningi og var hér þegar Norðurvegur kom til umr. og þau kaup sem þar áttu sér stað. Fyrst þegar það frv. kom fram, er það Norðurvegur með 1 200 millj., næst var það Norðurvegur, Austurvegur 2 000 millj. Síðan í lok umr. Norðurvegur, Austurvegur og Vestfirðirnir upp á 2 500 millj. kr. Allt átti þetta að seljast eða a. m. k. að mestu leyti á sparifjármarkaði reykvíkinga. Þetta er kannske ekki beint tilheyrandi þessu máli, en þó eru vinnubrögðin í þessum stíl.

Ég verð að benda á, að í þessum umr. og umr. um hitaveituna almennt hefur hvergi komið fram neitt mat á því átaki, sem Reykjavíkurborg átti frumkvæðið að með byggingu Hitaveitu Reykjavíkur og þeim framkvæmdum, sem síðan hafa verið gerðar í hitaveitumálum og upplýst var áðan af einhverjum ræðumanni að sparaði landinu um 68% af olíuinnflutningi. Það hlýtur að minnka álag á gjaldeyriseign landsmanna á hverjum tíma, og gjaldeyri er þá hægt að beina í aðra átt en til olíukaupa, til innflutnings á þeim vörutegundum, sem gefa ríkissjóði eitthvað meira en olían e. t. v. gerir í tolltekjum. Það væri þá kannske eðlilegt að þær tekjur ríkisins væru þá látnar ganga til þeirra orkumála, sem hér hafa verið til umr. En það er eins á þessu sviði og á öllum öðrum sviðum, það er alveg sama hvaða tekjulindir skapast, það er alveg sama hvað þær eru til skamms tíma, þær festast alltaf og ríkisbáknið þarf alltaf síaukið fjármagn. Það á

við bæði vinstri og hægri ríkisstj., ef hægt er að tala um hægri ríkisstj. hér.

Ég ætla að vona, að fyrir Hitaveitunni fari aldrei eins og um rafmagnið. Þar á ég sérstaklega við iðnað og tek sem dæmi það erindi, sem nú liggur fyrir iðnrh. frá Kassagerð Reykjavíkur, sem fór út í það að breyta um kynditæki hjá sér frá olíukyntum gufukatli yfir í rafmagnsketil, vegna þess að rafmagnið var ódýrara. En þegar ketillinn var kominn upp var rafmagnið komið yfir 1 kr. pr. kwst. + söluskattur og verðjöfnunargjald, en olíukynnt kwst. var þá í 93 aurum. Ég ætla að vona, að það stefni ekki í þá átt að gera Hitaveitunni sömu bölvun og Rafmagnsveitunni hefur þarna verið gert. Ég vara við því.

Ég er alveg hissa á því, sem hæstv. viðskrh. lét sér um munn fara áðan, að það væri ekki fjárhagslega óskaplega stórt mál, en þó má skilja að það sé stórt fyrir þá aðila, sem þurfa að bíða í eitt ár eða einhvern tíma af einu ári án þess að fá olíuniðurgreiðslu. Hann talar þó í tugum millj. um þær upphæðir, sem annars færu út í þetta kjördæmi, sem er á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég vil taka það fram af reynslu minni sem borgarfulltrúi, að í Reykjavík er það fyrst og fremst fátækt fólk, sem býr þá kannske fyrir utan hin eiginlegu hitaveitusvæði eða á svæðum sem eru enn þá óvirk af hitaveitunni, sem býr við olíukyndingu. Ég held, að þetta fólk muni talsvert mikið um þá peninga sem það fær til baka í olíuniðurgreiðslu. Og það er ósjaldan sem maður verður var við það sem borgarfulltrúi, að fólkið reynir frekar að spara við sig hitakostnaðinn til þess að geta notað eitthvað af olíupeningunum til þess að bæta upp þau lágu laun sem það fær. Þetta fólk er flest verkafólk í Reykjavík. Ég tala nú ekki um þegar búið er að taka af þeim yfirvinnuna, þeir eru komnir í um 40 þús. kr. á mánuði eða milli 10 og 11 þús. kr. á viku. Það er ekki að furða þótt það komi fram opinberlega krítik á alls konar hlunnindi sem þm. hafa, og séu á milli tanna manna, þegar þetta fólk þarf að lifa af tekjum jafnháum aukastyrkjum sem við fáum sjálfir.

Svo að ég komi að frv. sjálfu, þá tel ég mig ekki geta samþykkt nokkra skerðingu á rétti íbúa á Stór-Reykjavíkursvæðinu til niðurgreiðslu á olíukostnaði, þótt komið hafi verið til móts við þá till. mína í fjh.- og viðskn. um ákvæði, sem hljóðar svo í lok a-liðar í 2. gr., sem þm. kannast við: „Styrkur þessi skal eigi greiddur til þeirra, sem fá íbúðarhúsnæði sitt tengt við hitaveitu fyrir 29. febr. 1976.“ Þetta þýðir, að ¼ af því fé, sem fólkið á Stór-Reykjavíkursvæðinu á rétt á, er tekinn af því til að fjármagna Orkusjóð. Ég tel þetta fólk því greiða þá upphæð umfram það, sem aðrir söluskattsgreiðendur gera. Ég ítreka það, að á þessu svæði er fólk mismunandi efnað, en það, sem illa er stætt, þolir þetta ekki til viðbótar þeim kostnaði sem það hlýtur að þurfa að leggja í við að breyta kyndifyrirkomulagi á húsum sínum almennt. Það vita allir, að heimtaugar og annað, sem þarf að gera, og jafnvel í sumum tilfellum að breyta um ofnakerfi, það kostar mikla peninga. Þá vil ég benda á, að hér er verið að afla aukalega fjár í Orkusjóð frá fólki, sem á von á hitaveitu sem ríkið fjármagnar ekki að neinu leyti. Þessar framkvæmdir fara fram á vegum Reykjavíkurborgar í samkomulagi við viðkomandi sveitarfélög, og hún ein tekur á sig alla ábyrgð og alla áhættu af þeim. Það er óeðlilegt, að ríkissjóður seilist með skattlagningu í slíkar framkvæmdir sveitarfélaganna, vegna þess aðeins að styttri tími er þangað til fólk á umræddum svæðum fær væntanlega að njóta upphitunar húsa sinna frá jarðvarma. Hér er fólk skattlagt út á væntanlegan lúxus sem það kemur til með að njóta.

Herra forseti. Ég mun því greiða atkv. gegn þessu frv. í þeirri mynd sem það nú liggur fyrir. Þar sem meiri hl. er fyrir frv. í fjh.- og viðskn. tel ég ástæðulaust að leggja fram brtt. eða sérstakt nál. sem 2. minni hl., en vildi með þessum orðum gera hv. d. ljósa afstöðu mína.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég hygg, að hv. 12. þm. Reykv. þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af því þrátt fyrir þetta frv. og fjölmörg önnur af svipuðu tagi, að það halli neitt á Reykjavík eða Reykjavíkursvæðið að einu eða neinu leyti. Þetta tal hans virðist stafa af fullkomnu þekkingarleysi á erfiðri aðstöðu fólks úti á landsbyggðinni, og eins hefur hann eins og fleiri Reykvíkingar ekki áttað sig á því hvernig fólkið á landsbyggðinni stendur undir stórstofnunum í Reykjavík, undir ríkiskerfinu að miklu leyti, sem Reykjavík nýtur fyrst og fremst góðs af og að sínum ríflega hluta í þeim þjóðartekjum, sem Reykjavík á svo drýgstan hlut að að eyða.

Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með þá afgreiðslu sem þetta frv. hefur hlotið hjá hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. Það er ljóst, að skilningur og vilji minn og skilningur og vilji minni hl. fjh.- og viðskn. og þeirra hv. þm., 2. og 3. þm. Vestf., fer mjög í sömu átt. Það er hins vegar einnig ljóst, að skilningur og vilji hæstv. ríkisstj. í þessu efni er ekki sá sami, sbr. það að hæstv. viðskrh. sagðist sætta sig við þetta, virtist gera það allnauðugur, — sætta sig við þær litils háttar breytingar, sem á hafa orðið hjá meiri hl. n. Fyrir þessum skilningi og vilja hæstv. ríkisstj. — eða réttara sagt skilningsleysi á þörfum þessa fólks hefur svo meiri hl. n. greinilega beygt sig. Og það virðist vera að þeir hv. þm., 2. þm. Vestf. og 3. þm. Vestf., ætli báðir að sætta sig hér við, þó að það sé greinilegt að óánægja þeirra er mjög mikil og þeir taki í raun og veru fullkomlega undir það, sem minni hl. n. og við aðrir höfum sagt, sem höfum í þessu einarðari og harðari skoðun fyrir fólkið á landsbyggðinni. Ég vil taka það fram enn einu sinni að fólk treystir almennt á það á landsbyggðinni, að jöfnunin verði ekki minni en hún hefur verið. Fólk veit best að það er enn meiri þörf nú, miðað við það að fólk sér fram á rýrnandi lífskjör og minnkandi kaupgetu sína almennt, — þá er enn meiri ástæða til þess að þessi hlutföll raskist ekki, til að uppbótin verði a. m. k. fullkomlega eins mikil og lögin gerðu ráð fyrir í upphafi og þar verði í engu skert. Til móts við þetta sjónarmið fólksins á að koma eins rækilega og unnt er. Það er sem sagt beint framhald af því, sem gert var á s. l. ári, og það á ekki að búa við síðri aðstöðu nú, á sama tíma og lífskjörum þess er beinlínis þrýst niður viljandi af stjórnvöldum.

Mörgum þótti nefnilega ekki neitt sérstaklega ofgert í þessum efnum í fyrra, og það er vitað að fólki þykja þetta býsna kaldar kveðjur nú og það einmitt sérstaklega frá þm. landsbyggðarinnar, að þeir skuli ekki treysta sér til þess að halda þarna uppi svipuðum jöfnuði þó og fékkst í fyrra. Við þessu er ekkert að gera. Þarna hefur stefna hæstv. ríkisstj. ráðið og menn hafa beygt sig í auðmýkt, og þá er auðvitað ekki annað en taka því. Kjósendur verða svo að draga sína lærdóma þar af.

Ég ætla aðeins að koma að því, sem talað var hér áðan um raforkuna þar sem olíuverðið kemur mikið inn í. Hæstv. viðskrh. las áðan upp bréf sem átti að mínu viti að taka af öll tvímæli um áður umdeilt atriði. En ástæður þess, að ég talaði sérstaklega um þetta í ræðu minni við 1. umr., voru þær, að rafveitustjórinn á Austurlandi, Erling Garðar Jónasson, hefur alla tíð haldið því fram, að þarna væri um mismunun að ræða, og sagt, að hann hefði um það óyggjandi skýrslur, og á því byggði ég þessar fullyrðingar. Nú kann það að vera, að þetta sé rangt hjá þessum starfsmanni og framkvæmdastjóra Rafmagnsveitna ríkisins á Austurlandi. Ég hef ekki fengið tækifæri til þess að kanna það. En með þessari breytingu, sem nú á að verða á l., ætti a. m. k. ekki að vera hér þörf neinna frekari skýringa, málið sem sagt liggi nú orðið það ljóst fyrir. Ég tek það fram, að ég tel að meiri hl. hafi gengið þarna alveg nógu langt til móts við þetta fólk.

Ég skal svo aðeins taka það fram út frá því, sem kemur fram í áliti minni hl. varðandi Orkusjóðinn, varðandi 2. gr. c, að ég álít, eins og ég sagði við 1. umr., að c-liðurinn eigi hreinlega að falla niður. Ég hef ekki trú á því, að þeir fjármunir, sem Orkusjóðurinn þannig fær, verði notaðir á þann veg sem best kæmi því fólki sem ég hef umboð frá.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég get lýst þeirri afstöðu minni, að ég mun fylgja þeim brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur í sambandi við þetta frv., og vísa ég í því sambandi til þeirra raka sem komið hafa fram í ræðum þeirra þm. sem mælt hafa með því áliti, sem flutt var af meiri hl. fjh.- og viðskn.

Tilefni þess, að ég hef kvatt mér hljóðs í sambandi við þessar umr., eru þær upplýsingar, sem komið hafa fram í sambandi við umr. málsins í dag, að verulegur afgangur mun verða af því fé, sem ætlað var til niðurgreiðslu á olíuhækkunum í hitunarkostnaði íbúða á s. l. ári. Það hefur komið fram í umr. manna hér, að það væri nokkurt vafamál um hvaða heimildir væru til þess að ráðstafa þeim fjármunum sem kunna að vera afgangs.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að að mínu áliti er það ekkert efamál, að meginhluta þessa fjármagns beri að verja til styrktar þeim rafveitum sem hafa orðið að nota olíuna sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar. Það er vitanlegt, að kostnaður þeirra orkuvera, sem hafa orðið að láta rafmagn af hendi til hitunar sem framleitt er með olíu er langt fyrir ofan það verð sem þeir hafa selt rafmagnið fyrir, svo að það er ekki nokkrum vafa bundið, að það er mjög mikil sanngirniskrafa, að ef hér er um afgangsfé að ræða, þá verði því að meginstofni til varið til þess að létta þessum orkuframleiðendum og orkuseljendum róðurinn. Þar sem ég þekki best til, á Laxárvirkjunarsvæðinu, er mér kunnugt um það að framleiðslukostnaður á einni kwst. í dísilstöð er nú kominn upp í 9 kr. á kw. Þá sjá allir að hverju stefnir með það að orkuframleiðendur sem slíkir eru í geysilegum greiðsluerfiðleikum vegna þess arna, því að þeir eiga þess engan kost að selja þessa orku á því verði sem kostar að framleiða hana. Ég tel það vera mjög mikla sanngirniskröfu, ekki síst þar sem eru skýlaus ákvæði um að þessu fé skuli varið á þann hátt sem ég hef greint hér frá, að tekið verði á þessu máli af skilningi og velvilja. Og ég vil eindregið beina þeim tilmælum mínum til hlutaðeigandi yfirvalda, að þau skoði þessi mál vandlega og þessi ósk, sem hér er fram borin, megi mæta skilningi hjá hlutaðeigandi yfirvöldum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil helst leyfa mér að líta þannig á, að ákvæðið um að þeir, sem búa við olíukyndingu, skuli ekki fá niðurgreiðslu síðustu 3 mánuði áður en hús þeirra eru tengd við hitaveitu, sé ekki til orðið eingöngu vegna þess, að fyrst og fremst munu það verða hús í Reykjaneskjördæmi sem verða tengd við hitaveitu á þessu ári. Hins vegar er því ekki að neita, að það hefur komið fram hér í umr., að aðaltengingar mundu þá fara fram á þessu svæði. Ég verð að lýsa því yfir, að ég mun fylgja þessu frv. í því formi sem það er núna, þar sem hér er aðeins um þriggja mánaða tímabil að ræða sem fólkið verður ekki aðnjótandi þessa styrks. Hins vegar geri ég það ekki síst vegna þess, að ég álít að hér sé um stefnumál að ræða og meðan olía verður greidd niður muni þetta verða í lögum, enda þótt það verði ekki í Reykjaneskjördæmi, sem aðaltengingar fara fram.

Það, sem kemur mér svolítið á óvart, er að notuð skuli vera þessi orð: að tengja við hitaveitu, en ekki innlenda orkugjafa. Síðan ég kom á Alþing hefur verið mikið um það rætt, að við yrðum að hraða raforkuframkvæmdum mjög í þessu landi til þess einmitt að geta hitað hús okkar upp með rafmagni. Þetta hefur tekist að verulegu leyti, og mér er kunnugt um að það eru ekki fá hús sem verða tengd við raforkuna einmitt á þessu og næsta ári. En þá virðist koma í ljós, að þrátt fyrir þær gífurlegu hækkanir sem orðið hafa á olíunni, þá greini menn á um það, hvort muni verða dýrara að kynda með olíu eða rafmagni. Ég lít svo á, að það sé svolítið erfitt að komast að hinu sanna í þessu efni. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef skynsamleg notkun er og rétt að farið, þá hljóti afgangsorka að vera ódýrari til rafhitunar á húsum heldur en olía. Hins vegar er mér jafnljóst, að við lítum of stórum augum og með of mikilli bjartsýni á þau hlunnindi að njóta Hitaveitunnar. Þegar við tölum um Hitaveitu Reykjavíkur verðum við að gera okkur grein fyrir því, að þetta er milli 30 og 40 ára gamalt fyrirtæki, sem er afskrifað að mjög miklu leyti og getur selt sína hitaorku miklu ódýrar en nokkur önnur hitaveita í land-

inu. *Og ég veit ekki betur en hitaveitur sem* verið er að undirbúa núna, — ekki þær hitaveitur, sem eru á Stór-Reykjavíkursvæðinu, — muni verða að gera ráð fyrir allt öðrum kostnaðarhlutföllum en um er að ræða þegar verið er að bera saman kostnað við upphitun með hitaveituvatni frá Reykjavík og með rafmagni. Því held ég, að við getum ekki búist við því í framtíðinni að svo mikill munur verði á upphitun húsa með hitaveituvatni og olíu og við fáum uppgefið frá Þjóðhagsstofnuninni í dag. En þrátt fyrir það vona ég, að hvort sem um rafmagn eða hitaveitu er að ræða, þá hljóti það alltaf að vera kostur að fá innlenda orkugjafa til upphitunar á okkar húsum.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Mér sýnist í fljótu bragði á þeim umr., sem hér hafa farið fram, að flestir séu í reynd sammála um þetta mál, en reikna aðeins út frá mismunandi tölum. Það er gert ráð fyrir því í þeim áætlunum, sem hér eru gerðar, að eitt söluskattsstig gefi 960 millj. Það hefur verið fært í efa, að það muni standast, hér verði um hærri fjárhæðir að ræða. Það má vel vera, þar sem hér er aðeins um áætlun að ræða sem ekki verður fullyrt um. Hins vegar hafði ég haldið, að flestir hv. þm. væru sammála um að einkaneysla og innflutningur hefðu verið óeðlilega mikil á s. l. ári og bæri að draga úr þessum mikla innflutningi til þess að tryggja stöðu okkar út á við. En þegar rætt er um úthlutun á þessum sömu peningum, þá heyrist annað hljóð frá þessum sömu mönnum. Ég held, að það verði að gera ráð fyrir því, að það muni draga úr einkaneyslu og innflutningi, og ég hélt satt best að segja að flestir væru sammála um það.

Ég held að það sé ljóst, að út frá þeim tölum, sem liggja til grundvallar, sem sagt 960 millj., verði ekki um það að ræða, þótt allt þetta fé væri notað til þeirra hluta, að greiða 10 þús. kr. á hvern íbúa. Ef greiddar væru 10 þús. kr. á hvern íbúa, færu til þess um 950 millj. Það þarf um 25 millj. til elli- og örorkulífeyrisþega, þeir munu vera mjög nálægt 5 þús., á bilinu 4 500—5000, sem fá hálfan annan styrk. Gert er ráð fyrir að rafveitur fái um 50 millj. kr. Ef hins vegar styrkurinn yrði aukinn það mikið, þá er ljóst að það er orðið ósamræmi á milli kostnaðarliða að kynda með olíu og rafmagni og þá þyrfti væntanlega að greiða meira til rafveitnanna, sem mætti jafnvel áætla 20—30 millj., þannig að þetta dæmi er upp á um 1 050 millj., og þá erum við komnir um það bil 100 millj. umfram það sem áætlað er að eitt söluskattsstig gefi. Er þá vart neitt eftir í Orkusjóð, þegar vantar 100 millj. upp á, þannig að ég held að við séum nokkuð sammála í þessu máli, en rökstyðjum það út frá mismunandi tölum. Hitt er hins vegar ljóst, að ef ekkert rynni til áframhaldandi raforku- og hitaveitufram kvæmda væri hægt að auka þessa upphæð eitthvað. En mér hefur fundist að það væri sjónarmið út af fyrir sig, að sá sparnaður, sem af því ynnist að tengja hitaveitur, rynni til þessara framkvæmda.

Ég held, að það sé rétt að menn geri sér ljóst, að þótt bætt yrði nokkrum hundruðum kr. við þennan styrk, þá verður sá ójöfnuður, sem þarna ríkir, ekki nema að litlu leyti bættur, því að það bil er svo stórt að það þyrfti að koma til nýr tekjustofn, gífurleg tekjuöflun, ef við ætlum okkur að jafna það bil, og verða menn að sjálfsögðu að gera upp við sig hvort þeir telja sig geta gert það. En ég held, að flestir þm. hafi á því skilning að þarna ríkir gífurlegur ójöfnuður. Aðeins er spurningin sú, hve mikið er fært að leggja á almenning í landinu til að jafna þennan mun.

Ég vil aðeins víkja lítillega að því sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði hér, án þess að ég vilji fara að rekja hans mál. Það hefur ekki komið fram í þessum umr. neitt mat á því framtaki sem hafi verið hér í Reykjavík. Ég held að við ættum í sjálfu sér ekki að blanda því neitt inn í þessi mál. Það er ekki fjallað um Hitaveitu Reykjavíkur eða aðrar hitaveitur í þessu frv., og það er mál út af fyrir sig hvort á að skattleggja hitaveitur til áframhaldandi orkuframkvæmda. Ég fyrir mitt leyti er á þeirri skoðun, en það er mál út af fyrir sig sem ekki er fjallað um hér.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það má nú varla seinna vera af minni hálfu, að ég þakki hæstv. viðskrh. fyrir það, hvað honum er einkar lagið að varpa vingjarnlegu og skýru ljósi á ýmis vandamál. Þennan eiginleika hans hef ég dáð lengi. En það er sannarlega þakkarvert þegar mál eru lögð þannig fyrir, og væri kannske frekja og annað ekki að ætlast til þess að honum væri jafnlagið að draga eðlilegar ályktanir af því sem hann sjálfur sér í því ljósi. En á þetta virðist mér m. a. skorta smávegis í skýringu hans á vandamálinu sem við okkur blasir í sambandi við óheyrilegan kostnað við upphitun íbúðarhúsnæðis með olíu.

Vandamálið, sem hér er við að glíma, hefur vaxið mjög mikið síðan í fyrra, svo að því fer víðs fjarri að nú veiti ekki af öllu því fé, sem inn fæst með skattheimtunni, til þess að greiða niður þennan kostnað, til þess að ráða örlítið meiri bót á vanda þess fólks sem verður að hita upp húsnæði sitt með olíukyndingu. Ég viðurkenni að vísu fúslega það, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði áðan, að þessi tekjustofn, söluskattsstigið eina, mundi hvergi nægja til þess að jafna bilið sem er á milli þeirra, sem njóta ódýrrar hitaveitu, og hinna, sem kynda með olíu. En væru þessar tekjur notaðar að fullu til þess arna, *þá mundu þær þó nægja til þess að mjókka* bilið, og allir hljótum við að viðurkenna að það getur verið býsna mikill munur á stóru bili og litlu bili.

Ég er sammála gagnrýni þeirri, sem fram kom hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni áðan á málatilbúnaðinn. Ég tel, að þetta mál hafi verið flausturslega búið til afgreiðslu á Alþ. Ég vil vekja athygli á því, að enda þótt hér væri um neyðarráðstafanir að ræða í fyrra, þá geta þetta ekki talist neyðarráðstafanir núna. Það hefur verið ærinn tími til þess að undirbúa varanlega lausn á þessu vandamáli og leita að eðlilegum leiðum.

Ég hlýt að lýsa yfir því, að ég mun greiða atkv. með þessu frv. Ég mun greiða atkv. með þessari ráðstöfun til þess að bæta úr vanda fólksins sem kyndir húsnæði sitt með olíu. En ég hlýt eigi að síður að vekja athygli á því, að þar sem nú hefur verið ljóst um alllangt skeið að þessi

vandi væri okkur á höndum, þá hefði verið hægt að leita annarra og heppilegri og sanngjarnari úrlausna, eins og nú er í pottinn búið með kaupgjald fólks. Ég er hv. þm. Albert Guðmundssyni sammála um það, að hér verður heimtur skattur af launafólki sem er ekki aflögufært, sem er illa statt fjárhagslega, þolir slíkt illa. Þetta er gert þrátt fyrir það þótt ærinn tími hefði átt að vera til þess að undirbúa einhverja varanlega lausn eða stefna að varanlegri lausn á þessu húshitunarvandamáli.

Mér er ekki kunnugt um að gerðar hafi verið neinar raunhæfar ráðstafanir til þess á næstliðnum missirum að taka í notkun raforku til húsahitunar í stað olíu. Athuganir, sem hafa verið gerðar á kostnaðarhlið þeirra framkvæmda, hafa allar byggst á ágiskunum. Það hefur komið fram hjá þeim tæknifræðingum, sem um þau mál hafa fjallað nýlega, í iðnn. þessarar hv. d., að raunhæfar athuganir hafa alls ekki verið gerðar á tæknilegum möguleikum eða kostnaðarhlið þeirra framkvæmda sem þyrfti að ráðast í til þess að koma raforku í byggðarlögin sem nú verða að reiða sig eingöngu á olíu til húsahitunar. Það er alveg ljóst, að það er hægt að útvega lánsfé til þeirra framkvæmda. Það er ljóst mál, að það getur ekki talist eðlilegt, eins og nú er ástatt um fjárhag almennings, að skattleggja alþýðu manna til þess að standa straum af jarðhitaleit eða til þess að standa straum af rannsóknum og athugunum í sambandi við dreifingu á raforku. Þetta fé væri eðlilegt að taka að láni nú. Það væri t. d. miklu eðlilegri ráðstöfun að taka fé að láni nú til þeirra framkvæmda heldur en leita eftir erlendu láni til þess að koma raforku okkar í lóg í stóriðjuveri uppi í Hvalfirði.

Ég er sem sagt þeirrar skoðunar, að eins og nú árar sé ekki rétt að skattleggja alþýðu manna hér á landi til þess að leggja fé í Orkusjóð og standa undir framkvæmdum Orkusjóðs. Ég tel eðlilegra, að við leitum eftir lánsfé til þeirra arðbæru framkvæmda, sem Orkusjóður ætti að standa að, en að við verjum þessu fé öllu til þess að greiða niður kostnaðinn af olíukyndingu. Og umfram allt, áður en til þess kemur næst að við afgreiðum lagafrv. um ráðstafanir til stuðnings því fólki sem verður að hita híbýli sín með olíu, ættum við að reyna að tengja þær aðgerðir einhverjum skynsamlegum áætlunum um að leysa olíuna af hólmi við upphitun íbúðarhúsnæðis á Íslandi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 319,a felld með 14:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EggÞ, GeirG, HFS, JÁH, RA, StJ,
nei: AJ, EÁ, GH, HÁ, IT, JónÁ, JHelg, JGS, OÓ, StH, StG, ÁB, AG, ÞK.
Brtt. 319,b—c tekin aftur.
— 321,a samþ. með 18 shlj. atkv.
— 321,b—c samþ. með 15:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 321,2 samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 49. fundur.

Fimmtudaginn 27. febr., að loknum 48. fundi.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 328). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 48. fundur.

Fimmtudaginn 27. febr., kl. 2 miðdegis.

Trúfélög, frv. (þskj. 24, n. 282, 302). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—21. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 302 (ný 22. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 2, 309). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 309 felld með 21:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: JónasÁ, KP, LJós, MK, MÓ, SvJ, EðS, GS.
nei: GTh, GF, HES, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EKJ, GuðlG, GHG, RH.
9 þm. (GÞG, IG, JSk, GHB, SighB, SigurlB, HeimH, BGr, EBS) greiddu ekki atkv.
2 þm. (FÞ, GilsG) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir því, að ég er sammála þeirri grundvallarhugsun sem fram kemur í þessari till., að það sé óeðlilegt að starfsmenn hjá erlendum og opinberum stofnunum séu kosnir til slíkra starfa. Hins vegar fylgir þessi till. í kjölfarið á ósmekklegum og persónulegum ofsóknum á hendur einum tilteknum manni og ég tek ekki þátt í þeirri aðför. Þess vegna mun ég sitja hjá við þessa atkvgr.

Frv. samþ. með 24:13 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 326).

Ríkisforlag, frv. (þskj. 284). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til félmn. með 30 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 285). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 301). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði, frv. (þskj. 307, n. 314, 316 og 322, 315, 317, 323). — 2. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, en frv. fjallar um það að stofna skuli til bráðabirgða sérstaka deild við Viðlagasjóð vegna snjóflóðanna er féllu í Norðfirði 20. des. 1974. Það er greint frá því í frv., hvert hlutverk svonefndrar Norðfjarðardeildar skuli vera, sem á að vera deild við Viðlagasjóð með sjálfstæðan fjárhag. Í fyrsta lagi á hún að bæta tjón af völdum snjóflóðanna í Norðfirði, í öðru lagi að greiða kostnað við björgun verðmæta og hreinsun rústa og athafnasvæða og í þriðja lagi að stuðla að endurbygginu atvinnufyrirtækja sem eyðilögðust eða skemmdust í snjóflóðunum. Norðfjarðardeild Viðlagasjóðs á að lúta sömu stjórn og Viðlagasjóður og hafa sömu skrifstofu og starfssvið. Þá er kveðið á um það í frv., að stjórn Viðlagasjóðs skuli hafa náið samráð við bæjarstjórn Neskaupstaðar og aðra opinbera aðila sem um málefni norðfirðinga fjalla. Þá er ákvæði um það, að á tímabilinu 1. mars 1975 til 31. des. 1975 skuli leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 frá 1960, um söluskatt, taka til.

Fjh.- og viðskn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls og flyt ég hér framsögu fyrir meiri hl. n., en nál. meiri hl. er svo hljóðandi:

„Fjh.- og viðskn. hefur rætt málið á tveimur fundum, en annar fundurinn var sameiginlegur með fjh.- og viðskn. Ed. N. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl., undirritaðir nm., leggur til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem getur á sérstöku þskj. Lúðvík Jósepsson er efnislega samþykkur frv., en gerir grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nál.

Alþingi 27. febr. 1975.

Ólafur G. Einarsson, form. Lárus Jónsson, fundaskr. Tómas Árnason, frsm. Þórarinn Þórarinsson, Eyjólfur K. Jónsson."

Sú brtt., sem meiri hl. fjh.- og viðskn. stendur að, er á sérstöku þskj., nr. 315, og á þá leið að á frv. á þskj. 307 verði gerð sú breyt. að fella niður 6. gr. eins og hún er í frv., en að í stað 6. gr. komi ný gr., sem verði þá 6. gr., svo hljóðandi: „Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu."

Það liggur fyrir lausleg áætlun með það tjón, sem varð vegna snjóflóðanna í Neskaupstað 20. des. s. l. Þessi áætlun er lögð fram sem fskj. með frv. og er lausleg, eins og þar er tekið fram, gerð af Viðlagasjóði um útgjöldin vegna þess tjóns sem varð á Norðfirði. Áætlunin gerir ráð fyrir í fyrsta lagi, að tjón vegna björgunar og og hreinsunar nemi 50 millj. kr., tjónabætur vegna fasteigna 135 millj. kr., véla, tækja og lausafjár 225 millj kr., aðrar bætur verði 40 millj., kostnaður Viðlagasjóðs 10 millj. og ýmislegt ófyrirséð 40 millj., eða samtals 500 millj. kr. Þessi áætlun miðast við, að síldarverksmiðja sé ekki endurreist á sama stað og að fallist verði á að bæta yfirgefin verðmæti.

Ég tel ástæðu til að taka sérstaklega fram, og hygg ég að hafi verið samkomulag um það meðal allra nm., að n. lítur svo á að bæta beri að fullu tjón vegna olíuhreinsunar, en eins og kunnugt er lak niður mikið magn af olíu í Neskaupstað vegna þess að olíugeymar lentu í snjóflóðinu og eyðilögðust. Það er geysilega mikið verk að hreinsa olíuna og þegar snjóa tekur upp verður geysimikið magn af olíu á jörðinni og mikið verk og áreiðanlega dýrt að hreinsa það burtu. N. er sammála um það, að líta beri svo á að bætt verði að fullu tjón vegna þessara hreinsunaraðgerða.

Fskj. 2, sem fylgir með frv., fjallar einvörðungu um Vestmannaeyjaþáttinn í þessum málum eða tjónið sem orðið hefur af völdum eldgossins í Vestmannaeyjum. Þar eru skýringar við áætlun um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs og eru eingöngu varðandi þann þáttinn.

Þá er rétt að geta þess, að til viðbótar við það tjón sem varð í Vestmannaeyjum af völdum eldgossins og það tjón sem varð í Neskaupstað af völdum snjóflóðanna, þá er gert ráð fyrir því í brtt. meiri hl. að bæta annað tjón annars staðar á landinu sem þegar hefur orðið og verða kann af völdum náttúruhamfara. Það liggur þegar fyrir, að það hafa fallið snjóflóð sums staðar á landinu í vetur, svo sem í Siglufirði, þar sem eyðilagðist eitt íbúðarhús og annað stórskemmdist vegna snjóflóðs og á Selstöðum í Seyðisfirði varð verulegt tjón einnig vegna snjóflóðs, sem að hluta verður þó eflaust bætt af Bjargráðasjóði. En þegar þetta bætist við, þá verður hér samanlagt um geysilega mikið tjón að ræða.

Eins og fram kemur í grg. fyrir frv. skortir 1100 millj. kr. til að Viðlagasjóður geti komist sómasamlega frá verkefnum sínum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. Hin lauslega áætlun, sem Viðlagasjóður hefur gert vegna tjónsins í Neskaupstað, nemur 500 millj. Auk þess eru svo önnur tjón, sem ekki hafa verið metin, sem ég var að gera hér grein fyrir. Það er því ástæða til að ætla, að heildartjón, sem eftir er að bæta í Vestmannaeyjum, í Neskaupstað og annars staðar, geti numið einhvers staðar milli 1600 og 1800 millj. kr. þegar upp er staðið.

Í 5. gr. frv. er fjallað um tekjuöflun til þess að standa undir þessum tjónabótum. Er gert ráð fyrir að leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn. Ástæða er til að ætla að slíkt gjald muni nema á þessu ári um 1600 millj. kr. Þjóðhagsstofnunin telur — ég hafði samband við hana núna rétt fyrir hádegið — að hvert % gjaldsins muni gefa í tekjur um 950 millj. til 1000 millj. og ef það er haft í huga og svo hins vegar að eftir eru 10 mánuðir af árinu lætur nærri að útkoman verði u. þ. b. 1600 millj. kr. En eins og ég gat um áðan er ástæða til að ætla að heildartjón geti numið 1600 og 1800 millj. kr.

Í fjh.- og viðskn. var deilt um það, hvort setja ætti 2% gjald á söluskattsstofn til n. k. áramóta eða hvort látið skyldi nægja 1%, sem þá gilti lengur eða til 30. 6. 1976, á næsta ári. Ég vil geta þess, að það barst til n. bréf frá miðstjórn og samninganefnd Alþýðusambands Íslands sem leggst mjög á móti þessari tilhögun tekjuöflunar. Það er rétt að ég lesi bréfið upp, en það hljóðar svo:

„25. febr. 1975.

Miðstjórn og samninganefnd Alþýðusambands Íslands mótmæla harðlega þeirri hækkun söluskatts, sem felst í frv. til l. um ráðsafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, sem lagt var fram á Alþ. í dag.

Miðstjórnin og samninganefndin telja, að framlagning og hugsanleg samþykkt þessa skattahækkunafrv. hafi mjög spillt samningamöguleikum aðila vinnumarkaðarins ásamt almennt neikvæðum undirtektum ríkisstj. um sparnað í ríkisrekstri, sem varið yrði til lækkunar á sköttum láglaunafólks og það gæti metið sem þátt í lausn kjaramála.

Miðstjórn og samninganefnd ASÍ hafa kynnt sér stöðu Viðlagasjóðs og hafa sannfærst um að tekjur hans af framlengdri söluskattsprósentu, sem til hans rennur, séu fyllilega nægilegur tekjustofn til þess að hann geti með eðlilegri tímabundinni lánsfjáröflun staðið við allar skuldbindingar sínar gagnvart vestmanneyingum og jafnframt bætt fjárhagstjón það sem varð af náttúruhamförunum í Neskaupstað, svo sem sjálfsagt er. Tilgangur þessarar skattahækkunar er því sá að skerða tekjur launafólks, þótt Norðfjarðarslysin séu notuð sem skálkaskjól fyrir henni.

Miðstjórn og samninganefnd ASÍ skorar því á hæstv. Alþ. að fella skattahækkunarákvæði frv. þessa."

Ég hef í höndum alveg nýja áætlun, grg. Viðlagasjóðs, miðað við tekjur sem nema 1% á söluskattsstofn til 30. 6. 1976, en form. stjórnar Viðlagasjóðs, Helgi Bergs, hefur látið gera þessa áætlun. Niðurstaða þeirrar áætlunar er á þá leið, að gjöldin, samanlögð gjöld, muni nema 9060 millj., en samanlagðar tekjur 7774 millj. eða að það muni skorta á 1286 millj. kr. til þess að standa undir þessu tjóni miðað við árslok 1976. Þar í móti kemur svo það, að Viðlagasjóður á nokkrar eignir. Þessar eignir munu verða í árslok 1976 í fyrsta lagi afborganir og vextir upp á 276 millj. kr. sem koma til greiðslu á næstu 5 árum frá áramótum 1976 og 1977, í öðru lagi seld hús fyrir 1100 millj., sem munu greiðast á næstu 11 árum eftir 1. jan. 1977, og svo seldar íbúðir 20 millj., sem munu einnig greiðast á 11 árum. Samtals nema þessar eignir 1396 millj. kr, en eins og ég sagði áðan skortir á 1286 millj. í árslok 1976 til þess að þessi tekjustofn nægi til að standa undir þeim bótagreiðslum sem gert er ráð fyrir í lögunum. Ef þessar eignir eru teknar og færðar upp miðað við árslok 1976, er það sýnilegt, með hliðsjón af því að það eru lágir vextir á þessum 1120 millj. kr. í skuldabréfum sem sjóðurinn þá á og að bréfin eiga að greiðast á 11 árum, þá er augljóst mál að þessar 1396 millj. nægja hvergi nærri til þess að ljúka uppgjöri þeirra tjóna sem hér um ræðir. Þannig er það auðsýnt, að tekjustofninn 1%, ef framlengdur yrði til 30. 6. 1976, mun ekki nægja til þess að gera upp þessi tjón.

Það er ástæða til að benda á það að lög um Viðlagasjóð og reglugerð ásamt því lagafrv. sem hér liggur fyrir um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, eru þannig, að stjórn Viðlagasjóðs hefur talsvert svigrúm til túlkunar á þeim lögum. Stjórnin getur bæði túlkað lögin þröngt og metið bætur sem lægst og hún getur einnig túlkað lögin rúmt og metið bæturnar hærra. Ef það kemur fram hér á hv. Alþ., að ekki er aflað nægilegra tekna til að standa undir uppgjöri á þessum tjónum, þá er ástæða til þess að ætla að stjórnin kynni e. t. v. að líta á það sem vilja af hálfu Alþ. að þessi löggjöf yrði túlkuð þröngt varðandi mat á bótum. Ég vildi benda á þetta til þess að fá það fram hér í umr. og í afgreiðslu málsins hér á hv. Alþ., að það sé raunverulega vilji Alþ. að standa að fullu undir þeim bótum, sem greiða þarf vegna þessa mikla tjóns.

Það er ástæða til þess að lokum að leggja á það áherslu, að hér er um alveg sérstæð tilvik að ræða, þar sem eru þessi stórfelldu tjón vegna náttúruhamfara, og að Alþ. hefur brugðist þannig við þessum málum og markað þá stefnu að bæta þetta eignatjón að fullu. Það er spurning hvað á að blanda slíkum málum mjög mikið saman við almenn efnahagsmál. Þetta er sérstakt mál, sem verður til vegna náttúruhamfara í landinu, sem enginn fær gert við. Þetta er tímabundið mál. Það er gert ráð fyrir því, að þessi tekjuöflun falli niður við n. k. áramót, og ég tel ástæðu til þess, að undirstrika, að hér er ekki um varanlegar álögur að ræða á þjóðina, heldur eingöngu tímabundna vegna þess stórkostlega tjóns sem orðið hefur af þessum hrikalegu náttúruhamförum.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 1. umr. sagði ég, að ég harmaði það að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki hafa haft samráð við stjórnarandstöðuna hér á Alþ. um samningu og framlagningu þessa frv., sem hér liggur fyrir, og um það að velja tekjuöflunarleið í sambandi við þær bætur sem ráðgert er að greiða. Ég hef tekið eftir því síðan, að þessu hefur verið mótmælt, að ríkisstj. hafi ekki haft samráð við stjórnarandstöðuna í þessum efnum, svo að mér þykir rétt að greina hér fyllilega frá því, hvað í þessum efnum hefur gerst.

Hæstv. forsrh. ræddi við mig og form. Alþfl. í jan. og gat þess þá, að ríkisstj. mundi fara fram á framlengingu á söluskattsprósentustigi fyrir Vestmannaeyjadeild Viðlagasjóðs og einnig hefði hún nokkuð fjallað um hvernig ætti að afla fjár til að standa við gefin fyrirheit gagnvart norðfirðingum, og minntist á í því sambandi, að til greina kæmi að hækka söluskattinn eða fara sömu fjáröflunarleið og farið hefði verið í sambandi við Vestmannaeyjar. Á þessu stigi málsins lágu engar upplýsingar fyrir um það, sem heldur var ekki vonlegt, hvað tjónið í Neskaupstað væri talið mikið, og hér var ekki heldur um neinar fastmótaðar till. að ræða frá hálfu ríkisstj. Þá var málinu frestað og síðan heyrði ég ekkert frekar af þessu máli fyrr en ég sá þskj. á borði mínu hér á Alþ. Og það var ekki fyrr en rétt daginn áður, að form. flokks okkar var skýrt frá því, að frv. hefði verið samið, leið hefði verið valin og frv. yrði lagt fram á Alþ. Samráð á hliðstæðan hátt og gert hafði verið áður í sambandi við lausn á Vestmannaeyjavandanum var því ekki haft að þessu sinni. Hér voru leiðir ekki valdar, eins og áður hafði verið gert, og ekki leitað eftir samkomulagi við stjórnmálaflokkana á Alþ. um hvernig leysa skyldi málið. Það var þetta sem ég harmaði og ég harma það enn og tel að betur hefði tekist til með lausn á þessu vandamáli ef farið hefði verið að á svipaðan hátt nú og gert var áður þegar var verið að reyna að leysa hliðstæð vandamál.

Ég gat þess við 1. umr. málsins, að ég væri efnislega samþykkur því frv. sem fyrir lægi, því að ég teldi að loforð hefði verið gefið og það yrði að standa við gefin fyrirheit bæði gagnvart norðfirðingum og vestmanneyingum, í sambandi við það mikla tjón sem þar hefur gengið yfir, en gat þess um leið, að ég væri ekki ánægður með þá fjáröflunarleið sem valin hefði verið og einnig teldi ég að sú áætlun, sem birt er í fskj. með frv. varðandi tjónið í Neskaupstað, væri ótrúlega ónákvæm og lág, ég fyrir mitt leyti teldi að líklegt væri að tjónið reyndist miklum mun meira en þar er greint frá. Ég sagði enn fremur að ég mundi beita mér fyrir því í þeirri n., sem fengi málið til athugunar, að reynt yrði að ná víðtæku samkomulagi um fjáröflunarleið til þess að standa við þau loforð sem gefin hefðu verið í þessum efnum.

Á miðvikudagsmorgun í þessari viku var haldinn sameiginlegur fundur í fjh.- og viðskn. beggja þd., þar sem þessi mál voru rædd allítarlega. Á þeim fundi gerði ég grein fyrir hugmyndum mínum um fjáröflunarleið til þess að leysa vandann. Ég taldi að það væri hægt að komast hjá því að hækka söluskattsálagið, eins og frv. gerir ráð fyrir, en þess í stað mætti framlengja það söluskattsstig, sem í gildi hefur verið, um lengri tíma en í frv. greinir, og nefndi til til maíloka eða júníloka á næsta ári, auk þess teldi ég eðlilegt og það hlyti að vera viðráðanlegt að ríkissjóður legði fram nokkra fjárhæð til Viðlagasjóðs í þessum efnum nú á þessu ári. Þegar gert væri ráð fyrir því að skera niður útgjöld á fjárl. um 2500—3700 millj. kr. hlytu að verða möguleikar til að finna leiðir til að ríkissjóður legði fram 400—500 millj. kr. á þessu ári til Viðlagasjóðs vegna þessara verkefna. Það kom greinilega fram á þessum sameiginlega fundi fjh.- og viðskn. beggja d., að þm. úr öllum stjórnmálafl. sem þar áttu fulltrúa, — ég undirstrika: úr öllum stjórnmálaflokkum sem þar áttu fulltrúa, — tóku mjög vel í þessar till. mínar og það gaf sterkar vonir um að tekist gæti víðtæk samstaða á Alþ. um lausn á þessu máli. Vegna þessa var þannig að málunum staðið í gær, að þn. frestaði störfum sínum og fundir voru í þingfl. um það, hvort ekki væru tök á því að ná samstöðu um að breyta nokkuð til um tekjuöflunarleið. En þrátt fyrir þær góðu undirtektir sem komu fram hjá nm. úr öllum stjórnmálafl., þá fór svo að í morgun var tilkynnt á fundi í fjh.- og viðskn. þessarar d. að ríkisstj. teldi sér ekki fært að breyta frv. varðandi tekjuöflunarleið og hún yrði því að halda sig við það að hækka þyrfti söluskattsálagið um 1 stig. Ég greindi þá frá því, að ég mundi gera till. um að önnur leið yrði farin, og ég hef lagt fram brtt. sem því miður er ekki búið að útbýta hér enn, í þá átt. Ég get gert grein fyrir efni þeirrar till. þó að hún sé ekki fram komin því að hún er tiltölulega einföld.

Brtt. mín er í tveimur liðum og er við 5. gr. frv. Ég legg til, að 1. málsl. 5. gr. frv. taki þeim breyt. að ákveðið verði að viðlagagjaldið verði 1% í staðinn fyrir 2%, sem nefnd eru í frv., og að það skuli vera í gildi til loka júnímánaðar 1976, í staðinn fyrir að þessi 2 prósentustig eiga að gilda til ársloka 1975. Miðað við þá áætlun, sem byggt er á í frv. um tekjur af söluskatti, mundi þessi till. mín þýða að Viðlagasjóði væru tryggðar tekjur sem nema 1260 millj. kr. á þessu tímabili. Í öðru lagi legg ég til, að sú breyt. verði gerð á 5. gr., að á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr. sem kveði á um að ríkissjóður leggi Viðlagasjóði á árinu 1975 400 millj. kr. Skv. þessum till. mínum væru því Viðlagasjóði tryggðar tekjur sem nema 1660 millj. kr. eða lítillega hærri upphæð en frv. gerir ráð fyrir að tryggja Viðlagasjóði með hækkun á söluskattsstiginu um 1 prósentustig. En sá er munurinn á, að það er hins vegar augljóst að Viðlagasjóður fengi þessar tekjur nokkru seinna eða á lengra tímabili en gert er ráð fyrir í frv. Mér er ljóst, að vegna þess fjárhagslega vanda, sem Viðlagasjóður stendur frammi fyrir, þyrfti hér til að koma fyrirgreiðsla af hálfu Seðlabankans, sem heimilaði Viðlagasjóði að skulda út á þennan nýja tekjustofn nokkru meira um næstu áramót, en frv. gerir ráð fyrir. Það er rétt, að það er ekki hægt að leysa aðsteðjandi vanda bæði Vestmannaeyja og Neskaupstaðar án þess að til þess arna komi, og ég geng út frá því, þegar ég legg fram till. mína, að þannig yrði á málum haldið að ríkisstj. beitti sér fyrir því að hægt yrði að standa við nauðsynlegar skuldbindingar gagnvart vestmannaeyingum og norðfirðingum, þó að það þýddi að skuldin við Seðlabankann yrði nokkru hærri um næstu áramót en skv. þeirri leið sem ríkisstj. hafði valið, en það hins vegar greiddist upp á næstu mánuðum á eftir eða fram að miðju næsta ári.

Eins og ég hef sagt áður í umr. um þetta

mál og í n., sem fjallaði um málið, þá tel ég að þetta væri miklu heppilegri leið, mundi valda minni árekstrum og væri ekki síst að mínum dómi hyggilegra fyrir ríkisstj. að velja þessa leið, fremur en þá leið sem hún hefur valið. En ég tel að hér sé ekki neinn verulegur munur á fyrir afkomu Viðlagasjóðs þegar á heildina er litið.

Það er líka þýðingarmikið nú alveg eins og áður, þegar þessi mál hafa verið til afgreiðslu hér á Alþ. varðandi Viðlagasjóð og Vestmannaeyjar, að reyna að skapa sem víðtækasta samstöðu um lausn þessara mála. Alþ. allt er samábyrgt í sambandi við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið, og það á að standa við tiltekin fyrirheit. Af því leiðir að Alþ. þarf að koma sér saman um leiðir til þess að standa við þessi loforð. Mér er ljóst, að það er algjörlega haldlaust og ábyrgðarlaust að velja þá leið, sem talsmaður Alþfl. hefur valið í þessum umr. að segja einfaldlega að hann vilji standa við gefin loforð til vestmanneyinga og norðfirðinga og að hann bendi á leiðir, en hann leggur sig hins vegar ekki á neinn hátt fram um það að leita að sameiginlegri lausn á málinu.

Fáist ekki lausn á þeim grundvelli, sem ég óska eftir og hef talað fyrir, mun ég greiða frv. atkv., af því að ég ætla mér að standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið, en vil ekki svíkja þau. Þeir, sem hafa orðið fyrir miklu tjóni í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum, bjarga sér ekki út úr þeim vanda, sem þeir hafa orðið fyrir, með því að flokkarnir á Alþ. haldi áfram þrotlausum deilum, einn leggur þetta til og annar hitt. Það hvílir á okkur sú skylda, að við verðum að ná samkomulagi um að greiða reikninginn.

Ég lít á þetta mál þannig frá minni hálfu, að í þessum efnum nær aðstaða mín og vald ekki lengra en svo að berjast fyrir því, að farin verði sú leið sem ég tel hyggilegasta og sanngjarnasta, en síðan verð ég þá að leita annarra ráða til þess að ná meginmarkinu, sem ég tel að skipti hér höfuðmáli.

Því miður hefur ríkisstj. valið þá leið að halda sig alveg fast við sínar upphaflegu uppástungur í þessum efnum, sem ég tel óheppilegar. En hún ræður yfir meirihlutavaldi á Alþ. og getur að sjálfsögðu þannig ráðið um leiðina. En hún gat líka valið þá leið að leita eftir samstöðu eins og áður hafði verið gert.

Afstaða mín er því skýr í þessu máli og hefur verið það frá upphafi. Ég beiti mér fyrir því, að lausn verði fengin á málinu, og legg fram till. um það. Fáist þær ekki fram mun ég þó láta það ráða úrslitum, að hægt verði að standa við gefin loðorð, og læt það ekki hafa mikil áhrif á mig þó að þeir, sem augljóslega hafa ekki ábyrgðartilfinningu til standa við gefin loforð, beri mér á brýn að ég hafi valið þá leið, sem ég hef lýst yfir allan tímann að ég sé út af fyrir sig óánægður með.

Ég vil taka það fram, að ég hef gert mér grein fyrir því að fjárhagsvandi Viðlagasjóðs er mikill. Það er ekki um það að deila, að skuldbindingar hans gagnvart vestmanneyingum eru þær, að sjóðurinn þarf að greiða á yfirstandandi ári vegna tjónanna í Vestmannaeyjum a. m. k. 1100 millj. kr. Þar hafa ýmsar greiðslur dregist úr hófi fram vegna fjárskorts sjóðsins, enda skuldaði hann um áramót í Seðlabankanum nærri 1600 millj. kr.

Eins og ég hef sagt hér, það eru miklu meiri líkur til þess, að tjónið í Neskaupstað verði meira en 500 millj. kr. í reynd. Sú lauslega áætlun, sem gerð hefur verið um tjónið þar og var miðuð við allt annað verðlag en nú er, þegar greiða þarf bæturnar, það er ekkert um það að villast, að hún er fremur of lág en of há. Það er því alveg ljóst, að Viðlagasjóð skortir hér fjármuni, og það verður að tryggja honum þessa fjármuni ef menn ætla að standa við þau loforð sem gefin hafa verið. Hitt er, eins og ég hef sagt, aðeins eðlilegt, að menn og flokka getur greint á um það hvernig eigi að afla fjár til að standa við vandann.

Ég hygg að það, sem ég hef nú sagt og er í fullu samræmi við það sem ég hef sagt hér áður, sýni best hver hefur verið og er afstaða mín til þessa máls. Þeir, sem óska eftir að túlka hana á þann hátt, eins og Alþýðublaðið hefur gert og forustumaður Alþfl., að ég standi fyrir því að hækka söluskattinn og það sé mín leið, það eru hins vegar þeir sem hafa ekki mikla löngun til að segja rétt frá eða mikinn áhuga á því að reyna að standa við loforð sem þeir hafa þóst standa að.

Ég skal svo ekki orðlengja frekar um þetta. Brtt. mín verður senn útbýtt og kemur til atkv. Ég vona enn, að þær góðu undirtektir, sem fram komu í báðum fjhn. þingsins um þessa till., eigi eftir að koma fram við atkvgr. um málið. En fari svo að þessar till. mínar verði felldar og þar sem ekki hefur fengist til þessa neitt samkomulag um aðra leið, þá liggur ljóst fyrir að ég mun styðja lokaafgreiðslu frv. í þeim búningi sem það kemur nú frá n., því að ég tel það vera einu hugsanlegu leiðina til að standa við þau loforð sem gefin hafa verið þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég hlýt í upphafi máls míns að harma það, að nál. minu og brtt., sem við hv. þm. Karvel Pálmason flytjum, hefur ekki verið útbýtt. Ég verð að halda ræðu mína á grundvelli þskj., sem þm. þekkja ekki og mæla fyrir till., sem ekki hefur verið útbýtt. Nál. er komið, till. hins vegar ekki, hún er vonandi væntanleg líka. En þótt hún sé ekki komin mun ég mæla fyrir áliti minu sem 2. minni hl. í fjh.- og viðskn.

Það kom fram á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. beggja d. að allir flokkar þingsins, eins og raunar var fyrir fram vitað, eru sammála um að gera ráðstafanir til að tryggja Viðlagasjóði nægilegar tekjur til þess að hann sé fær um að standa við allar skuldbindingar, sem hann hefur undir gengist vegna jarðeldanna í Vestmannaeyjum, og bæta norðfirðingum að fullu það tjón, sem þar varð í hinum hörmulegu snjóflóðum um áramótin síðustu. Enn fremur voru fulltrúar allra flokka sammála um að æskilegt væri að orða eina gr. þessa frv. þannig, að Viðlagasjóði í samráði við Bjargráðasjóð væri

einnig heimilt að bæta tjón sem hlytist af náttúruhamförum á öðrum stöðum í landinu, þeim sem þegar hafa átt sér stað og þeim sem kynnu að eiga sér stað.

Um þetta er enginn ágreiningur milli flokka hér á þingi, og er það sannarlega ánægjulegt. Hins vegar er uppi ágreiningur og hann djúpstæður um það, hversu mikil fjáröflun sé nauðsynleg í þessu sambandi. Í því frv., sem hér er nú til 2. umr. og er stjfrv., er gert ráð fyrir því, að í þessu sambandi sé nauðsynlegt að framlengja gildandi viðlagagjald, gildandi eins stigs álag á söluskatt, til áramóta og jafnframt að bæta við öðru stigi til næstu áramóta, þannig að söluskattur verði frá 1. mars til ársloka ekki 19%, eins og hann er í dag, heldur 20%. Um það hefur megindeilan staðið, hvort slíkt sé nauðsynlegt eða ekki.

Það kom fram á fundi fjh.- og viðskn. í morgun, eins og raunar frsm. 1. minni hl. n. hefur þegar tekið fram, að ef till., sem hann flytur og þingfl. Alþfl. út af fyrir sig getur stutt og mun greiða atkv. með, nær ekki fram að ganga, muni hann styðja stjfrv., þ. e. styðja hækkun söluskattsins úr 19% í 20% frá 1. mars til áramóta. Þessi afstaða, þegar hann boðaði hana við 1. umr. málsins, vakti mikla furðu mína og margra annarra. Ég þóttist þá sýna fram á í ræðu minni sem var flutt eftir ræðu hans, að hækkun söluskattsins væri ekki nauðsynleg til að hægt væri að bæta vestmanneyingum og norðfirðingum að fullu það tjón sem þeir hefðu orðið fyrir. Ég geri grein fyrir þeirri skoðun í hnotskurn í nál. og skal ekki endurtaka það jafnrækilega nú við 2. umr. og ég reyndi að gera við 1. umr. Mergurinn málsins er sá, að það liggur fyrir vitnisburður um það frá sjálfri stjórn Viðlagasjóðs frá 11. des. 1974, að hún teldi nóg að framlengja eitt söluskattsstig í 12 mánuði, þ. e. a. s. frá febrúarlokum þessa árs til febrúarloka næsta árs. Fyrst stjórn Viðlagasjóðsins sjálfs taldi þetta nóg í desember, þá hlýtur það í meginatriðum að vera rétt nú í febrúar. Lítils háttar breyt. á áætlunum, sem hv. frsm. meiri hl. gerði grein fyrir áðan, breyta í engu þeirri meginniðurstöðu, að stjórn Viðlagasjóðs taldi í des. og telur í dag, að það væri nóg vegna Vestmannaeyjavandans að framlengja eitt söluskattsstig, framlengja gildandi ákvæði um viðlagasjóðsgjald um 12 mánuði. Við þetta er sú till. miðuð, sem við hv. þm. Karvel Pálmason, form. þingfl. SF, flytjum nú við 2. umr. málsins.

Þá er að víkja að Norðfjarðarvandanum, sem metinn er á 500 millj. kr. og sjálfsagt er að útvega fé til. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur lagt til, að það yrði gert með því móti að leggja óbeint þá kvöð á Seðlabankann að standa undir nauðsynlegri fjárþörf í því skyni. Nú er kunnugra en frá þurfi að segja, að með lögum er ekki hægt að binda Seðlabankann til tiltekinna ráðstafana. A. m. k. hefur ekki tíðkast að það væri gert, hvorki gagnvart Seðlabankanum, fjárfestingarsjóðum né viðskiptabönkum. Að gera ráð fyrir slíku er að hafa óvissa tekjumöguleika og það teljum við í Alþfl. og SF ekki vera nægilegt öryggi fyrir norðfirðinga. Við viljum beinlínis hafa lagaákvæði um það, að Viðlagasjóði séu tryggðar 500 millj. kr. tekjur, eins og nú er talið að þurfi til að bæta tjónið. Það skal haft í huga, að þegar fyrstu viðlagasjóðslögin voru sett fyrir tveim árum vegna Vestmannaeyjaáfallsins varð um það samkomulag milli þáv. stjórnar og þáv. stjórnarandstöðu, að ekki væri eðlilegt að láta almenning einan greiða þetta tjón, sem auðvitað varð að greiða, heldur væri eðlilegt að láta fyrirtæki einnig taka þátt í kostnaðinum við tjónabæturnar, eins og gert var, og jafnframt eftir miklar umr. á mörgum fundum þá að ríkissjóður skyldi leggja sitt af mörkum. Það var ekki talið eðlilegt að íþyngja almenningi með hækkuðu vöruverðlagi, hækkuðum söluskatti, að íþyngja fyrirtækjum með hækkuðu aðstöðugjaldi og hækkuðu útsvari, en láta ríkissjóði vera málið algerlega óviðkomandi. Þess vegna varð að lokum samkomulag allra flokka á þingi, samkomulag milli stjórnar og stjórnarandstöðu, að sett yrðu ákvæði í frv. um það, að ríkissjóður skyldi leggja 160 millj. kr. í Viðlagasjóð. Það skyldi verða hlutdeild ríkissjóðs í því tjóni sem orðið hefði, og ríkissjóði var heimilað að draga saman útgjöld sín sem því svaraði, auk þess sem Atvinnuleysistryggingasjóði var gert skylt að veita nokkurt óafturkræft framlag til Viðlagasjóðs.

Við þm. Alþfl. og þm. SF teljum líka sjálfsagt, að þegar það hefur gerst sem nú hefur gerst og í því ástandi sem nú er í þessum málum, þá taki ríkissjóður þátt í því að leysa vandann. Með hliðsjón af því, að hafi 160 millj. kr. ekki þótt ofætlun fyrir ríkissjóð fyrir 2 árum, þá eru 500 millj. sannarlega ekki ofætlun fyrir ríkissjóð á árinu 1975, þegar fjárl. eru milli 45 og 50 milljarðar kr. 500 millj. kr. tjónabætur eru því rúmlega 1% af heildarútgjöldum fjárl. Enginn maður getur tekið það alvarlega, ef borið er á móti því að ríkissjóði sé kleift að draga saman útgjöld sín um 500 millj. kr. eða rúmt 1% af heildarútgjöldum sínum til þess að taka þátt í því að leysa þann vanda sem hér er við að glíma. Hitt væri beinlínis óeðlilegt, það væri beinlínis ósanngjarnt, það væri beinlínis ranglátt, að ríkissjóður væri eini aðilinn í þjóðfélaginu, sem ekkert skyldi að sér leggja til að leysa þennan vanda. Almenningur ber byrðar og telur sjálfsagt að bera þær, fyrirtækin bera byrðar og telja rétt að bera þær, það eru lagðar byrðar á sveitarfélögin, — hví skyldi ríkissjóður vera eini aðilinn sem enga ól þyrfti að herða að sér þegar slíkan vanda ber að höndum eins og þann, sem hér er um að ræða? Þess vegna er það önnur till. okkar form. þingfl. SF, Karvels Pálmasonar, að ríkissjóður skuli leggja 500 millj. kr. í Viðlagasjóð og hafa heimild til að skera niður útgjöld sem því svarar.

Á því getur enginn vafi leikið, að ef farið er að till. stjórnar Viðlagasjóðs og viðlagasjóðsstigið framlengt í 12 mánuði, þ. e. til febrúarloka, en ekki til ársloka, og Viðlagasjóður fær 500 millj. kr. úr ríkissjóði, þá er að fullu kleift að standa við allar skuldbindingar sem á Viðlagasjóði munu hvíla vegna Vestmannaeyjaskaðans og vegna Norðfjarðarskaðans. M. ö. o.: með þessu móti mundi vandinn vera leystur að fullu.

Ég skal rökstyðja þetta nokkru nánar með því að gera grein fyrir því hvað verða muni verði frv. ríkisstj. samþ. óbreytt, eins og nú eru allar horfur á. Stjórnarflokkarnir munu greiða atkv.

með því, og a. m. k. hv. þm. Lúðvík Jósepsson. Ég vil ekki enn bera það neinum öðrum þm. Alþb. á brýn að þeir ætli að bregðast launþegum jafnherfilega og hv. þm. Lúðvík Jósepsson er nú að bregðast þeim. Ég vil ekki ásaka þá fyrr en í ljós er komið að þeir raunverulega gera slíkt. Þeir skulu þvert á móti hafa heiður fyrir það, ef þeir fylgja ekki fordæmi Lúðvíks Jósepssonar og bregðast launþegasamtökunum jafnherfilega *og hann hefur verið að gera undanfarna daga* og lýsir yfir að hann ætli sér að gera. Það, sem hann ætlar að styðja ríkisstj. í því að gera, er að veita óþarflega mikið fé, að veita beinlínis fé umfram sannanlega nauðsyn í Viðlagasjóð. Það sést á því hver staða Viðlagasjóðs mundi vera að óbreyttum tekjustofni. Þá mundu innborgaðar tekjur nema 5 983 millj. kr., en óinnheimtar tekjur í árslok verða 1 905 millj. kr., þannig að tekjur alls á árinu 1975 yrðu 7 888 millj. kr. En greiðslur yrðu á árinu 7 595 millj. og ógreiddar skuldir 555 millj. kr. — þetta eru tölur beint frá Viðlagasjóði sjálfum — og greiðslur því alls 8 150 millj. kr. Það er rétt, að það er nokkurt fé að öllu óbreyttu en munurinn er þó ekki nema um 200 millj. kr. 500 millj. kr. framlag úr ríkissjóði mundi gera kleift að lækka skuldina við Seðlabankann um því sem næst 300 millj. kr., og til þess ætlast auðsjáanlega Viðlagasjóðurinn, að því yrði hægt að koma fram. Ég játa fúslega, að eðlilegt er að skuldin við Seðlabankann verði lækkuð í framhaldi af slíkum ráðstöfunum og það yrði hægt ef gjaldið yrði framlengt óbreytt og ríkissjóður legði til 500 millj. kr.

En hver yrði niðurstaðan, ef þetta frv. yrði samþ. óbreytt — þetta frv. ríkisstj., sem hv. fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. Nd. ætlar sér að styðja að felldri sinni till.? Hver yrði staðan miðað við 2% hækkun söluskattsins til ársloka 1975? Er þá miðað við það hlutfall, sem gert er ráð fyrir í frv., að 68% skuli ganga til Vestmannaeyja og 32% í Norðfjarðardeild. Þá yrðu innborgaðar tekjur 6 855 millj., óinnheimtar tekjur eða eignir 2 125 millj. kr., eða tekjur alls 8 980 millj. Greiðslurnar yrðu hinsvegar 7 595 millj., ógreiddar almennar skuldir sama upphæð og áðan, 555 millj. kr., eða greiðslur alls 8 150 millj. Tekjurnar yrðu 8 980 millj., en greiðslurnar 8 150 millj. Það munar m. ö. o. 800 milj. kr. Það er 800 millj. kr., sem tekið er meira í Viðlagasjóðinn en þarf til að standast nauðsynlegar greiðslur — það eru 842 millj. kr. nákvæmlega, sem sjóðurinn fengi meira en hann þarf til að standa við skuldbindingar ársins 1975. M. ö. o.: það er ætlast til þess að Seðlabankanum verði greiddar 842 millj. kr. eða að meira sé notað í tjónabætur en nú er gert ráð fyrir.

Í sambandi við þetta er enn fremur nauðsynlegt að hafa í huga, að Viðlagasjóður hefur nú þegar greitt 100 millj. kr. í tolla og söluskatt af viðlagasjóðshúsum og gert er ráð fyrir að hann greiði á þessu ári 386 millj. kr. í tolla. Það verður að athuga þetta. Sjálfur ríkissjóðurinn hefur þegar haft 100 millj. kr. tolltekjur af innflutningi vegna Viðlagasjóðs, og honum er ætlað að hafa tolltekjur að upphæð 386 millj. kr. á því ári sem nú er nýbyrjað. Þó að ríkissjóði yrði gert að greiða 500 millj. kr. í Viðlagasjóðinn, þá væri hann í raun og veru aðeins að skila aftur tolltekjunum einum og söluskattstekjunum einum. Þetta væri í raun og veru ekki raunverulegt framlag, heldur að skila aftur tolli sem hann hefur innheimt í sambandi við þær hörmungar sem orðið hafa. Þessar tölur eru taldar með í útgjöldunum sem ég nefndi hér að framan.

Að síðustu er þess að geta, að gert mun verða ráð fyrir því og reiknað með því í útgjaldatölum, að fjmrn. innheimti vexti af Viðlagasjóði að upphæð 75 millj. kr. Ríkissjóður hefur, þegar tekið er tillit til vaxtagreiðslnanna líka, — látum þær vera, þær eru sérstaks eðlis, — en í öllu falli ríkissjóður hefur fengið meira frá Viðlagasjóði en við Alþfl.-þm. og þm. SF. leggjum nú til að hann leggi til Viðlagasjóðs. Það er um það að ræða að skila aftur fé, sem hann hefur fengið, og hætt yrði að taka fé, sem hann annars mundi taka. Hér er því raunverulega ekki um neina viðbótarbyrði á ríkissjóð að ræða, sem hins vegar þýðir ekki það að honum beri ekki nauðsyn til að spara þrátt fyrir það.

Þá má enn fremur minna á það, að vaxtagjöld Viðlagasjóðs af yfirdrætti við Seðlabankann hafa numið gífurlegum upphæðum. Ég efast um að hv. þm. hafi gert sér grein fyrir um hversu stóra upphæð þar er að ræða. Viðlagasjóður hefur greitt Seðlabankanum hvorki meira né minna en 160 millj. kr. í vexti, og er sú tala talin með í útgjaldatölunum sem ég gat hér um áðan.

Þessar staðreyndir gera það enn þá augljósara en lá fyrir við 1. umr. málsins, hvílík fjarstæða það er að ætla sér nú undir þessum kringumstæðum að hækka söluskattinn um eitt stig. Það er óþarft. Það er algerlega óþarft, og á þessum tímum á ekki að leggja óþarfar álögur á almenning. Þetta er ekki aðeins óþarft, það er stórhættulegt að gera þetta, eins og ástandið á vinnumarkaðnum nú er, eins og ástand kjaramála launþega er nú. Þar vitna ég til þess bréfs, sem hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. las upp frá stjórn og samninganefnd Alþýðusambands Íslands, þar sem hækkun söluskattsins er mótmælt harðlega sem beinni árás á kjör launþega í landinu, sem þó sannarlega hafa rýrnað stórlega á undanförnum mánuðum, eins og ég tel mig hafa sýnt glögglega fram á í ræðu minni við 1. umr. málsins.

Ef ríkisstj. með hjálp hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar knýr fram slíkar álögur á almenning að nauðsynjalausu, að óþörfu, þá hljóta launþegasamtökin að skoða það sem hnefahögg í andlit sér, og það hlýtur að verða til þess að torvelda mjög alla skynsamlega og eðlilega samninga, sem þó er nú þegar nauðsyn að gerðir verði á vinnumarkaðnum.

Ég varpaði fram þeirri spurningu við 1. umr. hvort afstaða hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar væri afstaða þingfl. Alþb. Ég hafði þá, þegar sú ræða var flutt, ekki haft tíma til að lesa öll morgunblöðin. En sama daginn og hann flytur þessa ræðu, þ. e. a. s. í gær, er grein í blaði flokks hans, Þjóðviljanum, forustugrein, ágæt grein, sem heitir: „Eining er afl — afl sem sigrar“. Í lok greinarinnar, sem fjallar um samþykkt sem verkalýðsfélagið Eining hafði gert, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, — í niðurlagi ályktunar Einingar er þetta:

„Fundurinn beinir þeirri eindregnu áskorun til

þeirra pólitísku afla, sem lýst hafa samstöðu með verkalýðshreyfingunni, að þeir gangi sameiginlega til liðs við hana og víki pólitísku karpi sínu til hliðar um sinn, svo að komið verði í veg fyrir frekari réttinda- og lífskjaraskerðingu verkalýðsins.“

Þetta segir verkalýðsfélagið Eining og Þjóðviljinn lýkur svo forustugrein sinni með því að segja, — og þetta gerist sama morguninn og hv. þm. Lúðvík Jósepsson mælir með hækkun söluskatts úr 19 í 20 stig, — Þjóðviljinn segir:

„Undir þessa afstöðu verkalýðsfélagsins Einingar vill Þjóðviljinn taka eindregið, og heitir blaðið liðsinni sínu til framgangs þeirrar stefnu sem þar er krafist.“ M. ö. o.: blaðið heitir stuðningi við framgang þeirrar stefnu, sem er andstæð stefnu Lúðvíks Jósepssonar hér á hinu háa Alþ. sama dag. Enn segir blaðið: „Jafnframt vill blaðið beina þeirri áskorun til annarra verkalýðsfélaga í landinu, að þau taki kröftuglega undir kröfur Einingar um einingu launamanna andspænis fjandsamlegu ríkisvaldi. Eining er afl — afl sem sigrar.“

En það er alveg auðséð að hv. þm. Lúðvík Jósepsson ætlar ekki að vera í þeirri sókn sem þarna er hvatt til. Hann ætlar þvert á móti að skipa sér í hóp með fjandmönnum verkalýðshreyfingarinnar, með fjandmönnum alþýðusamtakanna. Þess vegna var það með athygli að ég opnaði Þjóðviljann í morgun til þess að vita hvort hinum sterka manni Alþb. hefði e. t. v. ofboðið þessi grein í gær og hann léti nú Þjóðviljann gera betrumbót og hætta að ráðast jafnharkalega á sig og leiðarinn í gær hlaut að túlkast. Þá vill svo ágætlega til, að það er hinn sterki maður Alþb. sem skrifar þennan leiðara, ef maður má taka mark á þeim upplýsingum, sem koma fram í blöðum, að leiðarar sem undirskrifaðir eru „M“ séu ritaðir af hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni. En í þessum leiðara segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, — í upphafi er talað um samstöðuna um að bæta tjónið vegna snjóflóðanna í Neskaupstað, sem allir eru sammála um, en svo segir orðrétt:

„Þrátt fyrir þessa samstöðu hefur ríkisstj. haft þann ósæmilega hátt á að ákveða gjaldheimtu í þessu skyni án nokkurs samráðs við stjórnarandstöðuna, og enn á að vega í sama knérunn og fyrr — hækka söluskattinn upp í 20%.“

Hér er auðsjáanlega tekin eindregin afstaða gegn afstöðu Lúðvíks Jósepssonar í þessari deilu sem var hér í gær og í þn. í morgun. Og enn segir Þjóðviljinn, eða hv. þm. Magnús Kjartansson:

„Óbeinir skattar hérlendis eru nú hærri en í nokkru nálægu landi. Við búum enn við verulega tolla af innfluttum neysluvarningi, auk þess sem söluskatturinn er orðinn svipuð hundraðstala og í löndum þar sem tollheimta af innfluttum varningi hefur verið felld niður. Óbeinir skattar af þessu tagi leggjast hlutfallslega þyngst á það fólk sem minnstar tekjur hefur, barnmargar fjölskyldur, aldrað fólk og öryrkja. Slík skattheimta er sérstaklega ranglát nú“ — nú endurtek ég: „slík skattheimta er sérstaklega ranglát nú, þegar bannað er með lögum að greiða nokkrar bætur á kaup vegna óðaverðbólgunnar.“

Þarna erum við Þjóðviljinn, við Magnús Kjartansson algerlega sammála. Þarna mælir hann réttlát og réttmæt orð, og ég vona að þau þýði það, að hann greiði atkv. gegn hækkun söluskattsins. En það breytir ekki því, að annar af aðalforustumönnum Alþb. er þegar búinn að lýsa verkalýðsfjandsamlegri afstöðu. Hann er þegar búinn að lýsa afstöðu, sem er í ósamræmi við yfirlýstan vilja stjórnar Alþýðusambandsins og samninganefndar Alþýðusambandsins. Ég vona að ég megi taka þetta þannig, að þarna sé komið eitt atkv. á móti einu í Alþb., og nú hlýtur bæði þing og þjóð að bíða spennt eftir því að vita hvað verður um hin atkv. 9. Hvar lenda þau? Verkalýðsins megin eða atvinnurekenda og ríkisstjórnarinnar megin. Það er mergurinn málsins, og þjóðin mun sannarlega bíða með eftirvæntingu eftir því að fá botn í það mál.

Þá vil ég að síðustu víkja örfáum orðum að ræðu, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson flutti hér í gær og ég heyrði raunar ekki, en hef litið yfir síðan, auk þess sem sagt hefur verið frá henni í blöðum. Í ræðu minni hafði ég bent á það sem dæmi um hversu lítinn áhuga ríkisstj. hefði á því að spara, að nú um þessar mundir væri háð annað þing hér í Reykjavík en Alþ., þ. e. búnaðarþing, og það þing væri haldið algerlega á kostnað hins opinbera, algerlega á kostnað ríkissjóðs og um greiðslu þess kostnaðar giltu sömu eða svipaðar reglur og um greiðslu kostnaðar við Alþ. Þetta er túlkað í blaði Þórarins Þórarinssonar, hv. þm., í morgun þannig, að ég hefði viljað leggja búnaðarþing niður. Gagnrýni á því, að almenningur sé látinn borga þinghald einnar stéttar, á að þýða það, að ég sé á móti slíku þinghaldi. Slíkt er svo siðlaus málflutningur í blaðamennsku að engu tali tekur. Ef hér kæmi fram till. um að ríkissjóður greiddi kostnað af iðnþingi og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson væri á móti slíkri till., þýddi það þá að hann væri á móti því að iðnþing væri haldið? Iðnþing er haldið. Kostnaður við það, að því er ég best veit, er greiddur úr sjóðum iðnaðarmanna sjálfra. Með nákvæmlega sama hætti ætti kostnaður við búnaðarþing að vera greiddur úr sjóðum bænda sjálfra. Ég vil spyrja hv. þm. Þórarin Þórarinsson, ég bið hann að svara því hér á eftir: Hvernig röðstyður hann það, að réttlátt sé að kostnaður við búnaðarþing sé greiddur úr ríkissjóði en iðnaðarmenn sjálfir t. d. greiði kostnað við þing sitt úr eigin sjóði? Telur hann það réttlátt? (**Gripið fram í:** Hvað þá um kirkjuþing?) Er kostnaður við það greiddur úr ríkissjóði? Ekki ver ég það. En skýringin er líklega sú, að þjóðkirkjan er ríkiskirkja, en bændurnir eru ekki ríkisbændur. Skýringin er líklega sú, að það er litið á þjóðkirkjuna sem ríkisstofnun.

Um fiskiþing sagði ég í gær, að ég vissi ekki betur en svipaðar reglur giltu um fiskiþing og gagnrýndi það með alveg sama hætti og ég hafði raunar gert áður. Nú var upplýst í Morgunblaðinu í morgun, að ekki giltu sömu reglur um greiðslu kostnaðar við fiskiþing, þ. e. a. s. kostnaður við það er aðeins brot af kostnaði við búnaðarþing og um það gilda miklu eðlilegri og sanngjarnari reglur en um kostnað við búnaðarþingið. Öll önnur stéttaþing eru kostuð af stéttunum sjálfum. Búnaðarþing hefur hér algera sérstöðu og ef það er fjandskapur við búnaðarþing eða fjandskapur við bændur að gagnrýna slík

sérréttindi og slíkt sukk sem hér er á ferðinni, þá vil ég fá rökin fyrir því frá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, hvers vegna á þá ekki alveg eins að greiða kostnað t. d. við iðnþing, svo að ég láti við það dæmi eitt sitja.

Ég skal ekki lengja þessa umr. frekar. Þingfl. Alþfl. styður að því að þetta mál og raunar oliubótamálið einnig geti orðið að lögum í dag, ef fært þykir af afgreiðsluástæðu. Hann mun ekki torvelda að það geti orðið. Hann hefur skýrt mótaða stefnu í báðum málunum og hefur gert grein fyrir henni í báðum deildum, mun greiða atkv. í samræmi við það og stuðla að því að málin hljóti afgreiðslu á þessum degi ef hæstv. ríkisstj. óskar eftir því. Ég skal því ekki halda áfram almennum umr. um efnahagsmál, sem ég gerði að umræðuefni við 1. umr. málsins í gær. Það létu ýmsir þm. í ljós undrun yfir því að ég skyldi leyfa mér að ræða efnahagsmál almennt í sambandi við þetta frv. Sér er nú hver syndin! Það er verið að hækka álögur á almenning um 1 milljarð. Það er að óþörfu verið að hækka söluskatt um eitt stig. Það er að óþörfu verið að hækka nær allt verðlag í landinu meðan kaupgjald er bundið með lögum. Hvað er þá eðlilegra en að efnahagsmál almennt séu rædd í því sambandi, þó að ég skuli ekki halda því áfram núna, ég tel mig hafa gert það nægilega rækilega í gær? En auðvitað er óhjákvæmilegt að benda á það í þessu sambandi, að þetta er enn eitt dæmið um það, að þessi ríkisstj. hefur enn enga heildarstefnu í efnahagsmálum, ekki frekar en fyrrv. ríkisstj. Efnahagsstefna þessarar ríkisstj. er framhald af sama ráðleysinu, sömu smáskammtalækningaaðferðinni og fyrri ríkisstj. reyndi að beita með þeim hörmulega árangri sem ég lýsti í gær og raunar er alkunnur og þarf ekki að lýsa frekar hér. Það versta við stefnu þessarar ríkisstj. er það, að hún er í raun og veru sama stefnan og stefna síðustu ríkisstj. Það er m. ö. o. sami framsóknargrautuinn í sömu kommaskálinni. Nú eru það sjálfstæðiskokkar, sem sjóða hann, en hann verður ekkert betri fyrir það.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Ég ætla að reyna í stuttu máli að gera grein fyrir afstöðu minni til þess frv. sem hér er til umr.

Það er eins og alkunnugt er, að hlutverk Viðlagasjóðs er að bæta tjón vegna eldanna í Heimaey og nú til viðbótar vegna tjóna af völdum snjóflóðanna í Neskaupsstað. Ég held að sé óhætt að segja það, þó að raunar sé óþarft, að þjóðin er öll einhuga um að þessi tjón á að bæta með sameiginlegu framlagi allra landsmanna. Með þessu frv. er lagt til að söluskattur verði hækkaður um 1% til þess að standa við þessar skuldbindingar, eins og sagt er. Þá er að líta á hvort það sé nauðsynlegt, að söluskattur verði hækkaður sem þessu nemur, eða önnur viðlíka skattheimta, nýir skattar á lagðir, og er þá rétt að líta á stöðu Viðlagasjóðs eins og hún kemur mér fyrir sjónir samkv. þeim fskj. sem fram hafa verið lögð með þessu frv. Niðurstaða mín í þeim efnum er ákaflega svipuð og hv. síðasta ræðumanns, Gylfa Þ. Gíslasonar. En það er ekki þar með sagt að ég ætli að fara að taka í einu og öllu undir ræðu hans sem hér var nú flutt. Þó verð ég að segja það, að það er bíræfni af þeim manni að bera Lúðvík Jósepssyni á brýn fjandskap við verkalýðshreyfinguna og það skuli segja sá maður, sem í 12 ár samfleytt lá í flatsæng með íhaldinu í viðreisnarstjórninni, en þá hefur verkalýðshreyfingin orðið að þola þann mesta fjandskap, sem ríkisstj. hafa fram til þessa sýnt henni, og er hann þar alls ekki undanskilinn, síður en svo. Að öðru leyti ætla ég ekki að tala frekar um ræðu hans.

Mér sýnist að heildarstaða Viðlagasjóðs, og ég vil undirstrika: heildarstaða, sé nokkurn veginn sú, að þótt farið væri að lögum eins og þau nú eru og félli niður það söluskattsprósent, sem runnið hefur til Viðlagasjóðs á s. l. ári og fram til 1. mars, ef það félli alveg niður, þá mundi staða sjóðsins vera nálægt því að skuldir umfram eignir mundu vera nálægt 760 millj. kr. Sé hins vegar reiknað með því, að frv. þetta verði að lögum og 2% söluskattur verði innheimtur til ársloka 1975, munu eignir Viðlagasjóðs umfram skuldir nema röskum 800 millj. kr. Í báðum dæmunum er búið að reikna með að kostnaður vegna skaðans í Neskaupstað verði bættur með 500 millj. kr., eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég vil undirstrika að hér er um að ræða heildarstöðu Viðlagasjóðs. Greiðslustaðan er önnur og verri. En eins og var tekið fram áðan af frsm. meiri hl. n., er þar um að ræða tímabundinn vanda og greiðsluvandi Viðlagasjóðs er tímabundinn, og ég vil segja að þann vanda á að leysa með öllum ráðum öðrum en þeim að hækka söluskatt. Til þess að leysa tímabundinn greiðsluvanda á nú að skattleggja matarpeninga almennings. Ég vil undirstrika og benda á, að í því dæmi, sem sett er upp í fskj. sem frv. fylgja, eru greiðslur á tollum, söluskatti til ríkisins og vaxtagreiðslur, fyrst og fremst við Seðlabankann og reyndar til ríkisins einnig, sem nema a. m. k. á 8. hundrað millj. kr. og sennilega þó nær milljarðinum þegar allt kemur til alls. Ég spyr aftur: Á að skattleggja matarpeninga almennings til þess að borga þetta?

Söluskattur hefur þá náttúru að hækka allt verðlagsstig í landinu hér um bil til jafns við prósentutöluna. Það er talað um að það eigi að líta á þetta mál sem alveg sérstakt mál, tímabundið, ekki varanlegt, sagði hv. frsm. meiri hl. n. Það getur vel verið, að þegar um er að ræða að hækka verðlagið í landinu sem nemur fast að 1% geti hann horft á það ósköp rólegur. En almenningur, sem nú verður að velta hverjum peningi fyrir sér áður en hann er greiddur, getur ekki gert það. Hann hlýtur að spyrja: Er ekki hægt að gera annað? Ég veit ekki til þess að skattur og þá allra síst söluskattur hafi verið færður niður, þegar hann er einu sinni kominn á, og að tala um að hér sé um að ræða aðeins bráðabirgðaúrræði til næstu áramóta, það þýðir ekki að segja mér. Það var aldrei meiningin að þetta stæði svona lengi, og það verða áreiðanlega komnar aðrar þarfir þá, sem verða leidd að rík rök að þurfi að uppfylla, og söluskattur verður ekki afnuminn. Sú verðlagshækkun, sem af samþykkt þessa frv. leiddi nú, mundi þess vegna verða varanleg, en ekki tímabundin og það vil ég undirstrika.

Það hefur nú verið boðið fram að framlengja þann 1% söluskatt, sem rennur til Viðlagasjóðs, til miðs árs 1976. Ég sé ekki annað en með því sé fyllilega séð fyrir greiðslum Viðlagasjóðs. Að vísu þarf að leysa tímabundinn greiðsluvanda á annan hátt, en fyrir endanlegum fjárþörfum Viðlagasjóðs er fyllilega séð með þeim hætti. Þessi leið er allt önnur en að fara nú að hækka söluskattinn til viðbótar um eitt stig, vegna þess að með því móti verður allt verðlag í landinu hækkað, en þó að þetta stig sem er verði látið vera áfram, þá hækkar verðlagið út af fyrir sig ekki af þeim sökum. Á þessu tvennu er reginmunur.

Hæstv. forsrh. tók fram í sinni framsöguræðu fyrir þessu máli, að það yrði séð fyrir því að hinir verst settu mundu fá bætta þá skerðingu, sem þetta 1% á söluskatt kynni að valda þeim. Hann talaði um í því sambandi, að það yrði nú senn sett fram frv. um nýjar launajöfnunarbætur og talaði þá um, að bætt yrði það sem umfram væri að framfærsluvísitala væri komin í 358 stig, upp í 375 stig, eins og hann orðaði það. Framfærsluvísitalan 1. febr. er 372 stig. Ekki veit ég hvort hér er um að ræða mismæli eða þá hitt, sem sennilega mun vera, að það sé búið að reikna inn í framfærsluvísitöluna áhrifin af hækkun söluskattsins um 1%, sem nemur sennilega eitthvað nálægt 3 stigum í framfærsluvísitölunni.

Um þetta vil ég aðeins segja það, að þegar hæstv. forsrh. talar um að bæta það sem umfram er 358 stig, þá eru það einvörðungu hugmyndir hans eða ríkisstj., hvernig ætlunin sé með málin að fara. Ég vil taka það mjög skýrt og greinilega fram, að þegar verkalýðshreyfingin fékk það ákvæði inn í brbl. frá því í haust um launajöfnunarbæturnar, að endurskoða skyldi þau mál þegar og ef framfærsluvísitalan færi í 358 stig, þá var ekki í hugum neinna okkar, sem vorum þar af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, að það ætti að bæta það sem væri fram yfir 358 stig. Sá leki, sem við vorum að setja undir, var að fá bætta þá hækkun sem yrði úr 342 stigum framfærsluvísitölunnar og í 358 eða meira, sem hún kynni að verða. Það var þetta bil sem auðvitað var haft í huga. En nú er talað um að láta falla niður hækkunina upp í 358 stig og greiða það sem fram yfir kynni að vera. Þá held ég að fari að verða ódýr lausnin á bótum fyrir þá verst settu, ef með þessum hætti á að bæta þeim upp það sem 1% hækkun söluskattsins veldur.

Það var lögð hér áðan áhersla á að innan veggja Alþ. yrði að ná samkomulagi til að leysa þessi mál. Ég vil mjög undirstrika, að það væri nauðsynlegt. Hins vegar geng ég ekki svo langt, að þeir, sem hér hafa töglin og hagldirnar og geta gert í raun og veru hvað sem þeir vilja, setji kostina og ætli að beygja alla aðra undir sína kosti. Ég mun ekki greiða þessu frv. atkv., ef þær brtt., sem komnar eru fram, verða felldar. Ég lýsi yfir andstöðu minni við hækkun söluskattsins um 1% og vil minna mjög alvarlega á þau mótmæli, sem miðstjórn Alþýðusambandsins og öll samninganefndin algjörlega einhuga tók í afstöðunni til þessa máls. Og ég verð að segja, að það er næsta furðulegt, að á sama tíma sem ríkisstj. stendur í viðræðum við verkalýðshreyfinguna um ráðstafanir sem mættu verða til þess að liðka fyrir að samningar tækjust milli verkalýðsfélaganna og samtaka atvinnurekanda, þá skuli þessi leið vera farin. Þar hefur komið mjög á dagskrá línan á þeim mjög svo þungu sköttum á almenningi, sem hljóta að verða á þessu ári, verða mjög þungbærir. Þar hefur í raun og veru ákaflega lítið komið fram. En með þessu frv. og öðrum þeim skattaálögum, sem þegar er búið að framkvæma, svo sem með hækkun á tóbaki og áfengi, með bensínhækkuninni, þar sem ríflegur hluti rennur beint í ríkissjóð, þá er búið að leggja á mun þyngri skatta en ríkisstj. hefur nokkurn tíma orðað við okkur að til mála gæti komið að gert yrði til þess að lina þá.

Þegar málum var svo komið, að augljóst var að átti að taka meira með annarri hendinni en gefið var með hinni, þá taldi samninganefnd verkalýðsfélaganna ekki ástæðu til að sitja lengur yfir þeim málum, þannig að allt hefur þetta orðið til þess, að þau mál eru nú sigld í strand. Það er engu líkara en að með alls konar ráðstöfunum ætli ríkisstj. nú að knýja fram — bókstaflega knýja fram aðgerðir sem verkalýðshreyfingunni er ekki ljúft að fara í á þessari stundu.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjh.- og viðskn. fyrir að taka til greina beiðni mína um endurskoðun á þessu frv., einkum ákvæði 6. gr., sem hljóðaði svo í frv.: „Ríkisstj. er heimilt í samráði við Síldarverksmiðjur ríkisins að selja Síldarvinnslunni á Norðfirði vélar og tæki úr þeim verksmiðjum Síldarverksmiðja ríkisins, sem ekki er fyrirsjáanleg þörf fyrir á næstunni, með mjög hagstæðum greiðslukjörum. Ríkisstj. ákveður verð og greiðsluskilmála. „N. leggur sem sagt til, að þessi grein falli niður, og ég þakka henni kærlega fyrir að hún skuli hafa flutt þessa brtt.

Enn fremur vil ég lýsa ánægju minni með hina nýju 6. gr., sem þarna kemur, sem hljóðar svo:

„Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt í samráði við stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu."

Ég tel þetta fullnægjandi afgreiðslu með tilliti til bóta vegna húsanna, sem eyðilögðust í snjóflóðinu á Siglufirði, og ítreka þakklæti mitt fyrir báðar þessar breytingar.

Vegna stórlega villandi ummæla hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar um laun búnaðarþingsfulltrúa vil ég upplýsa eftirfarandi:

Laun búnaðarþingsfulltrúa eru greidd af fjárveitingu til Búnaðarfélags Íslands, og það er að því leyti rétt að laun þeirra eru greidd úr ríkissjóði. En það er hins vegar fjarri lagi að telja, að þessi laun séu sömu og laun alþm. Þau eru ekki miðuð að neinu leyti við launakjör alþm. Þau eru ákvörðuð á hverju þingi, hverju búnaðarþingi fyrir sig, og fulltrúarnir ákveða launakjör sín. Ég vil til fróðleiks upplýsa þau launakjör sem giltu á síðasta búnaðarþingi, þ. e. a. s. búnaðarþinginu 1974. Þá var kaup fulltrúa, þ. e. dagpeningarnir, 1500 kr. á dag. Dvalarkostnað fengu þeir enn fremur greiddan, og húsnæði og fæði fengu þeir greitt og til þess fengu þeir 2 100 kr. á dag. Heildarkostnaður við búnaðarþing 1974 var 2 millj. 120 þús. Þar í eru innifalin

að sjálfsögðu laun þingfulltrúa og laun aðstoðarfólks sem þurfti að kaupa sérstaklega fyrir þinghaldið. Ferðakostnaður fulltrúa, útgáfa þingtíðinda, húsaleiga, sem sagt heildarkostnaðurinn var 2 millj. 120 þús. kr. Heildarkostnaðurinn á búnaðarþingi árið 1973 var 1 740 534 kr. Kostnaður við búnaðarþing þetta ár liggur að sjálfsögðu ekki fyrir, þar sem búnaðarþing er rétt að hefja störf, en ég get þó glatt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason og aðra þá hv. þm., sem kunna að telja þessar greiðslur eftir, með því, að þar mun sparnaður verða gætt og nú er t. d. stefnt að því að ljúka búnaðarþingi á hálfum mánuði í staðinn fyrir að undanfarin ár hefur það staðið í 3 vikur.

Ég vil svo að endingu leggja sérstaka áherslu á það, að ég tel að búnaðarþing sé mjög mikilvæg stofnun og þeim peningum, sem til þess þinghalds er varið, sé vel varið. Ég bendi á, að störf Alþ., afgreiðsla mála á Alþ. er vandaðri og betur undirbúin einmitt vegna starfs búnaðarþings, þar sem búnaðarþing fjallar m. a. um þau nýmæli sem uppi eru í landbúnaðarmálum á hverjum tíma.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það hefur aðeins verið vikið, bæði í umr. sem fóru fram hér s. l. þriðjudag um þetta mál og eins nú, að því samráði sem hæstv. ríkisstj. telur sig hafa haft við stjórnarandstöðu. Ég vil aðeins í upphafi víkja nokkrum orðum að þessu atriði.

Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að í janúarmánuði ræddi hæstv. forsrh. við formenn stjórnarandstöðuflokkanna og gaf í skyn hugmyndir sem ríkisstj. væri með. Síðan hefur þetta ekki verið rætt mér vitanlega við stjórnarandstöðuþm. fyrr en daginn áður en frv. er lagt hér fram á Alþ. Það er að vísu misjafnt og hlýtur að vera misjafnt kannske, hvað menn telja samráð. En slík málsmeðferð eins og hæstv. ríkisstj. hefur haft í þessu máli svo og öðru máli, sem nú er verið að ræða í hv. Ed., er ekki samráð sem ég tel líkeg til þess að komist verði að sameiginlegri niðurstöðu eða reynt verði að þoka málum í þá átt, að sem minnst beri á milli í endanlegri niðurstöðu. Ég get því tekið undir það, að samráð í þeim skilningi, sem ég legg í það orð, hafa ekki verið höfð við stjórnarandstöðuna.

Það kom einnig fram í umr. hér s. l. þriðjudag, að hv. þm. sumir hverjir vörpuðu því á milli sín, hverjir væru að bregðast loforðum, svíkjast undan merkjum og þar fram eftir götum varðandi þetta mál. Ég vil taka það skýrt fram, að því er okkur áhrærir, að við erum ekki að svíkjast undan því sem við töldum, eins og aðrir stjórnmálaflokkar, að það bæri að bæta norðfirðingum það tjón, sem þar átti sér stað, á sama hátt og gert var vegna tjónanna í Vestmannaeyjum. En við erum ekki þar með að segja, að við ætlum endanlega að fylgja þeim till. eða þeim leiðum sem hæstv. ríkisstj. hefur valið til þess að þetta verði hægt að gera. Við áskiljum okkur rétt til þess að benda á aðrar leiðir, sem við teljum affarasælli og koma réttlátar niður gagnvart öllum almenningi í landinu heldur en þær, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur valið. Það er um það sem deilan stendur. Það er spurning um val á leiðum til þess að bæta það tjón, sem átti sér stað á Norðfirði, og til þess að standa við skuldbindingar, sem Viðlagasjóður hefur á sig tekið gagnvart tjóninu í Vestmannaeyjum. Það er engin spurning um hitt, það eru allir um það sammála að bæta á sama hátt tjón í Norðfirði eins og var gert í Vestmannaeyjum að því er varðar Norðfjarðarbúa. Hitt gæti verið spurning, og það vil ég að komi hér fram, hvort það er réttlætanlegt að skattleggja allan almenning í landinu, elli- og örorkulífeyrisþega jafnt sem aðra, til þess að bæta tjón sem orðið hefur, t. d. hjá olíufélögunum, sem að mínu áliti eru gróðafyrirtæki og eiga að bera sjálf þau tjón sem þau verða fyrir í sambandi við slíkt. Það er spurning í mínum huga, hvort það er réttlætanlegt að leggja stórkostlegar álögur á allan almenning í landinu til þess að bæta slíkum aðilum tjón. Ég hygg, að það verði margur hinn almenni kjósandi í landinu og almenningur almennt, sem verður mér sammála um að vafamál sé, hvort þetta sé réttlætanlegt. Um hitt eru allir sammála, að því er Neskaupstaðarbúa sjálfa varðar og það tjón sem varð á mannvirkjum þar.

Það kom fram hér í umr. s. l. þriðjudag, að Samtökin eru andvíg því að hækka nú söluskatt um 1% frá því sem hann er nú. Ég veit ekki til að neinn hafi verið því andvígur eða haft uppi andóf gegn því að framlengja það söluskattsstig sem hefur runnið til Viðlagasjóðs. En hinu eru menn andvígir, að í því ástandi sem nú ríkir í þjóðfélaginu, kaupgjald er bundið, þrýst hefur verið niður á lægsta stig launakjörum hjá láglaunafólki og öllum almenningi, þá eru menn andvígir því að bæta álögum á þetta fólk. Það má vera, að þeim einstaklingum í þjóðfélaginu, hvort sem er á Alþ. eða annars staðar, sem eru á tvöföldum topplaunum í starfi, þyki lítið muna um 1 söluskattsstig til hækkunar frá því sem nú er. En þann, sem er á elli- eða örorkulífeyrisbótum, eða þann láglaunamann, sem hefur ekki nema 40 þús. kr. mánaðartekjur, munar um að bæta 1 söluskattsstigi við hvern einasta matarbita sem hann lætur ofan í sig. Það eru þessir aðilar, sem munar fyrst og fremst um það sem hér er verið að gera. Ef hæstv. ríkisstj. telur svo brýna nauðsyn til bera í leiðarvali sínu í þessum efnum, að hún telji sig knúna til þess að hækka söluskatt um 1 stig nú og þar með hækka verðlag á allri vöru og þjónustu í landinu til allra, þá hefði hæstv. ríkisstj. verið nær að líta í eigin barm. Það hefði verið nær, að nú hefði hæstv. ríkisstj. skorið upp það mein sem ríkir innan ríkiskerfisins sjálfs. Það hefði ekkert gert til, þó að það hefði verið byrjað á hæstv. ráðh., þm. og öðrum aðilum sem eru á hæstu launakjörum í þjóðfélaginu. Það hefði verið réttlætanlegra og það hefði verið hægt fyrir hæstv. ríkisstj. að fá meiri hljómgrunn fyrir hækkun söluskatts á öllum almenningi, hefði hún byrjað á toppunum og farið niður eftir, heldur en að höggva í sama knérunn og hún hefur gert allt frá upphafi sinnar valdatöku, þrýsta niður kjörum þeirra sem verst eru settir og lægst hafa launin. Það væri vissulega ástæða til þess fyrir hæstv. ríkisstj. og fyrir Alþ., í ástandi sem nú er ekki síst, að huga að eigin málum, byrja þar sem á að byrja, hjá þeim sem hafa mest, og hætta

þeirri vitleysu sem við hefur gengist og viðgengst enn í ríkiskerfinu, að borga mönnum laun fyrir störf sem þeir koma ekki nálægt svo að áraröðum skiptir. Á þessu á að byrja, og þá fyrst er hægt að ætlast til þess, að almenningur taki jákvætt undir þær hugmyndir eða þær till. sem núv. hæstv. ríkisstj. er hér að bera fram. Fyrr en þetta verður gert skal enginn ætlast til þess að almenningur í landinu sætti sig við endalausar álögur, jafnt á þá sem minnst hafa eins og hina sem mest hafa. Og það er þetta sem er spurningin. Við teljum, að hækkun söluskatts nú um 1 stig sé ranglát og ranglátust gagnvart þeim sem minnst hafa.

Það hefur verið sýnt fram á, að framlenging þess söluskattsstigs, sem hefur farið til Viðlagasjóðs, nægir fyrir bótagreiðslum að því er varðar Vestmannaeyjavandamálið og það vandamál sem upp kom á Norðfirði. Það, sem á milli ber, er um þá skuldasöfnun, sem Viðlagasjóður hefur, viðskiptaskuld við Seðlabankann. Ætti að vera hægt, ef vilji er fyrir hendi hjá ráðamönnum þjóðarinnar og hæstv. ríkisstj., að gera þær ráðstafanir, bæði að því er varðar samkomulag við viðskiptabankana um að brúa þetta bil til tiltölulega skamms tíma og með öðrum leiðum, eins og hér hefur verið bent á í umr. af okkar hálfu áður, t. d. með skyldusparnaði á hærri laun.

Það er því ekkert, sem komið hefur fram að því er þetta varðar, sem réttlætir 1 stigs hækkun á söluskatti eins og nú er ástatt, fyrir utan hitt, sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson kom inn á og snýr að verkalýðshreyfingunni í landinu á þeim tímum sem nú eru, þ. e. á tíma sem verkalýðshreyfingin í landinu stendur í samningagerð við atvinnurekendur og ríkisvald, þá skuli slíkum vinnubrögðum vera beitt, sem eru ekkert annað að mínu áliti og hefur komið berlega fram í áliti verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar að eru ekkert annað en ögrun við verkalýðshreyfinguna á þeim tímamótum sem hún stendur nú á, — ögrun, sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar. Það ætti hæstv. ríkisstj. að hugleiða áður en hún lemur hér í gegn það frv. sem hér er til umr.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég stend hér að brtt. ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, brtt. sem mér sýnist vera bitamunur, en ekki fjár samanborið við þá till. sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur lagt fram. Það er ekki meginmunur þar á, og ég fyrir mitt leyti tel að hvor sú leið sem yrði valin hefði fullnægt því, sem allir eru sammála um að á að gera, að standa við skuldbindingar Viðlagasjóðs gagnvart Vestmanneyingum og standa við það sem lofað hefur verið af öllum gagnvart því tjóni sem varð í Neskaupstað. Hvor þessara leiða sem yrði valin fullnægir þessu. En það, sem skilur í milli þessa og hins, sem ríkisstj. vill, er að með hækkun söluskatts er enn höggvið í sama knérunn og gert hefur verið af hálfu núv. ríkisstj., þ. e. að láta það bitna harðast á þeim sem minnst hafa og verst eru settir.

Ég hélt satt að segja, að menn gætu nú, eins og varð reyndin á í sambandi við Vestmannaeyjatjónið, orðið sammála um að fara sömu leið nú og þá var gert. En það er einmitt það sem lagt er til í sambandi við þá till. sem ég hef að staðið, nákvæmlega sama leið og allir stjórnmálaflokkar urðu sammála um að fara til þess að bregðast við vandanum sem upp kom í Vestmannaeyjum. Ég vona í lengstu lög, að hæstv. ríkisstj. sjái að sér, endurskoði þá afstöðu sem ég hygg að sé e. t. v. fyrst og fremst hjá hæstv. ráðh. sjálfum. Hinn óbreytti stjórnarliði margur hver gerir þetta sárnauðugur, ekki síst þeir sem hafa rætur til verkalýðshreyfingarinnar. Þeir hljóta að gera slíka hluti sárnauðugir, ef þeir láta hafa sig til þess að gera það. Og það væri öllum til sóma, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. endurskoðaði þessa einstrengingslegu afstöðu sína og féllist á til samkomulags að fara þær leiðir, sem hér hefur verið bent á.

Fari svo í úrskurði hæstv. forseta um hvernig þessi mál koma hér til atkv., þá vil ég lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að verði till. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar borin upp á undan þeirri, sem ég stend að, þá mun ég greiða henni atkv. En ég undirstrika það enn á ný, ég mun greiða atkv. gegn þeim hugmyndum og þeim till., sem ríkisstj. nú stendur að og leggur hér fram, að því leyti að hækka söluskatt um heilt stig.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs í þessu máli, er aðallega sú að láta ánægju mína í ljós yfir því, að hér er flutt brt. á þskj 315, þ. e. breyting við 6. gr. Í okkar landi hafa orðið tjón á mörgum stöðum á þessum vetri. Það eru ekki aðeins snjóflóðin, það eru einnig tjón vegna foks. Ég veit að hv. alþm. kannast við tjónin undir Eyjafjöllum, bæði Austur- og Vestur-Eyjafjöllum. Á mörgum bæjum varð stórtjón, margra millj., ef ekki tugmillj. Sumir bændurnir voru það heppnir að þeir höfðu tryggt sig fyrir slíku tjóni, en aðrir ekki. Það mætti ætla að Bjargráðasjóður gæti staðið undir bótum af þessum tjónum. Ég hef talað við forstjóra þess sjóðs, og hann taldi að sjóðurinn hefði nú nokkur fjárráð vegna þess að síðustu árin hafa ekki verið harðindi eða miklar tjónabætur af öðrum ástæðum, eins og var á tímabili. Sjóðurinn hefur eigi að síður alltof takmörkuð fjárráð og hefur aðstoðað með því að veita vaxtalaus lán, en ekki óafturkræf framlög.

Það fer vel á því, eins og stendur í þessari till., að Viðlagasjóði sé heimilað að bæta tjón annars staðar á landinu í samráði við Bjargráðasjóð. Er ég þá sannfærður um, að eyfellingar fá tjónabætur eins og þeim ber í samræmi við aðra, sem hafa orðið fyrir tjónum víðs vegar um landið. Það, sem þarf að gera, er að hafa samræmi í tjónabótum hvar sem er. Það er nú orðið svo, að þjóðfélaginu finnst orðið skylda að bæta tjón hvar sem þau verða. Sem betur fer hafa tjón vegna náttúruhamfara sjaldan eða aldrei orðið eins mikil og í Vestmannaeyjum og sjaldan eins mikil og á Norðfirði í vetur. Tjón verða öðru hverju víðs vegar um landið og enginn veit hver verður næst fyrir tjóni vegna náttúruhamfara. Þess vegna þykir sjálfsagt, að þjóðfélagið sé í samábyrgð fyrir slíku, og það er í samræmi við okkar stjórnarfar og uppbyggingu þjóðfélagsins. Þess vegna var það ánægjulegt þegar Viðlagasjóður var stofnaður og allir voru sammála.

Nú eru menn ekki alveg sammála um hvernig eigi að afla fjár til þess að bæta tjónið á Norðfirði og til þess að bæta tjónið að fullu í Vestmannaeyjum, því að þar hefur lokauppgjör ekki enn farið fram og þar er mikið eftir óbætt. Það er áreiðanlega eftir að endurmeta ýmislegt í Vestmannaeyjum, bæði hjá einstaklingum og eins hjá bæjarfélaginu. Á þeim verðbólgutímum sem nú eru, þegar verðlagið hækkar um 100% á tveimur árum, eru þær hugmyndir, sem voru uppi í byrjun, orðnar úreltar, t. d. bætur vegna vatnsins í Vestmannaeyjum, rafmagns o. fl. framkvæmda. Það er einnig viðurkennt, að frystihúsin og fiskvinnslustöðvarnar í Vestmannaeyjum hafa orðið hart úti, og hefur verið talið nauðsynlegt að endurmeta það tjón, sem þær hafa orðið fyrir, bæði á eignum og rekstrarlega séð. Hefur verið unnið að því nú síðustu vikurnar að fá réttar niðurstöður.

Allir alþm. eru sammála um að standa við gefin fyrirheit og það er vitanlega mikils virði. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson segir á þskj. 316, með leyfi hæstv. forseta.

„Ég harma, að ríkisstj. skuli ekki hafa fengist til að fallast á hyggilegri leiðir til fjáröflunar fyrir Viðlagasjóð en raun er á, en tel hins vegar algerlega ábyrgðarlaust að taka þá afstöðu til afgreiðslu málsins sem Alþfl. hefur tekið og augljóslega mundi koma í veg fyrir að staðið yrði við þau fyrirheit sem vestmanneyingum og norðfirðingum hafa verið gefin."

Þetta er aðalatriði málsins, að það sé hægt að standa við gefin fyrirheit, og æskilegast væri þegar rætt er um þetta mál, að það væri ekki farið langt út fyrir málið, heldur rætt um lausnina á því, heppilegustu lausnina, og helst að menn létu brigslyrði falla niður við þessar umr., þar sem er um að ræða alveg sérstætt mál.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði hér áðan — ég veit ekki hvort hann heyrir — að í tíð viðreisnarstjórnarinnar hefði verkalýðnum verið sýndur sérstakur fjandskapur, og þótti honum nauðsynlegt að fullyrða það vegna ummæla hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. Ég minnist þess, að hv. þm. Eðvarð Sigurðsson hefur sagt, svo að ég heyrði og fleiri, að á þessum tíma hafi forsrh. Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson lagt sig fram um að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna. Það var farið viðurkenningarorðum um það, hvað þessir menn hefðu lagt sig fram um að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna og láta verkalýðinn njóta þess sem unnt væri og fá eins mikið og unnt væri af arði atvinnuveganna til sín. En þetta er annað mál, sem ekki á heima við þessa umr.

Hér er lagt til að hækka söluskattinn um 1 stig, og vissulega væri æskilegt að það væri hægt að afla fjárins með öðrum hætti. Það er vitanlega aldrei nein ánægja að hækka skatta, og það má segja að það muni alltaf um hvert stigið sem lagt er á, hvort sem það heitir söluskattur eða eitthvað annað. Ég tel að hæstv. ríkisstj. hafi nokkra afsökun þegar hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir, að ríkisstj. ætli að lækka útgjöld fjárl. um 2 500 —3 700 millj. Hvers vegna ætlar ríkisstj. að lækka fjárl.? Hún ætlar að gera það til þess að lækka skattana á þeim sem hafa lágar tekjur. Hún ætlar að gera það til þess að hækka tryggingabætur og ellilaun og til þess að koma til móts við þá sem verst eru settir. Mér finnst það vera nokkur afsökun þegar fyrir liggur yfirlýsing um að það eigi að lækka útgjöld fjárl. eins og mögulegt er. Þegar sagt er 2 500 millj. til 3 700 millj., þá held ég að sé ekki nokkur vafi á því, að það er stefnt að því að lækka útgjöldin eins og unnt er og láta það sem inn kemur koma í öðru formi til hagnaðar fyrir þá sem verst eru settir. Það er þess vegna sem bein útgjöld úr ríkissjóði til þess að bæta tjónið á Norðfirði eru ekki eins sjálfsögð og annars hefði verið. En það, sem skiptir máli, er að menn vilja bæta tjónið, og það verður vitanlega ekki gert nema fjármunir séu fyrir hendi.

Ég held nú satt að segja, að eins og menn eru sammála um að standa við gefin fyrirheit í þessu efni, þá hljóti alþm. einnig að vera sammála um að létta byrðarnar á þeim sem verst eru settir tekjulega séð. Að vísu er lagt til að hækka söluskatt um 1%. En verði aftur á móti lækkaðir skattar í öðru formi meira en þessu söluskattsstigi nemur, þá þarf ekki útkoman að verða þannig, að þeim, sem verst eru launaðir, verði íþyngt þótt eitt söluskattsstig verði lagt á. Ég held, að það sé ákaflega erfitt að fella þungan dóm yfir þessari till. hæstv. ríkisstj. fyrr en séð verður hvað kemur þarna á móti.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég gæti sagt eitthvað svipað og hv. 2. þm. Austf. sagði: Ef ekki koma fram heppilegri till. en felast í frv., þá greiði ég því atkv. Ég er sömu skoðunar og sá hv. þm., að það kemur ekki til mála annað en að standa við gefin fyrirheit um að bæta norðfirðingum á sama hátt og vestmanneyingum og öðrum þeim landsmönnum sem hafa orðið fyrir tjóni vegna náttúruhamfara.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Okkur alþm. er oft furðu ósýnt um að fjalla um mál af eðlilegri reisn og skilningi á þeim aðstæðum, sem eru tilefni umr. á þingi hverju sinni. Ég hygg, að við munum öll þá tilfinningu sem greip okkur þegar ótíðindin urðu á Norðfirði, þegar margir norðfirðingar létu lífið og mikil verðmæti eyðilögðust. Við gáfum þá það heit hér á Alþ., að við mundum sjá til þess að bætt yrði það tjón sem unnt væri að bæta með fjármunum. Ég held menn eigi að muna eftir þessum aðdraganda í umr. hér í dag. En mér virðist að sumir þeir, sem hér hafa talað, hafi ekki munað það. Þetta var tvímælalaust vilji allra alþm. í des. — allra alþm. — og þess vegna bar hæstv. ríkisstj. að sjálfsögðu að reyna að tryggja sem best samstöðu þm. um það, hvernig sú efnahagsaðstoð yrði veitt sem allir þm. sögðust vilja standa að. Ég tel ákaflega miður farið, að hæstv. ríkisstj. hefur brugðist þessu skyldu verki sínu. Hún hefur ekki haft neitt raunverulegt samband við stjórnarandstöðuna, heldur flutt frv. upp á sitt eindæmi og þannig komið stjórnarandstöðunni í vissan vanda. Það hafa komið fram till. frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, sem tvímælalaust eru þess eðlis að um þær væri hægt að ná fullri samstöðu hér á hinu háa Alþ., og ég held að sómi Alþ. yrði meiri ef menn hyrfu að því ráði. Það er enn hægt að gera

það, og ég tel að því fari mjög fjarri, að ríkisstj. væri að missa eitthvað af sóma sínum ef hún kæmi til móts við þetta sjónarmið, að Alþ. eigi að standa saman um aðgerðir af þessu tagi. Hæstv. forsrh. er því miður ekki viðstaddur hér, en ég vil engu að síður beina því til hans og bið þá menn að koma á framfæri við hann, að hann íhugi enn hvort hann geti ekki á það fallist að gera þær breyt. á þessu frv., sem leiði til þess að þm. standi hér saman.

En það var annað, sem var tilefni þess að ég kvaddi mér hljóðs áðan, og það var ræða sú sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason flutti og var með þvílíkum endemum, að hliðstæður eru ekki ákaflega margar, en þó vissulega til. Ég minnist þess, að við höfum áður staðið í þeim sporum hér á Alþ. að þurfa að takast á við óhemjulegan vanda af völdum náttúruhamfara, og þá á ég við jarðeldana í Vestmannaeyjum. Þáv. ríkisstj. vann að því ásamt embættismönnum sínum með eins skjótum hætti og hún gat að semja frv. til l. um ráðstafanir til að taka á hinum efnahagslega vanda sem leiddi af þessum ótíðindum. Ríkisstj. stóð algerlega saman um þetta frv. Frv. var borið undir Gylfa Þ. Gíslason þáv. form. Alþfl., og hann lýsti því yfir við ríkisstj. að hann væri algerlega sammála þessu frv. — algerlega sammála því. Svo gerðist það á seinustu stundu, að það kom í ljós að einn stuðningsmaður ríkisstj., Björn Jónsson, sem þá var þm., snerist gegn frv. Maður skyldi nú ætla að frv. ætti öruggt fylgi samt eftir yfirlýsingar hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar. En það var sannarlega ekki. Þegar hann frétti um þessa afstöðu Björns Jónssonar, sá hann að hægt var að nota jarðeldana í Vestmannaeyjum til þess að taka upp pólitíska refskák og þá hljóp hann frá öllum þeim loforðum sem hann hafði gefið, og síðan voru þessi ótíðindi gerð að tilefni ákaflega ósæmilegra pólitískra bragða hér á Alþ. og í hliðarsölum Alþ., tilrauna til þess að nota þessi ótíðindi til þess að fella ríkisstj. Í mínum huga hefur Alþ. sjaldan sett eins ofan og gerðist einmitt þessa daga þá, þegar slíkt tilefni var einnig notað til þess að leika pólitíska refskák.

Ríkisstj. tók þá ákvörðun að breyta frv. sínu stórlega til þess að ná um það fullri samstöðu, einnig stjórnarandstöðunnar, svo að hægt væri að samþykkja þessar aðgerðir einróma hér á Alþ. Þetta var gert, þó að þær aðgerðir væru því miður þess eðlis að þær náðu ekki þeim tilgangi sem hið upphaflega frv. hefði náð. Hið upphaflega frv. hafði í sér verðhjöðnunartill., en það, sem um var samið að lokum, voru verðbólguaðgerðir, og ég er hræddur um að við búum að því enn. Það er ekki á dagskrá, heldur er á dagskrá einmitt þetta, að hér skuli sitja á Alþ. menn sem eru þannig, hafa þannig síðferðilega innviði, að þeir geta notað atburði eins og þessa til þess að leika sína pólitísku refskák. Það er alveg ljóst, að á sama hátt ætlar Gylfi Þ. Gíslason að reyna að nota þetta mál, hvernig Alþ. afgr. aðstoð við Neskaupstað eftir snjóflóðin þar, nota það í pólitísku skyni, og sérstaklega á að reyna að beina atlögunni að okkur Alþb.-mönnum.

Við heyrðum þá ræðu sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hélt hér áðan. Þessi maður, sem staðið hefur á Alþingi að harkalegri árásum á lífskjör almennings, samningsrétt verkalýðsfélaganna og réttindi verkafólks en nokkur annar maður, hann leyfir sér að tala um hnefahögg í andlit verkalýðshreyfingarinnar og verkalýðsfjandsamlega afstöðu og þar fram eftir götunum. Þetta vekur að sjálfsögðu aðeins vorkunnsama kímni okkar sem þekkjum orðið feril þessa hv. þm. En þessi málflutningur er gjörsamlega ósæmilegur og tilraunir hans til þess að halda því fram, að hér sé um að ræða eitthvert ágreiningsefni innan Alþb., eru tilhæfulausar með öllu.

Alþb. í heild hefur marglýst yfir því, að það telur að hinar óbeinu álögur, sem hvíla á almenningi, séu orðnar allt of þungar. Þessar álögur hafa orðið þeim mun þunghærari í tíð núv. ríkisstj. sem þær hafa verið auknar til mikilla muna með tveimur gengislækkunum og ýmsum hliðstæðum aðgerðum, á sama tíma og bannað hefur verið að greiða vísitölubætur á kaup.

Við fluttum fyrir nokkrum dögum frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt. Flm. eru ég og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, en frv. er að sjálfsögðu flutt fyrir hönd Alþb. og um það er full samstaða í Alþb. Við leggjum þar til að öll matvæli, kaffi og te verði felld út úr grundvelli söluskattsins, að það verði hætt að taka söluskatt af matvælum. Nú vita allir, sem eitthvað þekkja ástandið í þjóðfélaginu, að það fólk sem hefur lægstar tekjur, þ. á m. aldrað fólk og öryrkjar, notar meginhluta tekna sinna til að kaupa einmitt mat, og það er till. okkar Alþb.-manna að þessi skattheimta verði felld niður eins og nú er ástatt. Um þetta er ekki neinn ágreiningur hjá okkur, um þetta er full samstaða. Þegar hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason heldur öðru fram, þá talar hann gegn betri vitund. Þá er hann að leika þann púka sem hann hefur leikið margsinnis þegar svipað hefur staðið á og ímyndað sér að hann muni fitna og fitna. En það hefur farið öðruvísi fyrir þessum hv. þm. Hann hefur ekki verið að fitna á undanförnum árum. Það fór svo í kosningunum á síðasta ári, að það munaði ekki nema u. þ. b. 600 atkv. að þessi hv. þm. tækist að hrekja allan flokk sinn út úr sölum Alþ. Og reynslan af stefnu þessa hv. þm. var sú, að hann sá sér þann kost vænstan eftir kosningar að hætta við formennsku í flokknum. En þetta mun að vísu ekki hrífa ákaflega mikið, vegna þess að allir vita að þessi hv. þm. fer með völdin þar engu að síður.

Við þm. Alþb. höfum sagt alveg skýrt, að við erum andvígir því að söluskattur verði hækkaður, og hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur flutt um það till. hvernig hægt sé að leysa þennan vanda eftir þeim meginlínum, sem ríkisstj. telur sig þurfa að fara, án þess að hækka söluskattinn. Ef hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason ímyndar sér nú, eins og hann ímyndaði sér eftir jarðeldana í Vestmannaeyjum, að hann geti notað tilefni af þessu tagi til að auka pólitíska frama sinn, þá skjátlast honum ákaflega mikið. Það eru ekki nema sárafáir af flokksbræðrum hans sem taka undir þá hugmynd, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason kom sjálfur á framfæri í blaði einu á Akureyri, að núv. ríkisstj. ætti að segja af sér, en mynda svo nýja ríkisstj. undir forsæti Gylfa Þ.

Gíslasonar, sem væri eini maðurinn sem hefði þekkingu, reynslu og hæfileika til að stjórna Íslandi.

Mér finnst trúðskapur af því tagi sem hv. þm. hefur gert sig sekan um hér í dag ekki sæmandi fyrir Alþ. Við getum ekki slitið í sundur, — eða ég get það a. m. k. ekki í huga mínum — þá tilfinningu, sem greip okkur í desembermánuði, og það mál, sem hér er verið að afgr. Ég vil lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég er algerlega andvígur þeirri gjaldheimtuaðferð sem í frv. felst, eins og kjaramálum er háttað nú á Íslandi. Ég tel einnig ástæðu til að harma það mjög, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki vilja fallast á leiðir til fjárhagsaðstoðar við Neskaupstað sem allir alþm. gætu fallist á, og ég vil ítreka það — ég sé að hæstv. forsrh. er kominn — að ég beindi til hans áðan þeim tilmælum hvort hann vildi ekki íhuga enn frekar að gera þær breyt. á þessu frv. sem leiddu til þess að allir alþm. gætu staðið saman um afgreiðslu þess. Ég held að hlutur forsrh. yrði meiri af því að fallast á slíka breyt., en ekki minni. En þó að ég sé andvígur þessu frv. og beini þessari áskorun til hæstv. forsrh., lít ég svo á, að ég hafi í desembermánuði gefið drengskaparheit um að taka þátt í að leysa þann þungbæra vanda, sem norðfirðingar hafa orðið fyrir, og sé ríkisstjórnarmeirihl. ekki til viðtals um neina aðra leið en þessa, sem ég tel þó ranga, þá mun ég engu að síður segja já við atkvgr. um frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er alltaf leiðinlegt að gera kunningja sínum ógreiða, þó að óviljandi sé. Ég verð að játa það, að mér finnst mjög leiðinlegt að ég hef átt þátt í því í þessum umr. að opinbera enn einu sinni hina miklu fáfræði hv. 9. þm. Reykv. í landbúnaðarmálum. Hann var hér að tala um stéttasamtökin og hann virtist líta svo á að Búnaðarfélag Íslands væri alveg sams konar aðili í þessum málum og t. d. Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna, Alþýðusambandið, Vinnuveitendasambandið o. s. frv. og þess vegna ætti búnaðarþing ekki frekar að fá ríkisstyrk til starfsemi sinnar heldur en þing þessara samtaka. Það er alger misskilningur hjá hv. þm. að Búnaðarfélag Íslands sé nokkuð skylt þessum samtökum. Bændur hafa önnur samtök, sem eru hliðstæð þessum samtökum, þ. e. Stéttarsamband bænda, og bændur kosta starfsemi þess að öllu leyti. Ríkið borgar ekki einn eyri til þess. Búnaðarfélag Íslands er allt annars konar félagsskapur. Búnaðarfélag Íslands eða búnðarsamtökin, eins og þessi hv. þm. ætti að vita, voru stofnuð til þess að annast alls konar fræðslustarfsemi á vegum bændastéttarinnar, beita sér fyrir aukinni ræktun og öðru þess háttar. Að því hefur Búnaðarfélag Íslands eingöngu unnið í seinni tíð. Það er af þessum ástæðum sem öll starfsemi Búnaðarfélags Íslands er kostuð af ríkisfé og þar af leiðandi búnaðarþing einnig. Til þess að taka hv. þm. í nokkra kennslustund og gera honum ljósara að hverju starf Búnaðarfélags Íslands beinist, þá ætla ég að lesa hér upp úr Ríkisreikningnum frá 1972, sundurliðun á þeirri starfsemi sem Búnaðarfélag Íslands hefur með höndum. Það er jarðrækt, garðyrkjumál, fóðurrækt, verkfæraráðunautur, nautgriprækt, sauðfjárrækt, hrossarækt, alifugla- og svínarækt, bygginga- og bútækni, fordagæsla, búnaðarhagfræðiráðunautur, Ráðningarstofa landbúnaðarins, búnaðarfræðsla, starfsemi búnaðarsambanda, landbúnaðarsýningar, bygging djúpfrystistöðva og Búreikningaskrifstofa. Þetta sýnir að starfsemi Búnaðarfélags Íslands beinist að allt öðrum verkefnum en stéttasambandanna. Það annast upplýsinga- og fræðslumál, búnaðarlöggjöf o. s. frv. Það er til að fjalla um þessi mál, sem búnaðarþing er kvatt saman, og það ræðir um þau. Það hefur sýnt sig, að þótt nokkur kostnaður hafi fylgt starfsemi búnaðarþings, þá hefur það borið mjög mikinn árangur í því að auka áhuga bænda á ræktunarbúskap, á bættum kynbótum og margs konar hagræðingu á sviði landbúnaðarins. Þess vegna er eðlilegt að ríkið standi undir kostnaði Búnaðarfélagsins og búnaðarþings.

Það er búið að nefna það hér af öðrum hv. þþm. hvað starfsemi búnaðarþings hefur kostað. Ég sé að árið 1972 hefur kostnaðurinn orðið 1½ millj. Það er áreiðanlegt, að búnaðarþingið borgar þessa fjármuni betur en flest annað sem ríkið ver fjármunum sínum til.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem þegar hefur komið fram í ræðum annarra þm., sérstaklega í máli hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, það sem ég hafði helst hugsað mér að fjalla um í sambandi við mál Viðlagasjóðs að þessu sinni, þá mun ég aðeins fara örfáum orðum um þær tekjur sem sjóðurinn hefur haft úr að spila.

Þegar eldgosið kom upp í Vestmannaeyjum voru sett lög um neyðarráðstafanir vegna þess. Viðlagasjóði voru ætlaðar tekjur, 2% af söluskattsstofni, hluti af útsvörum og fasteignasköttum, 160 millj. úr Atvinnuleysistryggingarsjóði og aðrar 160 úr ríkissjóði. Þessar tekjur voru síðan, aðeins hálfu ári eftir að eldgosinu lauk, skornar gjörsamlega niður, þannig að aðeins stóð eftir 1% af söluskattsstofni. Þegar þessi mál voru þá til umr. lá fyrir fjárhagsáætlun stjórnar Viðlagasjóðs og till. stjórnarinnar um það, að haldið yrði áfram að láta Viðlagasjóði í té 2% af söluskattsstofni, en stjórnin gat fyrir sitt leyti fallist á að hinar tekjurnar féllu niður ef þessi 2% héldu áfram. Stjórn sjóðsins taldi það nauðsynlegt til að geta staðið við þær skuldbindingar sem sjóðnum höfðu verið fengnar á hendur, og það hefur reyns rétt.

Við afgreiðslu þessara mála fyrir liðlega ári var hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason einmitt einn helsti forsprakki þeirra manna, sem lögðu áherslu á að svipta Viðlagasjóð þessum tekjum sínum og með þeim afleiðingum sem staða sjóðsins sýnir nú og hefur sýnt allt s. l. ár, með liðlega 1½ milljarð í yfirdrátt hjá Seðlabankanum, sem Seðlabankinn reiknar fulla vexti af, og eru vaxtagreiðslur til hans nú orðnar nokkur hundruð millj. samtals. Þá voru fáar raddir hér í þingsalnum sem mæltu á móti því að tekjur sjóðsins væru rýrðar svo sem raun bar vitni, og ég man ekki eftir því að nokkur þm. legði mér lið í þeirri baráttu á sínum tíma að velja hina leið-

ina og halda við 2%. Þetta var rétta leiðin, og ef hún hefði verið valin, þá væri Viðlagasjóður nú búinn að fá nægilega mikið fjármagn til sinna þarfa og þyrfti ekkert prósent af söluskatti, og þá þyrftum við ekki að vera að rífast um þessi mál á sama hátt og gert er nú.

Þar sem ég hef verið allan tímann í stjórn Viðlagasjóðs, ætti að vera manna best kunnugur hver fjárþörf sjóðsins er til að sinna sínum verkefnum, og nú þegar Norðfjarðarvandinn hefur bæst við, þá er mér ljóst að sjóðurinn þarf á auknum tekjum að halda. Þess vegna vil ég í lokin aðeins lýsa yfir því, að ég stend með því að söluskatturinn verði hækkaður um 1%, ef ekki verður hægt að finna leið sem allir alþm. geta sætt sig við.

Frsm. meiri hl. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að tala langt mál aftur um þetta frv. sem hér er til umr., en ég vil taka það fram að vandinn, sem við er að fást í þessum efnum, og sú erfiða staða í þessu máli stafar af því í fyrsta lagi, að Viðlagasjóður skuldar um s. l. áramót 1 547 millj. kr. í Seðlabankanum. Þessi skuld er óumsamin, þannig að í raun og veru er sjóðurinn í vanskilum, sem nema 1 547 millj. kr. um s. l. áramót. En á hitt ber að líta í öðru lagi, að sjóðurinn þarfnast mjög peninga á þessu ári til að geta staðið undir þeim tjónbótum, sem honum er ætlað að standa undir, og það vill svo til að í Neskaupstað er ákaflega þýðingarmikið að dómi heimamanna og raunar allra, sem til þekkja, að síldarverksmiðjan, sem eyðilagðist í snjóflóðunum miklu í des., verði byggð upp að nýju á þessu ári, þannig að hún verði tilbúin fyrir væntanlega loðnuvertíð á árinu 1976. Þess vegna er þessi staða að mörgu leyti óhæg og þýðingarmikið að afla fjár í Viðlagasjóð til þess að hann geti sinnt verkefnum sínum truflunarlaust.

Það er alveg rétt, sem hefur komið fram hjá sumum hv. þm., að það er út af fyrir sig ekkert skemmtiverk að standa að því að leggja söluskatt á vörur eins og nú er ástatt. En á hitt ber að líta í fyrsta lagi, að þetta hefur verið gert áður, þegar eldgosið í Vestmannaeyjum varð. Þá náðist samstaða um að leggja á 2 söluskattsstig á árinu 1973 til þess að standa undir greiðslu tjónbóta vegna tjónsins í Vestmannaeyjum, þannig að hér er raunverulega farið troðna slóð. Í báðum tilfellum er um það að ræða að þessari skattálagningu er eingöngu ætlað að vara um tiltekinn tíma í þessu tilfelli að falla niður við n. k. áramót.

Því hefur verið lýst yfir af hæstv. forsrh., að það sé stefna ríkisstj. að heildaráhrif efnahagsráðstafana hennar verði að hlífa þeim, sem lág laun og lægst laun hafa, og hafa verið boðaðar ráðstafanir í því sambandi, svo sem skattalækkanir, hækkun á bótum almannatrygginga, láglaunabætur áfram og síðan hefur verið talað um niðurskurð á ríkisútgjöldum. Ég vil þó segja það hér strax, að ég er ákaflega viðkvæmur fyrir því, ef skerða þarf fjárveitingar á fjárl. til opinberra framkvæmda úti um landsbyggðina á þessu ári, og tel ekki að til þess eigi að grípa nema í hreinu neyðarástandi, þar sem búið er að afgr. fjárl. fyrir árið eins og kunnugt er.

Varðandi þær till., sem hér liggja fyrir, þá gerði ég grein fyrir því í framsöguræðu minni, að staða Viðlagasjóðs mundi verða viðunandi ef sá háttur verður hafður á að leggja þessi 2 söluskattsstig á til áramóta n. k. Eins og ég sagði áður, var skuld Viðlagasjóðs við Seðlabankann í árslok 1974 1 547 millj. kr. Viðlagasjóður hefur gert um það greiðsluáætlun, að ef núverandi tekjustofn sjóðsins, 1% söluskattsstig, haldist áfram til miðs árs 1976 eða til 30.6., þá yrði staðan í árslok 1976 1 286 millj. kr. neikvæð.

Hér liggja fyrir tvær aðrar till. en þær, sem gerð er grein fyrir af hálfu meiri hl. fjh.- og viðskn. Það er annars vegar till. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og hins vegar till. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar og Karvels Pálmasonar. Mér sýnist, að staða Viðlagasjóðs í árslok 1975 með óbreyttum tekjustofni, þ. e. a. s. 1 prósentustigi söluskatts, mundi verða neikvæð um 1 662 millj. Ef farið yrði að till. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar mundi þessi staða verða neikvæð um 1 662 millj., að frádregnum 400 millj., sem hann gerir ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram. Þá mundi því staðan verða neikvæð um 1 262 millj. kr. Aftur á móti mundi staðan verða neikvæð um 1 162 millj., ef farið yrði að till. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar og Karvels Pálmasonar, en þeir leggja til að lagðar verði fram úr ríkissjóði 500 millj. kr. á þessu ári. Í báðum tilfellum yrði greiðslustaða sjóðsins áfram geysilega slæm.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að staða ríkissjóðs við Seðlabankann hefur verið afar slæm og versnandi, eins og kunnugt er. Það kemur fram í ritinu Úr þjóðarbúskapnum, sem Þjóðhagsstofnunin gefur út og er dags. 10. febr. 1975, að í heild hafi staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum versnað um 3 660 millj. kr. nettó á árinu 1974 samanborið við 1 200 millj. kr. versnun árið 1973. Þannig er alveg sýnilegt, að ekki er bætandi á þessa stöðu, þegar þar við bætist svo sú staðreynd að gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar er uppurinn.

Ef við lítum áfram á þessi dæmi og rekjum þau nokkuð áfram, þá liggur það fyrir að greiðslustaða Viðlagasjóðs 31.12. 1976 mundi verða 1 286 millj. kr. neikvæð, ef óbreyttur tekjustofn gilti, eins og ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni. Ef við lítum á till. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, þá sýnist mér að greiðslugeta Viðlagasjóðs í árslok 1976 yrði neikvæð um 826 millj., en aftur á móti ef litið er á till. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar og Karvels Pálmasonar mundi staðan verða neikvæð um 1 086 millj. Í báðum þessum tilfellum er lögð á Viðlagasjóð mjög slæm greiðslustaða, sem áreiðanlega mundi hafa þau áhrif að hann gæti ekki starfað, ég vil segja með eðlilegum hætti.

Hv. þm. Lúðvík Jósepsson gerði að vísu grein fyrir því í sinni ræðu áðan, að hann ætlaðist til þess að það yrði gerður samningur um það við Seðlabankann af hálfu Viðlagasjóðs, að hann

hlypi undir bagga í þessu sambandi á þann veg, að Viðlagasjóður gæti haft handbært fjármagn til að sinna sínum verkefnum. En það hefur komið fram hér í umr. áður og er ástæða til að endurtaka það, að staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum og gjaldeyrisstaðan er með þeim hætti, að það verður að teljast mjög varhugavert að leggja á Seðlabankann frekari byrðar en sýnilegt er að verða mundu ef þessum till. yrði fylgt.

Varðandi þá tillögugerð að skera niður ríkisútgjöld í því skyni að leggja fé í Viðlagasjóð, þá er þess að geta, eins og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir, að það eru uppi áform í því efni, veruleg áform, og þessar till. mundu auðvitað auka nauðsyn á slíkum niðurskurði ef þær væru samþ. Þá er raunar komið að því, sem verður áreiðanlega rætt um síðar meir, þegar verður farið að ræða um niðurskurð á ríkisútgjöldum, hvað eigi að skera niður og hvað ekki. Þá liggur það auðvitað ljóst fyrir, að þessar till., sem gera ráð fyrir, önnur 400 millj. kr. og hin 500 millj. kr. niðurskurði ríkisútgjalda, mundu bætast við þær fyrirætlanir sem þegar eru uppi í því efni.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni og leiði hjá mér að hefja deilur almennt um efnahagsmálin.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil fyrst víkja örfáum orðum að því, sem hv. 4. þm. Austurl. var að enda við að segja, þar sem hann gerði nokkra grein fyrir mismun á áhrifum þeirra till., sem ég hef flutt, á afkomu Viðlagasjóðs og þeirra till., sem felast í frv. ríkisstj. Það, sem hv. þm. sagði í þessum efnum, var í öllum aðalatriðum rétt að mínum dómi, en aðeins skorti þar á eitt atriði, sem mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram og ég vil þar bæta við.

Það er alveg ljóst, að sá er munur á till. mínum og þeim till., sem felast í frv., að staða Viðlagasjóðs um næstu áramót yrði lakari skv. mínum till. en skv. því sem felst í frv. Á þetta hafði ég einmitt minnst, þegar ég gerði grein fyrir till. mínum, og taldi að af þessum ástæðum þyrfti að reyna að tryggja það við Seðlabankann að hann veitti Viðlagasjóði á þessu ári og fram um næstu áramót nokkuð ríflegra yfirdráttarlán, sem síðan yrði greitt Seðlabankanum með þeim tekjustofnum sem felast í till. minni, en mundu ekki skilast inn sem tekjur fyrr en á fyrra helmingi næsta árs. Þegar þær tekjur eru komnar inn, á miðju ári 1976, á Viðlagasjóður að standa fyllilega eins vel gagnvart Seðlabankanum skv. mínum till. og yrði með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir. Þetta er munurinn. Ég tel fyrir mitt leyti, að hér sé til svo mikils að vinna, að losna við að hækka söluskattinn um 1 stig, að það eigi ekki að horfa í þann vanda, þó að Seðlabankinn þyrfti að þola það að fá minna greitt inn af skuld Viðlagasjóðs um næstu áramót sem nemur í kringum 400 millj. kr., þegar hann hefur það staðfest í lögum að þessa fjárhæð fær hann greidda á fyrri hluta næsta árs. Hér á ekki að þurfa að verða ágreiningur, sem byggist á fjárhagslegri stöðu Viðlagasjóðs, heldur er það eitthvað annað sem knýr á um að heldur sé farin sú leið, sem hér er valin. Það er ekki hægt að neita því, að það sé eðlilegt að upp í huga manna komi, að hugmyndin með því að fara frekar þá leið að hækka söluskattinn um 1 stig byggist á því, að þá muni vera handhægara að framlengja þetta skattstig áfram um næstu áramót, þegar því sé einu sinni á komið.

Eins og hér hefur komið skýrt fram, er málið flutt á þeim grundvelli að þetta söluskattsstig eigi aðeins að standa á þessu ári og ganga úr gildi um næstu áramót. Það er því skoðun mín að það sé fyllilega réttmætt og fært að fara þá leið, sem ég hef lagt til, og það geti ekki verið sá vandi að semja við Seðlabankann um aukinn yfirdrátt þennan stutta tíma að menn þurfi að setja það fyrir sig.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var fyrst og fremst sú einkennilega ræða, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason flutti hér, og ætti ég þó í rauninni hvorki að vera að eyða mínum tíma né annarra manna að elta ólar við slíka furðuræðu sem hann flutti hér og flytur hér allajafna nú í seinni tíð. Einu sinni var það svo, að mér fannst þessi hv. þm. vera sæmilega talnaglöggur, enda hefur hann tekið að sér að kenna talnafræði við Háskóla Íslands. En hann er orðinn einstakur ruglari í því að fara með tölur. Hann hleypur í einhverja talnahrúgu, þar sem hann grípur einhverja tölu, þvælir henni saman við aðrar tölur og fær venjulega út einhverja bölvaða vitleysu. Þetta gerðist núna á áberandi hátt. Það skýrist auðvitað allt með þeim mikla ákafa, sem kom fram hjá hv. þm. í því að reyna að koma höggi á mig í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, og svo auðvitað minn flokk. Það var aðalatriðið, þegar hann geystist nú í þessum efnum. Það var eitt m. a. sem hann sagði, að ég vildi tryggja Viðlagasjóði miklu meiri tekjur en nokkur þörf væri á, og reiknaði það auðvitað út og sagði að það munaði hvorki meira né minna en því, að ég vildi auka tekjur Viðlagasjóðs umfram það, sem þörf væri á, um yfir 800 millj. kr.

Nú eru þær till., sem hér liggja fyrir, svo einfaldar, að ég efast ekkert um að það er auðvelt að láta alla skilja þessa till. og einnig hv. þm. Gylfa Þ. Gíslason, þó að hann sé farinn að ruglast svona í talnafræðinni. Sjálfur stendur hann að till. um að Viðlagasjóður skuli halda einu söluskattsstigi í 12 mánuði. Það eru samkvæmt þeirri áætlun, sem hér liggur fyrir og er óumdeild, 960 millj. kr. Síðan leggur hann til að ríkissjóður leggi fram 500 millj. kr. Nú eru þarna bara á ferðinni tvær tölur, 960 millj. og 500 millj. Hvað er þetta mikið? Ætli það sjái ekki nokkurn vegin allir og hv. þm. einnig, hvað þetta muni gera mikið? 1 460 millj. En till. mín, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því að framlengja söluskattsstigið í 16 mánuði eða til júníloka á árinu 1976. Það gerir eftir nákvæmlega sama reikningi 1 280 millj. Auk þess legg ég til, að 400 millj. verði greiddar úr ríkissjóði. Þetta gerir samanlagt 1 680 millj., munur 220 millj kr. Ég hafði þegar rökstutt till. mína með því, að hún ætti að koma í staðinn fyrir till. þá sem felst í frv. og er lögð fram af hæstv.

ríkisstj., en hún telur að það þurfi að tryggja sjóðnum 1 600 millj., en mínar till. voru upp á 1 680 millj. sem áttu að koma nokkru seinna til sjóðsins.

Það er alveg ástæðulaust að hefja upp einhvern hamagang út af þessu, sérstaklega ef menn vissu til viðbótar, að þessi hv. þm. lýsti því yfir ásamt öðrum þm. Alþfl. á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. beggja þd. í gærmorgun, að Alþfl. væri reiðubúinn að framlengja þetta eina söluskattsstig — ekki fram á mitt ár, heldur út allt árið 1976. (Gripið fram í.) Nei, þetta kom afar skýrt fram hjá þeim báðum. Þá er auðvitað um það að ræða að tryggja Viðlagasjóði miklum mun meiri tekjur. En það passaði auðvitað ekki í það flogaveikikast sem hv. þm. stóð hér í þegar hann var að reyna að ná sér niðri á mér áðan og halda fram þessari vitleysu.

Auðvitað má hver maður sjá, að eðli málsins samkv. er það alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, að það er í rauninni enginn eðlismunur á till. minni og þeirri till., sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og Karvel Pálmason flytja hér. Það er aðeins minni háttar stigsmunur á þeim till. Þær miða báðar að því að losna við að hækka söluskattinn um eitt stig, en tryggja þó Viðlagasjóði ákveðnar tekjur, sem skakka ekki mikið frá þeirri áætlun sem fyrir liggur. Því er það, að hv. þm. Karvel Pálmason lýsti því yfir að hann mundi að sjálfsögðu greiða atkv. minni till. ef hún yrði borin upp á undan. Ég veit ekki, hvernig fer fyrir hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, þegar hann þarf að standa frammi fyrir slíku. Það passar auðvitað ekki við það kast sem hann var í þegar hann var að ráðast á mig fyrir mínar till. En ástæðan var sú, að hann þurfti að halda því hér fram, þrátt fyrir allt það sem fram hefur komið í þessu máli, að ég væri sérstakur tillögumaður þess að hækka söluskattinn, þó að ég hafi tekið skýrt fram og margendurtekið, svo oft að ég býst við því að hv. þm. sé farið að leiðast, — það líkist næstum stagli kennara í kennslustund að endurtaka þetta svo oft sem ég hef gert í mínum ræðum, — að ég tel mjög miður að velja þá leið til tekjuöflunar í þessu tilfelli að þurfa að hækka söluskattinn og hef farið fram á að leita ráða til að losna við það og reyna að ná samkomulagi á öðrum grundvelli. Allar mínar till. eru miðaðar við það, því að ég er á móti því að fara þessa leið. En eftir það að ég hef margsagt þetta og undirstrikað í mínum ræðum, þá kemur hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason og segir: Hans leið er söluskattshækkun, hann vill söluskattshækkun. — Þegar ég hef bent á að þetta sé varhugaverð stefna, þá kemur Gylfi auðvitað rétt á eftir og segir: Stefna hans er söluskattshækkun. — En eins og ég segi, þetta er mjög í samræmi við þau ræðuhöld sem þessi hv. þm. hefur haft hér í frammi í seinni tíð, að fara að endastingast á þennan hátt með þeim ágæta árangri sem hann hefur haft af slíkum ræðuflutningi, að hann er bráðum búinn að eyða Alþfl. upp til agna. Það sem sagt munaði ekki nema hársbreidd, að hann félli alveg út úr Alþ. við síðustu kosningar. Eflaust tekst hv. þm. með nokkrum svona ræðum til viðbótar að ljúka þessu hlutverki sínu í næstu kosningum, þannig að það þurfi ekki þar frekar um að binda.

Það er hins vegar rétt að undirstrika það, að á milli mín og hv. þm., þótt reynt sé að túlka málflutning hans á besta veg, er ágreiningur um eitt verulega mikilvægt atriði og það er lokaafgreiðslu málsins. Ég hef undirstrikað það, að fyrir mér er það höfuðatriði að standa við gefin fyrirheit við vestmanneyinga og norðfirðinga, sjá um að þeir fái þá fjármuni sem búið er hátíðlega að lýsa yfir að þeir skuli fá vegna sinna miklu tjóna. Ég hef sagt það, að ég tel mér skylt í þessum efnum að leita samkomulags við aðra um leiðir til þess að ná þessu marki. Ég get ekki ætlast til þess að ég fái einn að ráða leiðinni. Það er ósköp létt verk að segja t. d. við norðfirðinga í þessu tilfelli: Það er sjálfsagt að bæta ykkur tjónið, ég er með því að bæta ykkur tjónið, — lofa því hátíðlega og koma svo með einhverja till. um að bæta tjónið á þann veg, að maður er nokkurn veginn viss um að það verður ekki samþ. á Alþ., af því að það fæst enginn meiri hl. með því, jafnvel þó að sú leið gæti verið góð. Þeim verður ekki bætt það tjón, sem þeir hafa orðið fyrir, með slíkum yfirlýsingum.

Það var einmitt þetta sem gerðist, eins og ég hef minnst á hér áður, þegar vandamálið mikla kom upp eftir gosið í Vestmannaeyjum. Þá komu upp till. bæði frá mér og öðrum um það, hvernig skyldi afla fjár til að leysa vandann. Við í Alþb. vildum leysa þann fjárhagsvanda, sem þá kom upp, eftir öðrum leiðum. Stjórnarandstaðan vildi fara enn aðrar leiðir. Og ég hef bent á það í þessum umr., að við urðum að sætta okkur við það að reyna að ná samkomulagi, slá af okkar till. og samlaga þær á milli flokkanna og sameinast þannig um leið, sem við töldum eftir atvikum að ætti að duga, a. m. k. fyrst í stað, þó að margir teldu að það væri ólíklegt að sú leið, sem samið var um, dygði til fulls, eins og reynslan hefur líka sýnt að ekki varð.

Það, sem mér sýnist alveg augljóst á framkomu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, sem hefur talað hér fyrir Alþfl. og er reyndar farinn að tala hér fyrir hönd SF líka og margundirstrikar það, að hann tali fyrir þeirra hönd, rétt eins og þeir hefðu engan annan til þess að tala fyrir sig í þessari d., — mér sýnist að öll hans framkoma í þessu máli miðist við það eitt að segja: Ég vil bæta norðfirðingum og ég vil bæta vestmanneyingum tjónið, — en síðan leggur hann sig ekkert fram um það á neinn hátt að ná árangri í málinu. Hann úteys allri sinni orku í að reyna að ráðast á mig og bera mér á brýn kjördæmissjónarmið og þröng hreppasjónarmið, eins og hann hefur gert áður í sambandi við þetta mál.

Ég segi það, að þó að sú leið, sem lögð er til í þessu frv., sé mér ekki geðfelld og ég telji hana óheppilega þessa leið og hægt væri að fara aðra hagkvæmari leið, þá dettur mér ekki í hug að neita því, að hér sé um leið að ræða sem leysi vandann. Ég neita því ekki. Við fórum þessa leið í aðaltekjuöfluninni fyrir Vestmannaeyjar á sínum tíma, að hækka söluskatt. Og nú á síðasta ári var þetta eina leiðin sem farin

var, að framlengja söluskattsstigið. Þetta er því, eins og hér hefur verið sagt, að fara troðna slóð, að gera það sem áður hefur verið gert í hliðstæðu tilfelli.

En þó að ég sem sagt undirstriki það, að ég tel aðra leið heppilegri og það hefði átt að reyna að fara hana og ég hef unnið að því eins og ég hef getað að fá samkomulag um það, þá neita ég því ekki, að það verður fremur að fara þessa leið en að svíkja loforðið. Það er vegna þess, að falli mín till. og falli till. hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar og Karvels Pálmasonar, þá mun ég eigi að síður greiða frv. atkv. með þeirri margföldu yfirlýsingu, sem hér hefur komið fram frá minni hálfu, að ég er ekki ánægður með þá tekjuöflunarleið, sem valin er, og ég tel hana ekki heppilega. En fjármunir fást inn einnig eftir þessari leið á sama hátt og áður, og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefur sjálfur samþ. þessa sömu leið áður í sams konar tilfellum. En nú virðist vera svo, að honum sé nokkurn veginn sama um það, hvort vestmanneyingar fái loforðin uppfyllt eða ekki. Mikið má honum vera farið að förlast ef hann sér ekki, að afstaða hans í þessu máli verður ekki eingöngu túlkuð þannig, að hann hirði lítið um að standa við loforðin gagnvart norðfirðingum. Till. liggur þannig fyrir, að hann er að bregðast því, að vestmanneyingar fái það sem er margbúið að lofa þeim og stendur upp á opinbera aðila að greiða þeim og hefur staðið.

Ég læt mér svo í léttu rúmi liggja öll stóryrði hans um það, að með því að greiða endanlega atkv. með þessu frv. sem einu leiðinni til þess að hægt verði að standa við loforðin, fyrst aðrar leiðir hafa reynst lokaðar, gífuryrði hans um það, að með því sé ég að ráðast á verkalýðshreyfinguna og vega sérstaklega að henni. Það hefur engin áhrif á mig, þó að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason segi slíkt, og það hefur víst ekki áhrif á nokkurn einasta mann.

Ég vil svo aðeins bæta því við, m. a. vegna þeirrar gífurlegu skekkju, sem kom fram í talnarugli hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar, að sá fjárhagsvandi, sem við er að glíma hjá Viðlagasjóði, er auðvitað allt annar samkv. þeim gögnum, sem hér liggja fyrir, en hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefur viljað halda fram. Hér liggur það alveg skýrt fyrir, að ef tekjur Viðlagasjóðs, eins og þær eru núna, verða framlengdar óbreyttar, aðeins 1%, þá hækkar yfirdráttarskuld hans um næstu áramót, en lækkar ekki, og þar að auki er allur Norðfjarðarvandinn og ekkert fé til að mæta honum. Það er það, sem þær skýrslur segja sem hér liggja fyrir. Það er því ekki auðvelt að segja, að aðeins það að framlengja eitt stig leysi Vestmannaeyjavandann og Norðfjarðarvandann. Þannig er það ekki. Það þarf að framlengja eitt stig, ef um það er að ræða, um allmiklu lengri tíma og viðbótarfjármagn þarf þá einnig að koma til.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar, en aðeins ljúka máli mínu með því, af því að mér fannst það táknrænt um alla afstöðu Alþfl. í þessu máli, sem kom fram í Alþýðublaðinu nú í dag: Hækkun söluskattsstigsins, það er bara Norðfjarðarvandinn. Það er Norðfjarðardeildin, eins og þeir sögðu í Alþýðublaðinu. Það er sem sagt höfuðatriðið að reyna að mála það upp: Nú er verið að hækka söluskattinn um eitt prósentustig bara vegna Norðfjarðardeildarinnar. Þetta hefur greinilega skinið í gegnum allar umr. frá hálfu hv. þm., að hann hefur ekki mikinn hug á því að standa við þær skuldbindingar sem gefnar hafa verið hér, einnig til vestmanneyinga, en þar stendur miklu meira upp á heldur en í sambandi við Norðfjörð enda líka gert ráð fyrir því samkv. frv., að 68% af tekjunum renni til Vestmannaeyja, en aðeins 32% til Norðfjarðardeildarinnar.

Ég ætla, að afstaða mín hafi komið glögglega fram. Ég er andvígur því að þurfa að fara í söluskattshækkun, ég tel það ranga leið og óheppilega, hef því leitast við að fá menn til samkomulags um aðra leið. Hvað sem svo Gylfi og Alþýðublaðið segja um það, að söluskattsleiðin sé mín leið og ég vilji endilega söluskattshækkun, þá hef ég sagt það, að ég er á móti henni, hún er röng, hún er óheppileg. En mér er það svo mikið atriði, að staðið verði við gefin loforð, að ef ekki fæst samkomulag um annað, þá greiði ég frekar atkv. með frv. eins og það er, svo að hægt sé að standa við þau loforð sem gefin voru.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, því að ég hef áður lýst því yfir, að ég vil gjarnan stuðla að því og minn flokkur, að takist að afgreiða þetta mál í dag og enn fremur olíumálið, sem væntanlega kemur til d. frá hv. Ed. En það er ómögulegt annað en verja örfáum mínútum til að víkja að þeirri endemistölu, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson var að enda við að halda.

Hann byrjaði sína ræðu á því að tala um einstakt talnarugl af minni hálfu um Viðlagasjóð, ég hafði tekið þessa tölu úr þessari áttinni og hina töluna úr hinni áttinni og fengið tóma vitleysu út. Og hann endurtók, að það væri um talnarugl að ræða með fádæmum. (**LJós:** Þetta er rétt.) Jahá, nú skulum við sjá. Á eftir mér talaði flokksbróðir hv. þm., formaður Dagsbrúnar, Eðvarð Sigurðsson. Hann hefur haft aðgang að sömu gögnum og ég um málið, og hann hóf ræðu sína á því að segja, að það, sem ég hefði sagt um fjármál Viðlagasjóðs, væri rétt, hann hefði sömu upplýsingar og hefði engu við að bæta um það mál, að öðru leyti værum við ekki sammála. Ég tel því Lúðvík Jósepsson vera að skensa Eðvarð Sigurðsson, en ekki mig. Í raun og veru tel ég Eðvarð Sigurðsson alls ekki eiga það skilið að fá slíkar glósur frá formanni þingflokks síns.

Ég tek það ekkert alvarlega, þótt okkur Lúðvík Jósepssyni greini á um tölur, okkur hefur gert það fyrr, og hann hefur alltaf haft rangt fyrir sér. Ég er því vanur, verandi í öðrum flokki, að hann beri mér á brýn talnarugl og því um líkt. En að hann skuli ekki láta Eðvarð Sigurðsson í friði, það þykja mér mikil tíðindi. Hann á ekki skilinn neinn skæting af hálfu Lúðvíks Jósepssonar. Ég tek honum með mesta jafnaðargeði og blíðu, eins og fyrr. En að Eðvarð skuli sitja undir þessu og þurfa að sitja undir því, það þykir mér einum of langt gengið. (Gripið fram í.) Þm. skal fá svolítið meira en þetta, ofboðlítið meira en

þetta. Sem sagt, ég vísa því heim til föðurhúsanna, að það sé um nokkurt talnarugl að ræða. Hver einasta tala, sem ég fór með, var rétt, og í því sambandi fer eins og fyrri daginn Eðvarð Sigurðsson með réttara og sannara mál en Lúðvík Jósepsson, og kemur engum á óvart.

Sannleikurinn er sá, að þær till., sem við höfum flutt, annars vegar við hv. þm. Karvel Pálmason og Lúðvík Jósepsson sem aðaltill. okkar í málinu, eru mjög svipaðar. Það sýnir, að það er hægt að leysa mál Viðlagasjóðs, þ. e. a. s. vanda Vestmannaeyja og Norðfjarðar, á annan hátt en frv. gerir ráð fyrir. En hvers vegna skyldi þessi þm. annars flytja till. sem er svo að segja eins og till. okkar þm. Karvels Pálmasonar? (Gripið fram í.) Nei, en nú kemur framhaldið. Vill þm. aðeins reyna að halda sér, — hann talaði áðan um, að það væri eitthvert kast á mér, — en hvers konar kast er á honum núna? Ég er þó í ræðustólnum, en hann í sínum stól, og það er ég, sem á að tala, og hann á að þegja meðan ég tala. Það er það, sem ég bið hann um að gera, bið forseta að sjá um að hann geri meðan ég er í stólnum. Hann getur komið hingað á eftir ef hann vill.

Ég vek athygli á því aftur, að við flytjum till. sem gefa Viðlagasjóði nokkurn veginn sömu upphæð þegar á heildina er litið. M. ö. o.: það er hægt að bjarga hag Viðlagasjóðs, gera honum kleift að sinna Vestmannaeyjavandanum og Norðfjarðarvandanum með minni upphæð en frv. gerir ráð fyrir. Af hverju skyldi þm. flytja brtt., ef hann teldi að tölur frv. væru nauðsynlegar? Hann veit, að þær eru ekki nauðsynlegar. Hann veit, að frv. leggur meiri gjöld á almenning en þörf er til að leysa fjárhagsþörf Viðlagasjóðs. Um það ber till. hans vott. Annars trúir hann ekki á hana, annars setur hann fram falstillögu, till. sem hann sjálfur trúir ekki á. Þess vegna er það, sem okkur raunverulega greinir á um, hvað á að gera að till. okkar felldum. Minn flokkur og að því er ég hygg líka SF munum greiða till. hans atkv., af því að Viðlagasjóður þarf ekki meira en þær gera ráð fyrir. Ég vona líka, að allur þingflokkur Alþb. greiði till. okkar Karvels Pálmasonar atkv., af því að sjóðurinn þarf ekki meira en þær till. gera ráð fyrir. En svo kemur annar þáttur málsins: Hvað á að gera, þegar koma til atkv. till. sem gefa Viðlagasjóði meira en hann þarf, sem leggja meira á almenning heldur en þarf til að bæta bæði tjónið í Vestmannaeyjum og Norðfirði? Þarna skilur á milli feigs og ófeigs. Það er hér sem við segjum í Alþfl. og SF: Við greiðum atkv. á móti óþarfaálögum á almenning, óþarfaverðhækkunum, óþarfahækkun á söluskatti, sem ekki er nauðsyn á vegna Vestmannaeyja og Norðfjarðar. En þarna ætlar hv. þm. af einhverjum ástæðum — og er að reyna að kúga flokksbræður sína hvern um annan þveran til að fylgja sér í þessu máli — hann ætlar að samþykkja aukaálögur, sem hann undirstrikar að séu óþarfar álögur með því að flytja brtt. Væntanlega skilur ekki aðeins þm., heldur hvert barnaskólabarn í landinu, að þetta er svona. Af einhverjum annarlegum ástæðum ætlar þm. að samþykkja till., sem hann með tillöguflutningi sínum hefur undirstrikað að séu óþarfar, að séu ofálögur, og þar með gengur hann gegn stjórn Alþýðusambandsins, gegn samninganefndinni og gegn formanni Dagsbrúnar, sem talaði hér fyrir um það bil klukkutíma og lýsti andstöðu sinni við hækkun söluskattsins, sem Lúðvík Jósepsson og Magnús Kjartansson ætla að samþykkja a. m. k. Ég vona, að það verði ekki fleiri sem lendi á svo alvarlegum villigötum.

Ef hv. þm. endar með því að greiða atkv. með frv., sem hann sjálfur er búinn að reyna að sanna eða hefur tekist að sanna í raun og veru með tillöguflutningi sínum að sé óþarflega hátt, þá er till. sýndarmennska, þá er hún fullkomin sýndarmennska. Þá er það í raun og veru meining hans, hvað sem hann segir og hvað sem hann flytur, að samþykkja 2 stig og leggja óþarfar álögur á almenning. Hann heldur ræður með brtt. sinni, segist vera andvígur söluskatti en endar með því að hann segir: Svo ætla ég að samþykkja söluskattinn. — Hann er andvígur söluskatti í ræðu, en fylgjandi honum í atkvgr. Hann er á móti söluskatti þegar hann talar, en með honum þegar hann á að rétta upp höndina. Þetta er alveg kostulegt háttalag.

Ég ætla svo að víkja örfáum orðum að hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, sem sagðist gjarnan vilja kenna mér svolítið um landbúnaðarmál. Ég held satt að segja, að ég viti fullt eins mikið um landbúnaðarmál og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, enda kom það fram í því, sem hann sagði, því að hann virtist halda að Búnaðarfélag Íslands væri ríkisstofnun eins og þjóðkirkjan og þess vegna væri eðlilegt að ríkið borgaði kostnaðinn við Búnaðarfélagið. En ég ætla að hafa þetta mál stutt. Ég ætla bara að biðja hann um að fletta í registri lagasafnsins og vita, hvort hann finnur einhver lög um Búnaðarfélagið. Ef það væri, þá væri Búnaðarfélagið ríkisstofnun. Það eru engin lög til um Búnaðarfélagið og hafa aldrei verið sett. Búnaðarfélagið er frjáls samtök bænda, sem að vísu voru stofnuð á sínum tíma til að efla ræktun og efla menntun og þar fram eftir götunum, en þetta eru frjáls félagasamtök, sem ríkisvaldið hefur aldrei nokkurn tíma skipt sér af. Hitt er svo — (Gripið fram í.) Já, nú ætla ég einmitt að fara að segja það. En þeim hefur tekist að komast inn á fjárlög, tekist að láta ríkið borga allan kostnaðinn. (Gripið fram í.) Ja, undir viðreisn, já, já, gegn miklum mótmælum mínum. Þetta gerir gæfumuninn í málinu. Hvað sem hver segir, þá er Búnaðarfélag Íslands einkasamtök, sem eru stofnuð í ágætum tilgangi, og það breytir engu um það þó að Alþ. hafi tekið að sér að borga kostnaðinn við það. Það breytir engu í málinu. Það gerir jafnfráleitt að borga kostnaðinn við búnaðarþing og það væri að borga kostnaðinn við iðnþing. Iðnaðarmannafélögin voru líka stofnuð á sínum tíma í mjög svipuðum tilgangi og búnaðarfélögin. Þau voru stofnuð til þess að efla menntun iðnaðarmanna. Þau ráku iðnskóla á eigin kostnað í áratugi. Svo tók ríkið þátt í því. Nú hefur ríkið yfirtekið þann þátt fyrir örfáum árum. Iðnaðarmannafélagið er algerlega hliðstætt Búnaðarfélaginu í raun og veru, nema bara iðnaðarmenn hafa ekki verið jafn ýtnir og forustumenn Búnaðarfélagsins að koma öllum kostnaðinum yfir á ríkið, eins og forustunni í Búnaðarfélaginu hefur tekist. Hér opinberar ritstjóri Tímans fáfræði sína í landbúnaðarmálum á heldur

leiðinlegan máta. Og svo gerði flokksbróðir hans, Páll Pétursson, hv. þm., honum hroðalegan óleik að skýra frá því, hvernig þetta umdeilda kaup búnaðarþingsmanna er ákveðið. Hver skyldi ákveða það? Landbrh.? Nei, nei, hann er alveg saklaus af því. Fjmrh. er líka algerlega saklaus. Hverjir skyldu ákveða kaup búnaðarþingsfulltrúa? Þeir sjálfir. Þeir byrja hvert búnaðarþing á því að samþykkja, hvað kaupið þeirra skuli vera. Svo sendu þeir Matthíasi Á. Mathiesen reikninginn. Þetta kallar maður nú að vera flott og lifa flott og geta lifað rólegu og hóglátu lífi. En það er því aðeins að Búnaðarfélagið hefur verið með stjórn Framsfl. í áratugi. (Gripið fram í.) Já, já, það er alveg rétt, þetta er sama óstjórnin og er með þm., alveg sama, sem auðvitað ætti að breyta og flokkur minn hefur raunar lagt til að yrði breytt og að kjardómur ákvæði kaup þm. (**Gripið fram í: Kjaradómur á að ákveða kaup þm. frá 1962.**) Því miður held ég að þetta sé ekki rétt. Við skulum ekki blanda þessu inn í þetta mál. (**Forseti:** Mér finnst of mikið um framiköll í þessari ræðu. Þó að óneitanlega hafi þetta ræðuhald yfir sér allfjörlegan blæ, þá tefur það fundarhaldið nokkuð mikið ef mjög oft er kallað fram í, og ég bið þm. að gera svo vel að bíða þar til þessari ræðu er lokið.) Ég þakka forseta fyrir að fá að ljúka ræðu minni í næði. En ég skal vera mjög stuttorður úr þessu. Ég held að þetta sé nóg fyrir hv. þm. Þórarin Þórarinsson, ég þurfi ekki að eiga meira við hann, hann sé afgreiddur.

En svo ætla ég að enda á örfáum orðum til hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, og það skulu vera síðustu orð mín. Magnús Kjartansson skrifaði í morgun gegn hækkun á söluskatti í blað sitt Þjóðviljann. Hann hélt hér áðan langa ræðu og er þungbrýnn mjög og stórorður og talar gegn söluskatti. En síðan lýkur hann ræðunni með því að segja að hann ætli að greiða atkv. með hækkun á söluskatti. M. ö. o.: Magnús Kjartansson er búinn að láta Lúðvík Jósepsson, hv. þm., berja sig til hlýðni við atkvgr. Þetta er einhver aumasta frammistaða, sem ég man eftir hér á þingi í mörg ár. Ef hv. þm. Magnús Kjartansson hefur skrifað gegn söluskatti í morgun, talað gegn honum í dag og greitt svo gegn atkv. í kvöld, þá hefði þetta verið allt í lagi. Ef hann hefði sagt í Þjóðviljanum í morgun: Það á ekki að hækka söluskattinn, það er ranglátt, — og hefði sagt í dag: Það á ekki að hækka söluskattinn, það er ranglátt, — og greitt svo atkv. í kvöld í samræmi við skrif sín og tal, þá er ekkert við því að segja. En ég veit ekki hvaða orð ég á að nota yfir hitt, að byrja daginn á því að skrifa gegn söluskatti, að nota svo miðhluta dagsins til að tala gegn söluskatti og ætla síðan um kvöldið að samþ. söluskatt, — Það er andstyggilegt.

ATKVGR.

1.—4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 317,a felld með 25:10 atkv.
— 323,a felld með 26:9 atkv.
— 323,b felld með 27:9 atkv.
— 317,b felld með 27:9 atkv.

5. gr. samþ. með 31:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HES, IngJ, IG, JónasÁ, LárJ, LJós, MK, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, GHB, SigurlB, HeimH, SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, EKJ, FÞ, GS, GuðlG, GHG, GTh, GF, RH.

nei: GÞG, KP, MÓ, SighB, EðS.

4 þm. (JóhH, JSk, BGr, GilsG) fjarstaddir.

Brtt. 315,1 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 315,2 (6. gr. falli burt) samþ. með 37 shlj. atkv.

7.—8. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Neðri deild, 49. fundur.

Fimmtudaginn 27. febr., að loknum 48. fundi.

Ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði, frv. (þskj. 329). — 3. umr.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29:4 atkv. og afgr. til Ed.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 328). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., hefur gengið í gegnum hv. Ed. og tekið þar nokkrum breytingum. Þetta frv. á að koma í stað laga nr. 5 frá 1974 um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, en með þeim lögum var ákveðið að leggja 1% gjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 1960, um söluskatt, taka til.

1. gr. þessa frv. svarar til þessara laga og er algjörlega óbreytt frá þeim.

Í öðru lagi er svo 2. gr. og þær gr., sem henni fylgja og eiga að koma í staðinn fyrir og leysa af hólmi lög nr. 47 1974, um ráðstafanirnar, þ. e. a. s. hvernig því fé, sem inn kæmi, skyldi ráðstafað. Þessi gr., 2. gr., hefur tekið nokkrum breytingum í hv. Ed. frá því sem hún var í frv. þegar það var lagt fram, og vil ég biðja hv. þdm. að líta í því sambandi á þskj. 321. Þar er 2. gr. að finna eins og frá henni var gengið af hv. Ed.

Þar er í fyrsta lagi ákveðið, að tekjunum skuli ráðstafað þannig að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna, og greiðist á hvern íbúa, sem býr við olíuupphitun, 8 200 kr. Það var í upphaflega frv. 7 200 kr., en var breytt í Ed. í 8 200 kr.

Í öðru lagi er sú breyting gerð á þessum lið, síðustu málsgr. í a-lið, að upphaflega var gert ráð fyrir að styrkur þessi skyldi ekki greiddur til þeirra sem fá íbúðarhúsnæði sitt tengt við hitaveitu fyrir 29. febr. 1976. En eins og frá þessu var gengið í Ed. er síðasti málsliður b-liðar 2. gr. svo hljóðandi:

„Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur kemur til greiðslu.“

Þetta er í rauninni alveg í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur.

Samkvæmt því sem Ed. gekk frá b-lið 2. gr. á hann að orðast svo:

„Til að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu, þannig að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding.“

Þetta eru nokkru skýrari ákvæði en eru í lögunum, og er það sérstaklega síðasti málsl. sem þar kemur til.

Svo er gert ráð fyrir að c-liðurinn orðist svo:

„Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar gr.“

Í upphaflega c-liðnum var þetta svo: „Til Orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveituframkvæmda.“

Aðrar gr. frv. eru óbreyttar frá því sem var í upphaflega frv. Gerð var sú áætlun um þetta gjald, að það mundi á ársgrundvelli nema 960 millj. kr. Að því er talið er munu fara á ársgrundvelli nú í greiðslur til einstaklinga 600—750 millj., og til rafmagnsveitna er gert ráð fyrir, að greiðslan muni nema um 50 millj. Það er því væntanlega um nokkurn afgang þarna að ræða og hann á þá að fara í Orkusjóð til þeirra aðgerða sem þar greinir. Það eykur væntanlega allmikið við þá upphæð, sem þannig kynni að verða afgangs, að á árinu er gert ráð fyrir að fjölmenn svæði tengist hitaveitu og ættu því greiðslur á þessu ári, olíustyrkurinn til einstaklinga, að verða nokkru minni en á síðasta tímabili.

Það má segja, að í höfuðatriðum hafi menn verið sammála um þetta mál í hv. Ed., að því fráskildu, að menn greindi á um það hve mikið ætti að fara í olíustyrk til einstaklinga og hve mikið í Orkusjóð til þeirra aðgerða sem þar var um að tefla. Minni hl. hv. fjh.- og viðskn. Ed. lagði til, að í staðinn fyrir 8 200 kr. til einstaklings yrðu það 10 þús. kr. Hvernig svo sem menn vilja áætla bæði hvað söluskattsstigið gefur og hve margir muni tengjast hitaveitu á árinu, þá töldu þeir, sem að þeirri till. stóðu, að nokkur afgangur mundi verða, og lögðu þá einnig til, að sá afgangur yrði lagður í Orkusjóð til þeirra aðgerða sem þarna ræðir um. Það var því í raun og veru aðeins ágreiningur um þetta, hvort ætti að verja 10 þús. kr. til einstaklings í olíustyrk eða 8 200 kr., eins og þarna er um að tefla. Annars held ég að það sé rétt frá skýrt, að þó að menn létu uppi mismunandi hugleiðingar um málið, þá voru menn á einu máli þegar þetta lá fyrir.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Það er einfalt, hefur í raun og veru verið hér til meðferðar áður, þ. e. a. s. í fyrra. Þó að það sé í ofurlítið breyttri mynd, þá er hér um sama málið að tefla. Ég vona, að hv. fjh.- og viðskn. Nd. hafi fjallað um þetta mál eitthvað ásamt hliðstæðri n. í Ed., og það ætti að greiða fyrir því, að málið fái skjóta afgreiðslu hér í d. Ég tel samt einsýnt að þessu máli verði vísað til n. hér, en vil vinsamlegast fara fram á það við þá hv. n., að hún reyni að hraða störfum sínum svo sem hún frekast telur sér fært.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Áður en ég gef næsta ræðumanni orðið, vil ég vekja athygli hv. dm. á því, að verði 1. umr. um dagskrármálið lokið fyrir kvöldmatartíma og komist málið þá til n., verður ekki kvöldfundur, ella verður kvöldfundur haldinn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil strax við 1. umr. þessa máls segja hér nokkur orð og koma á framfæri athugasemdum mínum, ekki síst vegna þess að við eigum ekki fulltrúa í þeirri n. sem málið fer til og um það mun fjalla.

Það þarf ekki að endurtaka það hér, það hefur bæði verið svo oft sagt og almenningur í landingu fengið svo hatrammlega á því að kenna, að núv. stjórnarstefna hefur mjög svo þrýst á launakjör og afkomu alls almennings í landinu, og fyrir nokkrum mínútum var verið enn að auka þar á með samþykkt á hækkun söluskatts.

Það frv., sem hér er til umr., eins og það litur nú út fyrir að verða samþ., er þess eðlis, að það mun mjög auka á þá erfiðleika sem þeir einstaklingar hafa átt við að stríða í sambandi við kostnað vegna hitunar á íbúðarhúsum sínum þeir sem verða að búa við olíukyndingu. Hv. 4. þm. Reykv., stjórnmálaritstjóri Tímans og einn af æðstu mönnum innan Framsfl., skrifaði leiðara í blað sitt 26. febr. s. l., b. e. a. s í gær, leiðara, sem ber yfirskriftina: „Hve miklar byrðar þola heimilin.“ Í þessum leiðara er m. a. fyrst og fremst fjallað um þær kröfur sem uppi hafa verið um gjaldskrárhækkun hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur. Hv. 4. þm. Reykv. staðfestir í þessum leiðara að þær hækkanir, sem orðið hafa að undanförnu, eða þær hækkanir, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur annars vegar og Hitaveita Reykjavíkur hins vegar hafa fengið á s. l. ári, séu þess eðlis og það miklar að þær geti vel við unað, þar þurfi ekki meiru á að bæta. Hann dregur þar af þær niðurstöður, eins og fyrirsögnin ber reyndar vitni um, að þær byrðar, sem er búið að leggja á herðar þeirra sem standa undir heimilisrekstri hér í Reykjavík, séu nú þegar orðnar nógu miklar, á þær verði ekki bætandi. En ég er hissa á því um hv. 4. þm. Reykv., form. þingfl. Framsfl. og jafnmikils og hann er ráðandi í þeim flokki, þegar til þess er litið að Framsfl. hefur hvað mest gumað af byggðastefnu, að það skuli ekki vera vikið einu orði að þeim stórkostlega kostnaðarauka, sem fólk úti á landsbyggðinni hefur orðið að taka á sig vegna þeirra verðhækkana, sem orðið hafa á olíu frá því að lögin, sem voru samþ. hér á Alþ. á s. l. ári, að ég held rétt í apríl s. l., voru samþ. Það liggur nú fyrir, að kostnaður íbúa á hitaveitusvæðum er sem nemur 20% af þeim kostnaði sem þeir íbúar víðs vegar á landinu verða við að búa sem kynda hús sín með olíu.

Ég var einn þeirra, sem töldu þegar þessi lög voru sett á sínum tíma, að þá hefði þurft meira

fjármagn til að nota í þessum tilgangi, að létta greiðslubyrðar þeirra einstaklinga, sem hér eiga hlut að máli, vegna þess gífurlega þunga kostnaðar, sem þeir urðu og hafa orðið æ betur fyrir frá því að þetta var gert.

Nú er komið hér fram frv. frá hæstv. ríkisstj. þess eðlis að draga úr greiðslum frá því sem áður var gert. Það er talið að eitt söluskattsstig muni gefa á ársgrundvelli, eins og menn segja, um 1 000—1 100 millj. kr. Eins og frv. upphaflega leit út frá hæstv. ríkisstj. átti að taka af þessum 1 000—1 100 millj. kr. 400 millj. kr., — átti að taka af því, sem ella hefði ferið til niðurgreiðslu á olíusvæðunum, til þess — ja, hvað að gera við það? Það veit enginn enn, það átti að vera óráðstafað — ótiltekið í hvaða framkvæmdir það átti að fara. En sennilega hefur það átt að fara til þess að greiða eitthvað fyrir þeim fjárhagsörðugleikum, sem sagðir eru vera hér á Reykjavíkursvæðinu — hitaveitusvæði Reykjavíkur — til þess að útvíkka það svæði.

Þegar þær reglur, sem borgað er eftir, voru hér til umr. og samþ., þá voru þær mjög svo gagnrýndar af hálfu hv. þm. Sjálfstfl., — mjög svo gagnrýndar og þeim fundið allt til foráttu. Og ekki skal ég leyna því, að það er ýmislegt við þessar reglur sem er þess eðlis að mætti breyta. En eigi að síður, enn þá er gert ráð fyrir óbreyttum reglum, þ. e. a. s. það er greitt á einstakling. Og þegar er litið til þess, að hækkun á olíuverði frá því að lögin voru samþ. í apríl s. l. hefur orðið um kr. 8.50 á hvern einasta lítra af olíu, sem þeir íbúar víðs vegar um landið þurfa að borga fyrir olíu sem hita hús sín með olíukyndingu, þá verður að teljast furðulegt af hæstv. ríkisstj. að leggja nú til að óbreytt krónutala komi til með að gilda í þessum efnum og þar til viðbótar að klípa um 400 millj. kr. af þessu til annars konar ráðstöfunar.

Ég sagði áðan, að nú væri kostnaður á hitaveitusvæðinu talinn um 20% miðað við það sem upphitun kostar á olíusvæðunum. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa gert sér grein fyrir því, að það kostar íbúðareiganda í venjulegu íbúðarhúsnæði á olíusvæði á bilinu frá 15—20 þús. kr. á hverjum einasta mánuði að kynda íbúðarhús sitt, þ. e. sem næst helminginn af mánaðarkaupinu miðað við dagvinnutíma. Á sama tíma og þetta er staðreynd leggur hæstv. ríkisstj. fram á Alþ. frv. þess efnis að draga úr því sem hefur verið gert til þess að lækka þessa óskaplegu byrði sem fólk úti á landsbyggðinni hefur orðið að taka á sig. Ég þykist vita, að það yrði ekkert glæsilegt upplitið á íbúum hitaveitusvæðanna, ef þeir fengju á þriggja mánaða fresti reikning upp á um 60 þús. kr. vegna kostnaðar við upphitun íbúðarhúsnæðis síns. Miðað við það, að gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur t. d. væri hækkuð um 30% frá því sem hún er nú, þá væri það í kringum þriðjungur þess, sem nú kostar að kynda íbúðarhúsnæði á olíusvæðinu — um þriðjungur með 30% hækkun.

Það er því rétt, sem hv. 4. þm. Reykv., ritstjóri Tímans, segir, að það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því hvað stjórnvöld geta leyft sér að leggja á almenning í landinu. Hv. 4. þm. Reykv. talar hér auðvitað fyrst og fremst um hitaveitusvæðið. En ef honum þykir komið nóg af álögum á þá aðila, sem búa á hitaveitusvæðum, þá vil ég spyrja: Hvað þá um alla hina, sem búa utan þessara svæða og hafa orðið að taka á sig stórkostlegar hækkanir á við það, sem gerst hefur hér á þéttbýlissvæðinu, því svæði sem hitaveitan nær til.

Ég verð því að segja, að þessi stefna hæstv. ríkisstj. ber ekki þess vott, að það eigi að reyna að leiðrétta þá skekkju sem komin er í sambandi við aðstöðumun frá því sem var, þá skekkju sem hlýtur að leiða til sama ástands og var áður en fyrrv. ríkisstj. tók við völdum, þ. e. að fólk flykkist af þeim svæðum, sem verða að kynda hús með olíu, til þéttbýlissvæðanna hér á Suðvesturlandi, og verður því farið að öllum líkindum í sama farið og þá var.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að mér finnst furðulegt að þeir þm. stjórnarflokkanna, sem eru þm. þeirra landssvæða sem búa við þessi stórkostlega skertu greiðslukjör frá því sem áður var, skuli bjóða umbjóðendum sínum það að ætla að standa að slíkri lagasetningu. Ég tel það furðulegt. Ég fyrir mitt leyti tel, að með vinnubrögðum eins og hér er lagt til sé um beina aðför að dreifbýlisfólki að ræða, — aðför sem hlýtur að koma til með að verka í þá átt að það flýr unnvörpum frá þessum svæðum til höfuðborgarsvæðisins, á hitaveitusvæðin. Ég er ekkert hissa á því, þegar staðreyndir sýna að málum er svo komið, að það þarf helming tekna fyrirvinnu heimilis, miðað við dagvinnu, til þess bara að greiða kostnað af hitun íbúðarhúsnæðis.

Ég vil því strax við 1. umr. koma hér á framfæri skrifl. brtt. og geri það nú, til þess að hún komist til n. og fái þar skoðun, og eins og ég sagði áðan, geri þetta vegna þess að við eigum ekki fulltrúa í þeirri n. sem kemur til með að fjalla um málið. Brtt. mín er í fyrsta lagi við 1. gr., að á eftir orðunum „svo og um aðra framkvæmd“ bætist: Einnig skal á tímabilinu 1. mars 1975 til 29. febr. 1976 leggja 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna og skal því á sama hátt varið til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis. — Þó að orðið verði við þessari till. og hún yrði samþ., þá þyddi það þó ekki meiri kostnað á þá íbúa, sem búa við hitaveitukerfið, en rösklega þriðjung af því sem íbúar olíusvæðanna verða að borga. Ég tel því að slík till. eigi fyllsta rétt á sér til þess að reyna að minnka það mikla bil, sem orðið er nú milli þess kostnaðar sem er við húshitun á hitaveitusvæðum og hins vegar á olíusvæðum. Ef þetta yrði gert, mundi það þýða í reynd tekjur upp á 220—230 millj. kr.

Ef áfram yrði haldið á þeirri braut, sem mörkuð var þegar lögin voru samþ., að allt andvirði söluskattsstigsins, 1 000—1 100 millj., færi í niðurgreiðslu á olíu + 20% aukagjald á gjaldskrár á hitaveitusvæðum, þá mundu verða til ráðstöfunar um 1 200—1 300 millj. kr. til þessa. Þrátt fyrir það er það allt of stór baggi, sem þeir íbúar sem búa á olíusvæðunum verða að gjalda vegna þeirrar gífurlegu hækkunar sem átt hefur sér stað í sambandi við olíuverð. Hér er sem sagt um það að ræða að þeir, sem best eru settir,

komi til með að leggja ofurlítinn hluta af mörkum til þess að brúa þetta geigvænlega bil.

Í öðru lagi geri ég till. um að breyta 2. gr., þ. e. a-lið, í samræmi við það sem ég hef áður sagt, að sú tala, sem þar er núna eftir breyt., 8 200, var áður 7 200, hún falli niður og er þá meiningin að allt andvirði eins söluskattsstigs fari í að greiða niður olíu, og enn fremur að í stað orðanna „sem nemur 1½ styrk einstaklings“ komi: sem nemur tvöföldum styrk einstaklings. — Ég held að Alþ. geti ekki vikið sér undan því að gera leiðréttingu á því gífurlega vandamáli sem er hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og þeim sem fá bætur úr almannatryggingunum og hafa ekkert annað til lífsviðurværis, — Alþ. geti ekki skotið sér undan því að gera hér á leiðréttingu frá því sem nú er. Það er lágmark að mínu mati og auðvitað allt of lágt þó, að þessi styrkur verði hækkaður frá því að vera sem nemur 1½ styrk einstaklings í það að vera tvöfaldur. Það er allt of lágt. En ég fer þó ekki hærra og það væri vissulega skref í áttina til að koma til móts við það fólk, sem hefur engar tekjur aðrar en elli- og örorkulífeyri, — koma til móts við það í þeirri hörðu baráttu, sem það heyr til þess að geta staðið undir þessum gífurlega kostnaðarauka.

Þetta eru efnislega þær brtt. sem ég geri strax við 1. umr. til að koma þeim inn í umr. og til n. Það er í fyrsta lagi, að jafnframt því að lagt er 1 söluskattsstig á til þess að greiða niður olíuverð, sé lagt 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna og það verði notað í sama skyni, til þess að greiða niður olíuverð hjá þeim, sem við það þurfa að búa. Í öðru lagi, að sett verði út sú tala sem nú er í frv., og í þriðja lagi að styrkur til þeirra, sem langverst eru settir, þ. e. elli- og örorkulífeyrisþegar, verði hækkaður frá því að vera 1½ styrkur í að vera tvöfaldur.

Þessu vildi ég koma á framfæri strax við 1. umr. málsins hér í d. til þess, kannske ekki síst ef hv. dm. hafa ekki gert sér grein fyrir því, hvað hér er um geigvænlegt vandamál að ræða, — vandamál sem fjöldi heimila á þessum svæðum getur bókstaflega ekki undir risið. Það er alveg augljóst mál, að ef t. d. fyrirvinna heimilis með 40 þús. kr. mánaðarlaun á að borga helminginn af því, 20 þús. á mánuði, til þess bara að kynda upp íbúðarhúsnæði, þá getur enginn við það búið áfram. Ég vil því vænta þess, að hv. þm. geri sér ljósa þá geigvænlegu byrði, sem lögð er á þetta fólk, og snúist við vanda þessa fólks í þá átt að létta byrðina, en ekki þyngja hana eins og hæstv. ríkisstj. ætlar nú að gera.

Það er — mér liggur við að segja — furðuleg afstaða þeirra þm. dreifbýlisins, sem vita hvernig þessum málum er háttað, ef þeir sitja þegjandi og hljóðalaust undir að svo skuli nú vera snúið við blaði frá því sem áður var til ætlast. Ég tel þvert á móti, að það ætti að vera skýlaus skylda stjórnvalda, hverra sem eru, að gera ráðstafanir til þess að minnka verulega þennan geigvænlega kostnað þessa fólks, sem það hefur orðið að þola vegna hækkana á olíuverði. Það er vissulega mikil ábyrgð, sem þeir menn bera sem treysta sér til þess að rétta upp hönd með slíku óréttlæti eins og hér virðist ætla að eiga að líðast. Ég heiti því á alla þm., ekki bara þm. þeirra svæða sem ég er hér að höfða til, heldur og þingheim almennt, að gera sér grein fyrir þessu vandamáli, — vandamáli sem er svo stórt og svo þungur baggi á þessum einstaklingum úti á landi, að þeir fá ekki undir honum risið. Verður með einhverjum hætti að koma til liðs við þá til að létta þessa byrði.

Ef það er komið svo sem einn af forustumönnum núv. stjórnarflokka, hv. 4. þm. Reykv., heldur fram, að byrðar heimila hér í Reykjavík séu nú þegar orðnar allt of miklar, hvað þá um hina, sem verða að borga margfalt meira til þessara nauðsynjahluta, margfalt meira en reykvíkingar eða íbúar á hitaveitusvæði þurfa að gera? Hvað þá um þá alla? Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því hér í þinginu, að dreifbýlisþm. stjórnarliðsins leyfi sér að sýna umbjóðendum sínum slíkt miskunnarleysi — liggur mér við að segja — slíkt miskunnarleysi eða lítilsvirðingu, eins og það mundi sýna að standa að samþykkt þess frv. sem hér er nú til umr. Ég trúi því vart, að þeir geti horft framan í nokkurn af sínum umbjóðendum eftir að þeir hafa gert slíkt.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég vil fyrst beina því til hv. 5. þm. Vestf., sem var að ljúka máli sínu, að hann gæti sparað nokkrar mínútur í ræðuflutningi hér með brýningum eins og hann var með á landsbyggðarþm., eins og hann héldi að þeir hefðu gleymt því hvaðan þeir væru eða hvaða störfum þeir væru hér að gegna. Ég held satt að segja, að þeir í störfum sínum, bæði í þessum sal og í þingflokksherbergjum og í n., muni hvað þeir eiga hér að gera og hver skylda þeim hefur verið lögð á herðar.

Ég vil segja það í sambandi við frv., sem hér liggur fyrir til umr., að ég hef ekki verið alls kostar ánægður með það. Tilgangur þeirra laga, sem sett voru hér í fyrra, var að ætla 1 söluskattsstig til þess að jafna aðstöðumun varðandi hitunarkostnað íbúðarhúsnæðis. Þá gerðu sér allir grein fyrir því, að enda þótt þetta söluskattsstig væri tekið til að jafna slíkan kostnað, þá hrökk það skammt í raun og veru til þess að jöfnuður fengist í landinu. Í því frv., sem hér er til umr., er vikið frá þessum megintilgangi á þann hátt, að í l. er gert ráð fyrir því, að allt söluskattsstigið fari til þessa, beinnar niðurgreiðslu á olíukostnaðinum og greiðslu til rafmagnsveitnanna vegna framleiðslu þeirra á raforku til húshitunar. En hér er komið inn á 3. greiðsluliðinn, c-lið 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir að óákveðinn hluti af söluskattsstiginu verði látinn renna í Orkusjóð til framkvæmda, bæði varðandi hitaveitur og væntanlega skv. samþykkt Ed. einnig til raforkumála.

Þegar þetta vandamál er haft í huga og við lítum á þær tölur, sem upp hafa verið gefnar um hitunarkostnað í landinu á olíuhitunarsvæðunum annars vegar og hitaveitusvæðunum hins vegar, sjáum við fyrst um hve gífurlegan mun er að ræða. Þó vil ég segja það, að sá hitunarkostnaður, sem þar er gefinn upp á hvern einstakling, stenst ekki gagnvart ýmsum héruðum landsins, þar sem hitastig er — við skulum segja tveimur stigum undir landsmeðaltali, og í öðru lagi þar

sem íbúðarhúsnæði er svo háttað, að mikill hluti íbúðarhúsnæðis er mjög gamall og lítil endurnýjun hefur orðið síðan betri byggingarmáti kom til og betri einangrun.

Í fyrra var gert ráð fyrir að mismunurinn á einstakling væri um 9 000 kr., þ. e. a. s. að hitunin kostaði á einstakling 13 100 kr. á olíuhitunarsvæðunum, en aftur á hitaveitusvæðunum að meðaltali 4 100 kr. á hvern íbúa. Ef við miðuðum við nokkurn veginn meðalfjölskyldu, 4½ í fjölskyldu, væri mismunurinn á hitunarkostnaði fyrir slíka fjölskyldu 40 500 kr. s. l. ár. Nú hefur það gerst vegna hækkunar á olíu, að þessar tölur hafa breyst upp í 6 500 kr. á hitaveitusvæðum, en upp í 23 000 kr. á olíuhitunarsvæðunum. Þarna mundi þess vegna hitunarkostnaðarmismunur vera 74 250 kr. fyrir meðalfjölskyldu á ári, og jafnvel þó að við tækjum til greina væntanlega hækkun, þá yrði þessi mismunur eigi að síður um 67 þús. kr. á meðalfjölskyldu. Hér er um svo gífurlegan aðstöðumun að ræða, að það er ekki að ófyrirsynju að um það er talað af fólki, sem hefur e. t. v. verið að hugsa um að flytjast búferlum, að velja sér ekki aðra staði en þar sem hitaveita væri.

Það, sem mér þykir slæmt við frv. sem hér liggur fyrir, er það, að á sama tíma og þessi aðstaða hefur versnað á þennan hátt, eins og ég hef lýst, þá er ekki gert lengur ráð fyrir því, að allt söluskattsstigið fari beint til niðurgreiðslu á húshitun. Ég hef litið svo á og hefur verið um það rætt, að það væri eðlilegt að leggja á orkuskatt, sem sérstaklega yrði varið til þess að hraða hitaveituframkvæmdum og virkjunum, þar sem hitaveitur eru ekki fyrir hendi og þar sem jarðhiti er ekki fyrir hendi, til þess að hægt sé að hita upp íbúðarhúsnæði með raforku auk heita vatnsins. Ég var að gera mér vonir um að einhver slíkur skattur eða eitthvert slíkt gjald yrði lagt á, en um það hefur ekki náðst samkomulag, að því að mér skilst, eða a. m. k. liggja ekki fyrir till. varðandi það mál á þessu stigi. Mér þykir þess vegna ómaksins vert nú við 1. umr., áður en málinu verður vísað til n., að koma á framfæri þeirri hugmynd og raunar brtt., að því gjaldi, sem skv. c-liðnum ætti að verja til hitaveituframkvæmda og raforkuframkvæmda, verði fyrst og fremst varið til raforkuframkvæmda vegna húshitunar, og þá hef ég í huga þau svæði, þar sem jarðhiti er ekki fyrir hendi. Ég tel þetta vera eina réttlætanlega möguleikann á því að samþ. frv. eins og það liggur nú fyrir, og ég vil fagna því, að í meðförum Ed. hefur þetta þó þokast mjög í rétta átt.

Ég vil þó taka það fram varðandi ræðu hv. 5. þm. Vestf., að ég tel ekki að hann hafi farið þar alls kostar rétt með tölur. Ég held að söluskattsstigið sé innan við milljarð, og ég veit ekki betur en reiknað sé með að kostnaður við niðurgreiðslu á olíu verði um 800 millj., og ef 50 millj. koma til viðbótar til rafveitnanna, þá eru ekki eftir neinar 400 millj. Það væru í hæsta lagi 150 millj. Ef spáð er núna, eins og ég hef heyrt, að söluskattsstigið geri 960 millj., þá eru eftir 110 millj., en ekki 400 millj., þannig að það er tiltölulega minni fjárupphæð, sem þarna er um að tefla, en áður var. En ég tel það þýðingarmikið gagnvart því fólki, sem býr á þessum svæðum, að þessum peningum verði varið til þess að flýta fyrir því að það geti fengið húshitun með raforku, ef það fær hana ekki með jarðvarma.

Ég vil leyfa mér að leggja fram brtt. varðandi 2. gr., sem fellir niður ákvæðið um heitt vatn, að c-liður orðist þannig: „Til Orkusjóðs til að hraða raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað skv. a- og b-lið þessarar gr.“ Ég vil endurtaka það, að þá hef ég fyrst og fremst í huga að því verði varið til raforkuframkvæmda á þeim svæðum landsins, þar sem heitt vatn finnst ekki í jörðu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal verða stuttorður og það verður hægt að ljúka 1. umr. af minni hálfu nú um kvöldmatarleytið. En út af því sem hv. 4. þm. Vestf. sagði, þá er ekki alls kostar rétt hjá hv. þm. að það þurfi ekki að brýna þá stjórnarliða úr þingliði Vestfjarða til þess að standa á rétti umbjóðenda sinna þar. Hvað er verið að gera hér með c-liðnum, eins og hann var í frv. Það átti að klípa nokkur hundruð millj. af þeim styrk, sem m. a. kjósendur hv. þm. Gunnlaugs Finnssonar á Vestfj. hafa fengið greiddan allt til þessa, til þess að ráðstafa því í ótilteknar framkvæmdir, kannske til að ráðstafa því í þær framkvæmdir, sem við vildum fá í gegnum fjárl. og sumir Vestf.-þm. m. a. hv. þm. neituðu um til vatnsorkurannsókna á Vestfjörðum. Það er því ekki að ófyrirsynju, að ég ásamt fleirum brýni bæði þennan hv. þm. svo og aðra stjórnarliða til þess að gæta betur að hag umbjóðenda sinna á Vestfjörðum a. m. k. Það er ekki að ófyrirsynju.

Þá sagði hann að ég hefði hér farið rangt með tölur. Ég sagði, að skv. upphaflegri mynd frv. hefði verið gert ráð fyrir því að taka 400 millj. af því sem 1 söluskattsstig gæfi. Það eru upplýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf mér. Það er þá hann sem er að segja ósatt, að áliti hv. þm. Gunnlaugs Finnssonar, en ekki ég, og það verður hann að eiga við hann. Það stendur eigi að síður óhaggað, að það er talið að söluskattsstigið yfir heilt ár gefi 1 000—1 100 millj. kr., og það voru uppi hugmyndir um að það yrðu teknar um 400 millj. af því. Það voru hugmyndir a. m. k. ríkisstj., að eigin sögn hæstv. forsrh.

Ég endurtek það, sem ég sagði áðan, ég heiti a. m. k. á Vestfjarða þm. úr stjórnarliði, að þeir láti ekki troða svo á umbjóðendum sínum í þessu máli að lækka við þá þann styrk, sem þeir hafa fengið, þrátt fyrir stóraukinn kostnað vegna hækkunar á þeim tíma sem orðið hefur. Ég bíð og sé hvað setur við atkvgr. um þetta mál, hvernig þeir snúast þá við, hv. þm. stjórnarliðsins að vestan, eins og hv. 4. þm. Vestf., hvort hann er þess sinnis eins og ég, að það sé réttlætanlegt að leggja nokkurn skatt á þá, sem best eru settir, til þess að jafna þetta bil. Ég bíð meðan ég sé ekki, að hann sé til þess líklegur eða þangað til hann réttir upp höndina með till. minni. En þá skal ég láta hann njóta þess sannmælis, sem hann á þá skilið, svo og aðra, en fyrr ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjh- og viðskn. með 34 shlj. atkv.

Efri deild, 50. fundur.

Fimmtudaginn 27. febr., kl. 5.30 síðdegis.

Ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði, frv. (þskj. 329). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Frv. því til l., sem hér er lagt fram, er ætlað að mæta tvenns konar vanda, annars vegar að afla fjár til að standa straum af endurreisninni í Neskaupstað í kjölfar snjóflóðanna þar og hins vegar að afla Viðlagasjóði viðbótartekna, svo að sjóðurinn geti komist sómasamlega frá verkefnum sínum.

Gert er ráð fyrir því, að Viðlagasjóður annist bótagreiðslur og ákvörðun þeirra í sambandi við snjóflóðin í Neskaupstað, eins og ákveðið var þegar 30. des., þegar ríkisstj. fól sjóðnum til bráðabirgða að koma fram gagnvart yfirvöldum þar. Var gerð úttekt á tjóninu og hafa verkfræðingar og matsmenn sjóðsins nú áætlað útgjöld sjóðsins til þessara bóta um 500 millj. kr. Í aths. við frv. er gerð grein fyrir, hvernig þessi upphæð er sundurliðuð, og skal ég því ekki endurtaka það.

Frv. það, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir víkkun á hlutverki Viðlagasjóðs, sem samkv. gildandi lögum takmarkast við eldgosið í Vestmannaeyjum og afleiðingar þess. Hlutverk Norðfjarðardeildar Viðlagasjóðs, sem stofnað er til með frv. þessu, er þríþætt: 1. Að bæta tjón af völdum snjóflóðanna í Norðfirði. 2. Að greiða kostnað við björgun verðmæta og hreinsun rústa og athafnasvæða. 3. Að stuðla að endurbyggingu atvinnufyrirtækja sem eyðilögðust eða skemmdust í snjóflóðinu. Er gert ráð fyrir að stjórn Viðlagasjóðs hafi náið samband við bæjarstjórn Neskaupstaðar og aðra opinbera aðila sem um málefni norðfirðinga fjalla.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að sjóðnum verði aflað tekna til að standa straum af þessum útgjöldum með álagningu viðlagagjalds á söluskattsstofn. Hinn 28. febr. n. k. fellur úr gildi viðlagagjald á söluskattsstofn, sem innheimt hefur verið síðan 1. mars 1973. Gjald þetta var upphaflega 2%, eins og kunnugt er, en 1% frá 1. mars 1974. Var þá hinu prósentstiginu varið til niðurgreiðslu á olíu. Nú er ráðgert að framlengja viðlagagjald og leggja 2% á söluskattsstofn á tímabilinu frá 1. mars 1975 til 31. des. 1975.

Samkv. áætlunum þeim, sem frv. fylgja, er talið að tekjur Viðlagasjóðs af þessum 2 prósentustigum í 10 mánuði verði 1 600—1 700 millj. kr. Tekjurnar munu skiptast á milli deilda sjóðsins samkv. áætlaðri fjárþörf, þannig að 32% renni til Norðfjarðardeildar og 68% til Vestmannaeyjadeildar. Þá gildir sú regla sem fyrr, að hækkun á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýst af viðlagagjaldi á söluskatt, valdi ekki hækkun á kaupgreiðsluvísitölu.

Enn skortir Viðlagasjóð fé til að geta komist frá verkefnum sínum vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og afleiðingum þess. Áætlun sú um tekjur og gjöld Viðlagasjóðs, sem hér er lögð fram sem fskj. 2, sýnir að yfirdráttarskuld sjóðsins við Seðlabankann muni aukast enn á þessu ári og nema 1 600 millj. kr. í árslok, ef ekki koma til nýir tekjustofnar. Samkv. þessu mun staðan við Seðlabankann því versna um 65 millj. kr. á árinu 1975 eingöngu vegna tjónanna í Vestmannaeyjum, og er þar e. t. v. ekki allt tekið fram sem nauðsynlegt er, t. d. hærri upphæðir, sem fara til tekjubóta, en nú er ráðgert, svo að dæmi sé nefnt.

Hinn gífurlegi hallarekstur Viðlagasjóðs undanfarin tvö ár, sem fjármagnaður hefur verið með útstreymi úr Seðlabankanum, er einn frumþáttur þeirrar peningaþenslu og verðbólgu sem einkennt hefur tímabilið. Þessa þróun verður tafarlaust að stöðva og snúa við.

Hlutur Vestmannaeyjadeildar sjóðsins af tekjunum er áætlaður 1 100 millj. og er von til þess að sú fjárhæð dugi til að koma fjármálum Viðlagasjóðs á réttan kjöl. Verður þá skuld sjóðsins hjá Seðlabankanum í árslok um 740 millj. kr. í stað inn fyrir 1 600 millj. kr. Þá eru óinnheimtar 220 millj. kr. af tekjum sjóðsins af álögðu viðlagagjaldi, sem berast honum á fyrstu tveimur mánuðum ársins 1976.

Í upphafi næsta árs eru eignir Vestmannaeyjadeildar sjóðsins taldar munu verða 2 125 millj. kr. að meðtöldum óinnheimtum tekjum er áður var getið. Eftirstöðvar af ógreiddum skuldbindingum eru þá taldar 555 millj., en hætt er við að sú upphæð geti hækkað verulega. Hafa verður og hugfast, að ógreiddar skuldbindingar í lok þessa árs eru fyrst og fremst bætur til Vestmannaeyjakaupstaðar og verður greiðslum að mestu eða öllu lokið á árinu 1976. Á hinn bóginn er stærsti eignarliðurinn skuldabréf vegna sölu innfluttra húsa. Fæst andvirði þeirra ekki greitt nema á löngu árabili og síðustu greiðslur af skuldabréfum verða ekki inntar af hendi fyrr en eftir 25 ár. Annar stærsti liðurinn eru skuldabréfalán til sveitarfélaga, en þau eru almennt til 5 ára.

Af þessu má ráða, að beinn samanburður á eftirstöðvum eigna og skulda gefur ranga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins. Hins vegar er ljóst, að endanlega, þegar skuld sjóðsins hjá Seðlabankanum hefur verið greidd, sem verður væntanlega ekki fyrr en á árinu 1978 þrátt fyrir þennan tekjustofn, sem gert er ráð fyrir í frv., þá munu skuldlausar eignir sjóðsins í verðbréfum verða nokkrar. Gætu þær orðið hluti höfuðstóls varanlegs Viðlagasjóðs.

Þá vil ég geta þess, að í Nd. var sú breyting gerð á frv., að 6. gr. frv. var felld burt. Þar var gert ráð fyrir heimild til handa ríkisstj. í samráði við Síldarverksmiðjur ríkisins að selja vélar og tæki úr verksmiðjum Síldarverksmiðja ríkisins, sem ekki er fyrirsjáanlega þörf fyrir á næstunni. Þar sem ekki var útlit fyrir að heimild þessi yrði notuð, var gr. felld burt, en í stað hennar var sett inn ákvæði í 6. gr. frv. þess efnis, að Viðlagasjóði væri heimilt í samráði við Bjargráðasjóð að bæta tjón vegna náttúruhamfara annars staðar á landinu, en því miður er snjóflóðahætta víða. Hingað til hefur tjón vegna slíkra einstakra snjóflóða, sem ekki gera víðtækan óskunda, verið bætt með greiðslum úr tryggingum. En þegar um víðtækt tjón er að

ræða, er ekki hægt að búast við að tryggingar bæti slík tjón. Að vísu er nú sérstök n. á vegum trmrh. að starfi til þess að fjalla um með hvaða hætti megi kaupa tryggingar til þess að standa betur að vígi þegar slík tjón af náttúruhamförum verða eins og er tilefni þessa frv.

Þá vil ég láta það koma fram við þessa 1. umr. í Ed. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs, að eins prósentustigs hækkun á söluskatti er vitaskuld neyðarúrræði, en þó nauðsynlegt engu að síður til þess að standa við þá skuldbindingu sem allur þingheimur hefur tekist á hendur vegna Vestmannaeyjagossins og snjóflóðanna í Neskaupstað.

Ég vil, herra forseti, gera að till. minni að frv. þessu verði vísað til fjh.- og viðskn. þessarar d. og 2. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það frv., sem hér um ræðir, er af eðlilegum ástæðum hugstætt og höfuðtilgangi frv. er ég fyllilega samþykkur. Samkv. yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. nú í þinglok fyrir jólin skyldi tjónið vegna hinna hörmulegu atburða í Neskaupstað bætt eftir bestu getu, og við þá yfirlýsingu er hæstv. ríkisstj. að standa.

Vestmannaeyjavandinn er enn óleystur að hluta og það er ljóst, að til hvors tveggja er fjár þörf. Um aðferð til fjáröflunar og fyrirkomulag hefur orðið ágreiningur, sem skýrt hefur fram komið í hv. Nd. Ég vil segja það, að ég hefði fremur kosið þá leið, sem hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, gerði grein fyrir í Nd., að fjárins yrði aflað á lengri tíma. Ég tel þá þá leið um flest eðlilegri og réttlátari, þar sem allar nýjar viðbótarálögur á landslýðinn auka þann mikla vanda, sem við er að glíma í efnahagsmálum og ekki síst stjórnvöld setja upp sem hrikalegt vandamál, og skerða á vissan hátt kjör launafólks enn meir, en þó er ríkulega að gert og unnið af hálfu stjórnvalda. Þessi leið, sem farið var fram á, hefur ekki reynst njóta stuðnings hæstv. ríkisstj., heldur hefur þrátt fyrir tilraunir og vissan vilja ekki önnur leið fengist fram. Þar sem það er ljóst, hlýtur aðalatriðið að vera það, að tryggt sé að fjármagn fáist til bóta, tryggt sé að við fyrri skuldbindingar, sem hafa verið gefnar, verði staðið. Hér í Ed. verða eflaust gerðar tilraunir til að gera till. um fjármögnun nokkuð á annan veg, svipað og gert hefur verið í Nd. Það er líklega nokkuð hæpið, að þær leiðir fáist, og fáist þær ekki fram, þá styð ég frv. í þeirri mynd sem það er nú endanlega að þeim till. felldum.

Ofar öðru stendur það í minni vitund, að við gefin fyrirheit skuli staðið og tjónabætur verði á þann hátt sem framast mega verða og í mannlegu valdi stendur að bæta.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég kem ekki hér til þess að lýsa afstöðu minni til þessa frv. Ég mun, ef ég sé ástæðu til, gera það við 2. umr. eða atkvgr. Það eru aðeins upplýsingar um eitt atriði, sem ég vildi óska eftir.

Í þessu frv., eins og í frv. um niðurgreiðslu á olíuverði, er gengið út frá því að hvert söluskattsstig skili 960 millj. kr. í ríkissjóð á þessu ári. Þessi viðmiðun ber það með sér, að gert er ráð fyrir verulegri magnminnkun í söluskattskyldri veltu. Af því tilefni vil ég fara þess eindregið á leit við hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún afli upplýsinga um það, hve mikilli magnminnkun í prósentum er þá gert ráð fyrir í veltu miðað við s.l. ár, þegar því er slegið föstu að með verðlagi þessa árs skili söluskattsstigið 960 millj. kr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 51. fundur.

Föstudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði, frv. (þskj. 329, n. 333, 335 og 336, 334). — *2. umr.*

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Þetta frv. var tekið til meðferðar í fjh.- og viðskn. Ekki náðist samstaða um afgreiðslu málsins, en meiri hl., sem stendur að nál. á þskj. 335, leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Þessa ákvörðun ber að líta á sem staðfestingu á því loforði, sem á sínum tíma var gefið af hálfu hins opinbera, að staðið skyldi fullkomlega að því að bæta það tjón sem varð vegna hinna hörmulegu náttúruhamfara í Neskaupstað. Ég er ekki í efa um það, að það hefði öllum þótt æskilegast að ekki hefði komið til þess að þyrfti að leggja á sérstakan skatt vegna þessara greiðslna, en vegna þeirrar ríkjandi óvissu, sem er um alla fjárhagslega afkomu ríkissjóðs, og það liggur einnig fyrir að það þarf að endurskoða útgjöld ríkissjóðs til verulegrar lækkunar, þá þótti ekki fært annað en að tryggja fjármuni til þess að hægt væri að standa við það loforð, sem á sínum tíma var gefið um bætur til handa fólkinu, sem varð fyrir því mikla tjóni sem þarna varð.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Sem betur fer er enginn ágreiningur um það ríkjandi, hvernig brugðist skuli við af hálfu Alþ. vegna snjóflóða í Norðfirði. Aftur á móti er óneitanlega nokkur ágreiningur uppi um það, hvernig fjármuna skuli aflað til að standa straum af þeim kostnaði sem þar verður um að ræða. Frá því að þetta mál var fyrst rætt á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. beggja d. Alþ. höfum við Alþb.-menn lagt á það þunga áherslu, að reynt yrði að haga fjáröflun á þann veg að ekki þyrfti að leiða af því söluskattshækkun, og við höfum bent á að margar leiðir eru færar til þess að koma í veg fyrir að til þess neyðarúrræðis þurfi að grípa. Við höfum sem megintill. bent á að eðlilegast væri að ákveða nú, að söluskattsprósentan, sem runnið hefur í Viðlaga-

sjóð, yrði lögð á allt til 30 júní 1976 og mundi þá aðeins vanta um 400 millj. í Viðlagasjóð til þess að ná endum saman, og það teljum við eðlilegast að ríkissjóður leggi beint fram. Þar er að sjálfsögðu um óverulega fjármuni að ræða, eða aðeins um 0.8% af samanlögðum útgjöldum ríkissjóðs, og ætti ekki við þá endurskoðun á fjárl., sem nú stendur einmitt fyrir dyrum, bæði tekjuhlið fjárl. og útgjaldahlið þeirra, að reynast torvelt að leysa þann vanda og verður að sjálfsögðu að leysa.

Við höfum bent á að við þær aðstæður, sem nú eru ríkjandi í okkar þjóðfélagi, sé 1% söluskattur til viðbótar þeirri miklu hækkun á söluskatti, sem orðið hefur nú á einu ári, mjög óheppileg leið, bæði verðbólguhvetjandi og um leið til þess fallin að torvelda lausn þeirra kjaradeilna sem nú standa yfir og eru vist nógu torleystar þótt þetta bætist ekki við.

En það er skemmst af að segja, að á þessar hugmyndir okkar hefur ekki verið hlustað og ekkert tillit tekið til þeirra, og við afgreiðslu málsins úr Nd. voru allar till. okkar af þessu tagi felldar. Í fjh.- og viðskn. Ed. hef ég enn freistað þess að reyna að ná samkomulagi um þessa lausn málsins eða einhverja aðra lausn sem ekki fæli í sér hækkun söluskatts. Ég hef bent á að t. d. væri hugsanlegt að leysa þetta mál með því að nota það fé, sem á fjárl. er ætlað til lækkunar á tekjuskatti, en það eru 720 millj. En menn hafa ekki viljað fallast heldur á þá leið. Það liggur því fyrir að atkv. munu hér í d. falla endanlega um það, hvort valin verði sú leið, sem við höfum bent á ásamt Alþfl., þ. e. a. s. að leggja 1% viðlagagjald allt til 30. júní og taka síðan þær 400 millj. sem á vantar úr ríkissjóði, ellegar að hækka söluskatt um 1 stig. Þegar fyrir liggur hér í d. hvor leiðin hlýtur meiri hl., og ef niðurstaðan verður sú að okkar till. er felld, tel ég ekki stætt á því að ekki sé samt sem áður fundin lausn á því mikla vandamáli, sem norðfirðingar standa frammi fyrir. Ég mun því ekki treysta mér til að greiða atkv. gegn frv. sem slíku, þó að valin sé óskynsamleg og röng leið til fjáröflunar, heldur mun ég greiða frv. atkv. ef till. okkar Jóns Árm. Héðinssonar nær ekki fram að ganga.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram vilja allir að staðið sé við þau fyrirheit sem gefin voru er það óhapp, sem þjóðinni er kunnugt, henti á Neskaupstað, svo að um það er raunverulega ekki deilt að bjarga því sem bjargað verður og mannlegur máttur ræður yfir. En við deilum um þær leiðir, sem á að fara til þess að geta komið sem best til hjálpar.

Nú var það á sínum tíma svo, að þegar l. um Viðlagasjóð voru sett þótti réttmætt að leggja á 1% söluskattsstig sérstaklega til þess að mæta þeim vanda sem skapaðist í Vestmannaeyjum, en einnig þótti réttmætt að draga nokkuð úr ríkisútgjöldum um nokkur hundruð millj. kr., ef ég man rétt, 100—200 millj. a. m. k. Það hefur verið boðað núna að það eigi að draga úr ríkisútgjöldum, en eftir því sem ég veit best, þá neita þeir í hagsýslunni að þeir hafi nokkuð fengið um það að vita. Einnig neita fulltrúar hæstv. ríkisstj. í fjvn. að þeir hafi nokkuð fengið um málið að vita. Samt sem áður hefur hæstv. forsrh. látið hafa eftir sér í tölum talið, að það geti numið rúmum 3 milljörðum sem um er að ræða. Það væri þess vegna nokkuð fróðlegt að vita hvar á að höggva í fjárl. og búa til þetta svigrúm. Ég vona að þessar tölur séu aðeins meira en sá talnaleikur sem hafður var í frammi í fyrravetur, þegar fram komu till. af hálfu núv. hæstv. fjmrh. og annars núv. ráðh. um að vinstri stjórnin skyldi þá lækka fjárl. um 4.6 milljarða, miðað við núv. fjármagnshreyfingu ættu það að vera um 7 milljarðar, en aldrei sáum við neinar raunhæfar till. í því efni. Ég vil þess vegna fara að heyra eitthvað kringum þann talnaleik meira en bara að það eigi að gera hlutina, heldur leggja eitthvað á borðið, þegar þeir menn, sem hingað til hafa fjallað um fjárveitingar og tillögugerð fyrir Alþ. og fjvn., segja mér enn þá í svari við persónulegum spurningum, að þeir viti ekkert um málið — alls ekki neitt. Þetta finnst mér ekki nógu góð latína, ef svo má segja.

Það, sem ég harma, miðað við stefnuræðu hæstv. ríkisstj., er að hún skuli telja sig knúna til þess að leggja nú á viðbótarsöluskattsstig. Hvort sem það gerir meira eða minna en einn milljarð eða ekki, þá eykur það skattheimtu á almenning og skapar einnig verðbólgu. Við erum tilbúnir, eins og fram hefur komið í Alþfl. og Alþb. einnig, að framlengja gildandi lög a. m. k. til miðs árs 1976, og persónulega gæti ég vel framlengt þau út árið, ef ég réði einhverjum úrslitum, til þess að tryggja að Viðlagasjóður hefði nægilegt fjármagn. Það eina vandamál, sem fyrir er, er að skapa smásvigrúm til þess að greiða út til íbúanna austur frá strax nokkurt fjármagn. En hver trúir því að það sé ekki hægt að hreyfa 200—400 millj. kr. til með aðstoð lánasjóða og Seðlabanka í þeirri óhemju peningaveltu, sem er í þjóðfélaginu, þrátt fyrir það að yfirlýst sé nú hina síðustu daga að harkalega skuli dregið úr allri peningaveltu í þjóðfélaginu? Ég læt segja mér það oftar en einu sinni, að það sé ekki hægt.

Við bjóðum því fullkomlega tekjuöflun fyrir Viðlagasjóð í framtíðinni. Hér er aðeins um það að ræða að hreyfa til nokkurt fjármagn til að mæta knýjandi vanda strax. Þegar upp yrði staðið, hvort sem það yrði um mitt ár 1976 eða í árslok, þá ætti sjóðurinn örugglega á annan milljarð í skuldabréfum. Þessi skuldabréf eru auðvitað ekki lausir aurar í hendi þegar í stað, en væntanlega yrði þá nokkurt svigrúm til þess að skapa hreyfanlegt fjármagna þegar það lægi endanlega fyrir, og vandinn er því ekki óviðráðanlegur. En mig grunar að hæstv. ríkisstj. ætli með þessum hætti að ná sér í nokkur hundruð millj. í aukatekjuöflun, þess vegna sé leikurinn gerður. En það er ömurlegt að notað skuli átakanlegt áfall fyrir þjóðina til þess að búa til slíka tekjuöflun. Það harma ég mjög eindregið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja hér umr. um þetta efni. Það sjálfsagt breytir ekki miklu.

Ég aðeins ítreka það, að ég tel þessa leið mjög óskynsamlega, sérstaklega með það í huga að verkalýðshreyfingin hefur lýst eindreginni andstöðu við þessa aðferð, hún stendur í samningaumleitunum, við erum að berjast hér við vaxandi verðbólgu enn einu sinni, og þá skuli hæstv. ríkisstj. hafa forgöngu um að auka hana. Hér stingur algerlega í stúf við stefnuræðu hæstv. forsrh. á sínum tíma í haust, og það er auðvitað algerlega borin von og það fyrir löngu, að hið ákjósanlega markmið náist, að verðbólguaukning hér á ári verði um n. k. áramót aðeins 15 stig. Hún verður auðvitað langtum meira, 25—35 stig, með þessum vinnubrögðum.

Því miður virðast menn ekki enn geta fallist á það að framlengja gildandi söluskattsstig í þágu Viðlagasjóðs. Ég segi fyrir mig, að þótt till. mín gangi út á mitt árið 1976 er ég fús til þess að standa að brtt. er tryggði sjóðnum sama skattstofn út árið 1976, og þá er með engu móti hægt að segja að við viljum ekki standa að því, að Viðlagasjóður hafi nægilegt fjármagn. En ég mun ekki treysta mér til þess að fylgja frv., mun heldur sitja hjá, vegna þess að hér er um óeðlileg og óskynsamleg vinnubrögð að ræða sem skapa aukin vandamál, þar sem hitt liggur alveg ljóst fyrir, að það er hægt að tryggja þetta með góðu móti með framlengingu gildandi laga.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að um það eru engar deilur með þm., eftir því sem ég best veit, að bæta beri hið mikla tjón í Norðfirði á þann hátt sem hæstv. ríkisstj. gaf loforð um, svipað og gert var í Vestmannaeyjum. Um það er ekki deilt. Reyndar má gjarnan fara að hugleiða það, hvar eigi að draga mörkin þegar um slík tjón eru að ræða. Það hefur víða um landið orðið mikið tjón nú í vetur í slæmum veðrum. Það er t. d. alveg ljóst, að Bjargráðasjóður ræður á engan máta við slík tjón. Hvar á að draga línuna? Hvenær fellur það undir Bjargráðasjóð og hvenær undir Viðlagasjóð? Á Viðlagasjóður að verða föst stofnun með kannske 1—2% söluskattsstig sem tekjur. Ég held að það sé kominn tími til að hugleiða þetta. Ég vil aðeins skjóta því hér að að það mætti e. t. v. efla Bjargráðasjóð, en þetta þarf allt að skoða.

Hins vegar stend ég fyrst og fremst upp til að lýsa andstöðu minni við að hækka söluskattinn um 1%. Ég hlustaði á einhvern reyndasta mann í verkalýðsmálum segja það nú fyrir tveimur kvöldum, að hann minntist þess varla að óskynsamlegra hefði verið gert í þeirri stöðu, sem nú er í verkalýðsmálunum, þeim samningum sem nú eiga sér stað, og ég vil taka undir það. Ég held að þetta sé rétt, enda hefur það komið greinilega fram í mótmælum sem borist hafa við þessari auknu skattheimtu. Ég geri mér að sjálfsögðu grein fyrir því, að Viðlagasjóður þarf aukið fjármagn. Hann á að vísu miklar eignir, en þær heimtast ekki á þeim tíma sem nauðsynlegt er. Ég geri mér einnig grein fyrir því, að það væri æskilegt að Viðlagasjóður gæti lokið framkvæmdum sínum í Vestmannaeyjum á sem skemmstum tíma. Hins vegar tölum við mikið nú um nokkurn samdrátt í ýmsum framkvæmdum, og ég segi það í fullri hreinskilni, að mér sýnist engin ástæða til þess að ætla vestmannaeyingum ekki einnig nokkra seinkun á sumum þeim framkvæmdum sem eftir eru, eins og ég geri ráð fyrir að þurfi að verða á ýmsum öðrum sviðum. Auk þess heyrist mér á blöðum að vestmannaeyingar standi nú aðallega í málaferlum við Viðlagasjóð, svo að það er ómögulegt að vita hvað tekjuþörfin verður mikil endanlega. Það er leitt til þess að vita að svo skuli vera.

Viðlagasjóður skuldar töluvert í Seðlabankanum, áætlað 827 millj. í árslok 1975. Það er spurning hvort nauðsynlegt er að greiða þá skuld strax. Ég hef ekki séð nein rök færð fyrir því. Má sú skuld ekki standa eitthvað áfram?

Ég fyrir mitt leyti kýs helst í þessu sambandi að þetta 1% söluskattsstig verði framlengt ekki aðeins út þetta ár eða til 30. júní 1976, eins og hér er lagt til heldur til ársloka 1976, eins og raunar kom fram hjá hv. 1. landsk. þm. að hann væri tilbúinn að fallast á. Mér sýnist að með því móti náist endar saman hjá Viðlagasjóði. Þá stendur skuld Viðlagasjóðs við Seðlabankann lengur en verið hefur og seinka þarf einhverjum framkvæmdum í Vestmannaeyjum. Þetta hvort tveggja sýnist mér, miðað við það ástand sem nú er í þjóðfélaginu, eðlilegt og stórum æskilegra en að hækka söluskattinn eins og hér er lagt til. Auk þess sýnist mér það nú orðin mikil spurining, hvort ekki þarf að fara að taka söluskattinn sem slíkan allan til athugunar. 20% innheimta er ekki orðin lítil innheimta. Það er ekki orðið lítið verk fyrir verslunina að innheimta þessi 20%. Hvenær kemur að því að það verður að fara að greiða verslueinni innheimtuþóknun? Mér verður sérstaklega hugsað til hinna fjölmörgu litlu verslana um land allt sem áreiðanlega eiga í þessu sambandi í mjög miklum erfiðleikum. Ég held að það þurfi að athuga hvort þarna á ekki að fara yfir í aðra skattaleið eða aðra innheimtuleið, eins og lengi hefur verið talað um, en ekki að hækka söluskatt svo jafnt og þétt sem verið hefur.

Ég fyrir mitt leyti hefði því kosið að fylgja brtt. um innheimtu þessa þannig að 1% söluskatturinn yrði framlengdur út árið 1976. Slík brtt. liggur ekki fyrir. Ég hef ekki kosið að flytja slíka brtt. sjálfur, en ég mun þá til vara — getum við sagt — fylgja brtt. á þskj. 334, a-lið. Ég treysti mér ekki til að fylgja b-lið. Við vitum að tekjur ríkissjóðs eru og munu reynast mjög af skornum skammti og ekki nægar til að ná þar endum saman. Ég held að það sé alveg ljóst, þrátt fyrir það sem hv. 1. landsk. þm. sagði, að það er verið að skoða leiðir til þess að skera niður ríkisútgjöld og er ekki við því að búast að þessum 400 millj. verði bætt á ríkisbaggann í ár. Hins vegar er unnt að framlengja enn söluskattinn, ef þörf krefur, eftir 30. júní 1976 þannig að hann nái út árið. Hins vegar tek ég undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, ég mun að sjálfsögðu ekki standa gegn því að staðið verði við það loforð, sem gefið hefur verið um uppbyggingu á Norðfirði, og mun því greiða atkv. með frv. ef sú brtt. nær ekki fram að ganga sem ég hef lýst stuðningi mínum við.

Jón Árnason: Herra forseti. Það keppast allir við að lýsa því yfir, um leið og þeir taka til máls, að það séu eiginlega allir á sama máli um að það þurfi að bregða skjótt og vel við og það opinbera sé nú búið að lýsa yfir vilja sínum í þessu máli. En síðan koma ýmsar athugasemdir í sambandi við málsmeðferðina, og satt að segja furðar mig á ýmsu sem hér hefur komið fram í sambandi við þessar umr. Ef maður lítur t. d. til umr. um Viðlagasjóð, hlutverk hans og hvenær því eigi að ljúka, þá verð ég að segja í sambandi við það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er núna verið að koma með úrtölur í sambandi við Vestmannaeyjar og það megi fresta um lengri tíma uppbyggingunni þar, en Alþ. var búið að undirstrika að það væri nauðsynlegt að sú uppbygging, sem þyrfti að eiga sér stað í Vestmannaeyjum, ætti sér stað sem allra fyrst. Nú koma hér fram úrtöluraddir í þessu efni og segja: Það má gjarnan fresta uppbyggingunni í Vestmannaeyjum og láta þann söluskatt, sem á að vera til að standa undir framkvæmdum og tekjuöflun Viðlagasjóðs, bara bíða, hann á þá að verka í fleiri ár. — Sama virðist mér vera uppi á tengingnum í sambandi við þá aðstoð sem var búið að gefa fyrirheit um varðandi Neskaupstað og tjónið út af snjóflóðunum, sem þar áttu sér stað. Þar virtust allir vera á einu máli um að hér væri um nauðsynjamál að ræða, en þegar á til þess að koma að fara að afgr. málið, þá á að gera það á allt annan hátt en að afla til þess tekna af almenningi. Það má láta ríkissjóð greiða 400 millj. kr. og það má láta söluskattsprósentuna, sem í gildi er, verka lengra fram í tímann til þess að standa undir því sem þar á að eiga sér stað í sambandi við uppbygginguna.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að það er talað um að það þurfi að skera niður fjárlög um svo og svo stórar upphæðir, marga milljarða kr., til að ná endum saman á þeim grundvelli sem nú liggur fyrir hjá þjóðarbúskapnum eða ríkinu eða ríkissjóði með því breytta viðhorfi sem skapast hefur nú á síðustu mánuðum. Samt sem áður leyfa hv. þm. sér að bera fram till. um að ríkissjóður sé fær um að láta 400 millj. til viðbótar til að mæta þessum kostnaði. Ég vil telja hér nokkra liði t. d. sem augljóst er að nú koma á ríkissjóð til viðbótar við það sem gert var ráð fyrir þegar gengið var frá fjárlagaafgreiðslu.

Það er talað um láglaunabætur, að þær þurfi að koma nú í sambandi við kjaramálin. Hvað kosta láglaunabæturnar ríkissjóð? Það fer eftir því hvað þær verða miklar, en enginn vafi er á því að það er stór hópur launamanna, sem er á launum hjá ríkissjóði og hlýtur að fá þess vegna allmikla fjárupphæð í sambandi við væntanlegar láglaunabætur.

Það hefur verið talað um að það þyrfti að vera einn þáttur í sambandi við lausn kjaramálanna að lækka tekjuskattinn. Ábyggilega kostar það ríkissjóð mörg hundruð millj. kr., ef út í það verður farið sem mjög er sótt á um af hálfu fulltrúa launþegafélaganna eða verkalýðsins. Það er farið fram á að lækka tekjuskattinn verulega og hefur ekki verið talað um neinar smáupphæðir. Mér skilst að það sé vilji fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstj. um að koma þarna nokkuð á móti launafólkinu og lækka tekjuskattinn nokkuð, en það mun ábyggilega kosta mörg hundruð millj. kr., svo að ekki sé sagt meira.

Þá hefur verið talað um að það sé óhjákvæmilegt í sambandi við lausn þessara mála að hækka bætur til öryrkja og ellilífeyrisþega, og ég er þeirrar skoðunar að hjá því verði ekki komist að hækka þær verulega. En það kostar ábyggilega einnig stórar fjárupphæðir umfram það sem gert var ráð fyrir þegar fjárl. voru afgr.

Þegar maður tekur bara fram þessa fáu liði, sem ég hef hér minnst á, og stendur frammi fyrir því að gert er ráð fyrir því, að um samdrátt sé að ræða, þannig að það má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs minnki, en aukist ekki, og þegar maður stendur einnig frammi fyrir því að ríkissjóður þurfi að taka á sig verulegar fjárgreiðslur í sambandi við þessa liði, sem ég hef hér minnst á, þá furðar mann á því að til viðbótar við það skuli koma hér fram till. um að til þess að Alþ. standi við fyrirheit í sambandi við snjóflóðatjónið í Neskaupstað séu fyrir hendi 400 millj. hjá ríkissjóði.

Þetta er að mínu viti algjörlega ábyrgðarlausar fullyrðingar og till. sem eru fluttar í þessu máli, ekki neitt annað en sýndartill. Það getur ekki verið nein alvara á bak við slíkan málflutning sem ég hef hér minnst á. Og það að láta sér koma til hugar að Alþ. fari að samþ. núna að koma aftan að vestmanneyingum og ákveða að það liggi ekkert á, það megi gjarnan bíða sú uppbygging sem var búið að lofa að ætti að eiga sér stað, ég álít fyrir neðan virðingu Alþ. að slíkt komi hér fram.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég endurtek það sem sagt hefur verið um eðlileg og pólitískt heilbrigð viðhorf ríkisstj. og Alþ. í vetur þegar ógæfan dundi yfir Neskaupstað að skömmu fyrir jól, að heita þá fullkominni aðstoð við uppbyggingu og bótum á því tjóni sem þarna varð. Ég hygg að skjót viðbrögð ríkisstj. hafi fengið góðar undirtektir hjá alþjóð, og ég er alveg efalaus um skyldu ríkisstj. og Alþ. að standa við þau fyrirheit sem þá voru gefin, á sama hátt og ég er efalaus um skyldur ríkisstj. og Alþ. að standa við fyrirheitin sem gefin voru í sambandi við jarðeldana í Vestmannaeyjum.

En ég er ekki alveg eins viss um að sú leið, sem valin hefur verið af ríkisstj. til þess að standa við þessi góðu loforð, sé jafnheilbrigð. Það ætla ég að hafi ekki verið fráleitt í sambandi við jarðeldana í Vestmannaeyjum og tjónið, sem þá varð, að afla tekna til þess að bæta þetta tjón með hækkun á söluskatti. En það hefur orðið mikil breyt. á kjörum alþýðumanna í landinu síðan. Launakjör fólks hafa stórversnað síðan og sú leið, sem þá var fær, að heimta slíkan skatt af öllum almenningi er ekki jafnfær núna. Ég vil í því sambandi vekja athygli á ræðu sem hv. þm. Albert Guðmundsson flutti í gær, þar sem hann gerði grein fyrir þeim sannindum að nú er svo komið að fjöldi launafólks, verkamenn, hefur vikutekjur sem samsvara 10—11 þús. kr. Þetta fólk er ekki aflögufært, nema síður sé, um grænan eyri.

Ég held að einmitt athugasemd hv. þm. Steingríms Hermannssonar um söluskattinn hafi verið býsna tímabær um réttlæti söluskattsins. Spurningin er ekki um það, eins og hv. þm. Jón Árnason benti á áðan, hvort bætur vegna tjónsins í Vestmannaeyjum og Neskaupstað séu nauðsynjamál. Við erum allir sammála um að hér sé nauðsynjamál á ferðinni. Spurningin er um það hvort söluskattsleiðin, söluskattsheimtan í þessu skyni, sé réttlætismál. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að eins og hag alþýðumanna er nú komið eftir tiltölulega skamma setu íhaldsstjórnarinnar, þá sé fjöldi fólks ekki aflögufær um þetta eina söluskattsstig.

Ég harma það að ekki skyldi vera haft samráð við stjórnarandstöðuna um þetta mál, því að tími gafst sannarlega til þess, um það hvernig afla bæri tekna í þessu skyni. Við hefðum getað fundið leiðir til fjáröflunar í þessu skyni sem við það væru miðaðar að byrðarnar væru lagðar á þegnana eftir gjaldgetu þeirra, eftir efnum og ástæðum. En verði sú till., sem hér hefur verið borin fram af hálfu Alþb. og Alþfl. um framlengingu söluskattsstigsins, sem fyrir var vegna Viðlagasjóðs, felld, þá mun ég eigi að síður telja mig tilknúinn vegna aðstæðna að greiða atkv. með frv. óbreyttu, með þeim staðfasta ásetningi að kosta þá öllu til að knýja það fram, að það óréttlæti og tjón, sem verkafólkið, sem hv. þm. Albert Guðmundsson gerði grein fyrir í gær að hefur nú ekki þurftarlaun, verður fyrir vegna þessarar afgreiðslu, verði bætt að fullu.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Vegna eðlis þess máls, sem hér er til umr., hefði hæstv. ríkisstj. borið að leggja sig sérstaklega fram um að samkomulag gæti orðið um afgreiðslu þess. Undirbúningi málsins var þó ekki á þann veg hagað, öðru nær. Án þess að tryggja sér samkomulag um aðferðir við tekjuöflun til Viðlagasjóðs er kastað inn í þingið frv. um hækkun söluskatts um 1 stig ofan á allar þær gífurlegu hækkanir, sem orðið hafa í kjölfar ráðstafana hæstv. ríkisstj. að undanförnu. Matvæli hafa hækkað meira en allt annað vegna lækkana á niðurgreiðslum og hækkana á innflutningsverði vegna gengislækkana, rafmagnstaxtar hafa stórhækkað, hitaveitugjöld, afnotagjöld pósts og síma, sjónvarps og hljóðvarps, fargjöld og svo mætti lengi telja. Þessar hækkanir dynja yfir dag hvern. Allar þessar hækkanir, samtímis því að laun eru bundin, að undanskildum smávegis láglaunabótum, hafa valdið svo stórkostlegri kjaraskerðingu hjá öllum almenningi að þess þekkjast ekki dæmi áður. Og þetta hefur gerst á afarskömmum tíma. Þrátt fyrir láglaunabæturnar kemur þessi kjaraskerðing að sjálfsögðu harðast niður á þeim, sem bjuggu við rýrust kjör fyrir og höfðu minnst aflögu, og nú er lagt til að söluskattur hækki enn um eitt stig. Eðli söluskatts er slíkt að hann bitnar mest á þeim, sem þurfa að annast framfæri stærstu fjölskyldnanna, en hinar lágu launabætur dreifast hins vegar án tillits til þess. Sú fjárhæð, sem til þeirra er varið, dreifist eftir tölu þeirra, sem eru fyrirvinnur, en ekki eftir framfærsluþunga.

Það er ærið mikill munur á því hvort aflað er tekna með söluskatti þegar lífskjör eru að batna eða hvort söluskattur er hækkaður þegar lífskjörin eru að versna meira en áður hefur þekkst og þegar almenningi duga naumast launin fyrir brýnustu nauðþurftum. Þess vegna var sérstaklega skylt að leita annarra leiða til úrlausnar á málum Viðlagasjóðs en þeirra að hækka söluskatt. En hæstv. ríkisstj. hefur kosið að reyna að þvinga jafnt sína eigin stuðningsmenn, sem aðra til að standa að hækkun þessa skatts sem kemur harðar niður á barnafjölskyldum en öll önnur skattheimta, á sama tíma og fjölskyldubætur standa í stað og í fjárl. er gert ráð fyrir lækkun þeirra á miðju ári.

Þessi ráðstöfun, að hækka söluskatt, er ekki gerð með sérstakri hliðsjón af tekjuþörf Viðlagasjóðs, ef horft er til lengri tíma, heldur vegna Seðlabankans og tímabundinnar stöðu Viðlagasjóðs við hann, — tímabundinnar stöðu sem unnt er að bæta og leysa með öðrum hætti, eins og sýnt hefur verið fram á af talsmönnum minni hl. fjh.- og viðskn., bæði í hv. Nd. og þessari hv. d. Sérstakar hörkuaðgerðir ríkisstj. í útlánamálum, sem tilkynntar hafa verið, ættu einnig að bæta stöðu viðskiptabankanna við Seðlabankann, en þeir skulda honum miklu meira en Viðlagasjóður. Ætti þegar af þeirri ástæðu ekki að vera hin sama þörf að bæta á svo skömmum tíma stöðu Viðlagasjóðs við Seðlabankann eins og hér er ætlunin að knýja fram með hækkun á söluskatti, sem bitnar harðast á þeim sem hafa flesta á framfæri sínu. Á hina erfiðu aðstöðu þeirra, sem við þrengst kjör búa, er ekki bætandi, einkum þegar haft er í huga að enn eiga efnahagsráðstafanir ríkisstj. eftir að þrengja að almenningi og mikið má vera ef svo stórfelldar og harkalegar aðgerðir bæði í verðlagsmálum, launamálum og útlánamálum á svo skömmum tíma eiga ekki eftir að valda svo stórfelldum samdrætti að af hljótist atvinnuleysi sem hæstv. ríkisstj. þykist á sama tíma vera að forðast.

Það er svo í samræmi við þennan þjösnahátt og skort á samstarfsvilja í máli, sem sérstök ástæða væri til að leita eftir samstöðu um, að hv. frsm. fjh.- og viðskn. hefur ekki séð ástæðu til að sinna í neinu þeirri fsp. sem ég bar fram við 1. umr. þessa máls og óskaði eftir að hv. n. leitaði svars við. Það er því sýnilega ekki til neins að endurtaka hana, hér á ekkert samstarf að hafa og engar upplýsingar að veita.

Það hefur verið höfðað til þess að þm. almennt hafi heitið því að styðja tekjuöflun til Viðlagasjóðs og því verði þeir að samþ. söluskattshækkun, þar sem hæstv. ríkisstj. þóknast að vilja leysa málið með þeim hætti. Ég er ekki þeirrar skoðunar að nokkur hv. alþm. hafi nokkru sinni gefið fyrirheit um að standa að hvers kyns tekjuöflun, sem hæstv. ríkisstj. kynni að vilja knýja fram í þessu skyni. Hvar væru þá mörkin? Ég býst t. d. ekki við því að margir hv. alþm. hefðu með skírskotun til fyrirheita talið sig skuldbundna til að afla fjár til Viðlagasjóðs með sérstökum skatti á barnafjölskyldur, ákveðinni skattgreiðslu á hvert barn. Um aðferðir til tekjuöflunar hlýtur að þurfa að vera samkomulag. En hæstv. ríkisstj. hefur ekkert gert til að

leita þess, og sá skattur, sem hún velur, er í ætt við barnaskatt. Hún velur hækkun skatts, sem leggst þyngst á barnafjölskyldurnar í landinu, þær fjölskyldur sem nú þegar hafa borið þyngstu byrðarnar af efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj.

Ég tel mér ekki skylt að sæta slíkri ákvörðun hæstv. ríkisstj. um aðferð til tekjuöflunar, jafnvel þótt til Viðlagasjóðs sé. Hv. þm. er fullkunnugt um að í rauninni hefur verið meiri hl. fyrir því meðal þm. að samþ. afgreiðslu þessa máls í samræmi við till. minni hl. fjh.- og viðskn. beggja d. Samt sem áður hefur hæstv. ríkisstj. valið þann kost að knýja fram söluskattshækkun sem ég tel vera óþarfa, — söluskattshækkun sem ég tel vera knúna fram gegn raunverulegum vilja meiri hl. hv. alþm.

Ég fyrir mitt leyti mun ekki taka þátt í því að aðstoða hæstv. ríkisstj. við það að knýja fram þessi úrslit máls og mun greiða atkv. gegn þessu frv. um söluskattshækkun, ef felldar verða till. minni hl. hv. fjh.- og viðskn., og ég tel jafnvel nóg að samþ. verði einungis a-liður þeirra en lögin síðan framlengd þegar gildistími þeirra er útrunninn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. var nokkuð stórorður áðan og taldi að við, sem höfum bent á aðrar leiðir til tekjuölfunar, vildum koma í bakið á vestmanneyingum og jafnvel norðfirðingum. Ég vil andmæla þessu mjög harðlega og ef orð mín hafa skilist svo, þá hafa þau verið mjög óskýr og raunar skildi ég engan, hv. ræðumann svo.

Með lögum um Viðlagasjóð er gert ráð fyrir því að byggt verði aftur upp í Vestmannaeyjum eins fljótt og unnt er. Það vissi meira að segja enginn hvenær gosinu lyki þegar þetta var ákveðið. Það hlýtur að sjálfsögðu að fara eftir aðstæðum hverju sinni. Aðstæðurnar eru töluvert aðrar í dag en þær voru þegar þau l. voru samþ. Í raun og veru efast ég um, og skal reyna að færa rök að því, að hér þurfi að hægja nokkuð á uppbyggingu í Vestmannaeyjum. Það er hins vegar ljóst að þá þarf skuld við Seðlabankann að standa lengur og ég satt að segja vorkenni Seðlabankanum ekkert að leyfa þeirri skuld að standa árinu lengur.

Um Norðfjörð gildir að sjálfsögðu það, að þar verður síldarverksmiðjan að verða endurreist fyrir næstu loðnuvertíð. Um það hef ég engan heyrt deila og ég legg á það ríka áherslu að svo verði. Áætlað er að til þeirrar uppbyggingar þurfi um 500 millj. kr. Ég tel að þær 500 millj. beri, ef ég má orða það svo, að taka fyrst af þessum tekjustofni og ljúka þannig á þessum nauðsynlega tíma uppbyggingu á Norðfirði. Þarna er því sannarlega ekki verið að koma í í bakið á norðfirðingum.

Eftir verða um 300 millj. af einu söluskattsstigi út þetta ár, ef við erum sammála um að söluskatturinn á árinu öllu sé um 960 millj. Þessu má ráðstafa a. m. k. að verulegum hluta til þess að halda áfram uppbyggingu í Vestmannaeyjum. Að einhverjum hluta þyrfti e. t. v. að nota þetta til þess að greiða niður vexti af skuldinni við Seðlabankann. Einnig hefur verið vakin athygli á því að útistandandi er töluverður hluti af söluskattsstigi síðasta árs sem kæmi þarna inn til viðbótar. Ég hef því raunar ekki séð nein rök þar fyrir því, sem ég tek góð og gild, að það þurfi að hægja svo mjög á framkvæmdum í Vestmannaeyjum, og jafnvel þótt það þurfi að gera að einhverju leyti, þá sýnist mér, að vestmanneyingar geti vel við unað, og segi það ekki af neinni illsku í garð vestmanneyinga. Það er fjarri því að við ætlum ekki að standa við okkar loforð.

Við vorum að samþ. fjárl. fyrir áramótin, og hæstv. form. fjvn. veit mætavel að það er verið að tala um niðurskurð á fjölmörgum liðum. *Hæstv. forsrh. hefur sagt það opinberlega.* Það er talað um frá 2 600 til 2 500 millj. kr. Haldið þið að það sé ekki einhver sem er búinn að lesa fjárl. og gerir ráð fyrir því að hann fái framkvæmdir við höfn eða við veg, sem lítur svo á að Alþ. standi ekki við sín loforð? Það er alveg ljóst. Það verða margir sem þannig munu líta á málin. Og ég vil gjarnan spyrja hv. þm. hvort hann ætli einnig þar að neita að breyta því sem lofað hefur verið og hann hefur gengið manna fremst í í sambandi við gerð fjárl.? Ég vil gjarnan heyra svar hans við þeirri spurningu.

Með fjárl. fyrir 1975 hefur Alþ. lofað ákveðnum framkvæmdum um land allt, og það er ekkert launungarmál að í dag er rætt um að skera þessar framkvæmdir að einhverju leiti niður. Ég held að það muni margir, eins og ég sagði áðan, ef hv. þm. hefur ekki heyrt orð mín, þá endurtek ég það, að margir muni líta svo á að það sé verið að ganga gegn þeim loforðum sem gefin voru við samþykkt fjárl. fyrir áramótin. Hitt er svo annað mál, að aðstaða öll hefur breyst mjög verulega frá því að fjárl. voru samþ. og því mun ég taka þátt í því að endurskoða þessa liði með tilliti til breyttra aðstæðna. Sama gildir gagnvart Vestmannaeyjum. Ég vona að þetta sé sæmilega ljóst. Ég tók hins vegar skýrt fram, að ég er ekki samþykkur b-lið brtt. á þskj. á 334, og tek þar undir það sem hv. þm. Jón Árnason sagði um afkomu ríkissjóðs. Það er alveg ljóst að þar er enginn afgangur og langt frá því, að ríkissjóður mun ekki geta lagt fram 400 millj. til Viðlagasjóðs.

Hins vegar sýnist mér á því, sem hv. þm. sagði, að afstöðu mína megi misskilja. Ég hef því kosið að flytja skrifl. brtt. sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 5. gr. 1. málsl. orðist þannig: Á tímabilinu 1. mars 1975 til 31 des. 1976 skal leggja 1% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10 1960, um söluskatt, taka til.“

M. ö. o.: ég geri ráð fyrir því að söluskattsstigið framlengist út allt árið 1976. Sýnist mér ljóst að með því móti muni endar nást saman hjá Viðlagasjóði bæði gagnvart norðfirðingum og einnig gagnvart vestmanneyingum. Og ég vil endurtaka það, að þó einhver dráttur kunni að verða á framkvæmdum í Vestmannaeyjum, þá er fyrst og fremst um hitt að ræða að skuld Viðlagasjóðs við Seðlabankann stendur til áramóta 1976 að einhverju leyti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 339) samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Þó ég geti með engu móti tekið orð hv. 2. þm. Vesturl. til mín þykir mér rétt að lesa upp fyrir hann, því að hann virðist ekki hafa haft tíma til þess, úr bréfi frá stjórn Viðlagasjóðs, en þar segir svo orðrétt:

„Það er því till. stjórnar sjóðsins að núverandi tekjustofn verði framlengdur í 12 mánuði, þ. e. til febrúarloka 1976. Í árslok 1975 yrði skuldin við Seðlabankann 827 millj. kr. Þá er óinnkomið söluskattsstig seinustu 4 mánaða sem áætlast 332 millj. kr. og mundi lækka þessa skuld á fyrstu mánuðum ársins 1976 í 495 millj. kr. Á móti væru eignir sjóðsins, skuldabréf til langs tíma umfram skuldbindingar við aðra en bankann, 1 350 millj. kr. Afborganir af þessum skuldabréfum mundu þá greiða skuldina við Seðlabankann á nokkrum árum."

Þetta var eftir því sem menn vissu best í stjórn Viðlagasjóðs í des. Svo verða þessar hörmungar og staða og viðhorf breytist og eðlilega eru gefin fyrirheit um að mæta því tjóni, sem þarna verður, og það er metið — sumir segja kannske varlega — en það er metið 500 millj. Við getum sagt að það þurfi að bæta einhverju við, kannske 50 millj., kannske 100 millj. Hvernig á þá að mæta þeirri þörf? Ég held að það sé ekki um neitt annað deilt hér en aðferð, leiðir til þess, og það er vitað mál og er ekkert launungarmál, að innan stjórnarflokkanna var geysilegur ágreiningur, um leið og það var líka augljóst mál, að ef fallist hefði verið á þá hugmynd að framlengja söluskattsstigið óbreytt þótt ekki væri nema til 30. júní 1976, þá var nægileg tekjuöflun komin. En það er af einhverri annarri hvöt eða orsök, sem hæstv. ríkisstj. sér sig til knúna að fara þá leið að fá eitt stig nýtt samþ. og tekið inn í lög, þrátt fyrir margvísleg vandkvæði sem því fylgja. Það er þess vegna sem við ýmsir andmælum þeirri stefnu.

Það er augljóst mál, að um þetta eru mjög skiptar skoðanir innan hæstv. ríkisstj. eða í stuðningsflokkum hennar, þó að það hafi verið barið í gegn eftir löng fundarhöld að fallast á þetta, a. m. k. með einhverjum ákveðnum meiri hl. Lýsi ég óánægju minni yfir þessu, því að í þessu tilfelli, um slíka tekjuöflun sem hér er um að ræða, var langeðlilegast og heilbigðast að fullkomin og eðlileg samstaða næðist hjá öllum flokkum, því við eigum ekki að vera að deila um tekjuöflun í þágu slíkra bóta sem hér um ræðir, það er ekki eðlilegt.

Það er vitað mál að eitt söluskattsstig aflar ríkissjóði tekna langt fram yfir bætur. Eru þá áhrif Seðlabankans svona gífurleg að hann segi Alþ. fyrir verkum? Eru það áhrif hans sem hér eru að verki? Ef svo væri, þá harma ég það enn meir.

Hv. þm. hafði um það mörg orð að till. okkar væru ábyrgðarlausar, sérstaklega varðandi b-lið brtt. Ég drap á það að hans flokkur hefði á sínum tíma komið fram með frv. sem átti að vera ábending fyrir vinstri stjórnina, og þá töldu þeir létt verk að skera niður um 4.6 milljarða, sem þýddi í dag 6—7 milljarða, miðað við peningaveltu. En það var bara till., ekkert meira, þrátt fyrir margvíslegar áskoranir.

Þegar fyrstu lög um Viðlagasjóð voru sett taldi Alþ. sér sæma, þrátt fyrir gildandi fjárl., glæný, að leggja til að ríkissjóður legði nokkra upphæð fram, mig minnir 160 millj. kr. Þess vegna er ekki út í hött að tala um 400 millj. kr. núna, hafandi það í huga einnig að hæstv. ráðh. hefur gefið í skyn geysilegan niðurskurð á framkvæmdum. Það mætti spyrja hæstv. forsrh.: Er það til að létta á ríkissjóði eingöngu eða til að létta á verðbólgunni eða blandað? Sennilega tel ég tvöfalda nauðsyn til að skera niður, bæði að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og einnig að hamla gegn verðbólgu, og þá er það alveg eðlilegt og rökrétt, eins og aðstaðan er í þjóðfélaginu í dag, að fjalla um þetta sameiginlega.

En það kom alveg greinileg fram hér að hv. 2. þm. Vesturl., form. fjvn., virðist ekkert vita um þetta enn þá, miðað við orð hans áðan. Þess vegna undra mig þessar tölur, ég segi það alveg eins og er, mig undra þessar tölur, að þær skuli vera komnar á flot án þess að fjöldi þm. hafi hugmynd um hvernig þær eru fundnar. Hagsýslustofnunin gefur það út að hún viti ekkert um þær. Kannske veit bara Seðlabankinn um þetta og hann hringir út í þingið og segir okkur hvernig þetta eigi að vera.

Því miður held ég að hér takist miður til um tekjuöflun. Miklu heilbrigðara væri að framlengja söluskattsstigið þá út árið 1976, eins og ég hef sagt og ég er reiðubúinn til að standa að. Og ef rök eru færð fyrir því, svo að óyggjandi sem verða má, að 400 millj. kr. álag á ríkissjóð sé um of, þá vil ég líka endurskoða það. En þá verðum við að vera virtir viðtals um upplýsingar. En það hefur ekki verið, eins og kom greinilega fram hjá einum ræðumanni áðan. Við fáum ekki neitt að vita í stjórnarandstöðunni, a. m. k. mjög takmarkað, og er ekki einu sinni tími til að fjalla um málið eðlilega. Svo eru menn undrandi yfir því að við skulum vera með ýmsar vangaveltur um svona mikilvæg og alvarleg mál og reyna að gera fyrirspurnir og aths. Við mundum bregðast skyldu okkar ef við gerðum það ekki, hreinlega sagt, frumskyldu okkar hér á Alþ. ef við gerðum það ekki. Bréf frá framkvæmdastjórn ASÍ eru svo ótvíræð mótmæli á móti þessari tekjuöflunaraðferð, að mig undrar að hæstv. forsrh. skuli treysta sér til að leggja þetta til. Mig undrar það miðað við núv. ástand í kjaramálum og þróun í verðlagsmálum. Ég hefði látið segja mér það mjög seint að hann hefði valið þessa leið, og ég trúi því varla enn að hún verði endanleg niðurstaða. Eftir að það hefur komið skýrt fram að við erum tilbúnir til að framlengja söluskattsstigið óbreytt út árið 1976 til að ná samkomulagi og tryggja með því enn meiri tekjur en virðist vera þörf á í dag, þá undrar mig enn meir að þessi leið skuli vera farin sem mun reynast olía á eldinn.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að svara þeim fyrirspurnum sem hér hafa komið fram.

Hv. 11. landsk. þm. spurði um það, á hverju sú áætlun byggðist að 1 söluskattsstig gæfi 960 millj. kr. í árstekjur og hvaða munur væri á þeirri áætlun miðað við áætlun fjárl. Því er til

að svara, að því er ég best veit munu fjárl. fyrir árið 1975 hafa gert ráð fyrir óbreyttum grundvelli af tekjum söluskattsstofns frá árinu 1974 og gengið út frá 930 millj. kr. árstekjum af hverju söluskattsstigi. Hins vegar mun nú vera gert ráð fyrir því að verðbreytingar á árinu 1975, frá ársbyrjun til ársloka, nemi um það bil 25%, en aftur á móti sé um að ræða magnminnkun milli 7 og 9%. Á þessum grundvelli er áætlunin, 960 millj. kr. tekjur af hverju söluskattsstigi, miðuð.

Þá spurði hv. 1. landsk. þm. um það, í hvaða skyni verið væri að leitast við að draga úr útgjöldum ríkisins og ríkissjóðs, og gaf sér svarið sjálfur, sem ég get fallist á. Það er hvort tveggja í senn nauðsynlegt að létta útgjöld ríkissjóðs sjálfs hans vegna og hins vegar er það nauðsynlegt til þess að hamla á móti verðbólguþróuninni.

Ég vildi síðan gera að umræðuefni nokkur þau atriði, sem hér hafa komið fram. Hv. þm., sem tekið hafa til máls, kveðast allir vera sammála því að standa við gefin fyrirheit og skuldbindingar um það að greiða tjón af völdum Vestmannaeyjagossins og snjóflóðanna í Neskaupstað, en bara ekki með þeim hætti sem lagt er til í því frv. sem hér er til umr. Við skulum þá athuga hvað viðfangsefnið er og hvaða skilyrði eru nú til staðar þegar við eigum að taka lokaákvörðun í þessu efni.

Viðlagasjóði var komið á fót og nú þessa stundina, sem við erum að ræða þessi mál, mun hann vera í 1 600—1 700 millj. kr. vanskilaskuld við Seðlabanka Íslands. Það er óumsamin skuld, það er yfirdráttur á reikningi Seðlabankans sem í raun og veru felur í sér, að Seðlabankinn hefur aukið prentun seðla, aukið peningamagnið í umferð, og þar af leiðandi hefur þessi skuld orðið til þess að auka verðbólguna í þjóðfélaginu. Þegar þessi staða er lögð til grundvallar 15—16 eða á 17 hundrað millj. kr. skuld, sem á ekki í raun og veru að vera, þá bætist við annað úrlausnarefni, annað en að greiða þessa vanskilaskuld, og það er að fjármagna bætur vegna snjóflóðanna í Neskaupstað. Fram hefur komið að það tjón er áætlað 500 millj. kr. Ljóst er að hér er um mjög lauslega áætlun að ræða og formælandi Alþb. í Nd., sá eini þm. sem á heimili sitt í Neskaupstað, hefur tekið fram að þessi áætlun væri allt of lág. Við eigum sem sagt fyrir höndum að sjá um fjármögnun á a. m. k. 500 millj. kr. til viðbótar vöxtum af vanskilaskuldinni og einhverjum afborgunum af henni. Þessu viðfangsefni er ýtt til hliðar, í raun og veru er þessu vandamáli ýtt til hliðar með þeim hugsunarhætti að það nægi að taka áfram 1 söluskattsstig. Og hver yrði staðan þá í árslok? Vanskilaskuldin mundi enn aukast að vöxtum um 1—2—3 hundruð millj. og enn þá meira ef áætlaðar bætur til Neskaupstaðar eða Vestmannaeyja hækka. Ég held að það fari ekki á milli mála að þm. horfast ekki í augu við vandamálið ef þeir taka þannig á því.

Mig langar til þess að minna á, þegar sagt er að Seðlabankinn geti greitt þetta úr sínum sjóðum, að staða Seðlabankans er ekki allt of góð. Á s. l. ári dró ríkissjóður á Seðlabankann í yfirdráttarskuld sem nemur 3 400 millj. kr. vegna greiðsluhalla hjá ríkissjóði. Á síðasta ári drógu viðskiptabankarnir á Seðlabankann upphæð sem nemur á 5. þús. millj. kr. Allt þetta varð til þess að gjaldeyrissjóðir landsins hurfu og eru nú engir. Með þetta að bakgrunni, fjárþörf Viðlagasjóðs fyrir augum og jafnframt að það er ekki eingöngu fjárþörf Viðlagasjóðs, sem við þurfum úr að bæta, heldur og það vandamál að draga úr útgjaldaáformum ríkissjóðs um a. m. k. 2 500—3 700 millj. kr., — minnugir þess að við þurfum að draga úr útlánaáformum fjárfestingarlánasjóða um milli 2 000 og 3 000 millj. kr. og við þurfum að sjá fyrir fjárþörf ýmiss konar nauðsynlegra orkuframkvæmda sem nemur 1—2 þús. millj. kr., — með þá þróun í peninga- og fjármálum í huga sem átti sér stað á síðasta ári og hefur leitt til þeirrar stöðu nú að úr engu er að spila, hvorki hvað snertir gjaldeyri þjóðarbúsins né fjármagn ríkissjóðs, og þegar við okkur blasa slík geigvænleg fjáröflunarvandamál sem raun ber vitni, þá skírskota ég til hv. þm. að sýna ábyrgðartilfinningu og horfast í augu við þá fjárvöntun sem Viðlagasjóði er á hönd. Því aðeins stöndum við við þær skuldbindingar sem við sameiginlega og allir hér inni höfum tekist á hendur og í dag reyndar staðfest að við viljum standa við.

Það hefur verið rætt um að þessi skattlagning, aukning söluskatts um 1% stig, hefði óholl áhrif á samningsstöðuna á vinnumarkaðinum. Ég geri mér það ljóst. Og vissulega er hér um neyðarúrræði að ræða. En miðað við þá erfiðleika sem við er að glíma, miðað við þá þróun viðskiptakjara sem við búum við og stöðu þjóðarbúsins, þá er ekki góðra kosta völ. Ég treysti á skilning landsmanna allra. Hér er skuldbinding, sem landsmenn allir hafa tekið á sig og ég er í engum vafa um að þeir munu bera og okki láta hafa áhrif á sig í afstöðu sinni til annarra mála og málefna, jafnvel þótt hagur manna þrengist nú því miður óhjákvæmilega. Aftur á móti er það vilji ríkisstj. að hækkun þessa söluskattsstigs lendi ekki á þeim launþegum sem minnst bera úr býtum. Og ríkisstj. hefur miðað ráðagerðir sínar við það, og launajöfnunarbætur væru þeim mun hærri, einmitt til þessa tekjuhóps í þjóðfélaginu, sem næmi þessu aukna söluskattsstigi, en þær hefðu ella orðið.

Ég vil í tilefni þessa láta það koma hér fram, að ætlunin var að fyrir lægi nú fyrir 1. mars hér í hv. d. till. ríkisstj. og meiri hl. fjh.- og viðskn. d. um launajöfnunarbætur. En samkv. tilmælum aðila vinnumarkaðarins hefur verið ákveðið að fresta framlagningu þessara till. í þeirri von að aðilar vinnumarkaðarins geti komið sér saman um fyrirkomulag í þessum efnum. Er það von mín að svo verði.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að lengja þessar umr. en í tilefni af orðum hæstv. forsrh., þar sem hann ber okkur stjórnarandstæðingum á brýn ábyrgðarleysi, langar mig til að fara fáeinum orðum um það hugtak.

Mér skilst að í fjárl. þessa árs séu a. m. k. 700 millj. kr. ætlaðar til lækkunar á tekjuskatti. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh.

hvort ætlunin sé að nota þessa heimild með því að lækka tekjuskatt. Í öðru lagi langar mig til þess að vita hvort ætlunin er e. t. v. að lækka tekjuskattinn enn frekar en þessu nemur. Ef svo er langar mig til að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé í hjarta sínu alveg sannfærður um að það sé skynsamlegt frá efnahagslegu sjónarmiði eða sanngjarnt gagnvart hinum lægst launuðu að hækka nú söluskatt um 1 stig, en lækka síðan að fáum vikum liðnum tekjuskatt, sem kemur alls ekki hinum lægst launuðu að neinum notum. Er ekki alveg ljóst, að þegar við stöndum frammi fyrir því að ætla hugsanlega að fara að lækka tekjuskattinn að fáum vikum liðnum um kannske allmörg milljóna hundruð, ef ekki milljóna þúsund, að þá væri hyggilegra að skoða það mál í samhengi og athuga hvort það væri þá ekki réttara að fresta þessari hækkun söluskattsins og hafa þá tekjuskattshækkunina eitthvað minni. Kynni að vera að það væri heldur skynsamlegra fyrir þjóðarbúið og fyrir stöðuna í efnahagsmálum og fyrir þá samninga sem nú standa yfir við verkalýðshreyfinguna.

Eins og ég sagði áðan, þá varð hæstv. forsrh. tíðrætt um ábyrgðarleysi, og hann taldi að á þessu máli væri engin önnur lausn en sú að leggja á þetta söluskattsstig. Eins og hér hefur margoft komið fram í þessum umr. eru margar aðrar leiðir til, og ábyrgðarleysið er mest hjá þeim sem vilja ekki koma auga á neina aðra leið, bæði ábyrgðarleysi gagnvart kjörum þeirra lægst launuðu og alveg sérstaklega ábyrgðarleysi gagnvart ástandinu í efnahagsmálum, því að varla er hægt að finna nokkurt annað úrræði sem kemur sér jafnilla og er jafnóskynsamlegt frá efnahagslegu sjónarmiði.

Hæstv. forsrh. sagði áðan, að við ákvörðun launajöfnunarbóta hefði verið tekið tillit til þess og það haft í huga að þetta söluskattsstig lenti ekki á þeim sem verst stæði á fyrir og þar af leiddi að launajöfnunarbæturnar yrðu þeim mun hærri. Það vill nú svo til að upphæðir launajöfnunarbóta hafa verið gerðar opinskáar og birtar opinberlega með framlagningu till. ríkisstj. í fjh.- og viðskn. Ed., og mér er ekki kunnugt um eða hefur ekki verið tjáð að þar væri um neitt launungarmál að ræða, enda var það mál hreinlega afgr. í n. í gær, og n. klofnaði um málið. Mér skilst að till. af hálfu hv. meiri hl. n. hafi síðan verið í burðarliðnum. Mér er því fullkunnugt um hvað þar var um miklar fjárhæðir að ræða. Og það verð ég að segja að ef hæstv. forsrh. upplýsir það nú að í raun og veru hafi skattlagningin, sem fólgin er í þessu 1%, verið bætt í þeim tölum og í þeim upphæðum sem áttu að renna til hinna lægst launuðu í gegnum þessar launajöfnunarbætur, þá er ljóst að bæturnar áttu upphaflega ekki að vera ýkjamiklar. Hér er um að ræða 3 600 kr. bætur til hinna lægst launuðu, og mér skilst að þessar bætur eigi að vera svipaðar að krónutölu allt upp í 60 000 kr. kaup. En miðað við laun hinna lægst launuðu, eins og þau eru um þessar mundir, lætur nærri að hér sé um 6% kauphækkun að ræða, þ. e. a. s. miðað við 40 þús. kr. kaup er um 6% kauphækkun að ræða, ef miðað er við heildarlaun hinna lægst launuðu. Það er að vísu hægt að leika sér að tölum og segja að þetta sé 9% hækkun ef einungis er miðað við dagvinnu. En ef tekið er tillit til þess að fólk verður að vinna talsverða yfirvinnu í þessu þjóðfélagi til að eiga í sig og á, þá verður að sjálfsögðu að taka til greina bæði yfirvinnu og næturvinnu eins og hún er að jafnaði, og með hliðsjón af því er hér einungis um 6% launahækkun að ræða.

Það skal tekið fram að hér er öðruvísi að farið en var varðandi launajöfnunarbætur sem greiddar voru í haust. Þá var miðað við launin í heild, en ekki einungis við dagvinnukaupið eins og nú virðist gert ráð fyrir. Og það skal upplýst hér að til þess að hinir lægst launuðu fengju nú það sem þeim raunverulega ber samkv. þeim samningum sem gerðir voru á s. l. vetri, þá ættu þau laun, sem hinir lægst launuðu höfðu í haust, þ. e. a. s. 35 350 kr. fyrir neðsta flokk Dagsbrúnar eftir eins árs starf, að hækka um 46% nú, en þau hafa einungis hækkað um þess ar 3 500 kr. í haust og svo hugsanlega núna aðrar 3 600 kr. Þetta er sú staða sem blasir við hjá þeim lægst launuðu, og það er gagnvart þessari stöðu sem nú bætist enn ein söluskattsprósenta sem að sjálfsögðu kemur verst við einmitt þetta fólk. Það er þetta sem ég vil kalla ábyrgðarleysi og vísa algjörlega til föðurhúsanna þeirri nafngift sem forsrh. reyndi að setja á okkur stjórnarandstæðinga í þessu máli.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal svara fyrirspurn hv. 5. þm. Norðurl. v. Í fjárl. yfirstandandi árs er gert ráð fyrir því að unnt sé að veita 700 millj. kr. til lækkunar beinna skatta, þ. e. a. s. áætlunarupphæð tekna af beinum sköttum er 700 millj. kr. lægri en gildandi skattalög mundu gefa við álagningu. Það hefur síður en svo verið krafa launþegasamtakanna að frá þessari fyrirætlan væri horfið. Hins vegar hafa fulltrúar launþegasamtakanna mjög ætlast til að þessi upphæð væri hækkuð og tekið fram að vísu að aðrir sérskattar væru ekki á lagðir. En þegar velja skal á milli óbeinna skatta annars vegar, eins og söluskatts, og beinna skatta hins vegar, eins og tekjuskatts, þá var það stefna fulltrúa launþegasamtakanna á s. l. vetri, við gerð kjarasamninga þá, að meta lækkun beinna skatta svo mikils, að hækkun söluskatts um 5 prósentustig var talin jafngilda þeirri lækkun. Hækkun söluskatts varð þó ekki meiri af þessum sökum en 4 prósentustig, þótt lækkun beinna skatta væri fyllilega sú sem fulltrúar launþegasamtakanna ætluðu sér á móti 5 söluskattsstigum. Ég tel í þessu fólgið ákveðið mat fulltrúa launþegasamtakanna á þessum tveim skattformum.

Hinu skal ég ekki neita, að það verður erfitt og ég sé ekki fram á það í dag að unnt sé að verja hærri upphæð en 700 millj. kr. í þessu skyni eða öðru til þess að koma á móts við kröfur launþega, sérstaklega miðað við þá nauðsyn sem er á því að draga saman útgjöld ríkissjóðs að öðru leyti. En vitaskuld mun ríkisstj. gera það sem í hennar valdi stendur til þess að þær ráðstafanir verði gerðar sem auðvelda samninga milli vinnuveitenda og launþega. Á það ber þó fyrst og fremst að líta, að ætlast verður

til að þessir aðilar semji sín á milli um kaup og kjör og geri það sem í þeirra valdi stendur til þess að ná saman. Það er ekki ávallt hægt að ætlast til þess af hinu opinbera, að það grípi inn í samningana, og raunar er það stefna beggja aðila, hvort heldur er launþegasamtaka eða vinnuveitenda, að óska eftir því að ríkið grípi almennt séð ekki inn í kjarasamninga, þótt það hafi verið nauðsynlegt oft á tíðum þegar sérstakir erfiðleikar hafa verið á ferðinni.

Ég vil láta það koma hér fram, að öllum hv. þm. er áreiðanlega ljóst og líka hv. síðasta ræðumanni, að kjarasamningarnir á s. l. vetri voru því miður óraunhæfir, jafnvel þótt byggt væri á þeim viðskiptakjörum sem þá voru, jafnvel þótt byggt væri á því útflutningsverði sem við fengum fyrir sjávarafurðir okkar. Nú þegar viðskiptakjörin hafa rýrnað um meira en 30% frá þeim tíma liggur í augum uppi, að viðmiðunargrundvöllurinn getur ekki verið þeir kjarasamningar sem gengið var frá með þessum hætti á s. l. vetri.

Ég vil leiða hjá mér umr. um launajöfnunarbætur, upphæð þeirra eða fyrirkomulag, m. a. til þess að halda það heit, sem ríkisstj. hefur gefið launþegasamtökunum og vinnuveitendasamtökunum, að bíða með framlagningu þeirra till. og þ. á m. bíða með umr. um þær þar til aðilar sjálfir hafa fjallað um málið.

Jón Árnason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gerði glögga grein fyrir stöðu Viðlagasjóðs og ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum í sinni fyrri ræðu áðan, og má sjá af því sem þar kom fram að þær till., sem hér eru uppi frá stjórnarandstöðunni, eru algjörlega óraunhæfar eins og ég hef vikið að áður.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. var að tala um það, að eins og hag almennings væri komið nú væri algjörlega óraunhæft að koma með þetta prósentustig í söluskatti nú til viðbótar. Vitanlega viðurkenna allir að hækkun skatta, hvort sem er söluskattur eða annað, er eins og hver önnur neyðarráðstöfun hverju sinni til þess að afla tekna til að standa undir nauðsynlegum kostnaði.

En hvernig var hag almennings komið? Það er eins og allt hafi verið í besta lagi þegar vinstri stjórnin var hér við völd og þegar hún hrökklaðist frá. Var hagur almennings það góður þá, að það sé ástæða fyrir hv. þm. að vera að minnast á það sérstaklega? Það var búið að gera samninga við launþega í landinu — samninga sem áttu að hækka kaupið verulega. En hvað gerðist svo nokkrum tímum seinna? Hvað gerði vinstri stjórnin þá? Hún rauf samningana, sem launþegasamtökin voru búin að gera við atvinnurekendur, tók allt úr sambandi og vísitöluna með, enda þótt meiri verðbólga ætti sér stað í landinu en dæmi voru til um áður, yfir 50% verðbólga, eins og var á s. l. ári, og það var grundvöllurinn að óðaverðbólgu, lagður í tíð fyrrv. ríkisstj., vinstri stjórnarinnar.

Svo kemur þessi hv. þm. og segir, að hag almennings sé illa komið. Vitanlega eru erfiðir tímar. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa farið niður á við síðan þetta átti sér stað, og það segir sig sjálft, að eftir því sem viðskiptakjörin verða lakari hjá þjóðinni þá hefur hún minni upphæðum að skipta. Þess vegna furða ég mig á því, að þessir hv. þm. skuli vera að minnast á hvernig hag almennings hafi verið komið, eins og allt hafi verið blómlegt þegar þeir réðu. Þeir hefðu ekki átt að gera þær neyðarráðstafanir sem þeir gerðu, að kippa vísitölunni úr sambandi og setja allt fast um leið og þeir kyntu undir verðbólgunni í landinu. Það er nokkuð til að hæla sér af þetta!

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., sagði áðan að hann efaðist um að það þyrfti að hægja nokkuð á uppbyggingunni í Vestmannaeyjum. Það hefur enginn minnst á það nema hann að það ætti að taka Vestmannaeyjar inn í þetta dæmi. Hann taldi í sinni fyrri ræðu, það fór ekkert á milli mála, það kom skýrt fram hjá honum, að eina leiðin til þess að fjármagna bæturnar til Neskaupstaðar væri að hægja á uppbyggingunni í Vestmannaeyjum. Mig undrar að hv. þm. skyldi láta slík orð frá sér fara. Hann sagði enn fremur: „Það verður staðið við allt sem norðfirðingum var lofað. Loðnubræðslan verður komin í gang á næstu vertíð.“ Það er eins og ekkert hafi skeð á Norðfirði annað en að loðnubræðslan hafi eyðilagst. Því miður var það miklu meira en loðnubræðslan sem eyðilagðist í snjóflóðinu sem kom á Norðfirði á sínum tíma. Og það er margt annað miklu meira sem þarf þar að bæta og verður ekki gert nema því verði mætt með því að afla fjár til þeirra framkvæmda.

Hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, sagði að það væri ekkert út í hött að gera ráð fyrir því að greiða 400 millj. kr. úr ríkissjóði til þess að bæta fyrir tjónið á Norðfirði. Það er algjörlega út í hött að gera ráð fyrir því, eins og hag ríkissjóðs er komið, að ekki verði því meira skorið niður af nauðsynlegum framkvæmdum sem fjárlögin gera ráð fyrir, vegna þess að tekjuskerðingin hjá ríkissjóði verður það mikil. Þess vegna er hvorki um þessa né aðra upphæð þar að ræða.

Það var hv. 5. þm. Norðurl. v. sem talaði um það áðan í sambandi við skattalækkun, að það mundi ekki koma launþegum neitt að gagni að lækka skattana. (**Gripið fram í**: Það sagði ég aldrei.) Það er eins og þessi hv. þm. hafi ekkert fylgst með því, sem komið hefur fram hjá þeim sem telja sig forsvarsmenn verkalýðssamtakanna. (**Gripið fram í**: Ræðumaður hefur ekki hlustað á ræðuna.) Ég held að hann hafi talað íslensku og ég tel mig skilja hana. Hann spurði jafnframt hæstv. forsrh. um það, hvort ætti ekki að nota þessar 700 millj. sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Þegar ekki hefur verið tiltekin skattvísitala í fjárlögum þegar þau hafa verið afgr., þá hefur fjmrh. jafnan gefið yfirlýsingu um það, við hvaða skattvísitölu yrði miðað þegar skattálagning færi fram á því skattári. Nú er skattvísitalan ákveðin á fjárl., svo að það er vitanlega ekki um annað að ræða en við þessar 700 millj. kr., sem þar er gert ráð fyrir, verði miðað sem lágmark. Hins vegar er öllum kunnugt, að það hafa farið fram viðræður um það milli forsvarsmanna ríkisstj. og launþegasamtakanna og þar er sótt á um að þessi upphæð

verði hærri. Og það segir sig sjálft, að sá þrýstingur, sem er hjá forsvarsmönnum verkalýðsfélaganna í þessum efnum, er vegna þess að þeir meta það nokkurs ef hægt væri að hafa þessa upphæð hærri en 700 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir í fjárl. Vitanlega ber að hafa samráð við verkalýðsfélögin í sambandi við það mál, vegna þess að þau hafa marglýst því yfir að þau muni meta það til jafns við aðrar kjarabætur, miklu skipti í launagrundvellinum sú upphæð sem tekin verður í þessu skyni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta. Ég var búinn að tína hér upp einstaka liði, sem taka verður með í reikninginn í sambandi við þá kjarasamninga, sem nú standa yfir, og óhjákvæmilega hljóta að lenda að verulegu leyti til útgjalda hjá ríkissjóði.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Jón Árnason, sleppti því af hagkvæmnisástæðum í ræðu sinni áðan að gera grein fyrir þeirri vitneskju sem hann hefur þó til að bera um mismuninn á söluskatti og tekjuskatti. Hv. þm. Geir Gunnarsson lýsti söluskattsstiginu, sem nú á að bæta við í þessu skyni, við skattlagningu á barnafjölskyldur sérstaklega. Það er vafalaust, að þeir sem mesta hafa framfærsluþörfina, þyngstar hafa framfærsluskyldurnar núna, við þá mun a. m. k. þessi hækkun á söluskatti koma verst.

Ég verð að segja alveg eins og er, að hagur banka kemur ekki við hjartataugarnar í mér á sama hátt og hagur barnafjölskyldna. Hæstv. forsrh. gat þess áðan að bæta þyrfti hag Seðlabankans um nokkra milljarða. Það má vel vera að slíkt sé æskilegt. En það er staðföst trú mín, að meir sé nú aðkallandi að bæta hag fjölskyldna, láglaunafjölskyldna, um a. m. k. 20 000 kr. á mánuði, til þess að komist verði hjá því að verkalýðsforustan, verkalýðshreyfingin, verði neydd til að gera þess háttar ráðstafanir til að koma viti fyrir valdhafa sem venjulega hafa talist neyðarbrauð, neyðarúrræði. Ég er viss um að það er meiri þörf á því núna, brýnni þörf og meira aðkallandi að bæta hag barnafjölskyldna heldur en bæta hag banka.

Munurinn á söluskattsstigi nú til þess að bæta tjón á Norðfirði og í Vestmannaeyjum og söluskattsstigi sem samþ. var þegar jarðeldarnir brutust út í Vestmannaeyjum, er fyrst og fremst sá að þá var batnandi hagur alþýðu manna í þessu landi. Fólkið var aflögufært. Það er það ekki nú. Að bæta söluskattsstigi ofan á núna samsvarar ekki aðeins því að taka síðasta eyri fátæku ekkjunnar, heldur að falsa á hana víxil.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar nokkuð almenns eðlis og er kannske ekkert við því að segja, því að þessi mál koma óneitanlega inn á mörg svið þjóðlífsins. Það liggur ljóst fyrir að lausn Vestmannaeyjavandans og bætur fyrir tjónið af snjóflóðunum í Neskaupstað eru ekki deilumál milli neinna þm. Það eru allir sammála um að þar skuli við staðið eftir bestu getu. Það er aðeins deilt um það hverja fjáröflunaraðferð eigi þar að hafa. Þar er því ekki hlaupist undan neinum merkjum. Ég tek ekki við neinum kveðjum um ábyrgðarleysi til mín varðandi það, enda hef ég lýst því yfir fyrr, að ef þetta er eina leið ríkisstj. og hún rígbindur sig við þessa einu leið þrátt fyrir tilraunir og góðan vilja í báðum stjórnarflokkunum til þess að koma ríkisstj. á ölllu vitlegri leið, eins og hér hefur verið bent á, en menn hafa verið beygðir til þess af hæstv. ríkisstj. að fara þessa einu leið, — að öllu því frágengnu og felldum okkar till. um þetta, þá mun ég vitanlega greiða þessu frv. í þeirri mynd, sem það nú er, atkv. engu að síður, af því að ég tel að við þær skuldbindingar eigi að standa.

En út af því, sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði hér áðan um það, hvort við hefðum virkilega efni á því að tala um eitthvað gott í sambandi við vinstri stjórnina, þá verð ég að leyfa mér að segja örfá orð.

Vinstri stjórnin — við höfum einmitt ástæðu til þess að segja dálítið um hana — hún gerbreytti einmitt launakjörum fólks í landinu. Hún gerbreytti einmitt launakjörum láglaunafólks. Hún gerbreytti einmitt kjörum þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu, elli- og örorkulífeyrisþega, og ég get alveg fullvissað hv. 2. þm. Vesturl. um það, að ég er mjög stoltur af því að hafa mátt eiga minn litla þátt að því. Það er rétt, ríkisstj. átti við mikinn vanda að etja á s. l. ári, og hv. 2. þm. Vesturl. veit vel hvaða ástæður lágu fyrir þeim vanda, — þeim vanda sem lá í því að ekki var hægt að gera nauðsynlegar efnahagsráðstafanir. Það var fyrst og fremst ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar þá sem olli því, — ábyrgðarleysi þeirrar sömu stjórnarandstöðu sem sagði að það væri enginn vandi að leysa efnahagsmálin, enginn vandi að koma öllu í lag, það þyrfti bara að fá nýja menn við stjórnvölinn. Og nú eru þessir nýju menn komnir við stjórnvölinn og er rétt að þeir fari að sýna það. Þeir hafa ekki sýnt það enn þá. Það fer að koma tími til þess, eins og þetta var allt auðvelt á s. l. vetri. Það fer að koma tími til þess, að þeir sýni það og þeir mega gjarnan sýna það m. a. í því að rétta hlut láglaunafólks, elli- og örorkulífeyrisþega, ef hann hefur verið eitthvað slakur á dögum vinstri stjórnarinnar, eins og þessi hv. þm. lét orð liggja að áðan. Hann talaði um að fyrrv. ríkisstj. hefði tekið allt úr sambandi, kaupgjaldsvísitöluna þar með. Hún tók líka verðhækkanir, sem áttu að dynja yfir fólk rétt á eftir, úr sambandi. Hún tók þær einnig úr sambandi, þannig að launafólk stóð jafnrétt eftir.

Svo tala þessir hv. þm. nú um erfiða tíma og það sé minni upphæðum að skipta. Mætti þá ekki minna á reynsluna af þeirra eigin ríkisstj., viðreisnarstjórninni? Þá var stundum minna og stundum meira að skipta. Var það kannske svo, að kaupmáttur launa fylgdi þá ævinlega bættum viðskiptakjörum, að kaupmáttur launa verkafólks flygi upp í hvert skipti sem viðskiptakjörin bötnuðu? Reynslan af viðreisninni er allt önnur. Þar var ekkert samræmi á milli. Þeir hv. sjálfstæðismenn tala eingöngu um að kaupmátturinn eigi að fylgja viðskiptakjörunum þegar viðskiptakjörin eru eitthvað versnandi, þegar þau fara eitthvað niður á við. Þegar þau fara upp á við er ekki minnst á það.

Jón Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þessari seinustu ræðu. Mig furðar svo sem ekkert á þessari ræðu því að þetta kemur að sjálfsögðu við þessa heiðursmenn, forsvarsmenn vinstri stjórnarinnar. Hv. þm. fór að hæla sér sérstaklega í sambandi við launakjörin. Launakjörin gjörbreyttust! Jú, þau hækkuðu verulega og hækkuðu aldrei meira en á árinu 1974. En hvað gerðist þá? Strax eftir að var búið að semja um þessi háu launakjör er vísitalan tekin úr sambandi og meira að segja vísitölustig tekin til baka. Svo eru þeir að hæla sér í sambandi við tryggingarnar, hvað þeir hafi gert fyrir gamla fólkið og ellilífeyrisþegana. Hvað gerðu þeir? Þeir gerðu ekkert annað en að framkvæma löggjöf sem fyrrv. ríkisstj. var búin að setja áður en þeir tóku við. Þetta er það eina sem eftir þá liggur. Það er eins og þessi hv. þm. hafi ekkert fylgst með þessum málum. En lögin taka gildi eftir að þeir taka við stjórninni. Hver þakkar þeim að þeir framkvæmi lög sem aðrir eru búnir að setja? Hvað gerðu þeir svo allan tímann? Hvaða umbætur gerðu þeir í elli- og örorkulífeyrismálum? Ekki nokkurn skapaðan hlut sem hægt er að tala um. Ætli það verði ekki fyrst sú ríkisstj., sem nú situr við völd, sem bætir eitthvað hag elli- og örorkulífeyrisþega í sambandi við þær úrbætur sem nú liggja fyrir? Það kann að vera að það eigi eftir að sýna sig að þær umbætur, sem að gagni koma fyrir þessa menn í þjóðfélaginu, elli- og örorkulífeyrisþega, komist aðeins á þegar Sjálfstfl. er í stjórn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er mjög frumleg kenning hjá hv. 2. þm. Vesturl. að sú gengislækkunarstefna, sem núv. ríkisstj. hefur sett á oddinn, tryggi alveg sérstaklega og bæti hag elli- og örorkulífeyrisþega. Það er frumleg kenning og væri fróðlegt að fá nánari skýringu á því, hvernig það ætti að koma heim og saman. (**Gripið fram í:** Það verður að bíða eftir því.) Já, það verður að bíða eftir því. Ætli þeir verði ekki að bíða töluvert lengi eftir því? Ég er hræddur um það. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson gerir sér mætavel grein fyrir því að í samvinnu við íhaldið verður ýmislegt að bíða.

Um það, sem margsinnis hefur verið tuggið upp í sambandi við það að vinstri stjórnin hafi eingöngu verið að framkvæma lög sem áður höfðu verið sett af viðreisnarstjórninni, tek ég fram: Það er rétt að nokkrum hluta, en síðan var við þetta bætt mjög verulega. Þessi hv. þm. fylgdist aldrei með því að tekjutrygging var stórlega hækkuð umfram það sem viðreisnarstj. hafði áður gert. Þessu hefur hann ekki fylgst með. En ég get fullvissað hann og aðra þm. Sjálfstfl. um það, að þó að hann og þeir hafi ekki fylgst með því, þá fylgdist gamla fólkið og örorkulífeyrisþegarnir svo sannarlega með því.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég hef ekki ætlað að blanda mér í þetta söluskattsmál, en þetta eru orðnar meira og minna umr. almenns efnis.

Eitt af því, sem venjulega kemur fram hjá vinstri mönnum þegar þeir eru að tala um elli- og örorkulífeyrisþega, er að allar umbætur eða flestar hafi verið gerðar í tíð vinstri stjórnarinnar. Þetta er ekki alveg rétt. Það er mikið búið að skamma viðreisnarstjórnina, en hún gerði margt merkilegt einmitt í tryggingamálum. Þegar viðreisnarstjórnin tók við af vinstri stjórninni fyrri, fékk t. d. ellilífeyrisþegi í Norðfjarðarhreppi 25% minni bætur en reykvíkingurinn, hann fékk 25% minni bætur en keflvíkingurinn og hann fékk 25% minni bætur en sá sem bjó í Neskaupstað. Þetta var alþekkt og mjög illa þokkað fyrirbrigði og var búið að vera lengi í lögum. Þetta afnam hún. Það var hún, viðreisnarstjórnin, sem kom því í lög að heimilt var að hækka tryggingabætur sem í raun og veru svöruðu til þeirrar tekjutryggingar sem kom svo núna. Það var með því að mega tvöfalda ellilífeyrinn og örorkulífeyrinn þegar á þurfti að halda og jafnvel meira en tvöfalda hann. Þetta var búið að vera í lögum frá tímum viðreisnarstjórnarinnar. Einhverjar mestu umbætur, sem gerðar hafa verið á tryggingalöggjöfinni íslensku, voru einmitt gerðar í byrjun viðreisnarstjórnartímabilsins, og ég held að það sé rétt að hafa það í huga.

Það er stundum verið að bendla tryggingalöggjöf við sósíalisma. Slíkt er ekki að mínu viti rétt, vegna þess að í fyrsta lagi hófust þær annars staðar, hjá fiskmarkaðnum í Þýskalandi. Í öðru lagi fara tryggingabætur og almannatryggingar mjög eftir almennum stjórnarháttum og möguleikum þjóðanna. Við vitum að hjá okkur vill það gjarnan verða að þær dragist aftur úr á slæmum tímum, en batna þá líka þegar batnar í ári. Slíkt hefur verið um langan tíma, og því er ekki að neita að það urðu margs konar umbætur á tryggingalöggjöf okkar í tíð vinstri stjórnarinnar síðari. En ég á ekki von á því að úr þeim umbótum verði dregið heldur með reynslunni, og það er eins og sagt hefur verið, það er sí og æ verið að endurbæta tryggingalöggjöf okkar. Og ég tek undir það með hv. 2. þm. Vesturl., að ég hef ekki trú á öðru en að ellilífeyrisþegar og öryrkjar haldi sínum hag nú undir þessari stjórn.

En það var annað sem ég vildi aðeins minnast á líka. Það er rétt að með batnandi hag á árum vinstri stjórnarinnar fór kaupgjald að sjálfsögðu hækkandi og raunkjör bötnuðu. En þetta þýddi að það var ekki eingöngu notaður hagnaðurinn sem varð af batnandi viðskiptakjörum þjóðarinnar, heldur var þá þegar, meðan góði tíminn var, tekið úr þeim sjóðum, sem viðreisnarstjórnin hafði safnað til af illri reynslu, og þeir notaðir til þess að bæta kjörin þá strax með þeim afleiðingum að þegar versnar í ári er bókstaflega ekkert til, og þá vilja menn ekki gjarnan sætta sig við að hagurinn rýrni um leið og viðskiptakjörin rýrna. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa séð línurit sem gert var nýlega yfir okkar viðskiptakjör alveg frá 1914. Þar kemur fram að þetta er eiginlega eins og slæmt hjartalínurit, sífelldir toppar og dældir, og þýðir að sjálfsögðu það, að ef á aldrei að safna í neina sjóði til mögru áranna, verður ekki hjá því komist að rýra kjörin þegar viðskiptakjörin rýrna og bæta það að sjálfsögðu aftur þegar batnar í ári. Hitt virðist þó vera öllu skynsamlegra, að taka toppana af og geyma

þá í sjóðum til mögru áranna. Þetta var það sem viðreisnarstjórnin hafði gert tilraunir með og hefur reynst sjávarútveginum mjög vel. En það var eitt fyrsta verk vinstri stjórnarinnar að ganga á þann sjóð, enda þótt ekki væru sjáanleg nein sérstök tilefni til þess þar eð viðskiptakjör fóru þá ört batnandi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti: Ég þakka forseta fyrir. Það er aðeins ein setning. Þegar þeir sjálfstæðismenn eru að tala um tryggingamál og viðreisnarstj., þá vil ég taka það skýrt fram, að allan þann tíma var það annar flokkur í þeirri stjórn, Alþfl., sem eignaði sér allar umbætur í tryggingamálunum. Ég vona endilega hans vegna að hann megi eiga þetta, vegna þess að það var eina réttlætingin fyrir stjórnarsamstarfinu við íhaldið.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég missti því miður af þeim umr. sem fóru fram hér um tryggingamál, en ég heyrði þó aðeins hluta af ræðu hv. næstsíðasta ræðumanns, þar sem hann jafnaði saman tekjutryggingu almannatrygginga, sem kom fyrst til framkvæmda í tíð vinstri stjórnarinnar, og heimild, sem gilti áður og gildir reyndar enn, um að hækka tryggingabætur ef viðkomandi aðili kemst ekki af án þess. Hér held ég að hv. þm. skilji ekki alveg nákvæmlega hvað hann er að tala um, því að þessi heimild til að hækka tryggingabætur var takmörkuð við heildarupphæð sem veitt var í ellilífeyri og örorkulífeyri í heild í landinu og mátti ekki fara yfir ákveðið mark, ég held það hafi verið 10%, þannig að það takmarkaðist þegar af þessum orsökum. (Gripið fram í.) Jú, það náði aldrei 10% sem veitt var. Þar að auki þurfti samþykki í hverju tilfelli frá sveitarstjórn. Það fólk, sem taldi sig ekki komast af með örorkubætur eða ellilífeyri, þurfti að leita til sveitarstjórnarinnar um að sótt yrði um það til tryggingganna að það fengi hækkun, og sveitarstj. átti að greiða 2/5 af upphæðinni. Það var mismunandi vel tekið undir þetta og í sumum sveitarfélögum var þessi hækkun yfirleitt ekki veitt. Það var mikil tregða hjá sveitarstjórnum að veita hækkun, að fólk bjó ekki við sama rétt um allt land í þessu máli. Þessu var breytt í tíð vinstri stjórnarinnar. Þá var það afnumið að sveitarstjórnir greiddu hluta af hækkun bóta. Þessu ákvæði var breytt þá og ekki fyrr. Og þá komu fyrst í gildi sérstakar bætur til þeirra sem náðu ekki ákveðnum tekjum, sérstök tekjutrygging. Hvers vegna skyldi þessi tekjutrygging hafa kostað ríkissjóð hundruð millj. ef það hefði verið það sama og hækkun á tryggingabótum var áður? Þar var mjög mikill munur á. Og nú er það svo, að þó að menn fái tekjutryggingu þá geta þeir eftir sem áður fengið hækkun. Sú regla í lögunum gildir enn, að ef menn komast ekki af með ellilífeyri eða með tekjutryggingunni, þá eiga þeir enn rétt á því að fá hækkun og sú hækkun er framkvæmd enn í mjög mörgum tilfellum, en nú þarf ekki að sækja um það til sveitarstjórnar. Nú er það Tryggingastofnunin sjálf sem úrskurðar þetta. Fólk hefur verið leyst undan þeirri kvöð, sem gilti áður, að nánast segja sig til sveitar og leita til sveitarstjórnar um að fá hækkun.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að leiðrétta það, að hafi ég sagt að hækkunarákvæðið væri hið sama og tekjutrygging, þá átti ég ekki við það. En hækkunarákvæðið var mjög mikilvægt á sínum tíma og hækkunarákvæðið er sannarlega undanfari tekjutryggingar, vegna þess að hækkunarákvæðið var ætlað þeim sem ekki hafa aðrar tekjur. Það er að vísu rétt að það voru þarna hliðarráðstafanir. Það þurfti að fá heimild sveitarfélagsins. Það er eins og ég hef sagt, að þetta er sífellt í endurskoðun og auðvitað er tekjutryggingin að vissu leyti fullkomnari en hækkunarákvæðið var, enda hafði viðreisnarstj. séð það og samþ. tekjutryggingunna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 334,a felld með 13:6 atkv.
— 339 felld með 13:7, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RA, StJ, StH, EggÞ, GeirG, HFS, JÁH.
nei: OÓ, StG, ÁB, AG, AJ, EÁ, GH, HÁ, IT, JónÁ, JHelg, JGS, ÞK.
Brtt. 334,b felld með 14:5 atkv.
5. gr. samþ. með 18:1 atkv.
6.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 52. fundur.

Föstudaginn 28. febr., að loknum 51. fundi.

Ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði, frv. (þskj. 329). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 341).

Neðri deild, 50. fundur.

Föstudaginn 28. febr., kl. 2 miðdegis.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 328, n. 332, 330, 331). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Álit fjh.- og viðskn. er á þingskjali 332. N.

ræddi málið á tveimur fundum sínum, en fyrri fundurinn var sameiginlegur með fjh.- og viðskn. Ed. Á þann fund komu starfsmenn viðskrn. og Þjóðhagsstofnunar og veittu nm. ýmsar upplýsingar.

Eins og fram kemur í nál. mælir n. með því að frv. verði samþ. eins og það er komið frá Ed., en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim.

Það er nú e.t.v. ekki ástæða fyrir mig að rekja þær breyt. sem gerðar hafa verið á frv. í Ed., það gerði hæstv. viðskrh. hér í gær. En í stuttu máli eru þær að olíustyrkurinn er hækkaður úr 7 200 kr. í 8 200 kr. og virðist það vera eðlileg ráðstöfun til þess að brúa hið mikla bil sem er á milli þeirra, sem njóta hitaveitna, og hinna, sem verða að kynda hús sín með olíu. Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar létu nm. í té útreikninga á þessum mun, sem er milli hinna einstöku þátta, og samkv. því yfirliti er kostnaður á mann á ári 6 536 kr. hjá þeim, sem njóta jarðvarmaveitu. Hjá þeim, sem kynda hús sín með rafmagni, er það 14 434 kr., og hjá þeim, sem nota olíu, er það 23 028 kr. En miðað við þann olíustyrk, sem hér er gert ráð fyrir, 8 200 kr., færi kyndingarkostnaður á mann niður í 14 828 kr. og nálgast þá mjög kyndingarkostnað með rafmagni.

Aðrar breyt., sem gerðar voru í Ed., voru þær að styrkurinn, sem ekki átti að greiðast til þeirra sem fengju hitaveitu tengda fyrir 29. febrúar 1976, greiðist ekki til þeirra sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi sem styrkur kemur til greina. Virðist það vera mun eðlilegri regla. Það hvetur menn til þess að tengja strax og kostur er, en það munu hafa verið nokkur brögð að því að þegar svo vildi verkast, sem dæmi eru til um, þá sýndu menn ekki nægilegan áhuga á því að tengja strax og þeir áttu þess kost.

Þá er í þriðja lagi bætt við b-lið 2. gr., þar sem fjallað er um styrk til rafveitna, þar er kveðið á um að upphitun með rafmagni verði ekki að jafnaði óhagkvæmari en olíukynding og er það einnig sjálfsagt ákvæði. C-lið var einnig nokkuð breytt, þannig að til Orkusjóðs skal verja fé til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða að því leyti sem tekjunum er ekki ráðstafað samkv. a- og b-lið þessarar gr. en áður var orðalagið: „Til Orkusjóðs til jarðhitarannsókna og hitaveituframkvæmda.“

Hv. 4. þm. Vestf. boðaði í ræðu sinni í gær að hann mundi flytja brtt. við þennan lið gr. og hefur þeirri till. nú verið útbýtt á þskj. 331. Þessi till. er þess efnis að það fé, sem renna skyldi í Orkusjóð, skyldi þá renna eingöngu til raforkuframkvæmda á þeim svæðum sem jarðhiti er ekki. Þetta er út af fyrir sig skiljanlegt sjónarmið. En ég held að hér verði menn að hugsa um heildina og út fyrir sín kjördæmi. Í frv., eins og það er núna, er gert ráð fyrir að þetta fé renni í sjóðinn til þess að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum, en flm. till. vill að orðið „hitaveitu-“ verði fellt þarna út. Það liggur ljóst fyrir að hitaveitur eru langhagkvæmastar til þess að hita íbúðir og þess vegna ber að gera allt sem unnt er til þess að hraða hitaveituframkvæmdum. Það þarf ekki orðum að því að eyða að slíkt lækkar heildarframfærslukostnaðinn í landinu meira en annað á sviði þessa málaflokks. Ég vil einnig benda á í þessu sambandi að eins og gr. er nú orðuð, þá tekur hún að sjálfsögðu yfir það að af þessu fé má verja til jarðhitarannsókna, og það eru ýmsir aðilar, ýmis sveitarfélög, sem eru tilbúnir til þess að hefjast handa að öðru leyti en því að það skortir fé og á því verður að ráða bót. Ég bendi á í því sambandi að Lánasjóður sveitarfélaga, sem lánar stórfé á hverju ári til hitaveituframkvæmda, hefur ekki talið sér fært að lána til jarðhitarannsókna og vegna þessa eru ýmis sveitarfélög í miklum erfiðleikum. Aukið fé í Orkusjóð, eins og hér er gert ráð fyrir, mun þarna ráða verulega bót á.

Það hefur verið rakið hvaða upphæðir hér er um að ræða. Gert er ráð fyrir að þetta söluskattsstig gefi 960 millj. kr. Ýmsar aðrar upphæðir hafa reyndar verið nefndar, en ég held mig við þá upphæð meðan annað hefur ekki verið sannað. Samkv. töflu Þjóðhagsstofnunarinnar eru það 95 þús. manns sem nú búa í húsum sem kynt eru með olíu, og þannig kæmu 780 millj., ef þetta frv. verður að lögum, til greiðslu til þessara aðila. 25 millj. bætast við, að því er talið er, vegna ellilífeyrisþega og er þannig brúttóupphæðin 805 millj. kr. Vegna ákvæðisins um að þeir, sem fá hitaveitu tengda, fái ekki greiddan styrkinn á síðasta ársfjórðungi hefur verið áætlað, að visu lauslega, að það gæti numið um 40 millj. kr., sem þannig kæmi ekki til greiðslu. Talið er að það séu a.m.k. 10 þús. manns sem tengjast hitaveitum á árinu, en það er að gerast á öllum tímum ársins og þannig er þessi tala fengin. Til rafveitna er áætlað að færu 50 millj. Eru þetta samtals um 815 millj. Miðað við að söluskattsstigið gefi 960 millj. yrðu 145 millj. eftir í Orkusjóð. Auk þess eru líkur á að einhver afgangur sé frá árinu 1974, en það hefur ekki verið gert upp að fullu vegna þess að síðasta greiðsla fer ekki fram fyrr en 1. apríl n.k. En giskað hefur verið á að þar gætu verið um 80 millj. kr., og ef svo væri, þá væri eðlilegt, að það kæmi í þennan sjóð einnig og gætu þetta þá orðið 225 millj. sem rynnu til Orkusjóðs.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Það liggja hér reyndar fyrir brtt. Á þskj. 337 er brtt. frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni þar sem gert er ráð fyrir að styrkurinn hækki úr 8 200 í 10 000 kr. á mann. Ef þessar tölur, sem ég nefndi áðan, eru réttar, þá sýnist mér að hér sé verið að skipta fé sem varla er hægt að segja að sé til, þar sem allt söluskattsstigið færi í þennan styrk eða nálægt því, 950 millj., en 960 millj. gefur stigið, og þá yrði lítið eftir í Orkusjóð. Það kunna að vera skiptar skoðanir um hvort Orkusjóður eigi að fá nokkuð, en þeim skoðunum er ég ekki sammála.

Þá liggur hér einnig fyrir till. frá hv. þm. Karvel Pálmasyni, þar sem hann gerir ráð fyrir að tekinn verði upp skattur á þá sem njóta hitaveitna, 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna, auk þess sem söluskattsstigið verði innheimt, og þessu fé verði síðan skipt á milli þeirra sem búa við olíukyndingu. Ég ætla ekki við þetta tækifæri að ræða um slíkan orkuskatt, hann á

vafalaust ýmsa formælendur. En einhvern veginn sýnist mér skynsamlegra að velja aðra af tveimur leiðum, það er ekki nema um tvær leiðir að ræða ef menn ætla að jafna þetta mikla bil sem þarna er á milli, þ. e. annars vegar að styrkja þá sem búa við olíukyndingu, eins og hér er gert ráð fyrir, og hins vegar að skattleggja þá sem búa við hitaveitu. Sjálfsagt má nefna þriðju leiðina, eins og hér er gert, að blanda þessu hvoru veggja saman.

N. leggur sem sagt til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það er komið frá Ed.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. fjh.- og viðskn. og hefur þegar verið gerð grein fyrir varð öll n. sammála um meginefni þessa frv., en í því felst fyrst og fremst að framlengja enn um eins árs skeið þá fjáröflun til niðurgreiðslu á kyndingarkostnaði með olíu, sem ákveðið var fyrir rúmu ári að skyldi nema 1% eða einu söluskattsstigi. Allir nm. voru sammála um að það bæri að halda þessari tekjuöflun áfram í þessu skyni. En 2 nm., ég og hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, töldum að það ætti að ráðstafa öllu þessu fé, eins og áður hafði verið gert ráð fyrir, í því skyni sem lögin voru sett til að leysa á sínum tíma og því bæri að miða greiðsluna til þeirra, sem hita upp íbúðarhús sín með olíu, við það að gjaldið færi svo að segja að öllu leyti til þessa. Því er það að við flytjum eina brtt., sem er á þskj. 337, en þar leggjum við til að sú breyting verði gerð á 2. gr. frv. að í staðinn fyrir að greiðsla á hvern einstakling nemi 8 200 kr., þá komi 10 þús. kr. Það er skoðun okkar, eins og reyndar kom einnig fram hjá hv. frsm. meiri hl. n., að væri það ákveðið að greiðslan miðað við hvern einstakling væri 10 þús. kr., þá væri svo að segja öllum tekjunum varið til þess að lækka hitunarkostnað þeirra sem verða að hita upp íbúðir sínar með olíu.

Þegar lög um þetta efni voru sett fyrir rúmu ári var til þess ætlast, að þetta eina söluskattsstig rynni að öllu leyti til þess að lækka útgjöld þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli. Þá var gert ráð fyrir að þetta eina söluskattsstig mundi nema á ársgrundvelli um 800 millj. kr. Þó þótti nauðsynlegt, þegar niðurgreiðsla fyrst hófst, að áætla þessar niðurgreiðslur á hvern einstakling fremur varlega, af því að það var alveg óvíst hvað þessi tekjustofn gæfi, og einnig lék nokkur óvissa á því hvað þeir aðilar yrðu í reyndinni margir sem nytu þessarar niðurgreiðslu. Því var ákveðið í upphafi að niðurgreiðslan næmi á hvern einstakling 7 200 kr. En að sjálfsögðu hefði verið eðlilegt að hækka þessa niðurgreiðslu eftir því sem á tímabilið leið, þegar bæði var sýnilegt að gjaldið gæfi meira en þessu næmi og fjármunirnir entust til þess, eins og löggjafinn hafði ætlast til, að gjaldið færi allt í þessu skyni og að gjaldstofninn entist til þess að greiða meira. En framkvæmdin hefur orðið sú að það hefur verið haldið sig við þessa niðurgreiðslu allt tímabilið. Af þeim ástæðum er nú talið að heildarútgjöld samkv. l. muni verða á þessu fyrra árs tímabili, þ. e. a. s. frá 1. mars 1974 til 1. mars 1975, í kringum 700 millj. kr. Þá talið bæði það sem rennur til rafveitna samkv. l. og eins til einstaklinga.

Ég tel því að allar líkur séu til þess að afgangur verði af tekjustofninum á því tímabili, sem liðið er, sem nemi um 100, jafnvel 150 millj. kr. Það sýnir aðeins að það hefði verið óhætt að hækka þetta upphaflega áætlaða gjald til niðurgreiðslu á þessu framkvæmdatímabili. Nú eru sem sagt allir sammála um það að framlengja þennan ekjustofn í eitt ár enn, frá 1. mars á þessu ári til 1. mars á næsta ári, og þá er áætlað að 1 söluskattsstig gefi um 960 millj. kr. Ég tel því að það sé réttmætt að áætla nú þessa niðurgreiðslu mun hærri en gert er ráð fyrir í frv. eða fara upp í 10 þús. kr. á einstakling. Ef það yrði gert, þá sýnist mér að ráðstafað sé að fullu væntanlegum tekjum þessa tímabils og sennilega heldur meira, en það væri þá gert í skjóli þess að eftirstöðvar eru frá fyrra tímabili sem áttu að renna til þessa.

Ef brtt. okkar hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar yrði samþ., tel ég að í aðalatriðum sé þessum tekjustofni ráðstafað til þess sem til var ætlast og um var samið í upphafi, þegar gjaldið var lagt á. En það, sem hefur síðan gerst, er að núv. hæstv. ríkisstj. leggur fram frv. um framlengingu á þessum tekjustofni og að halda áfram þessari niðurgreiðslu, en gerir á þá breytingu að hún vill klípa ákveðinn hluta af þessum tekjustofni og ráðstafa honum á annan hátt. Hún ætlar sér að taka þann afgang, sem verður af tekjustofninum frá fyrra tímabilinu, sem nemur 100—150 millj. kr. að mínu áliti, og ráðstafa þeirri upphæð til Orkusjóðs, þótt hann hafi verið lagður á í allt öðru skyni. Síðan gerir hún till. um að halda niðurgreiðslunni til einstaklinga óbreyttri frá því sem áður var og þar með er hún með till. um það að taka verulegan hluta af þessu 1% á næsta gjaldtökutímabili, sem mundi, ef hefði verið farið að þeirri till., hafa numið 300 millj. kr., og ráðstafa því einnig í Orkusjóð.

Nú hefur hv. Ed. gert hér á nokkra breytingu og hækkað niðurgreiðslu á einstakling frá því sem hæstv. ríkisstj. hafði gert till. um, og nú er gert ráð fyrir í frv. að niðurgreiðslan á einstakling verði 8 200 kr. yfir árið í staðinn fyrir 7 200 kr., sem hún var í framkvæmd á fyrra tímabili. Að sjálfsögðu hefur að mínum dómi verið gerð breyting í rétta átt af hv. Ed., en eftir sem áður stendur málið þannig að það er verið að gera ráð fyrir því að klípa af þessum olíuniðurgreiðslupeningum að dómi hv. frsm. fjh.- og viðskn., sem nemur með eftirstöðvunum frá fyrra ári 225 millj. kr. Ég tel, að allar líkur bendi til að verið sé að klípa af þessari niðurgreiðslu ekki undir 300—350 millj. kr. og ráðstafa í þessu skyni.

Ég verð að lýsa yfir undrun minni að hæstv. ríkisstj. skuli fara inn á þessa braut og þó í rauninni enn þá meiri undrun á því að hæstv. viðskrh., form. Framsfl., skuli hafa fallist á að flytja frv. í þessa átt. Ég er alveg sannfærður um að þeir fjölmörgu aðilar í landinu, sem stutt hafa Framsfl. og styðja hann kannske enn sem komið er og búa við það að verða að hita upp húsnæði sitt með olíu, verða alveg gáttaðir á

því að Framsfl. skuli leggja til að skerða þessa takmörkuðu niðurgreiðslu á þeim ofsalega kostnaði sem menn búa þarna við, skerða hana, taka af þeim peningum, sem Alþ. hefur beinlínis ákveðið að skyldi varið í þessu skyni, og ráðstafa því til annarra þarfa. Hér skiptir ekki máli þó að þær þarfir, sem hér er um að ræða, séu út af fyrir sig góðra gjalda verðar. Það er enginn vafi á því að þörf er á að afla fjár til að hraða meira en verið hefur hitaveitufram-kvæmdum í landinu eða rafhitun húsa. Það þarf að afla fjár í þessu skyni. Og það þarf að hraða þessum framkvæmdum miklu meira en verið hefur. Ég er alveg sannfærður um að það mundi ekki standa á hv. Alþ. að finna leiðir til þess að fjár yrði aflað til þessara framkvæmda, án þess að menn færu að taka þessa peninga þeirra, sem harðast hafa orðið úti. Það tel ég mjög ómaklegt og í rauninni alveg furðulegt að upp skuli koma till. um það.

Auk þess vil ég segja það, að hitaveitufram-kvæmdir og reyndar einnig framkvæmdir í raforkumálum, sem miða að því að nýta orkuna til húshitunar, eru svo góðar framkvæmdir að það á að verða auðvelt að afla lánsfjár til slíkra framkvæmda. Það er talað um að það eigi að vera létt verk fyrir ríkissjóð að leggja fram milljarða kr. í hreinan stofnkostnað til þess að koma upp ákveðinni verksmiðju við Hvalfjörð. Og síðan á að afla margra annarra milljarða þar til viðbótar í sambandi við þær frmkvæmdir beint að láni. Þetta er allt saman framkvæmanlegt. En svo vex mönnum í augum sá vandi að útvega nokkurt lánsfé til hitaveitufram-kvæmda eða raforkuframkvæmda til þess að leysa okkar hitunarvandamál. Til að komast út úr þessum vandræðum hneigjast menn að því ráði að klípa af þessum olíuniðurgreiðslupeningum. Þetta finnst mér alveg fráleitt. Af því er það, að ég stend að till. sem miðar að því að verja þessu gjaldi eins og til var ætlast, öllu gjaldinu, til þess að lækka þann gífurlega aukna kostnað sem þeir hafa orðið fyrir sem þurfa að hita upp hús sín með olíu.

Það var skýrt frá því af hv. formanni fjh.- og viðskn. að n. hefði fengið nokkrar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um kostnað í sambandi við íbúðarhúsahitun eftir ýmsum leiðum. Ég vil bæta aðeins litlu við þessar upplýsingar.

Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar var það svo að fyrir ári, þegar þessi niðurgreiðsla var ákveðin, var talið að hitunarkostnaður á hvern einstakling þar sem um jarðvarma var að ræða væri 4 095 kr., en væri nú ári síðar 6 536 kr. Þarna er sem sagt um það að ræða að hitunarkostnaðurinn, miðað við hvern einstakling, þar sem um hitaveitu er að ræða, hefur hækkað um 2 500 kr. En samkv. upplýsingum frá sama aðila, Þjóðhagsstofnun, var þetta þannig varðandi þá, sem verða að hita upp íbúðir sínar með olíu, að í upphafi tímabilsins eða fyrir ári var hitunarkostnaðurinn talinn, miðað við hvern einstakling, 13 110 kr., en nú ári síðar er hann talinn 23 028 kr. eða hefur hækkað á sama tímabili um tæpar 10 þús. kr. á einstakling. Hækkunin er fjórum sinnum meiri en hjá þeim sem búa við hitaveitu. Nú kom það fram hjá forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar að það væri fundið að þessum útreikningi að því leyti til, að hann reiknaði með of lítilli olíunotkun hjá þeim sem hita upp íbúðir sínar með olíu. Ég hef kynnt mér það nokkuð síðan og fengið upplýsingar um það að Þjóðhagsstofnunin gangi í þessu tilfelli út frá allt of litlu magni af olíu, þetta sé ekki í neinu samræmi við þá reynslu sem menn yfirleitt búa við. Ég hygg því að sá skakki, sem hér kann að vera á, sé allur í þá átt að kostnaðarhækkun þeirra, sem búa við olíukyndingu, sé miklu meiri en þessar tölur benda til. Enda er það sannast sagna að ástandið er þannig víða úti á landi, þar sem menn verða að hita upp hús sín með olíu, að það er komið í algert öngþveiti að ráða fram úr þeim vanda hvernig á að hjálpa mönnum til þess að greiða olíureikninginn hverju sinni. Þetta er eitt af meiri háttar vandamálum víða orðið í byggðalögum, hvernig á að hjálpa mönnum með miðlungstekjur til þess að borga þessa olíureikninga. Hækkunin hefur orðið svo mikil. Af þeim ástæðum segi ég, að það er í rauninni alveg furðulegt að láta sér koma til hugar að fara að klípa af þessum peningum og ráðstafa þeim í annað.

Ég dreg það ekki í efa að það er þörf á því að afla fjár til hitaveitufram-kvæmda, það er þörf á því að reyna að koma fleiri húsum í landinu í samband við raforku, þannig að þau geti notið upphitunar með raforku. Þetta er mjög brýnt verkefni. Það á að stuðla að þessu með því að afla lánsfjár til nytsamra framkvæmda og þá að afla fjár með öðrum hætti en þeim að ætla að ráðast á þennan garð, eins og hann er nú.

Hér hafa verið lagðar fram nokkrar aðrar till., sem ég vildi nota tækifærið til að víkja örlítið að.

Hv. þm. Karvel Pálmason leggur fram brtt. á þskj. 330, þar sem hann gerir ráð fyrir því að á næsta árstímabili eða til 1. mars 1976 verði auk þeirrar tekjuöflunar, sem frv. byggir á, lagt sérstakt orkugjald á öll hitaveitugjöld. Ég segi hiklaust, að vissulega teldi ég að ekki veitti af að afla þessa fjár til þess að reyna að jafna nokkuð þennan mun. En ég efast ekkert um að þeim, sem búa við hitaveitu, hefur þótt hækkunin hjá sér í útgjöldum alveg fyllilega nógu mikil, því að t. d. Hitaveita Reykjavíkur hefur hækkað sín gjöld feiknalega mikið og er með kröfur um miklar hækkanir. Ég dreg því nokkuð í efa nú eins og fyrir ári, þegar þessi mál voru rædd, hvernig ætti að leysa vandamál þeirra sem verða að hita upp hús sín með olíu, — ég dreg því nokkuð í efa réttmæti þess að leysa þetta vandamál með þessum sérstaka skatti á hitaveitugjöld og hefði kosið að reyna að fara aðrar leiðir. Hins vegar tek ég undir það, sem kemur fram í þessari till., að það er þörf á því að afla meira fjár. En ég hugsa að þrátt fyrir allt, eins og málin standa, þá mættu menn hrósa happi ef þessi tekjustofn fengi að vera óáreittur og ganga til þess sem ætlað var.

Að öðru leyti er þessi till. í rauninni miðuð við það sama sjónarmið sem kemur fram í till. okkar hv. 9. þm. Reykv. að öllum tekjunum skv. þessu gjaldi verði varið til þess að aðstoða þá, sem búa við olíuhitun. En að fenginni reynslu tel ég hagkvæmara að ákveða beint í l., hvað niðurgreiðslan eigi að vera mikil, og vil því

heldur nefna 10 þús. kr. á einstakling á þessu tímabili heldur en hafa það óákveðið, því að mér sýnist að framkvæmdin hafi orðið þannig að þar hafi menn haldið sér við of lága áætlun allt tímabilið út.

Hér er á öðru þskj., þskj. 331, brtt. frá hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni, þar sem hann leggur til að þeim hluta þessa tekjustofns, sem hér er um að ræða, sem ekki verður varið til beinnar niðurgreiðslu og áætlað er að renni í Orkusjóð, verði varið af Orkusjóði til raforkuframkvæmda. Ég get líka sagt það, að ég tel út af fyrir sig, ef þarf að fara að gera upp á milli þess hvort eigi að njóta meiri stuðnings, raforkuframkvæmdir til húsahitunar eða jarðhitaframkvæmdir, þá tel ég eðlilegra út af fyrir sig að láta fé ganga til raforkuframkvæmdanna, því að þar þarf meira fé til, ekki vegna þess að ég telji ekki sjálfsagt að ráðist verði fyrst og fremst í hitaveituframkvæmdir, því að þær eru enn þá hagkvæmari, en það er meiri þörf á því að veita viðbótarfjármagn til framkvæmda í raforkumálum. En ég er alveg á móti þeirri hugsun að fara að klípa nokkuð af þessu fé og ráðstafa því til annarra hluta, jafnt til raforkuframkvæmda sem hitaveituframkvæmda, því að þetta gjald var lagt á með víðtæku samkomulagi, einnig við launþegasamtökin í landinu, í þessu skyni og það átti að renna til þess arna. Það á ekki að klípa þar neitt af að mínum dómi.

Ég þarf svo ekki að lengja þessar umr. meira. Ég hef gert grein fyrir þeirri brtt., sem ég stend að ásamt hv. 9. þm. Reykv., og gert grein fyrir afstöðu minni og okkar þm. Alþb. til þessa gjaldstofns í heild, að við álítum að það eigi að ráðstafa öllum þessum tekjustofni á sama hátt og upphaflega var áætlað, til þess að létta undir með þeim sem verða þarna harðast úti og verða að hita upp hús sín með olíukyndingu, það sé ekki rétt að klípa neitt af þessu fé og ráðstafa því á annan veg. Við erum reiðubúnir til að taka þátt í því að ná samkomulagi um fjáröflun til þeirra brýnu framkvæmda sem snúa að auknum hitaveituframkvæmdum og raforkuframkvæmdum til húsahitunar í landinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er nú til 2. umr., hefur áður verið til afgreiðslu í hv. Ed. og tók þar nokkrum breyt. til bóta. Ég vonast til þess að þessi hv. d. verði ekki eftirbátur hv. Ed. að þessu leyti og geri töluverða breyt. til bóta enn á þessu frv. því að það fer ekki hjá því að menn sjái að þess er þörf.

Ég vil taka það enn fram, sem skýrt hefur komið fram áður, að það er engin deila um það hér að framlengja það eina söluskattsstig sem verið hefur í gildi til þess að greiða niður olíu til húshitunar. Það er ekki deilt um þessa tekjuöflun í sjálfu sér. Þm. allir eru sammála um að standa að henni. Hins vegar er deilt um það, hvernig tekjunum af þessu söluskattsstigi eigi að verja. Það var fullt samkomulag um það á Alþ., þegar gildandi lög voru samþ., að þessum tekjum ætti að verja öllum til þess að greiða niður hitunarkostnað vegna olíu. Það hefur komið fram, að tekjur af þessu eina söluskattsstigi muni verða nokkru meiri, á 2. hundrað millj. kr. meiri en útgjöld sem búið er að ráðast í, og mér finnst sjálfsagt að þær eftirstöðvar verði notaðar eins og til var ætlast af Alþ., til þess að greiða olíuna niður.

Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. í þessu frv. gert þá breyt. á, að í stað þess að ákveða að verja áfram öllum tekjunum af þessu eina stigi til þess að greiða niður húsahitun með olíu, þá á að taka hluta af upphæðinni frá til annarra og að mínu viti óskyldra þarfa. Við skulum gera okkur grein fyrir því undir hvaða kringumstæðum á að gera þessa breyt. sem stjórnarandstaðan mótmælir harðlega. Það á að gera hana undir þeim kringumstæðum, eins og fram hefur komið í umr. í hv. Ed., að meðalverð á olíu hefur hækkað frá árinu 1974 úr 12.53 á lítra í 20.20 kr. eða um 62%. Það liggur því ljóst fyrir, að jafnvel þó að sá háttur yrði áfram hafður á að tekjurnar af einu söluskattsstigi yrðu notaðar til þess eins að greiða niður húshitun með olíu, þá mundu þær tekjur ekki nægja til þess að jafna þessa miklu hækkun, þannig að ef þeir, sem þurfa að kynda hús sín með olíu, ættu að verða jafnsettir á árinu 1975 og þeir voru á árinu 1974, þá hefði meiri fjáröflun þurft að koma til. Undir þessum kringumstæðum ákveður hæstv. ríkisstj. að gera þá breyt. á frv. að í stað þess eins og stendur í gildandi l. nú, að verja öllum tekjunum af þessu eina söluskattsstigi til þess að greiða niður olíu til húshitunar, þá skuli klipnir af því verulegir fjármunir til annarra þarfa. Með þessu er hæstv. ríkisstj. raunverulega að lýsa því yfir að þeir, sem neyðast til þess að kynda hús sín með olíu, eigi að verða verr settir á árinu 1975 en þeir voru á árinu 1974. Ég sé engin rök sem mæla með því að svo eigi að vera.

En þessar tölur einar sér segja ekki söguna alla. Þar kemur ýmislegt fleira til. Þar kemur t. d. það til, eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson nefndi hér áðan, að eftir þeim upplýsingum, sem þm. sjálfir geta mætavel aflað sér, virðist augljóst að í útreikningum Þjóðhagsstofnunar á olíueyðslu er farið mjög vægilega í sakirnar. Það er ekki langt síðan frá því var greint í einu dagblaðanna, en þar var talað við ýmsa forustumenn sveitarstjórnarmála úti á landi og frá því var greint hvað þeir áætluðu að kostaði að kynda hús með olíu. Það voru töluvert miklu hærri tölur en gert er ráð fyrir í útreikningum sérfræðinga sem liggja til grundvallar þessu frv. Þá kemur það einnig inn í þetta dæmi að það er mikill mismunur milli einstakra landshluta í kyndikostnaði, ekki bara milli þeirra, sem nota hitaveitu annars vegar, nota jarðvarmann til húshitunar, og hinna, sem verða að nota olíu, heldur einnig milli landshluta þar sem báðir verða að nota olíu til húshitunar. Það hefur t. d. komið fram í útreikningum, sem stjórn Fjórðungssambands vestfirðinga hefur gert, að það er um 18% dýrara að kynda hús með olíu á Vestfjörðum en kynda hús með olíu á Suðurlandi. Til þess liggja tvær ástæður: Í fyrsta lagi kaldara veðurfar á Vestfjörðum en Suðurlandi og í öðru lagi sú staðreynd að meginþorrinn af húsum í Vestfjarðakjördæmi og raunar sennilega á Norðurlandi vestra líka og jafnvel Austfjörðum eru eldri hús, verr einangruð og verr búin en

húsin sem byggð hafa verið hér á Suðurlandi undanfarin ár, og því miklu dýrari í kyndingu þannig að þær meðaltalstölur, sem nefndar hafa verið hér í sambandi við kostnað við húshitun með olíu, eru ekki í alla staði réttar og raunar langt í frá.

Þá hefur það líka töluverð áhrif á þetta mál hvernig hinir ýmsu landshlutar eru staddir varðandi það að eiga von á því að fá húshitun frá jarðvarmaveitu. Það skiptir auðvitað miklu máli fyrir allan almenning, hvort hann má eiga von á því að geta fengið hús sín tengd við hitaveitu á næstu mánuðum eða fáum árum eða hvort menn verða að horfast í augu við það að þurfa að bíða enn í a. m. k. 10—15 ár þangað til slíkt verður mögulegt. Það er e. t. v. ekki rétt að taka tillit til slíks ástands í sambandi við ráðstafanir eins og hér er verið að fjalla um. En hitt gefur auga leið, að þetta er atriði sem almenningur horfir töluvert á. Menn geta kannske frekar sætt sig við að borga mikinn kyndikostnað um skamma hríð, ef þeir vita til þess að þeir eigi í vændum að fá hitaveitu sem muni lækka kyndikostnað þeirra mjög, fremur en ef menn vita að þeir þurfi að borga þennan mikla kostnað mörg ár fram í tímann.

Það hefur komið fram í útreikningum Þjóðhagsstofnunarinnar að meðalkyndikostnaður á mann með olíu er 23028 kr., en hins vegar 6536 kr. á mann ef kynt er með hitaveitu. Hér er um fjórfaldan mismun að ræða samkv. þeim tölum sem hér hafa verið nefndar. Mér er nær að hyggja að það sé frekar um fimm- til sexfaldan mismun að ræða þarna en fjórfaldan mismun. Þá horfumst við í augu við þann vanda að það er sennilega ekki til nokkurt dæmi um það að mönnum sé jafnmismunað á Íslandi og einmitt á þessu sviði. Sennilega er varla til dæmi um það, að maður, sem byggir landshlutann A, sé fimmfalt eða sexfalt betur settur en maður sem byggir landshlutann B, nema í þessu eina máli, í húshitun. Ef við erum þeirrar skoðunar, að ef fólk þarf að bera byrðar, þá eigi að reyna að hafa þær byrðar sem jafnastar á alla, ef þetta er okkar grundvallarlífsviðhorf, þá verðum við að mæta þessu vandamáli, þá verðum við að draga úr þessum gróflega mismun. Við getum þá að sjálfsögðu ekki liðið það, að einn maður sé fjór-, fimm- eða sexfalt verr settur en annar að öllu óbreyttu. Þess vegna finnst mér það alls ekki fráleit hugmynd, sem hv. 5. þm. Vestf. hefur varpað fram á þskj. 330, að setja verðjöfnunargjald á hitakostnað, vegna þess að andinn í hans till. er sá, að það verði sett verðjöfnun á kyndikostnað í landinu, þannig að það komi ekki niður á manni varðandi kyndikostnaðinn hvar hann hefur kosið sér búsetu á Íslandi. Ég er reiðubúinn til að styðja slíka lausn á þessu máli og sé ekkert athugavert við það þó að hún sé reynd jafnhliða því sem framlengt sé söluskattsstigið og fjár aflað með þeim hætti til þess að greiða niður kyndikostnaðinn. Við hljótum að stefna að því, þm., að það sé sama hvar menn séu búsettir á landinu, þá sé aðstaða þeirra söm og jöfn. Hún er það ekki varðandi kyndikostnaðinn, langt í frá. Það er margfaldur mismunur þar á. Þann mismun eigum við að jafna. Við getum jafnað hann annars vegar með tekjuöflun til niðurgreiðslu á kyndikostnaði, eins og hér er gert ráð fyrir og hins vegar með verðjöfnun, þ. e. a. s. með því að þeir, sem sleppa fjórfalt, fimmfalt eða sexfalt betur en aðrir frá þessum útgjaldalið, verða að taka á sig aukinn kostnað til þess að færa niður kostnað hinna, sem margfalda fjárhæð verða að borga.

Það er ekkert réttlæti í því, að fólk sem verður hvort eð er að borga miklu meira fé en t. d. íbúar höfuðborgarsvæðisins fyrir margvíslega þjónustu, — fólk sem verður að borga miklu hærri flutningsgjöld á vörum, á almennum lífsnauðsynjum, — fólk sem verður að borga miklu hærri fjárhæðir fyrir heilsugæsluþjónustu, læknisþjónustu og annað af slíku tagi, — fólk sem ekki á einu sinni kost á því að njóta sömu þjónustu og íbúar höfuðborgarsvæðisins, — það er ekkert réttlæti í því að utanaðkomandi aðstæður, eins og orkukreppan, setji þetta fólk í þann vanda að það þurfi fyrir þennan eina hluta af framfærslukostnaði sínum að inna af hendi fimm eða sexfalda upphæð á við aðra landsmenn. Við skulum aðeins líta á hag þeirra, sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Eftir könnunum og upplýsingum, sem ég hef gert og aflað mér, þá virðist það vera nokkuð rétt áætlað að yfir vetrartímann þurfi til þess að kynda íbúð eða venjulegt hús, í kringum 15—20 þús. kr. á mánuði. Þetta er um það bil helmingurinn af dagvinnutekjum þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. Það er um það bil helmingurinn af dagvinnutekjum þessa fólks sem fer í það eitt að borga kostnað við að kynda hús þess. Þá er helmingur eftir af dagvinnutekjunum til allra annarra þarfa. Mér er ósköp vel kunnugt um það, að á mörgu íslensku láglaunaheimili er þarna að gerast mikil sorgarsaga í dag, mikil sorgarsaga hjá láglaunafólki, hjá elli- og örorkulífeyrisþegum. Og þeim verður ekki mætt með því einu að láta þá hafa einum og hálfum sinnum 8 þús. kr. röskar til þess að greiða þennan kostnað niður, það sér auðvitað hver maður.

Það er ekki hægt að tala svo um þetta mál að það verði ekki minnst nokkrum orðum á orkumál almennt. Samkv. tölum, sem fyrir liggja, mega þjóðirnar í Vestur-Evrópu vænta þess að þær geti sjálfar framleitt um það bil 2% af þeirri orku sem þær nota. Þjóðirnar á meginlandinu gera sér ekki vonir um að geta sjálfar útvegað sér af eigin rammleik meira en 2% af þeirri orku sem þær sjálfar nota. Þarna erum við íslendingar töluvert á annan hátt settir. Við erum þannig settir að við eigum nægа orku, en við höfum hins vegar beislað mjög lítið af henni. Þess vegna hefur orkukreppan komið jafnilla við okkur og þær þjóðir sem engar orkulindir eiga. Þarna hefur skort á hjá okkur í fyrsta lagi framsýni og í öðru lagi heildarstefnumótun í orkumálum. Menn hafa verið að virkja út og suður fyrirhyggjulítið og án nokkurs heildartakmarks eða heildarmiðs, án þess að nokkur raunhæf áætlun hafi verið gerð til langs tíma, eins og sjálfsagt er við verkefni sem þessi. Við hljótum að læra af þessari reynslu, við hljótum að hugsa með okkur sjálfum: Hvað eigum við að gera til þess að fara af þessari

röngu braut og nota okkur þær auðlindir, sem landið okkar hefur að bjóða?

Í fyrsta lagi verðum við auðvitað að svara með því að reyna að draga úr olíuinnflutningi okkar eins og framast er kostur og með því að reyna að jafna þann kostnað sem fólkið í landinu verður að bera vegna olíukreppunnar, eins og ég hef fjallað um hér áður, t. d. með skattlagningu, eins og hér er á ferðinni, til þess að greiða niður kyndikostnað og með verðjöfnun á kyndikostnaði. Annað stóra atriðið er að sjálfsögu fólgið í því að hefja mikið átak til þess að virkja bæði jarðvarma og vatnsafl og gera það ekki þannig að vera að tína það upp úr tíu pokum, gera það ekki þannig að hægri höndin viti vart hvað sú vinstri gerir, heldur hafa um þetta áætlunargerð til langs tíma, þar sem séð sé fyrir þörfum ekki aðeins ákveðinna atvinnugreina, ekki aðeins ákveðinna landshluta, heldur landsins í heild. Við skulum gera okkur grein fyrir því að virkjanir, af hvaða tagi sem er eru einhver hagkvæmasta fjárfesting sem við getum lagt í hér á landi. Við eigum að ráðast í þessar virkjanir og við eigum ekki að vera feimnir við að gera það með því móti að taka erlend lán til þess, eins og yfirleitt alltaf hefur verið gert, vegna þess að hagkvæmari framkvæmdir en virkjunarframkvæmdir getur ekki hér á landi.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að taka undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að mér finnst mjög óeðlilegt og mjög óréttlátt að ætla að klípa af þeirri tekjuöflun, sem alger samstaða er um á Alþ. að leggja út í til að greiða niður olíukostnað, kyndikostnað, — klípa af þeirri fjárupphæð töluvert mikla fjármuni til þess að verja til virkjunarframkvæmda. Þetta eru töluvert miklir fjármunir fyrir almenning, sem missir þeirra, en þetta eru ekki stórir fjármunir til þess að hrinda af stað virkjunum í einhverjum mæli. Þarna er um lítið fjármagn að ræða á mælikvarða virkjana, en stórfé að ræða á mælikvarða þess almennings, sem á að taka þessa fjármuni af.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér urðu það mikil vonbrigði að hv. fjh.- og viðskn. þessarar d. skuli ekki hafa séð sér fært að taka meira tillit til þeirra brtt., sem ég gerði hér grein fyrir í gær og varða þetta mál. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé með ólíkindum að þeir menn, sem ekki gera sér grein fyrir þessu geigvænlega ástandi, eins og hv. 2. þm. Austf. kom hér inn á í sambandi við hækkun á olíukostnaðinum, geti afgreitt svona mál, eins og mér virtist hv. þm. Ólafur G. Einarsson gera hér áðan, frsm. fjh.- og viðskn., með bara einu pennastriki og segjast ekki ætla að ræða það. Hér er um að ræða mál sem er þess eðlis, að menn verða blátt áfram að komast til botns í því hvort hér er um svo geysilega mismunun að ræða eins og hér hefur komið fram, annars vegar milli þeirra, sem eru á hitaveitusvæðunum, og hins vegar hinna, sem kynda hús sín með olíu, — hvort hér er um svo mikil vandamál að ræða sem ég og margir aðrir halda fram, og ef svo er, sem ég fullyrði, þá verða menn að standa frammi fyrir því, hvort þeir vilja gera tilraun til þess að leiðrétta þann herfilega mismun sem hér á sér stað. Svona mál verður að mínu viti ekki afgreitt bara með því að segja að við ræðum það ekki. Þetta er svo alvarlegs eðlis og snertir slíkan fjölda einstaklinga í landinu, að það verður ekki komist hjá því hér á Alþ. að menn segi til um hvort þeir telji að slík mismunun sé réttlætanleg gagnvart þeim aðilum sem verða við hana að búa. Hjá því verður ekki komist.

Hvað sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson segir um kjördæmissjónarmið og hvað sem menn kalla þessa skoðun, sem ég og margir aðrir hafa, sem er í þá átt að við teljum að það verði ekki við unað það ástand, sem er nú og verður áfram að óbreyttum kringumstæðum, — hvað sem menn kalla þetta, þá er staðreynd að það er um þennan mismun að ræða og Alþ. og ríkisstj. verður að gera til þess ráðstafanir með fjáröflun af einhverju tagi, sem geri það kleift að minnka þennan mun. Hjá því verður ekki komist. (**Gripið fram í:** Er ekki verið að því?) Er ekki verið að því? segir hann. Og þá má ætla svo að þessi hv. þm., sem grípur fram í, telji þetta nóg. Má vera að það sé hans skoðun. En hún fellur ekki í jarðveg hjá þeim sem verða að borga fimmfalt og sexfalt meira en þessi hv. þm. þarf sjálfur að borga til þessara hluta og hefur þó hærri laun til að borga af en þeir, sem hér er verið að tala um. (Gripið fram í.) Já, að hluta ásamt öðru sjálfsagt.

Þegar ég talaði hér fyrir brtt. mínum í gær gerði ég grein fyrir því, og skoðun mín hefur ekki breyst, að hitunarkostnaður á venjulegu íbúðarhúsnæði, er á bilinu frá 15—20 þús á hverjum einasta mánuði, og það er miklu meiri byrði en a. m. k. ég tel að sé hægt að bjóða fólki á þessum stöðum að bera, miðað við það sem aðrir landsmenn á hitaveitusvæðum búa við. Það er því rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kom hér inn á áðan, það er ábyggilegt að við finnum engin dæmi þess mismunar á öðrum sviðum eftir búsetu, og eru þau dæmi þó mörg sem við getum fundið um mismun á ýmsum liðum miðað við búsetu manna. En hér keyrir um þverbak, og ég held að það verði ekki við það unað. Þó að hv. stjórnarlið vilji ekki fallast á þessa leið, þá verður ekki hjá því komist, stjórnvöld verða að finna leið og það nú þegar til þess að jafna þennan geysilega aðstöðumun.

Ég verð þó að segja að það er misjafnlega djúpt á réttlætiskennd hv. nm. fjh.- og viðskn. Það var auðheyrt á ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að hann gerir sér þetta ljóst þótt hann að vísu telji vafasamt að fara þessa leið sem ég er hér að benda á. Það má um deila hvort á að fara þá leið eða hver prósentan ætti að vera, ef inn á það væri farið að afla slíkra fjármuna. En hann gerir sér fyllilega ljóst hversu hér er um geysilegt vandamál að ræða. Það dreg ég í efa að allir hv. þm. geri sér ljóst og það sé þess vegna og ég vona fyrst og fremst þess vegna sem jafnmikið tómlæti virðist ríkja og lítið talað um það sem hér er á ferðinni. Ég vil því eindregið hvetja hv. þm. til þess að gera sér grein fyrir þessu máli. Ef þeir sann-

færast um að aðstöðumunurinn sé svona mikill eins og ég hef haldið fram, þá hljóta þeir að sannfærast einnig um að Alþ. og stjórnvöldum ber beinlínis skylda til þess að finna leiðir til fjáröflunar til þess að minnka þennan aðstöðumun. Það er fráleitt, algerlega fráleitt, eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson kom hér inn á og Sighvatur Björgvinsson einnig, þm., að meðan þetta ástand varir, þessi aðstöðumunur er ríkjandi í landinu, — þá er fráleitt af stjórnvöldum að vera að klípa af þessum peningum *til annarra þarfa sem út af fyrir sig eru nauðsynlegar.* Alþ., allir þm., eftir því sem ég man best, eru sammála um að verja tekjum af þessu eina söluskattsstigi til þessara hluta, og það er fráleitt að ætla nú að fara að klípa af þeim fjármunum og ég er satt að segja alveg undrandi á því að Framsfl., forusta Framsfl., skuli geta tekið sér það í munn að mæla með því að slíkt verði nú gert. Það er alveg fráleitt. Það er ekki byggðasjónarmið sem þar ræður. Það er eitthvað allt annað. Og ég er viss um það, að ef íbúar á hitaveitusvæði, eins og hv. þm. sem greip hér fram í áðan, Ellert B. Schram, fengju reikning á þriggja mánaða fresti vegna kyndingar á sinni íbúð upp á 45—60 þús kr., þá færu þessir sömu aðilar að taka við sér (**EBS:** Upp á hvað mikið?) Upp á 45—60 þús. á því bili, á þriggja mánaða fresti. Þá færu þessir menn að taka við sér og þá mundi ábyggilega verða rekið upp ramakvein af þeim fulltrúum þessara svæða sem telja nú að við, sem höldum fram þessu sjónarmiði álíka og ég, séum hér með kjördæmissjónarmið.

Nei, ég held að menn verði að horfast í augu við þá staðreynd að það er ókleift, beinlínis ókleift hjá venjulegum launamanni, ég tala nú ekki um þá sem eru á lægstu launum og elli- og örorkulífeyrisþega, — það er bókstaflega ókleift að ætlast til þess að þessir aðilar beri þennan skatt án þess að fá frekari bætur en nú er gert ráð fyrir.

Ég minnist þess að þegar var verið að ræða um þessi mál á síðasta þingi þá var það talsverðum erfiðleikum háð að fá fulltrúa Framsfl. í fjh.- og viðskn., sem þá fjallaði um þetta mál og ég átti sæti í, til þess að fallast á það að elli- og örorkulífeyrisþegar fengju einn og hálfan styrk. Þeir voru ekki þá á þeim buxunum, fulltrúar Framsfl., án þess að það væri verulega látið á það reyna að fallast á slíkt. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að fulltrúar stjórnmálaflokkanna hér á Alþ. verði andvígir því, eftir það sem gerst hefur í þessum efnum frá því að þetta var samþ. fyrir um ári, — að þeir verði á móti því nú að þessum aðilum, elli- og örorkulífeyrisþegum, verði bætt frekar en öðrum, þó að full ástæða sé til þess. Ég tel, að eins og mál standa í dag og eins og farið hefur verið með elli- og örorkulífeyrisþega og bótaþega almannatrygginga frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, þótt ekki sé litið yfir lengri tíma, þá sé ekki sæmandi af Alþ. að gera ekki þá breytingu á þessum lið að elli- og örorkulífeyrisþegar fái a. m. k. tvöfaldan styrk. Það væri miklu nær hv. stjórnarliðum að fallast á slíka breyt. og gefa frá sér þá hugmynd að klípa af þessum tekjulið til annarra framkvæmda. Það væri sök sér, þótt svo þessi liður stæði óbreyttur þannig séð, að eitt stig færi til þessa, en styrkur til elli- og örorkulífeyrisþega færi upp í að verða tvöfaldur, en allar tekjurnar væru eigi að síður notaðar til þess sem þær væru ætlaðar.

Ég fyrir mitt leyti verð að segja það, að ég verð fyrir afskaplega miklum vonbrigðum ef það sjónarmið virðist koma til með að ríkja hér á hv. Alþ., að það sé ekki réttlætanlegt í slíku vandamáli að skattleggja að hluta þá sem búa við 5—6 *sinnum hagkvæmari* aðstöðu *en hinn* aðilinn sem hér er verið að tala um. Ég hélt því fram í gær, að miðað við það að verð hjá hitaveitu hækkaði um 30% frá því sem það nú er, þá væri það rösklega þriðjungur af því verði sem þeir einstaklingar verða að borga sem kynda hús sín með olíu, — rösklega þriðjungur. Ég tel, að slík ákvörðun sé fullkomlega réttlætanleg, þegar þetta tvennt er borið saman, ekki síst ef tekið er tillit til þess að það eru stór svæði í okkar landi, heilir landshlutar, sem ekki eygja það takmark að geta hitað íbúðarhús sín með hita frá hitaveitu eða með raforku, þannig að það er allt útlit fyrir að landshluti eins og Vestfirðir verði um áraraðir að búa við sama ástand og nú er á því svæði.

Menn kannske minnast þess, að við fjárlagaafgreiðslu hér fyrir jólin var Orkustofnun og þar með vestfirðingum neitað um að fá tæpar 10 millj. kr. til þess að hægt væri að ljúka nauðsynlegum undirbúningsrannsóknum til þess að taka ákvörðun um hvernig skyldi hagað virkjunarframkvæmdum á Vestfjörðum. Vel má vera að það sé ætlun núv. stjórnarherra að sá hluti, sem á að klípa af olíustyrknum, sé ætlaður til þess að leiða vestfirðinga eitthvað af með því, að nú verði hægt að ljúka þeim undirbúningsrannsóknum sem farið var fram á fjárveitingu til við fjárlagaafgreiðslu. En hvað sem því líður, þá er það staðreynd að að mínu áliti kemst Alþ. ekki hjá því að horfast í augu við þessa staðreynd og er ekki bjóðandi íbúum neins hluta þessa lands að þurfa að borga 5—6 sinnum meira, hvorki fyrir þessa þjónustu né neina aðra þjónustu, en þeim aðila sem býr við bestu skilyrði. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd að það verður að jafna þennan mun, fyrst og fremst þennan kannske eins og mál standa nú, en þeir eru ótalmargir fleiri sem verður að jafna með tilliti til búsetu.

Út af því, sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson sagði, að það væri æskilegra að hafa ákveðna tölu sem ætti að greiða fyrir einstakling, þá get ég út af fyrir sig fallist á að það er æskilegra. En ef stjórnvöldum er ekki til þess treystandi, þegar búið er að ákvarða til hvaða hluta ákveðnum tekjum skuli varið, þá veit ég ekki hvað á að gera. En till. mín er einmitt um að öllu þessu fé verði ráðstafað til þessa, eins og það var ætlað í upphafi og á að gera. Það má vel vera að það verði að setja þær skorður að nefna ákveðna tölu, *og ekki skal ég hafa á móti* því. En ég taldi það satt að segja, kannske vegna þess að ég er það nýr í starfinu, ástæðulaust þegar það væri á annað borð ákvarðað til hvers þetta fjármagn ætti að fara.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta en

ég vil aðeins víkja að því sem kemur fram í till. frá hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni. Það er út af fyrir sig rétt, að ef á að fara í það á annað borð að klípa af þessum peningum og ef það verður staðreynd, þá er réttlætanlegra að mínu áliti að veita því frekar til raforkuframkvæmda en til hitaveitu eða jarðvarma, þótt það sé nauðsynlegt út af fyrir sig. En ég held að hér sé ekki um það mikla fjármuni að ræða að þeir komi að miklu gagni til þessara framkvæmda, en koma hins vegar að mjög miklu gagni fyrir þá einstaklinga sem hafa orðið fyrir barðinu á hinni geigvænlegu hækkun olíuverðsins. Væri farin sú leið, sem ég hef hér gert till. um, þá þýddi það í reynd um 25% hækkun eða nálægt því 25% hækkun á greiðslu olíustyrks til þeirra sem hans munu njóta eða hafa notið. Það væri ekki langt frá því. Allt söluskattsstigið + þessar 230 millj. miðað við núv. verðlag á hitaveitugjaldi, sem mundi þá verða hærra ef um hækkun yrði að ræða, það mundi þýða nálægt 25% hækkun á þeim styrk sem þeir fengju sem búa við þessar aðstæður, og það er lítill hluti, lítið bil sem brúað er af því geigvænlega bili sem er milli þessara tveggja þátta.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að ræða þetta frekar. Ég vænti þess, að þó að fáir hv. þm. hafi tekið undir mitt mál í umr., verði þeir þó a. m. k. talsvert fleiri sem undir það taka í atkvgr., og það er það sem skiptir máli.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég er samþykkur brtt. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar um að framlagið hækki úr 8 200 kr. í 10 þús. kr. Ég er enn fremur samþykkur þeirri till. hv. þm. Karvels Pálmasonar, að elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fá bætur samkv. 19. gr. almannatryggingalaga, fái tvöfalda greiðslu. Ég lít svo á að þessu söluskattsstigi beri að verja til þess fyrst og fremst að jafna þann aðstöðumun, eftir því sem hægt er, sem nú er orðinn vegna hinnar miklu hækkunar á olíuverði. Ég er hins vegar andvígur þeirri till. hv. þm. Karvels Pálmasonar að lagður verði sérstakur skattur á gjaldskrá hitaveitna, hér í Reykjavík og annars staðar. Mér finnst þetta vera till. sem ekki er rökrétt út frá viðhorfum þessa hv. þm. Þessi hv. þm. má vita það, að sú óðaverðbólga, sem dunið hefur á að undanförnu, hefur einnig bitnað á fólki hér í Reykjavík ekki síður en annars staðar, og skattheimta af þessu tagi mundi bitna á lágtekjufólki, á öldruðu fólki og öryrkjum ekki síður en öðrum. Ég hygg að ef hv. þm. hugsar sig um, þá muni hann átta sig á því, að það er nær að afla þessa fjár með öðru móti en að skattleggja til að mynda þetta fólk.

En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs hér var sú, að mér finnst ekki hægt að fjalla um þetta mál, um bráðabirgðaráðstafanir til þess að draga úr áhrifum olíuverðhækkana, án þess að ræða lítillega um það meginviðfangsefni okkar á þessu sviði að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu þar sem því verður við komið. Það er sú úrbót sem hefur frambúðargildi, og að henni verðum við að vinna eins fljótt og við mögulega getum. Styrkur af þessu tagi, eins og felst í þessu frv. og l. þeim sem voru í gildi áður, getur ekki verið annað en bráðabirgðalausn, og það, sem öllu skiptir, er að vinna að frambúðarlausn. Við erum sem betur fer þannig settir, að við eigum næga innlenda orku til þess að hita upp öll híbýli okkar og til ýmissa annarra þarfa sem sem olía er nú notuð. Og það er ekki hægt að fjalla svo um þetta mál að ekki sé fjallað um þetta meginatriði.

Það er ákaflega undarlegt, að á sama tíma og þetta vandamál hvílir svona þungt á okkur, þá eru að gerast þau tíðindi að hæstv. ríkisstj. er hreinlega að tefja framkvæmdir á þessu sviði. Það gerðist nú fyrir nokkru að Hitaveita Reykjavíkur hætti öllum nýjum framkvæmdum við lögn hitaveitu í Kópavogi, í Garðahreppi og í Hafnarfirði. Sú töf, sem þegar er orðin, er alvarleg og verður þeim mun alvarlegri sem þetta mál stendur lengur. Ég minnist þess, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var því haldið fram úr þessum ræðustól af einum að ráðh. núv. ríkisstj., hæstv. fjmrh. Matthíasi A. Mathiesen, að vinstri stjórnin hefði tafið þessar framkvæmdir. Þetta voru ósannar ásakanir með öllu. Ríkisstj. greiddi fyrir þessum framkvæmdum svo mjög, að Hitaveitunni var gert kleift að leggja í þessa óhemjulegu fjárfestingu á þann hátt að taka meiri hluta hennar af tekjuafgangi sínum árlegum, en aðeins minni hl. að láni. Hins vegar reyndi Hitaveita Reykjavíkur ævinlega að nota þetta mál til þess að hækka gjaldskrá sína. Hún notaði áhuga íbúanna í Kópavogi, í Hafnarfirði og í Garðahreppi sem eins konar kúgunarherferð gegn stjórnvöldum, og þessu lauk hreinlega á því að ég sá mér ekki annað fært sem iðnrh. en að tilkynna Hitaveitu Reykjavíkur, að ef hún stæði ekki við fyrirheit þau, sem hún hefði gefið nágrannabyggðunum, þá yrði gjaldskrárhækkun, sem heimiluð hefði verið, afturkölluð og hún að búa við fyrra gjald. Þessi fjárkúgunaraðferð er enn þá í gangi. Það er deila um það, að Hitaveita Reykjavíkur vill fá allan sinn tilkostnað bættan með því að stórhækka verðlag á hitaveitunni hér í Reykjavík. Það eru ekki nein rök fyrir þeim kröfum sem Hitaveitan gerir þar. Þennan vanda, lagningu hitaveitu í nágrannabyggðirnar verðum við að sjálfsögðu að leysa með því að afla okkur lánsfjár, og það á að vera mjög auðvelt að afla lánsfjár til hitaveituframkvæmda vegna þess að það eru ákaflega arðbærar framkvæmdir. Ég vil vænta þess, að hæstv. ríkisstj. geri þegar í stað ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þau skemmdarverk, að þessar framkvæmdir skuli tafðar svo sem nú er verið að gera. Það er skemmdarverk gagnvart íbúunum í Hafnarfirði, Garðahreppi og Kópavogi og það er líka skemmdarverk gagnvart þjóðarheildinni, því að hér er um ákaflega stórt þjóðhagsatriði að ræða.

Ég hygg einnig, að undirbúningur framkvæmda við hitaveitu á Suðurnesjum frá Svartsengi hafi tafist mjög óeðlilega að undanförnu vegna þess að hæstv. ríkisstj. hafi ekki séð leiðir til þess að afla þar nauðsynlegs fjármagns. Ég held, að það væri ákafleg æskilegt í sambandi við þetta mál að við fengjum skýrslu frá hæstv. ríkisstj., frá hæstv. orkumálaráðh. og hæstv. viðskrh., sem fjallar um gjaldskrármál, um það hvernig á þess-

um málum er haldið, og raunar væri gott að fá umsögn fjmrh. um þetta mál, því á hann reynir sannarlega mikið í þessu sambandi.

En það er ákaflega margt fleira sem við þurfum að gera á sviði orkumála ef við ætlum að nýta okkar eigin orku í stað innfluttrar olíu. Við vitum að það eru til fullgerðar áætlanir um hitaveituframkvæmdir í Borgarfirði, einnig á Akureyri, Siglufirði og miklu víðar. Auk þess bíður okkar það verkefni að nýta raforku til húshitunar hvar sem því verður við komið. Á þessu sviði var hafin áætlunargerð í tíð fyrrv. ríkisstj. og ég lagði hér fram skýrslu á sínum tíma, áfangaskýrslu um það, hvernig þessari áætlun væri komið. Hins vegar gerðust þau tíðindi, eftir að núv. ríkisstj. var mynduð, að þessi áætlunargerð var stöðvuð og hefur ekkert verið unnið að henni síðan núv. ríkisstj. tók við völdum. Og það var fleira, sem var stöðvað. Það var stöðvað að leggja stofnlínu frá Suðurlandi til Norðurlands sem átti að hefjast handa um í sept. á síðasta ári og var þá efni í línuna tiltækt hér á Suðurlandi. Það hafa verið gefin um það loforð, að þessi línulögn hefjist loksins nú með vorinu. En svo eru að berast um það lausafréttir að það séu uppi kröfur um að það verði hætt við þessa línulögn á nýjan leik, og mér þætti mjög æskilegt ef hæstv. orkumrh. greindi frá því, hvort þessar frásagnir eru réttar og hvort það standi e. t. v. til að bregðast einnig þessu fyrirheiti um lagningu þessarar línu.

Það hafa engar ráðstafanir verið gerðar til þess að leggja stofnlínu frá Kröfluvirkjun, enda þótt allar líkur bendi til þess að hún geti farið að framleiða orku mun fyrr en menn gerðu sér vonir um. Þar er um að ræða stofnlínur sem þarf að leggja bæði í sambandi við Norðurland og eins til Austurlands. Mér skilst að þetta málefni sé í höndum Rafmagnsveitna ríkisins, en ég veit ekki til þess að neitt hafi verið að því unnið enn þá.

Ég tel að þegar við fjöllum um þetta frv. um bráðabirgðaráðstafanir, þá beri okkur einnig að hafa í frv. ákvæði sem vísi til framtíðarinnar. Ég er ekki sammála því að klípa af þessum tekjustofni til þess að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum vegna hitunar íbúða, vegna þess að í fyrsta lagi tel ég það vera rangt að skera af þessu fjármagni á þennan hátt og svo vegna hins að þarna er um litla fjármuni að ræða. Þetta sýnir hvað hæstv. ríkisstj. er smátæk, hvað hún ætlar sér að gera lítið. Hún vill ekki gera sér neina grein fyrir því, hvað þetta verkefni er stórfellt ef við ætlum að leysa það eins og þörf er á. Ég vil minna á það, að ef við tökum raforkuna sérstaklega og tökum þau tvö landssvæði sem verða fyrst og fremst að treysta á raforku til þess að hita hús sín, þ. e. a. s. Vestfirði og Austurland, þá mun láta nærri að línur um Vestfirði til rafhitunar húsa muni kosta um einn milljarð kr. og auk þess þurfi að fjárfesta í varastöðvum um 500 millj. kr., þ. e. a. s. 1.5 milljarðar vegna Vestfjarða. Kostnaður vegna Austurlands er áætlaður að vera ámóta mikill. Aðeins þessi tvö atriði eru 3 milljarðar kr. Það hefur verið sagt að stofnlínan, sem á að tengja Suðurland og Norðurland hafi átt að kosta á sínum tíma 1 milljarð kr. En með gengislækkuninni hefur ríkisstj. að sjálfsögðu hækkað þá upphæð til allmikilla muna.

Þetta eru ákaflega kostnaðarsamar framkvæmdir. Hitaveituframkvæmdirnar munu kosta ákaflega mikið fé og raforkuframkvæmdirnar ekki síður. En þetta eru framkvæmdir, sem við verðum að ráðast í, og þetta eru framkvæmdir, sem við getum ráðist í. Eins og hv. þm. Lúðvík Jósepsson minnti á áðan telur ríkisstj. engin tormerki á því að fá lánsfé sem nemur milljörðum og aftur milljörðum kr. til byggingar járnblendiverksmiðju. Henni ætti þá ekki að verða skotaskuld úr því að afla fjármuna til þessara framkvæmda sem eru þjóðhagslega ákaflega hagkvæmar. Það er af þessari ástæðu sem ég vil flytja brtt. við þetta frv., og hún er á þá leið að c-liður 2. gr. orðist svo:

„Til þess að fullgera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Verði áætlunin við það miðuð að lokið verði við jarðvarmaveitur, þar sem þær eru hagkvæmar, á árinu 1977 og að fyrir lok þessa áratugs eigi landsmenn kost á nægri raforku til húshitunar og annarra þarfa. Í áætluninni verði ákveðnar virkjanir, samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum til að ná þessu marki, enn fremur árleg fjáröflun með innlendum sparnaði og erlendum lántökum."

Hér er ekki verið að leggja til að klipin verði nein umtalsverð upphæð af því gjaldi sem á er lagt til þess að jafna aðstöðumun manna að því er varðar húshitun. Það eru ekki fjármunirnir, sem þarna skipta máli, heldur að með slíkri samþykkt, með slíkri viðbót væri Alþ. að marka stefnu sem ég tel vera ákaflega brýna. Alþ. væri að lýsa því yfir, að það teldi að þannig bæri að halda á málum að hitaveituframkvæmdum yrði lokið á árinu 1977 og að raforkuframkvæmdum yrði hagað þannig að næg raforka yrði til húshitunar og annarra þarfa hvarvetna um land í lok þessa áratugs. Þetta er framkvæmanleg stefna, en hún er því aðeins framkvæmanleg að við höfum manndóm til þess að gera um þetta áætlanir og framfylgja þeim. Til þess þarf mikla fjármögnun, til þess þarf skynsamlega hagnýtingu á vinnuafli, en þetta er eina leiðin til þess að bægja frá til frambúðar afleiðingunum af olíuverðshækkuninni. Mér finnst einmitt að ákvæði af þessu tagi eigi heima í þessu frv., því að í því felst það, að við setjum okkur það mark að endanlegar aðgerðir til þess að nýta innlenda orku taki við af þeim bráðabirgðaaðgerðum sem við erum nú að taka ákvarðanir um.

Brtt. mín er skrifleg og of seint fram komin og ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 340) samþ. með 29 shlj. atkv.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Við höfum heyrt í þessum umr. tvenns konar tón, og mér finnst ástæða til þess að fara ár aftur í tímann, þegar ég var í þeim sporum að standa að kröfugerð um jöfnun á hitunarkostnaði íbúðar-

húsnæðis. Ég hygg, að þegar Fjórðungssamband vestfirðinga gerði sínar athuganir í jan. 1974, þá hafi hjóðinni fyrst orðið ljóst, í ljósi þeirra staðreynda sem þar voru settar fram, hversu gífurlegt vandamál væri hér í raun og veru á ferðinni. Þá var olíulítrinn að vísu ekki kominn í nema 11.60 kr., ef ég man rétt, en samt kom þarna fram gífurlegur aðstöðumunur. Ég segi ekki að það hafi verið í kjölfarið á þessum athugunum eða útreikningum, en það leið a. m. k. ekki nema mánuður frá því að þessar skýrslur voru sýndar þangað til lagasetning hafði átt sér stað hér á hinu háa Alþ. og þessi munur jafnaður að verulegu leyti, enda þótt deilur væru uppi um á hvern hátt ætti að jafna þennan aðstöðumun. Það er þess vegna, að ég get ekki að því gert að ég treysti mér ekki til þess að standa að óbreyttu frv., sem hér hefur verið lagt fram, eins og það hefur verið afgr. frá fjh.- og viðskn.

Fyrsta ástæða mín er sú, að á sama tíma og stórlega hefur dregið sundur varðandi þennan aðstöðumun frá því í fyrra, þar sem bilið hefur aukist. Eins og ég sagði í ræðu í þessari hv. d. í gær, hefur kostnaður aukist um 10 þús. kr. á íbúa á olíuhitunarsvæðunum á meðan hann jókst um um það bil 2 000 kr. á hitaveitusvæðunum — og nokkru meira ef sú hækkun verður sem sótt er um. Breytingin hefur orðið svo mikil að ég sé ekki ástæðu til þess að sá markaði tekjustofn sem var ákveðinn í fyrra, eitt söluskattsstig, verði á nokkurn hátt skertur til þess að auka þennan mun. Þessi ástæða er höfuðástæðan fyrir því að ég tel að hér sé farið út á hæpna braut, nema því aðeins að það sé tekin upp alhliða stefna á öðrum vettvangi til að jafna þetta.

Ég sagði í gær að ég gæti fallist á þetta ef 100—150 millj. yrði alfarið varið til þess að flýta raforkuframkvæmdum á þeim stöðum sem jarðvarma væri ekki að finna. Hér er ekki um nein kjördæmissjónarmið að ræða. Þetta gildir um allt landið. Það er jarðhiti í öllum kjördæmum, líka í mínu kjördæmi. En við vitum það að til þess að hægt sé að taka upp stórfellda rafhitun íbúðarhúsnæðis þarf að styrkja línur til þeirra svæða sem vitað er að ekki geta notið jarðvarma til húshitunar. Og sú var hugsun mín í gær með þeirri brtt., sem ég flutti, að það yrði lagt kapp á þetta, til þess að fólk sæi fram á að þarna yrði unnið vel að málum.

En við höfum heyrt hér, eins og ég sagði áðan, tvenns konar tón, bæði að það væri eðlilegt ef eitthvað verður klipið af þessu söluskattsstigi, að þá færi það bæði til jarðvarma- og raforkuframkvæmda. Ég get út af fyrir sig vel tekið undir það, að það sé eðlilegt að mynda sjóð til þess að flýta þessum framkvæmdum. En ég vil ekki að sá sjóður sé eingöngu myndaður af því fé sem tekið er af þessum markaða tekjustofni. Og mig furðar það að verða vitni að því hér, að fulltrúar þeirra, sem hafa a. m. k. helmingi minni hitunarkostnað, eftir að búið er að greiða olíuna niður, skuli telja þetta svæði alveg heilagar kýr og líta ekki svo á málið að íslendingar eigi landið allir og það sé ástæða til þess að miðla verðmætum þess.

Mér er fullkunnugt um það, að eitt af því, sem verulega hefur staðið í vegi fyrir því að auka álögur á hitaveitusvæðunum, er það ákvæði að hækkun á þessum gjöldum skuli reiknast inn í kaupgjaldsvísitölu. En úti á landi er alveg sama hver húshitunarkostnaðurinn verður. Þar kemur ekki til nein hækkun á laun eða hækkun vísitölunnar. Ég ætla þess vegna að draga til baka þá till., sem ég flutti hér í gær, að því tilskildu að samþ. verði önnur till. sem ég legg hér fram. Megintilgangurinn með þeirri till. er að fá á móti því, sem tekið verður af söluskattsstiginu, framlag í Orkusjóð frá hitaveitusvæðunum. Mín till. er ekki shlj. till. hv. 5. þm. Vestf. að því leyti varðandi 20%, að ég tel að við eigum ekki að stefna lengra í verðjöfnun á olíuhitunarsvæðunum en að ná sama marki og rafhitun gefur. Þess vegna flyt ég till. um að það verði lagt 20% aukagjald á gjaldskrá hitaveitnanna, því verði varið til jöfnunar á hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis þar til jöfnuði er náð samkv. að sjálfsögðu meðaltalsútreikningum, væntanlega Þjóðhagsstofnunar, en afganginum af þessu gjaldi verði varið í Orkusjóð, sem verði þá varið samkv. c-lið 2. gr. frv., eins og liggur fyrir, þannig að það komi þá frá báðum stöðum fé til þessara framkvæmda.

Ég verð að segja það, í hvert skipti sem verið er að tala um álögur, að þegar menn eru á móti þeim af einhverjum ástæðum, þá er gjarnan farið í það að segja að hinir verr settu í þjóðfélaginu þurfi líka að greiða þessi gjöld. Ég skal ekki neita því. En þeir eru illa settir margir um landið allt. Og til þess að þetta þurfi ekki að hafa áhrif á kaupgjaldsvísitöluna, þá geri ég ráð fyrir því að sú hækkun, sem gerð er vegna þessa gjalds, sé undanskilin útreikningi kaupgjaldsvísitölu. Ef þessi till. nær ekki fram að ganga, þá mun ég að sjálfsögðu halda mig við þá till. sem ég lagði hér fram í gær. En ef hún nær fram að ganga, þá mun ég draga hana til til baka. Ég leyfi mér að lesa till.:

„Á eftir orðunum „svo og um aðrar framkvæmdir“ í 1. gr. bætist: Einnig skal á tímabilinu frá 1. mars 1975 til 29. febr. 1976 leggja 20% aukagjald á gjaldskrár hitaveitna og skal því á sama hátt varið til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis, þar til jöfnuði er náð miðað við rafhitun. Afganginum skal ráðstafað samkv. c-lið 2. gr. Gjald þetta skal undanskilið við útreikning á kaupgjaldsvísitölu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, lýsti því áðan, að ríkisstj. væri hreinlega að tefja framkvæmdir á sviði orkumála varðandi nýtingu innlendra orkugjafa og þyrfti að koma í veg fyrir þau skemmdarverk, eins og hann komst að orði. Hann virtist þá eiga við hitaveitufframkvæmdir Hitaveitu Reykjavíkur varðandi Hafnarfjörð, Kópavog og Garðahrepp.

Þessi ummæli hv. þm. eru byggð á algerum misskilningi. Í fyrsta lagi hafa engar beiðnir komið til ríkisstj. um lánsfjáröflun vegna þessara framkvæmda. Því eru engar lánsbeiðnir, sem ríkisstj. hefur synjað eða ekki sinnt, þar sem þær hafa ekki legið fyrir. Það eina, sem komið hefur í þessu sambandi til ríkisstj., er beiðni

um gjaldskrárhækkun. Ég veit ekki hvort hv. þm. á við það, að of lengi hafi dregist að hækka gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur. Það er ekki gott að skilja orð hans á annan veg, því að um aðeins tvennt er að ræða: annars vegar lánsfé til þessara framkvæmda eða aukna fjáröflun með gjaldskrá. Eins og ég tók fram hafa engar beiðnir um aðstoð við lánsfjárútvegun komið fram. Hins vegar varðandi gjaldskrárbeiðni, þá var það í sept., nokkru eftir að núv. ríkisstj. tók við, að leyfð var 41% hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur sem kom til framkvæmda 1. okt. Sú hækkun var fyrst og fremst gerð til leiðréttingar sem Hitaveitan hafði lengi beðið um og beðið eftir, en hafði verið frestað. Nú hefur borist á ný beiðni frá Hitaveitunni um hækkun gjaldskrár, fyrst um allt að 30%, sem síðan var nokkuð lækkuð og hefur sú beiðni verið til athugunar að undanförnu hjá ríkisstj. Í morgun var hún afgreidd þannig, að samþ. var 23% hækkun á gjaldskrá Reykjavíkur. Það eru því gersamlega tilhæfulausar fullyrðingar hjá hv. þm. að ríkisstj. verði á nokkurn hátt sökuð um að hafa tafið framkvæmdir á þessu sviði. Það er hugarburður.

Ég vil svo í öðru lagi taka fram, að mér er ekki kunnugt um að tafir verði á þessum framkvæmdum. Það var á árunum 1973 og 1974 sem Hitaveita Reykjavíkur gerði samning við þessi þrjú sveitarfélög, sem ég nefndi, um að leggja aðveituæðar og dreifikerfi um þessi þrjú sveitarfélög, og var gert ráð fyrir að því verki yrði lokið á árinu 1977. Horfir svo nú að þessu verki verði lokið í árslok 1976 eða nokkru fyrr en áætlað hafði verið.

Í öðru lagi minntist hv. þm. á Hitaveitu Suðurnesja frá Svartsengi sem hefði tafist óeðlilega. Mér er ekki kunnugt um þær tafir sem hv. þm. á við, nema þær tafir málsins sem áttu sér stað meðan hann var iðnrh. Svo er nefnilega mál með vexti, að í ársbyrjun 1973 lágu fyrir skýrslur um rannsóknir og boranir eftir heitu vatni og gufu á Svartsengi. Þá lá fyrir það álit Orkustofnunar að ágætur grundvöllur væri fyrir þessu fyrirtæki. Frá því að þessar skýrslur lágu fyrir og rannsóknum var að þessu leyti lokið liðu þrjú missiri án þess að hv. þm., sem þá var iðnrh., kæmi málinu áleiðis. Eftir að stjórnarskiptin urðu var málið strax tekið upp, og það liðu ekki 3 missiri, heldur var innan þriggja mánaða búið að leggja málið fram á Alþ. og það var afgreitt fyrir jól.

Ásakanir hv. þm. í sambandi við hitaveitufram-kvæmdir í nágrannahéruðunum og varðandi Hitaveitu Suðurnesja eru því gersamlega tilhæfulausar.

Hins vegar verður manni að hugleiða hvernig stendur á þessum endurteknu ásökunum og fullyrðingum hv. þm., bæði hér á Alþ. og eins í forustugreinum Þjóðviljans sem hann hefur skrifað og fengið að sjálfsögðu eins og venja er til, lesnar upp í morgunútvarpinu. Megnið af þessari gagnrýni er ástæðulaus og tilhæfulaus.

Hv. þm. talar um nauðsyn á því að áætlanagerð haldi áfram og nauðsyn að marka stefnu. Nú efa ég ekki að hv. þm. Magnús Kjartansson hefur haft einlægan áhuga, meðan hann var ráðh., á því að þoka þessum málum sem mest áleiðis og láta gott af sér leiða. Það hefur mér aldrei dottið í hug að draga í efa. Hitt er svo annað mál, að þegar litið er yfir þennan tíma, þá er því miður of fátt sem eftir liggur. Það hafa að vísu verið gerðar áætlanir og skýrslur. Hv. þm., þáv. ráðh., lagði fram till. á Alþ. um stefnumörkun í raforkumálum, en sú till. náði ekki fram að ganga, dagaði uppi, og var hún þó lögð fram allsnemma á kjörtímabilinu. Hv. þm. lagði einnig fram skýrslu og till. varðandi nýtingu innlendra orkugjafa. Hún var aldrei afgreidd, dagaði einnig uppi. Þannig var það, að í ráðherratíð þessa hv. þm., sem vafalaust hefur haft góðan vilja í þessum efnum, voru fluttar till., voru gerðar skýrslur, en allt of lítið um framkvæmdir.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir frv. sem er í allan stað veigamikið og mikilsvert fyrir mikinn hluta þjóðarinnar. Það fer ekkert á milli mála að hinar gífurlegu olíuverðhækkanir á undanförnum missirum eiga drjúgan þátt í efnahagsörðugleikum okkar í dag. Og það þarf engan skellinöðrumálflutning af því tagi, sem hv. 5. þm. Vestf. viðhafði hér í gærkvöld, til þess að sannfæra okkur Vestfjarðaþm. og aðra um það, að þegar verðhækkanir koma svo mjög þungt niður á öllum almenningi sem raun ber vitni vegna m. a. og fyrst og fremst kannske vegna aukins kostnaðar við olíuhitun, raunar til viðbótar við stöðugar verðhækkanir sem dynja yfir á hverjum degi nú, þá þarf ekkert að fara í grafgötur með það, að það eru þungar byrðar sem leggjast á þjóðina í heild, og það er verkefni stjórnvalda að leitast við til hins ítrasta að þær byrðar komi niður sem jafnast og réttlátlegast á landsmenn, hvar sem þeir eru búsettir, að þeim, sem erfiðast eiga, verði hlíft við áföllum og að þeim verst settu, sem erfiðast eiga með að bera af sér þau áföll sem okkar erfiðleikaástand leiðir yfir, verði gert eins hægt fyrir og mögulegt er.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er einn liður í þessari viðleitni. Það er ekki þar fyrir, — ég segi það hreinskilningslega, — að vissulega hefðum við viljað hafa niðurgreiðslu á olíu miklu hærri, 10 þús. kr. á einstakling í stað 8 200 kr. væri engin ofrausn, ef miðað er við þá þörf sem er fyrir hendi hjá mörgum. Eins og dæmið stendur nú koma 8 200 kr. á einstakling. Það þýðir að tæpar 50 þús koma á ársgrundvelli á 6 manna fjölskyldu af 130—140 þús. sem haldið hefur verið fram hér og ég hygg að muni vera rétt tala, þ. e. a. s. 15—20 þús. kr. meðalhitunarkostnaður á meðalfjölskyldu fyrir þá sem búa við olíuhitunina.

Það hefur verið nokkuð talað um greiðslufyrirkomulagið á þessu, og ég hef verið í hópi þeirra sem hefðu talið eðlilegra að þetta höfðafyrirkomulag yrði afnumið og tekin upp almenn niðurgreiðsla. Ég viðurkenni þó, að hitt hefur ýmsa kosti í för með sér. Það er líklegt að þessar olíuniðurgreiðslur komi sem best við flestar fjölskyldur, komi helst að gagni fjölmennum fjölskyldum sem búa í litlu húsnæði, en það kemur að sama skapi harðara niður á fámennum fjölskyldum sem búa í stóru húsnæði, og er ekkert

við það að athuga þótt þær beri stærri hlut byrðarinnar en hinir. Að þessu leyti tel ég það fyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, rétt og sanngjarnt. Hins vegar hefur það einnig í för með sér óþarfa skriffinnsku, sem ekki hvað síst sveitarfélögum sem eiga að úthluta þessu, þykir óþægilegt og hvimleið. Ég ætla ekki frekar að gera fyrirkomulagið að umtalsefni.

Hér hafa komið fram ýmsar brtt. Ég tel til lítilla bóta, að ekki sé meira sagt, og ég er mótfallin þeirri breytingu sem varð í meðförum hv. fjh.- og viðskn., að draga af þeim tíma sem þeir, sem hitaveitu eiga í vændum, hefðu sem umþóttunartíma þangað til þeir fengju húshitun með hitaveitu. Ég hefði talið eðlilegt að það fólk, sem á svo mikinn hag í vændum, hefði verið undanskilið þessum olíuniðurgreiðslum í ár, þótt ég viðurkenni fúslega að stofnkostnaður hitaveitu fyrir íbúana er oft töluvert þungbær. Fólk þarf í sumum tilfellum að skipta um alla ofna í húsum sínum, innlagningargjaldið er allhátt, þannig að þetta kæmi í bili nokkuð þungt niður á þessu fólki, bitnaði nokkuð þungt á því. En ég hefði talið réttlátara að því meira hefði komið í hlut hinna úti á landsbyggðinni sem ekki eygja í náinni framtíð neinn möguleika á þess konar hlunnindum sem hitaveita er.

Þessar brtt., m. a. sú frá Karvel Pálmasyni, gera ráð fyrir 20% álagi á gjaldskrá hitaveitna. Það væri náttúrlega ágætt að fá þarna drjúgan skilding í sjóðinn okkar til að greiða niður olíuna úti á landsbyggðinni. Þó tel ég að við verðum að líta á þetta mál í nokkuð víðu samhengi, hversu vel sem við viljum gera til umbjóðenda okkar í okkar kjördæmum, hvort sem það er nú fyrir vestan, austan eða norðan. Það er staðreynd t. d., að hvergi mun húsaleiga neitt í námd jafnhá og hér í Reykjavík. Þess munu mörg dæmi, að fjölskylda með meðaltekjur þarf að greiða allt upp í 25 þús. á mánuði í húsaleigu. Það veit ég, að er viðurkennd staðreynd. Og með tilliti til þess að þessa dagana sennilega er um það bil að koma fram 60% hækkun á Hitaveitu Reykjavíkur, þ. e. a. s. ef við miðum við 41% hækkun, sem varð í okt., og væntanleg er að mér skilst 20—25% hækkun þar ofan á, — mér skilst, að það sé í deiglunni, það verði á næstunni, — þá er þetta fyrir allmargar fjölskyldur hér í Reykjavík orðið mjög þungbært. Ég get ekki heldur séð, að þeir hafi rétt fyrir sér sem staðhæfa, að hús úti á landsbyggðinni séu svo miklu lakari en á hitaveitusvæði. Ég held, að þetta sé ekki rétt athugað, ef ég miða við mitt kjördæmi. Ég sé hvergi á landinu jafnvel byggt og myndarlega, enda vestfirðingar myndarmenn mikilir í hvívetna, og ég hugsa að þeir séu ekki eins kulvísir og reykvíkingar heldur, þannig að þeir mundu kveinka sér minna við að spara ofurlítið frá því sem nú er. Og ég er sannfærð um það, að olíuhitunarfólk mun spara og hitaveitumenn hér í Reykjavík mættu líka spara, við mættum spara alls staðar í öllum kjördæmum. Það kemur ekki kjördæmum við. Ýmislegt af þeim rökum, sem hér hafa verið færð fram af talsmönnum dreifbýlisins, sem ég vil ekki gera lítið úr að séu á heilindum byggð, mér finnst þau í sannleika sagt nokkuð hæpin.

Hvað varðar síðustu liði 2. gr., sem nokkuð hefur verið rætt um, þá hef ég frá upphafi verið fylgjandi því að þarna væri, eins og það hefur verið orðað, klipið dálítið af söluskattsstiginu og það geri ég með framtíðina í huga. Ég veit að það hefði verið gott að fá söluskattsstigið allt í að greiða niður olíuna og það hefði ekkert veitt af því. En með tilliti til þess að við ítrekum það æðioft með réttu, að orkuframkvæmdir og hitaveituframkvæmdir eigi að vera forgangsframkvæmdir, þá tel ég þessa ráðstöfun fyllilega eðlilega og réttlætanlega og ég greiði þessum liðum atkv. mitt í trausti þess, að þeir hlutar, þau byggðarlög, sem tengjast við hitaveitu, aftengist olíunni með þeim afleiðingum að það renni að sama skapi meira til olíugreiðslna úti á landsbyggðinni, þar sem engar hitaveitur eru, en að það verði ekki tekið til annarra framkvæmda, nema þá eins og nú er gert til áframhaldandi rannsókna, undirbúningsframkvæmda og áframhaldandi framkvæmda í þessum málum, sem eru hitaveitu- og orkuframkvæmdir.

Ég dreg enga dul á það, að þegar ég studdi þá ákvörðun að taka þessar 100—150 millj. af 960 millj., sem mér skilst að nemi söluskattsstigi, þá hef ég mitt kjördæmi, Vestfirði, í huga, sem margoft hefur verið bent á og með réttu að var mjög svo umdeilanlega afskipt í fjárveitingum til orkurannsókna. Ég tel, að okkur ætti að vera kleift með því að Orkusjóður verji þessum fjármunum til þess sem til er ætlast, að fá svo sem 10 millj. í viðbót til orkurannsókna á Vestfjörðum, sem eru ákaflega aðkallandi, og þá munu vera eftir eitthvað á 2. hundrað millj. fyrir aðra landshluta í sama tilgangi.

Það er alveg rétt, sem komið hefur fram, að við þurfum að jafna aðstöðu dreifbýlisins miðað við suðvestursvæðið, og ég vil taka eindregið undir það og ég vil neita því, sem stundum kemur fram af miklum misskilningi, að það sé ódýrara að lifa úti á landi. Sannleikurinn er sá, að það er á margan hátt miklu dýrara, þótt ekki væri annað en flutningsgjöldin, sem leggjast með álagi á alla landsbyggðina miðað við Reykjavík. Þarna væri verkefni sem ætti að komast í framkvæmd, að koma á jöfnun á flutningsgjaldi. Hér er ein leið sem við dreifbýlisþm. gætum unnið okkar kjördæmum og landsbyggðinni allri gagn með, að einhver skriður komist á þetta mál. En mér vitanlega liggur það enn í n. og er búið að vera lengi til meðferðar. Ég lýsi mig hlynnta hvers konar jöfnunaraðgerðum frekar en að í þessu tilliti væru tekin erlend lán til viðbótar ofan á alla þá skuldasöfnun hjá erlendum lánastofnunum sem við búum við núna. Þannig að við liggur að íslenska ríkið sé orðið ómerkingur á alþjóðlegum lánamörkuðum. Þar megum við sannarlega gæta okkar og reyna að vera sjálfum okkur nóg, að svo miklu leyti sem mögulegt er, og fara varlega í auknar erlendar lántökur, þótt sífellt sé vitnað í að það sé eina sjálfsagða leiðin.

Það var eitt, sem kom líka fram hjá mínum ágætu samþm., hv. 8. landsk. og hv. 5. þm. Vestf., að þeir tala um 5—6 sinnum meiri hitunarkostnað hjá mönnum, sem greiða 15—20 þús. í hitakostnað, heldur en hjá hitaveituneytendum á hitaveitusvæðum. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Karvel Pálmason talaði um, í hinu orðinu

raunar, að hitaveitukostnaðurinn væri aðeins þriðjungur af kostnaði oliuhitunar eftir ákveðna hækkun sem er að komast í framkvæmd nú, þannig að ég sé ekki að það samrýmist, þótt ég sé léleg reikningsmanneskja, að 1/3 nemi 5—6 sinnum mismun. Ég held, að þetta sé á misskilningi byggt og hann þurfi að athuga betur sínar tölur. En enda þótt það væri þrisvar sinnum ódýrara, þá er það of mikið samt, því er ég sammála. En það er ekki um að ræða um neinn 5—6 sinnum mismun, ekki eftir því sem ég fæ best séð.

Ég legg áherslu á það, að þeim hluta söluskattsstigsins, sem verður tekinn úr oliugreiðslunum, þeim tel ég ekki betur varið til annars en að hyggja til framtíðarinnar og búa okkur sem best undir stóråtök í raforkumálum.

Hvað varðar till. Gunnlaugs Finnssonar, þá fyrri, því að hann hefur lagt hér fram tvær, þá sýnist mér hans fyrri brtt. það lík þeirri sem fyrir liggur frá hendi Ed. og hv. fjh.- og viðskn. hefur samþykkt, að ég tel hana naumast eiga rétt á sér. Ég treysti Orkusjóði til að verja þeim fjármunum, sem hann þannig fengi, á sem skynsamlegastan og réttlátastan hátt. Og það stendur í c-lið 2. gr. skýrum stöfum: „Til Orkusjóðs til að hraða hitaveitu- og raforkuframkvæmdum". Það er ekki bundið við hitaveitu-, heldur og raforkuframkvæmdir. Ég hefði gjarnan viljað, að orkurannsóknir kæmu þarna inn í líka, en ég tel ekki ástæðu til að gera brtt. við það. Mér finnst það liggja í augum uppi, að raforkuframkvæmdum tilheyra að sjálfsögðu undirbúningsrannsóknir.

Ég skal ekki orðlengja þetta öllu frekar. Ég get alveg eins búist við því, eftir því sem tilefni hefur gefið mér til að halda, að ég verði talin hér vinna á móti hagsmunum míns kjördæmis. Hæstv. 8. landsk. lét sig hafa það að lýsa því yfir í málgagni sínu, Skutli á Ísafirði, að við afgreiðslu fjárl. hefðu þm. stjórnarliðsins á Alþ. unnið gegn hagsmunum vestfirðinga, og þetta var endurtekið í stóru og veglegu viðtali við hann oftar en einu sinni, þannig að ég er við öllu búin úr þeirri átt. Það er hans mál hvernig hann túlkar mína afstöðu. Ég tel það skyldu okkar þm. að reyna að líta á málin í sem víðustu samhengi, og þótt okkur liggi mest á hjarta að bregðast ekki trúnaði og trausti okkar umbjóðenda, þá hljótum við að greiða atkv. með till., sem fram koma, sem íslendingar, en ekki sem vestfirðingar, norðlendingar, austfirðingar eða reykvíkingar.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Mér þóttu það æðimikil tíðindi, sem hæstv. orkumrh. greindi frá úr þessum ræðustól áðan, að ríkisstj. hefði á fundi sínum í morgun ákveðið að samþykkja 23% hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur. Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur var hækkuð um 41% í haust, og þegar 23% bætast ofan á þann grunn, þá jafngildir það því að gjaldskrá Hitaveitunnar hafi hækkað um hvorki meira né minna en 73% í tíð núv. ríkisstj., um 73% á hálfu ári. Ég hlýt að taka undir það með hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, að hér er um ákaflega þungbæra hækkun að ræða, hækkun sem bitnar að sjálfsögðu þyngst á þeim sem erfiðasta hafa afkomuna, vegna þess að menn komast ekki undan því að hita upp híbýli sín hér í Reykjavík frekar en annars staðar.

Mér þætti æðifróðlegt að fá dálitið gleggri vitneskju um þessa afgreiðslu hæstv. ríkisstj. Ég las í Tímanum fyrir 1—2 dögum forustugrein þar sem borið var sérstakt lof á hæstv. viðskrh. fyrir það, að hann hefði staðið gegn órökstuddum og óeðlilegum kröfum Hitaveitu Reykjavíkur um hækkanir á gjaldskrá. Það var heill leiðari helgaður þessu málefni og frammistöðu hæstv. viðskrh. og reykvíkingar áttu að skilja að það væri þessi ágæti hæstv. viðskrh. sem stæði í veginum fyrir því að þarna bættist við ný og erfið hækkun. Mér þætti mjög æskilegt að fá skýringar hæstv. ráðh. á því, hvers vegna hann hefur breytt um skoðun í þessu máli. Það hefur að vísu gerst alloft á þeim mánuðum, sem núv. ríkisstj. hefur starfað, að þessi hæstv. ráðh. hafi ýmist sjálfur lýst yfir tilteknum skoðunum eða látið blað sitt gera það, en beygt sig svo fyrir samstarfsflokknum eftir tiltölulega stuttan tíma. Þetta gerðist í sambandi við síðustu gengislækkun, eins og menn muna, og þetta hefur gerst margsinnis oftar og þetta hefur greinilega gerst nú í sambandi við þessa ósk Hitaveitu Reykjavíkur, nema forustugreinin í Tímanum hafi verið skrifuð af hv. þm. Þórarni Þórarinssyni til þess að gera formanni flokksins alveg sérstakan óleik.

Hæstv. iðnrh. skýrði frá því, að það hefði ekki legið fyrir ríkisstj. nein beiðni frá Hitaveitu Reykjavíkur um aðstoð við öflun lánsfjár. Þetta merkir þá augljóslega það, að Hitaveita Reykjavíkur hefur fengið mál sitt afgreitt á þann hátt að geta tekið meiri hlutann af þessum miklu nýbyggingarframkvæmdum af hreinum ágóða af rekstri sínum. Hér er um að ræða aðstöðu sem engin önnur fyrirtæki á Íslandi hafa svo að ég viti til. Það má eflaust færa rök að því, að þetta sé í sjálfu sér góð stjórn á fyrirtæki. En ef slík stjórn á að vera á slíkum fyrirtækjum hér á Íslandi, ef við erum menn til þess að stjórna fyrirtækjum okkar á þennan hátt, þá er rétt að önnur fyrirtæki sitji þar við sama borð. En það veit ég sannarlega ekki til að gert hafi verið.

Hæstv. iðnrh. er nú farinn héðan, svo að ég skal ekki eyða löngum tíma í að gera aths. við það sem hann beindi sérstaklega til mín. Ég átaldi þær tafir sem orðið hefðu í nágrannabyggðum Reykjavíkur. Við skulum vona að þær verði ekki mjög langar. En ég vil minna á það, að hver dagur sem tafir standa kostar margar millj. kr. — hver dagur, þannig að þær vikur, sem þegar hafa farið til einskis í þessu sambandi, eru þegar orðnar dýrar.

Hæstv. iðnrh. sagði, að það væri nú mikill munur á framtaki sínu og fyrrv. ríkisstj. í sambandi við hitaveitu á Suðurnesjum. Það hefði gerst hvorki meira né minna en það, að samþ. hefði verið frv. hér á þingi fyrir jól. Þetta veit ég ákaflega vel. En ég er hræddur um, að suðurnesjamenn ylji sér ekki ákaflega mikið á einu saman frv. Og það, sem á stendur þar er að hæstv. ríkisstj. hefur ekki getað veitt sveitarfélögunum neina fyrirgreiðslu til þess að afla fjármagns til að ráðast í þessar framkvæmdir. Það var þetta, sem ég spurði um, og um þetta

fékk ég ekkert svar nema út í hött, að frv. hefði verið samþ. Það er alls ekki um það að ræða. Það er um það að ræða að afla fjármagns. Þetta er í sjálfu sér ákaflega svipað og þegar sami hæstv. ráðh. stóð hér í vetur og var að telja að hann væri að bæta úr orkuvandræðum austfirðinga í vetur með því að samþykkja frv. um Bessastaðaárvirkjun, sem vonandi kemst í gagnið upp úr því að þessum áratug lýkur.

Um ásakanir hæstv. ráðh. á mig skal ég ekki mikið segja. Það kemur vonandi í ljós á sínum tíma, að hæstv. iðnrh. geti staðið jafnsæmilega ánægður upp úr sínum stól og ég taldi mig gera. Það var þannig í sambandi við virkjunarmál, að það var aðeins ein virkjun sem vinstri stjórnin tók í arf, hin margfræga Laxárvirkjun, og um þann arf þarf ég ekki að fara mörgum orðum. Ef hæstv. iðnrh. endist hins vegar pólitískur aldur til þess að sitja í ríkisstj. í svo sem tvö ár í viðbót, þá mun honum áskotnast Lagarfossvirkjun, Sigölduvirkjun, Mjólkárvirkjun og Kröfluvirkjun, og ég vona að hann skili þeim, sem við tekur af honum, ekki minni arfi en þetta, þetta eru virkjanir sem nema á 3. hundrað megawöttum.

Ég vil vekja athygli á því, að ég bar upp við hæstv. ráðh. beinar fsp. sem hann svaraði ekki. Ég spurði hann um það, hvort ætti aftur að svíkja fyrirheitið um að leggja tengilínu milli Suðurlands og Norðurlands. Hann svaraði því engu orði. Hann svaraði ekki heldur neinu um það, hvað gert yrði til þess að leggja tengilínur frá Kröfluvirkjun til Norðurlandssvæðisins og til Austfjarðasvæðisins. En þar sem þessi hæstv. ráðh. er nú farinn héðan af fundi, þá skal ég ekki fara fleiri orðum um þennan hluta úr ræðu hans. En ég vil ítreka þá ósk mína við hæstv. viðskrh., að hann geri grein fyrir því hvers vegna hann hefur skipt um afstöðu í þessu máli miðað við það sem Tíminn skýrði frá fyrir nokkrum dögum, hvers vegna hann hefur nú fallist á stórfellda hækkun á hitaveitugjöldum í Reykjavík, gagnstætt því sem lýst hefur verið til skamms tíma að afstaða hans væri.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna tilefnis sem gafst hér áðan við ræðu hv. 9. landsk. þm., þar sem ýmislegt, sem ég sagði í ræðu minni áðan, var mjög dregið í efa.

Ég hélt því m. a. fram í ræðu minni fyrr í dag, að varðandi þá, sem byggju annars vegar utan hitaveitusvæðis, eins og t. d. íbúa á Vestfjörðum, Austurlandi og Norðurl. v., og hins vegar þá, sem byggju á hitaveitusvæði hér á suðvesturhorninu, væri ekki aðeins um verðmismun að ræða á kyndikostnaði, heldur einnig aðstöðumun varðandi húsnæði, þeir, sem byggju á olíusvæðunum, hefðu við að búa lakari húsakost en þeir, sem byggju hér á suðvesturhorninu, m. a. bæði eldri hús og verr einangruð. Hv. 9. landsk. þm. mótmælti þessu og sagði í ræðu sinni að vestfirðingar byggðu vel og væru ekki verri hús þar en hér. Ég vil benda hv. þm. á það, að ég er hér aðeins að vitna í skýrslur sem stjórn Fjórðungssambands vestfirðinga hefur látið gera, hefur látið fjölrita og hefur látið dreifa og hafa m. a. birst í öllum dagblöðum á Íslandi. Ég á báðar þessar skýrslur, og er sjáfsagt að ljá hv. 9. landsk. þm. þær báðar, það er ekki langt að fara að sækja þær. En ég ætla aðeins að fara örfáum orðum um þessar skýrslur tvær.

Í fyrsta lagi var á vegum Fjórðungssambands vestfirðinga gerð aldurskönnun á húsum í Vestfirðingafjórðungi. Þar kom m. a. í ljós, að hús í Vestfirðingafjórðungi voru bæði töluvert miklu eldri og töluvert verr einangruð og verr búin heldur en hús í flestöllum öðrum kjördæmum landsins. Þessi athugun var gerð fyrir ekki ýkjalöngu og var slegið töluvert upp í blöðum. Þetta var enn fremur fjölritað og dreift og ég trúi vart öðru en allir þm. Vestf. hafi þessar upplýsingar undir höndum.

Í annan stað sagði ég, að það var einnig vefengt að því er mér virtist, að það væri um það bil 18% dýrara að kynda hús með olíu á Vestfjörðum en hér á suðvesturhorninu. Mér heyrðist þetta einnig vera vefengt. Þetta eru einnig niðurstöður af rannsókn sem stjórn Fjórðungssambands vestfirðinga hefur gert. Ég sagði, hafi sá þáttur í ræðu minni verið vefengdur, að ástæðurnar væru tvær: í fyrsta lagi kaldara veðurfar og í öðru lagi verri húsakostur. Það var vefengt, að um verri húsakost væri að ræða. Ég vil aðeins taka það fram, að þetta er niðurstaða í skýrslu stjórnar Fjórðungssambands vestfirðinga, þar sem hún tiltekur tvær ástæður fyrir því, að það er 18% dýrara að kynda húsnæði þar en hér. Niðurstaða stjórnar Fjórðungssambandsins, sem er einnig til fjölrituð í skýrslu og hefur einnig verið birt í öllum dagblöðum í Reykjavík og ég hef einnig undir höndum og er sjálfsagt að ljá hv. 9. landsk. og öðrum þeim þm., sem kannske þyrftu á þeim upplýsingum að halda, niðurstaðan er sú, hjá stjórn Fjórðungssambandsins, að ástæðurnar fyrir þessu séu í fyrsta lagi sú, að þar sé kaldara veðurfar, og í öðru lagi að það sé lélegri húsakostur á Vestfjörðum heldur en á öðrum stöðum landsins. Þetta hefur einmitt valdið því, að vestfirðingar hafa nú eins og íbúar í öðrum landshlutum lagt mjög mikla áherslu á endurbætur á húsakosti sínum, einmitt vegna þess að það hefur komið fram í rannsóknum, sem gerðar hafa verið á vegum stjórnar Fjórðungssambands vestfirðinga, að húsakostur á Vestfjörðum er því miður lakari, eldri og verr einangraður en á öðrum stöðum á landinu.

Þá var einnig sagt af sama hv. þm., 9. landsk. þm., að ég hafi ranglega farið með kostnaðartölur um mismuninn á hitunarkostnaði hjá þeim, sem við olíukyndingu búa, og hjá hinum sem hitaveitu njóta. Ég vil enn fremur leiðrétta það, að hér sé nokkuð rangt með farið, og ætla að lesa þær tölur sem ég studdist við þegar ég nefndi þetta og ég hélt að öllum þm. væru kunnar, vegna þess að þær hafa birst prentaðar í þskj. Tölurnar eru þessar og byggðar á athugun frá Þjóðhagsstofnun:

„Eftir því sem næst verður komist munu notendur olíu til hitunar húsnæðis síns vera 95 þús. manns, og miðað við núgildandi verðlag yrði kostnaður á mann, reiknaður á 95 rúmmetra rými á hvern mann, samtals 23 028 kr. Tilsvarandi kostnaður reiknaður á sama hátt fyrir þá,

er njóta jarðvarma með verðlagi 32 kr. pr. tonn af heitu vatni, yrði 6 536 kr.“

Annars vegar eru 23 028 kr., hins vegar 6 536 kr. Ég held að hv. þm. eigi næsta auðvelt með að komast að raun um það, að önnur talan er tæplega fjórum sinnum hærri en hin, það þarf ekki mikla reikningskúnst til að komast að raun um það. Ég tók það einnig fram í máli mínu fyrr í dag, að ég efaðist mjög um að þessar upplýsingar Þjóðhagsstofnunarinnar væru réttar, einfaldlega vegna þess að ég hef aflað mér upplýsinga um það að kyndikostnaður væri talsvert miklu hærri hjá þeim, sem olíu nota, heldur en þarna væri ráð fyrir gert. Hv. 9. landsk. þm. dregur þær kostnaðartölur ekki í efa, að það geti kostað milli 15 og 20 þús. kr. á mánuði að hita meðalíbúð úti á landi. Dragi hann þær kostnaðartölur ekki í efa, þá er hann farinn að nálgast ansi mikið mínar hlutfallstölur, sem ég nefndi hér áðan, að það væri 5—6 sinnum dýrara að kynda hús með olíu úti á landsbyggðinni heldur en kynda hús með heitu vatni á suðvesturhorninu. Þetta liggur því alveg ljóst fyrir, ýmist prentað í gögnum Fjórðungssambands vestfirðinga eða prentað í þeim gögnum, sem hafa verið lögð fram í sölum hv. Alþingis.

Ég ætla ekki að ræða um það, sem hv. 9. landsk. þm. sagði um það, að ég hafi sagt að þm. stjórnarliðsins hefðu við afgreiðslu fjárl. unnið gegn hagsmunamálum vestfirðinga. Það hef ég aldrei sagt. Ég sagði í blaði mínu, að hagsmunamál vestfirðinga hefðu fengið betri viðtökur í sölum Alþ. en á fundum Vestfjarðaþm. Þetta er rétt, það er staðreynd, einfaldlega vegna þess að hv. Alþ. samþykkti till. frá okkur hv. þm. Karvel Pálmasyni við afgreiðslu fjárl., sem ekki var hægt að fá alla þm. Vestf. til að fallast á. Ég held því, að ég hafi fullt leyfi til þess að segja að þessi hagsmunamál Vestfjarðakjördæmis hafi hlotið betri viðtökur í sölum Alþ. heldur en í fundarherbergi Vestfjarðaþm.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það, að vissulega má segja, þegar láglaunafólk stendur frammi fyrir því að þurfa að verja um helmingi af dagvinnutekjum sínum til þess að greiða kyndikostnað fyrir íbúðir sínar, þá má náttúrlega segja við þá: Blessaðir verið þið, sparið þið það, slökkvið þið bara á katlinum hjá ykkur, hættið þið bara að kynda. — Það er alltaf hægt að svara á þessa lund. En tilgangurinn með flutningi þessa frv. og með þeim umr., sem hér hafa farið fram í dag, er einmitt að þannig þurfi þetta fólk ekki að fara að. Það er tilgangur okkar, að fólk þurfi ekki að svara stórhækkuðum kostnaði vegna olíuverðhækkunar með því að draga úr eðlilegri húshitun hjá sér. Mér finnst það nú ansi billegt, þegar við vitum, að það liggur fyrir fyrir framan okkur á borðum að það er fjór- til fimmfaldur mismunur á högum manna að þessu leyti til í landinu, að þá sé hægt að svara fólki þannig, sem við lökust kjörin býr: Ja, blessuð, sparið þið bara.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. þm. Magnús Kjartansson hafði áhyggjur af skoðanaskiptum sem ættu sér stað hjá mér. Ég get huggað hann með því, að það eiga sér ekki stað nein sérstök skoðanaskipti hjá mér fram yfir það sem eðlilegt er alltaf hjá hverjum manni, að menn verða náttúrlega alltaf að taka sínar skoðanir til endurskoðunar og laga sig eftir þeim rökum og gögnum sem fram koma í hverju máli. Það veit ég, að hann skilur, að það er ekki hægt að halda alltaf við sömu stefnu, hvernig sem aðstæðurnar breytast í kringum mann. Það verður auðvitað að laga stefnuna eftir þeim þörfum sem fyrir hendi eru. En í verðlagningarmálum get ég huggað hann með því, að stefna mín í þeim er alveg óbreytt og alveg sú sama í núv. ríkisstj. og í fyrrv. ríkisstj. Ég stóð í fyrrv. ríkisstj. alltaf öndverður, eftir því sem mögulegt var, gegn hvers konar verðhækkunum. Það hef ég líka gert og mun gera í núv. ríkisstj.

Það var hækkað afnotagjald fyrir Hitaveitu Reykjavíkur í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég er ekki alveg viss um að skoðanir okkar, hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, hafi þá verið alveg á sömu lund. Það gæti verið, að ég hafi verið svolítið íhaldssamari þá heldur en hann var. (**MK:** Já, þá var kaupgjaldið ekki bundið.) En viðvíkjandi þessari ákvörðun um hækkun hitaveitugjalds nú, þá er auðvitað svo um það, að það eru mörg matsatriði sem koma þar til greina. Það er auðvitað grundvallaratriði, að Reykjavíkurborg hefur tekið að sér að annast framkvæmdir sem allir eru sammála um að þurfi að komast í framkvæmd, þ. e. a. s. hitaveituframkvæmdir í nágrannabæjunum. Hins vegar er það alltaf spursmál, að hve miklu leyti slíkar framkvæmdir eigi að byggjast upp af eigin fjármagni eða af lánsfjármagni, ef það er fáanlegt. Ég hygg, að með þeirri hækkunarkröfu sem Hitaveitan gerði, um 30% hækkun, þá hafi verið gert ráð fyrir því, að framkvæmdir Hitaveitunnar í ár væru byggðar upp sem svarar um 30% af eigin fjármagni, en að hinu leytinu fyrir lánsfé, þannig að það er auðvitað ekki um það að ræða að Hitaveitan byggi að öllu leyti upp fremur en áður fyrir eigið fjármagn, þó að það geti verið góð stefna þegar hún á við. Ég taldi þetta óþarflega mikið eigið fjármagn og taldi, að til þessara framkvæmda, sem eru gjaldeyrissparandi, ætti að vera unnt að breyta óhagstæðum bráðabirgðalánum Hitaveitunnar í nokkur lengri lán og þess vegna þyrfti hún ekki á allri þessari hækkun að halda, 30%, eins og farið var fram á. Það hefur verið hafður sami háttur á í tíð núv. stjórnar og þeirrar fyrrv. að því leyti til, að það hafa sérstakir trúnaðarmenn verði látnir fara yfir beiðnir sem berast um gjaldskrárhækkanir sem heyra undir mismunandi rn. Það er óhætt að segja, að till. þessara trúnaðarmanna var um nokkru hærri hækkun en þá sem samþykkt var í morgun í ríkisstj.

Sú hækkun, sem samþ. var í ríkisstj. í morgun, var líka aðeins nokkru lægri en fulltrúi Alþb. í borgarstjórn Reykjavíkur hafði samþ. að fara fram á, þannig að enn er dálítið ósamræmi hjá Alþ.-mönnum, þegar um er að ræða fulltrúa á Alþ. og svo fulltrúa aftur í einstökum stofnunum, þar sem þeir hafa verið settir eða kosnir til þess að gæta tiltekinna hagsmuna.

Ég skal ekki fara út í það. En ég vil ráðleggja hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni að tala ekki sér-

staklega mikið um skoðanaskipti, því að það gæti verið að það væri hægt að rifja upp, að hann hefði skipt býsna oft um skoðun frá því að hann yfirgaf stól sinn í rn. og þangað til nú. Það eru æðimörg tilfellin sem væri hægt að benda á. En ég skal ekki fara út í það nú, en tel að ég hafi með þessum orðum skýrt það fyrir honum, að ég hafi haldið fast við stefnu mína um að reyna að standa, eftir því sem hægt er og án þess að tefja þær framkvæmdir sem enginn vill tefja, gegn hækkunum eftir því sem nokkur kostur er á.

Ég skal svo ekki blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa farið fram, því að í raun og veru eru menn að meginefni til sammála. Menn eru sammála um að það sé geysimikill munur hjá þeim, sem verða að búa við olíukyndingu, og hinum, sem njóta hitaveitu. Og það er augljóst, að sá munur er svo geysilega mikill að hann verður ekki brúaður á nokkurn hátt með því að hækka styrkinn úr 8 200 kr. í 10 þús. kr. Það má segja, að bilið minnki aðeins, en það er ekki nema hænufet, ef svo mætti segja. Hitt er svo allt annað mál, hvort menn vilja brúa þetta bil að fullu. En þá eiga menn að byrja á réttum enda og þá er fyrst að afla fjár til þess að jafna þennan mun, og að því leyti til er rökrétt hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni að benda á þá hækkun, sem hann gerir, verðjöfnunargjald á hitaveitur, sem dugar þó ekki til að jafna þennan mun. En ég tel, að það sé ekki hægt, eins og málum er komið, að fara að blanda því inn í þetta mál á þessu stigi. Þetta mál þarf að afgreiða nú. Hitt er svo allt annað mál, hvort menn vilja stíga stærra skref til þess að jafna þennan mikla mun, og þá er sjálfsagt, eins og hann gerir, að fara fyrst inn á það að gera ráðstafanir til að afla fjár til að jafna þennan mun. Ég fyrir mitt leyti vil alls ekki útiloka þann möguleika, að þar geti einhvers konar orkuskattur komið til greina. En það er mál, sem þarf að mínum dómi að vera alveg sérstakt og athuga þarf alveg út af fyrir sig. En það er ekki rétt að blanda því saman við þetta mál.

Auðvitað má segja að sú fjárhæð, sem fari í Orkusjóð samkv. þessu frv., geri ekki mikið í þá átt að fullnægja þeirri fjárþörf sem er fyrir hendi til þess að hægt sé að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum orkuframkvæmdum. En hún a. m. k. minnkar bilið að nokkru leyti og getur áreiðanlega orðið til góðs og komið að góðu gagni. Það á t. d. ekki síst við um rannsóknir. Það er skiljanlegt að þeir menn, sem búa við olíukyndingu eða jafnvel við rafmagnshitun, hafi mikinn hug á því að fá hitaveitu, ná í jarðvarma til þess að hita hús sín með þeim hætti. En þannig stendur á víða, að það skortir alveg rannsóknir til þess að skera úr því, hvort sá möguleiki sé fyrir hendi eða ekki. Þær rannsóknir eru æðikostnaðarsamar og í þær verður því miður oft að leggja í upphafi þannig, að það er alls ekkert um það vitað, hvort þær muni bera árangur eða ekki. Niðurstaðan getur orðið sú, því miður, að það sé ekki hægt að koma þar við hitaveitu, og ég álít að það sé ekki síst í slíkum tilfellum að þörf sé að hlaupa undir bagga með sveitarfélögum sem hafa áhuga á því að gera slíkar kostnaðarsamar rannsóknir, sem vafasamt er að geti borið þann árangur sem til er ætlast. En þetta framlag, sem þarna er um að ræða, miðar að sínu takmarkaða leyti að því að æ fleiri geti fengið hitaveitu. Og það held ég að öllum hljóti að vera ljóst, að þeim mun fleiri sem fá þá aðstöðu að geta notið hitaveitu, þeim mun auðveldara verður það verkefni að jafna metin á eftir, eftir því sem þeir verða þó færri sem búa við hinn dýra kost að þurfa að kynda hús sín með olíu. Þeim mun auðveldara verður t. d. að koma við verðjöfnun, ef menn skyldu vilja hverfa að því ráði. Ég held að þó að í litlu sé, þá sé með þessum hætti verið að vinna fyrir framtíðina og framtíðarlausn þessara mála, og menn ættu ekki að gera of lítið úr því, þó að þarna sé ekki um stórar fjárfúlgur að tefla. Mönnum hefur hætt hér við, finnst mér, að tala mikið um Vestfirði og Stór-Reykjavíkursvæðið, en ég vil minna á að sem betur fer eru ýmsir staðir úti á landi sem með fyrirhyggju og aðstöðu, sem hefur verið fyrir hendi, hafa komið sér upp hitaveitu og njóta hitaveitu og búa við ekki lakari kjör að því leyti til en reykvíkingar. Þessum stöðum þarf að fjölga. Og það eru vissulega margir staðirnir nú einmitt þessa dagana, sem hafa áhuga og hann ríkan í þessu efni, og það stórir staðir, sem mundu skipta mjög miklu máli, eins og t. d. Akureyri, og svo margir fleiri, t. d. Siglufjörður, þar sem svo stendur á að hitaveita er þar nú fullhönnuð og segja má að hægt sé að hefja útboð framkvæmda, ef fjárútvegun verður fyrir hendi. Það var á sínum tíma af miklum dugnaði komið upp hitaveitu í litlu kauptúni á Norðurlandi, Hvammstanga. Það er hitaveita á Sauðárkróki, það er hitaveita á Ólafsfirði, og þannig mætti lengi telja. Það eru nokkrir staðir, sem hafa haft þessa aðstöðu, sem hafa notað sér hana og njóta góðs af, og menn þar í nágrenni sjá líka hver munur er þar á orðinn. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að það sé áhugi í þeim kauptúnum og fjölbýlissvæðum öðrum, sem þar er um að ræða, að koma þessu á hjá sér, og það er undirbúið, t. d. eins og á Blönduósi.

Um hitt, hvort menn vilja heldur láta menninna, sem illa eru staddir, fá þetta hærri fjárhæð, 1 800 kr. hærri, þá er ákaflega einfalt að leggja þeim mun minna í þessar framkvæmdir. Það er ákaflega einfalt atriði, finnst mér, að gera þetta upp við sig og menn ættu að geta gengið til atkv. um það einfalda atriði án þess að viðhafa ákaflega langar orðræður. Ég held, að allur metingur á milli staða og landshluta sé í þessu efni heldur til leiðinda.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 338) samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég skal nú reyna að stytta mál mitt, enda sýnist mér að þessum umr. mætti fara að ljúka.

Það er alveg ljóst orðið um hvað er deilt. Það er deilt um það atriði, hvort leggja eigi fé í Orkusjóð vegna þessarar tekjuöflunar, sem menn eru hér sammála um. Af þeim ágreiningi

kemur svo fram mismunur á því, hver olíustyrkurinn eigi raunverulega að verða.

Það hefur komið fram í þessum umr., að stjórnarandstæðingar vilja ekkert leggja í Orkusjóð af því fé sem hér verður til umráða. Þeir segja, að aðeins þurfi að taka erlent lán til hitaveitufram kvæmda og þá sé allur vandi leystur. Ég veit ekki, hvort þeir gera sér ljóst t. d. hvert hlutfallið er hjá Hitaveitu Reykjavíkur á þessu ári, en hv. þm. Magnús Kjartansson sagði áðan, að meiri hluti framkvæmda Hitaveitu Reykjavíkur væri tekinn af ágóða af hreinum rekstri Hitaveitunnar. Til að upplýsa þetta skal ég nefna nokkrar tölur. Á þessu ári er fjárfesting Hitaveitunnar áætluð 1 072 millj. afborganir lána 258 millj. og aukning veltufjár um 50 millj. kr. Þetta gerir 1 380 millj. samtals og þetta hyggst Hitaveitan fjármagna með lánsfé að upphæð 830 millj., en eigin fé 530 millj. Allar hitaveitufram kvæmdir annarra sveitarfélaga eru að langmestu leyti fjármagnaðar með erlendu lánsfé, að því leyti sem lán eru tekin til þeirra framkvæmda. Öll lán t. d., sem Lánasjóður sveitarfélaga veitir til hitaveitufram kvæmda, eru að miklum meiri hluta gengistryggð.

Það hefur komið hér fram í þessum umr. líka, að menn hafa talið að í útreikningum Þjóðhagsstofnunar sé reiknað með of lágri tölu varðandi olíukostnaðinn. Þessum tölum ber þó saman við sölu olíufélaganna á olíu til húsakyndingar og renna þær þannig stoðum undir að þessar tölur séu réttar. Þegar menn eru að tala um hærri tölur, sem hér hafa mjög verið nefndar, eins og 15—20 þús. kr. á íbúð á mánuði, þá býst ég við að mönnum skjótist yfir það, við hvaða stærð er miðað í tölum Þjóðhagsstofnunarinnar, en þar er áætlað rúmmál á mann 95 rúmmetrar, en auðvitað er hægt að finna mörg dæmi þess að menn búa í miklu rýmra húsnæði.

Eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, þá er hér ekki deilt um tekjuöflunina, heldur er deilt um það hvernig tekjunum verði varið. Hann sagði, að ekkert dæmi væri að finna á Íslandi um aðra eins mismunun og hér á sér stað. Það er vissulega rétt, að mismunurinn er hér mikill. En hvenær kom þessi mismunur fram? Það er ekki svo langt síðan, hann kom ekki fram að neinu ráði fyrr en hinar miklu hækkanir á olíu áttu sér stað. Og hverjir höfðu framtak til þess að virkja jarðvarmann meðan kynding með olíu var ekkert dýrari og jafnvel ódýrari? Það er rétt að menn hafi þetta í huga.

Hv. þm. sagði, að það væri ekkert réttlæti í því að fólk, sem þyrfti að borga miklu hærri flutningsgjöld og fleira og fleira, þyrfti að inna af hendi fimm- eða sexfalda þessa upphæð sem þarf til húskyndinga, miðað við þá sem búa á höfuðborgarsvæðinu. En mér sýnist heldur ekkert réttlæti í því að hneykslast á þessum mismun hér í ræðustól. Hvernig væri ástandið ef framtakið hefði ekki verið fyrir hendi í Reykjavík, í Ólafsfirði, Sauðárkróki, Húsavík, Selfossi, Seltjarnarnesi og e. t. v. víðar? Það er ekki lausn á þessum vanda, eins og hér er látið í veðri vaka, að það sé aðeins ráðið að taka erlent lán, en ekki að vera að klípa af þessum peningum, eins og það er orðað. Ef sífellt er haldið áfram að taka erlend lán, þá getur það ekki endað nema á einn veg. Það endar með því að hitaveiturnar fara með allt sitt rekstrarfé í afborganir lána og vexti og verða reknar með tapi. Það er ekki hægt að byggja á slíku.

Mig langar til að spyrja líka þá, sem hér hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar og látið í það skína að þeir, sem búa við hitaveitu, hafi miklu betri lífskjör að þessu leyti heldur en aðrir: Halda menn virkilega að sveitarfélög þau, sem núna standa í hitaveitufram kvæmdum, leggi ekkert á þegna sína vegna þess? Ég skal nefna sem dæmi, að sveitarfélögin á Suðurnesjum, en þau standa nú í undirbúningi að stórfelldum hitaveitufram kvæmdum, leggja á sína þegna 30 millj. kr. á þessu ári. Þarna búa um 11 800 manns og þetta þýðir um 25 þús. kr. á hvert mannsbarn. Þetta skulu menn líka hafa í huga þegar verið er að bera þessi atriði saman.

Hæstv. iðnrh. svaraði ýmsu af því sem hv. þm. Magnús Kjartansson spurði um, en ég get ekki látið hjá líða að lýsa undrun minni yfir því orðbragði sem þm. viðhafði hér. Hann sagði — ég held að ég hafi það nokkurn veginn orðrétt eftir — að á tímum vinstri stjórnarinnar og að því er mér skilst núna líka hafi Hitaveita Reykjavíkur notað áhuga íbúanna á höfuðborgarsvæðinu á að fá hitaveitu sem fjárkúgunaraðferð. Ég hefði gaman af að sjá hv. þm. standa við þessi stóryrði. Málið liggur alveg ljóst fyrir og lá ljóst fyrir á sínum tíma. Hitaveita Reykjavíkur hafði gert samning við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um að hún annaðist hitaveitufram kvæmdir í viðkomandi sveitarfélögum. En það voru ákveðnar forsendur í þessum samningi sem gengið var út frá, m. a. þær, að Hitaveitan hefði ákveðinn arð. En sá arður fékkst ekki nema með hækkun gjaldskrár og á þeirri hækkunarbeiðni Hitaveitunnar stóð í nokkurn tíma. Ég skal ekki leggja dóm á það hér, hvort það hafi í rauninni verið réttlætanlegt að ríkisstj. stóð gegn þessu á sínum tíma, en eitt er víst, að það tafði fyrir framkvæmdum.

Hv. þm. sagði einnig, að Hitaveita Reykjavíkur hefði engin rök fyrir kröfum sínum. Ég hef sagt hér áður, að rökin eru auðvitað þau að Hitaveitan þarf tekjur til þess að standa undir rekstri sínum og framkvæmdum og ef sífellt á að taka lán, þá endar þetta með því, eins og ég sagði áðan, að allar rekstrartekjur fara í afborganir og vexti og Hitaveitan verður rekin með halla.

Aðeins nokkur orð svo vegna þess, að hér var minnst á Hitaveitu Suðurnesja af hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, þar sem hann sagði að að undirbúningur við Hitaveitu Suðurnesja hefði tafist vegna þess að ríkisstj. hefði ekki aflað fjár til þeirra framkvæmda. Þetta er rangt. Málið er á undirbúningsstigi hjá nýskipaðri stjórn Hitaveitu Suðurnesja. Þótt núv. ríkisstj. sé hin athafnasamasta, má ekki ofmeta hana þannig, að hún geri það á hálfu ári sem hæstv. fyrrv. iðnrh. tókst ekki á þremur. En við treystum hins vegar því, að framkvæmdir við Hitaveitu Suðurnesja komist af stað sem allra fyrst, og

stjórn hitaveitunnar hefur uppi þær ráðagerðir að tengja í hálfan Grindavíkurbæ á þessu ári. Ef það tekst, þá er vissulega vel af stað farið.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hef ekki átt þess kost að hlusta nema lítillega á þær umr., sem hér hafa farið fram, og hafði ekki heldur ætlað mér að taka þátt í þeim. En einu sinni þegar ég gekk hér um heyrði ég að hv. 3. þm. Reykv. nefndi nafn mitt og var að velta því fyrir sér, vegna hvers ég hefði skrifað ákveðna grein í Tímann sem hefði fjallað um þessi mál. Ég get nú orðið við þeirri ósk hv. þm. að skýra honum frá því, vegna hvers ég skrifaði þessa grein, en til þess lágu tvær ástæður.

Fyrri ástæðan var sú, að ég vildi styrkja aðstöðu hæstv. viðskrh. í málinu, vegna þess að ég vissi að hann taldi sér ekki fært að fallast á þá beiðni sem hafði komið fram um hækkun frá Hitaveitunni, sem var 30% og hefur nú verið ákveðin 23%.

Hin ástæðan til þess að ég skrifaði þessa grein var sú, að ég taldi mig hafa mjög sterkan bandamann í þessu máli, bandamann sem mikið munaði um og bandamann sem hefði stærsta andstöðuflokkinn í borgarstjórn Reykjavíkur á bak við sig, og það munaði þess vegna ekki lítið um þegar slíkur maður og slíkur flokkur væri á sama máli. Það, sem ég hafði fyrir mér í þessu, var forustugrein sem birtist í Þjóðviljanum s. l. sunnudag og var að vísu undirrituð með litlum staf, m., en í þessari grein segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er að fyrirtæki Reykjavíkurborgar eru nú að koma á neyðarástandi til þess að knýja stjórnvöld og þá sérstaklega Ólaf Jóhannesson viðskrh. til þess að heimila hrikalegar nýjar verðhækkanir á rafmagni og heitu vatni. Báðar þessar lífsnauðsynjar hafa þó hækkað meira í tíð núv. ríkisstj. en nokkru sinni fyrr. Verði orðið við kröfum Hitaveitu Reykjavíkur mun láta nærri að gjald fyrir heitt vatn hafi tvöfaldast í tíð núv. ríkisstj. Kröfur Hitaveitunnar eru miðaðar við það að fyrirtækið hirði stórfelldan gróða af viðskiptavinum sínum og geti fjármagnað hinar nýju stórframkvæmdir að meiri hluta með gróðanum einum. Slík fjármögnun" — nú skulu menn taka eftir — „slík fjármögnun er einsdæmi í íslensku þjóðfélagi og krafan um hana siðlaus árás á afkomu almennings í höfuðborginni. Lengi vel reyndu ráðamenn Hitaveitunnar að halda því fram að þessi gróðasöfnun væri skilyrði í sambandi við lán frá Alþjóðabankanum, en í tíð vinstri stjórnarinnar var farið ofan í þau mál og sannað að þessar staðhæfingar voru vísvitandi ósannindi."

Var nú hægt annað en að treysta á fullan stuðning Alþb. í þessu máli, eftir að einn af aðalforingjum þess hafði kveðið upp þann dóm að krafan um þessa hækkun væri siðlaus árás á afkomu almennings í höfuðborginni? En hver varð svo reyndin? Tveimur dögum eftir að þessi grein birtist í Þjóðviljanum var haldinn fundur í borgarráði Reykjavíkur, og þar hefði mátt búast við harðri andstöðu fulltrúa Alþb. eftir þessi skrif í Þjóðviljanum. Þá hefði mátt treysta á að maður hefði öflugan bandamann þar sem var borgarfulltrúi Alþb. í borgarráði. Það var hægt að búast við því að borgarfulltrúi Alþb. mundi á þessum vettvangi fylgja fast fram því, sem Magnús Kjartansson var búinn að segja í Þjóðviljanum að væri siðlaus árás á afkomu almennings í höfuðborginni, að hækka hitaveitugjaldið. En niðurstaðan var nú samt sú, því að Sigurjón Pétursson, borgarfulltrúi Alþb. og fulltrúi hans í borgarráði Reykjavíkur, greiddi atkv. með því að hitaveitugjald yrði hækkað um 24%. Raunverulega var það þessi afstaða Alþb. sem réð úrslitum í málinu. Það var þessi afstaða þess sem réð endanlegum úrslitum í málinu að mínum dómi. Það var ekki hægt annað, þegar ekki aðeins stjórnarflokkurinn í borgarstjórn Reykjavíkur var búinn að bera fram þessa kröfu, að þetta yrði lagt á reykvíska borgara, heldur líka aðalstjórnarandstöðuflokkurinn, en að láta undan og verða við henni að einhverju leyti. Ég tel að það sé þessi afstaða Sigurjóns Péturssonar sem hefur haft meginábrif á hvernig fór, því að hér var borin fram krafa ekki aðeins af hálfu stjórnarflokksins í borgarstjórninni, heldur líka af hálfu stærsta stjórnarandstöðuflokksins í höfuðborginni, og ég tel að þessi afstaða hans og Alþb. þar með eigi meginþátt í því að nú hafi hitaveitugjöld reykvíkinga verið hækkuð um 23%.

Ég verð að játa að mér er það hálfgert harmsefni, að sá bandamaður, sem ég treysti svona mikið á og hef oft treyst á og hefur líka oft staðið við það sem hann hefur sagt, skyldi ekki reynast betur að þessu sinni en raun varð á. Og ég harma þá líka, að það hefur komið oftar fyrir að hann hefur ekki getað staðið við þá stefnu sem hann hefur haldið fram í blaði sínu eða hér á Alþ. Þess er skemmst að minnast hvernig farið hefur í málmblendiverksmiðjumálinu. Þar hefur hv. þm. ekki frekar getað staðið við þá stefnu, sem hann markaði, heldur en við þá stefnu sem hann hélt fram í sambandi við hitaveitumálin í forustugrein Þjóðviljans s. l. sunnudag.

Ég verð að játa það, að þegar ég skrifaði þessa grein, þá hef ég treyst helst til mikið á þann bandamann sem ég hélt að mundi standa ósleitilega að sömu stefnu og ég hafði og hafa flokk sinn á bak við sig. Því miður hef ég orðið fyrir vonbrigðum í þeim efnum. Og það er tvímælalaust — og það vil ég endurtaka — að ef borgarfulltrúi Alþb. hefði ekki tekið þessa afstöðu í borgarráði Reykjavíkur, þá hefði verið auðveldara að halda áfram baráttunni gegn því að hitaveitugjald yrði hækkað. Það er þessi raunverulega afstaða Alþb. — því að ég tel að í þessu sambandi komi raunveruleg afstaða Alþb. betur fram í borgarráðinu heldur en í Þjóðviljanum — það er hún sem hefur átt mestan þátt í því að þannig hefur nú farið, að hitaveitugjöldin á reykvíkingum hafa verið hækkuð um 23%, þó einu prósenti minna en borgarfulltrúi Alþb. lagði til í borgarráðinu.

Ég held að ég sé með þessu búinn að gefa fullar skýringar á því af hverju ég skrifaði umrædda grein. Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég vænti þess að þegar ég treysti

næst á hv. 3. þm. Reykv. sem bandamann, þá reynist hann mér öflugri bandamaður en hann hefur reynst í þessu máli.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr., þær eru orðnar nógu langar. Því var stungið að mér þegar ég kom hér úr ræðustól áðan að vestfirðingar væru djarftækir til ræðutíma á Alþ. Ég get ekki tekið þetta til mín, það eru aðrir, sem frekar mega gera það.

En ég vil aðeins í örstuttu máli benda hv. 8. landsk. á að það, sem á milli ber í okkar tölum, er það, að ég gerði ráð fyrir þessari 20—24% hækkun þegar ég mótmælti að fimm- til sexfaldur mismunur, sem hann talaði um, væri réttur. Í samtali mínu við hitaveitustjóra í morgun gaf hann mér í skyn að þessi hækkun kæmi alveg á næstunni, svo að ég taldi mig ekki tala út í bláinn. Og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson lýsti því yfir nú rétt áðan, að mér skildist, að hún væri komin til framkvæmda, þessi hækkun á hitaveitutaxta, og væri 23%. Ég tel mig því hafa farið rétt með tölur út frá þessari forsendu, að hitaveitugjaldið var að hækka.

Síðan langar mig aðeins að benda hv. 8. landsk. þm. á rangfærslu hans í sambandi við afgreiðslu fjárl. þótt ég ætli ekki að fara að pexa um það nú. Hann sagði einfaldlega að það, sem hann hefði meint í umræddri blaðagrein, væri að þeir Karvel Pálmason hefðu fengið samþykktar till. við afgreiðslu fjárl. sem við hinir, stjórnarliðarnir í hópi Vestfjarðaþm., vildum ekki fallast á. Sannleikurinn er sá og ég er nýbúin að fara í gegnum öll þessi þskj., að engin einasta af brtt. þeirra félaga, þótt bornar væru fram af góðum hug, fékk samþykki. Það var ein einasta brtt. frá einstökum þm. samþ. við þessa fjárlagaafgreiðslu, ég hygg að við munum það öll, það var 10 millj. kr. hækkun til sjúkrahúsbyggingar í Neskaupstað. Hinar voru allar með tölu felldar þannig að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson fór þarna beinlínis með rangt mál. Þar fyrir vil ég ekki neita því að slíkar tillögur stjórnarandstöðuþm. gera sitt gagn að vissu marki, þó að engin þeirra eða mjög fáar séu nokkurn tíma samþykktar af ástæðum sem ég fer ekki út í að skýra hér.

Sighvatur Björgvinsson hneykslaðist mikið á því að ég sagði: Þið skuluð spara. — Ég hika ekkert við að endurtaka það, enda meinti ég það ekki til vestfirðinga einna og þeirra sem olíu nota til húsakyndingar, heldur til reykvíkinga og allra annarra, og væri betur að fleiri tækju í alvöru viðvörun um að spara og hefðu gert fyrr.

Ég vil að lokum eindregið taka undir orð hæstv. viðskrh., þar sem hann benti á að sjálfsagt væri að kanna aðrar leiðir til þess að létta byrði fólks úti á landsbyggðinni sem þarf að notast við olíuhitun. Að sjálfsögðu ber okkur að gera það, og ég vona að okkur takist það eftir öðrum rökréttari og geðfelldari leiðum en þeim, sem stungið er upp á, að leggja 20% skatt á alla þá sem hitaveitu nota. Fyrir því hafa verið færð rök hér að það væri mjög hæpin og í mörgum tilfellum mjög ósanngjörn ráðstöfun.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Á s.l. vetri þegar hliðstætt frv. var hér til umr. á hinu háa Alþ. kom fram mjög almennur vilji hjá þm. til þess að mæta með einhverjum hætti þeim olíuhækkunum sem yfir okkur höfðu dunið. Sá vilji hefur enn komið fram hér á þingi við umr. um þetta frv. En í fyrra voru gerðar aths. við það, hvernig tekjum sjóðsins, sem hér er stofnaður, yrði varið. M.a. tók ég mjög undir þá gagnrýni og hélt því fram að það fyrirkomulag, sem var þá lagt til og er nú lagt til að verði á greiðslum úr sjóðnum, sé óheppilegt og ákaflega ógeðfellt. Ég er enn sömu skoðunar. Ég tel að það úthlutunarkerfi, sem miðast við að styrkir séu greiddir miðað við fjölda fjölskyldumeðlima, bjóði upp á mismunun og misnotkun og valdi gríðarlegum erfiðleikum í allri meðferð hjá þeim sem sjá um greiðslu styrkjanna. Ég hygg að þessar ábendingar, sem fram komu hér á s.l. vetri, hafi haft við rök að styðjast og reynslan hafi sýnt þeim, sem með þessi mál hafa farið, að hér er viss hætta á mismunun og misnotkun sem aldrei er eftirsóknarverð. Ég benti á það að æskilegri leið væri að greiða niður olíuna í heild sinni í stað þess að úthluta styrkjunum með svo einstaklingsbundnum hætti, og ég ítreka þá skoðun mína að það yrði langtum heppilegri leið og tel, að þetta frv. hefði átt að vera þannig úr garði gert. Það er skemmst frá því að segja, að þetta sjónarmið hefur ekki orðið ofan á, og mun ég sætta mig við það svo langt sem það nær, en geri þessar aths. og vil láta það koma fram að ég er algerlega andvígur því fyrirkomulagi sem um getur í 2. gr. frv. Læt ég svo útrætt um það.

Ýmsar till. hafa komið hér fram varðandi þetta frv., m.a. frá hv. þm. Karvel Pálmasyni till. sem kemur fram á þskj. 330. Þessi till. ásamt mörgum fleiri hefur gefið hv. þm. tilefni til þess að skattyrðast hver út í annan og hin einstöku kjördæmi og landsmenn með hliðsjón af því hvaða hitunarkerfi þeir búa við. Þess hefur orðið vart í þesum umr. eins og því miður stundum áður, að reykvíkingar njóta ekki sannmælis þegar landsbyggðarmenn tjá sig um þessi mál, og forsjálni reykvíkinga og annarra þeirra, sem hafa komið sér upp hitaveitum, og fyrirhyggja er lögð út með þeim hætti að það liggur við að reykvíkingar þurfi að fyllast sektarkennd yfir því að búa við lægra hitagjald en aðrir landsmenn. Það hefur verið minnt á það hér af hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, að reykvíkingar og aðrir þeir, sem búa við hitaveitu, kosta að sjálfsögðu þessa uppbyggingu og þessa veitu sjálfir. Stofnkostnað hafa þeir greitt sjálfir og staðið undir rekstrarkostnaði þessara fyrirtækja og hafa auðvitað þurft að leggja út sín gjöld á sínum tíma fyrir því.

Ég tel, að allur metingur milli kjördæma um þetta mál og reyndar önnur sé til óþurftar, og vil ekki fara að gera meira úr því en efni standa til. Ég get þó ekki orða bundist um þetta vegna þess að ég tel að það sé fullkomlega rétt hjá mér að fullyrða að reykvíkingar og fólk hér á þéttbýlissvæðinu hefur viljað jafna aðstöðu landsmanna með hliðsjón af því hvar þeir búa á landinu og hafa gert það af réttsýni og sanngirni. En allur málflutningur, sem er með þeim

hætti að ýfa upp deilur á milli landsbyggðar og þéttbýlis, er til óþurftar og getur orðið til þess að reykvíkingar láti ekki bjóða sér slíkt til lengdar og telji að nóg sé af slíku komið. Ég minni á að Reykjavík, sem auðvitað nýtur margra hlunninda fram yfir aðrar byggðir landsins, hefur sinnt margvíslegri þjónustu fyrir landsbyggðina, og einmitt vegna mjög öflugs byggðarlags í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu hefur landsbyggðinni tekist að rétta hlut sinn og fengið fé til margvíslegra hluta sem bæta félagslega, menningarlega og efnahagslega aðstöðu fólks á viðkomandi stöðum.

Það er óþarfi að taka fram, að ég er andvígur till. hv. þm. Karvels Pálmasonar sem felur í sér að leggja skuli „20% aukagjald á gjaldskrá hitaveitna“, eins og segir í till., „og skal því á sama hátt varið til að draga úr áhrifum verðhækkunar olíu til hitunar íbúðarhúsnæðis“. Ég er í fyrsta lagi andvígur þessari till. vegna þess að ég er ekki hrifinn af slíkum sérsköttum eftir því hvar menn búa á landinu, auk þess er ég líka andvígur till. vegna þess að hún bætir ekki þennan vanda með varanlegum hætti. Ég þarf ekki að gera mikið veður út af till., því að ég geri ekki ráð fyrir að hún nái samþykki hér á hinu háa Alþ., en vil þó að þessi skoðun mín komi fram. Ég hygg að hún sé í samræmi við skoðanir flestra reykvíkinga, sem sé sú skoðun og sú stefna að það sé rétt að reyna að bæta aðstöðuna, ekki með því að vera sífellt að styrkja einstaka hluti, heldur að leggja til fé þannig að hægt sé að bæta úr ástandinu með varanlegum hætti. Ef á að leggja sérstök gjöld á það fólk sem býr á hitaveitusvæðum, þá finnst mér að það gjald og það fé eigi að renna til varanlegra framkvæmda, þannig að það verði hægt að koma á öðru hitunarkerfi en áframhaldandi olíukyndingu á hinum ýmsu stöðum úti á landi. Þess vegna hef ég viljað muna fremur og styð þá stefnu að meiri hl. þess fjár, sem er innheimt í framhaldi af þessu frv., verði varið til jarðhitarannsókna og hitaveitufram kvæmda. Ef svo er ekki gert og einfaldlega innheimt þetta fé og greitt út í formi styrkja, þá slævir það áhuga fólks á því að breyta frá olíukyndingunni til annars fyrirkomulags og dregur úr þeim þrýstingi sem ella á að vera fyrir hendi um að breyta þar um.

Þessa skoðun vildi ég láta koma fram. Hún er miklu geðþekkari fyrir þá sem búa á hitaveitusvæðunum og fyrir þá sem þurfa nú eða síðar að greiða verðjöfnunargjald, orkuskatt eða hvað það er kallað. Ég efast um að fólk mundi til lengdar sætta sig við það að greiða slíkt verðjöfnunargjald ef það væri eingöngu til þess að greiða niður — í þessu tilfelli olíuna — án þess að nokkuð sé gert til þess að bæta aðstöðuna til frambúðar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki ýkjamikið sem ég hef við það að bæta sem ég hef áður sagt. Það eru þó nokkur atriði, sem ég vil víkja að, af því sem fram hefur komið hjá þeim hv. þm. sem hér hafa talað.

Ég vil fyrst leiðrétta hv. 9. landsk. þm., að það er rétt sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hélt fram, að það fengust lagfæringar við afgreiðslu fjárl. vegna tillöguflutnings okkar stjórnarandstæðinga fyrir Vestfirði sem ekki fengust í gegn án þess að till. væri flutt. Þar vil ég fyrst og fremst benda á heimildina fyrir Ísafjarðarflugvöll upp á 20 millj. og yfirlýsingu hæstv. samgrh., sem ég vona að hann standi við, og einnig heimildina um að Súðavíkurdæmið verði leyst. Þetta hvort tveggja fékkst vegna tillöguflutnings okkar stjórnarandstæðinga, án þess að það fengist meðan málin voru til umr. og afgreiðslu á því stigi sem Vestfjarðaþm. ræddu um þau. Þessu verður ekki breytt. Þetta eru staðreyndir sem enginn getur á móti mælt. (Gripið fram í.)

Í öðru lagi vil ég víkja að því sem hv. 9. landsk. þm. sagði líka. Hann sagði að það væri ágætt að till. eins og mín till., það væri ágætt að fá þessa hluti, en menn yrðu að líta á þetta í víðara skilningi. Hvaða víðari skilning á hv. 9. landsk. þm. við í þessum efnum? Eiga menn, t. d. vestfirðingar, tökum þá sem dæmi, eiga þeir að sætta sig við þann geysilega mismun sem fyrir liggur samkv. upplýsingum. Hafi hv. þm. hlýtt á og horft á sjónvarpsviðtal s. l. föstudagskvöld við ég hygg framkvæmdastjóra Hitaveitu Reykjavíkur, þá upplýsti hann að það væri um 20% kostnaður á hitaveitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur miðað við olíukyndingu — 20%. Ég hygg, að þetta séu réttar upplýsingar. Og er það þessi víðari skilningur sem hv. 9. landsk. þm. á þá við, að menn eigi að sætta sig við þetta svona? Ef það á, eins og hún sagði, að kanna aðrar leiðir, hefur sú könnun verið sett í gang? Hvað á sú könnun að taka langan tíma? Ég hygg að ef ekkert verður að gert nú þegar, þá líði ekki langur tími þar til fólk af þessum svæðum fer að flykkjast á hitaveitusvæðin, t. d. hér á suðvesturhorninu, og ég tel að það sé engum til góðs, það sé ekki þjóðarheildinni til góðs að við taki það ástand sem var á tíma viðreisnarstjórnarinnar, að fólk fari að flykkjast frá landshlutunum á þéttbýlissvæðið á suðvesturhorninu. Það er ekki þjóðarheildinni til góðs. Þess vegna held ég að þeir, sem á annað borð vilja að þessu verði breytt, að aðstaðan sé jöfnuð, verði að benda á einhverjar leiðir, ekki segja bara: Það á að kanna þetta eða hitt. — Það verður engin breyting á með því, það verður að benda á eitthvað til lausnar vandans.

Ég tek alveg undir það með hv. 3. þm. Reykv. og einnig með hv. 9. landsk. þm., að þær byrðar, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur sett á launafólk í landinu og allan almenning, eru vissulega þungar og þær eru þungar hér í Reykjavík, mér er það alveg ljóst. En hvað þá um hina sem eru margfalt verr settir vegna kostnaðarhækkana og tilkostnaðar? Hvað þá með þá? Það er þetta sem ég tel að þm. verði að horfast í augu við. Ég viðurkenni að stjórnarstefna núv. ríkisstj. í efnahags- og launamálum hefur haft það í för með sér, að það er búið að þrýsta niður kjörum launafólks langt niður fyrir það sem nokkur getur talið eðlilegt að launafólk sætti sig við. En sé þetta ástand svo slæmt sem það er hér í Reykjavík, hvað þá með hina? Ég bara spyr.

Svo sagði hv. 9. landsk. þm. að það væri vissulega verkefni og þarft verkefni sem bæri að

kanna, það væri jöfnun á flutningskostnaði. Það er alveg rétt. En það er til viðbótar þessu ranglæti sem við erum hér að tala um, bæði fyrir Austfirði, Vestfirði og Norðurland. Það er til viðbótar því. Þetta hvílir miklu þyngra á öllum íbúum sem verða að kynda hús sín með olíu, miklu þyngra en þó sá skattur sem á þeim hvílir vegna hærra verðlags úti á landsbyggðinni en er hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég tek alveg undir það, það er líka verkefni sem þarf og verður að leysa. En þetta er miklu stærra dæmi. Þetta er svo stórt dæmi að því er varðar það fólk sem við þetta býr, að það er að kikna undan því, og það þýðir ekkert að segja, hvorki fyrir hv. stjórnarþm. né aðra, að kanna eigi þetta eða hitt. Á þessu verður að ráða bót og það strax.

Það er rétt sem hæstv. viðskrh. sagði, að það bil, sem við erum hér að tala um, verður ekki brúað með því þótt svona skattur yrði á lagður. Það er rétt. En það er þó komið lengra til móts við það fólk sem við þetta býr nú heldur en gert er ráð fyrir í sambandi við þá stefnu sem ríkisstj. ætlar sér að hafa í þessum efnum. Hún ætlar að taka af þeim fjármunum sem þetta fólk hefur haft, hún ætlar að taka af þeim og láta til annarra hluta og það er að mínu áliti óheyrilegt að gera slíkt í þessu ástandi. Og hæstv. viðskrh. sagði að það væri ekki hægt að blanda minni till. saman við málið nú. Því er það ekki hægt? Við erum hér að ákveða hvaða tekjustofn skuli lögfesta til þess að fá fjármuni til að jafna þetta bil. Og það eru engin vandræði, a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð — það má vel vera að það sé frá sjónarhóli lögfræðinga eða lögspekinga — en frá mínum bæjardyrum séð er það enginn vandi — samhliða því að eitt söluskattsstig er ætlað til þessa — að lögfesta einnig að 20% aukagjald skuli lagt á hitaveitugjaldskrá. Ég sé ekki nein vandkvæði á því. Það er bara spurning um í fyrsta lagi vilja og í öðru lagi hvort menn vilja fara þessa leið eða einhverja aðra. En þá eiga menn líka að benda á aðra leið ef þeir vilja ekki fara þessa. Ég er reiðubúinn til að ræða aðrar leiðir en þessa ef menn telja þær eitthvað betri. Ég er bara að vekja athygli á því hér, að ég tel þetta vandamál svo stórt að það verði að snúast gegn því og leiðrétta það. Hjá því verður ekki komist.

Hæstv. viðskrh. sagði líka að það væri auðvelt að jafna metin á eftir, eftir að svo og svo margir umfram þá, sem nú hafa hitaveitu, væru búnir að fá hana. Vissulega er það rétt. En hvað segja þá hinir sem verða að bíða allan þennan tíma við þann stórkostlega hækkaða tilkostnað varðandi þennan lið? Hvað á að gera við það fólk þennan tíma sem ekki getur borgað olíureikningana? Spara, spara, segir hv. 9. landsk. þm. Ég vænti þess að þessi boð hv. 9. landsk. þm., sem ég tel Vestfjarðaþm. þótt hann sé landsk., þessi boð komist til skila til umbjóðenda hennar vestra. Það hlýtur að merkja að þessi varnaðarorð hennar eða heilræði verði að taka á þann veg að hér hafi verið ofgert í eyðslu. En ég tel að þetta vandamál sé svo stórt nú þegar, að fólk bíði ekki öllu lengur eftir því að leiðir verði fundnar til þess að brúa þetta bil. Hvað sem menn segja um meting milli staða, landshluta eða kjördæma þá er þetta staðreynd, því hefur ekki verið mótmælt. Þessi munur er á milli fólks á þessum svæðum og við honum verður að snúast.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði að stjórnarandstæðingar væru að benda fyrst og fremst á að auka erlendar lántökur til hitaveituframkvæmda eða raforkuframkvæmda. Það eru nú aldeilis ekki bara stjórnarandstæðingar. Einn af höfuðpaurunum í stjórnarflokkunum, sjálfur hv. 4. þm. Reykv., sem var að tala áðan, lýsir því yfir í ritstjórnargrein í Tímanum 26. febr. s. l. að það sé mjög auðvelt að fá lánsfé til að framkvæma það sem hann er að tala um, þ. e. framkvæmdir við hitaveitu og rafmagnsveitu. Það er mjög auðvelt og á að fara þá leið að mati hv. 4. þm. Reykv. að fjármagna þetta með lánsfé. Það eru því ekki stjórnarandstæðingar einir sem eru að hamra á þessu. Það eru stjórnarliðarnir sjálfir. En það er athyglisvert að í þessum leiðara ritstjóra Tímans, hv. 4. þm. Reykv., er því slegið föstu að verði þessi mikla hækkun, sem hann telur, leyfð á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, t. d. „til viðbótar gengisfellingunni," segir hann orðrétt „þá mun það kalla á kröfur um stóraukna láglaunabætur og yrði ekki með góðu móti hægt að standa gegn þeim." En að mati þessa hv. þm. virðist vera hægt með góðu móti að standa gegn hækkuðum láglaunabótum til þess fólks sem verður að taka á sig stórkostlega auknar byrðar vegna gengisfellingarinnar og vegna annarra hækkana á olíu. Það þarf ekki að bæta því fólki með hækkuðum láglaunabótum. Það má standa í stað. Það er ekki nauðsynlegt að taka undir slíkar kröfur. Þetta lýsir kannske ákaflega vel viðhorfi ýmissa forustumanna Framsfl. til launþega og verkalýðshreyfingarinnar. Þessi fáu orð lýsa sennilega hvað best viðhorfum ýmissa mikilvirkra og háttsettra þm. innan raða Framsfl. En því segi ég þetta hér, að ég undirstrika það enn, að það er brýn nauðsyn og þörf og verður ekki undan því vikist af neinum þm. að freista þess að leita leiða til þess að minnka þann geysilega aðstöðumun sem fólk nú býr við um þennan kostnaðarlið.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson spurði áðan: Hvenær kom mismunurinn á þessu? Hann er fyrir löngu kominn. En hann hefur auðvitað ágerst, þessi mismunur, við þær gífurlegu hækkanir á olíu sem orðið hafa, sérstaklega undanfarin $1\frac{1}{2}$-2 ár. Hann sagði jafnframt: Hverjir höfðu framtakið til þess að ráðast í þær framkvæmdir sem þurfti að gera til þess að geta nýtt jarðvarma eða hita með hitaveitu? Og hann benti á og taldi upp nokkur sveitar- og bæjarfélög. En ég vil nú segja þessum hv. þm. að það skorti ekki framtakið á þeim stöðum sem nú verða hvað harðast úti. Og ég vil biðja þennan hv. þm. að leggja t. d. okkur vestfirðingum til jarðvarmann, ég skal leggja til framtakið. Ef hann getur það, þá erum við til reiðu. Það vantaði ekkert framtak til þess að hefja hitaveituframkvæmdir á þessum stöðum. En það vantaði það sem til þurfti og varð að vera til, þ. e. jarðvarmann, og það getum við ekki ráðið við.

Ég skal ekkert draga úr því sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði um að þau sveitarfélög, sem hafa farið í framkvæmdir af þessu tagi, hafa

sjálfsagt lagt á sína borgara vegna þeirra. En ég vil jafnframt benda á og undirstrika það, að önnur sveitarfélög hafa lagt á sína þegna gífurlegar byrðar til þess að geta staðið undir framkvæmdum sem eru lífsnauðsynlegar fyrir þjóðarheildina, fyrir þjóðarbúið, til þess að geta aflað þeirra tekna sem þarf til þess að við getum lifað mannsæmandi lífi í þessu landi. Og það eru þau bæjar- og sveitarfélög sem hafa eytt kannske hvað mestu af gjöldum þegna sinna til þess að skapa þá aðstöðu sem þarf vegna hafnanna víðs vegar á landinu, til þess að mögulegt sé að skapa þær gjaldeyristekjur sem við þurfum vissulega á að halda ef við ætlum að lifa mannsæmandi lífi, þannig að það hallast ábyggilega ekki á. Og það hefur ekki staðið á því að skattleggja einstaklinga þessara byggðarlaga af hálfu ríkisvaldsins til þess að gjalda í hinn sameiginlega sjóð. Á því hefur ekki staðið. Ég ítreka því mín fyrri orð: Ég tel að sú till., sem ég hef lagt fram um 20% aukagjald á gjaldskrá hitaveitna, hafi við full rök að styðjast, sé réttlætanleg þegar litið er til þess gífurlega mismunar sem við höfum hér verið að ræða og liggur fyrir sem staðreynd.

Mér skilst að hæstv. forseti sé eitthvað í vafa um hvort hún standist, brtt. mín við a-lið, um að fella niður þá krónutölu sem þar er. Ef einhver vafi leikur á því, þá held ég að ég geti dregið þá till. til baka vegna þess að komin er fram brtt. um að þarna komi inn 10 þús. kr. í stað 8 200 kr., sem mun vera nálægt því að ná því marki að allt fé verði nýtt til þess sem því er ætlað. Sé á því vafi að þetta standist formlega, þá mundi ég draga brtt. mína til baka á þessum forsendum, að önnur till. er komin fram sem gengur, að því er mér sýnist, nokkuð í sama far sem ég var hér um að ræða.

Ég vil einnig taka það fram í sambandi við það sem hv. þm. Gunnlaugur Finnsson sagði út af sinni till., að ég geri ráð fyrir því í sambandi við 20% hækkun á hitaveitugjaldskrá að það fari ekki inn í kaupgjaldsvísitölu, ekki frekar en sú hækkun sem á sér stað á vöru og þjónustu, vegna þess að þetta eina söluskattsstig gerir það, þannig að það gildir sama þar um.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. — Það er auðvitað hárrétt sem hæstv. viðskrh. sagði, að við getum ekki lifað lífinu án þess að breyta um afstöðu, við getum ekki lifað eftir einhverjum kreddum og haldið að við leysum vandamálin á þann hátt, án þess að taka tillit til þess hvernig aðstæðurnar breytast hverju sinni. Þannig hljóta allir viti bornar manneskjur að starfa og ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það. En það, sem gerðist þegar hæstv. ráðh. samþykkti í morgun hækkun á gjaldi Hitaveitu Reykjavíkur þvert ofan í forustugrein Tímans tveimur dögum áður, er auðvitað ekki það að hæstv. ráðh. hefur skipt um skoðun á þessum dögum. Það hefur ekkert gerst á þessum dögum sem hefur valdið því að hæstv. ráðh. hafi skipt um skoðun. Það gerðist hins vegar að hæstv. ráðh. beygði sig fyrir samstarfsflokki sínum, Sjálfstfl., í þessu máli. Þetta höfum við oft horft upp á síðustu vikur og mánuði. Við heyrðum t. d. boðskap hæstv. ráðh. þegar verið var að þurrausa gjaldeyrissjóðinn, og hæstv. ráðh. lét mjög greinilega á sér skilja að hann teldi tímabært að gera einhverjar stjórnarfarslegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að gjaldeyrissjóðnum yrði sólundað í alls kyns óþarfa og vitleysu þegar hann væri kominn svo að þrotum sem hann var. Þetta var skoðun hæstv. viðskrh. Síðan kemur hæstv. forsrh. úr ferðalagi til útlanda og það fyrsta, sem hann segir, er: Frelsi, frelsi. Hvað gerist? Hæstv. viðskrh. beygir sig. Það er einnig alkunna að hæstv. viðskrh. var andvígur því einmitt að fara þá leið að lækka gengið. Hann hefur lýst því sjálfur í þessum ræðustól að hann hafi verið andvígur því, þróunin hafi hins vegar leitt hann út í það. Sem sagt, hann var beygður þar.

Nú vitum við auðvitað báðir, ég og hæstv. viðskrh., að þegar flokkar starfa saman þá verða þeir einatt að beygja sig hver fyrir öðrum, það er í sjálfu sér sjálfsagt mál. En mér finnst þessar beygingar í tíð núv. ríkisstj. vera furðulega einhliða. Það beygir sig enginn nema framsóknarráðh. Menn verða ekki varir við neitt annað. Það eru þeir sem beygja sig æ ofan í æ og sífellt og einnig í þessu máli hér. Það er það sem mér finnst vera ákaflega athyglisvert, og ég verð að segja það að ég þekki þá illa hæstv. viðskrh. ef hann unir þessu ástandi sérstaklega vel.

Hv. þm. Þórarinn Þórarinsson kom hér með ákaflega einkennilega málsvörn áðan. Hann sagðist hafa skrifað forustugrein sína til þess að stappa stálinu í hæstv. viðskrh. og auk þess í trausti þess að hann hefði góðan bandamann þar sem væri ég, því að ég hefði lýst því í Þjóðviljanum að ég teldi algera fjarstæðu að heimila þessa hækkun til Hitaveitu Reykjavíkur. Hins vegar hefði ég brugðist í málinu vegna þess að borgarráðsmaður Alþb. hefði staðið að samþykkt í borgarráði um að heimiluð yrði 24% hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur.

Nú er það svo í Alþb. að þar eru ekki gefnar neinar fyrirskipanir til manna um það hvaða afstöðu þeir eigi að hafa. Við höfum t. d. ekki sömu afstöðu og sömu vinnubrögð og þingflokkur Framsfl. að gefa ráðh. ótakmarkað vald til þess að ráða fram úr vandamálunum, en þannig hefur Framsfl. starfað undanfarin ár, svo sem mér er fullkunnugt um. Sigurjón Pétursson borgarráðsmaður gerði þá grein fyrir afstöðu sinni í viðtali við Þjóðviljann, að hann teldi ríkisstj. fullkomlega ábyrga fyrir þessari afgreiðslu. Hann sagði að ljóst væri að bein áhrif frá gengisfellingunni á dögunum til hækkunar á skuldum Hitaveitunnar væru 335 millj. kr., gengisfelling ríkisstj. í sept. hefði hækkað skuldir Hitaveitunnar um 200 millj. kr., þá hefði síðari gengisfelling hækkað efnispantanir, sem Hitaveitan ætti erlendis, um 48 millj. og áhrif gengisfellingarinnar á ógreiddar erlendar innheimtur og ávísanir eru þær, að þær hækka um 5 millj. Samtals hefur því ríkisstj. hækkað skuldir Hitaveitunnar með gengisfellingu um hvorki meira né minna en tæpar 600 millj. kr. Afborganir Hitaveitunnar hækka um 102 millj. á þessu ári vegna gengisfellingarinnar.

Vafalaust er þetta allt saman rétt hjá borgar-

ráðsmanninum, að það eru þessar aðgerðir ríkisstj. sem gera það rekstrarlega eðlilegt að hálfu Hitaveitunnar að fara fram á hækkun. En málið er ekki svona einfalt. Gengislækkanir ríkisstj. hafa líka komið við afkomu heimilanna og yfir á hverja eiga heimilin að velta þeim þungbæru byrðum sem á þau eru lögð? Hvernig á launamaðurinn að velta þeim byrðum af sér? Það er sá munur á afstöðu Sigurjóns Péturssonar og afstöðu hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, að hv. þm. Þórarinn Þórarinsson er einn af ábyrgðarmönnum þess að það er bannað núna að hækka kaupgjald til samræmis við vísitöluna, en Sigurjón Pétursson er þar á allt annarri skoðun. Hins vegar hefði ég ekki greitt atkv. með neinni hækkun til Hitaveitu Reykjavíkur á meðan svona er ástatt fyrir láglaunafólki í Reykjavík, að yfir það dembast verðhækkanir hvern einasta dag án þess að nokkrar bætur komi á móti. Það er algert siðleysi að framfylgja slíkri stefnu. (Gripið fram í.) Ég var að gera grein fyrir því hvernig Sigurjón skýrði afstöðu sína. Ég er ekki á sömu skoðun. Ég tel að ég sé hér umboðsmaður almennings í þessum bæ og það er ákaflega þungbært að hitaveitugjöldin hafa verið hækkuð um 73% á hálfu ári í tíð núv. ríkisstj. Auk þess er það staðreynd sem ég sagði áðan, að Hitaveita Reykjavíkur hefur fengið aðstöðu til þess að fjármagna framkvæmdir sínar í nágrannabæjunum með því að safna gróða af viðskiptum sínum við reykvíkinga. Ólafur G. Einarsson, hv. þm., var að vefengja þetta áðan. Ég hef í höndunum skýrslu frá Seðlabankanum um það hvernig þessar framkvæmdir voru fjármagnaðar, miðað við verðlagið eins og það var þá.

Á árinu 1974 var fjármögnunin þannig: Eigið fé og heimæðagjöld 60 millj., önnur innlend fjáröflun 60 millj., erlend lán 125 millj. Á árinu 1975: eigið fé og heimæðagjöld 300 millj., önnur innlend fjáröflun 215 millj., erlend lán 515 millj. Á árinu 1976: 250 millj. eigið fé og heimæðagjöld, önnur innlend fjáröflun 180 millj., erlend lán 425 millj. Samtals eigið fé og heimæðagjöld og önnur innlend fjáröflun 10 065 millj., en erlend lán 10 065 millj.

Þarna er um að ræða að helmingurinn er fjármagnaður með erlendum lánum, en helmingurinn af eigin fé, og þetta hefur ekki breyst. Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir áðan að Hitaveitan hefði ekki farið fram á að taka nein aukin lán vegna þessara framkvæmda. Þessar hækkanir um 73% hafa sem sé leitt til þess að það er hægt að fjármagna þetta á þennan ákaflega hagstæða hátt fyrir þetta fyrirtæki. En fjármögnun af þessu tagi hlýtur að vera að sama skapi þungbær fyrir láglaunafólkið í Reykjavík sem verður að greiða þetta mjög svo þungbæra gjald fyrir Hitaveituna. Og ég vil biðja hv. þm. Karvel Pálmason um að hugsa sig um enn einu sinni áður en hann heldur til streitu till. sinni um að hækka enn gjald þessa fólks vegna hitunarkostnaðar húsa sinna, því að ef till. hans yrði samþ. yrði hækkunin ekki 73%, hún kæmist upp í 105%.

ATKVGR.

Brtt. 338 felld með 26:3 atkv.

— 330,1 felld með 27:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, KP, MÓ.

nei: SigurlB, HeimH, SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EðS, EBS, FÞ, GuðlG, GHG, HES, IngJ, IG, JóhH, JSk, LárJ, MK, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, GHB, RH.

GS, GF, LJós greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKJ, GilsG, GTh, GÞG, JónasÁ, PP, PJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Það, sem ég tel vera höfuðmismun á þessari brtt. hv. 5. þm. Vestf. og á þeirri till. sem var áðan felld, er að samkv. minni till. er gert ráð fyrir því að meginhlutinn af orkugjaldinu hefði farið í Orkusjóð og tiltölulega lítill hluti til niðurgreiðslu á hitunarkostnaði, þ. e. til jafns við rafhitun. Þá tel ég að með fullri nýtingu á þessu gjaldi til niðurgreiðslu á olíu kunni hitunarkostnaður með olíu að fara niður fyrir rafhitunarkostnað. Þótt ég telji eðlilegt að leggja þetta gjald á, þá mun ég sitja hjá við þessa atkvgr.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 330.2,a felld með 23:3 atkv.

— 337 felld með 24:9 atkv.

— 330.2,b felld með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, SvJ, BGr, EðS, GS, KP, LJós, MK, MÓ.

nei: SigurlB, HeimH, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EBS, FÞ, GuðlG, GHG, GF, HES, IngJ, IG, JóhH, JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, GHB, RH.

7 þm. (EKJ, GilsG, GTh, GÞG, JónasÁ, PP, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 330.2,c kom ekki til atkv.

— 331 felld með 25:3 atkv.

— 340 felld með 23:7 atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Neðri deild, 51. fundur.

Föstudaginn 28. febr., að loknum 50. fundi.

Áhrif olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða, frv. (þskj. 328). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj 342).

Sameinað þing, 44. fundur.

Mánudaginn 3. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 3. mars 1975.

Ritari þingflokks Sjálfstfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Eyjólfs K. Jónssonar, 4. þm. Norðurl. v., sem nú er utanbæjar vegna sérstakra anna, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess að 1. varam. hans, frú Sigríður Guðvarðardóttir, taki á meðan sæti hans á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir, forseti Nd.

Til forseta Sþ.“

Það þarf að rannsaka kjörbréf frú Sigríðar Guðvarðardóttur og bið ég kjörbréfanefnd að gera það nú þegar. Fundi verður frestað til kl. 14.15. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur fjallað um kjörbréf frú Sigríðar Guðvarðardóttur, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., sem tekur sæti á Alþ. í forföllum Eyjólfs K. Jónssonar. N. leggur einróma til að kosning varaþm. sé tekin gild og kjörbréfið samþ.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Frú Sigríður Guðvarðardóttir hefur ekki áður setið á Alþ. og ber því að undirrita eiðstaf.

[Hinn nýi þm., Sigríður Guðvarðardóttir, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.]

Frú Sigríður Guðvarðardóttir hefur undirritað eiðstaf og býð ég hana velkomna til starfa á Alþ.

Efri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 3. mars, að loknum fundi í Sþ.

Vegalög, frv. (þskj. 106, n. 312, 180, 313). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur haft til athugunar frv. um breyt. á vegalögum á þskj. 106. N. hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og komu vegamálastjóri og ráðuneytisstjóri samgrn. á einn fund n. og skýrðu einstakar gr. frv. og svöruðu fsp. Leggur samgn. fram nokkrar brtt. við frv. á þskj. 313.

Í 1. gr. frv. er ákvæði um það að taka inn í vegáætlun þjóðgarðavegi og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum. Eins og alkunnugt er hefur umferð ferðafólks um landið vaxið gífurlega á síðustu árum og því miður hefur þessi umferð sums staðar skilið eftir sig sár á landinu þar sem ekið hefur verið ógætilega utan vega. Eina varanlega úrræðið er að leggja vegi eða slóðir um helstu leiðir og halda þeim við í trausti þess að síður verði þá ekið utan þeirra. Sums staðar virðist einnig þörf á að létta á umferð gangandi fólks, t. d. hefur form. Náttúruverndarráðs sagt að knýjandi þörf væri á lagningu vega upp brekkurnar í þjóðgarðinum í Skaftafelli til að létta þar á umferð gangandi fólks, þar sem sýnilegt væri að fenginni reynslu á s. l. sumri að þar væri annars hætta á ferðum.

Við 2. gr. frv. gerir n. þá brtt. að aftan við hana verði bætt nýrri málsgr. um það, að hálfum hundraðshluta af tekjum skv l. um fjáröflun til vegagerðar skuli varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð. Sams konar ákvæði var í XIV. kafla vegalaganna frá 1973, en hann var felldur brott við setningu l. um fjáröflun til vegagerðar á s. l. sumri. En þar sem allir munu sammála um að nauðsyn sé á einhverjum rannsóknum og tilraunum fyrir íslenska vegagerð, þá virðist það algert lágmark að ákveðið sé í kaflanum um vegáætlun að verja skuli ½% í þessu skyni.

Í 4. gr. leggur n. til að bætt verði inn því ákvæði, að sýslunefndum verði heimilað að taka vegi að skipbrotsmannaskýlum í tölu sýsluvega. Það munu hafa komið fram einhverjar óskir frá einstaka sýslunefndum um að gera þetta, en talið að vantaði lagaheimild til þess. Nú eru að vísu víða langar vegleysur að skipbrotsmannaskýlum og yrði fullkomin vegagerð að þeim á næstu árum mörgum sýslusjóðum ofviða miðað við núverandi tekjustofna. Hins vegar er eðlilegt að heimild um þetta sé sett í vegalögin.

Í 6. gr. frv. er ákvæði um að hreppsnefnd geti ákveðið að greiða allt að tvöfalt hærri upphæð til sýsluvegasjóðs en ákveðið er sem lágmark skv. sömu gr. og miðast við andvirði 3 dagvinnustunda fyrir hvern íbúa.

Í 8. gr. er tekið fram að þetta aukaframlag skuli renna óskipt til viðkomandi hrepps ásamt mótframlagi ríkissjóðs sem greiðist strax á sama ári. Miðað við reynslu okkar síðustu áratugina er því slíkt aukaframlag hagkvæmara fyrir sveitarfélögin heldur en hækkun lágmarksgjaldsins, þar sem ríkissjóður greiðir ekki á móti því fyrr en eftir á þegar framkvæmdamátturinn hefur þá reynst minni.

Við 10. gr. frv. er lagt til að bæta ákvæði um að síðasta setning í 1. málsgr. 32. gr. vegalaga („Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.“) — þessi setning falli niður. Þar er um að ræða hið svokallaða þéttbýlisfé, sem skv. 10. gr. þessa frv. skal vera 12½% af heildartekjum vegamála skv. l. um fjáröflun til vegagerðar, en áður var miðað við heildartekjur til vegamála skv. XIV. kafla vegalaga, en undanskildar voru þó fjárveitingar til hraðbrauta. Með þessari breyt. er afmarkað skýrt við hvað þessi hlutfallstala skal miðuð og því ekki ástæða til að láta það

hafa áhrif á hana þó að skipting á fjármagni milli hraðbrauta og annarra vega breytist frá ári til árs.

Í 11. gr. frv. er ákvæði um að ráðstafa skuli 25% af þéttbýlisvegafénu eftir till. vegamálastjóra að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga.

Á þskj. 180 liggur fyrir brtt. frá Steingrími Hermannssyni, Helga F. Seljan og Þorv. Garðari Kristjánssyni um að hlutfall þetta skuli hækka í 35%. Nefndarmenn hafa óbundna afstöðu til þessarar og annarra brtt. sem fram kunna að koma. Hins vegar leggur n. til að við gr. bætist heimild um það að láta ákvæði þessarar gr. einnig ná til þéttbýlis með 100—200 íbúa, enda þótt það njóti ekki þéttbýlisvegafjársins að öðru leyti, þar sem það nær skv. frv. til staða með yfir 200 íbúa í stað 300 íbúa eins og er í núgildandi vegalögum.

Reiknað er með við gerð þeirrar vegáætlunar, sem nú er verið að semja, að þetta þéttbýlisvegafé verði samtals um 280 millj. og 25% af því verði þá um 70 millj., sem verða þá til ráðstöfunar á þessu ári til þeirra staða þar sem þörfin er brýnust, og ætti það að geta létt verulega undir. Skv. áætlun sem Framkvæmdastofnun ríkisins lét gera og dreifði til þm. fyrir skömmu yrðu það um 80 millj., sem skiptust eftir íbúafjölda til staða utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis, en heildarfjárfesting í gatna- og holræsagerð á því svæði árið 1974 var talin 380 millj. kr.

Þá leggur n. til, að á eftir 13. gr. frv. komi *ný gr., svo hljóðandi:*

„Vegagerðin skal leitast við að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um hlöð eða næsta nágrenni íbúðarhúsa, eftir því sem fé er veitt til á vegáætlun.“

Það er öllum kunnugt hvað hinn rotgjarni ofaníburður íslenskra vega er mikið vandamál, en verst er þó ástandið af þessum sökum þar sem fjölfarinn þjóðvegur liggur um hlöð eða nærri íbúðarhúsum. Vegagerðin hefur reynt í litlum mæli að rykbinda stutta kafla, en tækjakostur og of lítið viðhaldsfé hefur skorið henni þröngan stakk þar sem rykbindiefnið er dýrt. Nú er verið að afla meiri tækja, svo að vegagerðin stefnir að því að sinna þessu meira en áður. En n. fannst samt rétt að það kæmi fram í vegal. að þetta væri eitt af verkefnunum sem ekki má gleyma við gerð vegáætlunar.

Að lokum leggur n. til breyt. á dagsetningu í frv., að í stað þess, þar sem segir að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1975, þá skuli koma: öðlist þegar gildi, þar sem 1. jan. 1975 er liðinn, en hins vegar of langt að bíða fram að næstu áramótum. Og enn fremur leggur hún til, að í staðinn fyrir 15. febr. í 6. gr. frv. um tilkynningu og ákvörðun sveitarstjórna, hvort þær ætli að hagnýta sér aukaframlag til sýsluvegasjóðs, þá komi 15. apríl og samsvarandi 1. maí í stað 1. mars um ákvörðun sýslumanns á sýslusjóðsgjaldinu.

Ég hef í stuttu máli rakið brtt. n. N. leggur til að frv. verði samþ. þannig breytt, að því þó undanskildu, eins og ég sagði áðan, að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls vakti ég athygli á ýmsum þeim þáttum, sem ég tel að mættu e. t. v. betur fara varðandi vegalögin, og þegar ég sé niðurstöðu þeirrar hv. n., sem um þetta mál hefur fjallað, þá vil ég segja það, að margt er ég ánægður með, breytingarnar, sem n. leggur til eru til bóta. Auðvitað hefði í sumu eflaust mátt betur gera og ágreiningur hlýtur alltaf að vera um einstök atriði, hversu langt eigi þá að ganga, og þá kemur auðvitað spurningin um leið, hvernig fjár skuli aflað, ef viðbótarverkefni koma til. Ég vil þó aðeins minna á það, að mjög er talað um niðurskurð allra opinberra framkvæmda, og verður oft svo, að það er sérstaklega vísað einmitt á vegaframkvæmdir í því efni. Menn hafa efalaust heyrt það og lesið að einmitt þar mætti kannske skera niður. Ég vona aðeins, að ef af þessum niðurskurði verður, þá bitni hann sem minnst einmitt á þessum framkvæmdaþætti og alveg sérstaklega að hann verði ekki á kostnað þeirra framkvæmda sem ég tel að séu brýnastar í okkar vegamálum, þ. e. a. s. að það verði gerðir *sæmilega akfærir vegir byggða á milli og út um* einstakar sveitir. Þessi verkefni hljóta nefnilega og eiga að hafa forgang umfram allar hraðbrautir, hvað sem um þær má annars segja. Ég verð að treysta núv. hæstv. samgrh. til þess að sjá svo um að þessar framkvæmdir — þessar brýnustu framkvæmdir um sæmilega akfæra vegi byggða í milli og vegi út um einstakar sveitir lendi ekki undir þennan niðurskurðarhníf.

Ég fagna alveg sérstaklega ákvæðinu, sem n. hefur komið inn á eftir 13. gr., þar sem segir að Vegagerðin skuli leitast við að rykbinda þjóðvegi þar sem þeir liggi um hlöð eða næsta nágrenni íbúðarhúsa, eftir því sem fé er veitt til á vegáætlun. Inn á þetta mál var komið þegar í till. frá okkur hv. þm. Jónasi Árnasyni í fyrra. Við bentum þar á hversu mikið nauðsynjamál þetta væri. Við bentum einnig á að það væri vitað að þetta verkefni væri mjög viðamikið og það yrði mjög dýrt í framkvæmd. En eftir því sem kostur er ber auðvitað að gera þetta, verja bændur og þeirra lið gegn umferðarrykinu sumarlangt eins vel og mögulegt er. Auðvitað óttast maður alltaf, þegar um slík verkefni er að ræða, að þetta verkefni, sem mönnum þykir mörgum hverjum býsna langt í burtu, að það verði skilið eftir, það verði út undan þegar í mörg horn þarf að líta. Ég á ekki við það, að Vegagerðin geri það af illum hvötum, heldur eru verkefnin svo mörg og þetta hefur hingað til verið gert í svo litlum mæli, að ég óttast að enn um sinn kunni að verða svo að þetta verði útundan. En n. hefur sem sagt gert sína ótvíræðu skyldu í þessu efni og orðað þetta á þann veg sem ég get mjög vel fellt mig við.

Aðeins ætla ég að nefna sýsluvegina, þó að það komi ekki beint inn í brtt. núna. Það er hvort tveggja í þessu nýja frv. til vegalaga, að þá er þeim ætlað aukið fé, en um leið að nokkru aukin verkefni. Ég hef fundið það glögglega nú í vetur hve þessir vegir verða útundan t. d. í snjómokstri, og ég veit líka af biturri reynslu að þessir vegir verða einnig útundan í viðhaldi. Hér er ekki eingöngu um það að ræða að skorti

fé, heldur er líka ansi mikið sambandsleysi milli Vegagerðar ríkisins og viðkomandi aðila, þ. e. sýslumanns, sem hefur með framkvæmdahliðina að sjá í þessu efni. Í vetur hefur t. d. verið kvartað um það víðs vegar frá á Austurlandi, þar sem um sýsluvegi hefur verið að ræða, hvað þetta sambandsleysi væri mikið og hvað gengi erfiðlega að fá fram minnstu úrbætur í sambandi við t. d. snjómoksturinn. Ný og aukin fjáröflun til sýsluveganna er þess vegna góðra gjalda verð. Eins og ég benti á við 1. umr., þá ber auðvitað að líta á þá mörgu sem sleppa algerlega við þessa skattlagningu, og hafa t. d. sum sveitarfélög beinlínis sótt um kaupstaðarréttindi kannske framar öðru til þess að sleppa við þetta gjald fyrir utan upphefðina.

Ég held að það þurfi fyrst og fremst að hyggja að nýskipan framkvæmdaatriða varðandi sýsluvegina ef þeir eiga á annað borð að vera til. Ég hef látið í ljós nokkrar efasemdir um það áður hvort þeir vegir eigi að vera til á þann hátt sem þeir eru nú. Þá á ég ekki við vegina sjálfa, heldur við fyrirkomulagið um sýsluvegi og umsjón sýsluvegasjóðs á þeim. Þessar efasemdir hafa aukist í vetur við þá reynslu sem hefur fengist þá, og sú reynsla er þessu vegakerfi mjög í óhag. Það er um augljósa mismunun að ræða og þátttakan heima fyrir er oft algerlega óviðráðanleg, sú þátttaka sem þar þarf að koma til á móti. Hér getur einmitt oft verið um mikil verðmæti að ræða sem eru í húfi. Ég bendi sérstaklega á mjólkurflutninga bænda, og þar skáru þeir bændur, sem bjuggu við sýsluvegina í nágrenni mínu, sig alveg úr hvað þetta snerti, hvað þeim gekk miklu verr en þó öðrum í öllum snjóunum eystra að koma sinni mjólk á markað. Og það er vissulega hart fyrir þetta fólk að búa við önnur kjör og lakari þegar það er að koma verðmætum sínum í peninga.

Meginatriðið varðandi þetta frv. um vegalögin, eins og hv. frsm. kom hér einmitt inn á áðan, er samt hið stóra verkefni sveitarfélaganna um lagningu bundins slitlags á götur í þorpum og bæjum. Ég fagna því að þéttbýlismarkið skuli hafa verið fært niður í 100 íbúa, en eins og við 1. umr. minni ég enn á það hvort e. t. v. væri ekki þó réttara að miða við allt þéttbýli, þ. e a. s. þéttbýlismyndanir þar sem væri um skipulagsskylda þéttbýlisstaði að ræða. Oft vaxa slíkir staðir með undraverðum hraða og við höfum þar um mjög glöggt dæmi austan að frá Egilsstöðum. Spurningin er, hvort það eigi ekki að gera þessum stöðum kleift frá upphafi að byggja gatnakerfi sitt með þeim hætti sem nú er að unnið víðast hvar. Á hitt ber þó að líta einnig í því sambandi, hvort með því móti væri kannske réttur þeirra skertur einmitt í stað þess að fá nú framlög úr sýsluvegasjóði. Ég hef ekki haft aðstöðu til að bera þetta saman, en þó kann vel að vera, þegar allt kemur til alls, meðan þorpin eru svona fámenn, undir 100 íbúum, þ. e. þéttbýlisstaðirnir, þá sé samt sem áður hagstæðara fyrir þau að hafa gamla formið á. En aðalatriðið er þó á hvern hátt megi flýta þessu verkefni í heild og auðvelda það. Við vitum að sveitarfélögin og íbúarnir leggja hart að sér varðandi þetta verkefni. Það sem fæstum hefði til hugar komið fyrir nokkrum árum er nú komið í fullan gang, t. d. það að flest sveitarfélög, ef ekki næstum öll eru nú í þann veginn að leggja á hjá sér sérstök gatnagerðargjöld. Eru það býsna há gatnagerðargjöld og mikil viðbót við önnur gjöld íbúanna einmitt á þessum tíma. En þessum gjöldum er vel tekið, sem er mjög óvenjulegt um gjöld og álögur yfirleitt, og þegar íbúarnir taka svona myndarlega á þessu verkefni, þá á á móti að koma frá hálfu ríkisins aukinn stuðningur, og alveg sérstaklega á að auðvelda framkvæmd þessara mála þar sem aðstæður allar eru erfiðastar, þar sem verkefnin eru styst á veg komin, t. d. vegna örs vaxtar síðustu ár, því að við vitum að fjölmörg byggðarlög hafa tekið mikinn fjörkipp nú síðustu ár og gatnakerfi þeirra hefur þanist út, en ekkert verið gert áður í varanlegri gatnagerð á þessum stöðum. Um þetta atriði hef ég áður flutt þáltill. sem ég fer nú ekki nánar út í. Þar var bent á ýmsar leiðir.

Í þessu frv. er grein, sem mér skilst að n. sé óbundin af hvernig greidd verða atkv. um, þ. e. a. s. 11. gr. Þar segir, að halda skuli eftir 25% af þessu heildarframlagi og skuli því fé ráðstafað eftir till. vegamálastjóra að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Ákvæðið um umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga er þarna nýtt og er hiklaust til bóta. Þarna er auðvitað töluverð spurning um tilhögun. Reynslan af 10% hefur verið slík að menn óttast framkvæmd á þessu og sumir hafa jafnvel lýst því yfir, jafnvel þeir sem ættu þarna góðs af að njóta, þeir hafa lýst yfir algerri andstöðu við þessa hugmynd um hækkun þessa 10% framlags í 25% og þá auðvitað alveg sérstaklega í því óbreytta formi, sem í frv. er. Þá eru menn sem sagt sannfærðir um að þessum 25% verði varið á sama hátt og 10% hefur verið varið áður, í einhverjar tilteknar stórframkvæmdir, og byggðarlögin yfirleitt, sem þarna er þó meiningin að vinna fyrir, verði útundan eftir sem áður og verði þá enn meir útundan vitanlega ef framkvæmdin yrði á sama veg og verið hefur. Menn álíta að þarna verði farið alveg öfugt að við tilganginn. Ég tel alveg fráleitt að hafa sama orðalagið um þessi 25% og um 10%, enda gerðum við 3 þm. brtt. við þetta. Sú brtt. var fólgin í hækkaðri prósentu annars vegar og hins vegar því að kveða skýrar á um það verkefni sem vinna ætti að til að auðvelda kaupstöðum og kauptúnum að flýta gerð vega með bundnu slitlagi og jafna þann mismun sem er á milli staða að þessu leyti.

Síðan hef ég hugsað mikið um þetta og komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri ef til vill ekki nóg og við þyrftum jafnvel að endurskoða þetta nokkuð því að mörgum líst ekki á það að vegamálastjóri hafi hér um næstum allan ráðstöfunarrétt. Hann á aðeins að fá umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta og þó að hún sé auðvitað til bóta, þá óttast menn að sú umsögn yrði kannske hunsuð og þar með yrði þessum eina aðila, vegamálastjóra, falið allt vald um ráðstöfun þessa fjár og því alvarlegra vitanlega eftir því sem þessi prósenta yrði hærri. Það væri þess vegna ábyggilega athugandi og væri rétt að kanna það milli umr., hvort ekki væri hægt að

gera þetta ákvæði skýrara, og eftir ábendingu held ég það sé mjög réttmætt að það sé einmitt sú n. þingsins, sem hefur með fjárveitingar að mestu að gera, þ. e. a. s. fjvn., sem ráðstafaði þessu fé í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Ég hygg að þetta sé mjög góð ábending og við ættum fyllilega að taka hana til athugunar, því að þetta atriði, sem á beint að ganga til kauptúnanna og kaupstaðanna, er nokkuð sem ekki kemur kannske beinlínis inn á verksvið vegamálastjóra. Ég held við ættum þess vegna að athuga þetta mál milli umr. og kanna hvort við getum ekki fengið einhverja breyt. þarna á og einhvern þann aðila, sem réttlátara væri að fengi þennan ráðstöfunarrétt, og það væri alls ekki tekið af þinginu ef þessi valdmesta n. þingsins fengi þetta til ráðstöfunar. Ég tek þetta fram vegna mjög mikilla og almennra aðvarana fjölmargra sveitarstjórnarmanna varðandi þetta atriði, þar sem þeir hafa lýst yfir algerri andstöðu við núverandi orðalag. Ég hef ekki hitt neinn sveitarstjórnarmann, sem treystir orðalagi 11. gr. frv. eins og það liggur fyrir nú. Einnig hafa sveitarstjórnarmenn o. fl., m. a. ýmsir þm., haft ýmislegt við það að athuga hvernig orðalagið er á brtt okkar. Þess vegna ættum við að freista þess að ná fram því orðalagi sem tryggði að þetta fé rynni til þess sem við erum ábyggilega allir sammála um að það renni til. Ég sem sagt ítreka það, að hvort sem um yrði að ræða 25% eða 35%, þá væri fjvn. Alþ. e. t. v. réttasti og eðlilegasti aðilinn, sem hefði með þessa útdeilingu að ræða og þá ekki bara að fenginni umsögn, heldur í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga.

Ég vil svo aðeins minna í lokin á að enn er eitt vandamál óleyst, að ég tel, þó að við séum með þetta þéttbýlisvegafé og það eigi að renna til þjóðvega á þann hátt sem þar er greint, þá eigum við enn þá að nokkru eða að miklu leyti óleyst það verkefni þar sem þjóðvegir liggja gegnum kaupstaði og kauptún, og ég held mig fast við það enn þá að ríkið eigi þar að koma til í enn ríkari mæli en er gert með þéttbýlisvegafénu, þegar framkvæmdastigið er ekki lengur sú venjulega hefðbundna vegagerð, sem áður var í þorpum og kaupstöðum, þegar framkvæmdastigið er algerlega miðað við bundið slitlag. Þegar þetta þéttbýlisvegafé var ákveðið í upphafi var það miðað við allt annað verkefni, veigaminna verkefni og ódýrara verkefni en nú er. Ég nefni bara sem dæmi, að þetta verkefni er hjá okkur á Reyðarfirði, sem er mjög sígilt dæmi um þetta, um hinn gífurlega gegnumakstur, þetta verkefni er nú orðið svo gerbreytt, að við höfum rætt það í fullri alvöru eftir að við höfum lokið að leggja bundið slitlag einir án nokkurrar sérstakrar aukaaðstoðar frá ríkisins hálfu eftir endilöngum þjóðveginum sem liggur í gegnum kauptúnið, — við höfum rætt um það í fullri alvöru að loka veginum fyrir öllum gegnumakstri og segja Vegagerðinni að leggja nýjan veg fyrir ofan kauptúnið. Ég er ekki að segja að þetta sé mín hugmynd, en það eru háværar raddir um þetta í okkar sveitarstjórn. Og ég vil minna á að miðað við þá staði aðra, sem ekki eru með þennan mikla gegnumakstur eins og á stað á Reyðarfirði þá er okkar hlutur lakari og verri. Við fáum ekki það sama. Ég ætla ekki að fara í neinn meting, en ég bendi bara á næsta stað við okkur, Eskifjörð, sem fær miklu hærra, þriðjungi hærra, fé frá ríkinu til þessa verkefnis, þriðjungi meira fé, en þar liggur þjóðvegurinn aðeins um ⅓ af aðalvegi kauptúnsins á meðan þjóðvegurinn liggur alveg eftir endilöngu Reyðarfjarðarþorpi.

Þetta vandamál tel ég enn óleyst. Ég er ekki tilbúinn enn að segja til með hvaða hætti það skuli gert að fá til vissan aukastuðning þarna, því að menn una ekki öðru með þeirri umferð, sem þarna fer í gegn og er oft gífurleg. Alveg sérstaklega gildir það á þessum tiltekna stað, ég tala nú ekki um eftir að hringvegurinn er kominn, og þá koma fleiri staðir þarna inn í, eins og t. d. Búðir í Fáskrúðsfirði, að þeir njóti einskis umfram þá staði, sem eru t. d. endastöðvar eða hafa þjóðvegi gegnum sín byggðarlög að litlu leyti.

Jón Árnason: Herra forseti. Hv. 4. þm. Sunnl., frsm. samgn., hefur gert ítarlega grein fyrir afgreiðslu n. á þessu frv., sem hér er til umr., og hef ég litið við það að bæta sem þar kom fram. Ég vildi aðeins til viðbótar segja nokkur orð út af þeirri breyt., sem felst í þessu frv. frá gildandi l., og eins í sambandi við 5. tl. í brtt. samgn., þá breyt. sem hv. síðasti ræðumaður vék að í lok ræðu sinnar, en það er um að árlega skuli halda eftir 25% af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum í stað 10% eins og verið hefur á undanförnum árum.

Þetta atriði var allmikið rætt á milli manna í n. og nokkuð skiptar skoðanir um upphæðina eða prósentuna sem hér er lagt til að verði. Þó sameinuðust menn í n. allir um að þetta mundi vera rétt, leggja til að þessu sinni að þetta hækki úr 10 í 25%. Ég held að það sé mjög varhugavert að ganga lengra í þessu en að vera með 25%. Ég er þeirrar skoðunar. Það er orðinn nokkuð stór hluti þá, sem þar er um að ræða, ef það verður áfram, eins og hv. seinasti ræðumaður var að lýsa, á valdi vegamálastjóra svo til eins. Þó að hann leiti umsagnar hjá sveitarstjórnarsambandinu og maður verði að treysta því að hann muni taka tillit til þess vissulega, þá er orðið um nokkuð stóra upphæð þarna að ræða sem þingið sleppir hendinni af. Ég er sammála síðasta ræðumanni um það, að sjálfsagt er að athuga nánar hvort það er ekki réttara að binda þetta eitthvað frekar en þessar till., bæði till. sem hann er meðflm. að og aðrir og í frv. sjálfu kveða á um.

Það er nú svo, eins og hann einnig vék að, að það er ákaflega mismunandi aðstæða og kostnaður við lagningu þjóðvega í gegnum kauptúnin og kaupstaðina. Sums staðar er búið að ljúka þessu, sem er kallað þjóðvegir í gegnum kauptúnin. Á öðrum stöðum er ekki byrjað á þessum framkvæmdum, að byggja þessa vegi úr varanlegu efni, og skil ég ekki hvers vegna það er ekki eftir allan þennan tíma, þar sem hefur verið deilt árlega vissu fjármagni á þessa staði. Í hvað hafa þeir peningar verið notaðir? Vitanlega er það miklu meira mál en bara þjóðvegirnir sem um er að ræða, því að gatnagerð úr varanlegu efni er mjög kostnaðarsöm og dýr í framkvæmd. Þess vegna má segja eins og nú er, að

kannske hefði verið eðlilegra að hækka í heild það sem færi til þess að byggja upp gatnakerfi í þéttbýlinu. Einnig kemur, finnst mér, mjög til greina að hið opinbera eða vegasjóðurinn í heild taki meiri þátt í byggingu þjóðveganna í gegnum kauptúnin en á sér stað núna. Ég er ekki frá því, vegna þess að í sumum minni þéttbýliskjörnum, þar sem eru alllangir kaflar sem heita þjóðvegir í gegnum kaupstaðina, verða það svo dýrar framkvæmdir, að þessir litlu þéttbýliskjarnar ráði e. t. v. ekki við nema á löngum tíma að ljúka þeim verkum.

Ég er alveg sannfærður um að það hefði ekki átt að hafa þann hátt á um ráðstöfun á 10% fjármagnsins sem gert hefur verið, að veita því eingöngu í Kópavog og Selfoss. Það hefði verið miklu nær og sjálfsagt, tel ég, í sambandi við t. d. þessa dýru framkvæmd í Kópavogi að fjármagna hana sérstaklega. Hún gleypir þessa upphæð um svo langan tíma. Hins vegar finnst mér að eðli þeirra framkvæmda sé þannig, að það hefði verið sjálfsagt að taka það úr sameiginlegum sjóði Vegasjóðs.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta mál, en ég vildi aðeins láta álit mitt í ljós um það, að ég held að það sé ekki rétt að fara með þessa prósenttölu hærra en í 25%. Ég held að það sé ekki rétt. Hins vegar er ég sammála síðasta ræðumanni um það, að ómaksins vert væri að athuga á milli umr. hvort við vildum binda eitthvað fastar um ráðstöfun á þessu fé eftir að það hefur verið aukið eins mikið og hér er gert ráð fyrir.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég get strax lýst stuðningi mínum við brtt. þær sem samgn. flytur. Ég held þær séu allar til bóta, og ég ætla að stytta mál mitt með því að láta það nægja um þær.

Ég vil hins vegar fjalla aðeins um brtt. þá sem ég flyt ásamt tveimur öðrum hv. þm., þar sem gert er ráð fyrir því að auka þann hluta af svonefndu þéttbýlisfé, sem ekki yrði ráðstafað skv. höfðatölu, úr 25% eins og ráð er fyrir gert í frv., í 35%. Ég harma það, að deilur um þennan hundraðshluta hafa orðið, að því að mér virðist, að einhverju leyti deilur á milli Reykjavíkur og mesta þéttbýlisins og dreifbýlisins. Ég held að hér sé um sameiginlegt hagsmunamál allra að ræða og verði að skoðast sem slíkt. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að höfðatölureglan sé ákaflega vafasöm í flestu tilliti. Höfðatölureglan t. d. sýnir ekki hverjir eiga flestar bifreiðar og hverjir nota þessa vegi mest. T. d. held ég að margir reykvíkingar yrðu nokkuð þungir við ef þeim yrði bönnuð umferð gegnum þéttbýlisstaði, eins og kom fram hér hjá einum hv. þm. að komið hefði til greina. (Gripið fram í.) Nú, jæja, hvernig sem það er gert að stöðva slíka umferð. En ég held sem sagt að höfðatölureglan sýni alls ekki í raun og veru hverjir nota þessa vegi mest. Hún skýrir alls ekki t. d. ferðir reykvíkinga um landið hringveginn, sem stórlega hafa aukist og við allir fögnum. Ég hygg því, að það þurfi að líta á það sem sameiginlegt nauðsynjamál að flýta þessari gerð vega og beri því að ráðstafa meira af þessu fjármagni út um landið en orðið hefur með hinni svonefndu höfðatölureglu. Hækkun úr 25 í 35% er ekki mjög stór upphæð. Þetta skiptir ekki nema nokkrum millj. kr. á ári að vísu, en þó tel ég það vera í áttina og ekki síst viðurkenningu á þessari sameiginlegu þörf okkar Íslendinga allra.

Ég hef hins vegar hlustað á ýmsar ábendingar í sambandi við þessa brtt. og vil taka þær til athugunar. Fellst ég á það, sem annar flm. till. sagði hér áðan, að hún verði dregin til baka til 3. umr. Ég fellst t. d. á að það er eðlilegra að þessu fé sé ráðstafað af Alþ., en ekki af vegamálastjóra, og sýnist mér þá eðlilegast að því sé ráðstafað á vegáætlun. Í raun og veru vaknar sú spurning: Af hverju á að vera að taka frá einhver prósent og ráðstafa eftir höfðatölu. Það er líka tekið úr höndum Alþ. Af hverju er þá ekki öllu ráðstafað á vegáætlun eftir þörfum? Það er vitanlega eina skynsamlega leiðin. En ég bara óttast að þeir, sem halda að hér sé verið að ráðast á þéttbýlið og Reykjavík o. s. frv., rísi öndverðir gegn slíku, en vitanlega er þetta eitt skynsamlegt. Það á ekki að vera sjálfkrafa regla eftir höfðatölu. Það á að vera eftir þörfum landsins í heild, og því væri, eins og ég segi, langsamlega skynsamlegast að öllu þessu fjármagni væri ráðstafað á vegáætlun og þá metið af fjvn. eins og verið hefur við gerð vegáætlunar, hver hundraðshlutinn á að vera til einstakra landshluta.

Það knýr einnig á í þessu sambandi, að meginatvinnuvegur landsmanna, sjávarútvegurinn, er víðast hvar með fiskvinnslustöðvar sínar við þá vegi sem hér um ræðir, þessa þéttbýlisvegi, og sú krafa er nú gerð til þess atvinnuvegar, að umhverfið sé rykbundið. Það eru hollustuhættir sem svo eru nefndir. Þarna er einnig sameiginlegt þjóðhagsmunamál okkar Íslendinga, en ekki aðeins íbúanna sem þarna leggja sinn drjúga skerf í þjóðarbúið. Mér sýnist því allt benda til þess, að sem mestu af þessu fjármagni eigi að ráðstafa af Alþ. eftir mati á hinum ýmsu þörfum þjóðfélagsins í heild.

Ég þarf svo ekki að hafa mörg fleiri orð um þetta út af fyrir sig. Ég vil taka það fram að við drögum till. okkar til baka og erum fegnir hverjum ábendingum sem fram koma um skynsamlegri meðferð þessa fjármagns. En ég vil þó biðja hv. þm. að hugleiða það, hvort í raun og veru sé ekki ástæða til að endurskoða þetta allt saman með tilliti til þess, að fjármagninu verði í heild ráðstafað á vegáætlun, en engin föst regla ráði þar um.

Að lokum vil ég vekja athygli þm. á skýrslu, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gefið út um gatnagerð í þéttbýli og hefur verið dreift á borð þm. Þar kemur fram, að fyrir utan Reykjavík og Reykjaneskjördæmi er framkvæmdaþörfin áætluð 5 773 millj. kr., og þar er áætlað að það skorti um 3 000 millj. til þess að fullnægja þessari fjármagnsþörf. Hér er gert ráð fyrir að þessu verði fullnægt á 10 árum. Nú veit ég mætavel að þessi 10%, sem við viljum fá hér við bætt, gera ekki nema dropa þarna í hafið, en þó munar um allt. Hins vegar er ljóst að leita þarf fleiri leiða til þess að fjármagna þessar miklu framkvæmdir. Sumum kann að virðast, að hér sé boginn nokkuð hátt spenntur, að ætla að ljúka þessu á 10 árum. En því er til að svara, að þetta

er í raun og veru ekki þessum sveitarfélögum að öllu leyti frjálst, auk þess sem fólkið eðlilega knýr á og vill losna við þann aur sem það víðast hvað veður upp að hnjám í minnstu rigningum. Þarna er einnig um kröfu sjávarútvegsins — hollustuháttakröfu — að ræða. Þetta er því ekki eingöngu málefni þessara byggðarlaga, á það vil ég leggja enn einu sinni áherslu. Þetta er málefni þjóðarinnar allrar og því eigum við að hafa þessa hundraðstölu sem hæsta.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég ætla hér ekki að fjalla um efni frv. ellegar þær brtt., sem fram hafa komið frá hv. samgn., enda er ég samþykkur þessum till. svo langt sem þær ná. En ein er sú till., sem hv. samgn. hefur gert, sem ég tel að mætti ganga eilítið lengra en hún gerir, og það er 5. brtt. við 11. gr.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur lagt fram till. ásamt tveimur öðrum þm. d. um að árlega skuli halda eftir 35% af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, og skuli því fé ráðstafað eftir till. vegamálastjóra að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, til að auðvelda kauptúnum og kaupstöðum að flýta gerð vega með bundnu slitlagi og jafna þann mismun sem er á milli staða að þessu leyti. Ég er algerlega samþykkur þeirri hugsun, sem felst í þessari till., og mun styðja hana hvort heldur hún verður í þessum búningi eða eitthvað lítillega breytt í samræmi við málflutning þann sem kom fram hjá nokkrum hv. dm. áðan.

En till. n., sem ég geri aths. við, er að aftan við gr. komi: „Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með 100—200 íbúa.“ Ég er algerlega samþykkur því að víkka þessa heimild út og að þorp af þessari stærð verði tekin með. En ég fæ ekki skilið af hverju menn hafa látið staðar numið við þessa tölu, 100. Ég bendi á það, að með þessu eru skilin eftir allmörg þorp, sem eru þó af þeirri stærð að þar er um skipulagsbundna þéttbýlismyndun að ræða. Þar er um að ræða götur og vegi og þörfin virðist vera alveg sú sama hjá þessum þorpum eins og þeim sem hafa náð stærðinni 100, og ég sé ekki að séu nein rök fyrir því að skilja þessi þorp eftir. Ég skal benda á um hvaða þorp er að ræða sem þarna gætu komið til greina. (Gripið fram í.)

Svo að ég byrji hér vestanlands, þá er fyrst að telja Rif, þar sem eru rúmlega 80 íbúar, Drangsnes, þar sem eru milli 80 og 90 íbúar, Borðeyri, þar sem eru liðlega 40 íbúar, og Varmahlíð, þar sem eru liðlega 60 íbúar. Ég tel að allir þessir staðir ættu þarna að teljast með. En vegna þess að gripið var fram í fyrir mér og Varmahlíð nefnd sérstaklega, þá er svo sannarlega ekki að ástæðulausu að sá staður er nefndur sérstaklega, vegna þess að þar er um að ræða mjög fjölfarna þjóðvegi í gegnum þorpið, bæði þjóðveginn frá Sauðárkróki suður og einnig hringveginn sjálfan, sem liggur beinlínis í gegnum þorpið og veldur því að staðurinn er í miklum rykmekki á góðviðrisdögum að sumri til. Ég fæ ekki séð, að þar sé ekki einmitt um mjög hildstætt vandamál að ræða og þau sem menn hafa verið að tala hér um á öðrum stöðum sem stærri eru.

Ég skal halda upptalningunni áfram. Það er Litli-Árskógsandur með um rúmlega 80 íbúa, Hjalteyri með liðlega 60 íbúa, Svalbarðseyri með liðlega 70 íbúa, Kópasker með rétt um 100 íbúa. Ég veit ekki hvort Kópasker er komið yfir markið nú þegar, það má vel vera, en ég held það sé alveg á mörkunum. Má þá ekki mikið út af bregða, þarf kannske ekki að flytja nema svo sem ein fjölskylda burt aftur til þess að sá staður detti niður fyrir markið 100. Svo að ég haldi áfram upptalningunni, þá er Bakkafjörður með liðlega 50 búa, Kirkjubæjarklaustur með liðlega 50 íbúa, líklega fast að 60, og Lagarfell á Fljótsdalshéraði með liðlega 80 íbúa. Það er sem sagt sá hluti þéttbýlismyndunarinnar við Lagarfljótsbrúna sem er norðan við brúna og tilheyrir ekki Egilsstöðum. Svo eru auk þess í þessum hópi tveir þéttbýlisstaðir sem komnir eru til vegna raforkuframkvæmda, þ. e. a. s. annars vegar Búrfell með liðlega 70 íbúa, hversu lengi sem það verður nú. Það má vel vera að með stöðugum raforkuframkvæmdum á þeim slóðum nái sá staður varanlegri stærðargráðu. Svo er það Ljósafoss með u. þ. b. 90 íbúa.

Þetta eru samtals 13 þorp, sem hér um ræðir og mörg þeirra eru einmitt þess eðlis, að þau hafa ríka þörf fyrir að eitthvað sé gert við þjóðvegi, sem liggja um þau.

Ég hjó eftir því, að hv. þm. Helgi F. Seljan nefndi, að það gæti verið álitamál hvort gera ætti slíka breyt. þar sem þessir staðir misstu þá fjárveitingar úr sýsluvegasjóðum til vegagerðar. En ég vek á því athygli, að till. samgn. er fyrst og fremst heimildarákvæði sem skerðir ekki rétt þessara staða til fjárveitinga úr sýsluvegasjóði, og mér hefur verið tjáð af frsm. n. að það sé ekki um það að ræða að þessir staðir missi þau framlög. Þetta er heimildarákvæði, sem heimilar að vandamál þessara staða séu sérstaklega skoðuð.

Ég vil óska mjög eindregið, að hv. d. taki til vandlegrar skoðunar hvort ekki sé í lagi að miðað yrði við lægri tölu en 100, og vil í því tilefni leyfa mér að bera fram brtt. um að hér verði um að ræða þéttbýliskjarna með 50—200 íbúa. Allir þeir staðir nema einn, sem ég nefndi áðan, ná þeirri tölu. Sá eini, sem nær ekki þeirri tölu, er Borðeyri, er rétt fyrir neðan og nær henni þá kannske bráðlega. Borðeyri er reyndar ekki beinlínis í þjóðbraut, þó að þjóðvegurinn sé þar skammt frá. Vitaskuld gæti komið til greina að miða töluna við 40, en till. mín er svo hljóðandi og ég legg hana fram sem skriflega brtt.:

„Við 11. gr. Aftan við gr. komi:

Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með 50—200 íbúa.“

Ég vil leyfa mér að leggja þá till. fram.

Ég er eindregið hlynntur þeim uppástungum, sem hafa komið fram í þessum umr., að ákvæði 11. gr. verði skoðuð svolítið nánar milli umr. og ég tek það því fram að ég mun draga þessa till. aftur til 3. umr. ef hugsanlegt væri að hægt væri að ná um hana samkomulagi milli umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 348) samþ. með 12 shlj. atkv.

Oddur Ólafsson: Herra forseti Ég get í stórum dráttum lýst mig samþykkan þeim brtt. sem hér eru komnar fram frá samgn. Mig langar aðeins að fara fáum orðum um sýsluvegaféð.

Það er ekki nokkur vafi á því, að það er rétt sem hér hefur komið fram, að þeir vegir, sem tilheyra sýsluvegum, eru afskiptir og þeir verða á ýmsan hátt afskiptir. Bæði er það með fjármagn í stórum stíl, sem þeir eru afskiptir, og í öðru lagi er eins og þeir vilji gjarnan sitja á hakanum með framkvæmdir. Það er Vegagerðin, sem á að sjá um framkvæmdir á sýsluvegum, og mér viðist, a. m. k. hér í minu nágrenni, að það sé svo, að þegar allt annað sé búið, þá sé tekið til við að gera sýsluvegina. Þetta er ástand, sem er ekki nógu gott. Ég vil einnig taka það fram, að ég styð það, að það muni þurfa algera endurskoðun á þessum málum, ekki síst vegna þess að íbúar þéttbýliskjarna þurfa oft að tvígreiða — þeir greiða í fyrsta lagi eins og aðrir íbúar landsins, þeir greiða með sinni bensínnotkun, þeir greiða afborganir lána sem ríkið stendur undir, en svo verða þeir líka að greiða fé til sýslusjóðs án þess þó að njóta þess síðar, því að þessir staðir hafa ekki sýsluvegi. Ég held því, að það sé full ástæða til þess að endurskoða þetta gagngert og að flestir þeir vegir, sem nú eru taldir sýsluvegir, verði landsbrautir. Þetta finnst mér eiga líka nokkra stoð í þeirri breyt., sem orðin er á okkar fjáröflun til vega, þar sem hún kemur fram að mestu leyti í bensíngjaldinu, sem auðvitað þeir sem búa í sýslunum greiða ekki síður en hinir, en þeir verða svo að auki að leggja á sig sérstakt gjald til þess að fá einhverja vegi lagða.

Ég viðurkenni að það geta verið miklir örðugleikar þar sem þjóðvegir liggja í gegnum þorp, og þessir örðugleikar eru tvenns konar: Í fyrsta lagi er þar sem gamall vegur í gegnum þorpið er nýttur sem þjóðvegur til næsta þorps eða áfram. Í öðru lagi þar sem þéttbýli myndast í kringum þjóðvegina. Því held ég, að jafnhliða því að séð væri fyrir því að íbúar þessara þorpa yrðu ekki allt of mikið fyrir ónæði frá keyrslunni um hraðbrautirnar, þá þyrfti líka að ganga frá því, þegar vegur er lagður utan við þorp, að tryggja að byggð myndist ekki þétt með honum á báða vegu, eins og hefur komið fyrir mjög oft og ekki bara við vegi, heldur einnig við flugvelli. Þetta hefur síðan orðið til þess að valda mjög miklum örðugleikum. Við höfum besta dæmið nú í okkar nágrenni, þar sem er nýi Keflavíkurvegurinn, þar sem ekki er sjáanlegt annað en að nú verði að flytja hann með mjög miklum kostnaði frá þeim stað þar sem hann var upphaflega ákveðinn og færa hann miklu sunnar. Þetta er atriði sem ég tel mjög ráðlegt að verði haft í huga, að Vegagerðin sjái til þess að á vissum svæðum umhverfis þjóðveg, þegar hann er færður úr stað, verði ekki byggt.

Ég vil leggja áherslu á það, að sýsluvegir eru nú í mjög slæmu ástandi víðast þar sem ég þekki og það er nauðsynlegt að stórauka fé til þeirra framkvæmda og helst að gera þar á gagngerða endurskoðun, hvort ekki sé hægt að flytja mest af þeim yfir í landsbrautirnar, þannig að þetta verði tekið úr einum og sama sjóði.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér til 1. umr. gerði ég að umtalsefni örfáa þætti þess, og ég er þakklátur n. fyrir að hafa tekið tillit til þeirra sumra. Það er ekki von að maður fái fram allt, sem manni dettur í hug að hægt væri að fá inn í lög, því að slíkt getur orkað tvímælis þótt maður sjálfur sé nokkurn veginn sannfærður um að hafa rétt mál að flytja. Hins vegar var einn þáttur, sem ég hafði orð á hér að mér sýndist eðlilegt að breyta, sem ekki er samstaða um og ég veit að þarf mikinn undirbúning til að koma á, og það er að flokka vegi í landinu upp að nýju. Hv. þm. Oddur Ólafsson, 2. þm. Reykn., kom einmitt inn á þetta sama mál. Ég tek undir það að aðstaða héraðanna er ákaflega ólík hvað þetta snertir. Ég heyri það á mönnum, sem ræða um sýsluvegi í heimahéruðum sínum, að þar er allt annað viðhorf en t. d. í minni heimabyggð. Þó að sýsluvegir í Árnessýslu séu nokkuð langir hefur þó tekist að byggja þá velflesta upp. Annars staðar í landinu gengur þetta verr og þetta torveldar að sjálfsögðu það að jafna út aðstöðumun fólksins.

Ég ætla ekki að ræða meira um þetta, en ég vil aðeins til áréttingar koma inn á það sem hér er fyrst og fremst rætt um, og það er hlutfallstalan af þéttbýlisvegafé, sem menn greinir á um hvað á að vera há og til hvaða staða eigi að falla. Ég get ekki fallist á það að hækka þann hundraðshluta, sem tekinn er af þéttbýlisvegafé, upp í 35% eins og till. þeirra Steingríms Hermannssonar o. fl. gerir ráð fyrir. Ég var í miklum vafa um hvort það væri rétt að taka þennan 25% hluta til hliðar, en féllst svo á það og styð það. Ég þykist sjá að þó að sumir telji að höfðatölureglan sé erfið og ranglát á stundum, að þá sé ekki búið að sannfæra mig um að það yrði að jafnaði til bóta að taka stærri hluta af þéttbýlisvegafénu til ráðstöfunar eftir einhverjum öðrum reglum en höfðatölureglunni. Ég þykist sjá að það sé ekki til hægðarauka fyrir ýmsa staði að minnka þá upphæð sem þeir eiga að fá til að ráðstafa eftir eigin ákvörðun til hvers vegaféð fellur, fremur en að hafa þann hluta stærri og vera bundinn því að aðrir ákvarði hvað er gert við fjármagnið. Vegna þessa er ég þeirrar skoðunar að við megum ekki fara hærra með hundraðshlutann, sem ráðstafað er eftir öðru en höfðatölureglu, en gert er ráð fyrir í frv., og ég ætla mér að styðja það.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki vera langorður um þetta mál. Því miður er ég ekki með við höndina bréf sem mér hefur borist fyrir nokkru frá borgarverkfræðingi í Rvík, þar sem hann varar við þeirri skerðingu á framkvæmdafé, sem rennur til Reykjavíkurborgar til viðhalds og nýbyggingar á þjóðvegum í þéttbýli. Á ég þá við þær brautir sem eru innan marka Reykjavíkurborgar og njóta styrks — skulum við kalla þetta — úr þessum sameiginlega sjóði. Ég vil aðeins undirstrika það enn þá einu sinni að þetta íslenska skattríki þjóðarinnar, Reykjavíkurborg, kemur til með að verða af tekjum sem minnka úr 100 millj. rúmum, eftir útreikningum borgarverkfræðings sem hafði þá ekki séð till. Steingríms Hermannssonar, en hann

reiknaði þá með að tekjumissir Reykjavíkurborgar yrði um 20 millj. Ef till. Steingríms Hermannssonar um 35% frádrátt verður samþykkt, færi framlag til Reykjavíkurborgar úr þessum sameiginlega sjóði, miðað við höfðatölu, niður í 72 millj. úr rúmum 100 millj. Ég vil enn benda á Reykjavík. Hún er enn þá á þessu sviði sem öðrum skattpínd af þjóðinni.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vil nú þakka hv. þm. fyrir þær undirtektir, sem brtt. samgn. hafa fengið. Þær umr., sem hér hafa farið fram, hafa fyrst og fremst verið á þá leið að benda á ýmislegt sem hefði þurft að ganga lengra, en ekki að gagnrýna það sem hún hefur lagt til í sjálfu sér.

Ég get tekið undir með hv. 7. landsk. þm. að það er vandamál með sýsluvegi í sambandi við snjómokstur og ýmislegt fleira í því sambandi, sem vissulega væri þörf á og æskilegt að athuga betur. En n. treysti sér ekki til þess að fara út í það á þessu stigi, þar sem það hlýtur að þurfa töluverðan undirbúning, eins og það, sem hefur verið bent hér á, að flokka vegi upp og er þá að nokkru leyti kannske sama málið. En við teljum að þær breyt., sem lagðar eru nú fram í þessu frv., séu það mikilvægar að það sé þörf á að tefja ekki afgreiðslu þeirra og hitt yrði þá að taka upp og skoða betur síðar. Ég þarf ekki að fara langt út í þetta mál eða þessar umr. hér núna, því að mér finnst sjálfsagt, eins og hér hefur komið fram, að n. taki ábendingar til athugunar á milli umr. og sjái hvað hægt er að komast áfram við að færa frv. í það horf sem sem flestir geti sætt sig við.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. ræddi hér um framlagið til litlu þorpanna sem eiga að fá þéttbýlisvegafé. Í núgildandi vegal. er markið miðað við 300 íbúa. Skv. frv. á þetta mark að færast niður í 200 íbúa. En um leið og þetta mark er fært niður í 200 íbúa verða viðkomandi þéttbýlisstaðir að taka að sér vega- og gatnagerð í viðkomandi stöðum með þeim styrk, sem þéttbýlisvegaféð þá veitir þeim, að svo miklu leyti sem það kemur í þeirra hlut, en hins vegar á stöðum sem eru með undir 200 íbúa skv. frv., eru götur annað hvort þjóðvegir eða sýsluvegir. Ef væri farin sú leið að færa þetta mark — segjum niður í 50 íbúa þá vex vitanlega mikið það vandamál sem skapast fyrir þessa litlu staði ef í gegnum þá liggur fjölfarinn þjóðvegur, sem er æðierfiður viðfangs fyrir stærri staði, eins og komið hefur fram í umr., ef þeir eiga algjörlega að sjá um þá, að viðbættu þéttbýlisvegafénu, sem hefur ekki verið stór upphæð. Þá þyrfti jafnframt að leysa það vandamál, þ. e. a. s. um fjölfarna þjóðvegi í gegnum þessi þorp. Hins vegar með brtt., sem n. lagði fram, að það væri heimilt að veita eitthvað af 25% framlaginu til staða með 100—200 íbúa eru götur og vegir þar ekki tekin úr sýsluvegatölu og lagning þjóðvega á þeim stöðum mundi þá heyra undir vegáætlun beint. Það er þá möguleiki fyrir þá staði að fá framlag til þjóðveganna á vegáætlun af hinu almenna framlagi til þjóðvega.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, því að eins og ég sagði tel ég sjálfsagt að samgn. athugi þær till. og ábendingar, sem fram hafa komið, fyrir 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 313,1 samþ. með 15:1 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 313,2 samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 313,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 313,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 180, 313,5 og 348 teknar aftur til 3. umr.
11. gr. samþ. með 8:3 atkv.
12. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 313,6 (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr. (verður 15. gr.), samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 313,7 samþ. með 14 shlj. atkv.
15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 313,8 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 3. mars, að loknum fundi í Sþ.

Endurskipulagning utanríkisþjónustunnar, fsp. (þskj. 324). — Hvort leyfð skuli.

Fsp. leyfð með 24 shlj. atkv.

Nýting innlendra orkugjafa, fsp. (þskj. 325). — Hvort leyfð skuli.

Fsp. leyfð með 29 shlj. atkv.

Trúfélög frv. (þskj. 327). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. (þskj. 36, n. 191 og 195, 192, 217). — Frh. 2. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Ég átti þess ekki kost, þegar 2. umr. um þetta frv. hófst í þessari hv. þd., að vera við þær umr. vegna þess að ég var bundinn við umr. um frv.

í Ed. um ráðstafanir í sjávarútvegi og talsmenn stjórnarandstöðunnar þar í d. töldu ekki fært að sjútvrh. viki frá þeim umr., en ég hef ekki komist lengra en það, að ég hef ekki getað skipt mér í tvo hluta, svo að ég valdi á milli og lét ráðstafanir í sjávarútvegi ganga fyrir. Hér munu hafa talað nokkrir þm. í þessari hv. þd. og sérstaklega látið í ljós andstöðu við þetta frv., að undanskildum form. sjútvn. d., sem mælti ákveðið með því ásamt 4 öðrum nm., eða 5 nm. af 7, með tiltekinni breyt., sem ég fyrir mitt leyti get mjög vel fellt mig við og tel vera mjög til bóta.

Þessi mál hafa verið mjög til umr., ekki svo mjög á Alþ., heldur öllu meira í blöðum og öðrum fjölmiðlum, og hafa verið mjög kærkomið fréttaefni um nokkurra mánaða skeið. Þar hafa komið fram fjölmargir aðilar, sem hafa skrifað bæði með og móti að taka upp slíka samræmingu eins og lagt er til með þessu frv.

Ég hygg að mér sé óhætt að segja, að þeir vinnslustaðir eða þau kauptún við Húnaflóa, þar sem vinnsla á rækju hefur átt sér stað, séu einróma með því að þetta frv. verði lögfest. En hins vegar hefur gætt andstöðu frá Blönduósi og sérstaklega frá aðstandendum þess félags sem Særún heitir, og þar hafa gengið fram fyrir skjöldu aðallega tveir lögfræðingar, búsettir hér í Reykjavík, sem, að því er þeir segja sjálfir, hafa fengið mikinn áhuga á því að styrkja og efla atvinnulíf úti á landsbyggðinni. Það út af fyrir sig er mjög góðra gjalda vert. Hins vegar hefur það komið mjög fram hjá þessum mönnum, að þeir telja sig hafa fremur litilla hagsmuna að gæta og séu tiltölulega litlir hluthafar í þessu fyrirtæki. Ég ætla ekki að leiða inn í þessar umr. hversu stór hlutdeild þessara athafnamanna er í þessu fyrirtæki, en við erum nú með til meðferðar málmblendiverksmiðjuna og þar er Union Carbide minni hl. hluthafa, eins og þeir lögfræðingarnir tveir sem ég nefndi áðan, en ég hygg að eitt eigi þeir sameiginlegt, Union Carbide og þeir, að þeir vilja hafa söluumboð báðir fyrir framleiðslu þessara tveggja verksmiðja. Ég hygg að það ráði langmestu um afstöðu Union Carbide til málmblendiverksmiðjunnar hér á Íslandi. Og það væri ekki fjarstæðukennt að láta sér detta í hug, þó að ég dragi ekki í efa hinn mikla áhuga þessara ágætu manna á málefnum landsbyggðarinnar, að þá komi nokkuð til með að ráða sú afstaða þeirra að fá að selja framleiðsluvöru umræddrar verksmiðju.

Nokkrum hv. alþm. hefur orðið á nokkuð í messunni í sambandi við málflutning í þessu máli, að blanda saman almennri skipulagningu eða takmörkun á vinnslu þess sjávarafla, sem ekki er háður neinum takmörkunum eða veiðiheimildum og vinnslu á sjávarafla eins og þessum, sem er háður mjög ströngum ákvörðunum sem lög um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni gera ráð fyrir. Segir í þessum l. um rækjuveiðar: „Ráðherra getur veitt undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.“ Á þessu er auðvitað reginmunur, hvort löggjafinn er að ganga inn á það svið að takmarka tölu hraðfrystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva í landinu, sem taka við afla sem hver og einn má veiða hvar sem er á Íslandsmiðum, eða reyna að hafa einhvern skynsamlegan hemil á veiðum sem eru háðar svo ströngum takmörkunum sem þessar tvær greinar sjávarafla, rækjaveiðar og hörpudisksveiðar. Þessar veiðar hafa frá fyrstu tíð verið háðar leyfi sjútvrn. og eru enn lögum skv. Jafnframt setur sjútvrn. tiltekin skilyrði og þessum skilyrðum hefur ekki verið breytt á einn eða annan hátt, að öðru leyti en einu sem ég skal koma inn á hér á eftir.

Þessi veiðileyfi öll eru bundin við ákveðin svæði og við báta frá ákveðnum svæðum, þannig, að veiðileyfi til báta, sem veiða á Arnarfirði, eru aðeins veitt bátum, sem eiga heima við þann fjörð. En þó að bátur frá næsta firði, Tálknafirði, sæki um veiðileyfi, þá hefur hann ekki fengið það frá því að ákvæðið um þessi veiðileyfi voru sett. Sama er að segja um Ísafjarðardjúp. Veiðarnar þar eru háðar því að bátar og þeir menn, sem veiðileyfi fá, séu búsettir við Ísafjarðardjúp, ef þeir eiga heima á Súgandafirði, aðeins sunnan við Djúpið, hefur þeim verið synjað afdráttarlaust um þessi leyfi. Sama hefur gilt um Húnaflóa hvað þetta varðar. Á þessu hefur engin breyt. verið gerð frá því að þessar veiðiheimildir og veiðitakmarkanir voru settar, og ég hygg að 4 sjútvrh hafi farið með mál á þennan hátt.

Þá kem ég að því, sem var að gerast við Húnaflóa á s. l. hausti og s. l. vetri. Þar hefur þróun mála orðið sú, að fyrst byrjar rækjuvinnsla á Hólmavík og þar með fá hólmvíkingar og síðar drangnesingar eða íbúar Kaldrananeshrepps alla veiði við Húnaflóa, að undanskildu því að einn bátur var einnig gerður út á rækjuveiðar frá Ingólfsfirði í Árneshreppi, nyrsta byggða hreppi á landinu, og síðar, eftir að hann hætti veiðum, annar bátur sem þá fékk veiðileyfi og gerður hefur verið út fá Djúpuvík í sama hreppi. Sá bátur hefur fengið þessi veiðileyfi æ síðan. Þar var um nokkurra ára skeið vinnsla rækjuafla með þeim hætti, sem þá var víðast hvar að leggjast niður, að rækjan var handpilluð á ýmsum stöðum í hreppnum. Það samrýmdist ekki heilbrigðiseftirliti og þess vegna var þessi vinnsla bönnuð á þeim tíma og sömuleiðis var handpillun almennt hætt með tilkomu rækjupillingarvélanna, en íbúar þessa hrepps hafa haft í huga að kaupa vél til vélflettingar á rækju. Ég verð að segja það, að þó að ég sé þm. fyrir þetta byggðarlag, þá leist mér engan veginn á þá miklu framkvæmd, sem þetta fámenna hreppsfélag ætlaði út í. Forustumenn þessa máls breyttu þeirri afstöðu með því að kaupa litla rækjupillingarvél og setja þar upp rækjuvinnslu sem er í samræmi við afkastagetu þessarar litlu byggðar. Á það lít ég allt öðrum augum. Þeir hafa átt þennan rétt allt frá því að veiðar hófust við Húnaflóa.

Litlu eftir að ég kom í sjútvrn. komu fulltrúar frá stöðum, þar sem rækjuvinnsla hefur verið stunduð, og báru fram mjög ákveðnar kröfur og óskir um að ekki yrði fjölgað rækjuvinnslustöðvum við Húnaflóa, því að það mundi draga mjög úr vinnslu annars staðar og stytta verulega veiðitímabilið og þá um leið vinnslutíma verksmiðjanna og vinnu fólksins sem vann við þessa

atvinnugrein á undanförnum árum. Þessir aðilar höfðu komið sér saman um skiptingu á þeim afla, sem um var að ræða, og lögðu eindregið til við sjútvrn. að þessi skipting yrði látin gilda. Til þess að gefa hv. þd. sem gleggstar upplýsingar ætla ég að lesa upp þetta samkomulag, sem dags. er 5. sept. og staðsett í Staðarskála. Þar segir:

Á sameiginlegum fundi forráðamanna rækjuverksmiðja og útgerðarmanna á Drangsnesi, Hólmavík, Hvammstanga og Skagaströnd var samkomulag um eftirfarandi varðandi rækjuveiðar á komandi vetri í Húnaflóa:

1. Skipting á leyfum rækjuafla verði þannig: Hólmavík og Drangsnes 50%, Skagaströnd og Hvammstangi 50%. Samkomulag þetta er byggt á þeirri forsendu og í trausti þess að ekki komi upp rækjuverksmiðja á Blönduósi.

2. Fram kom á fundinum að líklegur bátafjöldi á næstu vertíð verði þannig: Hólmavík og Drangsnes 13 bátar, Djúpavík 1 bátur, Hvammstangi og Skagaströnd 12 bátar. Þar sem ekki eru líkur á að leyfð verði meiri veiði en á síðustu vertíð telur fundurinn varhugavert að gefa út veiðileyfi til fleiri báta á komandi vertíð þar sem það mundi skerða mjög rekstrargrundvöll þeirra báta sem fyrir eru.

3. Það eru eindregin tilmæli fundarins að rn. framfylgi ítarlega settum reglum um raunverulega búsetu og önnur skilyrði hjá þeim aðilum sem um rækjuveiði sækja hverju sinni."

N. frá þessum aðilum kom til fundar í sjútvrn. til þess að framfylgja þessari samþykkt sinni og þessari kröfu. Jafnhliða bárust bréf frá þessum sveitarfélögum, símskeyti og áskoranir, þar sem lýst var áhyggjum manna að fjölga verksmiðjum við Húnaflóann og jafnframt að fjölga veiðileyfum til bátanna. Fyrir mér vakti að takmarka ekki fyrirvaralaust bátafjöldann, sem um þessar veiðar sótti, vegna þess að menn voru bæði á þessu svæði og öðrum búnir að festa kaup á bátum í trausti þess að leyfi fengjust, og þegar komið var að því að átti að fara að gefa út leyfin, eða svo að segja, þá taldi ég mér ekki fært fyrirvaralaust að segja við þá aðila alla, sem hér áttu hlut að máli, að ég mundi ekki fjölga veiðileyfum á þessum stöðum öllum og mig varðaði ekkert um það, þótt bátar hafi verið keyptir í þessu augnamiði og þeir sætu þess vegna uppi. Hitt er svo annað mál — og það hef ég hug á að gera nú innan skamms — að vara menn alvarlega við því að kaupa báta til þess að stunda rækjuveiðar á öllum þessum tilteknu svæðum vegna þess að aflinn hefur farið minnkandi, svo að það horfir mjög geigvænlega fyrir þessari atvinnugrein, útgerð þeirra báta, sem hér eiga hlut að máli, og þar með vinnslunni. Einnig bætist við, sem maður vonar að verði stundarfyrirbrigði, en það er verðfallið sem hefur orðið á þessum afurðum nú á þessu ári og er enn þá, samhliða því að innflutningstollar til þess lands, sem rækjan er aðallega seld til, fara stórhækkandi á meðan bókun nr. 6 kemur ekki til framkvæmda við Efnahagsbandalagið. Þessir tollar hafa hækkað úr 4% í 8%, úr 8% í 12% á þessu ári. Ef ekkert samkomulag verður þá hækka þessir tollar upp í 16% og á þar næsta ári upp í 20%. Samhliða því að þessir innflutningstollar hækka svona gífurlega, þá held ég að það sé ekkert glæsilegt fram undan í þessari atvinnugrein, þegar við bætist að Hafrannsóknastofnunin, sem er ráðunautur sjútvrn. í þessum efnum og gerir till. um hvað mikið skal veiða á hverjum stað eða hverju svæði á hverri vertíð fyrir sig, hefur dregið úr þessu veiðimagni nú ár frá ári. Til þess að skýra fyrir hv. þm. hvað gerst hefur t. d. á Húnaflóasvæðinu, sem enn þá er þó skárra en Arnarfjarðarsvæðið og Ísafjarðardjúpið vegna þess að þar er búið að veiða of mikið um lengri tíma og á allt of marga báta, þá leyfði Hafrannsóknastofnunin á síðustu vertíð samtals að veiða 2 300 tonn á Húnaflóa, en í fyrstu till. hennar til rn. í haust leyfir hún 1 500 tonn og hækkar svo það magn úr 1 500 tonnum um 300 tonn eða samtals 1 800 tonn. Á sama tíma og veiðar dragast saman um 500 tonn er talað um að fjölga bátum og fjölga vinnslustöðvum til þess að vinna úr þessum afla.

Sumir menn segja, að þetta sé skerðing á frelsi, og þeir sem eru frjálsræðismenn miklir, það er að sumu leyti skiljanlegt að þeir telji að aldrei eigi að skerða frelsi einstaklingsins til athafna og aðgerða. En á sama tíma verða þessir frjálsræðispostular að viðurkenna að það verður að setja hömlur á veiðar og þar með er sett skerðing á frelsi einstaklingsins um að veiða tiltekinn afla. Það hefur verið í gildi og er enn sú skerðing á frelsi einstaklingsins að hann verður að vera bundinn við ákveðin skilyrði, m. a. búsettur við ákveðin svæði, til þess að fá að veiða þessar afurðir. Ég hef heyrt í reykvíkingum, sem eiga nokkra litla báta og eftir að Faxaflóa var lokað, segja: Hvers vegna megum við ekki veiða rækju á Húnaflóa, við Ísafjarðardjúp eða á Arnarfirði? Af hverju er okkur bannað það? Hvers vegna eru settir þessir átthagafjötrar á menn?

Um þetta eru engar deilur. Þessi ákvæði hafa farið í gegnum þessa hv. d. og hv. Ed. og ég hef ekki heyrt einn einasta frjálsræðismann kvarta undan því. En svo þegar á að koma á einhverju skipulagi á milli veiða og vinnslu með vaxandi áhyggjum manna af því að þessar veiðar séu að draga saman seglin, þá koma hér sumir og hafa mjög hátt, ekki eingöngu þeir sem eru kenndir við frjálst einkaframtak, heldur menn sem hafa verið að láta menn draga þá ályktun, að þeir væru sósíalistar, og hafa haldið sér innan sósíalistískra flokka og það í alllangan tíma. Hugsjónamennirnir, lögfræðingarnir, hafa gert t. d. slíkan mann að miklu átrúnaðargoði og talið hann vera einn mesta boðbera frelsis og réttlætis sem til er. Ég óska þessum ágæta manni, einkaframtaksmanni sem er í sósíalistískum flokki, hjartanlega til hamingju með þessa afstöðu þessara ágætu lögfræðinga og þeim líka með hans afstöðu, svo að þar getur hver étið sitt.

En við skulum líta á hvernig ástandið í þessum efnum var og er og hvernig þessi byggðarlög lýsa sjálf ástandinu. Hvammstangahreppur segir í bréfi 16. sept., með leyfi hæstv. forseta: „Vegna fyrirhugaðrar uppsetningar á rækjuvinnslustöð á Blönduósi vill hreppsnefnd Hvammstangahrepps benda á eftirfarandi:

Á komandi rækjuvertíð er Hafrannsóknastofnunin búin að gefa heimild til veiða 1 500 tonn af rækju á Húnaflóasvæðinu" — hún var síðar hækkuð eins og ég sagði áðan um 300 tonn." — Samanlögð afkastageta þeirra verksmiðja, sem á svæðinu eru, er líklega um þrisvar sinnum meiri en leyfður hámarksafli. Augljóst er því að nýting vinnslustöðvanna er í algjöru lágmarki og því enginn grundvöllur til að skipta aflanum á enn fleiri staði. Væri hins vegar síðar möguleiki á að auka leyfðan hámarksafla væri eðlilegast að beina þeirri aukningu til þeirra vinnslustöðva sem þegar eru fyrir hendi og nú eru ekki nýttar nema að takmörkuðu leyti.

Með tilkomu rækjuvinnslunnar á Hvammstanga hefur atvinnuástand hér batnað til muna. Atvinna var hér ónóg og stopul yfir vetrarmánuðina og tekjur fólks lágar. Nú hefur þetta lagast og fólk sér fram á miklu betri afkomumöguleika en áður og tekjurnar eru orðnar sambærilegri við það sem annars staðar gerist. Fólk er bjartsýnt á framtíðina og hefur meiri áhuga á að setjast hér að en áður var. Þessa breytingu þökkum við hvað mest rækjuveiðunum og rækjuvinnslunni, sem við höfum bundið vonir við að yrði viðvarandi þáttur í atvinnulífi staðarins og reynt að byggja hana upp sem slíka. Verði rýrður rekstrarmöguleiki rækjuvinnslunnar og bátanna, sem rækjuveiðarnar stunda, og þar með afkomumöguleiki þess fólks, sem unnið hefur að þessari atvinnugrein, með því að deila aflanum niður á enn fleiri staði en nú er óttumst við að allt sæki í sama horf og áður með atvinnuástand á staðnum.

Hins vegar skal bent á að á Blönduósi hefur um árabil verið mun betra atvinnuástand en hér. Atvinnurekendur þar hafa gefið yfirlýsingar um að þar hafi verið tilfinnanlegur vinnuaflsskortur á s. l. vetri. Þar eru í byggingu iðngarðar yfir smærri iðnfyrirtæki sem þar hafa risið upp, en blöndósingar hafa verið ötulir við að koma upp slíkum fyrirtækjum og er það vel. Það er ekki af slæmum hug til blöndósinga sem við vildum koma í veg fyrir að rækjuvinnsla verði sett upp þar, heldur óttumst við að grundvellinum verði kippt undan þeirri fjárfestingu sem búið er að leggja í rækjuvinnslustöðvar og báta og skiptir milljónatugum eða hundruðum á þeim 4 stöðum við Flóann, þar sem rækja er unnin í dag, og líka því fjármagni sem búið er að leggja í margs konar iðnfyrirtæki á Blönduósi.

Það, sem við leggjum til að gert verði, er að gefin verði út reglugerð eða lög sem gefi sjútvrh. eða sjútvrn. í samráði við Hafrannsóknastofnunina heimild til að takmarka fjölda rækjuvinnslustöðva á afmörkuðum svæðum eða á landinu í heild. Með því væri auðvelt að koma í veg fyrir hluti eins og nú eiga sér stað á Blönduósi, að fjársterkir aðilar úr Reykjavík geti flutt vélar og tæki til rækjuvinnslu, sett niður í leiguhúsnæði með lágmarkstilkostnaði, unnið aflann meðan hagnaður er, en síðan flutt burtu auðveldlega alla aðstöðu ef eitthvað ber út af með rekstrargrundvöll. Við aðstæður eins og hér eru við Húnaflóann eyðileggur það möguleika heimaaðila, sem búið hafa sig undir að stunda þessa atvinnugrein til langframa, á að halda þeim atvinnurekstri áfram.

Þá viljum við ítreka það að fast verði fylgt eftir ákvæðunum um búsetu skipstjórnarmanna og í öðrum atriðum í sambandi við leyfi til að stunda rækjuveiðarnar og að ekki verði hægt að fara á bak við þær reglur með gervibúsetu, heldur verði hver slík leyfisumsókn athuguð gaumgæfilega."

„Sameiginlegur fundur Sjómanna- og verkalýðsfélags Skagastrandar, Rækjuvinnslunnar hf. og hreppsnefndar Höfðahrepps, sem haldinn var 27. sept. 1974, mótmælir eindregið að grundvelli stórs hluta atvinnulífs staðarins verði kollvarpað með útgáfu leyfa til handa bátum sem leggja yrðu upp rækjuafla á Blönduósi. Með útgáfu slíkra leyfa skerðist hlutur þeirra staða, er stundað hafa rækjuveiðar í Húnaflóa, verulega, en sumir þessara staða byggja tilveru sína að stærstum hluta á rækjuveiðum, og má telja að ekki sé lengur grundvöllur fyrir áframhaldandi veiðum, einkum þar sem nú hefur verið ákveðið að minnka leyfilegan rækjuafla í Húnaflóa, þar sem fiskifræðingar telja nauðsynlegt að hlífa rækjustofninum næstu árin og aukin sókn sé mjög skaðleg áframhaldandi veiðum og þá um leið afkomu margra byggðarlaga."

Hreppsnefnd Höfðahrepps sendi einnig áskorun, bæði í bréfum og skeytum, sem mjög fer saman við þetta álit hins sameiginlega fundar.

Kaldrananeshreppur sendi líka frá sér kvæðju á þessum tíma, 13. sept. Þar segir m. a.: „Lífsafkoma fólksins í kauptúnum við Steingrímsfjörð er að langmestu leyti háð rækjuveiðum og rækjuvinnslu. Sterkar líkur benda til að rækjustofninn við Húnaflóa beri ekki öllu meiri veiðiflota og rækjuvinnslustöðvar en nú eru þegar fyrir hendi, til þess að rekstrarafkoma megi teljast örugg og afkoma kauptúnanna þar með. Því er það álit sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps að stjórnvöldum landsins beri að hafa vakandi auga með þessum byggðamálum við Húnaflóann og Steingrímsfjörðinn og beita öllum tiltækum ráðum til að vernda og varðveita þann lífsafkomugrundvöll er að framan getur, og þá fyrst og fremst með því að gera viðeigandi ráðstafanir til varnar því að rækjuvertíð Steingrímsfjarðarbáta og tilheyrandi rækjuvinnsla við Steingrímsfjörð dragist saman eða spanni skemmra tímabil en verið hefur, þ. e. 5—6 mánuði á ári. Yrði hins vegar um verulega röskun á margnefndum atvinnuvegi að ræða, á meðan Drangsnes og Hólmavík hafa ekki komið sér betur fyrir í atvinnumálum en raun ber vitni, mundi það hafa í för með sér hættuástand í atvinnu- og byggðamálum téðra kauptúna. En þetta er svo augljóst og óumdeilanlegt, að sveitarstjórn Kaldrananeshrepps treystir því og trúir að málsvarar byggðarinnar á Alþ. og í stjórnarráði geri þær ráðstafanir er dugi til að tryggja framhald þeirrar jákvæðu byggðaþróunar sem nú er rétt í þann veginn að halda innreið sína í Steingrímsfjörðinn, eftir langvarandi hnignun og afturför, jafnframt því að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu annarra byggðarlaga við Húnaflóa þótt lengra séu á veg komin í atvinnuuppbyggingu."

Þetta bréf var sent til mín og allra annarra þm. Vestfjarðakjördæmis. Sama má segja um umsagnir hólmvíkinga. Þær eru nákvæmlega á sömu lund og þetta bréf sem ég var að lesa.

Frá Blönduósi barst svo aftur bréf frá hrepps-

nefndinni, þar sem skorað er á ríkisstj. Íslands að veita nú þegar bátum frá Blönduósi rækjuveiðileyfi. 4 bátum er nú veitt rækjuveiðileyfi, en 3 bátum skrásettum á Blönduósi, sem ætla að leggja þar upp, hefur enn ekki verið veitt leyfi þótt þeir uppfylli öll skilyrði. Á Blönduósi er allt tilbúið til rækjumóttöku, búið að ráða fólk og leggja millj. í undirbúning. Hreppsnefndin skorar því á ríkisstj. að mismuna ekki íbúum við Húnaflóa á þennan hátt og veita bátum frá Blönduósi nú þegar umbeðið veiðileyfi."

Þannig voru sjónarmiðin í haust, þannig var litið á málin og illt að skera þarna úr. Samkomulag var ekki hægt að fá. Það var svo einörð og ákveðin afstaða gegn rækjuvinnslu á Blönduósi af þeirri ástæðu að aflinn fór minnkandi, og það sem meira var um vert, að með minnkandi afla minnkaði einnig vinnslan og vinnslutímabilið dregst verulega saman og aftur er hætta á að atvinnuleysi eigi sér stað í víðtækara mæli en verið hefur á þessum stöðum á undanförnum árum. Fleiri rækjuvinnslustöðvar leysa ekki vandræði þeirra sem ekki hafa rækjuvinnslu nú. Áfram verður kannske haldið ef engar hömlur eru settar og næsta haust geta einhverjir farið af stað og viljað fá rækjuvinnslu á Borðeyri. Það er líka til staður í Óspakseyrarhreppi sem heitir Óspakseyri, og gæti einhver hugsjónamaður komið sem vildi leggja strjálbýlinu lið, ætti leigðar vélar, vildi koma þar upp rækjuvinnslu og nyti stuðnings frjálsræðispostulanna, og þá gætu vandamálin haldið áfram að aukast. Það væri ekkert óhugsanlegt að það fengist pláss á Skagaströnd fyrir aðra verksmiðju. Það gæti líka hugsast að þriðja verksmiðjan yrði byggð á Bildudal og ein enn við Ísafjarðardjúp, og allt yrði þetta gert í nafni frjálsræðis.

Ég tel mig ekki sósíalista, alls ekki. Ég tel mig vera málsvara einkaframtaks. En ég er einnig félagshyggjumaður. Ég tel að frelsið eigi ekki að vera til allra hluta. Ef þarf að setja á takmarkanir, þá verður að gera það. Annað er helber vitleysa, annað er að halda sér í einhverjar gamlar kennisetningar. Það er alveg eins og ef sósíalistískur flokkur kemst í stjórn, þá megi hann alls ekki heyra það að nokkur einstaklingur fari með nokkurn atvinnurekstur, heldur verði að leggja hann niður á stundinni og ríkið yfirtaki allan slíkan rekstur. Þetta eru kennisetningar, sem sumir hafa ekki enn þá komist yfir.

Það var skýrt í þessum umr. m. a. frá tveimur álitum. Annað álitið er frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og hún mælir gegn því að þetta frv. nái fram að ganga og vísar til fyrri afstöðu til hliðstæðs frv. sem flutt var í Ed. Alþ. á árinu 1973. Ég skil afstöðu stjórnar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna mjög vel. Þetta eru einkaframtaksmenn, þetta eru menn hins frjálsa boðskapar. En það er aðeins eitt sem ég hef ekki skilið enn þá í sambandi við umsögn þeirra, að þeir hafa talið mikla þýðingu að hafa skipulag á sölu á hraðfrystum fiski úr landi og hafa talið að það færi mjög vel á því og væri skynsamlegt að hafa það í höndum ekki fleiri en tveggja aðila. Þetta hefur verið mjög skýr og skorinorð afstaða þessara ágætu manna í mörg undanfarin ár. Ég hef verið þessarar skoðunar og hún er í fullu samræmi við það skipulag sem ég vil taka upp í sambandi við þetta. En ég verð að líta á umsögn þessara frjálsræðisherra í Sölumiðstöðinni á þann veg, að þeir telji ekki lengur æskilegt að hafa þennan hátt á, heldur eigi hver og einn að fá að selja hraðfrystan fisk úr landi, alveg eins og hver og einn eigi að fá að setja upp rækjuvinnslu, þrátt fyrir það að aflinn sé sífellt að færast saman og strangar takmarkanir séu settar.

En svo er önnur umsögn sem ég hef átt mun bágar með að skilja og skýra. Það er umsögn Landssamband ísl. útvegsmanna. Stjórnin telur að frv. gangi of langt í því að takmarka atvinnufrelsi og ákvörðunartöku einstaklinga í sjávarútvegi og lýsir sig því mótfallna frv. í þeirri mynd sem það er nú í. Ég var í stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna í fjöldamörg ár og það var alltaf höfuðbaráttumálið þar að reyna að fá sem mest verð fyrir fiskinn, þannig að útgerðin gæti borið sig. Þar sem veiðar eru háðar ströngum skilyrðum og aflamagni, þá hlýtur meðalaflinn á bát að lækka eftir því sem bátarnir verða fleiri. Það hlýtur hver og einn að skilja, að það hefur í för með sér versnandi afkomu hjá hverri útgerð fyrir sig. Ef vinnslustöðvarnar verða fleiri, þá verður fastakostnaðurinn við vinnslu þessa afla meiri, og eftir því sem þessi takmarkaði afli verður minni, þá verður fastakostnaðurinn hærri, og það verður samkv. lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins að taka tillit til þessa, og það verður að taka tillit til þess verðlags sem er á afurðum okkar á erlendum mörkuðum. Þetta finnst mér því vera mjög torskilið, þessi afstaða L.Í.Ú., nema það sé önnur skýring sem ég veit ekki um, að þeir bátar, sem þessar veiðar stunda, eru allflestir utan þessara samtaka og því nái hjartagæskan ekki lengra. Það er eina skýringin sem mér hefur dottið í hug. (**Gripið fram í**: Svo er álit frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna, er það ekki líka?) Já, ég þakka hv. þm. fyrir þessa framítekt, en hún er hérna á blaðinu hjá mér. Ég er alveg að koma að henni. Ég ætla að biðja hann að hafa pínulitla biðlund.

Í veiðileyfunum, sem veitt voru í haust, er Hvammstangi með 5 veiðileyfi eða 5 báta, þar af eitt nýtt veiðileyfi, Hólmavík og Drangsnes samanlagt með 15, þar af eitt nýtt veiðileyfi. Það veiðileyfi var þó ekki notað fyrr en á seinni hluta vertíðarinnar. Á Skagaströnd voru gefin út 7 veiðileyfi, þar af 2 ný. Og á Blönduósi voru gefin út 2 veiðileyfi. Ég treysti mér ekki til að ganga fram hjá bátum sem voru tilbúnir til þessara veiða, og vegna þess að það er komið að vertíðarbyrjun, þá tók ég þá ákvörðun. Af þeim 4 umsóknum, sem komu af bátum frá Blönduósi, voru 3 sem uppfylltu skilyrði um búsetu og stærð, en einn ekki, svo að hann gekk strax úr og við því var ekkert að segja. Það var alveg sama og var með bát, að ég held á Hvammstanga, hann uppfyllti ekki skilyrðin og fékk þar af leiðandi synjun. Varðandi þriðja bátinn á Blönduósi, sem uppfyllti skilyrðin, þá lést á tímabilinu maðurinn sem sótt hafði um veiðileyfið. Ég óskaði eftir því við rn. að það yrði látið liggja milli hluta ef einhver annar sækti um fyrir þennan bát og þá mundum við veita það leyfi. Það varð aldrei, svo að raunin varð sú að tveimur bátum frá Blönduósi var veitt leyfi til veiða, en sett

það skilyrði að þeir lönduðu afla sínum í viðurkenndri rækjuvinnslustöð. Þegar þessi veiðileyfi voru gefin út var engin viðurkennd rækjuvinnslustöð á Blönduósi og því lögðu þessir aðilar upp afla sinn á Hvammstanga og Skagaströnd. Þá er litið á að þessari deilu sé í raun og veru lokið. Það er litið svo á að með þessari ákvörðun þessa vonda sjútvrh. hafi hann komið í veg fyrir að rækjuvinnsla gæti hafist á Blönduósi. Þá bregður Særún hf. við mjög fljótt og sendir bréf til sjútvrn., sem er dagsett 25. okt., og það hljóðar svo:

„Þar sem sjútvrn. hefur nú bannað rækjuvinnslu Særúnar hf. á Blönduósi mun fyrirtækið bíða verulegt fjárhagslegt tjón. Fer hér á eftir skaðabótakrafa um lágmarkstjón fyrirtækisins vegna bannsins:

1. Fastaleiga fyrir 2 rækjuvinnsluvélar og tilheyrandi í 6 mánuði 712 þús. kr.
2. Flutningskostnaður á vélum til Íslands 370 þús. kr.
3. Flutningskostnaður innanlands, tryggingar o.fl. 175 þús. kr.
4. 16% ársvextir í eitt ár af útlögðum fjármunum 720 þús. kr.
5. Stofnkostnaður Særúnar hf. 120 þús. kr.“ — Ekki virðist hann hafa verið mjög hár.

„6. Laun verkstjóra, vélamanns og framkvæmdastjóra í 3 mánuði 855 þús. kr.

7. Rýrnun við endursölu á tækjum og búnaði sem keypt hefur verið til rekstrarins 380 þús. kr.
8. Kostnaður við tilraunir til að fá veiðileyfi 200 þús.“ — Aldrei töluðu þeir við mig blessaðir.
9. Sem er rúsinan í pylsuendanum. — „Misstur hagnaður af rekstri. Forsendur: vinnsla afla þriggja báta af 30“ — meira að segja þeir sem aldrei sóttu um leyfi — „miðað við 2 300 lesta heildarafla“ — hann er nú 1 800 — „og jafna skiptingu á báta, þ. e. 230 lestir á vertíð, og miðað við 5 ára leigusamninga á vinnsluvélum, 11 millj. kr.

Samtals 14 millj. 532 þús. kr.

Í framangreindri bótakröfu er gert ráð fyrir því, að 5 ára leigusamningur um vinnsluvélar fáist felldur niður og vélarnar yfirteknar af öðrum fyrirtækjum á kostnaðarverði, söluskattur o. fl., enn fremur að það takist að selja allan búnað fyrirtækisins með tiltölulega lítilli rýrnun, ekki verði innheimt leiga af húsakynnum og að með samningum takist að firra ýmsu öðru tjóni sem yfir vofir. Bregðist framangreindar forsendur er áskilinn réttur til að hækka og fjölga bótakröfum og sami áskilnaður er gerður þurfi til málaferla að koma. Svar ráðuneytisins um bótakröfuna óskast eigi síðar en mánudaginn 28. okt. n. k.

Virðingarfyllst,
f. h. Særúnar h. f.
Óttar Yngvason hdl.“

Þetta bréf kemur inn rétt fyrir lokun á föstudegi. Ráðuneytið á að svara því á mánudegi, hvort það ætli að borga 14.5 millj. í skaðabætur þar sem það hafi verið harðlega bannað að þetta fyrirtæki gæti hafið vinnslu á Blönduósi. Ég sagði í rn. að við skyldum ekkert svara þessu bréfi, það væri ekki svaravert, og ég stend við það. Það getur vel verið að það heiti ókurteisi. En er það kurteisi að leggja 14.5 millj. kr. bótakröfu inn þegar starfsfólk er að fara út á föstudagskvöldi og segja: Gjörið svo vel og svarið þessu á mánudegi? Það má hver segja fyrir mér að það sé kurteisi. En ég tel það ekki vera kurteisi.

Í framhaldi af þessu mætti ég á fundi hér niðri í framsóknarherbergi í nóv., eða nokkru eftir þetta, og þar var auk mín hæstv. forsrh. og viðskrh., sem er 1. þm. Norðurl. v. Þar voru einnig mættir flestir eða allir þm. Norðurl. v. og forsvarsmenn hreppsfélagsins og jafnvel aðrir framámenn í hreppnum. Ég þori ekki að fullyrða hvort þeir eru allir í hreppsnefnd sem þar voru, en allir voru þeir forsvarsmenn sveitarfélagsins eða atvinnurekstrarins á staðnum. Þar leggja þeir fram till. um atvinnuuppbyggingu á Blönduósi og m. a. gera miklar og margvíslegar kröfur. Það kom mér ekkert á óvart, það gera svo margir miklar kröfur. Það er ekki endilega þetta eina sveitarfélag frekar en flest önnur, einstaklingar og félög, því að það eru allir í kröfugöngu í þessu þjóðfélagi og hafa verið í mörg ár. Ég vil taka fram að út af fyrir sig hneykslaði það mig ekki, það sem þarna var farið fram á.

Það var yfirlýsing stjórnvalda og Framkvæmdastofnunar ríkisins um að atvinnufyrirtæki á Blönduósi fái hliðstæða fyrirgreiðslu og fyrirtæki þau sem vinna að sjávarafla á þeim stöðum þar sem útvegur er, og benda þá sérstaklega á Skagaströnd, Siglufjörð, Sauðárkrók o. s. frv.

Nægilegt fjármagn verði veitt til þess að hægt verði að ljúka við iðngarðana, klæða húsið og einangra og skipta niður í einingar. Fjárhæð ekki tilgreind nú vegna verðbólgunnar, en eins og dæmið stendur í dag þarf um 15 millj. kr. til þess að gera húsið fokhelt og steypa gólf í það.

Þar sem Blönduós verður að byggja tilveru sína á iðnaði verði þeim fyrirtækjum, sem vinna að iðnaði sem seldur er um allt land, gert mögulegt að starfa: Pólarprjón, því hefur verið veitt mjög góð fyrirgreiðsla, Trefjaplast, Ósplast og Krútt, sem er bakari eða brauðgerðarhús.

Í framhaldi af þessum fundi voru veitt tvö lán til tveggja þessara fyrirtækja og það með svo miklum hraða að það var ekki beðið eftir næsta stjórnarfundi í Framkvæmdastofnuninni, heldur var það gert utan fundar. Og ég, þessi vondi maður, var einn af þeim sem samþ. að veita þessi lán.

En svo furðaði mig aftur á öðru sem þessir ágætu menn komu með. Það er það sem þeir kölluðu miskabætur vegna neitunar á vinnslu rækju, og það er aðeins það, sem ég furða mig á, en ekki hitt sem á eftir kemur.

Það er nú fyrst, að þjóðvegurinn gegnum kauptúnið verði lagður varanlegu slitlagi. Vegarkafli frá brúnni og upp að grindarhliði í Ámundakinn er svo til tilbúinn undir slitlag, aðeins eftir að jafna hann og setja niðurföll eða koma regnvatni burt. Vegurinn vestan árinnar verði gerður varanlegur og lagður slitlagi frá Háubrekku að Brautarholti. Kaflinn frá Brautarholti að brúnni verði lagður slitlagi til bráðabirgða. Þetta verði gert á næsta sumri.

Flugvöllurinn: a. Leitt verði nú þegar rafmagn að flugskýlinu. b. 600 m þverbraut verði gerð á næsta sumri og flugvallarvegur fullgerður.

Bryggjan: Óskalisti um framkvæmdir næstu ár verði samþ. og sérstaklega verði varnargarður styrktur.

Blönduósi verði greitt nú úr Jöfnunarsjóði 10 millj. sem skaðabætur fyrir neitun á vinnslu sjávarafurða og sem uppbót vegna greiðslna er gengið hafa undanfarin ár til Skagastrandar, Siglufjarðar og Sauðárkróks.

Hitaveita: Byggðasjóður láni nú þegar fyrir öllum kostnaði við hitaveiturannsóknir og leit að heitu vatni, þar með talinn kostnaður við kaup hitaréttinda sem ekki hefur fengist að láni annars staðar frá (Orkusjóður og Atvinnuleysistryggingasjóður).

Menningar- og heilbrigðismál er snerta allt héraðið: Á næstu fjárl. verði veitt framlag til bókhlöðunnar á Blönduósi, sama upphæð að verðgildi og veitt var Sauðárkróki og verði um eingreiðslu að ræða. Fé verði veitt á fjárl. 1975 til byggingar ellideildar eða vistheimilis fyrir aldrað fólk við Héraðshælið. Áformað er að byggja 5 íbúðir, tveggja herbergja, fyrir öldruð hjón. Framlagi ríkisins verði deilt niður á 3 ár. Veittar verði 20 millj. kr. til heilsugæslustöðvar á Blönduósi. Fyrsta framlag var veitt 1973, af mestu náð fékk það að standa á fjárl. 1974. Þá gerum við kröfu til þess að heimamenn sjái um bygginguna í samráði við heilbrrn. án allrar milligöngu undirnefnda eða skrifstofa embættismanna ríkisins. Loforð stjórnvalda fáist fyrir áframhaldandi tilveru hins nær 100 ára Kvennaskóla Húnvetninga. — Og þar með er þessum óskalista lokið, en margar skýringar fylgja.

Nú ætla ég að segja það líka um þetta sem ég las hér síðast: Margar af þessum óskum eru ekki nema sjálfsagðar og eðlilegar, að gert verði sama fyrir þennan stað og aðra staði, og að mörgu leyti tel ég og öllu leyti, að það hafi verið mjög eðlilegt að veita meira fé til uppbyggingar iðnaðar á Blönduósi en gert hefur verið, vegna þess að sjávaraflinn í Húnaflóa gerir ekki kleift að fjölga slíkum vinnslustöðvum. Því hef ég ánægður viljað standa að og stuðla að, eins og ég gerði, þeim lántökum sem þessi fyrirtæki hafa fengið frá Framkvæmdastofnun á undanförnum árum. Ég tek það fram, að Blönduóshreppur hefur ekki fengið neitt áberandi meira fé eða áberandi minna en fjölmargir aðrir staðir þegar sjávarútvegur er undanskilinn. En einu furða ég mig á. Það eru þetta sem þeir kalla miskabætur vegna neitunar á vinnslu rækju. Ég verð að segja eins og er, að ég tel það furðulegt — fyrst bréf lögfræðingsins og síðan þetta — hvað þeir hafa haldið að rækja þessara tveggja báta hefði orðið dýr. Ekki hefði ég viljað kaupa hana á því verði og ekki vilja bretar kaupa hana á því verði, það fullyrði ég, og þeir sem eru aðalinnflytjendur á rækju.

Hv. 3. þm. Reykv. minnti mig á ályktun frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna. Ég hafði ætlað mér að koma lítillega inn á hana þótt ég hefði ekki verið minntur á hana. En hann er einn af þeim sem eru með þessa ályktun í höndunum og ég hef séð ýmsa þm. úr öllum flokkum vera að lesa þessa ályktun SUS. Ég hefði nú t.d. haldið að ungir sjálfstæðismenn mundu ekki snúa Magnúsi Kjartanssyni með einni ályktun þó að þeir eyddu í hann frímerki og ekki heldur Ólafi Jóhannessyni. Hann sýndi mér hana líka, hæstv. viðskrh., og ég fékk þessa ályktun eins og aðrir, sennilega til eftirbreytni að þeirra dómi. En hún birtist líka í því ágæta blaði, Morgunblaðinu, sem hefur verið opnast allra blaða í þessu rækjumáli, en blaðið sjálft enga skoðun haft. Ég ætla að segja það, að ég hef orðið var við marga sem höfðu enga skoðun á þessu máli fyrr en þeir lásu ályktun SUS, árangurinn af ályktun sambandsins er sá og ég er afskaplega ánægður með þann árangur. Ég kann stjórn SUS miklar þakkir fyrir að hafa sent þessa ályktun frá sér. Það er eins og augu margra hafi opnast fyrir að hér sé um gamlar kennisetningar að ræða, sem voru lifandi á 19. öldinni, en eru núna löngu dauðar. Ég læt svo útrætt um þátttöku Sambands ungra sjálfstæðismanna í þessu máli.

Mig langar líka að koma hér að einu atriði. Það er ungur þm. sem bauð sig fram á Vestfjörðum og er 8. landsk., og hann er í þeim flokki sem ákvað að fara í endurhæfingu í haust og eina endurhæfingin er þessi þm. Við höfum heyrt nokkrum sinnum í honum í vetur og með þeim árangri að ég tel að endurhæfing Alþfl. hafi algerlega mislánast. Mér þykir vænt um að þm. er kominn í salinn, því að ég ætlaði að tala til hans nokkur orð.

Sjútvrn. sendi sýslumanni Húnavatnssýslu óskaplega flókið mál til aðgerðar með símskeyti 13. des. 1974 og þar segir: „Rn. óskar þess, að þér, herra sýslumaður, kannið eftirfarandi með tilliti til meints brots m/b Aðalbjargar HU 25:

1. Landaði báturinn rækjuafla í gærkvöldi?
2. Ef svo, hve miklum?
3. Hver var skipstjóri?
4. Aðrir skipverjar?
5. Ef skipstjóri var Kári Snorrason, kannast hann þá við samtal í síma við Þórð Ásgeirsson skrifstofustjóra, þar sem honum var tilkynnt að veiðileyfi hans hefði fallið úr gildi við útgáfu leyfis til Snorra Kárasonar?

Sjávarútvegsráðuneytið.“

Þetta var auðvitað óskaplegt mál og mikið lagt á sýslumanninn. Hér kemur nú hin langa skýrsla sýslumannsins og þm. geta dæmt um hvað maðurinn hefur lagt hart að sér og átt óskaplega erfitt að svara þessu flókna skeyti, — hún er svona:

„Sjávarútvegsráðuneytið
Þórður Ásgeirsson
Arnarhvoli, Reykjavík.

Skv. upplýsingum hafnarstjórans á Blönduósi kom Aðalbjörg HU 25 til Blönduóss fimmtudagskvöldið 12. þ.m. og landaði um 70 kílóum af rækju. Skipstjóri var Kári Snorrason.

Virðingarfyllst,
Jón Ísberg.“

En ekki fannst öllum þetta lítil vinna eða þessi skýrsla stutt, því að þessi þm. Alþfl., sem stjórnar endurhæfingunni, skrifar, að ég tel, undir skammstöfuninni SB í Alþýðublaðið litlu eftir þetta

og hann segir þar um þetta mál. Þá geta menn séð hvað háar kröfur hann gerir til vinnu manna:

„Hvað sagði hver við hvern? Afskipti sjútvrn. af rækjustríðinu á Húnaflóa taka á sig stöðugt skoplegri myndir. Nú er rn. komið í hár saman við sýslumann þeirra húnvetninga, þar eð rn. telur að hann hafi ekki gefið nógu greinargóða skýrslu um málið," — þ. e. skýrslan sem ég las áðan, af því að það var óskað frekari skýringa. — „Sýslumaður segist hafa skýrt rn. frá því sem það hafi beðið um, en rn. er á öðru máli og segir að sýslumaður hafi m. a. vanrækt að taka fram í skýrslu sinni hvað einhver sagði við einhvern í síma. Það er því ekki með öllu vandalaust að vera sýslumaður húnvetninga," segir þm. „Nú er til þess ætlast að ofan á embættisstörfin gefi hann skýrslur um hvert húnvetningar hringi, við hverja þeir tali og hvað sagt sé." (Gripið fram í.) Það er gengið nærri sýslumanninum. Ég er alveg hissa að hann hafi haldið út að vera í starfi. — „Sjálfsagt biður rn. sýslumanninn næst um að kíkja ofan í potta húsmæðra við Húnaflóa, til þess að gá hvort vera kynni, að röng rækja hafi slæðst ofan í rangan pott. Hér áður og fyrr meir stóðu sýslumenn húnvetninga oft í ströngu, eins og sögur herma." — Þar á hann sennilega við dauðadómana, sem þeir urðu að kveða upp. — „En sjálfsagt hafa þeir gömlu sýslumenn aldrei þurft að verða þátttakendur í jafnskoplegum málatilbúnaði og Húnaflóabardagi hinn nýi virðist ætla að verða. Spurning hvort ekki sé að opnast þar norður frá vettvangur fyrir pípulagningamennina hans Nixons, en svo voru þeir kallaðir sem stunduðu laumulegar rannsóknir á hugrenningum og símtölum manna í Watergate-byggingunni frægu."

Minna mátti nú ekki gagn gera út af þessu eina símskeyti. Þetta er endurhæfing Alþfl. í sannri og réttri mynd.

Hæstv. forseti. Ég hef nú verið nokkuð langorður, en mér hefur kannske verið mál að komast að því að 2. umr. átti sér stað hér í desembermánuði og hefur þetta mál verið á dagskrá hér hvað eftir annað, en alltaf verið tekið út af dagskrá eftir beiðni einhverra þm. hverju sinni. Ég hef ekki spurt hæstv. forseta hverjir það hafa verið. Ég hef aldrei óskað eftir því að málið hafi verið tekið út af dagskrá. En loksins heldur þó þessi 2. umr. áfram, og ég vona að það verði ekki gert nú álíka hlé og gert var fyrir jólin á þessari 2. umr.

Þetta mál í heild hefur ekki verið neitt skemmtimál eða neitt skemmtiatriði fyrir mig og því síður fyrir þá starfsmenn sjútvrn. sem þurfa að standa í þessu máli. Það hefur fyrst og fremst mætt á skrifstofustjóra rn. sem hefur ekki fengið annað en kaldar kveðjur á báða bóga. Þetta mál er viðkvæmt deilumál, sérstaklega í Húnavatnssýslu. Það er líka viðkvæmt í Strandasýslu, en ég held það sé enn þá viðkvæmara í Húnavatnssýslu. Það er ákaflega erfitt bil að brúa þarna á milli þessara staða. Þetta mál er því ekki gamanmál. Þetta mál er orðið að miklu tilfinningamáli á báða bóga og ég held að fjölmiðlar, bæði blöð, útvarp og sjónvarp, eigi sinn stóra þátt í því hvað þetta mál fór út í mikla hörku. Og ég hef fengið ýmislegt á baukinn, sérstaklega í ýmsum greinum í Morgunblaðinu. En þó að ég sé talinn skapmaður, þá hef ég stillt mig um að svara öllum þeim ásökunum og hnýfilyrðum sem þar hafa komið fram undanfarna mánuði. En ég er ekki tilfinningalaus frekar en aðrir menn, og manni þykir þetta fullmikið þegar menn, sem eiga að heita menntaðir menn, háskólagengnir, eru farnir að brigsla mönnum um að nota sömu aðferðir gagnvart Blönduósi og nasistar viðhöfðu. Í næstu grein var sagt að þetta væri mjög svipað og innrás rússa í Tékkóslóvakíu. Þó var greinarhöfundur það sanngjarn, að hann sagði að innrás rússa væri þó sýnu verri, og maður verður alltaf að láta það koma fram þegar menn sýna slíka hófsemi í málflutningi.

Ég ætla ekki að þylja þetta allt saman upp. En það verður hver maður að vita, sem gegnir ráðherrastarfi, að hann verður að skera á hluti og þá verður hann að gera það sem hann álítur réttast og sannast hverju sinni. Ég hef gert það á þann veg, að ég treysti mér ekki til þess að ganga fram hjá leyfisveitingu þeirra báta sem uppfylltu skilyrðin, en ég gerði það á þennan hátt. Þeir hófu innlagningu á hráefni til viðurkenndra verksmiðja sem voru á staðnum.

Þessi Blönduósverksmiðja hefur verið íkveikja við Húnaflóa, og ég taldi að málið væri til lykta leitt með hótunarbréfi lögfræðinganna og bréfi hreppsnefndarinnar á Blönduósi. En það virðist ekki hafa verið. Það er tekið til upp á ný. Verksmiðjan fer af stað og hún heldur áfram. Þetta stríð hefur staðið allan tímann. Annar af þessum tveimur bátum er horfinn af sjónarsviðinu. Hann varð fyrir áfalli um áramót, fór suður í slipp og á hann hefur ekki verið minnst síðan. Það er því um einn einasta bát að ræða og samt öll þessi viðkvæmni og öll þessi læti sem búin eru að vera.

Það voru skemmtileg skeyti sem ég var að fá og vissi hvaðan voru ættuð, og ég get ekki stillt mig um að segja frá einu, sem ég fékk rétt áður en ég fór heim til mín að borða á gamlárskvöld:

„Við húsmæður, sem vinnum hjá rækjuverksmiðjunni Særúnu hf. á Blönduósi, krefjumst þess að þér látið af ofbeldisaðgerðum gegn rækjuverksmiðjunni og sjáið um að við fáum vinnu, því að öðrum kosti verðum við atvinnulausar."

Forsrh. fékk skeyti sama dag um að reka mig úr rn. Þannig var haldið á málum. Það var reynt að gera viðkvæmt mál eins erfitt og hægt var. Öll þessi blaðaskrif voru til skammar í þessu máli, þó að ekkert blaðanna hafi sjálft tekið afstöðu í þessu máli nema ef vera skyldi þessi Watergate-grein ritstjórans sem á sæti hér í Nd. Eins og ég sagði áðan, Morgunblaðið hafði enga skoðun á málinu og hefur ekki skoðun enn. Stundum hefur þó Morgunblaðið haft skoðun.

Eftir að báturinn Nökkvi brýtur með því að fara á veiðar eftir að hann er sviptur veiðileyfi, kærir sjútvrn. bátinn og dómsmrn. tekur auðvitað við þeirri kæru og kærir hann fyrir ólöglegar veiðar þar sem hann hafi verið sviptur veiðileyfi. Málið er varið af því kappi og látum. Í fyrsta lagi er þess krafist að sjútvrh. verði kallaður fyrir rétt. Það yrði skemmtilegt í framtíðinni þegar landhelgisbrjótar væru teknir, hvaða sótraftur sem er, hvort sem hann er breskur eða af öðru þjóðerni, að verjendur þeirra geti sagt:

Við heimtum dómsmrh. fyrir rétt. — Það verður gaman að vera dómsmrh. þá og mæta sem vitni við hvert landhelgisbrot. Þegar dómendur úrskurða að sjútvrh. skuli ekki kallaður fyrir rétt, þá er þess krafist að dómendur víki og því áfrýjað til Hæstaréttar. En samt geri ég eða sjútvrn. samkomulag í málinu þegar séð er algerlega hvernig málið fer. Báturinn eða réttara sagt skipstjóri bátsins verður auðvitað dæmdur í sekt, hann er brotlegur. Hitt er svo annað mál, að menn geta farið í einkamál út af því ef þeir telja sig hafa orðið fyrir skakkaföllum vegna banns á rækjuvinnslu sem þeir kalla svo.

Samkomulagið, sem við gerum, er það að sjútvrn. og skipstjórinn á bátnum eru sammála um að leggja til við ríkissaksóknara að hann heimili réttarsátt í sakadómsmáli Húnavatnssýslu, sem sagt ákæruvaldið gegn þessum skipstjóra, á þann veg, að skipstjórinn greiði að mati dómenda sekt í ríkissjóð. Að réttarsáttinni gerðri mun sjútvrn. gefa út nýtt rækjuveiðileyfi á Húnaflóa til þessa sama manns er heimili honum rækjuveiðar á yfirstandandi vertíð með sömu veiðiskilyrðum og aðrir bátar eru háðir á þessu svæði, þó verði Nökkva ekki heimilt að veiða meira en 30 tonn. Ég geri þetta með tilliti til þess að ég vil fyrst og fremst reyna sættir. Þetta er gert í fullkominni óþökk forsvarsmanna hinna fjögurra byggðarlaganna, en ég hafði fyrir nokkru beðið aðstoðarmann minn, Einar Ingvarsson, að bjóða oddvita allra þessara fimm byggðarlaga að koma til fundar í Rvík um þessi mál til þess að reyna að gera enn tilraun til að ná samkomulagi í þessu máli. Þá er auðvitað fyrst og fremst verið að hugsa um framtíðina, hugsa um það sem kemur eftir þennan vetur, og það var samkomulag á þeim fundi, að greina ekki frá neinu efnislega. Blöðin hafa haft úr nógu að spila í þessu máli þó að þau fái það ekki til viðbótar og það verður ekki gert. Hins vegar munu þessir menn eða aðrir fulltrúar hreppsfélaganna koma til næsta fundar, 20. mars n. k., til þess að halda þessum viðræðum áfram.

Ég ætla þá ekki að hafa þessa ræðu lengri, en ég vil benda á það, að þetta er viðkvæmt mál og erfitt. Skrif og ályktanir þeirra, sem lítið þekkja til og lítt hafa sett sig inn í þessa viðkæmu deilu, hafa ekki orðið til þess að flýta neitt fyrir lausn hennar.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrst taka það fram, að ég lít svo á, að það frv., sem hér liggur fyrir til umr., sé ekki í neinum verulegum tengslum a. m. k. við þá deilu sem staðið hefur við Húnaflóa. Ég lít svo á að þetta frv. sé bæði miklu stærra mál og yfirgripsmeira en sú deila sem þar hefur staðið, svo ill sem hún hefur þó verið. Þess vegna undrast ég það mjög, þegar hæstv. ráðh. kemur hér í stólinn til þess að ræða um þetta mál að þá skuli hann telja henta að snúa höfðinu öfugt meginhluta af sinni ræðu í stað þess að horfa fram á veginn og ræða það mál sem hér liggur fyrir.

Ég tel að þau skrif, sem orðið hafa um þá deilu sem staðið hefur við Húnaflóa, hafi verið í mörgum tilvikum óheppileg. En ég tel einnig, að upprifjun á þessu deilumáli nú með þeim hætti, sem hæstv. sjútvrh. hefur gert, sé ekki til þess að bæta þetta mál og það hefði verið honum meir til sóma að láta það mál niður falla og horfa fram á veginn og stuðla áfram að sáttum í þessu máli. Ég hef litið svo á að með því samkomulagi, sem tekist hefur og ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir, sé þessu máli a. m. k. að verulegu leyti lokið og það sé þess vegna óheppilegt og raunar óviðeigandi að draga þær deilur, sem að baki eru, fram í dagsljósið hér á hv. Alþ. með þeim hætti sem hæstv. ráðh. hefur gert.

Það er eitt af grundvallaratriðum í okkar þjóðfélagsskipan að þegnarnir skuli búa við frelsi, þeir skuli búa við frelsi til athafna, frelsi til að stunda atvinnu, þeir skuli búa við málfrelsi, fundafrelsi, ritfrelsi o. s. frv. Þessi réttur borgaranna er verndaður í stjórnarskrá lýðveldisins og er einn sá grundvallarréttur sem hvað helgastur er hverjum íslendingi. Þrátt fyrir það, að þessi réttur sé óskoraður, hefur verið talið nauðsynlegt að setja frelsinu skorður á marga lund. Ef frelsinu eru ekki settar skorður leiðir það gjarnan til stjórnleysis, ef frelsið er með öllu óhindrað og hömlulaust. Allar þær skorður, sem frelsinu eru settar í íslensku þjóðskipulagi, eru með þeim hætti að þær eru almennar. Þær eru almennar að því leyti, að þó að réttur borgaranna sé takmarkaður, þá skuli þó þess gætt að gera ekki upp á milli þeirra, þess skuli gætt að borgararnir hafi sama rétt með þeim mismun sem þeir kunna að hafa áunnið sér við nám, próf eða þekkingu, skv. reynslu eða á annan slíkan hátt. Þess er einnig gætt þegar takmarkaður er réttur borgaranna í íslensku þjóðfélagi og frelsi þeirra settar skorður, að þá sé það höfuðatriði að réttarinn sé ekki bundinn ákveðnum svæðum eða ákveðnum kaupstöðum, ákveðnu byggðarlagi. Þetta eru höfuðatriði sem þær skorður, sem frelsinu eru settar, eru fólgnar í.

Ég tel nauðsynlegt að rifja þetta upp, vegna þess að það frv., sem hér er á ferðinni gengur þvert á þau sjónarmið sem hér eru sett fram. Það brýtur gegn þessum meginsjónarmiðum í sambandi við frelsi íslenskra borgara eftir okkar stjórnskipan. Þetta gerist með þeim hætti að í frv. er t. d. skv. 1. gr. kveðið svo á, að tiltekið rn., í þessu tilviki sjútvrn., hafi heimild til þess að gera upp á milli aðila, gera upp á milli vinnslustöðva í sambandi við vinnslu á rækju og skelfiski. Sjútvrn. getur mælt fyrir um það til tiltekinna báta, sem hlut eiga að máli, að þeir skuli selja afla sinn í þessa vinnslustöð, en ekki hina. Það er verið að hverfa aftur til þess skipulags sem gilti á einokunartíma og ég hélt að flestir íslendingar vildu ekki hverfa að að nýju.

Skv. 2. gr. þess frv. er sjútvrn. fengið í hendur það vald að ákveða án umsagnar eða að tilhlutan nokkurra aðila hvort vinnslustöð skuli rísa í tilteknu byggðarlagi á tilteknum stað eða ekki. Rn. fær í hendur vald til þess að synja eða leyfa nýja rækjuvinnslustöð eða skelfiskvinnslustöð og fær í hendur vald til þess að synja um eða leyfa stækkun á þeim sem fyrir eru. Ég lít svo á að það vald, sem sjútvrn. er ætlað að fá í hendur með þessum hætti, samrýmist ekki þeim almennu takmörkunum á frelsi íslenskra ríkisborgara sem gilda á mörgum öðrum sviðum. Í lögum um veiðar með botvörpu, flotvörpu og

dragnót í fiskveiðilandhelgi, sem títt hefur verið vitnað til í umr. um þetta mál, er sjútvrn. fengið í hendur vald til að setja reglur um t. d. rækju- og skelfiskveiðar. Þessar reglur eru með öðrum hætti en hér er stefnt að því að fara inn á. Þessar reglur eru almennar. Þær eru almennar að því leyti, að sjútvrn. gefur út ákveðinn kvóta um aflamagn að till. Hafrannsóknastofnunarinnar og sjútvrn. hefur rétt til þess að ákveða tölu báta. Þessar reglur eru vitaskuld við það miðaðar að hafa hemil á veiðum á þessum fisktegundum, og slíkar reglur gilda á fleiri sviðum, um fleiri fisktegundir og slíkar almennar reglur gilda á margan hátt annan en þennan í sambandi við veiðar í íslenskri landhelgi. Það eru t. d. reglur um það til hvaða veiðisvæða fiskiskip af ákveðinni stærð mega sækja afla á vissum árstímum, eins og alkunna er og þarf ekki rekja. Þessar reglur eru sem sagt allar með þeim hætti að þær eru almennar og þar er ekki horfið að því að gera upp á milli einstaklinga, ekki horfið að því að gera upp á milli fyrirtækja eða horfið að því að gera upp á milli einstakra byggðarlaga eða kauptúna innan tiltekinna svæða. Með þessu frv. er því stefnt að því að taka upp algerlega nýja hætti í þessum leyfisveitingum og yfirráðum og forsjá hins opinbera.

Ég skal ekki draga neina dul á það, að ég er þessu frv. gersamlega andvígur og mun greiða atkv. gegn því. Ég tel, að með þessu frv. sé verið í fyrsta lagi að brjóta gegn þeim sjónarmiðum sem ég hef lýst, brjóta gegn þeim almennu takmörkunum sem stjórnskipun ríkisins setur frelsi borgaranna. Það brýtur gegn grundvallarsjónarmiðum þess stjórnmálaflokks sem ég er hér fulltrúi fyrir og það brýtur gegn minni persónulegu lífsskoðun. Þetta segi ég þrátt fyrir það að hér sé, eins og hæstv. ráðh. ræddi um, um viðkvæmt deilumál að ræða. Ég tel að það sé skylda alþm. að taka afstöðu til slíkra mála eftir sinni sannfæringu og eftir sinni eigin skoðun, en ekki af neinum öðrum toga.

Þess er einnig rétt að minnast, að það frv., sem hér er á ferðinni, er þarflaust að því leyti að það þurfi að koma á þessu fornaldar- og einokunarskipulagi til að hægt sé að hafa hemil á veiðum á rækju og skelfiski og hafa hemil á því að settar verði upp nýjar stöðvar. Eins og ég hef þegar vitnað til laga um veiðar með botnvörpu og flotvörpu, þá hefur rn. skv. gildandi lögum fullar heimildir til þess að takmarka í fyrsta lagi afla og í annan stað tölu báta sem aflann sækja. Ef um það er að tefla að nýjar rækjuvinnslustöðvar séu í uppsiglingu, þá getur rn. vitaskuld farið að þessum heimildum og neitað bátum um leyfi. Það getur neitað að fjölga bátum. Og ég skal taka það fram í sambandi við þá deilu, sem staðið hefur við Húnaflóa, að það var vitaskuld engin þörf á því fyrir núv. hæstv. sjútvrh. að veita fleiri leyfi til rækjuveiða heldur en fyrir voru á síðasta ári. Það var engin þörf á því. Það lá fyrir, að veiðikvótinn var minnkaður frá því sem var á síðustu vertíð, og það lá einnig fyrir, að sá fjöldi báta, sem voru gerðir út, var ekki í neinum vandræðum með að veiða það aflamagn sem leyfilegt var. Þess vegna var engin þörf á því og raunar engin ástæða til að fjölga bátum á þessu veiðisvæði á síðasta hausti. Hefði hæstv. ráðh. horfið að því ráði, þá hefðu, miðað við það sem hann sagði hér áðan, fallið út leyfi til tveggja báta á Skagaströnd, fallið út leyfi til tveggja báta á Blönduósi, fallið út leyfi til eins báts á Hvammstanga og eins báts á Hólmavík, og þar með hefði ekki verið um það að ræða að rækjuvinnsla hefði sprottið upp á Blönduósi á s. l. hausti. Þetta ráð hafði hæstv. sjútvrh. í hendi sér skv. gildandi lögum og þurfti ekki að flytja frv. af þessu tagi til að öðlast þann rétt eða hafa á þessu nægilegt vald. Að þessu ráði hvarf hæstv. ráðh. ekki og hann lýsti ástæðum fyrir því í ræðu sinni áðan.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að það hefðu verið einkanlega nokkrir aðstandendur Særúnar hf. og þá aðallega tilteknir lögfræðingar sem hefðu haft uppi andstöðu við það frv. sem hér er á dagskrá. Hæstv. ráðh. svaraði þessu vitaskuld sjálfur að mestu í ræðu sinni, vegna þess að hann rakti að nokkru umsagnir frá þeim stofnunum sem leitað var til í sambandi við frv. Þær umsagnir eru í fyrsta lagi frá Landssambandi ísl. útvegsmanna sem leggur til að frv. verði fellt, frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem leggur einnig til að frv. verði fellt eða látið daga uppi. Hæstv. ráðh. minntist ekki á umsögn frá Framkvæmdastofnun ríkisins sem leggur það til að frv. sé breytt, en telur óráðlegt að samþ. það í því formi sem það er lagt fram. Hæstv. ráðh. minntist ekki á umsögn eða samþykkt frá stjórn Félags rækjuvinnslustöðva. En maður skyldi ætla að rækjuvinnslustöðvarnar sjálfar, sem hæstv. ráðh. er nú alltaf að tala um að hann vilji vernda, hefðu átt rétt á að koma fram með það sem þessir aðilar vilja segja um þetta frv. Ég vil því — með leyfi hæstv. forseta — lesa þá umsögn, sem dags. er 17. des. 1974:

„Sem umsögn um frv. til l. um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, vill stjórn Félags rækjuvinnslustöðva láta í ljós eftirfarandi álit:

Stjórnin telur að í frv. felist óæskileg skerðing á atvinnufrelsinu í landinu. Fyrir hönd félagsmanna sinna óskar stjórnin ekki eftir þeirri einokunaraðstöðu sem framkvæmd l. gæti leitt af sér ef frv. verður samþ. sem lög. Nokkuð öruggt er að afkoma rækjuvinnslustöðva byggist fyrst og fremst á sömu aðalforsendum og aðrar greinar sjávarútvegsins, þ. e. aflabrögðum, hagkvæmni í rekstri hvers fyrirtækis og markaðsástandi erlendis. Af framangreindum ástæðum er stjórn Félags rækjuvinnslustöðva andvíg því að frv. verði samþ. sem lög.

Stjórn Félags rækjuvinnslustöðva."

Ég tel ástæðulaust, að þessi samþykkt liggi hér í láginni, og er þó um að ræða stjórn þeirra aðila, sem þeirri einokunaraðstöðu sem þetta frv. býður, á að þröngva upp á af hv. Alþ.

Ég get auðvitað ekkert um það sagt hvað um frv. þetta verður hér á hinu háa Alþ., en verði það samþ. sem lög, þá tel ég að gengið sé inn á hættulega braut. Verði frv. þetta að lögum er verið að ryðja brautina fyrir slíkum leyfisveitingum, slíku drottnunarvaldi tiltekinna ráðuneyta yfir atvinnurekstrinum í landinu. Sú ríkisstj., sem nú situr að völdum, og þeir stjórnar-

flokkar, sem mynda núv. ríkisstj., kenna sig a. m. k. annar þeirra við frjálsræði. Það hefur verið eitt megininntakið í stefnu og störfum Sjálfstfl., eftir því sem hann hefur komið fram á hverjum tíma, að styðja frjálsræði í þjóðfélaginu, frjálsræði til atvinnurekstrar, frjálsræði til atvinnu, málfrelsi o. s. frv. Það er því með nokkrum ólíkindum að frv. sem þetta skyldi flutt af hæstv. sjútvrh. f. h. núv. hæstv. ríkisstj. En fyrst sú ríkisstj., sem nú situr, telur sér fært að flytja slíkt frv., þá vitum við að stjórnarskipti eru tíð á Íslandi og enginn veit lífdaga þeirrar ríkisstj., sem nú situr, né heldur hvernig sú ríkisstj. verður skipuð, sem í valdastóla sest að þessari genginni. Það kynni að vera að sú ríkisstj., sem þá tæki við völdum, hefði ekki þessi frjálsræðismarkmið að leiðarljósi í orði kveðnu eða í stefnuskráratriðum. Það kynni að vera að sú ríkisstj., sem þá tæki við völdum, hefði önnur sjónarmið að markmiði. Það gæti skeð að það yrði sósíalistísk ríkisstj., — ríkisstj. sem hefði það að markmiði skv. stefnuskráryfirlýsingum sinna stuðningsflokka að koma á sósíalisma í atvinnurekstrinum á Íslandi, að koma á fót almennu leyfakerfi fyrir því að stofna ný atvinnufyrirtæki og stækka önnur og fleira á þeirri braut. Það kynni sem sagt að vera að sú ríkisstj. styddist við stuðningsflokka sem hefðu þetta ýmist beint eða óbeint sem markmið í sínum stefnuskráryfirlýsingum, og gildir þá einu hvað sú ríkisstj. mundi e. t. v. telja sér henta að lýsa yfir við sína valdatöku. En úr því að sú ríkisstj., sem nú situr og mynduð er af Sjálfstfl. og Framsfl., telur sér fært að flytja hér frv. sem þetta, þá má telja víst að ekki yrði róttækari sósíalistískri ríkisstj., sem kynni að taka við völdum hér á Íslandi fyrr eða síðar, óglatt af því að flytja frv. um frekari skerðingar á athafnafrelsi landsbúa en hér er lagt til. (**Gripið fram í:** Var ekki hv. þm. búinn að samþ. frv. í þingfl. Sjálfstfl.?) Það er rétt, að frv. þetta var kynnt í upphafi þings í þingfl. Sjálfstfl., og það er einnig rétt að frv. hlaut þar litlar athugasemdir. Og ég get sagt það hreint út, að ég var ekki meðal þeirra sem gerðu athugasemdir við þetta frv. þá. Ég lít hins vegar svo á, að enda þótt tiltekinn stjórnarþm. geri ekki athugasemdir við frv. þegar þau eru lauslega kynnt í upphafi þings, þá beri honum að fara eftir sinni sannfæringu og engu öðru. Þetta ætti hv. þm. Magnús Kjartansson að vita. Ég lít svo á að enda þótt frv. sé kynnt í þingfl. og það síðan flutt og þm. hafi ekki gefist mikill tími til að hugleiða efni þess en komist síðar að raun um að það stefni í þveröfuga átt við þá stefnu, sem hann sjálfur aðhyllist, og jafnvel í þveröfuga átt við þá stefnu, sem sá stjórnmálafl. berst fyrir, sem hann er fulltrúi fyrir, þá beri honum ekki að vaða áfram í þeirri villu að styðja slíkt frv. Hann á að fara eftir eigin sannfæringu, skoðun sinni, og ef hann gerir það ekki, þá er hann að bregðast sinni þingskyldu. Ég vænti þess að hv. 3. þm. Reykv. hafi heyrt hvaða skoðun ég hef á þessu.

Þetta frv. er kannske nokkur prófsteinn á það, hvað málefnaleg afstaða er mikils virði hjá hv. þm. Þetta er prófsteinn á það — og ég tala þá kannske sérstaklega til minna flokksbræðra hér á Alþ. — hvort þeir láta stefnuskráratriði ráða, hvort þeir vilja framfylgja þeirri skoðun og þeirri stefnu, sem Sjálfstfl. hefur grundvallast á, eða hvort þeir vilja láta önnur hentistefnusjónarmið ráða, sjónarmið sem eru kannske bundin ímynduðum pólitískum hagsmunum í ákveðnum kjördæmum með tilliti til ákveðinna byggðarlaga eða jafnvel einstakra manna. Ég lít svo á að frv. þetta sé prófsteinn á það hvort málefnalegur bakfiskur er að einhverju marki í þm. sem um það koma til með að greiða atkv.

Hæstv. sjútvrh. gerði í sinni furðulegu ræðu áðan litla tilraun til að mæla fyrir þessu frv. Eins og ég sagði áðan sneri hann höfðinu á bak aftur og rakti sögu rækjudeilunnar við Húnaflóa, þrátt fyrir það að þá deilu ætti að leitast við eftir öllum ráðum að kveða niður og það ætti að vera ekki síst hans keppikefli sem æðsta yfirmanns þessara mála að bera klæði á vopn og hlutast til um það að friður takist með mönnum og byggðarlögum.

Ég hafði ekki ætlað mér að fara út í þessa deilu hér og tel það raunar mjög svo óviðeigandi. Ég vil þó ítreka það að sú deila hefur valdið miklum sárindum og er viðkvæm. Þegar slík deila kemur upp er a. m. k. hætta á því að hún nái yfir fleiri svið, og ég lít svo á að ef ekki hefði tekist að leysa þessa deilu og kveða hana niður, fá hana út úr heiminum, þá væri a. m. k. mikil hætta á því að á eftir mundi fylgja slóði vandræða á milli þeirra sveitarfélaga sem þarna eiga hlut að máli. Þess vegna einnig ætti það að vera höfuðkeppikefli okkar, sem teljumst fulltrúar þeirra byggðarlaga sem um er rætt, að haga svo okkar orðum að líkur megi verða til þess að sættir verði sem fyrst.

Ég tek það fram út af því samkomulagi, sem gert hefur verið og ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir, að ég tel mig hafa átt nokkurn hlut að því máli, en ég hef á þeim tíma sem þær sáttaumleitanir hafa staðið forðast að láta nokkur þau orð falla um þetta mál á opinberum vettvangi er gætu orðið til þess að skaða þá lausn sem nú er fengin. Ég tel að þótt lausnin sé fengin, þá sé það einnig og eigi að vera höfuðmarkmið þeirra manna, sem teljast fulltrúar þeirra byggðarlaga sem hér eiga hlut að máli, að vera ekki að óþörfu og af gráleik, eins og hæstv. sjútvrh. gerði hér, að rifja þær deilur upp sem staðið hafa.

Ég skal ekki svo fara frekar út í þau efni að neinu marki. Ég vil aðeins taka það fram út af þeirri upptalningu, sem hæstv. ráðh. lét hér fylgja um ýmis hagsmunamál blöndósinga, að þar var vitaskuld um að ræða hagsmunamál sem fulltrúar frá sveitarstjórn Blönduóshrepps voru að kynna fyrir sínum þm. og fyrir þeim hæstv. ráðh. sem þar sátu á fundi. Ég tel það alls óviðunandi að draga slík mál hér inn og reyna að gera það með háðulegum hætti, með því orðalagi sem hæstv. ráðh. valdi. Ég vil einnig láta það koma hér fram í sambandi við það, að hæstv. ráðh. sagði að afgr. hefðu verið með forgangshraði og utan við allar reglur tvö lán til blöndósinga eftir þennan fund, að eftir því sem ég veit best er þetta forgangshrað með þeim hætti að annað af þessum lánum hefur

ekki verið afgr. enn. Ég vænti þess, vegna þess að fundur mun vera hjá stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins í fyrramálið, að þetta forgangshrað verði þá með þeim hætti að stjórn Framkvæmdastofnunar sjái sér fært að afgr. nú þetta mál að þremur mánuðum liðnum, en um var að ræða 1 millj. kr. til tiltekins fyrirtækis. Ekki var það nú stórmál. En þetta sýnir m. a. að mál af þessu tagi eiga ekkert erindi í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, og það hefði hæstv. ráðh. átt að vita.

Ég vil einnig láta það koma fram út af þessari deilu, úr því hún var svo mjög borin hér á góma, að tilteknir aðilar, þ. e. a. s. þeir sem stóðu að Særúnu hf., og það fólk sem að meginhluta byggir það hérað sem hún reis upp í, og enn fremur mjög margir aðrir landsmenn töldu að brotinn hefði verið réttur á þeim aðilum sem þarna áttu hlut að máli. Ég lít einnig svo á að ef fólkið í landinu telur að brotinn sé á því réttur, jafnvel þótt finnist hæpinn lagastafur fyrir, sem ég efast um að sé í þessu tilviki, þá mun það ekki standast. Þessu hefur enda verið hnekkt með því samkomulagi sem gert hefur verið og ég þakka hæstv. ráðh. enn.

Ég ætla svo ekki, hæstv. forseti, að lengja umr. um þá mjög svo leiðu og sársaukafullu deilu sem staðið hefur við Húnaflóa. Ég tel að opinberar orðræður um það mál ætti að hafa í sem mestu hófi eftirleiðis. En ég ítreka það, að frv. það, sem hér er til umr., hefur það í för með sér að gefa ráðh. sjávarútvegsmála, hvort sem það er hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason eða einhverjir aðrir þeir sjútvrh. sem setjast í það sæti síðar meir, — gefa þeim tilefni og tækifæri til að gera upp á milli manna, gera upp á milli byggðarlaga og gera upp á milli fyrirtækja. Þetta frv. felur það í sér að hæstv. sjútvrh., hver svo sem hann er, fær þessar heimildir í hendur, og þeir hæstv. sjútvrh., sem eiga eftir að sitja í þeim stól, munu vitaskuld verða bundnir af mismunandi sjónarmiðum. Þeir munu taka mið af mismunandi sjónarmiðum, ímynduðum eða raunverulegum, pólitískum, persónulegum eða út frá byggðasjónarmiðum, allt eftir því hver þar á hlut að máli hverju sinni. Ég vil ekki gefa sjútvrh. eða sjútvrn. alfarið slíkt vald. Ég vil ekki ryðja þá braut að farið sé út í það að tiltekin rn. í stjórnarráðinu hér í Reykjavík fái vald til þess að segja fyrir um það við landslýðinn, hvort þessi eða hinn megi stofna fyrirtæki, hvort setja megi upp fyrirtæki á þessum stað eða öðrum eða hvort sjómenn megi landa afla sínum í þessari höfn eða hinni og selja afla til vinnslu hjá þessu fyrirtæki eða hinu. Þessa braut vil ég ekki ganga út á, og ég vara enn við því að þetta frv. verði samþ. til þess að opna þá slóð.

Svo að ég tali aðeins til flokksbræðra minna hér á hinu háa Alþ., þá hafa þeir nú í seinni tíð, eins og ég, oft talað um dreifingu valds í þjóðfélaginu. Þeir hafa talað um að miðstjórnarvald væri orðið mikið, þeir hafa talað um það að valdið hafi verið dregið saman í stjórnarráðsskrifstofunum hér í Reykjavík, þangað sé einnig safnað saman fjármagninu og þaðan sé deilt og drottnað yfir landslýðnum. Það frv., sem hér er á ferðinni, hefur ekki í för með sér mikla samþjöppun fjármagns í höfuðstöðvunum og það sýnist e. t. v. ekki við fyrsta yfirlit leggja þungan stein í byggingu þess mikla miðstjórnarvalds sem hér er risið. En þegar nánar er að gætt, þá er hér stefnt að því að flytja í tilteknum efnum óskorað vald yfir frelsi borgaranna á þessu sviði til einnar stjórnarráðsskrifstofu og til eins manns í þjóðfélaginu. Það stríðir því gersamlega gegn öllum kenningum Sjálfstæðisfl. um dreifingu valdsins. Það stríðir gegn þeim grundvallarsjónarmiðum að öðru leyti sem hann hefur byggt á. Og ég vænti þess, að enda þótt það sé hæstv. sjútvrh., sjálfstæðismaðurinn Matthías Bjarnason, sem flytur þetta frv., þá nái það ekki fram að ganga. Og ég leyfi mér að enda þessi orð mín á því að beina þeirri eindregnu ósk til hæstv. sjútvrh. að hann falli frá því að knýja þetta frv. fram hér á hinu háa Alþ. Það er vitaskuld alkunna að mörg stjórnarfrv. daga uppi og ekkert við því að segja, og það er vitaskuld ekkert vandara um fyrir þennan hæstv. ráðh., þótt frv. þetta dagi uppi, heldur en oft hefur verið fyrir ráðh. í íslenskri ríkisstj.

Ég skal ekki orðlengja þetta meir. Ég vænti þess að hv. þd. taki afstöðu og hver og einn hv. þm. taki afstöðu í samræmi við eigin skoðun, ekki af tilhliðrunarsemi við þá hæstv. ríkisstj., sem nú situr, vegna þess að um stjfrv. er að ræða, ekki af tilhliðrunarsemi við hæstv. ráðh. sem málið hefur flutt og ekki af neinum öðrum sjónarmiðum en þeim, sem þingsköp og stjórnarskrá ákveða að þm. skuli starfa eftir. Ég tel að þegar svo er vegið að frelsinu sem gert er með þessu frv., vegið að þeim almennu reglum sem gilda um skerðingu á frelsi einstaklinga og fyrirtækja, þá beri hverjum hv. þm. að skoða hug sinn vel áður en slíkt frv. er samþ. Þar á ofan virðist einsýnt, a. m. k. að mínum dómi, að frv. sé óþarft til þess að hafa hemil á þeim efnum sem því er þó ætlað að ná til. Þess vegna tel ég að sæmd Alþ. mundi vaxa að mun ef frv. þetta yrði fellt eða það látið daga uppi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, fsp. (þskj. 120). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 120 til félmrh. Spurt er um, hvað líði meðferð frv. til l. um breyt á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægis o. fl., sem Ed. Alþ. samþykkti 6. maí 1974 að vísa til ríkisstj. Þetta frv. gerir ráð fyrir að í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins komi nýr kafli er fjalli um íbúðarlán til eflingar byggðajafnvægi. Þar segir, að ríkisstj. geti ákveðið eftir beiðni viðkomandi sveitarstjórna sérstaka fyrirgreiðslu við húsbyggjendur í þeim héruðum landsins sem aðstoð-

ar er þörf til eflingar byggðajafnvægi í landinu.

Frv. þetta ákveður svo um form þeirrar aðstoðar sem veita skal, að ákvörðun um aðstoð eigi að gilda fyrir 4 ár í senn. Gert er ráð fyrir ákveðnu framkvæmdatímabili, hliðstætt því sem lög mæla nú fyrir um aðstoð úr Byggingarsjóði verkamanna, til að koma við skipulegum vinnubrögðum og áætlunargerð um að ná settum áfanga í húsbyggingum. Á þessu tímabili skal veita í viðkomandi sveitarfélag sams konar lán og veitt eru nú úr Byggingarsjóði ríkisins til íbúða, sem byggðar eru á vegum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar ríkisins í Breiðholti í Reykjavík. Þessi sérstöku íbúðarlán má veita öllum byggingaraðilum, bæði til byggingar eigin íbúða og leiguíbúða, hvort sem það eru einstaklingar, byggingarfélög eða viðkomandi sveitarfélög sjálf sem byggja.

Hin sérstaka aðstoð er fólgin í því, að lán þessi eru að upphæð 80% af byggingarkostnaði íbúða og eru til 33 ára, afborgunarlaus fyrstu 3 árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Hér er um að ræða miklum mun betri lán en hin almennu lán Byggingarsjóðs ríkisins. Þau lán eru nú ákveðin 1 millj. 60 þús. kr. á hverja íbúð, en nema naumast eða í mesta lagi um 20% af byggingarkostnaði meðalstórrar íbúðar og eru einungis til 25 ára með engum afborgunarfresti.

Til að mæta fjármagnsþörf Byggingarsjóðs ríkisins vegna þessara íbúðarlána til eflingar byggðajafnvægi er í frv. lögð sú skylda á Byggðasjóð að kaupa skuldabréf, sem veðdeild Landsbanka Íslands er heimilt að gefa út til öflunar fjár í Byggingarsjóð ríkisins. Ég tel, að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs verði ekki betur varið, miðað við tilgang sjóðsins, en að standa undir því sem sérstaklega er gert í húsnæðismálunum til eflingar byggðajafnvægi í landinu.

Þá felur þetta frv. í sér ákvæði um verðtryggingu þeirra íbúða, sem hin sérstöku lán til eflingar byggðajafnvægi eru veitt út á. Í frv. er að finna ákvæði varðandi þessa verðtryggingu.

Ákvæðin um þessi lán til eflingar byggðajafnvægi eru höfuðatriði þessa frv. Í frv. voru tvö önnur atriði, sem líka eru mikilvæg, en um annað efni. Annað varðar Byggingasjóð verkamanna. Þar er lagt til að breytt verði hlutfallinu milli framlags ríkisins og sveitarfélaga til Byggingarsjóðs verkamanna, sem hefur verið allt frá stofnun Byggingarsjóðs verkamanna þannig að ríkið hefur greitt helming framlags á móti helmingi frá sveitarfélögunum. Í frv. er lagt til, að þetta hlutfall breytist þannig að ríkið greiði ¾ á móti ¼. Loks var svo það ákvæði í þessu frv. að hin almennu lán Byggingarsjóðs ríkisins hækkuðu úr 800 þús. kr., sem þá var, í 1200 þús. kr. Þessar tölur eru orðnar úreltar núna og hin almennu lán Byggingarsjóðs ríkisins standa í 1 millj. og 60 þús. kr., eins og ég sagði áðan, en ættu miðað við þann grundvöll, sem miðað var við í frv. mínu, að vera núna um 2 millj. kr.

Ég rek þetta ekki frekar, en tel að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða, að það sé mjög áríðandi að ríkisstj. aðhafist eitthvað í þessum efnum, og því er fsp. mín fram borin.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hv. þm. spyrst fyrir um, var flutt af honum á tveim síðustu reglulegum þingum. 6. maí 1974 var því vísað til ríkisstj. Fyrrv. stjórn mun ekki á þeim tíma, sem hún átti þá eftir, hafa fjallað um frv., en eftir stjórnarskiptin hefur málið verið vandlega athugað í félmrn.

Ég tel að þær hugmyndir, sem fram koma í frv. og hv. þm. hefur rakið hér skilmerkilega, séu mjög athyglisverðar, þar sé um að ræða merkt framlag til byggðamálanna eða eins þáttar þeirra. Í grg. komst hv. flm. m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Efling byggðajafnvægis er í framkvæmd margslungið viðfangsefni. Ekki tjóar að láta til sín taka hluta vandamálsins. Venjulega þurfa að koma til samverkandi aðgerðir á ýmsum sviðum, svo sem á vettvangi samgöngumála, atvinnumála, skólamála, heilbrigðismála og félagsmála. Í allri viðleitni til eflingar byggðajafnvægi kreppir nú skórinn ekki síst að í húsnæðismálunum. Víða úti um land skortir nú íbúðarhúsnæði. Þetta á einkum við þróttmikla útgerðarstaði."

Í grg. frv. ræðir flm. einnig um það, að íbúðalán, sem veitt eru til þessara staða, þurfi að vera hærri og hagkvæmari en almennt gerist, og enn fremur, að ekki sé nægilegt að binda þessi sérstöku lán við byggingu leiguíbúða.

Eins og ég gat um þá hefur málið verið til skoðunar í félmrn. og hefur verið ákveðið að fá umsagnir um það frá húsnæðismálastjórn, frá stjórn Byggðasjóðs og mþn. um byggðamál eða byggðanefnd.

Varðandi það atriði frv. að hækka húsnæðismálalán og þær tölur, sem frv. fjallaði um, sem eru eins og hv. fyrirspyrjandi gat um nú orðnar úreltar, vil ég taka það fram að fyrir ríkisstj. liggja till. frá húsnæðismálastjórn um verulega hækkun húsnæðislána. Fjármögnun Byggingarsjóðs er til meðferðar hjá ríkisstj. og verður ákvörðun tekin mjög skjótlega. En varðandi meðferð sjálfs frv., sem hv. þm. spyrst fyrir um, þá hefur það verið til athugunar og nú ákveðið að fá umsögn þeirra þriggja aðila sem ég greindi.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Hann gat þess, að það væri ákveðið að vísa þessu frv. til umsagnar landshlutasamtaka og húsnæðismálastjórnar ríkisins. Mér þykir rétt að það komi hér fram, að n. sú, sem fjallaði um þetta mál, hv. félmn. Ed., vísaði þessu máli einmitt til umsagnar þessara aðila á síðasta þingi og umsagnir þessara aðila voru jákvæðar. Landshlutasamtökin — þau sem skiluðu áliti, að mig minnir 3 eða 4 — mæltu eindregið með samþykkt frv. Umsögn húsnæðismálastjórnar var mjög jákvæð. Mér sýnist því að það sé naumast ástæða til þess nú að eyða löngum tíma í að leita umsagnar þessara sömu aðila sem þegar hafa tjáð sig um frv. Það var einmitt með tilliti til umsagna þessara aðila, að ég hygg, að allir nm. í hv. félmn. voru sammála um að taka frv. þetta það alvarlega að vísa því til hæstv. ríkisstj. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða, að það var ekki gert af hv.

félmn. í þeim tilgangi að svæfa málið, heldur til þess að þoka því áfram.

Ég vil vonast til þess, að það verði ekki beðið lengi eftir þessum umsögnum, þannig að þessi meðferð málsins þurfi ekki að tefja framkvæmdir í málinu, og ég vil mega treysta því að hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. geri sitt til þess að eitthvað jákvætt komi út úr málinu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Aðeins út af því, sem fram kom í svari hæstv. ráðh., um að mþn. í byggðamálum mundi fá þetta mál til nánari umsagnar, þá er rétt að minna á það hér, að byggðanefndin svokallaða hafði þetta mál sérstaklega á sinni könnu í fyrra og um 1. lið þessa frv. var raunar flutt sjálfstætt frv. í Ed., þ. e. a. s. um sérstök örvunarlán úti á landsbyggðinni. Frv. dagaði uppi í þinglokin í fyrra, en það hefur verið ætlun mþn., að því er ég best veit, að endurflytja frv. í svipuðu formi og þá var gert, að vísu með hærri upphæðum en gert var ráð fyrir í því frv. Ég vona að það verði a. m. k. samkomulag um það nú eins og þá í byggðanefndinni að ná fram þeim millivegi sem við töldum þá vera mjög vel fært fyrir alla aðila að ganga að. Þarna var um að ræða 120 þús., minnir mig varðandi séraðstoð. Þessi upphæð hlýtur að hækka nú. En ég vona að byggðanefndin taki þannig á þessu máli — hún hefur ekki starfað alllengi — að hún fari þennan milliveg, a. m. k. hvað snertir þennan hluta frv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar þetta frv. var til meðferðar í allshn. Sþ. á síðasta reglulegu þingi, mun hafa verið leitað umsagnar aðila. Mér er ekki kunnugt um og ég hef ekki séð umsögn nema frá húsnæðismálastjórn, sem taldi frv. mjög athyglisvert, en þyrfti breytinga við. Niðurstaða allshn. varð sú, að hún mælti ekki með samþykkt frv., heldur með að vísa því til ríkisstj. til nánari athugunar.

Meðal þeirra mikilvægu atriða, sem hér þurfa vandlegrar skoðunar við, eru núgildandi lög um byggingu leiguíbúða fyrir sveitarfélög og svo hins vegar till. hv. þm. sem ganga að nokkru leyti í aðra átt þó að sami sé tilgangurinn. Það er ljóst, að þegar lög um leiguíbúðir sveitarfélaga voru settar vorið 1973, hafði ekki verið nægilega hugsað fyrir því, hvernig sú löggjöf félli að húsnæðismálakerfinu. Þess vegna hefur reynslan orðið sú, að þar hefur orðið nokkur árekstur milli annars vegar leiguíbúðakerfisins og hins vegar verkamannabústaðanna. Kunnugir menn telja, að það liggi þegar fyrir, að dregið hafi úr byggingu verkamannabústaða og áformum um slíka bústaði vegna laganna um leiguíbúðir sveitarfélaga. Margir þeir sem líta svo á að verkamannabústaðakerfið sé mjög æskileg og gagnleg leið, telja það miður farið. Þess vegna er það eitt af þeim verkefnum sem þarf að skoða vandlega. Frv. hv. þm. kemur einmitt mjög inn á þetta atriði, m. a. með því að sveitarfélögin þurfi ekki að leggja eins mikið fram til verkamannabústaða eins og nú er ákveðið í lögum. En m. a. er þetta mikið vandamál, sem þarf að skoða.

Ég vil ítreka, að ég tel frv. hv. þm. fela í sér mjög merkilegar ábendingar, merkilegar till. og flestar þeirra mjög til bóta ef lögfestar yrðu, en málið allt þarf nánari skoðunar við eins og ég tók fram.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta mál skuli hafa komið til umr. í dag, því að sannarlega er tímabært að ræða um húsnæðismál. Þetta er einn sá málaflokkur sem skiptir fólkið í landinu meginmáli, hvernig á er haldið á hverjum tíma. Það eru fjölmörg ákvæði í þessu frv. Þorvalds Garðars, hv. þm., sem eru mjög til bóta. Þó að e. t. v. séu þarna atriði sem gangi nokkuð langt, þá eru mörg þeirra svo mjög til bóta, að það er veruleg ástæða fyrir Alþ. og hæstv. ríkisstj. til að athuga þau nánar.

Það eru mörg fleiri atriði en fram koma í þessu frv. í löggjöf um húsnæðismál sem er ástæða til þess að gefa nánari gaum. Ég vil vekja sérstaka athygli á því misrétti sem skapast hefur á milli sveitarfélaga í dreifbýli og Reykjavíkur hvað varðar aðstöðu til byggingar leiguhúsnæðis. Það voru samþykkt lög á Alþ. fyrir ekki alllöngu um byggingu 1000 leiguíbúða, en þar var ekki farið að með sama hætti og þegar lög um Breiðholtsíbúðirnar voru samþ. Í lögum um þessar leiguíbúðir var einungis heimilað að ríkið legði fram 80% af byggingarkostnaði, í staðinn fyrir að um Breiðholtsleiguíbúðirnar gilti það, að ríkið var skyldað til að leggja fram 80% Enn fremur er rík ástæða til þess að ganga betur frá því að aðlaga lánakerfið nýjum byggingarháttum, þannig að það t. d. henti byggjendum einingahúsa betur en nú er, svo sem ég hef lagt til í þáltill. sem ég hef flutt hér á Alþ. um þetta efni. Ég fagna því að það er nokkur hreyfing á þessu máli.

Útfærsla landhelginnar, fsp. (þskj. 169). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Um þessar mundir beinist öll athygli manna að efnahagsmálunum og þeim mikla vanda sem blasir þar við. Það er gömul saga og ný, að þegar miklir efnahagsörðugleikar steðja að, þá þokast önnur vandamál eða viðfangsefni til hliðar, hverfa í skugga verðbólgunnar eða eru jafnvel ekki lengur á dagskrá. Þetta er sorgleg staðreynd fyrir alla þá sem stjórnmálum sinna, því að vitaskuld eru hin stjórnmálalegu úrlausnarefni miklu fleiri en hin endalausa glíma við verðbólgudrauginn.

Eitt er þó það viðfangsefni sem ekki má hverfa í skuggann eða víkja til hliðar, hvað sem öllu öðru líður. Það er landhelgismálið. Ríkisstj. lýsti því yfir í stjórnarsamningi sínum, að hún hygðist færa út landhelgina í 200 mílur á þessu ári, og hæstv. forsrh. hefur síðar staðfest að frá því stefnuatriði verði ekki hvikað. Undir það taka allir stuðningsmenn þessarar ríkisstj. og raunar að ég hygg allir landsmenn. Öllum er ljóst, að útfærslan er meira en yfirlýsingin ein. Hún krefst þrotlauss undirbúnings,

kynningar og sameiginlegs átaks. Þing og þjóð hefur áhuga á því og hefur rétt á því að fylgjast með öllum undirbúningi, kynnast rökum og gagnrökum og stíga sameiginlega það spor sem stigið verður á leið okkar til fullra yfirráða yfir 200 mílunum. Þess vegna er þessi fsp. fram borin, svo að hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstj. gefist tækifæri til að kynna þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar eða væntanlegar eru í þessu máli.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Áður en ég vík að svari við fsp. þykir mér rétt að ræða í örstuttu máli aðdragandann að þeirri ákvörðun, sem fyrir höndum er að taka.

Með lögum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44 frá 5. apríl 1948, sbr. l. nr. 45 frá 13. maí 1974, um breyt. á þeim l., var lagður grundvöllur að þeirri stefnu íslendinga, að allar veiðar á landgrunnshafinu umhverfis Ísland skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti. Jafnframt áttu íslendingar frumkvæði að því, að Sameinuðu þjóðirnar tóku hafréttarmálin til heildarmeðferðar á árinu 1949. Síðan hefur markvisst verið að því unnið að færa fiskveiðimörkin við Ísland út með hliðsjón af þróun þjóðaréttar.

Fyrsta hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin á árinu 1958. Þar náðist að vísu ekki endanlegt samkomulag, en mikið fylgi var þar við 12 mílna mörk. Einnig gekk ráðstefnan frá ályktun um að forgangsréttindi strandríkja, sem byggja afkomu sína á fiskveiðum, skyldu viðurkennd með samningum hlutaðeigandi þjóða. Sendinefnd Íslands tók fram við þá afgreiðslu, að slíkir samningar mundu aldrei geta komið í stað fiskveiðimarkanna sjálfra, enda þótt þeir gætu komið að gagni utan þeirra. Eftir þessa ráðstefnu voru mörkin við Ísland færð út í 12 mílur.

Önnur hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna var haldin árið 1960 og munaði þar aðeins einu atkv. að 12 mílna mörk væru staðfest. Ísland greiddi atkv. gegn slíkri afgreiðslu. Þau ríki, sem fylgjandi voru frekari útfærslu, gerðu sér grein fyrir því, að nægilegt fylgi á þriðju ráðstefnunni til útfærslu umfram 12 mílur mundi ekki fást fyrr en fjölmörg ný ríki hefðu bæst í hóp Sameinuðu þjóðanna.

Á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1970 var talið rétt að kveðja saman þriðju hafréttarráðstefnuna, en Ísland átti þá aðild að flutningi till. þess efnis. Undirbúningur ráðstefnunnar fór síðan fram og meðan á honum stóð færði Ísland út fiskveiðilögsögu sína í 50 mílur. Ráðstefnan hófst í New York haustið 1973 og hélt annan fund sinn í Caracas s. l. sumar. Þriðji fundurinn verður haldinn í Genf 17. mars til 10 maí n. k. og er nú ráðgert að ráðstefnan ljúki störfum sínum á þessu ári. Er nú svo komið, að mikið fylgi er fyrir allt að 200 mílna efnahagslögsögu á ráðstefnunni, og hefur þátttaka Íslands í henni verið miðuð við að fylgja því sjónarmiði fram til sigurs.

Þetta er sá alþjóðlegi rammi, sem mótaður hefur verið í hafréttarmálum. Mörg ríki hafa lýst því yfir að þau muni hvorki taka ákvörðun um útfærslu efnahagslögsögu sinnar í 200 sjómílur né tilkynna fyrirætlanir um hana fyrr en ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna er lokið.

Í stefnuyfirlýsingu sinni á síðasta ári lýsti ríkisstj. því yfir, að hún mundi færa efnahagslögsögu Íslands út í 200 sjómílur á árinu 1975. Þótt enn sé gengið út frá því, að hafréttarráðstefnunni ljúki á þessu ári, er það ekki fullvíst. Ákvörðun íslensku ríkisstj. um útfærslu í 200 mílur á árinu stendur óbreytt án tillits til þess, hvort ráðstefnunni lýkur fyrir árslok eða ekki. Hins vegar verður ekki gefin út tilkynning um það, hvenær útfærslan fer fram, fyrr en eftir 10. maí þegar fundum hafréttarráðstefnunnar í Genf lýkur. Voru menn sammála um þessa málsmeðferð á fundi í landhelgisnefnd sem í eiga sæti 4 ráðh. og fulltrúar þingflokka. N. hefur haldið einn fund í byrjun ársins og mun hittast aftur innan skamms.

Ég býst við því, að fyrirspyrjandi vilji fá svör um einstakar aðgerðir stjórnvalda til undirbúnings útfærslunni í 200 mílur. Þar er af mörgu að taka og vil ég með upptalningu nefna það helsta:

1. Pólitísk ákvörðun hefur verið tekin um að útfærslan verði á þessu ári.

2. Með hliðsjón af bráðabirgðasamkomulaginu við Breta, sem rennur út 13. nóv. 1975, og nýgerðu samkomulagi við Færeyinga, er líklegast að útfærslan verði á tímabilinu frá 10. maí til 13. nóv. 1975.

3. Ríkisstj. hefur kallað saman að nýju eða endurskipað landhelgisnefndina svonefndu, þar sem allir þingflokkar hafa samráð.

4. Íslenska sendinefndin á fundum hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf verður skipuð fulltrúum þingflokkanna og embættismönnum. Af hálfu Íslands hefur verið lögð á það áhersla frá upphafi, að íslendingar sjálfir geti hagnýtt alla fiskstofna sem eru innan 200 mílna markanna, að strandríkið sjálft verði að ákveða leyfilegt aflahámark og möguleika sína á að nýta það, að strandríkið kveði sjálft á um rétt annarra þjóða til fiskveiða innan lögsögunnar, svo og að úrskurður þriðja aðila komi ekki til greina varðandi þessi atriði.

5. Fiskifélag Íslands hefur unnið skýrslu um afrakstursgetu Íslandsmiða og afkastagetu fiskiskipastólsins, og Hafrannsóknastofnunin hefur unnið skýrslu um þol fiskstofna á svæðinu milli 50 og 200 sjómílna frá Íslandi. Þessi gögn, sem nú hafa verið útbúin, eru ómissandi við mat á hagsmunum okkar varðandi 200 mílurnar og verða lögð fram á fundi landhelgisnefndar sem haldinn verður næstu daga.

6. Í ráðuneytum og ríkisstofnunum er unnið alhliða að undirbúningi undir útfærsluna. Samkv. 18. gr. l. nr. 102 frá 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, skal láta endurskoða þau lög fyrir 31. des. 1975. Þessi endurskoðun er hafin og verður haft samráð við hagsmunaaðila og frv. um breyt. á l. lagt fyrir Alþ. á næsta vetri. Dómsmrn. hefur til athugunar eflingu Landhelgisgæslunnar vegna útfærslunnar. Í því sambandi beinist athyglin einkum að því að efla flugvélakost gæslunnar. Þá þarf einnig sérstaklega að koma upp fullkomnu staðsetningarkerfi fyrir flotann umhverf-

is landið. Eftir útgáfu reglugerðar um útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur er nauðsynlegt að breyta botnvörpuveiðalögunum, nr. 102 frá 1973, til að fastákveða að ákvæði laganna, þ. á m. um veiðiheimildir, veiðitakmarkanir, leyfakerfi og viðurlög við brotum, taki í heild til allrar hinnar nýju 200 mílna lögsögu.

7. Ákvörðun íslensku ríkisstj. um 200 mílna útfærslu efnahagslögsögunnar 1975 hefur verið kynnt á margvíslegan hátt á erlendum vettvangi. Á fundum hafréttarráðstefnunnar og í undirbúningsnefnd hennar hefur um árabil verið haft stöðugt samband við aðrar þjóðir, bæði þær sem sammála eru sjónarmiðum íslendinga og aðrar. Nauðsynlegt er að ræða sérstaklega við fulltrúa dana, norðmanna og breta vegna afmörkunar gagnvart Færeyjum, Grænlandi, Jan Mayen og Rockall. Ákvörðun um formlegar viðræður út af útfærslunni hefur ekki verið tekin. Ráðamönnum margra ríkja hefur verið gerð sérstök grein fyrir útfærslunni. T. d. hefur mér gefist kostur á því í viðræðum við aðila í Bandaríkjunum og Kanada og á fundi forsrh. Norðurlanda. Ákvörðun um útfærslu hefur verið kynnt í Norðurlandaráði, Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, innan Atlantshafsbandalagsins, í Evrópuráðinu og annars staðar þar sem það á við í alþjóðasamtökum sem Ísland er aðili að.

Hans G. Andersen sendiherra er nýlega kominn af fundi í svonefndri Evensen-nefnd, þar sem rætt var um gang mála á hafréttarráðstefnunni. Í þeirri n. starfa formenn sendinefnda 25 ríkja á hafréttarráðstefnunni. Fulltrúarnir eru úr öllum heimsálfum, þ. á m. frá Bandaríkjunum, Sovétríkjunum, Kína, Frakklandi og Bretlandi. Í þessari n. kom fram sjónarmið allra ríkjahópa til hafréttarmálefna. Starf hennar miðar að því að móta grundvöll undir heildarsamkomulag. Á nýafstöðnum fundi í New York var aðallega fjallað um efnahagslögsöguna og reynt að ná samkomulagi um 200 mílna efnahagslögsögu. Ráðgert er, að þessi n. hittist daglega á meðan hafréttarráðstefnan situr á fundum í Genf.

Ég hef hér stiklað á stóru til að gefa nokkra hugmynd um, í hvaða farveg aðgerðir stjórnvalda til undirbúnings útfærslu á íslenskri lögsögu í 200 sjómílur hafa farið. Að því er stefnt að allar hliðar þessa lífshagsmunamáls okkar verði sem best kannaðar inn á við og kynntar út á við áður en útfærsludagurinn rennur upp.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið. Það er ljóst af skýrslu hans, að ríkisstj. hefur ekki setið auðum höndum og ýmislegt gert til þess að kanna og kynna þetta mikla og mikilvæga mál allrar íslensku þjóðarinnar. Ég fjölyrði ekki frekar um skýrslu hans, sem ber sjálfri sér best vitni, en mér þykir mest vert í þá yfirlýsingu hæstv. forsrh. að tilkynning um útfærsluna muni verða gefin út á tímabilinu frá 10. maí til 13. nóv. Þetta hefur reyndar komið fram áður, en ég hygg, að það sé í fyrsta skipti sem það er staðfest hér á hinu háa Alþ. Mér þykja þetta þess vegna vera góð tíðindi.

Hlutafélög og verðlagsmál, fsp. (þskj. 169). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Fsp. mín hljóðar svo með leyfi forseta:

„Hvað líður endurskoðun a) hlutafélagalöggjafar, b) verðlagsmála?“

Þessi fsp. eða fyrirspurnir eru samtvinnaðar að því leyti, að þær snerta báðar umbætur á sviði viðskiptamála. Núv. hlutafélagalöggjöf er mjög komin til ára sinna og hefur enda verið í endurskoðun nú um nokkurt skeið. Flestum er ljóst að gildandi löggjöf er gölluð og götótt og nútímalegri hlutafélagalöggjöf er forsenda heppilegri viðskiptahátta. Þetta rekstrarform hefur verið misnotað, bæði hvað snertir aðild og höfuðstól félaga, og sú misnotkun hefur rýrt gildi og traust hlutafélaga almennt. Bætt löggjöf er þar af leiðandi keppikefli allra þeirra sem unna heiðarlegu viðskiptalífi.

Síðari hluti fsp. fjallar um verðlagsmál. Núv. ríkisstj. lýsti því yfir í stjórnarsamningi sínum, að verðlagsmál yrðu tekin til endurskoðunar, og engin launung er á því, að þar er um að ræða eitt mesta áhugamál margra, sem að þessari ríkisstj. standa, að verðlagsmálin séu tekin föstum tökum.

Hvað svo sem segja má um fyrirkomulag verðlagsmála í dag, þá hafa augu flestra opnast fyrir því, að það verðlagskerfi þjónar afar takmörkuðum tilgangi frá hvaða sjónarhóli sem litið er og fer ég ekki mörgum orðum þar um, enda nokkuð viðurkennt. Það, sem skiptir máli, er að ríkisstj. hefur nú lýst vilja sínum til að taka þessi mál til endurskoðunar, og þess vegna er óskað eftir upplýsingum um, hvað gert hafi verið til að hrinda þessu loforði í framkvæmd.

Íslensk verslunarstétt hefur löngum verið umdeild. Um hana hafa leikið pólitískir stormar og verslunarmenn hafa orðið bitbein stjórnmálalegra átaka án þess að hafa sjálfir þar miklu um ráðið. Staðreyndin er nefnilega sú, að þeir sem einstaklingar eða stétt hafa goldið þess kerfis og þeirra reglna sem verslunin í landinu hefur búið við. Ósanngjörn álagning og óeðlilegir verslunarhættir eru sjaldnast fyrir tilverknað verslunarinnar sjálfrar, heldur vegna þess verðlagskerfis og viðskiptahamla sem stéttin og þessi atvinnugrein hefur þurft að sætta sig við. Það er ósk þeirra, sem við viðskiptamál fást, og allra þeirra, sem stuðla vilja að heiðarlegum og heppilegum viðskiptaháttum, að að þessari endurskoðun verði kappsamlega unnið.

Þegar verðlags- og viðskiptamál ber hér á góma á hinu háa Alþ., þá þykir mér rétt að vekja athygli á því alvarlega ástandi sem nú ríkir í innflutningsverslun okkar. Verslunarstéttin hefur vegna gengisfellingarinnar orðið fyrir þungum búsifjum. Í hvert skipti sem gengi íslensku krónunnar er fellt rýrnar álagning og eigið fé verslunarinnar. Slíkum kjaraskerðingum hefur verslunarstéttin reynt að mæta eins og aðrar stéttir þessa lands. En ástandið er verra en þetta. Nú er svo komið, að gjaldeyrisyfirfærslur vegna vörukaupa fást ekki afgreiddar í bönkum nema að mjög takmörkuðu leyti og má nánast segja að innflutningsverslun sé að mestu leyti stöðvuð nema á þeim vöru-

tegundum sem taldar eru sjálfsagt brýnastar. Þessi stöðvun hefur vitaskuld leitt til þess, að stjórir hópar skrifstofufólks, afgreiðslumanna, bifreiðastjóra og annars almenns verslunarfólks sitja verkefnalausir og fyrirtæki verða að sjálfsögðu ekki rekin með eðlilegum hætti né heldur að þau geti staðið undir rekstrarkostnaði frá degi til dags ef svo heldur áfram, og því miður er farið að bera á uppsögnum og samdrætti. Nú er það í sjálfu sér skiljanleg ráðstöfun með hliðsjón af ástandinu í gjaldeyrismálum, að settar séu einhverjar skorður við gjaldeyrisnotkun. Það er á hinn bóginn óviðunandi ástand að fá engar upplýsingar um, hvort hér sé um varanlegar aðgerðir að ræða, hvort yfirfærslur fáist til að leysa út vörur á næstunni eða hvort einhverjar frekari ráðstafanir séu í uppsiglingu. Eins og er ríkir fullkomin óvissa, en sú óvissa er mjög bagaleg, svo að ekki sé meira sagt. Það væri vel þegið, ef hæstv. ráðh. gæti vegna þeirrar fsp., sem hér er borin fram, veitt einhverjar upplýsingar um væntanlega framvindu í þessum málum sem ég hef hér gert að umtalsefni.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég svara fyrst fyrri lið fsp., sem hljóðar svo: „Hvað líður endurskoðun hlutafélagalöggjafar?“

Hinn 2. mars 1972 fól viðskrn. Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara að semja drög að frv. til l. um hlutafélög. Með honum hefur unnið Gylfi Knudsen lögfræðingur í viðskrn. Á miðju sumri 1973 voru frumdrög að frv. til l. um hlutafélög tilbúin, en þó án grg. Með bréfi, dags. 16. ágúst 1973, voru drög þessi send ýmsum embættum, stofnunum og samtökum stétta- og atvinnulífs til umsagnar, og munu a. m. k. hafa verið 16 aðilar eða stofnanir og fyrirsvarsmenn samtaka sem fengu þessar fsp., og hef ég lista yfir hverjir það voru. Ég sé ekki ástæðu til að lesa hann upp. En vorið 1974 höfðu borist umsagnir um drög þessi frá eftirtöldum aðilum, það eru þeir aðilar sem hafa svarað fsp.: frá Lögmannafélagi Íslands, Félagi löggiltra endurskoðenda, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Verslunarráði Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands. En umsagnir frá fleiri aðilum en ég nefndi nú hafa ekki borist hingað til og berast væntanlega ekki úr þessu.

Í þeim umsögnum, sem bárust, komu fram ýmsar aths. og það hefur verið unnið að því að kanna og vinna úr þeim aths. og endurskoða áðurnefnd frumdrög m. a. með hliðsjón af þeim og svo að því að taka saman grg. Ég vil vona, að þessu verki miði svo áfram að það verði hægt að sýna frv. um þetta efni á þessu þingi. En ég geri mér engar vonir um að það verði hægt að gera svo tímanlega, að slíkt frv. verði afgreitt á þinginu, enda er þetta frv. þess eðlis að það er að mínum dómi ákjósanlegt, að það liggi fyrir fleiri þingum og þm. fái tækifæri til þess að skoða það allvel.

Þá er það síðari liður fsp. um hvað líði löggjöf um verðlagsmál.

Þegar núv. ríkisstj. kom til valda, lýsti hún því yfir, að undirbúin yrði ný löggjöf um verðmyndun, viðskiptahætti og verðgæslu. Nokkur undirbúningur að slíkri löggjöf er hafinn. Hefur sú undirbúningsvinna, sem þar er um að ræða, fyrst og fremst verið unnin á vegum viðskrn. En um leið vil ég geta þess, að um síðustu áramót urðu starfsmannaskipti á verðlagsskrifstofunni, nýr verðlagsstjóri, Georg Ólafsson, tók þá til starfa og með honum nýr skrifstofustjóri, Gunnar Þorsteinsson. Ég hef falið þessum mönnum að athuga vandlega allar starfsreglur verðlagseftirlitsins, sérstaklega með það fyrir augum að af því geti orðið sem mest not fyrir neytendur. Áður en þeir tóku til starfa, fengu þeir tækifæri til þess að kynna sér framkvæmd þessara mála hjá nágrannaþjóðum. En ég vil taka það skýrt fram vegna mishermis, sem komið hefur fram í blöðum, að þessum mönnum hefur alls ekki verið falið að semja frv. að nýrri löggjöf um verðlagsmál. Áður en gengið verður frá frv. um þau efni, sem nefnd eru í stjórnarsáttmálanum, verður að sjálfsögðu haft samráð við þá aðila sem í málefnasamningi ríkisstj. segir, en ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvernig því samráði verði fyrir komið, hvort það verður skipuð n. í þetta mál eða það verður unnið að því með öðrum hætti. Það langt er málið ekki komið.

Á þessu stigi er þess vegna ekki hægt að segja um það, hvenær frv. um þetta efni verður lagt fyrir Alþ., enda er ekkert í málefnasamningnum sem segir að þetta skuli gert á þessu þingi. Hins vegar verður unnið að þessum málum án ástæðulausrar tafar, en þar er margt sem þarf athugunar við.

Þá hef ég svarað fsp. þeim, sem hv. 11. þm. Reykv. hafði lagt hér fram. En hann vék í máli sínu að því, hvernig háttað væri gjaldeyrisyfirfærslu. Um þau mál er það að segja, að af illri nauðsyn hefur orðið að breyta nokkuð um starfshætti í framkvæmd þeirra mála frá því sem áður var. Þó er það svo, að æ fleiri vörum hefur verið bætt á þann lista sem algerlega sömu afgreiðslureglur gilda um og áður hafa gert, þ. e. a. s. umsóknir eru afgreiddar í gjaldeyrisdeildum bankanna með sama hætti og áður var. Um margar vörur er hins vegar þannig háttað, að það verður að senda inn umsókn sem fer til sérstakrar athugunar hjá sameiginlegri n. sem skipuð er af bönkunum og viðskrn. Vegna ástandsins í gjaldeyrismálum hefur í mörgum þessara tilfella orðið bið á því að hægt væri að afgreiða samstundis slíkar umsóknir, heldur hefur verið talið nauðsynlegt að skoða þær og meta í því sambandi hver nauðsyn væri á skjótri afgreiðslu. Þetta fyrirkomulag er þó ekki til frambúðar og ég geri ráð fyrir því, að það verði innan skamms eða innan viku eða svo reynt að setja skýrari reglur um þetta en beint er í reglugerðinni. Að sjálfsögðu hefur þessi háttur verið nauðsynlegur eins og ég sagði, en jafnframt hafa menn viljað reyna að átta sig á því, hver framvindan yrði í þessum málum á þeim tíma, sem þannig hefur liðið að segja má að nokkur seinkun hafi orðið á yfirfærslum. Ég vil nú vona, að með tilliti til þess að í mörgum tilfellum voru ríflegar vörubirgðir fyrir hendi, þá hafi þetta ekki komið að sök, enda hygg ég að það hafi

verið haldið þannig á þessum málum af gjaldeyrisnefnd þeirri, sem ég nefndi áðan ef kalla má hana því nafni, það er ekki formleg nefnd, þá hafi verið litið á nauðsyn í hverju tilviki og leyst úr eftir því sem unnt var, ef um verulega brýna og aðkallandi nauðsyn hefur verið að ræða. — Ég endurtek, að þess má vænta, að innan skamms verði settar skýrar reglur um þetta efni sem verði þá birtar.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. svör hans. Eins og fram kom í svarinu hefur verið unnið nokkuð lengi að endurskoðun á hlutafélagalöggjöfinni eða allt frá því 1972, þegar Benedikt Sigurjónsson hrl. og núv. hæstaréttardómari fékk það verkefni í hendur. Mér er ljóst að þetta er vandasamt verk og þarf nokkra yfirlegu, en ég hygg þó að það sé orðið nokkurrar óþreyju vart á þessum vettvangi og biðin orðin nokkuð löng eftir að þetta endurskoðaða frv. sjái dagsins ljós. Hæstv. ráðh. gerði sér vonir um að hægt væri að sýna frv. á þessu þingi og ég fagna því vegna þess að ég og við sjálfsagt báðir erum sammála um nauðsyn þess að þessari löggjöf verði breytt hið allra fyrsta.

Varðandi verðlagsmálin kemur fram í svari ráðh. að nokkur undirbúningsvinna hefur verið lögð af mörkum, en ekki enn þá búið að skipa n. til þess að endurskoða verðlagsmálin í heild sinni, eins og um er getið í málefnasamningi ríkisstj. Það er rétt, að ekki er tekið fram að endurskoðað frv. verði lagt fram á þessu þingi, og hafði ég ekki heldur gert ráð fyrir því. Engu að síður er áríðandi að nota tímann vel og hefjast þegar handa því að þetta mál er geysiviðamikið og viðkvæmt og þarf að hafa fullt samráð við sem flesta aðila, þannig að ekki rísi upp pólitískar deilur um það þegar það er lagt fram. En ég er sannfærður um að ef rétt er á málum haldið og mönnum er komið í réttan skilning um þörfina á breytingu á verðlagsmálunum, þá ætti að geta náðst sæmilegt samkomulag um slíkar breytingar. Ég hvet því hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. eindregið til þess að hraða þessum málum eftir því sem kostur er.

Hæstv. ráðh. vék nokkuð að ummælum mínum varðandi það ástand sem nú ríkir í innflutningsversluninni. Mér er fullkomlega ljóst af hvaða ástæðum það ástand varir, og ég geri ráð fyrir því, að flestir, sem hlut eiga að máli og hagsmuna hafa að gæta, sætti sig a. m. k. við það ástand í bili, enda sé þeim þá gerð grein fyrir því og fullvissaðir um að þetta sé bráðabirgðaástand sem lagist jafnskjótt og úr rætist almennt í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Mér þykir vænt um að heyra að innan viku verði settar skýrari reglur um hvað fram undan sé varðandi heimildir til gjaldeyrisyfirfærslu vegna þess að kvartanir mínar og annarra, sem með þessu hafa fylgst, beinast fyrst og fremst að þeirri óvissu sem ríkir. Það er ekki með velþóknun gert að fyrirtæki segi upp fólki eða þurfi að grípa til samdráttar í sínum viðskiptum. Það er sannarlega ósk þessarar atvinnustéttar að hún geti áfram unnið ötullega að sínum verkefnum. En það er auðvitað afar slæmt og bagalegt að gera ráðstafanir, gera áætlanir fram í tímann, þegar óvissan er slík sem raun ber vitni um í dag. Það er sem sagt upplýst nú að um þetta verði settar skýrari reglur innan viku, og það eru ágæt tíðindi svo langt sem þau ná.

Staðarval ríkisstofnana, fsp. (þskj. 169). — Ein umr.

Jón Skaftason: Herra forseti. Á þskj. 169 hefur frú Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir, sem sat hér fyrir áramót sem varamaður minn, beint svofelldri fsp. til hæstv. forsrh.:

„Hvað líður störfum n. þeirrar, er skipuð var af ríkisstj. 25. apríl 1972 til þess að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar koma helst til greina í þeim efnum, og hvenær er till. hennar að vænta?“

Fsp. er skýr og ég vænti þess, að við henni fáist góð svör.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í tilefni þessarar fsp. sneri forsrn. sér til Ólafs Ragnars Grímssonar, sem er formaður n. þeirrar sem hefur þetta verkefni með höndum, og hefur hann ritað rn. eftirfarandi bréf sem svar við fsp., sem ég leyfi mér að lesa hér upp:

„Nefndin hefur lokið gagnasöfnun og mótað till. sínar í meginatriðum. N. hefur kynnt sér rúmlega 200 opinberar stofnanir og tekið 140 þeirra til sérstakrar athugunar. Síðustu mánuði hefur verið unnið að samningu nál. sem verður í tveimur meginhlutum. Í fyrri hluta álitsins verður fjallað um þróun stjórnkerfisins, gerð grein fyrir viðhorfum til ýmissa meginatriða, sem snerta flutning ríkisstofnana, og lýst till. n. í höfuðatriðum með tilliti til a) heildarflutnings, útibúaflutnings og deildaflutnings ríkisstofnana, b) tegunda starfsemi og landshlutaaðseturs. Í síðari hluta álitsins verða grg. um einstakar stofnanir og önnur fskj.

Þessa dagana er verið að vélrita álitið og mun n. taka það innan tíðar til lokaumfjöllunar. Áformað er að n. ljúki störfum í næsta mánuði“ — segir hér, en bréfið er skrifað 3. febr. s. l. svo að hún mun ljúka störfum í þessum mánuði, en fsp. er, eins og kunnugt er, orðin allgömul. Síðan heldur bréfið áfram: „Fulltrúar n. munu, áður en lokaumfjöllun um álitið fer fram, ræða við fáeina aðila, m. a. forustumenn þriggja landshlutasamtaka til að kanna frekar viðhorf þeirra til nokkurra efnisatriða.

F. h. nefndarinnar,
Ólafur Ragnar Grímsson, formaður.“

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Þau bera með sér að n. þessi hefur unnið talsvert undirbúningsstarf í sambandi við það verkefni sem henni var falið. En á hitt ber að líta, að nú eru nærri því 3 ár liðin frá því að þessi n. var skipuð, á tímum vinstri stjórnarinnar svokölluðu. Ef ég man rétt mun eitthvað hafa verið í málefnasamningi þeirrar stjórnar um að dreifa ríkisstofnunum meira um landið en verið hefur til þessa. Að

sjálfsögðu skil ég það að n. þurfi nokkuð mikinn tíma til þess að athuga þetta flókna mál, og e. t. v. má afsaka þann langa drátt á því að hún skili áliti með eðli verkefnisins. Ég veit ekki hvort það er óviðurkvæmilegt að spyrja um það hvort hæstv. núv. ríkisstj. sé svipaðrar skoðunar og ég tel að ég muni rétt að hafi komið fram í málefnasamningi fyrrv. ríkisstj., að ástæða sé til að athuga um staðsetningu ýmissa opinberra stofnana og æskilegt sé, út frá þjóðfélagslegum hagsmunum, að dreifa þeim um landið meira en gert hefur verið til þessa.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Málefni það, sem hér um ræðir, hefur ekki verið rætt svo ítarlega innan ríkisstj. að ástæða sé til að gefa sérstakar yfirlýsingar um það hér eða svara fsp. hv. þm. með öðrum hætti en þeim, að þegar álit þessarar stofnanan. svokölluðu liggur fyrir mun auðvitað verða tekin afstaða til málsins í einstökum atriðum og það skilst mér að sé meginatriðið.

Lánveitingar úr Byggðasjóði, fsp. (þskj. 261). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 261 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um lánveitingar úr Byggðasjóði. Fsp. er í tveim liðum sem hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„a. Hverjar voru heildarlánveitingar úr Byggðasjóði árin 1972, 1973 og 1974?

b. Hvernig skiptust þær á kjördæmi?“

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í tilefni þessarar fsp. hef ég aflað mér upplýsinga frá Byggðasjóði um samþykkt lána úr sjóðnum 1972—1974, skipt á kjördæmi, og er skýrsla þessi dags. 5. febr. 1975. Hef ég gert ráðstafanir til þess að henni verði útbýtt hér meðal þm. En samkv. ósk fyrirspyrjanda vil ég greina frá efni málsins.

1972 eru samþykkt 52 lán til Vesturlands að upphæð 58 millj. 553 þús. kr., til Vestfjarða 68 lán að upphæð 85 millj. 148 þús. kr., til Norðurl. v. 44 lán að upphæð 48 millj. 736 þús. kr., til Norðurl. e. 80 lán að upphæð 91 millj. 258 þús. kr., til Austfjarða 91 lán að upphæð 101 millj. 443 þús. kr., til Suðurlands 34 lán 43 millj. 355 þús kr., til Reykjaness 44 lán að upphæð 35 millj. 840 þús. kr. og til Reykjavíkur 19 lán 16 millj. 65 þús. kr. Samtals eru samþykkt lán úr Byggðasjóði 432 talsins að upphæð 480 millj. 398 þús. kr. árið 1972.

Árið 1973 eru samþykkt 49 lán til Vesturlands að upphæð 44 millj. 396 þús., til Vestfjarða 76 lán að upphæð 59 millj. 678 þús. kr., til Norðurl. v. 40 lán að upphæð 51 millj. 109 þús. kr., til Norðurl e. 64 lán að upphæð 70 millj. 89 þús. kr., til Austfjarða 74 lán að upphæð 89 millj. 421 þús. kr., til Suðurlands 29 lán að upphæð 26 millj. 832 þús. kr., til Reykjaness 3 lán að upphæð 10 millj. 280 þús. kr., til Reykjavíkur 4 lán að upphæð 5 millj. 535 þús. kr. Samtals eru samþykkt lán úr Byggðasjóði árið 1973 þannig 339 talsins að upphæð 357 millj. 340 þús. kr.

1974 eru samþykkt lán úr Byggðasjóði til Vesturlands 79 lán 139 millj. 242 þús. kr., til Vestfjarða 82 lán að upphæð 115 millj. 92 þús. kr., til Norðurl. v. 48 lán að upphæð 76 millj. 57 þús. kr., til Norðurl. e. 89 lán að upphæð 123 millj. 858 þús. kr., til Austfjarða 97 lán að upphæð 125 millj. 223 þús. kr., til Suðurlands 42 lán að upphæð 58 millj. 417 þús. kr., til Reykjaness 3 lán að upphæð 22 millj. 910 þús. kr. og til Reykjavíkur eitt lán að upphæð 1 millj. kr. Samtals eru þetta 441 samþykkt lán úr Byggðasjóði á árinu 1974 að upphæð 661 millj. 799 þús. kr.

Samtala þessara lána 1972—1974, — ég greini þau ekki eftir kjördæmum þar sem menn fá skýrslu þessa í hendur — eru samtals 1212 lán að upphæð 1 milljarður 499 millj. 537 þús. kr.

Fyrirspyrjandi (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. mjög vel fyrir þá skýrslu, sem hann hefur flutt um lánveitingar úr Byggðasjóði á árunum 1972, 1973 og 1974.

Ég reikna með því að fleiri alþm. en ég hafi orðið þess varir að nokkuð mikið umtal hefur verið manna á meðal, a. m. k. víða um land um lánveitingar úr þessum sjóði sem er tiltölulega fjársterkur og verður væntanlega fjársterkari í framtíðinni en hann er nú, og ekki sýnist öllum það sama um réttmæti lánveitinganna, þ. e. a. s. hvert þær hafa gengið. Ég tel því mikils virði að hið sanna um þessar lánveitingar komi í ljós og allur almenningur eigi þess kost að sjá umrædda skýrslu, sem hæstv. ráðh. las hér upp áðan, svo að hann geti sjálfur dæmt um á hvað miklum réttlætisgrundvelli þessar lánveitingar hafa verið framkvæmdar á undanförnum árum.

Ég er að vísu í þessum stól ekki í neinni aðstöðu til þess að fara í þetta í smáatriðum, en þó þarf ekki mjög kunnáttusaman mann, sem hefur þekkingu á starfsreglum stjórnar Byggðasjóðs, til þess að sjá að við þessar lánveitingar hefur að verulegu marki gætt kjördæmaáhrifa þeirra manna sem stjórnað hafa þessum sjóði, auk þess sem reglur sjóðsins í sumum atriðum eru þess eðlis að þær hljóta að leiða til svipaðrar niðurstöðu og hér er upplýst að hafi orðið um þessar lánveitingar.

Ég er þm. þess kjördæmis þar sem einna mest hefur verið talað um lánveitingar úr Byggðasjóði, og það hefur brunnið á mönnum þar að á því svæði landsins, sem e. t. v. hvað best hefur verið að gera út á undanförnum árum, hefur verið harðbannað eða svo til alveg bannað að lána nokkuð til endurnýjunar bátaflota suðurnesjamanna, þeirra gömlu og fræknu sjósóknara, með þeim afleiðingum að bátaflotinn á Suðurnesjum er nú sá elsti sem til er í landinu. Þetta hafa menn átt erfitt með að sætta sig við, og ég tel að svo mikil rök sé hægt að færa fyrir því, að breyting verði að verða á þessari stefnu hjá stjórn Byggðasjóðs, að um það þurfi ekki að fara löngu máli, enda hef ég fregnað að nú sé komin fram till. í stjórn Byggðasjóðs um að breyta til í þessum efnum. Fagna ég henni þó að hún sé nokkuð seint fram komin.

Það er ekki tími til þess að fara nákvæmlega út í þessi mál, eins og ég sagði, í fsp.-tíma.

En ég er þakklátur hæstv. ráðh. fyrir að gefa hv. Alþ. þessa skýrslu, og ég vænti þess að hún verði til þess að upplýsa ýmsar spurningar sem uppi hafa verið um þessi mál manna á meðal, svo að menn viti nú hið rétta og sanna í þessum efnum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er auðvitað rétt, sem hv. 4. þm. Reykn. Jón Skaftason, tók fram, að hann er ekki í neinni aðstöðu til þess í þessum stól að dæma um eðli þessara lánveitinga. Til þess þyrfti hann vitanlega að kynna sér alla málavexti. Ég hygg að ég geti talað af reynslu, a. m. k. fullyrði ég það hér og nú, að það er út í hött að álíta að lánveitingar úr Byggðasjóði beri merki kjördæmasjónarmiða þeirra manna sem hafa átt sæti í stjórn Byggðasjóðsins. Ég hygg að það, sem fyrst og fremst megi út úr þessu lesa, séu ástæður landshlutanna eins og þær hafa verið á hverjum tíma, hvar þörfin hefur verið mest. Af sjálfu leiðir að þangað hefur auðvitað mest fjármagn runnið.

En varðandi það, sem hann ræddi um Reykjaneskjördæmi, þá er, eins og hann tók fram, Byggðasjóður stofnaður til jafnvægis í byggð landsins, stofnaður í framhaldi af byggingu álversins í Straumsvík. Beinlínis eru aðaltekjur hans markaðar skattgreiðslur frá álverinu til þess að bæta öðrum landshlutum upp það sem mönnum þótti kjördæmi þetta njóta góðs umfram þau vegna byggingar þeirrar stóriðju. Þetta er skýrt markað í lögum sjóðsins og þarf engum að koma á óvart, ekki heldur reyknesingum sjálfum. Þetta hljóta þm. þeirra að hafa upplýst þá um frá upphafi, hvert sé eðli og tilgangur Byggðasjóðsins sjálfs.

Vissulega má lesa út úr niðurstöðum þessara lánveitinga að til þeirra kjördæma, þar sem sjávarútvegur er mest stundaður, hafa lánveitingar flestar farið og mest fjármagn, af því að Byggðasjóður hefur fyrst og fremst fjármagnað sjávarútveginn, skipakaup og uppbyggingu við sjávarsíðuna. Skýringin á t. d. því, hvers vegna Norðurl. v. er sýnu lægra en ýmis önnur kjördæmi, liggur m. a. í þessu. Sú regla hefur verið í Byggðasjóðnum, og mynduð vegna eðli sjóðsins og laga, sem um hann eru, að lánveitingar yrðu ekki til Reykjaness eða Reykjavíkur. — Ég er alveg að ljúka máli mínu, herra forseti. — Hins vegar er þetta ekki ný regla, sem var upp fundin við stofnun Byggðasjóðsins, heldur hafði hún gilt á tímum Atvinnujöfnunarsjóðsins á sinni tíð. En það hefur sýnt sig að reglan vegna nýbyggingar og endurnýjunar skipa hefur ekki staðist að því leyti, að það hefur ævinlega brostið í böndunum sú ákvörðun að ekki væri heimilt að lána til þessa svæðis, fyrst þegar Atvinnujöfnunarsjóðurinn var starfandi á árunum 1964 og 1965 og einnig nú hjá Byggðasjóði, enda hefur Byggðasjóður tekið upp núna nýja viðmiðunarreglu. Að vísu skal það fram tekið að engin sjálfvirkni er í neinum reglum þar og verður ekki viðhöfð, en ný viðmiðunarregla hefur verið tekin upp varðandi nýbyggingar skipa innanlands og endurbætur skipa sem fara fram innanlands, að þessi landshluti og allt landið njóti í þessu efni fyrirgreiðslu Byggðasjóðs.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það hefur hingað til ekki þótt góð pólitík að svelta mjólkurkúna, og ég held að sá upplestur, sem hér var áðan, beri greinilega með sér að þetta næstfjölmennasta kjördæmi landsins, Reykjaneskjördæmi, er algerlega sett hjá við ákvarðanir um lán úr Byggðasjóði. Þetta er ekki í lagasetningunni, vegna þess að þetta er gamli Atvinnujöfnunarsjóðurinn, og það er ekki tekið þar fram að Reykjaneskjördæmi og Reykjavík skuli vera út undan, hins vegar eigi að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, það er rétt. Ég get ekki litið þannig á, að alþm. hafi ætlast til þess að það ætti að svelta menn út úr Reykjaneskjördæmi með aðgerðum opinberra stjórnvalda. Eins og við vitum kemur megnið af tekjum Byggðasjóðs úr Reykjaneskjördæmi og Reykjavík, fyrst og fremst vegna þess að þarna eru flestir gjaldendurnir og í öðru lagi vegna þess að Byggðasjóður hefur sínar megintekjur af álverinu í Straumsvík. Nú er svo komið að útgerðin á Suðurnesjum sker sig í raun og veru úr í landinu. Það er kannske ekki vegna þess að hún hafi ekki getað fengið þessi 5%, sem Byggðasjóður veitir sem viðbótarlán, heldur er það einnig vegna þess að Byggðasjóður knýr á með lán úr öðrum lánastofnunum, enda sýnir það sig, ef maður athugar aðra sjóði líka, að fjárfestingarsjóðirnir lána gjarnan meira í önnur kjördæmi en í Reykjaneskjördæmi. Að sjálfsögðu þurfti að rétta við atvinnufyrirtækin víða úti um landið, en ég held því fram og ég held að það sé rétt, að atvinnufyrirtæki séu einna fæst í landinu einmitt í Reykjaneskjördæmi. Það mun hafa verið í Norðurl. v. þar til nú nýlega, að þar er einnig komið það langt áleiðis, að nú munu vera einna fæst atvinnufyrirtæki í þessu næststærsta kjördæmi landsins.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að það væri alveg sérstök ástæða til þess að gleðjast yfir því að upplýsa um lán úr Byggðasjóði. En svo vill til að Byggðasjóður er áreiðanlega eini lánasjóðurinn, sem ég veit um hér í landinu, sem árlega birtir allar lánveitingar úr sjóðnum. Þessar lánveitingar eru skráðar á sérstaka skrá sem fylgir ársskýrslum Framkvæmdastofnunar ríkisins sem alltaf er dreift hér á hv. Alþ. Ég tel þetta mjög góða reglu og átti þátt í að stuðla að því að svona væri farið að, vegna þess að þessi sjóður er á þann veg öðru vísi en aðrir lánasjóðir að hann starfar ekki eftir almennum lánareglum, heldur er honum ætlað samkv. lögum að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

Á árunum 1950—1972 var 46% meðalfólksfjölgun í landinu. Á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu varð á sama tíma 78% fjölgun, þannig að það svæði hefur tekið til sín um 83% af fólksfjölguninni í landinu á þessum tíma. Byggðasjóði er einmitt ætlað að reyna að sporna gegn þeirri geysilegu röskun sem orðið hefur á byggðinni í landinu á undanförnum áratugum. Þess

vegna er auðvitað eðlilegt og fullkomlega rökrétt að lán úr sjóðnum beinist til þeirra landssvæða sem harðast hafa orðið úti í þessum efnum. Það má auðvitað deila um þessi efni fram og til baka, en varðandi bátaflotann eða skipaflotann í Reykjaneskjördæmi vildi ég upplýsa það, að það kemur æðioft fyrir að skip utan af landi, sem hafa notið lána úr Byggðasjóði áður, eru seld síðan til Reykjanessvæðisins og þá er venja að lánin fylgja með. Í þeim tilfellum má segja að um óbeinar lánveitingar sé að ræða til þessa svæðis. En ef Byggðasjóður á að breyta til í þessum efnum, þá verður að breyta lögum. Þá verður að breyta grundvellinum, sem Byggðasjóður starfar eftir og í meginatriðum er sá, eins og ég tók fram áðan, að reyna að sporna gegn þeirri miklu röskun, sem hefur átt sér stað á búsetu manna í landinu á s. l. áratugum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Í tilefni af þeirri fróðlegu skýrslu, sem nú hefur verið útbýtt um lánveitingar úr Byggðasjóði, vil ég aðeins undirstrika það, að það er staðreynd, sem ekki verður í móti mælt, að lánveitingar bæði þessa sjóðs og annarra fjárfestingarsjóða verða til þess að nú eru skip í Reykjaneskjördæmi með mestan meðalaldur á landinu. Sú endurnýjun, sem þar hefur farið fram, hefur að mestu leyti verið í því fólgin að Reykjaneskjördæmi hefur tekist að kaupa eitt og eitt gamalt skip utan af landsbyggðinni. Og ég vil algerlega mótmæla því, sem hv. 3. þm. Austf. og framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunar sagði, að Reykjaneskjördæmi njóti svo góðs af álverinu að þess vegna sé engin þörf á að byggja upp, skilst manni, skipastól þar með svipuðum hætti og annars staðar. Ég sé ekki hvernig Grindavík, Sandgerði, Keflavík, Hafnir eða Vogar — þessir staðir njóti sérstaklega góðs af álverinu. Ég held að þessir staðir hafi ekki heldur notið góðs af návistinni við Keflavíkurflugvöll, heldur sé þar um harða samkeppni að ræða. Nú lítur helst út fyrir að hinn forni atvinnurekstur á Suðurnesjum, sjósóknin, eigi í meiri vök að verjast en nokkru sinni fyrr, m. a. vegna þessara furðulegu ákvæða um að ekki megi lána úr Byggðasjóði til endurnýjunar eða til skipakaupa í Reykjaneskjördæmi.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil mótmæla þeim fullyrðingum hv. síðasta ræðumanns og raunar fleiri þm. Reykn. að Reykjaneskjördæmi eða íbúar þess njóti einhverra lakari kjara eða fyrirgreiðslu í öðrum stofnlánasjóðum en Byggðasjóði. Þetta er algerlega út í hött. Ég skora á þessa hv. þm. að nefna eitt einasta dæmi þess, að það hafi verið mismunað eftir kjördæmum í hinum almennu fjárfestingarlánasjóðum.

Ég vil minna á það, að í 29. gr. l. um Framkvæmdastofnun ríkisins segir: „Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 8. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“ Ég sé enga ástæðu til þess að breyta þessu ákvæði laganna. Ef Reykjaneskjördæmi er að verða svona ólífvænlegt þá fellur það alveg undir hlutverk Byggðasjóðs og þá verður að snúa blaðinu algjörlega við og veita helst lán á það svæði sem á við mesta erfiðleika að etja og vaxandi fólksflótta. En mér finnst aftur að þróun íbúatölu í þessu kjördæmi sé með öðrum hætti en þeim sem þeir þm. Reykn., sem hér hafa tekið til máls vilja vera láta, því að á árinu 1940 er Reykjaneskjördæmi fámennasta kjördæmi landsins með 7.67% af þjóðinni, þá er Reykjavík með 31.45%. En árið 1972 liggur við að mannfjöldi í Reykjaneskjördæmi hafi þrefaldast, því að þá er það komið með 19.43%, en Reykjavík hefur þá aðeins bætt við sig 8.4%, svo að það verður að segja um framþróunina í Reykjaneskjördæmi, að þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Af svari hæstv. forsrh. við þessari fsp. verður náttúrlega ekki ráðið annað en það að Reykjaneskjördæmi hefur verið afskipt í lánveitingum Byggðasjóðs. Ég get ekki séð að það sé rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Tómasi Árnasyni, að það þurfi að breyta lögum til þess að reglum um úthlutun lána úr Byggðasjóði verði breytt. 29. gr. í l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem vitnað var hér til, bannar alls ekki að lánveitingar úr Byggðasjóði renni til Reykjaneskjördæmis eða Reykjavíkur. Hins vegar er það sérstæða ákvæði í lok gr. sem segir, að það eigi að taka tillit til þess að lífvænlegar byggðir fari ekki í eyði. Ég skil að vísu ekki það orðalag, að lífvænleg byggð geti farið í eyði. En það er rétt að það komi fram, að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur þegar breytt þessum reglum og hún gerir það einfaldlega vegna þess að menn sjá nú að það hefur ekki verið gætt réttlætis í úthlutun úr Byggðasjóði. Þar hefur hreinlega verið mismunað, eins og ég hef reyndar heyrt suma segja, að hafi verið tilgangurinn með stofnun Byggðasjóðs, það var að mismuna. En reglunum hefur verið breytt núna. Það hefur verið fallið frá þeirri reglu, sem fylgt hefur verið, að lána ekki á svæðið frá Þorlákshöfn til Akraness, þar eð lán til nýsmíði fiskiskipa nær til allra landshluta og eins lán til endurbóta á fiskiskipum. Þetta er breyting sem þegar hefur verið gerð og hún var sjálfsögð.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það mun hafa verið ég sem var að tæpa á því að þetta hefði e. t. v. áhrif á útlánastarfsemi annarra sjóða, og ég ætla nú að gefa svolitla skýringu á því hvað ég átti við.

Ég sá það nýlega í blaði, að 10 þús. manna kjördæmi hafði fengið 30% af útlánum eins fjárfestingarlánasjóðsins, en 40 þús. manna kjördæmi hafði fengið 10—11%. Þetta var nú ástæðan til þess að ég gat um þetta, enda hefur maður nú heyrt að Byggðasjóður beinlínis geri það að skilyrði fyrir lánveitingu að lán séu fengin úr öðrum sjóðum, og þetta verður náttúrlega óbeinlínis til þess að ýta undir lánastarfsemi þeirra sjóða á þessi svæði.

Ég er á því, að það þurfi ekkert að breyta reglum eða lögum Byggðasjóðs því að þetta er alveg rétt, að enda þótt fyrir 20—30 árum kunni ástandið að hafa verið svo mjög æskilegt og atvinnuöryggi að koma í Reykjaneskjördæmi, þá held ég að því sé ekki til að dreifa nú. Og það er ekki nokkur vafi á því, að ef við eigum fyrir höndum núna erfiðleika í atvinnu, þá kemur það fyrst niður hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu, þannig að jafnvel með óbreyttum reglum Byggðasjóðs, þá held ég að til þess að viðhalda jafnvægi í byggð landsins verði að fara að lána á þessi svæði.

Ég vil endurtaka að það er álit mitt að útgerðin á Suðurnesjum og endurnýjun skipastólsins hefur stórlega liðið fyrir þetta fyrirkomulag, sem reyndar er ekki lagafyrirmæli, heldur mun vera reglugerðaratriði, beinlínis að lána ekki í þetta kjördæmi, það hafi komið mjög hart niður og séu sérstaklega að koma í ljós núna alveg óvæntir og geysimiklir örðugleikar, m. a. vegna þess að úti um landsbyggðina hefur Byggðasjóður lánað mjög verulega til hraðfrystihúsbygginga. Það hefur ekki verið gert á Reykjanessvæðinu, með afleiðingum sem nú eru að koma í ljós og eru mjög alvarlegar .

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er dálítið sérkennilegt að heyra í þessum Suðurnesjakór, og vantar nú ekkert nema fjmrh. og er hann þó sagður þeirra lagvissastur.

Sérkennilegt var að heyra til hv. 3. þm. Reykn. og hv. 5. þm. Reykn., því að báðir sneru þeir með ómerkilegum hætti út úr reglum og þeim orðum sem hafa fallið í þessu sambandi. 5. þm. Reykn. þóttist hafa heyrt að tilgangur sjóðsins væri að mismuna (**Gripið fram í:** Hefur þm. ekki heyrt það líka?) Ég veit hvað hv. þm. á við, en hann sneri út úr þeim orðum, sem þá voru sögð, og var gefin skýring á því, þannig að það er óþarft fyrir hann eftir þá útskýringu að hlaupa með það í hið háa Alþ.

Ég taldi ekki í mínum fáu orðum að reyknesingar hefðu það svo gott vegna álverksmiðjunnar að þyrfti ekki endurnýjunar við á skipastól þeirra. Þetta lá ekkert í mínum orðum. Og það er alveg óþarft fyrir hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, að beina því til mín að ég vilji fylgja fram þeirri stefnu að reyknesingar nái ekki vopnum sínum í þessum efnum, vegna þess að ég hygg að aðrir geti staðfest það, að ég hef einna harðast beitt mér fyrir breytingu í þessu efni. Og hún hefur reyndar náð fram — það gerðist í morgun — sú breyting, að sú viðmiðun verði ekki lengur hjá Byggðasjóði að lána ekki til nýbyggingar skipa innanlands og endurbygginga á svæði frá Þorlákshöfn og að Akranesi. Þessi ákvörðun hefur verið tekin. Hitt er alveg ljóst mál, að þeir, sem Byggðasjóði stjórna, fara eftir þeim reglum, sem honum eru settar, *og eðli málsins vegna hljóta að skoða hug sinn* mjög vandlega áður en þeir fara að beina nokkru fjármagni, sem máli skiptir, inn á það svæði. Það vil ég að hv. þm. Reykn. festi sér í minni.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, það sem ég ætlaði að spyrja um, vegna þess að á sínum tíma var það samþykkt — stjórnarsamþykkt gegn mótmælum frá fulltrúa Alþfl. í stjórninni — að draga línuna Þorlákshöfn-Akranes og veita ekki inn á það svæði sem lægi vestan þessarar línu, þ. e. a. s. Reykjavík og Reykjanes. Hann upplýsir núna að stjórn Framkvæmdasjóðs hafi breytt þessu í morgun, að því er mér skilst, og ég vil fagna því. Þótt það sé ekki að öllu leyti dregið til baka, *er það viss þáttur, sem er kannske* sá stærsti varðandi Reykjanes, og þetta er mergurinn málsins.

En það er líka annað, sem er mikilvægt í þessu, að þegar ríkissjóður fer að leggja Byggðasjóði til mörg hundruð millj., þá er Alþ. að úthluta vaxandi upphæðum frá sér og setja að vísu í hendur manna sem eru kjörnir hér á Alþ., en við fylgjumst síðan sáralítið með. Og það mun vera staðreynd að það hefur gerst á þessum vetri oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, að stjórn Byggðasjóðs hafi orðið að senda í skyndingu fjármagn til að hjálpa vissum þáttum atvinnulífsins fyrir vestan og norðan, en engar sérstakar greinargerðir komu um það nánar. Ég veit ekki hvort nægileg trygging er fyrir hendi á einn eða annan veg, en þessum lánveitingum úr Byggðasjóði hefur fylgt að aðrir sjóðir væru píndir um leið. Ég tel að það sé rétt að gera grein fyrir slíkri lánstilhögun á Alþ. alveg hreinlega. Og ég vil þakka hv. þm. Tómasi Árnasyni fyrir það, að hann hefur stuðlað að því að öll lánin séu birt og þessi fsp. hefði raunverulega ekki þurft að koma hér fram, vegna þess að allir, sem halda til haga skýrslu Framkvæmdastofnunarinnar, gátu flett upp og séð yfirlit yfir þetta allt saman, *hverjir hafa fengið lánin* og til hverra hluta. Þetta er mjög þakkarvert atriði.

En það er gamalt deilumál hér á Alþ., hvernig á að fjalla um fjármagn til Reykjavíkur og Reykjanesumdæmis, og mun sennilega lengi verða. En aðalatriðið er að ég tel það heilbrigt mat hjá stjórn Framkvæmdastofnunar núna að lána til nýsmíði skipa hvar sem vera skal á landinu. Það er ekki hægt að svelta einn þátt sérstaklega eða tvo stóra staði, eins og Reykjavík er og Reykjanes, varðandi þennan þátt. Það er ekki hægt til lengdar. Það kemur í ljós, að hin gamla samþykkt stenst ekki þegar á reynir.

Gils Guðmundsson: Sverrir Hermannsson, hv. alþm. og „kommissar“ með meiru, skýrði frá því að hinum frægu reglum um það að ekki megi lána til skipakaupa í Reykjaneskjördæmi, hefði verið breytt. Þetta er að sjálfsögðu þakkarvert. Hins vegar bætti hann því við, að sitt álit væri það að þetta ætti í rauninni engu að breyta, þó að reglunum hefði verið breytt, það ætti alls ekki að lána til Reykjaneskjördæmis. Það þótti mér heldur miður, ef ég hef skilið hann rétt, að þetta eigi ekki að breyta neinu um gang mála.

Hæstv. sjútvrh. fór nánast háðulegum orðum um það að við bæði Reykjanesþm. og mér skildist útgerðarmenn af Reykjanesi værum að kveina og kvarta í sambandi við lán úr Byggðasjóði og jafnvel öðrum fjárfestingarsjóðum. En ég vil aðeins spyrja hann einnar spurningar: Telur hæstv. ráðh. eðlilegt, að endurnýjun skipastóls í þessu kjördæmi hefur að mjög óverulegu leyti

átt sér stað, og er hann ekki tilbúinn að stuðla að því að reyknesingar geti endurnýjað skipastól sinn, þar sem ljóst er að hann er nú eldri og að mörgu leyti úreltari en víðast hvar, jafnvel alls staðar annars staðar á landinu?

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það var aðeins í lok þessarar umr. að ég vildi vekja athygli á því hversu fróðlegar þær hafa verið fyrir ýmissa hluta sakir.

Hér hafa menn brigslað hver öðrum um mismunun í úthlutun á fjármagni Byggðasjóðs. Fyrirspyrjandi fullyrti nánast að fjármagninu hefði verið úthlutað með hliðsjón af því úr hvaða kjördæmum stjórnarmenn og embættismenn þessarar stofnunar væru. Annar ræðumaður kom og fullyrti að tilgangurinn hefði beinlínis verið sá að mismuna.

Hins vegar hafa „kommissararnir" hv. hlaupið hingað ótt og títt upp í ræðustólinn og tekið til varnar, enda eru þeir orðnir það samvaxnir, að þeir hlaupa stundum báðir í einu þegar öðrum er gefið orðið, og eru orðnir svo samgrónir þessari stofnun, að nýskipaðir „kommissarar" eru farnir að verja ráðstafanir og aðgerðir þessarar stofnunar langt aftur í tímann og er það alveg óþarfi. Ég legg engan dóm á það hver hefur rétt fyrir sér í þessum umr., enda er nokkur vandi að átta sig á því, ekki hvort mismunun hafi farið fram, heldur hvernig hún hafi farið fram.

Hins vegar sanna þessar umr. eitt. Þær sanna það að pólitísku valdi fylgir alltaf mismunun eða a. m. k. liggur sá grunur á að þar sé um mismunun og misnotkun að ræða. Þess vegna kemur það engum á óvart hvers vegna menn sækjast svo fast eftir því að komast í stjórn og komast í embætti hjá þessum stofnunum, og mætti draga ýmsa lærdóma af því.

Nú hefur enn verið hækkað framlag til Byggðasjóðs upp í 900 millj. kr. og við skulum ímynda okkur þann slag sem upphefst á næsta ári og á þinginu næsta vetur þegar menn fara að kljást um það og deila um hvernig því fjármagni hafi verið úthlutað.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að þessar umr. hafa sannað með áþreifanlegum hætti, að það þarf að breyta þessari stofnun og breyta því fyrirkomulagi sem þarna ríkir. Stjórnin á að vera skipuð þm., það er út af fyrir sig eðlilegt og enginn hefur mótmælt því, en það er ótækt, að til viðbótar sé verið að ráða pólitíska „kommissara", vegna þess að það veldur því, að úlfaþytur og ágreiningur verði áfram um það hvernig þessu fjármagni er úthlutað. Við eigum að reyna að hefja úthlutun þessa fjármagns, ef það á annað borð á að vera þarna fyrir hendi, upp yfir pólitískar deilur og slíkt þras sem hér hefur rutt sér stað.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er með hálfum huga að maður þorir að kveðja sér hljóðs eftir ræðu þá sem hv. þm. var að ljúka við. Ég vil upplýsa það — auðvitað væri mjög fróðlegt að ræða miklu meira um þessi mál en unnt er að gera á örstuttum tíma — en ég vil upplýsa það að Byggðasjóður starfar þannig að það koma inn lánsbeiðnir frá þeim aðilum, sem sækja um lán úr Byggðasjóði, og þessar lánsbeiðnir eru teknar og athugaðar af stofnuninni að sjálfsögðu. Ég verð að mótmæla því alfarið, sem hv. síðasti ræðumaður var að gefa í skyn hér áðan, að það væri um mismunun að ræða í þessum efnum. (Gripið fram í.) Og ég álít að hann hafi enga aðstöðu til þess á neinn hátt að fullyrða slíkt sem þetta, enda hefur hann enga tilraun gert til þess að rökstyðja það. Hann getur litið á lánveitingarnar. Þær liggja fyrir í skýrslum, og ef hann telur að um sérstaka mismunun sé að ræða í þessum efnum sem ekki byggist á eðlilegum forsendum, þá verður hann að gera grein fyrir því ef hann heldur því fram opinberlega.

Varðandi þetta málefni vil ég víkja aðeins að hv. þm. úr Reykjaneskjördæmi. Það eru fleiri málefni en Byggðasjóður sem geta komið til álita þegar verið er að ræða um einstök kjördæmi. Það er eins og t. d. það, að það eru lög í landinu, að 25% af skattgjaldi af álbræðslu renni til eins sveitarfélags í Reykjaneskjördæmi, til Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þetta er geysileg upphæð. Ég veit ekki hverju þessi upphæð mun hafa numið á síðasta ári. Hún gæti numið 50 millj. kr. Ég er ekki alveg viss um það. Það kemur auðvitað margt til álita þegar farið er að ræða um einstök kjördæmi, einstök sveitarfélög og einstök landssvæði og ekki hægt að gera slíku máli skil í örfáum orðum hér á hv. Alþ. En ég vil mótmæla því sem hér hefur komið fram, að það hafi átt sér stað einhver sérstök pólitísk mismunun í sambandi við starfsemi Byggðasjóðs.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. sagðist vera því sammála að það væri þingkjörin stjórn í Framkvæmdastofnun ríkisins, eins og verið hefur frá byrjun, en væri því ekki sammála að það væru „kommissarar" sem veittu lánin. Þingkjörin stjórn hefur afgr. hvert einasta lán. „Kommissararnir" hafa enga heimild til þes að afgr. lán. Hann sagðist skilja núna, þessi hv. þm., hvers vegna menn sæktust svo eftir því að komast í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar. En ég held að ég sé líka farinn að skilja hvers vegna menn sem ekki komast í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar eru orðnir svona reiðir.

Hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, spurði mig sem sjútvrh. hvort ég vildi ekki stuðla að endurnýjun bátaflotans á Suðurnesjum. Vitaskuld vil ég stuðla að endurnýjun bátaflotans á Suðurnesjum. Og ef þessi hv. þm. Reykn. hefur ekki vitað það, þá hef ég greitt atkv. í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar með lánum til bátasmíða á Suðurnesjum og m. a. til tveggja togara sem fengu nákvæmlega sömu fyrirgreiðslu og aðrir togarar í landinu. Ég vona, að þetta megi verða til þess að hugga hinn hnuggna Suðurnesjakór sem hér hefur sungið í dag.

Ég vil að síðustu benda á það í sambandi við samþ. lána úr Byggðasjóði 1972—1974, að þá voru lán í Reykjaneskjördæmi 44 fyrsta árið eða 35.8 millj. kr. En næsta ár á eftir, 1973, færðust þau niður í 3 lán og 1974 3 lán. Hverjir réðu Byggðasjóði þá? Hverjir höfðu meiri hl. í Byggðasjóði þá? Það voru fulltrúar vinstri flokkanna. Hvað sagði þá hluti af þessum Reykjaneskór?

Ekkert einasta orð, nema Jón Árm. Héðinsson og Jón Skaftason hafa minnst á þetta einu sinni á ári, rétt eftir að ársskýrslan hefur verið gefin út.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða það sem hefur áður skeð í Framkvæmdastofnuninni, það hafa aðrir gert. En hv. þm. Jón Árm. Héðinsson var að tala um að það væri óviðeigandi að setja skilyrði um að aðrir sjóðir láni einnig ef Framkvæmdastofnunin gerir það. Ég verð að segja það að það er undir ýmsu komið hvort það er réttmætt. Það getur verið mjög réttmætt varðandi fyrirtæki, sem þarf á mikilli fyrirgreiðslu að halda og stendur ekki allt of vel, að t. d. viðskiptabankinn hjálpi eitthvað til, að Atvinnuleysistryggingasjóður geri eitthvað og að Byggðasjóður og/eða Framkvæmdasjóður láni einnig eitthvað.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði hér áðan, að ríkissjóður úthlutar Byggðasjóði miklum fjármunum. Alþ. á þess vegna rétt á því að fylgjast með hvernig þessu fé er varið. Þar á ekkert að vera á huldu. Og það á ekkert að gerast í því sambandi sem ekki þolir dagsins ljós.

Hv. þm. Ellert B. Schram sagði áðan að það mætti nærri geta hvernig slagurinn yrði á næsta þingi þegar rifist verður um hvernig þessum miklu fjármunum hefur verið úthlutað á þessu ári. Ég er ekkert hræddur um að það verði slagur um það, vegna þess að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, sem nú situr, — ég hef ekki orðið var við annað, það eru aðeins 3 fundir sem hafa verið haldnir núna — hún hefur verið sammála um allt sem hefur verið afgr. Mín skoðun er sú, að þegar menn sitja í kringum borðið og afgreiða lánin, þá séu menn sammála um að gera það á réttlátan hátt. Takist það verður ekkert rifrildi um það hvernig úthlutunin hefur farið fram á árinu 1975.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það kom fram í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar áðan að hann skildi ekki það orðalag í lögum um Byggðasjóð, að lífvænlegar byggðir gætu farið í eyði. Það er kannske vegna þess að hv. þm. hefur lítið ferðast um Vestfirðina, en þar man ég lífvænlegar byggðir sem nú þegar eru komnar í eyði. Og það er einmitt tilgangur sjóðsins að koma í veg fyrir það að byggðir, sem með vissum aðgerðum geta verið lífvænlegar, leggist í eyði, og það var einmitt vegna þess að það hafði verið sparað að gefa mjólkurkúnni sem hv. 2. þm. Reykn. minntist á hér í umr. áðan. Með þeirri stefnu sem Byggðasjóður hefur rekið hefur einmitt mjólkurkýrin verið grædd aftur. Og ég tel að ef sú stefna heldur ekki áfram og ef sú stefna hefði ekki verið uppi að veita þessu tiltölulega mest í þau héruð sem mest hafa átt í vök að verjast, þá hefðum við aðra þjóðfélagsmynd í dag heldur en þá sem við höfum núna. Ég tel að sú þjóðfélagsmynd og sú uppbygging, sem hefur orðið úti um land á liðnum árum, sé að verulegu leyti að þakka þeirri stefnu og þeim lánveitingum sem hafa farið fram í gegnum Byggðasjóð, og ég vænti þess að þeirri stefnu verði í meginatriðum haldið áfram.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það var talað um það að það vantaði aðeins einn reyknesing í þann kór sem hér væri búinn að syngja, en sá væri lagvissastur. Hvort sem það er rétt eða ekki, vildi ég mjög gjarnan vera í þeim kór og ég er hissa á nafna mínum Bjarnasyni, þ. e. a. s. á hans orðum áðan og viðkvæmni, að í eitt skipti skyldu reyknesingar koma hér upp og tala, en það skyldu ekki vera vestfirðingar sem væru syngjandi hér alla daga vikunnar. Hann varð að mér fannst, afbrýðisamur og fór að fetta fingur út í þetta. En ég veit að umr. um þetta mál eru senn á enda, svo að þeir fara sjálfsagt að komast að, vestfirðingarnir. Hann vakti réttilega athygli á því hvað gerst hefur í sambandi við lánveitingar Byggðasjóðs á s. l. árum og vildi vekja athygli á því, að þeir þm., sem þá voru stjórnarþm., hefðu þá ekkert haft við þær lánveitingar að athuga. Ég vil gjarnan leiðrétta það og segja að við reiknesingar höfum alla tíð staðið saman í baráttunni um að fá þessum reglum breytt og ég er mjög ánægður að heyra að svo er nú komið. Þá vil ég líka láta í ljós þakkir mínar til þeirra þm. sem setið hafa í stjórn Byggðasjóðs og hafa þar ekki viljað lúta þeirri reglu sem sett var í upphafi árs 1973 varðandi lánveitingar til Reykjaneskjördæmis og Reykjavíkur, og er þar á meðal nafni minn, sjútvrh., enda þótt hann sé ekki mjög ánægður með það sem hefur fram komið í sambandi við þessar umr.

Að lokum vildi ég mega leiðrétta ummæli í sambandi við skattgjaldið sem Hafnarfjarðarkaupstaður hefur vegna álversins, 25%. Það er til að mæta öðrum skattstofnum sem ekki eru lagðir á það fyrirtæki í Hafnarfirði, fasteignagjöldum og aðstöðugjöldum. Ég held að ef sá útreikningur yrði gerður, færi Hafnarfjörður heldur verr út úr því með því gjaldi sem hann hefur í dag en ef hann eins og aðrir kaupstaðir fengi að leggja á fasteignagjöld og aðstöðugjöld.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég leyfði mér í sakleysi mínu áðan að draga athygli manna að kjarna þessarar umr., sem væri sem sagt sá, að hér væri verið að deila um það hvernig fjármagni Byggðasjóðs væri úthlutað og að því væri haldið fram að hér ætti sér stað mismunun. Ég sagðist engan dóm leggja á það hver hefði rétt fyrir sér í því, þannig að það er óþarfi hjá hv. 4. þm. Austf. að mótmæla einhverjum ímynduðum orðum mínum um það, að ég hefði fullyrt að hér væri um einhverja mismunun að ræða. Ég get staðið við það sem ég sagði áðan og ég held því fram og gerði það áðan að pólitísku valdi fylgi alltaf mismunun eða sá grunur liggi á að mismunun sé fyrir hendi, og við þessa skoðun mína mun ég standa. Hvort þessu fé hafi verið útdeilt með réttlátum hætti eða ekki legg ég engan dóm á, en því hefur verið haldið fram í þessum umr. af öðrum en mér að um mismunun sé að ræða

Hæstv. sjútvrh. gefur í skyn að ég og einhverjir aðrir hafi haft áhuga á því að setjast í stjórn þessarar stofnunar. (Gripið fram í.) Ég tek það ekki til mín. En hins vegar hefur þessi

sami hæstv. ráðh. lagt svo mikið kapp á að komast í þá stjórn, að eftir að hann hefur tekið við embætti ráðh. hefur hann lagt áherslu á að fá að sitja áfram í stjórninni, og það er það óvanalega í þessu máli. Ég læt svo menn ráða í það hvers vegna hann sækir það svo fast. (Gripið fram í.) Það geta fleiri svarað fyrir sig.

Ég vil síðan segja það, að ég er feginn því ef það er komið svo gott samkomulag í stjórninni að öll úthlutun sé réttlát að allir hafi bara kvakað yfir því í stjórninni, og ekkert nema gott um það að segja. En ég er þeirrar skoðunar, að um leið og ég vil að þingkjörin stjórn sé yfir þessari stofnun meðan hún er til, — ég vona að hún verði lögð niður fljótlega, þá eigi sú stjórn ekki að vera að úthluta hverju einstöku láni. Hún á að hafa yfirstjórn og leggja meginlínurnar, en síðan eiga að vera embættismenn, ópólitískir framkvæmdastjórar, sem sjá um einstök afgreiðslumál og hefja þau yfir pólitískar deilur, þannig að það sé ekki eftirsóknarvert af þm. eða stjórnmálamönnum að taka þær stöður að sér til þess að úthluta þessu fé.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki heyrt allar þær umr. sem fram hafa farið um þetta mál nú á þsssum fundi. Mér þykir rétt að ítreka það, sem að vísu hefur að nokkru komið fram áður, að Byggðasjóður, sem nú starfar, tók við af Atvinnujöfnunarsjóðnum sem stofnaður var með lögum á síðasta áratug. Atvinnujöfnunarsjóðurinn var stofnaður til þess að vera til mótvægis við seguláhrifin sem af álverinu í Straumsvík við Hafnarfjörð mundu stafa í þá átt að draga fjármagn til Faxaflóasvæðisins. Þessi sjóður, Atvinnujöfnunarsjóður, fékk það hlutverk að veita viðbótarlán við lán almennra stofnlánasjóða til þess að vinna að uppbyggingu atvinnulífs úti á landi. Byggðasjóður, sem nú starfar, er efldur til þessa hlutverks og efling hans í tíð núv. ríkisstj. gegnir enn sama hlutverki að því er ég hef skilið. Það er því enn full þörf á því að þessi sjóður starfi með þeim hætti að veita viðbótarlán út á landsbyggðina, sérstaklega í þá landshluta sem eiga í vök að verjast í atvinnulegu tilliti. Þess vegna getur aldrei gilt almenn regla um lánveitingar úr Byggðasjóði, regla sem nær jafnt til landsins alls. Ef á að taka upp slíka reglu, þá er hlutverk hans brostið. Þá er eins gott að leggja þennan sjóð niður og veita fjármagninu til almennra stofnlánasjóða, sem veita lán eftir almennum reglum. Þetta vil ég að komi skýrt fram. Ég vil ekki standa að neinni slíkri breytingu, ef gerðar verða breytingar á lögum þessa sjóðs, er leggi niður hið upphaflega hlutverk hans. Ég vil að það liggi alveg skýrt fyrir.

Sameinað þing, 46. fundur.

Þriðjudaginn 4. mars, að loknum 45. fundi.

Skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, þáltill. (þskj. 299). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hafís á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 303). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting á áveitu- og flæðiengjum landsins, þáltill. (þskj. 308). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnám flýtifyrningar og skattur á verðbólgugróða, þáltill. (þskj. 310). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskræktarmál eldisstöðvarinnar að Laxalóni, þáltill. (þskj. 81). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Dýpkunarskip, þáltill. (þskj. 116). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðja og iðnaður, þáltill. (þskj. 270). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bifreiðatryggingar, þáltill. (þskj. 252). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Við höfum, þrír þm. Alþfl., leyft okkur að flytja till. til þál. um athugun á bifreiðatryggingum. Till. þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram sérfræðilega rannsókn á því, hvort unnt sé að gera bifreiðatryggingar þjóðinni ódýrari og hagkvæmari, og verði í því sambandi sérstaklega athuguð þau nýju tryggingakerfi, sem nú breiðast ört út í Bandaríkjunum og Kanada."

Því þarf ekki að lýsa fyrir hv. þm. hversu bifreiðaeign Íslendinga hefur farið ört vaxandi á síðustu árum, en jafnframt því hefur kostnaður við bifreiðatryggingar aukist gífurlega. Ýmislegt veldur því að tjón á farþegum, ökumönnum og bifreiðum er hér mikið. Vegir og götur eru engan veginn í því ástandi að þau standist umferðina þar sem hún er mest, og þar að auki hefur þjóðin eignast mikið af bifreiðum á skömmum tíma og verður að viðurkenna að það sem er stundum kallað umferðarmenning, virðist

ekki hafa skotið hér djúpum rótum enn sem komið er. Er því reynslan sú, að tryggingatjón eru gífurlega mikil og hafa farið ört vaxandi. Kemur þetta eðlilega fram í feiknamiklum tryggingakostnaði, sem er orðinn verulegur útgjaldaliður þegar þess er gætt, að fjöldi bifreiða í landinu gefur til kynna að flestar fjölskyldur muni hafa umráð bifreiðar eða eiga a. m. k. eina bifreið. Það væri því til mikils að vinna ef unnt reyndist að draga úr þessum kostnaði og gera bifreiðatryggingar á einn eða annan hátt hagkvæmari en þær hafa verið.

Sams konar vandamál og þetta hafa í öðrum löndum leitt til þess að fram hafa komið hugmyndir um veigamiklar breytingar á tryggingakerfi bifreiða og hafa þær sérstaklega verið reyndar nú undanfarið í Bandaríkjunum og Kanada, ef dæma má eftir almennum fréttum sem við flm. höfum um þau mál lesið.

Í Bandaríkjunum ber mest á svokölluðum „no fault" bifreiðatryggingum sem fyrst voru teknar upp í einu af fylkjum landsins árið 1971, enda þótt alllanagur aðdragandi hafi verið að því að þær væru teknar í framkvæmd og málið ítarlega rætt áður. Síðar hafa fjöldamörg önnur fylki tekið upp slík kerfi, þó í nokkuð mismunandi myndum, og fram hafa komið í þinginu í Washington till. um að skylda öll fylkin til þess. Það er sameiginlegt þessum kerfum að greiðslur tjóna fara fram án tillits til sakar og þær eiga sér stað innan tiltekins tíma sem er allt niður í 30 daga. Sparast við þetta feiknamikil málaferli, enda er reynslan sú að lögfræðingar eru ekki allt of hrifnir af kerfinu en tryggingafélög hafa yfirleitt verið hlynnt því. Það er talin mjög mikil framför að bótamál fást afgreidd á mun skemmri tíma en áður. Þá hefur reynslan orðið sú að iðgjöld hafa lækkað, sums staðar verulega. Sem dæmi má nefna að hjá hinu gagnkvæma samvinnutryggingafélagi Allstate, sem er eitt af stærstu tryggingafélögum þar í landi, lækkaði iðgjald í tilteknum algengum flokki bifreiðatrygginga í New York úr $134 í $85 og hjá öðrum félögum eilítið minna, en öllum verulega.

Í Kanada hefur þróunin í þessum málum orðið með dálítið öðru móti. A. m. k. tvö kanadísku fylkin, slétturíkin Manitoba og Saskatchewan, hafa tekið upp sams konar kerfi án megintillits til sakar, sem einnig hefur þá kosti að bætur eru greiddar mjög fljótt. En sá er munurinn að í þessum kanadísku fylkjum hafa bifreiðatryggingar verið sameinaðar á eina hönd í opinberu fyrirtæki. Í Manitoba gengur þetta kerfi t. d. undir nafninu „Autopak" og er í höndum opinbers félags. Það kerfi tók til starfa 1971 og hefur þótt gefast mjög vel.

Ég mun ekki fara nánar út í að lýsa þessum kerfum, enda vil ég taka skýrt fram að við flm. ætlum okkur ekki þá dul að við séum sérfræðingar í bifreiðatryggingum. Hins vegar flytjum við þetta mál sem neytendur og okkar sjónarmið er mótað út frá hagsmunum neytandans og þá um leið almennum þjóðarhagsmunum. Ég vil minna á að efni till. er einmitt að fá sérfræðilega rannsókn á því hvort þessi kerfi, sem breiðast út í tveimur af mestu bílalöndum veraldarinnar, fela í sér einhverjar nýjungar sem gætu átt við íslenskar aðstæður og komið okkur að einhverju leyti að sama gagni og þau virðast hafa gert þar sem þau hafa verið reynd.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð til að fylgja þessari till. úr hlaði, en vil leggja til að þegar umr. þessari lýkur verði till. vísað til allshn.

Heimir Hannesson: Herra forseti. Í sambandi við þá þáltill., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinssyni og Sighvati Björgvinssyni, og í framhaldi af þeirri ræðu, sem hv. fyrsti flm. hefur nú flutt, vil ég fyrst lýsa því yfir að ég held hún sé eðlileg og sé æskilegt að sú athugun fari fram, sem hv. þm. lagði til, og mun ég styðja hana þegar að því kemur. Hins vegar get ég ekki annað en látið í ljós nokkrar athugasemdir í sambandi við þessa þáltill. og þá grg. sem henni fylgir, vegna þess að mér finnst að í henni séu málin kannske fullmikið einfölduð og kannske fylgi ekki eins glöggar upplýsingar og æskilegt hefði verið.

Ég var nýlega kominn inn í þingið þegar þessi þáltill. kom fram, og hjó ég fljótlega eftir því að í grg. var tekið fram, eins og hv. þm. minntist á, að þetta kerfi hefði gefist mjög vel í Kanada. Svo vill til að ég hafði örlítið kynnt mér þetta mál þar og aflað mér frekari upplýsinga, og mér þykir leitt að þurfa að segja það hér að ég er hræddur um að þær upplýsingar, sem hv. þm. hefur lagt fram hér, séu mjög umdeildar. Ég held einmitt að þetta kerfi hafi að áliti margra alls ekki gefist vel og sé mjög umdeilanlegt. Það er síður en svo að það sé óruggt mál að íbúum Manitoba-fylkis hafi líkað það vel.

Ég fékk nýlega gögn í hendurnar sem lýstu því, að nú rétt fyrir s. l. mánaðamót áttu sér stað mjög miklar opinberar umræður í Kanada um þetta „Autopak" og voru þær flestar í þá átt, að þetta tryggingakerfi hefði mistekist og því miður orðið til þess að auka hið opinbera bákn þar og iðgjöldin hefðu hækkað og hækkað. Til að byrja með var þessu mótmælt af forsvarsmönnum þessa ríkisfyrirtækis í Kanada, en síðan var viðurkennt að iðgjöldin hefðu hækkað miklu meira en búið var að gefa til kynna áður og hafði legið fyrir opinberlega. Þessar vikurnar er þetta mál því mjög til umr. og sýnist mönnum sitt hvað í þeim efnum.

Ég hygg að það sé ekki tilviljun, eins og hv. flm. minntist á, að þó að þetta tryggingakerfi hafi verið tekið upp í tveim mestu bílalöndum heimsins, þ. e. a. s. Bandaríkjunum og Kanada, þá taka menn eftir því að það hefur ekki verið tekið upp í Evrópulöndum þar sem er töluvert af bílum líka. Og það er sennilega ekki tilviljun að Norðurlöndin hafa ekki tekið þetta kerfi upp. Það mun m. a. stafa af því að það er annað réttarkerfi sem ríkir þar heldur en ríkir í Bandaríkjunum og Kanada. Ég vildi því minna á það, að því fer mjög fjarri að það liggi eitthvað fyrir um að kerfið hafi gefist mjög vel.

Í sambandi við þau ummæli hv. þm. að það sé alveg sjálfgefið að lögfræðingar séu andvígir kerfinu, þá vil ég nú mótmæla því. Ég held að lögfræðingar eins og aðrar stéttir séu ekkert

sérstaklega fyrir það gefnir að vera að bæta við sínar miklu annir, þannig að ég held það sé ranglega ályktað hjá hv. flm. að það sé einhver sérstök árátta hjá þeirri stétt að auka störf sín, eins og gefið var til kynna, með því að efna til málaferla í þessu sambandi. Finnst mér það satt að segja heldur óviðkunnanleg ummæli í grg. hv. flm.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að efnisatriði þessara sérstöku trygginga í sambandi við þær upplýsingar sem ég hef tekið saman og aflað mér eftir að þessi þáltill. var lögð fram.

Í fyrsta lagi: Hvað er þessi „no aul" vátrygging? Í fáum ríkjum Bandaríkjanna og nokkrum fylkjum Kanada hefur þessi trygging verið lögboðin. Hún greiðir bætur fyrir umferðartjón, en þó að takmörkuðu leyti. Nafn sitt dregur vátryggingin af því að hún greiðir bætur þó að orsök umferðartjóns verði ekki rakin til gáleysis eða mistaka eiganda eða stjórnanda bifreiðar sem hlut á að máli. Massachusetts er fyrsta ríkið í Bandaríkjunum þar sem þessi vátrygging var lögboðin vegna umferðartjóns og það nýmæli tók gildi, að því er mér skilst, í ársbyrjun 1971. „No fault" vátrygging tekur ekki til tjóns á munum svo sem fyrr segir. „No fault" vátryggingin í Massachussetts greiðir ekki meira en $2000 í bætur vegna hvers einstaklings sem slasast, og er þar bæði um að ræða bætur fyrir vinnutap og læknishjálp. Fari bætur fyrir læknishjálp fram yfir $2000 verður ekkert eftir handa tjónþola í bætur fyrir atvinnutjón. Bætur fyrir atvinnutjón eru einnig takmarkaðar að því leyti, að bótagreiðslur fyrir hverja viku, sem tjónþoli er óvinnufær, geta ekki orðið meiri en sem svarar til 75% af þeirri fjárhæð sem tjónþoli hefur haft í vikulaun á árinu fyrir slysið. Þetta litla dæmi sýnir að þetta er vissulega mjög takmarkað og á ekki að öllu leyti við í réttarkerfi okkar. M. ö. o. liggur það fyrir — ég skal ekki fara nákvæmar út í þetta atriði — að þessi svokallaða „no fault" vátrygging leysir skaðabótakerfið alls ekki af hólmi nema að nokkru leyti. Af þessu leiðir m. a. að bifreiðaeigendum er nauðsynlegt að hafa ábyrgðartryggingu fyrir utan þessa „no fault" vátryggingu.

Hins er að geta, að þessi sérstaka trygging greiðir bætur til mjög margra tjónþola sem ekki hefðu átt rétt á neinum bótum eftir venjulegum skaðabótareglum. Auk þess er það rétt, sem fram hefur komið, að það sparast geysimikill kostnaður við bótauppgjör vegna einföldunar á bótakerfinu. Iðgjöld af bifreiðatryggingum í Massachussetts hafa t. d. lækkað eftir að þessar reglur komu í lög. En það má ekki gleyma því, að verulegur hluti af iðgjaldalækkuninni stafar einfaldlega af því að bótaréttur tjónþola er á ýmsan hátt skertur frá því sem áður var. Og eins og ég sagði áðan í sambandi við reynsluna í Kanada, þá er síður en svo að iðgjöldin hafi lækkað, þau hafa mjög verulega hækkað. Og það er athyglisvert að ríkisstjórnin í Manitoba er nú þessar vikurnar að undirbúa löggjöf í sambandi við brunabætur þar sem gert er ráð fyrir frjálsri samkeppni tryggingafélaga á þessu sviði og að því leyti breytt algerlega um stefnu frá „Autopak" kerfinu í sambandi við bílana.

Vissulega eru rök bæði með og móti í sambandi við þessa sérstöku tegund trygginga og mörg þessi rök eiga ekki við á Íslandi og í ýmsum löndum V.-Evrópu, m. a. Norðurlöndum, sem hafa sambærilegt réttarkerfi og við höfum. Ég skal rökstyðja þetta með nokkrum orðum.

Í Bandaríkjunum t. d. er tiltölulega fátítt að bifreiðatryggingafélög greiði skaðabótakröfur fyrir líkamstjón með samkomulagi við tjónþola og/eða lögmann hans. Hér á landi lýkur flestum kröfum með frjálsum samningum. Aðeins lítið brot skaðabótamála fer fyrir dómstóla. Í 50 ríkjum Bandaríkjanna eru skaðabótareglur mjög mismunandi. Af þeim sökum verða einatt miklir erfiðleikar við meðferð bótakrafna. Í þriðja lagi: Á Íslandi eru skaðabótareglur vegna umferðartjóns miklu strangari en almennt gerist í Bandaríkjunum og Kanada og er réttur íslensks tjónþola að jafnaði meiri en þar gerist. Í fjórða lagi: Í Bandaríkjunum gildir sú regla, að ef tjónþoli á einhverja sök á tjóninu sjálfur missir hann allan skaðabótarétt. Á Íslandi er reglan sú, eins og menn vita, að bætur eru lækkaðar þegar um eigin sök tjónþola er að ræða. Mjög sjaldgæft er hér að sök tjónþola sé talin svo mikil að hann fyrirgeri öllum skaðabótarétti.

Í Bandaríkjunum hafa gilt mjög mismunandi reglur um ábyrgðartryggingu bifreiða. Samræmdar reglur um gildissvið bifreiðatrygginga eru ekki til þar í landi. Auk þess er ábyrgðartrygging bifreiða ekki lögboðin í öllum ríkjum Bandaríkjanna. Veldur það öryggisleysi fyrir þá sem tjón bíða. Hér aftur á móti, sem og á Norðurlöndum, eru mjög fullkomnar lögboðnar ábyrgðartryggingar bifreiða. Á þéttbýlissvæðum Bandaríkjanna, eins og t. d. í Massachussetts, tekur meðferð dómsmála að jafnaði mun lengri tíma en hérna. Samræmi í dómum um bótafjárhæð er minni vestan hafs en hér, m. a. vegna þess að bandaríkjamenn hafa kviðdóma, eins og menn vita, og það veldur mun meiri óvissu um líklega niðurstöðu skaðabótamála. Þóknun lögfræðinga fyrir aðstoð við gerð skaðabótakrafna, samninga við bótaskylda aðila og meðferð dómsmála er gífurlega há miðað við íslenskar aðstæður. Eykur það mjög á allan kostnað við bifreiðatryggingar.

Í fáum löndum mun eins vel séð fyrir opinberum tryggingum, sem bæta kostnað við læknishjálp, sjúkrahúsvist o. s. frv., eins og gert er hér á landi, eins og hv. flm. vita mætavel. Vestan hafs hefur a. m. k. til skamms tíma verið algengt að margir þeirra, sem hafa slasast í umferðarslysum hafa ekki notið neinna almannatryggingabóta.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég sagði hér áður að ég tel eðlilegt og æskilegt að sú till., sem hér liggur fyrir hv. d., verði afgr. og samþ., vegna þess að ég tel æskilegt að sú rannsókn sem hér er lögð til, fari fram. En ég vil jafnframt við þessa umr. koma því á framfæri að málið er engan veginn eins einfalt og látið er að liggja í grg. Eftir sem áður er sjálfsagt að þessi könnun fari fram í framhaldi af því, ef hv. þm. fallast á að sú þáltill., sem hér er til meðferðar, nái fram að ganga.

Herra forseti. Ég hef ekki þessi orð lengri að þessu sinni.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir það að hann er hlynntur því að þessi rannsókn fari fram, og ég vil lýsa ánægju minni yfir því að hann skuli hafa haft áhuga á þessu máli og sett sig jafnvel inn í það og hann virðist eftir ræðu hans þegar hafa gert.

Ég tók það fram í framsöguræðu minni, að við flm. hefðum vísvitandi aðeins stutta grg. og færum ekki djúpt í að lýsa þessum kerfum sem við viljum láta rannsaka. Ég tók fram að það væri fyrst og fremst af því að við litum á sjálfa okkur sem neytendur, en ekki sem sérfræðinga á þessu sviði. Hins vegar vil ég taka fram að þetta þýðir ekki að við höfum ekki reynt að afla okkur allítarlegra upplýsinga um þetta mál. Við höfum mikið af skýrslum og skjölum um það, sem við erum reiðubúnir að leggja fyrir þá n. sem fær málið til athugunar, ef hún kærir sig um. Við höfum haft samband við opinbera aðila í Washington, fengið þaðan bæði þskj. um málið, af því að það hefur verið fyrir öldungadeildinni, þar sem rætt er um hvort eigi að skylda öll ríkin til að taka upp eitthvert form af þessum tryggingum. Enn fremur höfum við fengið frá stofnun, sem fjallar um þessi mál, samanburð á því hvaða mismunur er á þessum nýju kerfum, í einum 8 eða 10 af þeim bandarísku fylkjum sem fyrst tóku þetta upp og hafa fengið af því nokkra reynslu.

Ég vil svara þeirri gagnrýni að það sé ókurteisi af okkur að geta þess að þessi nýju kerfi hafi reynst hafa í för með sér mun minni málaferli en áður tíðkuðust og lögfræðingar hafi því barist á móti þeim. E. t. v. er ókurteisi að setja þetta í grg. á Alþ. En ég vil taka fram að við höfum þetta beint upp úr viðfrægu amerísku fréttatímariti sem hefur milljóna eintaka útbreiðslu um allan heim, og þar er beinlínis tekið fram að sá hagsmunahópur, sem mest hefur barist gegn þessum kerfum, sé samtök lögfræðinga og sé áætlað að þeir tapi viðskiptum sem nemi 1½ milljarði dollara á ári við að þessi kerfi séu tekin upp. Það kann að vera að við hefðum átt að geta heimildarinnar fyrir slíkri fullyrðingu, en ég leit ekki svo alvarlegum augum á þetta mál. Hins vegar finnst mér það geti varla verið ókurteisi að birta í grg. með lítilli þáltill. það sem er flutt sem staðreynd af fréttatímaritum í milljónum eintaka um alla veröldina.

Ég skal ekki segja, hvað veldur því að þessi kerfi hafa ekki verið tekin upp í Evrópulöndum, og játa að mér er það nokkur forvitni þó að ég hafi ekki haft tækifæri til að kynna mér það víða. Þess er að geta að það eru aðeins 5 ár síðan fyrstu kerfin voru tekin í notkun í takmörkuðum mæli í Norður-Ameríku, og þætti mér ekki ólíklegt að nágrannar okkar í Evrópu hinkruðu við og fylgdust vel með þessu og taki upp úr því ef þeir sjá þar eitthvað nýtilegt. Það er nákvæmlega þetta sem við höfum lagt til að gert yrði hér á landi.

Ég tók það fram í framsöguræðu minni, að okkur væri ljóst að aðstæður væru hér að mörgu leyti mjög ólíkar því sem er vestan hafs, en það kynnu engu að síður að vera einhver atriði og það e. t. v. veigamikil atriði sem gætu orðið til þess að gefa okkur hugmyndir er gætu endurbætt bifreiðatryggingakerfi okkar. En hvað sem segja má um bifreiðatryggingar hér á Íslandi — og ég vil ekki hallmæla þeim félögum eða mönnum, sem annast þá starfsemi, á nokkurn hátt — þá verður ekki neitað, að bifreiðaeigendur hér una ekki vel við sinn hag. Þeim finnst að hækkanir á bifreiðatryggingaiðgjöldunum hafi verið geigvænlega miklar og örar, og það er útbreitt að menn séu óánægðir með þá afgreiðslu sem þeir fá hjá tryggingafélögunum. E. t. v. eru uppgjör á bifreiðatjónum þannig að það verður aldrei hægt að gera alla ánægða. Ég hef m. a. rætt þessi mál við Félag ísl. bifreiðaeigenda og þar höfðu menn fram að færa margvíslegar kvartanir um hvernig þessum málum væri hagað hér á landi, svo að það er fyllsta ástæða til þess að sérfræðileg og um leið hlutlaus athugun geti farið fram á því hvort hægt er að gera endurbætur á þessu kerfi.

Okkur kemur ekki saman um hvort kerfin, sem reynd hafa verið í Kanada, eru vinsæl eða ekki. Ég skal taka hreinlega fram, að um það að Manitoba-kerfið sé vinsælt hef ég fyrst og fremst umsögn íslendings sem býr þar og sagði mér frá þessu í bréfum. Það kann vel að vera, að þó að hann hafi reynst vera hlynntur því, þá sé hann í minni hl. þar. Hitt er augljóst mál að kanadísku kerfin, a. m. k. þessi tvö í Manitoba og Saskatchewan, eru þess eðlis að bifreiðatryggingar hafa verið teknar af tryggingafélögunum og sameinaðar undir eitt opinbert félag. Sjáum við í hendi okkar að það mál eitt er nóg til að gera þau miklu umdeildari en ella væri. Bandaríkjamenn hafa eftir því sem ég best veit — nema Puerto Rico — haldið áfram svipuðu kerfi og við búum við, að láta tryggingarnar vera í höndum einkafyrirtækja eða samvinnufyrirtækja. Ef rannsókn sú, sem við förum fram á, verður gerð, þá gefst tækifæri til að reyna að skoða bæði þessi kerfi, kosti og galla á þeim.

Það kann að vera nokkuð til í því að sú frásögn, sem er í grg., geri málið einfaldara en ástæða er til. Ég hef þegar gert grein fyrir því, hvers vegna við fórum ekki út í ítarlegri grg., en þó höfum við mikið efni til þess sem við höfum viðað að okkur. Og ég vil gjarnan taka undir þau ummæli hv. síðasta ræðumanns, að menn mega ekki halda, þótt grg. sé stutt, að hér sé um einfalt mál að ræða. Þeir, sem einhver kynni hafa af þeim, vita að það getur sennilega ekkert verið einfalt í sambandi við bifreiðatryggingar, þetta er það flókið verkefni og þessi nýju kerfi eru líka flókin, enda gat ég þess, sem síðasti ræðumaður nefndi líka, að í Bandaríkjunum eru þau mismunandi eftir aðstæðum í hverju fylki, einnig eftir því hve almennum tryggingum, sjúkratryggingum og slysatryggingum og öðru slíku, er langt komið. Engu að síður er hér um að ræða mál sem hefur vakið gífurlega mikla athygli og auðvitað deilur líka eins og öll þýðingarmikil nýmæli.

Ég tel að það sé fyllsta ástæða til þess að við látum rannsaka það, fáum samanburð kunnugra manna á því, hvort íslendingar geta eitthvað af þessum nýjungum lært. Ef við getum það ekki, þá skulum við ekki vera feimin við að viðurkenna það. Ég skal verða fyrsti maður

til þess ef sérfróðir menn sannfæra mig um það. En hugmynd okkar flm. er sú, að ef till. yrði samþ. mundi viðkomandi rn. fela einum manni að gera þetta, en ekki skipa heila n. á frumstigi. Fyrsta atriðið er að afla ítarlegra og nákvæmra upplýsinga og fá sérfróða menn, sem þekkja íslenskar tryggingaaðstæður vel og eru lærðir í tryggingamálum almennt, til að gera samanburð. Svo skulum við hlýða á hvað þeir hafa um þetta mál að segja.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr. *mjög mikið*.

Það er alveg ljóst, eins og flm. hefur tekið fram, að það sem aðallega vakir fyrir okkur er að reyna að fá fram athugun á því hvort það megi gera bifreiðatryggingar á Íslandi bæði ódýrari og hagkvæmari.

Það fer ekki fram hjá neinum manni að neytendur þessara trygginga, þ. e. a. s. bifreiðaeigendur, eru mjög óánægðir með tvennt: í fyrsta lagi upphæð iðgjaldanna sem hafa farið stöðugt hækkandi, og í öðru lagi eru þeir tortryggnir á þau uppgjör sem hafa átt sér stað á tjónum hjá tryggingafélögunum. Og mig langar til að segja hv. þm. örstutta sögu í því sambandi sem bar mjög á góma fyrir eins og tveimur árum. Þetta mál var gert að miklu blaðamáli á sínum tíma og menn rekur sjálfsagt minni til þess. Þá bar það við að tveir reykvíkingar lentu í árekstri á bifreiðum sínum, og eins og vani er féll það í hlut tryggingafélaganna að úrskurða tjón. Það var gert eftir venjulegum reglum. En þessir menn voru kunningjar þannig að þeir hittust og báru saman bækur sínar, og þá kom í ljós að hvor aðilinn um sig hafði verið úrskurðaður í 75% óréttí. Samtals nam þetta mat tryggingafélaganna því, að tjónið var ekki 100% tjón, heldur 150%, hvor aðilinn um sig í 75% óréttí, í stað þess að dæma annan í 75% óréttí og hinn þá að sjálfsögðu í 25% óréttí. Með þessu var gerð tilraun til þess að hafa töluvert mikið fé af þessum bifreiðaeigendum þar eð þeir voru dæmdir til þess að bera hvor um sig 75% af tjóni sínu sjálfir. Þessir tveir menn fengu leiðréttingu sinna mála. Þetta var gert að blaðamáli miklu á þessum tíma. Það fengust ákaflega lítil svör frá tryggingafélögunum um hver væri ástæðan og reyndu þau að eyða þessu máli við blöð og opinberar fréttastofnanir eins og þau framast gátu.

Hitt held ég að fari ekki fram hjá nokkrum manni, að það er talsverð tortryggni ríkjandi með það uppgjörsfyrirkomulag sem tryggingafélögin hafa á. Ég er ekki að segja með þessum orðum, að það kunni að vera algengt að svona sé farið að í sambandi við uppgjörsmál á bifreiðatryggingum, en dæmin höfum við fyrir okkur. Þetta er ástæða til að taka til athugunar og reyna að leiðrétta og það er megintilgangurinn sem fyrir okkur vakir með flutningi þessarar till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áfengismál, þáltill. (þskj. 131). — Fyrri umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Till. þessi um nefndarskipan um áfengismál var borin hér fram snemma í desembermánuði, en er nú fyrst að koma á dagskrá, að sumu leyti vegna óska frá flm. nú eftir áramótin. Till. hljóðar þannig:

„Alþ. ályktar að kjósa nú þegar n. manna, er hafi það verkefni að gera úttekt á stöðu áfengismálanna í dag, sérstaklega með tilliti til hrikalegra afleiðinga af ofneyslu áfengis sem hvarvetna blasa við. N. skal leitast við að gera till. til úrbóta. Hún skal hraða störfum sem mest og ljúka bráðabirgðaáliti og tillögugerð fyrir 15. febr. n. k. N. skal skipuð 5 mönnum eftir tilnefningu hvers þingflokks."

Till. þessi var sem sagt flutt snemma í des. og það var von okkar flm. sem erum úr öllum flokkum — en flm. auk mín eru hv. þm. Karvel Pálmason, Jón Árm. Héðinsson, Sverrir Bergmann, sem þá sat á þingi sem varam., og hv. þm. Oddur Ólafsson. — Þessi till. var sem sagt flutt í því skyni að e. t. v. mætti hraða þessu máli þannig að unnt yrði að afgr. það fyrir áramót og þessi n. hæfist þegar handa og skilaði bráðabirgðaáliti og tillögugerð fyrir þann tíma sem nú er nokkuð löngu liðinn.

Þetta var hugsað hjá okkur sem skyndiathugun og álit manna sem ynnu þetta verkefni, og ef eitthvað á að gera í þessum málum, skiptir náttúrlega dagsetning og annað því um líkt okkur flm. ekki neinu máli. Það er aðalatriðið að vekja máls á vandamálinu í heild í sölum Alþ., því að eins og segir í grg., þá getur Alþ. ekki látið sem ekkert sé þegar hörmulegar afleiðingar áfengisneyslu landsmanna birtast okkur daglega, oftlega á þann hátt að beint manntjón hlýst af.

Astæðurnar fyrir flutningi þessarar till. voru annars vegar ástandið í áfengismálum okkar og einmitt á þeim tíma, sem hún var flutt, hrikalegar fréttir um það ástand, ýmiss konar glæpir, afbrot af alvarlegu tagi þar sem ástæðan var ætíð hin sama, neysla áfengis, ofneysla áfengis. Okkur var ljóst öllum að afsökunin fyrir þessu öllu saman hefur venjulega verið einfölduð. Menn voru undir áhrifum þegar þessir verknaðir voru drýgðir og þeir hafa almenningsálitið hér á landi að miklu leyti með sér. Það er kannske einmitt það sem er nauðsynlegast að reyna að breyta, þ. e. áliti almennings gagnvart neyslu áfengis og þá ekki síst varðandi ofneyslu þess. Hins vegar er neysla áfengis á Íslandi orðin þannig að að langmestu leyti er um ofneyslu að ræða.

Hin ástæðan var sú, að þegar till. okkar kom fram fyrr á þessu þingi um afnám vínveitinga í veislum hins opinbera, var að því vikið að sú till. snerti aðeins yfirborð þessara mála, við kæmum ekki að kjarnanum. Þess vegna vildum við þá koma þessu máli að hér í öllum sínum geigvænleik. Aðeins væri það þó spurning um aðferð og þá væntanlega og vonandi aðgerðir í framhaldi af því.

Menn hafa orðið töluverða ótrú á því að setja n. í hvað eina og nefndarskipun er e. t. v. ekki líkleg tilraun. Við höfðum að nokkru fyrir okkur samþykkt sænska þingsins sem skipaði fyrir nokkrum árum n. til þess að gera ítarlega úttekt

á áfengismálum í Svíþjóð. Reynslan af þeirri n. var sú að hún skilaði að vísu mjög ítarlegu áliti, en tími hennar var ekki í neinu samræmi við það sem við lögðum til, því að hún mun hafa skilað áliti eftir 7 ára starf að því er ég best veit. En álit hennar og aðgerðir þær sem hún leggur til, eru hins vegar býsna athyglisverðar og ég get ekki stillt mig um að minna á helstu niðurstöðurnar frá þessari sænsku n. í þessu sambandi, þó að flest af því, sem ég nefndi hér, hafi áður verið nefnt í sambandi við áfengisvandamálið. Ég sem sagt geri ekki nákvæma grein fyrir því hér, það tæki of langan tíma, en í nánari útfærslu þessara atriða kemur margt mjög athyglisvert í ljós í niðurstöðum þessarar sænsku þn.

Ég vík þá að fyrsta atriðinu, en fyrsta atriðið í till. sænsku n. var einmitt að svipta áfengi og áfengisneyslu öllum dýrðarljóma. Þetta var sem sagt atriði nr. 1 og mig langar til að minnast sérstaklega á það í þessu sambandi, vegna þess að ástæðurnar fyrir tillöguflutningi okkar um það, að hið opinbera gangi á undan með góðu fordæmi, gengur einmitt í þessa sömu átt, að svipta áfengið og áfengisneysluna öllum dýrðarljóma. Sá dýrðarljómi kemur ekki síst ofan að og þess vegna er full ástæða til þess að minna á þetta hér, að þetta er það atriði sem sænska n. setur nr. 1.

Í öðru lagi leggur hún til að hvers konar fræðsla verði efld og bein kennsla tekin upp um skaðsemi áfengis. Fræðslan verði út frá læknisfræðilegu, sálfræðilegu, þjóðfélagslegu og efnahagslegu sjónarmiði. Fyrir þessari fræðslu er svo gerð nánari grein og mjög merkileg í þessari sænsku skýrslu.

Í þriðja lagi að menn geri sér ljósa grein fyrir umfangi vandamálsins, viðurkenni það sem stórvandamál og um leið reyni þá að komast fyrir orsakir þess og vita eins gjörla og unnt er um útbreiðslu þess.

Í fjórða lagi að berjast sérstaklega gegn allri áfengisneyslu á unglingsárum, gera barnadrykkju útlæga með samstilltu átaki skóla, foreldra og yfirvalda. — Þetta er nú kannske sá þátturinn sem er í dag hvað hrikalegastur hjá okkur, vegna þess að í þessum málum hefur þróunin orðið svo ör niður á við nú allra síðustu árin.

Í fimmta lagi að samræma baráttuna gegn áfengisbölinu þeim þjóðfélagsháttum og því umhverfi sem við í dag lifum við. — Þetta er mjög mikilvægt atriði vegna þess að margir þeir aðilar, sem í dag berjast gegn þessu böli, hafa einmitt ekki aðlagast nægilega því þjóðfélagsumhverfi, sem við nú lifum í, og eru of mikið í gamla tímanum varðandi þá baráttu sem þeir heyja.

Í sjötta lagi að hafa jákvæð áhrif á umgengni fólks gagnvart áfengi á öllum sviðum, ekki síst í skemmtanalífinu, þar sem jákvæð áhrif eru mikilvægust. — Um þetta þarf víst ekki mikið að segja hjá okkur, þar sem allt okkar skemmtanalíf er svo gegnsósa af vínneyslu sem raun ber vitni.

Í sjöunda lagi að taka áfengisvarnir í ríkari mæli inn í heilsugæsluna en nú er og tryggja með því fyrirbyggjandi aðgerðir.

Í áttunda lagi að koma í veg fyrir heimabrugg, smygl og annan ólöglegan tilbúning og innflutning áfengra drykkja.

Þetta eru samandregin helstu atriðin sem mér sýndust koma út úr þessari sænsku skýrslu. En henni fylgir mjög náin og góð útfærsla og að mörgu leyti mjög lærdómsrík, og ég held að við mættum taka mikið mið af henni, ef okkur er yfirleitt nokkur alvara með að taka á þessu máli, ef okkur er í raun og veru nokkur alvara með að þetta sé eitthvert vandamál. Maður efast satt að segja um það af bæði ræðum og skrifum um þessi mál að þarna sé nokkuð á ferðinni annað en það sem við megi búast og sjálfsagt sé að una við.

Við vildum vekja athygli á því að það væru e. t. v. nauðsynleg einhver skyndiúrræði í þessum málum. En við leggjum einnig áherslu á að allt vandamálið kallar á nákvæma könnun. Hvort tveggja þarf að athuga. N. eins og sú, sem hér er lagt til að verði skipuð, gæti t. d. dæmt þar um og niðurstaða jafnvel skjótrar athugunar gæti bent á einhverja leið fram á við.

Það er rétt, vandamálið er margþætt og vandamálið er hrikalegt og spurningin er um það hverja á að kalla til ábyrgðar varðandi þetta vandamál. Eitt er þó a. m. k. víst, að allt okkar tal og allar okkar gerðir í þessum efnum einkennast af ábyrgðarleysi. Það er enginn sekur. Það þvo allir hendur sínar. Það er nú einu sinni svo að hlutverk Alþ. er að setja lög. Auðvitað vitum við að þau lög eru misjafnlega haldin og vafalaust eru flest lög í einhverju brotin, en fá hygg ég að séu þó svo almenn og alvarlega brotin sem einmitt okkar áfengislöggjöf, og þá fyrst og fremst að því er tekur til barna og unglinga. Að öllu hinu frátöldu er vandinn stærstur þar og þar af leiðandi eru lögbrotin þar einnig alvarlegust.

Ég hef nokkrar skýrslur í höndum sem sanna þetta ótvírætt, bæði varðandi börn og unglinga og einnig varðandi löggæsluna sjálfa, dómsmrn. t. d., sem virðist gefa út vínveitingaleyfi til hverra sem er, af hvaða tilefni sem er. Það þurfa varla, held ég, að koma saman, að því er manni sýnist, nema svona 10—15 menn til þess að fá vínveitingaleyfi, þó að skýr ákvæði séu um það í lögum að svo skuli ekki vera. Skýrslur löggæslunnar segja sitt um afleiðingar, og við vitum að afbrot framin í ölæði eru nær daglegt brauð. Tölur frá Áfengisverslun ríkisins segja sitt um fjármunasóunina sem er gífurleg og alvarleg, og þó er aðeins hálfsögð sagan í sambandi við fjármunasóunina þar. Eftir er að telja hinar glötuðu vinnustundir eða ónýtu vinnustundir og eyðileggingu ýmis konar, efnalega sem andlega, sem fylgir í kjölfarið. En hrikalegar tölur milljarða varðandi söluna sjálfa segja þó sitt. Geðlæknar og taugalæknar segja sína sögu um fjölþættar afleiðingar áfengisneyslu á andlegt heilsufar fólks. Af því mætti segja marga sorgarsögu um fólk í blóma lífsins. Þannig mætti áfram telja.

Einkenni skemmtanalífsins í dag eru afgerandi og hafa ótrúleg áhrif, e. t. v. meiri en allt annað. Vínneysla við hvert hátíðlegt tækifæri, sem kallað er, gefur áfenginu einmitt þann dýrðarljóma sem sænska n. lagði til nr. 1 að svipt yrði af. Það er rétt að till. okkar um afnám vínveitinga í opinberum veislum er smáskref í þá átt, en hún er e. t. v. mikilvægari en menn grunar. Þessi vínneysla til hátíðabrigða, eins og það er svo

fallega orðað, endar oftar en ekki með ósköpum, þótt ekki sé það almennt, fremur einstaklingsbundið. Og ótalin er enn sú saga sem gerist á heimilum, áhrif vínneyslunnar á uppeldi, á fjölskyldulíf. Ofneysla áfengis kallar þar á upplausn og hörmungarástand oft á tíðum. Oft er þetta ástand umborið þó að þessi ofneysla skilji í raun eftir sig djúp spor í sálarlífi barna og unglinga. Þetta hafa m. a. taugalæknar og geðlæknar leitt skýrt í ljós við könnun á vandamálum fólks á fullorðinsárum, að orsakir til ýmiss konar andlegra veilna og sjúkleika hefur mátt rekja beint til erfiðleika af þessum sökum í uppeldinu. Það þarf ekki heldur að fara beint út í sögu rónans svokallaða sem á sér ekki viðreisnar von, sem við allir erum búnir að dæma úr leik og viljum helst ekkert fyrir gera og helst ekki vita af, eða ólæknandi sjúklingsins sem þó er ekki í þessum hópi. Og við þurfum ekki að fara langt út í það að tala um hin glötuðu mannsefni sem við tölum gjarnan um af viðkvæmni oft á tíðum, en ypptum svo aðeins öxlum. Þarna voru á ferðinni hæfileikar og atgerfi, sem glötuðust vegna vínneyslu og við því er í rauninni ekkert að segja. Þetta er viðkvæðið. Allt er þetta svo margsagt að það þarf ekki að vera að halda langa tölu þar um. Spurningin er aðeins: Hvað á að gera? — eða kannske fremur: Á eitthvað að gera? — Er kannske best að láta allt reka á reiðanum og er það kannske einmitt hlutverk Alþ. að skipta sér hér ekkert af, gera ekki neitt?

Mér hefur, síðan ég kom hér á Alþ., sýnst að það væri ærið mikil tilhneiging til þess að gera ekkert. Ég skal játa það að ég hef oft verið efins um það, hvaða leiðir ætti að fara að því marki sem ég teldi æskilegast, og heildarlausn hef ég ekki á takteinum. Jafnvel nú á þessum síðustu tímum þegar þetta vandamál hefur færst alveg sérstaklega niður á við í aldursflokkunum, niður til unglinga og jafnvel barna, þá hef ég hallast æ meir að minu gamla viðhorfi sem ég hafði unglingur, að með illu skuli illt út drífa, að aðflutningsbann væri tilraun, auðvitað djörf og auðvitað dýr ef hún mistækist, en óneitanlega kemur hún upp í hugann æ sterkar því fleiri skuggalegar myndir sem upp eru dregnar sem bitur sannleikur þessa alvörumáls. En ég er ekki að leggja þá leið til. Sjálfsagt er að leita allra leiða. Og ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að um leið og almenningsálitið hefði breyst, væri orðið neikvætt áfengisneyslu yfirleitt, þá værum við þegar komin spor í áttina, kannske komin vel á veg með að snúa þróuninni algerlega við. Hitt get ég og við flm. hreinlega ekki unað við, að Alþ. sitji alltaf hjá í þessum málum og aðgerðaleysi þess sé algert. Slíkt er vítavert og ábyrgðarlaust. Það er ekki nóg að setja lög sem við vitum að eru svo þverbrotin, jafnvel þar sem síst er ástæða til. Betri framkvæmd þegar settra laga hlýtur auðvitað að vera sjálfsögð krafa. Það er rétt, þau lög eru þegar í dag illa framkvæmd af dómsvaldinu í landinu — verulega illa framkvæmd. Og einstakar kvartanir, sem berast frá aðilum í þessum efnum sem eiga þó að heita opinberir aðilar jafnvel, — einstakar kvartanir frá þessum aðilum eru æ ofan í æ hunsaðar í hinu háa dómsmrn.

En fleira þarf vitanlega til að koma. Ég er viss um að n., sem ynni sitt starf af einlægni og af afli, hlyti að geta vísað á einhverja útgönguleið, og ég álít að vandamálið sé þess eðlis að það megi einskis láta ófreistað. Það er nefnilega svo, að mín skoðun er sú, og okkar flm. allra og ég hygg miklu, miklu fleiri, að Alþ. eigi ekki að hafa það eitt hlutverk í þessum málum að ráðstafa áfengisgróðanum á fjárlögum ár hvert. Við flm. allir erum opnir fyrir öllum nýjum leiðum og nýjum hugmyndum. Við teljum þó fordæmið mikilsverðast og á það verður aldrei lögð of þung áhersla. Við leggjum einnig áherslu á það að almenningsálitið verði sterkasti bandamaðurinn í baráttunni. Það er nú í dag öflugasti óvinur okkar í þessari baráttu. En eitt hlýtur þó öllum að vera ljóst, að það er aðgerða þörf og það ber að gera tilraun og Alþ. á að hafa þar frumkvæði, hefja þessa baráttu til aukins vegs og gefa baráttunni gegn áfengisbölinu þannig aukið gildi, veita eitthvert fordæmi í þessum efnum. Ég er nefnilega sannfærður um að allir þeir mörgu, sem úti í þjóðfélaginu starfa að baráttunni gegn áfengisbölinu, meta framlag okkar mikils ef það væri gert í fullri alvöru. Því er þessi till. okkar flutt.

Vitanlega mun sú n., sem fær þetta mál til athugunar, breyta dagsetningum. Fyrir okkur skiptir það ekki öllu máli hvort hér verður um n. að ræða sem skili bráðabirgðaáliti eða hvort hér verður komið á fastri n. sem vinnur að þessum málum. Menn segja kannske að til sé Áfengisvarnaráð og aðrir aðilar sem um þessi mál eigi að fjalla. En ég held að það sé ekki nokkur vafi á því að hér þurfi að koma til nýr aðili einmitt beint frá þinginu sjálfu, að menn jafnvel hér úr þinginu vinni að þessu vandamáli beint og geri um það till., hafi t. d. þessar sænsku till. og hina ítarlegu grg., sem þeim fylgir, til nokkurrar viðmiðunar. Því skiptir það okkur ekki neinu máli hvernig þessari n. verður falið að starfa, en við leggjum á það höfuðáherslu að hún fái að starfa, að hún verði sett, þrátt fyrir allt og þrátt fyrir misjafna reynslu okkar af n. yfirleitt.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til að þessari till. verði vísað til hv. allshn. og síðari umr.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa till. Ég kem hér upp til þess eins að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við hana eins og hún liggur fyrir, og ég get sagt í leiðinni að ég hefði getað tekið undir hvert orð hv. flm., Helga F. Seljans, í grg. hans og framsögu fyrir henni.

Við höfum oft orð á því að ástandið í þessum málum fari æ versnandi og það líði að því að það geti varla orðið verra. Og ég vil eindregið taka undir það með hv. 1. flm., að okkur virðist Alþ. hingað til hafa verið furðu tómlátt um að sinna þessum málum, það er varla að nokkur telji það þess virði að taka til máls um það. Það hefur verið leitt hjá sér. Jafnvel brennandi spurning eins og það, hvort afnema eigi vínveitingar í opinberum veislum, hefur ekki verið virt viðlits af hv. alþm. Sú till. var hér til umr. áður

og ég lýsti afstöðu minni þar og mun ekki endurtaka það hér.

En eitt af því, sem hefur fengið okkur til að hrökkva við alveg núna nýlega vegna þessara áfengismála allra, eru fréttir um það að nú fyrir skömmu var hækkað verulega verð á áfengi og næstu 3 daga var selt í áfengisverslunum Reykjavíkur áfengi fyrir — ég held ég muni það rétt — 6 millj. kr. og var vitnað í þetta sem hrikalega aukningu. Þetta kemur dálítið illa heim og saman við það sem maður hefur ímyndað sér, að fjárhagur fólks væri heldur að þrengjast um þessar mundir, heldur en hitt, en færir okkur í rauninni heim sanninn um það sem við vissum áður að fæðis- og fatakaup fjölskyldunnar eru látin sitja á hakanum ef brennivínsdropinn er annars vegar. Síðasti aurinn er látinn renna til áfengiskaupa frekar en til brýnustu lífsnauðsynja.

Hv. 7. landsk. lýsti á mjög greinargóðan hátt, að ég tel, almennum viðhorfum fólks til þessara mála, þó að við höfum of lengi gert okkur sek um að taka undir, en aðhafast lítið eitt. Hvað getum við gert? Ég tel að skipun slíkrar n., eins og lagt er til í þessari till., geti alla vega aldrei skaðað, og ég er nokkurn veginn sannfærð um að hún mundi gera töluvert gagn, sé hún skipuð samviskusömum mönnum sem þekkja sitt ætlunarverk. Þess vegna tel ég þetta jákvætt spor í rétta átt sem við verðum að fylgja eftir að verði annað en orðin tóm. Ég vil eindregið taka undir þau orð að almennt ábyrgðarleysi í þessum efnum er það sem háir okkur hvað mest í að ástandið sé bætt að nokkru marki. Þetta ábyrgðarleysi virðist því miður fara fremur vaxandi en hitt.

Ég tel mjög athyglisverðar niðurstöður þessarar sænsku n. sem flm. vitnaði í. Hann gat þar um eina 8 liði sem meginniðurstöður. Ég staðnæmist í rauninni við þá alla, en ekki hvað síst við þá skyldu okkar að sporna gegn hinni síauknu áfengisneyslu barna og unglinga, og það kemur þá beint inn á 2. lið niðurstaðnanna, sem var aukin fræðsla í skólunum. Þetta er eitt af þeim atriðum sem búið er að nauða um árum saman, en lítið hefur fengist gert raunhæft í því.

Annað atriði, sem hv. frsm. benti líka á og er að mínu mati hvað alvarlegast í þessu, það er aðgerðaleysi og máttleysi dómsmrn. sem á að fara með úrskurðar og refsivald í þessum efnum. Áfengislögin, sem í gildi eru, eru hreint ekki slæm ef þeim væri framfylgt. Það sem þyrfti að gera væri m. a. að hækka sekt fyrir leynivínsölu til unglinga úr þeim vesæla þúsundkalli, sem ég hygg að hún sé enn í, upp í þungar fjársektir og að því verði ekki borið við að það sé fyrir mannfæð og annir hjá Sakadómi og þeim aðilum, sem eiga að fjalla um þessi mál, sem þessi lög eru lítið annað en orðin tóm. Hér hefur margoft verið knúið á, en með furðulitlum árangri, og í rauninni væri það verkefni út af fyrir sig að breyta þótt ekki væri öðru en þessum tölum í úreltum lögum að þessu leyti með hinni vaxandi verðbólgu í landinu.

Að lokum við ég svo nefna atriði sem hv. 7. landsk. benti á og er hvað allra þyngst á metunum og það er almenningsálitið. Við vitum að svo erfitt sem það er að afla fjár til þarfamála, þá er enn þá erfiðara að breyta hugarfari og hefðbundnum viðhorfum fólks og þarna er ákaflega veikur hlekkur í þessu öllu saman. Ég held að við verðum þarna eins og annars staðar, ef við ætlum að hafa áhrif, að byrja á sjálfum okkur, gera kröfur til sjálfra okkar og líða ekki það viðhorf sem tíðkast nú að hvaðeina sé afsakað og réttlætt undir því yfirskini að mannveslingurinn hafi verið undir áhrifum. Meðan þetta viðhorf almennings viðgengst og meðan er hlegið að drykkjuóðum manni í staðinn fyrir að aumkast yfir hann, þá er ekki mikilla bóta að vænta. Sterkt almenningsálit gefur það eina fordæmi sem að gagni kemur í þessu, að við leggjumst öll á eitt með að skapa okkur raunsætt og jákvætt viðhorf til þessara mála og vísa á bug því gamla axlaypptingasjónarmiði sem ekki leiðir til neins nema stöðnunar og neikvæðrar þróunar í þessum málum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Áburðarverksmiðja á Norðausturlandi, þáltill. (þskj. 343). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Trúfélög, frv. (þskj. 327). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um trúfélög hefur verið afgr. í hv. Nd. shlj. og að öllu óbreytt eins og það var lagt fyrir d., að því fráskildu sem liggur að hlutarins eðli þar sem nokkur dráttur varð á afgreiðslu málsins, að breytt var ákvæðinu um gildistöku laganna.

Þetta frv. var lagt fram í Nd. á fyrra þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu og var reyndar svo seint á ferð að ekki var gert ráð fyrir því að það yrði afgr. þá, enda eðlilegt að mál sem þetta geti legið fyrir tveimur þingum.

Astæðan til þess, að þetta lagafrv. er flutt, er sú að reglur um utanþjóðkirkjusöfnuði eru gamlar orðnar og ófullkomnar. Það eru ekki ákvæði um það nema í lögum frá 1886 sem lítillega var svo breytt 1904 og þau lög eru naumast miðuð við nútímaaðstæður og veita enn fremur ekki svör við ýmsum spurningum sem á reynir í framkvæmd. Þess vegna hefur þótt rétt að taka saman lagabálk um þetta efni.

Þetta frv. skiptist í 3 kafla. Í I. kafla frv. er fjallað um almennar reglur um aðild manna að trúfélögum en þau ákvæði eru í rauninni staðfesting á þeim reglum sem farið er eftir í framkvæmd nú þegar eins og t. d. 5. gr. En önnur ákvæði eru nýmæli, svo sem aldursmörk til ákvörðunar um aðild að trúfélagi sem eru í 3. og 6. gr. frv.

Í 1. gr. frv. má segja að endurtekin sé og undirstrikuð sú stefnumótun sem felst í 63 gr.

stjórnarskrárinnar þar sem mörkuð er reglan um trúfrelsi, en ákvæði 63. gr. stjórnarskrárinnar eru raunar tekin upp í 1. gr. frv. Ákvæði 2. og 4. gr. frv. eru til þess ætluð að leggja áherslu á að skuldbinding til aðildar að trúfélagi nær ekki lengra en vilji manna stendur til hvað sem yfirlýsingum líður og bannað er að taka við ákveðnum heitstrengingum manna innan 20 ára aldurs. Þá eru og markaðar almennar reglur um það hvernig fjalla skuli um inngöngu í og úrsögn úr trúfélagi og um réttarverkanir skráningar í þjóðskrá. Um efni þessa kafla frv. má að öðru leyti, að ég held, vísa til frekari skýringa í aths. sem frv. fylgja.

II. kafli frv. er svo um trúfélög utan þjóðkirkjunnar og eins og ég áðan sagði, þá má segja að í þeim kafla sé að finna aðaltilefnið til þess að ástæða þykir til nú að setja um þetta fastar reglur í lögum. Í fyrstu gr. kaflans, þ. e. a. s. 11. gr. frv., er mælt fyrir um það að heimild sé til stofnunar trúfélaga án þess að nokkuð þurfi að tilkynna um það til stjórnvalda. Félög, sem þannig væri farið um, mundu engu að síður þurfa að gæta þess að taka ekki upp nöfn sem um of líktust nöfnum annars trúfélags þannig að misskilningi gæti valdið. Einnig mundu slík félög sem önnur að sjálfsögðu vera bundin af þeirri skyldu sem 63. gr. stjórnarskrárinnar segir, að ekki megi kenna neitt né fremja sem gagnstætt sé góðu siðferði og allsherjarreglu. Slík félög geta og skv. ákvæðum gr. tryggt sér einkarétt á nafninu þannig að það sé varið fyrir upptöku annarra á því.

Að öðru leyti eru í kaflanum mjög svo ítarleg ákvæði sem gera grein fyrir því m. a. hvaða upplýsingar skuli fylgja umsögn trúfélaga sem sækja um viðurkenningu þá sem þar er um fjallað. Er sú viðurkenning nefnd í frv. skráning. Þetta var að fyrirmynd norskra laga. Verður að ætla að þessar umfangsmiklu reglur, sem gerðar eru til upplýsinga um starfsemi félaga sem skráningar leitar, geti gert hvort tveggja, gefið bendingar um hvernig móta þurfi skipulag og starfshætti slíkra félaga og jafnframt veitt ríkisvaldinu nokkra tryggingu fyrir því að félög, sem fengin yrði framkvæmd ábyrgðarmikilla embættisverka í hendur, væru í raun og veru svo mótuð í skipulagi og starfsháttum að ástæða væri til þess að fela þeim slík störf eða a. m. k. að óhætt væri að fela þeim slík störf sem löggjafinn felur annars óneitanlega fyrst og fremst starfsmanni ríkisins sjálfs.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja þessi ákvæði hér eða lesa þau upp, en vísa til aths. sem með frv. fylgja, t. d. um skýrslugerð skráðra trúfélaga, eftirlit með embættisstörfum á þeirra vegum, skilyrði til að gegna forstöðumanns- eða prestsstarfi, skyldur þeirra og embættisábyrgð. Um þetta leyfi ég mér að vísa til aths. frv., en sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það.

Það kom til athugunar hvort ekki væri rétt að marka í frv. einhverja lágmarkstölu safnaðarmeðlima sem skilyrði fyrir skráningu, en frá því var horfið. Það er líka í samræmi við fyrirmynd frá norðmönnum, en í upphaflega frv. þeirra um þetta efni var sett lágmarkstala 50 félagsmanna, en frá henni var horfið í endanlegu frv.-gerðinni sem varð að lögum er sett voru 1969. Vitaskuld má segja að slík lágmarkstala geti komið til greina, þó að hún út af fyrir sig þurfi ekki að segja mikið til um styrk eða innihald samtaka og gæti, ef hún væri sett, e. t. v. leitt til þess að hún yrði höfuðviðmiðunin þegar um það væri að ræða hvort skráning fengist eða ekki. Ég bendi aðeins á þetta til athugunar.

Þetta frv. er tekið saman á vegum dómsmrn. og ef hv. n. skyldi óska eftir upplýsingum, sem ekki er að finna í aths. þeim sem frv. fylgja, þá er sjálfsagt að þeir, sem tekið hafa þetta frv. saman, komi til viðtals við n. ef hún skyldi óska þess. Ég leyfi mér því, herra forseti, að mælast til þess að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Orka og orkusala á Austurlandi, þáltill. (þskj. 347). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 262). — 1. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Í skýrslu, sem hefur verið gefin út af Framkvæmdastofnun ríkisins, er fjallað um áætlanir sveitarfélaga varðandi gatnagerð í þéttbýli og þær hugmyndir sem uppi eru um fjármögnun þeirra framkvæmda. Skýrslu þessari hefur verið dreift og hafa hv. alþm. fengið hana í hendur. Þar getur að líta að um risavaxið verkefni er að ræða. Miðað við verðlag 1. jan. 1975 er áætlað að það kosti 5 milljarða 773 millj. að leggja varanlegt slitlag á götur þéttbýlisstaða utan Reykjavíkur og Reykjaness. Er þar með talinn kostnaður við lagnir allar og frekari undirbúning gatnanna. Landshlutasamtökin hafa þegar innt af hendi mikið starf til skipulagningar og verklegrar útfærslu framkvæmdanna. Þau hafa og sett fram ákveðnar stefnumarkandi till. um fjármögnun þessara framkvæmda. Framkvæmdastofnunin hefur einnig sett fram hugmyndir um fjármögnun þeirra þótt ekki sé hægt að líta á þær hugmyndir sem formlegar till. stofnunarinnar. En allmikið ber á milli í hugmyndum þessum, ekki síst varðandi bein framlög sveitarsjóðanna umfram gatnagerðargjöld á framkvæmdatímanum sjálfum sem er áætlað að verði 10 ár. Enda þótt æskilegt væri að ræða þessar hugmyndir í heild nú, mun ég þó ekki gera það að sinni. Það er að vísu ekki bjart fyrir augum um framkvæmdir á vegum hins opinbera á þessu ári, hvorki ríkis né sveitarfélaganna, en það haggar engu um þá

staðreynd að sú þróun, sem fram undan er í þessum málum, verður ekki stöðvuð. Og ég tel knýjandi að þessar hugmyndir, sem um er rætt til fjármögnunar, verði fljótlega teknar til meðferðar hér á Alþ. og þar mörkuð stefna sem unnið verði svo eftir á næstu árum.

Frv. það, sem hér er flutt, snertir aðeins einn fjármögnunarþátt þessara framkvæmda. Það er sameiginlegt báðum hugmyndunum sem ég nefndi áðan, að þar er gert ráð fyrir gatnagerðargjöldum sem verulegum tekjustofni er varið verði til framkvæmdanna eða sem næst 25% af framkvæmdakostnaði. Og ég vil taka það fram að þegar ég nefni hér gatnagerðargjöld, þá er að vísu talað um sérstök gatnagerðargjöld í þeim l. sem lagt er til að verði breytt, þ. e. a. s. gatnagerðargjöld sem lögð eru á og innheimt um leið og lóðaúthlutun fer fram og þegar leyfð er bygging húsa, en ég á raunar líka við þetta sérstaka gjald sem ekki hefur fengið nafn að ég viti. En orðið er yfirleitt líka notað yfir gatnagerðargjöld þar sem ætlast er til að lagt verði á fasteignir við götur þar sem varanlegt slitlag er. Með l. um gatnagerðargjöld, nr. 51 frá 16. maí 1964, er opnuð leið fyrir sveitarstjórnir til að leggja slíkt gjald á vegna lagningar varanlegs slitlags, enda hafi ráðh. staðfest reglugerð þar að lútandi. Er óhætt að segja að fjölmargar sveitarstjórnir tókust ótrauðar á við getnagerðarverkefnin, létu leggja varanlegt slitlag á götur meðan unnið var að samræmdum reglugerðum fyrir sveitarfélögin. Sveitarstjórnirnar lögðu þann skilning í l. að ekki skipti máli á hvaða stigi framkvæmdirnar stæðu þegar samþykktir yrðu staðfestar, m. ö. o. svo að dæmi sé tekið að engin hætta væri á að eigandi húss nr. 10 slyppi við gatnagerðargjaldið, en eigandi hússins nr. 12 við sömu götu yrði að greiða fullt gjald. Enn fremur var sá skilningur víða uppi að ekki skipti máli hvort verkið var framkvæmt árið 1973 eða 1974, svo fremi gatnagerðargjald hefði ekki áður verið lagt á viðkomandi fasteign. Má í þessu sambandi minna á það, að á Austfjörðum var unnið verulegt átak 1973, á Vestfjörðum t. d. 1974. Þar var byrjað seint á sumri eða nánast að hausti og þess vegna stöðvað á miðjum götum og beðið næsta vors. En þegar fyrstu samþykktirnar á grundvelli laga þessara bárust félmrn. til staðfestingar taldi rn. orka tvímælis hvort orðun 4. gr. laganna heimilaði innheimtu gjalda samkv. 3. gr. vegna framkvæmda við bundið slitlag á götur og gangstéttir sem þegar hafði verið lagt fyrir gildistöku laganna. Þetta frv. er þess vegna flutt til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni. Og það er álit margra sveitarstjórna að heimild til álagningar sérstaks gjalds samkv. 3. gr. laganna komi ekki nema að takmörkuðu gagni nema unnt verði að leggja slík gjöld á fasteignir við götur þar sem búið er að setja bundið slitlag á.

Ég geri mér grein fyrir því að heimild sú, sem hér um ræðir, kann að leggja sumum sveitarstjórnum vanda á herðar. Á það einkum við um þau sveitarfélög sem um áratuga skeið hafa lagt götur með varanlegu slitlagi. En ég hef ástæðu til að ætla að viðkomandi sveitarfélög muni nota slíka heimild mjög með sanngirni eða alls ekki, enda hafa gatnagerðargjöld verið innheimt, t. d. hér í höfuðborginni, um langan tíma.

Það er félmn. sem flytur þetta frv. að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt. sem fram kunna að koma eða flytja brtt. Ég legg til, virðulegi forseti, að þessu máli verði aftur vísað til félmn. er taki frv. aftur til meðferðar í ljósi þeirra umr. sem hér kunna fram að fara um það.

Umr. frestað.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. (þskj. 36, n. 191 og 195, 192, 217). — Frh. 2. umr.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegur forseti. Ég hafði vænst þess, að sjútvrh. sýndi þeim, sem eru á mælendaskrá, þá kurteisi að vera viðstaddur í sal þegar talað er um það mál sem hér er til umr. og mun ég hafa sama hátt á og 3. þm. Reykv. hefur haft að bíða þar til ráðh. gengur í salinn. — Ég sé að hæstv. sjútvrh. er genginn í salinn og mun þá flytja mitt mál.

Ræða hæstv. ráðh. s. l. mánudag vakti mikla furðu mína, svo að ekki sé meira sagt. Ég átti satt að segja ekki von á því að ráðh. fjallaði með þeim hætti um þetta mál sem hann gerði, og ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls um þetta mál sem hér er til umr., samræmda vinnslu á sjávarafla. Ég hafði þegar lýst yfir andstöðu minni við þetta frv. fyrir jól. En orð hæstv. ráðh. um frelsishugtakið og hjal okkar þm. Sjálfstfl. úr Reykjavík og annarra á þessu svæði um þetta — eins og hann orðaði það — úrelt hugtak í stefnuskrá Sambands ungra sjálfstæðismanna réð því að ég tek aftur til máls.

Ég vil í upphafi segja það, að það virðist vera afleitt að þetta „fjárans" frelsi skuli vera að flækjast fyrir fótum valdamanna. En hvað skyldi frelsi koma víða fyrir í stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl.? Hvað skyldu frambjóðendur Sjálfstfl. hafa notað þetta orð oft í ræðum sínum fyrir kosningar og milli kosninga? Ég mun víkja nokkuð að því hér á eftir og vil undirstrika það, að enn eru til þeir menn í Sjálfstfl. sem bera virðingu fyrir orðinu frelsi og því sem felst á bak við það hugtak. En ég verð hreinlega og hreinskilnislega að segja það og viðurkenna að ég skildi ekki þennan kafla í ræðu sjútvrh., þar sem hann fjallaði um þetta hugtak með jafnmikilli lítilsvirðingu sem hann gerði. 1. þm. Sjálfstfl. á Vestfjörðum, Matthías Bjarnason, sem hefur verið viðurkenndur einn skeleggasti málsvari einkaframtaks og athafnafrelsis, fór mjög óviðeigandi orðum um athafnafrelsið og þá menn sem vilja halda því í heiðri. Og ég vil segja það hér, að að óreyndu hefði ég ekki trúað því að ráðherrastóll gæti leikið jafngóðan dreng jafnilla og raun ber vitni um.

Ég vil lýsa því yfir að ég tel þetta frv. hafið yfir þá þröngu deilu sem kölluð er Blönduósdeila, því að þótt sú deila snerti að sjálfsögðu það „prinsip"-spursmál sem hér er til umr., sem er um hversu víðtækt athafnafrelsi skuli vera, þá er hún í sjálfu sér ómerkilegt mál, allt of ómerkilegt til þess að koma með frv. á Alþ. sem beinlínis gengur gegn þeirri meginstefnu Sjálfstfl. sem er fullt athafnafrelsi. Því, að lýsa

yfir í sölum Alþ. að stefnuyfirlýsing eða samþykkt Sambands ungra sjálfstæðismanna varðandi athafnafrelsi tilheyri 19. öldinni og sé 19. aldar fyrirbrigði, er ekki hægt að láta ómótmælt af sjálfstæðismönnum hér á þingi, og ég harma þessi ummæli hæstv. ráðh. vegna þess að meginmarkmið í stefnu Sjálfstfl. er og hefur verið athafnafrelsi. Ég hefði satt að segja ekki átt von á því að maður þyrfti að rifja hér upp hver er meginstefna Sjálfstfl., en ég hlýt að gera það vegna þess sem á undan er gengið. Og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að rifja hér nokkuð upp hvað segir um athafnafrelsi í stjórnmálayfirlýsingum og ræðum forustumanna Sjálfstfl. á liðnum árum.

Í stjórnmálayfirlýsingu landsfundar 1965 segir m. a.:

„Landsfundurinn ítrekar þessi meginmarkmið flokksins: ...3. Vinna að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og athafnafrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.“

Í sömu stefnuyfirlýsingu segir síðar: „Landsfundurinn felur miðstjórn flokksins, þingflokki og ráðh. á þeim tíma að vinna að: ...7. Að einkaframtak verði örvað til forustuhlutverks í framfarasókninni og sem flestum þjóðfélagsborgurum veitt aðstaða til aðildar að atvinnurekstri.“

Í landsfundarályktun og stjórnmálayfirlýsingu landsfundar 1971 segir enn fremur: „Stefna Sjálfstfl. er grundvölluð á þeirri lýðræðishugsjón að einstaklingar og samtök þeirra hafi svigrúm til orða og athafna svo að frjáls hugsun og persónulegt framtak fái notið sín til heilla fyrir hvern einstakan þjóðfélagsborgara og heildina í senn.“

Í ræðu, sem einn mætasti forustumaður Sjálfstfl., Bjarni Benediktsson, flutti á landsfundi 1963, segir m. a.: „Undirrót alls, sem á hefur unnist, er að fólkið hefur fengið frelsi til að njóta manndáðar sinnar. Þrek þjóðarinnar, ærleði, vinnusemi og vaxandi þekking hefur skipt sköpum fyrir Ísland. Án frjálsræðis, framtaks og þekkingar er Ísland lítt byggilegt.“

Ég læt nægja þessar tilvitnanir og vísa því til föðurhúsa að halda því fram að stefna Sjálfstfl. eða ungra sjálfstæðismanna tilheyri 19. öldinni.

Ég efast ekki um að það má margt lagfæra og betrumbæta í okkar athafnalífi. En eitt er víst, að þar eru ekki of margir einstaklingar sem hafa þor og áræði til þess að takast á við þann vanda sem er að sjá um atvinnureksturinn og vera í forustu á því sviði á Íslandi, og situr síst á okkur stjórnmálamönnunum að tala með lítilsvirðingu um slíka menn eða stefna að því að svigrúm fyrir einstaklinga verði sem allra minnst og í framtíðinni verði öll atvinnustarfsemi utan Stór-Reykjavíkursvæðisins annaðhvort í höndum sveitarfélaga eða samvinnuhreyfingarinnar með e. t. v. stuðningi og styrk ýmissa sjóða sem hv. Alþ. kann að hafa sett á laggirnar á hverjum tíma og ýmsir stjórnmálamenn fjalla um.

Að öðru leyti vísa ég til afstöðu minnar í ræðu 19. des. s. l. varðandi þetta mál, en þar lýsti ég mjög rækilega andstöðu minni við frv. En út af ummælum hæstv. ráðh. þar sem hann vék að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og talaði með hálfgerðu háði um afstöðu þeirra samtaka, vil ég aðeins segja þetta: Það vill svo til að þessi samtök eru stofnuð af frjálsum og óháðum einkaframtaksmönnum á sínum tíma. Þau eru frjáls og óháð, þau eru sérhverjum opin og getur sérhver gengið úr samtökunum. Þessi samtök voru fyrst og fremst stofnuð til þess að samræma sölustarfsemi fiskframleiðenda á erlendum mörkuðum á sínum tíma og þau voru stofnuð árið 1942, á styrjaldartímunum. Það hefur aldrei verið og er ekki stefnumarkmið þessara samtaka að koma í veg fyrir eða útiloka að aðrir geti hafið framleiðslu á hraðfrystum sjávarafurðum hér innanlands. (**Sjútvrh.**: En að selja þær?) Ég mun víkja að því. Ég geri ráð fyrir því að þótt ráðh. viti mikið um þessi mál, þá geti ég eitthvað upplýst hann nánar um þau. (**Gripið fram í**: Þetta verður fróðleg ræða hjá þér?) Er ráðh. ógeðfellt að flokksbróðir hans ræði þau? (**Gripið fram í**: Nei, nei, nei, nei.)

Það er mikill eðlismunur á því að skipuleggja sölu íslenskra afurða á erlendum mörkuðum í harðri samkeppni við stórfyrirtæki í erlendri eign eða stefna að því með frv. hér á Alþ. að útiloka að einstaklingar geti sett á laggirnar fyrirtæki, hvort sem er í sjávarútvegi eða fiskiðnaði, eftir því hvar þau eru staðsett. Það er eðlismunur á því að keppa á erlendum mörkuðum við stórfyrirtæki, sem hafa mikið fjármagn og sterkt skipulag og selja í sameinuðu átaki, en í opnu og frjálsu fyrirtæki, eða stefna að því að láta ríki eða ráðh. ákveða líf og örlög fyrirtækja eða manna hérlendis. Það er þess vegna útúrsnúningur hjá ráðh. að blanda samtökunum inn í þetta mál með þeim hætti sem hann gerði í ræðu sinni s. l. mánudag. Ég vil vekja athygli á því að það er ekki rétt hjá ráðh. að Sölumiðstöðin eða Sjávarafurðadeild SÍS hafi haft einhverja einkasöluaðstöðu í sambandi við sölu hraðfrystra sjávarafurða frá Íslandi allt frá 1961. Það er ekki við þessi fyrirtæki að sakast ef þau hafa staðið sig betur en aðrir aðilar sem hafa selt frystan fisk eða sjávarafurðir á sama tíma. Það hafa margir aðilar selt hraðfrystar sjávarafurðir á erlendum mörkuðum síðan 1961 og ég get talið þessa aðila upp nú.

Það var á sínum tíma fyrirtæki stofnað hér sem hét Atlantor hf. Kannast hv. þm. við það fyrirtæki? (**SvH**: Hvað?) Atlantor hf., Sverrir Hermannsson. Það var hér einkaútflytjandi sem flutti út frystar sjávarafurðir og hét Friðrik Jörgensen. Það var hér útflytjandi sem hét Árni Ólafsson. Og það er hér aðili sem enn flytur út frystar sjávarafurðir, sem heitir Bjarni Magnússon. Þessir aðilar hafa haft frelsi og höfðu frelsi til þess að selja frystar sjávarafurðir við hliðina á þessum samtökum, þannig að það er ekki rétt að segja að þau búi við eitthvert einokunar- eða einkasölukerfi. Ef menn þola ekki að þessi frjálsu samtök hafi staðið sig betur, í þessu tilfelli Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, þá er það slæmt. Hversu mörg fyrirtæki hafa flutt út hraðfrysta rækju? Þau eru mjög mörg eftir því sem ég veit best. Þannig mætti halda áfram og vekja athygli á því að það eru margir aðilar sem flytja út aðrar tegundir sjávarafurða, t. d. skreið, fiskimjöl, lýsi

o. s. frv. Nei, ég held að við verðum að þola það ef aðilar, sem hafa myndað frjáls samtök, eru beðnir um að gefa umsögn um frv. hér á Alþ. Þótt umsögnin sé ekki alveg eins og við höfðum óskað eftir henni, þá verðum við að þola skoðanir þeirra án þess að sé verið að hæðast að starfsemi þeirra, hvort sem það eru sölusamtök eða einstök fyrirtæki.

Að lokum vil ég ítreka fyrri skoðun mína og álit varðandi það frv. sem hér er til umr. Ég tel að frv. þrengi athafnafrelsi enn meir í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Í öðru lagi er ég þeirrar skoðunar að ef það verður að lögum, þá geti það skapað óæskilegt fordæmi og orðið hættulegt í höndum óvandaðra manna. Í þriðja lagi, verði takmörkunarstefna þessi útfærð enn meir og færð inn á önnur svið sjávarútvegs og fiskiðnaðar, mun það hafa afar óæskileg áhrif fyrir íslensku þjóðina. Það mun draga úr athafnafrelsi, framförum og viðleitni einstaklinga til stórra sjálfstæðra átaka hvar sem er á landinu. Þessari stefnu mun fylgja samdráttur á því mikilvæga sviði sem sjávarútvegur og fiskiðnaður er, og mun gersamlega taka fyrir það að einstakir athafnamenn, sjómenn, skipstjórar og útgerðarmenn, hafi þrek eða þor til að ráðast í að stofna einkafyrirtæki á þessu sviði. Í fjórða lagi er það mín skoðun að frv. veiti rn. og viðkomandi ráðh. of mikið vald til þess að ákveða líf og örlög manna í sambandi við fiskvinnslu í landinu.

Ég var kjörinn á þing sem frambjóðandi fyrir flokk sem hefur athafnafrelsi sem grundvallar- og meginstefnuskráratriði. Ég tel að þetta frv. gangi gegn þessari meginstefnu. Með framangreint í huga og það sem ég hef áður sagt, lýsi ég enn yfir andstöðu minni við frv. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. gegn því og ég vænti þess að aðrir hv. alþm. geri hið sama og virði það meginsjónarmið sem hefur ríkt ekki aðeins í Sjálfstæðisfl., heldur einnig í öðrum flokkum til þessa, að athafnafrelsið verði haft í heiðri og það verði ekki sett hér lög sem skerða það meir en orðið er.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í umr. um þetta mál við 2. umr. þess. Ég hafði fyrir nokkru skýrt hæstv. sjútvrh. frá afstöðu minni til þessa máls, skýrt frá þeirri afstöðu að ég gæti ekki stutt málið eins og það lægi fyrir og ætlaði satt að segja að láta við það sitja. Mér er kunnugt um að ráðh. hefur borist slíkar ábendingar frá fleiri samþm. sínum. En þrátt fyrir þær skoðanir sem hann hefur heyrt og þrátt fyrir þessar ábendingar hefur hann að því er virðist ákveðið að halda frv. til streitu í óbreyttu formi eins og það kemur úr nefnd.

Það, sem veldur því, að ég stend nú upp, er sú dæmalausa ræða sem hæstv. ráðh. flutti hér s. l. mánudag. Hann flutti hér langa ræðu og það verður að segja eins og er, að hann ögraði mönnum upp í þennan ræðustól, hann ögraði þeim mönnum upp í ræðustól sem hafa sagt honum frá því að þeir væru andvígir málinu, en af tillitssemi við hann og tillitssemi við einingu í þingsölum höfðu ekki hugsað sér að láta þessa skoðun í ljós í löngu máli eða öðruvísi en þá við atkvgr. Mér er hlýtt til hæstv. sjútvrh., og ég er þeirrar skoðunar að það hafi ekki verið völ á betri manni í þetta embætti, það segi ég af heilum hug og fullri einlægni. (Gripið fram í.) Það er nú þannig að þó að ég sé á öndverðum meiði við einhverja menn og mér sé hlýtt til þeirra, þá fer ég ekkert í felur með mínar skoðanir, og ég geri ráð fyrir því að hann eins og vonandi fleiri þm. séu menn til þess að taka gagnrýni og skoðanaskiptum hér í þingsölum, hvort sem menn kalla það skammir eða ekki. Það dregur ekki úr áliti mínu á ráðh., enda þótt ég sé ekki samþykkur þessu frv. eða þeim málatilbúnaði sem hér er hafður uppi.

Það frv., sem á dagskrá er og hefur valdið deilum, heitir frv. til l. um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar sem háðar eru sérstökum leyfum. Frv. þetta er ekki langt, eitthvað 5 gr., en deilt er fyrst og fremst um fyrstu tvær gr. og ég ætla að leyfa mér að lesa þær til upprifjunar — með leyfi forseta.

1. gr. hljóðar svo:

„Sjútvrn. getur samkv. lögum þessum sett almennar og svæðisbundnar reglur er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkv. sérstökum leyfum rn. til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, m. a. með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta sem veiðileyfi hljóta."

2. gr. hljóðar svo:

„Í þeim greinum veiða sem háðar eru sérstökum leyfum samkv. 1. gr., skal leita leyfis sjútvrn. til að koma á fót vinnslustöðvum eða til aukningar á afkastagetu þeirra sem fyrir eru. Rn. getur synjað um slík leyfi ef ekki er fyrirsjáanleg varanleg aflaaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu. Opinberum fjárfestingarlánasjóðum skal tilkynnt um synjun slíkra leyfa."

Þannig hljóða fyrstu tvær greinar þessa frv.

Það er ekki tilviljun að frv. var lagt fram nokkru eftir að upp kom deila um veiðar og vinnslu slíks sjávarafla norður í Húnaflóa. Það er ekki tilviljun að hæstv. ráðh. blandaði saman mjög í ræðu sinni þessum tveim málum, þ. e. a. s. deilunni við Húnaflóann og frv. sem hér er á dagskrá, þegar hann talaði hér s. l. mánudag. Deilan varðandi veiðarnar í Húnaflóa stafar af því að ráðh. setti ákvæði inn í reglugerð, sem kveður á um að hann geti leyft eða synjað bátum að veiða eða stöðvum að vinna sjávarafla. Menn hafa dregið í efa að þetta ákvæði, sem ráðh. setur í reglugerð, hafi lagastoð. Í framhaldi af þessum ágreiningi er frv. flutt.

En þá hlýtur auðvitað sú spurning að vakna: Til hvers er slíkt lagafrv. flutt, ef ráðh. hefur heimild til þess að setja slíkar reglugerðir? Til hvers þarf að búa til nýja löggjöf, ef löggjöfin, sem nú þegar er í gildi, heimilar ráðh. slík reglugerðarákvæði? Það er tvennt sem blasir við, sem er mjög einfalt: Annaðhvort hefur ráðh. ekki heimildina, hefur ekki lagastoðina og frv. þetta er nauðsynlegt eða að ráðh. hefur heimildina og frv. er óþarft. Eftir því sem ráðh. hefur hagað sér í málinu og með því að setja ákvæðið inn í reglugerðina, hlýtur hann að telja sig að

hafa lagastoð, m. ö. o. þá hlýtur þetta lagafrv. að vera óþarft.

Þetta frv. felur það eitt í sér að ráðh. fái vald til þess að synja eða leyfa veiðar eða vinnslu undir þessum kringumstæðum sem frv. fjallar um. Það felur ekkert annað í sér. Og mér hefur skilist á málflutningi hæstv. ráðh. að hann telji sig þurfa á þessu frv. að halda til þess að geta skipt slíkum veiðum og slíkri vinnslu þannig að það komi sér best fyrir viðkomandi aðila. En þá auðvitað dregur maður þá ályktun að ákvarðanir hans varðandi reglugerðina styðjist ekki við lög. Hvorugur kosturinn er góður.

Frv. felur í sér, eins og ég hef lesið upp, ótvírætt og algert vald rn. til þess að synja um leyfi til þess að setja upp vinnslustöðvar. Nú skal að vísu viðurkennt að hér er um sérstætt mál að ræða vegna þess að það fjallar um samræmingu á veiðiheimildum og vinnslu, þegar um er að ræða sjávarafla sem þarf að takmarka veiðar á (**Sjútvrh.:** Aðeins tvær tegundir af sjávarafla.) Aðeins tvær tegundir sjávarafla, það skal fyllilega viðurkennt að hér er um sérstakt og afmarkað mál að ræða. Og út frá þessu sjónarmiði má vel réttlæta að einhverjar takmarkanir séu settar um veiðar eða vinnslu. Ég er ekki svo þröngsýnn að geta ekki fallist á þetta. Slíkar takmarkanir geta átt rétt á sér. En þá kemur upp þessi spurning: Hvað eiga þær að ná langt og með hverjum hætti eiga þessar takmarkanir að vera? Ég held að um þetta snúist ágreiningurinn. Eigum við að leyfa rn. að hafa alfarið allan rétt til þess að takmarka veiðarnar og vinnsluna eða eigum við að beita einhverjum öðrum aðferðum? Sjálfstfl., sem hæstv. ráðh. er fulltrúi fyrir hér á þingi, hefur ávallt verið tregur til að fallast á of mikil ríkisafskipti. Hann hefur verið í grundvallaratriðum andvígur of miklum ríkisafskiptum og telur varhugavert að heimila eða setja inn í lög ákvæði þar sem rn. eða ráðh. fái óskipt vald. Þess vegna þarf engum að koma á óvart og allra síst hæstv. ráðh. þótt ýmsir sjálfstæðismenn og að sjálfsögðu ýmsir fleiri hafi við það að athuga að slíkt frv. sé gert að lögum sem felur í sér alræðisvald rn. hvað þetta snertir. Það væri miklu frekar óeðlilegt ef slíkar aths. kæmu ekki fram. Ég get ekki ímyndað mér annað en hæstv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, geri sér þetta fullkomlega ljóst, vegna þess að hann er vaxinn upp úr þeim jarðvegi. Hann hefur tilheyrt þeim mönnum sem hafa barist fyrir þessari stefnu og er í hjarta sínu og hvað stjórnmálaskoðun snertir sammála þessum grundvallarskoðunum.

Það má vel vera að það hafi verið ómaklega vegið að hæstv. ráðh. í ræðu og riti í umr. um deilumálið við Húnaflóa. Og hann hefur að sjálfsögðu fullan rétt til þess að svara fyrir sig. Hann hefur meira að segja tekið fram að hann hafi rétt á því að reiðast eins og aðrir, og mér er ljóst að honum getur orðið það á eins og mörgum fleiri. En ég held þó að ráðh. verði að hafa þrek og þroska til þess að taka því að menn séu honum ósammála. Og ég held að skap og tilfinningar ráðh. afsaki ekki þá ræðu sem hann flutti hér á mánudaginn. Hún var lítilsvirðing gagnvart þeim sjónarmiðum og rökum sem hafa komið fram gagnvart þessu máli og hún var að miklum hluta til háðsglósur um þá aðila sem fengu þetta mál til umsagnar frá n. í þinginu.

Hér hefur verið gerð grein fyrir afstöðu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og skal ég ekki víkja frekar að því. Mér fannst vera ómakleg ummæli hæstv. ráðh. í garð Landssambands ísl. útvegsmanna, þar sem hann gerir þeim upp annarlegar hvatir þegar um er að ræða þeirra umsögn. Það, sem ég vildi þó sérstaklega víkja að, eru ummæli ráðh. varðandi ályktun sem Samband ungra sjálfstæðismanna sendi frá sér í tilefni af þessu frv., ekki þannig að það skipti neinu meginmáli, heldur hitt, að það er ekki skynsamlegt, það er ekki drengilegt af ráðh. Sjálfstfl. að ráðast þannig að samtökum í sínum eigin flokki sem hafa stutt hann og þennan flokk til áhrifa og til aukins fylgis í þjóðfélaginu. Það er auðvitað bæði ómaklegt og rangt að kalla ályktun frá Sambandi ungra sjálfstæðismanna um þetta mál 19. aldar kenningar, og ráðh. var svo mikið niðri fyrir að hann meira að segja kallaði hana 18. aldar kenningar. Það þurfti að leita svo langt. En af þessu tilefni ætla ég að leyfa mér að lesa upp þessa ályktun sem kölluð er 19. aldar kenning, svo að það fari ekki á milli mála hvað standi í þessari ályktun og hver fyrir sig geti áttað sig á því hvað það er sem ráðh. kallar slíkum nöfnum. Með leyfi forseta, hljóðar þessi ályktun svo:

„Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna mótmælir harðlega frv. til l. um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, er nú liggur fyrir Alþ. Stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna telur að sjútvrn. hafi alla möguleika á því í dag samkv. núgildandi l. að takmarka bæði afla og sókn og vernda þannig stofna rækju og skelfisks eins og rétt þykir hverju sinni."

Varla geta þetta talist 19. aldar kenningar. Síðan heldur áfram og segir:

„Þau ákvæði frv., sem stjórn SUS mótmælir sérstaklega og telur afar varhugaverð, eru ákvæði 1. gr. frv., þar sem sjútvrh. og embættismönnum hans er veitt heimild til að setja reglur um skiptingu afla milli vinnslustöðva, og enn fremur ákvæði 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir því að sömu aðilar geti upp á sitt eindæmi ákveðið hverjir byggi vinnslustöðvar eða auka afkastagetu þeirra sem fyrir eru í þeim greinum veiða sem háðar eru sérstökum leyfum samkv. 1. gr."

Varla geta þetta kallast 19. aldar kenningar, því að þetta er eingöngu frásögn af því sem stendur í frv., staðreyndir. Í 3. mgr. þessarar ályktunar segir:

„Ljóst er að frv. stóreflir ríkisafskipti og þjappar öllu valdi í því máli, sem frv. ræðir um, í hendur ráðh. sjávarútvegsmála hverju sinni, sem auðveldlega getur leitt til misnotkunar og hlutdægni."

Ég lít svo á að þarna sé um að ræða staðreyndir, líka að því leyti að frv. þjappar valdi saman á hendur ráðh. Það fer ekkert á milli mála. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að enginn mótmæli því að það getur auðveldlega leitt til misnotkunar og hlutdrægni. — Það er enginn að segja að það verði svo. En þetta er skoðun sem sett er fram, að það geti leitt til misnotkunar og hlutdrægni ef valdi er þjappað saman á hendur eins aðila. Og þetta er engin 19. aldar kenning.

Þessi kenning á jafnvel mest og best við í dag, þegar hætta er á því að valdi sé þjappað saman á einn stað, þegar ákveðnar tilhneigingar stjórnmálaflokka og hreyfinga eru uppi um það að sölsa undir sig öll völd. Það er staðreynd, það er söguleg staðreynd að slíkt vald á einni hendi getur leitt til misnotkunar og hlutdrægni. Að lokum segir í þessari ályktun:

„Stjórn SUS minnir þm. á, sérstaklega þm. Sjálfstfl., að of mikilli ríkisíhlutun um atvinnurekstur hefur alltaf fyrr eða síðar fylgt stöðnun, spilling og versnandi lífskjör."

Þá er þessari ályktun lokið. Það, sem segir í síðustu mgr., er þetta, að of mikil ríkisíhlutun hefur alltaf fyrr eða síðar leitt til stöðnunar, spillingar o. s. frv. Ætlar hæstv. sjútvrh. að mótmæla þessu? Ætla þm. Sjálfstfl. að mótmæla þessu? Nei, auðvitað mótmæla þeir því ekki, vegna þess að þetta hefur verið grundvallarskoðun Sjálfstfl. um árangur og flokkurinn hefur raunverulega byggst upp á þessu sjónarmiði. Og ég er sannfærður um það, ég leyfi mér að fullyrða það að einmitt þessi lífsskoðun, þessi skoðun stjórnmálanna hefur aflað flokknum fylgis með þeim afleiðingum að hann er stærsti flokkur þjóðarinnar. Ég held ekki að frjálshyggja sé andfélagsleg, og ég held að þó að menn spyrni við fótum gagnvart of miklu valdi til ráðh. eða rn., þá sé það ekki andfélagsleg stefna. Ég vil taka undir það sem segir í þessari ályktun og ég vil vara við því að frv. sé samþykkt í þeirri mynd sem það liggur fyrir.

Ráðh. sagði í ræðu sinni um daginn að hann væri félagshyggjumaður, — hann væri ekki sósíalisti, hann væri félagshyggjumaður, og af því að hann væri félagshyggjumaður, að mér skildist, þá legði hann þetta frv. fram með góðri samvisku. En það, sem menn eru að benda á, er að þetta gefi fordæmi, gefi möguleika til misnotkunar. Við skulum taka dæmi úr versluninni. Nú eru þrengingar í versluninni og efnahagsmálum almennt á Íslandi og sumir ráðamenn komast að þeirri niðurstöðu að það þurfi að takmarka verslun, innflutning eða smásölu eða hvað það nú er vegna aðsteðjandi vanda. Þá væri ekkert eðlilegra en menn hugsuðu eins og hæstv. ráðh. hefur gert í þessu máli, legðu fram frv. sem fæli það í sér að viðkomandi rn. hefði óskorað vald til þess að ákveða hvort menn mættu reka verslun eða stunda verslunarstörf, hvort það mætti setja upp fyrirtæki eða ekki, hvaða vörumagn mætti flytja inn eða selja og hvað ekki. Þetta er í sjálfu sér í eðli sínu sambærilegt, þó að á því sé kannske einhver stigsmunur.

Ég er þess fullviss að ég og ráðh. erum algerlega sammála um að það sé varhugavert að fara út á þessa braut og það sé skiljanlegt að menn spyrni við fótum og hreyfi aths. við þessu frv. Þess vegna er óþarfi að vera að kasta hnútum og ónotum í garð þeirra sem gera aths. Ég tel að það sé hægt að ræða þetta mál af fullri rósemi og sanngirni. Ef hæstv. ráðh. telur eðlilegt að takmarkanir á vinnslustöðvum varðandi þennan afla þurfi að koma til, þá eru margar aðrar leiðir fyrir hendi heldur en sú sem frv. felur í sér. Slíkar ábendingar hafa komið fram, m. a. í tillöguformi hér í þinginu. Og af hverju má ekki skoða þær? Af hverju má ekki taka tillit til ábendinga og aths. sem koma frá þm., hvað þá samflokksþm.? Það hefur stundum verið sagt að ef menn hefðu ekki til að bera sveigjanleika í pólitík, þá hefðu þeir ekkert að gera í pólitík. Og það er alkunna og vitað mál að frv. hér á þingi taka alloft breytingum í meðförum þingsins, jafnt stjfrv. sem önnur frv. Í þingflokki sjálfstæðismanna ber þetta þannig að, að ráðh. tilkynna um að þeir hyggist leggja fram eitthvert ákveðið mál. Stundum koma fram aths., stundum ekki, en það er alltaf skilið svo, að menn hafi rétt til þess að gera aths. við einstaka þætti þessara frv. og það hefur verið svo í reynd.

Um þessar mundir eru mörg frv. í meðförum þingsins sem vitað er að muni breytast og þm. Sjálfstfl. hafa gert aths. við sem mun verða tekið tillit til. Þm. hljóta að hafa rétt til þess að gera aths. og breyta frv., enda þótt þeir hafi léð máls á því að frv. séu lögð fram. Nú er farið fram á það að þetta mál sé skoðað af rósemi og sanngirni og reynt að taka tillit til þeirra sjónarmiða, þeirra aths. sem fram hafa komið. Ég hef sagt ráðh. frá því fyrir allnokkru að ég geti ekki stutt málið eins og það liggur fyrir, og eins og ég sagði áðan, þá veit ég að margir hafa sett fram sama sjónarmið gagnvart ráðh. Í fyrsta lagi tel ég að hann þurfi ekki að leita þessarar heimildar ef hann heldur fast við það að hann geti breytt reglugerðum samkv. núgildandi lögum. En ef hann telur sig þurfa þess og ef menn fallast á að einhverjar takmarkanir þurfi að vera fyrir hendi, sem ég vil alls ekki útiloka, þá held ég að það sé hægt að nálgast það vandamál og setja þær takmarkanir með öðrum hætti en þeim að veita rn. svo algert vald sem þetta frv. felur í sér.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Það er mikið rétt sem fram kom hjá hv. 11. þm. Reykv., að það er sem mest undir því komið að athuga þetta mál með rósemi, en sú aths. er kannske fullseint fram komin. Mín afstaða til þessa máls hafði áður komið fram í umr. sem urðu um þetta mál, við fyrri hluta umr. fyrir jól, en þó fyrst og fremst við afgreiðslu þingflokks Sjálfstfl. á málinu á fyrstu dögum þingsins, í nóvemberbyrjun, þar sem þetta mál var lagt fyrir og samþ. af þingflokknum að flutt skyldi. Og þetta er ekki frv. hæstv. sjútvrh. eða hæstv. ríkisstj., heldur fyrst og fremst þingflokks Sjálfstfl. Það kom enda fram í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. þegar hann var um þetta spurður, að hann gekkst undir það að svo mundi vera, en sagði sem rétt er, að menn hefðu auðvitað rétt á að endurskoða afstöðu sína. En ég get ekki tekið undir það með honum að það sýni málefnalegan bakfisk að breyta þannig afstöðu sinni. Sé mikill bakfiskur þarna, þá er hann a. m. k. laus í roðinu.

Ég kveð mér aðallega hljóðs af því að frsm. sjútvn. d. er sjúkur, en ég á sæti í n. og hef ásamt með 4 öðrum hv. nm. afgr. þetta mál frá n. með till. um að frv. verði samþ. með

smávægilegum breyt. sem ekki skipta máli efnisins vegna, og vil þess vegna fara nokkrum orðum um þetta mál einnig nú.

Það hefur verið mikið rætt hér um frelsið og hv. 6. landsk. fór mörgum fjálgum orðum um það og vitnaði í samþykktir Sjálfstfl. í því efni. (GHG: Fyrrv. formann flokksins.) Já, ég á eftir að koma að fyrrv. formanni flokksins hér á eftir og vitna sérstaklega í hann, þar sem hann fór nokkuð hörðum höndum um frelsið þegar hann var ráðh. árið 1933. En að þessu kem ég síðar. Það, sem við erum oft og oftast kannske að gera á hinu háa Alþ., er að skerða þetta fullkomna athafnafrelsi, sem hv. 6. landsk. þm. var að krefjast okkur til handa, með alls kyns takmörkunum vegna þess að við viljum hafa þetta skipulagt þjóðfélag, en ekki skrælingja. Gamall kennari minn, Vernharður Þorsteinsson, var fjölfróður maður og sigldur, hafði m. a. verið fréttaritari danskra avisa í Frakklandi á sinni tíð, var við Verdun meðan hæst stóð í stönginni þar. Hann hélt því fram að hann mundi hafa hlustað á fegurstu ræðu sem flutt hefði verið. Hún var flutt yfir honum og tveimur drukknum dönskum rónum á Kaupmannahafnarstræti og ræðumaður var Jóhann Sigurjónsson skáld frá Laxamýri og ræða hans fjallaði um frelsið. Ég geri nú kannske ráð fyrir því að hans viðhorf til frelsisins hafi verið eitthvað ólíkt hv. 6. landsk. þm., enda ræðurnar sjálfsagt ólíkar. En þegar krafist er fullkomins athafnafrelsis og vitnað er í samþykktir Sjálfstfl., þá fór það a. m. k. fram hjá mér ef í þeim samþykktum hefði staðið eitthvað um að það ætti að vera svo fullkomið að okkur gæfist leyfi til þess að klóra augun hver úr öðrum.

Ég vil benda á það í framhaldi af þessu um takmarkanir á frelsinu, sem við erum stöðugt að gera til þess að hafa skipulag á hlutunum, að árið 1932 eru sett svofelld brbl. Ég held nú, að ég sleppi því að lesa innganginn að þeim, þegar Christian hinn Tíundi af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinburg gerir kunnugt. En innihald þessara laga er svo hljóðandi, með leyfi virðulegs forseta:

„1. gr. Ráðh. er heimilt að skipa svo fyrir að á tímabilinu frá 1. jan. til 1. apríl 1933 megi ekki, nema með samþykki Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, flytja eða selja til útlanda saltaðan fisk, hvort sem hann er verkaður eða óverkaður, ef hann hefur verið lagður á land eftir 1. jan. 1933.“

Svo eru sektarákvæði við þessu banni. Þessi lög gefur Ólafur Thors út. Þetta eru einkasölulög til handa Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda á útflutningi á saltfiski. Og af hverju skyldi hann hafa gefið þessi lög út? Af því, sem fram kemur í grg. fyrir þessu, að þá voru svo fjölmargir aðilar sem stunduðu atvinnuveginn að þeir voru að slátra hver öðrum, allir á hvínandi hausnum og þeir voru að kroppa augun hver úr öðrum og það varð að grípa til þessara ráða vegna þeirra ástæðna sem fyrir hendi voru. Það varð að grípa til skipulags í þessu efni.

Þegar við lítum á þær fjölþættu reglur sem gilda t. d. um nýtingu landhelginnar, fiskveiðilögsögunnar, þá er það auðvitað gríðarleg skerðing á athafnafrelsi manna. Má ég minna á það, að árið 1964 varð stórkostleg nótaveiði á Selvogsbanka og í kringum Vestmannaeyjar. Þar var veiddur í stórum stíl stórþorskur og mest allur óhrygndur. Fyrir þá, sem ekki eru því kunnugir, þá er þorskfiskur ekki botnhrygningarfiskur, heldur miðsjávar eða þar fyrir ofan eftir hitastigi og staumum. Og hann hefur þá náttúru að ganga í torfur þegar hann gengur á riðin. Þetta notfærðu sjómenn sér og útgerðarmenn og veiddu hann í stórum stíl í nót. Ég kom nokkrum sinnum — af því að ég stóð að útgerð þriggja báta þá á þessar veiðar — til Þorlákshafnar t. d. og sá hvar var verið að landa hundruðum tonna. Ég man eftir að í vélskipinu Ögra voru 99 tonn af þessum stórþorski, öllum óhrygndum. Menn kannske álíta að ég hefði átt að fagna þessari miklu veiði og þessari sjón sem þarna var að sjá. En því var öðruvísi farið. Og ég vænti þess að slíkt og þvílíkt þurfi ég ekki að horfa upp á oftar. Það var brugðið á það ráð að banna þessar veiðar og það var að mínum dómi rétt ákvörðun. En skerðing var þetta á athafnafrelsinu. Ég og þeir, sem að útvegi þessum stóðu, höfðum stofnað til stórkostlegrar fjárfestingar í nótum sem voru einskis nýtar eftir þetta. Hvar var SUS þá með samþykktir sínar að skora nú á stjórnvöld að vera ekki að beita okkur þessum þvingunum, af hverju fengum við ekki að græða áfram á þessu? Ég er að vísu ekki lögfræðingur, en við hv. 6. landsk. erum viðskiptafræðingar og viljum nú fá olnbogarými líka í Sjálfstfl. Engar samþykktir gerði SUS þegar ég og mínir bræður vorum rændir þessum möguleika og höfðum þénað vel og urðum að fleygja þessum veiðarfærum.

Ég er aðeins meira til gamans að rifja þetta upp, ekki af því að ég hefði átt von á því að SUS hlypi undir baggann né heldur að því yrði ansað í þessu, heldur aðeins til þess að benda á að í svo fjölmörgu þykir bera brýnustu nauðsyn til að setja á hvers lags hömlur, hvernig við nýtum okkar fiskstofna, hvernig við nýtum fiskveiðilögsöguna. Og þessum mönnum, sem mest tala um athafnafrelsið, er fullkunnugt um það að þeir hafa staðið að lagasetningu, mjög margbrotinni og þröngri að mörgu leyti, um nýtingu þessarar fiskveiðilögsögu til að varna því að ofveiði verði. Ég veit að það er alveg tilgangslaust þótt t. d. ég brygði á það ráð að mælast til þess við skipstjóra, sem eru á skipum sem ég kem nærri, að þeir krefjist fulls athafnafrelsis og fylgi því eftir með því að brjóta landhelgislöggjöfina. Ég á eftir að sjá það að SUS hlaupi upp til handa og fóta þá og samþykki að þessir menn skuli vera í friði látnir og athafnafrelsi fullt verði að vera, eins og fulltrúi einokunarhringsins, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, var að tala um hér áðan.

Þegar við lítum á þetta sérstaka mál, þá hef ég ekki í hyggju að blanda Blönduósi sérstaklega inn í það. Samkv. þessu frv. á sjútvrn. að eignast heimild til þess að setja reglur um samræmingu veiða og vinnslu. Þetta frv. er ekki fyrst og fremst til þess að skerða athafnafrelsi, ekki frekar en frv. Ólafs Thors varð til þess þá á sínum tíma, heldur til þess að forða

mönnum frá því að fara út í ófæru, að samkeppnin verði með þeim hætti að leiði til þess að enginn kemst af í atvinnugreininni, hvorki byggðarlög né einstaklingar. Til þess er þetta fyrst og fremst gert. Þegar við tölum um vinnsluna er að sinu leyti aðalmálið það, hvernig megi vernda þennan sjávarafla í kringum landið frá ofveiði. Aðalmálið er þetta. Það er augljóst mál og óhrekjandi: Verði mönnum gefinn kostur á því hömlulaust að reisa verksmiðjur á einhverju svæði, sér í lagi sem byggja á vinnslu sjávarafurða sem sóttar eru á afmarkað svæði, þá eykst sóknin á það, og Blönduósverksmiðjan sannar auðvitað þetta dæmi. Það er sótt svo fast í hráefnið að ekki er einu sinni skoðaður hugur um það að brjóta lög til þess. Stórkostleg fjárfesting á sér stað og óhjákvæmilega hlýtur það að auka sóknina í hráefnið — alveg óhjákvæmilega. Og við getum vel hugsað okkur það í næstu sveiflu upp á við í afurðaverði rækju, sem er sá stofn sem nú er í Húnaflóa helst, að menn brygðu á það ráð, einkaframtaksmenn t. d., að reisa verksmiðju á Borðeyri. Það er hægt að segja sem svo að hægt sé að banna þeim að fá hráefnið til vinnslu. En það er alveg þýðingarlaust að halda því fram að svo mundi ekki verða, enda höfum við skýrt dæmi um það nú á Blönduósi hvernig til tókst. Þeir áttu ekki að fá eftir ákvörðun yfirvalda leyfi til þess að fá rækju til vinnslu. Sú ákvörðun var brotin á bak aftur eins og hv. þm. allir vita.

Ég minni á það að því hefur verið haldið fram, að hér væri um eitthvert skref að ræða til þess að um eitthvert nýtt drottnunarvald ríkisins væri að tefla. Ég endurtek það, að vitanlega verður agi að vera á fjölmörgum sviðum ef við eigum að halda áfram að búa hér við skipulagt þjóðfélag. Við skerðum athafnafrelsið í ótal greinum og það er einn þáttur í því, teljum við okkur trú um, að skipuleggja þetta þjóðfélag á eðlilega og sem lýðræðislegastan máta líka.

Þegar sagt er að andstaða gegn þessu frv. þingflokks Sjálfstfl. sé prófsteinn á þm. Sjálfstfl. og stefnu þeirra í frjálsræðisátt, þá get ég ekki fallist á þá skoðun. Ég tel þvert á móti að hér sé um eðlilega aðgerð að ræða til verndar mjög mikilvægum sjávardýrum, nauðsynleg lög til þess að hægt verði að hafa hemil á því að sóknin stórvaxi með þeim afleiðingum sem augljósar eru. Ég vil enn fremur benda á það, að þessi sjávarafli er alger undirstaða þorpanna í Strandasýslu, Hólmavíkur og Drangsness, alger, og þetta er þegar orðinn mikilvægur þáttur í atvinnu á Hvammstanga og Skagaströnd.

Ég leyfi mér að fullyrða að ástæðurnar fyrir því, að brugðið var á það ráð að reisa rækjuverksmiðju á Blönduósi, hafi ekki verið upprunalega atvinnuspursmál, frumkvæðið að henni hafi komið af allt öðrum ástæðum úr allt annarri átt. Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja og sjálfsagt mál að ungir framtaksmenn leiti á þau mið sem geta gefið þeim atvinnu og afrakstur. En það vill svo til að á þessu svæði er það ekki fyrir hendi. Það vill svo til, að ef á að verða hömlulaus uppbygging vinnslustöðva á þessu svæði, þá leiðir það óhjákvæmilega til þess að þessi stofn rækjunnar t. d. verður ofveiddur og þá verður hann engum að gagni. Ég bið menn að athuga það sérstaklega og líta á öll þau gífurlega þröngu takmörk sem við höfum neyðst til þess að setja okkar fiskveiðiflota — þau geysilega þröngu takmörk sem við höfum neyðst til að setja honum. Þetta er ekki í neinu frábrugðið því að öðru leyti en því, að við þurfum að setja undir lekann einnig í vinnslustöðvunum af því, sem augljóst er, að þær takmarkanir sem við ella mundum setja um sókn í fiskstofnana halda ekki nema þetta haldist í hendur hvort tveggja.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Hæstv. forseti. Ég hygg að það séu þrír sjútvrh., sem sitja á þingi, tveir fyrrv. og einn núv., og ég býst við að þótt þeir geti ekki verið sammála, þessir þrír menn, um marga hluti, þá eru þeir örugglega sammála um það að margt af því sem á þá er lagt í löggjöf vildu þeir gjarnan hafa verið lausir við til þess að hafa heldur náðugri daga. En það er þannig að löggjöfin leggur framkvæmdavaldinu á herðar ýmis ákvörðunaratriði sem kölluð eru nú á máli sumra manna skerðing á frelsi. Þessi skerðing á frelsi er með margvíslegum hætti. Ég held að löggjöfin, sem enn er í gildi um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi, hafi verið samþ. af þm. úr öllum flokkum, bæði Sjálfstfl. og Alþb., sem sagt flokki einkaframtaksins og flokki sósialismans og öðrum flokkum. Í þessari löggjöf er verið að gefa ráðh. svo fjölmargar heimildir til takmarkana á hinum ýmsu sviðum, heimild til takmarkana sem enginn ráðh. hefur neina sérstaka ánægju að hafa, en einhver verður að hafa hana. Það er sagt að ráðh. sé heimilt að takmarka togveiðiheimildir þær, sem veittar eru í þessum lögum, á tilteknum svæðum með auglýsingum um sérstök veiðisvæði fyrir línu eða net sem gilda skuli um takmarkaðan tíma. Það er sagt að ef seiða- eða smáfiskadráp eigi sér stað í ríkum mæli og sé varhugavert eða hættulegt, þá skal sjútvrn. að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Þá er rn. heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum. Er það ekki skerðing á frelsi togveiðiskipanna svo og öðrum veiðum ef nauðsynlegt þykir?

Það eru ákvæði um að leyfi til síldveiða með botnvörpu og flotvörpu skuli bundið því skilyrði að hlutaðeigandi veiðiskip sé gert út til síldveiða, auk þess getur ráðh. bundið öðrum þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg. Nú er bann við öllum síldveiðum. Er þetta ekki skerðing á frelsi? Menn vita að það er til síld. Það er til síldarstofn sem nú er að vaxa upp. Hvers vegna ekki að hleypa öllum bátum í hann? Er þetta ekki skerðing á frelsi?

Leyfi til loðnuveiða með botnvörpu og flotvörpu getur ráðh. bundið skilyrðum sem hann telur nauðsynleg.

Leyfi til spærlings- og kolmunnaveiða með

botnvörpu og flotvörpu getur ráðh. bundið þeim skilyrðum sem hann telur nauðsynleg, og hefur algerlega óbundnar hendur.

Það er yfirleitt á öllum sviðum með dragnótaveiðarnar, að leyfi til dragnótaveiða skv. slíkri ákvörðun má veita íslenskum fiskiskipum sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minna. Hvers á skipið, sem er 46 rúmlestir, að gjalda? Af hverju er verið að svipta það þessu frelsi, eða 47, 48 eða 49 rúmlesta skipin? Hvað segja frjálsræðismenn um þessa ofboðslegu skerðingu á frelsinu?

Hvað er að ske hjá þessum mönnum? Vita þeir ekki að það eru *margvíslegar takmarkanir* gerðar á frelsi einstaklingsins? Ef maður á peninga sem hann vill lána út, hvers vegna má hann ekki lána þá með þeim vöxtum sem hann getur fengið fyrir þá? Það er skerðing á hámarksvöxtum, annað er kallað okur. Ætla svo þessir menn að halda því fram að þessi skerðing öll sé gagnstætt því sem Sjálfstfl. hafi markað og fyrrv. forustumenn flokksins hafa staðið að og einnig þeir ræðumenn, sem hafa verið hér í pontunni, í sumum tilfellum?

Það er skerðing á loðnuveiðunum núna. Það er hart að það er n., opinber n., það er miðstjórnarvald sem segir til um, hvar skipin eiga að landa, og skipuleggur veiðarnar. Það væri dálaglegt ef þeir keyrðu allir af kappi, eins og *olíuverðið er núna, til einhvers tiltekins staðar* þar sem tiltekin verksmiðja er og þar yrði allt yfirfullt, en aðrar verksmiðjur stæðu tómar. Allir aðilar hafa fallist á að taka slíkt skipulag upp, en það fær ekki hver og einn að ráða alveg eins og hann vill.

Ég endurtek það sem ég sagði hér síðast, ég er einstaklingshyggjumaður, en ég er jafnframt félagshyggjumaður. Ég er ekki sammála því að það eigi allir að hafa fullt frelsi til allra þeirra hluta sem þeir óska og vilja. Og þar skilur kannske á milli feigs og ófeigs í þessum umr.

Hv. 6. landsk. þm. las hér upp úr landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. Ég tel að það, sem við erum að gera, og það, sem ég hef verið að vitna hér til, sé ekkert brot á þeim landsfundarsamþykktum sem Sjálfstfl. hefur gert bæði fyrr og síðar. Ætlar þessi hv. þm. að leyfa sér að kalla Ólaf Thors sósíalista eða svikara við einkaframtakið þegar hann gaf út lög um bann við sölu á saltfiski og veitti einum aðila einkaleyfi til útflutnings, vegna þess að þá ríkti svo ofboðslegt skipulagsleysi í þessum efnum að landið var hreinlega að fara á höfuðið? Þá var saltfiskurinn eina útflutningsatvinnugrein okkar íslendinga og það varð að grípa til þessa ráðs. Þar var ekki um neinar deilur að ræða á milli sjálfstæðismanna og sósíalista, það varð að grípa til þessa ráðs.

Þetta mál, sem hér er til umr., virðist hafa farið í hinar fínu taugar örfárra manna og að ég skyldi leyfa mér að flytja ræðu við 2. umr. málsins eftir að búið var að messa hér fyrir jólin yfir mér fjarstöddum, þar sem ég var bundinn við umr. í Ed., sennilega á þriðja klukkutíma, og ég hafði ekki talað orð um málið frá því að ég lagði það fram við 1. umr. þess hér í hv. þd. Hv. 11. þm. Reykv. lét að því liggja að ég mætti ekki láta þetta fara í skapið á mér og ég yrði eiginlega bara að þegja, svona allt að því. Ég tók það þannig, að það væri á penan hátt verið að benda mér á að ég ætti ekkert að vera að tala í þessu máli. Ég hugsa að þó að þessi hv. þm. sé mikið skapstillingarljós og eigi ljúfa og létta lund og eigi ákaflega bágt með að þegja þegar á hann er ráðist, þá efast ég um að meira að segja hann hefði getað staðið af sér undanfarna mánuði öll þau skrif, nart og níð sem er búið að viðhafa, bæði um mig persónulega og þá starfsmenn sem með mér vinna í sjútvrn. En ég hef staðið þessi ósköp öll af mér og það eina, sem ég hef látið til mín heyra, *var þessi ræða, sem ég held ég hafi flutt á* mánudaginn og gaf tilefni til ókyrrðar hjá þessum yndislegu og elskulegu flokksbræðrum mínum.

Ég ætla að leyfa mér að segja bæði þeim og öðrum, að ef mér er trúað fyrir einhverjum málum, að reyna að stjórna þeim, þá reyni ég eftir bestu getu að stjórna þeim á þann hátt sem ég tel að sé sanngjarnt að gera. Það hefur verið illt og erfitt og sennilega ómögulegt að koma á fullkomnum sáttum á þessu svæði, því miður. Þar er harka mikil, en ég bjóst ekki við mörgum þeim orðum sem hv. 2. þm. Norðurl. v. lét falla í minn garð í þeim efnum, eftir þá svokölluðu sáttargerð, sem ég tók á mig í óþökk margra að gera við bát sem gerður var út frá Blönduósi og hafði verið sviptur rækjuveiðileyfi. Þá blossar upp eldurinn á öðrum stöðum. Nú er hótað að nú skuli vera virt að vettugi þó að veiðikvóti báta á þessum stöðum sé búinn, því að þeir ætla að halda áfram, fyrst sjútvrn. hafi samið um eða sæst á að leyfa þessum bát að fiska 30 tonn af rækju. Ég sé í Þjóðviljanum í morgun — og ég vil nú ætla að það sé alveg satt og rétt — að skagstrendingar hafi nú í hótunum um að halda veiðum áfram þegar þeir hafa lokið við að veiða í sinn kvóta af því að Nökkvi, þessi margumtalaði, eigi eftir að veiða eitthvað af þessum 30 tonnum. Mér var sagt frá Hólmavík að svipað væri þar uppi. Þetta er afskaplega skemmtilegt mál og mjög létt viðureignar, og því er ég afskaplega þakklátur þeirri gagnrýni sem fram hefur komið frá þessum elskulegu og góðu flokksbræðrum mínum hér áðan.

Ég treysti mér ekki til, þegar komið var fram að þeim tíma að veita rækjuveiðileyfi almennt, þegar menn höfðu keypt báta í trausti þess að fá þessi leyfi, og þá átti ég ekki við Húnaflóasvæðið eitt, heldur önnur rækjuveiðisvæði einnig, að neita öllum þeim bátum um rækjuveiðileyfi. Þegar þeir höfðu engan fyrirvara og bjuggust við að *það mundi gilda sama og áður*, að veiðileyfin yrðu ekki takmörkuð neitt að ráði, þá treysti ég mér ekki til að segja: Það skulu ekki aðrir fá leyfi en þeir sem höfðu leyfi vertíðina á undan. — Þetta tók ég fram í ræðu minni, en þessi hv. þm. kom samt á ný með gagnrýni á mig fyrir það, að ef ég hefði ætlað að gera eitthvað skynsamlegt, þá hefði ég átt að neita öllum nýjum umsóknum.

Ég hef í hyggju, ef ég verð áfram sjútvrh., að auglýsa það að rn. muni ekki fjölga veiðileyfum á tilteknum rækjuveiðisvæðum. Þá á ég við Arnarfjörð, Ísafjarðardjúp og Húnaflóa. Ástæðan fyrir því er sú, að það er samdráttur

í þeim veiðikvóta sem Hafrannsóknastofnunin leggur til og sjútvrn. fer eftir — ekki undantekningalaust, því að ég gerði undantekningu nú um daginn hvað snertir 30 tonn og það er ég sem er einn sekur um það, því að Hafrannsóknastofnunin hafði heimilað fyrst veiðar í Húnaflóa 1500 tonn og jók svo þessa veiðiheimild í till. til rn. um 300 tonn, þannig að hún lagði til að það yrðu veidd 1800 tonn af rækju á Húnaflóasvæðinu. Það hafði náðst fullt samkomulag á milli þeirra fjögurra staða, sem áður höfðu veitt rækju, um skiptingu á þessum afla, þannig að 50% fóru til strandamanna og 50% til húnvetninga á þær tvær rækjuverksmiðjur sem fyrir voru þegar leyfin voru fyrst gefin út í haust, þ. e. á Hvammstanga og Skagaströnd. Þessum ákvæðum vildi ég á engan hátt breyta og ekki eiga neitt á hættu að menn færu að gera úlfalda úr því, og þegar þessi réttarsátt var gerð í Nökkva-málinu, þá hvarflaði ekki að mér að draga 1—2 tonn af öllum öðrum bátum við Húnaflóa, en óskaði eftir því við Hafrannsóknastofnunina að hún léti átölulaust eða mælti með að auka þennan kvóta um 30 tonn, sem stofnunin eða viðkomandi maður í stofnuninni varð ekki við. Það var annaðhvort um það að ræða að afgr. þetta mál þá eða ekki og ég tók þá ákvörðun, og það er þá mín sök ef menn vilja saka einhvern um þessi 30 tonn umfram. En vísindamenn geta ekki sannfært mig um það að stofninn í Húnaflóa sé í hættu þótt það hafi verið bætt um 1½% við þann kvóta á þessum vetri sem þeir sjálfir lögðu til.

Hv. 6. landsk. þm. sagði að líf og örlög manna í fiskvinnslu og sjávarútvegi lægju við í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Það er ekkert lítið tekið upp í sig. Þetta eru engir smámunir. Ég kalla það gott ef hann getur kyngt þessum orðum, en þau standi ekki föst í honum. Hver er að tala um að takmarka nokkurn skapaðan hlut í sambandi við fiskvinnslu að öðru leyti en snertir þessar tvær sjávarafurðir, rækju og hörpudisk? Ekki nokkur maður. Þetta litla frv. skapar ekki minnsta fordæmi, það er alger vitleysa að telja að það skapi fordæmi gagnvart almennum fiskveiðum.

Mig langar að koma inn á eitt sem 11. þm. Reykv. nefndi, sem ég held að hann misskilji algerlega. Hann segir að ég hafi sett ákvæði í reglugerð í þessum efnum. Ég hef engri reglugerð breytt. Það, sem ég gerði, er að ég fór eftir lögum sem ég vitnaði hér í áðan, þar sem ráðh. hefur svona óskorað vald og þar segir:

„Ráðh. getur veitt undanþágu til að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfið þeim skilyrðum sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.“

Þetta er eins rúmt og það getur verið. Það, sem ég gerði, er að ég veitti rækjuveiðileyfi eða sjútvrn., nákvæmlega eins og fyrirrennarar mínir í ráðherrastól hafa gert, að öðru leyti en því að í rækjuveiðileyfin við Húnaflóa var bætt inn í: „enda landi þeir á viðurkenndri vinnslustöð“. Það er alveg rétt, að á bak við það var að vinnslustöðvum væri ekki fjölgað frá því sem nú er. Ef við tölum um frelsi einstaklingsins til athafna og dáða, þá held ég að hver og einn, sem vill hugsa í alvöru um þessi mál, hvaða stjórnmálaskoðun sem hann hefur, geti ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri, að þegar veiðar eru takmarkaðar á jafnstrangan veg og gert er um þessar veiðar, þegar veiðimagnið er minnkað af faglegum ráðgjafa rn. ár frá ári, þá hlýtur það að hafa í för með sér, ef vinnslustöðvum er fjölgað, ef bátum er fjölgað við þessar veiðar, að þá verði meðalafli hvers báts mun minni en ella, þá verður það magn, sem hver vinnslustöð fær til vinnslu, minna. Það gerir það að verkum að vinnan á tilteknum svæðum og kauptúnum styttist, atvinnuleysið gerir fyrr vart við sig á þessum stöðum sem byggja að verulegu leyti afkomu sína á þessari vinnslu á þessum tíma árs. Þá sjáum við aftur fram á það sem var hér fyrir allmörgum árum við Húnaflóann, á Hólmavík og Drangsnesi og á Skagaströnd og einnig á Hvammstanga. Það er alveg rétt sem fram hefur komið, að það er ekki næg atvinna á Blönduósi. En þar sem skortir á að auka atvinnu, eins og á Blönduósi, verður það ekki gert á þann veg að minnka atvinnuna hjá nágrannabyggðarlögunum. Það er röng stefna. Það er ekki hin rétta frjálsræðisstefna sem þar er að verki. Við erum meiri frjálsræðismenn ef við stuðlum að óbreyttri atvinnu á hinum stöðunum sem byggja lífsafkomu sína á þessum atvinnuvegi, en tökum aftur mannlega og skynsamlega á málefnum og vandamálum þess staðar sem ekki hefur þessa vinnslu.

Sjútvrh., hver sem hann er, hefur í hendi sér að takmarka þessar veiðar eins og ég hef þegar lýst og margoft lýst yfir. Þær eru takmarkaðar, hafa kannske ekki verið nógu takmarkaðar, en þar er ég ekki að ásaka fyrirrennara mína í ráðherrastóli, þeir hafa farið í öllum tilfellum eftir Hafrannsóknastofnuninni. Hún hefur kannske ekki haft nógu fullkomna yfirsýn, því að hún hefur verið að þreifa sig áfram, hvað er skynsamlegt að gera á hverjum tíma, og því er ég ekki heldur að ásaka hana. En það, sem liggur núna fyrir, er að nú er dregið úr möguleikunum að veiða þennan margumdeilda skelfisk. Það er verið að minnka þetta aflamagn, og í kjölfar þess væri rangt að fjölga bátum og fjölga vinnslustöðvum að mínum dómi. Ég vil taka hér upp, eins og er í gildandi lögum, skipulag með veiðum, að samræma vinnslu sjávarafla þessara tveggja tegunda veiðunum, og ég tel það engan kommúnisma eða sósíalisma eða nokkurs konar isma að samþ. þetta frv.

Það er rétt, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, að frv. taka oft breyt. í Alþ., stjfrv. einnig, og þá semja yfirleitt þm. um þær breyt. sem þeir telja nauðsynlegt að gera á frv. sem lögð eru fram. En þegar þm. eða ráðh. leggur fram í sínum þingfl. mál, þá er til þess ætlast að þeir, sem eru á móti málinu eða hafa einhverjar aths. fram að færa, láti það koma fram strax. Í haust, þegar ég bar þetta frv. upp í þingfl. Sjálfstfl. áður en það var lagt inn til prentunar, þá var aðeins einn þm. sem sagðist vilja hafa fyrirvara varðandi afgreiðslu þessa máls. Sá þm. talaði við umr. fyrir jólin, 3. þm. Sunnl. Aðrir þm. höfðu engar aths. fram að færa. Ég hef litið svo á — þetta er 13. árið mitt á þingi — að þegar ég hef samþ. með þögninni flutning á frv.

í minum flokki, hvort sem það hafa flutt ráðh. eða þm., þá hef ég litið á það sem skyldu mína að styðja það frv. stefnulega séð í öllum höfuðdráttum. Hitt er svo annað mál að það má alltaf gera einhverjar breyt. á frv., og þær litlu brtt. sem sjútvn. Nd. leggur hér fram, meiri hl. hennar, eru ekki nema sjálfsagðar og eðlilegar.

En ég vil líka segja þessum elskulegu, góðu flokksbræðrum mínum það, að það hefur ekki verið keyrt á mikilli ferð, þetta frv., og menn hafa haft góðan tíma að hugsa og skoða málið, því að þetta er 33. mál sem lagt var fram á Alþ., en ég held að það séu komin fram nálægt 180 mál og frv. er enn í 2. umr. í fyrri d. En ég ætla nú að segja það, að ég er orðinn leiður á hvað gengur seint með afgreiðslu þessa máls og ég ætla ekki að enda ræðu mína á sama hátt og hv. 6. landsk. þm. sem flutti mikla hvatningu til alþm. allra, fyrst sjálfstæðismanna og síðan til allra hinna, að gera það nú fyrir sig og frelsið að fella þetta frv. Þetta var mikil og ógleymanleg kennslustund sem hv. þm. hafði hér í dag. Það er leitt þegar skoðanir manna eru í marga mánuði að breytast. En hinu eiga menn ekki að blanda saman, að túlka málefni einhverra fyrirtækja eða stofnana, sem þeir vinna hjá, og þingmennsku. Ég leyfi mér að hafa minar skoðanir á ályktun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, hvaða skoðun sem Guðmundur H. Garðarsson hefur, og hann má hafa hvaða skoðun sem hann vill á málefnum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. En þótt ég hafi verið og sé stuðningsmaður bæði SH og sjávarafurðadeildar SÍS í sambandi við útflutning á freðfiski, þá tel ég hvoruga þessa stofnun vera heilaga kú, sem ekki má minnast á, og engin sölusamtök. Ég tel að það megi margt betur fara hjá öllum, bæði hjá sjálfum mér og öðrum, að það sé enginn það fullkominn að það megi ekki aðeins minna á, en þetta er í fullu ósamræmi við það sem þessir sölumenn eru að fara fram á þegar þeir senda þessa umsögn frá sér.

Ég spyr þennan hv. þm. — að vísu er hann nú búinn að tala út í málinu — hvað á það að þýða að takmarka fjölda leigubifreiða í þéttbýli? Er það ekki takmörkun á athafnafrelsi þeirra annarra sem hafa ökuleyfisréttindi? Eru ekki þessar takmarkanir alls staðar? Eiga ekki þessar frelsishugmyndir sín takmörk? Ég frábið mig því að mínir þingbræður og flokksbræður séu að láta liggja að því að ég sé einhver óvinur einkaframtaks þó að ég vilji hafa skipulag á milli vinnslu og veiða í afla sem er jafntakmörkuð veiði á og raun ber vitni um og ég hef margoft sagt frá. Ætli það hefði ekki verið skynsemi í því að takmarka eitthvað rækjuverksmiðjustofnanir hér á Suðurnesjum sem ruku upp á örskömmum tíma og síðan voru rækjuveiðarnar bannaðar og grundvöllur þeirra hrundi algerlega jafnfljótt og þær voru byggðar. Ég held að þar hafi bæði gagnvart einstaklingum og lánasjóðum verið veitt of mikið fjármagn. Það er oft betra að fara hægara í sakirnar og byggja á einhverju raunhæfu bæði í sambandi við veiðar og vinnslu. Það er þetta sem ég vil koma í veg fyrir. Hver, sem verður sjútvrh., þá trúi ég því ekki, þó að ég sé slæmur að dómi þessara ágætu manna, þegar næsti sjútvrh. kemur, að hann verði svo slæmur að hann muni misbeita þessu valdi. Ég held að það verði ekki sagt um þá menn sem hafa gegnt embætti sjútvrh. og hafa fengið þetta mikla vald í hendur í lögunum sem ég var að vitna í áðan, að þeir hafi misbeitt þessu valdi. Hins vegar hafa þeir oft orðið fyrir ákúrum og mótmælum frá hinum ýmsu hagsmunahópum, þegar hagsmunir hafa rekist á, og hjá því verður aldrei komist.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan byrja á því að þakka hæstv. ráðh. sjávarútvegsmála fyrir að hann hefur skipt um tón í sínum málflutningi. Hann hefur flutt þá ræðu, sem hann var að ljúka við, af hógværð og án verulegrar áreitni, sem er mikill munur frá því er hann tók næst áður til máls í þessum ræðustól.

Það hefur borið hér á góma að frv. þetta hafi verið lagt fram í þingflokki Sjálfstfl. í þingbyrjun í haust. Frá þessu greindi ég í ræðu minni á mánudag. Það er alveg rétt sem fram hefur komið, að aðeins einn þm. flokksins gerði á þeirri stundu aths. og hafði fyrirvara um afstöðu sína til málsins. Þetta frv. var kynnt í mínum þingflokki með þeim hætti að það tók, að ég hygg, um það bil 5—10 mínútur í mesta lagi. Og þó að einstakir þm. séu ekki við því búnir á slíkum tíma að grípa efni þess eða skilja tilgang þess og þau stefnumið sem það felur í sér, þá er afstaða mín sú og ég vil láta það koma fram sem mína skoðun, að hver og einn þm. verður að hafa frjálsræði til þess að taka afstöðu í samræmi við þá skoðun sem hann mótar sér við betri athugun málsins. Ég held, að enda þótt svo fari að ýmsir af þm. Sjálfstfl. greiði þessu frv. atkv. ef til atkvgr. kemur, þá verði ekki allir sem geri það með glöðu geði, þeir verði sumir hverjir haldnir þeirri meinloku að þeir séu bundnir af þögn sinni á þingflokksfundi frá í haust og séu ekki frjálsir að því að framfylgja skoðun sinni. Þetta er algerlega misskilin afstaða og það er skýrt fram tekið í stjórnarskrá lýðveldisins að hver og einn alþm. skuli framfylgja og fara eftir sannfæringu sinni og engu öðru. Þetta tel ég að sé nauðsynlegt að menn hafi í huga. Og þó að hv. þm. Sverrir Hermannsson telji að minn þakfiskur sé laus í roði í sambandi við afstöðu til þessa máls, þá vil ég segja honum það, að ég tel það meiri staðfestu að fylgja eftir þeirri skoðun, sem maður hefur mótað sér við vandlega yfirsýn, og þora að láta reyna á það og sýna að maður stendur við afstöðu sína eftir að hafa skoðað mál af gaumgæfni, heldur en að greiða atkv. með máli sem maður hefur ekki sagt orð um, aðeins þagað yfir á þingflokksfundi í 5—10 eða 15 mínútur, og fylgja því svo hvað sem skoðun manns segir, þara af því að það er flutt af tilteknum ráðh. úr eigin flokki. Ég held að það sé meiri staðfesta og meiri þakfiskur í þeim manni sem þannig heldur á máli og það sé meiri drengskapur því samfara að fylgja þannig sinni sannfæringu, heldur en að draga sig inn í skelina og fylgja eftir forustumönnum síns flokks, ef maður sjálfur er sannfærður um að þeir vaði í villu.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson hafði hér uppi

nokkrar tilvitnanir, fyrst og fremst í formann flokksins fyrrv., Ólaf Thors, frá 1933. Út í það mál ætla ég mér ekki að fara hér. En ljóst er og það skal ég viðurkenna að Sjálfstfl. undir forustu Ólafs Thors og sumra annarra forustumanna hefur í einstökum tilvikum brotið í bága við frjálsræðishugsjónir flokksins í grundvallaratriðum, kannske í þessu einstaka dæmi og kannske á hinu svokallaða haftatímabili sem flokkurinn er því miður ekki algerlega hvítþveginn af, á dögum Fjárhagsráðs. En frá því að það ráð leið undir lok hefur flokkurinn að mínum dómi og eftir minni þekkingu ekki gengið út í það viðsjárverða fen að brjóta þessi grundvallaratriði í stefnu sinni. En allt annað sem hv. þm. Sverrir Hermannsson nefndi, það var algerlega á öðrum grundvelli en það frv. sem hér liggur fyrir. Allar þær skorður, sem reistar hafa verið við athafnafrelsi manna, svo að tekið sé t. d. afmarkað dæmi um bannið við veiðum á Selvogsbanka, sem hann varð fyrir barðinu á, — allar þær reglur, sem gilda í lögum um veiðar með botnvörpu og flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, eru almennar. Þær ganga jafnt yfir. Þær eru sumar bundnar við ákveðnar stærðir skipa, þær eru bundnar við viss tímamörk, þær eru bundnar við ákveðna punkta frá grunnlinum eða ákveðnar breiddar- og lengdargráður, en allt er það almennt, en ekki til þess gert að gera upp á milli einstaklinga, útgerðaraðila eða fyrirtækja með ýmsum hætti, eins og þetta frv. biður upp á. Alveg það sama gildir í sambandi við það sem hæstv. sjútvrh. rakti úr þeim almennu takmörkunum sem fólgnar eru í þessum lögum.

Ég skal ekki lengja mál mitt með því að fara að rekja þau dæmi sem hann tiltók, enda eru hér ýmsir hv. þm. inni sem eru þessum lögum kunnugri en ég og hafa staðið að því að semja þau. En t. d. skv. 10. gr. laganna, sem hæstv. ráðh. vitnaði í, er ráðh. heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að veita nokkrar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni auk annars sem nefnt er í lögunum. Allar þessar heimildir til veiða, sem hæstv. ráðh. hefur þar í sinni hendi, eru með þeim hætti að þær skulu lúta umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar og raunar einnig, eins og segir í lok greinarinnar, Fiskifélags Íslands, og skulu miðaðar við það að fiskstofnum sé ekki ofboðið. Þær skulu miðaðar við að veiðar séu leyfðar að ákveðnu marki og með vissum takmörkunum, en þó ævinlega haft að leiðarljósi að fiskstofnum sé ekki stofnað í hættu, að þær gangi ekki það langt að hætta sé á ofveiði. Það er hvergi að finna í þessum lögum neitt um það að hæstv. sjútvrh. fái heimildir til þess að ráðstafa aflanum eftir að hann er veiddur, að hæstv. ráðh. fái í sínar hendur ráðstöfunarrétt á dauðum fiski og honum sé heimilað að skipa svo fyrir, að afla, sem veiddur er, sé ráðstafað til þessa fyrirtækis eða hins, hann sé seldur þessum fiskkaupanda, en ekki hinum, eins og boðið er með því frv. sem hér er á dagskrá. Það er þetta sem skilur á milli, og ég furða mig á því að svo skýrir menn sem hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Sverrir Hermannsson, skuli bera sér í munn röksemdir af því tagi sem þeir hafa flutt í þessu máli og alls ekki geta staðist miðað við þær forsendur sem frv. um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar byggir á.

Þessum kafla í ræðum beggja þessara hv. ræðumanna er því fullsvarað með þessum orðum mínum, enda voru röksemdir þeirra algerlega út í hött.

Hæstv. sjútvrh. spurði, hvort ekki væri takmörkun á frelsi að það skuli þurfa að takmarka leyfi fyrir leigubifreiðar t. d. í Reykjavík. Víst er það takmörkun á frelsi, og það er eðlilegt að frelsinu séu settar skorður eins og ég hef rætt um. En ef það ætti að vera með svipuðum hætti og frv. um samræmda vinnslu sjávarafla býður, þá ætti samgrh. að fá heimild til þess að veita leyfi til aksturs leigubifreiða t. d. eftir borgarhlutum hér í Reykjavík eða hann fengi leyfi til þess að segja, að t. d. BSR mætti hafa á sínum vegum 50 leigubifreiðar, en Hreyfill 100 og Bæjarleiðir kannske ekki nema 10. Svo gæti næsti samgrh. snúið þessu öllu við. Menn verða að átta sig á að röksemdir af þessu tagi duga ekki. Og menn verða að átta sig á því að almennar skorður við frelsinu eru sjálfsagðar og réttlætanlegar, svo lengi sem þær ganga jafnt yfir og mismuna ekki þegnunum. En þegar stefnt er að því að setja löggjöf eins og þá sem hér er til umr., sem felur það í sér að tiltekinn ráðh., í þessu tilviki hæstv. sjútvrh., hver sem hann er á hverjum tíma, fær heimild til þess að mismuna þegnunum, mismuna atvinnufyrirtækjum, mismuna byggðarlögum, þá er stefnt í aðra átt. Það er þetta sem ég vil mótmæla, það er þetta sem ég er andvígur og það er þetta sem ég mun ekki samþ.

Hæstv. sjútvrh. sagðist vera orðinn ærið leiður á því hvað það frv., sem hér liggur fyrir, hafi dregist, þar sem enn stendur yfir 2. umr. þessa máls sem er nr. 33 í málaskrá þingsins. Ég skal gjarnan gangast við því að ég á kannske einhvern þátt í því að mál þetta hefur dregist. Ég hef í mínum flokki — og ég skal ekkert vera að rekja það sem þar fer fram — ég hef farið fram á að þetta frv. væri látið daga uppi. Ég hef farið fram á að það verði tekið til ítarlegrar athugunar ef það yrði ekki saltað. Og ég hef farið fram á það hvað eftir annað á meðan tilraunir hafa staðið yfir til að leysa þá rækjudeilu sem staðið hefur við Húnaflóa, að þetta mál yrði ekki tekið til umr. Það er kannske af þeim rótum sem orðið hefur verið við því að frv. hefur verið frestað fund eftir fund, enda þótt það hafi verið á dagskrá. Ég hef sem sé talið óheppilegt að hefja deilur um slíkt mál meðan verið væri að leitast við að ná sáttum í því viðkvæma deilumáli sem staðið hefur norður við Húnaflóa. Og ég held að það hafi verið skynsamlega gert af hæstv. forseta að fresta þessu máli meðan þær samningaumleitanir hafa staðið yfir. Ég skal sannarlega taka á mig minn þátt í því og hefði viljað að ég gæti tekið það á mig að þessu frv. yrði frestað til eilífðarnóns.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson var næsta stórorður í sínu máli hér áðan og er það kannske ekki nýtt. Hann taldi ekki aldeilis að það væri verið að hverfa frá stefnu Sjálfstfl. Og hann taldi að það væri ekki mjög alvarlegt fyrir málefnalega stöðu einstakra þm. Sjálfstfl. þótt þeir styddu slíkt frv. Þetta er ofurskiljanlegt miðað

við þau orð sem hv. þm. lét falla síðar í sinni ræðu. Hann sagði að með þessu frv. væri verið að forða mönnum frá óþægindum. Það væri verið að forða mönnum frá því að rífa augun hver úr öðrum, það væri verið að forða mönnum frá samkeppninni. Samkv. orðum og væntanlega skoðunum þessa hv. þm. er samkeppni og samkeppnisaðstaða orðin slíkur bölvaldur í íslensku þjóðfélagi að það þarf að hefta hana, það þarf að koma í veg fyrir hana til þess að menn stefni ekki út í ófæru, til þess að menn rífi ekki augun hver úr öðrum. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur orðið fyrir einhverri opinberun eða hvenær hann hefur fengið í sig þessar skoðanir. E. t. v. hefur haft áhrif á hann hin nýskipaða staða hans í vissri stofnun, en ég læt það liggja á milli hluta. En þessar skoðanir hafði ég ekki vænst að heyra af munni þessa hv. þm. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að reka hann úr flokknum?) Viljið þið taka við honum?

Ég ætla ekki hér að svara fyrir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða Landssamband ísl. útvegsmanna. Það eru aðrir sem munu sjálfsagt gera það og stendur það nær, en mér sýnist að ýmislegt hafi verið ómaklega mælt í garð þessara samtaka.

Ég get óskað vel skilið það að hæstv. sjútvrh. vilji gjarnan hafa náðugri daga en hann hefur haft að undanförnu. Það fylgir nú einu sinni ráðherradómi á Íslandi að hafa mikið að gera. Og ég held að við verðum að ætlast til þess af ráðh. okkar að þeir taki við því embætti, sem þeir gangast undir, með þeim erli og öllu því amstri sem því fylgir, en láti ekki verða eitt af sínum fyrstu verkum í ráðherrastóli að flytja frv. sem eiga að hafa það að markmiði að koma á skipulagi sem geti gert þeim þessi verk þægilegri á þann hátt að þeir verði ekki fyrir kvabbi einstaklinga eða forsvarsmanna fyrirtækja utan af landi, heldur geti þeir ráðið þessu allir upp á eindæmi og mælt fyrir um það sjálfir hvernig þessir einstaklingar og hvernig þessi fyrirtæki geti hagað sér í þjóðfélaginu. Ég held að við verðum að ætlast til þess að hæstv. ráðh. taki við sínu embætti á þennan hátt og reyni að standa undir þeim erli sem því fylgir. Það efast ég heldur ekkert um að hæstv. sjútvrh. mun gera.

Ég ætla ekkert að fara út í það sem sagt var hér um atvinnuástand á Blönduósi, annað en að það mætti vissulega vera blómlegra. Þar voru t. d. á síðasta ári greiddar um það bil tvöfalt hærri atvinnuleysisbætur en á Skagaströnd, og ég held að það sé ekki innlegg í þetta mál að þar sé svo gott og blómlegt atvinnulíf að þar sé ekki þörf nýrra fyrirtækja. Ég vísa því algerlega heim aftur til föðurhúsa hv. þm. Sverris Hermannssonar, að það séu ekki blöndósingar sem hafi haft áhuga á að koma upp þessu tiltekna fyrirtæki. Ég vil vísa því algerlega frá, en kannske lítur hann svo á að hann sé þar kunnugri en ég og verður hann þá sjálfsagt að hafa þá skoðun í friði mín vegna.

Ég skal ekki lengja þetta mál mitt. Ég þarf ekki að ítreka þau sjónarmið, sem fram komu í ræðu minni á mánudaginn var um það, hvers vegna ég greiði atkv. gegn þessu frv., aðeins segja að það býður upp á slíka mismunun af opinberri hálfu að ég get ekki samþ. að ganga þessa braut. Til viðbótar, sem ekki hefur nú verið minnst á í þessari lotu umr., þá er í seinni málsgr. 2. gr. frv. rætt um það að opinberum fjárfestingarlánasjóðum skuli tilkynnt um synjun á leyfisveitingum til stofnsetningar rækjuvinnslu og skelfiskvinnslustöðva. Þetta er auðvitað nýtt í þessu frv., að ráðh., hver sem hann er, skuli segja lánasjóðum fyrir um það hvort þeir skuli lána eða lána ekki. Þetta er auðvitað einn þátturinn í þessu máli. Og ef um það væri að ræða að hafa af opinberri hálfu hömlur á stofnun slíkra fyrirtækja, þá væri þó nær að gera tilraun til stjórnunar á því gengum lánakerfi opinberra sjóða heldur en með boði og banni rn.

Ég skal svo ekki lengja þetta. Ég vænti þess að frv. þetta nái ekki fram að ganga á hv. Alþ. Ég held að með því væri opnuð slóð sem við vitum ekki hvert liggur, það væri opnað fyrir lagasetningu af slíkri gerð sem hér er á ferðinni, lagasetningu, sem mætti beita af meiri óprúttni en þó er gert hér, og þar með lagasetningu sem væntanlega gæti haft í för með sér stórlega lamandi áhrif á allt atvinnulíf íslenskrar þjóðar.

Guðmundur H. Garðarsson: Hæstv. forseti. Ég þakka að fá leyfi til að gera hér aths. og bera af mér sakir.

Vegna ummæla hv. 3. þm. Austf. um stöðu mína hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna þar sem ég hef starfað á annan áratug í fullu starfi áður en ég tók sæti á þingi, vil ég segja þetta: Ég tel mér heiður að því að hafa fengið tækifæri til að starfa í þágu íslensks fiskiðnaðar innan þessara sölusamtaka. Þjóðin hefur og getur verið stolt af störfum og árangri þessa fyrirtækis, en það er viðurkennt að það hafi náð mjög miklum árangri í sölu hraðfrystra sjávarafurða bæði í austri og vestri, þ. e. a. s. í Austur-Evrópu og Bandaríkjunum, og hafa allir sjútvrh. allt frá 1960 farið viðurkenningarorðum um störf þessa fyrirtækis. Ég vil svo segja það við þennan hv. þm., að ég á enga ósk honum betri til handa en þá, að fyrirtæki hans gerist aðili að þessum sölusamtökum, þannig að hraðfrystihúsinu á Kirkjusandi í Reykjavík megi vegna vel í nánustu framtíð.

Varðandi það sem hæstv. sjútvrh. sagði um afstöðu mína í þingflokki Sjálfstfl., þá ætla ég ekki að fara að tíunda í smáatriðum hvað þar gerðist. Hins vegar hlýt ég að segja það vegna ummæla hans hér áðan, að þegar hæstv. ráðh. kynnti þetta frv. í nóvemberbyrjun, þá las hann það upp og fór fljótt efnislega yfir frv. Ég minnist þess að ég spurði ráðh. um ákveðin efnisatriði sem hann svaraði fljótlega. Hins vegar vona ég að hæstv. ráðh., sem getur talað hér ótakmarkað, muni það einnig að ég skýrði honum frá því í desembermánuði, að eftir að hafa séð frv. prentað og eftir að hafa athugað það gaumgæfilega, þá gerði ég mér það ljóst — og ég ítrekaði það — þá gerði ég mér það ljóst að frv. bryti í bága við samvisku mína og stefnu þess flokks sem ég er á þingi fyrir, þ. e. varðandi það meginmarkmið Sjálfstfl. að hér á Íslandi skuli ríkja sem mest athafnafrelsi.

Síðan vil ég að lokum, hæstv. forseti, lesa það sem ég sagði í ræðu minni hér í d. 19. des.:

„Frv. það, sem hér um ræðir, lætur ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn. Ég hef litið þannig á að þm. væru óbundnir þangað til kæmi að atkvgr. í þingsal, burtséð frá því hvað rætt er um í þingflokkum. Ég hef litið þannig á að þegar frv. eru kynnt, hvort sem er hér í sal eða á þingflokksfundum, þá gæfist þm. tími til umhugsunar og ákvörðunar síðar eftir því sem þeir hafa getað kynnt sér efni frv. betur og þá e.t.v. öðlast aðra skoðun eða staðfest betur sína fyrri skoðun á því hvaða afstöðu bæri að taka við atkvgr. Við nánari athugun sést að það frv., sem hér um ræðir, er raunverulega þess efnis að hér er um stórmál að ræða. Það er mjög stefnumarkandi og það getur haft mjög örlagarík afleiðingar til hins verra ef það verður samþ. í sinni upprunalegu mynd."

Umr. frestað.

Sameinað þing, 47. fundur.

Fimmtudaginn 6. mars, kl. 2 miðdegis.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, fsp. (þskj. 169). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Í tíð fyrrv. ríkisstj. var sett á fót n. til að endurskoða og gera till. um breytta verka- og tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í samræmi við stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstj. og samkv. yfirlitsræðu þáv. hæstv. forsrh. í upphafi þings um haustið 1973 mátti vænta einhverrar niðurstöðu af störfum þeirrar n. á því þingi. Af því varð þó ekki. Núv. stjórnarflokkar hafa báðir lýst sig eindregið fylgjandi þeirri stefnu að breyta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og auka sjálfsforræði sveitarfélaganna. Full ástæða er því til að ætla að einhverjar raunhæfar till. og framkvæmdir sjái dagsins ljós í valdatíð núv. ríkisstj.

Mín skoðun er sú, að hér sé um að ræða eitt allra stærsta viðfangsefni stjórnvalda. Ég hef verið talsmaður dreifingar valds í þjóðfélaginu, og ég tel að þetta sé ein árangursríkasta og áþreifanlegasta leiðin til slíkrar valddreifingar. Breytingar í þá átt að auka sjálfsforræði sveitarfélaga féllu sjálfsagt í góðan jarðveg hjá almenningi, og þær geta líka verið þáttur í þeirri viðleitni að draga úr umsvifum ríkisins og draga úr ríkisútgjöldum, sem hvort tveggja getur haldist í hendur við skammtíma-efnahagsaðgerðir og frambúðar-markmið í stjórnarstefnunni. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur nýlega birt í tímariti sínu athyglisverðar till. um þetta sama efni. Af þessu tilefni hef ég lagt fram eftirfarandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„Hvað líður endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hvaða ráðagerðir eru uppi í þeim efnum?"

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um var skipuð fyrir nokkru n. manna til endurskoðunar á sveitarstjórnarlögum og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þessi n. var skipuð 20. sept. 1973 af þáv. félmrh. Formaður þeirrar n. er Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðuneytisstjóri. Í grg. frá n. í sambandi við fsp. hv. þm. segir svo m.a.:

„Á fundum n. hefur skýrsla um verkaskiptingu ríkis, sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem gerð var að tilhlutan Sambands ísl. sveitarfélaga, verið rædd nokkuð ítarlega. Einnig hafa nm. kynnt sér tilhögun þessara mála á hinum Norðurlöndunum. Í framhaldi af þessu setti n. fram í frv.-formi hugmyndir um fylkjaskipun, nafnbreytingu á landshlutasamtökum, þar sem fylkin eru lögbundin á þann hátt að heimilt var að fela fylkjum nánar tiltekin stjórnsýsluverkefni, sem nú eru í höndum ríkis, sveitarfélaga eða sýslunefnda, jafnframt því sem kosningafyrirkomulagi til fylkisþinga yrði breytt til lýðræðislegra hátta. Hugmyndir þessar voru kynntar á síðasta landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga."

Í þessum drögum að frv. er rætt um og gert ráð fyrir því, að hvert kjördæmi fyrir sig verði fylki, um hlutverk fylkjanna, um fylkisþing, kosningar til þeirra, um fylkisstjórn o. s. frv.

Verkaskipting sveitarfélaganna hefur verið ofarlega á dagskrá með þjóðinni nú um margra ára skeið. Árið 1970 gaf Samband ísl. sveitarfélaga út bækling sem hafði að geyma till. og grg. um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en um það mál hafði áður verið fjallað á tveimur fulltrúaráðsfundum sambandsins árið 1969. Samband ísl. sveitarfélaga hélt svo áfram þessari athugun mála og í nóv. 1973 gaf sambandið síðan út mjög ítarlega og vel unna grg. um þetta málefni. Í þeirri prentuðu grg. eru í lokin dregnar saman till., 100 að tölu, sem sýna viðhorf Sambands ísl. sveitarfélaga til þessara mála. Sú vinna, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur lagt í þetta verk, er ákaflega mikilvæg og verður grundvöllur að því starfi, sem nú er verið að vinna, og þeim úrlausnum, sem væntanlega verða fundnar í þessu máli.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var m. a. tekið svo hljóðandi ákvæði inn í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. eða stjórnarsáttmála:

„Sveitarfélögum séu falin aukin verkefni og fjárhagslegur grundvöllur þeirra endurskoðaður til þess að tryggja sjálfstæði þeirra og framkvæmdagetu."

Ég tek undir þau orð hv. fyrirspyrjanda, að hér er um eitt af mikilvægustu málefnum þjóðfélagsins að ræða. Það þarf að dreifa valdinu í þjóðfélaginu, og enginn vafi er á því að því marki, sem þar er að stefnt, verður m. a. náð og það að mörgu leyti á hyggilegan og markvissan hátt með því að fela sveitarfélögunum fleiri verkefni en nú er. Málum er þannig háttað nú, að sum verkefni annast ríkið eitt og önnur verkefni annast sveitarfélögin eingöngu. En ríkið og sveitarfélögin hafa einnig með höndum fjölmörg verkefni sameiginlega, og þróunin virðist hafa verið sú, að samaðild ríkis og sveitarfélaga að verkefnum hefur farið vaxandi. Samaðild ríkis og sveitarfélaga hefur vissa kosti eða

að mínu áliti hefur hún fleiri ókosti. Ókostir samaðildar virðast einkum þeir, svo að ég vitni m. a. í álit sambands sveitarfélaganna, að hætt er við að hvorugur aðili finni til fullrar ábyrgðar á ákvörðun um framkvæmd verkefnis. Kostnaðaruppgjör verða oft flókin og fyrirhafnarmikil, framkvæmdaaðilinn þarf að innheimta hjá gagnaðilanum hlut hans í kostnaðinum, gagnaðilinn hefur erfiða aðstöðu til eftirlits með framkvæmd. Samaðild felur í sér að ekki fer saman fjármálaábyrgð og framkvæmdaábyrgð, eins og komist er að orði í þessu nál. Sambands ísl. sveitarfélaga.

Hér er ekki tími til þess að fara ítarlega út í það, hvaða verkefni það eru sem æskilegast er að flytja frá ríkinu til sveitarfélaganna. En meginsjónarmið í þessari endurskoðun hljóta að verða þau, að verkaskiptingin verði gerð einfaldari og gleggri en nú er, að sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarfélaganna yrði fækkað, að stefnt verði að því að fleiri verkefni en nú er séu falin sveitarfélögunum eða samtökum þeirra. Í þessu sambandi er það ákaflega mikilvægt að stefnt sé að því að frumkvæði, framkvæmd og fjármálaábyrgð sé á einni og sömu hendi. Því miður er svo háttað nú um fjölda mikilvægra mála, að í rauninni er óljóst hvort ríkisvaldið eða sveitarfélögin eiga að hafa þar frumkvæði að. Oft truflar það og tefur framkvæmdir, að slík samaðild á sér stað og ábyrgðin dreifist um of. Fyrir því er þetta atriði, að hafa hreinni línur en nú er og að ábyrgðin sé fyrst og fremst á einum aðila, en ekki tveimur, eitt það mikilvægasta í sambandi við þessa endurskoðun alla. Það er fjöldi verkefna, sem hér kemur til skoðunar, eins og rakið er í hinum 100 till. Sambands ísl. sveitarfélaga.

Að því er meðferð þessara mála nú viðvíkur, þá vil ég taka fram að þessi mál hafa verið í vandlegri athugun og skoðun í félmrn. og að því er stefnt, að unnt verði að leggja fyrir næsta reglulegt þing frv. um nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og um tekjustofna sveitarfélaganna, því að það er atriði sem ekki má gleymast, að um leið og verkefni eru færð yfir til sveitarfélaganna þarf að tryggja sveitarfélögunum næga tekjustofna. Í því sambandi kemur einnig annað atriði til, og það er þetta, að stefna verður að því að sveitarstjórnir verði óháðari ríkisvaldinu en nú er varðandi fjáröflun og að þær fái meira svigrúm til tekjuöflunar en nú er.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans og þá skoðun sem fram kom hjá honum, að hér væri um að ræða eitt allra stærsta viðfangsefni stjórnvalda í dag. Það er ljóst af þeirri upptalningu, sem fram kom í svari hans, að hér er um margþætt vandamál og viðfangsefni að ræða og þarf mikla vinnu og mikinn undirbúning, áður en hægt er að leggja fram frv. eða mótaðar till. um þetta efni. En ég fagna mjög þeirri yfirlýsingu hans, að stefnt skuli að því að leggja fram slík frv. og slíkar till. á næsta reglulegu Alþ. Ég er sannfærður um að þær till., ef þær verða í þeim anda sem fellur að skoðunum mínum og fram kom í máli hæstv. ráðh., munu valda þáttaskilum í stjórnkerfi hér á landi.

Vetrarsamgöngur, fsp. (þskj. 261). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 261 hef ég leyft mér að bera fram svofellda fsp. til hæstv. samgrh.:

„Hvað líður framkvæmd þál. frá 26. mars 1974 um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum og könnun á hagkvæmri og stórvirkri snjóruðningstækni?“

Ályktunin, sem þessi fsp. er út af, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að endurskoða reglur, sem gilda um snjóruðning af vegum, með það í huga að bæta vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum og auka öryggi sjúkraflutninga, auðvelda flutninga barna í skóla auk mann- og vöruflutninga í þessum byggðarlögum. Ríkisstj. er falið að kanna hagkvæmni þess að afla nýtiskulegra og öflugra tækja, sem tiðkast í öðrum löndum, til þess að koma þessari stefnu í framkvæmd.“

Það fer ekki á milli mála, að reynslan á þessum vetri sannar að þessi þál. var í fyllsta máta tímabær. Mönnum er í fersku minni að miklar truflanir urðu á samgöngum langtímum saman í ýmsum landshlutum s. l. mánuði vegna snjóa, og kom þá greinilega í ljós að við erum mjög vanbúnir að mæta slíkum vandamálum. Þrátt fyrir það að öll tæki, sem voru tiltæk, voru látin vinna allan sólarhringinn, var það sums staðar svo að verulegt tjón má telja af, t. d. í sveitum landsins, að ekki var hægt að komast leiðar sinnar á landi.

Nú er það svo, að flestir eru þeirrar skoðunar að það beri að reyna að bæta um á þessu sviði með því að byggja upp vegina, eins og kallað er, gera þá þannig úr garði að þeir verji sig sjálfir fyrir snjó. A hinn bóginn er það, að hér er um gífurlega mikið vandamál að ræða, og eins hitt, að við búum á þeim stað á hnettinum að það verður áreiðanlega seint sem við getum ekki vænst þess að það verði miklar truflanir í samgöngum á landi vegna snjóa.

Það er áreiðanlegt að það er dýrast í þessu sambandi að vera vanbúinn að tækjum og verða að sæta því að verulegar truflanir verði á framleiðslustörfum í ýmsum landshlutum vegna samgönguleysis. Ég vil í þessu sambandi benda t. d. á það, að í umdæmi Vegagerðar ríkisins á Akureyri, sem sér um 500 km. vegalengd, kostaði snjóruðningur um 1.7 millj. kr. á sólarhring þegar snjórinn var mestur í vetur og þar voru tæki að verki, vegheflar, stórir vegheflar og önnur tæki, sem voru þó ekki betri en það að þau réðu sáralitið við þennan mikla snjó. Aftur á móti hafði þessi deild Vegagerðarinnar yfir að ráða einum snjóblásara sem afkastaði meira en fimmföldu magni af snjóruðningi miðað við þessi önnur tæki, sem Vegagerðin hafði, en kostnaður við snjóblásarann er ekki miklu meiri en við önnur tæki. Þetta sýnir að það, sem kemur hér fram í þessari þál., er fyllilega tímabært, að ríkisstj. kanni hvort ekki sé rétt að afla fleiri slíkra tækja, sem eru ekki nærri eins kostnaðarsöm miðað við afköst, og þau tæki sem víðast eru notuð nú.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 261 eru tvær fsp. sem eru um mjög skyld efni og ég mun sennilega reyna að stytta grg. um seinni fsp. í svari mínu við þessari. En út af fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég gefa þessar upplýsingar, sem eru teknar saman af Vegagerð ríkisins.

Þál. um bættar vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum frá 26. mars 1974 er tvíþætt. Fjallar fyrri hl. till. um að ríkisstj. skuli láta endurskoða gildandi reglur um snjóruðninga á vegum með það í huga að bæta vetrarsamgöngur í snjóþungum byggðarlögum, en síðari hl. till. fjallar um að láta kanna hagkvæmni þess að afla nýtiskulegra tækja til snjómoksturs.

Varðandi fyrri lið till. skal þess getið, að till. um endurskoðun á snjómokstursreglum frá 1967 lágu fyrir snemma á s.l. ári. Í grg. með till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—1977, sem lögð var fram á Alþ. í apríl s.l., á bls. 42 í grg., er að því vikið að áætlaður kostnaður á árinu 1974 af hinum endurskoðuðu snjómokstursreglum muni nema 35 millj. kr. Vegáætlun fyrir 1974—1977 náði eigi að verða afgr. á Alþ. á s.l. ári, en í till. um endurskoðun vegáætlunar fyrir árin 1974—1977, sem lagðar verða fram á Alþ. innan skamms, er kostnaður við vetrarviðhald við það miðaður að endurskoðaðar snjómokstursreglur taki gildi á yfirstandandi ári. Er áætlað að kostnaður við vetrarviðhald á árinu 1975 muni aukast um 47 millj. kr. vegna endurskoðaðra snjómokstursreglna.

Varðandi síðari lið till. skal það upplýst, að Vegagerð ríkisins hefur um langt árabil haft mjög nána samvinnu við norsku vegagerðina um allt það er lýtur að bættri tækni við snjóruðning á vegum. Vísast í því sambandi til grg. Snæbjarnar Jónassonar forstöðumanns tæknideildar Vegagerðarinnar um tækjakost til snjómoksturs. Í niðurlagi grg. Snæbjarnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Af þeirri reynslu, sem fengist hefur hér á landi á undanförnum árum, bendir allt til þess að snjómokstur verði í æ ríkara mæli unninn af vegheflum og snjóblásurum, auk þess sem snjóplógar nýtast á vegum með bundnu slitlagi.“

Til fróðleiks skal þess getið, að í byrjun þessa mánaðar hafði Vegagerð ríkisins yfir að ráða eftirfarandi tækjum við snjómokstur: Vegheflar 52 stykki, jarðýtur 81 stykki, bílplógar 7 stykki, hjólaskóflur með tönn 3 stykki, blásarar 4 stykki. Alls 147 tæki. Enn fremur mun bætast við einn snjóblásari í þessum mánuði, sem pantaður var s.l. haust. — Ég vil taka það fram, að Vegagerðin á ekki þessi tæki öll þó að þau séu hér upp talin.

Að lokum skal þess getið, að Vegagerð ríkisins hefur sent mann á mjög stóra sýningu á vélum til vegagerðar og vegaviðhalds, sem haldin er í Chicago í Bandaríkjunum í þessum mánuði. Sýningar þessar eru haldnar á fimm ára fresti og eru þar sýndar nýjustu gerðir allra tækja við vegagerð og vegaviðhald. Var fulltrúa Vegagerðarinnar falið að kanna sérstaklega nýjustu tæki á þessari sýningu sem nota má við snjóruðning á vegum.

Í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér að lesa hér upp skýrslu Snæbjarnar yfirverkfræðings, sem vikið er að og skýrir þetta mál allrækilega:

„Að undanförnu hefur orðið veruleg breyting á tækjakosti, sem notaður hefur verið við snjóruðning á þjóðvegum landsins. Fyrir um það bil tveim áratugum var snjómokstur ekki meiri en svo, að ekki þótti ástæða til að kaupa tæki sem sérstaklega voru til þess gerð. Með aukinni viðleitni til að halda uppi samgöngum á landi að vetrarlagi hefur þurft að taka tillit til snjómoksturs þegar keyptar hafa verið vinnuvélar til Vegagerðarinnar, þar sem vetrarviðhald hefur aukist mjög og er orðið verulegur þáttur í viðhaldi veganna.

Tæki þau sem hingað til hafa verið notuð við snjóruðning, eru:

1. Jarðýtur, sem löngum hafa verið uppistaðan í tækjakosti til snjóruðnings. Þegar færð fer verulega að þyngjast hafa þær þá ókosti helsta, að þær eru hægfara og dýrar í flutningi og skilja eftir sig miklar beðjur meðfram vegunum sem skeflir yfir þegar skefur á ný.

2. Vegheflar. Þáttur þeirra hefur farið mjög vaxandi, enda hefur verið tekið tillit til þess við endurnýjun með því að kaupa hefla með framdrifi sem henta vel til snjóruðnings. Vegagerðin á nú 16 slíka hefla, sem staðsettir eru með tilliti til ytra viðhalds.

3. Snjóplógar. Gerðar voru fyrir allmörgum árum ítarlegar tilraunir með snjóplóga, sem bornir voru framan á vörubifreiðum. Vegna brota, sem urðu á bifreiðum þegar plógar rákust í frosnar misfellur á veginum eða steina, varð að leggja þessar tilraunir á hilluna. Með tilkomu vega með bundnu slitlagi hefur notkun þeirra verið hafin aftur með mjög góðum árangri.

4. Snjóblásarar. Vegagerðin keypti fyrst snjóblásara árið 1969 og hefur síðan eignast 3 og á nú einn til viðbótar á leið til landsins. Það tók nokkurn tíma fyrir þá, sem stjórna snjómokstri að læra að nýta þá rétt, bæði vegna hefðbundinnar mokstursaðferðar með jarðýtum og heflum, vegna óheppilegra snjólaga og vegna þess hve hátt tímagjald varð að taka fyrir þá svo að þeir bæru sig. Í vetur hefur þó sannast að snjóblásarar eru afkastamestu tækin þegar snjór er mikill, auk þess sem þeir skilja ekki eftir garða við veginn sem fennir að. Snjóblásurunum má skipta í flokka á marga vegu. Hér verður þeim skipt í tvo eftir byggingarmætti:

a. Snjóblásari og ökutæki sambyggð. Slíkir blásarar eru dýrir bæði í innkaupi og rekstri, þar sem ökutæki nýtist ekki til annarra verka yfir sumartímann. Má til dæmis nefna að minnstu blásarar af þessari gerð kosta um 30 millj. kr. Þó er ekki nema 230 ha. aflvél við blásarann sjálfan.

b. Snjóblásarar sem byggðir eru þannig, að hjólskófla, dráttarvél eða bifreið getur borið þá. Þessir blásarar eru mun ódýrari í innkaupi og rekstri þar sem nýta má ökutækið, sem ber þá, til annarra verka á sumrin. Þeir snjóblásarar, sem Vegagerðin á, eru af þessari gerð og eru bornir af hjólaskóflum. Þeir eru norskir og hafa 350 ha. aflvél og kosta um 6.5 millj. kr. Blásarar af þessari gerð frá sama framleiðanda eru algengustu snjóblásarar á þjóðvegum í Noregi. Á árunum 1967 og 1968 lét norska vegagerðin byggja

fjóra stærri blásara, með 500 ha. vél, en hefur ekki séð ástæðu til að byggja fleiri slíka. Má því segja, að við notum sömu tæki hér og í Noregi, nema hvað þau eru fá hér.

Af þeirri reynslu, sem fengist hefur hér á landi á undanförnum árum, bendir allt til þess að snjómokstur verði í æ ríkari mæli unninn af vegheflum og snjóblásurum, auk þess sem snjóplógar nýtast á vegum sem bundnir eru slitlagi. Mun því hlutur jarðýtnanna fara minnkandi eftir því sem annar vélakostur til snjóruðnings eykst.

Þetta vona ég að nægi sem svar við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir mjög ítarlegt og greinargott svar við þessari fsp. Það kom fram í máli hans, að það hefur þegar verið unnið að endurskoðun á reglum um snjóruðning og var ekki vanþörf á, því að þær reglur hafa gilt í meira en áratug og veru settar löngu áður en sú skipan var tekin upp að hafa heilsugæslumiðstöðvar í stórum héruðum á ákveðnum stöðum sem menn þyrftu að geta komist til og frá á landi á vetrum eins og yfir sumartímann. Á sama hátt voru þessar reglur settar áður en tekin var upp sú regla að aka börnum að og frá skóla í strjálbýlinu, þannig að það var ekki vanþörf á að endurskoða þessar reglur, auk þess sem þær voru víða á alfaraleiðum mjög ófullnægjandi. Það er því fagnaðarefni, þrátt fyrir að nú syrti í álinn í okkar þjóðarbúskap, að hér skuli þó vera stefnt að því að betrumbæta þá þjónustu sem menn hafa hingað til mátt búa við í þessu efni.

Ég vil einnig þakka hæstv. ráðh. fyrir hvað hann fór hér ítarlega yfir þann tækjakost, sem við höfum haft í sambandi við snjóruðning af vegum. Kom greinilega fram í hans máli eða í skýrslu Vegamálaskrifstofunnar, að það er nauðsynlegt að hyggja að því að fá í viðbót við það, sem við höfum núna, þau tæki sem best duga í þessu sambandi. Það má ekki horfa í beinan kostnað sem er við það að þessi tæki vinni, vegna þess að þessi nýju tæki, snjóblásararnir, eru það miklu afkastameiri en þau tæki sem við höfum notað nú um sinn, að það getur verið beinlínis sparnaður að því að afla þessara tækja og geta þá unnið þessi verk á miklu hagkvæmari hátt en verið hefur, en um leið stórlega bætt þjónustu við fólk sem býr úti í strjálbýli.

Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör og vænti þess, að við gerð vegáætlunar verði stefnt í þá átt sem fram kom í hans máli.

Vetrarsamgöngur á Austurlandi, fsp. (þskj. 261). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. samgrh., að þessi fsp. frá mér snertir nokkuð þá fsp. sem áður hefur verið hér rædd frá Lárusi Jónssyni. Þessi fsp. var reyndar borin fram í lok jan. þegar ég var nýkominn úr öllum sjónum þar austan að og 1. liðurinn er því nú að nokkru óþarfur, nema þá vegna þeirrar reynslu sem við fengum af því ástandi sem þá ríkti og svo því kannske að það er farið að snjóa gráðugt aftur á Austurlandi nú og sama ástand getur skapast. Ég hygg að það geti það auðveldlega, því að það mun ekki hafa verið neitt þar úr bætt í millitíðinni.

Ég ætla þó aðeins að rifja upp staðreyndir í sambandi við þetta, hverjar ástæður lágu fyrir þessu.

Það er í fyrsta lagi um samgöngur milli þeirra staða þar sem snjómokstri er þó haldið uppi nokkurn veginn reglulega, t. d. milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, en reyðfirðingar eru með lækni sameiginlega með eskfirðingum. Þar var alveg lokað á milli í viku og þar er enginn snjóbíll heldur til að grípa til nema sá snjóbíll sem á að halda uppi samgöngum við Neskaupstað. Milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar, á þeim ágæta vegi Fagradalsbrautinni, var lokað í u. þ. b. hálfan mánuð, að vísu ekki fullkomlega því að menn réðust í að kaupa snjóbíl eftir svona viku til 10 daga algera lokun, svo að tíminn var ekki alveg svona langur. Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík voru sambandslaus á landi með öllu í rúmlega hálfan mánuð — ég hygg um 18 daga, og þar er heldur enginn snjóbíll til að grípa til í sambandi við samgöngur. Einnig fengum við þm. bréf frá þeim djúpavogsmönnum um sambandsleysi þeirra við umheiminn að ég held í kringum hálfan mánuð. Það má geta þess, að á þessum tíma voru tvær ferðir í hvora átt á vegum Skipaútgerðar ríkisins, önnur sem sagt norður og hin suður.

Fsp. var þess vegna ekki borin fram að ástæðulausu. Hún leiddi reyndar það í ljós fyrst og fremst, að hvað sem öllum veðrum og snjóþyngslum og óvenjulegum aðstæðum leið, þá kom það glögglega í ljós, sem ég hafði reyndar vakið athygli á hér á Alþ. áður, að Vegagerð ríkisins var gjörsamlega vanbúin að tækjakosti öllum, svo að í raun var ekkert hægt að aðhafast af þessum sökum einum. Ég held að þetta stafi m. a. af því, að Vegagerð ríkisins hefur í æ ríkari mæli tekið upp þá stefnu að leigja vinnuvélar í stað þess að eiga þær sjálf. Ég hygg m. a. að það hafi verið býsna óþægilegt að nokkru leyti. Ég veit t. d. um það, hvað Vegagerð ríkisins er orðin háð þessari leigustefnu sinni og háð þessum vinnuvélaeigendum, að hún neyddist til að samþ. nú um áramótin 50% álag á ríkistaxtann fyrrverandi fyrir snjóruðning og mokstur með jarðýtum og hjólaskóflum, og er það töluverð viðbót áreiðanlega. Aukinn og bættur tækjakostur hlýtur því að vera eitt þeirra frumatriða sem náið þarf að að hyggja, og mér heyrðist það á svörum hæstv. samgrh. áðan að þar mætti eiga von á einhverri úrbót. Þá eru það auðvitað sérstaklega snjóblásararnir sem við austfirðingar þyrftum svo sannarlega að fá í gagnið og það sem fyrst. Þar er einn blásari aðeins og auk þess ekki alltaf í góðu lagi.

Í öðru lagi kom í ljós í þessum snjóþyngslum eystra að venjulegar vinnuaðferðir dugðu hreinlega ekki og til annars hefði þurft að grípa. Því spurði ég um það í 2. lið, hvort áform séu uppi um nýjar vinnuaðferðir. Því hefur að nokkru verið svarað þegar. Ég benti m. a. á rekstur fullkominna snjóbíla í því sambandi og þá í samvinnu við t. d. þá aðila er annast flutninga á leiðum þar eystra. Það kann í fljótu bragði að virðast að hér sé í mikið ráðist varðandi stofn-

og rekstrarkostnað og er bent á framlög ríkis ár hvert til vetrarsamgagna, m. a. til rekstrar snjóbíla hinna ýmsu sérleyfishafa. En þegar litið er til gagnslauss snjómoksturs í marga klukkutíma með úreltum tækjum dag eftir dag, þá hlýtur að vera að því komið að skoða þessi mál einfaldlega sem reikningsdæmi um hagkvæmasta skipan mála, og þá kæmi máske í ljós að einmitt í þessu formi væri hagstætt og gott fyrir Vegagerð ríkisins að gegna hlutverki sínu við að hjálpa til að halda uppi eðlilegum samgöngum í erfiðum tilfellum.

Í þriðja lagi og nátengt þessu spurðist ég fyrir um áætlanagerð á vegum Vegagerðarinnar, hvort við henni mætti búast í framtíðinni. Því var einnig að nokkru svarað af hæstv. samgrh. áðan, en þó vil ég minna á það, að í þá áætlun verða að fást skýrari línur, m. a. með tilliti til þess hvað Vegagerðin ætlar í raun að aðhafast og þá sérstaklega hvað snertir þann landshluta sem ég er hér með í huga, Austurland, sem hefur verið vanræktur — ég fullyrði: vanræktur varðandi tækjakost og er mjög illa settur að því leyti. Þar þarf áreiðanlega áætlun að gera svo að úr megi bæta.

Í fjórða lagi er fsp. til sjálfs rn. um það, hvort sú samgönguleið, sem vanrækt hefur verið að undanförnu, þ. e. sjóleiðin hafna á milli, hafi verið skoðuð nánar í ljósi þeirra staðreynda sem þessi vetur hefur fært okkur. Það þarf ekki að rekja ástand þeirra mála náið, þar er nánast um engar samgöngur að ræða sem hægt er að kalla því nafni. En þegar aðrar leiðir lokast, þá hlýtur að koma til álita að kanna möguleikana í þessu skyni og nýta þá í framtíðinni þegar annað bregst eða hafa þessar samgöngur í heild þá í betra lagi en nú hefur verið um langt skeið. Austfirðingar spyrja ekki um þessi mál að ástæðulausu eftir þann langa og erfiða kafla sem þeir áttu við að búa í janúarmánuði. Það vita allir eða eiga a. m. k. að vita. Það er óþarfi einnig að minna á margháttaða erfiðleika á sviði vöruflutninga almennt, fólksflutninga, mjólkurflutninga bænda og kannske alveg sérstaklega oliuflutninga út um sveitir og svo auðvitað um öll samskipti staða og landshluta á milli sem þurfa og verða að vera sem greiðust og best. Ég verð þess vegna að trúa að viðbrögð opinberra aðila verði hér við jákvæð og skörp.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 7. landsk. þm. á þskj. 261, sem ég vék lauslega að áðan, er það rétt sem fram kom í hans ræðu, að það sem best er í þessu er að þessu sinni að forsjónin hefur hjálpað okkur. Í fyrsta lagi gat hann skilað sér á þing þrátt fyrir erfiðar samgöngur og var það okkur þm. mikill léttir að fá svo ágætan þm., og í öðru lagi hefur snjórinn minnkað þar eystra og hefur þá náttúrlega orðið okkur happadrýgst hvað viðvíkur snjómokstri og umferð á vegum þar eystra. En út af fsp. þá skal ég reyna að svara henni eins og til stendur og styðst þá eins og fyrr við grg. Vegagerðarinnar, en hún hefur í þessu sem öðru skilað hv. alþm. alltaf góðum og greiðum svörum við því sem hefur verið leitað eftir hjá þeirri ágætu stofnun.

„1) Hvernig hyggst Vegagerð ríkisins bæta úr því ástandi, sem nú ríkir í samgöngumálum austfirðinga?“ Var þá miðað við það ástand sem þá ríkti. Þar segir svo:

„Í lok des. s. l. voru snjóalög orðin með allra mesta móti á Austurlandi. Til þess að bæta úr því ástandi, sem þetta skapaði, sendi Vegagerðin í byrjun jan. til Austurlands stóran veghefil, sem kom til landsins í lok des., og einnig jarðýtu, sem tekin var á leigu hér í þessu skyni. Var þetta gert í samráði við starfsmenn Vegagerðarinnar á Austurlandi.“

„2) Hefur Vegagerð ríkisins uppi áform um nýjar vinnuaðferðir, þegar erfiðleikar eru mestir, um rekstur fullkominna snjóbíla?“

„Varðandi rekstur snjóbíla,“ segir í svarinu, „skal það tekið fram, að skv. gildandi l. er Vegagerðinni hvorki skylt né heimilt að taka að sér slíkan rekstur, enda vandséð hvar slíkt mundi enda. Rekstur snjóbíla og styrkir til þeirra hafa til þessa verið í höndum samgn. Alþ. og styrkir til kaupa á þeim og rekstur hafa verið veittir undir þeim lið í fjárl. sem fjalla um styrki til flóabáta.“

Þriðja atriðið í fsp: „Á hvern hátt hyggst Vegagerð ríkisins í framtíðinni mæta erfiðleikum, svo sem þeim er nú hafa skapast á Austurlandi og víðar? Er einhver áætlun þar að lútandi í gangi hjá stofnuninni?“

Svarið við þessu er þetta:

„Að áliti umdæmisverkfræðings Vegagerðarinnar á Austurlandi, Einars Þorvarðssonar, mundi einn snjóblásari til viðbótar leysa mikið af þeim vanda, sem upp kom í des. og jan. vegna óvenjulegra snjóalaga, og er þá miðað við óbreyttar snjómokstursreglur. Yrði snjómokstursreglum hins vegar breytt telur hann að bæta þyrfti þriðja snjóblásaranum við. Sú reynsla, sem fengist hefur í des. og jan. í sambandi við óvenjuleg snjóalög á Norður-, Norðaustur- og Austurlandi, bendir eindregið til þess að hentugustu tækin til snjóruðnings séu stórir snjóblásarar. Þetta eru hins vegar dýr tæki í innkaupum og rekstri og mun Vegagerð ríkisins ekki hafa bolmagn til þess að festa kaup á slíkum tækjum eins og æskilegt væri nema auknar fjárveitingar til tækjakaupa komi til.“

Í því, sem ég sagði hér áðan, gerði ég grein fyrir þessum liðum, svo að ég tel að því sé fullsvarað.

Í framhaldi af þessu, áður en ég lýk hér máli mínu, vil ég svo segja það um sjóleiðina, að það hafa ekki verið gerðar sérstakar athuganir á henni, en það er sérstök n. sem vinnur nú að því máli. Enn fremur hef ég beðið stjórn Ríkisskips að athuga þau mál dálítið nánar. Um þörfina, eins og fram hefur komið hjá þessum tveim hv. þm., þarf ekki orðum að eyða, að hún er mjög mikla brýnni en áður hefur verið. M. a. vegna læknaþjónustunnar og þeirrar skipulagsbreytingar, sem gerð var á henni með lögum frá síðasta Alþ., krefst hún þess að meira sé gert í því að halda vegum opnum en áður hefur verið. Sama er að segja um mjólkur- og oliuflutninga. Þeir eru orðnir svo snar þáttur í lífi fólksins, að það er ekki hægt að komast hjá því að halda vegum sæmilega opnum til að flytja vörur eins og mjólk, bæði vegna framleiðanda og eins vegna vinnslustöðvanna og neytendanna. Allt

þetta eru verkefni sem nútíminn krefst af þjóðfélaginu en ekki voru til áður. Þriðja atriðið, sem ég vildi nefna, er flutningur á skólabörnum sem er orðinn verulegur hér á landi. Það er farið að flytja börn daglega til skóla út um dreifbýlið, en var algerlega óþekkt áður. Þetta krefst þess að vegir séu daglega færir, eins og þau atriði sem ég áður nefndi.

Í vegáætlun þeirri, sem nú er tilbúin til prentunar, er gert ráð fyrir breyttum reglum um snjómokstur. Ég hygg að það verði svo, þegar hv. þm. sjá þá vegáætlun, að þá muni mörgum þykja allmikil fjárhæð fara þar í moksturinn, því að hér er um stórkostlegar tölur að ræða og miklu hærri en við höfum getað látið okkur áður detta í hug. Það er hins vegar byggt á reynslunni og byggt á notkun þessara nýju tækja. Það, sem aftur skiptir máli í sambandi við þetta, er fyrst og fremst það, hvað hv. alþm. treysta sér til að láta Vegagerðinni í té til tækjakaupa í sambandi við þessi mál sem önnur.

Það er alveg rétt, að Vegagerðin hefur farið meira inn á það að leigja tæki og hefur m. a. stafað af því að hún hefur ekki haft fjármagn til að kaupa tæki og eiga sjálf. En það verða að sjálfsögðu að vera viss lágmörk sett fyrir því hvað Vegagerðin má eiga minnst af slíkum tækjum, því að hún verður alltaf að vera þannig sett, að hún geti keppt við aðra aðila og sé ekki hægt að setja henni stólinn fyrir dyrnar. Forstöðumönnum Vegagerðarinnar er þetta ljóst og þeir hafa áhuga á að bæta úr þessu og mun standa á fjármagninu frekar en öðru.

Eitt af því, sem mjög er stefnt að nú, eru snjóblásararnir sem hafa gefið sérstaklega góða raun á þessu ári, því að þessi vetur hefur verið til þess að sýna ágæti þeirra, og reynslan er sú að ýturnar bókstaflega gáfust upp, þær réðu ekki við moksturinn. Þess vegna verður horfið að því að reyna að láta snjóblásarana taka þeirra hlutverk, því að með þeim safnast ekki fyrir, eins og gerist með ýtunum, veggir meðfram veginum sem skefur svo alltaf í, þeir blása þessu það vel frá. Það, sem ég held að ráði um þetta eins og aðra þætti vegamálanna í landinu, verður fjármagnið. Ég efast ekkert um að þegar við förum að fást við vegáætlun, sem ég vona að sé ekki langt í, þá mun það brenna á okkur öllum að við viljum meiri peninga og meiri peninga og hvar við eigum að taka þá.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. ágæt svör. Ég fagna yfirlýsingum hans um stóraukið framlag til snjómoksturs og nýrra reglna þar að lútandi. Ég lýsi því yfir, að ég er reiðubúinn til þess að standa að því að gera vel við Vegagerð ríkisins til þess að hún geti sem best gegnt hlutverki sínu og átt sjálf sem hagkvæmastan tækjakost.

Varðandi svör við einstökum atriðum fsp. minnar, þá er það í fyrsta lagi, að hæstv. ráðh. nefndi í sínu svari að Vegagerðin hefði sent tvö verkfæri austur á land í snjóunum. Sannleikurinn var sá um verkfæri þessi bæði, veghefilinn og jarðýtuna, að hvorugt þeirra nýttist að nokkru, og sannaði það einmitt að nýrra vinnubragða og nýrra tækja var þörf. Sem sagt, þessi sending var til einskis að mínu viti.

Varðandi annan liðinn og rekstur snjóbílanna, þá álít ég að þótt Vegagerðinni sé ekki skylt að taka að sér þennan rekstur eða annast hann eða kaupa slíka snjóbíla, þá sé þarna beinlínis spurning um sparnað hjá Vegagerðinni með því að hafa samvinnu við þá aðila, því að snjóbílar, sem nú eru fullkomnastir, geta hreinlega lagað til fyrir sér á þann hátt að Vegagerðin þarf þar ekki nærri að koma, jafnvel þó að yfir erfiða fjallvegi sé að fara. Ég veit dæmi þess að Vegagerð ríkisins greiðir þegar ákveðið gjald til snjóbíla af þessu tagi, vegna þess að hún þarf ekki að leggja í neinn kostnað yfir hæsta fjallveg landsins, yfir Oddsskarðið, vegna þess að hún þarf ekki á því að halda að laga til fyrir þennan fullkomna snjóbíl sem þangað er kominn, en er vissulega dýr og erfiður í rekstri fyrir þann aðila, sem stendur að rekstri hans og gerir það mjög myndarlega. Þess vegna tel ég enga goðgá að Vegagerð ríkisins athugi mjög rækilega hvort hún eigi ekki einmitt að fara inn á þessa braut að einhverju leyti og það muni verða um stóran sparnað að ræða hjá Vegagerðinni einmitt, en ekki kostnað, ef hún færi inn á þessa braut.

Ég fagna viðbrögðum ráðh. varðandi síðasta liðinn í sambandi við athugun á sjóleiðinni, að stjórn Ríkisskips hafi verið falið þar ákveðið verkefni og einnig sé n. í málinu sem vonandi gerir þá eitthvað, því að vissulega þarf að hafa þá leið í huga og sýna henni fullan sóma.

Að lokum ítreka ég það aðeins, að ég er sannfærður um að þau snjóruðningstæki, sem duga okkur eitthvað, eru snjóblásarar, og ég er viss um það að það er rétt, sem Einar Þorvarðsson segir um þetta mál, að ef austfirðingar eiga að vera nokkuð öruggir hvað þetta snertir og ekki verður farið neitt út í það að styrkja frekar rekstur snjóbílanna þarna austur frá, þá þurfi a. m. k. tvo snjóblásara í viðbót, og þá góða á Austurland, svo við getum búið við sæmilegt öryggi í þessum efnum.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það hvarflar stundum að okkur faxaflóamönnum, að dreifbýlisþm. séu að ýkja nokkuð þegar þeir eru að tala um örðugleika sína. En ég ætla aðeins að segja frá smáreynslu sem ég hlaut á slóðum síðasta ræðumanns. Í þinghléinu meðan Norðurlandaþingið sat skrapp ég til eins austfjarðarins. Þetta var 900 manna byggðarlag og það var búið að vera vegasambandslaust í tvo mánuði — ekki tvær vikur, en tvo mánuði, og þarna voru á þessu svæði, að ég best veit, til áhöld sem Vegagerðin átti, það voru til menn á árslaunum hjá Vegagerðinni, en þó var talið of dýrt að opna þennan veg, sem var þó aðeins lokaður á nokkurra km svæði. Ég held að slík innilokun sem þessi hafi ákaflega mikil sálræn áhrif á fólk sem þarna býr. Það finnur að það er vanrækt. Og örugglega er þarna um framkvæmdaatriði að ræða á annan veg en ráðamenn þjóðarinnar óska eftir. Það er víst, að hvergi hefur verið ýkt í þeim lýsingum sem komið hafa fram, því að þetta fannst mér hámark vanrækslu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir þau orð sem hann sagði hér. Ég held það sé okkur alltaf meiri nauðsyn að líta á málin í heild en að metast hvort við annað. Að vísu getur fennt á Reykjanesinu. Ég hef lent þar í einum mesta byl sem ég hef lent í á mínum vetrarferðum. Það var á sunnanverðum Hvalfirði og til Reykjavíkur. Það á því til að fenna þar líka. En það er rétt hjá hv. þm., að vera innilokaður, eins og hann vitnaði til, það er meira en það eitt að geta ekki ferðast um nágrennið. Það er viss innilokunarkennd sem hefur andleg áhrif. Hins vegar hefur Vegagerðin fylgt alveg settum reglum sem hafa verið samþ. af stjórnvöldum og ekki treyst sér út fyrir það, vegna þess að hún hefur ekki talið að hún vissi hvaða endi það hefði. En þær nýju reglur, sem nú er gert ráð fyrir í sambandi við ný vegalög og nýja vegáætlun, breyta þessu mikið, og þessi orð hv. þm. sanna það, að fsp. eins og þessar og þessi mál eru ekki borin fram af því að menn séu með neitt nöldur, heldur venjuleg nauðsynjamál sem hv. Alþ. þarf að láta sig varða.

Sjónvarpsmál á Austurlandi, fsp. (þskj. 261). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 261 fsp. til hæstv. menntmrh. um sjónvarpsmál á Austurlandi. Fsp. mín er í þremur töluliðum:

„1. Hvað hugsar ráðh. sér að gera til að ráða bót á því ófremdarástandi, sem ríkjandi er í sjónvarpsmálum á Austurlandi?

2. Verða ekki gerðar ráðstafanir til að auka öryggi í rekstri endurvarpsstöðvarinnar á Gagnheiði? Hvenær má búast við slíkum umbótum?

3. Hvað er ráðgert að gera til þess að auka myndgæði í útsendingu á Austurlandi og hvenær verða slíkar framkvæmdir gerðar?“

Ég veit að það er alveg óþarfi fyrir mig að fara um þessar fsp. mörgum orðum. Sérstaklega er óþarfi fyrir mig að lýsa fyrir hæstv. menntmrh., sem jafnframt er þm. á Austurlandi, ástandinu þar í þessum efnum og reyndar er óþarfi að lýsa þessu fyrir hv. þm. almennt, því að ég hygg að þeir viti um það í aðalatriðum. En það er ekki ofsagt að það hafi ríkt og ríki jafnan í sjónvarpsmálum á Austurlandi ófremdarástand. Þar á ég ekki við það, þó að það komi fyrir í hamfaraveðráttu, að útsendingar falli niður eða eitthvað bili. Við á Austurlandi eru vanir slíku og fáumst satt að segja ekki ýkjamikið um það. En þessar bilanir, sem þarna hafa átt sér stað, eru miklu víðtækari og ástandið í þessum efnum virðist vera svo bágborið, að þarna þurfi á talsvert verulegum framkvæmdum að ræða til að koma þessu í viðunandi ástand. Það er alkunna, að við á Austurlandi þurftum að bíða í full 30 ár eftir því að geta hlustað á hljóðvarpsdagskrána nokkurn veginn óbrenglaða og er þó ekki lagið allt of gott enn í dag á öllum stöðunum. Það vantaði ekki að á þessu tímabili var oft kvartað og það voru n. settar og það var leitað til þeirra sem höfðu með þessi mál að gera, en það var alltaf verið að athuga eða alltaf var einhverju borið við. Nú tel ég fyrir mitt leyti að það þurfi engu að bera við, af því að við austfirðingar erum svo heppnir að yfirmaður þessara mála er þm. okkar hæstv. menntmrh. og ég ætla að vona í þessu tilfelli að hann fari ekki að skipa neina n., heldur segi hann ákveðnum mönnum að gera ákveðna hluti. Því vil ég vænta þess að hann treysti sér til þess í tilefni af þessari fsp. að gefa austfirðingum ákveðið loforð um umbætur í sjónvarpsmálunum á Austurlandi og að hann treysti sér til að segja til um hvenær eigi að framkvæma þessar endurbætur.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hér er spurt um lausn á þeim vandkvæðum, sem austfirðingar hafa, eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, búið við nokkuð lengi. Hins vegar kom þessi fsp. fram strax fyrir jól og þá eðlilega fram borin svo sem í tengslum við þá alveg sérstöku erfiðleika sem þá gengu yfir á þessu svæði og raunar víðar um land. Það er vitað mál að endurvarpsstöð sjónvarpsins á Gagnheiði austur hefur frá upphafi verið næsta ótrygg. Bilanir hafa verið þarna tíðar og í hríðarveðrum er örðugt um viðgerðir og þess vegna bilanir stundum staðið nokkuð lengi. Aðflutningsleiðir raforku til Gagnheiðar hafa ekki verið nægilega öruggar er a. m. k. óhætt að segja. Sömu sögu er raunar að segja um smærri endurvarpsstöðvar á Austurlandi og sumar hverjar, að þær eru aðeins með lélegum útbúnaði, jafnvel bráðabirgðabúnaði, og nokkrar þeirra eru enn þá á vegum heimamanna, sem lögðu fram fé til að koma þeim upp á sínum tíma. Svo er þess að minnast í þessu sambandi, sem mér finnst rétt að komi hér fram, að nokkrar sveitabyggðir á Austurlandi hafa enn þá engin sjónvarpsnot, og því miður er svo víðar á landinu, þannig að það mál er nokkuð stórt í sniðum. Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda hafa menn unað þessu illa á undanförnum árum og t. d. alþm. á Austurlandi hafa farið ótaldar ferðirnar á fund ráðamanna sjónvarps og útvarps að ræða þessi mál og bera fram kröfur um úrbætur. Sýnilegur árangur hefur orðið fremur lítill að því er varðar dreifingu sjónvarpsins og nálega engar eða alls engar endurvarpsstöðvar voru reistar á Austurlandi t. d. síðustu 3 árin. Það var ekki aflað sérstaks fjár til þessara stofnframkvæmda á þessu svæði né heldur annars staðar. Þvert á móti var það svo síðustu árin að útvarpið var rekið með halla frá ári til árs að því marki, að þegar ég kom að þessum málum í haust var yfirdráttur útvarpsins hjá Landsbankanum kominn upp í nálega 150 millj. kr. Þetta þjónustufyrirtæki eða stofnun er auðvitað fráleitt að reka þannig. Ég hlýt að segja það, þó að ég hafi staðið að þeirri ríkisstj. sem fór hér með völd á undanförnum árum á meðan þessi skuldasöfnun átti sér stað.

Fyrr í vetur lagði ég fram hér á hv. Alþ. skýrslu um dreifingu sjónvarps og hugleiðingar tæknimanna um framkvæmdir sem gætu bætt úr núverandi áföllum á dreifingu sjónvarpsins almennt. Ég vil láta það koma fram hér, að í illviðrakaflanum í vetur skrifaði Ríkisútvarpið

Landssímanum, sem annast þessi mál fyrir hönd útvarpsins, og óskaði eftir nákvæmri skýrslu um bilanirnar á Austurlandi, hvernig þær hefði borið að og hversu lengi þær hefðu staðið. Jafnframt þessu bað ég útvarpið um það sérstaklega að láta okkur austfirðingum í té varðandi okkar málefni frásögn og till. um úrbætur þar austur frá. Skýrsla frá Landssímanum um bilanirnar, hvernig þær bar að og hversu lengi þær stóðu, er komin fram og í hendur útvarpsins og verður vonandi hægt að nota hana til að byggja á ákvarðanir um aðgerðir.

Að þessum formála loknum mun ég leitast við að svara fsp. hv. 2. þm. Austurl. á þennan hátt:

Í fyrsta lagi varðandi stöðina á Gagnheiði, þá var hún yfirfarin nokkuð vandlega upp úr áramótunum og skipt um ýmsa hluti, og ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því, að gerðar verði þær endurbætur á Gagnheiðarstöðinni, sem nauðsynlegar teljast að fróðra manna áliti. Þá vil ég geta þess, að það hefur verið og er unnið að því að treysta flutningaleiðir sjónvarpsins út frá Reykjavík og áleiðis til hlustenda á Austurlandi og annars staðar, þ. á m. á leiðinni frá Reykjavík til Gagnheiðar. Því starfi verður fram haldið eftir því sem unnt reynist og þær aðgerðir bæta væntanlega myndgæðin þarna austur frá sem og annars staðar þar sem þeirra nýtur við. Og sama gera auðvitað allar aðrar endurbætur sem unnið er að smátt og smátt á dreifikerfi sjónvarpsins. Ég get ekki á þessari stundu gefið upp neinar tímasettar framkvæmdaáætlanir, og það er m. a. af því að fjármagn er á þessari stundu ekki fyrir hendi til þess að framkvæma slíkar áætlanir. Ég mun að sjálfsögðu einnig stuðla að því eftir föngum að hraðað verði lagfæringum hinna minni stöðva á Austurlandi og byggingu nýrra, þar sem engar eru nú, ekki aðeins á Austurlandi, heldur og annars staðar á landinu, þar sem líkt er ástatt. En ég minni á það aftur og enn og legg á það áherslu, að til þess að nokkuð verulegt átak verði gert í þessum efnum þarf fjármagn og meira fjármagn en nú er fyrir hendi. Það verða engar framkvæmdir gerðar, hvorki þessar né aðrar, hversu nauðsynlegar sem þær eru og hvað sem við teljum þær sjálfsagðar, án þess að fjármagns sé aflað.

Eins og ég gat um áðan hefur Ríkisútvarpið á undanförnum missirum beinlínis safnað skuldum. Og ég get sagt það nú strax að þeirri þróun verður ekki unað og ég hef látið undirbúa og hafa raunar þegar verið gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir þessa skuldasöfnun í framtíðinni og rúmlega það. Eftir þeirri áætlun, sem hækkun afnotagjaldanna sem nú hefur verið tilkynnt, er byggð á, þá á að vera hægt að greiða niður þær skuldir, sem myndast hafa, á næstu tveimur árum. Vona ég að það eigi sér ekki oftar stað, að útvarpið safni þannig skuldum.

Ég vil einnig láta það koma fram í sambandi við þessa fsp., því að það snertir þetta mál vissulega, að að undanförnu um nokkuð langt skeið hefur verið unnið að athugun á skipulagningu og fjármálahlið útvarps og sjónvarps á vegum hagsýslustofnunar og útvarps. Hluti af þessum álitsgerðum liggur fyrir nú þegar og annað er væntanlegt nú alveg á næstunni. Menn gera sér vonir um það, t. d. í sambandi við innheimtukerfi útvarpsins megi með breyttri tilhögun spara mjög verulegar fjárhæðir í rekstri. Ég hef jafnframt leyft mér að vona að hluta af þeim sparnaði mætti verja til þess óhjákvæmilega og bráðnauðsynlega verks að tryggja og endurbæta og færa út dreifikerfi sjónvarpsins alveg sérstaklega.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans, og ég fagna því að hann hefur lýst því yfir að hann muni beita sér fyrir því að gerðar verði umbætur á sendistöðinni á Gagnheiði sem taldar eru nauðsynlegar. Hins vegar er ég ekki jafnkátur yfir því, sem fram kom hjá honum um það, að hann gæti ekki mikið sagt um það hvenær þessar umbætur yfirleitt færu fram á sjónvarpsmálum austfirðinga vegna þess að fé væri ekki fyrir hendi. Þetta er sami söngurinn sem við höfum alltaf heyrt, ég hef heyrt hann taka mannlega á móti honum áður fyrr og ég ætlast ekki til þess að hann fari að syngja þennan söng nú. Sannleikurinn er sá, að það hefur aldrei skort fé til þess að halda uppi sæmilegu dreifikerfi sjónvarps og það stóð ekki á því nú fyrir stuttu að hækka tekjur Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps, á ársgrundvelli um 350—400 millj. kr. Auðvitað er hægt að vinna þetta verk og þarf ekki að bera við fjárskorti af þeim ástæðum. Hitt er hins vegar alveg augljóst mál, að það þarf að skilja á milli stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar og jafnvel að taka lán ef á þarf að halda til þess að vinna ákveðin stofnkostnaðarverk. Ég fagna því ekkert fyrir mitt leyti, að því leyti til sem rekstur sjónvarps og útvarps hefur farið fram úr áætlunum og fram úr því sem leyft hefur verið, þá standi nú sérstaklega til að borga niður þær skuldir og það eigi að ganga á undan því að lagfæra það sem algerlega hefur farið úrskeiðis í sambandi við kerfið sjálft.

Hæstv. ráðh. minntist á að það væri unnið að því að bæta útsendingarkerfið eða flutningakerfið í sambandi við útsendingu, og ég tók eftir því í einni fréttinni að það ætti að gera umtalsverðar umbætur til að koma efninu eftir nýrri leið héðan frá Reykjavík og norður til Akureyrar. En það var líka tekið fram í sambandi við þessa frétt að þar ætti að nema staðar. Úr því yrði gamla kerfið látið duga, fyrir þá, sem væru þar austar. Í þessu sambandi er það eins og í sumum öðrum, að það væri líklega nokkuð gott, eins og kom upp hjá einum ágætum manni á Austurlandi, að vinna að þessum málum eftir gamalli leið, sem gafst vel þegar Landsíminn var lagður til landsins, þ. e. að byrja á öðrum stað en Reykjavík. Ég hygg að ef menn hefðu t. d. lagfært kerfið frá Gagnheiði til Akureyrar fyrst, þá hefði ekki staðið á því að halda því áfram frá Akureyri til Reykjavíkur. En þegar menn byrja í Reykjavík og halda út eftir landi, þá verður æðilangur tími þangað til það er komið alla leið.

Ég efast ekkert um að hæstv. menntmrh. vill ráða bót á þessum málum, ég hef staðið svo

lengi með honum í því að reyna að koma fram umbótum varðandi þessi mál, og ég treysti fyllilega á að hann beiti afli sínu til að lagfæra þessi mál.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég vona að hann láti ekki einhverja þá skriffinna, sem hafa stjórnað þessum málum til þessa og hafa sent okkur austfirðingum ærið kaldar kveðjur, þegar þeir segja við okkur þegar um þessi mál er kvartað, að við megum okkur sjálfum um kenna, við höfum sjálfir tekið á okkur áhættuna að kaupa tæki, vitandi það að mætti búast við lélegri útsendingu. Ég vil vænta þess, að hann sjái um að framkvæmdirnar verði eins og hann vill í þessum efnum. Ég efast ekkert um að það er hægt, það er til fjármagn og það verður hægt að útvega fjármagn til að leysa þennan vanda og þarf ekki að blanda því saman við almenn rekstrarmál þeirrar stofnunar sem hér á hlut að máli.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil aðeins árétta það sem fram kom í máli minu áðan, að það þýðir ekkert að segja að aldrei hafi vantað fjármagn hjá þeirri stofnun, sem hefur verið fjármögnuð á þennan hátt, sem raun ber vitni um og ég gerði stuttlega grein fyrir. Það er ekki þannig í rekstri okkar ríkisstofnana, að það séu þar tveir kassar, annar tómur kassi sem reksturinn á að greiðast úr og í hinu tilfellinu fullur kassi sem hægt er að greiða af stofnkostnaðinn. Þetta er ekki svona, heldur er þetta allt enn einfaldara, þetta er allt í samhengi. Það voru sérstakar tekjur ætlaðar til þess að standa undir stofnkostnaði við dreifingu sjónvarpsins á sínum tíma, og það voru tollar og aðflutningsgjöld af sjónvarpstækjum. En þegar innflutningur þeirra dróst saman, þá dró einnig úr þessari tekjulind og þá er það sem það gerist að hægir á útfærslu sjónvarpskerfisins og líka á styrkingu þess. Og þar sem það gerist á sama tíma, að svo er þrengt að útvarpinu eins og ég áðan lýsti, þá auðvitað styður það að þeirri þróun að hægja enn meir á þessum framkvæmdum, það fer ekki hjá því. Þessa yfirdráttarskuld, sem náði hámarki í 150 millj. heldur er þetta allt enn einfaldara, þetta er kr. í vetur þegar fór að nálgast gjalddaga, verður að greiða. Það er sveifluhreyfing í þessu. Það koma inn miklar tekjur á gjalddögum, en svo aftur minna þess á milli og þá myndast yfirdrátturinn. Það er alveg vonlaust að ætla sér að skýra þessa skuld með því, að útvarpið hafi farið svona mikið umfram áætlanir og sóað fé í dagskrárgerð og annað. Það hefur vafalaust farið eitthvað fram úr áætlun eins og annar rekstur sem fjallað er um í fjárlögum. En án þess að ég fari ítarlega út í þetta, þá minni ég á að eitt árið, 1972, afgr. við hér á hv. Alþ. Ríkisútvarpið með nálægt 50 millj. kr. halla vitandi vits. Þetta kunni ekki góðri lukku að stýra. Þess vegna er það, að ef við ætlum okkur að gera átak til að ljúka við að flytja sjónvarpið til allra landsmanna og til að endurbyggja dreifikerfið, sem nú þegar er komið á þann aldur að það þarf að fara að endurnýja það af eðlilegum ástæðum og það því fremur sem það var sett upp í nokkrum flýti í byrjun, þá verðum við að gera hvort tveggja, við verðum að tryggja til þess beinar tekjur að hluta, og ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um það, að við hljótum einnig þar eins og annars staðar, þar sem um framkvæmdir er að ræða sem kosta töluvert fé, að byggja þær að nokkru leyti á lánsfé.

Þetta vildi ég láta koma fram í framhaldi af ummælum hv. fyrirspyrjanda áðan. Annars þakka ég honum fyrir að vekja máls á þessu, því að umræður um þetta atriði og þær upplýsingar eða skýringar, sem ævinlega koma fram í slíkum umr., hljóta að styðja að því að gert verði nauðsynlegt átak til að bæta úr ástandi sem er mjög slæmt, ekki aðeins á Austurlandi, í kjördæmi okkar hv. fyrirspyrjanda, heldur einnig mjög víða um landið.

Svona til gamans í lokin vil ég geta þess, sem er eiginlega svo ótrúleg saga að það er varla hægt að fara með hana úr þessum ræðustól, að til mín komu tveir menn í gær frá nýlega stofnuðu framfarafélagi í einu sveitarfélagi, Framfarafélagi Mosfellssveitar. Þeir sáu nánast ekki glóru í sínum sjónvarpstækjum þar og segjast hafa búið við mjög léleg skilyrði lengi. Það er nú það.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil fagna því að það skuli í fyrsta sinn af ráðh., að ég hygg, vera viðurkennt, að aðalstaðreyndin varðandi Gagnheiðarstöðina hefur vitanlega alltaf verið sú, að tækjabúnaður hennar hefur verið alls óviðunandi, óhæfur með öllu. Þetta hefur nefnilega ekki fengist viðurkennt af þeim útvarpsmönnum. Þeir hafa alltaf sagt, að þessi tækjabúnaður í Gagnheiðarstöðinni væri ágætur og það væri ekki því um að kenna, heldur öllu öðru, þegar bilanir hafa orðið eystra. En sem sagt, þar eru úrbætur væntanlegar og er vonandi að við sjáum þær sem fyrst.

Varðandi fjármunina hjá sjónvarpinu, þá fullyrði ég það hér, að það vantar ekki fjármagn hjá sjónvarpinu til vissra hluta. Það er alveg áreiðanlegt. Ég hef um það persónuleg dæmi. Það er aðeins það, að dreifingarkerfið hefur verið vanrækt á kostnað annars. Og ég ætla að nefna það persónulega dæmi sem ég hef, sem sýnir að sjónvarpið á peninga þegar það vill. (**Gripið fram í:** Og það nóga.) Og það nóga. Við 4 þm. gerðumst smátrúðar á gamlárskvöld og ég setti saman tvær vísur af því tilefni. Rétt eftir áramótin fékk ég greiðslur fyrir þessar vísur, tvær stuttar vísur, upp á 3 þús. kr. Austfirðingar áttu skýringu á þessu mjög auðvelda. Visurnar hefðu vitanlega verið svona dýrt kveðnar. En þær voru það ekki. En þetta smádæmi sýnir það bara og sannar, að sjónvarpið á peninga, á fjármuni til þess að verja á þennan heimskulega hátt, — ég segi: þennan heimskulega hátt, á meðan það lætur dreifingarkerfið vanrækt að mestu leyti.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Það er e. t. v. varasamt að blanda sér í þær umr., sem hér hafa orðið á milli hv. þm. Austurl., en ég get ekki látið hjá líða í fyrsta lagi að láta í ljós ánægju mína yfir því, að þessi mál skuli bera á góma hér á hv. Alþ., því að þó að menn deili

mjög um ágæti sjónvarps, þeir sem búa við það og búa við sæmilega aðstöðu til að horfa á það, þá er óumdeilanlegt, að möguleikinn til að njóta sjónvarpsins er eitt af því, sem er þeim mjög viðkvæmt mál sem ekki eiga þess kost. Ég hélt nú reyndar, að það væri ekki mikið um það hér á suðvestanverðu landinu, að ekki sæist í sjónvarpi, en samkv. því sem fram kom hér áðan, þá er það sennilega svo um allt land, að hér og þar sé talsvert margt af fólki sem hefur enga viðunandi aðstöðu til þess að njóta sjónvarps. Mér er kunnugt, að í Norðurl. e. eru heilir sveitarhlutar, sem ekki hafa nein not af sjónvarpsútsendingum, og það meira að segja sveitarhlutar, sem eru í næsta nágrenni við Akureyri sem var verið að tala um áðan sem endastöð á útsendingu sjónvarps með hinni góðu tækni og nýju sem nú á að fara að taka upp. Þetta er víðar. Norður-Þingeyjarsýsla býr öll við afar slæm skilyrði, og raunar er það svo ef borið er saman það, sem er einna best í jafnfjarlægum landshluta og í Norðurl. e., er geysilegur munur þar á og því sem hér verður notið. Ég er að vísu ekki kunnugur nema af fréttum við hvað austfirðingar búa í þessu efni, en ég rengi það ekki að þar sé um alls ófullnægjandi þjónustu að ræða. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þetta er eitt af þeim jafnréttismálum, sem hinn almenni borgari úti um land, sá sem ekki býr við jafnrétti að eigin dómi, gerir skýlausa kröfu til að sé unnið heilshugar að úrbótum á.

Það var drepið á það áðan, að menn geta einangrast mjög vegna snjóalaga og það er vissulega algengt víðs vegar um norðanvert landið, að einstakir sveitarhlutar, einstakir bæir, jafnvel heil þorp einangrist vegna snjóalaga. Sú einangrun verður ekki síður alvarleg, þegar um er að ræða einangrun frá því að njóta almennra útsendinga frá fréttamiðlum, pósturinn kemur ekki tímunum saman og þegar hann kemur, þá er hann margra daga gamall, útvarpið er víða þannig, að það er erfiðleikum bundið að njóta þess, og sjónvarpið e. t. v. algjörlega dautt. Þetta er einn þátturinn í því, sem ég tel mjög mikilvægt að við allir vinnum að, að bæta aðstöðuna þannig þar sem hún er lökust, að menn eigi við sem mest jafnrétti að búa.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er ástæða til að þakka fyrir það að þessu máli er hreyft hér, vegna þess að sjónvarpsmál eru áreiðanlega eitt af stærri byggðamálum, sem um er að tefla, sérstaklega þegar litið er á hina félagslegu og menningarlegu hlið málanna úti á landsbyggðinni fremur en beinlínis atvinnustarfsemi og ýmislegt fleira í sambandi við það. En fyrirspyrjandi, hv. 2. þm. Austurl., sagði áðan að það þyrfti talsvert verulegar framkvæmdir til úrbóta. Ég er honum alveg sammála í þessu efni. Ég er að vísu ekki sérfróður í þessum málum, en ég er sannfærður um að það er talsvert átak, sem hlýtur að kosta verulegt fjármagn, að koma þessum málum í viðunandi horf. Og ég hef ekki trú á því, að málið sé svo einfalt, að það séu nógir peningar til, eins og nú standa sakir, til þess að kippa þessum málum í lag, þó að það kunni vel að vera satt og er sjálfsagt rétt, að þeir eyða talsvert í sjónvarpinu í ýmsa hluti sem um má deila.

En þegar núv. menntmrh. settist í stólinn, hverju tók hann þá við? Hann tók við 150 millj. kr. yfirdráttarskuld hjá útvarpinu við Landsbankann. Tekjumöguleikar sjónvarpsins og útvarpsins byggjast á þrennu: 1) aðflutningsgjöldum af sjónvörpum, 2) auglýsingum og 3) afnotagjöldum. Og afnotagjöldin eru kannske drýgsti þátturinn í þessu efni. Ég hygg, að hv. 2. þm. Austurl., sem var viðskrh. í 3 ár, hafi verið tregur, þegar til hans var leitað um að hækka afnotagjöldin og þar með tekjur sjónvarpsins, og þetta sé nú ein af ástæðunum fyrir því, að þessi mál eru í því ástandi sem þau eru nú, að það hafi ekki verið til fjármagn til þess að gera nauðsynlegar framkvæmdir, sem hv. 2. þm. Austurl. telur að séu verulegar, til þess að kippa þessum málum í lag. Það hygg ég að sé aðalástæðan. Fyrsta verkefni hæstv. menntmrh. er e. t. v. að kippa fjármálum Ríkisútvarpsins í lag og fylgja svo eftir með að gera nauðsynlegar og verulegar framkvæmdir í þessum málum, sem duga til þess að menn geti notið sæmilega sjónvarps um alla landsbyggð.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég veit að ég á ekki að hafa hér neinn teljandi ræðutíma og skal því ekki nota nema örstuttan tíma. Ég vildi aðeins segja það í sambandi við þær afsakanir, sem hér eru hafðar uppi um að ekki sé hægt að ráða bót á dreifingarmálum sjónvarps á Austurlandi, að það hafi orðið hallarekstur á sjónvarpinu, og því var m. a. skotið inn að þetta mundi að einhverju leyti stafa af því að ég hefði verið tregur til að leyfa hækkanir á gjöldum sjónvarps, — þá ætla ég aðeins að biðja menn um að athuga það, að tekjur sjónvarps og útvarps hafa hækkað meira en vísitölur sem ráða kaupgjaldi og öðru slíku á undanförnum árum. Það þarf að skoða það, hvernig menn verja þessum fjármunum, eins og hér hefur verið minnst á. Það á ekki að blanda saman rekstri fyrirtækis og stofnframkvæmdum. Það er röng stefna. Þeir, sem ætla að standa þannig að þessum málum að líta eftir í kassanum hvað mikið verður eftir til stofnframkvæmda, komast aldrei í stofnframkvæmdir.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil láta það koma fram, að það var ekki a. m. k. ætlun mín, að af minni hálfu kæmu hér fram neinar afsakanir í sambandi við fjármál Ríkisútvarpsins. Ef nokkuð er, þá eru það ásakanir á mig og félaga mína, sem stóðum að fyrri ríkisstj., að skilja svona við þetta.

Varðandi tekjur útvarpsins og hækkunina á þeim í gegnum árin, þá vil ég minna á það, að þegar útvarpið hóf starfsemi sína, þá voru afnotagjöld þess ámóta há og árgjöld blaðs. Þarna hefur orðið langt bil á milli og á seinni árum hafa afnotagjöld útvarpsins aðeins verið brot af því sem kostar að halda eitt dagblað — aðeins brot af því. Þegar sjónvarpið kemur til sögunnar og jafnvel eftir hækkunina, þá er bæði útvarps-

gjald og sjónvarpsgjald lítið meira en áskriftargjöld að tveimur dagblöðum.

Og varðandi það, sem hér hefur komið fram, að það þyrfti að fylgjast með því hvernig fjármununum er varið, þá er það einmitt það sem er verið að gera núna og verður haldið áfram að gera, að fara ofan í þau mál. En varðandi greiðslur fyrir viðvik við dagskrárgerð og annað telja áreiðanlega menn þessarar stofnunar, eins og starfsmenn annarra stofnana í þessu þjóðfélagi, sig vera töluvert bundna af þeim töxtum, sem þar gilda á viðkomandi sviðum. Þess vegna er það, að alls óverðugir eða a. m. k. lítt verðugir túlkendur njóta þeirra taxta, sem settir hafa verið fyrir aðra og getumeiri flytjendur listarinnar. Og það gildir raunar jafnt um höfunda og flytjendur talaðs orðs — og líka um söngvara.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þess, sem hér hefur verið rætt, og vegna þess að mér virðist núv. hæstv. menntmrh. mjög jákvæður í því að gera bragarbót á þeim vandkvæðum sem nú eru og hafa verið á Austurlandi að því er varðar dreifingu sjónvarps. En af því að hæstv. menntmrh. er svona jákvæður til þessa þáttar málsins, þá vildi ég aðeins koma því á framfæri við hann að hann minntist sinna hrjáðu meðbræðra á hinu horninu, á Vestfjörðunum. Það er vissulega þar mikið vandamál í þessum efnum eins og víðar. Ég vil því nota tækifærið af því að ég veit að dreifbýlishjartað slær þar innan veggja hjá hæstv. menntmrh., að hann hugi að hinu horninu líka, hinum kjálka landsins, sem er álíka settur og sá sem hér hefur nú verið mest um rætt. (**Gripið fram í:** Ég lýsti því yfir.) Já, ég þakka fyrir það.

En vegna þess, sem hér hefur komið fram líka í sambandi við útvarp og sjónvarp og þá sérstaklega sjónvarp, að það hafi fjármuni til ýmissa hluta sem sú stofnun vill, þá er það rétt. Mér er sagt að t. d. eitt verk, sem ekki hefur gefist tækifæri til að sýna enn, Lénharður fógeti, muni hafa kostað um 20 millj. kr. Ég held að það dæmi ásamt mörgum öðrum, án þess að ég sé að sjá eftir aurum sem skáldin fá fyrir yrkisefni, eins og hér kom fram áðan, þá sýni það dæmi, að það er og virðist vera til fjármagn til þeirra hluta, sem sú stofnun sjálf vill koma á framfæri. Og það er rétt, sem hér hefur verið tekið fram, að það þarf visst aðhald til þess að huga að til hvaða framkvæmda eða þátta þeir fjármunir fara, sem stofnunin hefur yfir að ráða. Það er vissulega ekki vanþörf á því, að slíkt aðhald verði upp tekið.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en ég ítreka það, að ég treysti á hæstv. menntmrh. að hann hugsi til okkar hinna þegar ráðist verður í framkvæmdir til úrbóta.

Innheimta afnotagjalds hljóðvarps og sjónvarps, fsp. (þskj. 266). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Af því að þær fyrirspurnir, sem lágu hér fyrir síðast, og sú sem hér hefur verið borin fram, eru svo nátengdar, þá vona ég að ég brjóti ekki mjög alvarlega þingsköp eftir þær upplýsingar, sem hafa legið fyrir hér frá hv. þm. Helga F. Seljan og hæstv. menntmrh. um skáldalaun, að það væri e. t. v. tilvalinn tekjustofn eftir þær upplýsingar, sem fram komu, að taka sjónvarpsmynd af þingveislunni í næstu viku, þó að það verð fari kannske ekki alveg upp í það sem hv. þm. Karvel Pálmason talaði um að Lénharður fógeti muni kosta.

Ég hef beint þeirri fyrirspurn á þskj. 266 til hæstv. menntmrh., hvort hann vilji beita sér fyrir því, að veittur verði afsláttur á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins þar sem verulegar truflanir hafa orðið eða muni verða á þjónustu þessarar stofnunar að því er varðar útsendingu meginmiðla þessarar margræddu stofnunar þ. e. a. s. hljóðvarps og sjónvarps. Tilefni þessa er öllum hv. þm. ljóst. Víða úti í hinum dreifðu byggðum skortir því miður mikið á það, að útsendingar hljóðvarps berist nægilega vel og mjög alvarlegar truflanir hafa orðið á útsendingu sjónvarpsins, auk þess sem víða skortir almennt á að eðlilegum útsendingarskilyrðum sé fullnægt.

Eins og fram hefur komið og hér hefur verið heilmikið rætt, urðu mjög alvarlegar truflanir á þessari þjónustu í vetur og þá einkum um síðustu jól og áramót og nokkuð fram eftir janúarmánuði. Einkum voru það austfirðingar, eins og kunnugt er, sem lengst voru sviptir þessari þjónustu. En enn þá eru mjög ófullkomin skilyrði víða á Norðurlandi, þar sem mikil óánægja ríkir með útsendingarþjónustu Ríkisútvarpsins. Mér er alveg ljóst að framkvæmd afsláttar á afnotagjöldum er ekki að öllu leyti einfalt mál né heldur er um að ræða sérlega stórt fjárhagsatriði fyrir hvern og einn, enda er þessi fsp. ekki borin fram fyrst og fremst í því skyni. Það er hins vegar stefnumarkandi mál, sem miklu skiptir í stóru og smáu, að þegnar þessa lands sitji við sama borð á sem flestan hátt, ekki síst þegar um er að ræða opinbera þjónustu.

Ég ætla ekki að gera sérstaklega að umræðuefni opinber svör talsmanns eða talsmanna Ríkisútvarpsins í þessu sambandi, en verð þó að segja það, að þar fannst mér ríkja fullmikil oftrú á orðalag lagagreina án þess að komið væri að kjarna málsins. Það er auðvitað almenn regla í öllum viðskiptum, sem styðst við almennar lagareglur og almennar viðskiptareglur, að því aðeins er til þess ætlast að þiggjendur þjónustu greiði hana, að hún sé yfirleitt látin í té, enda þegar upplýst af hálfu ýmissa forráðamanna Ríkisútvarpsins að fordæmi séu fyrir hendi af hálfu þeirrar stofnunar.

Ég sé það í tiltölulega nýju þskj., nr. 276 frá hv. þm. Helga F. Seljan, að hann leggur þar til að tekin séu af öll tvímæli útvarpslaganna og sett inn í þau lagaheimild, er sérstaklega heimili hæstv. menntmrh. þau afskipti er ég hef vakið hér máls á. Þetta er prýðilegt mál hjá hv. þm. sem ég vona að fái skjóta afgreiðslu. Hitt hygg ég að ljóst sé, að eftir sem áður getur hæstv. menntmrh. haft slík afskipti sem til er lagt. Má í því sambandi vísa til þess, að einkaréttur Ríkisútvarpsins skapar því vissar skyldur og hreinlega út í hött að túlka lögin á svo einstrengingslegan hátt að skyldur Ríkisútvarpsins séu

það takmarkaðar, að menn verði nánast að sætta sig við hvað sem er. Ég held að þeir, sem verst eru settir í þessum efnum, hafi sýnt mikla biðlund og langlundargeð, og er ekki nema eðlilegt að alvarlegar óánægjuraddir komi þegar út yfir allt tekur. A. m. k. er ég hræddur um, að einhvers staðar hefði heyrst hljóð úr horni hér á suðvesturhorni landsins ef þjónusta Ríkisútvarpsins hefði fallið niður allt að því í heilan mánuð, og sennilega hefði einhver af þeim allra undirskriftaglöðustu hugsað sér til hreyfings og kannske ekki furða.

Það er grundvallaratriði þessa máls, að hið opinbera sýni í verki að allir þegnar þessa lands eigi að búa við jafnrétti, hvar á landinu sem þeir eiga heima. Nægilegur er aðstöðumunurinn fyrir. Ég tel að framkvæmd þessa máls sé einn prófsteinn gagnvart þeirri afstöðu og stefnumörkun.

Ég vil sérstaklega lýsa því yfir, að ég treysti hæstv. menntmrh. alveg sérstaklega í þessu máli. Hann þekkir þessi mál betur en flestir aðrir og ekki síður það fólk er við þessa aðstöðu hefur búið í allt of langan tíma. Ég treysti hæstv. ráðh. til skjótra aðgerða, og eftir því verður vel tekið hverjar aðgerðirnar verða.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn vil ég fyrst minna á að það hefur vafist töluvert fyrir okkur að gera mun á mismunandi þjónustu, þar sem t. d. veðrin grípa inn í. Við höfum ekki treyst okkur til að mismuna byggðarlögum, eftir því hversu snjóþung þau eru, með þá skatta sem þau greiða til veganna eftir ýmsum leiðum t. d. Slík mismunun sem ég var talsmaður fyrir hér á hv. Alþ. ásamt mörgum fleiri varðandi sérstakt gjald af umferð um malbikaða vegi og steypta, þegar fram í sótti, fékk ekki hljómgrunn hér á Alþ. og menn féllu frá innheimtu veggjaldsins. Þar var þó um að ræða hlut sem var stöðugur og ekki háður veðrum. En samt sem áður þá treysti Alþ. sér ekki til að framfylgja aðgerðum sem gerðu mönnum að greiða misjafnt fyrir mismunandi góða þjónustu. En þá fyrst fer þetta að verða erfitt, þegar slíkt er háð veðráttunni.

Beint svar mitt við fyrirspurn hv. fyrirspyrjanda yrði eitthvað á þessa leið: Ríkisútvarpið íslenska hefur nú starfað nálægt 45 ár. Allan þann tíma hafa menn ekki treyst sér til þess að meta truflanir og ákveða afnotagjöld með tilliti til mismunandi mikilla truflana við móttöku útvarpsefnis. Ég verð að segja það, að ég treysti mér ekki til þess heldur. Miðað við þann skilning, sem ég hef á þessum efnum og möguleikum til að gefa afslátt í þessu sambandi, þá treysti ég mér ekki til að beita mér fyrir breyt. á þessu.

Hv. fyrirspyrjandi minntist á að hér væru gerðar vissar undantekningar og það er rétt. En þær eru ekki tengdar mismunandi miklum truflunum, heldur er gefinn afsláttur á sjónvarpsgjöldum í því tilviki þegar sjónvarp sést yfirleitt mjög illa eða jafnvel þannig að það sé talið fráleitt á það að horfa, þó að menn eigi tækið. Þetta er til í nokkrum tilvikum. En þá er afslátturinn ekki háður mismunandi miklum truflunum eins og víða á sér stað við móttöku sjónvarps og raunar einnig útvarpsefnis hér á landi.

Ég vil hins vegar árétta það, sem ég sagði hér áðan í umr. um fyrirspurnina hér á undan, að ég vil fyrir mitt leyti stuðla að því og gera allt sem mér er unnt til þess að greiða fyrir því að bæta hlustunarskilyrði og sjónvarpsskilyrði þannig að menn um allt land geti notið þessara nú sjálfsögðu lífsgæða svo lítt truflaðir sem auðið er.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þessar umr. sem spunnist hafa út af fyrirspurn um sjónvarpsmál, eru orðnar æðilangar og ég ætla ekki að lengja þær að marki. Ég fagna því, að þessi mál skuli hafa borið hér á góma, því að það hefur eitt og annað komið hér fróðlegt fram og það er full ástæða til að ræða þessi mál því þau eru ekki í nógu góðu lagi.

Ég vil nefna það, að á Norðurl. v. er dreifikerfi sjónvarpsins mjög gloppótt. Það er eftir að byggja allnokkrar smástöðvar, endurbóta er þörf á öðrum og það eru jafnvel allstórir sveitarhlutar sem alls ekki fá notið sjónvarps. Okkur liggur því líka á, ekki síður en þeim fyrir austan, að knýja á um úrbætur í þessu efni. Þetta er byggðamál. Þetta er með nokkrum hætti jafnréttismál fyrir þegna þjóðfélagsins, að þeir eigi kost á sömu menningarneyslu, skulum við segja, og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Þetta er sem sagt einn af þeim þáttum, sem verða til þess að jafna lífsaðstöðu fólksins í dreifbýli og í þéttbýli. Mér finnst liggja í augum uppi að það þurfi peninga til að gera þetta og þar stendur sjálfsagt hnífurinn í kúnni. En ég hygg, að það verði ekki leyst með öðru móti en því að ákveðið hlutfall af tekjum sjónvarps verði látið ganga til nýbyggingar á dreifikerfinu og til endurbóta á því.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. menntmrh., að hann muni beita sér fyrir því að endurbætur og úrbætur verði gerðar á þessum málum, og ég treysti hæstv. menntmrh. til að hafa skörulega forustu í málinu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir vonbrigðum mínum með svör hæstv. menntmrh. varðandi það, að hann muni ekki treysta sér til að gefa afslátt á afnotagjöldum sjónvarps við þær aðstæður sem hann þó mætavel veit að voru eystra nú t. d. í des. og jan. Þegar hér er talað um truflanir, þá tel ég það alrangt og villandi. Ég kalla það ekki truflanir á sjónvarpi, að fyrstu 16 dagana sem ég dvaldi heima sá ég sjónvarp 2 daga og það meira að segja slæma mynd annan daginn. Þetta kalla ég miklu meira en truflanir. Og mér finnst full sanngirni mæla með því, að þegar svo langt er gengið fái menn afslátt á sjónvarpsgjöldum sínum. Og það voru miklu fleiri dagar en þetta, sem þarna komu inn í, og var ekki alltaf óveðri um að kenna. Þess vegna var það sem ég vildi taka af öll tvímæli með því að flytja frv. þess efnis að ráðh. skyldi heimilt

að ákveða að tekið skyldi til þess, ef útsendingar til einstakra landshluta eða byggðarlaga væru ófullkomnar eða gæði þeirra ekki sambærileg við það sem eðlilegt má teljast, og hann yrði svo að meta það í hverju einstöku tilfelli, hvenær ætti að beita þessari heimild. Og ég tel tvímælalaust að henni eigi að beita varðandi austfirðinga og varðandi þeirra sjónvarpsafnotagjald nú. Þrátt fyrir orð ráðh. langar mig til þess aðeins að segja og vona jafnvel að það verði ákvæðavísa:

Austfirðingar óska af náð
að afslátt hljóti þeir nú.
Vona ég dugi Vilhjálms ráð,
þeim verði að sinni trú.

Fyrirspyrjandi (Heimir Hannesson): Herra forseti. Ég get því miður ekki kveðið eins stift eins og hv. síðasti ræðumaður eða kveðið yfirleitt. — Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og ég vil í fyrsta lagi lýsa því yfir, að ég er sammála honum, að auðvitað er mikilvægast af öllu, að gripið sé til verulegra úrbóta í málefnum Ríkisútvarpsins úti á landsbyggðinni, á Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi. Ég er líka honum sammála, eins og ég reyndar gat um í minni framsögu, að það er að sjálfsögðu ekki neitt einfalt mál, hvernig þetta er framkvæmt. Ég held hins vegar, að það sé ekki það flókið heldur að það sé ekki hægt að framkvæma það, og vil ég minna á að það má framkvæma afslátt með ýmsu móti. Það mætti t. d. hugsa sér að framkvæma það þannig að láta hækkun á árinu 1975 ekki koma til framkvæmda nema að einhverju leyti á þeim landssvæðum þar sem þessar truflanir hafa komið fram, og ég held það sé tiltölulega einfalt ákvörðunaratriði hjá hæstv. ráðh. að láta slíkt koma til framkvæmda. Verð ég að segja það alveg eins og er, að ég treysti því að hann taki þessa afstöðu til endurskoðunar í ljósi þeirra umr. sem hér hafa átt sér stað. Hann minntist á það, að hið háa Alþ. hefði ákveðið að fella niður veggjöldin, og harmaði það nú. Ég harma það að sjálfsögðu líka. Ég held það hafi verið röng ákvörðun. En ég er honum ekki sammála, hæstv. ráðh., að þetta sé beinlínis sambærilegt, þannig að ég held það sé ekki þörf að taka neitt sérstaklega mið af því.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Mig langar til að það komi fram hérna — eða fá tækifæri til að árétta það öllu fremur, að fyrirhugaðar eru, a. m. k. ráðgerðar breytingar á innheimtukerfi útvarpsins. Innheimtukerfið, eins og það er núna, er æðidýrt, sem eðlilegt er, það er heilmikið um sig, og það eru uppi hugmyndir um að breyta þessu og innheimta útvarpsgjöldin með einhverjum hætti með gjöldum til ríkisins. Það er alveg sýnilegt, að ef við tækjum upp afsláttarkerfi eins og hér er rætt um, þá kostaði það töluvert mikla vinnu, og ég árétta það, að ég tel ekki rétt að leggja út í það fyrirtæki, heldur beri að kosta kapps um að það, sem við kynnum að geta sparað með breyttri tilhögun á innheimtu, yrði ekki ódrýgt með því að fara út í útreikninga af þessu tagi, heldur reynt að nýta það sem allra mest og best til að treysta flutningaæðar útvarps og sjónvarps og tengja þær til allra landsmanna.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Hér er búið að ræða mjög um fjármögnun Ríkisútvarpsins, hljóðvarps og sjónvarps. Ég held að það verði ekki komist hjá því að taka þá ákvörðun að ákveðin upphæð á fjárl. gangi alveg fast til uppbyggingar þessarar stofnunar. Það er alveg óhjákvæmilegt, því að það er komið svo, að þó að menn hafi mismunandi aðstöðu til að sjá sjónvarp og heyra í útvarpi, þá má segja að allir landsmenn njóti þess að meira eða minna leyti. Það er um borð í skipunum og það til innstu dala, þó að mismunandi gæði séu eins og komið hefur fram. Má telja það til afreka, ég held það sé alveg öruggt mál — hvað dreifing þess hefur gengið vel hér á Íslandi. Það voru miklir erfiðleikar, en það hefur örugglega tekist vel hjá tæknimönnum að dreifa sjónvarpinu.

Það er ekki vansalaust af hinu háa Alþ. að tryggja ekki þessari stofnun eðlilegt uppbyggingarfé árlega. Það er ekki þolanlegt lengur að þessi stofnun skuli hírast húsnæðislaus og á hrakhólum og að við getum ekki séð sóma okkar í því að tryggja þessari stofnun eðlilegt uppbyggingarfjármagn með tvennum hætti, með fastri upphæð á fjárl. og einnig eins og gert hefur verið í gildandi lögum. Ég trúi því mætavel, að hæstv. menntmrh. muni hafa forgöngu um slíkt nú og að stofnunin fái eðlilegt fjármagn til þeirrar uppbyggingar sem við erum allir sammála um að hljóti að þurfa að eiga sér stað og það fyrr en síðar. Ég vildi aðeins undirstrika að það verður að taka þá ákvörðun fyrr eða síðar, það er ekki hægt að draga það svo lengi eins og gert hefur verið með nokkrum sóma.

Sameinað þing, 48. fundur.

Fimmtudaginn 6. mars, að loknum 47. fundi.

Skipunartími opinberra starfsmanna, þáltill. (þskj. 345). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Endurskoðun á opinberri þjónustustarfsemi, þáltill. (þskj. 346). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri, þáltill. (þskj. 352). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Eignarráð á landinu. þáltill. (þskj. 11). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Nokkur undanfarin ár hafa þm. Alþfl. flutt þáltill. um eignarráð þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum. Þessar till. hafa tekið nokkrum breyt., aðallega orðalagsbreyt., en hafa þó hvað innihald snertir hallast meir og meir í áttina til þess að þjóðin skuli eiga allt landið. Ég vil, herra forseti, leyfa mér, að byrja á því að lesa tillgr. eins og hún nú er orðuð á þskj. 71.

„Alþ. ályktar, að stefnt skuli að því að allt land verði alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir verði í eigu bænda þegar þeir kjósa þann hátt fremur en að hafa lönd sín að erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum skal þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.

Alþ. ályktar að leggja fyrir ríkisstj. að hún láti sérfróða menn semja frumvarp eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi þjóðarinnar yfir byggðu landi og óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu, sem ekki eru þegar í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Glöggt verði kveðið á hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkisins og hvernig bætur skuli reiknast fyrir."

Till. þessi er, eins og heyra má, mjög viðtæk og mundi gera ráð fyrir stórkostlegum þjóðfélagsbreytingum í landi okkar. Engu að síður teljum við þm. Alþfl. að þróun mála undanfarin ár hafi í sívaxandi mæli fært mönnum heim sanninn um að þetta mál eigi rétt á sér og það er, þegar til framtíðar er litið, óhugsandi annað en þjóðin sjálf eigi landið allt. Við höfum í till. okkar að vísu gert eina veigamikla undantekningu, að bújarðir verði í eigu bænda, enda teljum við að það sé reginmunur á því, þegar eigendur landsins búa á því og nytja það, eða hinu, er þeir búa ekki á landi, sem þeir eiga, eða hagnýta það. Þessari undantekningu, sem hefur verið till. okkar, er gjarnan sleppt í andróðri gegn málinu og bændum talin trú um að Alþfl. sé að leggja til að jarðir þeirra verði af þeim teknar. Ég hygg þó, að sannleikurinn sé sá, að þetta mál sé öðru fremur hagsmunamál fyrir bændastéttina og framgangur þess muni tryggja framtíð hennar betur en flest önnur mál þegar til lengdar lætur.

Hugmyndir um það, að þjóðir sem heild eigi allt land, eru að sjálfsögðu ekki nýjar af nálinni. En þróunin undanfarin ár hefur valdið því að þeim hefur vaxið ásmegin, ekki aðeins hér á landi, heldur í fjölmörgum öðrum löndum. Hagnýting landsins hefur orðið erfiðari viðfangs og hefur verið sett í mörgum löndum margs konar löggjöf um takmarkanir í því sambandi til að tryggja hagsmuni heildarinnar. Þess eru dæmi jafnvel í öflugustu auðvaldsríkjum nútímans að margs konar hlunnindi eru og hafa jafnvel lengi verið sameign, sem ekki eru það hér á landi.

Ég þarf ekki að lýsa því, hvers vegna þessi þróun hefur átt sér stað. Orsakirnar hafa raunar teygt arma sína um jörðina alla, en haft áhrif í hverju einasta landi í meiri eða minni mæli og munu gera svo á næstunni. Gífurleg fjölgun mannkynsins er ein ástæða. Iðnvæðingin, sem hefur orðið til þess að maðurinn hefur lagt undir sig til eigin nota meira og meira af jörðinni, er önnur ástæða. Ýmiss konar auðlindir jarðarinnar virðast nú vera takmörkunum háðar og menn sjá fram á að þær kunni að ganga til þurrðar, og þarf ekki að rekja frekar afleiðingar af þeirri þróun. Þá hefur mengunin orðið svo margvísleg, að mönnum hefur orðið ljóst að svo getur ekki fram haldið. Þegar allt þetta kemur saman hefur það gerst að fleirum og fleirum verður ljóst hvílíkt grundvallarverðmæti landið er og hversu mikilvægt er, að vel og skipulega sé með það farið.

Alþfl. lítur svo á, að það stríði gegn hagsmunum alþjóðar og réttarkennd alls þorra landsmanna að land og lóðaeigendur geti án minnstu hlutdeildar þeirra sjálfra stórhagnast á aðgerðum hins opinbera eða jafnvel á atburðum úti í heimi án þess þeir hafi nokkuð lagt fram sjálfir sem réttlæti gróða er oft á tíðum getur orðið stórfelldur. Þessi gróði getur komið til vegna breytinga á byggð, vegna hlunninda, vegna breytinga á verðlagi vöru og afurða, vegna breytinga á skipulagningu bæði þéttbýlis og í dreifbýli þar sem skipulag hefur komið til og vegna mannvirkjagerðar eða ýmissa aðgerða hins opinbera, sem oft eru ákveðnar af Alþ. og þá með það í huga að þingið eða meiri hl. þess telur þær ráðstafanir vera nauðsynlegar fyrir hagsmuni þjóðarheildarinnar.

Við þurfum ekki að leita langt til að sjá og heyra dæmi um þetta hér á Íslandi í seinni tíð. Umtal um það, að ein bújörð í nágrenni Reykjavíkur kunni að seljast fyrir hálfan annan milljarð kr. þegar hennar er þörf undir íbúðarhverfi, er aðeins eitt af síðustu og grófustu dæmunum um ástand þessara mála. Þeir, sem hlýtt hafa á útvarpsþætti undanfarið, hafa heyrt kunnáttumenn víða um land gera grein fyrir því hvernig háttað er eignarhaldi jarða og hver þróun þeirra mála hefur verið, og stefnir þar víða í sömu átt. Ef við lítum á hlunnindi eða auðæfi landsins verður nú í vaxandi mæli hið sama upp á teningnum.

Nú er orkukreppa um allan heim. En við höfum glaðst mjög yfir því, íslendingar, að við eigum í landi okkar feiknamikla óbeislaða orku og getum í þeim efnum aðeins ásakað sjálfa okkur fyrir að hafa ekki verið duglegri við að hagnýta og beisla þessa orku. Hér er aðallega um tvennt að ræða: annars vegar vatnsaflið og hins vegar heita vatnið. Það mun vera viðurkennt af öllum stjórnmálaflokkum og að ég hygg yfirlýst stefna ríkisstjórnar, að nú eigi á næstunni að láta hitaveituframkvæmdir og aðrar framkvæmdir til orkuframleiðslu ganga fyrir öðrum. Þetta er augljóslega skynsamleg og sjálfsögð stefna, vegna þess að með hverju húsi sem við hitum með heitu vatni getum við sparað okkur olíu sem við verðum að flytja yfir langan veg og greiða fyrir stórar upphæðir.

Það er því von að mörg bæjarfélög hugsi nú til þess að koma upp hitaveitum, og þeim liggur öllum nokkuð á. En það hefur komið í ljós, að mikið af þeim jarðhita, sem bæjarfélögin hafa hug á að hagnýta til hitaveitu og hentugastur er til þess, er í eigu einstaklinga. Samningar hafa víða verið teknir upp, og mér er tjáð að í a. m. k. einu tilviki hafi lögfræðingar þeirra, sem jarð-

hitann eiga, byrjað á að lýsa þeirri skoðun sinni að verðmæti hitans, sem fæst frá heita vatninu, sé að sjálfsögðu hið sama og gangverð olíunnar, við annað sé ekki hægt að miða. Ég skal ekki fullyrða að þeir geti knúið það fram nú þegar, að jarðhitinn á Íslandi verði metinn til jafns við olíu þegar hann er kominn inn í híbýlin og notaður, en þá gerir hann fólkinu, sem þar býr nokkurn veginn sama gagn og eitthvert ákveðið magn af olíu. En ég hygg að þeir, sem hafa gladst yfir því hvað við eigum mikið af ónotuðum orkulindum hér á landi, hafi ekki búist við að þetta væri hugsanlegt, að það gæti komið til mála að þeir, sem eiga jarðhitann, einstaklingar, segðu við fjölmenn byggðarlög: Gerið þið svo vel, þið megið fá þennan hita, en þið verðið að greiða sama verð fyrir hitann eins og fyrir olíuna austan úr löndum! — Þetta er næsta nýstárlegt sjónarmið fyrir okkur, sem erum vön því að hitaveitur, sérstaklega þær stærstu, búa við það að bæjarfélögin eiga jarðhitann og hafa tryggt sér eignarhald á honum nógu snemma. Þess vegna hafa menn vanist við þann hugsunarhátt að heita vatnið, sem rennur upp úr jörðinni, kosti okkur nálega ekki neitt. Það er því ekki lítil breyting sem verður á öllum viðhorfum okkar þegar einkaeigendur jarðhitans boða það, að þeir eigi kröfu á að fá sama verð fyrir hitann úr iðrum jarðar eins og olían kostar okkur. Ég skal ekkert segja hvernig mál um þetta færu fyrir hæstarétti. Ég skal ekkert segja um hvernig það yrði metið af dómstólum. Við þekkjum öll eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og má vel vera að það gæti farið svo, að það reyndist löglegt að gera slíkar kröfur, þó að e. t. v. verði fyrst um sinn samið um hagstæðara verð. En ég nefni þetta sem nýtt og sláandi dæmi um það, hversu fráleitt er að auðæfi, sem við eigum í þessu landi og ekki eru allt of fjölbreytt, skuli vera í höndum einstakra manna sem hafa aðstöðu til þess að gera slíkar kröfur á hendur þjóðfélaginu fyrir afnot af þessum sömu auðæfum.

Ég vil leyfa mér að fullyrða að yfirgnæfandi meiri hl. íslensku þjóðarinnar hefur haft þá tilfinningu og litið svo á, að heita vatnið væri sameign þjóðarinnar, þótt mikið af því sé það ekki. Og ég hygg, að þessi þróun mála sé enn ein röksemd fyrir þeirri kenningu okkar Alþfl.-manna, að landið og hin margvíslegu auðæfi þess eigi að vera alþjóðareign og það sé í raun og veru óhugsandi til framtíðar að svo verði ekki. Það er alveg óhugsandi.

Ein af ástæðunum fyrir því, hve mat manna á landinu hefur breyst á fáum áratugum, er sú, hve þéttbýlið hefur aukist gífurlega og er það víða eðlileg afleiðing af mannfjölgun. Við höfum ekki allt of mikið af þessu að segja enn þá, því að jafnvel Reykjavík er borg af því tagi að þar getur hver sem er með 15 mín. göngu komist út í náttúruna og forðað sér af malbikinu. Engu að síður verðum við að hugsa fyrir því hvernig fólkið í þéttbýli á Íslandi á í framtíðinni að geta tekið þátt í að njóta landsins, hvernig á að tryggja því útivist og aðgang að náttúru landsins. Það verður með hverju árinu algengara, þegar menn aka um vegina á þeim mikla bílaflota, sem við nú eigum, að þar blasa við skilti um að þetta sé bannað og hitt sé bannað á girtum landsskikum. Það er alveg augljóst að mjög fljótlega verður að skipuleggja notkun landsins alls og taka m. a. tillit til hinna landlausu tugþúsunda í þéttbýlinu. Það er að vísu mikið verk að skipuleggja notkun landsins, áætla hvaða hluta þess þarf fyrir atvinnurekstur og þá auðvitað fyrst og fremst landbúnaðinn, hvaða hluta þess þarf undir byggð, sem við köllum þéttbýli og kann nú e. t. v. að verða dreifðara í framtíðinni en það er nú, enda er nú þegar komið svo að menn starfa í Reykjavík, en búa fyrir austan fjall eða undir Esju. Það þarf að taka tillit til þess hvað af landinu við viljum vernda vegna náttúruverndarsjónarmiða, það þarf að taka tillit til þess hvað af landinu við viljum taka frá fyrir fólkvanga sem útivistarsvæði, og það er mikið hagsmunamál fyrir þjóðina alla að hugsað sé fyrir því að koma byggingu sumarbústaða og sumarbúða skipulega og vel fyrir. Ef þau mál eru látin hafa sinn gang án þess að nokkur hugsi fyrir heildarsvip þeirra, þá geta orðið mörg slys víða um landið. Það eru svæði í næsta nágrenni Reykjavíkur sem eru til orðin með óskipulegri byggð sumarhúsa, sem mörg hver hafa síðar vaxið upp í að vera varanlegir bústaðir, þar sem sjá má hvernig fallegar sveitir gætu farið ef þetta væri með öllu látið óskipulagt.

Þess má nefna mörg dæmi hvernig nágrannaþjóðir okkar og ýmsar fleiri hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir því að eignarráð fallvatna t. d. séu hjá ríki eða sveitarfélögum, hvernig þessar þjóðir hafa farið með t. d. veiðivötn og önnur þau gæði sem eftirsótt eru.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mál öllu fleiri orðum að þessu sinni, enda hygg ég að grundvallarröksemdir fyrir því, að þjóðin eigi landið, séu svo augljósar, að ég þurfi ekki að flytja um þau lengri ræðu. Ég vil þó að lokum leggja á það áherslu, að Alþfl. hefur alltaf verið þeirrar skoðunar, að land skuli með lögum byggja, og það hefur ekki hvarflað að okkur í sambandi við þetta mál eða önnur að taka eignir af mönnum bótalaust, jafnvel þótt við gerum okkur ljóst að sumt, eins og t. d. jarðhitinn, hækki svo hrikalega í verði ár frá ári að það geti orðið dýrt fyrir þjóðarheildina að ná eignarhaldi á honum öllum. En ég vil taka fram, að það er ekki hugmynd okkar að það verði á nokkurn hátt gengið fram hjá eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

Hitt er svo annað mál, og það snertir miklu fleira en hér er talað um, t. d. verðmæti á húsaeignum í þéttbýli og annað slíkt, að við teljum að Alþ. þurfi að íhuga hvort ekki þurfi að vera hér á landi miklu öflugri verðhækkunarskattar sem taki óeðlilegan gróða og leggi hann í sameiginlegan sjóð þjóðarheildinni til hags. Ef slík löggjöf yrði sett gæti hún haft mikil áhrif á framvindu þessara mála.

Við gerum okkur ljóst, að það, sem við leggjum til, er umfangsmikið og í raun og veru fjallar till. okkar á þessu stigi aðeins um það, að sérfróðir menn verði látnir semja frv. um þessi mál, þessi frv. geti síðan komið til umr. og ef þau næðu fram að ganga, mundi að sjálfsögðu taka alllangan tíma að framkvæma eignayfirtöku ríkis eða sveitarfélaga. Og enginn vafi er á því, að

það verður dýrt. En við skulum líka minnast þess, að það getur orðið mörgum sinnum dýrara við hvern áratug sem líður án þess að verkið sé hafið. Gleggsta dæmið er það, að nú skuli lögfræðingar krefjast hins háa ofiuverðs arabanna fyrir heita vatnið sem rennur úr hverunum.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr. og hv. 2. landsk. þm. hefur mælt fyrir, er vissulega stórmál og er komið þar að mjög mikilvægum þætti í því hvernig við eigum að byggja þetta land. Ég get ekki látið hjá líða að fara um þetta nokkrum orðum.

Ég vil taka það strax fram, að það eru ýmis atriði í þessari þáltill. sem ganga algerlega í berhögg við þær hugmyndir sem bændastéttin í landinu almennt hefur um stöðu sína í þessu þjóðfélagi í nútíð og framtíð. Ég vil hins vegar líka taka það fram, að eignarráð á landi eru alls ekki einfalt mál, og t. d. vil ég strax taka undir það, að ég tel óeðlilegt að einstaklingar geti grætt óhemjufé á eignarráðum á landi sem verður snögglega verðmætt vegna aðgerða sem þeir eða sjálf gæði landsins eiga engan þátt í.

Eins og nú er munu vera milli 4500 og 5000 bújarðir byggðar í þessu landi. Ég hef ekki nákvæma tölu um það, hversu margar þeirra eru í eigu þeirra bænda sem á jörðunum búa, en láta mun nærri að um 4/5 hlutar af þessum bújörðum séu í sjálfseignarábúð, en nákvæm er þessi tala ekki. Þessar jarðir eru mjög misjafnar að almennum landsgæðum og almennum möguleikum til að framfleyta fólki. Þetta eru allt frá því að vera stórjarðir með margvíslegum gögnum og gæðum, bæði í ræktuðu og ræktanlegu landi, afréttarlandi og ýmiss konar hlunnindum og allt niður í það að vera jarðir sem eru erfiðar ábúðar á venjulegan mælikvarða, en geta þó sannarlega gengt miklu hlutverki í þjóðarbúskap okkar þegar á heild er litið.

Ég hygg, að það sé dálítið sérstakt, að umráðin yfir þessu landi, eignarrétturinn á þessu landi, sem er í eigu, eins og ég sagði, að miklum meiri hluta þeirra sem nytja það, hann er undir flestum kringumstæðum á annan veg metinn heldur en flestar aðrar eignir sem við ráðum yfir. Ég vil nefna dæmi, öllum þeim, sem hér eru inni, er kunnugt að verðlagning á íslenskum landbúnaðarvörum fer fram samkv. sérstökum lögum. Það varpar ofurlitlu ljósi á viðhorf bóndans til landsins, að hvergi er í þessum lögum gert ráð fyrir því, að bóndinn hafi neinar tekjur af landinu sjálfu sem slíku meðan það er ekki ræktað. Það er hvergi um að ræða neins konar leigu vegna þess að búpeningurinn gangi á óræktuðu landi. Ég ætla mér ekki að fara að efna hér til mikilla umr. um verðlagningu landbúnaðarvara, en ég vil minna á þennan þátt, að það verð, sem bændum er ætlað lögum samkvæmt fyrir landbúnaðarvörur, er einungis byggt á þeim kostnaði sem þeir hafa af því að reka búskap á jörðinni. Það er ekki byggt á því að sjálft landið, beitilandið, landið sem grundvallareign gefi af sér arð í gegnum búskapinn, heldur aðeins þau mannvirki, ræktun og annar sá kostnaður sem í er lagt á landinu. Í raun og veru er það þess vegna svo, að arðurinn af sjálfu landinu til þessara nota nytjast í almenningsþágu.

Ég tók eftir því í ræðu hv. 2. landsk. þm., Benedikts Gröndals, að hann nefndi það, að það væri sífellt tíðara að sæjust skilti með vegum þar sem tekið væri fram að þessi eða hin afnot af landinu eða þessi eða hinn umgangur um landið væri óheimill. Það kann vel að vera að þetta sé rétt, að þetta sé tíðara nú en það var fyrir nokkrum árum. En samt sem áður vil ég fullyrða að þetta er ákaflega fátítt. Ég minnist þess ekki að ég hafi komið nokkurs staðar að bóndabæ, þar sem stendur að vegurinn þar heim sé einkavegur. Ég minnist þess ekki, að í minu nágrenni sé nokkurs staðar uppi skilti sem banni hinum almenna vegfaranda að ganga á landinu. En ég veit að það er ætlast til þess t. d., að hinn almenni vegfarandi eða hver sem það er raski ekki í neinu ró þess lífs sem lifir á þessu landi. Það er ekki ætlast til þess, að hann fari leyfislaust með byssu um lönd bænda nálægt heimkynnum þeirra. Og ég geri ráð fyrir því, að þótt mér sé það ekki kunnugt, að það sé allalgengt að menn ætlist til að beðið sé um leyfi ef ber eru tínd til vetrarforða og annað slíkt. En ég er því ekki kunnugur, þar sem ég best þekki til, að menn hafi uppi neinar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir að fólk geti gengið um landið og skoðað það. Það er að vísu svo, að þar sem örtröð er mest eru sums staðar hafðar uppi aðgerðir til þess að reyna að verja landið fyrir örtröðinni, einmitt á þeim stöðum sem þó er fastlega gert ráð fyrir að fólk ferðist mjög um.

Í framhaldi af þessu er kannske rétt að minna á það, að til skamms tíma voru íslendingar bændaþjóðfélag. Það mátti heita svo að allir íslendingar væru bændur allt fram undir lok síðustu aldar. Þeir voru að vísu margir leiguliðar, en þeir áttu afnotarétt af landi, ýmist sem eigendur þess eða leiguliðar. Síðan gerist sú öra þjóðfélagsþróun sem orðið hefur á þessari öld, að fólkið hefur flutt úr sveitunum til sjávarsíðunnar, og það er langt frá því að ég ætli hér að fara að harma þá þróun sérstaklega. Hún er eðlileg við þær þjóðfélagsaðstæður sem við höfum búið við, og það er ekki eðlilegt að neinn geysilegur fjöldi fólks í þessu landi lifi af landbúnaði eins og nú er háttað.

Bændastéttin hefur þess vegna á vissan hátt miklu fremur en allar aðrar stéttir í landinu verið í vissri varnarstöðu. Sú stétt, sem fólkið flytur frá af einhverjum þjóðfélagslegum ástæðum, sú stétt, sem sífellt fækkar fólki í á sama tíma og fjölgar í öllum öðrum stéttum, verður á vissan hátt í varnarstöðu í þjóðfélaginu. Bændur landsins hafa á undanförnum árum alið upp mikinn fjölda fólks sem síðan hefur unnið ævistarf sitt við sjávarsíðuna. Það hefur verið fátítt að fólk hafi flutt frá sjávarsíðunni upp til sveita, þótt þess finnist dæmi. Hitt hefur gerst í stórum stíl nú á undanförnum áratugum, að ekki einungis meginhluti þess fólks, sem nær fullorðinsaldri, fer jafnótt og það er fullvaxið á vinnumarkaðinn í bæjunum, heldur hefur einnig býlunum fækkað og fólkinu, sem stundar landbúnaðinn, fækkað.

Þessi staða bændanna í þjóðfélaginu eru vissu-

lega erfið í dag. Bændur hafa að mínum dómi ekki verið eftirbátar annarra þegna þjóðfélagsins um að bæta vinnuaðferðir í sinni grein, auka framleiðslu og bæta það land, bæta þann vettvang sem þeir hafa haft til umráða. En þeir hafa samt sem áður orðið að horfa upp á það, að með mjög vaxandi framleiðslu og vaxandi hagkvæmni á ýmsan hátt hefur samt hlutur þeirra í þjóðarbúinu ekki farið að sama skapi hlutfallslega vaxandi og er ekki ástæða til að fara langt út í þá sálma. En hinu er ekki að neita, að ýmis verðmæti, sem áður var ekki mjög um hirt, hafa orðið mikilvæg á síðustu áratugum. Þar má t. d. nefna veiðirétt. Það er orðin geysileg breyting á því á skömmum tíma. Veiðiréttur í ám og vötnum er orðinn mikilvæg tekjulind í vissum landshlutum, og jarðir þær, sem eru veiðijarðir, eru orðnar eftirsóttar, sérstaklega af öðrum en bændum. Það er orðið sérstaklega eftirsótt af öðrum aðilum en bændum að fá þessar jarðir keyptar, og þær eru í háu verði þegar miðað er við það verðlag sem við getum gert ráð fyrir að venjulegur búskapur geti staðið undir á bóndabýli.

Það var minnst hér mikið á jarðhitann áðan, sem er vissulega að verða mjög mikilvæg hlunnindi. Það eru mjög mikilvæg hlunnindi að hafa jarðhita á landi sínu til þess að geta hitað upp hús sitt. Og það eru vissulega mikilvæg hlunnindi fyrir þjóðina í heild, að hún eigi jarðhita sem nægir til að hita upp mikinn hluta íbúðarhúsa og annarra bygginga í landinu. Það er rétt, sem hér kom fram, að menn hafa yfirleitt fram til þessa ekki litið á jarðhita sem stórkostlega tekjulind, og meðan heita vatnið rennur upp úr jörðinni ónotað, þá er það vissulega ekki verðmætara en t. d. olíulindir sem sums staðar streymdu ónotaðar úr jörð áður fyrr. Ég veit að það má mjög um það deila, hversu hátt sé eðlilegt að meta þau hlunnindi sem jarðhiti er þegar hann kemur til nytja, og ætla ég ekki að reyna að leggja dóm á það hér. En ég vil taka undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að það er eðlilegt að þegar um er að ræða sölu á fasteignum, sem hafa hækkað óeðlilega í verði vegna aðgerða sveitarfélags eða fyrirhugaðra aðgerða samfélagsins á einhvern hátt, þá séu slíkar sölur skattlagðar sérstaklega. Það kunna að verða deildar meiningar um þetta, en ég er þeirrar skoðunar, að til séu ýmsar aðrar aðferðir til þess að koma í veg fyrir óeðlilegan hagnað af því að eiga land eða óeðlilega sölu landeigna heldur en að koma öllu landi í eigu ríkisins, eins og stefnt er að með þeirri hugmynd sem er á bak við þessa till.

Ég vil taka það skýrt fram, að í þessari till. stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því að allt land verði alþjóðareign (eign ríkis eða sveitarfélaga), en bújarðir verði í eigu bænda þegar þeir kjósa þann hátt fremur en að hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum skal þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.“

Ég get ekki skilið þessi ákvæði öðruvísi en svo, að það sé beint og krókalaust að því stefnt með þessari till., að á alllöngum tíma verði allt land í eigu ríkisins og það hljóti að fara svo smám saman að það verði ekkert af landinu í eigu bænda.

Ég hef rætt hér nokkuð um afnot af landinu. Ég vil taka undir það og lýsa því sem skoðun minni, að ég tel mjög nauðsynlegt að skipulagning landsins alls og skipuleg not landsins séu aukin frá því sem nú er. Ég álít, að það sé fráleitt að það sé nokkurs staðar reistur sumarbústaður á landinu án þess að hann komi inn í heildarskipulag landsins. Ég tel, að það sé algerlega nauðsynlegt að skipuleggja sumarbústaðahverfi, og ég tel líka, að það sé algerlega nauðsynlegt að skipta afnotum landsins niður þannig að það séu viss svæði sem allir landsmenn, hvort sem þeir eru þéttbýlisbúar eða ekki, eiga fullkomlega frjálsan aðgang að. Ég lýsti því áður, að ég tel að íbúar landsins hafi átt mjög frjálsan aðgang að því landi sem er í einkaeign á Íslandi í dag. En mér er ljóst að með auknu fjölmenni getur þetta nokkuð breyst. Og ég verð að lýsa því sem minni skoðun, að ég held, að viðhorfið í þessu verði nákvæmlega sama, hvort sem landið er í eigu þess, sem á því býr, eða eign alþjóðar og sá, sem býr á landinu, er leiguliði ríkisins. Það álít ég að skipti ekki máli í þessu sambandi. Það, sem þarna skiptir máli, er að það hljóta að vera einhver mörk, þar sem rekast á hagsmunir þess, sem nytjar landið til venjulegra búskaparnota, og hins, sem nytjar landið til þess að skoða það, til þess að ganga um það. Ef örtröð verður af þeim mönnum, sem vilja og vissulega þurfa að hafa land til að ganga á, þá hljóta þar að vera einhver mörk þar sem ekki verður lengra gengið, alveg á sama hátt og hér í þéttbýlinu þar sem ég hygg að menn geri ekki ráð fyrir að sé ótakmarkað gengið um lóðir við íbúðarhús. En ég vil ítreka það, að meðan ástandið er svipað því sem nú er, þá er víðast lítil ástæða til þess að amast við umferð þéttbýlisbúa um lönd bænda.

Ég kom að því áðan, að bændastéttin hefur verið að undanförnu í vissri varnarstöðu. Meðalaldur bænda í dag er hár og bændum hefur farið fækkandi, jarðir og heilir sveitarhlutar hafa farið í eyði og annars staðar hafa sveitarfélög dregist saman, þannig að byggðin nær yfir minna svæði en áður. Þetta er allt saman þróun sem ég tel á ýmsan hátt eðlilega. En ég verð að lýsa því sem minni skoðun, að ég fæ ekki séð að það sé á nokkurn hátt þjóðfélagsleg nauðsyn að umráðaréttur yfir jörðunum verði tekinn af bændunum. Ég tel, að bændurnir hafi umgengist land sitt á þann veg, að sú umgengni og þau not, sem þeir hafa haft af landinu, gefi ekki neitt tilefni til slíkrar ráðstöfunar sem hér er talað um. Ég get fallist á það, að þegar um er að ræða sölu jarða, verslun með jarðir, þá sé höfð á því gát fyrst og fremst þannig, að verði jarðanna sé þann veg í hóf stillt að þeir, sem vilja búa, geti keypt jarðirnar til eigin nota. Ég vil endurtaka það, að yfirleitt, þó að megi finna undantekningar frá því, þá er það svo, að það er ekki verð landsins sjálfs sem hefur ráðið um verð þegar jörð er seld. Fyrst og fremst hafa það verið byggingar og framkvæmdir á jörðunum sem gengið hafa kaupum og sölum. En þegar land verður einhverra hluta vegna sérstaklega eftirsóknarvert af þétt-

býlisbúum, þá kemur upp það viðhorf að einkum þéttbýlisbúar bjóða háar upphæðir í jarðirnar, svo háar upphæðir, að bændur hafa ekki getað keppt við þá í einstökum tilfellum. Þarna tel ég. að sé mjög nauðsynlegt, að sveitarfélögunum sé gert fært og kleift að eignast þau lönd, sem bændur treysta sér ekki af einhverjum ástæðum til að eignast. Ég tel, að með skipulagningu og skipulagsskyldu sé hægt að halda verði lands svo í hófi að þar verði ekki um neinn annarlegan hagnað að ræða fremur en á hverjum öðrum fasteignum, og ég tel, að þetta beri að gera. Það hefur verið sýnt hér á þinginu, ég held á síðasta reglulegu þingi, frv. til jarðalaga og einn meginþátturinn í þessu frv. er einmitt sá, að þannig verði gengið frá að ekki sé hætta á því að einstaklingar, sem ekki ætla sér að nytja landið sjálfir, eignist það, og þar á ég fyrst og fremst við bújarðir.

Hér hefur verið talsvert minnst á veiðirétt og til þess jafnað, að jafnvel í kapítalískum löndum vesturálfu sé veiðiréttur í almannaeigu. Ég vil taka það fram, eins og ég hef áður sagt, að einmitt ein ástæðan til þess að ég tel að veiðirétturinn þurfi og eigi að vera í eigu þeirra sem byggja landið, sá sem hefur tekið þann kost að vilja halda áfram að stunda þá atvinnugrein, sem við höfum kallað landbúnað, og búa í sveit, oft við þrengri kost en þéttbýlisbúinn og ýmiss konar óþægindi sem þéttbýlisbúinn sleppur við, þó að hann njóti líka ýmislegs hagræðis sem er alls ekki rétt að vanmeta, þá tel ég að það styrki byggðina í sveitunum og styrki bóndann til þess að gegna sínu hlutverki í þjóðfélaginu að hann hafi fullan umráðarétt yfir því landi sem hann býr á, hann hafi rétt til að nytja það gras sem upp úr jörðinni sprettur og hann hafi rétt til þess að hafa afnot af þeim hlunnindum sem jörðinni fylgja, hvort sem það eru veiðihlunnindi í fallvötnum, stöðuvötnum eða í sjó. Það má vafalaust um það deila, hversu verðleggja beri þessi hlunnindi. Það eru ýmis atriði sem þar koma til greina, en ég álít, að þegar rekast á alþjóðarhagsmunir og hagsmunir einstaklinga, þá höfum við lög sem heimila að þeim eignum, sem alþjóð getur ekki án verið, sé komið í hendur ríkisins með eðlilegum og löglegum hætti — á ég þar við lög um eignarnám — og það þurfi ekki að setja sérstök lög um að allt land hverfi til ríkisins þess vegna.

Ég ætla ekki að hafa þetta mál öllu lengra, enda er það þegar orðið langt. En ég vil vekja athygli á því, að í þessari ályktun er gert ráð fyrir að ríkisstj. verði falið að láta sérfróða menn semja frv. að l. um eignarráð og eignarréttindi þjóðarinnar yfir byggðu landi og óbyggðu. Ég verð að viðurkenna það, að mér er ekki alveg ljóst, hverjir hinir sérfróðu menn geta verið um þessa hluti. Það finnst mér dálítið óljóst. Ég veit ekki til þess að við eigum menn sem eru út af fyrir sig sérfróðir í því hvernig eignarhaldi á landi verði best fyrir komið.

Ég vil svo að lokum lýsa því yfir, að ég tel þessa þáltill. ekki tímabæra og ég mun greiða atkv. á móti henni, þegar hún kemur til atkv. hér í hv. Sþ. Ég vil vænta þess, að hv. flm. kanni sem best má verða hvernig eignaraðild bænda á landinu er háttað, hvernig þeir hafa farið með þessa eignaraðild sína á landinu og hvernig landið allt hefur verið notað í alþjóðarþágu þrátt fyrir það að það hafi verið talið í eigu einstakra bænda.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Á nokkrum undanförnum þingum hafa hv. þm. Alþfl. flutt till. til þál. um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Þessi till. hefur verið ítarleg, hún hefur verið í nokkrum skýrt mörkuðum töluliðum og hún hefur haft þann tilgang að færa allt land og öll landsréttindi úr eigu einstaklinga og í hendur ríkisins. Það er rétt, sem hv. 2. landsk. þm., 1. flm. till. nú, greindi, að gerð hefur verið sú undantekning frá reglunni, að bændur geti átt bújarðir sínar eða megi eiga bújarðir sínar á meðan þeir kjósa þann hátt fremur. En þó er svo um hnúta búið, að þessi eign bændanna hlýtur að færast í hendur ríkisins fyrr eða síðar, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði grein fyrir. Ég held, að það orki ekki tvímælis að þessi tillöguflutningur á undanförnum árum hefur verið mesta aðför að eignarréttinum í þjóðfélaginu sem gerð hefur verið hér á hinu háa Alþingi.

Sú till., sem nú liggur fyrir, er í nokkuð breyttu formi. Hún er óljósar orðuð en fyrri till. af sama tagi, og það er jafnvel svo, að seinni mgr. samrýmist varla þeirri fyrri. Þetta virðist vera gert til þess að reyna að slá ryki í augu fólks, að draga úr hinum beina tilgangi till., sem sé þeim að þjóðnýta landið, gögn þess og gæði, ef það mætti verða til þess að hún gengi fremur í augu fleiri en áður var. Samt sem áður liggur það ljóst fyrir, að andi till. og tilgangur allur er enn hinn sami, hann er óbreyttur frá því sem áður var, þjóðnýting landsins og að koma yfirráðum þess í hendur opinberra aðila, — nú segir: ríkis eða sveitarfélaga, og er það ný skilgreining á því hvað sé alþjóðareign, — ef tiltekin verðmæti í eigu sveitarfélags, þá séu þau alþjóðareign. Það er ný skilgreining fyrir mér.

Ég þarf kannske ekki að flytja langa ræðu um þetta mál nú, vegna þess að mér nægir að vitna til þess sem ég sagði í þessum ræðustól fyrir 2—3 árum um afstöðu mína til þessa máls. Ég vil þó láta nokkur orð falla um þetta efni.

Till. eins og hún liggur nú fyrir, að stefnt verði að því „að land allt verði alþjóðareign (eign ríkis og sveitarfélaga), en bújarðir verði í eigu bænda þegar þeir kjósa þann hátt fremur en hafa lönd sín á erfðafestu," eins og segir í fyrri mgr., og enn fremur, að ríki og sveitarfélögum skuli „þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi," er með þeim hætti, að það mætti e.t.v. skilja á þann veg að bújarðirnar í landinu ættu að verða áfram í eigu bænda sjálfra, að meginhluti af óbyggðu landi, sérstaklega afréttirnar allar, sem eru meginhluti af óbyggðu landi á Íslandi, ættu áfram að vera í eigu þeirra sem þær eru nú, vegna þess að þær eru að meginhluta í eigu sveitarfélaga, í eigu upprekstrarfélaga sem ýmist eru eitt sveitarfélag eða fleiri. Það mætti ætla, að fallvötnin, árnar, sem falla um byggðir og óbyggðir, ættu áfram að vera í eigu þeirra sem þær eiga nú, vegna þess að áin, sem rennur við túnfótinn á tiltekinni jörð, er óaðskiljanlegur hluti jarðar. Sömu sögu er að segja um

stöðuvötn o. s. frv. En það kveður við annan tón þegar kemur í síðari mgr. till., því að þar er megininntakið það, að skipa skuli til þess sérfróða menn að semja frv. að l. um það, hvernig eignarráð og eignarréttindi á landi skuli færast yfir í hendur ríkisvaldsins. Og í lok þeirrar mgr. segir: „Glöggt verði kveðið á, hvernig landareign og landsnytjar færist úr einkaeign í eigu ríkisins og hvernig bætur skulu reiknast fyrir.“

Þarna kemur það sem sé ljóst fram, alveg öfugt við það sem gerðist í hinni fyrri mgr., að enn er stefnt í hina sömu átt, að það sé tilgangurinn að koma landinu öllu í eigu ríkisins, e. t. v. í sumum tilvikum í eigu sveitarfélaga, en þó er þjóðnýtingin höfuðatriði. Ég er þeirri stefnu, sem þarna kemur fram, gersamlega andvígur. Ég tel að hún sé óheppileg og mundi leiða til ástands, sem ég held að yrði ekki a. m. k. sveitum landsins og þeim, sem þar búa, til góðs. Ég vil minna á það, að nú munu vera um 800—900 jarðir og jarðeignir á landinu í eigu ríkisins. Þessar jarðir hefur ríkið nýtt með ýmsu móti. Sumar þeirra eru leigðar bændum til ábúðar, aðrar eru það ekki, þær eru eyðijarðir, og enn aðrar eru nýttar með þeim hætti sem a. m. k. umdeilanlegt er að formi til. Ég skal ekki fara lengra út í þá sálma, og væri hægt að gera það síðar ef tilefni gæfist til. Hins vegar lít ég svo á eftir minni þekkingu og mínum kunnugleika, að yfirleitt megi segja að þær jarðir, sem eru í ríkiseign, í opinberri eigu og leigðar eru bændum, þekkist nokkuð úr vegna þess að þar er yfirleitt um síðri búskap að ræða, þar er ekki eins mikið keppikefli bóndans að prýða og fegra jörðina eins og er þar sem hann á ábýlisjörðina sjálfur. Slíka sögu held ég að megi rekja gegnum sveitir landsins um allt Ísland, og það er e. t. v. órækasti vitnisburður um það, hver kjölfesta sjálfseignarábúð bænda er á jörðum. Hún er að mínum dómi óumdeilanleg kjölfesta landbúnaðarins. Ef þessi eignarréttur yrði upp hafinn, þá mundi það leiða til þess að ótvírætt los kæmi á búrekstur í landinu. Það mundi leiða til þess, að sú ánægja, sem því fylgir fyrir hvern bónda að búa á eigin jörð, hyrfi, og hann legði ekki eins hart að sér við að bæta landið, gera umbætur í framkvæmdum og fegrun landsins á sínu býli. Hún mundi koma fram í því, að það yrði los á ótrúlega mörgum bóndanum, hann væri ekki lengur sjálfs sín herra á eigin landi, hann væri leiguliði hins opinbera og það hefði svo í för með sér að sú tilfinning, sem sjálfseignarbóndinn ber í brjósti gagnvart sínum búrekstri og sinni jörð, hverfur.

Ég get mætavel skilið það, að hv. 2. landsk. þm. eigi erfitt með að skilja þessa tilfinningu hins íslenska bónda. Ég veit þó, að hann hefur um mörg ár haft kynni af íslenskum landbúnaði og haft kynni af mörgum íslenskum bændum, enda starfað í þeirra þágu. En þó hefur hann, að ég hygg, aldrei komist í þessa aðstöðu sjálfur. Ég held, að það væri mjög til hins verra, og tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, hv. 6. þm. Norðurl. e., að það mundi veikja mjög byggð í sveitum landsins ef árnar yrðu skildar frá jörðunum með sérstakri lagasetningu og þær gerðar að ríkiseign, og sama er að segja um stöðuvötnin. Það mundi ótvírætt verða til þess að kippt væri spæni úr aski bóndans með þeim hætti, að ef hann ætti að lifa í þessu landi yrði að bæta upp á annan veg. Það mundi þá þýða það væntanlega, að landbúnaðarafurðir, sem oft þykja í ærið háu verði, yrðu að hækka. Það mundi einnig þýða það, að upp yrði sett sérstök stjórnarráðsskrifstofa hér í Reykjavík til þess að fara með þessi verðmæti og útdeila þeim til landslýðsins. Ég veit ekki, hvort nokkur trúir því hér inni, að með þeim hætti yrði betur á þessum málum haldið. En það er víst, að ég trúi því ekki.

Eins og ég sagði áðan gagnvart hálendi landsins, þá er meginhluti þess óskorað í eigu sveitarfélaga og stundum nokkurra sveitarfélaga saman, þ. e. upprekstrarfélaga. Um nokkur landssvæði af hálendinu er deilt hver eigi, og væri auðvitað þarft að skera úr því hið fyrsta. En ég held, að það mundi einnig rýra mjög kost þeirra sem sveitir byggja, ef það ætti að taka þessa eign af sveitarfélögunum í strjálbýli.

Nú er það svo, að ef hið opinbera telur sig þurfa að nýta tiltekna eign í almannaþágu, þá eru nægar lagaheimildir fyrir því að taka þær eignarnámi. Ef um er að tefla t. d. jarðhita, sem hv. frsm. ræddi mjög um, þá hefur það fram undir þetta a. m. k. verið regla, eftir því sem mér hefur verið sagt frá, í sambandi við eignarnám eða mat, hvort sem það hefur verið eignarnámsmat eða mat á jarðhitaréttindum, að þau hafa ekki verið talin í ákaflega háu verði, séu þau verðmæti óvirkjuð af þeim sem áttu. Nú kann þetta að hafa breyst á allra síðustu árum með tilliti til orkukreppunnar. En þrátt fyrir það er þarna opin leið eftir íslenskum lögum, eins og þau eru í dag, að taka þessi réttindi eignarnámi, ef almannaheill krefst, svo fremi að samningar náist ekki. Það þarf því ekki þjóðnýtingu þessara verðmæta um land allt til þess að geta nýtt þau í þágu almenningsheilla. Það er algerlega ljóst.

Það er gert mikið úr því, að það þurfi að koma í veg fyrir brask með jarðir og landsréttindi. Víst er það, að þar er við vandamál að etja, og kunna að vera til ýmsar leiðir í því sem réttlætanlegt sé að fara, aðrar en þær að þjóðnýta landið allt. Hins vegar er það eitt meginatriði í slíkum tilvikum í mínum augum að búa svo um hnúta, að sveitarfélög geti nýtt forkaupsrétt, en forkaupsrétturinn, sem sveitarfélög hafa á öllu landi í sínu umdæmi, öllum jörðum, hefur verið að meira eða minna leyti óvirkur vegna fjárskorts sveitarfélaganna. Það gæti verið réttlætanlegt að taka hluta af söluverði fasteigna til sveitarfélags til þess að auðvelda sveitarfélögum að nýta kaupréttinn. Það gæti verið réttlætanlegt, þó því aðeins að verð á þeim fasteignum færi yfir venjulegt söluverð eða eitthvað tiltekið mark yfir fasteignamatsverð. Það er ein af þeim leiðum sem gætu komið til greina.

Ég vil taka það fram út af þeim umr., sem hér hafa orðið í sambandi við afnot þéttbýlisfólks af landinu, að nauðsynlegt er að búa svo um hnúta að fólk geti átt frjálsan aðgang að landi. Þetta er að sumu leyti skipulagsatriði, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. minntist á. Að sumu leyti er það málefni hvers byggðarlags að búa svo um hnúta, að þar sé hægt að hafa frjálsan

aðgang að ákveðnu landssvæði, og það er að mínum dómi heppilegast og langsamlega líklegast til þess að vel megi fara, að slíkt land sé í eigu þess byggðarlags, *en ekki í ríkiseigu.*

Ég vil taka það fram út af sumarbústaðahverfum eða landi undir sumarbústaði, að ekki þarf að vera jafnmikið skipulagsleysi á þeim málum og oft hefur verið, vegna þess að samkv. náttúruverndarlögum er óheimilt að reisa sumarbústað á landi nema með leyfi sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur því eftir gildandi lögum haft á því full tök, hvernig á þeim málum er haldið, og þarf enga þjóðnýtingu til. Það er sannarlega tímabært og alveg rökrétt framhald af tímans rás að sveitarstjórnir, hvar sem er á landinu, hugi að þessu efni og í fyrsta lagi láti ekki rísa upp sumarbústaði án skipulags og taki það beinlínis til meðferðar að koma upp skipulögðum sumarbústaðahverfum þar sem það hentar. Ég tel fráleitt, að það mundi takast betur þó að með það færi einhver deild í stjórnarráðinu hér í Reykjavík.

Ég skal ekki lengja þetta mál mikið, ég tel mig ekki þurfa þess vegna ræðu minnar hér fyrir 2—3 árum. Ég vil aðeins bæta því við það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði um einkavegi, þar sem frsm. ræddi um að sums staðar væri komið að lokuðum hliðum, bönnuð yfirferð yfir landið, að ég held að þetta tíðkist yfirleitt ekki á jörðum sem eru í eigu bænda sjálfra. Ég hef ekki rekið mig á það. Hins vegar verð ég var við þetta í allmörgum tilvikum á þeim stöðum þar sem land og jarðir eru í eigu annarra aðila, og það *kynni svo að fara, ef tiltekin stjórnarráðsdeild* færi að deila út landinu, að þá þættust þeir aðilar, sem fengið hafa afnot af því, vera þess megnugir að loka því í meira mæli en gert hefur verið til þessa. Ég held, að þjóðnýting landsins mundi verka öfugt í þessu efni. Það yrði í miklu meira mæli komið að lokuðum hliðum, í mun meira mæli stæði við tiltekinn vegarspotta: „Einkavegur. Óviðkomandi bannaður aðgangur.“ Þetta held ég að hv. 2. landsk. þm. ætti að hugsa um í sambandi við þennan tillöguflutning sinn.

Ég þekki ekki það umhverfi, þar sem vegfarendur koma að lokuðum hliðum bænda, ég þekki ekki þær jarðir. E. t. v. þekkir hv. þm. Benedikt Gröndal þær. Ég held einmitt, að einnig í þessu tilviki yrði skipt um til hins verra ef landið yrði, eins og hann nefnir það, alþjóðareign.

Ég ítreka aðeins þá skoðun mína, að sjálfseignarform bænda á jörðum er kjölfesta landbúnaðarins. Sé þessari kjölfestu varpað fyrir borð mun staða landbúnaðarins í framtíðinni vera ótrygg. Það mun verða ótrygg búseta bænda á jörðum og það hverfur sú tilfinning úr brjósti bænda, sem því fylgir að búa á eigin jörð. Með því væri stefnt að mínum dómi til mikilla óheilla.

Ýmsir hafa velt því fyrir sér á þeim árum, sem liðin eru frá því að hv. þm. Alþfl. hófu að flytja till. af þessu tagi, hvað fyrir þeim vakir. Sumir halda því fram, að þeir séu einungis að dusta rykið af gömlum sósíalískum stefnuskráratriðum til þess að sanna, að þeir séu vinstri flokkur, til þess að koma þeirri hugsun á framfæri, að þeir séu róttækur flokkur, e. t. v. róttækari en aðrir flokkar á Íslandi. Aðrir halda, að hér sé einungis um að ræða heldur ómerkilegt áróðursplagg sem þeir séu að veifa framan í þjóðina ár eftir ár, af því að þeir telji sér það hagkvæmt fyrir vissan hluta fólks og það geti *e. t. v. orðið til þess að einhverjir glepjist* til fylgis við þá af þeim orsökum. Ég held, að þessi síðari tilgáta sé ekki fjarri lagi, ef litið er á framvindu þessa máls á hv. Alþ. bæði fyrr og nú. Till. þessi hefur ekki hlotið afgreiðslu Alþ. til þessa. Þess hefur ekki orðið vart, svo að *ég viti*, að hv. flm. till. *hafi ýtt þar mikið á* eftir. Ég spurði um það hjá skrifstofu Alþ., hvort fulltrúi Alþfl. í þeirri hv. þn., sem þetta mál fékk til meðferðar á síðasta Alþ., hefði skilað áliti. Svo var ekki. Nál. hefur ekki verið skilað af stuðningsmönnum þessarar till. Till. nú var *flutt snemma á yfirstandandi* Alþ., löngu fyrir jól. 6. mars er fyrst mælt fyrir till. Hefur hún þó lengi staðið í efstu röð á dagskrá Sþ., þess fundar er fjallar um till. til þál. Það er því a. m. k. ekki fast eftir því gengið af flm. till. að ýta henni áfram eða koma henni til afgreiðslu.

Ég vil aðeins ýta á eftir því fyrir flm., að þessi till. hljóti nú afgreiðslu. Ég held, að það sé ekkert við það unnið að vera að veifa þessu máli framan í landslýðinn ár eftir ár, þing eftir þing, án þess að taka það einu sinni til *formlegrar og endanlegrar afgreiðslu* á Alþ. Þess vegna skora ég á þá hv. þn., sem fær þetta mál til meðferðar, að skila fljótt og vel áliti um það og taka það til afgreiðslu. Ég hef það traust á hinu háa Alþ., að ég efast ekki um hver sú afgreiðsla verður.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þessi till. um eignarráð á landinu er uppvakin hér á Alþ. eina ferðina enn og allir hv. þm. Alþfl. hafa skrifað upp á hana. Þeir eru að vísu færri á þessu þingi *heldur en þeir voru í fyrra.* Þetta ber vott um mikinn hugsjónaeld og stefnufestu, enda er nú þetta kannske orðið eitt eftir af fáum sósíalistískum úrræðum þessa flokks. Það er höfð svo mikil viðhöfn á málinu, að formaður flokksins, hv. þm. Benedikt Gröndal, fylgir till. sjálfur úr hlaði, en ekki hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason eða Sighvatur Björgvinsson sem hafa þó verið sporléttari upp í ræðustólinn að undanförnu.

Hv. 1. flm. mælti fyrir málinu af mikilli prúðmennsku, svo sem hans var von og vísa. En þrátt fyrir það tel ég að þetta sé slæmt mál, og ég felst ekki á röksemdafærslu hans þótt prúðmannleg væri og hófsamleg. Ég er honum sammála um það, að viðskipti með jarðir, viðskipti með lönd eru mikið vandamál. Á síðasta vetri lá fyrir hv. Alþ. frv. til jarðalaga. Því miður varð það frv. ekki útrætt á því þingi. En ég vonast eftir því, að það verði lagt fram á þessu þingi og hljóti afgreiðslu, vegna þess að í því frv. eru einmitt þau ákvæði sem koma til með að geta komið þessum málum í viðunandi horf.

Um það er ég sammála hv. 1. flm. að útivist er holl og nauðsynleg hverjum einstaklingi og hana er sjálfsagt að tryggja og bændur amast ekkert við henni, það er síður en svo. Það þarf að sjálfsögðu að hafa á henni skipulag, það verður að sjálfsögðu að hafa skipulag á nýtingu lands og umgengni við landið. Það er hér minnst á

veiðiskapinn. Það þarf að hafa skipulag á veiði lax og silungs, því að annars blasir við rányrkja annars blasir við óbætanleg rányrkja ef þau mál eru ekki leyst á félagslegum grundvelli. Það verður að fara vel og skipulega með landið, ég er sammála hv. 1. flm. um það.

Í grg. koma fram andmæli við því, að einstakir bændur hafa bannað rjúpnaveiði í löndum sínum. Mér finnst skiljanleg afstaða bænda að færa fætur við því, því að því miður held ég, að óhætt sé að fullyrða, — að hér á landi tíðkist óvitaskapur í meðferð skotvopna. Það þarf að koma miklu betri skipan á meðferð skotvopna almennt í landinu heldur en nú er. Og það hefur borið að höndum hörmulega atburði vegna eftirlitsleysis og skipulagsleysis. Það eru þess meira að segja dæmi, að bóndi, sem fór að fé sínu, varð fyrir skoti veiðimanns, og búpeningur hefur hvað eftir annað, svo að mér sé kunnugt um, orðið fyrir skotum, væntanlega slysaskotum fremur en að um beint kæruleysi hafi verið að ræða.

En það er þetta um umgengnina við landið. Ég hygg, að hún verði á engan hátt betur tryggð en með eignar- og yfirráðarétti bænda, ekki betur tryggð með nokkru öðru því skipulagi sem mér kemur í hug. Þessu valda fyrst og fremst tengsl bænda við landið, bæði efnahagsleg og ekki síður tilfinningaleg. Það eru bæði tengsl bóndans við bújörð sína og kannske ekki síður við afrétt sinn. Ég held, að skásta tryggingin fyrir skynsamlegri notkun landsins, fyrir skynsamlegri varðveislu landsins sé einmitt í því fólgin að þessi réttur verði virtur áfram. Ég vil benda á að það sé alveg tvímælalaust, að búskapur á sjálfseignarjörðum sé eðlilegri en á leigujörðum. Það er að vísu hægt að nefna þess ýmis dæmi að leiguliðar hafi búið vel, þeir hafa búið vel á öllum öldum. En þess eru þó fleiri dæmi að sjálfseignarbændur hafi búið vel.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um friðhelgi eignarréttarins. Það hafa verið fluttar einmitt um þessa till. á undanförnum þingum skilmerkilegar og fræðilegar ræður um eignarrétt, og ég held að það sé útrætt um það, að þetta sé aðför að honum.

Hv. þm. Ingi Tryggvason ræddi nokkuð úr þessum ræðustól áðan um stöðu bóndans í þjóðfélaginu. Þessi þáltill. er í mínum huga að nokkru leyti angi af þeirri áráttu að vera að agnúast út í bændur. Sumir þm. Alþfl. hafa gert sig seka um það, og nú á síðustu og verstu tímum hefur annað aðalmálgagn Sjálfstfl. tekið undir þann söng og gersamlega yfirgnæft þá sem tóninn gáfu í upphafi.

Þessi till. hefur ekki verið afgr. á undanförnum þingum. Ég er alveg sammála hv. þm. Pálma Jónssyni um það, að ég held að það sé kominn tími til að hún hljóti afgreiðslu. Ég vænti þess, að nú verði orðið við því og hún verði afgreidd og afgreidd á þann hátt að hún verði felld.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa till. að þessu sinni. Fyrir nokkrum árum, þegar hún var flutt, ræddi ég um hana úr þessum ræðustól og ég þarf ekki að endurtaka neitt af því sem ég sagði þá. Þá fjallaði ég fyrst og fremst um það, hver ætti landið og hvaða tilhögun á eignarréttinum ég teldi farsælasta. Það, sem kemur mér til þess að taka til máls að þessu sinni um till., er í raun og veru aðeins tvennt sem kom fram í máli flm., hv. 2. landsk. þm., og það voru vangaveltur hans um það, á hvern hátt ætti að tryggja þéttbýlisfólki aðgang að landinu, og í öðru lagi sú fullyrðing hans, að í eignarlöndum væru uppi skilti sem bönnuðu vegfarendum eitt og annað, umferð með skotvopn og annað því líkt.

Ég verð þó að segja, áður en ég sný mér að þessum tveimur þáttum, að ég sé ekki, að eins og þessi till. er upp byggð geri hún ráð fyrir í raun og veru neinum breytingum frá því sem er um eignarráðin, því að eins og kom fram í máli hv. þm. Pálma Jónssonar áðan, þá er gert ráð fyrir því að það sé kölluð alþjóðareign ef sveitarfélag á land og ríkið, því að það mun rétt vera, þau eiga megnið af hinu óbyggða landi, þó að ein og ein bújörð sé talin ná inn á hið óbyggilega land. „En bújarðir verði í eigu bænda þegar þeir kjósa þann hátt," segir hér, svo að mér er ekki alveg ljóst til hvers þessi till. er flutt, ef þetta er efni till., nema það komi þá í ljós, sem lítilsháttar var ýjað að áðan, að í síðari hlutanum væri verið að gera ráð fyrir allt öðru en í fyrri hlutanum. En mig langaði aðeins til að koma nánar að þessu með þéttbýlisfólkið og aðganginn að landinu.

Í grg. með till. er sagt svo: „Hinn landlausi meiri hluti þjóðarinnar, sem í þéttbýli býr, hefur mikilla hagsmuna að gæta. Á þetta minna sífelldar auglýsingar í haust á banni við rjúpnaveiðum á stórum svæðum landsins." Eins og kom fram í máli hv. 3. þm. Norðurl. v. er í raun og veru ekkert undarlegt þótt þeir, sem hafa not af rjúpnaveiðilöndum, vilji vita af því þegar skotmaður er á ferð og óski þess vegna eftir því að menn, sem ætla sér til rjúpnaveiða, fari ekki um löndin til þess að skjóta rjúpur nema þeir biðji um leyfi. Það er ekki óskað eftir því að menn biðji um leyfi til þess að neita þeim, heldur til þess að vita um það að menn eru á ferð með skotvopn, til þess að þeir eyðileggi ekki bæði búfénað og mannfólkið, sem allt getur komið fyrir eins og menn hafa farið kæruleysislega með þessi áhöld. Ég hef af því reynslu heima á minni jörð, að þar er mikið sótt eftir því að skjóta grágæs þegar veiðitíminn er, og ég fer hiklaust til og aðvara þá menn sem koma með byssur, ef þeir hafa ekki komið heim á bæinn og beðið um leyfi. Þá er farið að athuga hverjir þar eru á ferð. En ég man ekki til þess, að ég hafi nokkurn tíma neitað manni um leyfi til þess að skjóta gæsir, nema ég hef mátt til að aðvara þá þegar á sömu svæðum hefur verið svo þétt af sauðfé að það hefur ekki verið hættandi á að skjóta á þeim landssvæðum. Það eru þess vegna engin undur þó að þessi bönn eða þessar auglýsingar um veiðibann séu settar fram. Þær eru, eins og ég segi, ekki settar fram í því skyni að það skuli alls ekki vera stundað að neinu leyti, heldur einungis til þess að maður geti haft veður af því þegar slíkir skotmenn eru á ferð.

Ég vil benda á það, að þegar hefur verið gert nokkuð að því að tryggja fólki aðgang að land-

inu. Það má minna á þjóðgarða og fólkvanga sem þegar hafa verið settir upp. Ég þarf ekki að fara að telja þá upp. En hér í næsta nágrenninu hafa nokkur sveitarfélög, sem eiga sameiginlegt land hér uppi í heiðinni, bundist samtökum um að koma upp fólkvangi til þess að fólk hefði þar land að ferðast um. Það er þetta sem ég held að fari mjög í vöxt, vegna þess að fólkið sem býr í landinu, dreifbýlinu, og á landið, finnur það ekki síður en þeir, sem eru inni í þéttbýlissvæðunum, hvers virði það er að geta gengið um og komist í snertingu við náttúruna. Ég kvíði því þess vegna ekki að til þess að fólkið geti notið landsins þurfi að breyta um eignarráð á því.

Hv. flm. sagði áðan, að í eignarlöndum væru uppi skilti sem bönnuðu vegfarendum hvaðeina. Ég verð að segja það, að ég kannast ekki við að hafa orðið þessa var. Það eru að vísu til eignarlönd sem ég sé að eru afgirt og þar stendur á hliðinu: „Einkavegur. Óviðkomandi bannaður aðgangur.“ Og svo er hengilás. En það eru ekki bændur sem hafa gengið svona frá. Það eru þeir sem hafa fengið sér sumarbústaðaland úti í dreifbýlinu, sem hafa þóst þurfa að hafa þessa aðferð til þess að vernda eign sína. Ég held að þetta sé óheppilegt og við þyrftum að hafa önnur ráð til þess að varðveita eignir okkar heldur en þær sem þarna er lýst. En ég vísa því á bug, að það sé algengt í eignarlöndum manna að setja upp bönn með skiltum svo að vegfarendur komist ekki um löndin. Hins vegar verður því ekki á móti mælt, að á þeim stöðum, sem ríkið hefur tekið til sinna afskipta í þjóðgörðum og skógræktarlöndum og fólkvöngum, þar hafa umráðamenn þessara staða neyðst til að setja upp skilti til þess að segja fólki til um það hvað því er leyfilegt og hvað ekki, svo að ég er alveg sannfærður um að þó að allt land yrði eign ríkisins, þá mundi ekki fækka þeim skiltum sem tilkynntu bann við einu og öðru, þeim mundi stórfjölga.

Ég ætla ekki að lengja umr. meir en þetta um málið að þessu sinni. Ég vildi gjarnan, að afgreiðslu þess yrði hagað svo að þessu sinni að maður fengi tækifæri til að taka það betur til meðferðar við framhaldsumr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fjórir hv. þm. hafa staðið upp til þess að andmæla þeirri till. sem hér er til umr. Þeim er það sameiginlegt að þeir líta allir á þetta mál svo til eingöngu frá sjónarhóli bænda, þeir telja frv. vera árás á bændastéttina og lesa bæði inn í till. sjálfa og þennan rökstuðning, sem með henni hefur verið fluttur, miklu meira og allt annað en þar er um að ræða. Það er t. d. fullyrt, að flm. skilji ekki tilfinningu hins íslenska bónda fyrir því að búa á eigin jörð, enda þótt það standi greinilega í till. að það er gerð sú undantekning frá grundvallarstefnu hennar að bændur skuli eiga jarðir sínar áfram. Þetta hefur verið margoft sagt, og þessi undanþága frá almennri þjóðareign er auðvitað komin af því að við skiljum þetta. Þó að við séum sósíalistískir í hugsunarhætti og verðum það sjálfsagt lengi, þá hef ég ekki séð neitt það sósíalistískt kerfi á landbúnaði að ég treysti mér til að mæla með því, og hef ég þó heimsótt bæði samyrkjubú í Rússlandi og Ísrael og einu eða tveim öðrum löndum. Bændur þurfa ekki að óttast það.

Ég tel sem sagt, að andmæli hafi verið allt of þröng og út frá allt of þröngum sjónarmiðum, en að andmælendur hafi leitt hjá sér að ræða þær stórfelldu breytingar á þjóðlífi okkar, á öllum aðstæðum í heiminum, hér á landi og annars staðar, sem skapast hafa á undanförnum áratugum og viðurkennt er um allan heim að eru orðin að stórfelldum vandamálum, þéttbýlið, viðhorf þess til landsins og hagnýting auðæfa landsins o. s. frv. Þeir líta fram hjá öllum þessum stóru atriðum, nefna þau ekki á nafn, en fara með þetta eins og tilfinningamál á þeim grundvelli að gerð hafi verið með þessari till. árás á bændur sem ég neita algerlega.

Það er túlkun út af fyrir sig að segja, að þrátt fyrir skýr ákvæði í till. um að bændur skuli eiga jarðir sínar áfram, þá þýði þetta að jarðir bænda muni samt lenda í ríkiseign, ef þetta mál yrði framkvæmt. En ég lít svo á að þessi túlkun sé þveröfug við augljósan bókstaf till. Þeir, sem vilja skilja þetta öfugt, verða þá að gera það, en ég tek skýrt fram að ég lít ekki svo á. Ég tel, að eign bænda á bújörðum ætti að halda áfram og gæti þrátt fyrir framkvæmd þessarar till. og m. a. vegna hennar orðið miklu sterkari en hún er í dag, m. a. af því að ríkið mundi hafa möguleika til þess að veita mönnum ódýrt land ef þeir þurfa á því að halda. Ég tel sjálfsagt að leiguliðar, þeir sem vilja, eigi að fá kost á því að eignast jarðirnar með hagkvæmum kjörum. Sjálfseignarbændur hér á Alþ. og raunar víðar hafa lengi sýnt heldur litla virðingu fyrir leiguliðum í þessu landi. Skal ég að vísu ekki kveða upp neinn dóm um það, hvort þeir búa verr en aðrir, en engu að síður finnst mér að það þurfi að gefa þeim betri hlut og betri kost á að eignast jarðir sínar ef þeir óska þess. Það ætti að vera hægt innan þess ramma sem hér er um að ræða.

Það var nokkur munur á málflutningi hinna fjögurra þm. Einn þeirra er í Sjálfstfl., og hefur komið í ljós undanfarna daga að hann er þar ærið langt til hægri og töluvert langt til hægri við suma af ráðh. flokksins og líklega þá stefnu sem flokkurinn hefur fylgt frá því að Ólafur Thors var ungur maður, eins og kom fram í gær. Aðrir, sem hér hafa talað, virðast vera meira félagslega hugsandi og mér fannst t. d. á hv. 6. þm. Norðurl. e. að hann hefði svipuð viðhorf og ég um ýmsar þær röksemdir sem fram er að færa fyrir þessu máli þó að hann drægi aðrar ályktanir af þeim.

Það er ekki hægt að ganga fram hjá því, að vandinn er ekki við jarðirnar sem bændur eiga sjálfir og búa á. Hann er miklu meiri við allar þær jarðir og allt það land sem einstaklingar, er búa annars staðar og þá yfirleitt í þéttbýlinu og hafa peningaráð, eru að hrifsa undir sig í vaxandi mæli ár frá ári. Þetta er vandamálið. Og það er fróðlegt að heyra það, að merkisbóndi skuli segja hér, að þar sem eru skilti á girtu landi er banna eitt eða annað, þá sé það oftar á landi sem aðrir en bændur eigi. Í þessu felst viðurkenning á að vandamálið snertir mjög það,

að aðrir en bændur eru að seilast til eignarréttar á landinu. Og það getur ekki verið, það er óhugsandi að hugsandi bændur séu ánægðir með það, þegar peningamenn kaupa upp hálfar sveitir, helst hlunnindajarðir, t. d. meðfram ám, og leggja allt í eyði, láta standa eitt eða tvö skrauthýsi, en að öðru leyti eru blómleg héruð í eyði. Það er einmitt þetta, landþrengsli, aukinn auður og ýmislegt fleira, þessi almenna þróun mála hefur leitt til þess, að einstaklingar seilast mjög til þess að festa fé sitt á arðbæran hátt með því að eignast jarðir og þá sérstaklega jarðir sem eru hlunnindajarðir.

Ég lét orð falla um það, að víða sæjust skilti með vegum sem bönnuðu eitt og annað. Ræðumenn tóku þetta mjög óstinnt upp og lögðu mér það í munn, að ég hefði verið með þessu sérstaklega að ásaka bændur sem ég nefndi alls ekki á nafn. Ég sagði, að þessi skilti og þessi bönn væru til. En þau eru, eins og hér hefur komið fram, ekkert síður á landi sem aðrir eiga. Ég get nefnt t. d. eitt mjög gott dæmi. Það er fallegur, lítill dalur ekki langt frá Reykjavík, mjög girnilegur til útivistar fyrir þéttbýli í nágrenninu. Það rennur á eftir miðjum dalnum. Það eru oft haldin mót þarna, skátamót og annað slíkt. Ferðamenn eru þar mjög oft. Öðrum megin í dalnum eru tvö býli, og þéttbýlisfólkið, sem þarna kemur, er alltaf þeim megin í dalnum. Þar fær það leyfi til þess að tjalda, til þess að halda mót, en hinn helmingur dalsins, allt sem er handan við ána, er í eign auðugs einstaklings hér í Reykjavík og þar er allt bannað og allt lokað. Þetta er glöggt dæmi um þá þróun sem við höfum varað við og teljum að megi ekki halda áfram óheft.

Það er athyglisvert, að hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur sýnilega mikinn áhuga á því, að sveitarfélögin geti hagnýtt sér þann forkaupsrétt sem þau þegar hafa á jörðum, m. ö. o. telur hann æskilegt að sveitarfélögin eignist sem mest af jörðum og þá væntanlega að það sé mun betra að þau eignist landið en að einhverjir einstaklingar annars staðar kaupi það. Þarna erum við sammála. Það má að vísu toga orðin og segja að það sé ekki alveg rökrétt að tala um þjóðareign og segja að sveitarfélagaeign geti fallið þar undir. Engu að síður er þetta efnislega þess eðlis, að við lítum svo á að það geti vel fallið saman. Það fór því aldrei svo að við værum ekki sammála um eitt verulega þýðingarmikið atriði.

Ég mótmæli því algerlega, að þetta mál sé nokkur árás á bændastéttina, en lít svo á, að framkvæmd þess með tímanum mundi geta orðið til þess að tryggja verulega stöðu bændastéttarinnar, því að hún er nú einu sinni stór og áhrifamikil stétt, sem gæti gætt hagsmuna sinna mun betur við þessar aðstæður heldur en í því endalausa tafli við peningasummurnar og peningafólkið í þéttbýlinu, sem ásælist landið í allt öðrum tilgangi heldur en að búa þar og hagnýta það.

Ég vil að lokum endurtaka það, að tortryggni bænda og bændaþm. í garð þessa frv. er ekki á rökum reist að minni hyggju og sú hugsun, sem er að baki frv., gengur alls ekki í þá átt. Ég vil hvetja menn til þess að líta á landið frá stærri sjónarhól, skoða það í ljósi þeirrar almennu og stórfelldu þróunar sem er að verða í heiminum og þá hér á landi líka. Með tilliti til þess teljum við að það verði með hverju ári ljósara, að til frambúðar verði langfarsælast að landið sé í eigu þjóðarinnar, ýmist ríkisins eða einstakra sveitarfélaga.

Ég læt mér í léttu rúmi liggja allar ásakanir um að við höfum ekki alvarlegan áhuga á þessu máli. Þegar málið hefur komið til n. undanfarin ár hefur það verið rætt þar og fulltrúar Alþfl. hafa fljótlega heyrt hverjar skoðanir nm. voru. Okkur hefur orðið það ljóst, og sem við vitum vel, að það er mikill meiri hl. þm. sem virðist vera andvígur frv. Það er alveg rökrétt að ýta ekki á eftir því að frv. sé fellt, vegna þess að við eru sannfærðir um að þær hugmyndir, sem í því felast, muni vinna fylgi smám saman. Það er þess vegna sem við flytjum það ár eftir ár. Og ég hygg að það sé þess vegna sem hv. 2. þm. Norðurl. v. var svo önugur út í það, að við skyldum leyfa okkur að flytja þetta mál aftur og aftur, og velti vöngum yfir því hvað kynni að valda. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að líklega gætu ýmsir glapist til fylgis við Alþfl. út af þessu máli. Ef þetta er eins vont mál og hann heldur sjálfur, mundi maður ekki ætla að það hefði þau áhrif. En það skyldi þó ekki vera að þau ummæli hans gefi einmitt til kynna, að hann óttist að þetta mál muni njóta vaxandi fylgis, eftir því sem fram líða stundir, og það sé þess vegna sem hann krefst þess að það verði sem allra fyrst afgreitt og fellt. Ég vona það að þær hugmyndir, sem í frv. felast, muni sigra að lokum, jafnvel þó að það taki sinn tíma.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þau orð síðasta ræðumanns, að ásókn þeirra manna, sem ekki hyggjast nytja land sjálfir, er mikið vandamál. Þetta held ég að ég hafi tekið fram í fyrri ræðu minni, og ég vil taka undir það, að það þarf að finna aðferðir til þess að verslun með land færist ekki inn á það sem ég vil kalla óeðlilegar brautir, sem sumir kalla brask. En mig langar til þess í örfáum orðum að reyna að gera svolitla grein fyrir því, hvers vegna menn eru svo tortryggnir út í till. sem þessa, og mér finnst það felast í till. sjálfri.

Ég tók það upp hér áðan, sem hv. 2. landsk. þm., fyrsti flm. till., tók að vísu upp, að hér stendur á þessa leið: „En bújarðir verða í eigu bænda, þegar þeir kjósa þann hátt fremur en að hafa lönd sín á erfðafestu. Ríki og sveitarfélögum skal þó tryggður forkaupsréttur á öllu landi.“ Þetta skoða ég alveg hiklaust þannig, að ef ríkissjóður vildi nota þennan forkaupsrétt gagnvart þeim sem vilja búa á landinu, þá verði ekki fram hjá því komist. Það má segja sem svo, að ef stjórnvöld eru á ákveðnu tímabili þeirrar skoðunar, að bændurnir eigi að eiga landið, og skipti verða á eignaraðild þeirra, sem hafa haldið eignarrétti á landinu, þá sé þetta í lagi, en ef á næsta tímabili kemur ríkisstj. sem er þeirrar skoðunar, að allt land eigi að renna til ríkisins, þá fari það þangað. Þannig skil ég þessi ákvæði eins og þau koma hér fram. (Gripið fram í.) Já, hugsunin er kannske önnur og hugs-

unin er kannske ágæt, en það er ekki nóg. Orðin þurfa að túlka hugsunina þannig að þau valdi ekki misskilningi og tortryggni.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram áður, að hv. frsm. hefur flutt mál sitt hér af hófsemi og skilningi. Hann undraðist að vísu nokkuð að þeir menn, sem hér hafa risið upp, hafa túlkað sjónarmið bænda. Ég vil leyfa mér að láta þá skoðun mína í ljós, að einmitt þetta, afnotaréttirinn, umráð landsins, er auðvitað meira tilfinningamál bændastéttarinnar og bændanna en nokkurra annarra í landinu. Það eru bændurnir, sem hafa tryggð við þann forna atvinnuveg að framfleyta sér á landinu, og það hlýtur alltaf að verða svo, að þeir, sem standa í nánustu sambandi við landið, líti þetta nokkuð öðrum augum en þeir, sem — oft að vísu óviljugir — urðu að hverfa frá beinum afnotum af landinu. Ég get út af fyrir sig mjög vel skilið þörf og löngun þéttbýlisbúanna til umgengni við landið. Við höfum ekki verið hér bændur í 11 aldir án þess að tengsl okkar við landið hlytu að setja djúp spor í hugsunarhátt hvers einasta manns. Þau tengsl og þau áhrif verða ekki máð út með einni kynslóð. Og ég ber fyllstu virðingu fyrir því sjónarmiði að allir eigi þess kost að njóta íslenskrar náttúru. En ég vil endurtaka það, að ég álít að eignarhaldi á jörðunum verði best komið í höndum þeirra, sem nytja landið sjálfir, bændanna og sveitarfélaganna. Þess vegna sé þessi till. að þessu leyti óþörf. Hitt vil ég líka taka fram, að ég tel mjög nauðsynlegt að sett verði löggjöf og það sem fyrst, sem miðar að því að tryggja að landið sé áfram í eigu þeirra sem nytja það, þ. e. a. s. fyrst og fremst bændanna og sveitarfélaganna. Og ég vona að við hv. frsm. þáltill. getum orðið samferða um að samþykkja slíka löggjöf, sem verði þá til trausts og halds fyrir bændastéttina í framtíðinni og þjóðinni allri til hagsældar.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki ástæða til þess að orðlengja mikið um þetta. Ég vil endurtaka það, að ef svo er, að við lesum annað út úr þessari till. en flm. meina, þá er það vegna þess að þar stendur að einhverju leyti annað en þeir hugsa. Ég vil líka leyfa mér að segja, að það kann að vera sumra manna mál að sjónarmið þeirrar stéttar, sem enn þá á, eins og kallað er, meginhluta landsins, sé nokkuð þröngt í þessu efni. En það, sem kallað er þröngt í þessu efni, er einfaldlega það sem ég var að reyna að gera grein fyrir áðan, að ég tel að bændastéttin sé með því að verja umráðaréttinn yfir landinu að verja rétt sinn til að lifa í landinu, tilverurétt sinn í landinu og virðingu sína í landinu sömuleiðis, ekki vegna þess að bændastéttin eigi að misnota á nokkurn hátt þennan rétt, heldur vegna þess að bændastéttinni sé treystandi til þess að nýta þennan rétt með sóma, sjálfri sér og þjóðinni til góðs.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Það hefur í raun og veru komið í ljós, að það eru ekki í sjálfu sér eignarráð á landinu sem flm. eru að berjast fyrir, heldur eignarráð á þeim hluta þess sem einhverjir nýríkir þéttbýlismenn hafa keypt, skilst mér. Og þar sem það hefur nú nýlega komið í ljós í blöðum að ég væri einn af þessum nýríku, þá langaði mig til aðeins að skýra sjónarmið mitt í þessu efni.

Það er nefnilega þannig, að til þess að kaupa land í dreifbýlinu þarf ekki neina nýríka menn, það þarf aðeins menn sem trúa á að landið sé verðmætt. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að það hafi lengst af þurft mjög góða jörð úti á landi til að jafnast í verðmæti á við eina lélega kjallaraíbúð í Reykjavík. Og þá kem ég að því, sem drepið var á hér áðan, að jarðir mættu ekki vera dýrari en það að búskapur gæti borið þau verðmæti. Þar álít ég að sé ein grundvallarhætta, að maður, sem hefur búið á sinni jörð, hefur skapað sín verðmæti, byggt sitt hús, hann á ekki að fá endilega til baka þau verðmæti sem hann hefur lagt í jörðina, heldur andvirðið þannig að það sé hægt að búa á jörðinni, og þá miðar hann við það verðlag sem er á landbúnaðarafurðum í það og það skiptið.

Ég veit vel um það, að **bújarðir hér og hvar** um landið hafa verið seldar langt undir einu íbúðarverði í Reykjavík, enda þótt á þeim hafi verið ágætis íbúðarhús og þar hafi verið búið að starfa mikið og mikið búið að gera. Þetta finnst mér ómaklegt, og ég held að þau ábúðarlög, sem voru hér í þinginu í fyrra, muni einmitt tryggja það að þeir, sem hafa búið á jörðunum, fái aldrei sín verðmæti til baka ef þeir þurfa að selja sínar jarðir.

En varðandi þjóðnýtingu á jörðum verð ég að segja það, að í minni sveit eru tvær jarðir í ríkiseign og eru búnar að vera það mjög lengi. Ein stjórnarráðsskrifstofa hér niðri í bæ úthlutar sumarbústaðalöndum úr þessum jörðum, og þetta eru einmitt þau lönd sem eru afgirt og sveitungar og aðrir þéttbýlismenn hafa ekki greiðan aðgang að. Aftur á móti hef ég ekki séð neitt skipulag þarna og get ekki séð, að þessu sé betur skipað en þegar bændurnir láta sjálfir til einhverra, sem þeim þóknast, skika úr jörðum sínum undir sumarbústaði.

Varðandi Alþfl. og þetta mál, þá virðist hann hafa mikinn áhuga á því að það sé hægt að framleiða meira af landbúnaðarvörum í þessu landi og miklar áhyggjur af því að einstaka jörð sé keypt af öðrum en þeim sem ætla að stunda landbúnað. Ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu. M. a. eftir að ég las nál. hv. þm. Pálma Jónssonar og Eysteins Jónssonar og fleiri ágætra manna, þá sé ég ekki betur en þar standi að í öllum sýslum landsins nema einni eða tveimur er landið talið ofnýtt, þ. e. a. s. ofbeit sé ein orsök gróðureyðingar. Í hinum tveim sýslunum, sem um er getið, er sagt að landið sé fullnýtt. Meðan svo er, þá get ég ekki séð neina stórhættu í því þótt einhver hluti af landinu sé geymdur. Land eyðijarðanna er ekki tapað land, það er að einhverju leyti nýtt af nágrannajörðum, en það er geymt land og er til reiðu þegar á því þarf að halda til búskapar. Ég held að þetta sé mikið atriði, og ég held að það sé alveg nóg í augnablikinu að ríkið eigi milli 800 og 900 jarðir. Ég tek undir það, sem sagt var hér áðan, að það sæist ekki að þær væru sérstaklega betur setnar en einkajarðirnar, og ég held að það geti aðeins aukið samskipti manna í dreifbýlinu og í þéttbýlinu og geti að ýmsu leyti haft góð áhrif að menn geti eignast jarðarparta úti á landi ef

þeir hafa hug á því. En varðandi hlunnindin, þá er það rétt, að víða í nágrannalöndum og t. d. í Bandaríkjunum er veiði í ánum ríkiseign og mega allir fiska þar fyrir lítið gjald. En venjan er þá líka sú, að þar er yfirleitt ekkert að fiska og yfirleitt mjög lítill áhugi.

Það er kannske ekki tilviljun að hér á Íslandi, þar sem það fyrirkomulag er sem nú er verið að ráðast á, hefur fiskgengd í ám vaxið mjög mikið á undanförnum árum. Mun Ísland vera eina landið við Norður-Atlantshaf sem það á við.

Varðandi önnur hlunnindi, eins og jarðhita, þá er það svo, að ég held, að það séu þrjú háhitasvæði á landinu sem eru í eigu einstaklinga, hitt mun vera í eigu sveitarfélaga. Ég held að það þurfi ekki neina sérstaka löggjöf til að tryggja að það geti verið hagnýtt til almenningsheilla ef þörf er á. Hins vegar er það rétt, að það er mikið vandamál með jarðir sem liggja að þéttbýliskjörnum, vegna þess að sú stefna sveitarfélaganna hefur verið uppi að þær þyrftu að kaupa landið, en ekki láta eigendur jarðanna selja einstakar lóðir, og hagnýta sér þá þau ákvæði laga um skipulag, að skylt er að setja ⅓ af löndum, sem tekin eru til byggðar, undir almennar þarfir sveitarfélagsins. En ég held að þetta sé ekki eins mikið framtíðarvandamál og menn vilja vera láta, vegna þess að þegar gatnagerðargjald er komið kannske upp undir millj. kr. fyrir eitt einbýlishús, þá held ég að geti varla skeð að það verði hægt að selja lóðina undir húsið á því okurverði sem um hefur verið talað hér.

Ég vil leggja áherslu á það, að ég tel, að meðan fólk um allt land getur keypt eignir hér á þéttbýlissvæðunum eins og því þóknast, þá sé engin sanngirni í því að menn geti ekki keypt jarðarskika úti á landi ef þeir hafa hug á því. Ég sé ekki neina skaðsemi í því og ég ber engar áhyggjur vegna þess að bændum og þessum mönnum geti ekki komið saman. Ég hef ekki þá reynslu af því. Hins vegar held ég að það væri mikið skaðræði, ef einhverjir átthagafjötrar ættu að koma hér, ef t. d. menn í dreifbýlinu mættu ekki kaupa sér íbúð hér í Reykjavík og nýta hana á sama hátt og sumar jarðir eru nýttar þótt þær séu ekki setnar af eigendum.

Ég sé ekki grundvöll til þess að það sé nokkur nauðsyn að breyta því skipulagi sem hér hefur verið um eignarráð á landi. Ég álít að það þurfi að búa þannig um hnúta að eignarrétturinn geti ekki torveldað framkvæmdir til almenningsheilla. En jafnframt finnst mér að enda þótt ríkið eigi jarðir, þar sem gera þarf framkvæmdir eins og virkjanir, þá sé eignaraðild ríkisins ekki trygging. Ábúðarrétturinn getur orðið til þess að torvelda framkvæmdir. Frá þessu þarf að ganga miklu tryggilegar en hingað til hefur verið gert, en það þarf ekki að verða til þess að allsherjarþjóðnýting fari fram.

Umr. frestað.

Efri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Skólaskipan á framhaldsskólastigi, þáltill. (þskj. 355). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegalög, frv. (þskj. 349, 180, 313,5, 348, 357). — 3. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 357 leggur samgn. fram brtt. við 11. gr. frv. til vegalaga. Við 2. umr. málsins í d. komu fram óskir um nokkrar breyt. á þessari gr. og reyndi n. að færa hana í það horf, sem hún taldi fært til þess að ganga á móts við þessar óskir. Þær breyt., sem felast í till., eru helstar þær að í stað þess að þessu fé, þ. e. 25 af hundraði þéttbýlisvegafjárins, sem eins og í frv. stendur skal ráðstafað eftir till. vegamálastjóra að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, þá komi að þessu fé skuli ráðstafað af fjvn. Alþ. að fengnum till. vegamálastjóra.

Hér er um það mikið fjármagn að ræða, — áætlað um 70 millj. kr. á þessu ári, — að ástæða þótti til þess að Alþ. eða n. í umboði þess tæki endanlega ákvörðun um það hvernig því yrði ráðstafað. Þessu fjármagni er ætlað, eins og komist er að orði í brtt., að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi í þéttbýli. Er gert ráð fyrir að með því megi gera vinnubrögð við gatnagerðina hagkvæmari, vinna skipulegar, taka fyrir ákveðin svæði og ljúka þar, en slíkt er nauðsynlegt vegna þess að þetta verður ekki unnið nema með miklum tækjakosti. Því ríður á miklu að það sé ekki verið að flytja tækin til að óþörfu, þar sem annars yrði e. t. v. eytt eins miklu fjármagni í tækjaflutninginn og verkið sjálft. Það verður að koma í veg fyrir slíkt og reyna að vinna að þessu á skipulegan hátt. Það leiðir af sjálfu sér að þá þarf að gera áætlun um verkefnin nokkuð fram í tímann og þess vegna ætti jafnframt að vera hægt að ákvarða ráðstöfun þess með nokkrum fyrirvara, en ekki að bíða alveg fram á síðustu stundu með það.

Önnur aðalbreyt., sem felst í brtt. n., er sú, að í staðinn fyrir það að við lögðum til við 2. umr. málsins að það væri heimilt að nota þetta fjármagn einnig til vega- og gatnagerðar í þéttbýli sem væri með 100—200 íbúa — sú brtt. var dregin til baka til 3. umr., — þá ákváðum við að breyta því á þann veg að það væri heimilt að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúa. Þar með er það lagt á vald fjvn. hversu langt hún gengur í því. Það er ekki þar með sagt, að við ætlumst til þess að það sé farið niður í það, að átt sé við gatnagerð í kringum örfá hús, heldur hitt, að ef eitthvert þéttbýli væri rétt á mörkunum við þá tölu, sem ákveðin væri sem lágmark, gæti það orðið mjög óþægilegt í framkvæmd. Vegna þeirrar vinnutilhögunar, sem ég nefndi áðan, verður að vinna þetta skipulega þannig að taka fyrir ákveðna landshluta og þá gæti orðið mjög óþægilegt, ef eitthvert þorp væri rétt neðan við þau mörk, sem lögin kynnu að ákveða, en það yrði að sleppa því vegna lágmarksákvæðis laganna og það ætti þá ekki kost á að njóta þess fyrr en kannske að mörgum árum liðnum þegar önnur yfirferð kæmi, enda þótt íbúatalan yrði komin yfir lágmarkið miklu fyrr.

Fjvn. verður vitanlega að setja sér einhverjar reglur við úthlutunina og skipuleggja verkefnin, en við töldum rétt að þetta væri lagt á hennar vald.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég get í flestu tekið undir þá brtt. sem samgn. hefur nú komið fram með, og ég lýsi ánægju minni með að nokkru breytt orðalag í þessari till. Ég hefði, eins og áður hefur komið fram hér í d., talið eðlilegra að prósentan, sem þarna er sérstaklega ráðstafað, hefði verið hærri, en get vel fallist á það fyrir mitt leyti að draga þá till. til baka eftir að komið er í ljós að um þetta næst nokkurn veginn samkomulag. Ég hefði e. t. v. líka viljað hafa ráðstöfunina í þágu sveitarfélaganna eitthvað ótvíræðari, þ. e. a. s. þeirra sveitarfélaga sem hafa erfiðasta aðstöðu. Það er örlítið erfitt að koma því þarna, en í þeim efnum verð ég að treysta á fjvn. og vegamálastjóra, að þau sjái svo til að þetta fé komi þeim sveitarfélögum að mestu gagni sem erfiðast eiga uppdráttar.

Það er vitað, að vegna þeirrar gagnrýni sem ég hef heyrt varðandi það að þetta fé skuli sérstaklega tekið út úr, þá verður það aldrei of oft tekið fram, að sveitarfélögin, landshlutasamtök þeirra, hafa óskað alveg sérstaklega eftir því mörg hver að eitthvert slíkt fé yrði tekið sérstaklega út úr hinni almennu ráðstöfun þéttbýlisvegafjárins með líkum hætti og þarna er gert, og ég reikna með því að þau treysti mjög á góða framkvæmd þessa máls.

En ég kom hingað aðallega til þess að minna enn þá alveg sérstaklega á þau byggðarlög sem hafa mikinn gegnumakstur og eru nú að leggja á bundið slitlag, þau sem mikla umferð hafa þvert í gegnum kauptúnin. Ég finn því ekki á þessu stigi nógu ákveðinn farveg, en ég mun huga að því síðar á hvern hátt verður hægt að bæta hér úr, þ. e. a. s. ef út úr þessu sérstaka ráðstöfunarfé, þessum 25%, kemur ekki sérstakt framlag einmitt til þessara byggðarlaga. Ég treysti því sem sagt að þetta ráðstöfunarfé, sem þarna er alveg sérstaklega fram tekið um, það renni að nokkru til þeirra byggðarlaga, sem hafa mikinn gegnumakstur, og treysti fjvn. til að taka það sjónarmið mjög til greina því að þarna er um sérstöðu að ræða. Að öðru leyti get ég lýst yfir stuðningi við þetta, en ítreka það, að þessi hagkvæmnisvinnubrögð og annað það orðalag, sem tekið er beint upp úr gömlum vegal., fer alltaf örlítið í taugarnar á mér vegna þess að ég veit hvað það orðalag hefur verið misnotað. En við skulum vona að það verði ekki gert eftir þetta.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hafði við 2. umr. málsins flutt brtt. á þskj. 348, sem snertir hagsmuni minnstu þéttbýlisstaðanna, þ. e. a. s. þéttbýlisstaða af stærðinni frá 50 til 200 íbúa, þar sem mér fannst að ekki ætti að binda töluna við 100, eins og till. var uppi um. Ég tek eftir því að hv. samgn. hefur tekið tillit til þessa sjónarmiðs og borið fram brtt. þar sem gert er ráð

fyrir að ákvæðið geti einnig náð til þéttbýlis með færri en 200 íbúa. Ég vil þakka n. og sérstaklega form. n. fyrir að hafa tekið tillit til þessara sjónarmiða og vil aðeins bæta því við að að sjálfsögðu dreg ég til baka þá till. sem fyrir lá á þskj. 348.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég flutti ásamt tveimur öðrum hv. þm. brtt. við ákvæði þessa frv. um skiptingu þéttbýlisfjármagnsins sem við drógum til baka til 3. umr. Ég vil þakka hv. n. fyrir að hún hefur tekið að nokkru, að vísu litlu leyti, tillit til þess sem þar var farið fram á, orðalagi nokkuð breytt á þann veg sem við teljum betra. Hins vegar harma ég að ekki hefur náðst samkomulag um að meira af þessu þéttbýlisfé sé ráðstafað án tillits til höfðatölu. Ég vil endurtaka það, sem ég hef sagt áður, að ég tel í grundvallaratriðum skakkt, að ráðstafa þéttbýlisfé eftir höfðatölu. Ég tel þörfina um land allt vera að verulegu leyti óháða fjölda þeirra sem þar kunna að búa. Margt annað kemur til sem ég hef gert grein fyrir og ætla ekki að endurtaka. Hins vegar eru í þessu frv. fjölmörg önnur ákvæði mjög mikilvæg og til bóta. Við óttumst, að það geti orðið til þess að tefja fyrir framgangi frv. að berjast til þrautar fyrir þessari brtt., og höfum því ákveðið að draga hana til baka. Þó vil ég lýsa því yfir, svo að ekki fari á milli mála, að ég mun halda áfram baráttu minni fyrir því að þeirri reglu, sem þarna gildir, verði breytt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vildi bara leyfa mér, af því að ég gat ekki verið hér við 2. umr. málsins og ég sé að það hefur verulega áunnist á milli 2. og 3. umr., að þakka hv. nm. fyrir störf þeirra í þágu málsins. Það orkar ekki tvímælis að hér er mjög til bóta farið. Hitt geta menn deilt um, hvort þeir vilja ganga lengra til þessarar handarinnar eða skemur. Það er ekki nema eðlilegt að um það geti verið deilt. En mér sýnist að hér hafi verið fundin mjög skynsamleg leið í þeim atriðum, sem mestu máli skipta, og frv. virðist sigla út úr þessari hv. d. í dag, enda þarf það að fara að hraða ferð sinni. Ég endurtek þakkir mínar til hv. nm. fyrir störf þeirra og dm. þegar þeir verða búnir að afgr. frv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki verið öruggur um það, að hv. dm. séu allir sammála samgrh. um það, að með þessu frv. sé fundin nokkuð skynsamleg leið til þess að ráða bót á þeim vandamálum sem hér er fjallað um. Ég vil itreka það, sem ég sagði við 2. umr. í hv. d. 3. mars, að hér væri gengið á hlut Reykjavíkur eins og vant er og Reykjavík enn frekar gerð að einhvers konar skattriki fyrir þjóðina alla. Fer ekkert á milli mála, að gengið er á þann hlut sem Rvík hefur hingað til fengið úr þessum sameiginlega sjóði. Verið getur að hæstv. ráðh. meini einmitt að þar sé skynsemin í vinnubrögðunum. En ég vil að gefnu því tilefni, að þegar ég tók til máls við 2. umr. hafði ég ekki meðferðis það bréf frá borgarverkfræðingi í Rvík, sem ég vitnaði þá í eftir minni, leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa það bréf upp nú. Ég vil taka það fram, áður en ég les bréfið, að það er skrifað 6. jan., en með þeim hraða sem hefur verið á breyt. á verðgildi peninganna og upphæðum öllum, þá hafa þær að einhverju leyti breyst til hins verra fyrir Reykjavík, en ég leyfi mér að vitna í þetta bréf, sem skrifað er 6. jan.:

„Fyrir Alþ. liggur nú till. um breyt. á vegal. í þá átt að skerða hlut Reykjavíkurborgar í fé sem ætlað er til þjóðvega í þéttbýli. Reglugerð frá 27. des. 1973 ákveður hvaða vegir innan þéttbýlis skuli teljast þjóðvegir í þéttbýli. Í Reykjavík er þetta Eiðsgrandi frá mörkum Seltjarnarneshrepps að Hringbraut, Hringbraut, Miklabraut og Vesturlandsvegur að Höfðabakka, Kringlumýrarbraut frá Sætúni að Fossvogslæk, Sætún, Kleppsvegur, Elliðavogur og Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut, Fossvogsbraut frá Hringbraut við Sóleyjargötu sunnan Öskjuhlíðar um Fossvogsdal að Höfðabakka, Höfðabakki frá Vesturlandsvegi að Breiðholtsbraut og Bæjarháls frá Höfðabakka að Tunguhálsi.

Þarna er um að ræða allt aðalvegakerfi Reykjavíkurborgar innan skipulagssvæða aðalskipulags frá 1965, að undanskilinni Geirsgötubrú að því er virðist. Þjóðvegakerfi þetta er ekki nærri fullbyggt, og sá hluti þess, sem gerður hefur verið, þarf nú á næstu árum verulegra endurbóta við til þess að geta annað vaxandi umferð. Má þar nefna Miklubrautina frá Háaleitisbraut að Miklatorgi, sem breikka verður innan tíðar í sex akreinar, og umferðarmannvirki á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar, svo að eitthvað sé nefnt af því efni.

Í öðru lagi vantar inn í kerfið enn sem komið er veigamiklar umferðargötur algerlega, eins og Fossvogsbrautina, og Elliðaárvogurinn og Sætúnið eru að mestu leyti ógerð. Svo að einhverjar tölur séu nefndar má slá því föstu, að umferðarmannvirkin á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar muni kosta um 200 millj. kr., en þessi gatnamót eru hin mikilvægustu gatnamót í öllu umferðarkerfi landsins, en Kringlumýrarbraut flytur nú alla umferð frá gjörvöllu Reykjanesi og þéttbýlissvæðum sunnan Reykjavíkur inn á þjóðvegakerfið í heild.

Núverandi skipting tekna Vegasjóðs til þjóðvega í þéttbýli er þannig 12½% af tekjum Vegasjóðs. Ráðh. er þó heimilt að undanskilja það fé sem renna á til hraðbrauta hverju sinni. Af því, sem þá er eftir, skal taka 10% í sjóð sem fer til úthlutunar til afmarkaðra verkefna er flýta þarf hverju sinni. Framkvæmdir, sem fjármagnaðar hafa verið með þessum fjármunum, eru m. a. Suðurlandsvegur í gegnum Selfoss, gjáin í Kópavogi og eru þetta stærstu verkin þar.

Samkvæmt vegáætlun fyrir 1975 eru markaðar tekjur af bensíngjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi 2 250 millj. kr. og sérstakt ríkisframlag til Vegasjóðs 380 millj. kr. Samtals eru þetta 2 630 millj. kr. Fé, sem renna á til hraðbrauta utan þéttbýlis, er 590 millj. kr., þannig að eftir verða þá 2 040 millj. kr. — 2 milljarðar og 40 milljónir kr. — til skifta. 10% frádregin til hins sérstaka sjóðs skilja eftir 1 836 millj. kr. Skiptingin til þéttbýlisstaða fer síðan eftir íbúatölu og eru þá meðtaldir þéttbýlisstaðir sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og er skiptingin eftir manntali 1. des. 1973 þannig að Reykjavík taldist hafa 84 333 íbúa, en

þéttbýlisstaðir með 300 íbúum eða fleiri í heild 182 800 íbúa. Þannig átti hún 46.13% af því fé, sem til skipta kemur, og gerir það skv. áætlun Vegagerðar ríkisins um 105.6 millj. kr. árið 1975. Þetta er það sem átti að koma til Reykjavíkur.

Frv. það, sem fyrir Alþ. liggur til breyt. á þessu, fjallar um það að í stað 10% frádráttar af skiptifénu komi 25%, og síðan sú breyting að þéttbýlisstaðir skuli teljast kaupstaðir og kauptún með yfir 200 íbúa í stað 300 áður. Breyt. þessi mun því muna Reykjavíkurborg 17—20 millj. kr. á árinu 1975, og með tilliti til þeirra brýnu verkefna, sem við okkur blasa á þjóðvegum í þéttbýli í Reykjavík, og með tilliti til þess að rúmlega 40% af tekjum Viðlagasjóðs koma frá bifreiðum reykvíkinga, tel ég að þm. Reykjavíkur," — og svo kemur rúsínan í pylsuendanum, — „ef Reykjavík á þá nokkra þm., ættu að beita sér fyrir því að þessi till. verði felld."

Herra forseti. Ég vil svo gera það að till. minni, að þessi upphæð, 10%, sem áður var, haldist. Legg ég því til að breyt. um að 10% hækki í 25% verði felld niður og eins falli niður það, sem kemur fram í brtt. á þskj. 357, að heimilt sé að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúum.

Ég leyfi mér að leggja fram brtt. um þetta.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 360) samþ. með 16 shlj. atkv.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég tel óráðlegt að skerða meira en gert er hlut Reykjavíkur af heildarframlagi því sem veitt er til lagningar þjóðvega í kauptúnum og kaupstöðum, með hliðsjón af því í fyrsta lagi hversu mikill hluti teknanna verður til hér í Reykjavík, í öðru lagi hversu mörg óleyst verkefni er hér um að ræða og í þriðja lagi hversu vegir innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur eru mikið notaðir af öðrum en íbúum höfuðstaðarins. Ég eyði ekki frekari tíma til rökstuðnings þessari skoðun, en mun greiða atkv. gegn þeirri breyt., sem í frv. felst að þessu leyti, en styð það í öðrum atriðum.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af því, sem fram hefur komið hjá hv. 12. þm. Reykv. og hæstv. utanrrh., þá finnst mér að það sé ástæða til að ég undirstriki það, sem ég sagði áðan, að hv. dm. hafa sýnt mikinn skilning á þessu máli, því að það er jafnt reykvíkingum í hag sem öðrum landsbúum að dreifa þessu fé með sæmilegri sanngirni og skynsemi. Ég held að það orki ekki tvímælis að sú leið, sem hér er valin í þeim efnum, sé mjög réttmæt. Ég efast ekki um að reykvíkingar eiga óleyst verkefni í vegamálum sínum eins og aðrir landsmenn, en hitt er ég líka sannfærður um, að þeir standa þar betur að vígi en landsbyggðin yfirleitt. Þess vegna er sá skilningur, sem kemur fram hjá hv. samgn. á þessu máli réttmætur. Ég hef alltaf talið að ég hafi metið það rétt, þegar ég á sínum tíma greiddi atkv. með því að það yrði mál allrar þjóðarinnar að byggja brýrnar yfir Elliðaárnar, svo sem gert var, og hefur þó oft verið á mig deilt fyrir það. Ég álít að það sé einnig réttmætt, nú þegar svo mikið átak hefur verið gert eins og þar var og við áframhald á þeim vegum, sem nú eru orðnir innanborgarvegir eða götur hér, að rýmka á þessum mörkum, og ég fagna því að samstaða hefur almennt náðst hér í hv. d. Hitt skil ég vel, þegar borgarverkfræðingur potaði rúsínunni í pylsuendann, eins og hv. 12. þm. Reykv. sagði, þá séu þeir, hann og hæstv. utanrrh. það kappgjarnir að þeir vilji sýna borgarverkfræðingi að hann hafi lög að mæla og við því hef ég ekkert að segja.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel ummæli þau, sem hæstv. ráðh. lét falla í lokaorðum sínum alls ekki vera til þess fallin að koma inn í umr. sem þessar. Grín og allt slíkt í sambandi við alvörumál, sem er til umr., ætti að hýsa heima fyrir og bíða betri tíma. En ég skal gjarnan grínast við hann á öðrum vettvangi en í ræðustólum Alþ. þegar alvörumál eru þar á dagskrá, ég tala nú ekki um þegar þau snerta að verulegu leyti Reykjavík, sem ég er nú þm. fyrir hér og eins hæstv. utanrrh. Við erum báðir annaðhvort núv. eða fyrrv. borgarfulltrúar og vitum nokkurn veginn hvar skórinn kreppir að, og eins á það, sem kom fram í skrifum borgarverkfræðings, fullkomlega erindi inn í þessar umr. án þess að nokkurt grín sé þar við haft.

Ég skal ekki segja að hve miklu leyti það er sérstaklega reykvíkingum í hag að dreifa fénu óeðlilega mikið. Ég vil ekki segja að það sé með neinni skynsemi gert að taka meira en réttlætanlegt er af reykvíkingum. Það held ég að reykvíkingar geti aldrei orðið sammála um, að þeir telji það skynsamlegt að taka það, sem þeim ber að nota hér í verklegar framkvæmdir, og setja það í framkvæmdir annars staðar á landinu. Hitt er annað mál, að ég held það sé fullkomlega samþykkjanlegt af hverjum sem er, hvort sem það eru reykvíkingar eða aðrir, og ekki síður reykvíkingum, að taka eðlilegan þátt í uppbyggingu á mannvirkjum um land allt, hvort sem það er vegagerð eða annað. Ég veit ekki til þess að Reykjavík hafi nokkurn tíma látið á sér standa með að taka þátt í slíkri uppbyggingu utan borgarinnar. En ég álít að það sé kominn fyllilega tími til — og þá kannske vegna hins óábyrga tals sem kom hérna fram hjá ráðh. í lokaorðum hans — að láta fara fram könnun á því hvort hlutur reykvíkinga í sameiginlegu átaki um land allt er ekki orðinn óeðlilega mikill. Ég trúi því ekki, að reykvíkingar skorist undan því að taka eðlilegan þátt í uppbyggingu á mannvirkjum utan Reykjavíkur.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mun ekki deila um það við félaga minn, hæstv. samgrh., hvor okkar sé meiri kjördæmisþm. Ég hygg að hann standi vel fyrir sínum hlut að því leyti.

ATKVGR.

Brtt. 180, 313,5 og 348 teknar aftur.
— 360 felld með 13:4 atkv.
— 357 samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv. samþ. með 17 atkv. og afgr. til Nd.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár til þess að bera fram kvörtun við þessa hv. d. og forseta þessarar hv. d. yfir fullmiklum flýti í vinnubrögðum iðnn. þessarar d. í sambandi við afgreiðslu frv. um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, flýti, sem ég tel nálgast nú á síðustu dögum óþinglegt flaustur. Ég tel mig ekki hafa fengið í hendur öll þau gögn, sem nauðsynleg eru, til þess að ég geti skilað rökstuddu áliti mínu á frv. hér í d., en önnur gögn hef ég fengið svo seint og það illa úr garði gerð að til vansæmdar horfir, og raunar svo seint að ekki hefur gefist tóm til að kanna þau svo að gagni geti komið, þegar við það er miðað að til þess er nú ætlast að iðnn. skili áliti á morgun.

Sem dæmi vil ég nefna það að álit Þjóðhagsstofnunar, sem óskað var af viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, var ekki lagt fyrir iðnn. fyrr en á fundinum í morgun. Hagsýslustjóri, sem kom til okkar á fundinn til þess að útskýra þetta álit Þjóðhagsstofnunar, kvartaði undan því að ekki hefði gefist tími til þess að vinna þetta álit eins og nauðsynlegt væri að sínu viti. Hann kallaði þetta álit Þjóðhagsstofnunar því háðulega nafni „utanlegsfóstur", sem hann sagðist vera að leggja þarna fram, vakti athygli á því hversu mjög ófullkomið það væri vegna tímaskorts og fór ekki dult með að hann teldi að þarna hefði þurft að vinna miklu meira og betra verk. Hann lagði einnig á það áherslu að hér væri aðeins reynt að svara nokkrum spurningum frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Í plagginu felast ekki svör við neinum spurningum frá iðnn. Ed. Alþingis. Varðandi mjög þýðingarmikið atriði þessarar skýrslu, þar sem eru talnalegar upplýsingar, þá tók hann fram að iðnn. mætti ekki taka of mikið mark á þessum tölum, þar sem Þjóðhagsstofnun áskildi sér rétt til að breyta þeim við nánari athugun.

Ég leyfði mér á fundinum í morgun að bera fram spurningar um nokkur atriði, sem ekki er fjallað um í þessari skýrslu, sem gerð er, eins og ég sagði áður, að ósk viðræðunefndar um orkufrekan iðnað sem bar fram allar spurningarnar.

Ég leyfði mér að bera fram nokkrar spurningar til viðbótar um atriði, sem þarna koma ekki fram, svo sem um áhrif þessa fyrirtækis í Hvalfirði á atvinnuvegi landsins og búsetuform, spurningu um það, hvaða tillit hefði verið tekið til yfirvofandi olíuskorts í heiminum, þegar út er reiknaður arður af hugsanlegri sölu ferrosilicium sem á fyrst og fremst að fara í smíði véla sem ætlaðar eru til þess að vera knúnar með olíu. Ég innti líka eftir því hvaða áhrif rekstur þessarar verksmiðju uppi í Hvalfirði kynni að hafa á markaði okkar erlendis fyrir innlend matvæli, svo sem landbúnaðarafurðir, þar sem nú fer hækkandi verð erlendis á matvælum sem framleidd eru í umhverfi sem er sannanlega talið ómengað af iðnaði. Enn fleiri spurningar eru það, sem nauðsynlegt er að Þjóðhagsstofnun fjalli um.

En fyrst og fremst er nauðsynlegt að fulltrúum í iðnn. Ed. gefist tóm til þess að skoða skýrslu Þjóðhagsstofnunar, eins og hún liggur fyrir og þar næst eins og hún verður, eftir að Þjóðhagsstofnun hefur gert á henni nauðsynlegar breytingar, sem tilkynnt var á þessum fundi í morgun að gerðar yrðu.

Ég tel með öllu fráleitt að hægt sé að ætlast til þess, að iðnn. skili áliti á frv. með svo skömmum fyrirvara eftir að þessi skýrsla Þjóðhagsstofnunar hefur verið lögð fram, — skýrsla sem raunar hefði átt að liggja fyrir þegar málið var tekið á dagskrá þessarar hv. deildar.

Í öðru lagi nefni ég það til, þegar ég deili á vinnubrögð iðnn. Ed., að dregið var fram undir það allra síðasta að kveðja til fulltrúa frá líffræðistofnun Háskóla Íslands til þess að láta uppi álit sitt á því, hvort unnt væri fyrir líffræðinga að gera úttekt á mengunaratriðum þessa frv. og samningsins, sem því fylgir, og láta uppi álit sitt á því, hvort gerlegt væri fyrir líffræðinga að kanna þau gögn sem fyrir lágu varðandi þessi atriði, og í öðru lagi að láta í ljós álit sitt á því, hvort hætta væri af völdum mengunar í sambandi við þetta mál. Það var þráast við fram undir það síðasta að kveðja til forstöðumann líffræðistofnunarinnar, Agnar Ingólfsson prófessor í vistfræði. Þegar hann kom svo á okkar fund gerði hann okkur grein fyrir því í n., að hann teldi æskilegt að líffræðingum gæfist kostur á því að gera ýmiss konar athuganir áður en þetta mál væri tekið til afgreiðslu. Hann nefndi til 5 vikna tíma í þessu skyni, miðað við það að 4 líffræðingar eða 4 sérfræðingar yrðu settir til starfa af hálfu líffræðistofnunar til þess að gera frumathuganir á prentuðum heimildum varðandi þetta mál, síðan með því að eiga viðræður við þá, sem kunnugastir væru innanlands og erlendis, og gera skýrslu til iðnn. Alþ., skýrslu þar sem niðurstaðan yrði e. t. v. sú að ekki þyrfti að gera frekari athuganir, skýrslu sem yrði tæmandi. En þó kynni að verða sú niðurstaða skýrslunnar, að líffræðistofnun teldi æskilegt að gerðar yrðu vettvangsathuganir á staðnum þar sem verksmiðjan á að rísa, — vettvangsathuganir sem fælust í athugun á veðurfari, straumum og samsetningu sjávar, gerð kort yfir lífríki staðarins, en það yrði lokaathugunin áður en tekin yrði ákvörðun um hvort þarna yrði sett upp verksmiðja. Síðara stigið kynni að taka eina 4 mánuði í rannsóknum til þess að hægt væri að skila áliti um það stig athugana.

Ég fór þess á leit að líffræðistofnuninni yrði gefið tóm til þess að gera frumstigsathugunina, þá fyrstu, til þess að við gætum fengið skýrslu þeirrar stofnunar til þess að byggja á álit okkar um það hvort um mengunarhættu væri að ræða frá þeirri verksmiðju, þ. e. a. s. ég fór fram á 5 vikna frest til þess að líffræðistofnunin gæti innt þetta starf af höndum. Þeirri ósk var synjað á þeirri forsendu að þetta tæki allt of langan tíma og óvíst væri hvort hægt væri að útvega sérfræðinga til að vinna þetta verk.

Ég tel að hér sé um að ræða svo mikið alvörumál, — mál sem skipt geti sköpum fyrir tilveru þjóðarinnar, — svo mikið alvörumál, að það sé fráleitt að setja þröng tímatakmörk fyrir störfum iðnn. þessarar hv. d. í sambandi við þetta mál. Ég vil vekja athygli á því, að ef prófessor Agnar Ingólfsson hefði verið til okkar kvaddur í upphafi, á 1. fundi eða 2. fundi iðnn., ef þá þeg-

ar hefði verið tekin ákvörðun um það að láta fram fara þessa nauðsynlegu athugun, þá hefði henni langt til verið lokið nú.

Ég mun, ef með þarf, gera frekari rökstudda grein fyrir kröfu minni um meiri tíma handa iðnn. Ed. til þess að kynna sér hinar ýmsu hliðar þessa máls, sem hér um ræðir, áður en hún skilar áliti, þ. e. a. s. svo að henni verði kleift að skila rökstuddu áliti. En fyrst og fremst á þessu stigi núna óska ég eftir lengri fresti en til morguns, — með ófullkomin plögg í höndunum, vantandi önnur, óska ég eftir lengri fresti en til morguns til þess að skila endanlegu áliti á frv. um málmbræðslu í Hvalfirði.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Iðnn. þessarar d. fékk frv. til l. um járnblendiverkmiðju til meðferðar 12. febr. s. l. Hún hefur því haft það til meðferðar í nokkurn veginn réttan mánuð. Hún hefur á þessu tímabili haldið 11 fundi (StJ: 12) 12 fundi segir hv. fyrri ræðumaður, en ég held, að þeir séu nú 11 enn, en þeir verða 12 áður en lýkur. Sumir þessir fundir hafa verið langir og miklir. Sumir þessir fundir hafa verið sameiginlegir með báðum iðnn. Á fundum þessum hafa mætt allir oddvitar sveitarfélaga við norðanverðan Hvalfjörð, sunnan Skarðsheiðar og bæjarstjórinn á Akranesi. Auk þess var leitað eftir skriflegum umsögnum þessara aðila og frá Verkalýðsfélagi Akraness, og þær hafa borist frá öllum nema einum. Þá hefur dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað ásamt ritara n. mætt á einum heilum fundi og stutt á fyrsta fundinum. Þá hefur orkumálastjóri mætt á fundi um orkumál ásamt tveimur starfsmönnum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og tveimur starfsmönnum Landsvirkjunar. Þá hefur formaður Náttúruverndarráðs mætt á einum fundi ásamt tveimur öðrum meðlimum Náttúruverndarráðs og framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs. Landlæknir hefur mætt á einum fundi n. ásamt forstjóra Heilbrigðiseftirlits ríkisins og einum verkfræðingi Heilbrigðiseftirlits ríksins. Og Agnar Ingólfsson prófessor, sem nefndur var hér sérstaklega áðan, hefur mætt á fundi n. Í morgun mætti svo forstjóri Þjóðhagsstofnunar ásamt starfsmanni Þjóðhagsstofnunar og Garðari Ingvarssyni ritara viðræðunefndar um orkufrekan iðnað. Þá hefur einnig mætt á fundi n. Hjörtur Torfason hrl., sem verið hefur lögfræðilegur ráðunautur viðræðunefndar um orkufrekan iðnað.

Ég hef að vísu ekki starfað mjög lengi á hinu háa Alþ., en ég man ekki eftir mjög mörgum málum sem hafa fengið ítarlegri meðferð. Ég hef litið svo á að það sé töluvert ítarlegri meðferð að fá þessa menn á fund, þar sem nm. gefst tækifæri til að spyrja þá út úr um hin fjölmörgu mál, heldur en að fá skriflega umsögn sem oft er mjög mikið ábótavant að minni reynslu í meðferð slíkra mála.

Ég vil jafnframt geta þess, að t. d. í orkumálum, þar sem tveir þættir voru taldir sérstaklega mikilvægir, þ. e. a. s. orkuframboð og verð á orku, leitaði n. skriflegra upplýsinga frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Landsvirkjun og hvort tveggja það liggur fyrir.

Það hljómar dálítið einkennilega þegar kvartað er undan því að umsögn Þjóðhagsstofnunar skuli komin svo seint í okkar hendur. Ég man ekki eftir því að nokkur nm. hafi farið fram á þá umsögn. Það var ekki farið fram á hana á fyrsta fundi n. þegar ég ræddi um það, hverja ætti að kalla fyrir og við hverja ætti að ræða. Ég upplýsti hins vegar að Þjóðhagsstofnun væri með þetta í meðferð fyrir tilstilli viðræðunefndar um orkufrekan iðnað. Þjóðhagsstofnun fékk það til meðferðar 10. jan s. l. og hefur því haft töluverðan tíma. Forstjóri Þjóðhagsstofnunar gerði mjög vel grein fyrir þessu áliti í morgun. Það er skakkt, sem kom fram hjá hv. ræðumanni, að hann hafi sagt að ekki mætti taka mark á því sem þarna stæði, eða hvernig hv. ræðumaður orðaði það. Hann sagðist vilja fara nánar yfir töflur sem fylgja, fylla þær betur út, og ætlaði að senda okkur blöð til viðbótar í dag e. t. v. með einhverjum breytingum. En það mikilvægasta að mínu mati var það í morgun, að ekkert kom fram hjá forstjóra Þjóðhagsstofnunar sem breytir þeirri niðurstöðu sem fram kom m. a. á fundi með t. d. Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra og fleirum á hinum efnahagslegu hliðum þessa máls, Það var ekkert, sem þar breytir neinu um. Þvert á móti er það álit, sem barst í morgun, staðfesting á því að eðlilega hefur verið að þessu máli unnið.

Ég vil geta þess að hv. þm. hefur verið ákaflega frjór í sínum hugmyndum um ýmsar athuganir sem iðnn. ber að láta gera, og sú spurning hefur satt að segja vaknað hvort þn. á að feta alla þá slóð sem opinberum stofnunum er falið að annast. Á t. d. iðnn. að ganga í gegnum alla þá leið sem Heilbrigðiseftirliti ríkisins ber að annast? Heilbrigðisefitrlitið sýndi það að mínu mati á fundi þar sem þeir menn sem ég nefndi áðan voru mættir, að Heilbrigðiseftirlitið hefur unnið mjög vandlega að þessu máli og lagt í það mikla vinnu og mikinn tíma. Ég treysti landlækni og forstjóra Heilbrigðiseftirlitsins og Heilbrigðiseftirlitinu fyllilega til þess að sinna þessu máli svo að til sóma verði. Spurningin er sú: Á ein n. Alþ. að ganga í gegnum alla þá vinnu, öll þau störf, öll þau álit, allar þær rannsóknir, sem Heilbrigðiseftirlitinu ber samkv. lögum að annast. Mitt svar er nei. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur verið sett upp sem opinber stonun til þess að annast þennan þátt slíkra mála.

Svipað má segja um Náttúruverndarráð. Náttúruverndarráði var skrifað á árinu 1973 af viðræðunefnd um orkufrekan iðnað og leitað álits ráðsins á staðsetningu verksmiðjunnar. Náttúruverndarráð svaraði þessu með bréfi skömmu síðar á því ári, að það sæi ekkert athugavert við staðsetningu verksmiðjunnar á þessum stað sem um er rætt, í Hvalfirði. Vitanlega á það að vera hlutverk Náttúruverndarráðs að láta fara fram líffræðilega úttekt á þessu umhverfi ef ráðið telur þess þörf. Það er skilyrðislaust samkv. lögum um hlutverk Náttúruverndarráðs. Og ég vil vekja athygli á því, að í sambandi við önnur slík mál, eins og t. d. þaraverksmiðjuna á Reykhólum, þar ákvað Náttúruverndarráð að fram skyldi fara líffræðileg úttekt á Breiðafirði áður en ákvörðun yrði tekin um byggingu verksmiðjunnar. Það var Náttúruverndarráð, sem fól líffræðiskor Háskóla

Íslands að annast þá úttekt. Líffræðiskor Háskóla Íslands vakti athygli Náttúruverndarráðs á þessu — ég vil undirstrika það — athygli Náttúruverndarráðs á þessu með bréfi núna í jan. Náttúruverndarráð tók þá það bréf fyrir á fundi sínum, ef ég man rétt 21. eða 23. jan. s. l., og þar kemur ekki fram sú samþykkt, að slík líffræðileg athugun skuli fara fram áður en ákvörðun er tekin um byggingu verksmiðjunnar. Ég tel það skakkt í grundvallaratriðum, að iðnn. Alþ. fari að ráða sérfræðinga til þess að gera slíka líffræðilega athugun.

Ég ætla ekki að ræða efnislega um þetta mál, það mun ég gera við framsögu mína með málinu. Þó vil ég geta þess hér, að ég tel æskilegt að hafa það sem höfuðreglu að slíkar athuganir, eins og rakið var af prófessor Agnari Ingólfssyni, fari fram áður en meiri háttar iðnaðarframkvæmdir eru ákveðnar. Í þessu tilfelli taldi Náttúruverndarráð af einhverjum ástæðum ekki þörf á því eða a. m. k. óskaði ekki eftir því í svari sínu við fsp viðræðunefndar um orkufrekan iðnað né síðar.

Ég vil forðast að fara út í efnislega meðferð málsins nú. Um það verða eflaust langar umr. í þessari hv. d. En ég vil mótmæla því að þetta mál hafi ekki fengið ítarlega meðferð í n. Að sjálfsögðu mun n. sjálf ákveða, hvort hún er sammála þessu viðhorfi mínu og þá hvert framhald málsins verður í höndum nefndarinnar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Vegna þess að hæstv. iðnrh. var ekki viðstaddur þegar ég hóf *mál mitt hér utan dagskrár varðandi vinnubrögð* iðnn., vil ég aðeins rifja það upp að ég var að æskja örlítið lengri tíma til öflunar gagna í iðnn., örlítið lengri tíma en þess sem nú virðist eiga að veita. Ég taldi mér ókleift að skila nál. á morgun þar sem iðnn. fékk skýrslu Þjóðhagsstofnunar fyrst nú í morgun, allítarlegt plagg. En ég óskaði m. a. eftir fyllri upplýsingum um ýmis ekki ómerkileg atriði, fyllri upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun, svo sem um áhrif á atvinnuvegi og búsetuform í landinu og raunar fjögur atriði önnur sem ég það um svör við.

Ég tilnefndi það einnig að Agnar Ingólfsson, prófessor í vistfræði, forstöðumaður líffræðistofnunar Háskólans, hefði talið tæknilega mögulegt fyrir d. að ljúka athugun prentaðra heimilda og öflun annarra upplýsinga, sem til þyrfti, á fjórum vikum og geta í lok fimmtu vikunnar skilað iðnn. Ed. bráðabirgðaskýrslu með áliti um það, hvort ástæða væri til að óttast hættulega mengun eða hættu fyrir vistríkið í Hvalfirði, lífríkið í Hvalfirði af völdum þessarar verksmiðju. Til þess þyrfti aðeins 5 vikur. Ég óskaði eftir því að frekari frestur yrði veittur, þannig að fyrir okkur lægi a. m. k. skýrsla um niðurstöður fyrsta stigs athugunar á þessu máli. En því var synjað á þeirri forsendu að mikið lægi á. Þetta mál hefur nú verið rösk 3 ár á döfinni, þetta málmblendiverksmiðjumál, þannig að ljóst er að hefði vilji verið fyrir hendi, þá hefði verið hægt að ljúka þessari fyrsta stigs athugun a. m. k. 44 sinnum. Annars stigs athuguninni, þar sem prófessorinn gerir ráð fyrir í mesta lagi fjögurra mánaða tíma til starfa, hefði þá verið hægt að ljúka 12 sinnum á þessum tíma ef vilji hefði verið fyrir hendi að gera þessar athuganir sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson játaði og ég er alveg viss um að nauðsynlegar væru til undirbúnings svona framkvæmdum.

Það er rétt sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði, það var ekki af hálfu nm. beðið um þá skýrslu frá Þjóðhagsstofnun sem fyrst kom í morgun, einfaldlega vegna þess að það var tilkynnt strax í upphafi að þessa skýrslu mundum við fá í hendur. Hitt er satt að það var á þeim fundi n. sem átti að verða sá síðasti að ákvörðun formanns, að ég innti eftir þessari skýrslu og rak á eftir henni. Það átti að láta n. ljúka störfum án þess að þessi skýrsla kæmi einu sinni í hendur okkar.

Ég veit að það er rétt, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði, málsmeðferðin mun koma til umr. hér í d. þegar n. skilar áliti og gefst þá tækifæri til þess að fjalla m. a. um það með hvaða hætti hefur verið unnið að þessu máli í iðnn. Ég mun láta það bíða til þess tíma að færa rök að því að störf Heilbrigðiseftirlits ríkisins til undirbúnings þessa máls hafi ekki verið eins góð og frekast varð á kosið.

Það er alveg rétt að lögum samkv. á Náttúruverndarráð að fjalla um öll þau atriði sem að náttúruvernd lúta í sambandi við stofnun fyrirtækja á borð við fyrirhugaða málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. En hitt er formanni iðnn. einnig fullvel ljóst, að sá galli er á gjöf Njarðar, að í löggjöfinni er Náttúruverndarráði ekki ætlað vald til þess að fjalla um svona mál fyrr en sótt *hefur verið um leyfi til rekstrar verksmiðju*, fyrr en stofnað hefur verið fyrirtækið sem á að reka verksmiðjuna og það hefur sótt um leyfi til verksmiðjurekstrar. Iðnn. Alþ., raunar Alþ. sjálft, á lögum samkv. ekki aðgang að áliti Náttúruverndarráðs fyrr en löngu eftir að því er ætlað að vera búið að afgreiða þetta lagafrv. Við vitum að hér í hv. Alþ. er málmblendiverksmiðjumálið á afgreiðslustigi. Hér verður tekin ákvörðun um það hvort þessi verksmiðja verður leyfð eða ekki. Það er skylda hv. Alþ. á þessu stigi, skylda iðnn. þessarar hv. d., að afla sér allra fáanlegra upplýsinga um það sem málið varðar til þess að geta myndað sér rökstudda skoðun á því hvort æskilegt sé að þessi verksmiðja komi upp í Hvalfirði eða ekki. Við höfum líffræðistofnun Háskóla Íslands sem býðst til þess að gera úttekt á því atriði sem varðar mengunina og skila iðnn. áliti innan 5 vikna. Ég spurði prófessor Agnar Ingólfsson að því, hvort líffræðistofnunin gæti skilað áliti fyrir miðjan apríl, ef henni yrði falið þetta verk á mánudag, þ. e. a. s. nú í dag, og hann sagði já, hún gæti það.

Í viðtali við hagsýslustjóra í morgun og ritara viðræðunefndar um orkufrekan iðnað kom það fram hjá ritara n., að ef gera ætti eðlilega könnun og nauðsynlega könnun á áhrifum málmblendiverksmiðjunnar á búsetuform hér á landi, þá mundi verkið, þessi athugun, sennilega taka eina 3 mánuði. En nú spyr ég ykkur, hv. þm., í fyrsta lagi hvort þið teljið það ekki vera þess virði fyrir Alþ. að geta gengið úr skugga um það, hvort lífríki Hvalfjarðar sé stefnt í hættu með

þessari verksmiðju að áliti líffræðistofnunar Háskólans, hvort það sé ekki þess virði fyrir Alþ. að ætla 5 vikna frest til þess að fá svar við slíku. Og ég ætla líka að spyrja hv. þm. hvort þeir telji það ekki nokkurra vikna virði að fá að vita álit sérfræðinga á áhrifum sem málmblendiverksmiðjan mundi hafa á aðra atvinnuvegi landsins og búsetu í landinu, hvort það væri ekki nokkurs virði fyrir hv. alþm. að fá þetta álit áður en þeir greiða atkv. um það hvort þessi verksmiðja á að koma upp í Hvalfirði eða ekki.

Ég ítreka það, að ég fer þess á leit fyrst og fremst að veittur verði frestur til þess að líffræðistofnun Háskólans geti fellt úrskurð. Og ég segi fyrir mig, ég mundi ekki áfrýja þeim úrskurði, ef líffræðistofnun Háskólans fengi að fjalla um þetta mál, — úrskurði um það hvort lífríki Hvalfjarðar stafi hætta af fyrirhugaðri málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Ég fer fram á frest til þess næst þar á eftir að tóm gefist til þess að Þjóðhagsstofnun geti svarað spurningunni um áhrif þessa fyrirtækis, sem fyrirhugað er að stofna í Hvalfirði, á atvinnuvegi landsmanna, búsetuform í landinu. Í þriðja lagi er það lágmarkskrafa mín að veittur verði frestur til þess að athuga gaumgæfilega þá skýrslu sem hér liggur fyrir frá Þjóðhagsstofnun og skilað var til n. í morgun.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég held að ljóst sé og ætti að vera jafnljóst öllum hv. þm. d., að hér er um mjög alvarlegt mál að ræða. Uppi eru áform um að reisa risavaxna verksmiðju, sem kosta mun um 10 þús. millj. kr., hér ekki langt frá höfuðborginni, og þessi verksmiðja á að framleiða vöru og framleiðsla þeirrar vöru, sem þarna á að framleiða, getur haft í för með sér að eitruð úrgangsefni berist frá þessari verksmiðju. Einnig er ljóst að fáar framkvæmdir koma til með að hafa jafnvíðtæk félagsleg og efnahagsleg áhrif og þessi framkvæmd. Það er því ljóst að hér er á ferðinni eitt viðamesta og umdeildasta mál sem Alþ. hefur til umfjöllunar á þessum vetri, og þó er útlit fyrir að afgreiða eigi það með óeðlilegum hraða.

Ég hlýddi á formann n. upplýsa það hér áðan að haldnir hefðu verið 11 fundir í n. um málið. En ég vil segja honum það, að fjöldi nefndafunda skiptir að sjálfsögðu ekki ýkjamiklu máli í þessu sambandi ef ljóst þykir að enn sé mörgum spurningum ósvarað, og það virðist vera ljóst. Hér hafa verið bornar fram ýmsar spurningar — ýmsar áleitnar spurningar — og bent á vandamál sem augljóslega hafa ekki verið nægilega rannsökuð. Formaður n. gaf í skyn áðan, að það væri hugsanlegt að Náttúruverndarráð hefði ekki látið rannsaka þetta mál sem skyldi, og ég gat ekki skilið orð hans öðruvísi en hann viðurkenndi beinlínis í orðum sínum áðan að málið hefði ekki verið rannsakað eins og eðlilegt væri af hálfu Náttúruverndarráðs. En hann bætti því bara við að það væri ekki gott við því að gera, þetta væri ekki verkefni iðnn. Hún væri hér að störfum á Alþ. og ætti ekki að taka að sér að leysa öll verkefni fyrir aðrar stofnanir ríkisins. Þetta kann mönnum að finnast augljós sannindi við fyrstu sýn. En ef menn hyggja betur að því, þá held ég að menn hljóti að komast að annarri niðurstöðu. Ef Alþ. hefur einhvern grun um það, að einstakar stofnanir ríkisins eða hins opinbera, sem eiga að hafa með höndum rannsókn mála og undirbúning þeirra, sinni þeim verkefnum ekki sem skyldi og sá undirbúningur, sem hefði þurft að fara fram, hafi ekki farið fram eða hafi ekki verið nægilegur, þá ber að sjálfsögðu Alþ. að taka í taumana og þar er iðnn. Ed. fulltrúi okkar þm. í þessari d. Ég vil sem sagt undirstrika það hér að við getum ekki afsakað okkur með því, að það hafi verið í verkahring einhverrar annarrar stofnunar þjóðfélagsins að vinna verk sem ekki hafi verið unnið. Hér á þessum stað er valdið og hér er ábyrgðin.

Ég vil að lokum mjög eindregið taka undir þau tilmæli sem hér hafa komið fram af hálfu hv. þm. Stefáns Jónssonar að frestur verði veittur til þess að úrskurður líffræðistofnunar Háskólans geti legið fyrir. Ég vil um leið mjög eindregið skora á hv. formann iðnn. að taka þessi tilmæli til alvarlegrar athugunar og hraða ekki störfum n. meira en svo að eftir standi ekki alvarlegar spurningar sem ekki hafa fengist svör við. Ég sem sagt ítreka að ef hann, formaður n., er raunverulega þeirrar skoðunar að Náttúruverndarráð hafi ekki framkvæmt þær rannsóknir sem hefði þurft að framkvæma, þá dugar ekki fyrir okkur að vísa ábyrgðinni á Náttúruverndarráð. Ábyrgðin er okkar og ábyrgðin er nú hjá iðnn. Ed.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Orð mín hafa e.t.v. misskilist svo að ég teldi að Náttúruverndarráð hafi ekki haldið vel á þessu máli. Það er rangt. Náttúruverndarráð hefur fjallað um þetta mál á a.m.k. tveimur eða þremur fundum og hefur látið frá sér fara álit. Ég sagði aðeins að það sá af einhverjum ástæðum ekki ástæðu til þess að láta fara fram þá líffræðilegu athugun sem hér hefur verið rætt um og ég er raunar því sammála í þessu tilfelli. Ég hef kynnt mér eins og ég hef frekast getað — og ég held að það sé nokkuð ítarlega — öll gögn varðandi áhrif slíkrar verksmiðju á lífríki. Ég hef sannfærst um að þessi áhrif eru ákaflega lítil og raunar hverfandi eins og ég mun ræða í framsöguræðu fyrir áliti meiri hl. n. Meðlimir Náttúruverndarráðs höfðu einnig aðgang að þessum upplýsingum og hafa að sjálfsögðu — ég efast ekki um það — byggt sinn úrskurð á slíku.

Þetta vil ég aðeins að komi hér fram. Ég vil hins vegar ítreka það sem ég sagði áðan, að ég tel að þessar opinberu stofnanir hafi allar sinnt þessu máli mjög vel.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er alveg rétt, það liggur fyrir í grg. með frv., sem við fjöllum nú um, staðfest af iðnn. Nd., staðfest trú þeirra nm. í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað á því að hér sé ekki um hættulegan rekstur að ræða. Það segir á 17. bls. hérna í grg.:

„Frá upphafi viðræðnanna hefur verið lögð

rík áhersla á að mengun frá verksmiðjunni yrði í algeru lágmarki," þ. e. viðræðunum við Union Carbide. „Hefur því ætíð verið heitið og er ljóst, að hugur fylgir þar máli."

Þar kemur líka þessi fullyrðing um mengunina frá verksmiðjunni að reykurinn, sem út sleppi, sé hættulaus dýrum og gróðri. Við fórum aftur á móti fram á það og ég hef farið fram á það að líffræðistofnun Háskólans verði falið að fjalla um þetta mál, gefinn tími til þess að fjalla um þetta mál, kynna sér gögn sem fyrir liggja hér í landinu um þetta mál, m. a. þau gögn sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson, formaður iðnn. Ed. hefur fjallað um og kynnt sér sem verkfræðingur, en ekki líffræðingur. Ég vil að líffræðistofnun Háskóla Íslands fái þessi gögn í hendurnar og þann tíma sem til þarf að kynna sér þau og athuga þetta mál og fella sinn úrskurð um það, hvort nokkur hætta stafi af verksmiðju þessari, skila því áliti til iðnn. Ed. svo að hún geti dregið ályktanir af einhverju öðru en fullyrðingum og trú hv. þm. Steingríms Hermannssonar. Ég tek það fram enn einu sinni, ég hef gert það áður í þessari hv. d., að ég efast ekki um góðan vilja hans, ég hef fullkomna ástæðu til þess að trúa á góðan vilja hans í þessu máli. En ég vil samt óska þess að við fáum fyrir utan hans góða vilja álit líffræðistofnunar Háskóla Íslands á því hvort lífríki Hvalfjarðar er stefnt í hættu með tilkomu þessarar verksmiðju. Ég hef hér með höndum, herra forseti, gögn upp á heiðarleika Union Carbide í upplýsingum, gögn varðandi það, hversu trúverðugir bæklingarnir frá Union Carbide eru um það hversu gott það fyrirtæki er í mengunarmálum. Ég hef líka í höndunum plagg frá forstöðumanni eiturefnanefndar upp á það hversu ítarlega heilbrigðismálastofnunin hefur fjallað um þessi mál og hversu mikið er að leggja upp úr áliti þeirrar stofnunar varðandi mengunarhættuna af þessari verksmiðju.

Ég hef hér í höndunum bréf frá forstöðumanni eiturefnanefndar þar sem hann segist alls ekki hafa fengið þau gögn eða þann tíma sem þarf til þess að fjalla um þetta mál, þótt leitað verði álits n. frá Heilbrigðiseftirlitinu og þó að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins notaði síðan svarbréfið, sem hér um ræðir, sem sönnun þess eða vísbendingu um það, að eiturefnanefnd styddi það álit Heilbrigðiseftirlitsins að ekkert væri við þessa fyrirhuguðu verksmiðju að athuga. Þau gögn munu koma til umr. þegar við ræðum nál. En ég ítreka það að engin sú stofnun, sem fjallað hefur um þetta mál að beiðni iðnn. Ed., hefur skilað okkur neinum þeim gögnum í hendur sem afsaki það að við leitum ekki til líffræðistofnunar Háskólans um athugun og álit á þessu máli. Ég ítreka það.

Ég vil beina því til hæstv. iðnrh. að það, sem hér um ræðir af minni hálfu, er ósk um frest, helst nógu langan til þess að hægt sé að gera athuganir á lífríki Hvalfjarðar, annars stigs athuganir á lífríki Hvalfjarðar og athuganir á hugsanlegum áhrifum á búsetuform í landinu af völdum þessa fyrirtækis. Til vara fer ég fram á frest, sem nægi til þess að hægt sé að fá álit líffræðistofnunar í fyrsta stigs athugun, þ. e. a. s. fram á 5 vikna frest, að því tilskildu að líffræðistofnun vilji nota hann til þess að fara í gegnum prentaðar heimildir og skila iðnn. áliti sínu og þá einnig um hvort þessi fyrsta stigs athugun kunni að nægja ein saman til þess að stofnunin geti sagt til um það hvort hér sé hætta á ferðum eða ekki. Og í þriðja lagi — til vara — fer ég fram á frest til þess að athuga skýrsluna frá Þjóðhagsstofnun ítarlega, áður en mér er gert að semja nál., og til þess að fá svör við spurningum sem ég bar fram á fundinum í morgun í sambandi við þetta plagg Þjóðhagsstofnunar.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en mér finnst það vera mjög ómaklegt að ákæra hv. formann iðnn. fyrir slakleg vinnubrögð að undirbúningi þessa máls. Ég skal játa um leið að ég hef því miður ekki haft aðstöðu til þess að sitja alla þá löngu fundi, sem hafa verið í n., vegna anna í öðrum n. Alþ. En mér finnst að það sé rétt að það komi hér fram af hálfu stjórnarandstæðings, sem ekki er venja hér á hv. Alþ., að ég tel að það hafi verið mjög vel að staðið í þessu máli. Sjálfur hef ég engar kvartanir fram að færa í sambandi við vinnubrögð n. (Gripið fram í.) Hv. þm. Stefán Jónsson var frá upphafi andvígur málinu án þess að hann hefði séð nokkurt plagg varðandi það. Það var vitað mál, svo að okkur kom það ekkert á óvart, öðrum sem í n. vorum, að fundirnir hafa dregist á langinn og verið fleiri heldur en þurft hefði að vera ef hv. þm. hefði ekki verið búinn að móta sér skoðun áður en hann sá nokkur gögn í málinu. Það er staðreyndin og var reyndar vitað opinberlega áður (**StJ:** Hver sagði þér það, vinur minn?) Það sást í blöðum eftir þm. haft, m. a. á fundum hér í nágrenninu. En þar sem það er, eins og ég áðan sagði, dálítið óvenjulegt að stjórnarandstæðingur viðurkenni störf stjórnarliða og öfugt (**Gripið fram í:** Það er ekki óvenjulegt af krata.) — þá tel ég það ómaklegt í hæsta máta að ásaka formann iðnn. um að hafa slaklega unnið að þessu máli. Hann hefur bókstaflega látið eftir öllum kröfum hv. þm. frá byrjun til enda þessara umr. En ef menn koma með fullmótaðar skoðanir án þess að kynna sér rök málsins, þá verður seint hægt að fullnægja þeim.

Ég taldi rétt að þetta kæmi fram, enda bera fundargerðarbækur, sem eru að mestu leyti eða a. m. k. að hálfum parti ritaðar af hv. þm. Stefáni Jónssyni, þess merki að málið hefur fengið mjög tilhlýðilega athugun og útvegaðar hafa verið þær upplýsingar, sem kostur hefur verið á að fá varðandi þetta mál. Þetta er eins og annað nýtt sem íslendingar leggja út í í sínum atvinnuvegum. Það er nýtt. Þess vegna er hægt að gera það tortryggilegt og það hefur hv. þm. ekki sparað, hvorki á nefndarfundum né annars staðar sem hann hefur því við komið. En það orkar flest tvímælis þá gert er, og þá áhættu, sem hér kann að vera, verðum við að taka eða hafna málinu. Það er ekki um nema tvennt að gera eins og ávallt áður. En ákvörðunina verðum við að taka og vera menn til þess að gera það.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Norðurl. e., gat þess í annarri ræðu sinni, að ég hefði ekki verið viðstaddur þegar hann flutti mál sitt, og sýndi mér þá kurteisi að endurtaka orð sín og ég er þakklátur fyrir. En það er kannske rétt að geta þess, að ástæðan til þess að ég var hér ekki viðstaddur þessa fsp. er í fyrsta lagi að ég er nú aðeins Nd.-maður og nýt ekki þess heiðurs að eiga sæti í þessari hv. d. og í annan stað hafði ég ekki verið látinn vita af því að það stæði til að gera hér fsp. varðandi þetta mál.

En út af hugmyndum hv. þm. um frestun á málinu í iðnn. Ed. um nokkurra vikna skeið til þess að bíða eftir rannsókn líffræðistofnunar, þá er þess fyrst að geta, að það liggur ekki fyrir í málinu að sé fyrir hendi sú mengunarhætta af þessari verksmiðju að það gefi tilefni til þess að slá málinu á frest eða bíða með afgreiðslu þess. Hins vegar hefur verið margtekið fram að ef þetta frv. yrði samþykkt og ráðist í byggingu þessarar verksmiðju, þá verður að sjálfsögðu gætt allra hinna ítrustu varúðarreglna í sambandi við mengun og bæði Heilbrigðiseftirlit ríkisins og aðrir aðilar munu þar um fjalla og setja sínar reglur þar um. Ég tel líka sjálfsagt að leitað verði til líffræðistofnunar Háskólans um þetta mál, þannig að frá henni geti komið fram þau sjónarmið sem sú stofnun vill láta frá sér fara og þau verði þá tekin til greina, eftir því sem ástæður þykja til, við varúðarreglur sem settar verða.

Hins vegar er rétt að hafa það í huga, að hv. fyrirspyrjandi er andstæðingur þessa máls og hefur mikinn áhuga á því að draga málið á langinn, fresta því og helst koma í veg fyrir að það verði samþ. á þessu þingi. Ég geri ráð fyrir að það verði að skoða þessa hugmynd hans nokkuð í því ljósi, þótt ég dragi ekki í efa að hv. þm. hefur í alvöru þungar áhyggjur af þessu því að hann og sálufélagar hans eru búnir að telja sjálfum sér trú um að hér sé á ferðinni stórkostlegur háski fyrir líf á Íslandi.

Hins vegar koma upp spurningar í þessu sambandi. Það er vitað mál, að á vegum fyrrv. ríkisstj. var þetta mál í 3 ár í athugun — og ekki aðeins í athugun, heldur var ákveðið af fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. iðnrh., flokksbróður þessa hv. þm., Magnúsi Kjartanssyni, að í þetta skyldi ráðist. Það var í maí s. l. sem Magnús Kjartansson ritaði Union Carbide bréf þar sem hann tilkynnti að hann sjálfur og ríkisstj. væru eindregið fylgjandi þessu máli og vildu koma því fram. Manni verður því spurn: Hvernig stendur á því að í öll þessi 3 ár meðan málið var til meðferðar hjá fyrrv. ríkisstj., þá skuli engum af stuðningsmönnum þeirrar ríkisstj. hafa dottið í hug að þyrfti að spyrja líffræðistofnun Háskólans um álit á málinu?

Ég vil svo að lokum aðeins taka fram að mér virðist mjög ómaklegt að deila á hv. formann iðnn. þessarar d., hv. 2. þm. Vestf., Steingrím Hermannsson, því að mér er það kunnugt eins og nm. að hann hefur unnið að þessu máli af miklum dugnaði sem nefndarformaður. Hér hefur komið fram hversu marga fundi n. hefur haldið og hversu margir aðilar úr ýmsum áttum hafa verið til kvaddir. N. hefur haft málið til meðferðar nú nær 4 vikur, og ætla ég því að flest ef ekki allt það, sem þyrfti að koma fram í n. hafi þegar komið fram ef þess hefur verið kostur að láta það koma fram. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka formanni n. fyrir ötult starf í þessu efni.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur beðið um orðið, en ég vil taka það fram að hann hefur þegar talað þrisvar. Hann hefur því ekki heimild til þess að tala oftar nema hann hafi sakir af sér að bera og vil ég spyrja hann hvort svo sé (**StJ:** Já.) Þá hefur hann heimild til örstuttrar aths., einungis til þess að bera af sér sakir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hvaðan hæstv. iðnrh. hafa komið þær upplýsingar að þau gögn, sem fram hafa verið lögð eða kunna að verða lögð í iðnn. Ed. varðandi þetta mál, yrðu ekki líkleg til þess að breyta afstöðu minni til málsins — hvaðan honum koma þær upplýsingar veit ég ekki — eða hv. þm. Eggert G. Þorsteinssyni sem hér talaði áður. Ég hef ekki farið dult með það, að ég er og hef verið frá upphafi andstæður hugmyndinni um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Það hef ég svo sannarlega verið. En ég hef óskað eftir tæknilegum upplýsingum varðandi þessa fyrirhuguðu málmblendiverksmiðju til þess að geta kynnt mér málið betur. Ég hef ekki haft, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson, 3 ár til að kynna mér þetta mál, og ég vil vekja athygli hæstv. iðnrh. á því að ég átti ekki setu hér á Alþ. þann tíma sem fjallað var um málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði í tíð fyrrv. ríkisstj. Honum er óhætt að treysta því, að ekki hefði staðið á mér að krefjast vistfræðilegrar athugunar hefði mér verið ljóst á þessu tímabili hversu langt þetta mál var komið áleiðis. Magnús Kjartansson á ekki sæti í Ed. Honum mun vafalaust gefast kostur á því að gefa skýringar á þessari hlið málsins er frv. kemur til Nd. En hvernig í ósköpunum hæstv. iðnrh. kemur til hugar að það breyti afstöðu minni eða annarra þm. til þessa máls, hvað hver maður heitir sem fjallað hefur um þetta mál áður, það skil ég ekki. Hér hefur ekki verið farið fram á annað en upplýsingar til þess að þm. gætu tekið rökstudda afstöðu til þessa máls. Það er rétt, að hvað eina orkar tvímælis, eins og hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson sagði áðan, — hvað eina orkar tvímælis þá gert er. Og flestum athöfnum fylgir nokkur áhætta. En við erum aðeins að fara fram á að fá þau gögn í hendurnar og þær upplýsingar sem gera okkur kleift að taka rökstudda áhættu í þessu máli.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni sem nm. í iðnn. þessarar hv. d. taka undir það, sem fram kom hjá hv. 4. landsk. þm., þakkir til formanns n. fyrir vel unnin störf. Hann hefur gefið greinargóðar upplýsingar um

öll þau atriði sem óskað hefur verið eftir, og ég held að það hefði varla verið á betra kosið. Hitt er annað mál, án þess að ég ætli að fara að blanda mér inn í það einkastríð sem hefur verið á milli hv. 5. þm. Norðurl. e. og formanns, að ég verð að segja að þau samtöl, þær umr. og þær óskir, sem fram hafa komið frá hv. 5. þm. Norðurl. e. í þessu máli, hafa verið ómetanlegar, ekki bara mér, ég held öllum nm., og eflaust hjálpað öðrum en mér til þess að mynda sér skoðanir á þessu máli og gera mér þá betur kleift að taka ákvörðun um þetta mál, málmblendiverksmiðjuna. Ég vil þakka þeim báðum fyrir það stríð sem hefur ríkt á nefndarfundunum, sem þó hefur verið í allri vinsemd. Vegna þeirra upplýsinga, sem fram hafa komið frá báðum, og vegna fsp. 5. þm. Norðurl. e., þá held ég að þessir fundir hafi orðið miklu meira virði en þeir hefðu annars orðið.

Ég held að það sé kominn tími til að taka ákvörðun í þessu máli. Ég vona að það dragist ekki mjög miklu lengur. Hitt er annað mál, að ég tel ósk þm. réttmæta. Það hefði verið æskilegt að allar upplýsingar lægju fyrir bæði frá líffræðistofnun Háskóla Íslands og annars staðar frá. En að hans óskum kallaði formaður n. vísindamann frá Líffræðistofnun Háskólans á okkar fund og hann gaf þær upplýsingar, sem hann hafði yfir að ráða fyrirvaralítið. En ég man ekki betur en hjá honum hafi komið fram að það tæki nokkur ár að ljúka til fulls þeim rannsóknum sem hann teldi þurfa að gera til þess að vera öruggur um niðurstöðu. (StJ: 4 mánuði.) Það væri hægt að gera einhverjar frumrannsóknir á skemmri tíma, 4 mánuðum, segir hv. þm. Stefán Jónsson, ég held að það sé rétt. En ég held að það verði ekki þær rannsóknir eða þær niðurstöður sem hann er með í huga þegar hann biður um endanlegar niðurstöður til þess að þær verði þá notaðar sem óyggjandi niðurstöður um endanlega afgreiðslu á þessu máli.

Ég tók það sem gefið mál að þegar þessi vísindamaður hafði mætt á fundum hjá okkur, þá væri hv. 5. þm. Norðurl. e. reiðubúinn til þess að taka afstöðu í þessu máli. En það hefur verið misskilningur. Alla vega spurði ég hann á þeim fundi, hvort það yrði þá síðasta ósk hans í þessu máli, og hann kvað já við. Á fundinum í morgun komu fleiri óskir frá hans hendi, þannig að ég vil nú vona að það sé rangt sem hér hefur komið fram að hann sé með þessum óskum sínum að reyna að tefja og jafnvel draga ákvörðun í þessu máli það lengi að ekki náist endanleg ákvörðun á þessu þingi. En ég trúi ekki, að hann sé að vinna með því hugarfari eða a. m. k. hef ég ekki ástæðu til að ætla það af þeirri fundarsetu sem ég hef átt með honum.

Ég vil enda þessi orð mín með því að láta í ljósi þá von að við séum að komast á leiðarenda í gagnasöfnun í málinu og mjög bráðlega verði þetta mál endanlega afgreitt í okkar n. En ég vil ítreka það, að ég held að það sé erfitt að gera meira til þess að afla upplýsinga og leggja þær fram og útskýra málið en formaður n. hefur gert, og ég er honum þakklátur fyrir. Sjálfur er ég miklu betur inni í málinu en ég annars hefði verið.

Neðri deild, 54. fundur.

Mánudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. (þskj. 36,n. 191, og 195, 192, 217). — Frh. 2. umr.

Guðlaugur Gíslason: Virðulegi forseti. Þegar frv. þetta kom til 2. umr. eftir að það hafði fengið afgreiðslu í n., gerði ég grein fyrir afstöðu minni til málsins. Ég hafði ekki undirritað nál. og skýrði frá því að ég treysti mér ekki til að fylgja frv. og mundi greiða atkv. gegn því ef það kæmi hér til atkvgr. Ég þarf því ekki af þeim ástæðum að hafa hér uppi langt mál.

Það sem gerði að ég sá ástæðu til að kveðja mér hljóðs voru viðbrögð stjórnarandstöðunnar í sambandi við hinar skiptu skoðanir þm. Sjálfstfl. í þeim umr. sem um þetta mál hafa verið hér að undanförnu. Við sáum að hv. 3. þm. Reykjavíkur, Magnús Kjartansson, sveif hér um þingsal með bros á vör þegar hann hlýddi á umr., hinar skiptu skoðanir sjálfstæðismanna, enda speglaðist þetta í blöðum, bæði hans málgagni, Þjóðviljanum, og reyndar einnig í Alþýðublaðinu daginn eftir, að þeir vildu gera þetta að stóru máli, að þm. eins flokks skyldu leyfa sér að hafa misjafnar skoðanir efnislega á stjfrv., sem hér væri til umr.

Ég tel einmitt að þetta þurfi að undirstrika allrækilega, því að þetta sýnir þann geysilega mun sem er á Sjálfstfl. og t. d. Alþb. og þeim kröfum sem gerðar eru til þm. sem eru í þessum tveimur flokkum. Það er vitað og hefur reyndar oft komið fyrir áður að þm. Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn almennt vilja hafa sínar skoðanir á málum, sem þeir fjalla um, og tel ég þá hafa til þess fullan rétt að láta það koma fram, hvort heldur er á þingflokksfundum eða hér í þingsal, ef þeim býður svo við að horfa. Þessu er á allt annan veg farið t. d. með Alþb. Það hefur sýnt sig hér og verið reyndar staðfest, að stjórnin og þeir, sem ráða flokknum, eiga einir að fá að ráða afstöðu og skoðunum þm. þegar hér í þingsal kemur og umr. fara fram.

Ég tel að e. t. v. hafi þessi mismunandi afstaða og þessi mismunandi aðstaða, sem þm. eru í í þessum tveimur flokkum komið einna berlegast fram í sambandi við umr. um bresku samningana. Það var alveg vitanlegt og var víst öllum landsmönnum kunnugt, að sérstaklega forustumenn Alþb. höfðu margsinnis lýst því yfir opinberlega, bæði í ræðu og riti, hamrað mjög á því í kosningunum, á opinberum vettvangi, að þeir mundu aldrei vilja við breta semja. Það birtust stórar fyrirsagnir í Þjóðviljanum víst oftar en einu sinni, að samningar við breta væru svik og afstaða þm. og ráðamanna flokksins var öll á þann veg. En þegar að því kom, að þeir þurftu endanlega að segja til um það og þurftu kannske að leggja ráðherradóm sinn að veði um það hvort þeir vildu við sínar yfirlýsingar standa, þá létu þeir sér nægja að hlaupa sjálfir frá þessum margendurteknu yfirlýsingum sínum um að samningar við breta væru svik, heldur gerðu þeir þær kröfur til allra þm. flokksins að þeir einnig ætu ofan í sig alla sína fyrri afstöðu í sam-

bandi við þetta mál. Var það ekkert leyndarmál að þm. Alþb. voru í þessu máli beinlínis kúgaðir til hlýðni og til að greiða hér í þingsal atkv. gegn því, sem þeir sjálfir höfðu margsinnis sagt að þeir mundu aldrei gera og væri þeirra sannfæring að ætti ekki að gera.

Ég tel að einmitt þetta sýni, að þær umr., sem hér hafa orðið um það frv. sem hæstv. sjútvrh. lagði fram, og afstaða einstakra þm. Sjálfstfl. til efnis þess, hversu geysilegur munur það er að vera í Sjálfstfl. og vera t. d. í Alþb. Þm. Sjálfstfl. hafa til þess fullan rétt og telja það beinlínis skyldu sína, ef hér eru mál til umr. sem þeir telja að brjóti að einhverju leyti í bága við þeirra sannfæringu og stefnu flokksins, þá hafa þeir til þess fullt leyfi og leyfa sér alveg hiklaust að segja sitt álit á málinu og lýsa því yfir að þeir muni greiða atkv. gegn því ef þeim býður svo við að horfa.

Það var þetta sem gaf mér fyrst og fremst tilefni til þess að koma hér í ræðustól og undirstrika það, að ég held að hinar stóru fyrirsagnir í Þjóðviljanum og reyndar í Alþýðublaðinu einnig í sambandi við afstöðu nokkurra þm. Sjálfstfl. í þessu máli sýni glögglega að fyrir alla, sem frjálsræði á annað borð unna, hlýtur Sjálfstfl. að vera sá flokkur sem þeir kunna best við sig í og stefna hans er þess eðlis að þeir veita honum helst fylgi, enda er þetta ein af ástæðunum fyrir því að Sjálfstfl. er langsamlega stærsti stjórnmálaflokkur landsins. Það er ekki einasta grundvallarstefnan, sem þar veldur, að flokkurinn stefnir að sem mestu frjálsræði bæði í athöfnum manna og orðum, heldur hefur hann leyft sínum mönnum og alveg átölulaust að hafa sínar skoðanir, bæði hér í þingsal og annars staðar. Af þeirri ástæðu gat ég hér um afstöðu Alþb. í sambandi við bresku samningana og benti á það, hversu forráðamenn þess flokks í sambandi við það mál gerðu flokkinn í augum þjóðarinnar lágkúrulegan með því að hlaupa sjálfir frá sinni fyrri afstöðu og neyða aðra þm. flokksins til að gera slíkt og hið sama hér á Alþ. frammi fyrir allri þjóðinni.

Ég vil í sambandi við það mál einnig benda á það, að þá voru það einnig nokkrir þm. Sjálfstfl. sem ekki voru á sömu skoðun og forráðamenn flokksins, svo sem kom hér í ljós við atkvgr., og þ. á m. var núverandi hæstv. sjútvrh., sem hafði sína skoðun á því máli og lét hana koma fram í ræðu sem hann flutti hér og einnig í atkvgr. Ég veit ekki til að þetta hafi valdið nokkrum ágreiningi í Sjálfstfl., og ég er alveg sannfærður um að þær skiptu skoðanir, sem nú eru um það tiltekna mál sem hér er til umr., eiga ekki eftir að hafa nokkur eftirköst í Sjálfstfl., að flokkurinn mun standa heill að stjórninni og þeim málum sem við erum sammála um að þurfi fram að ganga hér á hinu háa Alþ. Ég taldi fulla ástæðu til að draga það fram í dagsljósið, að þessar stóru fyrirsagnir og hið gleiða bros hv. 3. þm. Reykv. undir umr. er ekki neitt til að gleðjast yfir. Þetta er hjá stjórnarandstöðunni hreint vindhögg og sýnir það, sem ég hélt satt að segja að þeir væru löngu búnir að gera sér grein fyrir, að þó að slíkt komi upp eins og hér hefur gerst hefur það ekki nein eftirköst innan Sjálfstfl. og við stöndum jafnt saman um önnur mál eins og við höfum gert fram að þessu.

Að lokum, um leið og ég lýk máli mínu í sambandi við 2. umr., vil ég benda á það, því að það hefur nokkuð verið vitnað í þau lög sem samþ. voru hér fyrir rúmu ári, lög um veiðar með botnvörpu og flotvörpu í fiskveiðilögsögunni, að þar væru ýmis ákvæði, sem skertu athafnafrelsi manna, að þetta er alveg rétt. Þessi lög voru mjög ítarlega rædd og einmitt kannske frekast þessi ákvæði. En öll skerðandi ákvæði, sem í þeim lögum er að finna, og allar þær heimildir, sem sjútvrh. er gefið í þeim lögum, eru til að friða og vernda fiskstofnana hér við landið. Það eru engin ákvæði í því, sem hamla aðgerðum manna við fiskvinnslu eða annað, sem fram kemur í því frv. sem hér er til umr., þannig að þessi tvö frv. eru ekki á nokkurn hátt sambærileg. Af því að einum hv. ræðumanni, sem var að mæla með frv., varð á að vitna til laga sem staðfest hafa verið fyrir meir en hálfri öld af Danakonungi, þá held ég að Alþ. Íslendinga á því herrans ári 1975 ætti ekki að taka sér til fyrirmyndar lög sem Danakonungur staðfesti á sínum tíma, því ef við færum að taka margt af þeim lögum of alvarlega, þá værum við komin í aðstöðu sem hér réð í verslunarmálum fyrir nær 300 árum, og hann dró þar fram í dagsljósið mann sem frægur er í sögunni síðan, en það var Hólmfastur á Brunnastöðum sem var refsað fyrir það eitt að leyfa sér að fara með sínar fiskafurðir til kaupmanns í Keflavík í staðinn fyrir að leggja þær inn hjá dönskum kaupmanni í Hafnarfirði, sem honum bar skv. þágildandi reglum að hafa öll sín viðskipti við.

Ég skal svo ekki, virðulegi forseti, hafa um þetta lengra mál, en vitna aðeins til þess, sem ég sagði í upphafi, að ég mun greiða atkv. gegn frv. þegar það kemur hér til atkvgr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 262). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 306). — 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Mér er það ánægjuefni að það skuli loksins gefast ráðrúm til að ræða þetta frv. Það hefur tafist að það kæmist til umr. hér um 2 vikna skeið, að ég hygg, vegna þess að hér hefur staðið yfir sérstakur þingflokksfundur Sjálfstfl. og var að fjara út hér áðan. Mér virðist að hv. þm. Guðlaugur Gíslason væri að reyna að fá fjör í þessa umr. með því að reyna að kalla til aðvífandi manna. En það er náttúrlega hvorki fyrir mig né aðra að taka þátt í innanflokksumr. með þingfl. Sjálfstfl. þó að vissulega hafi verið ákaflega fróðlegt og enn þá skemmtilegra að fylgjast með þeim.

Þetta frv. sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um söluskatt, er flutt af mér og hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni og efni þess er ákaflega einfalt. Þar er lagt til að söluskattur verði felldur niður af matvælum, en síðan að ráðh. ákveði með reglugerð mörkin milli matvara og annarrar vöru, t. a. m. sælgætis.

Lögin um söluskatt — grundvallarlögin um söluskatt — eru frá 1960 og þar eru í 6. gr. ákvæði um tilteknar lögskipaðar undanþágur frá söluskatti, og af matvælum er þar að finna neyslumjólk — nýmjólk — og neysluvatn, en að öðru leyti leggst söluskattur á öll matvæli. Í l. er einnig ákvæði um það að ráðh. geti með reglugerð undanþegið tilteknar vörur söluskatti, og það hefur verið gert. Einkanlega var það gert 1971 þegar svokölluð vinstri stjórn tók til starfa og þar bættist við neyslufiskur og allar mjólkurvörur, þ. e. a. s. ekki aðeins mjólkin sjálf, heldur einnig smjör, rjómi, skyr og ostar og svo ýmsar nauðsynjar aðrar sem ekki eru af matvælatagi.

Ástæðan til þess, að ég tel ákaflega tímabært að litið sé á þennan gjaldstofn að því er matvæli varðar, eru þær feiknalegu verðhækkanir sem yfir okkur hafa dunið að undanförnu. Ég vil minna á það, að þegar núv. ríkisstj. tók við var vísitalan 296 stig. Þegar hún var síðast reiknuð var hún komin upp í 375 stig. Hún hefur síðan verið að hækka dag frá degi og er alveg augljóst mál að eftir tiltölulega stuttan tíma, nokkrar vikur, þá verður hún komin yfir 400 stig og þá hefur hún hækkað um meira en þriðjung í tíð núv. ríkisstj. Þetta er almenna vísitalan. Þetta er heildarmeðaltal miðað við grundvöll vísitölufjölskyldunnar. En matvæli hafa hækkað miklum mun meira. Þegar litið var á það dæmi, þegar gengið var frá þessu frv., þá kom það í ljós að matvæli höfðu hækkað að meðaltali um 41.2%. Þar er ekki heldur um að ræða að matvæli hafi hækkað um þessa prósentutölu að jafnaði, því að brýnustu matvæli, þau matvæli sem heimilin nota dag hvern og enginn maður kemst hjá að nota, þau hafa hækkað enn þá meira en þetta. Við tókum nokkrar vörur út úr vísitölunni, einmitt vörur af þessu tagi, og það kom í ljós að þær höfðu hækkað um 60%, hvorki meira né minna, þannig að þarna er um að ræða verðhækkanir sem hafa orðið ákaflega þungbærar, og þær verða þungbærari og þungbærari. Nú í dag hækkuðu landbúnaðarvörur allar nema nýmjólk, aðeins vegna þess að hún er greidd niður úr ríkissjóði með fjármunum sem aflað er með skattheimtu eftir öðrum leiðum. Við vitum öll áhrif gengislækkunarinnar. Þau eru að velta yfir okkur dag frá degi og viku eftir viku og þau munu bitna mjög þungt á innfluttum matvælum og raunar einnig á matvælum sem framleidd eru hér, vegna þess að gengislækkunin hefur áhrif á rekstrargrundvöll landbúnaðar o. fl. matvælaframleiðenda hér á landi.

Söluskatturinn hér er orðinn ákaflega hár. Hann er hvorki meira né minna en 20%. Þetta er svipuð upphæð og söluskattur eða virðisaukaskattur er í nágrannalöndum okkar. En í því sambandi er þess að gæta að þar í löndum er búið að mestu leyti að afnema alla tolla. Því fer mjög fjarri að allir tollar hafi verið afnumdir á Íslandi. Tolltekjur ríkissjóðs eru ákaflega miklar. Í fjárl. þessa árs er sköttum ríkisins þannig skipt, að beinir skattar eru 8.8 milljarðar, en óbeinir skattar eru 38.8 milljarðar. Menn taki eftir þessum hlutföllum á milli beinna skatta og óbeinna. Óbeinu skattarnir eru orðnir svona óhemjulega miklu stærri hluti af skattheimtu ríkisins en áður var, og ég efast um að hlutföll af þessu tagi þekkist í nokkru nálægu landi. Af þessum óbeinu sköttum, sem eru 38.8 milljarðar, er söluskatturinn 17.9 milljarðar skv. þeim tölum sem eru í frv. Ég veit að enginn þeirra stenst vegna breytinga á gengi og af öðrum ástæðum, þetta eru lögin sjálf eins og frá þeim var gengið. En tollar og önnur aðflutningsgjöld eru 12.8 milljarðar. Það eru sem sé innheimtir tollar fyrir 12.8 milljarða á sama tíma og söluskatturinn er kominn upp í 20%.

Nú hefur sú stefna verið mörkuð af íslenskum stjórnvöldum, að við eigum að fella niður tolla af innfluttum varningi, og við höfum raunar skuldbundið okkur til þess, bæði í sambandi við samningana við EFTA og samningana við Efnahagsbandalag Evrópu. En ég vil minna á það, að ef þessir tollar og aðflutningsgjöld féllu niður og ættu að innheimtast í söluskatti í staðinn, eins og oftast hefur verið talað um, þá þyrfti söluskatturinn að hækka upp í hvorki meira né minna en 29%. Ef ætti að fá inn sömu tekjur í ríkissjóð með því að hækka söluskattinn jafnframt því sem tollar yrðu felldir niður, þá væri þessi óbeini skattur orðinn u. þ. b. 50% hærri hér á Íslandi en hann er t. a. m. annars staðar á Norðurlöndum. Ég hygg að við séum þarna komnir inn á braut, sem kann að reynast okkur hættuleg, og það sé ástæða til að endurskoða af fullri alvöru hvort við getum haldið áfram á þessari braut.

Ég vakti athygli á því áðan að matvæli hefðu hækkað meira en nokkrar aðrar vörutegundir. Slík hækkun á matvælum bitnar að sjálfsögðu þyngst á þeim sem verða að nota mestan hluta tekna sinna til matarkaupa. Þannig er því varið um lágtekjufólk, um barnmargar fjölskyldur, um aldrað fólk og um öryrkja. Aldrað fólk og öryrkjar verða raunar að nota svo til allar tekjur sínar til matarkaupa. Sá skammtur, sem þessum þjóðfélagsþegnum er ætlaður, er það naumur að ég hygg að lítið verði þar aflögu þegar búið er að greiða hitunarkostnað og rafmagn einnig. Þess vegna hefur þessi hækkun á matvælum, sem er meiri en á nokkrum öðrum vörum, orðið til þess að stórauka þjóðfélagslegt ranglæti. Það er verið að leggja auknar þjóðfélagslegar byrðar hlutfallslega á það fólk sem hefur minnsta getu til að bera þær.

Eins og ég gat um áðan leggjum við flm. til, að matvæli verði felld niður úr sjálfum söluskattsstofninum. Af því mundi leiða að það yrði ekki aðeins söluskatturinn sjálfur, sem félli niður af þessum vörum, heldur einnig viðlagasjóðsgjaldið. Það eru þau 20%, sem eru lögð á þessar vörur, sem mundu falla niður. Þær mundu sem sé lækka um u. þ. b. 17%.

Við áætluðum hvað mikill söluskattur hefði verið innheimtur af matvælum á síðasta ári. Kom þá í ljós að trúlega hefði sú upphæð numið 1300—1400 millj. kr., eða u. þ. b. 4% í vísitölu. Síðan hafa matvæli hækkað ákaflega mikið, eins

og ég gat um áðan, og meira en annað, þannig að trúlega er hér um að ræða upphæð á þessu ári sem næmi um 2 000 millj. kr. og líkast til öllu hærri hluti af vísitölunni, vegna þess að þarna hefur verið um meiri hækkun að ræða en á öðrum vörum eins og ég gat um, þannig að þarna gæti verið um að ræða jafngildi vísitölulækkunar um 5%. Það er vissulega mjög umtalsvert atriði, eins og kjörum manna er nú háttað hér á Íslandi.

Hér hefur oft verið um það rætt hvort ekki væri ástæða til þess að hafa söluskatt af tvenns konar tagi, þ. e. a. s. hafa mismunandi háan söluskatt eftir því hvað menn meta vörur nauðsynlegar eða engan söluskatt á sumum vörum, en einhvern söluskatt á öðrum vörum. Embættismenn hafa verið ákaflega andvígir þessu fyrirkomulagi og talið að það væri erfitt að fylgjast með því að slíkt kerfi yrði ekki hagnýtt til þess að stela undan söluskatti. Ég hygg að allir viti, að það er nú gert í allríkum mæli hér á Íslandi. Samt er það svo að í ýmsum nágrannaþjóðfélögum okkar hefur þessi háttur verið tekinn upp. Ég minnist þess t. d. í Noregi fyrir nokkrum árum, þegar þar var borgaraleg ríkisstjórn, þá beitti Verkamannaflokkurinn sér fyrir till. um að lækka til mikilla muna söluskatt á ýmsum brýnustu matvælum. Hann gerði þetta að miklu baráttumáli, og verkalýðshreyfingin tók undir þessa afstöðu Verkamannaflokksins. Síðan gerðist það nokkru síðar, þegar Verkamannaflokkurinn kom aftur í ríkistj., að hann framkvæmdi þessar till. Þannig er í Noregi um að ræða tvenns konar virðisaukaskatt eftir mati á því hvort vörur eru nauðsynlegar eða miður nauðsynlegar. Ég hef ekki heyrt um að norðmenn hafi lent í neinum vandræðum af þessum sökum. Mér er kunnugt um að hliðstæð skipan er í Frakklandi og ég hygg í fleiri löndum. Fyrir því eru að sjálfsögðu engin rök að embættismenn okkar íslendinga geti ekki gengið frá eftirlitskerfi sem fylgist með þessu á sama hátt og unnt er að gera í öðrum þjóðfélögum. Raunar er þessi breyting, sem við leggjum til, ákaflega einföld. Þarna er um að ræða matvæli, einvörðungu matvæli, og þetta er tiltölulega einföld flokkun. Sala á matvælum fer yfirleitt fram í sérstökum verslunum, þannig að ég hygg að það væri mjög auðvelt að koma þessari skipan á.

Menn kunna að segja að það séu flutt inn ýmis konar matvæli, — matvæli sem varla verða talin til mikilla þarfa, eins og t. a. m. fiskmeti frá útlöndum, sem er flutt inn fyrir nokkur hundruð millj. kr. árlega, og alls konar erlendur dósamatur, sem er aðallega útlent vatn sem er soðið niður í dósir. Auðvitað má færa rök að því að það sé engin ástæða til þess að hætta að innheimta söluskatt af þessum vörum. En ég hygg að hvað þessar vörur snertir verði hin leiðin miklu einfaldari, að ríkisstj. taki þá ákvörðun, á meðan við erum í miklum vanda staddir í gjaldeyrismálum eins og okkur er tjáð að við séum um þessar mundir, að hætta að flytja slíkar vörur inn um tiltekinn tíma þar til náðst hefur eðlilegt jafnvægi í gjaldeyrismálum.

Ég sé nú að hæstv. viðskrh. er hér ekki staddur. En fyrst ég er farinn að minnast á þetta er e. t. v. ástæða til að geta þess, að mér fannst birtast býsna athyglisverð frétt í blöðum og fjölmiðlum á föstudaginn var um afgreiðslu á umsóknum um gjaldeyri. Eins og allir hv. þm. vita hafa hér verið í gildi æðiströng gjaldeyrishöft margar undanfarnar vikur. Það hefur enginn gjaldeyrir verið afgreiddur nema hann hafi verið borinn undir sérstaka n. sem bankarnir og viðskrn. hafa tilnefnt menn í. Þessi gjaldeyrishöft voru það ströng, að það hrönnuðust upp umsóknir, og um skeið var svo ástatt að óafgreiddar umsóknir voru komnar yfir tvo milljarða kr. að upphæð. Það er alkunna að hæstv. viðskrh. leit á þetta sem aðferð til þess að taka upp þær reglur, að það yrði hætt að flytja inn vissar vörutegundir eða takmarkaður yrði innflutningur á vissum vörutegundum í takmarkaðan tíma, á meðan svo er ástatt að við lifum á erlendum lánum eins og við gerum núna, á neyslulánum sem við höfum fengið hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hjá Sovétríkjunum og víðar. Hæstv. viðskrh. var þeirrar skoðunar, á meðan svo væri ástatt að við þyrftum að fá erlend gjaldeyrislán til þess að standa undir innflutningi okkar, að þá ætti ekki að heimila innflutning á varningi af þessu tagi, sem allir eru sammála um að er algerlega óþarfur, sem við getum skemmt okkur við þegar við höfum nægan gjaldeyri, en við eigum ekki að vera að sóa gjaldeyri í þegar við eigum hann ekki. Um þetta hefur verið tekist á milli stjórnarflokkanna að undanförnu, og skoðanir viðskrh. voru þessar, að þarna ætti að beita heilbrigðri skynsemi og vera ekki að flytja inn algerlega óþarfan varning meðan svona væri ástatt. En fyrir helgina gerðust þau tíðindi, og það er ekki í fyrsta skipti í tíð þessarar ríkisstj. að hæstv. viðskrh. var beygður. Við höfum hér einn hæstv. ráðh. viðstaddan, hæstv. fjmrh., sem þetta mál snertir náttúrlega mjög mikið, og það væri fróðlegt að biðja hann að segja frá því hvernig þessi átök hafi farið fram og hvaða ráðum hann og aðrir forustumenn Sjálfstfl. hafi orðið að beita til þess að beygja hæstv. viðskrh., því að þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkt gerist, eins og ég rakti hér áðan. Þetta hefur verið að gerast æ ofan í æ, þetta er að verða hinn fasti, háttbundni siður í störfum núv. ríkisstj., að hæstv. viðskrh. þrjóskast í vissan tíma, en síðan er hann beygður. Með því að beygja sig í þessu máli er hæstv. viðskrh. að taka á sig ábyrgð á því að auka erlend lán til innflutnings á ýmsum miður þörfum vörum. Hann er að taka á sig hættu af því að efnahagslegt öryggi okkar verði enn þá lélegra en það er núna, við verðum að ganga enn þá lengra á þeirri braut að taka erlend neyslulán fyrir daglegum notum okkar. En það liggur í hlutarins eðli, að það er ekki hægt að ganga langt á þeirri braut. Eigi ekki að ákveða það út frá skynsamlegu mati, hvaða vörur eigi ekki að flytja inn þegar við eigum engan gjaldeyri, þá hlýtur aðferðin að vera hin, sú aðferð sem hæstv. ríkisstj. er að beita, að gera skortinn að svo ströngum skömmtunarstjóra að það hrökkvi til til þess að draga úr gjaldeyriseyðslunni. Og það er nákvæmlega þetta sem verið er að gera núna, t. d. þegar matvæli, landbúnaðarvörur, hækka í dag. Það er verið að gera skortinn að skömmtunarstjóra. Það er verið að takmarka eftirspurnargetu almennings til þess að vissir

forréttindahópar geti haldið áfram að leika sér að því að kaupa ýmsar algerlega óþarfar og nánast hlægilegar vörur.

Í sambandi við það, hvaða fólk hefði orðið harðast úti í þeim efnahagsaðgerðum sem yfir okkur hafa dunið að undanförnu, nefndi ég sérstaklega aldrað fólk og öryrkja, vegna þess að það er það fólk sem notar mestan hluta tekna sinna til matarkaupa. Ég vil minna á það, að þetta fólk hefur verið leikið alveg sérstaklega grátt, því að það eru látnar gilda aðrar reglur um tekjur þess en annarra hópa í þjóðfélaginu. Þegar sett voru brbl. um jafnlaunabætur á s. l. hausti, átti svo að heita að lágmarksbætur til hvers manns yrðu 3 500 kr. Því var haldið fram. En í framkvæmd var það þannig, að aldrað fólk og öryrkjar fékk ekki nema tæpar 1 900 kr., það fékk sömu prósentu, en það fékk ekki nema tæpar 1 900 kr. Og þetta var rökstutt með því, að ef þetta fólk væri gift, ef báðir aðilar fengju ellilífeyri með tekjutryggingu, þá mundu þeir ná þessari upphæð, 3 500 kr. Og sama máli gegndi um öryrkja, ef þeir væru giftir og báðir fengju örorkubætur, þá mundu þeir ná þessari upphæð, 3 500 kr. En þannig er ástatt um ákaflega lítinn hluta af öldruðu fólki og öryrkjum á Íslandi.

Ef við tökum árið 1972, þá sýna skýrslur, að 10 714 einstaklingar fengu ellilaun, en ekki nema 2 602 hjón. Örorkulífeyri fengu 3 612 einstaklingar, en ekki nema 196 hjón. Ef á að réttlæta þessa framkomu við aldrað fólk og öryrkja með þessum rökum, þá standast þau engan veginn, enda þekki ég ekki til þess á almennum vinnumarkaði að farið sé að greiða mönnum kaup eftir því hvort þeir eru giftir eða ekki. Það hefur ekki tíðkast. Það er samið um að greiða mönnum tekjur fyrir unna vinnu, en ekki eftir því hvernig þeirra fjölskyldu er háttað. Ég vil því mótmæla alveg sérstaklega þessari meðferð á öldruðu fólki og öryrkjum, og ég vil minnast á það að þegar það kom upp hér á hinu háa Alþ. að breyta þessum brbl. miðað við nýjustu aðstæður og hækka þessa lágmarksupphæð nokkuð, þá átti að hafa sama háttinn á. Þá átti aldrað fólk og öryrkjar aðeins að fá rúmar 2 000 kr., á sama tíma og lágmarksbætur til allra annarra láglaunahópa áttu að vera 3 800 kr. Þetta er að minni hyggju algerlega ósæmileg framkoma, og mér finnst að okkur, sem erum hér á þingi, beri skylda til þess að gæta alveg sérstaklega að hag þessa fólks, því að það hefur enga málsvara aðra en okkur.

Frv. þetta um afnám söluskatts af matvælum hefur nokkuð verið rætt í blöðum að undanförnu. M. a. hefur það verið rætt í forustugrein í Tímanum og í grein, sem ritstjóri Tímans, hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, hefur skrifað. Og undirtektir Tímans hafa verið ákaflega jákvæðar. Það hefur verið talið að hér væri verið að fitja upp á stefnu sem Eysteinn Jónsson hefði fylgt á sínum tíma, og ekki skal ég fara neitt að pexa um það, það er ekki leiðum að líkjast. En þessar undirtektir formanns þingflokks Framsfl. eru að minni hyggju ákaflega athyglisverðar. Ég hef ekki orðið var við neinar aths. við þessa hugmynd af hálfu Sjálfstfl., en ég hygg, að hér sé um að ræða mál, sem hefur vakið það mikla athygli, að það væri áreiðanlega vel þegið og yrði eftir því tekið ef einhver málsvari Sjálfstfl., t. d. hæstv. fjmrh., sem var hér viðstaddur til skamms tíma, léti það uppi við 1. umr. um málið hver væri afstaða Sjálfstfl. til þess. Það hefur mikið verið um það talað af hálfu Sjálfstfl. að undanförnu, að hann vildi gjarnan draga úr almennri skattheimtu vegna þess hvað kjör hafa skerst að undanförnu. Þar er um að ræða ýmsar leiðir sem hægt er að fara. Við fulltrúar Alþb. höfum bent á að þeir skattar, sem hvíla þyngst á lágtekjufólki, eru annars vegar útsvörin og hins vegar söluskatturinn. Þessi skattafúlga er langsamlega stærsti hlutinn af tekjum ríkissjóðs, eins og ég gat um áðan. Og ef þarna yrði um að ræða að ríkisstj. gæti fallist á umtalsverðar breytingar, þá hafa alþýðusamtökin lýst yfir því, að þau muni að sjálfsögðu meta það til móts við auknar tekjur, ef um er að ræða slíkar breytingar að þær hafi áhrif á afkomu alþýðuheimilanna. Þess vegna hygg ég, að þetta sé æðimikilvægt mál og að það væri gagnlegt að fá viðbrögð þingflokkanna við því þegar við 1. umr.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og væntanlega hv. fjh.- og viðskn.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Það þarf ekki miklu við það að bæta, sem frsm. þessa frv. hefur þegar sagt, en þó vildi ég aðeins láta nokkur orð fylgja með.

Eins og hann tók fram hefur orðið á undanförnum mánuðum einhver sú mesta hækkun á framleiðslukostnaði hér á landi sem við þekkjum til. Þetta gerist á sama tíma og kaup hefur verið bundið, verðlagsbætur hafa ekki verið greiddar á kaup og samningar verkalýðsfélaganna frá í fyrravetur þannig að engu gerðir.

Það er ákaflega mikið talað um þá erfiðleika sem við sé að etja í okkar efnahagslífi. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu nú. En þegar þannig er ástatt eins og nú er, að framfærslukostnaðurinn hækkar með þeim ógnarhraða sem verið hefur og kaup er bundið, þá er augljóst að það hlýtur að stefna að verulegu uppgjöri í launamálum.

Það hefur ekki verið sparað að leggja á það verulaga áherslu, að almenn laun væri ekki hægt að hækka eins og nú stæðu sakir. Þegar þannig er ástatt virðist alveg augljóst, að það verður þá að reyna að leita annarra leiða. Í þeim viðræðum og þeim kröfum, sem verkalýðshreyfingin hefur gert undanfarið, hefur það skýrt verið tekið fram, að hverjar þær félagslegar umbætur sem hið opinbera, ríkisstj., gæti af hendi látið yrðu metnar til jafns við kauphækkanir. Þá er augljóst, að einhvers konar niðurfærsla á verðlaginu virðist vera það sem hvað helst gæti til greina komið.

Það er að mínum dómi algerlega rangt í þeirri verðlagsþróun, sem búin er að vera hjá okkur í mörg undanfarin ár, að þá séu brýnustu matvæli heimilanna söluskattsskyld. Ég held, að þetta sé leið, sem bókstaflega aldrei hefði átt að vera farið inn á. Nokkur matvæli hafa verið undanþegin söluskatti og verið tekin út úr, þótt áður hafi verið söluskattsskyld, og það, sem þetta frv. leggur til, er einmitt að haldið verði áfram á þeirri braut og á matvælin verði ekki lagður

söluskattur. Það virðist vera augljóst eins og verðlagsþróunin hefur verið allra síðustu mánuði, að þegar frá 1. ágúst og til 1. febr. hið almenna verðlag, eins og vísitalan sýnir það, hækkar um 25%, þá skuli matvælin, allra brýnustu nauðsynjarnar, hækka um hvorki meira né minna en rösklega 42%, þá virðist blasa við að hér verðum við að reyna að hamla á móti. Sumt af þessu getum við ráðið við í verðmynduninni innanlands. Annað er þess eðlis að við ráðum lítið við, eins og sumar erlendu vörurnar sem hafa hækkað gífurlega mikið. Við ráðum minna við það, þó að sú spurning vakni raunar að þegar brýnustu nauðsynjar fólks hækka um mörg hundruð prósent, þá eigi þeir, sem afgreiða vöruna, selja okkur vöruna, að fá sömu þóknun í prósentum talið og þeir höfðu meðan varan var á nokkurn veginn sambærilegu verði við aðrar vörur. Ég á hér t. d. við sykurinn og fleira mætti raunar nefna.

Það virðist þess vegna, að þegar við stöndum frammi fyrir vandamálum, eins og nú eru, þá sé einhver alveg sjálfsagðasta lausnin, sjálfsagðasta ráðstöfunin, sem þarf að gera, að reyna að færa niður eða halda sem allra mest í skefjum verðlaginu á allra brýnustu nauðsynjunum, matvælunum. Hækkun hefur orðið gífurlega mikil einnig á öðrum nauðþurftum, eins og rafmagni og hitunarkostnaði. Þegar það bætist við þau ósköp, sem matvælin hafa hækkað, þá sjá allir hve erfitt það hlýtur að vera, að þeir, sem minnstar hafa tekjurnar, geti náð endum saman við rekstur sinna heimila.

Þessi mál hefur allmikið borið á góma í þeim samningaviðræðum, sem farið hafa fram að undanförnu, öðrum þræði við atvinnurekendur beint varðandi kaupgjaldið og hins vegar einnig við stjórnvöld einmitt varðandi ráðstafanir sem gætu orðið til þess að auðvelda samninga, og sjálf kauphækkunin þyrfti ekki að vera í sama mæli og annars yrði, ef stjórnvöld koma verulega til móts við aðila vinnumarkaðarins. Hvort tveggja hefur verið rætt, niðurfærsla beinna skatta og einnig lækkun söluskatts og þá fyrst og fremst á nauðþurftum fólks. Ég ætla ekki hér að greina frekar frá þeim viðræðum, aðeins segja það, að mjög einfalt virðist vera í raun og veru að fara söluskattsleiðina. Hins vegar er hægt að lækka beina skatta með þeim hætti, að það komi þessu sama fólki verulega að notum. Ég ætla ekki að fara að gera hér upp á milli leiða nú. En alveg burtséð frá því, hvað kann að verða um þessi samningamál nú, þá tel ég vera alveg nauðsynlegt að Alþ. taki til alvarlegrar meðferðar hvort brýnustu lífsnauðsynjar fólks eigi að vera háðar söluskattsálagningu. Að mínum dómi eigum við að hverfa frá því, og því fyrr því betra. En ég þarf ekki að endurtaka það, sem hér var sagt áðan, að við verðum innan ekki langs tíma að fella niður tolla, og ef á að vinna upp þær fjárhæðir með auknum söluskatti, þá sjáum við hvert stefnir einmitt með þessar lífsnauðsynjar, og því fyrr sem Alþ. gerir þetta upp við sig, því betra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 351). — 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. um sveitarstjórnarmál í þessari hv. d. á þskj 351, ásamt hv. þm. Gunnlaugi Finnssyni, Karvel Pálmasyni, Sighvati Björgvinssyni og Ólafi G. Einarssyni. Í grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. þetta var flutt á síðustu tveim þingum að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, en varð ekki útrætt. Frv. er endurflutt vegna ítrekaðra óska sveitarstjórnarmanna. Það hefur verið til athugunar hjá mþn. í byggðamálum. N. hefur gert forsrh. grein fyrir afstöðu sinni til lagasetningar um landshlutasamtökin.“ Ég vil skjóta hér inn í, að hér er átt við fyrrv. forsrh., þar sem þetta var á síðasta þingi. „Í þeirri skýrslu segir svo orðrétt um þetta efni: „Eins og yður hefur áður verið gerð grein fyrir bréflega, telur n. mikla nauðsyn á því, að lög verði sett um landshlutasamtökin. N. er jafnframt að sjálfsögðu kunnugt um þá almennu endurskoðun sem fram fer á sveitarstjórnarlögum. Hins vegar virðist ástæða til að óttast að sú yfirgripsmikla endurskoðun taki langan tíma og verði a. m. k. ekki lokið fyrir það þing sem nú situr. N. hefur því orðið sammála um að leggja til, að rammalög verði sett um landshlutasamtökin, sem síðar verði felld inn í hina almennu endurskoðun. Sýnist n. rétt að frv. það, sem lagt var fram á síðasta þingi, verði lagt fram óbreytt.“

Svo hljóðandi grg. fylgdi frv. frá hálfu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, þegar það var flutt á síðasta þingi:

„Forustumenn landshlutasamtaka sveitarfélaga hafa eindregið óskað þess, að Samband ísl. sveitarfélaga hlutaðist til um að meðfylgjandi frv. fengist flutt og afgr. á yfirstandandi þingi.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa verið stofnuð og hafa starfað í nokkur ár í öllum landshlutum utan Reykjavíkur. Þykir þeim og Sambandi ísl. sveitarfélaga tími til kominn, að tilvera þeirra verði staðfest í l. og að í sveitarstjórnarlögum séu ákvæði um þau.

Að formi til felur frv. í sér viðauka við sveitarstjórnarlög nr. 58 frá 29. mars 1961, en efnislega hefur frv. að geyma ákvæði um landshlutasamtök sveitarfélaga, hver þau séu, um aðild að þeim, um hlutverk þeirra, um kosningu á aðalfund þeirra og um tekjur þeirra. Ákvæði frv. hagga í engu ákvæðum gildandi l. um einstök sveitarfélög og sýslufélög.“

Ég tel rétt að gera hér í upphafi grein fyrir því, að þrátt fyrir þá skoðun langflestra hv. þm. á undangengnum tveimur þingum, að rétt væri að setja á þessu stigi þau ákvæði inn í sveitarstjórnarlög sem hér um ræðir, þá fékk frv. samt nokkurn andbyr frá einstökum þm. Efnislega var einkum um þrennt að ræða í málflutningi þeirra, sem mæltu gegn frv. óbreyttu.

Í fyrsta lagi voru sumir hv. þm. Norðurl. v. þeirrar skoðunar, að í frv. þyrfti að setja ákvæði, sem tryggði að sveitarfélög á Norðurl. v. gætu verið í sérstökum samtökum, ef a. m. k. meiri hl. þeirra óskaði eftir því. Um þetta voru fluttar brtt. á síðasta þingi. Þær liggja allar fyrir í

þingtíðindum, og tel ég eðlilegt út af því máli að sú hv. n., sem fær frv. til athugunar, skoði þessar till. og flytji sameiginlega brtt., svo að þessi meginstefna komi fram í frv., að höfðu samráði við þm. Norðurl. v.

Í öðru lagi komu fram ábendingar um, að rétt væri að bíða endurskoðunar á sveitarstjórnarl. með þá ráðstöfun að setja landshlutasamtökunum ákvæði í lögum. Um þetta vil ég segja, að ég hygg að það hafi nú komið í ljós, að þessi háttur, að bíða almennrar endurskoðunar sveitarstjórnarl., hafi í för með sér óhæfilegan og óæskilegan drátt á því að löggjafinn móti samræmdar rammareglur um starfsemi landshlutasamtakanna. Endurskoðun sveitarstjórnarl. er mikið og flókið verkefni, og hygg ég að enn sé nokkuð langt í land að þær till. verði lagðar fyrir hv. Alþ.

Í þriðja lagi var á það bent, að frv. kæmi inn á verksvið sýslufélaga. Um þetta atriði vil ég segja, að mér sýnist það misskilningur að þessar rammareglur út af fyrir sig komi því máli við. Hér er í raun um að ræða staðfestingu löggjafans á því sem orðið er. Landshlutasamtökin eru staðreynd. Sveitarstjórnir í öllum landshlutum hafa haft frumkvæði um að mynda þau, og löggjafinn hefur þegar falið þeim mikilvæg verkefni og leita ráða hjá þeim um málefni hinna einstöku landshluta. Hvort verksviði sýslufélaga og annarra sveitarfélaga verði breytt fer á hinn bóginn eftir hinni almennu endurskoðun sveitarstjórnarl., sem nú er í athugun hjá stjórnvöldum og hefur verið um alllangt skeið, svo sem kunnugt er.

Þegar byggðaáætlunargerð hófst hér á landi fyrir alllöngu opnuðust augu manna fyrir þeirri nauðsyn að gera úttekt á landshlutunum sem félagslegri og efnahagslegri heild og móta þróunarstefnu viðkomandi landshluta einnig í heild, t. d. í samgöngumálum, heilbrigðismálum, skólamálum, atvinnumálum o. s. frv. Í þessu efni var þó óhægt um nauðsynleg samráð við heimamenn, þar sem engin samtök heimamanna fjölluðu um sameiginlega stefnu byggðarlaganna. Menn fundu, að mikil þörf var á að kippa þessu í liðinn, freista þess að draga úr innbyrðis hrepparig og reipdrætti, en taka í þess stað upp samvinnu um sameiginleg framfaramál sveitarfélaganna í viðkomandi landshluta. Í samræmi við þessa meginhugsun voru svo landshlutasamtökin stofnuð að frumkvæði heimamanna sjálfra. Engum, sem til þekkir og dæmir af sanngirni, dylst að landshlutasamtökin hafa þegar sannað gildi sitt. Sveitarstjórnarmenn líta nú miklu síður en áður á framfaramál út frá þröngum sjónarhóli hvers hrepps eða kaupstaðar fyrir sig, heldur gera menn sér miklu betri grein fyrir framfaramálum heilla héraða og landshluta í samhengi. Þetta er gerbreyting frá því sem áður var og viðhorfsbreyting sem er feiknalega mikils virði.

Viðfangsefni samtaka sveitarfélaga hafa hingað til fyrst og fremst beinst að framangreindri stefnumótun í viðkomandi landshluta og að því að hafa áhrif á stjórnvöld um framkvæmd hennar. Eðli málsins samkv. hefur þetta fremur sameinað sveitarstjórnirnar, en ekki sundrað. Málin hafa einfaldlega verið rædd þar til sameiginleg afstaða hefur fundist. Nú ræða menn á hinn bóginn mikið um að fela þessum samtökum aukin verkefni, draga þannig úr miðstjórnarvaldi og *færa meira vald til fólksins, sem byggir einstaka* landshluta og veit miklu betur hvar skórinn kreppir á hverju sviði en embættismenn í höfuðborginni. Þótt hér verði vissulega að fara með gát til þess að forðast að *nýtt* skrifstofuveldi bætist inn í stjórnkerfið, þá er víst að þessi verður þróunin. Landshlutasamtökunum verða falin ýmis konar verkefni, og hefur löggjafinn raunar þegar gert það, t. d. með grunnskólalögunum. Með þeirri stefnu að fela samtökum sveitarfélaga í hinum ýmsu landshlutum aukin verkefni til endanlegrar ákvörðunar er ljóst, að miklu meira hlýtur að reyna á þau eftir því, sem þessi verkefni eru fleiri og vandmeðfarnari. Það er ekki víst, að alltaf náist alger samstaða, og verður þá að búa svo um hnúta að samtökin geti tekið lýðræðislega ákvörðun með meirihlutavaldi. Þetta merkir að treysta verður landshlutasamtökin, setja þarf þeim lagaramma, ef unnt á að vera að fela þeim vandmeðfarin verkefni til eigin úrlausnar.

Þessi samtök eru nú 6 að tölu. Þau eru ákaflega misstór, bæði að víðáttu og fólksfjölda. Uppbygging þeirra og samþykktir eru afar ólíkar. Engu sveitarfélagi er skylt að vera í landshlutasamtökunum og hvert og eitt þeirra getur gengið úr þeim ef því býður svo við að horfa, og getur það í raun gert slík samtök óstarfhæf ef einhver brögð eru að slíku.

Þetta frv. er áfangi að því marki að breyta þessu og gera samtök sveitarfélaga um allt land hæfari til að gegna mikilvægu og vaxandi hlutverki sínu. Í frv. eru ákvæði um samræmingu starfsreglna landshlutasamtakanna, þótt jafnframt sé þar gert ráð fyrir nokkru svigrúmi vegna mjög svo breytilegra aðstæðna. Auk þess er í frv. fest í lög að þessi samtök skuli starfa og vinna að þeim verkefnum, sem löggjafinn og stjórnvöld fela þeim, og er það nauðsynleg forsenda fyrir því að tryggt sé, að verkefnin verði leyst af hendi og einnig að fólkið í viðkomandi landshluta hafi með lögbundnum hætti lýðræðisleg áhrif á hvernig þessi verkefni verði leyst.

Með tilliti til þess, að yfir stendur umfangsmikil endurskoðun á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þ. á m. landshlutasamtaka þeirra, þótti rétt að hafa skilgreiningu á verkum landshlutasamtakanna í þessu frv. mjög rúma, en samkv. frv. eru ákvæðin um þetta þannig í frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk landshlutasamtakanna er:

a) að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og héraða í umdæmi sínu og landshlutans alls,
b) að vinna að áætlanagerð varðandi landshlutana í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins,
c) að vinna að öðrum verkefnum samkv. lögum,
d) að vinna að framkvæmdum á samþykktum aðalfunda samtakanna og annast almennt ráðgjafastarf í þeirra þágu.“

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að Samband ísl. sveitarfélaga hefur gefið út ítarlega skýrslu

um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem fjallað er um, hvaða verkefni sé eðlilegt að fela landshlutasamtökunum í framtíðinni. Þar sem hv. þm. hafa vafalítið aðgang að þessari skýrslu tel ég ekki ástæðu til að fara nánar út í þá sálma hér að þessu sinni.

Mér þykir rétt að fara nokkrum orðum um atriði, sem komið hafa fram skiptar skoðanir um í sambandi við þetta mál, en það er kjör fulltrúa á þing landshlutasamtakanna. Til eru raddir um að þau ákvæði frv., sem um þetta eru, séu ekki nægilega lýðræðisleg, því að gert er ráð fyrir að sveitarstjórnir kjósi ákveðna tölu fulltrúa á ársþing samtakanna. Réttara sé að íbúar byggðarlaganna kjósi beinni kosningu á þessi þing við hverjar sveitarstjórnarkosningar. Þetta má að vísu til sanns vegar færa að einhverju leyti. En benda má á, að þetta er ekkert ólýðræðislegra en að Alþ. kjósi t. d. útvarpsráð, en það er ekki kosið beinni kosningu af atkvæðisbæru fólki í landinu.

En sleppum þessu og virðum fyrir okkur þær tvær meginreglur sem um er rætt í kosningum til þings landshlutasamtakanna, þ. e. a. s. að sveitarstjórnir kjósi fulltrúana eða fólkið sjálft. Það má ekki gleymast í þessu sambandi, að hér er um samtök sveitarfélaga að ræða, jafnvel væri betra að segja samtök sveitarstjórnarmanna í viðkomandi landshluta. Það er algert grundvallaratriði í mínum huga að þeir sveitarstjórnarmenn, *sem eru ábyrgir fyrir stefnu sveitarstjórna* viðkomandi byggðarlags, fari með umboð þess fólks, sem þar býr, á þingi samtaka sveitarstjórna í viðkomandi fjórðungi. Ef einhverjir aðrir færu með þetta umboð gæti hæglega komið upp ágreiningur á milli sveitarstjórnarmanna úr viðkomandi byggðarlagi og fulltrúanna á þingi samtakanna. Auk þess er á það að líta, að eitt mikilvægasta hlutverk landshlutasamtakanna er einmitt að þar hafa forustu menn hinna ýmsu sveitarstjórna vettvang til þess að ræða stefnu hvers landshluta sem þeirra sveitarfélag er hluti af. Samræmi verður auðvitað að vera í stefnu landshlutasamtakanna og sveitarstjórnanna sem mynda samtökin.

Á það má á hinn bóginn benda, að unnt ætti að vera að samræma þetta tvennt, þ. e. a. s. að tryggja að sveitarstjórnarmenn sitji fyrst og fremst á þingum landshlutasamtaka sveitarfélaga og að þeir séu kosnir beinni kosningu. Þetta væri unnt að gera með því að láta fara fram beina kosningu til þinga landshlutasamtakanna, en kjörgengir séu einvörðungu sveitarstjórnarmenn eða menn ofarlega á lista í sveitarstjórnarkosningum. Það má vel vera að slíkt fyrirkomulag beri að skoða, þegar fram í sækir, ef þessi þing verða miklu valdameiri í málefnum fólks en nú er. Á hinn bóginn tel ég ekki tímabært að taka slík ákvæði upp í lög, eins og nú standa sakir.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu frv. nú, þar sem því hafa verið gerð ítarleg skil á undangengnum þingum. En að síðustu vil ég vekja athygli á því, að þetta frv. er áfangi á þeirri leið að treysta starfsemi landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem þegar hafa sannað gildi sitt fyrir þróun landsbyggðarinnar. Frv. stuðlar að því að draga úr miðstjórnarvaldi og færa meira vald í hendur fólksins í hinum ýmsu landshlutum. Frv. hefur verið til meðferðar á tveimur þingum, það hefur verið grannskoðað í nefndum og um það fengnar umsagnir. Með tilliti til þessa og nauðsynjar málsins vil ég fara þess á leit við hv. þd. og n., sem málið fá til umfjöllunar, að það fái skjóta afgreiðslu og verði að lögum á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 10. mars.

Stofnfjársjóður fiskiskipa.

Skriflegt svar við fyrirspurn frá Geir Gunnarssyni til sjávarútvegsráðherra um Stofnfjársjóð fiskiskipa á þskj. 305, afhent þm. 10. mars.

1. Hve miklu er áætlað að afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa nemi á árinu 1975:
   1) af togurum,
   2) af öðrum fiskiskipum?

Svar: Neðangreindar tölur sýna afborganir og vexti af lánum hjá Fiskveiðasjóði Íslands, Ríkisábyrgðasjóði og Byggðasjóði, en upplýsingar um greiðslur af öðrum lánum liggja ekki fyrir, en þar er um verulegar upphæðir að ræða.

1.1) afborganir um 700 millj. króna
vextir — 800 — —

1.2) afborganir um 600 millj. króna
vextir — 300 — —

2. Hve miklu er talið að greiðslur úr Stofnfjársjóði fiskiskipa muni nema á árinu 1975 samkvæmt áætlunum, sem Þjóðhagsstofnun hefur gert um rekstrarafkomu *fiskiskipa*:
   1) til togara,
   2) til annarra fiskiskipa?

Svar:

2.1) Um 750 millj. króna, að auki greiðir útgerðin um 200 millj. króna af skiptu aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa, samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um.

2.2) Um 1 450 millj. króna.

3. Hve mikið er áætlað að renni í Stofnfjársjóð fiskiskipa á árinu 1975 af óskiptu aflaverðmæti:
   1) af hlut útgerðarinnar:
      a) vegna togara,
      b) vegna annarra fiskiskipa;
   2) af hlut sjómanna:
      a) vegna togara,
      b) vegna annarra fiskiskipa?

Svar: Samkvæmt 2. og 3. gr. laga nr. 106/1974, um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar, greiðir fiskkaupandi gjald til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, er nemur 15% fiskverðs eins og það er ákveð-

ið af Verðlagsráði sjávarútvegsins, þegar afli er seldur innanlands, og þegar fiskiskip selur afla erlendis, skal greiða 21% af brúttósöluverðmæti aflans til Stofnfjársjóðs fiskiskipa.
Ekki liggja fyrir áætlanir um, hversu mikils hluta af söluverðmætinu er aflað af skipum, sem afla fyrir kauptryggingu, og hversu mikill hluti af skipum, sem ekki hafa aflað fyrir kauptryggingu. Vegna þessa er ógerningur að svara framangreindri spurningu sundurliðaðri, en áætlað hefur verið að heildarinnstreymi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa vegna þessara gjalda árið 1975 muni nema um 2 200 millj. króna.

Sameinað þing, 49. fundur.

Þriðjudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Vatnsvirkjunarrannsóknir til raforkuframleiðslu á Norðurlandi, fsp. (þskj. 95). — Ein umr.

Heimir Hannesson: Herra forseti. Ég tala hér fyrir fsp. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni í fjarveru hans sem beint er til hæstv. orkumrh., á þskj. 95. Fsp. er á þessa leið:

„1. Hvaða vatnsvirkjunarrannsóknir með raforkuframleiðslu fyrir augum eru lengst komnar á Norðurlandi?

2. Hvenær væri hægt að hefja virkjunarframkvæmdir ef rannsóknum yrði hraðað eins og kostur er?

3. Liggja fyrir niðurstöður um stærð fyrsta áfanga Dettifossvirkjunar?

4. Hafa verið gerðar athuganir á, hvaða orkufrekur iðnaður kæmi helst til greina á Norðurlandi með Dettifossvirkjun fyrir augum eða aðra stórvirkjun þar?“

Hér er vissulega hreyft afar þýðingarmiklu máli, einu hinu þýðingarmesta fyrir norðlenska hagsmuni í dag og raunar undanfarin ár, enda hafa virkjunarmál norðlendinga verið fulllengi eingöngu á dagskrá og meira um orð en efndir. Er nú svo komið að þessu ástandi una menn ekki lengur og gera þá kröfu til stjórnvalda að í stað orða og óljósra loforða komi efndir með raunverulegum framkvæmdum, en ekki einhver óljós loforð í þá veru að norðlendingar megi búast við því að röðin komi að þeim næst þegar lokið verði við næstu stórvirkjun á Þjórsársvæðinu eða Suðvesturlandssvæðinu.

Því verður vart trúað að þennan vel æfða biðleik undanfarinna ára eigi að leika enn þá einu sinni og þá aftur á kostnað norðlendinga, og vil ég sérstaklega beina því til hæstv. orkumrh. og hæstv. ríkisstj., að hún taki í þessu máli ákveðna afstöðu.

Saga baráttu fyrir stórvirkjun á Norðurlandi, sem í senn miðlaði orku til íbúa og atvinnurekstrar og hagnýtti umframorku til einhverrar þeirrar iðnaðarframleiðslu sem hentar að nýta raforku til sem aflgjafa, er orðin löng og býsna litrík. Þessi saga verður ekki rakin hér. Ég veit ekki hvort allir hv. þm. muna eftir Dettifosshreyfingunni sem mikið lét að sér kveða á sínum tíma. Og margar eru þær ályktanir er fram hafa verið lagðar utan þings sem innan og ýmist samþykktar eða saltaðar. Þær skulu ekki raktar hér frekar en upphaf og saga Dettifosshreyfingarinnar í ýmsum myndum, en allar eiga þær sér það sammerkt að allar minntu á hverjum tíma á nauðsyn þess að stórvirkjun yrði reist á Norðurlandi í tengslum við aðra framleiðslustarfsemi og minnt á vaxandi þörf fyrir orku í Norðlendingafjórðungi. Í hnotskurn er vandamálið í dag: Það hefur komið fram sem menn óttuðust að við þessum óskum varð ekki orðið og menn vita og sjá hvert vandamálið er núna.

Á sama tíma og hver biðleikurinn hefur verið leikinn af öðrum í orkumálum norðlendinga og menn látnir trúa því í alvöru að röðin væri að koma að þeim og rannsóknir um það bil að hefjast fyrir alvöru hafa menn horft upp á hvert orkuverið af öðru rísa hér sunnanlands á vegum Landsvirkjunar sem er eins og kunnugt er sameign ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Nú nýlega hefur verið birtur nýr boðskapur sem ég skal ekki víkja að í þessari framsögu, en e. t. v. síðar. Ég sagðist ekki heldur ætla að rekja söguna, enda vart til þess tími. En fyrir hönd fyrirspyrjanda vil ég vekja athygli á örfáum ummælum ýmissa ráðamanna á fundi um orkumál sem haldinn var á Akureyri 30. nóv. 1973 á vegum Fjórðungssambands norðlendinga, þar sem m. a. fluttu framsöguerindi fyrrv. iðnrh., hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson og Jakob Björnsson orkumálastjóri, með leyfi hæstv. forseta. Í framsögu sinni sagði Magnús Kjartansson, fyrrv. iðnrh., þar sem hann var að ræða um hringtenginguna:

„Slík hringtenging mundi veita eins fullkomið öryggi og hugsanlegt er. En í sambandi við slíka stórvirkjun eins og Dettifossvirkjun er þyrfti að sjálfsögðu að koma á orkufrekum iðnaði hér á Norðurlandi.“ Í framhaldi af þessu sagði ráðh.: „Ég held að það sé ákaflega háskalegt ef menn ætla að halda þannig áfram að allur orkufrekur iðnaður, sem upp verður komið á Íslandi, verði á Suðvesturlandi. Ég álít að það sé mjög mikilvægt í sambandi við byggðaþróun að slíkur orkufrekur iðnaður rísi í öðrum landshlutum og þá ekki síst hér á Norðurlandi.“

Ég sé nú að tíminn er að verða búinn, svo að ég kemst ekki yfir nema hluta af því sem ég ætlaði að segja. En ég vil á þessu stigi ítreka óskir mínar að hæstv. ráðh. gefi hér afdráttarlausar yfirlýsingar. Norðlendingar eru orðnir býsna þreyttir á því að bíða og óska eftir svörum.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessar fsp. voru fluttar fyrir áramót af hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefáni Valgeirssyni. Þær hafa oft verið á dagskrá í Sþ., en verið teknar út af dagskrá vegna veikindaforfalla hv. þm. Hins vegar varð að ráði að hv. þm. Heimir Hannesson, varamaður Stefáns Valgeirssonar, gerði grein fyrir fsp.

Fyrsta spurningin er: „Hvaða vatnsvirkjunarrannsóknir með raforkuframleiðslu fyrir augum eru lengst komnar á Norðurlandi?“

Þegar rætt er um vatnsvirkjunarmöguleika á Norðurlandi verða venjulega fyrst og fremst fyrir fjórir stórvirkjunarmöguleikar. Ég vil að vísu fyrst nefna einn virkjunarmöguleika þar sem er Svartá í Skagafirði, en í aprílmánuði 1971 var með lögum heimiluð virkjun Svartár við Reykjafoss. Þar var ekki um stóra virkjun að ræða og úr framkvæmdum þar varð ekki. Nú er hins vegar rætt einkum um fjóra möguleika, eins og ég gat um áðan. Það eru Blanda, Jökulsárnar í Skagafirði, Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum.

Varðandi Blöndu er það að segja að þar hafa allvíðtækar rannsóknir og frumáætlanir verið gerðar. Má gera ráð fyrir því að þar megi gera álitlega og hagkvæma virkjun með a. m. k. 150 mw. afli. Það þarf að kanna þar nánar jarðlög með jarðborunum áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Hins vegar tel ég annað meira aðkallandi varðandi þá virkjun og það er að hafa sem fyrst samráð við bændur þar nyrðra. Þessi virkjun er þannig hugsuð að um stórt uppistöðulón verði að ræða til miðlunar og öryggis fyrir virkjunina og gert ráð fyrir því að fari um eða yfir 50 ferkm lands undir vatn. Þetta land, sem þannig mundi fara undir miðlunarlónið, er afréttur, góð beitilönd og eiga þar hlut að máli upprekstrarfélög Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðaheiðar. Ég tel sjálfsagt og nauðsynlegt, að áður en lengra er haldið og áður en ráðist er í frekari jarðvegsrannsóknir og boranir með ærnum kostnaði verði efnt til fundar með landeigendum, með bændum og aðilum afréttarlanda þar, til þess að kynna fyrir þeim þessar virkjunarhugmyndir og kanna hug þeirra til þessara mannvirkja. Í því sambandi hefur komið til orða að ef af þessari virkjun yrði skyldi reynt að græða upp önnur beitilönd í staðinn. Iðnrn. hefur þegar gert ráðstafanir til þess að undirbúa slíkan kynningarfund með bændum þar nyrðra.

Annar möguleiki er Jökulsárnar í Skagafirði. Þar er einnig möguleiki á stórvirkjun, væntanlega af svipaðri stærð og Blönduvirkjun. Þá virkjun er hægt að framkvæma í áföngum og er það einnig mjög álitleg virkjun.

Þriðji möguleikinn er Skjálfandafljót. Varðandi þá virkjunarmöguleika gaf ég upplýsingar á Alþ. 4. febr. s. l. sem svar við fsp. frá hv. 6. þm. Norðurl. e., Inga Tryggvasyni, og tel ekki ástæðu til að fara ítarlegar út í það hér. Sérfræðinga greinir mjög á um hversu álitlegir virkjunarmöguleikar séu í Skjálfandafljóti. Sumir telja þá mjög góða, aðrir draga það í efa, og virkjunarrannsóknir varðandi Skjálfandafljót eru ekki það langt á veg komnar að möguleiki sé til ákvarðanatöku þar nú alveg á næstunni.

Fjórði möguleikinn er Jökulsá á Fjöllum. Einna mestar rannsóknir hafa farið fram þar og lengst síðan þær hófust. Í svari mínu þennan sama dag, 4. febr. s. l., við annarri fsp. frá hv. 6. þm. Norðurl. e. gerði ég grein fyrir þessum rannsóknum sem hafa staðið yfir allt frá árinu 1960 og er búið að verja til nokkru fé. Það hefur heyrst frá Orkustofnun að virkjun Dettifoss sé í rauninni tilbúin til ákvarðanatöku, rannsóknum og áætlunum sé það langt á veg komið. Má vera að það sé rétt, svo langt sem það nær. Hins vegar, eins og ég gat um í svari mínu við þeirri fsp., hafa einnig verið, að vísu lauslega, athugaðir af Orkustofnun möguleikar á öðrum virkjunum í Jökulsá á Fjöllum og að umsögn Orkustofnunar hefur m. a. verið kannaður möguleiki á að nýta vatnsorku Jökulsár á Fjöllum í einni virkjun annars staðar, um það bil tvöfalt stærri en Dettifossvirkjun. Síðan segir: „Verði Dettifoss virkjaður er hæpið, að afgangurinn af vatnsafli Jökulsár verði nýttur yfirleitt, og útilokað má telja að nýta hann á hagkvæman hátt.“ Þessi virkjun er mjög lítið könnuð enn þá. Þó að rannsóknum á Dettifossi sé þannig alllangt komið og þar gert ráð fyrir 165 mw. stöð er tæpast hægt að segja að unnt sé á þessu stigi eða alveg á næstunni að taka ákvörðun um virkjanir á Jökulsá á Fjöllum meðan hinn möguleikinn um tvöfalt stærri virkjun er lítt kannaður enn þá. Ég býst við að fáir ráðamenn þjóðarinnar mundu vilja bera ábyrgð á því að ákveða nú á næstunni virkjun í Dettifossi með 165 mw. — virkjun sem útilokaði um aldur og ævi aðra tvöfalt stærri virkjun. Þess vegna held ég að staðreyndirnar séu þær varðandi Jökulsá á Fjöllum að þó nokkrar rannsóknir þurfi að gera þar enn áður en endanlegar ákvarðanir er hægt að taka.

Einnig er spurst fyrir um það hvaða orkufrekur iðnaður kæmi helst til greina á Norðurlandi með Dettifossvirkjun fyrir augum eða aðra stórvirkjun þar. Varðandi þetta mál hefur, að því er ég veit best, helst komið til greina tvenns konar iðnaður, annaðhvort álframleiðsla eða áburðarframleiðsla.

Ég get svo þessu til viðbótar vísað um nánari upplýsinga varðandi Skjálfandafljót og Dettifoss til svara minna frá 4. febr. En ég vil út af orðum hv. þm. Heimis Hannessonar taka mjög undir það sem hann sagði um orkumál Norðurlands, að þau hafa verið fulllengi eingöngu á dagskrá, en minna um efndir en orð, það væri því tími til kominn að taka ákveðna afstöðu. Hv. þm. taldi að hingað til hefðu norðlendingar orðið að sætta sig við biðleiki. Ég vona að taflmennsku biðleikanna sé senn lokið og a. m. k. er það eindreginn ásetningur núv. ríkisstj. að setja framkvæmdir þar í fyrsta sess. Ég tel að áður en ákvörðun verður tekin um næstu virkjun á Þjórsársvæði eða Hrauneyjarfoss, sem hv. þm. einnig gerði að umtalsefni, verði að taka ákvörðun um stórvirkjun á Norðurlandi.

Heimir Hannesson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. orkumrh. fyrir svörin og sérstaklega þó fyrir tvær yfirlýsingar sem hann gaf: Aðra þá, að taflmennsku biðleikjanna væri lokið, þó að ég sé ekki alveg sannfærður um að svo sé, en ég þakka hæstv. ráðh. eftir sem áður fyrir það. Í öðru lagi vil ég þakka honum fyrir þá yfirlýsingu, sem ég vil vekja sérstaka athygli á, að ríkisstj. eða hann sem orkumrh. lýsir því hér með yfir að fyrsta ákvörðun í sambandi við stórvirkjun verði tekin í sambandi við stórvirkjun á Norðurlandi og sú ákvörðun verði tekin áður en endanleg ákvörðun verði tekin um Hrauneyjafoss — skil ég það ekki rétt? — í sambandi við Þjórsársvæðið.

Í sambandi við þá vinnslu sem hæstv. ráðh. minntist á, vil ég líka þakka honum hans um-

mæli og ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri til þess að koma á framfæri áhugamáli — sem ég reyndar ætlaði að gera í framsögu, en gafst ekki tími til — fyrirspyrjanda Stefáns Valgeirssonar sem hann og fleiri hafa áhuga á. Það er að kannaðir verði mjög vandlega möguleikar á því að reisa áburðarverksmiðju á Norðurlandi í tengslum við stórt orkuver. Ég hjó sérstaklega eftir því að hæstv. ráðh. hafði sérstaklega orð á því að þessi svokallaða minni Dettifossvirkjun mundi e. t. v. ekki henta vegna þess að markað skorti. Ég vil í sambandi við það vekja sérstaka athygli á því að samkv. þeim upplýsingum, sem ég og fleiri hafa aflað, mundi hugsanleg áburðar- eða ammoniakverksmiðja einmitt þurfa meiri orku, jafnvel milli 300 og 400 mw., þannig að ég vil fara þess á leit við hæstv. ráðh. að þetta mál verði alveg sérstaklega kannað í sambandi við áburðarverksmiðjuna.

Hæstv. ráðh. sagði að öllum bíðleikjum væri lokið og það er mjög gott. Ég verð hins vegar að vekja athygli í þessari virðulegu d. á því, að fyrir nokkrum dögum flutti Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, stjórnarformaður Landsvirkjunar, ræðu. Þar sagði hann í sínu erindi sem birt var í Morgunblaðinu s. l. sunnudag, með leyfi forseta:

„Til þess að mæta þessari þörf hefur verið undirbúin virkjun við Hrauneyjarfoss og verða útboðsgögn tilbúin og öllum verkfræðilegum undirbúningi lokið innan nokkurra vikna. Verður því hægt að afla tilboða í vélar og framkvæmdir þegar á þessu ári ef æskilegt þykir."

Mér sýnist að þarna sé á ferðinni kannske einhvers konar bíðleikur, hvað sem hann kann nú að þýða í framkvæmd. Í sama erindi segir formaður Landsvirkjunar líka:

„Ef ég held mér eingöngu við meiri háttar virkjanir, en sleppi smávirkjunum, sem hvort eð er hafa lítil áhrif á heildarmyndina, er á þessu tímabili aðeins um að ræða þrjár virkjanir: Sigölduvirkjun sem þegar er í byggingu, Kröfluvirkjun sem framkvæmdir munu hefjast við á þessu ári og Hrauneyjarfossvirkjun, sem bráðlega er tilbúin til útboðs og gæti orðið fullbúin árið 1979 ef framkvæmdir hefjast ekki síðar en á þessu ári."

Það er því alveg ljóst að landsvirkjunarstjórn — ég held að það geti varla verið með heimild ríkisstj., miðað við þær yfirlýsingar sem mér hafa verið gefnar — er komin langleiðina með aðstoð sérfræðinga og með sínu fjármagni að undirbúa þessi mál. Ég vildi því skora á hæstv. orkumrh., þótt þess sé kannske varla þörf eftir þá yfirlýsingu sem hann gaf hér áðan, að það verði ríkisstj. og Alþ. sem ráði stefnunni í þessu máli, en ekki landsvirkjunarstjórn.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eitt af því, sem háð hefur og háir í dag virkjunarmálum hér á Íslandi, er hversu seint gengur um rannsóknir og áætlanagerð og hönnun. Þegar það var kannað eftir síðustu stjórnarskipti hvernig málum væri háttað á Norðurlandi, hvort ekki væri hægt að taka þá þegar ákvörðun um einhverja meiri háttar virkjun á Norðurlandi, þá reyndist það ekki vera vegna þess að enn skorti allmikið á að rannsóknir og hönnun varðandi t. d. þessa fjóra virkjunarmöguleika, sem ég rakti hér, væru svo langt á veg komnar að hægt væri að taka ákvörðun. Ég tel því ákaflega lofsvert hjá Landsvirkjun hversu vel þar hefur verið unnið að rannsóknum og hönnun virkjunarmöguleika. Þar liggja málin þannig fyrir að næsti virkjunarmöguleiki er hannaður, þ. e. a. s. Hrauneyjarfoss, og unnið er af kappi að öðrum virkjunarmöguleikum á því svæði og ég býst við að það verði ekki langt þangað til þeir verða tilbúnir. Ég tel ákaflega mikinn feng að þannig hefur verið unnið að málum á vegum Landsvirkjunar og vissulega lofsvert. Hitt er svo allt annað mál, að það er ríkisvaldsins að taka ákvörðun um í hvaða röð eigi að ráðast í þessar framkvæmdir.

Það kemur fram, eins og hv. þm. gat um, í erindi formanns Landsvirkjunar á fundi Sambands ísl. rafveitna að Hrauneyjarfoss muni senn tilbúinn til útboðs. Það er svo að sjálfsögðu ákvörðun sjórnvaldanna að ákveða hvort ráðist skuli nú á næstunni í virkjun Hrauneyjarfoss og hver röð þessara möguleika eigi að verða. Það væri vissulega æskilegt ef aðrir virkjunarmöguleikar, bæði á Norðurlandi, Austurlandi og víðar, væru svo langt komnir að því er rannsókn og hönnun snertir að við gætum þegar í stað tekið ákvörðun. En ég vil taka það fram út af því, sem hv. þm. vitnaði í ræðu formanns Landsvirkjunar, að þar kemur aðeins fram að landsvirkjunarstjórn hefur unnið á þennan veg að undirbúningi mála.

Ég hef svo ekki að öðru leyti við það að bæta sem ég sagði áðan. En ég vil aðeins endurtaka að ég tel nauðsynlegt, að áður en þetta ár er á enda runnið verði tekin ákvörðun um stórvirkjun á Norðurlandi. Ég tel að slík ákvörðun verði að koma áður eða ekki síðar en um leið og tekin yrði ákvörðun um Hrauneyjarfoss.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. iðnrh. að ákvörðun um stórvirkjun á Norðurlandi verði tekin á undan ákvörðun um Hrauneyjarfossvirkjun. Ég vil þó vekja athygli á því að það er ekki nóg að taka ákvarðanir í einhverri ákveðinni röð um virkjanir. Það hafa fyrr verið teknar ákvarðanir eða alla vega fyrr verið samþykktar virkjanir sem ekki hafa síðan verið gerðar, og það, sem fyrir okkur vakir á Norðurlandi, er auðvitað fyrst og fremst að fá virkjanir. Ég vil að vísu taka fram að það lítur út fyrir að nokkuð sé bjartara fyrir dyrum í virkjunarmálum okkar þar sem gert er ráð fyrir að virkja Kröflu mjög fljótlega.

En erindi mitt hingað var að vekja athygli á því að það er nauðsynlegt að hraðað verði rannsóknaframkvæmdum við Jökulsá á Fjöllum. Það kom hér fram áðan að ekki er vitað um undirtektir landeigenda í sambandi við virkjun í Blöndu. Þar er um það að ræða að stórt land verði sett undir vatn og kunna að verða einhverjir örðugleikar í sambandi við ákvörðun um virkjun þar. Mér er ekki kunnugt um að slík vandkvæði séu við Jökulsá á Fjöllum og það atriði út af fyrir sig ætti að vera hvati til þess að áframhaldandi rannsóknir verði unnar sem fyrst

svo að hægt verði að taka ákvörðun um virkjun í Jökulsá, ekki síður af stærri gerðinni en þeirri minni.

Loks langar mig að víkja að því að ég hefði gjarnan viljað heyra skýringar á því hvernig á því stendur, að undirbúningur virkjana er svo miklu lengra á veg kominn hjá Landsvirkjun heldur en annars staðar á landinu. Það er athyglisvert vissulega hversu vel hefur gengið með undirbúning virkjana á svæði Landsvirkjunar. Hvernig stendur á því, að þessi verk ganga miklu hraðar fram þar en annars staðar á landinu?

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það hefur margt komið merkilegt fram í svörum hæstv. iðnrh. í sambandi við þessar fsp., en því miður er enginn tími til að fara út í neinar almennar umr. þar um.

Ég veit að hv. alþm. hafa veitt því athygli að það hafa orðið miklar umr., bæði hér í þingsölum og ekki síður á heimaslóðum, í sambandi við virkjunarmál á Norðurlandi, og þessi mál eru hálfgerð sorgarsaga í rauninni. En ég hygg líka og mig langar til að benda alveg sérstaklega á það, að í svörum hæstv. ráðh. kemur greinilega fram að á Norðurlandi eru gífurlega miklir möguleikar til virkjana, margs konar virkjana, bæði stórra og smárra. Mig langar til að draga alveg sérstaklega athygli manna að þessari staðreynd, að þessir virkjunarmöguleikar á Norðurlandi eru margvíslegir. En jafnframt hlýt ég að minna á það sem gert hefur verið hér mjög rækilega áður að það hefur gengið sorglega seint að fá fram fullnaðarrannsókn á þeim miklu möguleikum sem fyrir hendi eru. Ég ætla ekki að fara að telja upp alla þessa staði því að það gerði hæstv. ráðh. svo rækilega áðan og menn hafa tekið eftir orðum hans. En ég vil, eins og hér hefur verið gert áður, leggja á það megináherslu nú með öðru að þessum rannsóknum verði hraðað og þá alveg sérstaklega rannsóknum á Jökulsá á Fjöllum á því að þessar rannsóknir hafa nú staðið í hálfan annan áratug, að ég hygg, og ég held að það hafi komið réttilega fram hjá ráðh. — í hálfan annan áratug og þeim er tæplega lokið enn, jafnvel hvað snertir Dettifossvirkjun sem lengst hefur verið á döfinni. Og nú þegar þeir eru búnir að velta þessu fyrir sér í 15 ár, þá komast þeir að þeirri niðurstöðu að virkjunarmöguleikarnir í Jökulsá á Fjöllum séu enn meiri en komið hefur fram og kannske miklu meiri en okkur hefur órað fyrir. Ég vil því leggja megináherslu á það við hæstv. ráðh. að þetta verði fullkannað.

Sannleikurinn er sá að ég ætlaði að minnast á sitthvað fleira. Í sambandi við þetta hefur ekki verið minnst á eina stóra og mikla virkjun sem unnið er að af miklu kappi núna og er komin á það stig að það þarf í rauninni ekki annað en lokaákvörðun til þess að hægt sé að hefjast handa, og það er virkjunin við Kröflu. Ég vil biðja þingheim að gleyma ekki því máli. Það er sú virkjun sem er komin langsamlega lengst og það er sú virkjun sem norðlendingar horfa til og treysta að verði til þess að leysa þeirra brýnustu mál. En það breytir því ekki, eins og ég hef áður tekið fram og vil benda alveg sérstaklega á, að virkjunarmöguleikar á Norðurlandi eru margvíslegir og við þurfum ekki að kvíða neinum orkuskorti á Norðurlandi ef þeir eru notaðir og ef rösklega er að þeim málum unnið.

Tómas Árnason: Herra forseti. Þessar umr., sem hafa spunnist út af fsp. um orkumál á Norðurlandi, hafa verið á margan hátt fróðlegar, sérstaklega að því leyti til að það hefur komið glögglega í ljós að það, sem ræður ferðinni í sambandi við stórar orkuframkvæmdir, eru fyrst og fremst rannsóknirnar og það, sem ræður rannsóknunum, eru fyrst og fremst fjárráðin til þess að standa fyrir rannsóknum. Það virðist svo sem Landsvirkjun hafi ótakmarkaða möguleika til þess að standa fyrir rannsóknum sem kosta gífurlegt fjármagn. Það hefur verið upplýst hér á Alþ. fyrr í vetur að t. d. muni kosta um 250—300 millj. kr. að rannsaka til fullnaðar Fljótsdalsvirkjun á Austurlandi og það muni taka 3 ár. Ég veit ekki hve mikið fjármagn það muni kosta að rannsaka Hrauneyjarfossa, en mér er það ljóst að það kostar mikið fjármagn.

Landsvirkjun hefur að því er virðist ótakmarkað fjármagn og það ræður ferðinni vegna þess að raforkuþörfin knýr á dyrnar og ekki er hægt að bíða eftir rannsóknum á öðrum möguleikum, og þess vegna verður ofan á að virkja þá virkjunarmöguleika sem hafa verið rannsakaðir og skoðaðir. Ég held að það sé ákaflega þýðingarmikið fyrir þjóðina að leggja meira fjármagn í rannsóknir á sviði orkumála til þess að menn séu betur í stakk búnir til þess að bera saman þá möguleika sem raunverulega eru fyrir hendi, því að forsendan fyrir því að menn geti borið saman hagkvæma möguleika á þessum sviðum er einmitt að fullnaðarrannsóknir liggi fyrir.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, minntist á það að Krafla hefði ekki verið nefnd í þessum umr. Því fer fjarri að Krafla hafi gleymst, því að mikil áhersla hefur af hálfu núv. ríkisstj. verið lögð á að hraða sem mest þeim undirbúningi og framkvæmdum, með þeim árangri líka að í stað þess að gert var ráð fyrir því á s. l. hausti að það tæki 4—5 ár að fá framleiðslu í Kröflu eru nú horfur á því að framleiðsla geti hafist fyrir lok árs 1976. Ber vissulega að fagna því og ástæða til að þakka stjórn Kröflu, þar sem hv. 1. þm. Norðurl. e. er varaformaður, fyrir vel unnin störf að því máli.

En ástæðan til þess að ég nefndi ekki Kröflu í svari mínu var einfaldlega sú að fsp. eru um vatnsvirkjunarrannsóknir og vatnsvirkjunarmöguleika á Norðurlandi.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurðist fyrir um það, hvernig stæði á því að það gengi svona miklu betur hjá Landsvirkjun um rannsóknir og hönnun mannvirkja. Hv. 4. þm. Austf. kom einnig inn á það mál, að svo virtist sem Landsvirkjun hefði næstum ótakmarkað fjármagn. Nú er það vafalaust atriði, sem hefur haft hér veruleg áhrif á, að Landsvirkjun mun hafa haft rýmri hendur um fjármagn til rannsókna og undirbúnings. En það kemur einnig annað til, það er skipulag þessara mála. Þar kem ég að atriði sem nú er í athugun

hjá iðnrn. og ég held að allir hljóti að vera sammála um að þarf að gera gagngerðar breytingar á. Það er varðandi skipulag á yfirstjórn raforkumálanna. Orkustofnun, sem hefur unnið margt mikið og merkilegt starf og hefur á að skipa hinum færustu sérfræðingum, hefur fyrst og fremst það verkefni að rannsaka orkumöguleika á Íslandi. Spurningin er t. d. á Norðurlandi: Hvaða aðili er það sem ber ábyrgðina um að hafa frumkvæði og skyldu til þess að sjá norðlendingum fyrir raforku? Á Laxárvirkjunarsvæðinu má segja að það sé Laxárvirkjun. En eins og kunnugt er hafa framkvæmdir hennar og hugmyndir í þeim efnum verið stöðvaðar bæði við Laxá og einnig þegar Laxárvirkjun vildi fyrir um það bil tveimur árum stækka og auka stöðina í Bjarnarflagi, þá fékk hún ekki leyfi til þess hjá þáv. ríkisstj. eða iðnrh. Það er rétt að geta þess einnig, að þriðji aðilinn hefur komið hér nokkuð við sögu þar sem eru Rafmagnsveitur ríkisins. Þær hafa t. d. haft með höndum vissan hluta af rannsóknum, alveg sérstaklega vil ég nefna Jökulsá í Skagafirði.

Þegar við lítum á skipulag rafmagnsmálanna eða orkumálanna kemur auðvitað einnig upp í hugann sú skýring og það svar við fsp. hv. þm. að hjá Landsvirkjun fer þetta allt saman. Landsvirkjun hefur með höndum rannsóknir, undirbúning, áætlanagerð og á henni hvílir sú skylda að sjá íbúum og atvinnulífi á þessu landssvæði fyrir nægri orku. Þessi atriði bæði koma hér auðvitað til greina sem skýringar: Annars vegar er fjármagnið og hins vegar það skipulag sem gilt hefur í þessum efnum og verður auðvitað að ráða bót á.

Nú er þegar farið að líða töluvert á árið 1975 og menn hafa séð harla lítið af framkvæmdum og eru orðnir býsna þreyttir í þessu sérstaka máli. Ég geri mér ljóst að hér er um að ræða í rauninni málefni tveggja ríkisstj., og ég harma það sérstaklega að hér skuli ekki vera staddur fyrrv. orkumrh., Magnús Kjartansson, sem vafalaust hefði óskað eftir að taka þátt í þessum umr. og ég hefði gjarnan óskað að hefði svarað ýmsu af því sem hér hefur komið fram í þeim málum sem hann bar ábyrgð á í ráðherratíð sinni.

Af því að þessi mál tengjast því sem var á dagskrá áðan, þá vona ég að mér leyfist að ræða það. Það er út af fyrir sig alveg rétt, að rannsóknir allar í sambandi við orkumál yfirleitt eru m. a. háðar því að einhver aðili sé til til að fjalla um slíkar rannsóknir, bera á þeim ábyrgð og stjórna þeim. Og ég vil sérstaklega vekja athygli á því og nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ráðh.: Í uphafi þessa árs gerði bæjarstjórn Akureyrar samþykkt, og það voru reyndar shlj. samþykktir frá fleiri aðilum, þar sem var sérstaklega lagt til að þessi sveitarfélög og iðnrn. kæmu sér saman um að koma á stofn Norðurlandsvirkjun, það yrði aðili sambærilegur Landsvirkjun, þannig að það ætti ekki að þurfa að vísa til þess að enginn aðili væri fyrir hendi til að fjalla a. m. k. um rannsóknir, hvort sem um er að ræða orkuver eða lagningu byggðalínu. Ég vil ítreka það að einnig í þessu máli hefur orðið alveg mjög óhæfilegur seinagangur og óhæfilegur dráttur og ég vonast til þess að hraðari gangur komist á þessi mál sem önnur í þessu sérstaka, mikilvæga máli.

Lagning byggðalínu til Norðurlands, fsp. (þskj. 95). — Ein umr.

Heimir Hannesson: Herra forseti. Ég vil á ný mæla fyrir fsp. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni í fjarveru hans til hæstv. orkumrh. á þskj. 95, sem hljóðar þannig:

„1. Er búið að ákveða, hvenær hafist verði handa um lagningu byggðalínu frá Hvalfirði að Varmahlíð?

2. Hvenær er fyrirhugað, að því verði verði lokið?"

Í þessu máli er komið inn á mál sem er náskylt þeim málefnum sem voru til umr. áðan, og ég vil aftur vekja athygli á því að einnig í þessu máli hafa menn orðið fyrir mjög miklum vonbrigðum með allan seinagang þessara mála. Í þessu sambandi vil ég vitna í sama fund, sem haldinn var á Akureyri í árslok 1973 um orkumál, þar sem fyrrv. orkumrh. flutti ræðu og sagði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ég held að það þurfi að stefna að því að þessi lína þurfi að komast í gagnið fyrri hluta árs 1975. Ég álít að það sé ekki neitt raunsæi í öðru en að norðlendingar, iðnrn. og Orkustofnun vinni saman um það að reyna að hrinda þessari framkvæmd af stað sem allra fyrst."

Orkumálastjóri, Jakob Björnsson, sagði á sama fundi um margrædda byggðalínu:

„Þessari línulögn sýnist okkur mega ljúka árið 1975, eins og nú horfir a. m. k."

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sams konar fsp. varðandi byggðalínu var borin fram af öðrum hv. þm. og ég svaraði henni í Sþ. 10. des. s. l. og vil nú í verulegum atriðum vísa til þess svars. En í upphafi orða minna þá segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið, að háspennulínan frá Suðurlandi til Norðurlands verði lögð og framkvæmdir hafnar svo fljótt sem auðið er." Enn fremur segir: „Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er lögð áhersla á aukinn hraða í virkjun íslenskra orkugjafa, bæði til iðnvæðingar og í því skyni að gera íslendinga óháðari innfluttri orku." Síðan eru talin þar meðal brýnustu verka að tryggja sem fyrst með nýjum virkjunum næga raforku á Norðurlandi og í öðrum landshlutum sem eiga við orkuskort að búa.

Í þessu svari 10. des. gaf ég nokkurt yfirlit um gang þessara mála og var þar svo að orði komist að tímaáætlun, sem gerð hefði verið um verkið, væri sú að lagningu norðurlínunnar, þ. e. a. s. frá Andakíl og norður til Varmahlíðar, mætti ljúka haustið 1976. Í sambandi við tímamarkið minntist hv. þm. Heimir Hannesson á fund einn mikinn, sem haldinn hefði verið í nóv. 1973 á Akureyri, og las upp úr ummælum þáv. iðnrh. og enn fremur orkumálastjóra um að þessari línu mætti ljúka á árinu 1975. Það var bara sá hængurinn á um þessa yfirlýsingu eins og kannske fleiri á þeim fundi að tímaáætlanir stóðust ekki vegna þess að ekki var

þannig að undirbúningi eða framkvæmdum mála staðið. Þó að þessi tími væri liðinn, frá nóv. 1973 og fram til mánaðamótanna ágúst-sept. þegar stjórnarskiptin urðu, þá hafði ekki verið hafist handa um lagningu þessarar línu. Hins vegar hafði viss undirbúningur að henni verið gerður, en hönnun línunnar þó hvergi nærri lokið og var í rauninni ekki lokið fyrr en nú um síðustu áramót. En ég skal til viðbótar þessu í tilefni af fsp. flytja hér nokkurt yfirlit um hvernig málin standa nú varðandi byggðalínuna.

Vegalengdin frá Andakíl að Laxárvatni í Húnavatnssýslu er 150 km og frá Laxárvatni til Varmahlíðar 42.6 km. Auk þess þarf línu frá Andakíli til Grundartanga ef ákveðið verður að byggja járnblendiverksmiðju þar. En sem sagt, vegalengdin frá Andakíl til Varmahlíðar er 192.6 km. Á s. l. ári voru keyptir til verksins 1325 tréstaurar. Einn vinnuflokkur Rafmagnsveitna ríkisins byrjaði á staurareisingu við Andakíl 26. febr. og áætlað er að annar flokkur byrji á staurareisingu í botni Hrútafjarðar um 15. mars. Aðaláherslan verður lögð á kaflann Andakíl-Laxárvatn. Ástæðan fyrir því að þessir byrjunarstaðir voru valdir, Andakíll og Hrútafjarðarbotn, er að á þann hátt nýtast best þeir staurar sem til eru, en þeir voru keyptir áður en lokahönnun verksins fór fram. Allt erlent efni í kaflana Andakíll-Laxárvatn og Laxárvatn-Varmahlíð hefur verið boðið út og er sumpart búið að opna þau tilboð, en önnur verða opnuð í síðasta lagi 1. apríl. Eftir næstu mánaðamót, þegar afgreiðslutími alls efnis liggur fyrir, verður hægt að gera endanlega framkvæmda- og greiðsluáætlun fyrir verkið í heild, en samkv. bráðabirgðaáætlun nú er hægt að ljúka verkinu fyrir 1. nóv. 1976. Nú er einnig unnið að endurskoðun kostnaðaráætlunar fyrir verkið í heild. Síðasta áætlun, sem ég hef fengið um þetta efni, var á rúman 1 milljarð þegar sleppt er aðflutningsgjöldum.

Ég vil svo aðeins bæta því við að 19. nóv. s. l. skrifaði ég bréf til Rafmagnsveitna ríkisins, svo hljóðandi:

„Rn. felur hér með Rafmagnsveitum ríkisins að hafa með höndum framkvæmdir við lagningu háspennulínu til Norðurlands. Jafnframt er Rafmagnsveitum ríkisins falið að hraða framkvæmdum umræddrar norðurlínu svo sem kostur er, eftir því sem fjármagn er fyrir hendi."

Heimir Hannesson: Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til þess að hafa þessar umr. mjög langar því að þetta sérstaka byggðalínumál hefur þegar verið til umr. í hinu virðulega Alþ. En ég get ekki komist hjá því að minna á að hér hefur komið áþreifanlega fram, að það sem menn í góðri trú tóku gott og gilt í nóvemberlok 1973, það hefur komið áþreifanlega í ljós að það hefur reynst hreint hjóm og ekki átt við nokkur rök að styðjast, þar sem nú er gerð áætlun um að ljúka þessari margræddu byggðalínu fyrir 1. nóv. 1976 samkv. upplýsingum hæstv. ráðh. Það skortir sjálfsagt á þessu stigi verktæknilegar upplýsingar til að meta hvað í rauninni hefur orðið til þess að draga þetta mál eins og raun ber vitni, en það væntanlega kemur í ljós með þeirri skýrslugerð sem hæstv. ráðh. minntist á.

Að öðru leyti vil ég þakka hæstv. ráðh. þau fyrirmæli sem hann hefur gefið til framkvæmdaaðila fyrir ekki löngu að hraða framkvæmdum og vil bera fram þá ósk að á þessu ári og næsta þurfi menn ekki að horfa upp á sama hörmungarástandið, sömu tafirnar og sama drátt-inn og norðlendingar og allir landsmenn hafa orðið að horfa upp á undanfarna mánuði. Ég treysti því að núv. ríkisstj. taki af skarið í þessum málum og beiti sér fyrir eins hröðum framkvæmdum héðan af eins og tök eru á og vil að öðru leyti þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Það kann að vera svo að þeim hv. alþm., sem búa í héruðum þar sem eru gnægðir raforku, fari nokkuð að leiðast þráfellt spjall okkar sumra hinna um orkuskortinn. En ástæðan til þess að ég kem hér upp nú er fyrst og fremst sú, að ég vil vekja athygli á því sem er að gerast í orkumálum á Norðurlandi. e. Það lítur út fyrir samkv. þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá hæstv. iðnrh., að við munum fá hvort tveggja sem næst í senn, byggðalínu norður og virkjun í Kröflu. Víst er þetta gott og ágætt, en það sýnir líka í hvert óefni var komið og hversu mikil nauðsyn var að úr yrði bætt.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því að við hv. þm. Páll Pétursson fluttum till. til þál. um lagningu byggðalínu fyrir árslok 1975. Þessi till. er í n. Mig langar að endurtaka í örfáum orðum helstu rökin fyrir því að slík till. sem þessi var flutt. Þau eru einfaldlega að nú er eytt stórfé í dísilolíu til að fullnægja brýnustu raforkuþörf norðlendinga og þó hvergi nærri fullnægt þeirri þörf sem þyrfti. Er gert ráð fyrir að á árinu 1976 verði eytt um eða yfir 300 millj. kr. í dísilolíuna eina til þess að fullnægja brýnustu orkuþörf á Norðurlandi eða sem svarar þriðjungi til fjórða parti af því sem byggðalína norður kostar. Þess vegna var það að við hv. þm. Páll Pétursson fluttum fyrrnefnda þáltill. þar sem var gert ráð fyrir að ríkisstj. ynni að því eftir fremsta megni að lokið yrði lagningu byggðalínunnar á þessu ári. Ég veit að á því eru viss vandkvæði. Það kann að vera að þau séu yfirstíganleg, en þó efast ég um það. Og ég vil vekja athygli á því að fyrir 300 millj. í sparaðri aðkeyptri dísilolíu er vissulega hægt að gera nokkuð og á sig leggjandi til þess að losna við slík orkukaup erlendis frá.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er auðvitað rétt sem kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., að mörgum kann að finnast það einkennilegt þegar það skeður nokkurnveginn jafnsnemma að byggðalína komi til að flytja rafmagn að sunnan og Kröfluvirkjun geti tekið til starfa. Vissulega er það rétt að æskilegra hefði verið frá þjóðhagslegu sjónarmiði að hafa nokkuð aðra röð þessara framkvæmda. En eins og málin hafa þróast hefur ekki verið hægt hjá því að komast. Á s. l. hausti, þegar ákveðið var af ríkisstj. að hraða framkvæmdum byggðalínunnar, lá það helst fyrir að Kröfluvirkjun mundi taka a. m. k. 4 ár. Hins vegar standa vonir til að henni geti orðið lokið fyrr.

En til viðbótar því, sem ég sagði áður varðandi Kröfluvirkjun, vil ég taka fram að það er einnig unnið að því að reyna að koma upp bráðabirgðavirkjun í Kröflu án þess að fullnaðarvirkjun tefjist á nokkurn hátt, þannig að þar yrði nú í haust unnt að framleiða nokkurt rafmagn — hefur verið talað um eina 6 mw. vél eða tvær 3 mw. eða eitthvað af þeim stærðum. Þetta mál er til könnunar og sumir eru bjartsýnir á að þetta megi takast. M. a. hefur stjórn Laxárvirkjunar haft mikinn áhuga á þessu efni og lagt fram mikla vinnu við það. Ég get ekkert um það fullyrt hvort úr þessu getur orðið, en það er unnið að könnun á þessu, sem að vísu mundi kosta allmikið fé, en ef hægt væri að hafa þetta færanlegar vélar sem unnt yrði að nýta annars staðar þegar Krafla er að fullu virkjuð, þá kæmi töluverður hluti af þeim kostnaði til baka.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það voru orð 6. þm. Norðurl. e. sem urðu þess valdandi að ég stíg hér í ræðustólinn, þar sem hann áætlar allt að 300 millj. kr. kostnaður kynni að verða á næsta ári við að keyra disilvélar, ef ég hef tekið rétt eftir hans orðum. Menn muna einnig að fyrir nokkru var viðtal við ýmsa forustumenn á Norðurlandi og komu þar inn orkumál norðlendinga og kostnaður við að keyra dísilrafstöðvar í vetur. Mjög greindi menn á um hversu kostnaðurinn væri mikill. Voru nefndir margir tugir millj. kr. í aukakostnað. Einnig kom fram í máli Hermóðs Guðmundssonar í Árnesi, að hann taldi ef ég man rétt — ég hef þó fyrirvara á því, en ég held að ég muni það rétt — að þessi kostnaður væri á milli 10 og 20 millj. kr. Nú óska ég eftir því við hæstv. iðnrh. — ég óska eindregið eftir því að rn. birti Alþ. raunverulega skýrslu um þennan kostnað. Það er alger óhæfa að menn séu með slíkar tölur út í loftið eins og hér eru nefndar. Ég legg engan dóm á það hvort tölurnar eru nálægt 20, 30 eða 40 millj. En þegar einn þm. nefnir allt að 300 millj. vil ég að hlutlaus rannsókn fari fram á því hvað er hið rétta í málinu. Við heyrum orðið svo mikið um alls konar talnaleik hér á hv. Alþ. að það er lágmark að vita hvað rétt er í þessu efni. Það er algert lágmark. Hér er um svo stórar tölur að ræða að það verður ekki gengið fram hjá því þegar maður heyrir eitt hér á Alþ. og annað í fréttamiðlum og um er að ræða svo gífurlegan mismun eins og hér kemur fram. Það er algerlega óþolandi. Og ég beini þeirri ósk eindregið til hæstv. iðnrh. að hlutlaus athugun fari fram á því, hvað rekstur dísilstöðva kostaði á s. l. vetri eða hvað er áætlað eftir þessum upplýsingum sem hv. þm. talar um núna, að það muni kosta á næsta ári, og við fáum skýrslu um það.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 6. þm. Norðurl. e. að á því hefur orðið óhæfilegur dráttur, eins og hann komst að orði, óhæfilegur seinagangur að hafist væri handa um lagningu byggðalínunnar. Framkvæmdir við þessa línulögn gátu hafist í sept. á s. l. hausti. Þá var hönnun að vísu ekki að fullu lokið, en þó var það langt komið að hægt var að hefjast handa og það hefði þýtt það að rafmagn hefði komið til Norðurlands fyrir árslok 1975. En á því varð því miður óhæfilegur dráttur og óhæfileg tregða, að ákvörðun um þessa framkvæmd væri tekin af hálfu hæstv. iðnrh., með þeim afleiðingum að við fáum ekki orkuna til Norðurlands fyrr en væntanlega undir árslok 1976. Þessi dráttur mun verða býsna dýr fyrir raforkunotendur um allt land.

Um raforkumálin almennt er það að segja, að um þau er að skapast nokkuð góð samstaða og næstu viðfangsefni liggja nokkuð ljós fyrir. Það er í fyrsta lagi að leggja byggðalínuna svo fljótt sem verða má, í öðru lagi að reisa Kröfluvirkjun án frekari tafa, í þriðja lagi að stofna Norðurlandsvirkjun sem hafi með þessi mál að gera fyrir norðlendinga og í fjórða lagi að taka ákvörðun um stórvirkjun á Norðurlandi. Ég heyri að forráðamenn raforkumála eru hikandi við að taka ákvörðun um að þessi stórvirkjun, sem verði reist á Norðurlandi, verði Dettifossvirkjun. Og ég er ekki hissa á því þótt þeir hiki við. Í fyrsta lagi er vafalaust um að ræða allmikil ísvandamál í sambandi við þá virkjun sem enn sér ekki fyrir endann á. Ég heyri einnig að ráðh. talar um aðrar og miklu stærri virkjanir sem skyggi á þessa virkjun, og það er alveg laukrétt, þar eru menn með stóru virkjunina í huga sem þeir hyggjast reisa á Austurlandi. Þegar þm. norðlendinga tala um að slík virkjun gæti eins komið til greina, þá minni ég á að þar yrði um að ræða Austurlandsvirkjun, en ekki Norðurlandsvirkjun, ef þessi stærri valkostur yrði valinn.

Ég vil, herra forseti, ljúka máli mínu með því að segja það sem mína skoðun, að ég tel að næsta stórvirkjun eigi að vera Blönduvirkjun. Ég tel í fyrsta lagi að hún liggi betur við raforkumarkaðnum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi. — Herra forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu, en það er oft erfitt að koma hugsunum sínum að í símskeytastíl á þessum örstutta tíma. — Í öðru lagi er Blönduvirkjun á leið byggðalínunnar og eru það ákaflega mikil rök fyrir Blönduvirkjun. Í þriðja lagi eru þegar komnar býsna margar virkjanir á eldfjallasvæðinu sem liggur þvert yfir Ísland, svo að við bætum ekki enn einni við, heldur ætti nú að vera kominn tími til að reisa stóra virkjun utan eldfjallasvæðisins.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að lengja þessar umr. hér á hv. Alþ., en það voru orð tveggja síðustu ræðumanna sem komu mér til þess að koma í ræðustól og segja örfá orð.

Í fyrsta lagi vil ég segja það út af því sem kom fram hjá hv. 1. landsk., að það getur auðvitað verið talsverður munur á því hvað menn tala um í sambandi við olíukostnað á Norðurlandi, eftir því hvort menn eru að tala um það ár sem liðið er eða hvort menn eru að tala um áætlanir fram í tímann, því að auðvitað eykst orkuþörfin þar eins og annars staðar á landinu. En hins vegar eru orkuframkvæmdir ekki komnar það langt að hægt sé að gera ráð fyrir því

að innlendir orkugjafar komi þar að gagni fyrr en 1976 eða 1977.

En *ég vil segja út af því sem hv. þm.* Ragnar Arnalds var að segja hér áðan, að það væri orðinn nokkuð dýr sá dráttur sem orðinn væri á byggðalínunni síðan í sept.: Ja, drottinn minn dýri að heyra slík orð frá þessum hv. þm. Ég vil aðeins benda á það í þessu sambandi, að það var mikil áhersla lögð á það af hálfu ýmissa forustumanna norðlendinga á sínum tíma að reyna að fá það fram hjá hæstv. iðnrh. sem hafði þá á hendi forustu í orkumálum þjóðarinnar, hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, að það yrði virkjað á Norðurlandi þegar var horfið frá Laxárvirkjun. Þá lágu skýrslur fyrir um hagkvæmni gufuveitunnar á Íslandi, en þá var stefnan þessi: Það átti að leggja línu þvert yfir öræfin, það átti að vera fljótlegast og best fyrir okkur norðlendinga að fá þá orku þannig, sú ákvörðun var tekin í tengslum við Sigölduvirkjun vegna þess að það þurfti að selja þaðan orku. *Ég flutti um það till. þegar hér var til* umr. framkvæmdaáætlun, að mig minnir fyrir árið 1972, að ráðh. yrði heimilað að nota það fé sem átti að nota til öræfalínu sem átti þá að koma 1973, þá fengi hann einnig heimild til þess að nota það fé til þess að rannsaka Kröflu, rannsaka virkjunarstaði á Norðurlandi. Hann lét fella þetta með meirihlutavaldi á Alþ., að hann hefði heimild til þess að rannsaka þau mál. Þannig var nú staðið að þeim málum þá. Ef hefði verið lagt fé til að rannsaka Kröflu 1972 og 1973, sem var skorið niður, værum við búnir að fá nóg rafmagn á Norðurlandi nú.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég sé að hv. 1. landsk. þm. er genginn úr salnum, en það voru einmitt hans orð sem voru orsök þess að ég kom hér upp enn. En ég vildi aðeins gera grein fyrir því hvernig ég fékk þá tölu sem ég fór með áðan um áætlaðan olíukostnað á árinu 1976 á Norðurlandi. Þessar tölur eru fengnar frá virkjunaraðilum eða frá orkusöluaðilum á Norðurlandi og byggjast á áætlaðri tölu, að vísu fyrir árið 1974, en þá í lok ársins voru horfur á að 20 millj. kwst. af raforku yrðu framleiddar með olíu á Norðurlandi öllu. Miðað við áætlaða aukningu, sem eingöngu byggðist á framleiðslu rafmagns með dísilolíu, er gert ráð fyrir að þyrfti að framleiða 30 millj. kwst. á árinu 1975 og um eða yfir 40 millj. kwst. á árinu 1976. Nú kostar olía rétt um 6 kr. á hverja kwst. og þar að auki er svo vinnukostnaður. Ég sé reyndar að ég hef farið hér aðeins rangt með, því að það var á árinu 1977 sem gert var ráð fyrir að þessi framleiðsla færi yfir 50 millj. kwst. ef ekkert yrði að gert með framleiðslu annarrar orku, og þá hefði olíukostnaðurinn einn farið í 300 millj. En áætlaður kostnaður annar en olíukostnaður við framleiðslu hverrar kwst. *með dísilolíu er nú milli* 2 og 3 kr. á hverja kwst., svo að heildarkostnaður á árinu 1976 hefði þá farið yfir 300 millj.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins vegna margendurtekinna ósanninda hv. þm. Lárusar Jónssonar vekja athygli á því að það var í tíð vinstri stjórnarinnar sem þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, batt endi á mjög hatramma deilu á orkuveitusvæði Laxár, deilu sem sprottið hafði *upp af óvæginni framkomu* þeirra fulltrúa í raforkumálum Norðurl. e. sem hv. þm. Lárus Jónsson hefur einkum mælt fyrir fram að þessu. Það var með því að setja niður þessa deilu sem fékkst vatn á stóru vélarnar sem settar voru niður í stóru jarðgöngin við Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, — stóru jarðgöngin sem ætluð voru til þess að flytja vatn fyrirhugaðrar Gljúfurversvirkjunar, vatn Suðurár blandað saman við vatn Laxár, í óþökk bænda á þessu svæði, en þeir höfðu sett lögbann við þessum vatnaflutningum og hefði ekki fengist dropi á þessar vélar ef ekki hefði komið til íhlutun Magnúsar Kjartanssonar þáv. iðnrh. Ef hv. þm. Lárus Jónsson og sálufélagar hans í orkumálum á Norðurl. e. hefðu ekki móast við hugmyndinni um línulögn yfir hálendið, þá hefði sú lína verið lögð árið 1973 og þá hefði ekki komið til neinn orkuskortur á Norðurlandi í vetur leið — ekki neinn.

Trygginga- og skattakerfi, fsp. (þskj. 169). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 169 hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til endurskoðunar og samræmingar á trygginga- og skattakerfinu?“

Þessi fsp. var lögð fram í des. s. l., en nú fyrst gefst tækifæri til þess að ræða hana hér á þingi. Hér er drepið á ákaflega stórt mál og viðkvæmt, ekki síst á þessu augnabliki þar sem skattamál eru til alvarlegrar skoðunar sem liður í yfirstandandi kjaradeilu og var vissulega tímabært að lögð yrði áhersla á þann þátt kjara hins vinnandi manns. En samræming skatta- og tryggingakerfis í þessu sérstaka tilliti og eins almennt séð hlýtur að koma til athugunar þegar blasir við öllum það tvöfalda kerfi sem leiðir af sér tvöfalt umstang, tvöfaldan kostnað um leið og það er flókið og yfirþyrmandi. Þetta hlýtur að koma til athugunar *þegar menn á annað borð vilja kafa ofan í hin* stærri mál sem þarf að taka tökum undir þeim kringumstæðum sem við blasa í þjóðfélaginu í dag.

Það gefst ekki tími til þess í þessari umr. að ræða efnislega um *tilgang skatta og trygginga* sem þátt í efnalegu jafnræði eða félagslegu öryggi. En ljóst er að menn hafa mjög verulega misst sjónar á því hvernig þessum málum yrði best fyrir komið með ofangreind markmið í huga. Menn hafa m. ö. o. misst nokkuð sjónar á þessum markmiðum þegar verið er að breyta einu eða öðru, annars vegar í tryggingum og hins vegar í skattakerfi, án þess að hafa hliðsjón af hinum þættinum um leið. Gallinn er nefnilega sá að menn hafa tekið fyrir og lagfært ýmislegt eða breytt ýmislegu í trygginga- og skattakerfinu án þess að skoða þau mál í samhengi. Hér þarf því að samræma og einfalda og spara og ég hef gert mér vonir um að núv. hæstv. ríkisstj. taki þessi mál föstum tökum. Það ýtti undir þær vonir mínar þegar hæstv. fjmrh. flutti athyglisverða grg. í umr. um fjárl. á s. l. hausti, þar

sem hann fjallaði m. a. um ýmis stefnuatriði í skatta- og tryggingamálum. Þess vegna er þessi fsp. fram borin, að það átti að spyrjast fyrir um hvað hafi verið gert og hvenær megi búast við niðurstöðu og til þess að ýta þessu máli áfram og hrinda fram einhverjum aðgerðum.

Fjmrh. (Matthías Á Mathiesen): Herra forseti. Í framhaldi af skýrslu þeirri sem n. um tekjuöflun ríkisins skilaði fjmrh. á árinu 1973 og hann gerði grein fyrir, var þeim Jóni Sigurðssyni þáv. ráðuneytisstj. í fjmrn. og Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara falið að vinna að undirbúningi lagafrv. um tekju- og eignarskatt. Sú vinna var vel á veg komin á s. l. sumri þegar ráðuneytisstjórinn hvarf af landi brott til annarra starfa. Voru mér þá fengnar í hendur hugmyndir að nýjum lögum um tekju- og eignarskatt. Ekki höfðu á því stigi máls verið mótaðar ákveðnar till. um hvernig tengja skyldi bætur almannatrygginga við skattkerfið, en hins vegar hafði á þeirra vegum verið unnið að ýmsum útreikningum sem nauðsynlegir eru í því sambandi. Ekki höfðu heldur verið mótaðar till. varðandi staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í samræmi við það, sem ég sagði við 3. umr. fjárl. og kom fram í málefnayfirlýsingu ríkisstj., fól ég nokkrum aðilum að vinna að ýmsum þáttum skattamála og var gerð grein fyrir því í fréttatilkynningu sem fór frá fjmrn. 24. jan. s. l. Þar kom m. a. fram að ég hafði falið 6 mönnum, þeim Guðmundi Magnússyni prófessor, Þorsteini Geirssyni skrifstofustjóra, Guðjóni Hansen tryggingafræðingi, Guðmundi Skaftasyni hrl., Ólafi Daviðssyni hagfræðingi og Þorkeli Helgasyni dósent, að kanna og gera till. um hagkvæmar leiðir til að sameina tekjuskatt og þar með núv. skattafsláttarkerfi helstu bótum almannatrygginga. Ég lagði fyrir samstarfshóp þennan að miða sérstaklega við að með slíkri sameiningu mætti ná þeim tekjujöfnunaráhrifum sem almannatryggingum og tekjuskatti er ætlað að ná á hverjum tíma, með skýrari hætti en núgildandi reglur gera kleift, svo og að framkvæmd reglna um sameinaðan tekjuskatt og tryggingabætur geti leitt til sparnaðar í ríkisbúskapnum og orðið einfaldari í framkvæmd fyrir almenning en þær reglur sem nú gilda. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að athuga hvort fært sé að miða álagningu tekjuskatts við heildartekjur einstaklinga og lækka þar með skatt af viðbótartekjum. Þegar í stað verður þó að kanna hvort eigi sé unnt við álagningu skatta á þessu ári að stíga fyrstu skrefin til sameiningar fjölskyldubóta og tekjuskatts. Sérstaka grein yrði og að gera fyrir áhrifum hugsanlegrar sameiningar tekjuskatts og tryggingabóta á kaupgjaldssamninga með beinum og óbeinum hætti.

Verkefni það, sem ég hef hér rætt um sem svar við fsp. hv. þm., er liður í heildarendurskoðun á tekjuöflun ríkissjóðs og innheimtu ríkistekna og hefur fjmrn. í fyrrnefndri fréttatilkynningu gert grein fyrir hvernig fyrirhugað er að haga þessari athugun. Allir þingflokkar tilnefndu þm. til þess að fylgjast með framgangi þessara mála, og vona ég því að till. þær, er frá starfshópum þessum munu koma, verði þm. að verulegu leyti kunnar þegar þær koma til meðferðar þingsins. Á ég von á að fyrstu athuganir verði kynntar þm.-nefndinni á morgun.

Þá er þess að geta að það er skoðun mín að áður en þessu þingi lýkur þurfi að taka ákvörðun um hvort og þá með hvaða hætti farið skuli í framkvæmd staðgreiðslu opinberra gjalda. Það er enn fremur skoðun mín, að það þurfi að taka ákvörðun um það, áður en þessu þingi lýkur, hvort og þá með hvaða hætti stefnt skuli í átt til almenns söluskatts með virðisaukaskattssniði. Til þess að flýta fyrir þessum verkum hef ég veitt ríkisskattstjóra, Sigurbirni Þorbjörnssyni, leyfi frá störfum um þriggja mánaða skeið, þar eð hann hefur sérstaklega tekið að sér að kanna og gera till. varðandi staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þá er og rétt að geta þess, að að undanförnu hafa farið fram viðræður milli aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa ríkisstj. varðandi skattamálin og að hvaða leyti breytingar þar að lútandi gætu stuðlað að farsælli lausn þeirra vandamála sem þar er við að glíma.

Fyrirspyrjandi (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég skil vel að erfitt er fyrir hæstv. fjmrh. eins og á stendur að lýsa mjög náið að hverju stefnt sé, og reyndar getur hann ekkert sagt á þessu stigi málsins um hverjar niðurstöðurnar verði af þeirri endurskoðun sem hér er um fjallað. Fsp. mín er borin fram til þess að ýta á eftir og hvetja til einhverra aðgerða. Ég heyri á svari hæstv. ráðh. að hann hefur sett n. á laggirnar 24. jan. s. l., svo að fsp. hefur a. m. k. ekki spillt fyrir að eitthvað hafi gerst í málinu, en ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðh. að þessi n. hafi verið sett á laggirnar. Ég er ánægður með að heyra hver hennar helstu verkefni eru. Ég lýsi ánægju minni með það að þm. verði hafðir með í ráðum, tel það vera stefnu sem eigi að vera vaxandi hér á hinu háa Alþ. að þm. fylgist frá upphafi með þeim verkefnum og viðfangsefnum sem um er fjallað og staðið er að af pólitískum stjórnvöldum hverju sinni. Og mér þykir fengur í þeirri yfirlýsingu ráðh. að búast megi við einhverri niðurstöðu af þessari endurskoðun á þessu ári.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin.

Orkumál Norðurlands, fsp. (þskj. 274). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Fyrir alllöngu bar ég fram á þskj. 274 fsp. til hæstv. iðnrh. er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Er það rétt að íbúar Norðurl. e. eigi í heimabyggð niðursetta rafmagnsframleiðsluvél er gæti fullnægt orkuþörf kjördæmisins næstu árin, ef hún væri fullnýtt, og að til fullnýtingar þurfi aðeins nokkurra metra háan stíflugarð í Laxá, stíflugarð er reisa mætti á fáum mánuðum og mundi ekki kosta meira en olían á dísilvélar svæðisins næsta ár?

2. Sé svo, er þá ekki hugsanlegt að hið breytta viðhorf í orkumálum ásamt margvíslegum örðugleikum íbúa svæðisins vegna orkuskortsins hafi skapað grundvöll fyrir endurskoðun samninga

um stíflubyggingu, jafnvel stíflu er væri opin að nokkru eða öllu leyti frá vori til hausts eða stíflu er skyldi rifin niður er hinni heilsuspillandi orkukreppu Norðurlands lýkur með rekstri Kröfluvirkjunar.“

Það virðist vera að bera í bakkafullan lækinn að vera nú að tala um orkumál Norðurlands, en stundum sést mönnum yfir og leita langt yfir skammt og þess vegna finnst mér ekki óeðlilegt þó að leitað sé svara við ýmsu í því sambandi.

Í nútíma þjóðfélagi er olíuskortur mjög erfitt vandamál. Þetta kom berlega í ljós hér í höfuðborginni þegar hitaveitan var ótrygg árum saman, þegar íbúðir snöggkólnuðu í vissum borgarhlutum um leið og kólnaði úti. Þetta olli ekki einungis efnahags- og atvinnuörðugleikum, heldur hafði snöggkæling íbúða mjög slæm áhrif á heilsufar fólks, einkum barna og gamalmenna. Þeir, sem bjuggu við orkuskortinn hér syðra, skilja örugglega betur en flestir aðrir örðugleika norðlendinga á undanförnum árum og áhuga íbúa þess svæðis á því að fá örugga íbúðahitun sem allra fyrst. Og vegna þess að hér á hinu háa Alþ. hefur verið að því vikið og það alloft að við hér syðra fengjum okkar virkjanir á færibandi, en þeir nyrðra hefðu verið settir hjá og allt gengi á tréfótum varðandi þeirra orkuöflun, þá hef ég hug á því að það upplýsist með svari hæstv. ráðh. við fyrri hluta fsp. minnar hvort orkuskortur norðlendinga stafi einungis af því að þeir hafi verið settir hjá eða hvort hann stafi e. t. v. að einhverju leyti af því að þeir hafa vegna innbyrðis ósamkomulags ekki átt þess kost að fullnýta þá virkjun sem gerð var hjá þeim.

Varðandi 2. lið fsp. minnar vil ég segja þetta: Meiri hl. heims stendur á öndinni vegna orkuverðs, orkuskorts og áhyggna vegna orkuöflunar framtíðarinnar. Atvinnuhættir heilla heimsálfa eru í vanda vegna orkuverðs. Milljónir svelta vegna þess að það fjármagn, sem fara átti til matvælakaupa, fer nú til orkukaupa. Orkuvandinn setur sinn svip á umr. flestra þinga. Allir hafa hug á því að fullnýta eigin orkugjafa. Það hefur löngum verið haft á orði að landið okkar væri fábreytt að auðlindum. Auk huga og handa má segja að það sé gróður landsins, fiskimiðin við strendurnar og orka fallvatna og í iðrum jarðar er gera byggð hér mögulega. Nú er svo komið að gróðurlendi okkar er fullnýtt eða ofnýtt, fiskimiðin eru fullnýtt eða ofnýtt, en orkan er vannýtt, enda þarf til hagnýtingar hennar mikið fjármagn, mikinn tíma og mikla tækni.

Þegar svo er ástatt sem ég nú hef lýst er okkur að sjálfsögðu nauðsynlegt að flýta sem mest virkjunum og ekki síður að fullnýta þær virkjanir sem gerðar hafa verið með ærnum kostnaði og tíma. Virkjunin við Laxá er ekki fullnýtt. Það hefur verið gert samkomulag um að fullnýta hana ekki. Síðan það samkomulag var gert hafa aðstæður gerbreyst. Samkomulagi má breyta ef báðir aðilar eru ásáttir um breytinguna. Og nú þegar norðlendingar hafa árum saman búið við tilfinnanlegan orkuskort er veldur þeim ómældu efnahags- og atvinnutjóni ásamt heilsufarslegu öryggisleysi, þá á ég bágt með að trúa því að ekki megi finna leið til úrbóta er báðir aðilar geti unað við.

Ég er ekki hér að ásaka einn eða neinn vegna framvindu mála við Laxá, en ég lít svo á að aðilar hafi ekki gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna. En það hefur komið í ljós að hér hefur skeð meiri háttar slys með afleiðingum er líkja má við afleiðingar náttúruhamfara.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil taka mjög undir þau orð hv. fyrirspyrjanda er hann hafði hér um hinn alvarlega orkuskort á Norðurlandi að undanförnu. Fyrr í dag hafa þau mál verið rædd hér nokkuð og hef ég gert grein fyrir þeim framkvæmdum sem ýmist eru í gangi eða á döfinni til að bæta úr þeim skorti. En varðandi fsp. hv. þm. vil ég segja þetta:

Á sínum tíma var keypt aflvél til þriðja áfanga Laxárvirkjunar sem kallaður er Laxá III, — aflvél er átti að geta nýtt mismunandi fallhæðir á bilinu frá 38—60 m. Eins og kunnugt er, var ekki leyfð sú stíflugerð í Laxá sem Laxárvirkjun hafði í hyggju og er því aðeins um 38 m fallhæð að ræða. Skilar þá vélin við þá fallhæð 6.5 mw. Með stíflugerð í Laxá og aukinni fallhæð mundi vélin skila meira afli, þannig að t. d. við 9 m vatnsborðshækkun mundi vélin skila 12 mw. í stað 6.5 Laxárvirkjun fór fram á það á sínum tíma að mega byggja stíflu sem fæli í sér 21 m vatnsborðshækkun og mundi vélin við slíka hækkun skila um 19 mw.

Í maímánuði 1973 var gerður samningur milli forsrh. f. h. ríkisstj., Landeigendafélags Laxár og Mývatns og Laxárvirkjunar. Í 1. gr. þess samnings segir svo:

„Laxárvirkjun lýsir yfir að hún muni ekki stofna til frekari virkjana í Laxá umfram þá 6.5 mw. virkjun, sem nú er unnið að og ekki hefur vatnsborðshækkun í för með sér, nema til komi samþykki Landeigendafélags Laxár og Mývatns.“

Samkv. samþykktum Landeigendafélagsins er hvers konar stíflugerð, sem veldur vatnsborðshækkun í Laxá, óheimil og til þess að fá þessum ákvæðum breytt þarf samþykki ⅔ allra félagsmanna á félagsfundi. Eftir að þessi fsp. kom fram á Alþ., hefur mér borist bréf frá Landeigendafélaginu þar sem tekið er fram að landeigendur muni ekki gefa neinn kost á stífluhækkun í Laxá þótt eftir því yrði leitað.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Þessi fsp. var að sjálfsögðu gerð til þess að ýta við, ef hægt væri, að fá endurskoðun á samningnum. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. hans svör, og mér þykir leitt að hann skuli hafa fengið bréf um að ekki komi til greina að breyta því samkomulagi sem gert var á sínum tíma, ekki síst með tilliti til þess að ég veit ekki betur en landeigendur í Þingeyjarsýslu hafi einmitt gert samkomulag um að þeir mundu heimila 18 m stíflu, — gert það á aðalfundi búnaðarsambands síns fyrir allmörgum árum, þannig að þótt einhver misskilningur og stífni hafi verið ráðandi á sínum tíma, þá álít ég að beiðni um endurskoðun sé réttlætanleg þegar aðstæður hafa gerbreyst svona mikið.

Ég vil geta þess að skömmu eftir að þessi fsp. kom fram var þess getið í útvarpinu að Ítalíustjórn væri að fara fram á endurskoðun á samningum sem hún hafði gert við sjálfan páfann í Róm, og er þá engin goðgá að fara fram á endurskoðun við landeigendur í Þingeyjarsýslu. Hitt er annað mál að auðvitað verður engin breyting á þessu máli gerð nema með samþykki beggja aðila, eins og ég tók fram. Ég vil líka benda á það, að þótt ekki fengjust nema nokkur mw. í viðbót þá geta þessi fáu mw. haft mikilvæg áhrif á líðan og aðstöðu fólks í þessum byggðarlögum þar til varanleg orkuaukning kemur. Það mun vera svo að hvert mw. sem er aukning í stöð, sem er rekin, er a. m. k. 100—200 millj. kr. virði, þannig að á okkar erfiðu tímum held ég að það hljóti að vera nokkurs virði, ef hægt væri að fá þarna einhverja bót á.

Ég vil sem sagt endurtaka þakkir mínar til hæstv. ráðh. og þykir leitt að heyra að það skuli ekki vera von um breytingu, vegna þess að þetta er eina leiðin að mínu viti til þess að forða norðlendingum frá orkuskorti næsta vetur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég byrja með því að þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans við fsp. sem hér um ræðir. Ég hygg að ráðh. hafi sagt í svari sínu bókstaflega allt það sem hægt var að segja varðandi þessa fsp. Hv. fyrirspyrjandi, Oddur Ólafsson, sagði að stíflugarðurinn, sem þyrfti í Laxá til þess að auka þar orku, mundi kosta minna en dísilolían sem notuð yrði. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að stíflugarður í Laxá mundi kosta annaðhvort lagabreytingar eða lögbrot og þau kynnu aftur á móti að kosta mun meiri illindi en svo að hægt sé að meta þau til verðs í peningum eða olíu.

Það var gerður samningur á milli stjórnar Laxárvirkjunar og bænda um að ekki yrði um frekari virkjunarframkvæmdir að ræða við ána nema með heimild bænda. Þegar er ljóst fyrir löngu, að bændur veita ekki heimild til þess að reisa þarna stíflugarð, hvorki 9 m stíflugarð, 5 m stíflugarð né 18 m stíflugarð sem yrði undirstaða undir hærri stíflugarð.

Í vetur hefur verið til þess kostað af hálfu ónefndra aðila á Norðurlandi í stjórn Laxárvirkjunar, sem hafði samið um þetta við bændur, að um frekari framkvæmdir yrði að ræða þar. Hefur verið til þess kostað að reyna að knýja Alþ. og ríkisstj. til að rjúfa samning á bændum og þyrfti þá raunar að breyta lögum líka. En það er ekki einsdæmi að nýlegum lögum sé breytt hér í sölum hv. Alþ., því að sett hafa verið lög um náttúruvernd á svæði Laxár og Mývatns. Það var ljóst mál nyrðra, þegar áður en þessi fsp. var samin, og má fyrirspyrjanda vera það fullkunnugt, að bændur mundu ekki veita þessa heimild. Hér var um það að ræða að reyna að þvinga fram aðgerðir af hálfu Alþ. og ríkisstj. Nú vil ég spyrja hv. þm. Odd Ólafsson, hvort honum sé ljóst að sunnlendingar eiga vélar til raforkuframleiðslu hér syðra, sem bundið er í samningi að skuli nota að hálfu í þágu útlendra manna sem eiga hér álverksmiðju í Straumsvík. Ef sá samningur væri ógiltur af Alþ. eða ríkisstj., þá mundi orkan, sem bundin er með þessum samningi, nægja til þess að bæta úr allri raforkuþörf landsmanna. Það væri myndarlega að staðið og höfðinglega, því að þar er ekki við kotkarla að eiga. Ef farið væri út í samningsrof, þá legg ég til að farið yrði svolítið stærra í stykkin en felst í fsp. hv. þm.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki verða mjög langorður um þetta mál, enda ekki til þess möguleiki vegna þingskapa. Ég verð hins vegar að segja það, að þegar þessi fsp. kom fram frá hv. þm. Oddi Ólafssyni fyrir alllöngu, þá get ég ekki neitað því að ég varð dálítið hissa. Hins vegar hef ég leyft mér að skrifa þessa fsp. hans á reikning ókunnugleika fyrirspyrjandans á aðstæðum og viðhorfum manna á Norðurlandi. Sannleikurinn er sá að það er ekki þarft mál að fara að vekja um þetta umr. eða gera till. um að farið verði að reisa stóra stíflu eða minni í Laxá til þess að bæta úr augljósum orkuskorti á Norðurlandi. Það er auðvitað alveg rétt að ástandið í orkumálunum á Norðurlandi er mjög alvarlegt og hefur lengi verið það. Ég held hins vegar að við ættum ekkert að vera að ofgera þetta vandamál og ímynda okkur að það sé hægt að leysa það með hinum ódýrustu lausnum. Þetta veit ég að hv. fyrirspyrjandi mundi fljótlega komast að raun um ef hann kynnti sér allar málsástæður sem þarna liggja að baki.

Ég sagði í dag í umr. um aðra fsp. að á Norðurlandi væru margir möguleikar til virkjunar, og ég hef mikla tilhneigingu til þess að endurtaka þá setningu og reyna að gera mönnum það skiljanlegt að svo er og það er kominn tími til þess að við förum að átta okkur á því máli. Við verðum að fara að átta okkur á því að þessir möguleikar eru margir og miklir og góðir og allir betri en sú hugmynd að virkja í Laxá. Það er auðvitað ekki tími til þess hérna að fara mikið út í þá hugsun sem fram kemur í öðrum lið fsp. um að breytt viðhorf í orkumálum skapi nú grundvöll fyrir því að farið verði að reisa stíflugarð í Laxá. Ég held að þessu sé alveg þveröfugt farið. Viðhorfin hafa ekki breyst á þann veginn að það geri það á nokkurn hátt æskilegt eða eðlilegt að fara fram á slíka lausn. Við höfum allt aðra möguleika. Og ég gleðst yfir því að hæstv. ráðh. gaf þau svör, sem hér komu fram. Ég skil það svo, enda mátti ég vita það fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur engin áform um að fara að vekja upp þetta mál.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég verð að segja, að mér finnst þessi viðbrögð hv. þm. norðlendinga furðuleg, einkennileg. Þó að þið sprengduð álverksmiðju í dag munduð þið verða jafnrafmagnslausir á Akureyri næsta vetur. Það er rétt, ég þekki ekki viðhorf bænda í Þingeyjarsýslum, en ég þekki hins vegar allmargt af fólki, sem býr á Akureyri, og veit hvernig ástand er þar á vetrum. (Gripið fram í.) Já, það er rétt og þetta láta þm. bjóða sér.

Ég veit ekki betur en bæði núv. og fyrrv. ríkisstj. hafi farið fram á endurskoðun á samningum sem íslenska ríkið gerði við hið erlenda auðfélag. En að það megi ýja að því að fara fram

á endurskoðun samningsins, sem gerður hefur verið við landeigendur í Þingeyjarsýslu, það er eins og það sé einhver hrópleg synd. Hvers lags vit er í þessu? Það hefur enginn talað um að byggja 57 m stíflu eða Gljúfurversvirkjun. En ég held að það sé örugglega rétt að bændur hafi sjálfir, landeigendur þarna við Laxá, samþykkt að bjóða 18 m stíflu og Laxárvirkjunarstjórn hafi ekki þegið það og síðan hafi verið veitt hundruð millj. í að byggja stærri virkjun og stærri vélar en þörf var fyrir. Á allan handa máta er þetta mál ósköp óeðlilegt. Hins vegar ef bændur hafa einu sinni boðið fram 18 m stíflu, þá sé ég ekki annað en grundvöllur sé fyrir því að taka upp samninga á ný þegar ný viðhorf hafa skapast. Ég held að þarna sé einhver misskilningur. Ég var ekki að tala um lagabreytingu eða þröngva neinu upp á neinn, heldur að það yrði leitað samkomulags á ný, og tók fram í minni framsöguræðu að samkomulagi mætti að sjálfsögðu breyta ef báðir samningsaðilar væru því samþykkir.

Heimir Hannesson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka frekari þátt í umr. um orkumál norðlendinga, enda er kannske mál að linni í bili. En ég gat ekki á mér setið að vekja athygli á ummælum hv. þm. Stefáns Jónssonar, þegar hann sagði: Við kotkarla er að eiga. — Ég er ekki viss um að hv. þm. noti þetta orðalag alltaf þegar hann er að ferðast um kjördæmið og tala við sína. (StJ: Ég sagði, að það væri ekki við kotkarla að eiga þar sem væri Alusuisse, og ég vænti þess að ræðumaður kunni að segja satt.) Það var ekki við kotkarla að eiga, nei.

Ég hjó eftir öðrum ummælum hv. þm. í sambandi við þær opinberu umr. sem átt hafa sér stað í sambandi við orkumál norðlendinga, og við skulum ekkert vera að leyna því um hvað er að ræða. Það var stjórn Laxárvirkjunar og formaður hennar sem lét frá sér fara opinber ummæli um þessi mál sem hann kallaði „ónefndir aðilar". Ég held að það sé síður en svo, eins og hv. þm. Oddur Ólafsson hefur bent á, nokkuð óeðlilegt við það þegar erfiðleikar eru að það sé vakin athygli á því hvaða leiðir séu til ráða. Stjórnarformaður Laxárvirkjunar vakti athygli á að það væri tæknilegur möguleiki að auka orkuna með nokkurri stífluhækkun í Laxá, auðvitað ef samkomulag næðist, þannig að ég vil algerlega vísa því til föðurhúsanna að það sé verið að boða einhver lögbrot þarna. Mér finnst það mjög ómakleg ummæli hjá hv. þm., mjög ómakleg.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því í framhaldi af þeirri fsp., sem hv. þm. Oddur Ólafsson kom hér með, að þetta er að sjálfsögðu bara einn hluti málsins, sem bæjarstjórn Akureyrar vildi kanna og fól síðan stjórnarmönnum í Laxárvirkjun. Ég veit ekki betur en þær viðræður séu enn í gangi. Það var verið að kanna þann möguleika að koma upp nú á þessu ári 5 mw. samstæðu við Kröflu sem á þessu ári yrði tengd orkuveitusvæði Laxárvirkjunar. Þetta mál er, eftir því sem ég best veit, enn þá í athugun og var kannske það mál sem hefur haft mestan forgang af hálfu norðanmanna, þó að hinn möguleikinn hafi verið ræddur. Ég sé síður en svo nokkurt athugavert við það, þó að menn kanni alla möguleika þegar erfiðleikar eru, og vil að því leyti taka mjög undir það sem hv. þm. Oddur Ólafsson sagði áðan og fagna því.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Eitt hygg ég, að hafi komið berlega í ljós við þessar stuttu umr. með tímatakmörkunum og það er að hv. þm. Oddur Olafsson mun vera kunnugri samningsaðstöðu Ítalíustjórnar gagnvart páfanum en samningsaðstöðu Laxárvirkjunarstjórnar gagnvart bændum í Þingeyjarsýslu. Í vetur var ákaflega létt verk fyrir formann Laxárvirkjunarstjórnar og framkvæmdastjóra að snúa sér til bænda og inna þá eftir því hvort þeir mundu fallast á stíflugerð í Laxá. Þeir þurftu ekki að spyrja þá, svar þeirra lá fyrir. Skipulagðar umr. í útvarpi um þessi mál, þar sem þrír aðilar Laxárvirkjunarstjórnar komu fram, voru ekki til þess sniðnar að ná eyrum bænda, heldur til þess að ná eyrum alþm. og ríkisstj., til þess að fá þessa aðila til þess að skerast í málið. Ég er alveg viss um að nú er annað þarfara en það að rífa ofan af fleiðrunum sem eftir urðu við Laxárdeilurnar. Hitt er þarfara að þessar skeinur fái að gróa og að eðlilegt samstarf takist á milli frændanna sitt hvorum megin Vaðlaheiðar, því að sannleikurinn er sá að það er ekki síður nauðsynlegt fyrir Akureyrarbæ að hafa gott samstarf við íbúa í Þingeyjarsýslum heldur en fyrir þingeyinga að ná góðu samkomulagi við akureyringa. M. a. stendur nú, vænti ég, fyrir dyrum að leitað verði eftir því að fá heitt vatn af yfirráðasvæði Þingeyinga til þess að ylja upp Akureyrarbæ, og trúið mér til að allir samningar þar að lútandi munu verða auðveldari ef komin eru á sæmileg grið eftir orrahríðina í sambandi við Laxárdeiluna.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Það er ekki möguleiki á því að bæta miklu við þetta, en það var út af tilteknum orðum hv. fyrirspyrjanda sem mig langar til þess að standa hér upp öðru sinni.

Það kom fram hjá honum það sem mér hefur virst ganga í marga, að Laxárdeilan svokallaða hafi verið deila á milli akureyringa og þingeyinga. Ég ætla nú hér úr ræðustól á Alþ. að leyfa mér ekki einungis að bera brigður á þetta, heldur halda því fram að svo er ekki. Það hefur verið gerð, eins og ég sagði áðan, þegar ég greip fram í fyrir ræðumanni, hv. fyrirspyrjanda, það hefur verið gerð tilraun til að „löggilda" tiltekna skoðun á þessu máli sem ætti eins og að vera skoðun akureyringa. En ég fullyrði að það er ekki hægt að tala um neina slíka ákveðna skoðun akureyringa, að þeir vilji virkjun í Laxá eða krefjist virkjunar eða eitthvað slíkt. Það eru nokkrir tilteknir menn, sem þetta vilja. En ég er alveg sannfærður um að ef farið væri að skoða hug og hjarta akureyringa almennt, þá eru þar kannske miklu fleiri sem sist af öllu vilja standa í því að vekja upp þetta mál, og menn vita að það eru margir aðrir möguleikar og raunsærri til þess að bæta úr orkuskorti en að standa í þessu jagi um Laxá sem stóð lengi fyrr, en er nú búið að setja niður með sérstöku samkomulagi. — Þetta vil ég að komi alveg skýrt fram.

Vanskil stofnlána hjá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði, fsp. (þskj. 266). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 266, lið 2, ber ég fram svofellda fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„a. Hver voru vanskil togara við Fiskveiðasjóð Íslands og Byggðasjóð 1. jan. 1975?

b. Hvernig skiptast vanskilin eftir kjördæmum?“

Það hefur komið fram í fréttum og viðræðum við bæði eigendur og forsvarsmenn togara, að miklir erfiðleikar séu í þessum rekstri, og a. m. k. einn af nýju togurunum er til sölu erlendis hvað sem líður fregnum um útboð á öðrum. Einnig er það mjög hvimleitt, að uppgjör við háseta gengur afar seint og þunglega og eiga sumir inni margar veiðiferðir hjá vissum útgerðarfyrirtækjum, og undan þessu er mjög kvartað. Þess vegna lék mér forvitni á að vita hvernig staða þessara skipa væri við aðallánasjóðina tvo. Ég vænti þess, — þetta er ekki flókið mál, — að það komi glögglega í ljós, hvernig staðan hefur verið um áramótin, þrátt fyrir það að maður geti búist við, miðað við tóninn í forsvarsmönnum þessara manna, að heldur hafi þyngst róðurinn, því að þeir hafa eindregið sagt að gengisfellingin hafi mjög þrengt að þeim, þrátt fyrir það að hér hefur verið talað um að hún ætti að létta rekstur-inn.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram, þá spyr hann um vanskil togara við tvo stofnlánasjóði, Fiskveiðasjóð og Byggðasjóð, 1. jan. 1975, og jafnframt hvernig vanskilin skiptast eftir kjördæmum. Áður en ég svara spurningunum vil ég vekja athygli á því, að allir stærri togararnir eru hjá Ríkisábyrgðasjóði og spurningin fjallar ekki um vanskil við hann. Þess vegna leitaði ég ekki þangað. Ég vil taka þetta fram, því að ekki koma fram í þessari upptalningu nema vanskil við þessa tvo sjóði.

Vanskilin við Fiskveiðasjóð eru með þeim hætti að Fiskveiðasjóður hefur lánað til 30 togara. Þar af eru í vanskilum 21 togari, 9 eru í skilum. 8 skip eru óafgreidd, sem Fiskveiðasjóður kemur til með að lána til. Vanskilin eru samtals 110 349 996 kr. við Fiskveiðasjóð og eru þá talin saman afborganavanskil og vaxtavanskil. Þau skiptast þannig eftir kjördæmum:

Reykjavík	kr.	5 806 236
Vesturl.	—	4 684 537
Vestf.	—	8 659 303
Norðurl. v.	—	43 330 658
Norðurl. e.	—	22 732 268
Austf.	—	23 849 925
Suðurl.	—	1 287 069

Eitt kjördæmi, Reykjaneskjördæmi, er ekki með vanskil, enda er aðeins lánað til tveggja skipa í því kjördæmi og það lán var veitt á s. l. ári og engin afborgun fallin. Hins vegar er fjöldi óafgreiddra skipa í það kjördæmi þrjú.

Vanskil togara við Byggðasjóð eru samtals 8 millj. 522 þús. kr. Þau skiptast þannig eftir kjördæmum:

Vestfirðir	kr.	2 478 000
Norðurl. v.	—	3 926 000
Austurland	—	849 000
Reykjavík	—	1 269 000

Önnur kjördæmi eru ekki með vanskil. Ég tel að ég hafi þá svarað fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. mjög vel fyrir þessi svör sem voru greinargóð og glögg.

Það kemur í ljós, eins og vitað var, að vanskilin skiptast mjög misjafnlega. Það kemur engum á óvart. Vissir staðir hafa spjarað sig þokkalega við erfiðar aðstæður, en aðrir mjög miður.

Einnig kemur í ljós að nokkur skip hafa ekki fengið sína lánaafgreiðslu enn þá endanlega þó að frá hafi verið gengið. Í því sambandi vil ég aðeins minna á það, að enn munu lánsmöguleikar Fiskveiðasjóðs vera svo þröngir að þeir, sem fá loforð nú, eiga varla von á útborgunum fyrr en á árinu 1976. Þetta er auðvitað alveg óþolandi ástand, og ég hef sagt það á öðrum stað, í hv. Ed., að stór þáttur í rekstrarerfiðleikum flotans í dag er hve erfitt er að fullnægja eðlilegum stofnlánum. Menn eru á yfirdráttarvöxtum, 24%, sem útgerðarfyrirtækin verða að borga í stórum stíl, og mjög miklar þrengingar í kringum þetta, þannig að ég vil eindregið skora á hæstv. sjútvrh. að beita sér af alefli í því skyni að lánsumsóknir hjá Fiskveiðasjóði, bæði um lán til báta og vinnslustöðva og annars sem hann lánar út á, verði afgreiddar og lánin komin til útborgunar á árinu. Hann þekkir þetta vandamál allra manna best og veit hvað þetta er erfitt. En reksturinn leyfir ekkert annað í dag en tekið sé hart á þessu máli og því bjargað í höfn. Það er ekki hægt annað. Því miður hefur bankavaldið ekki treyst sér enn til að auka rekstrarlán neitt þrátt fyrir tvær gengisfellingar og mikla verðbólgu, svo að það þýðir það að rekstrarkjör með eðlilegum hætti hafa verið stórkostlega rýrð á undanförnu rúmlega einu og hálfu ári — stórkostlega rýrð — a. m. k. varðandi allan bátaflotann. Ég veit að togarafyrirtæki skulda einkafyrirtækjum gífurlegar fjárhæðir. Þau eru svo illa sett í dag mörg hver, þessi einkafyrirtæki, sem þjóna togaraflotanum, að þau eru neydd til þess að krefjast staðgreiðslu því að það er ekki lengur svigrúm til þess að veita eðlilega viðskiptaþjónustu.

En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og tel að hann hafi skilað þeim eins og ég óskaði eftir.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, taka það fram að stofnlánasjóðirnir, fjárfestingarlánasjóðirnir, eiga allir í miklum erfiðleikum með fé til að lána og þá ekki síst Fiskveiðasjóður, sem er langstærsti atvinnumálasjóðurinn. Þar er ástandið þannig, að það er búið að setja á hann skuldbindingar fram í tímann þannig að hann verður að standa undir erlendum lánum vegna togarakaupa sem munu nema á þessu ári á annan milljarð kr. Hann verður að standa undir þeirri innlendu skipasmíði sem þegar er farin af stað, en sú upphæð ein er, að mig minnir, um 1 100 millj. kr. Það er mikið vandamál, sem hér er við að etja, eins og fyrirspyrjandi gat réttilega um. Ég er auðvitað allur af vilja gerður að sjá

til þess að Fiskveiðasjóður fái sem mest lánsfé. Fiskveiðasjóður er þó einn af sterkustu stofnlánasjóðum okkar því að hann hefur eigið ráðstöfunarfé um 900 millj. kr. Við verðum auðvitað að draga saman, en það þýðir ekki að draga saman þar sem slíkar skuldbindingar hvíla á sjóðum, eins og ég hef þegar lýst, hvað þessar tvær greiðslur snertir til Fiskveiðasjóðs.

Út af útgerðarlánum vil ég taka fram vegna þess sem fyrirspyrjandi sagði að þar hefur ekki versnað staða eða magn í rekstrarlánum því að útgerðarlánin hækkuðu í sept. s. l. um 50%. Hins vegar tek ég undir það með honum, að að mínum dómi eru útgerðarlánin allt of lág, en þá höfðu þau ekki heldur breyst í langan tíma á undan þrátt fyrir mikla verðrýrnun peninga. Hitt er rétt, að síðari gengislækkunin hefur ekki leitt af sér neina breytingu á útgerðarlánum.

Í síðasta lagi vil ég vekja athygli á því að það er verið að lengja lán og vinna nú að því að breyta vanskilaskuldum og lausaskuldum útvegsins í lán til nokkurra ára. Þessi afgreiðsla stendur nú yfir í báðum viðskiptabönkum í samstarfi við Seðlabankann og í þetta var farið að undirlagi sjútvrn. Það er tiltölulega nýbyrjuð afgreiðlsa og í dag, einmitt á þessum tíma, er einn fundurinn þar sem átti að taka fyrir allmörg mál, svo að ég geri ráð fyrir að hér verði um að ræða afar þýðingarmikla ákvörðun fyrir sjávarútveginn í heild. Þetta er ekki fyrir bátana eingöngu, heldur einnig fyrir vinnslustöðvarnar. Ég tel að hér hafi verið unnið að mjög mikilvægu máli til þess að koma lausaskuldum útvegsins, að svo miklu leyti sem það er hægt, öllum skuldum innan bankanna og skuldum þjónustufyrirtækjanna í viðkomandi bönkum í lán til nokkurra ára. Þetta skapar auðvitað ólíkt betri rekstrarstöðu hjá sjávarútveginum.

Heilbrigðisþjónusta, fsp. (þskj. 287). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. 287 fsp. til hæstv. heilbrrh. um framkvæmd ákveðinnar greinar heilbrigðislaga. Fsp. er í 4 liðum og hljóðar þannig:

„1. Hvað líður gerð áætlunar þeirrar, sem gert er ráð fyrir í 42. gr. l. nr. 56 frá 1973, um heilbrigðisþjónustu, að heilbrrn. geri í samráði við vegamálastjóra, landhelgisgæslu, flugmálastjóra og landlækni um hvernig best og öruggast verði séð um að læknar komist frá heilsugæslustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis, svo og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu?

2. Hefur rn. leitað samninga við flugfélög um slíkar ferðir eða gerst aðili að rekstri flugvélar eða þyrlu til þessara nota?

3. Hefur rn. í samráði við póst- og símamálastjórn, þegar hafið eða undirbúið áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins, svo að tryggt sé að landsmenn geti náð til læknis án tafar?“

Síðasti liður fsp. nær út fyrir tilvitnaða lagagr., ég spyr: „Hve mikið vantar í dag upp á tilskilinn læknafjölda, samkv. tilvitnuðum lögum, í heilsugæsluumdæmum landsins?“

42. gr. heilbrigðislaga, sem er efnislega svo til shlj. þremur fyrstu liðum fsp. minnar, er athyglisverð og greinilega er hún samin af skilningi á þeim erfiðleikum sem afskekktar byggðir á Íslandi eiga enn í dag við að búa hvað varðar almenna læknisþjónustu. Væri henni framfylgt, svo sem lögin gera ráð fyrir, þyrftum við ekki að vera mjög áhyggjufull yfir því að neyðarástand geti skapast hvenær sem er í læknislausum héruðum sem eru tímum saman einangruð að vetrinum vegna samgönguerfiðleika? En bæði er að þessi lög eru það ný að ekki er von að öll ákvæði þeirra séu komin til framkvæmda, og í annan stað mun framkvæmd þeirra alfarið kosta feiknalega fjármuni. Ég vil þó álíta að umrædd 42. gr. kosti, alla vega á fyrsta stigi málsins, fyrst og fremst könnunar- og skipulagningarstarf og það er fyrst og fremst það sem vakir fyrir mér með þessari fsp., að þessi öryggisþáttur heilbrigðisþjónustunnar sé nú þegar tekinn til gaumgæfilegrar og skipulegrar athugunar svo sem lögin gera á mjög svo skilmerkilegan hátt ráð fyrir.

Á undanförnum þingum og einnig á því þingi sem nú situr hafa komið fram fleiri og færri till. frá einstökum þm. um nauðsynlegar úrbætur á þessu sviði. Ég nefni þar till. frá Helga F. Seljan og Karvel Pálmasyni um kaup á þyrlum sem staðsettar yrðu á Austurlandi og Vestfjörðum til slysa- og neyðarþjónustu og till. frá Gunnlaugi Finnssyni o. fl. um öryggisþjónustu Landssímans. Báðar þessar till. falla beint undir tilvitnaða lagagr. sem fsp. mín er byggð á. Eðlilegt virðist og sjálfsagt að leitað sé skipulegrar samvinnu bæði við Flugfélag Íslands og einkafélög, sem halda uppi almennu farþega- og póstflugi, og þeim veitt jafnvel allríflegur fjárstyrkur, fremur en að efna til kaupa og rekstrar á sérstökum sjúkraflugvélum sem yrði vafalaust feikikostnaðarsamt og lítið hagkvæmt vegna stopullar nýtingar. Ég vil þó alls ekki gera lítið úr þeim möguleika, en sýnist hann fjær undan en önnur úrræði sem til greina koma nú með minni kostnaði og minni undirbúningi. Snjóbílar til vetrarferða hafa þegar sannað ágæti sitt víða um landið, ekki hvað síst með tilliti til læknisþjónustu, og þyrfti að athuga nánar möguleika á því sviði með aukið öryggi fyrir augum. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að öruggar og góðar samgöngur eru forsenda þess að hægt sé að halda uppi sæmilega öruggri læknisþjónustu úti um byggðir landsins.

Að því er varðar hlut Landssímans í þessum málum, þá er mér kunnugt um að forráðamenn hans viðurkenna þörf aukinnar öryggisþjónustu og eru reiðubúnir til aðgerða í þá átt í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld og símnotendur sjálfa. Stytting á almennum afgreiðslutíma ýmissa símstöðva s. l. sumar úti um land miðar þó engan veginn í þessa átt, enda hefur sú ráðstöfun verið gagnrýnd harðlega. Ég komst að raun um það í samtali við landlækni nú fyrir skömmu að varðandi símaþjónustuna mun þegar alllengi hafa verið í gildi heimild og ákvörðun um ákveðna öryggisþjónustu úti um byggðir landsins, en hefur farið það lágt að fólki er alls ekki kunnugt um hana. Vænti ég að svar hæstv. ráðh. upplýsi frekar þetta atriði.

Í síðasta lið fsp. minnar er spurt hve mikið vanti í dag upp á tilskilinn læknafjölda samkv.

tilvitnuðum lögum í heilsugæsluumdæmum landsins. Kunnugt er að mjög hefur fjölgað í íslenskri læknastétt nú á síðustu árum. Samkv. nýlegri grein skrifaðri af landlækni í Læknablaðinu íslenska er nú fjöldi starfandi lækna á Íslandi með lækningaleyfi, auk kandidata, einn læknir fyrir hverja 600 íbúa, eða fleiri en í flestum nágrannalöndum okkar öðrum en Danmörku. En almennum læknum hefur fækkað hlutfallslega úr 77% í 35.5% á árunum 1941—1971. 64.7% allra lækna á Íslandi eru sérfræðingar. Í Reykjavík var í árslok 1972 einn læknir fyrir 371 íbúa, en í dreifbýli, þ. e. miðað við svæði með íbúafjölda minni en 4 000, einn læknir fyrir hverja 1 335 íbúa. Á tímabilinu 1968—1972 fjölgaði læknum með lækningaleyfi um 50, en öll sú aukning er á Reykjavíkursvæðinu. Misræmið er hér augljóst.

Það er óvefengjanleg og ofureðlileg staðreynd, að ástand í læknamálum á hverjum stað ræður mjög miklu um það hvort fólk vill búa þar eða ekki. Því hljótum við að leggja áherslu á og krefjast þess að framfylgt verði ákvæði í hinum nýju lögum um heilbrigðisþjónustu í þá átt að þeir landshlutar, sem verst eru settir á þessu sviði skuli njóta forgangs um nauðsynlegar úrbætur.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Lög um heilbrigðisþjónustu, sem tóku gildi 1. jan. 1974, gera ráð fyrir mjög víðtækum breytingum á heilbrigðisþjónustu landsmanna, og allir, sem að þeirri lagasetningu stóðu, voru sér meðvitandi um að mörg ár mundi taka að koma öllum ákvæðum l. í framkvæmd.

Af hálfu heilbr.- og trmrn. hefur verið unnið að því, að ákvæði l. um heilsugæslu gætu komið til framkvæmda sem allra fyrst við þær aðstæður sem fyrir hendi eru, og lögð megináhersla á að auka starfslið í heilbrigðisþjónustu utan Reykjavíkur og bæta aðstöðu til lækninga með bættum tækjabúnaði og aðstöðu. Til hliðsjónar við þetta starf var á árinu 1974 höfð könnun, sem gerð var á vegum landlæknis og heilbrmrn. á aðstöðu starfandi lækna utan Reykjavíkur, svo og till. Læknafélags Íslands um nauðsynlegan tækjabúnað við heilsugæslustörf. Í byrjun ársins tóku gildi tvær reglugerðir samkv. l., annars vegar reglugerð um landlækni og landlæknisembættið og hins vegar reglugerð um starfsmannaráð sjúkrahúsa. Samkv. þessari reglugerð er það hlutverk landlæknis að leitast við að fá lækna til að gegna störfum á þeim stöðum, þar sem erfitt hefur reynst að halda uppi læknisþjónustu, vera til ráðuneytis um það, hvernig best og öruggast verði séð um að læknar komist frá heilsugæslustöðvum til móttökustöðva innan starfssvæðis og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu.

Í sambandi við áætlun þá, sem gert er ráð fyrir að rn. geri samkv. 42. gr. í samráði við samgrn. og dóms- og kirkjumrn. og landlækni um hvernig best og öruggast verði séð um að læknar komist frá heilsugæslustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu og þá áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu sem gert er ráð fyrir að rn. geri í samráði við samgrn., þá óskaði heilbrrn. eftir því með bréfi til dómsmrn. annars vegar og samgrn. hins vegar í byrjun s. l. árs að rn. tilnefni af sinni hálfu aðila til að taka þátt í viðræðum um þetta samstarf. Sérstök áætlun fyrir landið í heild hefur ekki verið gerð, en landlæknir og rn. hafa reynt að leysa vandkvæði ákveðinna landssvæða eftir því sem við hefur verið komið. Þannig hefur verið tekin upp sú stefna að veita lán úr Læknishéraðssjóði til kaupa ferðabíla fyrir lækna við heilsugæslustöðvar og lán og styrki til sveitarfélaga til kaupa sjúkrabifreiða og snjóbíla, þar sem nauðsynlegt hefur verið talið að slíkir bílar væru fyrir hendi. Á það má minna, að ráðstefna um sjúkraflutninga var haldin að tilhlutan Rauða kross Íslands og í samráði við heilbrrn. í nóv. 1973, og þar voru af hálfu rn. lögð fram sjónarmið þess um skipulag sjúkraflutninga. Bráðir sjúkraflutningar fara að sjálfsögðu bæði fram í sjúkrabifreiðum og í flugvélum, en ekki má gleymi þætti Landhelgisgæslunnar í bráðum sjúkraflutningum, því að samkomulag hefur verið um það við Landhelgisgæslu að leita mætti til hennar um sjúkraflutninga eða flutninga á læknum til sjúklinga þegar aðrar flutningaleiðir brygðust. Hefur þetta einkum átt við um Vestfjarðasvæðið og Austfjarðasvæðið um vetrartímann.

2. spurning. Á undanförnum árum hefur verið fjárveiting á fjárl. til sjúkraflugs og í fjárl. yfirstandandi árs er þessi upphæð 2.5 millj. kr. Undanfarin ár hefur þessari fjárveitingu verið skipt milli aðila, sem haldið hafa uppi flugþjónustu og þar með sjúkraflugi í Reykjavík, á Ísafirði, á Akureyri, í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum, og hefur Alþ. sjálft ákveðið hvernig fjárveitingunni skyldi skipt milli þessara aðila. Rn. óskaði eftir verulegri hækkun á þessari fjárveitingu í fjárlagatill. sínum fyrir árið 1975, en fékk ekki við því undirtektir, þannig að það hefur ekki haft tækifæri til þess að gera neina samninga við flugfélög eða gerast aðili að flugvélum eða þyrlum sérstaklega til nota fyrir heilbrigðisþjónustuna. Í þessu sambandi má á það minna, að sjúkraflug er mjög lítill þáttur af starfi þeirra flugfélaga, sem þessa þjónustu annast nú, sennilega innan við 5% af heildarverkefnum þeirra aðila sem styrks njóta frá Alþ. til sjúkraflugs.

Á árinu 1973 fékk rn. mjög miklar upplýsingar um notkun þyrlu til sjúkraflugs í því skyni að kanna hvort þyrlur mundu henta til slíks flugs hér á landi. Bendir margt til að svo sé. Hins vegar sýndu þessar upplýsingar að nægilega stórar þyrlur eru dýrar í innkaupi og þurfa að hafa mikil verkefni til þess að rekstur þeirra geti orðið hagkvæmur. Auk þess er ósennilegt að í náinni framtíð verði hægt að reka þyrlu frá öðrum stöðum en Reykjavík og Akureyri vegna þeirrar aðstöðu sem þarf að vera fyrir þessar flugvélar. Rn. hefur að sjálfsögðu mikinn hug á því að geta tryggt betur almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu en hægt hefur verið með þeim fjárframlögum sem til þessa hafa verið ákveðin af Alþ., og mun rn. í næstu fjárlagatill. sínum leggja til að þessar fjárveitingar verði auknar, eins og það gerði á s. l. ári, og kemur þá til kasta alþm. hvernig þeir taka í þær till.

3. spurning. Í sambandi við fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins hafa viðræður farið fram milli landlæknis og póst- og símamálastjóra

um það mál. En samkv. upplýsingum landlæknis liggja ekki ákveðnar till. fyrir, enda er hér að sumu leyti um að ræða till. hins almenna símakerfis fyrir landið sem heild. Á vissum landssvæðum mun því nokkuð á það skorta að hægt sé að ná til læknis tafarlaust eða á öllum tímum sólarhrings. Enda þótt hér sé um mjög litinn hluta landsmanna að ræða verður reynt að gera ráðstafanir til að bæta úr þessu eins fljótt og auðið er. Oftlega hafa farið fram viðræður milli landlæknis og póst- og símamálastjóra um þessi mál. Samkv. upplýsingum póst- og símamálastjóra hefur Póstur og sími frá upphafi verið boðinn og búinn til að koma fyrir neyðarkerfi, svo sem bjöllum og tilheyrandi, við ósjálfvirkar símstöðvar að kostnaðarlausu. Oddvitum er síðan í sjálfsvald sett að semja við viðkomandi stöðvarstjóra um gegningu. Víða er þetta gert, t. d. á Vopnafirði og á Hvolsvelli og fleiri stöðum. Símstöðvarstjórum er kunnugt um þetta svo og oddvitum, að því er landlæknir telur. Erfitt er að tengja saman 34 sveitalínur eða fleiri, því að þá verða hlustunarskilyrði út í langlínukerfið mjög léleg.

4. spurning. Lög um heilbrigðisþjónustu segja ekki nákvæmlega til um hve mikill læknafjöldi á að vera í heilsugæsluumdæmum. Lögin tiltaka aðeins ákveðið lágmark, þ. e. a. s. að ekki séu færri en tveir læknar á heilsugæslustöð 2 og ekki minna en einn læknir á heilsugæslustöð 1. Sé gert ráð fyrir þessu lágmarki utan Reykjavíkur og Akureyrar, þá þarf 60 lækna til þess að lágmarkinu sé náð. Í lok nóv. s. l. árs voru 58 starfandi læknar og læknakandidatar í þessum heilsugæsluumdæmum, þar af 50 læknar samkv. l. um heilbrigðisþjónustu, en 8 læknar starfandi samkv. bráðabirgðaákvæðum um lækna í læknishéruðum á Suðurlandi. Þessi læknafjöldi dreifðist þó ekki jafnt um landið, þannig að enn eru staðir þar sem l. gera ráð fyrir að sé heilsugæslustöð 2, þar sem enn er aðeins einn læknir, svo sem í Stykkishólmi, á Hvammstanga, á Dalvík, á Þórshöfn og á Höfn í Hornafirði, og einnig eru staðir þar sem ekki hefur fengist læknir til starfa á heilsugæslustöð 1, svo sem á Flateyri og á Kópaskeri, en báðum þessum stöðum er þjónað af nágrannalækni, þ. e. a. s. frá Þingeyri og Húsavík. Heimildir eru í fjárl. til þess að hafa 65 lækna við heilsugæslustöðvar og eru þá Akureyri og Reykjavík að sjálfsögðu meðtaldar, svo að auðsætt er að þessar heimildir eru of fáar, þegar heilsugæslukerfið verður komið á um landið allt. Hins vegar má segja, að með l. um heilbrigðisþjónustu og þeim breytingum, sem hafa orðið á um heimildir til ráðningar starfsliðs samkv. þeim l., þá hefur mjög víða orðið veruleg breyting til bóta. Þannig eru nú starfandi frá 1. mars 26 hjúkrunarkonur við heilsugæslustöðvar á jafnmörgum stöðum og 10 ljósmæður, sem ráðnar eru samkv. l. um heilbrigðisþjónustu. Stöðuheimildir fyrir ljósmæður eru ekki fleiri en ráðið er í nú, en á fjárl. þessa árs fengust heimildir fyrir allt að 35 hjúkrunarkonum, og verða ráðnar fleiri hjúkrunarkonur við heilsugæslustöðvar á þessu ári, enda liggja fyrir margar umsóknir þar að lútandi.

Eins og þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, bera með sér vantar enn mikið á að lög um heilbrigðisþjónustu hafi komist í fulla framkvæmd, enda hefur enginn gert ráð fyrir því, að þau kæmust til fullra framkvæmda nema á margra ára tímabili, eins og ég sagði í upphafi. Hins vegar verður að telja að byrjun framkvæmdar l. lofi góðu um að það takist að bæta heilbrigðisþjónustuna í dreifbýli, en það var eitt af markmiðum l. Er ekki annað fyrirsjáanlegt en að á þessu ári verði nægjanlegt framboð á læknum til starfa, hvort heldur er í dreifbýli eða þéttbýli. Hins vegar verður að minna á, að nauðsynlegt er að vinna kappsamlega að uppbyggingu heilsugæslustöðvakerfisins, og mun rn. kappkosta að gera framkvæmdaáætlun þar að lútandi, eins og 31. gr. l. gerir ráð fyrir, því að þá fyrst er hægt að gera sér grein fyrir hvað uppbygging kerfisins samkv. lögunum kostar og hve langan tíma tekur að koma því til fullra framkvæmda.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir skýr svör. Það kom fram í svari hans að sú áætlun, sem gert er ráð fyrir í 42. gr. heilbrigðislaganna, hefur ekki verið gerð og þarf kannske ekki að undra það. En við hljótum að leggja áherslu á að þessum málum sé haldið vakandi, og eins og ég benti á áðan finnst mér þessi 42. gr. gera ráð fyrir ákaflega nauðsynlegum og í rauninni sjálfsögðum hlutum sem horfa til bætts öryggis í okkar heilbrigðisþjónustu.

Það er samkv. 44. gr. sérstakur sjóður, Læknishéraðasjóður, sem stundum er kallaður tækjasjóður, sem á að búa lækna allsæmilega að tækjum. Í könnun, sem hefur verið gerð á þessu nýverið, kom í ljós að tækjakostur héraðslækna úti um land er víða ákaflega bágborinn, og var tekið til þar að Vestfirðir væru lakast settir í þeirri upptalningu. Það var gerð skrá yfir heilbrigðisþjónustu- og læknistæki, sem væru á staðnum. Þarna eru auðvitað feiknalegir fjármunir annars vegar, því að tæki öll hafa hækkað í verði eins og annað. En mjög jákvætt er það atriði l., sem kemur fram í 44. gr., að þar sem læknar eru ekki í starfi lögum samkv., þ. e. a. s. í læknislausum héruðum, eiga laun læknisins, sem ekki hefur fengist, að renna í þennan sjóð og hlynna að viðkomandi héruðum eftir föngum og á þeim sviðum þar sem helst er þörfin.

Það kom fram í svari hæstv. ráðh. viðvíkjandi 3. liðnum, að Póstur og sími telja að það hafi verið fyrir hendi frá upphafi að tengja sérstakt neyðarkerfi úti um sveitir landsins. Ég hygg, ef oddvitum almennt er ekki kunnugt um þetta ákvæði, að þá væri verðugt verkefni fyrir landlækni að benda oddvitum úti um sveitir landsins á að mögulegt er að fá þessa nauðsynlegu þjónustu ef þeir bera sig eftir henni. Og eins og ég sagði áðan, ég er alls ekki viss um, að sveitarstjórnum almennt úti um land sé kunnugt um þetta ákvæði.

Það gladdi mig að heyra, að það vantar aðeins 2 lækna í læknishéruð úti um landið eftir því sem hæstv. ráðh. upplýsti. Hann nefndi Flateyri og Kópasker, sem hefðu í nóv. s. l. verið læknislaus og eru það enn að ég best veit. Hæstv. ráðh. benti og á, og því ber saman við það sem landlæknir sagði mér, að útlit væri fyrir að læknaskorturinn yrði brátt úr sögunni með feiknalegri fjölgun lækna nú alveg á næstunni. Ég

veit að við þurfum ekki að kvíða því að á sumri komanda verði nokkurs staðar læknislaust á Íslandi. En það leysir ekki aðalvandann, þó að við fáum unga og spræka lækna til þess að vera úti í héruðunum um sumarið. Það er um vetrarmánuðina sem mestu máli skiptir að læknar séu á sem flestum stöðum og alls staðar þar sem ráð er fyrir gert. Og það er þetta sem ég treysti að komi ekki fyrir aftur með okkar vaxandi læknafjölda nú, að það renni upp annar vetur þar sem fólk einangrast af snjóum og illviðrum 3—4 mánuði ársins. Við vitum ekki hvenær slíkt ástand getur leitt af sér hörmuleg slys og vandkvæði, sem það raunar hefur gert nú þegar. En þarna tel ég að við þurfum að beita okkur hvað mest, að reyna að leggja ekki svo upp á veturinn, að nokkurt afskekkt hérað á Íslandi hafi ekki læknisþjónustu sæmilega tiltæka.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins geta þess til að fyrirbyggja misskilning hjá hv. fyrirspyrjanda í sambandi við þjónustu Pósts og síma, að ég sagði frá því sem upplýsingum landlæknis, að Póstur og sími hafi frá upphafi verið boðinn og búinn til að koma fyrir neyðarkerfi, svo sem bjöllum og tilheyrandi, við ósjálfvirkar símstöðvar að kostnaðarlausu. Oddvitum er síðan í sjálfsvald sett að semja við viðkomandi stöðvarstjóra um gegningu. Póstur og sími greiðir þeim ekki, stöðvarstjórunum, fyrir þessa þjónustu. Það verða sveitarfélögin að gera samkv. þessum upplýsingum. Það var aðeins út af þessum orðum, að ég vildi að hér yrði ekki misskilningur um þetta.

Ég verð að segja það, að á undanförnum árum hefur orðið gífurleg breyting á þjónustu lækna við landsbyggðina, þó að enn þá skorti þar á. Fram undan eru mjög mikil verkefni, sem kosta milljarða kr. En allir eru sammála um að hin mikla aukning nú á læknum verði til þess að héruð verði ekki læknislaus um fyrirsjáanlega framtíð, enda sést það á þeirri upptalningu, sem ég gerði hér áðan, að það vantar ekki lækna nema í tvö héruð, en það er auðvitað engin framför fyrir þessi tvö héruð frá því sem áður var. Þau njóta þar af leiðandi jafnlítillar og ómögulegrar þjónustu og oft áður, því að þarna er erfitt fyrir nágrannalækna að komast á milli og í raun og veru er þetta fremur litils virði yfir sumarmánuðina þegar eru ekki nema nokkrar mínútur til næsta læknis að aka. Landlæknir hefur auglýst þessi héruð. Hann hefur reynt að fá menn í þessi héruð, sérstaklega að haustinu og yfir vetrarmánuðina, og við skulum vona að betur takist til að hausti heldur en nú á þessum vetri og á næsta vetri verði ekkert læknishérað læknislaust.

Kennaraháskóli Íslands, fsp. (þskj. 287). — Ein umr.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég hef tekið að mér að bera upp við hæstv. menntmrh. eina af fsp., sem Jón Baldvin Hannibalsson lét eftir sig, þegar hann vék af þingi fyrr í vetur. Fsp. fjallar um Kennaraháskóla Íslands. Hún er í 5 liðum, svo hljóðandi:

„1. Hver er, að mati menntmrn., árleg kennaraþörf grunnskólans næsta áratug?

2. Hvað er áætlað að Kennaraháskóli Íslands útskrifi marga kennara frá vori 1974 og næstu 4 ár?

3. Hversu margir er ætlað að komi til starfa á grunnskólastigi?

4. Hvað líður störfum n., sem skipuð hefur verið til að endurskoða lög um Kennaraháskóla Íslands frá 16. apríl 1971, nr. 38, 25. gr.?“ — Þar segir: „Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.“

„5. Hver er framtíðarstefna yfirstjórnar menntamála að því er varðar kennaramenntun í landinu?“

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessari fsp., sem vissulega er nokkuð yfirgripsmikil, vil ég leyfa mér að svara þannig:

„1. Hver er, að mati menntmrn., árleg kennaraþörf grunnskólans næsta áratug?“ — Þörf á brautskráðum kennurum vegna skyldunámsins á ári hverju er talið að liggi á milli 50 og 70 kennara og auðvitað vaxandi eftir því sem árin líða. Það er örðugt um vik að svara þessu nákvæmlega, m. a. vegna þeirrar sveigju um framkvæmd grunnskólalaganna, sem grunnskólalögin sjálf leyfa, og einnig vegna töluverðrar óvissu sem alltaf er um það hversu margir kennarar hætta fyrir fullt og allt árlega af öðrum ástæðum en fyrir aldurs sakir.

„2. Hvað er áætlað að Kennaraháskóli Íslands útskrifi marga kennara frá vori 1974 og næstu 4 ár?“ — Dr. Broddi Jóhannesson rektor Kennaraháskóla Íslands gefur um þetta eftirfarandi upplýsingar, sem ég ætla að leyfa mér að lesa:

„Beint svar við fsp. er um 115 brautskráðir kennarar alls á árunum 1974—1977 þegar allt er talið. En sú tala ein sér heimilar engar ályktanir um sennilegan fjölda brautskráðra kennara á næsta áratug eða í framtíðinni yfirleitt, heldur nær þetta aðeins til þessara ára sem hér voru greind. Hlutfall kvenna og karla er um 8 á móti 5 í þessum hópi. Fjöldi þessi er ályktaður af skráningu kennaranema, en hún hefur verið þannig: 1971 9 stúdentar, 1972 30 stúdentar, 1973 27 stúdentar og 1974 70 stúdentar.“

Þá segir dr. Broddi enn fremur: „Með því að fyrsta spurning alþm. varðar áætlaða kennaraþörf næsta áratug, þá þykir mér rétt að tilgreina einnig sennilegan fjölda brautskráðra kennara á þeim tíma, en hann er 575 og skiptist sem hér segir á fyrri og síðari helming áratugsins: Árin 1974—1978, bæði ár meðtalin, 185 kennarar, meðalfjöldi á ári 37 kennarar, og árin 1979—1983, bæði ár meðtalin, 390 kennarar, meðalfjöldi á ári 78 kennarar. Auk þeirra sem ljúka á ári hverju kennaraprófi, má ætla að 30—60 hið fæsta muni stunda sérnám ýmislegt ár hvert í Kennaraháskóla Íslands, en þeir eru flestir starfandi kennarar fyrir.“

Þetta er álit dr. Brodda varðandi 2. lið.

„3. Hversu margir er ætlað að komi til starfa á grunnskólastigi?“ — Um það segir dr. Broddi:

„Við þessari spurningu munu einhlít svör torfengin, en ætla verður að þeir, sem leggja út í þriggja ára sérnám, hyggist neyta þeirra réttinda sem það veitir, og mun því allur þorri þeirra stefna að því að kenna við grunnskóla.“

„4. Hvað líður störfum n., sem skipuð hefur verið til að endurskoða lög um Kennaraháskóla Íslands“ o. s. frv. Minnt er á ákvæði l., þau skuli endurskoðuð að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra. Þessu er því til að svara, að „n. hélt fyrsta fund sinn 29. nóv. 1972. N. leit svo á, að ekki yrði ótvírætt skorið úr því með formlegum rökum, hvort ákvæði 25. gr. l. skuli túlkuð svo, að endurskoðunin skuli hafin eða henni eigi að ljúka fyrir áðurgreindan skiladag, 16. apríl 1973. N. leit svo á, að ekki yrði ótvírætt skorið úr því með formlegum rökum, hvort ákvæði 25. gr. l. skuli túlkuð svo, að endurskoðunin skuli hafin eða henni eigi að ljúka fyrir áðurgreindan skiladag, 16. apríl 1973. N. var ljóst, að torsótt var að ljúka endurskoðun á settum fresti, ekki síst vegna þess að margs konar breytingar voru að gerast í skólamálum hérlendis sem skylt var að hafa til hliðsjónar þegar kennaramenntun skyldi skipulögð. Af miklu er að taka, en bent skal á nokkur atriði. Þegar n. hóf starf sitt, var a) löggjöf um grunnskóla í smíðum, b) endurskoðun á námsskrám fyrir greinar skyldustigs hafin eða í undirbúningi, c) frv. til l. um kennararéttindi í smíðum, d) skólanefnd Kennaraháskóla í vændum, sbr. 2. gr. 2. tölul. l. nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, e) reglugerð Kennaraháskólans í smíðum, f) námsskrá hinna ýmsu greina skólans einnig í smíðum, g) fyrsti árgangur í kennaranámi hinu nýja á öðru ári námsins, reynsla af löggjöfinni því lítil sem engin. — A fundum sínum hefur endurskoðunarnefndin einkum fjallað um meginsjónarmið, er kennaramenntun varðar, heimspekilegar, siðfræðilegar og félagslegar forsendur ákvarðana með hliðsjón bæði af kenningum í uppeldisvísindum og reynslu samtíðar.“ — Þetta er það sem dr. Broddi Jóhannesson hefur að segja um það hvað störfum n. líði.

Þá er loks hér í síðasta lagi spurt þannig: „Hver er framtíðarstefna yfirstjórnar menntamála að því er varðar kennaramenntun í landinu?“ — Í sambandi við þessa spurningu verður að minna á það, sem ég var að enda við að segja, að n. starfar nú við endurskoðun l. um Kennaraháskóla Íslands að fenginni nokkurri, en ég vil segja enn þá mjög stuttri reynslu af nýbreytingunum frá 1971. Mér finnst þess vegna að það sé mjög eðlilegt að stjórnarvöld og t. d. menntmrh. bíði um sinn með beinar yfirlýsingar eins og þá sem hér er óskað eftir. Hins vegar vil ég skýra frá því, að n. hefur orðið sammála um hlutverk Kennaraháskóla Íslands í eftirfarandi atriðum: „a) Skólinn annast uppeldis- og kennslufræðilega menntun allra kennara á skyldunámsstigi og í öllum skólum á framhaldsskólastigi, b) skólinn annast fullmenntun kennara á skyldunámsstigi í öllum þeim greinum, sem kenndar eru við skólann, c) skólinn skal vera miðstöð vísindalegra rannsókna í uppeldis- og kennslufræðum og búa stúdenta undir háskólapróf í þessum greinum, og d) skólinn skal í samvinnu við menntmrn. annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara. — Enn fremur er n. sammála um að vinna beri að samhæfingu kennaramenntunar á öllum kennsluviðum grunnskóla á þeim grundvelli að sérhver námsgrein teljist fullgildur þáttur í uppeldislegu hlutverki skólans.“

Herra forseti. Þá hef ég lokið að svara þessari fsp.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Mér þykir vænt um að fá það staðfest í svörum hæstv. ráðh. að sú stefna, sem ég hafði í málefnum Kennaraháskólans á sínum tíma, hefur átt við mikil rök að styðjast. Ég áleit að sú stefna, sem þá var tekin upp, væri röng stefna, það væri tekið allt of stórt stökk frá kennaramenntuninni sem áður var. Ég vil taka það fram að það mátti gjarnan bæta menntun kennara, það mátti sérstaklega bæta starfsþjálfun þeirra, enda er raunin sú, að þrátt fyrir aukningu í námi þeirra hefur starfsþjálfunin ekki aukist að sama skapi. Hún er enn þá í algeru lágmarki.

Ástæðurnar fyrir því stóra stökki, sem tekið var, voru aðallega hin mikla ásókn í Kennaraskólann, of mikil aðsókn að menn töldu, og í öðru lagi kröfur kennaranna sjálfra, starfandi kennara, byggðar á von um að laun þeirra mundu batna við að fá menntunina færða upp á hærra stig. Hvort tveggja var auðvitað mikill misskilningur, og ég gleðst yfir því enn í dag að hafa verið einn þriggja manna á aðalfundi Sambands ísl. barnakennara, sem voru andvígir þessari stefnu með öllu. Útkoman er vitanlega þessi: Það eru sárafáir sem útskrifast til starfa fyrir skyldunámsstigið, fyrir grunnskólastigið, eftir að meira að segja er búið að útvíkka það stórum frá því sem það var, þegar þessi lög voru sett um Kennaraháskólann. Það verða útskrifaðir 30—40 næstu árin og helmingurinn af þeim fer svo auðvitað í sérnám, sérhæfir sig enn þá frekar, 15—20 fara í störf, og þá sjáum við glögglega, hver verður hlutur landsbyggðarinnar í kennarafjöldanum næstu árin og hvernig landsbyggðinni gengur að manna sína skóla, sem nú þyrfti einmitt að gera mjög vel í framhaldi af samþykkt grunnskólalaganna. Það er stutt reynsla, sagði hæstv. ráðh., af þessu fyrirkomulagi. Sú reynsla verður býsna dýrkeypt fyrir landsbyggðina, og ég vona að hæstv. ráðh. sjái svo til að þessi lög verði endurskoðuð, þótt það þyki spor aftur á bak.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Úr því að það kom í minn hlut að bera upp þessa fsp. tel ég rétt að fylgja þingvenju og þakka hæstv. ráðh. fyrir veitt svör við fsp.

Vinnuvernd, fsp. (þskj. 287, 3. tölul.). — Ein umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Á þskj. 287 er fsp. frá Jóni Baldvin Hannibalssyni, sem hér sat á þingi um tíma, um hvað líði samningu heildarlöggjafar um vinnuvernd.

Ég hygg að almennt séu menn um það sammála nú og hafi verið nokkuð langan tíma, að brýna nauðsyn beri til þess að koma á heildarlöggjöf að

því er varðar vinnuvernd. Í stjórnarsáttmála fyrrv. ríkisstj. var upp tekið ákvæði þess efnis að sett skyldi alhliða löggjöf um vinnuvernd, og fyrrv. tveir félmrh., bæði Hannibal Valdimarsson og Björn Jónsson beittu sér fyrir því að undirbúningur að slíkri löggjöf yrði hafinn.

Einnig má minna á að í stefnuræðu núv. hæstv. forsrh. á s.l. hausti var og frá þessu greint og þar gert ráð fyrir að slík löggjöf yrði væntanlega lögð fyrir það þing sem nú situr. Hér er um mikið og brýnt mál að ræða og ástæða til að fá um það vitneskju, hvar á vegi það er statt, og því er þessi fsp. fram komin, sem sagt spurning um það, hvað líði samningu heildarlöggjafar um vinnuvernd, sem bæði var í stjórnarsáttmála fyrrv. ríkisstj. og er enn í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með bréfi frá 10. júlí 1973 fól þáv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, Hjálmari Vilhjálmssyni fyrrv. ráðuneytisstjóra að semja frv. til l. um alhliða vinnuvernd. Í skipunarbréfinu segir svo m.a.:

„Eins og yður er kunnugt heyra mál, sem snerta vinnuvernd, undir a.m.k. 5 rn. Bifreiðaeftirlit, öryggisgæsla á vinnustöðum og Öryggiseftirlit ríkisins heyra undir dóms- og kirkjumrn., vinnuvernd barna og unglinga heyrir undir menntmrn., eftirlit með hollustuháttum og öryggi á skipum heyrir undir samgrn., eftirlit með hollustuháttum og heilbrigði almennt heyrir undir heilbr.- og trmrn., loks heyra atriði, er varða vinnulaun, uppsagnarfresti, vinnutíma og orlof undir félmrn. Þess er vænst, að þér hafið samband við téð rn., eftir því sem þér teljið nauðsynlegt í sambandi við undirbúning að samningu frv. um alhliða vinnuvernd.“

Þetta var úr skipunarbréfi ráðh. frá 10. júlí 1973. 9. nóv. sama ár afhenti Hjálmar Vilhjálmsson félmrn. frv. til l. um vinnuvernd. Í aths. við frv. gat hann þess m.a., að við samningu frv. hefði verið haft samráð við öryggismálastjóra og fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands og fulltrúa frá Vinnuveitendasambandi Íslands, en ekki megi þó líta svo á að þeir hafi lagt samþykki sitt á öll ákvæði frv.

Með bréfi 15. mars 1974 fór félmrn. þess á leit við Alþýðusamband Íslands, að það tilnefndi tvo menn til að yfirfara og endurskoða till. að umræddu frv. um vinnuvernd ásamt fulltrúum frá Vinnuveitendasambandi Íslands, sem þegar höfðu verið tilnefndir, þeir Valtýr Hákonarson og Barði Friðriksson hrl. Miðstjórn ASÍ tilnefndi þá Hermann Guðmundsson og Bolla B. Thoroddsen til að annast þessa yfirferð og endurskoðun. Rn. fór þess á leit í maí 1974, að Hjálmar Vilhjálmsson héldi fundi með framangreindum aðilum vinnumarkaðarins um vinnuverndarfrv. Hélt hann samtals 8 fundi með aðilum þeim sem að framan eru nefndir, og þar var farið yfir frv. grein fyrir grein. Við þá yfirferð kom í ljós að ágreiningur var um nokkur atriði. Um sum þeirra náðist að vísu samkomulag á þessum fundum, en önnu atriði, sem ágreiningur var um, hafa enn ekki verið fullrædd.

Síðasti fundur Hjálmars Vilhjálmssonar með fulltrúum ASÍ og Vinnuveitendasambandsins var haldinn 3. okt. s.l., en frá því í okt. hafa aðilar vinnumarkaðarins í þessari endurskoðunarnefnd rætt ágreiningsatriði þessi hvor í sínum hópi og sín á milli. Samkv. upplýsingum frá þeim má búast við að þeir telji sig tilbúna á næstunni að taka upp umr. um vinnuverndarfrv. þar sem frá var horfið í okt.

Ég vil til viðbótar þessari grg. um gang mála taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að brýn nauðsyn er að setja sem fyrst alhliða lög um vinnuvernd.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Ég skal ekki ræða hér efnislega frekar um þetta mál, en ég ítreka það, að ég tel að hér sé um brýnt nauðsynjamál að ræða og ég vænti þess að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því að slík löggjöf sjái dagsins ljós hér á þingi fyrr en seinna.

Málfrelsi opinberra starfsmanna, fsp. (þskj. 287). — Ein umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. 11. málið á dagskránni er fsp. frá Jóni Baldvin Hannibalssyni til menntmrh. um málfrelsi opinberra starfsmanna og ritskoðunarrétt rn. á rannsóknarniðurstöðum sérfræðinga. Þar eð Jón B. Hannibalsson hefur vikið af þingi mun ég fylgja þessari fsp. úr hlaði með örfáum orðum.

Fsp. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Er fyrirvaralaus brottvikning dr. Braga Jósepssonar úr starfi á vegum menntmrn. yfirlýsing af hálfu ráðh. og ríkisstj. um, að framvegis skuli í gildi teknar takmarkanir á málfrelsi opinberra starfsmanna, og þá hverjar?

2. Þar sem dr. Braga Jósepssyni er m.a. gefið að sök að hafa dreift skýrslu dr. Arnórs Hannibalssonar um „hjálparkennslu í skyldunámsskólum“ til skólastjóra, ber að skilja það svo, að ráðh., rn. og ríkisstj. áskilji sér framvegis rétt til að ritskoða rannsóknarniðurstöður sérfræðinga, sem taka að sér einstök sérfræðileg verkefni í þágu hins opinbera?“

Það er að vonum, að það veki mikla athygli þegar háttsettur embættismaður í ríkiskerfinu verður fyrir fyrirvaralausri brottvikningu, og þá ekki síður þegar ástæður eru til að ætla að brottvikningin standi í sambandi við málefnalegar deilur embættismannsins við yfirboðara sína í viðkomandi rn. Svo er að þessu sinni. En um brottvikningu dr. Braga Jósepssonar hefur raunar verið skrifað það mikið opinberlega og rætt, að ég tel ekki ástæðu og hef raunar ekki tíma til þess í fsp.-tíma hér á Alþ. að fara mjög ítarlega út í það. Hins vegar er um að ræða ákveðna fsp. að gefnu þessu tilefni, sem ég vænti, að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að svara. Og munu vafalaust margir starfsmenn hins opinbera taka eftir því, með hvaða móti þau svör verða.

Í síðari liðnum er talað um eitt af þeim atriðum í máli dr. Braga Jósepssonar, sem þar var talið skipta miklu máli, en það var dreifing á rannsóknarniðurstöðum dr. Arnórs Hannibalssonar um hjálparkennslu í skyldunámsskólum. Það er

allmikið um það og fer vaxandi að hið opinbera ráði sérfræðinga til að gera einstakar rannsóknir, og býst ég við að enginn deili um þá skoðun, að nauðsynlegt sé að slíkir sérfræðingar njóti hins fyllsta öryggis um að fá að gera rannsóknir sínar við frjálsar aðstæður og að ekki verði hindrað að rannsóknarniðurstöður þeirra komist á framfæri, sérstaklega til þeirra sem það mál, sem rannsakað er, varðar sérstaklega, eins og var í þessu tilfelli.

Síðari fsp. er einnig mjög skýr og fjallar um það, hvort draga megi þá ályktun af meðferð þessa máls að ætlunin sé að ritskoða slíkar rannsóknarniðurstöður sérfræðinga sem taka að sér verkefni í þágu hins opinbera.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leitast við að svara þessari fsp., sem er í tveim liðum. Svarið við fyrra liðnum er nei. Svarið við síðari liðnum er nei.

Mér vitanlega eru engar breytingar fyrirhugaðar varðandi þau atriði, sem fsp. fjallar um. Eins og hv. 2. landsk. þm. gat um, hafa þegar farið fram opinberlega töluverðar umr. um það mál sem hefur orðið tilefni þessarar fsp. Í þeim umr. gerði ég grein fyrir afstöðu minni.

Málinu hefur nú verið skotið til dómstólanna af hálfu dr. Braga Jósepssonar, eins og venja er til eða er a. m. k. mjög algengt, þegar um uppsögn opinberra starfsmanna er að ræða. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir stutt, en þó skýr svör við þeim spurningum sem fram eru lagðar. Það voru raunverulega fyrstu tvær setningarnar, er hann sagði, sem afgreiddu þær spurningar sem felast í tveim liðum fsp.

Ég tel ástæðu til þess að fagna því, að ráðh. gefur afdráttarlausa yfirlýsingu um að það sé ekki ætlunin að takmarka málfrelsi opinberra starfsmanna, og er að sjálfsögðu gott til þess að vita, enda þótt gefist hafi allgróft tilefni til þess, að slík fsp. er lögð fram á Alþ.

Á sama hátt er gott til þess að vita, að hæstv. ráðh. gefur afdráttarlaust og hiklaust neitandi svar við því, að það sé ætlun hans, rn. hans eða ríkisstj. að ritskoða rannsóknarniðurstöður sérfræðinga. Er einnig gott fyrir þá að vita það, vegna þess að þeir munu sjálfsagt ekki hafa mikinn áhuga á því að taka að sér rannsóknarstörf, ef þeir geta átt von á því að með niðurstöðurnar verði farið eins og var í þessu tilviki.

Ég er að því leyti til sammála hæstv. ráðh., að það er í fsp.-tíma ógerningur að fara út í frekari umr. um efnisatriðin, sem eru tilefni þessara spurninga, og þá því síður sem brottvikning dr. Braga Jósepssonar er þegar orðin að máli fyrir dómstólum. En það var gott að fá grundvallaratriðin tvö í þessu sambandi skýrt fram, og ég vænti þess, að ekki verði fleiri slík mál, sem gefi tilefni til þess, að spurt sé um þá hluti sem þetta mál hefur svo vissulega gefið tilefni til að væri borið fram hér á Alþ.

Sameinað þing, 50. fundur.

Þriðjudaginn 11. mars, að loknum 49. fundi.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 275, n. 363 og 365, 364). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. d. afgr. til iðnn. frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði 12. febr. s. l. Fundur var haldinn í iðnn. þegar daginn eftir og hefur n. því haft málið til meðferðar í réttan mánuð. Á þessum tíma hafa verið haldnir í n. 12 fundir. Á fyrsta fundi n. lagði ég til að málið fengi þá meðferð, að á nefndarfundi væru kvaddir sem flestir menn sem gætu frætt nm. um hina ýmsu þætti þessa stóra máls. Við því var engum mótmælum hreyft. Í nál., sem meiri hl. hefur gengið frá og dreift hefur verið, kemur fram að æðimargir forsvarsmenn opinberra stofnana og aðrir, sem um þetta mál hafa fjallað á einhverju stigi eða eru tengdir einhverjum þætti þess, hafa verið kvaddir á fund n. N. hefur haft með þessum mönnum langa og ítarlega fundi og hafa sumir þessir fundir verið sameiginlegir með iðnn. Nd.

Ég mun skipta ræðu minni fyrst og fremst í 4 þætti og eru þeir í samræmi við þá meðferð sem málið fékk hjá iðnn. Ég mun ræða um afstöðu heimamanna, þá mun ég ræða um landið og höfnina, síðan um raforkumálin, þá um heilbrigðismál og náttúruvernd og loks um fjármál og hagkvæmni fyrirtækisins. Áður en ég ræði þessa þætti mun ég lýsa nokkuð aðdraganda og helstu einkennum þessa fyrirtækis.

Rétt er í upphafi að geta þess, að n. var ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nm., 5 hv. þm., skilar sérstöku meirihlutaáliti og leggur til að frv. verði samþ. með nokkrum brtt. sem fram koma á sérstöku þskj. Einn nm., hv. þm. Jón G. Sólnes, bókaði sérálit og mun hann gera sérstaka grein fyrir því hér, en einn nm., hv. þm. Stefán Jónsson, leggur til í sérstöku nál. að frv. verði fellt eða til vara gerðar á því ýmsar breytingar, sem hann mun að sjálfsögðu gera grein fyrir.

Aðdragandi þessa máls er sá, að haustið 1971 skipaði þáv. iðnrh. viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Í þessari n. áttu þá sæti og eiga reyndar sæti enn Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, sem er formaður n., Ragnar Ólafsson hrl., Ingi R. Helgason hrl. og Steingrímur Hermannsson. Þessari n. var falið að ræða við ýmsa erlenda aðila, sem höfðu sýnt áhuga á því, að kanna, hvort hér mætti koma upp því sem nefnt hefur verið stóriðja eða orkufrekum iðnaði í tengslum við okkar virkjanir, en mjög margar slíkar fyrir-

spurnir lágu þá fyrir. Þessari n. voru jafnframt sett nokkur meginsjónarmið eða skilyrði sem setja bæri slíkum iðnaði. Í fyrsta lagi vil ég nefna, að á það var lögð áhersla að slíkt fyrirtæki, ef úr yrði, yrði að meiri hl. í eigu íslenska ríkisins. Í öðru lagi, að slíkt fyrirtæki félli í einu og öllu undir íslenska dómstóla og íslensk lög. Í þriðja lagi, að raforka yrði seld til slíks fyrirtækis vel yfir kostnaðarverði og á því verði sem telja mætti sambærilegt við það sem íslenskir aðilar ættu kost á raforku við sömu aðstæður. Og í fjórða lagi, að gætt yrði hinna fullkomnustu mengunarvarna. Öllum þeim aðilum, sem við var rætt, voru þessi atriði kynnt og varð það til þess, að sumir þeirra hurfu frá og varð ekki meira úr umr. við þá

Eins og kemur fram í grg. með frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var rætt við allmarga slíka aðila og ætla ég ekki að endurtaka það. En kostirnir urðu smám saman færri af ýmsum ástæðum og að lokum taldi viðræðunefndin eðlilegt að leggja áherslu á viðræður við fyrirtækið Union Carbide Corporation um byggingu sameiginlegrar ferrosilicium verksmiðju hér á landi. Ýmislegt, eins og ég sagði, leiddi til þessarar niðurstöðu, m. a. að viðræðunefndin taldi að slík verksmiðja hentaði þörfum okkar vegna virkjunar Sigöldu, til hennar færi aðeins um það bil fjórðungur af forgangsorku þeirrar virkjunar, en aftur á móti gæti sá iðnaður nýtt verulega afgangsorku, sem er mjög mikið af í okkar raforkukerfi og þarf að losna við til einhvers kaupanda. Einnig er slík verksmiðja af þeirri stærð, að þátttaka okkar íslendinga er sæmilega viðráðanleg. Samningar voru langt komnir haustið 1973, þegar olíukreppan svonefnda skall á, og var þeim frestað meðan breyttir hagsmunir okkar íslendinga af þessum ástæðum voru skoðaðir. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það nú, mun koma að því nánar síðar.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að Alþ. ákvað í framhaldi af áfangaskýrslu þeirri, sem þáv. iðnrh. fékk Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen til að vinna, að ráðast í virkjun Kröflu, sem mun verða um 60 mw., og koma þannig í veg fyrir að orkuskortur þyrfti af að verða, þótt ráðist yrði í umrædda járnblendiverksmiðju. Það kemur greinilega fram í lok þings 1974, vorið 1974, að þessi er ætlun ríkisstj. þeirrar sem þá sat. Kemur það greinilega fram í bréfi þáv. iðnrh. til Union Carbide, sem margoft hefur verið vísað í og skrifað var í maí 1974. Þar kemur fram, að þáv. ráðh. og ríkisstj. öll er samþykk þessu máli og væntir þess, að það fái framgang þegar þing kemur saman að nýju.

Núv. ríkisstj. tók því málið upp að nýju þegar hún kom til valda. Þá höfðu hins vegar orðið veigamiklar grundvallarbreytingar á ýmsum þeim atriðum, sem áður hafði verið gengið frá t. d. hafði byggingarkostnaður hækkað mjög verulega, einkum stál, og raforkuverð hafði hækkað, m. a. virkjunarkostnaður Sigöldu. Þetta hlaut að leiða til þess, að ýmsir þættir málsins voru endurskoðaðir. Veruleg hækkun fékkst á raforkuverði, samtals 40% af því sem áður hafði verið gert ráð fyrir, en jafnframt varð að samkomulagi að hækka nokkuð greiðslur til Union Carbide sem söluþóknun og sem þóknun fyrir tækniþekkingu sem fyrirtækið veitir hinni íslensku málmblendiverksmiðju. Það er rétt að geta þess einnig, að á þessum tíma, veturinn 1973—1974, starfaði að undirlagi þáv. iðnrh. nefnd þm., skipuð þm. úr öllum þingflokkum, og hafði hún tækifæri til að fylgjast mjög náið með öllum framgangi málsins. Hún hélt allmarga fundi, hafði einnig tækifæri til að hitta fulltrúa viðsemjenda og í lok þingsins var dreift til allra þm., sem þess óskuðu, öllum þeim skjölum sem þá voru tilbúin í þessu máli. Ég held að því verði ekki neitað, að hv. þm. hafa fengið góð tækifæri til að fylgjast með þróun þessa máls.

Þá þykir mér rétt að gera grein fyrir örfáum aðaleinkennum þessarar framleiðslu og jafnframt helstu einkennum þeirra samninga sem gert er ráð fyrir að gera við fyrirtækið Union Carbide Corporation. Það er gert ráð fyrir því að reisa hér málmblendiverksmiðju eða járnblendiverksmiðju sem framleiði um það bil 47 þús. tonn af 75% ferrosilicium, en það er blanda af járni og silicium eða silikon sem svo er nefnt á erlendu máli og hefur raunar ekki hlotið íslenskt heiti. Það er notað sem blanda í mjög smáum stíl í járn til að fá fram bætt gæði stáls og fleira. Gert er ráð fyrir því, að þessi framleiðsla fari fram í tveimur ofnum. Hún fer fram þannig, að þremur rafskautum er dýft í blöndu hráefna og þau brædd við mikinn hita. Við það myndast botnfall, sem er umrætt ferrosilicium. Jafnframt myndast ýmis úrgangsefni, fyrst og fremst ryk, við þá framleiðslu sem hér er um að ræða, um 21 þús. tonn af því sem nefnt hefur verið kísilryk. Einnig myndast nokkur föst úrgangsefni, um það bil 2 500 tonn, og mun ég koma nánar að því síðar.

Ef frv. þetta verður samþ. er gert ráð fyrir því að íslenska ríkisstj. og Union Carbide undirriti svonefndan aðalsamning, sem er birtur sem fskj. þessa frv. bæði á íslensku og á ensku. Aðalsamningur þessi dregur fram öll meginatriði í samkomulagi Union Carbide og íslensku ríkisstj. Þar kemur í fyrsta lagi fram vilji aðilanna til þess að stofna umrætt fyrirtæki til framleiðslu á 75% ferrosilicium. Þarna kemur fram á hvern máta hugsunin er að fjármagna þetta fyrirtæki. M. a. kemur þar fram, að hlutafé þess mun verða samtals 24 millj. bandaríkjadala eða jafnvirði þess, og þar kemur fram, að íslenska ríkið eigi 55% þess hlutafjár, en Union Carbide 45%. Einnig kemur þarna fram, að aðrir samningar muni verða gerðir á milli hins íslenska málmblendifélags og nokkurra annarra aðila, fyrst og fremst Union Carbide og Landsvirkjunar. M. a. er gert ráð fyrir því, að samningur um aðgang að tæknikunnáttu og þekkingu Union Carbide verði gerður, fái þar með hið íslenska málmblendifélag fullan aðgang að öllum einkaleyfum sem fyrirtækið á í dag, þau munu vera eitthvað um 500 á þessu sviði, og allri þeirri þekkingu, sem fyrirtækið kann að þróa á 15 ára samningatímanum.

Ég vil geta þess, að þetta atriði var mjög rætt í viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Upphæðin er há og voru fengnir sérstakir erlendir menn sérfróðir, á þessu sviði, til þess að meta arðsemi þessarar fjárfestingar. Skýrsla þeirra

var mjög eindregið á þá lund, að þetta væri vel þessa fjár virði og raunar meira, en þar draga þeir m. a. fram það atriði, að fyrirtækið Union Carbide hefur eitt tök á mjög fullkominni tölvustýringu á þessari framleiðslu sem getur aukið afköst ofnanna um það bil um 4%, sem er ekki lítil upphæð í þessu sambandi. Þetta nefni ég sem dæmi af fjölmörgu sem fram mætti draga.

Þá er gert ráð fyrir því, að einkasölusamningur verði gerður við Union Carbide, þó innan vissra marka eða viss ramma. Fyrirtækið getur ekki selt framleiðsluna án samþykkis stjórnar verksmiðjunnar, og sömuleiðis er fyrirtækinu skylt að selja hverjum þeim aðila sem stjórn verksmiðjunnar kann að ákveða, og stjórn verksmiðjunnar getur í því sambandi tekið við pöntun í slíkt beint. Gert er ráð fyrir því, að söluþóknunin verði breytileg, frá 3% fyrir fyrstu 10 þús. tonnin og upp í 5% fyrir það sem er umfram 30 þús. tonn, en meðalsöluþóknun verður um 3.9%. Þetta atriði var einnig mjög vel skoðað, ekki síst í sambandi við hina erlendu tæknimenn. Staðreyndin er sú, að sala á þessari framleiðslu er venjulega tengd mikilli tækniaðstoð. Þetta efni er notað í mjög mismunandi mæli í járnblöndur, eins og ég hef áður skýrt frá, og fást fram allbreytileg einkenni með breytilegri notkun þessa efnis. Það hefur sannast, að fyrirtækið Union Carbide fær á erlendum mörkuðum töluvert hærra verð en það sem skráð er. M. a. kemur þetta fram í umsögn forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Má rekja það fyrst og fremst til þessarar staðreyndar, að þetta fyrirtæki er tæknilega mjög sterkt á þessu sviði. Þá er gert ráð fyrir því, að hið íslenska málmblendifélag geri samning um kaup á raforku við Landsvirkjun og mun ég ræða það sérstaklega hér á eftir og því ekki fara út í það í smáatriðum nú. Sá samningur liggur fyrir í frumdrögum og hefur verið ræddur af landsvirkjunarstjórn og metinn, en að sjálfsögðu fyrst og fremst gerður í fullu samráði við Landsvirkjun og að tillögu Landsvirkjunar. Loks er gert ráð fyrir því, að gerður verði sérstakur samningur um afnot hafnar og landssvæðis, en fyrir þau mun fyrirtækið greiða ákveðið gjald. Er gert ráð fyrir því, að hafnargjöld verði þau sömu sem greidd eru á Reykjavíkursvæðinu. Þetta eru megineinkenni þessa fyrirtækis og þeirra samninga sem ráð er fyrir gert að gerðir verði.

Ég sé ekki ástæðu til þess, að fara hér í neinum smáatriðum út í hin tæknilegu einkenni framleiðslunnar sjálfrar. Það kemur allvel fram í skýrslunni, m. a. um hráefni og hver hráefnaþörfin er til þessarar verksmiðju, og sömuleiðis mun ég koma inn á ýmsa þætti þess máls þegar líður á mína framsöguræðu.

Eins og ég gat um í upphafi mun ég skipta því, sem ég segi hér á eftir, í nokkra meginþætti og mun þá fyrst ræða um afstöðu heimamanna.

N. var sammála um að kveðja á sinn fund oddvita sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar og norðan Hvalfjarðar og bæjarstjórann á Akranesi. Þeir mættu á öðrum fundi n. og var rætt við þá þar dágóða stund um afstöðu heimamanna til þessa máls. Jafnframt ákvað n. að leita skriflegra umsagna heimamanna um málið. Nm. voru allir sammála um það, að hér væri um grundvallaratriði að ræða í allri meðferð málsins og nauðsyn að hafa slíkt fyrirliggjandi þegar ákvörðun Alþ. yrði tekin. Umsagnir hafa borist frá öllum þessum aðilum öðrum en Leirár- og Melahreppi, en hins vegar gat oddviti þess hrepps þess að skiptar mundu vera skoðanir þar, eins og raunar víðast, um þetta stóra mál, þótt hann teldi að þar væri ekki andstaða meiri hl. gegn byggingu þessarar verksmiðju. Hreppsnefnd Skilmannahrepps skilaði áliti. Vil ég með leyfi forseta lesa þessar umsagnir. Ég tel þær það mikilvægar:

„Hreppsnefnd Skilmannahrepps hefur á fundi í dag fjallað um frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Hreppsnefndin gerir ekki athugasemd við frv. né staðsetningu verksmiðjunnar og treystir því, að reglum um mengunarvarnir verði fylgt út í æsar.“

Innri-Akraneshreppur skrifar svo:

„A fundi hreppsnefndar Innri-Akraneshrepps 25. 2. 1975 var tekið fyrir bréf iðnn. Ed. Alþ., dags. 17. 2. 1975, þar sem beðið er um umsögn vegna járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Í því sambandi vill hreppsnefndin taka fram eftirfarandi:

1) Hreppsnefndin sér ekki ástæðu til að leggjast gegn frv.

2) Þá vill n. leggja ríka áherslu á það, að þeim ákvæðum, er um fjallar í 7. gr. um umhverfis- og öryggismál í fskj. 2, verði framfylgt að fullnustu.

fh. Hreppsnefndar Innri-Akraneshrepps,
Anton Ottesen,
Ytrahólmi.“

Ég gat þess ekki áðan, að undir bréfið frá Skilmannahreppi skrifuðu Sigurður Sigurðsson oddviti, Þorsteinn Stefánsson og Kristmundur Þorsteinsson.

Þá barst bréf frá hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps, þar segir svo:

„Hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandahrepps hefur á fundi sínum í dag, laugardaginn 22. febr. 1975, fjallað um heiðrað bréf yðar, dags. 17. þ. m., þar sem beiðst er umsagnar um fram komið frv. til laga um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Hreppsnefndin vill af þessu tilefni taka eftirfarandi fram:

1) Á almennum hreppsfundi Hvalfjarðarstrandarhrepps, sem haldinn var í dag, var samþ. með samhljóða atkv. allra fundarmanna að lýsa fullum stuðningi við ályktun Búnaðarsambands Borgarfjarðar frá 21. f. m. um byggingu og hugsanleg áhrif væntanlegrar járnblendiverksmiðju. Ályktun þessi er birt í fjölmiðlum og mun vera yður kunn. Hreppsnefndin tekur fram, að hún er samþykk þeim sjónarmiðum og efnisatriðum, sem í ályktuninni felast.

2) Hreppsnefndin harmar, að ekki skyldi vera leitað álits hreppsnefnda í nágrenni við hið væntanlega verksmiðjusvæði svo og fleiri heimaaðila um mál þetta á frumstigi þess.

3) Hreppsnefndin leyfir sér að senda yður hér með afrit af bréfi, er hún ritaði samgrh. hinn 29. f. m. samkv. beiðni hans um álit á tilteknum

þáttum málsins. Bréf þetta varpar nokkru ljósi á afstöðu hreppsnefndar.

Guðmundur Brynjólfsson, oddviti."

Síðan fylgir hér með bréf til samgrh., sem ég sé ekki ástæðu til að lesa, en það fjallar um þátttöku Hvalfjarðarstrandarhrepps í væntanlegri höfn við Grundartanga. Þar er samþ. að taka þátt í slíkri hafnargerð, enda náist samkomulag um fjármögnun og skiptingu þeirrar aðildar sem þar er um að ræða.

Þá barst umsögn Akraneskaupsstaðar, sem er raunar frá 10. des. 1974:

„Ályktun um járnblendiverksmiðju.

Bæjarstjórn Akraness lýsir yfir eindregnum stuðningi við þau áform, sem nú eru á döfinni um að reisa járnblendiverksmiðju hér á landi og kynnt voru fyrir fulltrúum bæjarstjórnarinnar á almennum fundi að Leirá 4. des. s. l. Sérstaklega fagnar bæjarstjórnin þeirri ákvörðun að velja verksmiðjunni stað við Grundartanga á norðurströnd Hvalfjarðar. Þar mun verksmiðjan og hafnargerð henni tengd verða til mikils framdráttar fyrir byggðirnar í Borgarfirði og á Akranesi, eins og reynsla varð af byggingu sementsverksmiðjunnar á sínum tíma. Bæjarstjórnin telur sjálfsagt að gætt verði ýtrustu varúðar gagnvart hugsanlegri hættu á mengun og spjöllum á umhverfi í samræmi við íslenskar reglur þar um, eins og ljóst er að gert hefur verið.

Í sambandi við byggingu verksmiðjunnar telur bæjarstjórnin nauðsynlegt að tekið verði fullt tillit til núv. atvinnulífs á þessu svæði og samráð haft við samtök þess. Enn fremur vill bæjarstjórnin benda á, að þess verði gætt að viðkomandi sveitarfélög njóti eðlilegs hluta af opinberum gjöldum verksmiðjunnar með tilliti til þeirrar þjónustu sem þau verða að veita rekstri hennar og starfsfólki.

Að lokum beinir bæjarstjórnin þeirri áskorun til ríkisstj. og Alþ. að hraða endanlegri afgreiðslu málsins og væntir þess að þm. Vesturl. fylgi vilja bæjarstjórnarinnar í þessu máli fast eftir, svo að hægt verði að hefja framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna hið fyrsta."

Í sambandi við umsagnir þessar vil ég geta þess, að umsögn Búnaðarsambands Borgarfjarðar, sem birtist í dagblöðum, var efnislega á þá lund, að Búnaðarsambandið lagði ríka áherslu á að fram færi líffræðileg athugun á áhrifum verksmiðjunnar á umhverfi sitt áður en bygging hennar væri ákveðin. Þessar umsagnir, sem hafa borist, eru sumar að vísu ekki afgerandi, en eru engar andstæðar því að verksmiðjan verði byggð og raunar sumar, ekki síst Akranes, mjög ákveðið fylgjandi því að verksmiðjan verði byggð á þessum stað.

Á fyrsta fundi iðnn. kom fram ósk um að málið yrði sent Verkalýðsfélagi Akraness til umsagnar. Umsögn barst frá Verkalýðsfélagi Akraness. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Fundur í Verkalýðsfélagi Akraness, haldinn 2. mars 1975, samþ. að svara bréfi iðnn. Alþ., dags. 13. febr. 1975:

1) Þar sem málmblendiverksmiðjan verður væntanlega staðsett á félagssvæði Verkalýðsfélags Akraness vill fundurinn undirstrika og jafnframt lýsa stuðningi við byggingu hennar með eftirfarandi skilyrðum:

a) Að gerðar verði ýtrustu kröfur, eins og þær eru strangastar hjá þeim þjóðum sem lengst eru komnar í mengunarvörnum, í verksmiðjunni að Grundartanga, er tryggi að engin loftmengun eða önnur mengun frá henni verði á umhverfi hennar, og skorar jafnframt á Alþ. að beita sér fyrir að koma í veg fyrir mengun annarra fyrirtækja með auknum mengunarvörnum og verði sett sérstök lög um vinnuvernd er tryggi öryggi starfsmanna. Komið verði í veg fyrir, að upp komi atvinnusjúkdómar, með ströngu læknieftirliti og reglubundinni læknisskoðun á starfsfólki.

b) Fundurinn krefst þess, að í lögin komi ákvæði um íhlutunarnefnd starfsfólks í gegnum starfsmannaráð eða í stjórn fyrirtækisins.

c) Að höfninni verði tryggð sérstök lán samhliða öðrum fjárútvegunum til verksmiðjunnar, þó ekki með því að skerða fé úr Hafnabótasjóði, og tryggt að hún standi undir sér fjárhagslega og verði ekki til að skerða á neinn hátt fjárhag viðkomandi sveitarfélaga.

d) Það virðist augljóst, að með tilkomu hennar muni tekju- og atvinnumöguleikar verkafólks stóraukast á Akranesi og í nágrenni þess.

Till. þessi var samþ. með 13:7 atkv. Till. frá Bjarnfríði Leósdóttur og Herdísi Ólafsdóttur um að vísa henni frá var fyrst borin upp og felld með 10:6 atkv.

F. h. Verkalýðsfélags Akraness,
Skúli Þórðarson."

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að mér hefur nú, rétt áður en þessi fundur hófst, borist bréf frá Óttari Yngvasyni hdl., sem skrifar f. h. Verkalýðsfélagsins Harðar í Hvalfirði. Ég ætla ekki að lesa þessi bréf, þau eru nokkuð löng, en efni þeirra er það, að Verkalýðsfélagið Hörður í Hvalfirði mótmælir þeirri fullyrðingu Verkalýðsfélags Akraness að umrædd verksmiðja sé á félagssvæði Verkalýðsfélags Akraness og fer um það nokkrum orðum. Ég vil taka það skýrt fram, að mér var ekki sem form. iðnn. kunnugt um Verkalýðsfélagið Hörð í Hvalfirði og hefði að sjálfsögðu talið rétt að senda þessu félagi einnig málið til umsagnar. Hins vegar kom engin ósk fram um það. Þótt málið væri sent Verkalýðsfélagi Akraness tekur að sjálfsögðu iðnn. Alþ ekki, og því síður Alþ. nokkra afstöðu til þess á hvoru svæði þessi verksmiðja er. Þar ráða vitanlega þeir samningar sem þar um ríkja. Sú staðreynd að málið var sent Verkalýðsfélagi Akraness til umsagnar breytir vitanlega engu þar um. Nauðsynlegt er að þetta komi skýrt fram.

Ég hef nú lesið þær umsagnir, sem hafa borist frá heimamönnum, og niðurstaða er sú, að þar er vilji sums staðar sterkur, en mismunandi sterkur til þess að verksmiðjan verði byggð, en að sjálfsögðu viss hræðsla við mengun frá slíku fyrirtæki. Er það að mínu mati mjög eðlilegt og ég fagna því, að í öllum þessum ályktunum er lögð rík áhersla á það, að í því sambandi verði gætt hinnar fyllstu varúðar, en að því mun ég að sjálfsögðu koma síðar.

Þá vil ég næst geta um landið og höfnina.

Þegar rætt var um byggingu slíkrar verksmiðju þegar á árinu 1971 kom fram sá vilji hjá ýmsum, sem um málið fjölluðu, að þessi verksmiðja yrði staðsett sem lengst utan þéttbýlissvæðisins hér á Suðvesturlandi. Gerð var athugun á nokkrum stöðum, m. a. Akureyri, auk nokkurra staða hér í nágrenninu og tveggja staða við norðanverðan Hvalfjörð. Aðstaða á Akureyri er mjög góð til slíks atvinnurekstrar. Hins vegar kom fljótlega í ljós að raforka yrði ekki fáanleg á því svæði fyrir þessa verksmiðju fyrr en töluvert síðar en verksmiðjan gæti verið komin á fót. Ég vil í þessu sambandi ekki síst leggja áherslu á það, að verksmiðjurekstur sem þessi verður aldrei reistur á einni langri línu, hvort sem hún er gerð um byggð eða óbyggð. Auk þess er burðargeta þeirrar línu, sem nú er ætlunin að leggja, hvergi nærri fullnægjandi fyrir þessa verksmiðju. Því hefði orðið nauðsynlegt að reisa mjög stóra varastöð fyrir norðan, ef verksmiðjan hefði átt að koma þar. Í fáum orðum sagt varð því niðurstaðan, að ekki reyndist unnt að koma verksmiðjunni fjær þessu svæði en norður fyrir Hvalfjörð og jafnframt að tryggja góða hafnaraðstöðu, sem þar er mjög góð fyrir hendi. Þessi varð því niðurstaðan, að gera ráð fyrir verksmiðjunni á Grundartanga og afla landssvæðis þar til þess að þar gæti með tíð og tíma komið upp myndarlegur kjarni iðnaðar við mjög góða höfn.

Iðnn. hefur verið skýrt frá því, að drög að kaupsamningi hafa verið gerð við eigendur jarðarinnar Klafastaða í Skilmannahreppi. Er í þeim kaupsamningi gert ráð fyrir því, að ríkið kaupi 80 ha. landsspildu úr þessu landi. Það land, sem í upphafi verður frá tekið fyrir umrædda járnblendiverksmiðju, ef samþ. verður, er hins vegar um 10 ha. lands og er því ljóst að þarna er mjög mikið ráðrúm til stækkunar eða til þess að koma á fót öðrum iðnaði síðar. Einnig er samið um rétt til hafnargerðar við eigendur Klafastaða, en hafnaraðstaða hefur verið mjög vandlega skoðuð á þessu svæði og hefur það gert Verkfræðistofa dr. Gunnars Sigurðssonar. Liggur fyrir frá þeirri verkfræðistofu ítarleg skýrsla um hafnargerð, þar sem bent er á fjölmarga möguleika í því sambandi.

Hafnarmálin voru sérstaklega rædd á fundum iðnn. og mættu á einum fundi n. Halldór E. Sigurðsson samgrh., ásamt skrifstofustjóra samgrn. og dr. Gunnari Sigurðssyni sem eins og ég sagði áðan hefur unnið að öllum undirbúningi hafnarmálsins. Í þessu sambandi var sérstaklega að því spurt hvernig ríkisstj. hyggst fjármagna þessa höfn og í hvaða formi hún verður byggð. Samgrh. upplýsti, að gert er ráð fyrir því að hún falli undir hafnalög og leggi heimamenn þar með fram 25% þess fjármagns sem til hafnarinnar er þörf. Sú höfn, sem líklegast er að verði þarna byggð, er áætluð af dr. Gunnari Sigurðssyni að kosta 293 millj. kr., en það er fyrir tvær gengisfellingar og sýnist mér ljóst að það má hækka upp í 450—500 millj. kr. nú. Hér er því um verulega fjárhæð að ræða fyrir heimamenn. Hins vegar hefur það komið margoft fram, m. a. hjá hæstv. samgrh., að það fjármagn mun verða útvegað með öðru fjármagni, sem opinberir aðilar þurfa á að halda í þessu sambandi. Sú fjárútvegun mun því ekki lögð á þátttakendur í hafnargerðinni heima fyrir.

Ég vil geta þess hér, að allmjög hefur verið um það rætt hvaða hafnargerð verði þarna fyrir valinu í upphafi. Unnt er að byggja þarna höfn sem er töluvert minni og mundi að sjálfsögðu kosta töluvert minna, líklega um 150 millj. kr. minna. Við þá höfn gæti hins vegar aðeins eitt skip athafnað sig. Flutningar til og frá þessu fyrirtæki eru hins vegar mjög miklir. Það eru um 160 þús. tonn til fyrirtækisins og 47 þús. tonn frá því eða vel yfir 200 þús. lestir. Að sjálfsögðu er okkur íslendingum það kappsmál að íslensk skip hljóti sem mest af þessum flutningum. En af því leiðir að flutningarnir mundu fara fram í tiltölulega litlum skipum, t. d. af stærðinni 2—4 þús. lestir, og af því leiðir aftur að skipakomur verða mjög tíðar á þennan stað. Því er það mat sérfræðinga að eðlilegast sé að byggja þar höfn, sem geti tekið við tveimur skipum í einu, en hún mundi skv. þeirri áætlun, sem lögð var fram s. l. sumar, kosta um 293 millj. kr., eins og ég nefndi áðan.

Á fundi með hæstv. samgrh. var sérstaklega að því spurt, hvort útvegun fjármagns til þessarar hafnar mundi skerða hafnarframkvæmdir í landinu að öðru leyti. Samgrh. tók skýrt fram að það væri ekki sín ætlun, þessi höfn yrði fjármögnuð alla vega fyrir utan það. Einnig hefur verið rætt töluvert um arðsemi af þessari höfn. Þetta hefur að sjálfsögðu verið reiknað, og eins og ég sagði áðan er gert ráð fyrir því að fyrirtækið greiði sömu hafnargjöld og greidd eru í Reykjavík. Með þeim hafnargjöldum munu tekjur af innflutningi til þessarar verksmiðju fara langleiðina í það að standa undir kostnaði og að sjálfsögðu miklu meira en kostnaði af lánum og fjármögnun heimamanna, en sú fjármögnun gengur fyrir í þeim tekjum sem fást af innflutningi. Hins vegar telja menn mjög líklegt, að við þessa höfn, góðu innflutningshöfn, skapist meiri umferð fljótlega og tekjur hennar aukist þannig. M. a. hefur sú skoðun komið mjög ríkt fram hjá fulltrúum Akraneskaupstaðar.

Þá var á einum fundi n. sérstaklega fjallað um raforkumálin enda eru þau raunar undirstaða þessarar hugmyndar um járnblendiverksmiðju. Við íslendingar höfum hingað til fylgt þeirri stefnu að reisa slíkan iðnað í tengslum við okkar stærri virkjanir til þess að gera þær okkur auðveldari og lækka raforkuverðið jafnframt. Þetta er að sjálfsögðu meginástæðan fyrir því, að fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. iðnrh. ákváðu að kanna slíka leið. En að sjálfsögðu er slíkt háð því að orka sé fyrir hendi, að okkar eigin orkuþörf sé ekki það mikil að við þurfum á allri orku frá væntanlegri virkjun sjálfir að halda, og vitanlega verður að gæta þess, eins og skýrt kom fram í grundvallarsjónarmiðum fyrrv. ríkisstj., að verð til slíkrar verksmiðju sé að öllu leyti eðlilegt og sambærilegt við það sem almennt gerist.

Á fund iðnn. voru kvaddir orkumálastjóri, tveir sérfræðingar Landsvirkjunar og tveir verkfræðingar frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Þeir síðastnefndu voru m. a. og ekki síst kvaddir á nefndarfund með tilvísun til mjög fróðlegrar áfangaskýrslu sem fyrrv. iðnrh. lét dreifa á Alþ.

vorið 1974 og fjallar um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Þar er komið að því stóra máli að nýta innlenda raforku til upphitunar í stað olíunnar. Um það fjallar þessi skýrsla og þar koma fram mörg mikilvæg sjónarmið. M. a. kemur fram í þessari skýrslu, á bls. 3 og raunar einnig á bls. 2, að lausleg áætlun um kostnað við tengilínu milli landshluta og breytingar á dreifikerfum er að það muni kosta um 4 000 millj. kr. þegar þessi skýrsla er gerð, í byrjun ársins 1974. Þar segir jafnframt, að áætlað sé að unnt sé að tengja um 80% þessa rafhitunarmarkaðar fyrir árslok 1981. Ástæður eru taldar þær, að fjármagnið er ekki mikið og vinnuafl ekki fáanlegt innanlands til að hraða þessu verki meira en svo. Í þessari skýrslu koma einnig fram mjög athyglisverðar upplýsingar um þörf raforku í þessu skyni. Er áætlað að 34% af húsnæði landsmanna megi hita á þennan máta og orkuþörfin árið 1980 í þessu sambandi verði um 927 gwst., en af þeim verði 130 þegar tengdar. Þetta er því grundvallarskjal þegar við nú metum eigin orkuþörf og orkuframboð og lá mjög til grundvallar í umr. n. um þetta mál. Vil ég fara nokkrum orðum um það, sem fram kom á nefndarfundinum.

Um það var spurt sérstaklega hvort þessir sérfræðingar teldu ekki unnt að hraða styrkingu og endurbyggingu dreifikerfisins. Það kom mjög greinilega fram hjá þeim, að þeir töldu það ekki unnt með innlendu vinnuafli. Hins vegar að sjálfsögðu staðfestu þeir, að slíkt mætti gera með óþrjótandi fjármagni og erlendum vinnukrafti, og sjálfsagt er að viðurkenna að sá möguleiki er a. m. k. til að nafninu til. Aðalatriðið var hins vegar það, að þeir töldu, jafnvel með stóru átaki og með eðlilegum framgangsmáta, mjög ósennilegt að þessi markaður yrði meira en 80% mettaður í árslok 1981. Einnig kom greinilega fram, að fjölmargir þættir þessa stóra máls eru því miður — ég legg áherslu á það — því miður enn ókannaðir t. d. leiðir til upphitunar í þéttbýliskjörnum. Það kom fram að þar eru ýmsar leiðir:

1. Bein upphitun með rafofnum.

2. Upphitun með miðstöðvum eða kyndistöðvum og það væri þá dreift heitu vatni til húsa. Þessar stöðvar hafa þann stóra kost, að þar má kynda með svartolíu á toppum og að sjálfsögðu fylgir þessu mjög mikið öryggi, ef raforka bregst.

3. Það kom einnig fram þriðji möguleikinn, þar sem jarðhiti er takmarkaður, en það er notkun á svonefndum hitadælum, sem geta úr lágum hita nýtt mjög mikið hitamagn til upphitunar, og þurfa þær ekki nema brot af þeirri raforku sem annars væri notuð. Það má segja að hitadæla sé eins konar sameiginleg notkun raforku og jarðhita til upphitunar. Ekkert af þessu hefur raunar verið skoðað kerfisbundið, og ég legg áherslu á að þetta þarf að gera og það fyrr en síðar.

Það kom einnig fram á þessum fundi, að kostnaður í heimahúsum við breytingu yfir í rafhitun er mjög mikil, ekki undir 100 þús. kr. að meðaltali og í mörgum tilfellum töluvert meiri, þannig að þessi kostnaður er lauslega reiknaður fyrir landsmenn líklega ekki undir 2 000 millj. kr. Hér er því um ákaflega stórar fjárupphæðir að ræða. Það kom einnig fram, að víða, þar sem afskekkt er, er sannarlega mjög vafasamt að leiða rafmagn eftir þeim kröftugu línum sem nauðsynlegar eru til upphitunar. Það getur verið þjóðhagslega betra að greiða jafnvel olíuna niður í sambærilegt verð og nota hana áfram, og raunar er alveg ljóst að í ýmsum tilfellum er það hentugra. Þetta hefur ekki heldur verið athugað.

Mér þótti sérstaklega fróðlegt svar orkumálastjóra þegar hann var spurður að því, hvernig á því stæði að athugun hefur ekki miðað meira áfram á 1½ ári en raun ber vitni. Svar hans var ákaflega einfalt, þetta: Það er 21 rafveita í landinu, sem eiga að sjá um slíkt, og þær bíða kannske allar eftir því að ein hefjist handa, og raunar er þetta allt saman svo nátengt, að samstillt átak í þessu sambandi fæst ekki nema einum aðila sé gefið vald til þess að koma því áleiðis. Ég vil sérstaklega nota tækifærið, þar sem hæstv. iðnrh. er hér staddur, að koma þessum upplýsingum á framfæri og leggja ríka áherslu á þá skoðun mína, að þarna þurfi að skoða ofan í grunninn og þegar að hefjast handa um nauðsynlegan undirbúning.

Á þessum fundi kom einnig fram, að dreifikerfi okkar eru byggð upp með allt annað í huga en það öryggi, sem nauðsynlegt er til upphitunar. Dreifikerfi okkar er yfirleitt geislakerfi, þ. e. a. s. það er ein lína sem liggur út frá miðstöð. En dreifikerfi, þar sem öryggis er krafist, eru yfirleitt svonefnd möskvakerfi, þ. e. a. s. það koma línur saman og mynda eins konar hring. Ef bilun verður einhvers staðar má auðveldlega einangra hana á litlu svæði og fá raforku úr tveimur áttum. Allir sjá að sjálfsögðu hve öryggi er langtum meira í slíkum línum. Spurningin er því sú, hvort þessa 4 000 millj. séu jafnvel of lág áætlun með tilliti til þeirrar miklu endurbyggingar sem ég tel líklegt að landsmenn muni krefjast í sambandi við það öryggi sem þeir vilja hafa þegar raforka er notuð til upphitunar. Þetta mál er því mjög stórt og viðamikið.

Þrátt fyrir þá grundvallarskoðun sérfræðinganna, að vafasamt væri að unnt væri að hraða þessum málum meira en fram kemur í skýrslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og ég hef nefnt hér áðan, bað n. þó um nýja athugun, þar sem gert væri ráð fyrir því að hitamarkaðnum væri fullnægt fyrir lok ársins 1980 annars vegar og hins vegar væri 80% fullnægt eða mettað fyrir þann tíma. Ég hef ekki getið þess, að önnur mikilvæg skjöl í þessu sambandi eru að sjálfsögðu þeir útreikningar sem Landsvirkjun hefur látið frá sér fara og birtast í fylgiskjali með frv. um orkuþörf og orkuframboð. Á þessum útreikningum er sá stóri annmarki, að þar er orkuþörf Vestfjarða og Austfjarða ekki tekin með. Nm. voru sammála um að þetta þyrfti að endurskoða og var því Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen beðin um að gera það á sama máta og fyrir aðra landshluta. Bréf barst frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, dags. 26. febr. 1975, ásamt töflu sem sýnir hvernig þessari orkuþörf verður mætt. Mér hefur þótt þetta mjög fróðlegt skjal og ég óskaði eftir því að því yrði dreift á borð dm. Vona ég að það hafi verið gert. Ég ætla því aðeins að lesa upp bréfið, en vísa jafnframt til töflunnar sem menn hafa

þá aðgang að. Ég hygg að þessu hafi verið dreift til allra nema kannske nm. í iðnn., því að þeir eiga að hafa það. Í bréfinu segir:

„Hér með fylgir tafla um raforkuþörf alls landsins við mismunandi vöxt húsahitunar, annars vegar full húsahitun árið 1980 og hins vegar 80% af fullri húsahitun 1980. Eins og fram kemur af töflunni er ónotuð orka í kerfinu árið 1980 160 gwst. þegar um 80% hitun er að ræða, en þegar um 100% hitun er að ræða vantar 72 gwst. til þess að fullnægja þörfinni. Tilsvarandi er að segja um aflþörfina. Gert er ráð fyrir að 1977 séu 30 mw. í Kröflu, en 60 mw. árið 1978. Við útreikninga á orkuþörfinni er gert ráð fyrir að Akureyri sé öll rafhituð, eins og reiknað var með í skýrslu okkar til iðnrh. í mars 1974. Ef hins vegar er gert ráð fyrir, að Akureyri fái jarðvarmahitun, minnkar orkuþörfin til hitunar um ca. 90 gwst. og af þessu er ljóst að við þann rafhitunarvöxt, sem við teljum að geti orðið, útilokar sala raforku til málmblendiverksmiðjunnar ekki sölu raforku til húshitunar."

Undir þetta skrifar, f. h. Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, Sigurður Þórðarson.

Þetta er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt gagn í þessu máli og að mínu viti fullnægir þeirri sjálfsögðu kröfu þm. að fá upplýst hvort bygging umræddrar verksmiðju verði til þess að seinka öðrum framkvæmdum eða til þess að orkuskortur hljótist af. Ég vona í einlægni að hv. þm. Stefán Jónsson ætli að þeir menn, sem þetta skrifa, séu sérfræðingaklíka embættismannakerfisins, eins og hann segir svo smekklega í nál. sínu.

Eins og ég sagði áðan hefur viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, að sjálfsögðu í fullu samráði við Landsvirkjun, gengið frá drögum að rafmagnssamningi milli Landsvirkjunar og íslenska málmblendifélagsins hf., sem liggur þá fyrir ef og þegar stjórn slíks fyrirtækis hefur verið sett á fót.

Þessi samningur er að nokkru leyti rakinn í grg. með frv. og skal ég ekki fara í hann í neinum smáatriðum. Þó eru þarna nokkur atriði sem ég tel nauðsynlegt að vekja sérstaka athygli á.

Gert er ráð fyrir því, að til verksmiðjunnar fari samtals 68 mw. af afli og það skiptist þannig, að tryggður grundvöllur eða forgangsafl sé 31 mw., en ótryggður grundvöllur 37 mw. Uppsett afl Sigöldu verður hins vegar 150 mw. en það sem nefna mætti forgangsafl 100 mw. Jafnframt er upplýst, að gert er ráð fyrir því, að orka verði samtals 550 gwst., þar af 244 forgangsorka eða tryggður grundvöllur og 306 afgangsorka eða ótryggður grundvöllur. Með afgangsorku eða ótryggðum grundvelli er átt við að Landsvirkjun er heimilt að rjúfa þá orku eftir, að vísu með ákveðnum skýringum, sem hafa verið á því gefnar og reiknaðar út af Landsvirkjun, en henni er heimilt að rjúfa þessa orku ef hún þarf á henni að halda til annarra hluta.

Í þessum samningi og einnig að sjálfsögðu í grg. með frv. kemur fram með hvaða skilmálum þessi orka er seld. Þar kemur fram, að á fyrsta afhendingardegi er gert ráð fyrir 9.5/1000 úr Bandaríkjadollar eða 1.42 kr. á núv. gengi fyrir forgangsorku, en 0.5/1000 úr Bandaríkjadollar eða 7.5 aurar fyrir afgangsorku og meðalverð verði 75 aurar kwst. Síðan fer þetta hækkandi, fyrst á þriðja, síðan á fimmta, síðan á sjöunda ári. Forgangsorkan 10/1000 úr Bandaríkjadollar eða 1.50, en afgangsorkan hækkar meira eða upp í 16 aura kwst. en samtals 93 aurar kwst. Ég mun koma nánar síðar að samanburði á þessu við aðra notendur hér á landi.

Í þessu sambandi er jafnframt nauðsynlegt að vekja athygli á því, að þrátt fyrir þetta breytilega verð á raforkunni er gert ráð fyrir því, að það breytist með norsku raforkuverði sem er birt og veitt er nýjum kaupendum þar. Um þetta er nokkuð langur kafli, en í grundvallaratriðum er hann sá, að fyrst í lok fjórða starfsárs skal meðalverð, sem kaupanda er gert að greiða, leiðrétt um 100% þeirrar hlutfallslegu breytingar sem verða kann milli norska meðalverðsins, sem í gildi var 1. júlí 1972, margfaldað með 1.25, og þess norska meðalverðs, sem í gildi verður í lok þessa fjórða starfsárs, og síðan aftur í lok áttunda ársins fer fram svipuð endurskoðun og enn í lok tólfta og loks í lok þess sextánda. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort rétt var að miða við norska verðið, en staðreyndin er sú, að norskt verð til slíks iðnaðar hefur verið fast frá 1962 og um það hafa verið mjög háværar raddir og raunar stjórnarfrv. eða ályktanir lagðar fyrir Stórþingið um mjög verulega hækkun á þessu raforkuverði. Vel hefði mátt hugsa sér að miða við önnur almenn kerfi, eins og t. d. í Bandaríkjunum. Þar er hins vegar sú staðreynd, að í kerfi eins og t. d. hjá Tennessee Valley Authority og Grand Colee í Norðvesturríkjum Bandaríkjanna, þar hefur nýlega hækkað mjög verulega. Því taldi viðræðunefndin líklegra að það hreyfðist minna á næstu árum. Auk þess er það staðreynd, að á þeim mörkuðum, sem þessi verksmiðja mun selja á, er það fyrst og fremst norðmenn sem eru okkar meginkeppinautar.

Ég vil loks geta þess, sem ég fyrir mitt leyti tel ákaflega mikilvægt ákvæði í þessum samningi. Það er gert ráð fyrir því í 21. gr. að endurskoða megi þennan samning, ef annar hvor aðili óskar þess, og vil ég — með leyfi forseta — lesa þá gr.:

„Ákvæði 11. gr. um verð eru sett með hliðsjón af ástandi því, sem búist er við á mörkuðum fyrir raforku og í samkeppni innan ferrosilikon-iðnaðarins á gildistíma samnings þessa. Ef verulegar breytingar verða á því ástandi eftir gildistöku samningsins, einkum að því er varðar hlutfallslega afstöðu milli orkuverðs á Íslandi og á erlendum mörkuðum, er þjóna orkufrekum iðnaði, eða á gengisskráningu þeirra gjaldmiðla, sem máli skipta starfsemi aðila eða samkeppnisaðstöðu bræðslunnar á erlendum mörkuðum hennar, að því er tekur til orkuverðs, og framangreind ákvæði verða bersýnilega ósanngjörn gagnvart öðrum hvorum aðilanum vegna þessara breytinga, getur sá aðilanna krafist þess að samningar verði teknir upp um breyt. á þessum ákvæðum. Sérhver slík breyt. skal gilda í minnst 5 almanaksár, nema um annað semjist þegar hún er gerð."

Þarna er gert ráð fyrir því, að þetta íslenska fyrirtæki með íslenskan meiri hl. í stjórn geti

samið við íslenska landsvirkjun um breyt. á raforkuverðinu, ef öðrum aðila þykir það nauðsynlegt. Hér tel ég einnig brotið blað og mjög mikilvægt, ekki síst þegar litið er á fastan samning við álbræðsluna í Straumsvík um raforkuverð.

Oft hefur verið rætt um afgangsorku og það kom fram töluvert á fundum n., að fjallað var um það hvort ekki mætti hugsa sér aðra notkun fyrir afgangsorku. Í því sambandi var m. a. minnst á heyþurrkun. Sérfræðingar þeir, sem þar voru mættir, upplýstu að orkunotkun t. d. til heyþurrkunar væri raunar hverfandi miðað við það, sem hér um ræðir, og þar að auki fellur hún á þeim tíma þegar afgangsorkan er mest og líklegt að það sé til meiri afgangsorka en hér um ræðir, þannig að vel megi þjóna þeim þörfum einnig. Afgangsorkan er að sjálfsögðu fyrst og fremst takmörkuð á veturna. En aðalatriðið er, að það á bæði töluvert í land og margt ókannað í þessu sambandi og markaðurinn tiltölulega mjög lítill.

Það kemur einnig fram í grg. Landsvirkjunar að það verð, sem sett er á afgangsorkuna, sé hátt og mjög vafasamt, segir þar nokkurn veginn orðrétt, að kostnaðarverð afgangsorkunnar sé jafnvel 7.5 aurar á kwst.

Í lögum um Landsvirkjun er svo hljóðandi gr., sem mér þykir rétt að lesa, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við Rafmagnsveitur ríkisins, héraðsveitur og iðjuver innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kwst. á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðh. þess er fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðh. valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið."

Með þessa gr. að leiðarljósi hefur Landsvirkjun metið þetta raforkuverð. Ég skal ekki lesa það upp, en vísa þm. á þá grg. sem fylgir hér með frá Landsvirkjun og gerir að mínu mati mjög glögga grein fyrir þessu máli. Hins vegar þótti iðnn. ekki koma nógu vel fram samanburður við aðra orkukaupendur í landinu. Því óskaði iðnn. eftir því við Landsvirkjun, að henni yrði látinn í té útreikningur á raforkuverði við sömu aðstæður og gert er ráð fyrir til járnblendiverksmiðjunnar. Iðnn. barst bréf, dags. 24. febr. 1975, sem undirskrifað er af Jóhanni Má Maríussyni aðstoðaryfirverkfræðingi, sem mættur var á fundi n. Þetta er einnig að mínu mati svo mikilvægt skjal í þessu sambandi, að ég hef jafnframt óskað þess, að því væri dreift á borð dm.

Þarna kemur fram í örfáum orðum, þegar reiknað er eftir núgildandi taxta gjaldskrá Landsvirkjunar, sem hver og einn stórkaupenda sem upp voru taldir áðan á aðgang að, að einingarverð raforku við 220 kw. spennu er núna kr. 1.40 kwst. Verðið, sem málmbræðslunni í Hvalfirði er ætlað að greiða fyrir forgangsorkuna, miðað við nákvæmlega sömu aðstæðu, 8000 stunda nýtingartíma og 220 kw. spennu er 1.42 kr., en hækkar síðan upp í 1.50 kr. kwst. Er þarna að sjálfsögðu ekki tekin nein afstaða til hækkunar vegna viðmiðunar við norska verðið. Þetta sýnir, svo að ekki verður um villst, að ef t. d. Rafmagnsveitu Reykjavíkur eða Rafmagnsveitum ríkisins tekst að auka nýtingartíma sinn, t. d. með einhverjum iðnaði eða einhverri notkun sem nýtir afgangsorkuna, þannig að nýtingartíminn aukist upp í 8000 stundir, eigi þessi fyrirtæki kost á raforku með sambærilegu og raunar heldur lægra verði en járnblendiverksmiðjan á þegar um forgangsorkuna er rætt.

Þetta eru meginatriði þess, sem fram kom í viðræðum við þá raforkumenn, sem á fundi n. mættu. Ég held að það sé óumdeilanlegt og kemur greinilega fram í þeirra skjölum, að í fyrsta lagi mun þessi verksmiðja ekki takmarka orku til annarra þarfa hér á landi. Þetta er raunar undirstrikað í áliti Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, sem hún lét n. í té. Einnig kemur greinilega fram, að raforkuverðið er mjög sambærilegt við það sem gerist til innlendra aðila við svipaðar aðstæður.

Mjög mikill hluti af störfum iðnn. var á sviði umhverfis- og heilbrigðismála. Þau mál eru ofarlega á baugi, og þótt ég fagni því sannarlega, — þar þurfum við að gæta okkar mjög, íslendingar, að falla ekki í sömu gröf og margar aðrar þjóðir hafa fallið í, — þá hefur mér satt að segja stundum komið í hug að við þurfum einnig að gæta þess að skjóta þar ekki yfir markið. Við þurfum að gæta þess að rúm heimild verði fyrir okkur sjálf að lifa í okkar landi. Ég gat þess, að eitt af grundvallarskilyrðum fyrir slíkum iðnaði, sem sett voru af fyrrv. ríkisstj., var að gætt yrði fullkomnustu mengunarvarna. Á þetta var ávallt lögð mjög mikil áhersla. Ég get getið þess hér til fróðleiks um afstöðu í þessu sambandi, að sumir, sem við var rætt, töldu þetta mjög óþarft skilyrði af hendi svo fámennrar þjóðar sem ætti nægt landrými. Hins vegar erum við ekki á þessu máli og frá þessu var aldrei hvikað. Ég tek einnig undir það sem fram hefur komið, að ég held að í þessu sambandi megum við læra af reynslu t. d. álbræðslunnar og kísiliðjunnar. Þessi fyrirtæki voru reist á tíma þegar slíkar raddir um hreinsun voru ekki háværar og raunar litlar og þá voru þessi mál öll litin öðrum augum. Ég vil harma það og ég vænti þess, að úr því fáist bætt.

Ég gat þess lauslega áðan, að frá slíkri verksmiðju sem þessari berst töluvert af úrgangi. Fyrst og fremst er það kísilryk, sem er um 21 þús. tonn við framleiðslu á 47 þús. lestum af járnblendi. Þetta kísilryk er mjög fíngert, mikið innan við það sem nefnt er 1 míkrón. Það er álíka fíngert og vindlareykur og berst að sjálfsögðu auðveldlega út í andrúmsloftið. Allt fram á allra síðustu ár hefur þetta verið látið aðgerðarlaust, og raunar mun ég hér á eftir lesa úr ritum ýmissa manna sem staðfesta að þetta hefur ávallt verið talið skaðlaust, þó að ég sé ekki að taka undir þau orð út af fyrir sig, en fyrst og fremst verið talið til óþrifnaðar og leiðinda á þéttbýlisstöðum. Á þessu hefur hins vegar orðið mjög mikil breyting upp á síðkastið og gerðar strangar kröfur til þess að losna við þetta ryk. Einnig berst út frá verksmiðjunni — ofninum réttara sagt — mikið af kolsýrlingi, sem er að sjálfsögðu eitruð lofttegund, en hann er brenndur yfir ofninum með

því að draga þar inn mikið af súrefni og fer þessi lofttegund síðan út sem koldioxyd eða tvísýringur og fer þannig upp í hin hærri lög andrúmsloftsins. Jafnframt er í slíkri verksmiðju nokkuð af föstum úrgangi, þó raunar lítið, það eru samtals um 2500 lestir. U. þ. b. helmingurinn af þessu er lélegt járnblendi eða úrgangsjárnblendi, sem myndast ofan á ofninum, og er það flutt úr landi, selt við lágu verði og notað í lakari blöndur af járni. Þá eru eftir u. þ. b. 1 200—1 500 lestir, sem eru fyrst og fremst brot úr steypukerum, brot úr ofninum og þess háttar úrgangur. Þessi úrgangur hefur aldrei verið talinn skaðlegur, hefur verið um það spurt og reyndar hef ég ekki séð neinar fullyrðingar um það.

Athyglin hefur fyrst og fremst beinst að rykinu. En áður en ég kem að því þykir mér nauðsynlegt að vekja athygli hv. d. á þeim ráðstöfunum sem við íslendingar höfum gert til þess að fást við slík mál.

Alþingi samþ. 6. mars 1969 lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 15. júní 1972 var sett reglugerð um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna. Þetta eru ítarleg lög og ítarleg reglugerð, og þar kemur greinilega fram, m. a. í 5. gr., þar sem segir svo: „Sá, er hefja vill starfrækslu, sbr. 3. gr., eða reisa verksmiðju eða iðjuver, sbr. 4. gr., skal senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins umsókn um starfsleyfi.“ Við lestur þessarar greinar er það alveg ljóst að löggjafinn ætlast til þess að Heilbrigðiseftirlit ríkisins sé sú opinbera stofnun sem ber veg og vanda af því að rekstrarvarkárni og alls hins besta sé gætt við byggingu iðjuvera og verksmiðja. Á því leikur raunar enginn vafi. Hins vegar er fróðlegt með tilvísun til þess, sem ég las áðan úr 5. gr., að velta því fyrir sér hvenær á að sækja um slíkt leyfi og kem ég að því nokkru síðar. Einnig vil ég vekja athygli á lögum sem samþ. voru á Alþ. 3. apríl 1971, um náttúruvernd. Þar segir í 29. gr., með leyfi forseta:

„Valdi fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask hættu á því, að landið breyti varanlega um svip, að merkum náttúruminjum verði spillt eða hætta á mengun lofts eða lagar, er skylt að leita álits Náttúruverndarráðs áður en framkvæmdir hefjast. Ef það er vanrækt, getur Náttúruverndarráð krafist atbeina lögreglustjóra til að varna því að verk verði hafið eða því fram haldið. Virkjanir, verksmiðjur og önnur stór mannvirki skulu hönnuð í samráði við Náttúruverndarráð. Sama gildir um vegalagnir til slíkra mannvirkja.“

Þarna er jafnframt ljóst og ég hygg raunar óumdeilanlegt, að Náttúruverndarráð er sá opinberi aðili sem á að gæta þess að rétt sé farið að í öllum atriðum sem varða náttúruvernd. Það er sú miðstöð sem leita ber til, og það er sú miðstöð sem ber að láta fara fram þær rannsóknir og athuganir sem það, þ. e. náttúruverndaráð, telur nauðsynlegar.

Ég sagði áðan, að það orkar e. t. v. nokkuð tvímælis hver á að sækja um, og á þeim fundum, þar sem rætt var við fulltrúa þessara stofnana, kom þetta mjög greinilega fram. Ekki er ljóst í þeirra huga að unnt sé formlega að sækja um leyfi eða jafnvel álit áður en á fót er kominn aðili sem hyggst byggja verksmiðju eða iðjuver. Þetta vil ég að komi hér fram, því að mínu viti er nauðsynlegt að þetta ákvæði, ef misskilningi veldur, verði lagfært. Þrátt fyrir þetta taldi viðræðunefnd um orkufrekan iðnað nauðsynlegt að leita álits Náttúruverndarráðs og hafa jafnframt samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins strax og þetta mál fór að taka fastan svip. Því var Náttúruverndarráði skrifað 2. maí 1973, og vegna þess hvað það bréf hefur verið rangtúlkað tel ég nauðsynlegt að ég lesi það bréf, með leyfi forseta, það er skrifað 2. maí 1973 og hljóðar svo:

„Náttúruverndarráð,
Laugavegi 13, Reykjavík.

Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hefur á undanförnu einu og hálfu ári unnið að athugun á hugsanlegri staðsetningu orkufreks iðnaðar. Síðustu mánuði hefur athyglin einkum beinst að fjórum stöðum: Straumsvík sunnan við Hafnarfjörð, Geldinganesi við Reykjavík og Grundartanga og Galtalæk norðan Hvalfjarðar. Á grundvelli skýrslu, sem Verkfræðiþjónusta dr. Gunnars Sigurðssonar gerði fyrir n. um umrædda fjóra staði, hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að Grundartangi við Hvalfjörð virðist bjóða upp á hagkvæmustu staðsetningu fyrir þann iðnað sem einkum er til umr. Sá iðnaður, sem líklegast er að rísi þarna, er málmblendibræðsla, annaðhvort til framleiðslu á ferrosílikón eða ferrokrómi. Í öllum viðræðum við erlenda aðila hefur viðræðunefndin lagt þunga áherslu á að mengun, af hvaða tagi sem nefnist, verði haldið eins lítilli eins og framast er kostur, og hafa hinir erlendu viðræðuaðilar n. fullkomlega fallist á þau sjónarmið.

Viðræðunefndin leyfir sér að fara fram á umsögn yðar með tilliti til staðsetningar iðnaðar af því tagi sem getur hér að ofan á svæðinu norðan Hvalfjarðar.

Meðfylgjandi er eintak af skýrslu Verkfræðiþjónustu dr. Gunnars Sigurðssonar um staðsetninguna. Enn fremur vill n. benda á, að dr. Vilhjálmur Lúðvíksson hjá Rannsóknaráði ríkisins hefur fylgst með viðræðum, einkum að því er varðar mengunarvandamál. Hann hefur með höndum allar þær upplýsingar sem n. hefur aflað um mengun af völdum iðjuvera af því tagi sem um ræðir svo og mögulegar mengunarvarnir.“

Undir þetta skrifar fyrir hönd n. Jóhannes Nordal, form. hennar. En ég vil jafnframt geta þess, að dr. Vilhjálmur Lúðvíksson var og er meðlimur í Náttúruverndarráði.

Þarna fer ekki á milli mála að Náttúruverndarráð er beðið um álit á staðsetningu verksmiðjunnar á Grundartanga, að sjálfsögðu með tilvísun til þeirrar 29. gr. sem ég las áðan, þar sem segir að Náttúruverndarráði sé skylt að gæta þess að ekki verði spjöll á umhverfi o. s. frv.

17. maí 1973 svarar Náttúruverndarráð þessu bréfi og tilkynnir viðræðunefndinni að þeir Eyþór Einarsson, Vilhjálmur Lúðvíksson, Sigurður Þórarinsson og Árni Reynisson hafi verið tilnefndir til að fjalla um það mál. Síðan, 4. júlí 1973, skrifar Náttúruverndarráð viðræðunefndinni svohljóðandi bréf:

„Efni: Staðsetning málmbræðslu í Hvalfirði.

Náttúruverndarráð hefur móttekið bréf yðar dags. 2. maí 1973, þar sem óskað er umsagnar ráðsins um staðarval hugsanlegrar málmbræðslu á Grundartanga í Hvalfirði.

Ráðið hefur nú látið athuga og sendi fulltrúa sína á vettvang hinn 20. júní s. l. í fylgd með dr. Gunnari Sigurðssyni verkfræðingi, sem veitti upplýsingar um tilhögun mannvirkja.

Niðurstöður ráðsins eru eftirfarandi:

1. Náttúruvernd. Ráðið telur ekki að fyrirhuguð staðsetning við Grundartanga stefni í hættu neinum náttúruminjum eða öðrum hagsmunum náttúruverndar.

2. Mengun. Skv. upplýsingum frá Vilhjálmi Lúðvíkssyni um viðræður við hugsanlega erlenda þátttakendur í fyrirtækinu er gert ráð fyrir fullkomnustu aðferðum, sem völ er á, til hreinsunar á ryki í útblásturslofti og miðað við að standast kröfur hliðstæðar því sem gerðar eru til nýrra verksmiðja sömu gerðar í Bandaríkjunum. Náttúruverndarráð vísar nánari meðferð um það efni til Heilbrigðiseftirlits ríkisins sem fjallar um leyfisveitingar til mengandi iðnrekstrar skv. reglugerð um það efni.

3. Jarðrask. Óhjákvæmilegt er, að nokkurt jarðrask verði vegna jöfnunar verksmiðjusvæðis og efnistöku í næsta nágrenni. Vill Náttúruverndarráð leggja áherslu á að gengið verði vel frá öllum jarðvegssárum að framkvæmdum loknum og laus jarðvegur bundinn með sáningu.

4. Byggingar. Náttúruverndarráð beinir þeim tilmælum til viðræðunefndar að hlutast til um að tilhögun og útlit mannvirkja verði þannig að sem best fari í landslaginu.

Að öðru leyti hefur Náttúruverndarráð ekkert við fyrirhugaða staðsetningu málmbræðsluverksmiðju að athuga.

Með vinsemd og virðingu,
Árni Reynisson, framkvæmdastjóri."

Hér fer að sjálfsögðu ekkert á milli mála, eins og form. Náttúruverndarráðs, Eysteinn Jónsson tók fram. Bréfið skýrir sig sjálft. Það getur hver og einn maður lesið. Ég harma það, hvað það hefur verið notað blekkjandi og mistúlkað á furðulegasta máta.

Náttúruverndarráð segir í 1. lið: „Ráðið telur ekki að fyrirhuguð staðsetning við Grundartanga stefni í hættu neinum náttúruminjum eða öðrum hagsmunum náttúruverndar." Og það segir í lok bréfsins: „Að öðru leyti hefur Náttúruverndarráð ekkert við fyrirhugaða staðsetningu málmbræðsluverksmiðjunnar að athuga."

Síðan fara nokkur bréf milli Náttúruverndarráðs og iðnrn., m. a. þar sem Náttúruverndarráð leggur áherslu á í samræmi við 29. gr. að fá að fylgjast með hönnun veksmiðjunnar. Ég vil geta þess hér, að fulltrúa Náttúruverndarráðs hefur þegar verið veittur aðgangur að þeim fumgögnum sem nú liggja fyrir um þessa hönnun, og mun Náttúruverndarráð fá öll þau gögn sem það óskar í því sambandi. Sama hefur raunar verið gert gagnvart Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Ég kem nánar að öðrum þáttum þessa máls síðar.

Mér sýnist því, að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað verði ekki áfelld fyrir að hafa ekki gætt löglegra leiða í þessu sambandi og réttra leiða. N. leitaði til Náttúruverndarráðs strax þegar mál þetta var að komast á nokkurt skrið, og svar Náttúruverndarráðs barst mjög fljótlega.

Það er rétt að geta þess jafnframt, að náttúruverndarnefnd Borgarfjarðarsýslu hefur haft málið til meðferðar og liggur álit hér fyrir. Þetta var tekið til meðferðar 16. jan. 1975 og í niðurlagsorðum þess álits segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur því skv. þeim uppplýsingum, sem fyrir liggja, með tilvísun til framangreindra atriða, að starfræksla málmblendiverksmiðju á umræddum stað muni ekki líkleg til þess að spilla náttúrufari landsins, en telur þó æskilegt að nákvæm rannsókn á lífríki Hvalfjarðar og umhverfis hans fari fram áður en byggingarframkvæmdir hefjast, ef af framkvæmdum verður við Hvalfjörð."

Þetta er einnig sá aðili sem lögum skv. ber að fjalla um málið frá sjónarmiði náttúruverndar.

Ég gat þess áðan, að viðræðunefndin hefði jafnframt samband við Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Áður en ég kem að því þykir mér rétt að geta þess, að á þremur fundum iðnn. mættu fulltrúar Náttúruverndarráðs, Heilbrigðiseftirlits ríkisins, landlæknir og loks prófessor Agnar Ingólfsson frá líffræðiskor Háskóla Íslands. Þetta voru allt saman mjög fróðlegir fundir, og það, sem ég segi hér, er ekki síst byggt á þeim upplýsingum sem þar komu fram.

Forstjóri Heilbrigðiseftirlits ríkisins lagði fram skýrslu um afskipti Heilbrigðiseftirlitsins af þessu máli. Þar kemur fram að fyrstu afskipti Heilbrigðiseftirlits ríkisins af fyrirhugaðri málmblendiverksmiðju við Hvalfjörð voru á fundi sem hann og starfsmaður Heilbrigðiseftirlitsins mættu á síðla 1973 með verkfræðingum frá fyrirtækinu Union Carbide. Einnig var Heilbrigðiseftirlitinu gerð skrifleg grein fyrir öllum meginatriðum þessa máls með grg. frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, dags. 22. maí 1974. Þá getur forstjóri Heilbrigðiseftirlitsins þess, að hann hafi fengið í hendurnar á árinu 1973 gögn frá Noregi. Það eru gögn, sem fengust frá norska svokallaða Rökskaderådet sem hefur með slík mál að gera þar. Þeirra gagna aflaði Rannsóknaráð ríkisins af sérstökum ástæðum, og var þeim strax komið á framfæri við Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Einnig skýrði forstjóri Heilbrigðiseftirlitsins frá því, að hann fór til Bandaríkjanna s. l. haust og heimsótti þar verksmiðjur Union Carbide og ræddi við lækna og aðra sérfræðinga fyrirtækisins á þessum sviðum. Þá kom jafnfamt fram, og lögð var fram skýrsla frá starfsmanni Heilbrigðiseftirlitsins, Eyjólfi Sæmundssyni, þar sem hann gerir grein fyrir heimsókn sinni í jan s. l. til Union Carbide og til umhverfisverndarráðs Bandaríkjanna — Environmental Protection Agency — og einnig til heilbrigðisyfirvalda í Washington D. C.

Á þessum fundum með heilbrigðiseftirlitinu kom m. a. fram, að á fundi Eyjólfs Sæmundssonar með sérfræðingum umhverfisverndarráðs Bandaríkjanna fengust mikil gögn og raunar þau gögn öll, sem sú stofnun kvaðst hafa undir höndum um rannsóknir sínar á úrgangsefnum

frá þessum iðnaði. Þar fékkst m. a. mjög mikil skýrsla um járnblendiiðnaðinn, þar sem fram koma efnagreiningar á ryki eða úrgangsefni úr reykháfum slíkra verksmiðja. Í þessum efnagreiningum, sem ég hef hér við höndina, eru efnagreind 26 frumefni og með hinum ólíkustu og nákvæmustu aðferðum. Það er rétt að geta þess, að þessar efnagreiningar eru mjög á sama veg og efnagreiningar sem áður höfðu fengist frá vísindamönnum Union Carbide Corporation. Á grundvelli þessara upplýsinga lagði Heilbrigðiseftirlit ríkisins fram grg. um hugsanlega mengun og mengunarvarnir vegna fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Grg. þessi er að mínu matin mjög fróðleg. Hún er 10 síður og mun ég að sjálfsögðu ekki lesa hana hér, en ég vil þó leyfa mér að lesa lokaorð þessarar grg. Þar segir:

„Helstu niðurstöður eru sem hér segir:

1. Telja verður að mengun frá fyrirhugaðri verksmiðju verði ekki í þeim mæli að lífríki umhverfis hennar stafi teljandi hætta af.

2. Staðreynd er, að heilsu starfsfólks í slíkum iðnaði var nokkur hætta búin og ekki er útilokað að kísilveikitilfelli hafi komð upp. Með hliðsjón af þeim öryggis- og eftirlitsaðgerðum, sem fyrirhugaðar eru, er þó ljóst að heilsu starfsfólks verði ekki stefnt í voða umfram það sem almennt gerist í iðnaði hérlendis.

3. Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð verksmiðja verði í meginatriðum eins vel úr garði gerð með tilliti til verndunar umhverfis og heilsu starfsfólks og tæknilega er mögulega. Bent hefur þó verið á nokkur atriði sem betur mættu fara, t. d. uppskipun hráefnis og gerð útblástursbúnaðar. Munu heilbrigðisyfirvöld beita sér fyrir því að þau verði færð í betra horf þegar formleg umsókn um byggingar- og rekstrarleyfi hefur borist frá þeim aðila sem ábyrgur verður fyir byggingu og rekstri fyrirtækisins.

4. Hafa þarf náið eftirlit með heilsu starfsfólks og byggingu og rekstri verksmiðjunnar ef af framkvæmdum verður. Einnig er nauðsynlegt að gerð verði könnun á lífríki Hvalfjarðarsvæðisins áður en rekstur hefst, t. d. á vegum líffræðistofnunar Háskóla Íslands, til þess að unnt verði að fylgjast með hugsanlegum breytingum. Hér ber sérstaklega að hafa í huga að líklegt er að rætt verði um frekari útþenslu iðnaðar á svæðinu í framtíðinni. Til greina kemur að heilbrigðisyfirvöld leiti til erlendra stofnana, t. d. World Health Organisation, um aðstoð við skipulagningu alls eftirlits varðandi fyrirhugaða verksmiðju.

5. Ljóst er af framangreindu, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins mælir á þessu stigi málsins ekki gegn því, að fyrirhugaðri verksmiðju verði veitt starfsleyfi með venjulegum skilyrðum.“

Venjuleg skilyrði í umsögn frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins með hliðsjón af umsögn annarra aðila má sjá af dæmigerðri afgreiðslu slíkra verksmiðjumála frá hendi heilbr.- og trmrn. sem hér fylgir með.

Þetta dregur í fáum atriðum saman margar mjög fróðlegar og ítarlegar upplýsingar sem fram komu í þessu skjali og að sjálfsögðu eru öllum aðgengilegar og ég ráðlegg þeim að skoða sem á því hafa áhuga. Í mínum huga er það einna ríkast að þarna kemur fram að Heilbrigðiseftirlitið og sérfræðingar þess hafa sinnt þessu máli af mikilli alúð. Þeir hafa kynnt sér mikið magn af gögnum og þeir ætla sér að gera þær kröfur til þessarar verksmiðju sem tryggi að hún verði til fyrirmyndar með tilliti til öryggis og umhvefisverndar. Hins vegar hafa þeir komist að þeirri mikilvægu niðurstöðu að verksmiðjan geti, miðað við þá staðla sem gert er ráð fyrir að þarna ríki, fullnægt þeim kröfum sem Heilbrigðiseftirlitið kann að gera á síðara stigi málsins.

Ég vil geta þess hér, að verkfræðingur Heilbrigðiseftirlitsins hefur í framhaldi af þessu gert viðvart um þær kröfur sem þeir kunni einna mestar að gera og fyrst og fremst eru varðandi hráefnismeðferð, eins og þarna kom fram.

Í þessu sambandi öllu hefur verið ákaflega mikið um það rætt að amerískir staðlar verði teknir til fyrirmyndar. Ég tel því rétt að fara um það örfáum orðum, enda kemur þetta töluvert fram í skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

Stofnunin Environmental Protection Agency — eða umhverfisverndarráð Bandaríkjanna — var sett á fót fyrir einum 4 eða 5 árum. Sú stofnun hefur síðan látið æði mikið að sér kveða í umhverfismálum í Bandaríkjunum og hefur hlotið viðurkenningu um heim allan fyrir skelegga framkomu í þeim málum. Þó er það staðreynd, að allt á þessum sviðum er ákaflega nýtt. T. d. eru staðlar þessarar stofnunar fyrir gæði lofts frá 30. apríl 1971. Þessir staðlar eru ákaflega fróðlegir og liggja fyrir að sjálfsögðu, en eru vitanlega um almenn loftgæði, en ekki um þennan iðnað sem slíkan. Hins vegar eru staðlar þessarar stofnunar um þennan iðnað frá 21. okt. 1974. Þar eru meginþættirnir þeir, að ákveðið er að ekki megi föst efni vera meiri í útblæstri frá slíkri verksmiðju en 0,45 kg fyrir hvern mw.-tíma. Hefur verið reiknað hvað þetta yrði hér., og þá yrðu það um 200 tonn á ári. Það er að sjálfsögðu ákaflega mikil lækkun frá 21 þús. tonnum af ryki sem þarna myndast. Hér eru jafnframt settar ákveðnar reglur um það, hvernig fylgjast eigi með slíku. Gert er ráð fyrir því að rykið verði ekki sýnilegt, en eftir miklar athuganir er sú aðferð talin ábyggilegust í mati á ryki frá þessum verksmiðjum.

Það kemur einnig fram í þessari skýrslu, að umhverfisverndarráð Bandaríkjanna telur pokasíur eins og þær, sem gert er ráð fyrir að nota hér, þær fullkomnustuu sem völ er á í þessu skyni. Þessar pokasíur eru í 12 deildum og 144 pokar, u. þ. b.. 10 m langar slöngur í hverri deild. Þær endast í 2—4 ár, eftir því hvaða efni er notað. Það hefur verið dálítið gagnrýnt, sérstaklega af einum hv. nm., að gert er ráð fyrir því að fara eftir stöðlun þessarar stofnunar í Bandaríkjunum, og í því sambandi er fullyrt að þessi stofnun setji sína staðla óeðlilega væga. Þessu vil ég andmæla. Þetta kom m. a. greinilega fram í viðræðum sem ég átti við fulltrúa þessarar stofnunar, þar kom fram að rykmagn og óhreinindi í lofti yfir stórborgun í Bandaríkjunum er nú þegar svo mikið að gera verður mjög strangar kröfur til einstakra iðngreina. Menn verða í þessu sambandi að gæta þess, að í kringum stórar borgir á þessum stöðum eru fjölmargar iðn-

greinar og því magnið, sem frá þeim kemur, margfalt það sem koma mundi frá einni verksmiðju í Hvalfirði. Þetta hefur m. a. orðið til þess, að aðrar þjóðir, sem eru reyndar skemmra á veg komnar í þessu efni, eins og norðmenn og svíar, hafa sett sínar kröfur töluvert vægari. T. d. hafa svíar allt fram á síðustu stund leyft meira en tvöfalt meira magn af ryki eða föstum efnum í útblæstri járnblendiverksmiðja. Ég átti þess kost fyrir réttum tveimur vikum að heimsækja stofnun þá í Noregi, sem nýlega hefur verið mjög efld og á að fylgjast með slíkum málefnum þar og nefndist Statens forureningstilsyn. Þar var mér tjáð, að norðmenn hafa ekki enn gefið út sína staðla, þeir eru væntanlegir fljótlega. Hins vegar fékk ég í hendurnar afrit af bréfi, sem sú stofnun hefur skrifað einu norsku fyrirtæki í þessu sambandi, og þótt ég sjái ekki ástæðu til að lesa það upp hér, vil ég þó geta þess að kröfurnar, sem þar eru settar, eru langtum vægari en þær, sem fram koma frá umhvefisverndarráði Bandaríkjanna. Hér er t. d. sett fram sú krafa að rykinnihaldið megi aldrei verða meira en 100 mg á rúmmetra lofts. Þetta er a. m. k. að mínu mati í tvöfalt meira en bandaríkjamenn leyfa. Hér er einnig sett fram sú heimild að reka megi þessa verksmiðju í samtals 4% af rekstrartímanum á ári hverju án þess að nokkur hreinsitæki séu notuð. Slíkt er ekki heimilt í Bandaríkjunum og ég geri varla ráð fyrir því að það verði heimilt hér. Ég vil einnig geta þess, að ég spurði þessa n. sérstaklega að því, hvort þeir gætu vísað mér á líffræðilegar athuganir á þessum málum. Þeir svöruðu því þannig, að þeirra líffræðingar hefðu ekki bent á nein úrgangsefni frá þessum verksmiðjum sem þeir hefðu talið ástæðu til að óttast og því væru slíkar athuganir ekki fyrir hendi.

Eins og ég gat um áðan voru á þessum þremur fundum mættir margir ágætir forustumenn þessara stofnana. Ég vil í þessu sambandi nefna það, að landlæknir skýrði þar mjög vel frá sínum afskiptum af þessum málum og gerði grein fyrir því að hann hefur kynnt sér fjölmörg gögn sem hann hefur haft undir höndum um málið, og hann skýrði frá þeirri meginniðurstöðu sinni að þessi verksmiðja ætti að geta orðið til fyrirmyndar að þessu leyti og til eftirbreytni fyrir aðrar slíkar verksmiðjur sem hér á landi kynnu að verða byggðar. Hann lýsti hins vegar þeim ákveðna ásetningi sínum að gera strangar kröfur til verksmiðjunnar og m. a. að fá hingað til lands sérfræðing frá heilbrigðismálastofnun Sameinuðu þjóðanna til þess að aðstoða við gerð slíkra starfsskilyrða. Ég fagna því, sem einnig kom fram hjá forstjóra Heilbrigðiseftirlitsins að þarna er ákveðinn vilji til þess að tryggja að allt öryggi og umhverfi í sambandi við þessa verksmiðju verði til fyrirmyndar. Og ég fagna því einnig að þessir aðilar, sem vonandi eru ekki í þeirri sérfræðingaklíku embættismannakerfisins sem hv. þm. Stefán Jónsson skrifar um, — ég fagna því að þessir menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að þessi verksmiðja geti fullnægt þessum ströngu kröfum sem þeir hyggjast setja.

Í þessu sambandi hefur sérstaklega verið rætt um kísilveiki og ýmis gögn hafa verið skoðuð. Fram kemur í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins, eins og fram kom hjá landlækni, að í gömlum skýrslum frá Karolinska Institutet í Stokkhólmi, mjög ítarlegu verki tveggja vísindamanna þar, sem skoðuðu fjölmörg tilfelli sem skráð höfðu verið með þessu nafni á fyrri árum hjá norskum og sænskum iðnaði, að þeir töldu að 8 tilfelli gætu talist af þessu tagi, en komust að þeirri meginniðurstöðu að mjög lítil ástæða sé til að óttast kísilveiki í slíkum iðnaði. Ástæðan er einfaldlega sú að rykið í þessum verksmiðjum er ekki kristallerað, en það er fyrst og fremst slíkt ryk, sem veldur lungnaveiki. Það kemur einnig fram í þessum skýrslum, að ef ástæða er til að óttast eitthvað, þá er það fyrst og fremst meðferð kvartsins, sem er hráefnið í þessum iðnaði og er kristallerað, enda kom fram hjá landlækni og heilbrigðisyfirvöldum að á því sviði hyggjast þau gera einna strangastar kröfur.

Ég vil einnig taka það fram, að í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins er greint frá því, að í viðræðum við heilbrigðisyfirvöld í Bandaríkjunum tókst ekki að fá upplýsingar um nein tilfelli slíkrar veiki í þessum iðnaði. Sérstaklega hefur verið gert að umræðuefni frumefnið kadmíum, og var þar, eins og fram kom við 1. umr. þessa máls, pantað skeyti af hv. þm. Stefáni Jónssyni frá námsmanni einum í London. (StJ: Hann er ekki námsmaður, hann er læknir sem vinnur að gerð doktorsritgerðar.) Hann er við framhaldsnám, það heitir Postdoctoral study. Um þetta er sérstaklega fjallað af forstjóra Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Baldri Johnsen, í grg sem hann hefur um það skrifað og gerði grein fyrir á fundi nefndarinnar. Hann hrekur það hér að hætta geti stafað af þessu efni, því að það sé í ákaflega litlu magni í úrgangsefnum þessarar verksmiðju. Það er rétt að geta bréfs, sem borist hefur frá eiturefnanefnd. Heilbrigðiseftirlit ríkisins sendi eiturefnanefnd þetta mál til umsagnar og fór fram á umsögn n. fyrir fundinn sem ákveðinn var með iðnn. Alþ. Ég vil taka það fram, að ég tel að það hafi raunar verið allt of skammur tími fyrir eiturefnanefndina að fjalla um þetta mál, enda kemur það greinilega fram í bréfi forstjóra eiturefnanefndar, að hann hefur ekki haft tíma til að fjalla um það. Þó er rétt að geta þess, að hann tjáir sig sammála þessu mikilvæga atriði um kadmíum og er það út af fyrir sig töluvert framlag í málið frá þeim varkára manni, sem þetta skrifar, prófessor Þorkeli Jóhannessyni.

Á fundi n. var einnig rætt um blý og upplýsti verkfræðingur Heilbrigðiseftirlitsins, Eyjólfur Sæmundsson, að hann hafi gert sérstaka útreikninga á því og væri blý frá þessum útblæstri hverfandi, satt að segja langtum minna en ég hafði þorað að vona og ekki nema örlítið brot af blýmagni frá bifreiðum okkar reykvíkinga á ári hverju.

Kvikasilfur hefur oft borið á góma og töluvert verið um það rætt. Í efnagreiningu frá umhverfisverndarráði Bandaríkjanna kemur ekki fram að neitt kvikasilfur sé. Því tók ég þann kostinn að skrifa sérstaklega þessu umhverfisverndarráði og spyrja um kvikasilfur. Svar barst mér 22. jan. 1975, þar sem greint er frá því, að í 10 sýnum sem tekin voru af slíkum ofnum,

fannst hvergi mælanlegt kvikasilfur þrátt fyrir það að hinum nákvæmustu leiðum var beitt til athugunar, m. a. sem nefnt er á ensku Electron beam microanalysis, sem er ákaflega nákvæm efnagreiningaraðferð. Einnig kemur þar fram að gefnu tilefni, því að ég spurði um það og hefur komið fram áður, að við endurnotkun á rykinu, sem ég mun nefna aðeins síðar, eru ekki notuð nein efni sem tjóni geta valdið.

Öll þessi frumefni, sem sérstaklega hafa verið nefnd, hafa því verið sérstaklega afgreidd.

Ég nefndi það, að sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar í þessari verksmiðju — og var töluvert um það rætt — til þess að endurnota rykið. Gerðar hafa verið tilraunir innan tækniaðstoðarsamnings við Union Carbide til þess að búa til mola úr þessu ryki sem endurnota má í ofninum. Þær tilraunir hafa nú staðið í 2 mánuði í sams konar ofni í Kanada og gefið mjög góða raun. Yfirverkfræðingur Union Carbide telur, að tryggt sé að nota megi að nýju um 90% af þessu ryki þannig. Jafnframt hefur komið fram, að Sementsverksmiðja ríkisins hefur tjáð sig hafa áhuga á því að nota nokkuð af þessu ryki til þess að endurbæta sína sementsframleiðslu. Með þetta hefur verið gerð tilraun og gefist mjög vel. Þannig er raunar ljóst, að rykið, sem safnast og er víða vandamál að losna við því að þetta er mikið magn og létt í sér, verður endurnotað að mestu. Það vandamál mun ekki verða til staðar í þessu sambandi.

Mikið hefur verið um það rætt og margoft til þess vísað á fundum n., að í skýrslu viðræðunefndar um orkufrekan iðnað segir um hættu af þessu ryki, að rykið er hættulaust dýrum og gróðri. Ég vil fyrir mitt leyti ekki taka sérstaklega undir þessa fullyrðingu, því að þetta er mikið matsatriði hverju sinni, hvað er hættulaust og hvað er ekki hættulaust. Það er ekki hættulaust að ganga yfir götu hér í Reykjavík og fáir þó sem hugsa til þess, og síður en svo er hættulaust að sækja okkar aðalatvinnuveg, sjávarútveginn. Ég vil þó geta þess, að sú fullyrðing, sem þarna kemur fram í skýrslunni, er ekki einsdæmi. M. a. segir svo í skýrslu frá umhverfisverndarráði Bandaríkjanna í lauslegri þýðingu minni, með leyfi forseta:

„Athuganir á föstum úrgangsefnum sýna ekkert umtalsvert magn af þungum málmum, eins og t. d. kvikasilfri, berillium, kadmium eða arseniki."

Þetta eru þau fjögur efni sem umhverfisverndarráð Bandaríkjanna hefur talið sérstaklega hættulegt, og ef þau fara yfir ákveðið magn er þar með úrgangurinn talinn hættulegur. Í þessu felst því, að umhverfisverndarráð hefur komist að þeirri niðurstöðu, að þessi úrgangur er ekki hættulegur.

Í riti, sem Háskólinn í Osló hefur gefið út og fjallar um hreinsunarvandamál við rekstur málmbræðslna og er gefið út fyrir framhaldsnám eða fullorðinsfræðslu um þessi atriði, segir svo á bls. 11 — með leyfi forseta — í lauslegri þýðingu minni:

„Þótt ekki hafi tekist að sýna, að ryk frá ferrosilicium-framleiðslu sé skaðlegt umhverfinu, dýrum eða mönnum, þá eru reykskýin frá slíkum iðjuverum í nágrenni þéttbýlisstaða til óþæginda og menn munu því leggja áherslu á að losna við rykið."

Þarna kemur enn einu sinni fram, að þessir aðilar telja að þetta ryk sé hættulaust umhverfinu, dýrum og mönnum.

Enn segir í norsku riti, sem verkfræðingurinn Helge Fredriksen hefur skrifað og er í sérprentun, með leyfi forseta og aftur í minni þýðingu: „Við fyrri læknisfræðilegar athuganir í Noregi er sýnt, að ókristallerða silicium-rykið eða kísilrykið veldur ekki cilicoses eða kísilsjúkdómi í mönnum eða dýrum." Eða í réttari þýðingu: „Hættan á því, að þetta valdi sjúkdómi, er í algjöru lágmarki." Einnig segir: „Reykurinn er ekki heldur hættulegur skógi eða landbúnaði."

Það má geta þess um leið, að af viðtölum mínum við forstöðumann Statens forureningstilsyn kom fram, að í Noregi eru gerðar tilraunir með að nota þetta ryk til jarðvegsbóta. Ég vil því segja það, að það er kannske ekkert undarlegt, þó að í þessari skýrslu viðræðunefndarinnar hafi komið þetta orðalag. Mér sýnist það raunar vera á töluverðum rökum reist með tilvísun til þess sem ég hef nú rakið.

Í þessu máli öllu hefur komið fram hjá ýmsum aðilum, að gera ætti líffræðilegar athuganir. Prófessor Agnar Ingólfsson skýrði ágætlega á fundi hjá iðnn. í hverju þessar líffræðilegu athuganir eru fólgnar. Hann taldi slíkar athuganir vera þríþættar.

Í fyrsta lagi taldi hann að safna bæri öllum fáanlegum upplýsingum um slíkan iðnað áður en ákveðið er að ráðast í framkvæmdir. Hann upplýsti aðspurður, að 4 menn gætu hugsanlega unnið þetta verk á 5 vikum. Hins vegar kom greinilega fram hjá honum, þegar hann var aðspurður, að hvorki hann sjálfur né að því er hann best vissi aðrir prófessorar eða sérfræðingar hjá líffræðiskor Háskólans væru fáanlegir eða lausir nú til þess að vinna að slíkri athugun. Þessu hefur verið sleppt í tilvitnun í ummæli prófessors Agnars Ingólfssonar. Hins vegar vantaði ekki ráðin. Það átti að fara til Noregs og ráða þar sérstaka sérfræðinga í þessu skyni. Ekki skal ég fullyrða neitt um það, að þeir séu lausir eða ekki lausir frá önnum sínum í skólum þar nú með litlum fyrirvara. Allar fullyrðingar um að slíkt mætti gerast á 5 vikum, eru algjörlega út í loftið.

Annar þáttur slíkra líffræðilegra rannsókna samkv. upplýsingum prófessorsins væri athugun á stöðunum — athugun á því hvort ætla mætti að einhverjar lífverur þar hlytu skaða af þeim úrgangsefnum sem sannast hefur að frá slíkum iðnaði mundu koma. Hann taldi líklegt að slíka athugun mætti gera á nokkrum mánuðum, og hann upplýsti, að verið gæti að fyrsti þátturinn leiddi í ljós, að ekki væri þörf á þessari athugun.

Þriðji þátturinn samkv. upplýsingum prófessorsins yrði svo ítarleg kortlagning á lífríki umhverfis verksmiðjunnar, þannig að grundvöllur fáist til þess að fylgjast með allri þróun þar á síðari árum.

Ég vil taka það fram, að ég er heils hugar á því að slíkan framgangsmáta beri að hafa sem aðalreglu þegar meiri háttar iðjuver eru reist. Ég legg hins vegar ríka áherslu á þá

skoðun mín, að það sé verkefni Náttúruverndarráðs að ákveða hvenær og hvernig slíka athugun beri að framkvæma. Ég vil vekja athygli á því, að þegar leitað var til Náttúruverndarráðs í sambandi við þaraverksmiðju að Reykhólum, þá ákvað Náttúruverndarráð að láta fara fram slíka líffræðilega athugun áður en ákvörðun yrði tekin og fékk til þess sérfræðinga frá líffræðiskor Háskóla Íslands. Af einhverjum ástæðum hefur Náttúruverndarráð í svarbréfi sínu til viðræðunefndar, sem ég las áðan, ekki talið nauðsynlegt að vekja athygli eða óska eftir því að slík líffræðileg athugun fari fram. Ég vil einnig vekja athygli á því, að í þeim gögnum, sem safnað hefur verið, kemur hvergi fram ein einasta ástæða til að ætla að frá þessari verksmiðju komi efni sem gera nauðsynlega slíka athugun. Þessum gögnum hefur að vísu ekki verið safnað af líffræðingum, en þó hafa um þessi gögn fjallað menn sem eru þaulkunnugir þessum málefnum, eins og dr. Vilhjálmur Lúðvíksson. Aðspurður á fundi n. svaraði Vilhjálmur Lúðvíksson þessari spurningu um líffræðileg atriði með annarri spurningu: Hvað á að athuga? Áhrif hvaða úrgangsefnis á að athuga? Ég spyr: Á að athuga áhrif kvikasilfurs? Á að athuga áhrif kadmiums? Á að athuga áhrif blýs? Allt eru þetta efni sem væru skaðleg, en allt eru þetta efni sem upplýst er að eru ekki til staðar frá þessari verksmiðju í neinu því magni sem nokkur maður hefur með nokkrum sannindum getað talið skaðleg. Ég skal taka undir það, að vel má vera að við séum ekki nógu langt komnir á þessu sviði og vel má vera að minna magn af þessum efnum valdi einhverjum skaða á umhverfinu. Satt að segja er líklegt, að öll efni og allar aðgerðir manna valdi einhverri röskun á sínu umhverfi. En ég vil leyfa mér að fullyrða, að sjálfstæð rannsókn á því stigi sé það viðamikil að hún sé ekki á okkar færi, ef þar á að ganga langt umfram það sem hingað til hefur verið kannað og skoðað. Mér sýnist því að það hafi verið ákaflega eðlileg niðurstaða, að í sambandi við þessa verksmiðju væri slík athugun líffræðinga ekki nauðsynleg. Hins vegar hefur komið fram, t. d. í umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins sem ég las áðan og raunar frá fjölmörgum öðrum aðilum, einnig frá prófessor Agnari Ingólfssyni, að nauðsynlegt væri að kortleggja þetta svæði eða áhrifin á þetta svæði, áður en verksmiðjan er reist, og er sérstaklega tekið tillit til þess í brtt. sem n. flytur og ég mun fara lauslega yfir hér á eftir.

Niðurstaða mín af þessari ítarlegu yfirferð n. á mengunar- og heilbrigðismálum er því sú, að á þessu sviði hafi verið gætt ýtrustu varkárni, að á þessu sviði sé ekki ástæða til að óttast skaðleg áhrif á umhverfið og á þessu sviði hafi þegar verið leitað til þeirra opinberu aðila og umsagnir þeirra liggi fyrir sem fullnægi þeim sjálfsögðu kröfum, sem hv. Alþ. hlýtur að setja í þessu sambandi.

Að lokum er rétt að fara nokkrum orðum um fjármál og hagkvæmni þessa fyrirtækis, þó að mér hafi virst sumir, sem hafa sannarlega sýnt öðrum þáttum þess mikinn áhuga, hafa þar heldur lítinn áhuga. Í þessu sambandi vil ég fyrst geta þess, að dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og formaður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað mætti á tveim fundum n. ásamt ritara og gerði grein fyrir þeim ýmsu útreikningum sem koma fram í grg. með frv. og ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að endurtaka hér. Ég geri ráð fyrir því að menn hafi kynnt sér þá þætti. Hins vegar óskaði n. eftir því, að stofnkostnaður yrði endurskoðaður með tilliti til gengisfellingar og sömuleiðis rekstrarkostnaður. Þetta var gert og var iðnn. látið það í té með grg. frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, dags. 1. maí s. l. Þar er áætlað að stofnkostnaður lækki um það bil um 3%, þannig að lækkun er ákaflega lítil, enda er tekið þar tillit til þess að líklegt er að laun muni hækka, og það er sá eini meginsparnaður sem fram kemur af þessum stofnkostnaði við gengisbreytinguna. Stofnkostnaður verður því enn eftir sem áður nálægt 70 millj. dollara eða um 10 þús. millj. ísl. kr. Einnig var rekstrarkostnaður endurskoðaður, en komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til að endurskoða þær tölur, þær séu allar frekar á varlegu hliðina og breytist ekki það mikið við gengisfellinguna, að ástæða sé til að draga úr því.

Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hafði farið fram á umsögn Þjóðhagsstofnunar um þetta mál með bréfi 10. jan. 1975. Reyndar hélt n. tvo fundi með forstjóra Þjóðhagsstofnunar, Jóni Sigurðssyni, Hallgrími Snorrasyni, starfsmanni Þjóðhagsstofnunar, og þar var einnig mættur Garðar Ingvarsson, ritari viðræðunefndar um orkufrekan iðnað. Á þessum fundum kom fram, að Þjóðhagsstofnunin hefur fyrr haft nokkur afskipti eða kynni af þessu máli, en hins vegar ekki gert ítarlega athugun á því fyrr en nú. Ég sé mér nú ekki fært að lesa þessa skýrslu, en ráðlegg mönnum að kynna sér hana, hún liggur frammi í skjölum n., en vil fara yfir örfáa þætti.

Í fyrsta lagi fjallar stofnunin um stofnkostnaðaráætlun og kemst að þeirri niðurstöðu, að stofnkostnaðaráætlunin sé varleg, en vísar þar til þeirra íslensku verkfræðinga, sem um þetta hafa fjallað, og staðfestir, sem ég vil taka undir, að íslenskir aðilar hafa ekki haft eins góða aðstöðu og æskilegt væri til að meta þennan stofnkostnað, því að þarna er um nýja tækni og nýjar vélar að ræða sem við höfum lítinn aðgang að. Hins vegar taka þeir undir þá niðurstöðu verkfræðinganna, að stofnkostnaðaráætlunin sé há og þannig varleg, og ákveða að gera hana að sinni í þessari athugun. Hins vegar ákveða þeir að bæta við kostnaði við höfnina og önnur mannvirki þarna í kring til að fá út heildararðsemi fyrirtækisins.

Þeir fjalla um hráefnisliði og sérstaklega flutningskostnað og komast að þeirri niðurstöðu eftir viðræður við Eimskipafélag Íslands og aðrar upplýsingar sem þeir hafa, að flutningskostnaður sé eðlilegur í áætlunum viðræðunefndar. Þeir fjalla nokkuð ítarlega um orkukostnað og sérstaklega fjalla þeir þar um mjög athyglisverð tengsl þess orkuverðs, sem vera má, og hækkaðs framleiðslukostnaðar vegna flutningsgjalda, sem eru bæði hærri hingað á hráefni og héðan á framleiðslu heldur en hjá aðalkeppi-

nautum okkar, t. d. norðmönnum. Þeir komast að þeirri niðurstöðu, að ef aðflutningsfragt til Noregs er 75% af því sem hún er hingað, en útflutningsfragt sú sama hér og í Noregi, þá jafngildir það 1.9 þúsundasta úr Bandaríkjadollar í raforkuverði sem við stöndum lakar að vígi. Þeir gera samanburð með 75% lægri útflutnings- og aðflutningsfragt til Noregs heldur en til Íslands og komast að þeirri niðurstöðu, að það nemi 2.4/1000 úr Bandaríkjadollar. Þetta er út af fyrir sig ákaflega athyglisverður samanburður og gefur til kynna að aðstaða hér til þessa iðnaðar sé ekki að öllu leyti eins hagkvæm og ýmsir hafa viljað telja, þarna sé sem sagt þröskuldur sem komast þarf yfir. Að öðru leyti tekur Þjóðhagsstofnun ekki afstöðu til raforkusamningsins.

Þjóðhagsstofnunin fjallar einnig um rekstrartekjur og sérstaklega söluverðið og kemst að þeirri niðurstöðu að það söluverð, sem notað er í rekstraráætlun, sé um það bil 100 dollurum lægra fyrir hvert tonn en heimsmarkaðsverð nú upp á síðkastið. Einnig birtir stofnunin töflu yfir breytingu á heimsmarkaðsverði allt frá 1971 og hefur það verið nokkuð jafnt stígandi, nema á árinu 1972 þegar það féll lítillega, en heimsmarkaðsverð hefur hækkað frá 1971 úr 103 pundum tonnið upp í 289 pund tonnið. Er það nokkru hærra verð en notað er í rekstraráætluninni og eins og ég sagði áðan, þegar frá er dreginn útflutningskostnaður og fleira, nemur það um 100 dollurum á lestina. Hins vegar telur Þjóðhagsstofnunin, að varkárni að þessu leyti sé ekki óeðlileg, og tekur þar undir þá ákvörðun viðræðunefndarinnar að nota þessa lægri tölu og vera þannig viðbúinn einhverjum sveiflum sem geta átt sér stað á þessum markaði eins og öðrum. Þjóðhagsstofnunin metur þennan 15% verðmismun, sem þarna er leyfður, og leggur að sjálfsögðu áherslu á að það gefi rekstraráætluninni aukinn styrk.

Fjallað er um markaðsforsendur og getið um það, að meginmarkaðssvæðið sé Bretland, þar hafi fyrirtækið Union Carbide Corporation mikil ítök eða töluverða sölu, selji þeir um 20% af því sem selt er á þeim markaði, einkum til British Steel Corporation. Einnig er um það getið, að það fyrirtæki hafi tjáð sig hafa áhuga á því að gera fastan samning um kaup héðan, og er getið um það hér, að ekki sé ólíklegt að til greina gæti komið og kannske æskilegt að gera fastan samning við það fyrirtæki til langs tíma um kaup á framleiðslunni og líklegt að sú krafa komi fram við útvegun fjármagns til fyrirtækisins. Að sjálfsögðu er vakin athygli á því, að þetta útflutningsverð geti lækkað og sé því sú varkárni, sem ég nefndi áðan, eðlileg og æskileg.

Að þessu athuguðu kemst Þjóðhagsstofnunin að þeirri niðurstöðu, að afkastavextir eða innri arðgjöf fyrirtækisins sé rétt metin af viðræðunefndinni 13.6%, ef höfnin er ekki tekin með, hins vegar ef höfnin er tekin með lækki þetta í 12.8%.

Eins og ég hef nú rakið eru allar niðurstöður Þjóðhagsstofnunar á þann veg, að þær styðja niðurstöður viðræðunefndar um orkufrekan iðnað sem fram kemur í frv. Þetta var að sjálfsögðu meginástæðan fyrir því, að ég fyrir mitt leyti taldi ekki þörf á að fresta afgreiðslu þessa máls hjá iðnn. d. Ég hefði viljað skoða þetta mál betur ef fram hefði komið frá Þjóðhagsstofnun eitthvað sem stríddi mjög gegn þeim fullyrðingum og þeim niðurstöðum sem fyrir lágu í frv.

Þjóðhagsstofnun fer einnig út í mjög fróðlegan samanburð á þjóðhagsstærðum eða þjóðhagsgildi þessa iðnaðar, en þeir lögðu jafnframt á það áherslu, fulltrúar Þjóðhagsstofnunar, að slíkur samanburður væri ákaflega erfiður og raunar væri þekking þeirra og vitneskja á þessu sviði svo skammt komin að ekki mætti taka hana of áreiðanlega. Ef til vill er þetta utanlegsfóstrið, sem hv. þm. Stefán Jónsson var að tala um. (StJ: Það var forstöðumaður stofnunarinnar sem kallaði það sjálfur utanlegsfóstur.) Það er rétt, en hv. þm. notaði það hér í þingræðu. Engu að síður vil ég geta nokkurra atriða, sem hér koma fram.

Hérna kemur fram að útflutningsverðmæti verksmiðjunnar yrði um 2 372 millj. kr., útflutningstekjur um 2 212 millj. kr. Og það kemur fram að hlutfall útflutningstekna af heildarvöruútflutningi landsmanna yrði um 6.7%, en af heildarútflutningsframleiðslu um 6.3%. Þá er gerður samanburður á vinnsluvirði þessarar verksmiðju, álbræðslunnar og sjávarútvegs. Að hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu yrði þessi verksmiðja með 1.1%, álbræðslan með 2.1%, en sjávarútvegurinn með 12.3% sem er eðlilegt og skiljanlegt þar sem um meginatvinnuveg okkar er að ræða. Ég fyrir mitt leyti fagna þessari niðurstöðu. Ég teldi varhugavert að slíkur iðnaður yrði óeðlilega stór hluti af vergri þjóðarframleiðslu.

Vinnsluvirði sem hlutfall af heildartekjum er um 54% hjá þessari verksmiðju, 38% hjá álverksmiðju, en um 60—65% hjá sjávarútvegi. Vinnsluvirði á mannár er um 12.4 millj. kr. í þessari verksmiðju, um 4.5 millj. kr. í álverksmiðjunni, en 1.4 millj. kr. í sjávarútvegi, þannig að vinnsluvirði þarna er ákaflega mikið fyrir hverja stund sem unnin er. Hins vegar er vinnsluvirði á orkueiningu 2.6 millj. kr. á gwst. í ferrosilicium, 2.4 í álverksmiðjunni, en 7.7 í sjávarútvegi. Rétt er að taka það fram, að forstjóri Þjóðhagsstofnunar var raunar ófús að láta þá tölu fara frá sér án þess að taka fram að þar væri um mjög erfiðan samanburð að ræða, því að þarna þarf að meta þá olíu, sem sjávarútvegurinn notar, sem ígildi raforku og það er ekki auðvelt dæmi. En hann áætlar að sjávarútvegurinn noti 2 130 gwst. á ári. Einnig tekur hann fram, að í þeim samanburði, sem hér kemur á eftir um hlutfall af heildarfjárfestingu með og án hafnar, er að sjálfsögðu nálægt því útilokað að gera svipaðan samanburð fyrir sjávarútvegsinn. Ég hygg, að það yrðu um það miklar deilur hvaða hafnarkostnað á þar að reikna. En án hafnar er vinnsluvirði 17% sem hlutfall af heildarfjárfestingu, 20% í álverksmiðjunni og 35% í sjávarútvegi, en nokkru minna með höfninni, þ. e. a. s. 16% fyrir ferrosilicium, 18% í álverksmiðjunni en ekki reiknað fyrir sjávarútveginn.

Þetta eru fróðlegar tölur og getur hver metið þær eins og honum sýnist raunar, ef metið er

mikilvægi þessarar verksmiðju frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Þær segja sitt. En mig grunar að menn geti nokkuð lesið sitt hvað úr þessum niðurstöðum.

Þá er hér einnig yfirlit yfir gjaldeyrisöflun frá málmblendiverksmiðjunni og raunar tekin þrjú mismunandi dæmi. Í fyrsta dæmi er reiknað eins og viðræðunefndin gerir, byggt á rekstraráætlun, en dæmið, sem Þjóðhagsstofnunin tekur, er byggt á innlendu verðmætishlutfalli sem ég las áðan. Þarna kemur fram, að útflutningsverðmæti eru 24 462 millj. kr. Svo kemur sölu- og tækniþóknun, sem dregst frá, og útflutningsfragt, en útflutningsverðmæti fob. er 22 153 millj. kr. Síðan er farið í gegnum gjöld í þessum báðum dæmum, ég sé ekki ástæðu til að lesa það hér, en kemur svo að lokum fram, að innlendur hluti gjalda af cif-verði er 44% í reikningi viðræðunefndarinnar, en 34% þegar byggt er á innlendu verðmætishlutfalli. Þarna kemur einnig fram, að innlendur hluti gjalda sem hundraðshluti af fob.-verðmæti, þegar útflutningsfragt er sleppt, er 45%, en 36% þegar reiknað er eins og Þjóðhagsstofnun gerir, — 49% með útflutningsfragt, en 38% í dæmi Þjóðhagsstofnunar. Ég sé ekki að það sé tími til að fara ítarlega í þetta hér, en aðalatriðið í mínum huga er að hér er stuðningur við þetta mál í því formi sem það er lagt hér fram og að því leyti er þessi umsögn mjög mikilvæg.

Töluvert hefur verið rætt um skatta þessa fyrirtækis og sé ég ástæðu til að fara sérstaklega nokkrum orðum um þá.

Í frv. er sérstök grein, 7. gr., sem fjallar um skattana. Í grundvallaratriðum er þar gert ráð fyrir því, að þetta fyrirtæki greiði sömu tekjuskatta og eignarskatta og önnur opinber gjöld og önnur íslensk fyrirtæki. Hins vegar segir í 2. málsgr.: „Verði lagareglum um tekjuskatt og eignarskatt eða önnur opinber gjöld breytt frá því sem nú er, skal hlutafélagið jafnan eiga sama rétt og aðrir íslenskir aðilar, sem hafa hliðstæð rekstrarform eða stunda hliðstæða starfsemi, þ. e. framleiðsluiðnað fyrir erlendan markað, til að njóta þeirra hlunninda, sem um er að ræða eftir hinum breyttu reglum, og því ekki íþyngt með álögum umfram þessa aðila.“ Við þetta gerir n. að vísu nokkrar brtt., en í aðalatriðum er hér að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að þessi verksmiðja njóti sömu kjara. Ég vil halda því fram og sú er skoðun meiri hl. n., að það sé ekki óeðlilegt að erlendur aðili, sem semur við íslenska ríkið, reyni með slíkri grein að tryggja sig gegn því að honum verði mismunað. Í þeim anda ber að sjálfsögðu að skoða þessa grein.

Jafnframt eru í þessari grein, ef svo má segja, „frystir“ nokkrir þættir íslenskra skattalaga og ákveðið að þeir skuli gilda áfram ef skattalögum verður breytt. Það er í fyrsta lagi um það, að félaginu skuli jafnan heimilt að halda varasjóð myndaðan af skattfrjálsum framlögum að því marki, sem um ræðir í 2. málsgr. 17. gr. gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í öðru lagi verður breytt. Það er í fyrsta lagi um það, að er tekið fram eða í 3. lið, að félaginu skuli jafnan heimilt að auka hlutafé sitt með útgáfu jöfnunarhlutabréfa, og í fjórða lið, að félagið skuli greiða árlegt landsútsvar er nemi 0.5% hið mesta af rekstrarútgjöldum. Um þetta má að sjálfsögðu deila, hvort hér hefði átt að „frysta“, en sú var niðurstaðan í löngum viðræðum við Union Carbide um skattamálin, þar sem höfuðáhersla var lögð á að íslensk skattalög giltu. Jafnframt er félaginu í 2. lið heimilað að draga frá hreinum tekjum sínum á ári hverju sem svarar allt að 10% af nafnverði hlutafjár þess, með sama hætti og um getur í þeirri málsgr. sem ég las áðan. Má sá frádráttur vera fyrir fjárhæðum er félagið borgar út jafnóðum sem arð á því ári eða fjárhæðum er félagið leggur til hliðar á árinu í sjóð til fjárfestingar og rekstrarþarfa. Úr sjóði þeim, sem lagður er til hliðar samkv. ákvæði þessu, má síðar úthluta arði og greiða hann án þess að slíkt skerði rétt félagsins til frádráttar vegna útborgaðs arðs á því ári er greiðsla fer fram. Hér er um nokkur nýmæli að ræða, og er það fyrst og fremst til komið vegna þess að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað taldi, eins og fram hefur komið hjá formanni n., að það væri til hagsbóta fyrir okkur Íslendinga að halda þessum útborgaða arði sem lengst innanlands og þá í fyrirtækinu sjálfu með þessu móti.

Ég vil taka það fram, að sú till. var gerð til fyrrv. ríkisstj. að þetta ákvæði yrði tekið inn í skattalög almennt. Því var vel tekið, en hins vegar ákveðið að það yrði skoðað með almennri endurskoðun skattalaga. Ég fyrir mitt leyti vil leggja áherslu á að svo verði gert.

Og að lokum, herra forseti, vil ég geta þess, að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað lagði fram við iðnn. yfirlit yfir fjárþörf ríkissjóðs í þessu sambandi vegna hlutafjár og annars kostnaðar, fyrst og fremst hafnarinnar. Ég hef einnig fengið í dag töflu sem greinir nokkru nánar frá þessu.

Heildarfjárþörf ríkissjóðs vegna hlutafjárins er um 1980 millj. kr. Vegna hafnarinnar að meðtöldum kostnaði sveitarfélaganna mun þörfin verða líklega um 500 millj. kr. Vegur að verksmiðjunni er áætlaður 20 millj. samkv. nýlegri áætlun vegamálastjóra. Áætlun hefur ekki verið gerð fyrir vatnsveitu, en ráðgegt er að eigendur landsins og hafnarinnar selji vatn, eins og venja er, en vatnsból er fáanlegt þarna nálægt. Sömuleiðis er ljóst, að Póstur og sími þarf að flytja kapla sem liggja um svæðið og því mun fylgja nokkur kostnaður. Samtals er áætlað að fjárþörf verði um 2 600 millj. kr. Hins vegar verður sú fjárþörf ekki öll á þessu fyrsta ári eða því næsta. Er í þessu skjali viðræðunefndarinnar áætlað að fjárþörfin vegna hlutafjárins verði á þessu ári 297 millj. kr., 1976 990 millj., árið 1977 653 millj. og 1978 40 millj. kr. Viðræðunefndin leggur til við ríkisstj., að þetta fé verði að verulegu leyti tekið að láni, en þó er gert ráð fyrir fjárveitingum á fjárlögum á árunum 1976—1979 í þessu skyni. Fjárþörf vegna hafnarinnar verður ekki heldur strax og raunar mjög lítil á þessu ári.

Herra forseti. Ræða mín er nú orðin æðilöng, enda má segja að málið sé viðamikið og hefur fengið að mínu mati mikla yfirferð hjá iðnn. sem mér þótti nauðsynlegt að gera hér grein fyrir. Að lokum vil ég fara yfir þær brtt., sem meiri hl. n. leggur fram. (**Forseti:** Ég vil spyrja

hv. þm., hvað hann eigi langt mál eftir.) Það verða 5—10 mínútur. Ég verð enga stund með þetta. (**Forseti:** Hv. þm. hefur nú talað í hartnær 2½ tíma. Við reiknuðum ekki með því. Það er gert ráð fyrir að fresta fundi núna kl. hálf fimm, en við reiknuðum með því að geta tekið fyrir annað mál fyrir kl. 4.30, þannig að ég vil spyrja hv. þm., hvort hann vilji gera hlé á ræðu sinni eða geti lokið henni á 5 mínútum.) Ég get lokið henni á 5 mínútum, það er enginn vafi.

A þskj. 364 flytur meiri hl. n. brtt. sem ég skal þá ekki lengja mál mitt mjög með því að fara yfir, enda eru þær flestar ljósar.

1. brtt. er að dómi meiri hl., þar sem breytt er úr „skyldum atvinnurekstri“ í „tengdan atvinnurekstur“, raunar aðeins nákvæmari en það orðalag sem fram kemur í frv.

Sömuleiðis taldi n. í sambandi við greiðslu stimpilgjalda af hlutabréfum óeðlilegt að undanþiggja þetta fyrirtæki slíkum greiðslum og leggur til, að það verði fellt niður.

Í 7. gr. 2. málsgr. gerir n. nokkrar breytingar, sem eru fyrst og fremst til að tryggja að viðmiðun við skattareglur, sem gilda um önnur fyrirtæki, eigi aðeins við sambærileg fyrirtæki, þ. e. a. s. fyrirtæki á iðnaðarsviðinu. N. telur ekki eðlilegt, að viðmiðun t. d. við sjávarútveg og ýmis fyrirtæki á því sviði sé þarna ætluð.

Í 11. gr., sem fjallar um mengunarvarnir, eru mikilvægustu breytingarnar þær, að bætt er inn í upptalningu orðinu „náttúruvernd“ og jafnframt tekin inn sú breyt., að „áður en framleiðsla hefst skal á kostnað fyrirtækisins og samkv. till. Náttúruverndarráðs gerð líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar, þannig að fylgjast megi með áhrifum hennar á lífríkið.

Loks leggur n. til, að á eftir 11. gr. komi ný gr., sem er í samræmi við óskir Verkalýðsfélags Akraness og er svohljóðandi:

„Við járnblendiverksmiðjuna starfi samstarfsnefnd skipuð 3 fulltrúum frá hvorum, stjórn verksmiðjunnar og starfsliði hennar, ásamt jafnmörgum varamönnum. Hlutverk samstarfsnefndar er að efla samvinnu fyrirtækisins og starfsliðs þess, vera báðum til ráðuneytis og gera till. um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsliðs og hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins.“

Þetta teljum við ákaflega mikilvæga brtt. Við teljum að með henni sé mjög gengið til móts við óskir heimamanna.

Ég hef nú gert í alllöngu máli grein fyrir þessu viðamikla máli og þeim miklu og löngu fundum, sem farið hafa fram á vegum iðnn. Sannfæring mín er sú, að hér sé fyrirtæki sem henti vel þeirri virkjun sem nú er ráðgerð, og hef ég reynt að færa fyrir því rök.

Ég vil að lokum taka það fram, að ég er ekki þeirrar skoðunar að virkja eigi íslensk fallvötn til þess að byggja stóriðjufyrirtæki. Ég álít öllu fremur að leita eigi að slíkum iðnaði þegar og ef þörf er í sambandi við stærri og meiri háttar átak á sviði okkar virkjana. Það tel ég að tekist hafi í þessu sambandi og það telur meiri hl. iðnn. og mælir því með því, að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem ég hef rætt.

Umr. frestað.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 359). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 359 er frv. til l. um lántökuheimlid fyrir ríkissjóð vegna lántöku í Danmörku að upphæð allt að 25.5 millj. danskra kr. vegna smíði á varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna.

Með þál. 16. des. 1972 var ríkisstj. heimilað að stofna til byggingar eða kaupa á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna. Smíði þessa skips fór fram hjá Århus Flydredok A/S í Danmörku. Smíðaverð skipsins var samkv. samningi 29 millj. 642 þús. danskar kr., en seljandi skyldi lána 80% andvirðis skipsins og skyldi það lán vera til 8 ára. Við þann hluta, sem lán er veitt til, bættist enn fremur kostnaður vegna viðbótarverka sem ákveðin voru eftir samningsgerðina, aðallega ýmiss konar búnaður. Verður því sá hluti smíðaverksins, sem lán verður veitt til, alls að upphæð 25 millj. 300 þús. danskra króna.

Varðskipið verður afhent nú um helgina. Í grg. þessa frv. stendur „um mánaðamótin febrúar-mars 1975,“ sem stafar af því að prentun frv. er fyrir nokkru lokið. Er þess vænst að hv. þd. hraði afgreiðslu þessa máls, þannig að hægt verði að fá frv. samþ. sem lög frá Alþ. á morgun. Ég veit að hér er farið fram á mikinn hraða í afgreiðslu, en þar sem mér er ljóst að hér er ekki um ágreiningsmál að ræða, þá vænti ég þess að hv. þd. og sú n., sem fær mál þetta til meðferðar, hraði afgreiðslu þess.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 12. mars, kl. 5.30 síðdegis.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 359, n. 372). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um lántökuheimild fyrir ríkissjóð til athugunar og mælir með að það verði samþ. óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson, Jón Árm. Héðinsson og Axel Jónsson. Alger samstaða var í n. um afgreiðslu þessa máls, enda er hér um að ræða að veita heimild til að taka lán, allt að 25.5 millj. danskra króna, vegna smíða á varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna sem lengi hefur verið óskað eftir að kæmi hingað til lands.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 12. mars, að loknum 57. fundi.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 359). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 275, n. 363 og 365, 364, 370). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lesa hér fyrst nál. minni hl. iðnn.

„Mál það, er hér liggur fyrir hv. Alþ. í frv.-formi, hefur ekki verið búið til flutnings með þeim hætti að sýnt sé að hagsmunir íslenska ríkisins hafi setið í fyrirrúmi við undirbúning þess. Umfjöllun málsins í iðnn. Ed. hefur verið yfirborðsleg og flaustursleg í senn og hvergi nærri verið ætlaður nægur tími til þess að afla hlutlægra upplýsinga um hin þýðingarmestu atriði svo að sannprófa mætti fullyrðingar þessa aðila, sem meginábyrgðina bera á þessu frv., þar sem er viðræðunefnd um orkufrekan iðnað.

Sem dæmi um þessi óhæfu vinnubrögð má nefna það að synjað hefur verið í iðnn. um 5 vikna frest til þess að líffræðistofnun Háskóla Íslands geti gengið úr skugga um mengunarhættu af völdum fyrirhugaðrar verksmiðju, en aðeins með slíkri athugun yrði hv. alþm. gert kleift að mynda sér rökstudda skoðun á því hvort hér sé stefnt í voða lífríki Hvalfjarðar og nærsveita. Tími sá og starfslið, sem Þjóðhagsstofnun hefur verið ætlað til að kanna málið, var með þeim hætti að stofnuninni hefur ekki gefist kostur á því að semja neins konar álitsgerð um áhrif fyrirhugaðrar stóriðju á atvinnuvegi landsins né byggðaform. Aðeins er vikið lauslega að samanburði á hagkvæmni fyrirhugaðrar stóriðju og sjávarútvegs, sem sýnir að vísu stórkostlega yfirburði sjávarútvegsins hvað arðkvæmi snertir. Engin úttekt hefur verið gerð í þessu sambandi á stöðu landbúnaðarins né heldur athugaðir neinir þeir kostir, sem völ kynni að vera á um notkun raforku til áburðarvinnslu, ylræktar eða heykögglaframleiðslu.

Upplýsingar, sem iðnn. hafa verið veittar varðandi hagkvæmni á notkun raforku til húsahitunar í því skyni að leysa olíuna af hólmi, hafa verið byggðar að verulegu leyti á ágiskunum og það komið fram í viðræðum við fulltrúa orkumálastjórnar, Landsvirkjunar og Seðlabankans, að alls engar ráðstafanir hafa verið gerðar til beinnar hönnunar í því máli.

Við athugun á skjölum og í viðræðum við búningsmenn málsins hefur komið í ljós að óhæfilegur trúnaður hefur verið lagður á einhliða upplýsingar viðsemjanda viðræðunefndar, Union Carbide Corporation, um þýðingarmikil efnisatriði, og það svo að í sjálfri grg. með frv. þessu eru borin fram helber ósannindi um atriði sem heill og hamingja þjóðar eru undir komin, svo sem staðhæfingin um skaðleysi þess ryks er berast mun frá fyrirhugaðri verksmiðju, og síðan fylgt eftir með afkáralegum fullyrðingum um trúverðugheit Union Carbide í mengunarmálum, enda þótt fyrir liggi upplýsingar um að auðhringur þessi sé einn af skaðvænlegustu mengunarvöldum í heimi.

Sem dæmi um óhæfilegt sinnuleysi um hagsmuni lands og þjóðar í þessu sambandi má geta þess, að staðfest hefur verið í iðnn. að ætlunin er að löggilda hér bandarískа mengunarstaðla í sambandi við þetta mál. Bandarísku mengunarstaðlarnir miða að því að draga úr iðnaðarmengun í Bandaríkjunum að því marki að lífi fólks, dýra og gróðurs þar í landi verði ekki lengur hætta búin — jafnframt því sem tekið verði tillit til hagsmuna mengunariðnaðarins þar í landi, sem rís að verulegu leyti undir efnahag risaveldisins. Verði þeir mengunarstaðlar lögfestir hér á landi, þá þýðir það í raun að auka mætti iðnaðarmengun á Íslandi upp að því marki sem lífvænlegt þykir í Bandaríkjunum.

Loks er þess að geta að mál þetta er sniðið með þeim hætti í hendur hv. alþm., að ljóst er að hv. Alþ. er ekki ætlað að fjalla um það með þingræðislegum hætti, heldur aðeins að afgr. að forminu til mál, sem sérfræðingaklíkur embættismannakerfisins hafa þegar leyft sér að taka endanlega ákvörðun um.

Af þessum sökum legg ég til að frv. verði fellt. — En til vara, ef vera mætti að unnt reyndist að draga úr hættum þeim sem felast í lagasetningu af þessu tagi, leyfi ég mér að bera fram nokkrar brtt. við frv., og verða þær prentaðar á sérstöku þskj.“

Undir þetta nál. skrifar Stefán Jónsson og mun nú freista að rökstyðja í það minnsta nokkur atriði þess, m. a. staðhæfinguna um það að embættismannaklíkur sérfræðinga hafi nokkuð og fullmikið um þetta mál vélað.

Ég vil þá, herra forseti, byrja á því strax í upphafi að leiðrétta missögn sem ég trúi, að hv. þm. Steingrímur Hermannsson, frsm. meiri hl. iðnn. hafi látið sér um munn fara í góðri trú, en hún er eigi að síður jafnósönn. Hann sagði í upphafi máls síns, er hann gerði grein fyrir aðdraganda þessa málmblendimáls, að það kæmi fram í bréfi fyrrv. iðnrh. frá því í maí 1974 að fyrrv. ríkisstj., vinstri stj., væri öll sammála í þessu málmblendimáli (StH: Ekki öll. Að ríkisstj. væri —) — að ríkisstj. væri sammála í þessu málmblendimáli. Þetta er ósatt. Það er jafnósatt (Gripið fram í.) eins og það hefur verið oft sagt og er rétt að bera það til baka rétt einu sinni. Lúðvík Jósepsson, ráðh. í vinstri stjórninni, lét bóka á ríkisstjórnarfundi yfirlýsingu um það að hann væri þessu máli andvígur. Ég veit ekki betur en að sú bókun standi og ég trúi því varla að í bréfi fyrrv. iðnrh., frægu bréfi, standi að ríkisstj., vinstri stj., hafi verið sammála um þetta atriði. Ég vildi þá gjarnan heyra það bréf lesið eða fá að sjá með eigin augum að það stæði þar.

Hvað sem þessari staðhæfingu líður, þá gerði

ég býsna ítarlega grein við 1. umr. þessa máls fyrir andstöðu minni við þetta frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði í þeirri mynd sem það var lagt fram. Ég tilgreindi nokkrar heimildir til staðfestingar þeim grun minum að upplýsingar, sem fram koma í grg. með frv., væru sumar hverjar mjög hæpnar, aðrar villandi og enn aðrar beinlínis ósannar. Ég tók það fram þá, að ég ætlaðist ekki til þess að þau gögn, sem ég lagði fram í málinu, yrðu tekin fram yfir upplýsingar þær sem fram komu í fskj. frv., heldur hitt, að ég ætlaðist til þess að gögnin, sem ég lagði fram, fengju eðlilega athugun sérfróðra manna sem til þess væru bærir að kveða upp rökstuddan dóm um gildi þeirra. Ýmsar þær upplýsingar, sem ég vefengdi í framsöguræðu minni þá, snerta grundvallaratriði málsins og eru þess eðlis að heill og hamingja þessarar þjóðar og raunar alls lífs í landinu eru í veði. Það er því óafsakanlegt með öllu að afgr. þetta frv. úr iðnn. Ed. án þess að sanngildi þeirra sé rannsakað á eðlilegan hátt.

Hæstv. iðnrh. lét þau orð falla, er meðferð þessa máls bar á góma utan dagskrár í þessari hv. d. á mánudaginn, að ég virtist hafa talið sjálfum mér trú um að lífríki Hvalfjarðar gæti stafað hætta af þessari fyrirhuguðu verksmiðju. Það var þakkarvert að hæstv. ráðh. skyldi ekki ætla mér það, eins og hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson — sem hér er nú því miður fjarverandi eins og oftar þegar fjallað hefur verið um þetta mál — það er þakkarvert að hæstv. ráðh. skyldi ekki ætla mér það, að ég gerði mér upp þennan ugg. Þó hefði ég verið hæstv. ráðh. enn þá þakklátari ef hann hefði ekki fundið mér kjarkleysi og ímyndunarveiki til málsbóta, heldur beinlínis lagt í það stórvirki að setja til óvilhalla sérfræðinga að kanna þau rök sem ég bar fram í rúmlega 2 klst. framsöguræðu minni um þetta mál á dögunum, og þar með hefði þá hæstv. ráðh. gefist kostur á að sanna það að hvatir mínar í málinu væru sprottnar af einhverju öðru en frómri einfeldni. Sannleikurinn í málinu er náttúrlega sá, að hæstv. iðnrh. brá fæti fyrir það að neins konar rannsókn væri gerð á vegum iðnn. þessarar hv. d. til þess að ganga úr skugga um mengunarhættu og umhverfisvandamál sem þessari fyrirhuguðu verksmiðju yrðu samfara. Þar af leiðandi er enginn nm. og ég raunar ekki heldur — ég er þar ekki undanskilinn — þar af leiðandi er enginn nm. fær að kveða upp úrskurð um það, leggja fram rökstutt álit á því hvort lífríki Hvalfjarðar og nærsveita stafi hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum eða ekki og form. hv. iðnn. ekki heldur.

Aðeins eitt atriði má heita að hafi verið upplýst til hlítar í iðnn. varðandi umhverfismálahlið þessa máls. Ég hygg að enginn hv. nm. treysti sér til að andmæla því — áreiðanlega enginn, fyrst sá hugrakkasti þeirra, form. n., þorir það ekki — að enginn nm. treysti sér til að andmæla því að það megi heita sannað eftir umfjöllun n., að grundvallarstaðhæfingin í sjálfri grg. þessa frv. um skaðleysi ryks frá fyrirhugaðri verksmiðju fyrir dýr og gróður sé ósönn. Ef einhver hv. nm. hefur brjóstheilindi til að halda því fram að þessi staðhæfing í grg. sé sönn, þá ætla ég að hann muni nú vera fjarverandi úr salarkynnum þessarar d. nú og muni einna helst vera úr þeim flokki sem treystir sér til þess að fylgja íhaldinu að málum undantekningarlaust og án íhugunar. En hv. meiri hl. iðnn., sem ég mun trúa þar til ég tek á öðru að ekki muni mæla gegn því að ljóst sé að ósatt sé sagt um mengunarhættuna í grg. þessa frv., sem ég ætla að trúi því að mengun frá verksmiðjunni verði hættuleg dýrum og gróðri í lífríki Hvalfjarðar, kannske ekki ýkjamikið, en hættuleg, — þessi hv. meiri hl. n. kærði sig á hinn bóginn ekki um að láta fara fram hlutlæga rannsókn á því hversu hættuleg þessi mengun yrði. Þessir hv. þm. treysta sér til að mæla með samþykkt frv. beinlínis á grundvelli þeirra ósanninda sem þeir vita að það er reist á. Einhvern tíma hefði þetta verið kallað brjóstheilindi.

Við 1. umr. um frv. beindi ég fyrst og fremst geiri minum að hv. þm. Steingrími Hermannssyni, þegar ég gagnrýndi óvandaðan undirbúning þessa karbítmáls. Þar hef ég kannske ofgert. En ég er eigi að síður enn þeirrar skoðunar að ábyrgð hans á ýmsum meingöllum frv. sé töluverð. Ég tel einnig að hann hefði getað, ef vilji hefði verið fyrir hendi, stuðlað betur að því en hann gerði að tóm gæfist til þess í iðnn. að láta fara fram sjálfsagða og eðlilega rannsókn á þeim atriðum sem lúta að vistfræði, atvinnuvegum landsins og búsetuháttum. Enn fremur hefði honum vafalítið verið í lófa lagið að stuðla að því að gerður yrði skynsamlegur samanburður á hagkvæmni þess að selja raforku til framleiðslu á járnsíli, — ég hneigist mjög til þess að nota þetta heiti sem hv. form. n. bjó til yfir ferrosilicium á íslensku, mér finnst þetta gott heiti, ég mun a. m. k. nota það annað slagið, — ég tel að honum hefði verið í lófa lagið að stuðla að því að gerður yrði skynsamlegur samanburður á hagkvæmni þess að selja raforku til framleiðslu á járnsíli og raforku til húsahitunar, áburðarframleiðslu og fóðurbætisverksmiðju. En sökin er ekki hans eins. Seinna í þessari ræðu minni mun ég segja ykkur, hv. þm., frá því með hvaða hætti ég ætla að fyrirbæri það, sem ég kallaði áður sérfræðingaklíku embættismannakerfisins, ákvað að gera þennan samning, sem hér um ræðir, við Union Carbide Corporation um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði og gekk þannig frá málunum að hið háa Alþ. er ekki ætlað annað hlutverk en að afgr. málið, eins og ónefndir ráðh. hafa orðað það við hlýðna þm. sína.

Í áliti meiri hl. iðnn., þar sem mælt er með samþykkt frv., er tilgreindur fjöldi funda sem n. hélt um málið. Þar eru einnig nafngreindir aðilar sem kvaddir voru á fund n. eða álits var aflað frá og sú ályktun dregin, að því er virðist, af samanlagðri tölu funda einstaklinga og stofnana, að málið hafi fengið ítarlega meðferð í höndum n. Ég staðhæfði aftur á móti að í viðtölum við mjög marga þessara aðila hafi komið fram, að þeir hafi ýmist fengið rangar eða ónógar upplýsingar um málið, þannig að þeir hafi raunar ekki verið færir um að mynda sér skoðun á málinu. Sumir þessara aðila viðurkenndu þetta allt að því berum orðum á fundum iðnn. Þetta álit þeirra liggur fyrir bréflega frá sumum hverjum og mun ég finna því stað hér á eftir

í ræðu minni. Undantekningar voru að sjálfsögðu með ritstjóra þessa frv., fulltrúa viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, sem virtust efalausir um það að upplýsingarnar, sem þeir höfðu aflað sér, m. a. með viðræðum við Union Carbide, væru réttar.

Svo að við förum nú þegar lauslega yfir nokkur atriði sem fram komu í viðræðum við þá aðila sem n. kvaddi á sinn fund — við getum gert það nánar síðar í umr. — þá vil ég fyrst tilgreina svör orkumálastjóra og starfsmanna Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen við spurningunum um hagkvæmnisamanburð á raforku til húshitunar og raforku til fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju. Í svörum þeirra kom fram að alls engin rannsókn, sem því nafni sé hægt að kalla, hefði verið gerð á verkfræðilegu umfangi þess fyrirtækis að byggja upp dreifikerfi fyrir raforku sem nægja mundi til húshitunar. Upplýsingarnar, sem fyrir lægju af hálfu verkfræðinganna um þetta mál, byggðust að verulegu leyti á ágiskunum, þar eð upplýsingar skorti frá einstökum rafmagnsveitum, en rafmagnsveiturnar hefðu hvorki framtak, mannafla né fé til þess að gera sæmilegar áætlanir varðandi þetta atriði. Það kom í ljós að ekkert hefur verið aðhafst af hálfu hins opinbera í þessa átt. Það hefur sem sagt verið látið við það sitja að undirbúa málmblendimálið kappsamlega, en látið sitja við neikvæðar ágiskanir um það að óhagkvæmara sé peningalega að bæta úr brýnni þörf landsmanna fyrir ódýra orku til húshitunar á þeim svæðum þar sem ekki næst í heitt vatn úr jörðu.

Form. Náttúruverndarráðs kom, svo sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson greindi frá, á fund iðnn. við þriðja mann. Hann var inntur eftir því hvernig túlka bæri bréfið sem Náttúruverndarráð skrifaði á miðju sumri í sumar sem svar við bréfi frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, þar sem óskað var álits ráðsins á staðsetningu málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur tekið af mér það ómak að lesa þessi bréf, en ég vil vekja athygli á því að leitað var álits Náttúruverndarráðs um staðsetningu málmblendiverksmiðju í Hvalfirði og Náttúruverndarráð svaraði, lét í ljós álit sitt á staðsetningu slíkrar verksmiðju í Hvalfirði. Á tilnefndum fundi sagði form. Náttúruverndarráðs, Eysteinn Jónsson, að túlka bæri bréfið eins og það hljóðaði, er hann var eftir því inntur, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson tók fram. En hann sleppti framhaldinu af þeim viðræðum, því að þegar athygli form. Náttúruverndarráðs var vakin á því að þetta bréf hefði verið túlkað af hálfu erindreka viðræðunefndar á þá lund að Náttúruverndarráð væri með þessu að lýsa yfir samþykki sínu eða a. m. k. hlutleysi við málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, þá sagði form. Náttúruverndarráðs, að hann gæti aðeins tekið sér í munn orð Guðmundar Grindvíkings, sem kallaði álíka meðferð á bréfi óvandaða útleggingu. Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði við umr. utan dagskrár á mánudaginn var, að hann hefði leyft sér að skilja þetta bréf Náttúruverndarráðs svo, að ráðið teldi ekki neina þörf á líffræðilegum athugunum eða vistfræðilegum rannsóknum til undirbúnings þessa máls. En það ætla ég að form. Náttúruverndarráðs muni nú einnig kalla dálítið óvandaða útleggingu.

Í viðræðum við form. Náttúruverndarráðs kom fram, að ráðið hafði ekki fengið í hendur gögn sem talin væru fullnægjandi af þess hálfu til þess að skila iðnn. áliti, sem mark væri á takandi, um skaðleysi eða skaðsemi verksmiðjunnar, og var til þess vitnað að samkv. lögum um Náttúruverndarráð kæmi ekki til kasta þess fyrr en sótt hefði verið um byggingarleyfi og rekstrarleyfi fyrir verksmiðjuna. Það skal þó tekið fram að einn náttúruverndarráðsmanna á fundinum, dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur — sá sem vitnað er til í bréfinu frá 4. júlí um að rætt hefði við fulltrúa Union Carbide um mengunarmálin, þótt hann gerði það þá ekki í umboði Náttúruverndarráðs, heldur í þágu viðræðunefndar — hann var að því spurður hvort hann teldi að það mundi satt sem í grg. frv. þessa stendur, að mengun frá fyrirhugaðri verksmiðju yrði hættulaus dýrum og gróðri. Það kvaðst dr. Vilhjálmur Lúðvíksson ekki treysta sér til að segja.

Loks vil ég vitna í bréf sem Náttúruverndarráð ritaði iðnrn. 27. jan. s. l., rétt í þann mund sem iðnn. var að koma saman til að fjalla um þetta mál og aðeins fáum dögum áður en form. ráðsins kom á fund n. með sitt fríða föruneyti. Af því bréfi má ráða hvort Náttúruverndarráð hefur talið sig þess umkomið að kveða á um sakleysi og skaðleysi verksmiðjunnar fyrir lífríki Hvalfjarðar. Þetta bréf fæ ég að lesa, því að hv. þm. Steingrímur Hermannsson sleppti því áðan. Bréfið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, — bréfið er stílað til iðnrn.:

„Efni: Hönnun málmblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði.

Náttúruverndarráð hefur á fundi sínum 23. jan. 1975 samþ. að beina því til hv. rn. að þess verði gætt að ráðið fái aðstöðu til þess að fylgjast með hönnun nefndrar verksmiðju, sbr. 29. gr. náttúruverndarlaga, nr. 47/1971. Áður hefur ráðið í bréfi, dags. 4. júlí 1973, tjáð sig um staðsetningu verksmiðjunnar á þessum stað, en leggur áherslu á að fá að fylgjast með undirbúningi verksins áður en til bindandi ákvarðana kemur. Ráðið leggur sérstaka áherslu á að fá upplýsingar um hvers konar úrgangsefni sem haft geti áhrif á lífríki svæðisins. Óskar ráðið eftir því að þessar upplýsingar verði sendar því sem fyrst. Þá telur Náttúruverndarráð nauðsynlegt að sá aðili, sem annast undirbúning væntanlegs iðjuvers, afli sér í tæka tíð lögbundins rekstrarleyfis áður en til bindandi ákvarðana kemur um staðsetningu og rekstur, sbr. 4. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, nr. 164/1972.

Með vinsemd og virðingu."

Og undir þetta bréf skrifa: Eysteinn Jónsson form. og Árni Reynisson, framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs.

Þá er þar næst til að taka að fyrir n. kom prófessor Agnar Ingólfsson, vistfræðingur, forstöðumaður líffræðistofnunar Háskóla Íslands.

Herra forseti. Ég vildi gjarnan, vegna þess að ég beini nú geiri mínum að hv. þm. Steingrími

Hermannssyni (**Gripið fram í:** Hann situr hér.) Nú, hann situr að baki mér. Gjarnan er það svo að maður veit ekki hvern hann á sér að bakhjarli.

Þá er sem sagt næst til að taka sem fyrir n. kom próf. Agnar Ingólfsson, vistfræðingur, forstöðumaður líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Ég hafði þegar á fyrstu fundum iðnn. óskað eindregið eftir því að leitað yrði álits líffræðistofnunar Háskólans á því, hvort ekki mundi unnt að fá gerða vistfræðilega úttekt á málinu og í það minnsta að fá álit prófessorsins á því, hvort ekki mundi hægt á tiltölulega skömmum tíma að fá skýrslur stofnunarinnar varðandi prentaðar heimildir sem fyrir lægju um málið, sem e. t. v. mætti fá styrkt að einhverju leyti með því að sérfræðingar á vegum líffræðistofnunar öfluðu sér frekari vitneskju um málið með skjótum hætti. Af hálfu form. iðnn. þessarar hv. d. var móast við þessari beiðni minni fund eftir fund og því borið við, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson gerði í framsöguræðu sinni áðan — því borið við að skv. bestu vitund form. væru líffræðingar alls ekki bærir að fjalla um málið. Þeir hefðu ekki neitt til að standa á við slíkar athuganir. Upplýsingum mínum um að þess háttar rannsóknir væru gerðar erlendis á undirbúningsstigi við fyrirtæki á borð við málmblendiverksmiðjuna var aðeins svarað með auknum efasemdum um slíkt, enda þótt ég tilgreindi fyrirtæki í Bretlandi sem slíkar rannsóknir annast, svonefndar Environmental Impact Studies, og vitnaði til rannsókna sem gerðar eru af hálfu norskra háskóla og nefnast þar Projekt analyser. Hafðist þó loks í gegn með bænum og hótunum, liggur mér við að segja, og vingjarnlegu atfylgi hv. þm. Alberts Guðmundssonar og Þorvalds Garðars Kristjánssonar, hæstv. forseta þessarar d., og jákvæðu hlutleysi hv. þm. Jóns G. Sólness, sem hann lét í té með godföðurlegum elegans, að próf. Agnar Ingólfsson var kvaddur til viðtals á næstsíðasta fundi n., á föstudag s. l., hér um bil fjórum vikum eftir að iðnn. byrjaði að fjalla um þetta mál. Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að fá umsögn líffræðings og þá sjálfs Agnars Ingólfssonar prófessors og vistfræðings við líffræðistofnun Háskóla Íslands um það, hvort líffræðingar gætu nú þrátt fyrir allt rannsakað og skilað fyrir fram skýrslu um sennileg áhrif fyrirhugaðrar verksmiðju á lífríki Hvalfjarðar og nærsveita. Svar prófessorsins var afdráttarlaust já, þeir gætu það.

Hann kvað þá líffræðinga vera þeirrar skoðunar að gera ætti rannsókn vegna hinnar fyrirhuguðu verksmiðju í þremur áföngum, í líkingu við það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson lýsti fyrir okkur áðan. Þyrfti að framkvæma hina tvo fyrri áfangana áður en ákvörðun væri tekin um gerð verksmiðjunnar, beinlínis vegna þess að ótækt væri að heimila smíði slíkrar verksmiðju fyrr en fyrir lægju niðurstöður af þeim áföngum. Þriðja rannsóknarstigið ætti svo að koma til framkvæmda eftir að fallist hefði verið á smíði verksmiðjunnar og þá í því skyni að fylgjast með þeim áhrifum sem verksmiðjurekstrinn kynni að hafa á lífríkið. Og rannsóknunum lýsti prófessorinn þannig:

Fyrsta rannsóknarstigið yrði í höndum líffræðings, landbúnaðarfræðings, veðurfræðings, efnafræðings og sjófræðings. Þeirra hlutverk yrði að kanna prentaðar heimildir varðandi verksmiðju sem þessa og ræða við sérfræðinga, innlenda sem erlenda, og semja síðan skýrslu miðaða við íslenskar aðstæður, staðhætti og kröfur um mengunarvarnir.

Prófessorinn sagði að vel gæti svo farið að niðurstaða fyrsta stigs rannsóknarinnar yrði sú að ekki yrði þörf á frekari rannsóknum og þar af leiðandi ekki á rannsókn annars stigs.

Prófessor Agnar Ingólfsson sagði að það mundi taka tvo menn tvo mánuði að ljúka fyrsta stigs könnuninni. Fjórir menn, er til þess væru ráðnir, ættu að geta lokið könnuninni á 4 vikum eða e. t. v. skemmri tíma og skilað skýrslu innan viku þaðan í frá, sem sagt eftir 5 vikur. Ef niðurstaða þessarar könnunar yrði hins vegar sú að þörf væri frekari rannsóknar eða á annars stigs rannsókn, þá fælist hún í nánari könnun á þeim stað þar sem til greina kæmi að reisa verksmiðjuna, greiningu veðurfars, strauma, blöndun sjávar og kortlagningu á lífríki til að hægt væri að leggja mat á málið í heild. Þá væri komið að ákvörðuninni um það hvort leyfa ætti verksmiðjuna eða ekki. — Prófessorinn sagðist telja að annars stigs athugunin mundi alls ekki taka legri tíma, ef til kæmi, en 4 mánuði.

Það skal tekið fram að prófessorinn sagðist telja ólíklegt að hægt væri að fá til starfa að þessu verkefni nú tafarlaust fjóra íslenska sérfræðinga, en hann taldi ekki ósennilegt að hægt væri að fá þá frá Norðurlöndum.

Fundur iðnn. með Agnari Ingólfssyni var haldinn s. l. föstudag. Ég spurði hvort hann teldi, ef þess væri óskað nú á mánudaginn, þ. e. a. s. í fyrradag, að líffræðistofnunin tæki málið að sér, að hún gæti þá skilað skýrslu um fyrsta stigs rannsóknina hinn 15. apríl, og hann svaraði hiklaust játandi. Hann svaraði hiklaust játandi að það ætti að vera unnt. Og nú er mér með öllu óskiljanlegt, herra forseti, hvaðan hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur fengið þá vitneskju, þá fullu vissu að ekki sé hægt að útvega menn til þess að annast þessar rannsóknir fyrir okkur, eins mikið og er í húfi.

Eins og ég hef áður greint frá í þessari hv. þd., var beiðni minni um að líffræðistofnuninni væri falið þetta verk í þágu iðnn. synjað á þeim forsendum að ekki væri tími til þess. Auk þess bætti form. við því áliti sínu að hann teldi gersamlega ástæðulaust að framkvæma slíka rannsókn — eins og hann lýsti raunar yfir í framsögu með nál. áðan, að hann teldi gersamlega ástæðulaust að framkvæma slíka rannsókn þar eð hann væri persónulega sannfærður um að ekki stafaði nein hætta af verksmiðjunni sem orð væri á gerandi. Persónuleg sannfæring hv. þm. Steingríms Hermannssonar er góðra gjalda verð. Hún mun reynast honum styrkur í lífsbaráttunni. En þegar til þess kemur að taka ákvörðun um það hvort lífríki Hvalfjarðar og nágrennis sé stefnt í voða, þá mun þessi persónulega sannfæring, þegar til kastanna kemur, stoða landsmenn ákaflega lítið.

Það skal tekið fram að form. taldi að þessi 5 vikna töf, meðan iðnn. hinkraði við eftir niðurstöðunni af athugun líffræðistofnunar, mundi leiða til þess að málið yrði e. t. v. ekki afgreitt á þessu þingi. Hann gat þess þá góðlátlega, mjög

góðlátlega eins og honum er raunar eiginlegt þegar hann skýtur smánótu að vinum sínum, að hann héldi að hér væri um að ræða bellibragð af minni hálfu til að tefja málið. Ég ætla mér ekki að endurgjalda honum athugasemdina með því að geta mér þess til — ekki einu sinni góðlátlega — að hann hafi ekki fallist á rannsóknina vegna þess að hann hafi óttast að niðurstaða hennar kynni að leiða í ljós að hér væri um hættulegar framkvæmdir að ræða og þær mundu þar af leiðandi koma í veg fyrir að þessi verksmiðja yrði nokkurn tíma reist. Ég ítreka það — ég vil að menn minnist þess að ég ítreka það — að ég ætla ekki hv. þm. Steingrími Hermannssyni þess háttar hvatir. Ég nenni ekki að óska þess í staðinn að hann stilli sig um að ætla mér annarlegar hvatir í sambandi við óskir mínar um hlutlæga rannsókn, sem mundi taka 5 vikur, til þess að iðnn. geti reist nál. sitt á rökum varðandi mengunarhættuna.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að hefði verið fallist á beiðni mína strax í upphafi þegar iðnn. tók að fjalla um þetta mál, þá beiðni mína að til yrði kvödd líffræðistofnun Háskóla Íslands strax í upphafi, þá hefði skýrsla líffræðistofnunar tæknilega getað legið fyrir þessari hv. d. þegar í næstu viku.

Þá er að geta fundar iðnn. með Baldri Johnsen yfirlækni, forstöðumanni Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Ég hlýt að taka tillit til þess í ræðustól hér í deildinni að Baldur Johnsen er hér ekki nærstaddur né heldur hefur hann aðstöðu til þess að svara fyrir sig hér. Þess vil ég þó geta að hann er einn þeirra aðila sem ábyrgð bera á yfirlýsingunni í grg. frv. um skaðleysi mengunar frá verksmiðjunni fyrir dýr og gróður. Í viðtali iðnn. við forstöðumanninn kom fram, sem raunar var vitað áður, að Heilbrigðiseftirlitið mun lögum skv. taka til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi fyrirhugaðrar verksmiðju þegar hún liggur fyrir, sem vitaskuld verður ekki fyrr en fyrirtækið hefu verið stofnað að samþykktu frv. því er hér liggur fyrir. Það kom einnig fram að Heilbrigðiseftirlitið mun miða við ameríska mengunarstaðla þegar það tekur afstöðu til hins fyrirhugaða rekstrar. Forstöðumaðurinn las fyrir okkur bréf, sem send hafa verið frá Heilbrigðiseftirlitinu til undirbúnings þessum fundi, m. a. bréf til eiturefnanefndar sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson vitnaði í og ég vil nú lesa hér, með leyfi hæstv. forseta. Þetta er stutt bréf. Það kemur lengra bréf á eftir:

„Heilbrigðiseftirlit ríkisins biður um umsögn um málmblendiverksmiðjuna með hliðsjón af þeim gögnum sem hér fylgja með í ljósriti, og er æskilegt að umsögnin berist annað hvort til þessarar stofnunar hið fyrsta eða til iðnn. Alþ. fyrir n. k. fimmtudag, 27. 2."

Baldur Johnsen las þetta bréf fyrir okkur í iðnn. ásamt öðrum gögnum sem hann sendi eiturefnanefnd. Síðan hélt hann á lofti svarbréfi dr. Þorkels Jóhannessonar form. eiturefnanefndar, en las það ekki, heldur sagði frá því á svipaðan hátt og hv. þm. Steingrímur Hermannsson og kvað þó öllu fastar að orði, því þar sagði hann að gæti að finna álit dr. Þorkels Jóhannessonar á plöntum þeim sem hann hafði sent honum varðandi málmblendiverksmiðjuna, að vísu væri ekki fjallað um ýmis atriði í þessu bréfi eiturefnanefndar, en þar gæti að finna samþykkt prófessors Þorkels á áliti hans sjálfs á kadmíum. En sem sagt, Baldur Johnsen las ekki bréfið fyrir okkur. Ég varð mér aftur á móti úti um ljósrit af þessu bréfi og neðst í bréfinu segir frá því að afrit af því hafi verið sent til form. iðnn. Alþ.

Ég ætla nú að lesa þetta bréf frá form. eiturefnanefndar, dr. Þorkeli Jóhannessyni, til Baldurs Johnsens, svo að þm. geti sjálfir heyrt með hvaða hætti form. eiturefnanefndar staðfestir þá skoðun forstöðumanns Heilbrigðiseftirlitsins að fyrirhuguð verksmiðja í Hvalfirði sé skaðlaus. Bréfið er svona frá eiturefnanefnd — svarbréfið — með leyfi hæstv. forseta:

„Eiturefnanefnd hefur í dag borist eftirfarandi bréf og grg. frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins:

1. Ljósrit af grg. um hugsanlega mengun og mengunarvarnir vegna fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði ásamt tveimur fylgiskjölum sem undirrituð eru af Baldri Johnsen yfirlækni og Eyjólfi Sæmundssyni verkfræðingi og heilbrigðisráðunaut, en ódagsett að því er best verður séð.

2. Ljósrit af umr. um málmblendiverksmiðju, kadmíum o. fl., sem undirritað er af Baldri Johnsen yfirlækni og dags. 13. 2. 1975.

3. Ljósrit af bréfi Baldurs Johnsen yfirlæknis, sem dags. er 18. 2. 1975, til heilbr.- og trmrh.

4. Bréf til eiturefnanefndar, sem dags. er 19. 2. 1975 og er undirritað af Baldri Johnsen yfirlækni, þar sem farið er fram á umsögn um fyrrnefnd gögn eigi síðar en fimmtudaginn 27. 2. 1975 og skuli umsögnin send Heilbrigðiseftirliti ríkisins eða iðnn. Alþingis.

Af þessu tilefni óskar eiturefnanefnd að taka fram eftirfarandi:

a) Eiturefnanefnd er þess vanbúin að gefa umsögn um 1. málsskjal að framan, þar eð n. hefur ekki fengið upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru til að slík umsögn verði einhvers virði, sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 164 1972.

b) Eiturefnanefnd er í stórum dráttum sammála því sem segir um kadmíum í 2. málskjali að framan.

c) Eiturefnanefnd telur óviðeigandi að gefa umsögn um 3. málskjal að framan, þar eð bréfið er þegar sent heilbr.- og trmrh.

d) Frestur sá, sem gefinn er skv. 4. málskjali að framan, er óhæfilega skammur. Hefur eiturefnanefnd áður tekið eftir því að Heilbrigðiseftirlit ríkisins ætlar n. mjög skamman tíma til að meta viðamikið mál. Fer n. þess á leit að Heilbrigðiseftirlitið taki tillit til þess að vikutími er mjög skammur tími til athugunar á málum þar sem allrar gerhygli er þörf."

Þetta er plaggið sem notað hefur verið, ekki til sönnunar um það, heldur til að gefa það í skyn að eiturefnanefnd hafi lýst yfir samþykki við álit Heilbrigðiseftirlits ríkisins varðandi verksmiðjuna í Hvalfirði. Nákvæmlega með þessum hætti hefur álit Heilbrigðiseftirlits ríkisins verið grundað og fleiri þau skjöl sem hér hafa verið lögð fram og nefnd til sönnunar um það að vel og vandlega hafi verið unnið að könnun þessa máls. Það hafa verið nefnd nöfn manna og það hafa verið nefnd skjöl, en það hefur verið farið mjög óvandlega og óeðlilega með niðurstöðurnar

af því sem menn sögðu um þetta mál og niðurstöðurnar af því sem menn skrifuðu um þetta mál.

Þá ber einnig að geta þess að Baldur Johnsen yfirmaður Heilbrigðiseftirlitsins lét okkur í té ljósrit — sýndi okkur öllu heldur ljósrit af vindrós sem Veðurstofan hafði látið gera skv. mælingum í Hjarðarnesi í Kjós af vindátt í Hvalfirði. Kvað forstöðumaðurinn kort þetta sýna að vindar blésu aðeins eftir legu fjarðarins út og inn og gilti það einnig um Grundartanga þar sem verksmiðjan ætti að rísa. Ég hef spurt Flosa Sigurðsson veðurfræðing, þann sem vindrósina teiknaði, hvort treysta mætti nú því að vindmælingar gerðar í Hjarðarnesi gæfu rétta mynd af vindátt á Grundartanga. Hann sagði að ýmislegt benti til þess að ekki væri hægt að treysta því, þar eð landslag væri þar annars konar. Hann sagði að teiknaðar hefðu verið fleiri vindrósir en þessi eina, þ. á m. vindrós sem sýndi það að landnyrðingurinn á Hvalfirði stæði suður yfir Seltjarnarnes eða það sem hann kynni að bera með sér ofan úr Hvalfirði.

Allra síðast vil ég svo geta þess að fyrir iðnn. d. var lagt plagg frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins undirritað af Baldri Johnsen forstöðumanni, þar sem segir að Heilbrigðiseftirlitið mæli ekki gegn því að reist verði málmblendiverksmiðja við Hvalfjörð. Það skal tekið fram, að í því plaggi kemur ekki fram rökstuðningur fyrir skaðleysi verksmiðjunnar.

Í öllum þeim umr., sem fram hafa farið í þessari hv. d. og í iðnn. þessarar d., kemur fram að treyst er fortakslaust á upplýsingar viðræðunefndar um grandvarleika Union Carbide Corporation í mengunarmálum. Þær upplýsingar eru að vísu ekki að öllu leyti, það er satt, ekki að öllu leyti, en að verulegu leyti fengnar frá Union Carbide sjálfum, sbr. næsthlálegustu setninguna af ýmsum hlálegum í þeim kafla grg. með frv. sem um umhverfismálin fjallar og ég er nú sannast sagna að verða þreyttur á að hafa upp, vegna þess að í minni vitund hefur þessi setning aldrei verið neitt fyndin. Ég hef tekið út vissa kvöl af því að þurfa að hafa hana upp, lesa hana upp úr grg. með lagafrv. sem lagt er fyrir hv. Alþ. Ég vona að ég geri það núna í síðasta sinn. Það er setningin hérna: „Frá upphafi virðræðnanna hefur verið lögð rík áhersla á að mengun frá verksmiðjunni yrði í algeru lágmarki og hefur því ætíð verið heitið“ — segir í frv. — „og er ljóst að hugur fylgir máli.“

Ég hef hér undir höndum vitnisburð þriggja aðila, sem ég ætla að hv. alþm. hljóti að taka trúanlega eða a. m. k. get ég ekki algerlega vísað á bug, um heiðarleika Union Carbide Corporation og um trúverðugheit þeirra upplýsinga, sem hann gefur sjálfur um dáðir sínar til verndunar umhverfis, og leyfi mér að lesa úr þeim plöggum, með leyfi hæstv. forseta. Fyrst er þar til að taka að bandaríska tímaritið Business Week, sem þykir fremur áreiðanlegt tímarit í amerískum kaupsýsluheimi, birtir í marsmánuði 1971 — tveimur mánuðum áður en formlegar viðræður voru teknar upp við Union Carbide af hálfu íslendinga um það kompaní sem nú á að stofna — birti ritstjórnargrein undir fyrirsögninni „Union Carbide, the whole truth.“ Í þessari grein segir frá kæru sem þá var nýkomin fram á hendur Union Carbide fyrir falsaðar upplýsingar varðandi iðnaðarmengun af völdum fyrirtækisins. Kæran er borin fram af fjórum hluthöfum í Union Carbide og er stíluð til The Securities and Exchange Commission, en nefnd þessi hefur verið starfandi vestan hafs síðan 1934 og er hlutverk hennar að rannsaka upplýsingar, sem einstök fyrirtæki gefa um rekstur sinn, í því skyni að ganga úr skugga um það að hluthafar fái réttar upplýsingar. Fyrrgreindir hluthafar í Union Carbide, Roger Foster, lögmaður í Washington, Larry Silverman, William Osborne og Ralph Nader, sem er allkunnur lögmaður vestan hafs, óska þess að n. taki til rannsóknar bækling sem Union Carbide hafði þá nýlega sent hluthöfum með upplýsingum um framúrskarandi mikla varúð, tillitssemi og samviskusemi af hálfu fyrirtækisins í umhverfismálum. Ákærendurnir, hluthafar í Union Carbide sem fyrr eru greindir, halda því fram að í þessum bæklingi, sem Union Carbide gaf út, séu ósannar fullyrðingar og sneitt sé hjá þýðingarmiklum upplýsingum varðandi mengun af völdum fyrirtækisins. Andstætt við þá rósrauðu mynd sem bæklingurinn gefur af ástandinu, segja hluthafarnir fjórir, þá er Union Carbide eitt af verstu mengunarfyrirtækjum Bandaríkjanna og hefur verið ósamvinnuþýtt og þráast við tilraunum opinberra aðila til að draga úr mengun.

Ég mun með glöðu geði sjá þeim hv. þm., sem það vilja, fyrir ljósriti af þessari grein.

Það er athyglisvert að Union Carbide hefur viðhaft þann þrifnað, sem hér var lýst, heima hjá sér í Bandaríkjunum og það síðgæði í framkomu við þá aðila sem eiga að sjá um að dregið sé úr mengun, og lýsingin á við ástandið einmitt á þeim mánuðum þegar samningar eru að hefjast við Union Carbide af okkar hálfu. Svo er okkur ætlað að trúa því að á þessum missirum sem liðin eru síðan hafi Union Carbide orðið allra auðhringa hreinlátastur og umhyggjusamastur um umhverfismál og sannsöglastur í þokkabót.

Ég er hérna með part úr grein úr öðru tímariti, Environment Ecology, sem birtist í ágúst í sumar. Fyrirsögn greinarinnar er: Corporation Non-grata — og þar getur m. a. að lesa þessa lýsingu á starfsháttum fyrirhugaðs félaga okkar:

„Union Carbide virðist vera að leika gamla blekkingaleikinn til hins ítrasta í nýju herferðinni gegn mengun. Þessi herferð er skipulögð eftir reglunni um lágmarksaðgerðir og hámarksauglýsingagildi. Fyrirtækið hefur, að því er virðist snúið sér að nokkrum einstökum viðfangsefnum í áróðursskyni og auglýsir árangurinn þar sem dæmi um hina nýju stefnu sína og reynir þannig að slá tvær flugur í einu höggi, hafa áhrif á almenningsálitið og friðþægja yfirvöld umhverfismála, samtímis því sem fyrirtækið eykur mengunarstarfsemi sína annars staðar til þess að hafa upp í kostnaðinn. Vera má að þessi herferð Union Carbide hafi einhver áhrif á yfirvöld umhverfismála, en hún hefur sannarlega ekki hitt í mark hjá þeim, sem gerst fylgjast með málum á þessu sviði, og alls ekki hjá almenningi.“

Þá lá það næst fyrir að athuga hvers konar

hreinlætisorð Union Carbide hefði á sér erlendis og varð þá fyrir valinu eyjan Puerto Rico. Það var upplagt að athuga hvernig Union Carbide hagaði sér í eylöndum. Ég hef hérna í hendinni bréf frá Mision Industrial de Puerto Rico, eða iðnaðarráði Puerto Rico í Rio Piedras. Það er skrifað 29. jan. 1975, fyrir nokkrum vikum, undirritað af Andre Trevathan. Einnig mun ég með glöðu geði láta hv. þm. í té ljósrit af þessu bréfi. Í bréfinu segir að Union Carbide hafi ekki neinar járnblendiverksmiðjur á Puerto Rico. Hins vegar hafi fyrirtækið þar olíuefnaverksmiðju. Síðan segir orðrétt:

„Olíuverksmiðjan í Guayanilla er ein af aðaluppsprettum mengunar á eynni. Union Carbide er tregur til að taka upp mengunarvarnir í framleiðslunni af efnahagsástæðum, enda þótt fyrirtækið eyði verulegu fjármagni í auglýsingar í dagblöðum, þar sem það lýsir sér sem umhyggjusömu fyrirtæki fyrir hreinu lofti, landi og vatni á Puerto Rico."

Þetta er skrifað 29. jan. s. l., og eins og ég segi, ljósrit af þessu bréfi frá iðnaðarráði Puerto Rico er auðvitað velkomið þeim sem sjá vilja.

Þennan sérstaka lestur um sinnaskipti Union Carbide í mengunarmálum byrjaði ég með að lesa kærubréf frá hluthöfum í fyrirtækinu til eftirlitsnefndar bandarískra kaupsýslumanna þar sem í ljós kom að fyrirtækið hefur stundað það að gefa hluthöfum sínum mjög villandi upplýsingar varðandi mengunarmálin. Union Carbide lýsir sér sem sagt sem ákaflega umhyggjusömu fyrirtæki á þessu sviði, enda þótt vitað sé að það sé meginmengunarvaldur jafnt innan Bandaríkjanna sem utan. Því miður hef ég ástæðu til að ætla að Union Carbide hafi ekki aðeins stundað það að villa um fyrir hluthöfum sínum í þessu efni eða kynblendingum á Puerto Rico, heldur hafi Union Carbide auk þess unnið sér það létt að villa um fyrir ónefndum sveitamönnum norðan af Íslandi. — Skyldi mér fyrirgefast þótt ég staðhæfi, að hvorki hv. alþm. í Ed. yfirleitt né fulltrúar í iðnn. d. hafi heimild til þess án rannsóknar að treysta einu orði Union Carbide um grandvarleika þess fyrirtækis í sambandi við umhverfisvernd.

Þá er enn að geta þess að ég hafði óskað eftir því í iðnn. að stjórnarformaður Búnaðarsambands Borgarfjarðar yrði kvaddur fyrir iðnn. sökum þess að Búnaðarsambandið hafði gert einróma samþykkt, þar sem því var beint til Búnaðarþings, þess sem nú hefur nýlokið störfum, að kostað yrði kapps um það að allrar varúðar yrði gætt og aflað hlutlægra upplýsinga með rannsókn óháðra aðila á hugsanlegri umhverfismengun af völdum þessarar fyrirhuguðu verksmiðju í tæka tíð áður en til framkvæmda kæmi. Form. Búnaðarsambandsins var ekki kvaddur til fundar við n., og það er best að ég játi það strax, sem satt er, að ég hygg að form. n., hv. þm. Steingrímur Hermannsson, hafi sagt okkur það satt að honum tókst ekki að hafa upp á því hver maðurinn væri og aðrir nm. einhverra hluta vegna létu honum ekki nafnið í té. Ég geri þá játningu að mér er ekki enn þá ljóst hver sá maður var, en nú er það um seinan. En ég hef hér í hendi mér samþykkt sem Búnaðarþing gerði svo á grundvelli þessarar samþykktar frá Búnaðarsambandi Borgarfjarðar. Búnaðarþing gerði þessa samþykkt síðasta þingdag sinn í fyrradag og les ég hana nú, með leyfi hæstv. forseta. Ég hef svo lítið þurft á því að halda, herra forseti, að nota hástigs lýsingarorð hrósyrða við umr. um þessa málmblendiverksmiðju, en ég ætla að lesa sem sagt með leyfi hæstv. forseta ályktunina frá Búnaðarþingi:

„Búnaðarþing beinir því til Heilbrigðiseftirlits ríkisins, að áður en til þess komi að það veiti starfsleyfi fyrirhugaðri málmblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði hafi það aflað sér allra fáanlegra upplýsinga um hugsanleg mengunaráhrif frá slíkri verksmiðju, bæði á landi, í lofti og í sjó. Telur þingið sjálfsagt að stuðst sé í þessu efni við reynslu annarra, þ. á m. Norðurlandabúa, sem reka sams konar verksmiðjur og hér um ræðir. Í því skyni verði íslenskir sérfræðingar á sviði líffræði og verkfræði nú þegar sendir utan til þess að kynna sér af eigin raun allt það er lýtur að umhverfisáhrifum slíkrar starfsemi.

Þá tekur þingið undir þá eindregnu ósk Náttúruverndarráðs, Búnaðarsambands Borgarfjarðar og fleiri aðila til iðnrn., að gerð verði ítarleg líffræðileg könnun í Hvalfirði og umhverfi fyrirhugaðs verksmiðjustaðar áður en nokkrar framkvæmdir hefjast þar. Á grundvelli þeirrar könnunar verði leitast við að sjá fyrir hugsanleg áhrif verksmiðjurekstrarins á lífríki láðs og lagar, enda er nauðsynlegt að fyrir liggi líffræðileg úttekt á svæðinu til samanburðar við síðari athuganir. Verði niðurstaðan af áðurnefndum athugunum sú að hætta af mengunaráhrifum málmblendiverksmiðjunnar sé engin fyrir heilsu manna né fyrir gróður eða dýralíf umhverfisins og Heilbrigðiseftirlit ríkisins veiti þess vegna starfsleyfi til þvílíks rekstrar og hann verði hafinn, þá gerir Búnaðarþing eindregna og ákveðna kröfu um að rækt verði stöðugt og fullkomið eftirlit með heilsufari starfsfólks og hugsanlegum breytingum á lífríki í nágrenni verksmiðjunnar.

Búnaðarþing leggur áherslu á að stofnun og rekstur stóriðjufyrirtækja eigi að vera einn þáttur í framkvæmd yfirlýstrar stefnu allra stjórnmálaflokka, þeirri að efla byggðajafnvægi í landinu. Því telur þingið að sé þess kostur beri að velja slíkum verksmiðjum stað þar sem byggð stendur höllum fæti og atvinna er ótrygg. Þá minnir þingið á ályktun sína um nauðsyn þess að kanna hagkvæmni aukinnar áburðarframleiðslu í landinu, áður en teknar verði frekari ákvarðanir um ráðstöfun raforku til stóriðju. Einnig verði gert stórátak til að nýta raforku til húsahitunar."

Þessi ályktun var samþ. shlj. á Búnaðarþingi. Ég vil lesa aftur 3. mgr. þessarar ályktunar:

„Þá tekur þingið undir þá eindregnu ósk Náttúruverndarráðs, Búnaðarsambands Borgarfjarðar og fleiri aðila til iðnrn., að gerð verði ítarleg líffræðileg könnun í Hvalfirði og umhverfi fyrirhugaðs verksmiðjustaðar áður en nokkrar framkvæmdir hefjast þar. Á grundvelli þeirrar könnunar verði leitast við að sjá fyrir hugsanleg áhrif verksmiðjurekstrar á lífríki láðs

og lagar, enda er nauðsynlegt að fyrir liggi líffræðileg úttekt á svæðinu til samanburðar við síðari athuganir.“

Eins og segir í prentuðu nál. minni hl. iðnn., þá mun ég til vara, auk þess sem ég legg til að frv. þetta verði fellt, flytja nokkrar brtt. við frv. Allar þær brtt. mun ég flytja við 3. umr. um málið nema eina: Það er till. á þskj. 370, sem er tekin orðrétt upp úr ályktun Búnaðarþings um þetta mál og á að bætast aftan við 11. gr., þar komi:

„Á vegum Náttúruverndarráðs og líffræðistofnunar Háskóla Íslands verði gerð ítarleg líffræðileg könnun á Hvalfirði og umhverfi fyrirhugaðs verksmiðjustaðar áður en nokkrar framkvæmdir hefjast þar.“

Og svo, áður en ég lýk þessum kafla ræðu minnar um umhverfismál þessarar fyrirhuguðu verksmiðju, þá vil ég aðeins víkja nánar að þeirri ákvörðun yfirvalda að lögleiða ameríska mengunarstaðla hér á landi og spyrja hv. þm. hvort þeir geri sér grein fyrir því hvað sú ráðstöfun merki. Amerískir sérfræðingar unnu að því í næfellt 5 ár að semja þessa staðla. Þetta var mikið verk og við það unnu, að því er mér skilst, hundruð sérfræðinga á sviði efnaverkfræði, líffræði, lífefnafræði, veðurfræði, eiturefnafræði, hagfræði, búfræði og þjóðfélagsfræði. Staðlarnir hafa verið birtir á undanförnum missirum eftir því sem þeir voru fullunnir, en nú síðast, svo sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði frá áðan sem rétt er, voru í haust birtir staðlarnir um mengun frá málmblendiverksmiðjum.

Það er satt — tími til kominn að tilgreina eitthvað sem komið hefur fram af hálfu viðræðunefndar um orkufrekan iðnað — sem sé satt að þetta eru ströngustu mengunarstaðlar í heimi. Það er satt á sama hátt og ýmislegt annað sem n. hefur lagt fyrir hv. Alþ. í þessu máli. Það er satt að því leyti að þetta eru einu mengunarstaðlarnir sem settir hafa verið og eru þeir ströngustu. Sviar munu vera að leggja síðustu hönd á gerð sinna mengunarstaðla, og færi þá aldrei verr en svo eftir að þeir hafa verið birtir, að amerísku staðlarnir yrðu þá kannske hinir næstströgustu. Amerísku mengunarstaðlarnir eru að sjálfsögðu miðaðir við ameríska staðhætti. Þeir eru miðaðir við það að draga úr mengun í landi þar sem iðnaðarmengun er sums staðar vel á veg komin með að útrýma öllu náttúrlegu dýra- og jurtalífi og stofna mannlífi í óskaplega hættu í umhverfi stóru iðnborganna í þokkabót. Þessum stöðlum er ætlað að draga svo úr mengun í Bandaríkjunum, draga svo úr mengun sem fyrir er í landinu, að mannlífi verði ekki lengur hætta búin a. m. k., samtímis því sem tekið er tillit til þess að iðnfyrirtækin, sem menguninni valda, rísi að verulegu leyti undir efnahag Bandaríkjanna, að þau geti haldið áfram starfsemi sinni eigi að síður. Það er farið eins langt í átt til þess að reyna að hreinsa umhverfið og hægt er, án þess að gera fyrirtækjunum, sem menguninni valda, ókleift að starfa áfram, beinlínis vegna þess að þau eru undirstöðufyrirtæki í efnahag Bandaríkjanna. Lögfesting amerísku mengunarstaðlanna hér á landi mundi þýða það, að í okkar umhverfi, þar sem iðnaðarmengun er nú svo að segja engin, yrði leyft samkv. þessum stöðlum að auka mengun upp að því marki sem talið er lífvænlegt í Bandaríkjunum.

Það hefur verið sagt frá því í iðnn. þessarar hv. d., að Eyjólfur Sæmundsson efnaverkfræðingur, sá sem ráðinn var til starfa í Heilbrigðiseftirlitinu eftir að aðstandendur þessa frv. höfðu losað sig við nærveru Einars Vals Ingimundarsonar umhverfisverkfræðings, — að Eyjólfur Sæmundsson, sem ég vil ekki lasta á neinn hátt eða varpa rýrð á, vinni nú að því svo að segja nótt sem dag að fara í gegnum bandarísku staðlana og setja inn orðið Ísland í staðinn fyrir orðið Bandaríkin, enda má til sanns vegar færa að ekki sé hægt að ætlast til öllu meira af einum manni miðað við það starfslið sem vann við það að semja og gera ameríska staðlana vestan hafs. Innleiðsla ameríska mengunarstaðla á Íslandi er glæpur gagnvart náttúru þessa lands og fólkinu sem býr í því. Setning íslenskra mengunarstaðla án undangenginnar ítarlegrar rannsóknar væri fíflskapur. Íslenskir mengunarstaðlar hljóta að miða að því að koma í veg fyrir iðnaðarmengun í landinu umfram þá sem fyrir er, en ekki að því að auðvelda mönnum að auka hér iðnaðarmengun upp að því marki sem talið er lífvænlegt í iðnaðarsamfélagi.

Þá kem ég að fundi iðnn. með forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar, Jóni Sigurðssyni. — Mér hefur verið álasað á vingjarnlegan hátt fyrir að hafa sýnt lítinn áhuga á efnahagshlið þessa fyrirhugaða samnings við Union Carbide. Það er alveg rétt, að um þá hlið málsins hef ég rætt miklu minna en þá sem lýtur að umhverfismálunum og félagsmálunum. Ég á mér þá afsökun, að ég get ekki hugsað mér þann fjárhagslega ávinning af þessum samningi sem hér liggur fyrir, að hann gæti réttlætt það að við undirrituðum hann, ef við stofnuðum með því lífríki Íslands í hættu. Og ég vil vekja athygli ykkar á því í þessu sambandi, að einmitt þessa sömu daga sem þessi hv. d. fjallar um fyrirhugaða málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, þá koma fram í dagsljósið hugmyndir þeirra manna, nákvæmlega þeirra manna sem mörkuðu stefnuna í málmblendimálinu, — koma fram hugmyndir þeirra um stóriðju á Íslandi yfirleitt, sem hæstv. iðnrh. hefur gert okkur grein fyrir lauslega í Sþ. fyrir skemmstu.

En ég vík þá sem sagt nú að fundi iðnn. með forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar, Jóni Sigurðssyni. Sá fundur var haldinn í fyrramorgun. Á honum var útbýtt skjali frá Þjóðhagsstofnun sem hafði inni að halda svör við nokkrum tilteknum spurningum frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, og má raunar segja að verkefnið, sem viðræðunefndin lagði fyrir Þjóðhagsstofnunina, hafi verið í þessu gamalkunna formi: Þetta hérna er nú álit mitt, hvað segið þið um það?

Það er ekki rétt að kaldhæðnislegt heiti, sem forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar gaf plagginu sem hann lagði fyrir okkur, hafi átt eingöngu við blaðið sem geymir töflurnar og tölurnar. Forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar lýsti viðfangsefninu á þá lund að skjöl og upplýsingar, sem stofnunin hefði haft með höndum, hefðu ekki verið með þeim hætti að hægt hefði verið að gera al-

gilt og breitt úrtak, heldur hefði Þjóðhagsstofnun neyðst til þess að beina starfi sínu að mjög þröngu sviði, og hann tók það raunar fram að töflurnar, sem með fylgdu, væru þess háttar að ekki mætti taka nema mjög takmarkað mark, ef ég má svo segja, á áliti stofnunarinnar. Hún væri ekki það vel sett með starfslið að hún hefði getað tekið að sér að afla frekari gagna á skömmum tíma. Og ég ítreka það, vegna þess að ég er hræddur um að það kunni að gleymast kannske aftur að geta þess, þá voru þetta orð forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar, en ekki mín, hann kallaði plaggið, sem við fengum frá Þjóðhagsstofnun, „eins konar utanlegsfóstur". Meginálit Þjóðhagsstofnunar, slíkt sem það nú er, er svo að þetta, sem fyrir lá, þessar upplýsingar, sem fyrir lágu frá viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, þessar upplýsingar væru í aðalatriðum réttar. Það er meginefnið í niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar að þessar upplýsingar frá viðræðunefnd séu í meginatriðum réttar. En í plaggi Þjóðhagsstofnunar er ekkert fjallað um áhrif fyrirhugaðrar verksmiðju á aðra atvinnuvegi þjóðarinnar. Það skiptir þó ákaflega miklu máli. Það er ekkert fjallað um áhrif hennar á búsetuform í landinu, sem skiptir svo sannarlega ekki litlu máli þegar að því er gætt, að flest bendir til þess að verksmiðjan, sem nú á að reisa í Hvalfirði, verði fyrsta verksmiðjan af mjög mörgum sem nú eigi að reisa í orkufrekum iðnaði hér á landi í þessari skorpu. Það er engin tilraun gerð til þess að setja tilorðningu þessarar verksmiðju í eðlilegt samhengi við þau drög sem nú liggja fyrir um stóriðjuna. Það er ekki minnst á aðra kosti sem við eigum völ á til nýtingar raforkunnar, svo sem til húsahitunar, áburðarframleiðslu, heykögglaframleiðslu eða ylræktar, og ekki gerð tilraun til þess að gera sér neina grein fyrir markaðshorfum með ferrósilikon við breyttar efnahagsaðstæður í heiminum. Það er ekki vikið hugsun að þeirri augljósu staðreynd að draga hlýtur úr eftirspurn eftir efni í stálsteypu til smíða á vélum þegar olía þrýtur í heiminum, sem ég hygg að þrátt fyrir sæmilega bjartsýni sé viðurkennt af flestum, sem nokkuð hafa að því hugað, að muni ske einhvern tíma á tímabilinu milli næstu 10 og 20 ára.

Þrátt fyrir yfirlýsingu forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar um að ekki hafi hann ákaflega mikið álit á plagginu sem hann lagði fyrir iðnn. þessarar hv. d., þá er alþm. ætlað að leggja það til grundvallar afstöðu sinni til þessa frv. sem liggur hér fyrir framan okkur.

Ég legg það til að þetta frv. verði fellt. Til vara og ef vera mætti til þess að draga úr því tjóni sem ég sé landinu búið af þessu máli, þá mun ég sem fyrr segir bera fram nokkrar brtt. við frv. Eina þeirra ber ég fram nú við 2. umr., hinar mun ég bera fram við 3. umr. Fyrir öðrum brtt. mínum, sem ég ber fram við 3. umr., mun ég að sjálfsögðu gera grein við þá umr. málsins, en vil þó víkja að einni þeirra strax nú við 2. umr. Það er brtt., sem ég mun bera fram við 5. gr. frv., þar sem kveðið er á um kjör fulltrúa í stjórn hins fyrirhugaða hlutafélags um verksmiðjuna.

Í frv. er svo ráð fyrir gert að ráðh. skipi fulltrúa Íslands í stjórn fyrirtækisins, m. ö. o. að Alþ. kjósi ekki fulltrúa íslenska ríkisins í stjórn verksmiðjunnar. Og þá komum við að því að ræða um hlutdeild þessarar virðulegu stofnunar, hv. Alþ., í meðferð þessa dálítið skringilega máls um málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Hér liggur fyrir ykkur, hv. alþm., lagafrv. smíðað af stofnun sem nefnist viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Strax í prentaðri grg. frv. er hv. alþm. sýnd sú virðing að segja þeim, svo að ekki sé dýpra tekið í árinni, að segja þeim ekki alveg satt um grundvallaratriði málsins. Iðnn. þessa hv. d. er síðan vottuð sú sæmd að synja henni um nokkrar vikur til þess að afla sér hlutlægrar sérfræðilegrar vitneskju um trúverðugleika ýmissa annarra upplýsinga sem aðstandendur frv. hafa látið í té varðandi málið. Ef hv. alþm. þráast nú við og reyna að telja sjálfum sér trú um að þeim sé ætlað annað hlutskipti en að afgreiða mál sem þegar hafa verið ákveðin af verkfræðilegum og hagfræðilegum embættismönnum kerfisins, þá vil ég upplýsa þá um það, að framkvæmdastjóri málmblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, sem við fjöllum nú um, sem þetta frv. hérna fjallar um, sem um er að ræða að reist verði í Hvalfirði ef Alþ. skyldi fallast á það og samþykkja þetta frv., — að forstjóri, framkvæmdastjóri málmblendiverksmiðjunnar hefur þegar verið ráðinn. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, formaður iðnn., sagði okkur frá því á fundi í iðnn. nú fyrir nokkrum dögum. Hér er um að ræða forstjóra ferrosilikon-verksmiðju Union Carbide í Noregi. Hann kom hingað til lands fyrir nokkrum dögum til þess að líta á ríki sitt. Þegar við leyfðum okkur, óbreyttir nm., að sýna einhver geðshræringamerki vegna þess að þegar hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri fyrir verksmiðju sem við værum alls ekki alveg hreint vissir um að Alþ. mundi fallast á að reist yrði, þá leiðrétti hv. þm. Steingrímur Hermannsson þau ummæli sín á þá lund, að maðurinn hefði náttúrlega ekki verið beinlínis ráðinn, heldur væri málið þannig vaxið að Union Carbide mælti með því að þessi maður yrði ráðinn. Mér er ekki alveg ljóst eftir skamma setu á Alþ. hverja persónulega sæmd hv. alþm. leggja í sitt starf. Ég vona að hún sé meiri en mig grunaði á þeim árum þegar ég kynntist störfum Alþ. fyrst og fremst í sambandi við starf mitt sem fréttamaður í 25 ár. En jafnvel þótt þessi persónulega sæmd kunni að vera í lágmarki, þá býst ég við að ýmsir alþm. vilji geta trúað því sjálfir á viðkvæmum augnablikum, að þeir láti ekki embættismannavaldið segja sér gersamlega fyrir verkum. Ég vil vekja athygli á þessu atriði í sambandi við 5. gr. frv. Við hana mun ég bera fram þá brtt. að Alþ. kjósi fulltrúana í stjórn fyrirhugaðrar verksmiðju ef úr verður, en þeir verði ekki skipaðir af rn.

Að svo mæltu, herra forseti, ítreka ég till. mína um það að þetta frv. verði fellt.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil byrja á því að gera grein fyrir því, að í iðnn., sem ég á sæti í, þar sem mál þetta var afgreitt, þá hafði ég á síðasta fundi n., þegar tekin var afstaða um álit meiri hl., látið bóka svo hljóðandi: „Jón G.

Sólnes tók ekki þátt í afgreiðslu málsins og gerir grein fyrir afstöðu sinni.“ Ég hafði búist við því, að þessi bókun kæmi fram í nál. meiri hl. og skýrði þannig, að ég kæmi ekki með sérálit.

Ég vil byrja að taka það fram til þess að taka af allan vafa, að ég legg á það áherslu að ég er samþykkur þeirri stefnu, sem felst í frv. sem hér er til umr.., um erlenda fjárfestingu á Íslandi. Og ég vildi gjarnan stuðla að því, að mikil samskipti væru með fjármagnsflutning að og frá þessu landi og þá ekki hvað síst til þeirra aðila sem hér eiga aðild að, bandaríkjamanna. Ég ber mjög mikla virðingu fyrir dugnaði, hagsýni og árræðni bandarískra kaupsýslumanna eða kapítalista, og ég verð víst að leyfa mér að nota það orð hér. Þó að orðið sé kannske ekki gott, þá finnst mér það ná yfir breiðara svið en að segja kaupsýslumaður. Það hljómar betur í mínum eyrum eða er meira samfara mínu hugarfari að halda mig við kapítalista. Nú er það svo, að ég hef svolítið og þá kannske sérstaklega á seinni árum reynt að kynna mér starfsemi og starfsháttu kaupsýslumanna eða kapítalistanna einmitt í Bandaríkjunum. Og af þeim kynnum og þeirri skoðun, sem ég hef mótað mér af því litla sem ég hef getað pælt í gegnum og haft aðstöðu til, þá hef ég komist að þeirri niðurstöðu að amerískir kapítalistar líti fátt verri augum heldur en samskiptin við ríkið eða hið opinbera. Ég held, að þeim sé mjög gjarnt og það sé mjög ríkjandi skoðun meðal iðjuhölda, kaupsýslumanna og kapítalista, að yfirleitt sé allt illt, sem komi frá því opinbera, að því er þeir segja. Ríkið sé eiginlega aðili sem hefur það að aðalmarkmiði að fara ofan í vasa þeirra og reyna að tæma þá eins og það frekast geti með sköttum og álögum. Ég hef aldrei orðið var við að það væri nein ríkjandi samstaða milli amerísks einkaframtaks og hins opinbera. Amerískum kaupsýslumönnum, kapítalistum, þykir gott að ná hagkvæmum samningum við hið opinbera og gera við það hagkvæm viðskipti. En ég held, að það sé yfirlýst skoðun, að það sé ekki líklegt til ávinnings að vera í samvinnu við það um verðmætasköpun. Og ef þetta er rétt niðurstaða hjá mér, að svona hugsi þeir í sínu heimalandi, þá held ég að engum geti skjátlast, að þeir muni síst vera betri viðureignar þegar þeir eru komnir út fyrir takmörk síns heimalands. Þessi sannindi mundi ég hafa haft að leiðarljósi, ef ég ætti að setjast að samningaborði við bandaríska kaupsýslumenn, að ég tali ekki um ef ég ætti að setjast að samningaborði við þá sem fulltrúi hins opinbera valds eða ríkisins.

Ég vil þá lítillega koma að því fyrirtæki, sem hér er verið að ræða um, járnblendifélaginu og uppbyggingu þess.

Samkv. ákvörðun þess frv., sem hér liggur fyrir, er áætlað, að íslenska ríkið verði eignaraðili að 55% hlutafjár í þessu fyrirtæki og Union Carbide að 45%. Stofnkostnaður er talinn 68 millj. dollara, hlutafé 24 millj. dollara. Okkar hlutur, 55%, mun nema 13.2 millj. Þetta er fé sem við þurfum að fá allt að láni og mun áreiðanlega kosta okkur mikið í sambandi við fjármagnskostnað vegna þeirrar lántöku. Hér er um að ræða stórkostlegar upphæðir á íslenskan mælikvarða, talað um tæpa 2 milljarða bara sem hlutafjárframlag, fyrir utan kostnað við hafnargerðir, vegalagningar og ýmis önnur þjónustufyrirtæki sem þarf að kosta af því opinbera, og sú upphæð nemur hundruðum millj. Hlutur Union Carbide, 45%, gerir 10.8 millj. dollara. Þar af eiga þessir aðilar að fá í hlutabréfum samkv. þeim samningi, sem hér liggur fyrir, sem þóknun fyrir tæknikunnáttu 3.2 millj. dollara.

S. l. vor sá ég einhverjar áætlanir í sambandi við fyrirhugaða verksmiðju og þá var þóknunin fyrir þessa tæknikunnáttu ekki áætluð nema 2.3 millj. dollara. Að mínu mati hefur ekki verið gefin viðunandi skýring á því, hvernig stendur á því að þessi upphæð hefur hækkað svo gífurlega. Ég tel þetta mikla hækkun á ekki lengri tíma, og mér dettur ekki í hug nema ein skýring í sambandi við það, að þegar þeir voru að semja um þessi málefni vorið 1974, þá sat hér kommúnístískur ráðherra að völdum og þessir herrar hafi metið það því verði, að það væri borgandi 900 þús. dolluum meira fyrir það að semja við þann ráðh. heldur en eftir stjórnarskiptin. Ég get ekki fengið neina skynsamlega skýringu á þessum mismun aðra. Og að mínum dómi og eftir minni þekkingu á hugsunarhætti þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, þá finnst mér þessi skýring alls ekki fjarstæðukennd.

Þá eru ekki eftir nema 7.6 millj. dollarar sem Union Carbide eiga að inna af hendi. Söluverðmæti framleiðslu þessa fyrirhugaða fyrirtækis er áætlað fyrstu 4 árin, 1978—1982, rúmlega 28 millj. 700 þús. dollarar. Samkv. samningum, sem hér liggja fyrir, á Union Carbide að fá fyrir tækniþóknun árlega greiðslu, sem nemur 3% af framleiðsluandvirðinu. Miðað við þessar tölur nemur sú þóknun 860 þús. dollurum á ári, en það er upphæð sem tryggir Union Carbide rúmlega 11% þóknun eða vexti af því fjármagni sem að raunverulega leggur í fyrirtækið. Að mínu mati má því segja, að þarna séu þessir bandarísku athafnamenn nokkurn veginn á þurru með það fjármagn sem þeir eru að leggja fram. En lítum svo á og berum aðstöðu þessara manna og þessara aðila saman við þá fjármagnsaðstöðu sem við erum í. Við tryggjum okkur ekki brot úr prósenti sem tekjur af því fjármagni sem við leggjum í þetta. Við höfum aðeins fram á að horfa kostnaðinn við endurnýjun vixilsins, a. m. k. meðan á byggingarframkvæmdum stendur.

Þá er hér samningur, sem gerir ráð fyrir því að Union Carbide fái söluþóknun. Þeir eiga að fá af fyrstu 10 þús. tonnunum 3%, af næstu 10 þús. tonnum eiga þeir að fá 3.5%, af þar næstu 10 þús. tonnum 4% og af sölu fram yfir 30 þús. tonn eiga þeir að fá 5% sölulaun. Þetta er að mínum dómi mikil upphæð og mjög há. Stærstu útflutningsfyrirtæki, sem við eigum og velta milljörðum kr., t. a. m. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og útflutningsfyrirtæki Sambandsins, mér vitanlega taka slík fyrirtæki ekki nema 2%. Og einhvern veginn kemur það einkennilega fyrir hjá jafn kapítaliskt sinnuðum manni og undirrituðum, að sölulaunin skuli fara sívaxandi í hlutfalli við vaxandi magn, sem verið er að selja. Þetta er öfugt við allt það sem maður þekkir, því að magn gefur afslátt og mikið magn gefur meiri afslátt.

Rétt er í þessu sambandi að staldra við, að

þarna erum við að gera í annað skiptið samning við stórt bandarískt fyrirtæki og það kemur í ljós alveg það sama og í það fyrra, og þar á ég við John Manville sem við sömdum við sem meðeiganda að Kísiliðjunni, hvað þessi fyrirtæki leggja mikla áherslu á þóknunina fyrir það að selja vöruna sem þau ætla að framleiða í kompanii við okkur. Þegar Kísiliðjan á sínum tíma var stofnuð, þá var samkomulag um að John Manville hf. og við skyldum eiga framleiðslufyrirtækið til helminga, ísendingar og ameríkanarnir. En ameríkanarnir komust upp með það að hafa stofnað fyrirtæki, sem hét John Manville Corporation, sölufyrirtæki, sem sér um alla söluna á framleiðslu Kísiliðjunnar, og það fyrirtæki á hið bandaríska að öllu leyti. Við eigum þar ekki 1%. Hvaða reynslu höfum við fengið af þessari starfsemi sem ég er þarna að lýsa? Jú, hún er sú, að frá upphafi vega hefur Kísiliðjan, framleiðslufyrirtækið, verið rekið með tapi og á íslenskan mælikvarða miklu tapi. Og ef ekki hefði verið þannig um hnútana búið, að þarna hefðu verið lagðar í stórkostlegar upphæðir og miklum mun stærri en venja er til með íslenskt fyrirtæki með dautt hlutafé sem ekki þarf að sinna neinni vaxtagreiðslu, þá væri hagur þessa fyrirtækis hörmulegur. En hvað hefur skeð í sambandi við sölufyrirtækið John Manville? Það hefur grætt vel og stundum tugmilljónir.

Atvikin hafa hagað því þannig, að ég hef sem fulltrúi Akureyrarkaupstaðar, af því að þeir eiga dálítinn hlut í þessu fyrirtæki, verið á aðalfundum Kísiliðjunnar, og þá hefur oft komið fram, að þessir ágætu meðeigendur okkar hafa verið vinsamlegir og skilningsgóðir og þeir hafa verið að hygla í okkur svona uppbótum af mildi sinni og gjafmildi, þannig að þeir hafa látið af hendi rakna stundum verulegar upphæðir. Þetta er að vissu leyti þakkarvert. En hefði ekki verið miklu betra, að þetta sölufélag hefði verið sameign okkar alveg eins og framleiðslan? Og hví er ég að minnast á þetta atriði? Hvað er eðlilegra en í sambandi við stofnsetningu slíkrar verksmiðju eins og hér er verið að ræða um sé stofnað annað dótturfyrirtæki, sem heiti Sölufélagið, og að eignarhlutföllin í því fyrirtæki séu þá jöfn eða svipuð og er í járnblendiverksmiðjunni, eða það séu þá a. m. k. helmingaskipti? Það gæfi okkur íslensku aðilunum vissa tryggingu fyrir því, að við hefðum einhverjar tekjur upp á að hlaupa til þess að standa straum af þeim mikla fjármagnskostnaði sem við hljótum að hafa í sambandi við þátttöku okkar í fyrirtæki eins og þessu.

Svo get ég ekki annað en staldrað svolítið við ákvæðið í sambandi við tækniþóknunina, þessi 3%, sem er samkv. þeim samningum, sem hér liggja fyrir, bindandi um langan tíma. Hér er um mikla upphæð að ræða. Það er á annað hundrað millj., sem við greiðum fyrir þetta árlega. Ég fyrir mitt leyti segi það eins og er, að ég hef þann metnað fyrir hönd þess starfsfólks, þess íslensks starfsfólks og þeirra tæknifróðu manna, sem koma til með að vinna við þessa verksmiðju af okkar hálfu, að mér þykir það súrt í broti að mega ekki reikna með því, að innan tiltölulega skamms tíma, fárra ára, segjum 4—5—6 ára, þá væru komnir það þjálfaðir menn í þetta, að þeir væru fyllilega færir um að sinna þessari þjónustu að mestu leyti, þannig að ég hefði lagt áherslu á í slíkum samningum sem þessum, að þessi möguleiki væri a. m. k. opinn, svoleiðis að við gætum þarna minnkað þá greiðslu, sem við þurfum að inna af hendi til hins erlenda aðila.

Af því, sem ég hef hér sagt, finnst mér og ég held að það dyljist engum, að aðstaða hins erlenda meðeiganda okkar hlýtur að metast að vera miklu betri heldur en okkar og fjármagnskostnaður hjá þeim er nánast enginn á sama tíma sem við þurfum að standa straum af miklum fjármagnskostnaði, svo miklum að við erum með því frv., sem hér liggur fyrir, að að skuldbinda okkur fram í tímann að taka verulegar og það háar upphæðir á okkar mælikvarða inn á fjárlög um þó nokkuð mörg ár, sem er allóvenjulegt fyrirbrigði. Í ofanálag bætist svo það, sem gerir aðstöðu meðeigenda okkar enn þá betri, að ég hef rökstudda ástæðu til að ætla að samkv. bandarískum skattalögum megi þetta fyrirtæki afskrifa allt það framlag sem það leggur til þessarar verksmiðju. Ég held, að samkv. bandarískum skattalögum sé erlend fjárfesting heimiluð sem skattafrádráttur, svo að þeir eru þarna þegar í byrjun, um leið og þessi starfsemi hefst, að græða stórfé.

Ég hef verið að lýsa þessari aðstöðu, og að mínum dómi finnst mér að hjá þeim mönnum, sem hafa farið með þessa samninga, komi fram mikið vanmat á þeirri aðstöðu sem við erum í. Og nú langar mig þessu máli mínu til stuðnings — með leyfi forseta — að lesa nokkuð úr grg. þeirri sem fylgir frv., og hefst nú lesturinn. Það er að finna á bls. 7. Ég er að rekja upp ástæðurnar, sem eru fyrir því að fara út í þessa starfsemi, og þá stendur hér:

„Í öðru lagi eru nú margar járnblendiverksmiðjur orðnar mjög gamlar og úreltar tæknilega séð. Kemur þar fyrst til að ofnar hafa stöðugt orðið stærri. Einnig eru margar af þessum gömlu veksmiðjum illa staðsettar miðað við hráefnis- og orkuöflun, þar sem þær hafa upphaflega verið byggðar við stáliðjuverin, sem staðsett eru á hinum gömlu kolanámusvæðum, eins og t. d. í Ruhr-héraði í Þýskalandi. Staðsetningarhagkvæmni slíkra verksmiðja hefur breyst mjög til hins verra á síðustu áratugum, m. a. vegna hækkandi orkuverðs og nýrra hráefnalinda.

Í þriðja lagi er fyrirsjáanlegt, að margar gamlar verksmiðjur þarf að leggja niður vegna mengunar. Á þetta við um verksmiðjur, sem byggðar voru án nokkurra mengunarvarna, en erfitt er að koma þeim við á hagkvæman hátt í slíkum verksmiðjum, og kostnaðurinn við breytingarnar svo hár, að hann er ekki réttlætanlegur. Er þá hagkvæmara að reisa alveg nýja verksmiðju, þar sem gert er ráð fyrir nútíma mengunarvörnum strax frá upphafi, og flytja framleiðsluna til um leið í samræmi við breytta staðsetningarhagkvæmni. Um kostnað við breytingar, sem hér um ræðir, má nefna dæmi frá járnblendiráðstefnu í Lillehammer í Noregi í okt. s. l. Þar var upplýst af hálfu sambands járnblendiframleiðenda í Noregi, að lögfesting nýrra reglna um mengunarvarnir, sem á döfinni eru í

Noregi, mundi kosta norska járnblendiiðnaðinn 400 millj. norskra kr. í fjárfestingu. Samsvarar þetta um 8,5 milljörðum ísl. kr."

Þegar slíkar aðstæður blasa við eins og hér hefur verið lýst, finnst mér það mikið vanmat hjá okkur á okkar aðstöðu. Við bjóðum ósnortið land með þeirri aðstöðu, að hér er hægt að kaupa ótakmarkaða orku með hagstæðu verði um alla framtíð. Að slík aðstaða sé einskis metin, ekki eitt cent, ber ekki vott um mikla samningshörku af okkar hálfu. Ég hefði talið, að vel hefði verið hugsanlegt, að þessi aðstaða, sem við höfum fram að bjóða, staðsetningarhagkvæmnin, sem talað er um, hefði a. m. k. verið metin jafnmikil tæknikunnáttunni, og tel þar ekkert of mikið í lagt. Ég er sannfærður um að það hafa áreiðanlega verið ánægðir menn, fulltrúar Union Carbide, þegar þeir gengu frá samningaborðinu eftir að hafa komist hjá því að slík aðstaða væri metin til nokkurs verðs. Og er það nokkur furða?

Þá vil ég fara nokkrum orðum um orkuverðið. Það verður að viðurkennast, að ég er ekki dómbær á þá hlið málsins. Hins vegar verður ekki hjá því komist, að maður hnýtur um að verðið er bundið alllangan tíma eða 4 ár á þessum viðsjárverðu tímum, þegar ekki er hægt að fá fast olíuverð hjá olíuframleiðslulöndum nema til fárra mánaða í einu. Ákvæði eru að vísu í samningunum um endurskoðun orkuverðs á fjögurra ára fresti, en þó er svigrúmið takmarkað við norskt orkuverð. Ég er ekki viss um að það sé að öllu leyti sambærilegt við okkar aðstæður. Norðmenn eru í þeirri aðstöðu, að þeir eru með fullafskrifuð orkuver, en við verðum með nýleg orkuver sem þurfa að standa undir geysimiklum fjármagnskostnaði. Hver tryggir, að aðstæður gætu ekki verið þannig hjá norðmönnum að þeir sæju sér hag í að halda orkuverði niðri? Það gæti jafnvel verið þáttur í byggðastefnu hjá þeim og vert að athuga að norðmenn verða innan tíðar ráðandi yfir geysimiklu fjármagni, þannig að þeir geta nánast sagt og gert hvað sem þeim sýnist í slíkum málum. Við getum þegar séð, að það er farið að valda stórkostlegum fólksflutningum olíuævintýrið í Stavanger, þannig að sú staða gæti myndast í Noregi, að til þess að viðhalda byggð og starfsemi gætu þeir leyft sér þann munað að fara með orkuna ofan í gjörsamlega ekki neitt, svo að það getur verið út af fyrir sig vafamál og nokkuð til efs, hversu hagkvæmt er að binda sig við slíkar viðmiðanir.

Mér fyndist, að það hefði verið miklu eðlilegra, að hlutlaus gerðardómur hefði verið miklu ákjósanlegri í þessu sambandi. Og sem sjálfstæðir aðilar, sjálfstæð þjóð, þá hef ég þann metnað að við eigum að reyna að byggja alla okkar samninga, jafnvel þótt að það sé við vinsamlega aðila eins og bandaríkjamenn, þannig að miðað sé við íslenskar aðstæður. Það er því skoðun mín, að þessi mál þurfi áreiðanlega mikillar og nákvæmrar athugunar við, ekki síst þar sem orkusalan sjálf virðist forsendan fyrir þessu öllu saman. Og þá er vert að hafa í huga, að samningur eins og þessi gerir óbeinlínis kröfu til þess að við flýtum orkuframkvæmdum. Það kemur hreinlega fram, að þetta er ekki nægilegt, Sigaldan. Það er beinlínis forsendan fyrir samningum að Hrauneyjarfossvirkjun verði flýtt. Því finnst mér, að það hafi ekki verið gert nóg að því í málum eins og þessu að reyna að ota fleiri aðilum, sem áhuga hafa á þessum málum um orkukaup, saman, og reyna að skapa einhverja valkosti, þannig að við værum ekki settir upp við vegg af einum aðila. Við skulum athuga það, að við erum að semja við harðsvíraða, duglega, ófyrirleitna viskiptakapítalista. Þess vegna verðum við að tala við þá á sama máli og máli, sem þeir skilja. Þar eru ekki góðir og gegnir embættismenn, hversu mikilhæfir sem þeir eru, líklegir til þess að ná bestum árangri.

Þá langar mig til þess að fara örfáum orðum um þátttöku ríkisins í þessu mikla fyrirtæki. Mín skoðun er sú, að þegar allar aðstæður eru metnar, þá gæti verið hér um geysimikið áhættufyrirtæki að ræða. Í rekstri fyyrirtækis sem þess, sem hér er um að ræða, geta orðið svo stórkostlegar verðsveiflur og fjármagnssveiflur að þar getur verið um stjarnfræðilega háar tölur að ræða. Við erum ekki alveg reynslulausir í þessum efnum. Nokkrar staðreyndir eru okkur þekktar í svipuðum málum. Fróðir menn hafa sagt mér í sambandi við álverksmiðjuna í Straumsvík, að ef við hefðum átt hana að öllu leyti og jafnvel þótt ekki væri nema að svipuðu leyti og ráð er fyrir gert í þessu frv., þá væri það fyrirtæki komið á syngjandi hausinn og kannske íslenska ríkið líka, ég veit það ekki. Ég hefði talið, að það hefði verið réttara að taka til alvarlegrar athugunar í sambandi við þessi mál í fyrsta lagi, að slík verksmiðja sem þessi væri algerlega eign hins erlenda aðila, en að hagsmunir okkar væru tryggðir með sölu orku og öðrum hagnaði í sambandi við starfsemi slíks fyrirtækis. Enn fremur gæti komið til mála eignaraðild og ég tek fram ekki endilega ríkisins, — eignaraðild innlendra aðila sem myndaðist á lengri tíma, smátt og smátt. Og í öðru lagi hefði ég talið, að það hefði ekki verið frágangssök, að staðið hefði verið að því að stofnað hefði verið fyrirtæki einstaklinga án þátttöku ríkisins, sem komið hefði fram sem viðsemjandi og þá jafnvel verið meirihlutaaðili, eins og ráð er fyrir gert hér, og þá jafnvel með einhverjum tilstyrk ríkisins. Ég er ekki í nokkrum vafa um að slíkt fyrirtæki hefði að mörgu leyti verið í betri samningsaðstöðu við fyrirtæki eins og Union Carbide. Ég held, að slíku fyrirtæki, ef valist hefðu til forustu hæfir og gegnir menn — og við eigum slíka menn til í þessu landi sem betur fer — að þeim aðilum hefði tekist betur að tala því máli, sem viðsemjendur okkar í þessu máli, Union Carbide, skilja, heldur er málið sem þessir opinberu embættismenn, sem eru útsendarar okkar og viðsemjendur, og er ég þó ekki með þessum orðum á neinn hátt að kasta minnstu rýrð á hæfni slíkra manna. Þeir eru bara í allt annarri aðstöðu. Það er það, sem gerir gæfumuninn í þessum málum. Og þó að slíkt fyrirtæki hefði að einhverju leyti þurft að fá fyrirgreiðslu af hendi hins opinbera, var það ekkert einsdæmi og við höfum mörg dæmi fyrir slíku, sbr. stórar ábyrgðir sem hafa verið veittar slíkum stórfyrirtækjum hér, eins og t. d. fyrir flugvélum o. fl. og ég veit ekki annað en fram undan séu stórar ábyrgðir í sambandi við rekstur Flugleiða hf. En með því

að hafa þennan háttinn á hefði samt verið hægt að minnka verulega áhættu ríkisins og jafnvel útiloka hana að fullu. Ég spyr: Af hverju er þessi opinbera forsjá og opinbera ofstjórn á öllum sviðum? Er ekki kominn tími til þess að endurskoða þessa afstöðu og losa um þau höft sem eru á því að einstaklingar og fyrirtæki geti í stórum mæli beitt sér að stórum verkefnum sem hér er um að ræða?

Með þessu frv. er verið að staðfesta einkarétt ríkisins á því að fá aðgang að erlendu fjármagni til fjárfestingar og framkvæmda í landinu. Það virðist vera meiningin að þessi staðfesting eigi að liggja fyrir og þetta sé stefnan sem hér eigi að ríkja um aldur og ævi. Mér er spurn: Væri hægt að fá yfirlýsingu áhyrgra aðila — og á ég þá t. d. við ráðh. úr báðum stjórnarflokkum — við umr. þessa máls, að breytingar yrðu gerðar á ákvæðum núgildandi laga um meðferð og vegferð fjármagns að og frá landinu, að einstaklingar og fyrirtæki, sem hefðu til þess aðstöðu, fengju sama rétt og ríkinu er gefinn með því frv., sem hér liggur fyrir? Ég vona, að það misvirði enginn við mig, þó að sjálfstæðisþm. Jón G. Sólnes leggi fram slíka fsp. eins og þessa. Sjálfstfl. hefur frá upphafi vega haft það á stefnuskrá sinni að vinna að því að draga úr ríkisrekstri, en efla að sama skapi einstaklingsframtakið. Þetta grundvallaratriði í stefnu flokksins hefur alla tíð heillað mig og lífsskoðun mín er mótuð af þessu stefnuskráratriði fyrst og fremst. En á sama tíma og verið er að herða á öllum sviðum frelsi einstaklingsins til athafna og framkvæmda í þjóðfélaginu er með þessu frv. með stuðningi ráðh. Sjálfstfl., ef að lögum verður, verið að stofna til stórkostlegs ríkiskapítalisma, sem gæti orðið upphafið að því að kyrkja allt frjálst framtak í þessu landi.

„Ung var ég gefin Njáli," sagði mikil hetja, þegar hún fylgdi manni sínum á bálið. Ég hef frá unga aldri verið hrifinn af stefnu Sjálfstfl. og reynt að vinna honum allt það gagn sem ég hef getað. En á þessu fyrsta aðalþingi sem ég sit sem kjörinn fulltrúi fyrir Sjálfstfl., er mér boðið að styðja frv. sem stuðlar að meiri eflingu ríkisrekstrar í þjóðfélaginu en nokkru sinni hefur átt sér stað fyrr. Þetta finnst mér erfiður biti að gleypa. Og ég hef ekki hetjulund hinnar merku konu, Bergþóru. Ég held, að ég láti það ógert. Ég lýsi andstöðu minni við þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, og mun greiða atkv. gegn samþykkt þess.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta geta verið tiltölulega fá orð. Hv. þm. Stefán Jónsson hefur þegar í ítarlegu og velrökstuddu máli komið inn á flest þau atriði, sem ég hefði viljað drepa á.

Það er þegar ljóst, að því skýrar sem þetta mál er dregið fram í dagsljósið, því meira óbragð er að því. Það þolir greinilega ekki fulla dagsbirtu. Og ýmislegt, sem kom fram í ræðu hv. þm. Stefáns Jónssonar, sem hefur haft mikið fyrir því að kynna sér þetta mál ítarlega og kynna sér það frá mörgum hliðum, — meginrökin í máli hans hafa sannfært mig um það, að málið þolir ekki fulla dagsbirtu. Það er m.a. þess vegna, sem ekki hefur verið orðið við því sem hann fór fram á, að þessu máli yrði frestað nægilega til þess að hið rétta og sanna í málinu mætti koma í ljós. Meginsjónarmiðin í hans ræðu voru og verða sönn, það má sem sagt ekki og á eflaust ekki að vinna að þessu máli á fullkomlega eðlilegan hátt. Það er þegar búið að dæma allt mengunartal sem markleysu eina og athugun öll í þeim efnum skal vera í lágmarki og síðan eigum við vitanlega að láta allt skeika að sköpuðu. Ég hefði sannarlega trúað þessu á hv. þm. Steingrím Hermannsson. Ég efast enn um það, að hann sé í hjarta sínu sannfærður um að allt sé í lagi. Eða á þetta bara að fara í gegn hvað sem öllum aðvörunum líður og við svo súpa seyðið af síðar, eins og hefur verið um önnur mál skyld þessu?

Ófagur var vitnisburður hv. þm. Stefáns Jónssonar um þennan auðhring, Union Carbide, og ekki til að vekja traust á honum þrátt fyrir ýmis falleg orð, sem hv. síðasti ræðumaður lét hér falla um ameríska kaupsýslumenn og þá aðallega, að mér skildist, kappgirni þeirra og hörku. En það, sem hv. þm. Stefán Jónsson kom hér inn á, var ekki fallið til þess að vekja traust á þessu fyrirtæki, síst á því sviði sem ég óttast mest að vanefndir verði á, þ. e. a. s. varðandi mengunina. Og ég dreg enga dul — frekar en ég gerði hér við 1. umr. málsins — á ótta minn við áhrif erlends fjármagns á íslenskt atvinnulíf. Það þarf engin ósköp til í okkar þjóðfélagssmæð, að um ofurefli verði að ræða. Og ef þetta er fyrsti áfanginn í sókn til erlendrar stóriðju hér á landi, eins og manni virðist vera, þá gæti svo farið, að það yrði þröng fyrir dyrum ýmissa, jafnvel þeirra sem dá og dýrka nú stefnu hins erlenda fjármagns inn í íslenskt atvinnulíf. En sem sagt, ítarleg ræða Stefáns Jónssonar var þannig, að ekki þarf þar um að bæta. Ég dreg hins vegar enn þá í efa þjóðhagslega hagkvæmni þessarar framkvæmdar. Enn hefur þessi stóriðja og nauðsyn orkusölu til hennar umfram okkar eigin þarfir til brýnustu nauðsynja mitt í allri olíukreppunni — þessi staðreynd hefur enn ekki verið rökstudd svo, að hún komi inn í mitt höfuð sem heilagur sannleikur. Eitthvað er þar, sem hljómar ekki nógu sannfærandi og samrýmist ekki fullkomlega öllu talinu um orkuskort okkar sjálfra, og eitthvað einnig, sem ekki kemur heim og saman að mínu mati. Og fjáröflun okkar til þessara framkvæmda, sem var rakin allnákvæmlega af hv. síðasta ræðumanni, kemur ekki heldur heim og saman við neyðaróp stjórnvalda um fjármagnsskort og væntanlegan niðurskurð opinberra framkvæmda. Þegar hinn margvísi talsmaður stórkapítalismans, sem hér var að ljúka máli sínu, hefur lýst fjármálahlið samninganna eins sannfærandi og hann gerði, þá hrekkur maður enn meira við og spyr sjálfan sig enn og aftur: Hvað ræður ferðinni, hvað veldur þessum ákafa að koma þessu í gegn? Það er greinilegt, að hvað sem öllu öðru líður, hversu mikið ósamræmi sem er í hverju einu sem snertir þetta mál, þá er greinilegt að þetta mál á og skal fram, og sá grunur læðist óneitanlega að manni, að svo mikla faðerniskennd hafi hv. þm. Steingrímur Hermannsson gagnvart þessu afkvæmi að það ráði ferðinni óþægilega mikið hjá þessum hv. þm.

Ég hélt sannarlega, að hið breytta ástand á öllum sviðum hlyti að kalla á endurmat, einnig gagnvart þessu máli, og það endurmat sýnist mér ekki hafa farið fram. Það endurmat hefði mér sýnst átt að fara fram, hefði verið frumskylda sjórnvalda að sjá innlendum aðilum fyrir nauðsynlegri orku umfram alla útlenda aðila eða aðila, sem við værum í samtengingu við. Og hvað sem öllum bréfum líður um að orkusala til útlendinga útiloki ekki sölu raforku til húshitunar, þá verð ég að lýsa því yfir að mig varðar ekkert um slík skrif. Mig varðar einungis um það, að íslendingar hafi forgang að þessari orku og við eigum að nýta þá orku á þann besta veg fyrir okkur, sem við mögulega getum. Þar eru vissulega stór verkefni í dag, sem bíða og þarf að sinni, en ég efast sannarlega um að verði sinnt eins vel, þegar þessi stefna er tekin. En það er fleira, sem bendir í þá átt, að það eigi ekki að huga eins rækilega að eigin orkuþörf, það eigi að fara inn á nýjar brautir.

Við 1. umr. þessa máls var ég með ýmsar fsp. sem snertu ekki þetta mál beint, og hæstv. iðnrh. greindi mér þá frá því, að hann mundi svara fsp., sem ég þá beindi m. a. til hans. Síðan hefur ýmislegt orðið þann veg, að ég ítreka þessar spurningar og æski svara. Í síðasta sunnudagsblaði Morgunblaðsins birtist erindi Jóhannesar Nordals, fagnaðarboðskapur hans til fundarmanna á þingi Sambands ísl. rafveitna, og þessi fagnaðarboðskapur bendir allur í þá átt, sem ég vék að við 1. umr. málsins. Aðalatriði þessarar hugvekju seðlabankastjórans eða hrollvekju, sem kannske væri nær að kalla hana, er aukin stóriðja. Og ég sé ekki neina fyrirvara þar á. Ég sé ekki rúmast þar neina viðvörun um mengun eða hættu á því að lífríki Íslands bíði tjón af þessari stóriðju, því síður að stóraukin þátttaka erlends fjármagns í íslensku atvinnulífi boði neina vá. Fagnaðarerindi skal það allt vera að dómi seðlabankastjóra, sem jafnframt er formaður stóriðjunefndar. Þarna virðist fulltrúi Mammonshugmynda einna tala. En orð þessa manns verða ekki tekin sem markleysa, sem óskhyggja. Það hefur áður á sannast að hann hefur meiri lög að mæla en landsfeður sjálfir, að því er virðist.

Ég ræddi við 1. umr. um Austurland, sem ég tel nátengt þessu máli, nátengt þann veg, að málmblendiverksmiðja í Hvalfirði hlýtur að skoðast sem fyrsti áfangi í nýrri stórsókn stóriðju á Íslandi, meira og minna erlendrar stóriðju. Það bendir margt til þess einmitt í þessari tilvitnuðu grein, að mest verði um það hugsað, að erlent fjármagn verði í framtíðinni í meiri hluta, enda margoft komið fram að þessi valdamikli embættismaður, sem ég vitna hér í, telur engin tormerki á því, nema síður sé. Mig langar til að koma fram með nokkrar aths. varðandi grein þessa og vona, að hæstv. iðnrh. taki þar af öll tvímæli um þau atriði.

Það er rétt, það hafa verið sett lög um Bessastaðaárvirkjun, heimildarlög, en ákvörðun um framkvæmdir vantar að sjálfsögðu. Ég fagnaði því mjög, hversu hæstv. ráðh. brá vel við í haust varðandi þessi áform austfirðinga. Nú segir í grein Jóhannesar Nordals, að hugsanlegt sé, að Bessastaðaárvirkjun bíði væntanlegrar stórvirkjunar á Austurlandi. Og óskhyggjan er sterk og orðin verða ekki talin markleysa. Ég vona satt að segja að hæstv. ráðh. afneiti þessu með öllu. Í greininni er lögð tvívegis sérstaklega þung áhersla á það, að gífurlegt starf sé óunnið á Austurlandi í sambandi við rannsóknir á stórvirkjun þar. Í framhaldi af því, sem kvisast hefur æ ofan í æ um tilboð erlendra aðila um hlutdeild í virkjunarrannsóknum eystra, bæði hvað snertir fjármagn og tækniþekkingu, þá hvarflar að mér, hvort hér sé verið að þrýsta á að nota þessa möguleika til að flýta þessu mikla starfi, þessu gífurlega óunna starfi, þ. e. a. s. taka hverju sem býðst, jafnvel því að erlendir aðilar ráði ferðinni meira og minna. Við 1. umr. þessa máls kom afneitun hv. þm. Steingríms Hermannssonar mjög sterkt hér fram og ég vil fá jafneindregna afneitun hæstv. ráðh. á því, að útlendingar komi ekki inn í þessar virkjunarrannsóknir okkar, eins og maður er ætíð að heyra meira og minna um. Og þó að það snerti ekki beint þetta mál, þá minni ég enn og aftur á það til þess að þurfa ekki að gera um það sérstaka fsp. í þinginu því að annars hefði ég verið til þess neyddur, að áætlun um erlenda stóriðju á Reyðarfirði vekur mér ætíð jafnmikinn ugg. Og Jóhannes Nordal seðlabankastjóri gerir svo sannarlega ráð fyrir stóriðju við Reyðarfjörð einan staða á Austurlandi, og það hlýtur að vera, að þar sé um mikil áform að ræða í tengslum við þá stórkostlegu virkjun, þ. e. a. s. Austurlandsvirkjun hina stærstu, sem Jóhannes hefur greinilega í huga. Þetta fer mjög í takt að vísu við till. þá sem hefur verið flutt í Nd. nú í annað sinn af hv. þm. Sverri Hermannssyni, sem er greinilega á sömu skoðun. Og það samræmist vel umleitunum útlendinga um það að komast í samband við okkur á Reyðarfirði um að koma á fót þar orkufrekum iðnaði.

Hv. þm Steingrímur Hermannsson sagði, að fyrirheit um þetta væru engin. Ég var nú að vona að hann segði, að þau mundu ekki verða gefin. Spurningin verður þess vegna: Verða þau gefin í framtíðinni, fyrirheit um þessa stóriðju, og verður Austurlandsvirkjun skoðuð eingöngu með þetta í huga? Ég vara hér við í fullri einlægni. Mér er annt um þennan stað, mér er annt um lífríki hans, mér er annt um byggð hans í dag, og mér er annt um eðlilega þróun þessarar byggðar. Ég mun því beita mér eystra sem annars staðar gegn öllum áformum um stóriðju á þessum stað, beita öllum áhrifum mínum til þess að koma í veg fyrir öll þau áform, sem ekki eru innan þeirra takmarka, sem ég tel fullnægjandi. Eina hugsanlega iðjuverið væri í minum huga nú áburðarverksmiðja af smærri gerð. Við risaáformum vara ég og vildi gjarnan ítreka spurningar mínar til hæstv. iðnrh. þar af leiðandi og fá um þær svör frá honum, því að glöggt er hvað seðlabóndi hyggst fyrir, og þá verður annarra hlutskipti að hafa fyrir honum og öðrum stóriðjupostulum eitthvert vit. Afgreiðsla málmblendimálsins bendir ekki til þessar vitrænu leiðar því miður, og því er uggur minn um Reyðarfjörð meiri en ella.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra foresti. Ég vil reyna að svara í örfáum orðum nokkru af því, sem hér hefur komið

fram. Þó vil ég, áður en ég kem að efnislegum þáttum málsins, lýsa því, að mig furðar á þeirri málsmeðferð sem hv. þm. Stefán Jónsson hefur þegar hann ræðir um það sem ég og aðrir eiga að hafa sagt. Satt að segja tel ég það vítavert, hvernig hann hefur farið með þá þætti.

Hann sagði t. d., að ég hefði fullyrt að framkvæmdastjóri hefði verið ráðinn að fyrirtækinu. Ekki man ég reyndar glöggt, hvernig orð voru nákvæmlega, en mig minnir að ég hafi sagt eitthvað á þá lund, að væntanlegur framkvæmdastjóri væri hér á ferðinni. Aðalatriðið er hins vegar það, að það kom fljótlega í ljós að þetta misskildist, þegar hv. þm. Albert Guðmundsson á nefndarfundi spurði nánar um það, og ég gerði þá grein fyrir því, hvernig þessu máli er háttað. Ég gerði grein fyrir því, að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hefur talið æskilegt að fá erlendan, tæknifróðan mann á þessu sviði til þess að vera um stund tæknilegur framkvæmdastjóri verksmiðjunnar. Þetta er ekki nýtt. Ég vil benda t. d. á það, að þegar Áburðarverksmiðjan hf., núv. Áburðarverksmiðja ríkisins, hóf að starfa, þá var þetta gert. Union Carbide benti á mann, sem kemur til greina og stjórn verksmiðjunnar mun að sjálfsögðu ákveða hvort hún ræður, ef af verksmiðjunni verður. Þetta viðurkenndi raunar hv. þm. Hins vegar byggði hann allan sinn málflutning á því, sem miskilið var þá, augsýnilega á fyrstu orðum mínum og reyndi að gefa til kynna að ég hefði sagt að framkvæmdastjóri væri ráðinn. Ég vil andmæla svona málflutningi.

Ég sagði heldur aldrei, að það væri gersamlega ástæðulaust að framkvæma líffræðilega athugun. Ég lýsti þeirri skoðun minni að það væri ekki ástæða til þess að framkvæma slíka líffræðilega athugun í þessu sambandi. Jafnframt lagði ég á það áherslu, að ég teldi æskilegt, að það væri hin almenna regla, en það væri gersamlega ástæðulaust hef ég aldrei sagt. Og ætlar hann virkilega að standa á þeirri fullyrðingu sinni að ungur menntamaður, sem lagt hefur mikla vinnu í þetta, verkfræðingurinn Eyjólfur Sæmundsson, sitji nú við það að setja Ísland í stað Bandaríkjanna í ameríska staðla? Ætlar hann virkilega að láta þetta birtast án þess að það verði leiðrétt? Ég vona að hann verði maður til að taka aftur slík ummæli við þessa umr. Ég veit að sá ungi maður vinnur mjög ötullega að því að kynna sér alla þætti þessa máls, er m. a. nú í Noregi til að kynna sér málið, mun eiga þar fundi með norskum aðilum á þessu sviði. Það verður líklega næst upplýst, að hann sé að setja inn í staðinn fyrir Noreg Ísland í þá staðla sem norðmenn eru að gera um sinn málmblendiiðnað. Nei, ég ber fullkomið traust til þessa manns, og ég hélt satt að segja að hv. þm. gerði það einnig.

Fleira slíkt gæti ég rakið, en ég vil ekki vera að þreyta hv. þm. á pexi um þetta, heldur snúa mér að málefnalegri hlið málsins. Ég læt hér nægja að lýsa vonbrigðum mínum með þennan málflutning, ekki síst þar sem þetta er stundum og æðioft gert um leið og vitnað er í vinskap.

Hv. þm. rengdi það áðan, að ég hafi farið rétt með úr bréfi fyrrv. iðnrh., Magnúsar Kjartanssonar. Bréf þetta var skrifað 21. maí 1974, og þar sem ég heyri, að hv. þm. er enskan töm, þá ætla ég að lesa þetta hér á ensku. Hann segir þar:

„First of all can I confirm to yo, that the government and myself are of the opinion that the terms and conditions negotiated with you were acceptable in all principal aspects and we had, and still have a strong and continued interest in the implementation of the project at an early date."

Ég veit, að hv. þm. skilur þetta mjög vel, þó skal ég fara yfir þetta lauslega á íslensku:

„Fyrst og fremst vil ég staðfesta við yður, að ríkisstj. og ég sjálfur erum þeirrar skoðunar, að skilyrði þau, sem samið var um við yður, séu viðunandi — (acceptable), geti orðið samþ. í öllum meginatriðum — og við höfum enn sterkan og áframhaldandi áhuga á því, að verkefnið verði framkvæmt fljótlega."

Hann segir svo í lok þessa bréfs:

"We can now only hope, that this matter can be taken up speedily following the forthcoming election."

En hann hefur jafnframt í bréfinu gert grein fyrir því, að fram undan séu kosningar og því geti hann að sjálfsögðu ekkert sagt um það, hvað taki við á eftir. En hann lýsir þarna þeirri von sinni að þetta verði tekið upp fljótt þegar eftir væntanlegar kosningar.

Ég held, að þarna fari ekkert á milli mála og mér sýnist að það, sem ég sagði áðan, standist fyllilega við það, sem ég hef nú lesið úr bréfinu sjálfu.

Raforkumálin voru ekki mikið rædd, en þó vil ég mótmæla því, að nokkurn tíma hafi komið fram hjá nokkrum manni, sem raforkumálin hefur rætt, hvorki stjórnarsinna, stjórnarandstæðingi né sérfræðingi, neikvæð afstaða til þess að bæta úr raforkuþörf landsmanna. Ég varð ekki var við annað en allir þm., m. a. hv. þm. Stefán Jónsson og allir þm. í iðnn., hafi lagt á það höfuðáherslu að kanna sem best þetta atriði. Þess vegna fagna ég, að iðnn. fékk með litlum fyrirvara nýtt yfirlit frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, sem að mínu viti bætir mjög úr þörf um upplýsingar af þessu sviði og svarar spurningum sem brunnu á mér áður en þetta kom, þótt ég hefði kynnt mér þetta mál vel. Ég fagna því, að þar koma frá sjálfstæðum aðila skoðanir, sem sannarlega styðja það að þessi verksmiðja mun ekki draga úr raforku sem fáanleg er til annarra þarfa, sem við viljum sannarlega allir bæta úr. Og ég varð raunar ekki var við það að hv. þm. treysti sér til að vefengja þær upplýsingar, sem liggja fyrir skriflega frá þessari Verkfræðistofu eða frá Landsvirkjun um raforkuverðið.

Hv. þm. ræddi mikið um náttúruvernd, enda hefur hún mjög verið til umr. á fundum n. M. a. ræddi hann enn um bréf Náttúruverndarráðs og las eitt bréf til viðbótar sem Náttúruverndarráð skrifaði iðnrn. Ég gat að vísu um það. Ég vil aðeins undirstrika það sem kom fram í þeim lestri, að í því bréfi leggur Náttúruverndarráð ekki til að fari fram líffræðileg athugun á umhverfi verksmiðjunnar í Hvalfirði áður en ákvörðun er tekin um byggingu hennar. Þó er þetta bréf skrifað 27. jan. 1975, eftir að líffræðistofnun Háskóla Íslands skrifar Náttúruverndarráði

og fer fram á að slík athugun verði gerð. Ég þarf ekki að lesa bréfið aftur, það hefur verið lesið og liggur hér frammi. Þar er ekki minnst á slíkt. Ég hef einnig hér undir höndum fundargerð 177. fundar Náttúruverndarráðs 23. jan. 1975. Þar kemur ekki fram nein slík samþykkt. Þó mun hv. þm. eflaust kannast við það, að hann taldi á fundi iðnn. að svo hefði verið. Ég ætla ekki að lengja þetta með því að lesa hana upp. Hins vegar skal ég afhenda hv. þm. þessa fundargerð ef hann óskar þess. Ég tel, að Náttúruverndarráð hafi haldið mjög eðlilega á þessu máli. Í þeim lögum um náttúruvernd, sem ég las áðan, 29. gr., kemur greinilega fram, að Náttúruverndarráði ber að fylgjast með hönnun verksmiðjunnar og með bréfi Náttúruverndarráðs fá 27. jan. s. l., er Náttúruverndarráð að undirstrika þessa skyldu sína. Það vill fullnægja þessari skyldu laganna. Og iðnrn. hefur með milligöngu n., sem hæstv. iðnrh. hefur skipað til þess að fylgjast með tæknilegum undirbúningi þessarar verksmiðju þar til stjórn hennar er komin á fót ef samþ. verður, gert ráðstafanir til þess að Náttúruverndarráð fái að fylgjast með öllum undirbúningi að hönnun þessarar verksmiðju.

Ég vil einnig mótmæla því, að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hafi mistúlkað bréf Náttúruverndarráðs. Það stendur skýrum stöfum á síðu 18 í frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, að viðræðunefndin hefur leitað umsagnar Náttúruverndarráðs um staðarval verksmiðjunnar. Það stendur ekkert annað en þetta. Þetta er eini staðurinn, þar sem á þetta er minnst: „Um staðarval verksmiðjunnar.“ Sjálfur notaði hv. þm. einmitt þetta orð a. m. k. tvisvar sinnum: staðarval. Leitað var umsagnar um staðarval. Það kom fram í bréfinu, sem ég las áðan og sé ekki ástæðu til þess að lesa og ætla ekki að fara að endurtaka hér. Viðræðunefndin vísar hvergi annars staðar til þessa bréfs.

Hv. þm. gerði að töluverðu umræðuefni kvaðningu Agnars Ingólfssonar prófessors á fund iðnn. Ég vil segja hv. þm. það, og raunar var ég búinn að skýra frá því, að ég ræddi við Agnar Ingólfsson mjög snemma við meðferð málsins. Ég hef hins vegar litið svo á og lít svo á enn, að Náttúruverndarráð sé eðlilegur aðili í þessu sambandi. Ég taldi því eðlilegt og reyndar vænti þess, að líffræðingur úr röðum Náttúruverndarráðs yrði með á þeim fundi, sem fulltrúar Náttúruverndarráðs mættu á. Svo varð því miður ekki. Og það var eftir það, að ég taldi eðlilegt að Agnar Ingólfsson mætti á fundi n. Ég held, að það hafi ekkert farið á milli mála. Ég fagna því, að prófessor Agnar Ingólfsson mætti á þeim fundi og gaf mjög athyglisverðar upplýsingar um álit sitt á þessum líffræðilegu rannsóknum og hvernig þær fara fram. Ég er fróðari eftir. Hins vegar vil ég benda á það t. d., að prófesor Agnar var spurður að því, hvort í þeim mikla aragrúa af ritum sem hann hefur að sjálfsögðu kynnt sér um líffræði vissi hann um nokkurt rit á þessu sviði. Hann kannaðist ekki við neitt. Veit ég, að hv. þm. man eftir þessu. Þetta kom fram. Og það er dálítið furðulegt, ég verð að viðurkenna það, að í skrá yfir um 40 eða 50 rit, sem fylgir skýrslu umhverfisverndarráðs Bandaríkjanna, er ekki eitt einasta rit um líffræðilega rannsókn á þessu sviði. Sú spurning hvarflar að mér, hvort ekki sé það rétt, sem forráðamenn Statens forureningstilsyn í Noregi sögðu þegar ég spurði þá um slíkt rit, að líffræðingar séu þar sammála um, að ekki séu þau skaðleg áhrif af þessu ryki að ástæða sé til að leggja í dýrar rannsóknir. Þarna virðist ýmislegt til þess benda.

Hv. þm. viðurkennir, að það hafi komið fram hjá prófessornum að hann eða samstarfsmenn hans væru ekki lausir nú til að fara í slíka rannsókn. Ég fagna því, því að áður hefur þetta ekki komið fram í ræðum hv. þm. Ég sagði aldrei, að það væri fullvissa mín, að menn fengjust ekki frá Noregi. Ég sagði, að ég teldi ekki ólíklegt, að menn væru þar einnig önnum kafnir við kennslu. Ég tel það ekki ólíklegt. A. m. k. tæki nokkurn tíma að kanna slíkt og yrðu 5 vikurnar að mínu mati fljótar að líða. Þetta er þó ekki aðalatriðið. Ég vil undirstrika þá skoðun mína, að ég tel að það eigi að vera verkefni Náttúruverndarráðs að láta fara fram slíka rannsókn og Náttúruverndarráð hefur ekki í skriflegum heimildum, sem ég hef undir höndum, og hef ég þó óskað eftir þeim öllum sem fáanlegar eru, gert neina aths. að þessu lútandi.

Hv. þm. kvartaði undan því, að ég hefði ekki fengið formann Búnaðarsambands Borgarfjarðar á fund n. Það er rétt, að mér er ekki kunnugt um enn hver hann er. Hins vegar óskaði ég eftir því, að framkvæmdastjóri þess, sem ég veit hver er, Bjarni Arason, kæmi á fund n., og starfsmaður þingsins mun geta staðfest það, að hann gerði ítrekaðar tilraunir til að fá hann á fund n. þann mánudag, sem við héldum fund með forráðamönnum sveitarfélaganna. En það tókst ekki að hafa samband við hann, hann var ekki heima. Ég reyndi það einnig þá helgi, en tókst ekki heldur.

Ég taldi ekki ástæðu til þess, enda komu engar ákveðnar skoðanir eða óskir fram um það þótt það væri nefnt, að þessi maður væri fenginn á sérstakan fund, því að satt að segja fæ ég ekki séð hvað hann getur lagt til mála umfram það, sem heimamenn höfðu gert og hinir fjölmörgu sérfræðingar, sem á fund n. voru kvaddir. Við höfum álit Búnaðarsambands Borgarfjarðar, það er enginn að vefengja það. Það hefur verið birt í blöðum, það hefur verið rakið hér, og við hljótum að meta það eins og það stendur skrifað.

Ég hef ekki miklar aths. að gera við álit Búnaðarþings. Þar er að mínu viti margt mjög skynsamlega sagt sem ég gæti gjarnan gert að mínum orðum í þessu sambandi. Ég tel hins vegar að það sé óraunhæft og byggist á misskilningi hjá Búnaðarþingi, að nauðsynlegt sé að fram fari líffræðileg athugun á þessu svæði áður en ákvörðun er tekin um verksmiðjurekstur inn.

Ég vil endurtaka það, sem ég hef sagt áður, að ég tel að ekkert hafi komið fram frá neinum aðila, ekki heldur þeim sem óska eftir slíkri athugun, hvað á að rannsaka, hvaða efni það eru sem eru skaðleg. Engin slík ábending hefur komið fram þrátt fyrir margítrekaðar spurningar mínar og fleiri manna um það. Ég tel, að

áherslan á þetta sé byggð á misskilningi og e. t. v. ekki að litlu leyti á því moldryki, sem upp hefur verið þyrlað um þetta mál og notað — vil ég leyfa mér að segja — í pólitísku æsingaskyni, eins og að mínu viti tvímælalaust var á margumræddum fundi á Leirá. Mér finnst ekkert undarlegt, þó að fjöldinn, sem sannarlega vill hreint land ekkert síður en við, óttist og vilji að þarna sé farið að með mikilli varúð. Ég fagna því að farið er af varúð. En við megum ekki nota þetta tískufyrirbrigði sem eins konar grýlu í vafasömum tilgangi.

Hv. þm. ræddi töluvert um Union Carbide, það vonda fyrirtæki. Ég efast ekki um að það er víða pottur brotinn hjá Union Carbide eins og hjá öllum þeim stóru fyrirtækjum, og ég er enginn sérstakur málsvari þeirra. Hv. þm. Jón G. Sólnes tekur það þá fremur að sér. Þetta eru hákapítalistisk fyrirtæki. En ég held, að það sé víðar pottur brotinn. Ég vildi t. d. benda á ríkisverksmiðjuna norsku, sem mikið hefur verið kvartað undan, og þannig mætti lengi rekja. Ég efast ekki um, að þessi hringur eins og aðrir reynir að auka sinn hagnað og drýgja sínar tekjur. En staðreyndin er sú, að okkur datt aldrei í hug að taka Union Carbide eitt trúanlegt á þessu sviði. Þess vegna fórum við af stað og öfluðum upplýsinga frá Noregi, ræddum við umhverfisverndarráð Bandaríkjanna og fleiri. Það gleður mig hins vegar, og það vona ég að sé mannlegt, að jafnvel starfsmenn þessa vonda hrings reyndust hafa sagt satt samkv. staðfestum upplýsingum frá umhverfisverndarráði Bandaríkjanna og fleirum. Ég fagna ávallt því þegar slíkt kemur fram. Ég gæti einnig lesið hér grein úr Business Week, grein sem birtist 9. nóv. 1974 og heitir „Union Carbide big clean-up job“ og hér fylgja tvær myndir, önnur fyrir og hin á eftir. Hér er vitnað m. a. í yfirmann Virginíufylkis í þessum málum, þar sem hann hælir því, hvað þeir hafi náð gífurlega langt á örfáum árum í að hreinsa upp þann mikla skít og ryk sem frá þessum verksmiðjum stafaði áður. En ég ætla ekki að lesa þetta upp. Hv. þm. getur fengið ljósrit af þessu og aðrir hv. þm. ef þeir óska. Ég gæti einnig vitnað í Washington Post um svipað leyti, sem ræðir um umhverfismálin og nefnir sérstaklega Union Carbide og telur, að þeir hafi þar forustu. En staðreyndin er sú, að þetta er ekki vegna þess að fyrirtækið sé svo gott. Staðreyndin er sú, að hinir ströngu staðlar í Bandaríkjunum eru þess valdandi nú, að hin ríku og stóru fyrirtæki komast undir staðlana, ef ég má orða það svo, og skáka sínum keppinautum. Þeir nota sitt gífurlega fjármagn, sína gífurlegu rannsóknarstöð, vísindin og allt það sem þau hafa aðgang að, og þau tæki sem litlu fyrirtækin hafa ekki aðstöðu til að nýta. Þetta er e. t. v. aðalástæðan, — ég veit það ekki, en mér finnst það ekki ólíklegt.

Það hefur komið fram í bandarískum ritum, að margir óttast að þessir ströngu staðlar umhverfisverndarráðsins leiði til vaxandi einokunar þessara stóru hringa og stríði nánast gegn einokunarlögum, sem þeir hafa þar og við því miður höfum ekki. Um þetta mætti margt segja, en ég læt þetta nægja. Við teljum, að hér séu tryggð bestu tæki sem fáanleg eru til hreinsunar, og það er aðalatriðið.

Mengun upp að marki Bandaríkjanna, var sagt, með því að taka þessa staðla. Ég held, að það hljóti allir að sjá, að slíkur staðall, sem á við hverja einstaka verksmiðju, tryggir að sjálfsögðu ekki mjög heildarmengunarmagn þegar slíkar verksmiðjur eru margar. Ég vona sannarlega, að við fáum aldrei tugi eða hundruð stóriðjufyrirtækja samanþjöppuð hér á landi. Ég held, að við höfum ekkert að gera með slíkt og það eigi ekki að vera meginstefnan í okkar þróun. Ég held hins vegar að þeir staðlar, sem eru gerðir til þess að tryggja þessa heildarmengun sem minnsta og því strangir, séu þess vegna góðir þegar fyrirtækin eru svona fá, ekki síst þegar fyrirtækið er aðeins eitt. Ég vil því andmæla þessu, og tel að rökstuðningurinn, eins og ég benti á, sé allt annar og eðlilegri en fram kom hjá hv. þm. Ég ætla ekki að lesa bréfin frá eiturefnanefnd.

Ég harma það, að hv. þm. stóð ekki við það sem hann sagði í upphafi síns orðs, að láta Baldur Johnsen njóta þess að hann er fjarverandi. Ég gat ekki fundið, að hann léti hann njóta þess. Þetta var fyrst og fremst hörð ádeila á forstjóra Heilbrigðiseftirlitsins og talið, að hann sýndi þarna — ég vil næstum segja: vítavert gáleysi og starfshætti. Ég er þessu algerlega andmæltur. Forstjóri Heilbrigðiseftirlitsins freistaði þess aðeins að fá á skömmum tíma fram eitthvert álit frá eiturefnanefnd. Þar fara bréfaskriftir enn fram og eiturefnanefnd er með málið enn í meðferð og mun, hygg ég, tvímælalaust skila áliti innan tíðar.

Fleiri orð vil ég ekki hafa um ræðu hv. þm. Þó vil ég segja það að lokum, að hann virtist hneykslast á því, að ég færi eftir minni persónulegu sannfæringu. Eigum við ekki allir að gera það? Er það ekki skylda okkar þm. að fara eftir okkar persónulegu sannfæringu? Svo hef ég skilið starf mitt hér og mun skilja þannig áfram. Ég hef sannfærst persónulega um hina ýmsu þætti þessarar verksmiðju og afstaða mín er eingöngu tekin af persónulegri sannfæringu minni og engu öðru, og þannig vildi ég gjarnan að hv. þm. starfaði og færi eftir engu öðru.

Hv. kapítalistinn Jón G. Sólnes talaði hér áðan og flutti skemmtilega ræðu. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um hana. Við erum á öndverðum meiði að ýmsu leyti, þó að ég geti tekið undir ýmis sjónarmið hans. Það má vel vera, að hv. þm. hefði getað fengið betri samninga við þetta fyrirtæki. En ég vil leyfa mér að fullyrða, að til þess hefði orðið að fórna ýmsu, sem ég þykist viss um að hann muni vilja fórna, t. d. fórna því að við eigum þarna meiri hluta. Þetta var eitt aðalásteytingarefnið lengi vel, fyrirtækið vildi eiga meiri hluta. Það má vel vera, að þetta fyrirtæki hefði selt sína tækniþekkingu á lægra verði til eigin fyrirtækis, sem það á meiri hluta í. Ég skal ekki segja um það, mér þykir það ekki ólíklegt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að meirihlutaaðild íslenska ríkisins í þessu fyrirtæki sé grundvallaratriði sem ekki beri að bregða frá — þarna ber mikið á milli hjá okkur, — og ég er reiðubúinn að greiða töluvert fyrir það.

Ég hef áður lýst þessari tækniþóknun og einnig rætt nokkuð um tækniþjónustuna. Ég tel mig satt að segja bera nokkurt skynbragð á þetta. Ég hef heimsótt rannsóknarstofurnar og séð, hvað þar er mikið gert. Við höfum einnig í höndum álit sjálfstæðra sérfræðinga einmitt á þessum þætti, og ég get ekki annað í stuttu máli en lýst aftur minni persónulegu sannfæringu, að það sem hér er keypt, sé margfalt þess virði. Staðreyndin er sú, að í öllum þessum iðnaði ræður tækniþróunin orðið ákaflega miklu og miklu meiru en jafnvel ágætir kapítalistar á Íslandi gera sér grein fyrir. Staðreyndin er sú, að tækniþróunin er jafnvel að verða meira ráðandi en flest annað. Tækin verða úrelt á skömmum tíma og það er einmitt gegnum gífurlegt samsafn tækniþekkingar sem þessi stóru fyrirtæki, eins og ég rakti áðan, eru að ná vaxandi yfirráðum á sviði mengunar. Ég tel þessa samninga um tækniþekkinguna og þjónustuna við allt, sem hér kann að fara úrskeiðis, einmitt meðal bestu trygginga þess að því fjármagni, sem íslenska ríkið ráðstafar hér, sé vel ráðstafað. Ég tel það einnig vera gífurlega tryggingu, að fyrirtækið Union Carbide tekur að sér sölu á þessari framleiðslu gegnum þau miklu sambönd og þjónustu sem það hefur á þessu sviði. Þetta eru mínar persónulegu skoðanir, og þær ráða miklu um það, að ég er fylgjandi þessu máli.

Hins vegar er það vitanlega mjög mikið atriði og kannske aðalatriðið, hvort fjármagn, sem ríkið leggur í þetta fyrirtæki, er vel tryggt, og um það má sannarlega lengi ræða. En ég vil benda á álit Þjóðhagsstofnunar. Þar kemur fram að Þjóðhagsstofnunin telur mjög varlega ályktað í þessu sambandi, og Þjóðhagsstofnunin telur, að það fjármagn, sem þarna er lagt fram, endurgreiðist á skynsamlegan og hæfilega máta, eins og fram kemur í skýrslum viðræðunefndar um orkufrekan iðnað. Því sýnist mér ljóst, að hættulaust sé að ráðstafa því fjármagni sem hér um ræðir. Ég á erfitt með að hjá stórum minni áhættu fyrir íslenskan þjóðarbúskap, þótt einstaklingar væru þarna með meiri hluta. Ég tek það fram, að ég er mótfallinn því. Það er okkar reynsla, að ríkið verður að hlaupa undir bagga þegar eitthvað ber upp á. Og ber þá ekki að sama brunni?

Hv. þm. Helgi F. Seljan kom ekki að mörgum atriðum, sem ég þarf að spjalla um. Ég vil benda honum á það, þegar hann ræddi um ofurefli erlendra aðila, þá vil ég fyrst og fremst beina því til hans, hvort það hafi engin áhrif á hann, sem fram kemur í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, að vinnsluvirði þessarar verksmiðju er aðeins 1.1% af heildarvinnsluvirði íslensks þjóðarbúskapar. Hefur það engin áhrif á hv. þm., að jafnvel í þessum litla hundraðshluta er þó íslenska ríkið meirihlutaaðili? Þetta eru hvort tveggja atriði sem verka mjög sterkt á mig. Og ég harma það, sem þm. lætur frá sér fara, að hann varði ekkert um skrif eða fullyrðingar um næga orku. Ég held, að við hljótum að skoða slíkt mál af skynsemi og meta þær upplýsingar sem fyrir liggja.

Svo er það að lokum stóriðja. Hann virðist vera henni mjög andsnúinn. Hvað er stóriðja? Það væri gaman að ræða það einhvern tíma við betra tægifæri. Er það bara stóriðja, sem erlendir aðilar eru stórir þátttakendur í? Eigum við ekki ýmis stóriðjufyrirtæki hér á sviði sjávarútvegs? Er það bara stóriðja sem notar mikla orku? Þannig getum við lengi velt fyrir okkur. Ef það er eingöngu stóriðja, sem notar mikla orku, er þá skakkt að reyna að nýta orkulindir okkar til aukins iðnaðar? Orkulindirnar eru auðlindir alveg eins og fiskurinn í sjónum og eiga sannarlega að verða grundvöllur eðlilegrar þróunar þessarar atvinnugreinar, iðnaðarins, sem byggir verulega á orku. Ég sé út af fyrir sig ekkert rangt við orðið stóriðja. Við verðum að meta hvert tilfelli út af fyrir sig. Mér þykir það furðulegt, sem ég heyrði einhvern segja, að áburðarverksmiðjan væri í lagi af því að hún væri þjóðleg. Áburðarverksmiðja, ef hún á að vera samkeppnisfær, þarf 400 mw., en margfalt, margfalt stærri en þessi. Er það góð stóriðja? Og er þetta vond stóriðja? Nei, ég legg áherslu á það, að stóriðja sem slík er ekkert markmið. Stóriðja á að þróast hér í eðlilegu samhengi við okkar virkjanir og við eigum að sjálfsögðu að meta hvert slíkt fyrirtæki sem einstakt fyrirtæki, sérstakt fyrirtæki og meta vandlega, hvort að því er hagsbót fyrir okkar þjóðarbúskap, og taka afstöðu til þess sem slíks.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka iðnn. þessarar hv. d. fyrir störf hennar og sérstaklega form. hennar og frsm. N. hefur lagt mjög mikla vinnu í könnun þessa máls, og eins og kom fram í ræðu hv. frsm., kallað fyrir sig fjölmarga aðila og aflað hinna margvíslegustu upplýsinga.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. lýsti sig andvígan því, að ríkið eða ríkissjóður tæki þátt í svona stórfelldum atvinnurekstri, ætti meiri hluta í þessu fyrirtæki. Ég skil sjónarmið hans ákaflega vel. Nú er það þannig að ég tel það mikils virði og í rauninni frá mínu sjónarmiði er það eðlilegt og sjálfsagt að íslendingar eigi meiri hluta þess fyrirtækis sem hér er um að ræða. Þá er spurningin að vísu hvort mætti fullnægja því sjónarmiði á annan veg en hér er gert ráð fyrir, þannig að það væri ekki aðeins íslenska ríkið, sem þar kæmi til, heldur að almenningi væri t. d. einnig gefinn kostur á að kaupa hlutabréf í þessu félagi. Ég teldi margt mæla með því að slíkt væri heimilað. Hvort þetta yrði gert að almenningshlutafélagi, þ. e. hluti íslendinga í þessu, að hve miklu leyti ríkið væri þar aðili eða almenningur, skal ég ekki ræða hér, en mér finnst það vissulega vera til athugunar og vek athygli á því að í lok 2. gr. frv. segir: „Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins“ o. s. frv. „nema samþykki Alþingis komi til.“ Ef Alþ. vill getur það auðvitað á hvaða stund sem er breytt þessu þannig að það sé ekki ríkissjóður einn, sem þarna eigi hlut að máli, heldur geti íslendingar, íslenskir ríkisborgarar, keypt þar hluti. En þá þarf alveg sérstaklega að hafa eitt í huga sem er grundvallaratriði. Þar sem hinn erlendi aðili mun eiga 45% af fyrirtækinu, þá þarf að tryggja að hinir íslensku aðilar, ríkið og þeir aðrir sem síðar kynnu

að koma til, kæmu fram á hluthafafundi og aðalfundi sem einn aðili. Það þarf því, ef að þessu ráði yrði síðar horfið, að gefa t. d. almenningi kost á að eignast hlut í fyrirtækinu, að ganga þannig frá, að allir þessir íslensku aðilar kæmu fram sem samaðilar eða sem einn aðili á slíkum fundum til þess að tryggja rétt og hlut Íslands í þessu efni.

Það voru nokkrar fsp., sem hv. 7. landsk. þm., Helgi F. Seljan, bar fram til mín. Hann vék fyrst að hugvekju Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra, sem hann kallaði svo, í sunnudagsblaði Morgunblaðsins, þ. e. erindi sem hann flutti á ráðstefnu Sambands ísl. rafveitna. Hv. þm. undraðist mjög að Jóhannes Nordal skyldi í erindi þessu ræða mjög um stóriðju og möguleika á því sviði. Þetta kemur mér dálítið spánskt fyrir. Svo er nefnilega mál með vexti, að eitt af fyrstu verkum vinstri stjórnarinnar, sem þessi hv. þm. studdi eindregið alla tíð, var að skipa nefnd manna til þess að kanna möguleika á orkufrekum iðnaði hér á landi, m. ö. o. stóriðju. Hún skipaði Jóhannes Nordal sem formann þeirrar n., viðræðunefndar um orkufrekan iðnað. Verkefni hennar var að kanna hvaða erlendir aðilar hefðu áhuga á að ráðast í orkufrekan iðnað og nýta til þess íslenska orku. Í rauninni má segja að þetta erindi Jóhannesar Nordals og hugleiðingar hans um stóriðju séu að nokkru leyti árangur af því starfi sem vinstri stjórnin fól honum haustið 1971. Þess vegna er næsta furðulegt að þessi hv. þm. skuli lýsa undrun yfir því að formaður þessarar n., sem átti að gegna þessu hlutverki, skuli skýra frá því hvað í n. hafi verið rætt í þessum efnum.

Hv. þm. sagði að það veki alltaf ugg í sínu brjósti þegar nefnd er stóriðja við Reyðarfjörð, því að hann væri andvígur stóriðju og mundi beita sér gegn allri stóriðju. En þó gerði hann þar á eina undantekningu, og það er áburðarframleiðsla sem er ein tegund stóriðju. Nú er að vísu fullkomin ástæða til þess að ræða hér nokkuð ítarlega hugtökin iðja eða almennur iðnaður og stóriðja, og ég get tekið undir flest af því sem hv. frsm. meiri hl. sagði um það efni nú áðan. Það er auðvitað ákaflega erfitt að setja þar mörk, hvað er iðnaður, hvað er almenn iðja og hvað er stóriðja. Sementsverksmiðjan var talin stóriðja á sínum tíma, áburðarverksmiðjan var það líka. Það var á sínum tíma talað um stórútgerð hér á landi sem þýddi það, að togarar voru gerðir út gagnstætt bátaútgerðinni. Þegar talað er um stóriðju þá er auðvitað ákaflega erfitt að setja þar takmörk. En það kemur sem sagt í ljós, bæði hjá þessum hv. þm. og eins hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefáni Jónssyni, að þeir virðast vera á móti því sem þeir kalla stóriðju, nema það sé áburðarframleiðsla. Vegna þess að þeir leggja svo gífurlega áherslu á ótta sinn við mengun og andstöðu gegn hvers konar náttúruspjöllum, þá blasir við augum allra manna hér sá reykur sem kemur jafnan frá áburðarverksmiðjunni í Gufunesi, og býst ég við að þar séu ýmis efni í sem ekki er sérstök hollusta fyrir mannfólkið. En aldrei hefur heyrst frá þessum hv. þm. að nauðsyn væri á því að reyna að breyta þar til, heldur vilja þeir meiri áburðarframleiðslu. En látum það liggja á milli hluta. Þeir eru á móti stóriðju, nema það sé áburðarverksmiðja.

Spurningin er þá sú, hvort það á að koma inn í undanþágur hjá þeim t. d., ef hafin væri í stórum stíl framleiðsla á heykögglum eða fóðri eða t. d. ef hafin væri í stórum stíl ylrækt, eins og mjög hefur komið til orða, ýmist með notkun raforku eða jarðhita. Talið er af kunnugum mönnum, að hér megi framleiða grænmeti og önnur matvæli í stórum stíl, ekki aðeins til innanlandsnota, heldur og til útflutnings. Það er ein tegund stóriðju. Ég held, að það væri þörf á því einhvern tíma, hvort sem það verður nú eða síðar, að þessir hv. þm. gerðu okkur grein fyrir því, hvað þeir í rauninni eiga við með andstöðu sinni gegn stóriðju, hvort það er mengunarhættan, sem af henni kann að stafa, eða hvort það er öllu heldur hitt, að þeir séu andvígir því að erlent fjármagn komi til í því sambandi.

Loks var fsp. frá hv. 7. landsk. þm. út af því, hvort erlend fyrirtæki mundu eiga að annast hér rannsóknir eða ráða stefnu í rannsóknum á virkjunarmöguleikum íslendinga að meira eða minna leyti. Hann krafðist yfirlýsingar frá mér í þá átt að erlendir aðilar megi á engan hátt koma inn í virkjunarrannsóknir íslendinga. Ég held að hv. þm. hafi ekki gert sér grein fyrir hvað hann er í rauninni að spyrja um. Við virkjunarrannsóknir hér á landi, áætlanir og hönnun ýmissa stærri mannvirkja hafa útlendingar og útlend fyrirtæki verði meira og minna notuð og eru, án þess að nokkurn tíma hafi verið að því fundið af hálfu þessa þm. eða hans flokksbræðra. Þannig má nefna t. d., að við undirbúning Sogsvirkjananna allra voru hafðir erlendir ráðunautar varðandi rannsóknir og alla hönnun þeirra mannvirkja. Það voru aðallega norsk fyrirtæki. Þegar undirbúin var virkjun Þjórsár, hin fyrsta, þ. e. a. s. við Búrfell, voru íslenskir verkfræðingar að sjálfsögðu þar við störf, en það var fengið stórt bandarískt fyrirtæki, Harz að nafni, til ráðuneytis um þessar rannsóknir og alla áætlunargerð. Varðandi undirbúning Sigölduvirkjunar var ráðið til aðstoðar svissneskt fyrirtæki, sem heitir Electrowatt, til að annast meira og minna, að sjálfsögðu eins og áður í samráði við íslenska verkfræðinga og aðra sérfræðinga, undirbúning og hönnun að Sigölduvirkjun, og sú ákvörðun var tekin af vinstri stjórninni. Þegar ákveðið var að ráðast í Kröflu, og Kröflustjórn ákvað að semja við ágætt og viðurkennt og reynt íslenskt ráðgjafarfyrirtæki, þá þótti óhjákvæmilegt að hafa þar einnig bandarískt ráðgefandi fyrirtæki með í ráðum. Var það sameiginlegt álit bæði þessa íslenska ráðgjafarfyrirtækis og Kröflustjórnar.

Mér er því ekki alveg ljóst hvað hv. þm. á við, ef hann ætlast til þess að erlendir aðilar megi aldrei koma nálægt neinum virkjunarrannsóknum á Íslandi eða áætlanagerð. Auðvitað verður að stefna að því að íslensk ráðgjafarfyrirtæki og íslenskir sérfræðingar verði fyrst og fremst við slík störf og að þeir fái bæði sín tækifæri og kraftar þeirra og þekking verði nýtt. Í annan stað er sjálfsagt, nú eins og verið hefur og hlýtur að verða, að það séu íslensk stjórnvöld

sem ráði stefnunni og hafi alla yfirstjórn á slíkum málum. Það verður að sjálfsögðu áfram eins og verið hefur. Hins vegar get ég ekki gefið neinar yfirlýsingar um það, að erlendir aðilar, sérfræðingar eða ráðgjafarfyrirtæki, megi aldrei koma nálægt neinum rannsóknum eða virkjunaráætlunum á Íslandi. Það held ég að væri ekki Íslandi í hag fremur en það hefur þótt hingað til, m. a. við undirbúning þeirra stórvirkjana sem ég þegar hef nefnt. Hins vegar vil ég undirstrika það, svo að það valdi ekki neinum misskilningi, að að sjálfsögðu verður öll yfirstjórn og allt ákvörðunarvald og öll stefnumörkun í þessum málum í höndum íslenskra stjórnvalda og hvergi annars staðar.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Flest orkar tvímælis þá gert er, og það má segja um margt hér á okkar landi sem gerst hefur í fortíðinni. Svo var um okkar síma og svo var um okkar tækniöld þegar hún hóf innreið sína hér með kolakrananum. Og margar sögur væri hægt að segja af þeirri tortryggni sem við höfum verið haldnir þegar nýjungar hafa verið fluttar inn til þessa lands. Aftur á móti lít ég svo á að ekki orki tvímælis um gildi og undirbúning þessa máls, og ég byggi það á ýmsu og kannske ekki hvað síst á því, að þetta er hugarfóstur tveggja ríkisstj. og það ólíkra ríkisstj. Vinstri stjórnin vann að þessu máli í þrjú ár af miklum áhuga og miklum krafti, og síðan hefur þessi ríkisstj. unnið að þessu í 6—7 mánuði undir forustu hæstv. iðnrh. Þetta tel ég nokkuð mikið öryggi fyrir því að málið sé vel undirbúið.

Það lágu fyrir drög að samningum, sem fyrri ríkisstj. hafði sætt sig við, og síðan hafa þessir samningar verið endurbættir og þeim hefur verið breytt og ég get ekki séð að í neinu sé þar um lakara tilboð að ræða en var áður, ef það er undanskilið að þátttaka ríkisins er nú minni í fyrirtækinu en var í uppkasti vinstri stjórnarinnar. Um það eru deildar meiningar og ég segi fyrir mitt leyti að ég hef alltaf verið því hlynntur að ríkið ætti sem stærstan hlut þarna. En ég styð þetta mál og það byggist m. a. á því að ég tel að okkar höfuðauðlindir, gróðurlendið og fiskimiðin, séu nú hvor tveggja fullnýtt, ýmist fullnýtt eða ofnýtt, og okkur veiti ekki af að fara að nýta í stórum stíl þá orkulind, sem við eigum eftir, vatnsaflið og hitaorkuna. Þarna eigum við miklar orkulindir og okkar orkulindir eru sérstæðar að því leyti, að þær ganga ekki til þurrðar þótt af þeim sé tekið. Það hefur ekki áhrif á rennsli Þjórsár eftir 100 ár hvort hún hefur farið í gegnum túrbínur eða ekki. Veðurfar getur haft áhrif á hana, en ekki það, hvort hún hefur framleitt rafmagn þennan tíma eða ekki. Það hefur ekki áhrif á stærð hennar í framtíðinni. Þess vegna held ég að okkur sé mikil nauðsyn að flýta virkjunum og hagnýta okkur það afl, sem virkjanirnar gefa, og það sem allra fyrst og í sem allra stærstum stíl.

Eitt er það enn sem veldur því, að ég er óhræddur við þetta frv. og þessa verksmiðju, og það er að tveir stærstu framleiðendur málmblendis í Evrópu eru, held ég, okkar nágrannaþjóðir, Noregur og Svíþjóð. Þetta eru þjóðir sem hafa orðið að búa við gamaldags verksmiðjur um áratugi, en þó eru þetta ríki með langlífasta fólki veraldar og þar sem heilsurækt og heilsuþjónusta er í einna bestu lagi í veröldinni. Ég á erfitt með að trúa því, að þessar ágætu nágrannaþjóðir okkar hefðu látið það viðgangast að hafa þessar verksmiðjur sínar í gangi ef það væri stórkostleg heilsuspilling eða hætta fyrir þeirra lífríki að starfrækja þær. Þó er þetta gamla tegundin af verksmiðjunum. Því held ég, að það geti ekki farið á milli mála, að ef við gætum að, eins og virðist vera gert í þessum samningi, þannig að við eigum jafnan kost á því að fylgjast með rekstri þessarar verksmiðju og eram meirihlutaeigendur að henni, þá eigi að vera auðvelt fyrir okkur að tryggja það að hún verði ekki okkar lífríki og ekki heldur því starfsfólki, sem þar vinnur, til skaða. Ég er þar með ekki að halda því fram, að þessi verksmiðja verði mengunarlaus. Það dettur víst engum manni í hug, hvort sem um ylrækt er að ræða eða áburðarframleiðslu eða slíka verksmiðju sem þessa, að umhverfið sé algerelga mengunarfrítt. En í fyrsta lagi lít ég nú svo á að þetta sé ekki neitt sérstakt stórfyrirtæki, og í öðru lagi held ég, eins og ég sagði áðan, að okkur ætti að vera í lófa lagið að tryggja okkar umhverfi fyrir hættulegri mengun frá þessari verksmiðju. Og ég verð að segja það, að ég treysti vel umsögn og áliti forstöðumanns Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Ég hef talað við hann persónulega um þessi mál, og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en hann hafi gildar ástæður til að gefa út það álit sem hann hefur gert.

Það er ekki vafi á því, að það er æskilegt fyrir okkur að auka fjölbreytni í okkar atvinnulífi, og við höfum einmitt nú á einu eða hálfu öðru ári rekið okkur óþyrmilega á það hve okkar höfuðatvinnuvegur er ótryggur í verðlagi, þótt við minnumst ekki á annað en það, að fyrir rúmu ári voru loðnuafurðir metnar á 10 dollara og hálfan prótein-eining, en er í dag metin á 3.5—4.5 dollara, að þorskblokkin var um sama leyti metin á 84—86 cent, en er í dag metin í hámarki á 58 cent. Við, sem lifum í þjóðfélagi okkar í dag, vitum þó hve mikið fjármagn við þurfum til að standa undir okkar heilbrigðisþjónustu, okkar menntakerfi og allri þeirri nýtiskulegu og fullkomnu þjónustu sem við búum við. Þetta gerir okkur nauðsynlegt að búa við fjölbreytta og afkastamikla atvinnuhætti. Ég held, að þó að við setjum á stofn nokkur orkufrek fyrirtæki, þá geti varla hugsast að við þurfum að láta okkar hreina loft verða í hættu fyrir því. Og það er mín skoðun að 1—2 svona stór fyrirtæki muni ekki menga okkar land eins mikið og mundi ske ef t. d. túrismi ætti að koma í staðinn fyrir stóriðju, eins og drepið hefur verið á af ýmsum aðilum. Munurinn er sá á þessum tveim atvinnugreinum, að við stóriðjuna getum við ráðið. Hún er rekin á tiltölulega fáum stöðum. En við höfum allir haft fyrir augunum undanfarið hvernig umferð fjöldans getur leikið landið okkar.

Ég er að ýmsu leyti sammála hv. þm. Jóni G. Sólnes að því leyti, að ég hafði talið æskilegra að njóta betri samninga. En það finnst mér líka nokkuð öryggi, að þarna hafa tvær ríkisstj. verið

að verki og þeim hefur ekki auðnast að fá betri samninga en raun ber vitni. Því tel ég að við hljótum að verða að líta svo á, að þetta séu bestu kjör sem hægt hefur verið að ná. Sá hv. þm. talaði einnig mikið um þá áhættu, sem við legðum okkur í. Aftur á móti hafði hann mikinn hug á því, að einstaklingar fengju að gerast hluthafar í staðinn fyrir ríkið. Ég held að þetta seinna sem hann minntist á, að hann vildi gjarnan að einstakilngar ættu þess kost að ganga inn í þetta hlutafélag, bendi til þess að hann hafi trú á fyrirtækinu. Og ég held að jafnvel þótt eitthvað kæmi í ljós af því, sem hv. þm. Stefán Jónsson var að óttast, að olían í heiminum væri á þrotum, þá sé ekki mikil hætta á ferðum gagnvart afkomu þessa fyrirtækis og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi, hvað sem segja má um Union Carbide, þá eru það aðilar sem eru vanir og kunna að reka slík fyrirtæki sem þessi. Í öðru lagi vill svo til, að hráefni til þessarar verksmiðju má fá í Evrópu og sölumarkaðurinn fyrir unna efnið er líka í Evrópu, og jafnvel þótt eitthvað kynni að henda þennan bandaríska auðhring, þá held ég að eftir nokkur ár yrði okkur ekki skotaskuld úr því að yfirtaka þessa verksmiðju og reka hana sjálfir.

Loks er svo það, að þessa verksmiðju á að afskrifa á 16 árum. Þó að við kynnum að komast að því einhvern tíma í framtíðinni, að það væri hentugra fyrir okkur að nota okkar raforku til annarra þarfa en bræða málmblendið, þá er tiltölulega stuttur tími þar til þessi verksmiðja hefur afskrifað sig að fullu og öllu. Enn fremur álít ég að það sé gerbreyting frá t. d. samningum við álverið, að þarna verður raforðuverð endurskoðað eftir örfá ár og nokkurt öryggi fyrir því að við fáum viðunandi orkuverð fyrir okkar orku um alla framtíð, á meðan þessi verksmiðja verður rekin. Ég vil því þakka hæstv. iðnrh. fyrir það, að hann hefur haldið því starfi áfram, sem fyrrv. ríkisstj. hafði unnið mikið að, og ég tel að þessi verksmiðja muni vera einn liðurinn í því að tryggja okkar afkomu í framtíðinni.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti Ég hef nú talað býsna langt mál í þeim tveim umr., sem farið hafa fram um þetta frv., og ætla ekki að lengja það ýkjamikið.

Ég vil aðeins í upphafi mótmæla því að ég hafi misnotað það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson eða aðrir sögðu í iðnn. um þetta mál. Ég hafði aðeins eftir honum það sem hann vissulega sagði, og eru til vitni um það, að búið væri að ráða framkvæmdastjóra til málmblendiverksmiðjunnar. Ég tók það fram í þessari sömu ræðu og í sömu andránni að hann hefði leiðrétt orð sín. En það er rétt að þessi orð hans notaði ég til að brýna þá skoðun mína, sem ég hygg að ýmsum hv. þm. sé einnig ljós, að raunveruleg ákvörðun um málmblendiverksmiðjuna hafði verið tekin af þeim sem völdin höfðu áður en málið var lagt fyrir hv. Alþ. Þessi orð, sem ég vitnaði í, tengdi ég ekki ummælum um vinskap, þau voru ekki hvísluð í eyra mér, þau voru sögð upphátt á nefndarfundi, upp yfir alla nm., og hafi það verið vinskapur í það mál blandaður, þá hefur það verið hópvinskapur. Ég hélt því ekki fram í ræðu minni, að neikvæð afstaða hefði verið tekin af hálfu verkfræðinga eða þeirra sérfræðinga, sem komu á fund n., til hugmyndarinnar um að nýta raforku til upphitunar húsa. Ég sagði aftur á móti, að þær ágiskanir, sem gerðar hefðu verið um kostnað og verkfræðilegt umfang þessa viðfangsefnis, hefðu verið neikvæðar.

Ég ætla aðeins að víkja, þó að það sé staðfastur ásetningur minn eins og hv. þm. Steingríms Hermannssonar, að forðast jag um það sem litlu máli skiptir, — þá ætla ég aðeins að víkja hér að þeim mismunandi skilningi — og þó kannske ekki svo mjög mismunandi — sem lagður hefur verið í bréf Náttúruverndarráðs, sem skrifað var 4. júlí í sumar til svars við bréfi frá viðræðunefnd sem skrifað var í maí. Sjálfur hefur hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagt í þessari d. við umr. utan dagskrár, að hann leyfði sér að draga þá ályktun af bréfi Náttúruverndarráðs frá 4. júlí að Náttúruverndarráð teldi ekki nauðsyn á líffræðilegri rannsókn uppi í Hvalfirði. Hann leyfði sér að draga þá ályktun af bréfi Náttúruverndarráðs, sem fjallaði um staðsetningu verksmiðjunnar uppi í Hvalfirði. Ég held satt að segja að við munum ekki komast ýkjalangt með því að eyða tíma okkar í að ráða sem einhverjar dúlrúnir bréf undirritað af Eysteini Jónssyni. Ef í harðbakkann slær, þá hygg ég, að okkur sé best að spyrja hann sjálfan einu sinni enn ef við skyldum fá hann til þess að segja eitthvað annað um þetta bréf en það sem hann gerði á fundinum hjá okkur, þegar hann vitnaði í Guðmund Grindvíking.

Ég neita því að ég hafi borið fram í ræðu minni áðan ósæmilega gagnrýni á Baldur Johnsen forstöðumann Heilbrigðiseftirlits ríkisins með því að lesa upphátt bréf frá eiturefnanefnd, opinbert plagg, sem var svar við bréfi frá forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins. Ég ætla aðeins að endurtaka það sem ég var að ljúka við að segja, til þess að hv. þm. heyri það sjálfur. Ég andmæli því, að ég hafi borið fram ósæmilega gagnrýni á Baldur Johnsen forstöðumann Heilbrigðiseftirlits ríkisins með því að lesa upp bréf frá eiturefnanefnd, opinbert plagg, sem var svar við bréfi frá forstöðumanni Heilbrigðiseftirlitsins. Ég hygg að sjálfum sé hv. þm. Steingrími Hermannssyni, form. iðnn., ljóst að ég hef síður en svo lagt mig eftir því að gera plögg frá Baldri Johnsen tortryggileg eða skopleg. Ég hygg að hv. þm. Steingrímur Hermannsson muni játa það.

Ég gagnrýndi ekki hv. þm. Steingrím Hermannsson fyrir að fara að eigin sannfæringu í samabndi við mengunarhættu frá þessari verksmiðju. Hann er maður að meiri í minni vitund að fara að eigin sannfæringu. En ég gagnrýndi hann fyrir annað. Ég gagnrýndi hann fyrir að ætlast til þess að aðrir nm. í iðnn. notuðu hans privat og persónulegu sannfæringu sem eins konar fátækralíffræðiathugun uppi í Hvalfirði, að hann ætlaðist til þess að sannfæring hans kæmi í staðinn fyrir líffræðilegar athuganir uppi í Hvalfirði.

Hæstv. iðnrh. lét þau orð falla hér áðan, að hv. þm. Helgi F. Seljan og ég værum á móti stóriðju nema væri til áburðarframleiðslu. Hann

spurði, hvort við yrðum þá á móti heykögglaframleiðslu í stórum stíl eða ylrækt, ef til kæmi, í stórum stíl. Ég get ekki láð hæstv. ráðh. það, eins margt og hann hlýtur að þurfa að bera í sinni, þótt hann veitti því ekki athygli að ég gerði einmitt grein fyrir því í ræðu minni fyrr í kvöld, alllangri, að látið hefði verið hjá líða í úrtaki Þjóðhagsstofnunar að minnast á möguleikana á heykögglaverksmiðju og ylrækt í skýrslunni, sem við fengum til að fjalla um, að stofnunin hefði látið hjá líða að geta þessara möguleika sem hugsanlegra kosta annarra en málmblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Það er grundvallarmunur á því í sveltandi heimi að nota orku þjóða og aðgerðir fólks til þess að framleiða matvæli eða til þess að framleiða frumefni til matvælaframleiðslu, svo sem áburðar eða heyköggla, — grundvallarmunur á því eða framleiða járnsíli. Þessa dagana og eflaust á þessari stundu eru tugþúsundir manna úti í heimi sem hrópa á mat, eru að deyja úr matvælaskorti. Ég hef ekki heyrt þess getið að einn einasti hafi hrópað á ferrósilikon. (StH: Hv. þm. kann ekki að beygja járnsíli.) Ég hef aðeins fengið nýyrðið í algerri frummynd, óbeygt frá höfundi, hv. þm. Steingrími Hermannssyni, sem bjó orðið til, en ætla mætti að það þyrfti kannske að hita þetta orð lítið eitt í hálfopnum bræðsluofni uppi á Grundartanga til þess að hægt væri að beygja það að hans skapi.

Við hugleiðingar um stóriðju, eins og nú er ástatt, þá neyðist maður kannske til þess að nota nýyrði, a. m. k. harla nýtt í íslensku máli, sem heitir vistpólitík, sem þýðir þá stefnu í þjóðmálum sem miðar að því að fólk geti haldið lífi á þessari jörð við sæmileg kjör án þess að ganga um of á auðlindir sem ekki endurnýjast sjálfar, án þess að menga umhverfi sitt svo að til stórtjóns horfi og án þess að halda áfram að krefjast þess háttar vaxta, ekki aðeins af kapítali, heldur líka af móður náttúru, að öllu lífi á þessari jörð sé stefnt í voða.

Áður en ég sleppi þessari hugsun og á meðan ég man, þá ætla ég að víkja að bréfinu, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson las áðan, bréfi sem fyrrv. iðnrh. skrifaði í vor varðandi stefnu vinstri stjórnarinnar í þessu máli. Ég bið hv. þm. afsökunar, mér var ekki kunnugt um þetta bréf. Aftur á móti var mér kunnugt um það, að fyrrv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, hafði látið um þetta leyti bóka eftir sér í ríkisstj. andstöðu gegn málmblendiverksmiðjunni í Hvalfirði, og það var sú bókun sem ég átti við þegar ég rengdi þessi ummæli hans, þar sem óneitanlega stangast bókun ráðh. á við efni bréfsins, og ég viðurkenni það fúslega. Svo að ég víki aðeins í lokin að bjartsýnismanninum Oddi Ólafssyni, hv. þm., sem telur það ærna sönnun fyrir því að fyrirhuguð málmbræðsluverksmiðja í Hvalfirði verði til blessunar fyrir þjóðina, að tvær ólíkar ríkisstj. hafi staðið að málinu, þá fullyrði ég það við hv. þm., að hugsanlegt er og meira en það að þrjár ríkisstj., ólíkar, stæðu að sömu endileysunni og sömu mistökunum.

Ég ætla svo ekki að hafa þetta mál mitt öllu lengra, aðeins að enda með yfirlýsingu um það, að það skiptir engu máli hvaða nöfnum þeir menn nefnast, sem hafa haft forustu um þetta mál frá upphafi til loka. Það er jafnbölvað fyrir því.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég leiðrétta þau ummæli hv. þm. Steingríms Hermannssonar, að ég hafi talið að þessi verksmiðja ein út af fyrir sig gæti orðið ofurefli í okkar atvinnu- og efnahagslífi. Ég minnti aðeins á það, að ef erlendu fjármagni yrði beint hingað í stórum stíl, þá yrði e. t. v. fljótlega um ofurefli að ræða. Ég man ekki betur en á sínum tíma hafi á þessa hættu verið bent allsterklega bæði af honum og ýmsum öðrum forustumönnum þess flokks, sem hann tilheyrir, þegar áform viðreisnarstjórnarinnar voru hvað hæst á lofti. Þar af leiðandi er ekkert ósamræmi í minni skoðun þarna og skoðun hv. þm.

Ég geri mikinn greinarmun á stóriðju hvort hún er erlend eða innlend. Ég tók það skýrt fram við 1. umr. málsins, ég tók það einnig fram nú. Ég óttaðist aðeins að það væri stefnt að því, — það væru ýmsar blikur á lofti, — að hér væri um að ræða fyrsta áfanga að því marki að erlend stóriðja ryddi sér til rúms. Ég veit um óskir í því skyni og hv. þm. veit enn betur um þá fjölmörgu aðila sem að sækja. Hann hefur gefið góð loforð um það, og ég vona að við það verði staðið, að þeirri ásókn verði svarað mátulega varlega. Ég geri einnig mikinn mun — og vil þar svara líka hæstv. iðnrh. — á manneldisframleiðslu okkar eða framleiðslu á áli og málmblendi hins vegar. Ég geri á því alveg gífurlegan greinarmun og ég trúi ekki öðru en hæstv. iðnrh. geri það einnig í hjarta sínu. Hann leggur ekki að jöfnu ál og málmblendi annars vegar eða fisk og kjöt hins vegar. Ég er sannfærður um það. Þar af leiðandi þarf engar skýringar okkar á milli varðandi þetta atriði.

Í sambandi við það sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson harmaði varðandi ummæli mín um það, sem bréfað hefði verið hér frá einhverjum einstökum sérfræðingi, þá vil ég aðeins taka það fram, að ég á eftir að sjá það að húshitunarmál okkar almennt t. d. verði leyst samhliða þessu máli. Á meðan ég sé ekki mikla tilburði í þá átt heldur, þá tek ég ekki algilt mark á orðum einstaks manns þótt sérfræðingur sé.

Hæstv. iðnrh. kom hér að nokkrum atriðum í minni ræðu. Hæstv. iðnrh. fór vísvitandi rangt með það að ég hefði undrast á nokkurn hátt stóriðjutal Jóhannesar Nordals. Ég undraðist það ekki neitt. Ég lagði heldur áherslu á það einmitt, hve áhugi hans fyrir stóriðju almennt var mikill í grein hans, og ég gagnrýndi þennan áhuga hans. Ég vænti þess, að áhugi stjórnvalda sé ekki sá sami og kemur þar greinilega fram, og ég gagnrýni þennan ágæta mann jafnt fyrir því hvort hv. þm. Magnús Kjartansson hefur skipað hann formann einhverrar tiltekinnar n. eða ekki. Það skiptir mig ekki nokkru máli. Ég var aðeins að gagnrýna áhuga hans, hve mér þótti við lestur greinarinnar áhugi hans vera fyrirvaralaus og hve mikil áhersla var lögð á þennan stóriðjuþátt og þá á ég fyrst og fremst við stóriðju í eigu

útlendinga, því að hæstv. ráðh. er áreiðanlega ekki frekar en ég búinn að gleyma viðreisnaráformunum um málmbræðslurnar 20 og þá ráðgjöf sem þessi ágæti maður átti þar að meðal annarra. Það var þetta sem ég gagnrýndi fyrst og fremst, en ekki að ég undraðist þetta nokkuð. Grein hans kom mér ekki neitt á óvart. Ég vildi aðeins reyna að fá tekin af öll tvímæli um það, að hæstv. ráðh. væri ekki fullkomlega sama sinnis. (**Iðnrh.**: Hvenær lagði hann til, að það væru byggðar 20 álbræðslur?) Ja, hann lagði það ekki til, en um þetta voru viss áform og hann var mikill þátttakandi í sambandi við öll áform um þetta. (**Iðnrh.**: Voru það áform frá viðreisnarstjórninni?) Já, það voru áform viðreisnarstjórnarinnar, mjög skýrt fram tekin, túlkuð af núv. þm. Sjálfstfl. mjög greinilega og aðaltalsmanni þess flokks á ritvellinum. (**Iðnrh.**: Ekki átti hann sæti í viðreisnarstjórninni.) Nei, en ætli hann hafi ekki vitað nokkurn veginn um hug hennar. Ég er á því að það verði mjög erfitt og skil eiginlega ekki hæstv. iðnrh., hvað hann leggur mikla áherslu á að sverja hv. þm. Eyjólf Konráð af sér, en get þó kannske fyrirgefið honum það.

Ég get fyrirgefið hæstv. ráðh. gleymsku hans gagnvart fsp. minni um orkurannsóknirnar, vegna þess að þær voru fram komnar fyrir mánuði og ég var aðeins að ítreka þær hér. Ég á verr með að fyrirgefa hæstv. ráðh. það að hann skuli telja fsp. mínar, sem ég skal endurtaka hér, bera vitni um heimsku og þekkingarskort hjá mér varðandi þetta mál og ég viti hreinlega ekki um hvað ég sé að spyrja. Ég spurði orðrétt:

„Eiga einhverjir útlendir aðilar, nánar tiltekið t. d. svisslendingar, að koma inn í þetta, ráða jafnvel ferðinni í virkjunarrannsóknum okkar?“

Ég tel mjög nauðsynlegt að þær raddir, sem hafa heyrst um þetta, verði kveðnar niður, og ég tel hæstv. iðnrh. rétta manninn til þess að lýsa því yfir hér að slíkt komi vitanlega ekki til greina, að útlendingar eigi að fara að ráða í einhverju virkjunarrannsóknum okkar íslendinga og hafa þar á bein áhrif. Þetta var fsp. mín, sem ég ítrekaði áðan. (**Iðnrh.**: Þessu svaraði ég skýrt og skorinort áðan.) Já, ég fagna því líka að hæstv. ráðh. svaraði því, en hann gat þá látið fullkomlega vera að tala um að ég ruglaði þarna einhverju saman og vissi ekki hvað ég væri í raun og veru að spyrja um.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hlustaði vitanlega á þessar fsp. á sínum tíma og svaraði þeim nákvæmlega, án allra vífilengja eða án neinna dylgna um heimsku eða þekkingarskort hjá mér. Hann sagði einmitt orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég vil einnig vekja athygli hv. þm. á því, að á síðasta flokksþingi Framsfl. var gerð samþykkt, þar sem tekið var af skarið með það, að Framsfl. telur alls ekki og aldrei koma til greina að erlendir aðilar taki þátt í virkjunarrannsóknum okkar eða virkjunum. Og ég get sagt hv. þm. að ég átti mjög ríkan þátt í samþykkt þeirrar ályktunar, sem var samþ. shlj. Það fer ekkert á milli mála.“

Þetta sagði hv. þm. Steingrímur Hermannsson og gekk miklu lengra þarna en ég gerði í minni fsp. — miklu lengra, þar sem hann segir „að erlendir aðilar taki þátt í virkjunarrannsóknum okkar.“

Ég átti vitanlega ekki við neina ráðgjöf í þessum efnum. Það veit hæstv. iðnrh. mætavel. En ég fagna því að hann tók það skýrt fram í lokin að það var aðalatriðið og til þess var fsp. fram borin, að íslensk stjórnvöld eigi að ráða ferðinni í einu og öllu og ráðgjöf sé vitanlega allt annað, sem komi vel til greina, en öll ákvarðanatekt sé og verði í höndum íslenskra stjórnvalda. Ég fagna því sannarlega að hæstv. ráðh. skyldi gefa þessa yfirlýsingu vegna ýmissa hviksagna sem ég var einmitt að fá kveðnar niður með þessum hætti.

Við getum svo síðar rætt um það hvort manneldisframleiðsla okkar eða framleiðsla okkar á heykögglum eða áburðarframleiðsla okkar til að græða lífríki t. d. okkar lands sé eitthvað sambærileg við málmbræðslu eða álverksmiðju. Ég er reiðubúinn til þess hvenær sem er, þó að ég geri það ekki nú. En ég veit og er sannfærður um það, þrátt fyrir það að hæstv. ráðh. segði þetta áðan, að hann gerir á þessu gífurlegan mismun, nákvæmlega eins og ég.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Mér þykir ákaflega leitt að jafnmætur og prúður maður eins og hv. 7. landsk. þm., Helgi F. Seljan, skuli hafa farið svo úr jafnvægi eins og nú í þessari ræðu sinni. Mér fannst ekki vera tilefni til þess. Því fer fjarri að mér hafi nokkurn tíma dottið í hug að bregða honum um heimsku eða þekkingarskort. (**HFS**: En það gerði ráðh. samt áðan.) Því fer fjarri. Hins vegar kom það fram í minni ræðu að ég undraðist nokkuð þessa fsp. hans. Ég held, að þetta mál liggi nú alveg ljóst fyrir. Við höfum hvað eftir annað, eins og ég gat um áðan, notað erlenda sérfræðinga, ráðgjafarfyrirtæki, við könnun og hönnun virkjana, fyrr og síðar og gerum enn í dag. Ég heyri það nú á hv. þm., að hann hefur ekkert við slíkt að athuga. Hitt veit ég ekki að hafi nokkurn tíma komið til orða, að það væru ekki íslendingar sjálfir, íslensk stjórnvöld, sem tækju allar ákvarðanir og hefðu alla yfirstjórn á öllum virkjunarrannsóknum. Að því leyti hefur mér fundist þessi fsp. hans nú og fyrr ástæðulaus. Ég vona, að þessi mál liggi alveg ljós fyrir nú.

Í annan stað gerðist það, þegar hv. þm. fór þannig úr sínu venjulega og trausta jafnvægi, að hann hélt því fram að Jóhannes Nordal og viðreisnarstjórnin hefðu haft áform um að byggja 20 álbræðslur. Þetta held ég að sé eintómur hugarburður hjá hv. þm. Hann vitnaði að lokum, þegar hann vildi ekki standa á því fast, hvorki að Nordal né viðreisnarstjórnin hefðu haft þessi áform, — þá vitnaði hann í ritstjóra Morgunblaðsins, og það munu vera ummæli í útvarpi eða sjónvarpi á sínum tíma, sem öll voru rangtúlkuð af Þjóðviljanum á sínum tíma og síðan náttúrlega hamrað á sem sannleika. En þessi ræða hv. þm. var með allt öðrum blæ en menn eiga að venjast og ég vona að menn eigi eftir að heyra frá honum hér eftir.

Ég held að það séu ekki fsp. frá hv. þm. til mín, sem ég á ósvarað. Ég er búinn að svara því, sem hann hefur spurt um, og ég vona að það sé

enginn ágreiningur okkar í milli um það, að varðandi virkjunarrannsóknir, áætlanagerð, hönnun og annað slíkt varðandi nýtingu íslenskra orkugjafa verða það auðvitað íslensk stjórnvöld og íslenskir aðilar sem þar hafa öll yfirráð og taka allar ákvarðanir, en munu vafalaust hér eftir eins og hingað til notfæra sér erlenda sérþekkingu og erlenda ráðgjöf, eftir því sem nauðsyn þykir til, með það meginsjónarmið þó í huga, að íslenskir starfskraftar séu nýttir til fullnustu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 55. fundur.

Miðvikudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. (þskj. 36, n. 191 og 195, 192, 217). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 192,1 felld með 23:6 atkv.

1. gr. samþ. með 29:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurlB, SvJ, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EðS, SigG, FÞ, GS, GilsG, GTh, GF, IG, JóhH, JSk, JónasÁ, KP, LárJ, MK, MÓ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, GHB, RH.

nei: SighB, BGr, EBS, GuðlG, GHG, GÞG, LJós, PJ.

IngJ greiddi ekki atkv.

2 þm. (HeimH, HES) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pálmi Jónsson: Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í umr. er ég andvígur þessu frv. af eftirgreindum meginástæðum:

1. Verði frv. að lögum er ráðh. fengið í hendur vald, sem auðvelt er að misnota á fleiri vegu.

2. Frv. gengur þvert á hefðbundnar venjur um að takmarkanir og athafnafrelsi séu almennar og án mismununar.

3. Með frv. er gefið fordæmi, sem háskalegt kann að reynast fleiri þáttum atvinnulífs í framtíðinni.

4. Frv. er óþarft, því að gildandi lög veita fullar heimildir til að hafa hemil á aflamagni og vinnslustöðvum af því tagi, sem það nær til, m. a. vegna þess að unnt er að hafa vald á tölu báta.

5. Allar umsagnir, sem um frv. hafa borist, eru neikvæðar.

6. Frv. stríðir gegn sjónarmiðum, sem ég tel mig fulltrúa fyrir hér á hv. Alþ.

Ég segi því nei.

Brtt. 192,2 felld með 22:7 atkv.

— 217,1 felld með 28:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, EBS, GuðlG, GHG, LJós, PJ, GHB.

nei: SigG, FÞ, GS, GilsG, GTh, GF, GÞG, IG, JóhH, JSk, KP, LárJ, MK, MÓ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, SighB, SigurlB, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, RH.

IngJ, JónasÁ, HeimH, SvJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (HES) fjarstaddur.

Brtt. 195,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27:2 atkv.

3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 30:1 atkv.

Brtt. 217,2 felld með 19:3 atkv.

— 195,2 samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 29:5 atkv.

Áætlun um heilbrigðisstofnanir, fsp. (þskj. 353). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Fsp. leyfð með 23 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 351). — Frh. 1. umr.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Hér er til umr. frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961. Það er ekki nýtt af nálinni. Það hefur verið flutt á tveim síðustu þingum, en dagaði uppi í bæði skiptin. Frv. miðar að löggildingu hinna svokölluðu landshlutasamtaka sveitarfélaga. Það er áhugamál margra sveitarstjórnarmanna og flutt að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég sé ástæðu til að segja nokkur orð um þetta frv. nú við 1. umr. þess.

Þess er getið í grg. sem rétt er, að landshlutasamtök sveitarfélaga hafi verið stofnuð og starfað í nokkur ár í öllum landshlutum utan Reykjavíkur. Þykir því tími til kominn að tilvera þeirra verði staðfest í lögum. Er því fyrirhuguð sú leið að skjóta ákvæðum um þau inn í sveitarstjórnarlög eða öllu heldur hnýta þeim aftan við þau lög.

Svo sem kunnugt er hafa sveitarstjórnarlögin að geyma almenn ákvæði um héraðsstjórn, sveitir og sýslur og hlutverk þeirra. Þetta er í samræmi við 76. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að rétti sveitarfélaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skuli skipað með lögum.

Skipting landsins í hreppa er ævaforn. Snemma á þjóðveldisöld er komin á hreppaskipan sú er haldist hefur lítt breytt fram á þennan dag. Lögbækurnar Járnsíða frá 1271 og Jónsbók frá 1281, sem leystu af hólmi löggjöf þjóðveldistímans um héraðsstjórn, hreyfðu ekki við hreppaskipaninni. Verkefni hreppsfélaga voru að vísu fábreytt í fyrstu, en þó harla merkileg á þeim tímum. Samkv. ákvæðum í Jónsbók er landinu skipt í sýslur í þágu umboðsstjórnar, en í raun og veru á sú umdæmaskipting rætur að rekja lengra aftur í aldir og fær jafnframt víðtækari þýðingu þegar tímar líða. Samkv. tilskipun frá 4. maí 1872 er héraðsstjórn lögð í hendur hreppsnefnda, sýslunefnda og amtsráða. Tilskipun þessi var undanfari sveitarstjórnarlaganna frá 1905, sem eru að stofni til svipuð lögum þeim sem nú gilda. Hreppsnefndir og sýslunefndir hafa starfað hér á landi með svipuðu sniði og nú er á aðra öld. En ömtin og amtsráðin eru fyrir löngu úr sögunni. Með myndun þéttbýlis hafa nokkrir staðir á landinu fengið kaupstaðarréttindi svo sem kunnugt er með sérstakri löggjöf og hefur þeim farið fjölgandi.

Á síðari árum hefur mikið verið bollalagt um sveitarfélög, hlutverk þeirra, verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og þar fram eftir götunum. Allir virðast sammála um að nauðsynlegt sé að stuðla að eflingu sveitarfélaga í hvívetna. Samband ísl. sveitarfélaga var stofnað 1945. *Það er skilgreint sem frjáls hagsmunasamtök* íslenskra sveitarfélaga. Sveitarfélögin eiga beina aðild að sambandinu. Nú munu öll sveitarfélög landsins, 224 að tölu, vera orðin aðilar að því sambandi. Eg hygg að Samband ísl. sveitarfélaga hafi unnið mjög gott og mikilvægt starf á undanförnum árum og það án nokkurrar sérstakrar löggildingar, enda margir nýtir og gagnmerkir menn lagt þar hönd að verki.

Það hefur oft borið á góma á síðari árum að nauðsynlegt og æskilegt væri að fækka sveitarfélögum hér á landi og stækka þau. Það hefur reynst hægara sagt en gert að hrófla til muna við svo fornu og rótgrónu kerfi sem hreppaskipunin er. Þó eru í gildi lög um sameiningu sveitarfélaga, nr. 70 frá 1970. Þar segir m. a., að félmrn. skuli í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga stuðla að eflingu sveitarfélaganna með því að koma á sameiningu tveggja eða fleiri sveitarfélaga í eitt sveitarfélag, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum. Áreiðanlega gæti slík sameining víða orðið til bóta. Jafnframt er þó skylt að benda á að sveitar- og sýslufélög geta unnið saman með ýmsum hætti að veigamiklum málum án þess að sameinast. Mætti nefna mýmörg dæmi því til sönnunar.

Eins og áður segir og kunnugt er hafa nú verið stofnuð landshlutasamtök sveitarfélaga í öllum kjördæmum landsins utan Reykjavíkur. Það eru frjáls samtök sveitarfélaga og hafa sín eigin lög. Markmið þeirra er að eigin sögn að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna í umdæmum þeirra, einkum í atvinnu-, efnahags-, heilbrigðis- og félagsmálum. Þetta er allt saman gott og blessað. Ég efast heldur ekki um að þetta samstarf sveitarfélaganna hefur haft eitt og annað jákvætt í för með sér, eins og dæmin sanna. Einlæg og traust samvinna í frjálsu formi er jafnan æskileg og árangursrík. Hitt er meira vafamál í mínum augum, hvort þörf sé á að binda slíkt samstarf við löggjöf né njörva samtök þessi við íslenskt stjórnkerfi og stjórnsýslu nú þegar. Það tel ég þurfa allmikillar athugunar við.

Sveitarstjórnarlöggjöf landsins er nú öll í almennri endurskoðun. Forsvarsmenn þessa frv. munu óttast að sú *yfirgripsmikla endurskoðun* taki of langan tíma, því sé knýjandi að fá samþykkta rammalöggjöf um landshlutasamtök á þessu þingi. Ég leyfi mér að draga þessa staðhæfingu í efa. Hingað til virðist ekki hafa háð þessari starfsemi, að lagaákvæði skorti. Hin frjálsu samtök hafa þegar tryggt sér álitlega tekjustofna úr opinberum sjóðum, svo sem Byggðasjóði og Jöfnunarsjóði. Hafa þeim þegar verið falin ákveðin verkefni í hinni nýju fræðslulöggjöf um grunnskóla, svo að dæmi séu nefnd. Ég álít að þessi samtök, landshlutasamtök sveitarfélaga, geti haft næg verkefni, verið ánægjuleg og látið margt gott af sér leiða hér eftir sem hingað til, þeim liggi ekki lífið á að fá útmældan löggiltan sess í stjórnkerfinu meðan þau mál eru öll í heildarendurskoðun.

Það er að sönnu ómetanlegt að eiga hugsjónamenn sem berjast fyrir hugðarefnum sínum og horfa fram á leið. En allt er breytingum háð og ákveðnum þróunarlögmálum. Lög, sem búið er að afnema, geta haft sögulegt gildi og frv., sem fjallað er um, eru meira og minna áhugaverð. En næst okkur standa þó vissulega þau lög sem í gildi eru á hverjum tíma. Samkv. sveitarstjórnarlögunum er sýslufélögum falin margþætt verkefni, nánast óteljandi. Þessi störf hafa sýslufélögin rækt í 100 ár sem lögboðin samtök sveitarfélaga og oft við mikil umsvif og með miklum ágætum, leyfi ég mér að segja, miðað við aðstæður. En það hefur alltaf gleymst að sjá þeim fyrir frumtekjustofni, sbr. orðalag 101. gr. sveitarstjórnarlaganna, en þar segir: „Því, sem á vantar að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafna niður á hreppana“ o. s. frv.

Þál. var samþ. á Alþ. 5. maí 1965 um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga. Hún mun hafa verið samþ. shlj. Í fyrra var flutt þáltill. svipuð að efni til að minna á þetta mál, en sú till. varð ekki útrædd. Ég get ekki látið hjá líða að minna á þetta atriði varðandi gildandi sveitarstjórnarlög og framkvæmd þeirra, þegar nú er rætt um að auka nýjum þætti við þá löggjöf, — þætti sem vissulega þarfnast einhverra tekjustofna, svo sem þegar hefur verið að vikið.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Áður en hv. 5. þm. Sunnl. tekur til máls, vil ég vekja athygli á því að gefnu tilefni, að hafi þm. beðið um orðið í málum sem ekki hefur tekist að ljúka umr. um á seinustu fundum, þá bið ég þá um að gera svo vel að endurnýja þá ósk sína til þess að tryggja að þeir verði ekki af tækifæri til að tala fyrir áhugamálum sínum í sambandi við dagskrármál.

Garðar Sigurðsson: Hæstv. forseti. Ég þóttist hafa beðið um orðið áðan með því að berja myndarlega í borðið, og ég hélt að hæstv. forseti hefði tekið eftir því. En ég ætla aðeins að segja örfá orð í sambandi við þetta frv. sem hér er enn komið á dagskrá og enn borið fram illu heilli.

Þetta mál hefur komið fyrir þingið tvisvar sinnum og í hvorugt skiptið náð fram að ganga, og við þetta frv., eins og það lítur út núna, hafa fjölmargir menn gert rökstudda aths. og þ. á m. stjórnlagafræðingurinn Ólafur Jóhannesson, núv. hæstv. ráðh., fyrrv. félmrh. Hannibal Valdimarsson og margir aðrir. Bent hefur verið á marga galla í þessu frv. og það hefur komið í ljós að ágreiningur er um mörg atriði í frv., bæði innan þings og meðal þeirra sem þetta mál skiptir svo miklu. Samt sem áður leyfa þeir sér að koma með frv. gersamlega óbreytt, lagfæringalaust, og vekja upp drauginn í annað sinn, — var þó siður hér að fornu að vekja ekki upp sama drauginn nema einu sinni. Ég vil aðeins minna

á nokkur atriði, sem mér finnst athugaverð í þessu frv., og hef tekið kostinn að taka greinarnar í þeirri röð, sem þær eru í frv.

Ef við tökum 1. gr., þ. e. a. s. 110. gr., sem á að skjóta inn í núv. sveitarstjórnarlög, þá eru talin upp þau landshlutasamtök sem ákvæði þessara laga eiga að gilda um. Og þá er enn aðeins talað um Fjórðungssamband norðlendinga og þýðir það að eina kjördæmið, sem ekki á að hafa sér landshlutasamtök, er Norðurl. v. Þm. Norðurl. v. gerðu auðvitað mjög ákveðnar aths. hér bæði í hittiðfyrra og í fyrra þegar þetta mál var til umr., en þetta hefur ekki verið lagað. Geri ég ekki ráð fyrir að þeir muni sætta sig við það nú, enda lágu fyrir, þegar þetta frv. var rætt fyrst, mótmæli frá bæjarstjórn Sauðárkróks sem hv. þm. geta kynnt sér með því að fletta umræðukafla þingtíðinda frá þeim tíma.

Í næstu gr., sem er mjög alvarleg að mínu mati, segir í fyrri setningu að sérhvert sveitarfélag eigi að skylda til þess að eiga aðild að samtökum sveitarfélaga í sínum landshluta. Það eiga alls ekki öll sveitarfélög í landinu hlut að þessum samtökum. Og af hverju skyldu þau ekki eiga hlut að samtökunum? Ósköp einfaldlega vegna þess að þau vilja það ekki. En nú leggja þessi menn til að það eigi að skylda sveitarfélögin til þess að taka þátt í þessum samtökum. Ég sé á listanum yfir flm. að þar eru tveir hv. þm. Sjálfstfl. Hvar er nú frelsishugsjónin sem þeir hafa haft mjög hátt um að undanförnu? Nú er það valdboðið sem skal gilda. Það á að skylda heil sveitarfélög í landinu, fjölmörg sveitarfélög, til þess að taka þátt í þessum hrærigraut. En þessum hv. þm. er að sjálfsögðu alveg sama um allt frelsi ef þeim býður svo við að horfa, og það vissum við reyndar fyrir.

Í síðari setningunni kemur á fyrsta stað í frv. það sem á eftir að koma oftar í því, það eru heimildarákvæði. Og heimildarákvæðin gera frv. allt svo loðið og laust í reipunum að ef hlutaðeigandi landshlutasamtök fara eftir öllum þeim heimildum sem þarna eru, þá verða þau kannske ekkert lík þegar upp er staðið. Það er svo margt sem getur verið með sitt hvorum hætti og skal ég kannske víkja að því síðar. En þarna er heimilt að veita sýslufélögunum aðild, en það er ekki skylt.

Í 112 gr. eru í 4 liðum talin upp hlutverk landshlutasamtaka. Sannleikurinn er sá að þetta er geysilega fallegur listi, eiginlega hreinn óskalisti. Og það er: að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og héraða í umdæmum sínum og landshlutans alls, — þetta minnir mann á framför landsins alls sem var eitt aðalstefnumál Framsfl. í kosningunum, — að vinna að áætlanagerð — að vinna að öðrum verkefnum, — að vinna að framkvæmdum. Það er unnið að öllum þessum hlutum og það verður ekkert öðruvísi né betur unnið að þessum hlutum jafnvel þótt þessi lög verði samþ. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa þegar starfað í mörg ár og virðist það alls ekki hafa verið þeim neinn fjötur um fót þótt þau hafi ekki fengið lögfestingu. Það væri kannske einhver munur á hv. „lobbíistum“ frá Fjórðungssambandi Norðurlands eftir því hvort þeir væru lögfestir hér í stólnum niðri í gangi eða ekki. Ég sé enga þörf á því og engan mun á því hvort þessi landshlutasamtök fá lögfestingu eða ekki.

Í 113. gr. er fjallað um kosningar, hvernig kjósa á fulltrúa á aðalfund samtakanna. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem hafa kynnt sér þessa hluti, gera sér grein fyrir því að kosningar á þessar samkomur eru ekki með lýðræðislegum hætti. Þær eru ekki þannig að raunverulegur styrkleiki stjórnmálaflokkanna komi þar fram, það vitum við. Og það væri hægt að kjósa í þessar stofnanir með miklu lýðræðislegri hætti. En hvað varðar þessa menn um lýðræði þegar þeir eru búnir að kasta frá sér frelsinu, hv. þm. Sjálfstfl.? En þó er þarna talinn upp mjög ákveðinn og fastur listi, hvernig kjósa á í hinum ýmsu sveitarstjórnum. Það er eftir höfðatölureglunni og nákvæmlega tilgreint hvernig að skuli farið. Þá vekur það kannske hjá manni í fyrsta skipti einhverja von um að þarna séu þessir hv. flm. loksins búnir að festa sig við eitthvað. En lesi menn aðeins lengra, þá kemur þó í ljós ein heimildin enn þrátt fyrir nákvæma niðurskipan á kosningaaðferðinni. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „En heimilt er einstökum landshlutasamtökum að ákveða fulltrúa með öðrum hætti en greint er í 2. mgr., enda séu ákvæðin um það í samþykktum samtakanna, sem ráðh. staðfesti.“ Það má eftir þessu kjósa í þetta hvernig sem hverjum sýnist þrátt fyrir nákvæma upptalningu áður. Þetta er glundroðinn. Það virðist nefnilega vera að þessir hv. þm. kæri sig ekkert um frelsið þar sem það skiptir máli en vilji aðeins það frelsi sem hefur í för með sér glundroða. Og svo er hér viðtengingarháttur í annarri hverri setningu, t. d.: „Eigi sýslufélög aðild, þá skal“ o. s. frv. Og það segir ekkert annað en það, að þarna er enginn hlutur fastákveðinn, allir hlutir loðnir og eins og í þoku, og minnir á minkabú í rigningu.

Í 114. gr. er rætt um stjórn á þessum landshlutasamtökum. Það skyldi nú auðvitað vera að menn hefðu eftir þriggja ára umhugsunartíma og dygga þjónustu við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga nú loksins komið sér niður á það hversu margir skyldu stjórna þessum fyrirtækjum? Nei. Það segir í 2. mgr. 114. gr., með leyfi forseta: „Á aðalfundi skal kosin stjórn samtakanna, 5—11 menn.“ Þarna er verið að sveifla eins og menn sjá, enginn fastur punktur og allt á reki. Og ef lesið er áfram, þá kemur í ljós að þar kemur ein heimildin enn, að kjósa megi sér allt annað form á stjórn samtakanna með því að kjósa sér framkvæmdaráð. Hins vegar sé ég ekki nokkra ástæðu til þess að setja slíkt í lög, því að hvert einasta félag í landinu, stórt eða smátt, hvernig svo sem því er stjórnað eða hagað, má auðvitað kjósa sér framkvæmdastjórn, eins eða fleiri manna, og algerlega óþarfi að setja það í lög. En það virðist bara sett til að teygja eitthvað úr þessu frv. sem er hvorki eitt né neitt.

Í 115. gr. er auðvitað og ætti að vera langmerkilegasti og nákvæmasti kaflinn, þar sem fjallað er um tekjur samtakanna sem einhverjar þurfa að vera til þess að halda uppi starfsemi þeirra. En tekjur samtakanna samkv. þessari gr. geta auðvitað verið með hvaða hætti sem

er, því að þær eru samkv. samþykktum aðalfundar hvers sambands út af fyrir sig. Og í 116. gr. er dregið saman í nokkrum setningum að allt sé heimilt alls staðar: „Nánar skal kveða á um skipulag og stjórn einstakra samtaka“ o. s. frv.

Herra forseti. Þetta frv. hefur ekki náð fram að ganga á undanförnum þingum af eðlilegum ástæðum, vegna þess að mætustu menn hafa bent þessum villuráfandi hv. flm. á að það væri engin þörf á þessu frv. nú. Það er unnið að heildarsamræmingu í sambandi við sveitarstjórnarmál á Íslandi, samskipti ríkis og sveitarfélaga, og þess vegna mundi ég álíta að það væri hæfilegur dráttur á þessu frv. að leyfa því að bíða þangað til þeirri endurskoðun er lokið. Ég mun ekki flytja um þetta langa ræðu. Langar ræður um lítilfjörleg, illa unnin, sundurlaus og óákveðin mál eiga ekki við, en ég vil aðeins vekja athygli þeirra hv. nm., sem fá þetta frv. til meðferðar, á því hvort þeir vilji festa það í lög að Norðurl. v. megi ekki hafa sitt sérsamband. Vilja þeir festa það í lög að skylda sveitarfélög til þess að taka þátt í þessu eða hinu félaginu? Og vilja þeir ekki bíða þess að endurskoðuninni, sem ég nefndi áðan, ljúki þannig að við gætum fengið þessi mál öll tekin saman í heild? Þarna er verið að bæta einu apparatinu við þær stofnanir sem vinna að sveitarstjórnarmálum á Íslandi. Það eru sveitahreppar, kauptúnahreppar, kaupstaðir, sýslufélög, Samband ísl. sveitarfélaga sem vinna að öllum þessum verkefnum, og ég sé enga ástæðu til þess, án þess að líta á málin í heild, að sé verið að bæta við einni stofnuninni enn í lög, sem hefur þó unnið, að því er mér er sagt, með sæmilegum árangri sums staðar á landinu þó að ég hafi alls ekki orðið var við það að t. d. mitt sveitarfélag hafi nokkurn tíma haft nokkurt gagn af þessu starfi sambands sunnlenskra sveitarfélaga. En það er önnur saga, og ég ætla ekki að færa það mál inn á hv. Alþ. En ég vil biðja hv. n. að taka þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar, skoða málflutning stjórnlagafræðinga í þessum efnum, kanna viðhorf félmrn., líta yfir málflutning fyrrv. félmrh. og hraða ekki þessu og hrapa ekki að málinu, eins og hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson orðaði það þegar málið var til umr. árið 1972.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég vil aðeins nota þetta tækifæri til þess að lýsa yfir algerri andstöðu minni við þetta frv. sem hér er til umr. Það er nú, að því er mig minnir, í þriðja skipti sem þetta er vakið upp, en ekki annað skipti eins og hv. síðasti ræðumaður vildi vera láta og fyrst í stað. — (Gripið fram í.) Já, enda er hann orðinn slakur mjög eins og vill verða þegar knúið er oft á hjá afturgöngum. Fyrst í stað var ég nokkuð efins um hvaða afstöðu ætti að taka til þessa, en við nánari athugun hef ég gert upp hug minn í þessu efni og lýsi yfir algerri andstöðu minni við það að einhverjum sérstökum lagafótum sé undir þetta skotið. Þessi samtök eiga að vera frjáls samtök sveitarfélaganna þar sem þau ræða og álykta um sín sameiginlegu hagsmunamál og síðan, eins og reyndar hefur verið, að þau hafi sameiginlega framkvæmdastjórn á þeim hagsmunamálum sem þau óska eftir að unnið sé að með þeim hætti. Það eina, sem ég get fellt mig við í nýrri lagasetningu varðandi landshlutasamtökin væri þá að skjóta því inn í lög að sveitarfélögum væri heimilt að stofna til landshlutasamtaka.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Það sem kom mér til að biðja um orðið var skarpleg aths. hjá hv. 5. þm. Sunnl. um það að sveitarfélög, sem ekki eru innan vébanda landshlutasamtakanna, væru þar ekki vegna þess að þau vildu ekki vera þar. Og þetta er auðvitað alveg hárrétt. En það er svo annað mál að eftir því sem ár hafa liðið hafa ýmis sveitarfélög, sem í upphafi voru ekki innan þessara landshlutasamtaka, tekið virkan þátt í starfi þeirra, notið fyrirgreiðslu þeirra og starf landshlutasamtakanna hefur á ýmsan hátt komið þeim til góða. Ég man nú ekki nákvæmlega hvað Samband ísl. sveitarfélaga er búið að starfa mörg ár eða marga áratugi en það var fyrst á síðasta ári sem síðasta íslenska sveitarfélagið gekk í samtökin. Og mér dettur ekki í hug, að þessi minnstu sveitarfélög, sem síðast komu inn til allsherjarsamtakanna hafi ekki notið þess á ýmsan hátt að þessi samtök hafa verið starfandi svo lengi.

Það hefur komið hér fram að það væri ekki fjötur um fót landshlutasamtökunum að starfa þótt þau væru ekki lögbundin. Mér fannst satt að segja að ýmislegt í ræðu hv. 5. þm. Sunnl. rækist hvað á annars horn. Í sambandi við það, hvort það er þeim fjötur um fót að vera ekki lögbundin, vil ég segja það að þau hafa iðulega fengið þau svör hjá stjórnvöldum: Hvað vilt þú hér? Hver er staða þín? Þið eruð engin lögbundin samtök og við höfum ekkert við ykkur að tala. — Eigi að síður hefur þeim á Alþ. verið falin veigamikil verkefni að vinna. Og mér er ráðgáta hvernig heildarsamtökin eiga að geta gegnt þeim skyldum, sem Alþ. hefur lagt þeim á herðar, ef þau eru svo laus í reipum að ákveðinn fjöldi sveitarfélaga getur hlaupist þar undan merkjum og komið sér hjá því að greiða kostnað eða taka á sig aðrar skyldur, eins og t. d. um framkvæmd grunnskólalaganna. Og mér er ráðgáta hvernig landshlutasamtökin geta gegnt skyldum sínum og störfum varðandi áætlunargerð, landshlutaáætlanir, ef á að skilja undan þau sveitarfélög sem út af fyrir sig hafa ekki enn þá gerst aðilar að samtökunum vegna þess að í upphafi vildu þau bíða og sjá til hvernig þessi samtök þróuðust þegar þau stigu sín fyrstu spor.

Ég verð að segja það að ég held að við verðum að líta til þess að þjóðfélagið er töluvert öðruvísi í dag en fyrir 100 árum þegar þau sveitarstjórnarlög voru raunar sett sem við í höfuðatriðum störfum eftir núna. Það kann vel að vera, að ef löggjafinn hefði gætt þess í gegnum áratugina að sjá sýslufélögunum fyrir nægilegu fjármagni og að leggja þeim ný verkefni á herðar eftir því sem önnur verkefni hurfu af vettvangi sýslufélaganna, þá hefði aldrei komið til að landshlutasamtökin yrðu stofnuð. Eftir að ýmsir veigamiklir málaflokkar, eins og t. d. framfærsluskyldan og fræðsluskyldan og annað fleira, sem hvíldi á herðum sýslufélaganna, voru af þeim teknir og komu undir hatt ríkisins, þá

gerðist það að sýslurnar gátu ekki skapað sér ný viðfangsefni, og vegna þess að sveitarstjórnirnar sjálfar voru ekki virkir aðilar gagnvart sýslunefndunum þá dagaði uppi ýmis mál, sameiginleg hagsmunamál sem sveitarstjórnirnar þurftu að gegna. Og þegar ekki var tekið á þeim málum innan vébanda sýslunefndanna, þá knúði það einmitt á um að landshlutasamtökin yrðu stofnuð, annars vegar til þess að vera þjónustuaðili til þess að sinna ýmsum sameiginlegum verkefnum sveitarfélaganna, hins vegar til þess að vera samnefnari þeirra gagnvart ríkisvaldinu út á við.

Þegar um það er talað hér að það sé engin ástæða til þess að ræða þessi mál, það megi bíða endurskoðunar sveitarstjórnarlaganna í heild, þá hvarflar það að mér að við þurfum e. t. v. að bíða jafnmörg ár eftir niðurstöðu um endurskoðun sveitarstjórnarlaganna í heild eins og við höfum þurft að bíða eftir endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem lofað var, þegar lýðveldi var stofnað á Íslandi árið 1944. Þess vegna er mín niðurstaða sú að okkur sé nauðsynlegt að setja rammalöggjöf um landshlutasamtökin.

Hv. 5. þm. Sunnl. talaði hér áðan um glundroða annars vegar og hæddist að því í raun og veru að landshlutasamtökunum sjálfum væri heimilt innan viss ramma að ákveða hvernig þau höguðu málum sínum og hve margir færu með stjórn, að sjálfsögðu að fenginni staðfestingu ráðh. en á honum hlýtur að hvíla sú skylda að gæta þess að þarna sé um visst samræmi að ræða, en ekki glundroða. Hins vegar var svo að skilja á hv. ræðumanni að það væri hin argasta hneisa að landshlutasamtökin væru samtök sveitarstjórna. Landshlutasamtökin hafa verið hugsuð sem samtök sveitarstjórna, en ekki smækkað þinghald sem kosið er til eftir pólitískum línum, enda er með óbeinum kosningum í gegnum sveitarstjórnir alltaf möguleikar til þess að gæta eðlilegra skipta á milli flokka í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga um hlutfallskosningar.

Ég vildi aðeins leggja inn þessa skoðun mína í þessum umr. og geyma mér þá önnur tilvik þangað til málið kemur hér til 2. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að lengja þessar umr. úr hófi fram. Ég ætla að gera örstuttar aths. við tvær ræður sem hér hafa verið fluttar, þær sem hv. 4. þm. Vesturl. og hv. 5. þm. Sunnl. fluttu.

Í fyrsta lagi er það um ræðu hv. 4. þm. Vesturl. að segja að hún var hógvær eins og hans er von og vísa. Ég vil þó aðeins gera þá aths. við hans málflutning, að það sem verið er að gera hér eða óska eftir að Alþ. geri hér, þ. e. a. s. að setja rammalöggjöf um starfsemi landshlutasamtakanna, er nákvæmlega það sama og sýslufélögin hafa við að búa. Það gilda þau lög í landinu að hreppar allir skulu vera í sýslufélagi, þeir eru skyldaðir til þess að vera í sýslufélagi að lögum og sýslunefndirnar hafa því við að styðjast lagaboð, lagaramma um sína starfsemi. Mér er nær að halda, eins og ég veit að hv. þm. hefur áreiðanlega einna besta þekkingu af okkur hér á Alþ. á, að það væri öðru vísi farið um sýslufélögin í dag ef þau hefðu ekki þennan lagaramma. Oft á tíðum verður náttúrlega ágreiningur á milli sveitarfélaga og gæti orðið það mikill ágreiningur að sveitarfélög segðu sig úr þeim samtökum sem þau eru í, eins og sýslufélagi, en það geta þau ekki vegna þess að þau eru skyldug til þess að vera þar í að lögum. Ég held þess vegna að það hafi verið mikil stoð og stytta fyrir sýslufélögin að hafa þessa löggildingu, eins og þau hafa haft — mér er nær að halda öldum saman.

Það er dálítið annað mál að segja um ræðu hv. 5. þm Sunnl., Garðars Sigurðssonar. Hann tók nú dálítið öðrum tökum og með léttara hjali á þessu máli heldur en hv. 4. þm. Vesturl. Hann hefur sýnilega ekki verið hér í salnum þegar ég flutti framsöguræðu mína fyrir þessu frv. og kom fram mikill misskilningur á ýmsu út af því. Hann benti m. a. á það að við leyfðum okkur að flytja frv. óbreytt og í því væri t. d. ekkert ákvæði um það að Norðurl. v. gæti verið í sérstökum samtökum. Ég benti á það í minni framsöguræðu að um þetta hefði verið flutt brtt., m. a. hef ég sjálfur flutt brtt. um þetta á síðasta þingi, og það er meginhugsunin í þeirri till., að ef sveitarstjórnir í kjördæmi eins og Norðurl. v. komast að þeirri niðurstöðu heima fyrir að þær vilji heldur vera í sérstökum landshlutasamtökum, þá skuli það heimilt. Ég benti á það og óskaði eftir því að hv. n., sem fær þetta mál til athugunar, kanni þetta mál og flytji sameiginlega, ef hún getur komist að sameiginlegri niðurstöðu um það, brtt. við frv. Annars er hægt að endurflytja þessa brtt. En ég benti á þetta atriði og hef þegar lýst afstöðu minni til þess með flutningi brtt., þannig að þetta atriði ætti ekki að þurfa að tefja afgreiðslu þessa máls nú á þessu þingi. Og ég hygg að það hafi verið fullkomin samstaða um þetta mál á milli þm. Norðurl., um þá brtt. eða líka brtt. og ég flutti á síðasta þingi. Nóg um það.

Hv. þm. taldi, að við værum með því að skylda sveitarfélög til að vera í þessum samtökum með lagaboði að hafna margumræddu frelsi sem við vildum hafa á öllum sviðum. Það kann að vera að svo sé, að eitthvað sé til í þessu. En það má t. d. benda á það, ættum við þá ekki að afnema það að hreppar skuli vera í sýslufélögum, ef við ætlum að hafa frelsi á þessum sviðum, eða afnema öll lög um það að opinberir aðilar skuli gera þetta og hitt. Það yrði þá hið fullkomna frelsi. Ég held að fáir finnist formælendur slíkrar frelsiskenningar. En það, sem liggur til grundvallar því, eins og kom raunar fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að við teljum nauðsynlegt að setja þessa reglu, er að við viljum tryggja að þessi samtök liðist ekki sundur, ef þau þurfa að taka verulegar ákvarðanir, þá liðist þau ekki hreinlega í sundur. Við viljum líka með þessu ákvæði tryggja rétt fólksins í öllum sveitarfélögum til þess að hafa áhrif á stjórn landshlutasamtakanna.

Hann benti svo á, að það væru heimildarákvæði í frv. sem gerðu það loðið og sundurlaust, laust í reipunum. Á þetta var líka bent í framsöguræðu minni, að það væri nauðsynlega að hafa þessi ákvæði vegna mjög breytilegra aðstæðna. Það er t. d. allt annar fólksfjöldi, — ég vona, að hv. þm. viti það, — á Vestfjörðum eða á Suður-

landi eða Austfjörðum eða Norðurlandi. Þess vegna er ekki óeðlilegt að það sé hægt að hafa svolitinn sveigjanleika í fjölda stjórnarmanna í þessum samtökum. Þessi heimildarákvæði eru yfirleitt sett þarna til þess að mæta mismunandi aðstæðum og til þess að hafa hæfilegt frelsi í uppbyggingu þessara ágætu samtaka.

Þá vil ég víkja að því máli sem ég hygg að sé mest undir niðri hjá þessum hv. þm. og hans flokksbræðrum í þessu og það eru kosningar til þessara ágætu samtaka. Ég benti á það í minni frumræðu að þarna væri um að ræða samtök sveitarstjórna, það mætti ekki gleyma því, samtök sveitarstjórnarmanna. Þess vegna þyrfti að vera tryggt að það yrðu sveitarstjórnarmenn sem yrðu á þingi þessara samtaka og væru í stjórn þeirra. Þetta væri samstarfsvettvangur sveitarstjórnarmanna í ákveðnum landshlutum til þess að taka afstöðu til sameiginlegra mála sem varða þróun alls landshlutans, eins og samgöngumála, orkumála, skólamála o. s. frv. Þess vegna yrði það að vera tryggt að þarna væru sveitarstjórnarmenn á þingi, ekki einhverjir aðrir sem ekki væru í sveitarstjórn viðkomandi byggðarlags, þeir væru ekki réttir aðilar á réttum stað í að sitja á þingi samtakanna, heldur sveitarstjórnarmenn. Við getum líka bent á, ef við tökum Vestmannaeyjar og sambandið á Suðurlandi, þá gæti það verið dálítið ankanalegt ef það yrðu einhverjir aðrir en bæjarstjórnarmenn í Vestmannaeyjum sem færu með umboð fólksins úr Vestmannaeyjum í þessum samtökum. Það gæti hreinlega komið upp ágreiningur á milli þess aðila og viðkomandi sveitarstjórnar, þannig að það yrði um fullkominn glundroða að ræða í þeim efnum ef svo ætti að halda á málum. Hins vegar benti ég á að það gæti verið ástæða til þess að athuga hvort ekki kæmi til greina að hafa beinar kosningar til landshlutasamtakanna þegar og ef þau fengju veruleg verkefni sem þau ættu að vinna til fullnaðar hjá sér, fengju vald yfir þeim. En þá taldi ég hins vegar að það ætti að búa þannig um hnúta að sveitarstjórnarmenn væru einir kjörgengir, svo að það væri tryggt að sveitarstjórnarmenn úr viðkomandi byggðarlagi væru í landshlutasamtökunum og færu þar með umboð fólksins. Hins vegar gæti fólkið kosið beinni kosningu þá sveitarstjórnarmenn sem það vildi helst.

Þetta var sú hugmynd sem ég varpaði hér fram í minni frumræðu. Ég held sem sagt að ef hv. þm. hefði hlustað á þessa ræðu, þá hefði hann getað sparað sér margt af því sem hann sagði hér, og ég ætla ekki að fara að efna til frekari orðræðna um þetta að þessu sinni. Ég vona að þetta frv. fái skoðun í n. Það er ekki ætlun okkar sem flytjum það að á það sé litið sem einhverja heilaga kú sem ekki verði hægt að finna að í einu eða öðru. Við munum áreiðanlega taka því vel ef koma fram við það skynsamlegar brtt. Hins vegar tel ég að þetta mál sé afar brýnt til þess að treysta þessi samtök í sessi. Þarna er um að ræða samtök sem eru mjög mikilvæg fyrir fólkið úti um byggðir landsins, og ég lít svo á að þetta sé áfangi, þetta sé áfangi á þeirri leið að treysta þessi samtök, efla þau, færa meira vald til fólksins úti um land, draga úr miðstjórnarvaldi, en dreifa valdinu í landinu.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Tveir hv. síðustu ræðumenn hafa nú svarað að mestu þeim aths. sem ég vildi gera við mál þeirra hv. þm. Friðjóns Þórðarsonar og Garðars Sigurðssonar, en ég kannske hnykki á nokkrum atriðanna.

Það kom fram í máli þeirra beggja vafi um það hvort þörf væri á að binda þessi samtök í lögum og að ekkert benti til að það hefði háð starfsemi þeirra að lagaákvæði skorti. Ég held að það blandist engum hugur um það, að einmitt núna eru að koma í ljós gallarnir á því að þessi samtök styðjast ekki við nein lög. Það var ekkert við það að athuga í byrjun að þarna væri eingöngu um frjáls samtök sveitarstjórna að ræða. En þegar sjálft Alþ. hefur falið landshlutasamtökunum ákveðin verkefni, þá fara gallarnir að koma í ljós. Í fyrsta lagi koma þeir í ljós vegna þess að það eru ekki öll sveitarfélög í hinum einstöku landshlutum aðilar að samtökunum, og skýrasta dæmið, sem við höfum fyrir okkur núna, er einmitt það að vissum ákvæðum grunnskólalaganna er ekki hægt að framkvæma vegna þess að landshlutasamtökin styðjast ekki við lög. Ég skal nefna eitt alveg ákveðið dæmi. Það er um fræðsluskrifstofurnar sem áhugi var fyrir að tækju til starfa í byrjun þessa árs. Landshlutasamtökin hafa ekki treyst sér til að koma þessum fræðsluskrifstofum á vegna þess að það vantar tekjustofninn fyrir þær. Meðan hann er ekki fenginn geta landshlutasamtökin ekki stofnað til þessara fræðsluskrifstofa og af því hlýst óhagræði, t. d. að sálfræðiþjónusta verður ekki tekin upp vegna þess að það er enginn tekjustofn til þess að standa undir henni. Þannig munu dæmin koma fleiri eftir því sem Alþ. felur landshlutasamtökunum fleiri verkefni.

Hv. þm. Friðjón Þórðarson talaði um að það hefði gleymst að setja sýslufélögunum sérstakan tekjustofn. Ég held að þetta sé ekki rétt. Ég held að sýslufélögin og sýslunefndirnar séu einn af fáum aðilum í þjóðfélaginu sem hafa nánast ótakmarkaða heimild til þess að skattleggja sína aðila. Og hann nefndi reyndar sjálfur í sinni ræðu að því, sem á vantaði, til þess að endar næðu saman, skyldi jafnað niður á hreppana. Það eru sem sagt engin takmörk fyrir því, enda mun það vera svo, að vegna þess hve sýslunefndirnar hafa misjöfn verkefni og það hafa þær vissulega, þá er ákaflega mikill munur á því hvað hinar einstöku sýslunefndir leggja á hreppana. Ég hef ekki nýjar tölur yfir þetta, en ég held að það hafi verið allt upp í það að vera tífaldur munur á skattlagningu á hina einstöku hreppa eftir því hvaða sýslu þeir tilheyrðu. Sýslunefndirnar hafa því haft tekjustofn.

Um ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar skal ég ekki vera langorður. Hún var, eins og allir heyrðu, flutt í gamansömum tón og það voru vissulega í henni margar skemmtilegar þversagnir. Hann spurði um hvar nú væri frelsishugsjón sjálfstæðismanna þegar hann las greinina um skylduaðild sveitarfélaganna. En þegar hann fór að lesa lengra, þá sá hann einmitt hvar frelsishugsjón okkar var og við erum fylgjandi því að sveitarfélögin í landinu verði ekki hneppt í meiri viðjar en nauðsynlegt er. Þetta frv. ber einmitt vott um það að við viljum að sveitarstjórnirnar

hafi nokkurt frelsi og frjálsræði til þess að skipa sínum málum. Og það sá náttúrlega þm. þegar hann las áfram. En mér virtist að það væri einmitt aðfinnsluefnið hjá honum að það sé allt of mikið af heimildarákvæðum í frv. Hann vill sem sagt njörva þetta allt niður og ekki veita sveitarfélögunum það frelsi sem við viljum. Þarna skilur á milli og þarf engum að koma á óvart.

Það hefur þegar verið talað um nauðsynina á skylduaðild sveitarfélaganna. Hún er nauðsynleg vegna þeirra ákvæða sem þegar eru komin í lög um verkefni þessara landshlutasamtaka.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja einstaka þætti í máli hv. þm. Garðars Sigurðssonar, en hann talaði hér um, að við skyldum skoða hvað hæstv. fyrrv. félmrh. hefði sagt um þetta mál þegar það var á dagskrá á síðasta reglulegu þingi og reyndar kannske næstsíðasta líka, því að hann hafði afskipti af málinu á báðum þingum, í fyrra skiptið sem félmrh. Þá lagðist hann gegn frv. fyrst og fremst af þeirri ástæðu að ekki hefði verið haft samráð við sýslunefndirnar. Á næsta þingi hafði verið skipt um hlutverk. Þá var hv. þm. Hannibal Valdimarsson ekki lengur ráðh., en hann var formaður félmn. sem fékk frv. til meðferðar. Þá hafði hann tækifæri til þess að koma frv. til umsagnar sýslunefndanna, en þá hafði hann bara engan áhuga á því og bar aldrei upp slíka till. í n. og frv. var ekki sent til umsagnar sýslunefnda þó að það hefði vissulega verið hægurinn hjá hv. þm. að gera það.

Ég minnist þess einnig og held að ég fari rétt með það, að á fyrra þinginu, sem þetta frv. var flutt á, var hv. þm. Magnús T. Ólafsson menntmrh. og þá var hann því meðmæltur, vegna þess að það var áhugi fyrir því að grunnskólafrv. kæmist í gegn, — þá var hann því meðmæltur að landshlutasamtökin yrðu lögfest. En það var ekki alltaf samkomulag í þeim flokki sem þessir hv. þm. tilheyrðu og skal ég ekki ræða það neitt frekar.

Það mætti vissulega margt fleira segja um þetta mál. Ég skal spara mér það. En ég legg áherslu á að það vantar þessa lagasetningu til þess að framkvæmd verði ákvæði laga sem Alþ. hefur þegar sett. En ég tek líka fram að þótt við lögfestum þetta frv., þá er ekki verið að vinna neitt lokaverk. Meginendurskoðun sveitarstjórnarlaganna er eftir. Það er eftir að endurskoða verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga, í framhaldi af því er eftir að endurskoða tekjustofnalögin, og það er eftir að endurskoða stjórnkerfið sjálft og hvert hlutverk sveitarfélögin skuli í framtíðinni leika þar. Það er eftir að skoða þá hugmynd nákvæmlega hvort taka eigi hér upp fylkjaskipanina sem sú n., sem unnið hefur til þessa að endurskoðun sveitarstjórnarlaganna, hefur fest á blað. Það þarf að skoða þann þátt vel. En menn athugi það, að með þessu frv. er verið að lögfesta samtök sveitarfélaganna í landinu. Þess vegna er það kosningafyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, eðlilegt. Ef við hins vegar förum út í fylkjaskipanina og veitum fylkjunum meira vald en er verið að veita hér landshlutasamtökunum og fylkin hafa ráðstöfun á fjármagni þá þurfum við að kjósa með allt öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir. En þá erum við ekki heldur að tala um samtök sveitarfélaga og þá erum við komnir að spurningunni um það hvort taka eigi upp beinar kosningar til fylkjanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Endurskipulagning utanríkisþjónustunnar, fsp. (þskj. 324). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég ber fram til utanrrh. fsp. þess efnis hvenær megi vænta efnda á marggefnum fyrirheitum um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar og hver verði meginatriði þeirrar endurskipulagningar.

Utanríkisþjónusta okkar íslendinga er sem kunnugt er tiltölulega ung stofnun í samanburði við utanríkisþjónustu flestra annarra Evrópuríkja. Engu að síður er þessi stofnun dálítið forn að því leyti til að skipulag þessarar þjónustu var sniðið eftir skipulagi annarra ríkja og ekki síst dana, þegar þessi skipan var tekin upp eftir að Ísland varð lýðveldi og fékk aðstöðu til þess að komast í tengsl við nágrannaþjóðirnar beggja vegna Atlantshafs. Við vitum að við höfum komið fyrir föstum sendiráðum á afar litlum bletti í vestanverðri Norður-Evrópu. Þar eru langflest sendiráð íslendinga á tiltölulega litlu svæði og utan þess svæðis er aðeins um að ræða sendiráð í Bandaríkjunum og í Sovétríkjunum. Þetta eru leifar frá þeim tíma þegar þannig var litið á að Vestur-Evrópa væri miðdepill heimsins og þar gerðust allir þeir atburðir sem máli skiptu og það væri þar sem íslendingar yrðu að hafa tengsl sín til þess að fylgjast með hvað væri að gerast.

Að því hefur oft verið vikið hér á Alþ., að þessi skipan væri orðin úrelt með öllu og að ástæða væri til, þó að okkur sé skorinn að sjálfsögðu þröngur stakkur um það hversu víða við getum haft sendiráð, að hafa sendiráð a. m. k. í helstu heimsálfum, í Asíu, í Afríku og í rómönsku Ameríku. Það hefur einnig verið bent á það hér á þingi margsinnis að sendiráðin gegni ekki þeim hlutverkum, sem vonir stóðu til að þau gætu gegnt, að því er varðar viðskiptastörf í þágu íslendinga, þau ræki ekki það verkefni að reyna að afla markaða fyrir íslenskar útflutningsvörur eða að veita vitneskju um mikilvæga þætti sem þeim eru tengdir, þau gegni öllu heldur hinum fornu, hefðbundnu störfum.

Mér er kunnugt um það að starfsemi þessara sendiráða hefur haldist nálega óbreytt frá því var í upphafi. Sendiherrarnir senda heim skýrslur um stjórnmálaatburði og stjórnmálaþróun í löndum sínum. Ég hef átt þess kost að lesa sumar þessar skýrslur nú undanfarin ár. Og ég verð að segja það, þó að ég skuli ekkert út á þessar skýrslur setja í sjálfu sér, að þá hef ég ekki fengið í þeim neina vitneskju umfram þá sem ákaflega auðvelt er að afla sér með því að fylgjast örlítið með því sem sagt er um alþjóðamál í áreiðanlegum blöðum.

Ég er þeirrar skoðunar að þessi skipan sé orðin gersamlega úrelt og hægt væri að skipuleggja þetta á miklu hagkvæmari hátt. Um þetta hefur oft verið fjallað hér á þingi eins og ég sagði áðan. Þetta var eitt af þeim atriðum sem upp voru tekin í málefnasamning vinstri stjórnarinnar 1971. Sá samningur endaði á þessari setningu: „Utanríkisþjónustan skal endurskipulögð og staðsetning sendiráða endurskoðuð.“ Það var fyrir tæpum 4 árum sem þetta fyrirheit var gefið og í þessu máli hefur ekkert gerst. Við vitum að vísu úr fjölmiðlum að hæstv. utanrrh. hefur látið kanna þetta mál. Við vitum, að hann fól um skeið Ólafi Ragnari Grímssyni prófessor að fara í ferðalag og semja skýrslu um starfsemi sendiráða. Við vitum að hann fól einum sendiherra okkar, Pétri Eggerz, að taka leyfi frá venjulegum störfum til þess að vinna að skýrslugerð um þetta atriði. Og við vitum einnig að sendiherrunum hefur verið falið að semja álitsgerð um þetta mál. En það hefur ekkert gerst og einmitt þess vegna ber ég fram þessa fsp. til hæstv. utanrrh. Það er nú svo að það er verkefni ráðh. að móta stefnu, — ekki aðeins safna vitneskju heldur móta stefnu, og mér finnst vera kominn ærinn tími til að hæstv. utanrrh. greini okkur frá því hvort hann hafi lokið því verki og hvernig sú stefnumótun muni verða í meginatriðum.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Það verður að segjast eins og er, að hægt hefur gengið að framkvæma það stefnuskráratriði fyrrv. ríkisstj. að endurskoða og endurskipuleggja utanríkisþjónustu landsins. Ég vil þó upplýsa í tilefni af fsp. hv. 3. þm. Reykv., eins og hann raunar gat um sjálfur að á sínum tíma óskaði ég eftir till. og grg. frá Pétri Eggerz sendiherra og frá sendiherrum Íslands erlendis um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar og staðsetningu sendiráða. Einnig tók Ólafur Ragnar Grímsson prófessor að sér að kanna sérstaklega á hvern hátt utanríkisþjónustan gæti orðið útflutningsatvinnuvegunum að sem mestu liði.

Greinargerðir ofangreindra aðila hafa nú verið til athugunar í utanrrn. í nokkra mánuði og nú ætla ég mér að biðja utanrmn. að tilnefna menn úr n. til að vera til ráðuneytis við frekari könnun grg. Ég hef þegar rætt það við formann utanrmn. sem hefur tekið erindinu vel. Ég vona því að nokkur skriður geti komist á mál þetta nú, en of snemmt er að segja til um það hver verða meginatriði hinnar umræddu endurskoðunar.

Þetta verður að vera svar mitt í dag. En ég þakka hv. 3. þm. Reykv. þann áhuga sem hann hefur sýnt þessu máli með þessari fsp. Það er vissulega rétt að ég hef hug á því að endurskipuleggja nokkuð utanríkisþjónustuna en því miður hefur mér reynst erfiðara að gera mér grein fyrir því, hvernig það skyldi gert, heldur en ég áleit í upphafi þegar ég kom að þessum málum öllu ókunnugur. En ég sem sagt vona að innan tíðar geti slíkar breytingar séð dagsins ljós.

Ég er algerlega sammála hv. 3. þm. Reykv. um að það er ekki vansalaust og raunar ófært fyrir íslendinga að hafa ekki sendiráð í stórum hlutum heims eins og nú er komið málum, eins og við þurfum að hafa mikla samvinnu við þau ríki sem í þeim álfum búa sem hann áðan nefndi. Ég hef gert örlitla tilraun til þess að fá að opna sendiráð í Asíu og Afríku, ég hef lagt inn beiðnir til fjárveitingavaldsins um að stofnuð yrði sendiráð í Asíu og Afríku, og það hefur komið til tals að stofna sendiráð í Kanada. En öllum þessum beiðnum utanrrn. hefur verið hafnað og fjárhagsástæðum borið við.

Ég hygg að það sé út af fyrir sig rétt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að sendiráð okkar séu of samanþjöppuð á litlum bletti jarðkringlunnar. Ég get fallist á það. En reynslan hefur sýnt að þegar mönnum datt í hug að leggja niður þau sendiráð, sem fyrir eru og starfrækt hafa verið að undanförnu, þá hefur það reynst erfitt og mætti mikilli mótspyrnu í viðkomandi landi. Þess er skemmst að minnast, að á sínum tíma ætlaði viðreisnarstjórnin sér að leggja niður sendiráðið í Osló. Þá komu mjög ákveðin viðbrögð frá norðmönnum og mótmæli gegn því að slíkt yrði gert og það talið móðgun við norsku þjóðina, þessa frændþjóð okkar íslendinga.

Mér þykir leiðinlegt að standa hér og geta ekki gefið önnur svör við fsp. hv. 3. þm. Reykv. En það verður að segja hverja sögu eins og hún er, og þetta er sannleikur málsins sem ég hef nú sagt frá.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin þótt ég verði að lýsa yfir vonbrigðum mínum með efni þeirra. Eins og hæstv. ráðh. tók fram hefur ekki neitt í þessu gerst umfram þá gagnaöflun sem við minntumst hér báðir á.

„Hæstv. ráðh. kvaðst hafa gert örlitla tilraun þess að fá aðstöðu til að opna sendiráð í Asíu og Afríku, hann hefði lagt fram óskir um fjárveitingar til þeirra verkefna, en þær hefðu ekki fundið náð fyrir augum fjárveitingavaldsins. Ég er alveg sannfærður um að ef hæstv. ráðh. hefði lagt á þetta áherslu þá hefði honum tekist að koma fram einhverri slíkri fjárveitingu. Ég þekki það af störfum í rn. að ráðh. verða stundum að beita sér dálítið til þess að koma fram málefnum sem þeir hafa áhuga á, og ég efast ekki um að hæstv. ráðh. hefði getað fengið slíka fjárveitingu ef hann hefði lagt á það nægilega áherslu. En hitt þekki ég ákaflega vel, að fjvn. hefur þá vinnuaðferð að hún velur það úr sem hún telur að bæði sé mikilvægt og stjórnarvöld leggi áherslu á hverju sinni.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri viðkvæmt mál að raska gömlu sendiráðakerfi, og það er vissulega alveg satt. En ég held að við megum ekki taka allt of mikið tillit til þessarar viðkvæmni. Við skulum gera okkur ljóst að það hafa orðið gerbreytingar á öllum samskiptum, bæði samgöngum og samskiptum þjóða, með breytingum á ferðalögum og með fjarskiptum og öðru slíku. Það gamla starf, sem sendiráð og sendiherrar unnu þegar þeir voru næsta einangraðir fjarri heimalöndum sínum, er allt annars eðlis en það starf sem unnið er í dag. Og við vitum það

ákaflega vel að þegar við þurfum að láta fjalla um einhver mikilvæg mál sem snerta hagsmuni okkar í samskiptum við aðrar þjóðir, þá sendum við yfirleitt sérstaka menn héðan að heiman til þess að rækja þau málefni, stundum ráðh., stundum embættismenn og stundum stjórnmálamenn. Þetta er ekki falið sendiráðunum. Sendiráðin eru fyrir utan öll meginatriði í utanríkisþjónustu okkar. Þau eru ákaflega staðnaðar stofnanir að því er mér hefur virst. Og ég held að við, sem höfum að sjálfsögðu takmarkaða fjármuni til að verja til slíkra verka, hljótum að reyna að líta á það ferskum augum hvernig við getum varið þeim fjármunum á sem sjálfstæðastan og gagnlegastan hátt.

Það er, eins og hæstv. ráðh. viðurkenndi, ekki vansalaust að við skulum ekki hafa sendiráð t. d. í Asíu. Og ég verð að segja það eins og er, að mér finnst það til marks um hina ákaflega kunnu kínversku kurteisi, að Kínverjar skuli vera með sendiráð hér í Reykjavík, en við skulum líta á Kína sem einhvern botnlanga af Danmörku. Ég tel að þetta sé ákaflega annarleg skipan og við hljótum að verða að breyta henni mjög fljótlega. Mér virðist einnig að það sé ekki einungis að ekki hafi orðið neinar efndir á fyrirheitum sem gefin voru 1971, heldur sé vaxandi stöðnun í þessu kerfi okkar. Sendiherrar okkar dveljast lengur og lengur í þeim löndum þar sem þeim hefur verið falið að starfa. Ég hygg að þess séu dæmi að sendiherrar hafi verið í einu tilteknu landi allt að því 10 ár, og það er að verða þannig í mörgum löndum að sendiherrar íslendinga eru að verða oddvitar í hópi sendiherra og verða þá að taka á sig ákaflega miklar og merkilegar skuldbindingar í samkvæmislífinu og síst er að lasta það. En hvort við eigum að leggja áherslu á að verja starfskröftum sendiherra okkar í slík verkefni, það dreg ég æðimikið í efa.

Hæstv. ráðh. minntist á að það hefði reynst viðkvæmt mál þegar viðreisnarstjórnin talaði um að fækka sendiráðum á Norðurlöndum og ég kannast ákaflega vel við þetta. En engu að síður finnst mér að ástæða sé til að halda einmitt þeirri stefnu ekki síst til streitu. Við tökum ákaflega mikinn þátt í norrænu samstarfi. Þar er um að ræða nánustu samvinnu sem við höfum við nokkur ríki, þar er um að ræða verulega samvinnu af hálfu Alþ. og okkar alþm., þar er um að ræða samvinnu af hálfu embættismanna, þar er um að ræða samvinnu ýmissa almennra stofnana í landinu o. s. frv. Þarna er um ákflega lifandi samvinnu að ræða, og ég tel að sendiráðin séu komin út fyrir þessa lifandi þróun, þau séu orðin eins konar leifar frá gamalli tíð. Það er í sjálfu sér ágætt sem hæstv. ráðh. greindi frá að utanrmn. eða fulltrúar frá utanrmn. mundu fá að sjá þær skýrslur sem unnar hafa verið af Ólafi Ragnari Grímssyni og Pétri Eggerz sendiherra og öðrum sendiherrum. En á hitt vil ég leggja áherslu sem ég gerði áðan, að það hlýtur að vera verkefni utanrrh. hverju sinni að koma með till. um stefnu. Það er ekki hægt árum saman að ræða svona hluti við menn án þess að hæstv. ráðh. geri upp hug sinn um það, hvaða stefnu hann vill taka upp, hvaða breytingar hann telur óhjákvæmilegt að gera, og láti þá á það reyna, hvert fylgi þær hugmyndir geta haft. Og ég vil leggja á það áherslu við hæstv. ráðh., að ég vænti þess í áframhaldi af því, sem hann sagði hér áðan að sér þætti miður hvað þetta starf hefur gengið seint, að hann geri núna gangskör að því að taka þennan mikilvæga þátt til endurskoðunar alveg á næstunni.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við mína fyrri ræðu að bæta og allra síst ætla ég að fara í neinar deilur við hv. 3. þm. Reykv. um þessi mál eftir þá hógværu ræðu og þær ábendingar sem hann lét hér falla til mín. En ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs öðru sinni var sú, að ég vil ekki fallast á það að sendiráðin séu verkefnalaus og þau séu komin út fyrir veruleikann, ef svo mætti segja, og stundi ekkert nema samkvæmislíf. Þetta er nokkuð útbreidd skoðun, ég skal viðurkenna það, en ég held að hún eigi ekki nema að litlu leyti a. m. k. við rök að styðjast því að ég tel mig hafa kynnst því á þessum árum sem ég hef starfað við utanríkisþjónustuna, að þar eru mjög margvísleg og margs konar verkefni. En ég get fallist á það, að þau beinist kannske ekki fyrst og fremst að því sem þau þyrftu að gera, þ. e. a. s. aðstoð við sölu íslenskrar framleiðsluvöru erlendis. Og það er fyrst og fremst í þá átt sem mig langar til þess að breyta utanríkisþjónustunni. Hitt er svo annað mál, hvort allir verða ánægðir með það og hvort þeir útflytjendur, sem flytja frá landinu, óska yfirleitt nokkuð eftir því að sendiráðin komi þar til. En það mun koma í ljós síðar.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hafi ég komist þannig að orði, að ástæða sé til að ætla að ég telji að sendiráðin hafi ekki störfum að gegna, þá hef ég ekki orðað mína hugsun rétt. Mér er vel kunnugt um það að sendiráðin hafa störfum að gegna, og um það gildir raunar eitt af lögmálum Parkinsons sem segir að hvert starf uppfylli þann tíma sem til þess sé ætlaður. Þessi sendiráð vinna að ýmsum verkefnum og mér dettur ekki í hug að væna nokkurn mann þar um það að hann geri það ekki. En ég tel að þessi verkefni séu orðin ákaflega smávægileg í samanburði við þau raunverulegu verkefni sem ég tel að utanríkisþjónusta þurfi að rækja.

Efri deild, 59. fundur.

Fimmtudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 275, n. 363 og 365, 364, 370). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 364,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14:5 atkv.

2. gr. samþ. með 14:4 atkv.
Brtt. 364,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 364,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 364,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 370 felld með 13:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: RA, StJ, GeirG, HFS.
nei: JÁH, OÓ, StH, StG, AG, AJ, ÁB, EggÞ, EÁ, GH, IT, JónÁ, ÞK.
JHelg, JGS greiddu ekki atkv.
Einn þm. (HÁ) fjarstaddur.
Brtt. 364,5 (ný 11. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 364,6 (ný gr., verður 12. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
12.—13. gr. (verða 13.—14. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Fimmtudaginn 13. mars, kl. 2 miðdegis.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 359). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með þál. 16. des. 1972 var ríkisstj. heimilað að stofna til byggingar eða kaupa á nýju varðskipi fyrir Landhelgisgæsluna. Eftir að athugun hafði farið fram og leitað hafði verið tilboða, var að lokum samningur gerður við Århus Flydedok A/S í Danmörk um smíði á varðskipinu. Smíðaverð skipsins er samkv. samningi d. kr. 29 millj. 642 þús. og skyldi seljandi útvega lán fyrir 80% andvirðisins til 8 ára. Við þann hluta, sem lán er veitt til, bætist enn fremur kostnaður vegna viðbótarverka sem ákveðin voru eftir samningsgerðina, aðallega ýmiss konar búnaður. Verður sá hluti smíðaverðsins, sem lán verður veitt fyrir, alls að upphæð um 25 millj. og 500 þús. d. kr. Varðskipið, sem nefnt hefur verið Týr, verður afhent nú um næstu helgi, þ. e. a. s. 15. mars, og að því búnu ber að ganga frá lántökunni. Er því með frv. því, sem hér er til umr., leitað lántökuheimildar svo sem í 1. gr. frv. segir.

Ég vil, hæstv. forseti, að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., en vegna þess hve skammur tími er til þess að ganga verður frá hlutum, þá vildi ég mega vonast til þess að hv. n. og hv. þd. sjái sér fært að afgreiða þetta mál í dag og að hæstv. forseti boði síðar í dag til funda til þess að frv. þetta geti orðið að lögum í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. (þskj. 371). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27:4 atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað Alþingi, 51. fundur.

Fimmtudaginn 13. mars, að loknum deildafundum.

Kosning 7 manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða nýafgreiddra laga frá Alþingi um breyt. á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Auður Auðuns, Þórarinn Þórarinsson, Ellert B. Schram, Örlygur Hálfdánarson og Friðrik Sophusson. Á B-lista var Ólafur Einarsson og Ólafur R. Grímsson. Á C-lista var Stefán Júlíusson. — A-listi hlaut 40 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 7 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Auður Auðuns,
Þórarinn Þórarinsson,
Ellert B. Schram,
Ólafur Einarsson,
Örlygur Hálfdánarson,
Friðrik Sophusson,
Stefán Júlíusson.

Varamenn voru tilnefndir:
Magnús Þórðarson (A),
Leó Löve (A),
Þorsteinn Pálsson (A),
Sigurður A. Magnússon (B),
Markús Á. Einarsson (A),
Ragnheiður Guðmundsdóttir (A),
Sigurður Guðmundsson (C).

Neðri deild, 57. fundur.

Fimmtudaginn 13. mars, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 359, n. 373). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál og er álit hennar á þskj. 373. N. mælir með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Neðri deild, 58. fundur.

Fimmtudaginn 13. mars, að loknum 57. fundi.

Lántökuheimild fyrir ríkissjóð, frv. (þskj. 359). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 377).

Efri deild, 60. fundur.

Mánudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. 33. mál (þskj. 371). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. var flutt í byrjun þessa þings í Nd. og var afgr. þar út úr n. nokkru fyrir jól og þá hófst 2. umr. málsins sem stóð framundir miðjan marsmánuð, að vísu með jólafrii. Þetta mál hefur verið mikið rætt bæði hér á Alþ. og í fjölmiðlum svo að ég tel eiginlega óþarfa að fara að rekja ítarlega efni þessa frv. Það felur í sér að samræma vinnslu sjávarafla og veiðar í tveimur sérstökum greinum, sem er rækju- og skelfiskveiðar, en þessar veiðar eru háðar miklum og ströngum takmörkunum hvað magn snertir og þykir ærin ástæða til, þó að fyrr hefði verið, að taka upp samræmingu á milli vinnslu og veiða í þessum tveimur greinum. Ástæðan fyrir því, að þetta er orðið aðkallandi, er að það hefur orðið verulegur samdráttur á undanförnum árum í veiðum, sérstaklega rækju, á tilteknum veiðisvæðum og kvótinn, sem Hafrannsóknastofnunin leggur til við sjútvrn., fer minnkandi á flestum eða öllum þessum svæðum. Því er fullkomin ástæða til að eitthvert skipulag sé milli veiða og vinnslu. Þetta hefur farið mjög versnandi, t. d. á Húnaflóasvæðinu sem má segja að hafi verið best. Þar voru veiddar á s. l. ári 2 300 lestir, en á þessari vertíð heimilaði Hafrannsóknastofnunin aðeins 1 800 lesta veiði. Sama má segja um önnur helstu veiðisvæðin sem búið er að stunda þessa veiði á lengst af, eins og t. d. við Ísafjarðardjúp og á Arnarfirði.

Af því að þetta mál hefur verið lengi á döfinni í Nd., þá vænti ég þess að sú n., sem fær þetta mál hér til meðferðar, reyni að hraða afgreiðslu þessa frv. eftir föngum, þannig að ef hv. þd. er þessu frv. meðmælt, sem ég vona, geti það orðið sem allra fyrst að lögum.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 376). — 3. umr.

Afbrigði um brtt. 378, sem var of seint fram komin, samþ. með 12 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ber fram brtt. á þskj. 378 og þykir mér hlýða að gera þegar í stað grein fyrir henni og það er einfalt mál. Það hefur komið í ljós að þegar frv. var upphaflega prentað, þá hefur fallið niður í prentun ein lína í 6. gr. frv. Ef menn lesa yfir vandlega 6. gr. frv., þá sjá menn glöggt að það vantar þarna inn í og till. mín gerir ráð fyrir að bæta úr þessu. Þetta er í fyrri málsgr. 6. gr. og á þá leið, eins og segir í brtt., að á eftir orðunum „og starfsemi þess" bætist: „þ. á m. varðandi framkvæmd 7.—9. gr. að neðan". — Síðan hefst ný setning á orðunum: „Gildistími ákvæða 7. og 9. gr." Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vildi gefa þessa skýringu.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Áður en ég vík að máli því sem hér er á dagskrá, þ. e. a. s. frv. um járnblendiverksmiðju, vil ég fara nokkrum orðum um stóriðju almennt, um orkufrekan þungaiðnað og samskipti við erlenda aðila í því sambandi. Ég vil strax taka það fram að ég tel að stóriðjurekstur geti átt rétt á sér í takmörkuðum mæli hér á Íslandi og þá fyrst og fremst vegna þess að íslenskt atvinnulíf er nokkuð einhæft, en ég legg á það áherslu að við eigum ekki að ganga langt í þeim efnum. Við eigum ekki að gera slíkan iðnað að einhvers konar vaxtarbroddi í íslensku atvinnulífi. Við eigum að láta okkur nægja að ráðast í orkufrekan þungaiðnað í undantekningartilvikum þegar sérstök nauðsyn krefur og mjög sterk rök mæla með því.

Ég skal nefna nokkur dæmi þessu sjónarmiði til skýringar. Ég kalla það sterk rök ef um er að ræða að byggð sé upp framleiðslugrein sem reist er á innlendum hráefnum sem annars nýtast ekki, eins og t. d. gæti verið um að ræða með hugsanlega saltverksmiðju hér á landi eða ef um er að ræða framleiðslu sem er að talsverðu leyti í þágu innlends markaðar og sparar því augljóslega mikinn gjaldeyri, eins og um er að ræða í sambandi við Áburðarverksmiðjuna eða Sementsverksmiðjuna. Eins eru það óneitanlega sterk rök ef bygging raforkuvers er beinlínis háð því að unnt sé að selja stóriðjufyrirtækjum mikið orkumagn.

Um skeið var einmitt útlit fyrir að hugsanleg bygging járnblendiverksmiðju gæti verulega auðveldað byggingu Sigölduvirkjunar með því að lækka stofnkostnað hennar, því að slíkur orkukaupandi gæti ráðið úrslitum um það hvort virkjunin yrði byggð í einum áfanga eða þremur áföngum. En eins og kunnugt er, er þessi röksemd löngu fokin út í veður og vind og breytir þessi verksmiðja engu um það að virkjunin verður reist í einum áfanga.

Ég vil sem sagt í upphafi leggja á það áherslu að ég er ekki andvígur stóriðju almennt, en þar sem orkufrekur þungaiðnaður hefur marga augljósa ókosti þurfa rökin fyrir því að ráðist sé í slíka framkvæmd að vera svo sterk að þau yfirgnæfi annað. Kostirnir verða að vega að fullu upp á móti áhættunni og öllum þeim miklu ókostum sem almennt fylgja stóriðju af þessu tagi.

Í þessu tiltekna máli, sem hér er til umr. og snertir byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, hefur ekki verið bent á nein sterk rök málinu til stuðnings og þar er engin nauðsyn, engin brýn þörf á ferðinni. Þátttaka erlendra aðila í íslenskum atvinnufyrirtækjum á sjaldan rétt á sér, enda óskynsamleg og varhugaverð fyrir litla þjóð. Hún getur átt rétt á sér í undantekningartilvikum þegar ekki verður undan því vikist til þess að sérstökum nauðsynjamálum verði komið í höfn. En það skilyrði verður að setja, að eftir sem áður sé um íslensk fyrirtæki

að ræða, þ. e. a. s. að þau lúti íslenskum lögum og meiri hluti hlutafjár sé í höndum íslendinga sjálfra. Með því er að sjálfsögðu átt við að meiri hluti hlutafjár sé í höndum opinberra íslenskra aðila, því að ella er augljós hætta á að erlendir aðilar smeygi sér fram hjá þess háttar skilyrðum með innlendum leppum.

Það sjálfsagða skilyrði, sem ég hef hér sett fram um meirihlutaeign íslendinga, er þó ekki það eina sem máli skiptir þegar um er að ræða aðild erlendra manna að íslenskum fyrirtækjum. Í fyrsta lagi hljótum við að hafa í huga hvaða erlendir aðilar eiga í hlut og hvers eðlis þeir eru. Vafalaust hafa flestir íslendingar þá heilbrigðu afstöðu að vilja frekar eigi viðskipti við heiðarlega menn en glæpamenn og það sama hlýtur að gilda í alþjóðlegum viðskiptum. Við hljótum því að reyna að kynna okkur hvert er eðli og hver er forsaga þeirra erlendu aðila sem við göngum til samvinnu við. Að vísu er eðlilegast að vera ávallt á verði þegar um er að ræða samvinnu við erlenda aðila, sem við þekkjum lítið til og búast þá jafnan við því versta. En að öðru jöfnu hljótum við að varast samvinnu við þá aðila sem reynst hafa öðrum þjóðum illa, t. d. sem lítt forbetranlegir mengunarvaldar eða sem þekktir samvinnuaðilar fasistiskra afla í öðrum löndum.

Í umr. um hugsanlega samvinnu við auðhringinn Union Carbide hefur margt verið dregið fram í dagsljósið um grugguga fortíð þessa alþjóðlega auðjöfurs er reynst hefur alræmdur mengunarvaldur víða um lönd og einkar ósamvinnuþýður við heilbrigðisyfirvöld þrátt fyrir mikinn auglýsingaáróður um eigið ágæti. Það hlýtur því að vera til mikils að vinna fyrir íslendinga, úr því að við höfum leitað uppi þennan illa ræmda auðhring til að eiga við hann nána samvinnu í landi okkar.

Skal nú vikið að efnahagslegri hlið þessa máls, þar eð hv. þm. Stefán Jónsson hefur áður gert mjög greinagóð skil á mengunarhlið þessa máls.

Það hafa verið lagðir fram útreikningar við undirbúning þessa máls um efnahagslegt ágæti þess. Ég hef því miður ekki aðstöðu til að fella neinn lokadóm um ágæti þessara útreikninga og hef ekki haft þær upplýsingar í höndunum sem gera mér kleift að taka útreikningana sem slíka til umr. Hitt er ljóst, að þessir útreikningar um arðsemi væntanlegs stóriðjufyrirtækis í Hvalfirði eru fyrst og fremst byggðir á líkum og áhættan er augljóslega gífurlega mikil. Samkv. þeim upplýsingum, sem fram koma í umsögn Þjóðhagsstofnunar, hefur skráð verð á ferrocilikon þrefaldast á tveimur árum, þ. e. a. s. á tímabilinu frá árslokum 1972 til ársloka 1974. Að sjálfsögðu er ekkert því til fyrirstöðu að verðið fari sömu leið til baka aftur. Velta þessa fyrirtækis er áætluð 4 300 millj. ísl. kr. á ári. Það er því ljóst, að á þessu fyrirtæki gæti orðið 500—1 000 millj. kr. tap á ári ef illa gengi, ef verðið breyttist eitthvað að ráði niður á við.

Ég vil vekja á því athygli í þessu sambandi að áhættan er fyrst og fremst hjá íslendingum í þessu efni. Íslendingar eiga meiri hluta í fyrirtækinu, 55%, en samstarfsaðilinn fær hins vegar 7% af allri veltu fyrirtækisins hvernig sem gengur, hvernig sem háttað er verðlagi á framleiðsluvörunni. Miðað við núgildandi verðlag eru það um 280 millj. kr. á ári sem auðhringurinn fær í sinn hlut og er algerlega óháð því hvort um tap eða hagnað er að ræða af fyrirtækinu eða ekki.

Í sambandi við kostnaðarútreikninga er rétt að benda á að fjárfestingar í höfnum og vegum hafa ekki verið taldar með og er þó höfnin talin munu kosta 500 millj. kr. Þarf ekki að fara frekari orðum um það, að ef þessir liðir yrðu teknir inn í reikningsdæmið, þá yrði að sjálfsögðu arðsemin talsvert minni.

Herra forseti. Ég tek eftir því að frsm. hv. iðnn. er hér ekki staddur og kunna að vera gildar skýringar á því. Ég hef grun um að hann sé ekki hér á landi. En með hliðsjón af því vil ég eindregið fara fram á það að hæstv. iðnrh. verði viðstaddur umr., sem nú fer fram hér í deildinni, og vil biðja hann að sjá til þess að hann komi og hlýði hér á umr. (**Forseti:** Ég vil upplýsa það, að hæstv. iðnrh. hafði samband við mig og tjáði mér að því miður mundi hann ekki geta komið hingað fyrr en kl. hálfþrjú. Spurningin er hvort hv. þm. vill nú gera hlé á ræðu sinni þar til ráðh. kemur eða halda áfram. Herra forseti. Ég þigg það boð, því að ég ætlaði að ræða hér um ýmis atriði sem snerta þá orku sem er til ráðstöfunar og verðlagið á henni, og mér er ófært að hafa ekki einhvern til andsvara þegar þetta er til umr. (**Forseti:** Það verður að sjálfsögðu orðið við þeirri ósk hv. þm., og er þá þessu máli frestað í bili.) — [Frh.]

Umr. frestað um stund.

Skólaskipan á framhaldsskólastigi, þáltill. (þskj. 355). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Við hv. 5. þm. Norðurl. v. höfum leyft okkur að flytja till. til þál. svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. að löggjöf um skólaskipan á framhaldsskólastigi. Megintilgangur frv. verði að leggja grundvöll að samræmdum framhaldsskóla, þar sem kveðið sé skýrt á um verkaskiptingu og tengsl hinna ýmsu skóla og námsbrauta. Jafnframt þarf frv. að vera stefnumótandi um hlutdeild ríkis og hugsanlegra mótaðila í stofnkostnaði, rekstri og stjórnun framhaldsskólanna.“

Þessi till. er rökrétt og beint framhald af lögunum um skólakerfi sem vitnað er í í grg., en þar er kveðið á um skiptingu frumfræðslunnar í 3 skólastig: skyldunámsstig, framhaldsskólastig og háskólastig. Fyrsta skrefið, sem voru grunnskólalögin, var mjög mikilvægt. Ég studdi það skref eindregið, m. a. vegna nýrra möguleika á námsvali þegar á því stigi, taldi raunar að flest atriði í lögum þeim væru til bóta, þótt eins og venjulega þurfi endurskoðun til að koma og reynslan leiði þá annmarka í ljós. En erfiðasti hjallinn hér í þinginu var einmitt sá, að svo virtist sem menn álitu að þeir væru að samþ. eitthvað fyrir alla framtíð varðandi grunnskólann.

Kostir grunnskólalaganna voru einmitt stöðug

endurskoðun, viss sveigjanleiki, sérstaklega með tilliti til framhaldsnáms og verkmenntunar hvers konar. Á efri stigum grunnskólans var einmitt tryggt það valfrelsi um námsgreinar og val brauta sem ótvíræð hjálp er að. Þvert gegn fullyrðingum ýmissa manna um fastari viðjar grunnskólalaganna, þá var einmitt um margt losað. En framkvæmdin ræður svo mestu, bæði kennarar og menntayfirvöld stjórna ferðinni, og bendir svo sem ýmislegt til þess að eitthvað verði þungt í vöfum, sbr. aragrúa af n. sem skipaðar voru í sumar í tengslum við þessi nýju lög. En rétt er að bíða og sjá árangur áður en dómur verður felldur.

Hins vegar ræður stefna yfirvalda og rn. miklu um jafnrétti milli allra nemenda landsins, hvar sem þeir eru búsettir, og núv. hæstv. menntmrh. ætti að leggja metnað sinn í að vinna þar myndarlega, láta landsbyggðina nú einu sinni hafa forgang. Ég hef trú á að hann ætli sér að gera það. Spurningin er meiri um ýmsa aðra embættismenn sem vanir eru að láta óskir Reykjavíkur ganga fyrir. Við skulum vera minnugir fræðslulaganna frá 1946 og efndanna á þeim lögum úti í dreifbýlinu. Ég fullyrði að það bendi margt til þess að öðruvísi og betur muni nú fara, en það þarf ekki síður að hyggja að framhaldinu.

Fleiri en ég hafa haft af því áhyggjur hve einhæfar menntabrautir framhaldsstigsins hafa verið, hve algild og æðst stúdentsmenntunin hefur þar verið, en ekki síður hitt, hve öll verkmenntun hefur verið lágt skrifuð í hvívetna. Um það ber fjölmargt vitni: fjárframlög, byggingar, aðbúnaður allur og almenningsálitið sjálft sem hefur dæmt verkmenntun sem óæðri menntun.

Skólakerfið sjálft hefur barna verið stærsta orsökin að. Þar hefur verið fullkomin einstefna, skólakerfið sjálft fullt af blindgötum, þangað sem menn hafa lent og ekki svo komist lengra eða í annað, og skipting í æðri og óæðri framhaldsmenntun. Svo mikil sem ringulreiðin hefur verið í því kerfi sem nú er efsti hluti grunnskólans, þá hefur keyrt um þverbak þegar framhaldsstigið hefur tekið við. Verkmenntunin hefur orðið hornreka, afsíðis og vanmetin, án tengsla meira að segja við eðlilegt og sjálfsagt bóknám. Tengsl námsbrauta á framhaldsstigi, sem fæstar blindgötur og lokun leiða er framtíðarmark, sem að ber að stefna, og verkmenntun öll — öll menntun tengd okkar atvinnulífi þarf að vera jafnrétthá háskólastiginu, gefa sömu möguleika á síðari stigum. Þetta gerir grunnskólanámið nú kleift, sé það rétt útfært eftir anda þeirra laga, með valfrelsi á efri stigum verður mögulegt að leggja þar að grunn. Næsta verkefni hlýtur svo að vera ítarleg skipulagning þess framhaldsnáms sem á í senn að vera sem fjölbreyttast og gefa sem mesta möguleika til valfrelsis, ekki aðeins einu sinni á námsbrautinni sem nú er í raun réttri, heldur á samtenging námsbrauta og rétt skipulag þeirra á milli beinlínis að leiða til þess, að um minni algilda sérhæfingu þurfi að vera að ræða, svo og hins, að valið standi opið fram eftir námsárunum, en sé ekki miðað við það val eitt sem nú er í framkvæmd og miðast annars vegar við iðnnám, sérskólanám mjög þröngt og menntaskólanám og svo hins vegar val stúdentanna eftir próf um ákveðna sérhæfni í háskóla.

Þróun síðustu ára hefur verið svo óhugnanlega í eina átt til stúdentsmenntunar, háskólanáms og enn frekari sérfræðináms í framhaldi af því, að margir frömuðir okkar á æðri menntastigum hafa látið í ljós miklar áhyggjur af því, og er gleggst dæmi þar um ummæli Guðmundar Arnlaugssonar rektors Hamrahlíðarskóla í sjónvarpi í haust. — Ekki hafa verið síðri áhyggjur þeirra sem hafa séð iðnnám veslast meira og minna upp í höndum sér sem óæðra námsstig. Þjóðarheildin má sannarlega ekki við því að vanrækja námsbrautir tengdar atvinnuvegum okkar, sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, svo sem gert hefur verið — vanræksla eða jafnvel enn verra, alger blindni á þýðingu menntunar í þessum grunngreinum íslensks atvinnulífs.

Ekki svo að skilja að margt af háskólanámi okkar skili sér ekki beint eða óbeint til ágóða fyrir atvinnuvegina eða atvinnulífið í heild. En það nám eða þekking kemur ofan frá. Hitt hefur þá gjarnan gleymst, um vissa menntun þess fólks sem stendur undir þessum atvinnuvegum með vinnuframlagi sínu í hinu beina atvinnulífi. Á þetta minnti ég í haust þegar frv. til fullorðinsfræðslu var lagt fram, og taldi að þó að um brýnt verkefni væri að ræða, sem sinna þyrfti, væri hitt þó hálfu brýnna, að koma sem fyrst föstu skipulagi á framhaldsmenntunina í beinu framhaldi af grunnskólalögunum svo að ekki myndaðist eyða og það svigrúm og þeir möguleikar, sem þau lög ótvírætt sköpuðu, nýttust til fullnustu, en úr yrði ekki óskapnaður þeirrar ringulreiðar, sem blasir við í dag, eða það, sem sumir andstæðingar laganna héldu fram: enn meiri ásókn í hið einhæfa og þrönga menntaskóla- og háskólastig svo sem raunin hefur orðið á. Ég tel raunar sjálfur að sorglegast dæmi sé að finna í kennaramenntuninni á landinu, þegar hún var í einu vetfangi hafin svo upp sem raun bar vitni og lokaði fyrir mörgu því unga fólki, sem áður hafði þar getað valið sér góða námsbraut, góðri menntun til margvíslegra starfa í raun, sbr. það hve mikil ásókn hinna ýmsu aðila var í fólk úr Kennaraskólanum til margvíslegra starfa í þjóðfélaginu auk sjálfs kennarastarfsins. Virða ber þær tilraunir sem í rétta átt stefna með fjölbrautarskólunum sem í heild eru á réttri leið, en vantar form og skipulag til að þeir geti nýst sem skyldi. Fjölbrautaskólarnir þurfa einnig að vera með margvíslegu sniði, þar sem ein ákveðin braut er valin frekar í einum skóla en öðrum, t. d. menntabraut í sjávarútvegi eða iðnaði við sjávarsíðuna, menntabraut í landbúnaði á framhaldsstigi í framhaldsskólum sveitanna, þó að allt þurfi svo að tengjast á þann veg að eitt loki ekki dyrum fyrir öðru að fullu og öllu. Staðhættir, atvinnuþróun og margt fleira kemur þar til. Sem víðust rammalöggjöf, þó að hún lyti föstu formi og skipulagi, þarf hér til að koma svo að fjölbrautaskólarnir verði í raun skólar margvíslegra samtengdra námsbrauta, þar sem einhæfnin ein og einstrengingsháttur í náms- og verkefnavali ræður ekki ríkjum. Víst þarf hér vel til að vanda og því ráð að hefja í tíma það mikla og margþætta starf sem getur hér vísað okkur framtíðarveg.

Tilraunir eru góðra gjalda verðar og ég efa ekki að árangur þeirra færir okkur fjölmarga lær-

dóma, en þær tilraunir mega ekki vera mótandi. Aðeins nýskipan málanna í heild getur leitt til jákvæðs árangurs og síðan getur stöðug endurskoðun og endurnýjun átt sér stað, því að ef við viljum hafa menntakerfi okkar í heild lifandi og opið, þá má þar engu slá föstu fyrir langa framtíð, ekkert gera algilt og um leið algott, eins og raunin hefur á orðið. Enginn má skilja orð mín svo að ég vanmeti menntaskólanám út af fyrir sig eða telji háskólanám ekki sjálfsagt. En of mikið má úr öllu gera og þjóðfélaginu er þörf fjölbreytni jafnt í starfsvali sem námsvali, og það má ekki gerast, að ein námsleið verði svo ríkjandi að um hreina ofmenntun sé að ræða og um leið útþynnkun. Greining á milli æðri og lægri menntabrauta á ekki að felast í greiningu milli háskólanáms og alls annars náms. Afleiðing þessarar einstefnu hefur orðið sú að æ fleiri námshópar sækja á háskólanámið sem lokamark, án þess að um breytingu grunnmenntunar hafi orðið að ræða, beinlínis vegna þess ofmats sem þessi stefna hefur leitt af sér gagnvart háskólastiginu.

Ég vil líka láta það koma skýrt fram sem álit okkar flm., að við teljum námsfólk okkar leggja hart að sér. Andleg vinna er ekki síður erfið en líkamleg og því erfiðari sem meira þarf á sig að leggja í tíma og fyrirhöfn, eins og verður hjá æ stærri hópi nemenda þegar svo mikill fjöldi sækir á háskólabrattann sem raun ber vitni. Afleiðingin verður oft sú að við fáum of mikið af raunverulegum skussum út úr þessu námi, þótt hæfileikar þeirra hefðu nýst betur sjálfum þeim og öðrum ef um annað jafngilt en annars konar nám hefði verið að ræða. Veit ég þó að margur nýtur þegn kemur úr þessu langskólanámi og samlagast auðveldlega atvinnulífi og aðstæðum og lagar sig hæfilega að þeim, þó að um hitt séu dæmi, að tengslin hafi rofnað svo gersamlega að oft þykir manni sem kominn sé gestur af annarri stjörnu þar sem langskólamaðurinn birtist í verstu og neikvæðustu mynd.

Ég læt þetta nægja sem almennt spjall, enda komið nóg af svo góðu, en vík í þess stað beint í grg. okkar flm., þar sem nokkuð ljóslega liggur fyrir hvert stefnt skuli og hvernig með nýrri skólaskipan. Við höfum reyndar fengið til liðs við okkur við samningu hennar þá Hjörleif Guttormsson líffræðing, sem mun einna fróðastur hérlendra manna um hin ýmsu form fjölbrautaskóla og hyggst gera þar djarfa og róttæka tilraun á Austurlandi í sambandi við fyrirhugaðan menntaskóla þar, svo og Gunnar Guttormsson fulltrúa í iðnrn. sem hefur sérstaklega haft með iðnfræðslu og verklega menntun að gera í starfi sínu, og hafa báðir miðlað okkur flm. ótæpilega af þekkingu sinni. Gunnar á m. a. sæti í iðnfræðslulaganefnd sem nýlega hefur ítrekað þá stefnu sem hér er verið að gera tilraun til að marka, en í umsögn þeirrar n. til Alþ. nú á dögunum er að finna þessar setningar, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftur á móti er það álit n. að hraða beri undirbúningi nýrra laga um allt framhaldsskólakerfið, og við þá lagasmíði er nauðsynlegt að þess sé gætt að samræma starfsemi framhaldsskólanna, gera verkefnaskiptinguna ljósari og fyrirbyggja eftir megni að láta ýmsar námsbrautir lenda í blindgötum eins og nú er tilfellið.

Á það skal bent að mikið er ógert fyrir utan beina lagasmíð til þess að unnt sé að samræma alla framhaldsskóla landsins og má þar nefna m. a. stjórnun og undirbúning námsefnis, því að samræming skólanna útheimtir að námsframboð, kennsluaðstaða og prófkröfur þurfi að vera hinar sömu, að svo miklu leyti sem hinir ýmsu skólar hafa sömu námsbrautir eða hluta af braut."

Þetta segir í áliti iðnfræðslulaganefndar, þar sem tekið er sterklega undir í raun þessa till. okkar til þál. um skólaskipan á framhaldsskólastigi.

Í grg. okkar segir orðrétt:

„Þess þarf vel að gæta að koma í veg fyrir blindgötur innan framhaldsskólastigsins, þannig að allir eigi þess kost að auka við menntun sína og starfsréttindi og leggja hindrunarlaust inn á nýjar námsbrautir síðar á ævinni í reglulegu skólanámi eða með stuðningi af fullorðinsfræðslu í öðru formi. Að slíkum sveigjanleika skólakerfis er nú unnið víða í grannlöndum okkar, og eflaust má margt læra af þeirri reynslu sem þar er fengin.

Þær áætlanir, sem þegar hafa verið gerðar um samræmt fjölbrautanám á nokkrum svæðum á landinu, eru að áliti flm. vísir að mótun þess heildarskipulags náms á framhaldsskólastigi sem hér um ræðir. Þar er m. a. gert ráð fyrir að námsskrá skólastigsins verði samræmd af fræðsluyfirvöldum og námið byggt upp í formi eininga, þar sem ein taki við af annarri og unnt er að raða námseiningum saman á skilgreindum námsbrautum sem nemandinn getur valið sér í samræmi við áhugasvið og getu. Veigamikill kostur slíks námsskipulags er sveigjanleiki sem m. a. gerir nemendum kleift að ljúka námi með nokkrum réttindum eftir stutta skólagöngu, t. d. eitt til tvö ár, og auka síðar við án þess að byrja frá grunni. Slík skipan á í senn að geta lyft verkmenntun í landinu til meiri vegs en nú er til hagsbóta fyrir atvinnuþróunina, og einstaklingarnir fá um leið tækifæri til að reyna sig í starfi, áður en þeir lokast inni í mjög sérhæfðu eða löngu námi.

Þeirri endurskipan sem hér um ræðir er þó ekki stefnt gegn þeim sérskólum sem fyrir eru í landinu, því að allir munu þeir geta gegnt mikilvægu hlutverki í tengslum við samræmt fjölbrautanám, hver á sínu sviði, og betur en nú er, þar sem þeir þurfa auk sérkennslunnar að sinna margháttaðri almennri undirstöðufræðslu."

Það er rétt að staldra örlítið lengur við síðustu málsgr., því að nýskipan framhaldsskólastigs þarf hvorki né á að brjóta í bága við starfsemi sérskóla þeirra sem í landinu eru og kunna að vera stofnsettir á næstu árum. Þvert á móti þarf að tengja námið í þeim hinni almennu skólaskipan, sérhæfingin kynni að verða í einhverju minni, a. m. k. á fyrri stigum, en almenn undirstöðufræðsla, sem nýst gæti á hvaða námsbraut sem er, yrði þá meiri í hvívetna og ekki vanþörf á að sérskólarnir verði ekki svo einangruð fyrirbæri í skólakerfinu sem raun hefur borið um vitni.

Ef ég ætti að nefna hinar ýmsu námsbrautir sem samræma þarf í nýskipan framhaldsmennt-

unar svo að ekki verði í blindgötur stefnt, skal nefnt t. d. hjúkrunarfræðsla, verslunar- og viðskiptanám ýmiss konar, húsmæðrafræðsla og margt fleira mætti nefna fyrir utan iðnskólana. Ekki gildir hið sama um hverja þessara greina. Þetta nám fer mislangt í dag og á eflaust eftir að gera í náinni framtíð. En einangruð fræðsla í tilteknum greinum einum á ekki að vera ríkjandi fyrr en á lokastigi. Því meira valfrelsi sem nemandinn hefur, því meiri fjölbreytni sem í námsvali og kennsluefni er, því meiri líkur til þess að nemendur uni betur námi sínu í heild, það víkki sjónhring þeirra, gefi þeim fleiri tækifæri og oftar á námsbrautinni en nú er. Við flm. leggjum einmitt á það sérstaka áherslu að skólaskipanin nýja á fyrst og fremst að vera í þágu nemandans, en ekki kerfisins, gera hann ánægðari, fjölfróðari og víðsýnni í námi sínu svo sem nokkur kostur er. Um framkvæmdina hlýtur alltaf að mega deila og hún getur orðið misjöfn, en sveigjanleiki og viðfeðmi skólaformsins eiga að tryggja möguleika á betri framkvæmd, bættri alhliða menntun á framhaldsskólastigi.

Því er síst að leyna að hér er hægara um að tala en vinna að, og við flm. drögum enga dul á það að hér er mikið starf óunnið, mörg ljón eru á veginum, ýmis sérskólasjónarmið eru sterk, samræming að því er virðist ólíkra námsbrauta ekki leikur einn, enda stefnum við ekki heldur að neinni alhæfingu þannig að neinar stökkbreytingar verði sem reynst gætu hæpnar. En heildarskipulag verður að hafa. Fálmkenndar tilraunir á einstaka sviðum geta gert illt verra, og því þarf heilsteypta rammalöggjöf sem hægt er að laga sig að smátt og smátt. Sú er aðalástæðan fyrir flutningi þessarar till., því að við óttumst að allur dráttur á þessu kunni að reynast alvarlegur, fyrst og fremst, í þeim greinum sem nú þurfa og eiga að fá uppreisn í skólakerfinu, — öllum þeim greinum sem lúta að atvinnulífi okkar og verkmenntun í landinu.

Í framhaldi af þessu víkjum við alveg sérstaklega að landsbyggðinni, enda vitað að þar þarf sérstaklega vel að hyggja að því að ekki verði þar verr að unnið en á höfuðborgarsvæðinu. Í grg. segir orðrétt:

„Brýnt er einnig vegna byggðasjónarmiða að framhaldsnám eflist í landshlutunum, svo að jafnað verði það bil sem óðum fer breikkandi milli þeirra og höfuðborgarsvæðisins varðandi námskosti og fjölbreytni í námsvali. Það er sjónarmið flm. að endurskoðun sú, sem till. gerir ráð fyrir, sé ekki síst mikilvæg fyrir þróun framhaldsnáms út um land og um leið atvinnuþróun landsbyggðarinnar. Einnig þar á samræmt fjölbrautanám undir forustu „kjarnaskóla“ að geta orðið vegvísir sem tryggi landsbyggðinni betri stöðu til að halda til jafns við höfuðborgarsvæðið um menntunarkosti, enda njóti slík uppbygging jafnræðis og helst forgangs um fjármögnun.

Að því ber að stefna að allt nám á framhaldsskólastigi sitji við sama borð varðandi fjármögnun hins opinbera, ekki síður þær greinar er varða verkmenntun en bóknámið, enda er hefðbundin skipting í þá átt í senn óraunsæ og úrelt.“

Það var vikið að tvennu hér áðan. Annars vegar kjarnaskólum sem yrðu forustuaðilar í mótun framhaldsnámsins, svipað og er fyrirhugað með skólann á Egilsstöðum, og er það of flókið mál til að útskýra hér í framsögu. En þegar er fyrirhuguð tenging við verkmenntun í Neskaupstað og víðar og síðar yrði vitanlega Höfn í Hornafirði inni í því dæmi, Hallormsstaður með sína húsmæðrafræðslu, væntanleg búnaðarfræðsla í tengslum við Tilraunastöðina á Skriðuklaustri t. d., útibú frá Fiskvinnsluskólanum, væntanlega á Eskifirði, og þannig mætti áfram telja, svo sem hjúkrunarbraut í tengslum við sjúkrahúsið á Neskaupstað o. s. frv. Möguleikarnir eru miklir og rétt er að ákveðinn kjarnaskóli, eins og hann er hér nefndur, hafi þar forustu, framhaldsbrautir hinna einstöku greina yrðu þar og um leið verði stefnumótun almennt um samtengingu námsbrautanna, þegar lengra verður komið, í höndum fræðsluráðs þess skóla. Að því er vikið einnig að landsbyggðinni verði gert kleift að ná þessu marki með því að uppbygging fjölbrautanáms njóti jafnræðis og helst forgangs um fjármögnun. Hingað til hefur þessi forgangur verið svo bundinn aðalþéttbýlissvæðinu, að fátt mælir gegn því af sanngirni að um tíma hafi landsbyggðin forgang, a. m. k. til að sinna þeim grunnverkefnum sem þar bíða enn óleyst. Um fjármögnun til hinna einstöku greina, að hún sé sem jöfnust, ætti ekki að þurfa rökstuðnings við. Atvinnuvegir okkar allir kalla á aukna menntun, a. m. k. lágmarksmenntun, og verkmenntunin þarf og á að vera jafnrétthá hinni bóklegu án þess að þar myndist nein menntastigsgjá á milli eins og nú er.

Að lokum segir í grg.:

„Eins og bent er á í tillgr. er óhjákvæmilegt að frv. kveði skýrt á um hver á að vera hlutur ríkisins og aðila í fræðsluumdæmunum í stofnkostnaði, rekstri og stjórnun framhaldsskólanna. Flm. telja að sú kostnaðarskipting, sem bundin er í heimildarlöggjöfinni um fjölbrautaskóla, sé óraunhæf og þarfnist endurskoðunar.“

Hlutfallið í dag, 60%:40%, er óraunhæft og ósanngjarnt, enda við tilraun eina miðað, og endurskoðun þess er sjálfsögð og mun raunar í fullum gangi í aukna réttlætisátt fyrir þá aðila er á móti ríkinu eiga að leggja sitt framlag.

Það má segja að grg. ein hafi sagt hér alla sögu, þar eð hún er aðeins vegvísir til þeirrar nýskipunar sem hér þarf að komast á sem fyrst. En nokkur almenn orð hlutu hér að fljóta með. Fyrir okkur landsbyggðarmenn er þetta verkefni í hvívetna mjög brýnt, því að við þurfum hvort tveggja: að vinna upp sem best grunnskólanámið, sem þegar er fullkomin löggjöf um, og ekki síður jafnhliða framhaldsnám í nýjum búningi, laust við fjötra sérhæfingar og forgangs menntaskólanámsins svo sem er í dag. Til að ýta á eftir þessari brýnu lagasetningu er till. þessi flutt. Tæmandi er hún engan veginn. Til þess er ekki ætlast. Og ríka áherslu leggjum við að lokum á að ný löggjöf verði þann veg búin að stöðug endurnýjun og endurskoðun geti átt sér stað í samræmi við breytta tíma og við skulum vona betri og fullkomnari atvinnuhætti. Fátt er meiri þjóðhagsleg nauðsyn í dag en að beina ungu fólki á nýjar menntabrautir sem nýtast þjóðarheildinni og einstökum landshlutum svo vel sem

framast má verða, heilbrigðu og þróttmiklu atvinnulífi til eflingar, sjálfri menntuninni til framdráttar menningarlega séð.

Að lokinni þessari umr. vil ég, herra forseti, leyfa mér að leggja til að þessu máli sé vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 376). — Frh. 3. umr.

Ragnar Arnalds [frh.]: Herra forseti. Þegar ég gerði hlé á ræðu minni hafði ég rætt um stóriðjuframkvæmdir almennt og viðhorf í þeim efnum, en eins og ég tók fram er ég síður en svo andvígur stóriðju almennt, en tel að það þurfi að vera mjög sterk rök sem mæli með því að út í slíkar framkvæmdir sé farið. Ég hafði einnig rætt hér um efnahagslega hlið málsins og vakið á því athygli að fullyrðingar um mikla arðsemi þessa fyrirtækis yrðu að sjálfsögðu að skoðast í ljósi þess að í kostnaðarútreikningum er ekki tekinn með kostnaður við gerð hafnar eða vega og er þó höfnin talin munu kosta 500 millj. kr.

Ég vil nú halda máli mínu áfram og snúa mér að raforkuverðinu, því að þótt ljóst sé að stórkostleg áhætta sé fólgin í þessu fyrirtæki frá efnahagslegu sjónarmiði, þá er þó hitt verra, að flest bendir til þess að raforkuverðið verði lagt undir framleiðslukostnaði.

Í sambandi við útreikning á orkuverði frá Landsvirkjun er raunverulega um þrjá möguleika að ræða. Í fyrsta lagi er hægt að miða við verðið eins og það er í dag eða verðið eins og það verður þegar Sigölduvirkjun er komin í gagnið. Í öðru lagi er hægt að miða við verðið eins og það verður eftir að Hrauneyjarfoss verður kominn í gagnið. Og í þriðja lagi er einfaldlega hægt að miða við framleiðslukostnaðarverðið frá Hrauneyjarfossvirkjun. Mér virðist ljóst, að ef fyrsti möguleikinn er tekinn og miðað er við núverandi aðstæður, miðað við framleiðslukostnaðinn eins og hann er í dag og eins og er útlit fyrir að hann verði þegar Sigölduvirkjun er komin í gagnið, þá sé söluverð orkunnar undir kostnaðarverði, talsvert undir kostnaðarverði. Ef aftur á móti er miðað við hina síðari kosti, miðað við framtíðina, þá er augljóst að söluverðið er langt undir kostnaðarverði. Eins og menn vita verður allri orku Sigölduvirkjunar ráðstafað á tiltölulega fáum árum, sennilega aðeins 3—4 árum. Við verðum því að fara fyrr í næstu virkjun vegna þess að við erum að ráðstafa þarna allmikilli orku til járnblendiverksmiðjunnar. Það má því með sterkum rökum halda því fram, að raunverulega séum við að tengja járnblendiverksmiðjuna við Hrauneyjarfossvirkjun, því að við erum eftir örfá ár búnir að nota sjálfir alla þá orku sem Sigölduvirkjun getur látið okkur í té, og sú orka, sem við erum þá að selja járnblendiverksmiðjunni, er orkan sem við ætlum að fá úr Hrauneyjarfossvirkjun að fáum árum liðnum.

Við skulum þá snúa okkur að því að átta okkur á því hvert er raunverulega verðið á orkunni til járnblendiverksmiðjunnar. Orkuverðið má reikna með ýmsum hætti. Ég tel þó eðlilegast að miða við verðið í fyrsta lagi á forgangsorkunni og í öðru lagi á þeirri afgangsorku sem við erum skyldugir til að selja úr kerfi Landsvirkjunar á hverju ári, en það er 50% af afgangsorkunni. Við erum skyldugir að láta þessa orku af hendi hvernig sem á stendur í vatnskerfi Þjórsár og á orkuveitusvæði Sigölduvirkjunar. Þetta er því í raun forgangsorka sem þarna er verið að selja. En sú orka, sem nefnd er nafninu forgangsorka og seld er á 10 mill kwst. eða 1.49 kr., er 244 gwst. á ári, og helmingurinn af afgangsorkunni, þ. e. a. s. sú orka, sem við verðum að láta af hendi og við seljum á meðalverði 22.8 aura yfir 8 ára tímabil, er 153 gwst. Samtals má því með fullum rökum segja að við seljum úr kerfinu 397 gwst. Það er sú orka sem við erum skyldugir til að láta af hendi á hverju ári. Við skulum þá reikna út hvað við fáum fyrir þessa orku, fyrir þessar 397 gwst. sem við erum skyldugir að láta af hendi á hverju ári. Jú, ef við lítum á forgangsorkuna, 244 gwst., sem seld er á 1.49 kr., þá fáum við 363 millj. fyrir þá orku. Og ef við lítum á afgangsorkuna, 153 gwst. sem við seljum á meðalverði 22.8 aura, þá fáum við fyrir hana 34 millj. Samtals gerir því orkusalan 397 millj. kr. Það vill svo til að þannig verður það ákaflega einfalt, við seljum hverja kwst. á nákvæmlega eina krónu ef miðað er við þá orku sem við erum skyldugir að selja úr kerfi Landsvirkjunar á hverju ári.

Við skulum nú líta á hvert er núverandi verð úr kerfi Landsvirkjunar, og um það efni munu verkfræðingar Landsvirkjunar vera dómbærastir, en Steingrímur Hermannsson ritaði þeim f. h. iðnn. Ed. og óskaði eftir að þeir svöruðu þeirri spurningu hvað mætti telja að væri orkuverð til notanda með 8 þús. stunda nýtingartíma samkvæmt núverandi gjaldskrá Landsvirkjunar. Ég þykist vita að flestir hv. þm. hafi séð þetta bréf sem er undirritað af Jóhanni Má Maríussyni og er sent frá Landsvirkjun 24. febr. 1975, en þar kemst hann að þeirri niðurstöðu að fari afhending fram á 220 kw. spennu, sem er 5% afsláttur, þá sé einingarverðið miðað við stóriðjunotkun og að sjálfsögðu 8 þús. stunda nýtingartíma kr. 1.40 á kwst. En við ætlum að selja orkuna á eina krónu. Munurinn er sem sagt 40 aurar á kwst. Og ef við reiknum þetta dæmi til enda og áttum okkur á því hvað við erum raunverulega að borga mikið með þeirri orku sem við erum að selja til járnblendiverksmiðjunnar, þá þurfum við ekki annað en að margfalda 40 aura með 397 millj. kwst. til að fá út að það eru 159 millj. kr. á ári sem við töpum miðað við þann framleiðslukostnað sem er í gildi í dag. Þetta er einfalt reikningsdæmi sem enginn getur vefengt. Það eru hvorki meira né minna en 1 600 millj. kr. á einum áratug sem við erum þarna að borga með orkunni sem við seljum járnblendiverksmiðjunni.

Kannske segja menn að það sé ekki sanngjarnt að miða við orkukostnaðinn eins og hann er í dag, því að nú séum við að ráðast í stórar og miklar virkjanir og við fáum þar ódýra orku sem eðlilegra sé að miða orkuverðið við. Þá er

að sjálfsögðu eðlilegast, eins og ég hef þegar tekið fram, vegna þess að það er dálítið erfitt — ég hef í öllu falli ekki þær upplýsingar í höndunum sem gera mér einfalt að reikna út einungis verðið eins og það er frá Sigölduvirkjun sem slíkri, — en þá er einfaldast að miða við verðið eins og menn telja að það verði frá næstu virkjun eftir Sigölduvirkjun, þeirri virkjun sem á raunverulega að gefa orkuna til járnblendiverksmiðjunnar, þ. e. a. s. verðið frá Hrauneyjarfossum. Til að átta okkur á því, hvert orkuverðið verður frá Hrauneyjarfossum, er einna eðlilegast að leiða til vitnis form. stjórnar Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal, en hann segir í nýlegu erindi, sem hann flutti á miðstjórnarfundi Sambands ísl. rafveitna fyrir fáum dögum einmitt um þetta mál, hvað orkuverðið verður frá næstu virkjun eftir Sigölduvirkjun: „Á grundvelli þeirra kostnaðartalna sem ég hef nefnt," segir Jóhannes Nordal, með leyfi hæstv. forseta, „hefur verið reynt að átta sig á því hvert muni verða meðalkostnaðarverð þeirrar viðbótarorku sem til félli á næstu 10 árum ef umræddar hugmyndir yrðu að veruleika. Sé reiknað með 10% vöxtum og 10% orkurýrnun í flutningskerfinu, er lauslega áætlað að kostnaðarverð til dreifiveitnanna yrði 13—14 mill á kwst., þar af um 3 mill á kwst. vegna orkuflutnings. Kostnaðarverð til stóriðju, sem hefði mun lengri nýtingartíma, mundi verða allmiklu lægri."

Ef reynt er að reikna út hvert verði þá kostnaðarverðið til stóriðju, miðað við það verð sem hér er gefið upp, þá getum við tekið töluna sem hann nefndi þarna, 14 mill, sem eru kr. 2.09, og við margföldum það með hinum venjulega nýtingartíma orkunnar, sem er í kringum 5 500 nýtingartímar á ári fyrir almennan markað, og deilum síðan með hinum óvenjulega nýtingartíma stóriðjunnar, 8 þús. nýtingarstundum, til að átta okkur á því hvert sé sanngjarnt verð til stóriðjunnar, því að hún verður auðvitað að fá orkuna á lægra verði miðað við það að hún notar orkuna lengur á hverjum sólarhring. Þá fáum við út að verðið verður kr. 1.44 á kwst., sem sagt mjög svipað verð, þó heldur hærra en verðið sem miðað er við orkuafhendingu úr kerfinu eins og það er í dag.

Ég vek á því athygli að í útreikningum Jóhannesar Nordals, formanns stjórnar Landsvirkjunar, er reiknað með 10% vöxtum á ári. Ég verð að vísu að viðurkenna að um þetta efni er ég kannske ekki eins fróður og Jóhannes Nordal, við hvað sé eðlilegt að miða vexti á næstu árum. En þó er mér nær að halda að hér hafi hann áætlað vextina mjög varlega. Og ég vek á því athygli, að sé reiknað með 12% vöxtum sem ýmsir gera nú, þá verður verðið 20% hærra en þetta og verður þá komið í kr. 1.73 á kwst. Það kemur sem sagt í ljós, sem búast mátti við, að orkuverðið verður ekki lægra og sennilega talsvert miklu hærra miðað við þessar nýju virkjanir heldur en það orkuverð sem við búum við í dag.

Fullyrðingin, sem ég setti hér fram áðan um að við töpuðum 160 millj. kr. á ári á orkusölunni, stenst því fullkomlega ef málið er skoðað út frá því sjónarmiði hvert yrði orkuverðið frá virkjunum á næstu árum, ekki bara það sem er í dag, og er því líklegt að þar verði ekki um að ræða, miðað við það orkuverð, 160 millj. kr. á ári, heldur 200—300 millj. kr. á ári, miðað við núgildandi verðlag. Að sjálfsögðu hækka þessar tölur stórlega með hækkandi verðlagi sem að sjálfsögðu er ekki eðlileg viðmiðun.

Nú kann einhver að segja að ekki hafi ég tekið með í reikninginn að leiðrétting verði á raforkuverðinu eftir 4 ár. En ég vek á því athygli að sú leiðrétting verður alltaf á ferðinni langt á eftir raunverulegum hækkunum orkuverðs og kemur ekki í staðinn fyrir þann kostnað sem við verðum að leggja út vegna þess að Sigölduvirkjun endist skemur og við verðum því fyrr að fara í nýjar virkjanir. Leiðréttingar á orkuverði munu miðast við verð frá afskrifuðum norskum orkuverum, en ekki við kostnaðarverð frá nýjum íslenskum orkuverum, og það er það sem gerir gæfumuninn.

Menn kunna einnig að spyrja, hvort þessir útreikningar mínir tákni það að ég sé að vefengja útreikninga sérfræðinganna, að ég telji að þeir reikni hreinlega vitlaust. Ég er ekki að segja að þeir reikni dæmi sín rangt eða vitlaust, en dæmin gefa misjafnar niðurstöður eftir því hverjar forsendurnar eru sem menn gefa sér og forsendurnar virðast vera nokkuð aðrar en þær sem ég hef miðað við í mínum reikningum. Í mínum útreikningum tek ég annars vegar verðið í dag og hins vegar verðið eins og það verður á næstu árum samkv. spádómum Jóhannesar Nordals. Niðurstaðan verður svipuð, að vísu heldur hækkandi verð eftir því sem miðað er við síðari tíma virkjanir, en í heildina tekið mjög svipuð niðurstaða, en í frv. er aftur á móti beitt allt öðrum aðferðum og allt öðrum reikningskúnstum og fengin allt önnur niðurstaða.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um útreikningsaðferðir þær sem beitt er í útreikningum Landsvirkjunar, en ég minni á það að við gerð álsamninganna voru framkvæmdir nákvæmlega sams konar útreikningar, og niðurstaða þeirra útreikninga var mjög jákvæð eins og menn muna að sjálfsögðu. Þá þóttust menn geta sannað það með sterkum rökum, að þó að orkuverðið væri jafnhraksmánarlega lágt og raun bar vitni, þá mundi verða mikill ágóði af orkusölunni. Þá sönnuðu menn það sem sagt margfaldlega að verðið 32½ mill, sem í núgildandi verðlagi er 37½ eyrir, væri raunverulega mjög hagstætt. En hvað skyldu menn fá út ef þeir tækju sig til í dag og reiknuðu aftur á bak, byrjuðu á deginum í dag og reiknuðu síðan aftur á bak til þess tíma er útreikningarnir í sambandi við álverksmiðjuna voru gerðir og miðuðu við raunverulegt kostnaðarverð Sigölduvirkjunar, miðuðu við verðlagið á þeirri virkjun sem orðið hefur að flýta mjög verulega vegna þess að Búrfellsvirkjun endist svo stutt, vegna þess að við erum búnir að selja meiri hlutann af orku hennar til álverksmiðjunnar? Ætli það sé ekki nokkuð öruggt að ef þannig væri reiknað, að vísu með nákvæmlega sams konar reikningsaðferðum, en litið væri á raunveruleikann eins og hann hefur orðið, — ætli væri þá ekki nokkuð öruggt að útkoman væri sú að við töpuðum a. m. k. 40—50 aurum á hverri kwst. sem við seldum til álbræðsl-

unnar, fyrst og fremst vegna þess að við njótum skemur hinnar ódýru orku frá Búrfelli og verðum því að fara fyrr í nýja virkjun. Ég er viss um ða ágiskun mín, 40—50 aura tap á sölunni til álverksmiðjunnar, er mjög vægt áætlað. En það eru, miðað við þá lágu tölu og miðað við að við seljum álverksmiðjunni 1270 gwst. á ári, hvorki meira né minna 508—635 millj. kr. á hverju einasta ári, — engar smáræðis upphæðir þegar haft er í huga að orkuverðið er bundið í 20 ár til viðbótar.

Menn kunna í þriðja lagi að spyrja í framhaldi af þessum vangaveltum mínum um útreikninga og útreikningsaðferðir verkfræðinga Landsvirkjunar, í hverju það felist að útkoman verði svona misjöfn. Ég verð að játa að ég hef ekki haft aðstöðu til að átta mig á því í hverju mismunurinn liggur raunverulega. En það er ljóst að frá upphafi var verðið til álverksmiðjunnar langt undir kostnaðarverði. Það sáu menn strax, enda þótt reikningsdæmi landsvirkjunarmanna ættu að sýna eitthvað allt annað. Ég held satt að segja, að helsta skýringin á þessum mikla mismun á útreikningum sérfræðinga og svo hins vegar veruleikanum sjálfum sé fólgin í því að menn hafa ekki tekið innlenda og erlenda verðbólgu með í reikninginn. Það eru þessir þættir sem gera þennan gífurlega mismun. Þess vegna fer tapið á raforkusölunni vaxandi ár frá ári.

Í öðru lagi er mjög auðvelt að benda á mjög veikan punkt í útreikningum þeim, sem nú liggja fyrir um verð frá Sigölduvirkjun og Hrauneyjarfossvirkjun, og það eru vextirnir. Í þessum áætlunum er aðeins reiknað með 9.5% vöxtum, sem allir vita að er ekki raunhæfur útreikningur. Ég nefni það bara sem dæmi að bæjarstjórn Siglufjarðar hafði forgöngu um það nú fyrir skömmu að láta reikna út rekstrarkostnað hugsanlegrar hitaveitu á Siglufirði, og þeir verkfræðingar, sem það verk framkvæmdu, tóku tvo möguleika: annars vegar 15% vexti, hins vegar 17% vexti — en það er auðvitað öllum kunnugt að orkuverðið hækkar í réttu hlutfalli við vaxtaprósentuna, þannig að ef vextirnir eru 15% t. d., en ekki 9.5%, þá verður orkuverðið hvorki meira né minna en 58% hærra en áður var reiknað með. Sjá allir, að þessi liður breytir raunverulega öllu dæminu ef ekki er gengið út frá réttum forsendum.

Nei, ég held að það sé nokkuð ljóst, að útreikningar um að raforkusalan til járnblendiverksmiðjunnar verði hagstæð, þeir útreikningar eru byggðir á mjög veikum grundvelli svo að vægt sé til orða tekið. Meðan útlit var fyrir að Sigölduvirkjun yrði ekki reist í einum áfanga nema með sölu á raforku til járnblendiverksmiðjunnar, þá var hugsanlegt að halda því fram að það væri mjög hagstætt að selja í einu lagi þetta mikla orkumagn til eins aðila. En þetta er liðin tíð eins og allir vita, og málið verður því að skoða upp á nýtt. Það verður að skoða í ljósi þess að Sigölduvirkjun kemur ekki í raun til með að framleiða orku til þessarar járnblendiverksmiðju nema í hæsta lagi í 2—3 ár, síðan er það raunverulega Hrauneyjarfoss sem tekur við og við verðum að ráðast í þá dýru virkjun miklu fyrr en ella vegna þessarar orkusölu, sem sagt áður en okkar eigin orkumarkaður hefur raunverulega vaxið upp til að taka við þeirri virkjun. Það er því nokkuð öruggt að sú virkjun verður byggð með þeim rökum að hana beri að tengja við enn eitt stórt stóriðjuverið sem taki verulegan hluta af orku hennar o. s. frv.

Það bendir sem sagt allt til þess, að raforkusalan verði mjög óhagstæð og verði það um langa framtíð þrátt fyrir hækkunarmöguleika þá sem frv. og samningurinn fela í sér.

Svo að við snúum okkur að orkuhlið málsins, þá hafa verið lagðir fram útreikningar um áætlaða orkueyðslu á árunum fram til 1980. Það er orkuspá sem felur í sér þá fullyrðingu að næg orka verði til húsahitunar fram til 1980 þrátt fyrir það að ráðist sé í járnblendiverksmiðju. Því miður fylgir nú ekki nægilega góð grg. með þessum útreikningum sem munu vera gerðir af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, en eftir því sem ég kemst næst mun þar vera miðað við að Sigölduvirkjun gefi 800 gwst. og mér sýnist að miðað sé við að Kröfluvirkjun gefi u. þ. b. 400 gwst., en húsahitun á öllu landinu fram til 1980, sú húsahitun sem ókomin verður þegar Sigölduvirkjun fer í gang, nemi um 950 gwst.

Því miður fékk ég ekki þessa orkuspá í hendur fyrr en seint í þessari viku, og ég hef því miður ekki haft tíma síðan til að fara vandlega ofan í þá orkuspá sem þar er sett fram. En á þeim litla tíma sem ég hef haft til að skoða þessa töflu, þá rek ég strax augun í það að á henni er töluverður munur og svo aftur þeim orkuspám sem við höfum fengið í hendur áður. Í fyrravetur við umr. um járnblendiverksmiðju, sem fram fóru í þn. sem um það fjallaði og ég átti sæti í, var lögð fram áætlun Landsvirkjunar um orkuspá á þessu sama tímabili. Þar var gert ráð fyrir að almenn notkun raforku á Landsvirkjunarsvæðinu árið 1977 yrðu 680 gwst., en það var tekin með viðbótarmöguleiki ef orkueyðslan yrði heldur meiri en í þessari spá felst og sagt að þá yrðu það í hæsta lagi 711 gwst. Nú hefur verið lagt fram frv. um málmblendiverksmiðju og þar eru komnar nýjar áætlunartölur um orkueyðslu á árinu 1977 á hinum almenna markaði Landsvirkjunar. Þá er orkan hvorki meira né minna en 760 gwst. Aukningin er sem sagt um 80 gwst. frá þeirri áætlun, sem lögð var fram í fyrra, og um 49 gwst. frá ítrustu spánni sem lögð var fram í fyrra eða um 7%. Ég er ekkert hissa á því þótt áætlun af þessu tagi breytist frá ári til árs, síst af öllu þegar hún breytist í hækkunarátt, vegna þess að ný viðhorf hafa skapast í þessum málum og nýjar þarfir. En ég er heldur en ekki undrandi þegar ég fæ svo í hendur orkuspá frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens nú um miðja síðustu viku, þar sem gerð er spá um nákvæmlega sama almenna markað á sama ári, 1977, og þar er verið að sýna fram á að það verði afgangs næg orka til húsahitunar. En þá er ekki lengur talað um að almenna notkunin á orkuveitusvæði Landsvirkjunar verði 760 gwst. eins og frv. gerir ráð fyrir. Nei, þá er búið að lækka þessa tölu niður í 685 gwst., lækka hana um 75 gwst. Ef menn eiga erfitt með að átta sig á hvernig þessir útreikningar eru fengnir út úr þessu plaggi, þá er það einfaldlega þannig að almenni markað-

urinn + núverandi stóriðja + núverandi húsahitun er áætluð 2 230 gwst. Frá því drögum við síðan núverandi stóriðju, 1 465 gwst. og núverandi húsahitun, 80 gwst. Mismunurnin er 685 gwst., sem er, eins og ég sagði áðan, 75 gwst. minna en gert er ráð fyrir í frv. sem þó er lagt fram á nákvæmlega sama tíma. Munurinn er fyrst og fremst sá, að nú er verið að reyna að sanna að það sé orka afgangs í húsahitunina, en um húsahitunina var ekkert fjallað í hinu plagginu, sem fólgið er í frv.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann geti gefið mér nokkra skýringu á því í hverju þessi munur liggur eða hver er skýringin á honum. Hvaða rök eru fyrir því að spá nú að orkueyðslan á árinu 1977 verði 75 gwst. minni, aðeins tveimur vikum eftir að verkfræðingar Landsvirkjunar hafa spáð og miða sína spá við hina hærri tölu? Hvað hefur breyst á þessum hálfa mánuði sem liðinn er? Eða er þetta kannske eitthvað líkt og með skóna hennar Öskubusku, að menn séu að sníða nokkrar tær af veruleikanum til þess að hann sleppi í ákveðna skó sem menn hafa í höndum? Það skyldi þó ekki vera?

Niðurstaða Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens í þessu plaggi, sem ég hef hér nefnt, er að 1979 verði afgangs 194 gwst. á öllu landinu miðað við fyllstu nýtingu í samtengdu kerfi, — ég undirstrika það: miðað við fyllstu nýtingu í samtengdu kerfi, þannig að hver kwst. nýtist til fulls. Að sjálfsögðu verður þá að vera búið að leggja línu til Austurlands og til Vestfjarða, og í hvert sinn sem kwst. er afgangs á þessum staðnum eða hinum, þá er reiknað með að hún nýtist einhvers staðar annars staðar. Ég veit að vísu ekki hvort þar er reiknað með þeim orkutöpum sem felast í því að flytja orkuna milli landsfjórðunga, sem að sjálfsögðu verður að gera í þessu tilviki, og hvort spáin er þar af leiðandi ekki röng, miðað við það að gleymst hafi að gera ráð fyrir því að ef orka er flutt frá Kröfluvirkjun og hingað suður á Suðurland, þá tapast svo og svo mikið í þeim flutningum. Ég veit ekki hvort það er reiknað með, en ég geri ráð fyrir því í mínu tali hér að svo hljóti að vera, því að maður á bágt með að trúa því að svo miklu grundvallaratriði sé sleppt. En hitt stendur þó upp úr að spá Landsvirkjunar og spá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, — það er ungur verkfræðingur hjá honum, Sigurður Þórðarson, sem virðist hafa gert þessa áætlun, — ganga á misvíxl sem nemur allmiklu raforkumagni á árinu 1977 og má þá vænta þess að mismunurinn fari vaxandi eftir því sem á líður. Ég ætla ekki að fullyrða hvor spáin er réttari, en ég tel að þetta sýni hvað spár sérfræðinganna eru óhjákvæmilega ónákvæmar. Og ég vek á því athygli, að hér er augljóslega teflt á tæpasta vaðið með raforku sem verður í landinu þegar kemur fram á árin 1979 og 1980. Enda er það svo, að samkvæmt þessari orkuspá vantar 72 gwst. í samtengda kerfið til að fullnægja þeirri orkuþörf, sem spáð er að verði á því ári.

Í grg. með frv. ríkisstj. um járnblendiverksmiðju er rætt um þann möguleika, að það kunni að koma ár og ár svo að ekki sé um neina afgangsorku að ræða í kerfi Landsvirkjunar, alls ekki neina, það kunni svo að fara að við fáum þurrkaár eða aðrar ástæður sem valda því að afgangsorka er hreinlega ekki til í orkukerfi Landsvirkjunar. Það eru að vísu ekki taldar miklar líkur á að þetta geti gerst, en það eru áætlaðar 5% líkur á að þetta geti gerst á árinu 1978, eins og sagt er í grg. frv. Hitt stendur svo eftir, að jafnvel þótt engin afgangsorka sé í orkukerfi Landsvirkjunar þegar þetta gerist, ef það gerist, þá verður eftir sem áður að selja afgangsorku til járnblendiverksmiðjunnar og á árinu 1978, ef það gerist þá, á 7½ eyri kwst. Og það er ekkert smáræði sem verður að selja á þessu verði. Við verðum að selja 136 gwst. á ári að lágmarki. Ég vek sem sagt á því athygli, að í orkuspám Landsvirkjunar eða Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens er hvergi reiknað með þessum möguleika. Það er hvergi gert ráð fyrir því að þetta gæti komið upp á og að okkur vanti þá hreinlega 136 gwst. til að selja málmblendiverksmiðjunni. En þessa orku verðum við þá að framleiða með olíu ef hún er ekki til fáanleg með öðrum hætti, væntanlega á 10—12 kr. kwst., ef orkuskortur verður í kerfinu. Hér er því um gífurlegar upphæðir að ræða sem gjalda yrði, ef svo illa vildi til að engin afgangsorka yrði til staðar og búið yrði að ráðstafa allri eða svo til allri orku sem kerfið ræður yfir.

Ég vek á því athygli í þessu sambandi, að í grg. frv. og þeirri orkuspá, sem Landsvirkjun hefur lagt fram, er neðanmálsklausa sem er býsna athyglisverð. Það er verið að skýra frá því í töflu II í grg., að orkuvinnslugeta alls landsvirkjunarkerfisins verði, þegar Sigölduvirkjun verður komin í gagnið, 2 900 gwst., en neðanmáls segir: „54 mw. af varmaorku eru innifalin.“ Það er sem sagt olíueyðsla sem er innifalin í þessari tölu, hvorki meira né minna en 50 mw. Ég veit að vísu að þær dísilvélar, sem þarna er reiknað með beinlínis, verða ekki keyrðar árið um kring. Þær verða ekki látnar grípa inn í nema stöku sinnum. En þarna er þó um að ræða mjög dýra orku sem beinlínis er reiknuð inn í orkuspána, og má gera ráð fyrir að á einu ári sé það ekki öllu minna en 100 gwst. sem raunverulega ætti að draga frá ef rétt væri reiknað.

Ég læt þetta nægja til þess að benda á hversu knappt er reiknað í útreikningum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Hver gwst., sem reynist vanreiknuð í orkuspám verkfræðinganna og þarf að framleiða með olíu, mun kosta þjóðina 10—11 millj. kr., og hér er sem sagt verið að tala um hundruð gwst. kannske 200, kannske 300 gwst. á einu einasta ári. Hér er því um upphæðir að ræða sem gætu numið 1 500, kannske 2 000, kannske 3 000 millj. kr. á einu ári í olíukostnað vegna þess að menn hafa gert óskynsamlegan samning, sem þeir eru alls ekkert öruggir um að geta staðið við. Ég veit að vísu að þetta getur ekki komið upp á nema árin 1977 og 1978 og 1979, því að væntanlega taka svo aðrar virkjanir við. En það er augljóst mál að ef illa færi, ef illa áraði ef svo má segja, ef rigndi ekki nógu mikið í landinu á þessum árum og ef orkueyðslan væri lítillega meiri en hér er reiknað með, þá

bendir allt til þess, a. m. k. skv. þessum orkuspám, að orkukerfið yrði að framleiða orku, sem kostaði þúsundir millj., vegna þess að gerður hefur verið samningur sem ekki er í samræmi við þá orku sem tiltæk er. Ég veit hins vegar að það eru engar líkur á því að svona muni fara. Ég veit að Landsvirkjun og forráðamenn orkumála munu aldrei tefla á svo tæpt vað. Þeir munu aldrei tefla á það tæpa vað, að vegna óhagstæðs veðurfars reynist engin afgangsorka til, og þess vegna munu þeir fara hægar í rafhitun húsa en orkuspárnar gera ráð fyrir. Það er alveg augljóst mál að engin ríkisstj. í landinu mun þora að taka þá áhættu, sem þarna blasir við, að við verðum skyldaðir til þess að selja afgangsorku fyrir 7.5 aura kwst. sem eigi kannske eftir að kosta okkur í framleiðslu 11—12 kr. með olíueyðslu. Það er augljóst mál að á svo tæpt vað teflir engin ríkisstj. Niðurstaðan verður því sú að sú spá, sem hér er sett fram um húsahitun með raforku, verður ekki framkvæmd. Það er útilokað mál. En þetta tel ég að sé rangt og hættulegt og ég væri því andvígur orkusölu til járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, af þessari ástæðu einni.

Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. hvaða áform séu uppi um skipulagða dreifingu raforku til húsahitunar því að ég get svo sannarlega ekki tekið mikið mark á þeirri orkuspá, sem hér er sett fram, og spá um sölu á orku til húsahitunar á næstu fjórum árum skv. framansögðu. Ég vil sem sagt spyrja hann: Hafa verið gerðar áætlanir um þetta efni, hafa verið gerðar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir eða er raunverulega engin hreyfing á þessum málum hjá hæstv. ráðh., og hvað líður samtengingu landsins alls í eitt raforkudreifingarsvæði? Í ræðum orkumálastjóra, í ræðu stjórnarformanns Landsvirkjunar á þingi Sambands ísl. rafveitna og í þeim orkuspám, sem hér er verið að leggja fram, er alls staðar gert ráð fyrir því að allt landið verði orðið eitt samtengt orkuveitusvæði þegar á árinu 1978. En hvað líður undirbúningi að framkvæmd þessa máls? Er hann í fullum gangi eða ekki?

Einmitt í þessu sambandi er rétt að vikja að fjármögnunarhlið þessa máls. Járnblendiverksmiðjan kostar ísleneska ríkið í útlögðu fé um 9 000 millj. kr., þar af mun hlutafé nema 2 000 millj. kr., lánsfé til byggingarinnar 5 200 millj., höfn við Grundartanga 500 millj. og þá er eftir ýmiss konar kostnaður, svo sem stofnlína í Hvalfjörð, kostnaður við spennistöð, vegagerð og útvegun rekstrarfjár fyrir verksmiðjuna. Það er því áreiðanlega varlega reiknað að kostnaðurinn nemi 9 000 millj. kr. Allt þetta fé verður að taka að láni erlendis.

Nú er mikið kvartað undan fjármagnsskorti eins og kunnugt er. Það hefur verið boðað að fjárl. verði skorin niður verulega og menn eru óttaslegnir að um verði að ræða talsverðan niðurskurð á verklegum framkvæmdum ríkisins vegna þess að ríkisstj. telur það ekki efnahagslega skynsamlegt að taka miklu meira af erlendum lánum en gert hefur verið og sér því ekki aðra leið til að komast út úr vanda ríkissjóðs og þeim loforðum, sem gefin hafa verið, en hreinlega skera niður jafnvel verklegar framkvæmdir. Eins er um stofnlánasjóði atvinnuveganna. Þar er meiri þorsti í lánsfé á ferðinni en nokkru sinni hefur séð dagsins ljós og gífurleg átök um það fjármagn sem þeir hafa yfir að ráða. Mér er t. d. kunnugt um það, að ríkisstj. mun hafa uppi áform í sínum áætlunum um fjármagn til stofnlánasjóða atvinnuveganna, að Iðnlánasjóður fái hreinlega ekkert lánsfé af því fé sem Framkvæmdasjóður úthlutar á hverju ári. Ég veit ekki hvort þau áform verða að veruleika, en ég veit að um þetta hefur verið rætt að undanförnu, að Iðnlánasjóður fái hreinlega ekkert og verði einungis að láta sér nægja eigið fé og almennar tekjur sínar og hugsanlega það fé sem ahnn getur fengið að láni hjá Iðnþróunarsjóði, eins og hann hefur gert á hverju ári. Þetta er að sjálfsögðu ekki vegna þess að það sé ekki hægt að útvega þetta fé. Það er að sjálfsögðu mögulegt að fá erlent fjármagn til þessara stofnlánasjóða. En menn vilja það ekki. Það er bannað af efnahagslegum ástæðum. Þannig er þetta á öllum sviðum. Það er ríkjandi gífurlegur lánsfjárskortur. Ég þarf ekki að taka það fram varðandi Iðnlánasjóð að ef hann fær ekkert, þá hlýtur að hægja mjög verulega á fjárfestingu í íslenskum iðnaði. En á sama tíma og þannig stendur á ætlar hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því að veittar verði 9 000 millj. ísl. kr. í járnblendiverksmiðjuna á aðeins tvemur árum og allt í erlendum lánum. Ég veit ekki, satt að segja, hvernig hæstv. iðnrh. ætlar að verja mál sitt gagnvart íslenskum iðnrekendum þegar hann er búinn að koma ár sinni fyrir borð með þessum hætti. Hann hefur sjálfsagt minni áhyggjur af öðrum atvinnuvegum, svo sem sjávarútvegi eða landbúnaði, en þar er ekki síður ríkjandi gífurleg lánakreppa. Ég get t. d. minnt á lánskreppuna í landbúnaðinum, sem virðist í dag hreinlega stefna að því að kaupfélög víðs vegar um land, sem byggja fyrst og fremst afkomu sína á viðskiptum við sauðfjárbændur, verði hreinlega fjárþrota á þessu ári mörg hver og komist sem sagt í algert þrot, ef ekki verður að gert, vegna þess að svo hart er að þeim vegið með lánsfjárútvegun. Þessi kaupfélög standa að sjálfsögðu miklu verr en kaupfélögin, sem byggja á mjólkurframleiðslu, því að sauðfjárbændur verða að fá rekstrarfé til þess að geta haldið rekstri sínum úti þar sem afurðir þeirra koma ekki til verðs nema einu sinni á ári.

Þannig er þetta á öllum sviðum. Það er alls staðar ríkjandi gífurleg lánsfjárkreppa. Ég veit sem sagt ekki, hvort hæstv. iðn.- og orkumrh. hefur nokkuð skoðað þessar hliðar málsins, skoðað þær hliðar sem snúa að lánsfjárútvegun til annarra þátta íslenskra atvinnuvega, en hann getur verið alveg viss um það hvað snertir þau málefni sem undir hann heyra, að eftir að hann hefur ákveðið með samþykki Alþ., að leggja 9 000 millj. ísl. kr. í járnblendiverksmiðju þá dugar sannarlega ekki fyrir hann að koma hér fyrir Alþ. og segja nokkrum heilvita manni að ekki sé hægt að útvega fjármagn t. d. til þess að hraða húsahitun með raforku eins og nokkur kostur er eða til þess að leggja stofnlínur um allt land til að tengja landið í eitt raforkukerfi,

ellegar að leggja fram það mikla fjármagn sem þarf að leggja fram til þess að styrkja dreifikerfið í þorpum og bæjum sem hituð verða með raforku, en allt þetta mun sem sagt kosta ófáar þús. millj. kr.

Kjarni málsins er einmitt sá, að við höfum margt annað þarfara við það fjármagn að gera, sem tiltækilegt er, og þá orku, sem við höfum á næstu árum, en að eyða því í svo áhættusamt fyrirtæki sem járnblendiverksmiðjan er. Þegar þar við bætist, eins og ég hef áður rakið, að hinn erlendi samstarfsaðili er alþjóðlegur auðhringur af versta tagi með grugguga fortíð, mengunarhlið málsins er í algerri óvissu og nauðsynlegar rannsóknir hafa enn ekki farið fram, en þar að auki er raforkuverðið svo lágt að fyrirsjáanlegt er að við verðum að borga járnblendiverksmiðjunni a. m. k. 150 millj. kr. árlega fyrir að gera okkur þann greiða að taka við orku sem við þurfum raunverulega sjálfir að nota, þá virðist mér að valið þurfi svo sannarlega ekki að vera erfitt. Slíkan samning eigum við ekki að gera.

Herra forseti. Ég mun senn ljúka máli mínu, en ég vil að lokum fara örfáum orðum um afstöðu Alþb. fyrr og síðar til þessa máls því að svo ótt go títt eru nú hafðar uppi furðulegar og ósannar fullyrðingar um það efni að ekki verður hjá vikist að víkja að því efni fáeinum orðum.

Alþb. hefur aldrei lýst yfir stuðningi við byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, hvorki fyrr né síðar. Það eru hreinar línur. Hitt er rétt að einstakir Alþb.-menn hafa tekið þátt í undirbúningi þessa máls. Þeir hafa kannað hvaða möguleikar eru til staðar að verksmiðja af þessu tagi verði reist, og fyrst og fremst var verið að kanna þessa hlið málsins í tengslum við byggingu Sigölduvirkjunar til þess að gera hana ódýrari og hagkvæmari, þegar útlit var fyrir að hún yrði ekki reist í einum áfanga nema til kæmi stór orkukaupandi af þessu tagi. En eins og ég hef þegar tekið fram er þessi röksemd löngu fokin út í veður og vind og kemur því ekki þessu máli við. Það hefur t. d. verið fullyrt að í þingfl. Alþb. hafi allir þm. nema tveir verið fylgjandi þessu máli fyrir einu ári. Þetta er alrangt. Þetta mál var oft rætt á s. l. ári og árinu þar á undan í þingfl. Alþb. og skoðað en þingfl. taldi sig ekki hafa nægilega yfirsýn yfir alla þætti þessa máls, m. a. þá sem snúa að orkuspám á næstu árum, húsahitunarmálum og mengunarmálum og öðrum þáttum þessa máls sem ráða úrslitum að sjónarmiði margra manna. Hann taldi sig sem sagt ekki hafa þær upplýsingar í höndum, sem til þyrfti, til að taka afstöðu til málsins og tók ekki afstöðu til þessa máls fyrr en í haust.

Ég vil bæta hér við upplýsingum um það hvaða samþykkir Alþb. hefur gert um þessi mál, vegna þess hversu mjög hefur verið hallað réttu máli um það efni, og nefna það fyrst, að á flokksráðsfundi í nóv. 1974 var mörkuð almenn stefna um afstöðu íslendinga til samstarfs við erlenda aðila í orkumálum og stóriðjumálum, en í ályktun, sem um það efni var gerð, sagði svo:

„Íslendingar geta átt margs konar samvinnu við erlenda aðila í efnahags- og atvinnumálum eftir því sem hagkvæmast þykir hverju sinni. En framvegis hljóta þeir að setja sér þá ófrávíkjanlegu reglu að á Íslandi starfi aðeins íslensk fyrirtæki sem örugglega séu að meiri hluta í eigu íslendinga sjálfra og lúti íslenskum lögum og dómstólum.“

Í samþykkt flokksráðsfundarins var að öðru leyti aðeins tekið fram að málið skyldi rætt í flokknum, það væri ekki á því stigi að hægt væri að taka ákvörðun.

Ég vil líka upplýsa það hér, að á miðstjórnarfundi Alþb. 23. apríl 1974 var gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Miðstjórnarfundur Alþb., haldinn 23. apríl 1974, samþ. að ekki sé tímabært að tekin verði afstaða af hálfu Alþb. til hugsanlegrar byggingar málmblendiverksmiðju í Hvalfirði, m. a. vegna óvissu í orkumálum. Fundurinn felur framkvæmdastj. að láta undirbúa skýrslu um stöðu málsins og árangur þeirra samningaviðræðna, sem fram hafa farið, og verði skýrslan send öllum Alþb.-félögum strax að loknum sveitarstjórnarkosningum í maí og tekin til umr. á sérstökum félagsfundum, þannig að afstaða Alþb. til málsins geti legið fyrir þegar þing kemur saman í haust.“

Þessari stefnu hefur verið fylgt. Þetta mál var tekið til umr. á flokksstjórnarfundi Alþb. í haust. Fram að þeim tíma hafði engin afstaða verið tekin til málsins og mjög fáir þm. myndað sér neina endanlega skoðun í málinu. En á þeim fundi, landsfundi Alþb. í haust, var þetta mál síðan tekið til umr., eins og gert hafði verið ráð fyrir í samþykkt miðstjórnar sem ég var að enda við að lesa, og þar var till. flutt af okkur þremur, Magnúsi Kjartanssyni, Lúðvík Jósepssyni og mér. Í niðurlagi till. segir:

„En það verkefni í orkumálum sem nú er brýnast og verður að hafa algeran forgang, er nýting innlendra orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Landsfundurinn krefst þess að framkvæmd verði áætlun sem tryggi að lokið verði við jarðvarmaveitur, þar sem þær eru hagkvæmar, á árinu 1977 og fyrir lok þessa áratugs eigi allir landsmenn kost á nægri raforku til húsahitunar og annarra þarfa. Í því skyni verði haldið áfram virkjunarframkvæmdum og öll orkuveitusvæði landsins tengd saman svo að allir landsmenn búi við jafnrétti að því er varðar orkuframboð og verðlag. Þegar af þessari ástæðu telur landsfundurinn ekki rétt að ráðstafa fjármagni eða orku til málmblendiverksmiðju í Hvalfirði eða til annars orkufreks iðnaðar.“

Þetta er fyrsta samþykkt sem Alþb. hefur gert í þessu máli og sú eina, enda endanleg samþykkt. Og ég bæti því aðeins við að lokum, að þessi samþykkt, þessi endanlega afstaða flokksins, eftir að málið hafði verið vandlega skoðað, var gerð með shlj. atkv. fundarmanna. Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi hér fram vegna ýmiss konar afbökunar, sem fram hefur komið á afstöðu Alþb. til þessa máls, og vænti þess að það liggi ljóst fyrir að Alþb. tók ekki afstöðu til þessa máls, hvorki þingfl., miðstjórn né framkvæmdastjórn fyrr en í haust og þá var niðurstaðan shlj.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að gerast margmáll við 3. umr. þessa máls. Ég hafði gefið fyrirheit um að ég mundi leggja fram nokkrar brtt. við þessa umr. Frá því hef ég fallið vegna upplýsinga sem mér hafa borist um framvindu málsins frá því að við lukum 2. umr. um málið og atkvgr. Við 2. umr. málsins leiddi ég að því rök að meðferð þess hér í hv. Alþ. væri skrípaleikur þar eð þeir aðilar, sem raunveruleg völd hafa, hefðu þegar tekið sínar ákvarðanir og fyrir Alþ. lægi aðeins að afgr. þetta mál, að setja stimpil sinn á það. M. a. vakti ég athygli á því að hingað til lands væri kominn sá maður sem Union Carbide ætlaðist til að yrði forstjóri þessarar málmblendiverksmiðju í Hvalfirði og raunar væri þegar farið að kalla hann forstjóra fyrirtækisins, jafnvel áður en iðnn. Ed. hefði fjallað um málið. Nú bárust mér upplýsingar um það um helgina, hæstv. iðnrh., að framkvæmdir væru raunverulega hafnar uppi á Grundartanga áður en Ed. hefur afgr. málið, áður en þessir hv. vesalings menn, sem telja sig alþm., hafa látið hafa sig í það að rétta, án eða með samvisku sinni, upp höndina í þessu máli til að hleypa því í gegnum Alþ. Áður en þeir hafa fengið að nota þennan undarlega lítilsverða rétt, þá eru hafnar framkvæmdir uppi á Grundartanga. Á vegum hvers? spyr ég hæstv. iðnrh. **(Iðnrh.:** Ég spyr hv. þm.: Hverjar eru þær framkvæmdir?). Þær eru kannske lítils háttar. Það er búið að grafa þarna nokkra tugi af gryfjum, 4—5 metra djúpum, víðs vegar um tún Klafastaðabónda til undirbúnings frekari framkvæmdum. Þær eru svo sem ekki stórar þessar gryfjur eða miklar til undirbúnings þess að hin meinlausa verksmiðja, sem hvorki á að valda tjóni á dýrum né gróðri, geti risið þarna. Þó eru þær það stórar að nú þegar liggur dautt hross í einni þeirra. Grani liggur þar dauður og vera mætti að út út úr hausi hans hlaupi sú naðra, eins og Grana forðum í Berurjóðri, sem einhvern ykkar biti í hælinn.

Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að því með hvaða hætti vinnubrögð aðstandenda þessa einstaklega óþinglega máls hafa verið gagnvart ábúendunum á Klafastöðum. Við heyrðum bóndann þar segja okkur frá því í sjónvarpi að hann væri á móti þessari verksmiðju, aftur á móti hefði hann verið til þess knúinn, að því er manni skildist með ógnunum, að selja landið, ella hefði það verið tekið eignarnámi. Hver skyldi hafa sagt honum það? Við heyrðum hann líka segja frá því hvaða verð það er sem hinir óskilgreindu holugrafarar ofan úr Hvalfirði bjóða honum fyrir landið sitt sem mest er í ræktuðu túni. Það eru 90 þús. kr. á hektarann í ræktuðu landi. Ég sló á þráðinn og hringdi upp í Búnaðarfélag í morgun og spurði hvað það mundi kosta að rækta hektara í túni núna í framræstu landi. Það mun vera í kringum 120 þús. kr. á hektara. Það er ekki fyrir stofnkostnaði við ræktun sem á að greiða honum fyrir þetta land. Það er ekki fyrir stofnkostnaði í ræktuninni sjálfri hvað þá grænn eyrir fyrir landið sjálft eða ævistarfið sem liggur í vinnunni á þessari jörð þar sem gamli maðurinn sagðist hafa búið frá því hann byrjaði að vera til. Hver skyldi hafa annast þessa samninga? Og skyldu menn vera stoltir af þeim eða skyldi bóndinn, sem lýsti yfir andstöðu sinni við þessa verksmiðju sjálfur, hafa tilnefnt þetta verð til þess að fría sig og sína ámæli um að hafa verið borinn fé til þess að leiða fjanda þennan á landareign sína?

Ég ítreka fsp.: Á vegum hvers eru þessar framkvæmdir hafnar uppi á Grundartanga? Er það á vegum hæstv. iðnrh. og þá samkvæmt hvaða lögum? Er það á vegum viðræðunefndar — óskepis þess — um orkufrekan iðnað og þá samkvæmt hvaða lögum, eða er það á vegum þessa eina íslendings sem titlaður er samkvæmt því, sem maður les á 29. bls. ársskýrslu Landsvirkjunar, sem governor Jóhannes Nordal?

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er mjög gagnlegt fyrir þessa hv. d. að hafa jafnreyndan og kunnan fréttamann hér og hv. síðasta ræðumann. Nú flytur hann okkur þær fregnir, sem eru nýjustu stórtíðindi í járnblendimálinu, að hross hafi látist í gröf í Klafastaðalandi. Ég vil nú, þar sem hann beinir fsp. til mín út af þessu máli, játa að mér er ókunnugt um þessa fregn. Ég veit ekki til þess að framkvæmdir séu hafnar á þessu svæði í sambandi við járnblendiverksmiðjuna.

Hv. þm. minntist á væntanleg kaup ríkisins á hluta af landi Klafastaða og taldi að það verð, sem nefnt hefur verið í þessu sambandi, 90 þús. kr. á hektarann — var ekki svo? — mundi ekki vera fyrir stofnkostnaði við ræktun. Verðið, sem rætt hefur verið um milli eiganda jarðarinnar og fulltrúa ríkisstj., mun vera þetta, eins og einn eigandinn gat um í sjónvarpi nú fyrir skemmstu og í þeim viðræðum hefur komið fram að eigendur séu — eða ekki verður annað fundið — ánægðir með þetta verð. Hins vegar býst ég við að ummæli hv. þm. um að þetta verð hrökkvi ekki fyrir kostnaði séu á nokkrum misskilningi byggð því það landssvæði, sem ætlað er að kaupa undir verksmiðjuna, er nú ekki nema að nokkru leyti ræktað land. Það er talað um, að ég ætla, 80 hektara lands, og ég hef ekki við höndina hér hversu stór hluti þess er tún eða ræktað land, en ég held að það sé ekki nema nokkur hluti þess. Ef þetta er tekið með í dæmið, þá ætla ég að þetta sé viðunandi og fullnægjandi greiðsla, enda hefur aldrei komið annað til mála af ríkisins hálfu en að bjóða fram það verð sem eigendur væru fyllilega ánægðir með. Þeir, sem hafa fjallað um þetta mál — það er ekkert launungarmál — eru einn fulltrúi tilnefndur af mér og annar fulltrúi til nefndur af samgrh. vegna þess að hafnarmálið kemur þarna mjög inn í. Þessir tveir menn hafa átt mjög ítarlegar viðræður við eigendur og verið þar hið ágætasta samkomulag á milli um verðið.

Varðandi það atriði, sem hv. þm. virtist álykta af ummælum umræddra landeigenda, að hótanir hefðu verið hafðir í frammi um eignarnám, þá er það fjarri öllu lagi. Ef litið er á frv. kemur greinilega í ljós að ákvæði um eignarnámsheimild er ekki í frv. Hins vegar var slíkt ákvæði í því frv. sem undirbúið var af fyrrv. ríkisstj., en það var ákvörðun mín að strika það út. Ég vildi ekki hafa eignarnámsheimild í þessu frv., heldur freista til hins ítrasta að ná samningum og þeir hafa tekist. Ég held það sé ekki með

nokkrum sanni hægt að segja að hér hafi verið nokkrar hótanir um eignarnám, heldur þvert á móti var það fellt burt úr frv.

Í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. skal ég aðeins svara örfáum atriðum úr henni. Hann ræddi fyrst um verðið á rafmagni og taldi það vera mjög ófullnægjandi. Í því sambandi er þess að geta að þegar fyrrv. ríkisstj. fjallaði um þetta mál, og það gerði hún í 3 ár, þá var málum svo komið að í maímánuði s. l. lágu fyrir ákveðnar till. um verð sem þáv. ríkisstj. lýsti sig samþykka. Það liggur fyrir bréf um þetta. Eftir stjórnarskiptin var lögð áhersla á að fá það verð verulega hækkað og eins og fram hefur komið í grg. og ræðum um málið, þá er nú um að ræða 42% hærra verð en gert var ráð fyrir í maímánuði í fyrra. Það skýtur því nokkuð skökku við ef það verð, sem fyrrv. ríkisstj. taldi viðunandi í maímánuði s. l., er nú óviðunandi þó að það hafi verið hækkað um 42%. Hér þýðir ekki að bera fyrir sig olíuverðið. Olíuverðshækkunin var að langmestu leyti komin fram áður en um þetta verð var rætt í maímánuði í fyrra.

Annað meginatriðið í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. var það að við hefðum ekki næga orku eða afl til að láta af hendi til þessarar járnblendiverksmiðju. Þetta stangast á við þær áætlanir og spár, sem fyrir liggja, og m. a. rækilega skoðun verkfræðinga Landsvirkjunar og stangast á við einróma samþykkt stjórnar Landsvirkjunar, þar sem þvert á móti er talið að nægileg orka sé til þess að anna bæði hinum almenna markaði, aukinni rafhitun og aukinni eftirspurn, þó að járnblendiverksmiðjan komi einnig til.

Í þessu sambandi minntist hv. þm. á að nokkurt ósamræmi væri í orkuspá Landsvirkjunar og orkuspá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, sem hefði birst fyrir skemmstu. Hann hélt því einnig mjög fram í ræðu sinni að allar orkuspár væru ákaflega ótryggar og breytilegar frá ári til árs, jafnvel frá mánuði til mánaðar. Þetta eru orð að sönnu. Þar sem ég vissi ekki um að þessi fsp. hv. þm. út af því í hverju lægi ósamræmi milli orkuspáa Landsvirkjunar og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens kæmi fram hér, þá hef ég að sjálfsögðu ekki svör á takteinum eða grg. um það, en þeirrar grg. verður að sjálfsögðu aflað þannig að það liggi fyrir áður en málið er afgr. frá Alþ.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um eða raunar vildi fullyrða að nú mundi farið hægar í rafhitun húsa en áður hefði verið ætlað. Þetta er á algerum misskilningi byggt. Það verður haldið áfram aukningu á rafhitun húsa eins og kostur er á. Í því sambandi þarf í rauninni ekki að taka fram að til þess að hægt sé að nota rafmagn til húshitunar þarf hvort tveggja, það þarf orka að vera fyrir hendi og það þarf að vera dreifikerfi sem þolir þann orkuflutning. Þar sem þörfin hefur verið geysimikil fyrir rafhitun húsa á undanförnum árum og er enn og þar sem Laxárvirkjunarstjórn og stjórn Rafmagnsveitna ríkisin hafa neyðst til að draga úr og jafnvel neita mönnum um leyfi til rafhitunar, þá stafar þetta að sjálfsögðu af því að ekki var séð fyrir því í tæka tíð að hafa nægilega orkuframleiðslu á Norðurlandi, og í anann stað kemur það til, sem öllum er kunnugt, þessum hv. þm. ekki síður en öðrum, að eitt af þeim miklu vandamálum, sem við er að etja í sambandi við rafhitun húsa, er það að víða þarf að leggja nýjar rafleiðslur og styrkja þau kerfi, sem fyrir eru, til þess að flytja þá mjög auknu orku sem þarf. Að þessu öllu er að sjálfsögðu unnið. Hins vegar vil ég taka það fram að þegar gerðar voru frumáætlanir í fyrra um rafhitun húsa á Íslandi og gert ráð fyrir því að upp undir þriðjungur húsa á Íslandi mundi ekki geta notið jarðvarma, heldur þyrfti rafhitun, þá hefur þetta breyst mjög á því ári sem liðið er, og má vel vera að það breytist enn, því að það held ég að öllum ætti að vera ljóst að þar sem tök eru á að nýta heitt vatn til upphitunar húsa, þá er það hagkvæmasta hitunaraðferðin sem um er að ræða, hagkvæmari og miklu ódýrari en rafhitun. Þess vegna verður auðvitað kannað til fulls á hverjum stað hvort möguleikar eru til nýtingar jarðvarma í stað rafhitunar, og ýmis þau sveitarfélög, sem áður gerðu ráð fyrir að nota rafmagn til hitunar, eru nú af kappi að kanna hvort möguleikar eru á hitaveitu og hafa til þess stuðning og hvatningu ríkisvaldsins. Ég nefni sem dæmi að til skamms tíma var gert ráð fyrir því og ég ætla að sú till. eða skýrsla, sem fyrrv. iðnrh. lagði hér fram á þingi fyrir tæpu ári, hafi t. d. gert ráð fyrir því að höfuðborg Norðurlands, Akureyri, væri á rafhitunarsvæði. Síðan hefur komið í ljós að miklu meiri líkur eru til þess nú í dag að Akureyri geti orðið aðnjótandi jarðvarmahitunar sem náttúrlega verður miklu hagkvæmari en ef þarf að nota að fullu rafmagn til þeirra hluta.

Ég sé ekki ástæðu á þessu stigi til að fara frekar út í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. En út af því ósamræmi sem hann talaði um varðandi orkuspár og enn fremur fullyrðingum hans um verð og væntanlegan orkuskort, þá verður að sjálfsögðu aflað gagna og grg. frá hinum færustu mönnum um það efni.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég hef heitið því að tala ekki lengi og skal standa við það, en ég gat ekki látið hjá líða að þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans, þó að ég verði hins vegar að játa hreinskilnislega að ég var ekki miklu nær að þeim fengnum. (Gripið fram í.) Nei, ég vissi ekki hvaða skýringar hæstv. iðnrh. vildi gefa á ýmsu því sem fram kom í mínu máli, t. d. ekki hvað síst að hann reyndi að rökræða og svara því sem fram kom hjá mér um þann augljóslega mikla mismun sem er á framleiðsluverði á kwst., bæði við núverandi aðstæður, við orkuverin eins og nú horfir og skv. upplýsingum sem t. d. Jóhannes Nordal hefur gefið, og svo hins vegar hinu ótrúlega lága söluverði á raforku sem hann er í þann veginn að semja um við járnblendiverksmiðjuna. Þetta hefði ég talið mjög æskilegt að hæstv. ráðh. hefði reynt að fjalla um með einhverjum rökum. Þá hefði hann hugsanlega getað varpað einhverju nýju ljósi á málið. En svo varð ekki.

Hann lét sér nægja að vísa til þess að það verð, sem um hefði verið talað í tíð fyrrv. ríkisstj., hefði verið talsvert lægra en nú væri búið að semja um. Auðvitað veit hæstv. iðnrh. alveg jafnvel og ég að þetta er ekki nema hálfsögð saga. Um leið og orkuverðið hefur verið hækkað í 10 millj. hafa sölulaun Union Carbide verið hækkuð

úr 3% í 3.9%, og ég býst við að þeir, sem vilja reyna að reikna þetta dæmi, geti verið sammála um að þessi skipti séu mjög hæpin, að ekki sé meira sagt, og óvíst að mikið hafi unnist við þessi skipti í raun og veru því að sölulaunin eru það sem greitt er Union Carbide alveg óháð því hvernig gengur og þótt verksmiðjan yrði rekin með tapi á hverju einasta ári. Þarna er sem sagt hreinn hagnaður Union Carbide af þessum framkvæmdum verulega aukinn. En um hitt atriðið, þ. e. a. s. hærra raforkuverð, þá var það þó að hálfu leyti hagur íslendinga sjálfra að hafa raforkuverðið tiltölulega lágt vegna þess að íslendingar eiga þó helminginn af verksmiðjunni. Má því segja að það sé aðeins helmingurinn af hækkuninni sem sé raunverulegur hagnaður, meira að segja tæpur helmingur, þannig að ég held að það þýði ekki að koma með ábendingar af þessu tagi inn í raunverulegar rökræður um málið. Það er að vísu rétt að þessi breyting átti sér stað. En ekki verður séð að hún breyti neinu verulegu um efnahagslega hlið þessa máls.

Aðalatriði málsins er auðvitað að orkuverðið er í dag bersýnilega ófullnægjandi. Ég get bætt því við að einnig var að sjálfsögðu bersýnilega ófullnægjandi það orkuverð sem nefnt var í tíð fyrri stjórnar. Ég tel að það þýði lítið fyrir hæstv. iðnrh. að reyna að rökstyðja það, að þetta orkuverð sé nægilegt, með því að rætt hafi verið um eitthvað aðeins lægra orkuverð í tíð fyrrv. stjórnar. Það er ekki neinn rökstuðningur. Hvort tveggja orkuverðið er bersýnilega ófullnægjandi þegar málið er skoðað í heild og þegar allar upplýsingar liggja nú loksins fyrir og við getum metið málið hlutlægt. Ég þarf ekki að fara frekari orðum um það.

Í raun og veru var þessu atriði í ræðu minni í engu svarað þegar ég benti á að allar líkur væru á því að við greiddum a. m. k. 40 aura með hverri kwst. sem seld yrði járnblendiverksmiðjunni, sennilega raunverulega hærri upphæð ef miðað er við þær virkjanir sem við eigum eftir að virkja á næstu árum, og að tapið af þessari raforkusölu yrði a. m. k. 160 millj. kr. á einu ári. Þetta stendur algerlega óhrakið, og þær skýringar sem hæstv. ráðh. kemur með, að vísa bara til þess hvað hafi verið rætt um í tíð fyrrv. stjórnar, eru að sjálfsögðu einskis virði.

Ég þakka ráðh. fyrir ef hann ætlar á síðara stigi þessa máls að reyna að afla upplýsinga um hvernig á því stendur að orkuspáin hefur breyst svo verulega á þeim hálfa mánuði sem liðinn er síðan frv. var lagt fram. Enda þótt við getum báðir verið sammála um að erfitt sé að vera spámaður í orkumálum eins og á fleiri sviðum og maður verður að horfa í gegnum fingur við sérfræðingana, þó að það hendi þá að spá ekki alveg rétt frá ári til árs, þá er eitthvað meira en lítið óeðlilegt við það, að þegar farið er að skoða þessa hlið málsins, húsahitunarhliðina, þá skuli orkunotkunin á þessu svæði detta niður um 75 gwst. á aðeins hálfum mánuði. Þess vegna væri ég þakklátur ráðh. ef hann gæti aflað upplýsinga um þetta atriði. (**Iðnrh.**: Það er nú einn og hálfur mánuður síðan frv. kom fram.) Já, ég biðst afsökunar á því, þetta var missögn hjá mér. En ég held að það breyti ekki miklu. Ætli einn og hálfur mánuður sé ekki heldur stuttur tími til þess að orkuspáin breytist svo verulega sem þarna á sér stað?

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að eiga þátt í því að lengja umfjöllun Alþ. um þetta mál.

Það má vel vera að það sé skiljanlegt að hæstv. iðnrh. hafi ekki þótt það stór tíðindi þó að hross hálsbrotnaði í gryfju sem grafin hefur verið á Grundartanga í Hvalfirði. En ætla má, að þótt hæstv. ráðh. þyki tíðindin lítil hafi hrossinu þótt það nokkur tíðindi. Það væri ekki umræðuvert á Alþ. þótt hross færi í gryfju út af fyrir sig, en það er umræðuvert á Alþ. sem hæstv. iðnrh. kveðst ekki vita, þykist ekki vita, að það eru hafnar framkvæmdir uppi á Grundartanga í sambandi við smíði málmblendiverksmiðju á Íslandi, sem Alþ. fjallar nú um hvort **leyfa eigi eða leyfa** eigi ekki. Viti hæstv. ráðh. ekki af þessum framkvæmdum, þá ber honum skylda til að afla sér upplýsinga um, hvort satt sé, og gera ráðstafanir til að þessar framkvæmdir verði stöðvaðar, nema svo sé komið, og það má vel vera að svo sé, þó að ég viti það ekki vegna þess hversu tilkoma mín í sölum þessarar hv. stofnunar er ung, að ráðh. sé fjandans sama um sæmd Alþ. og einnig öðrum þeim mönnum, sem Alþ. skipa. Ég þykist hafa orðið var við það við umfjöllun þessa máls að hv. alþm. sé nokkurn veginn sama um það hvort gerðar verði fullnægjandi vísindalegar kannanir á því hvort lífi á þessu landi: dýra, jurta og manna, stafi voði af fyrirhugaðri verksmiðju. Þeir fara ekki fram á það, þeir krefjast þess ekki að slíkar ráðstafanir séu gerðar. Það lítur einnig út fyrir að þeim standi nokkurn veginn á sama hvort gerðar verði fullnægjandi kannanir á efnahagshlið þessa máls. Mér liggur við að segja, að það líti út fyrir að hv. alþm. sé ekki aðeins sama um það hvort sviðinn verði gróður þessa lands, dýralíf útrýmt og jafnvel hv. rassarnir sviðnir af þeim sjálfum með eiturgufum frá þessari verksmiðju, þeim sé auk þess sama hvort þeir fái nokkuð fyrir það eða ekki.

Nei, andlát hross er vafalaust meiri tíðindi fyrir það sjálft og kannske þann, sem Grana átti, heldur en fyrir hæstv. iðnrh. Hitt ættu að vera tíðindi fyrir hann að það skuli vera hafnar framkvæmdir þarna efra. Það er ekki grafin sú eina hola sem hrossið liggur í. Það mun láta nærri að þær séu á milli 50 og 60, gryfjurnar sem búið er að grafa þarna. Framkvæmdirnar eru hafnar. Svo má Alþ. láta sem svo að það sé að fjalla um hvort það eigi að leyfa þessar framkvæmdir eða ekki.

ATKVGR.

Brtt. 378 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÁ, JHelg, OÓ, StG, ÁB, AG, AJ, EggÞ, EÁ, GH, HÁ, IT, ÞK.

nei: JGS, RA, StJ, GeirG, HFS.

2 þm. (StH, JÁH), fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég er ekki mótfallinn stefnu þeirri, sem mörkuð er í frv., að reist verði járnblendiverksmiðja hér á landi og að til komi erlend fjárfesting. Hins vegar tel ég mörg ákvæði samninga, sem ráðgert er að gerðir verði við Union Carbide, athugaverð og orka tvímælis. Enn fremur er ég mótfallinn þeirri stefnumörkun sem felst í frv. um takmarkalausan ríkiskapitalisma og einokun ríkisvaldsins í þeim málum að því er snertir öflun erlends fjármagns til framkvæmda í landinu. Og þar sem ekki hefur þrátt fyrir eftirleitan fengist yfirlýsing stjórnvalda um að einstaklingum og fyrirtækjum verði tryggður hliðstæður réttur og ríkisvaldið hefur til framkvæmda og fjárfestingar með aðstoð erlends fjármagns, eftir því sem aðstæður leyfa, þá segi ég nei.

Neðri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Borist hefur svolátandi bréf:

„Reykjavík, 13. mars 1975.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess að 1. varam. í Alþb. í Reykjaneskjördæmi, Karl G. Sigurbergsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Gils Guðmundsson, 3. þm. Reykn."

Karl G. Sigurbergsson hefur áður setið þingbekk á yfirstandandi Alþ. og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 367). — 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem flutt er af okkur þremur þm. Norðurl. e., sem sæti eigum í d., og í fullu samráði við þá þm. kjördæmisins, sem sæti eiga í Ed., er að efni til það að Dalvíkurkaupstaður verði tekinn inn meðal tollhafna skv. 4. málsgr. 7. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit.

Hér er í rauninni um mjög einfalt mál að ræða í sjálfu sér og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Sú beiðni barst okkur þm. nú í vetur frá bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar að hreyfa þessu máli og það er kveikjan að því að þetta mál er flutt. Og eins og ég segi, þá er sú breyt. ein ráðgerð skv. þessu frv. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit að Dalvíkurkaupstaður verði tekinn í tölu þessara tilteknu tollhafna. Skv. 7. gr. l. eru nú alls 20 hafnir sem teljast tollhafnir, auk þeirra hafna sem nefnast aðaltollhafnir. Till. okkar er sem sagt sú að Dalvík verði sett á bekk með þessum 20 tollhöfnum.

Það má auðvitað rökstyðja þetta frekar. Meginröksemdin er sú að Dalvík er nú í tölu kaupstaða. Þar er allmikil útgerð, raunar mikil útgerð, þ. á m. eru nokkur skip sem eru í förum af og til til útlanda. Það verður því að teljast mikið hagræði fyrir útgerð á Dalvík að hægt sé að tollafgreiða skip þar í heimahöfn og má segja að þetta sé meginástæðan til þess að fram á þetta er farið.

Ég geri ráð fyrir því að sú n., sem málið fær til athugunar, athugi þetta mál, allar málsástæður, sem best. Ég tel eðlilegt, miðað við efni þessa máls, að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Orka og orkusala á Austurlandi, þáltill. (þskj. 347). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 347 hef ég leyft mér að bera fram ályktunartill. um beislun orku og orkusölu á Austurlandi.

Ég bar sams konar till. fram á síðasta Alþ., en hún hlaut þá ekki afgreiðslu. Um þá till. fóru fram allítarlegar umr. og læt ég mér að nokkru nægja að vísa til þeirra umr. En fyrir hv. n., sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, vil ég upplýsa að þær umr. er að finna í 18. hefti Alþingistíðinda frá síðasta þingi, dálki 2488 og áfram.

Að undanförnu og á undanförnum þingum hafa umr. um orkumál verið allítarlegar hér á hinu háa Alþ. og er af þeim ástæðum e. t. v. ekki ástæða til þess að ræða það mál ítarlega nú. Ég vil þó víkja að nokkrum þáttum þeirra, sérstaklega þeim þáttum sem snúa að Austurlandi, en um beislun orku þar fjallar þessi ályktun.

Ég hef áður tekið það fram í umr. um orkumál að ég hygg að stefnan í orkumálum sé þríþætt:

Í fyrsta lagi, að við þurfum að beita okkur að því að fullnægja innlendri eftirspurn eftir orku, raforku, og það gerum við helst með smáum eða smærri og í hæsta lagi miðlungsvirkjunum og síðan samtengingu þeirra.

Það á að vera annar þátturinn að hraða eftir föngum samtengingu orkuveitusvæðanna í landinu. Samtengingin felur það einnig í sér að þá getum við siglt fyrir þau sker hreppasjónarmiða sem vissulega hafa orðið okkur dragbítur á allar framkvæmdir í orkumálum og geta orðið það áfram ef ekki verður ráðin bót á með því að tengja orkuveitusvæðin í landinu.

Í þriðja lagi er höfuðstefnan sú að beisla hina miklu ónýttu orku, sem við þykjumst hafa yfir að ráða, og verja þeirri orku að meginhluta til til stóriðju og þar með sölu á henni úr landi til erlendra aðila sem eru í færum um að gerast kaupendur að þeirri orku.

Till. þessi er í fyrsta lagi um það að lokið verði hið fyrsta rannsókn og byggingu Fljótsdalsvirkjunar en í áætlunum, sem gerðar hafa verið, er hin fyrirhugaða Austurlandsvirkjun í þremur áföngum. Í fyrsta lagi Fljótsdalsvirkjun þar sem gert er ráð fyrir því að stífla Jökulsá í Fljótsdal við Eyjabakkafoss og leiða í skurðum vatnið frá þeirri vatnsmiðlun í Gilsárvötn á Fljótsdalsheiði og þaðan í jarðgöngum niður til virkjunar sem yrði nálægt Valþjófsstað í Fljótsdal. Þetta vatns-

magn er aðeins 50 m³ á sek. og mundu nægja vegna hinnar miklu fallhæðar, nær 600 m, til þess að knýja 230—240 mw. stöð. Þetta er fyrsti áfanginn og það er einvörðungu um hann sem hér er fjallað. Síðari áfangar eru miklu stórtækari, sem ég hef engan hug á nú að leggja til að veitt verði fé til að rannsaka, en það er um að veita Jökulsá á Dal eftir göngum yfir í þessa vatnsmiðlun í Fljótsdalinn og í þriðja áfanga að upptaka kvíslum Jökulsár á Fjöllum yrði veitt austur við Vaðöldu. Um það ætla ég ekki að fjalla sérstaklega nú. Ég drap á þetta í framsögu minni í fyrra lauslega og þar má sjá heildarramman af þessu.

Það er mál þeirra, sem gerst til þekkja, að aðstaðan í Fljótsdal sé ein sú girnilegasta sem við eigum yfir að ráða. Þar er orkuver, sem nýtir lítið vatnsmagn, staðsett aðeins 25 m yfir sjávarmáli, og þar er um tiltölulega skamman veg að leggja línur til þess staðar sem kjörinn virðist vera t. d. fyrir stóriðju eins og Reyðarfjörður er. Það hefur einnig spurst að erlendir aðilar, áhugaaðilar um stóriðjurekstur, hafi mjög leitað eftir því við íslenska aðila að gerð yrði könnun á þessari aðstöðu austur þar. Nýlegar fréttir herma að svisslendingar hafi boðið íslenskum stjórnvöldum að leggja fram fé sem til þess þyrfti að rannsaka fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar, Fljótsdalsvirkjunina, óskuldbundið. Það væri nauðsynlegt að fá upplýst hvernig þetta tilboð svisslendinga stendur. Að sjálfsögðu þurfum við íslendingar sjálfir að hafa yfirstjórn rannsókna á virkjunum okkar og eins hvernig að nýtingu orkunnar í landinu er yfirleitt staðið. En það, sem hefur þó verið okkur mestur fjötur um fót í framkvæmdum, er að mjög hefur staðið á rannsóknum, á hagkvæmirannsóknum, og við megum þess vegna ekki sitja af okkur þau tækifæri sem e. t. v. gefast til þess að fá fjármagn til svo mikilsverðar rannsóknir eins og þarna á sér stað. Ef það er rétt, að það sé án allra skuldbindinga af okkar hálfu, virðist nokkuð auðgert að taka slíku boði.

Þetta er fyrri hlutinn af ályktun þessari. Um hinn síðara er það að segja að þar er lagt til að kannaðir verði jafnhliða þessum rannsóknum möguleikar á kaupanda, leitað verði eftir kaupanda raforku með stóriðju staðsetta á Reyðarfirði fyrir augum. Ef ráðist verður í svo stóra virkjun sem þarna er gert ráð fyrir, þá er augljóst mál að finna verður kaupanda að þeirri miklu umframorku. Eins og nú stendur virðast ekki önnur tök á því en þau að fundin yrði erlendur kaupandi sem mundi vilja reisa stóriðjuver. Þá er það álit allra þeirra, sem til þekkja, að slíkt iðjuver yrði best staðsett í Reyðarfirði.

Það er auðvitað hægt enn á ný og þörf á að vekja sérstaklega athygli á því, að um leið og við byggjum upp stóriðju á Íslandi, þá má einskis láta ófreistað til þess að sá iðnaður geti verið rekinn án þess að náttúruspjöll eða stórspilling á andrúmslofti eigi sér stað. Um þetta er mikið deilt. En eins og tækninni fleygir nú fram sýnist þó mega nokkurn veginn treysta því að byggja megi slíkan iðnað upp án þess að stórhætta sé á ferðum. Enn fremur er ekki fyrir það að synja að stóriðnað megi setja upp án þess að honum þurfi að fylgja mengun, einhverra stóriðju annars eðlis en þá sem jafnan hefur verið hingað til í boði, eins og málmblendi- og álframleiðsla. En svo er að sjá og heyra að varðandi ferrósilikonverksmiðjuna, sem fyrirhugað er að reisa í Hvalfirði þykjast sérfræðingar nokkurn veginn öruggir um að þeir geti bægt þeim mikla háska frá sem ella kynni að stafa af mengun frá þeirri verksmiðju.

Ástandið í orkumálum á Austurlandi hefur oftsinnis verið til umr. hér á hinu háa Alþ. og þess vegna ættu hv. þm. að vera nokkuð vel kunnar þær ástæður sem í þeim málum eru. Þar hefur það undanfarin ár æ ofan í æ komið upp að haldið hefur við ósköp. Ég minni á ástæðurnar í A-Skaftafellssýslu á s. l. vetri og ég minni á viðhorfin eins og þau voru austur þar í vetur þegar ekki varð séð hvernig leystur yrði hinn mikli vandi sem steðjaði að þegar verksmiðjurekstur færi þar í fullan gang, bræðsla á loðnu o. s. frv. En betur þó rættist en á horfðist um hríð.

Á Austurlandi er nú verið að taka í notkun nýja virkjun í Lagarfossi, en þar hefur vanda að vísu borið að höndum, — vanda sem menn virðast ekki hafa gert sér nægjanlega grein fyrir þegar í þessa virkjun var ráðist, Lagarfossvirkjunina. Fróðir menn telja að í vetur hafi þannig verið ástatt um vatnsmagn í Lagarfljóti að það hefði ekki nægt til þess að knýja vélarnar í eina 4 mánuði. Allir þekkja sögurnar af Grímsá, en þar hefur stórkostlegur vatnsskortur háð rekstri þess raforkuvers og ljóst er að til þess að Lagarfossvirkjun verði að því gagni, sem fyrirhugað var, þarf að grípa þar til ráðstafana. Menn hafa velt þeim vanda mjög fyrir sér undanfarin ár og sýnist sitt hverjum eins og verða vill. Uppi hafa verið hugmyndir um stíflu við foss og hjá inntaksmannvirkjum. En svo háttar til í Fljótsdal austur að þar er hæðarmunur svo lítill t. d. allar götur frá Egilsstöðum og niður úr að veruleg hækkun á vatnsborði mundi þýða að umtalsverðu landi við Lagarfljót yrði sökkt undir vatn. Sá kostur er fjarri því að vera geðfelldur. En ég vil benda á að sú áætlun, sem sérfræðingar hafa gert, að vísu frumáætlun, um fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar, Fljótsdalsvirkjun, — að sá áfangi mundi um leið leysa allan vanda varðandi Lagarfossvirkjunina eins og hún er í dag. Til þess að knýja Lagarfossvirkjun hina nýju að fullu þarf tæpa 40 m³ á sek., en það er nokkurn veginn nákvæmlega það vatnsmagn sem stórvirkjunin í Fljótsdal upp á 230—240 mw. þarf til að snúast. Ég hygg að eins og háttar til í Fljótsdal sé þetta í raun og veru eina frambærilega leiðin til þess að leysa hinn mikla vanda, sem að steðjar vegna Lagarfossvirkjunarinnar, það sé vatnsmiðlun við Eyjabakka. Það er þessa vegna ljóst að á þeim tíma sem orkunnar er mest þörf, yfir háveturinn, vegna vinnslu sjávarafurða og vegna þess að þá leiðir af sjálfu sér að þá er orkunnar mest þörf, þá er hætta á því að orkuþörf landshlutanna hafi ekki verið leyst nema að mjög óverulegu leyti. Árið 1973, í nóv. og des., var vatnsmagn Lagarfljóts langt undir því sem þarf til þess að hreyfa vélasamstæðurnar sem virkjunin er búin, og ég endurtek að um það hefur sérfróður maður upplýst mig að í vetur muni hafa svo háttað til um fjögurra mánaða skeið. Þess vegna er það að þessi till., þótt ráðist yrði í framkvæmd á henni

og rannsóknum hraðað á byggingu Fljótsdalsvirkjunar, leysir engan veginn og að engu leyti þann mikla vanda sem steðjar að landshlutanum. Því vil ég minna á það að fyrir nýár var samþ. heimild til handa ríkisstj. að ráðast í virkjun Bessastaðaár sem svo er kölluð. Rannsóknir skortir að vísu mjög um þá virkjun. En uppfylli hún þær vonir sem til hennar standa, þá virðist þar afar girnilegur kostur í boði.

Menn eystra, kunnugir staðháttum, fullyrða að þeim hafi verið það ljóst, bæði hvað snertir Grímsá og Lagarfljót, að mjög mundi skorta á um það löngum og löngum að nægjanlegt vatnsmagn yrði til þess að knýja þau orkuver sem við árnar hafa verið reist. Þessir hinir sömu menn margir hverjir vilja nú halda því fram að allmikil hætta sé á að hinn sami galli sé á um þessa virkjun í Bessastaðaá. En ég legg áherslu á að rannsóknum er ekki nálægt því það langt á veg komið að hægt sé að fullyrða um þessar ástæður. En því hreyfi ég þessu máli sérstaklega að mér hnykkti við er ég las í Morgunblaðinu sunnudaginn 9. mars mjög fróðlega grg. formanns Landsvirkjunar þar sem hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Austurlandi hefur verið ákveðið að hefja rannsókn á Bessastaðaárvirkjun, en hugsanlegt er að hagkvæmara reynist að hún biði væntanlegrar stórvirkjunar á Austurlandi."

Ég verð að segja það að þessar upplýsingar eru alveg nýjar fyrir mér. Hann getur þess í þessari grg. sinni, sem hann hafði flutt hjá Sambandi ísl. rafveitna, trúi ég, að telja verði heppilegasta þá röð á framkvæmdum í virkjunarmálum, stórvirkjunarmálum, að Austurland komi ekki til álita fyrr en eftir árið 1984. Ég er að vísu ekki nálægt því nógu fróður um þessi mál til þess að geta dæmt um þessa skoðun hans. En sé svo og ef uppi eru hugmyndir um það að fresta virkjun Bessastaðaár, sem átti að leysa hinn mikla vanda sem á Austurlandi er í þessum efnum og bíður landshlutans í vaxandi mæli, þá þykir mér nú heldur betur stungin tólg og þá að sjálfsögðu, verði þetta ofan á við framhaldsrannsóknir á Bessastaðaárvirkjun, þá þarf að leggja alla áherslu á samtengingu landshlutans við önnur orkuveitusvæði. Virðist þá Krafla vera það svæði sem langeðlilegast væri að tengja Austurland við. Og hvort heldur er að ráðist verði í Bessastaðaárvirkjun nú fljótlega eða ekki, þá er samtengingin jafnsjálfsögð vegna þess að sú stefna að byggja fleiri orkuver af minni gerð eða meðalstærð eykur öryggið gífurlega mikið eftir að samtenging hefur átt sér stað milli helst allra landshluta.

Ég vænti þess og legg á það áherslu, af því að menn hafa fullyrt annað, — ég tek það skýrt fram að ég legg hina mestu áherslu á að hraðað verði lokarannsókn á hagkvæmni Bessastaðaárvirkjunar. Ég legg auðvitað höfuðáherslu á að þar verði ekki rasað að neinu, að rannsóknir, sem treysta megi fullkomlega, færi okkur heim sanninn um að Bessastaðaárvirkjun geti uppfyllt þær vonir sem við hana eru bundnar um að skila nokkurn veginn að jafnaði um 30 mw. orku. En ég kemst ekki hjá því að að mér setji ugg að lesa þótt ekki sé nema það sem maður mundi geta kallað ágiskanir eins og þarna eru hjá stjórnarformanni Landsvirkjunar. Mér kemur út af fyrir sig ekkert á óvart þótt hugmyndir hans standi til þess að í stórvirkjanir verði ekki ráðist á Austurlandi fyrr en eftir 1984. Uppi er og hefur um langa hríð verið allt önnur stefna í stórvirkjunum en sú að hinar dreifðu byggðir nytu sérstaklega forgangs í þeim sökum. Sú stefna hefur lengi verið uppi að raða stórvirkjunum við Þjórsá hverri upp af annarri. Það var byrjað á Búrfelli, þar næst Sigalda og svo Hrauneyjarfoss. Nú lesum við um Sultartanga, og ég man ekki betur en ég hafi séð í Morgunblaðinu í gær að það væri komin upp hugmynd um Gnúpverjavirkjun, stórfrétt það. Og í hvert skipti eru sannanir færðar á að það séu hagkvæmisjónarmið sem ráði vegna þess að þegar einni virkjun sé langt komið, þá er önnur tilbúin til útboðs og auðvitað er þetta allt af skipulagi gert og af samræmdri alúð við þá stefnu, sem Sjálfstfl. ber höfuðábyrgð á, að iðjuverin hafa risið við Þjórsá hvert á fætur öðru og svo virðist vera enn um hríð. Það hafa nefnilega verið veittir peningar og beitt afli og þekkingu til að undirbúa jafnharðan nýjar og nýjar virkjanir á þessu svæði.

Nú hafa hins vegar verið uppi áform um stórvirkjanir víða. Tæplega er hægt að telja Kröflu í röð stórvirkjana þótt áform séu um beislun á 80 mw. Þó nálgast hún það. Hins vegar mun rannsóknum þar ekki enn lokið. En nýlega lýsti hæstv. iðnrh. að ákvörðun um 150—160 mw. virkjun í Blöndu yrði tekin áður eða eigi síðar en ákvörðun um virkjun Hrauneyjarfoss sem þýðir að slík ákvörðun verður endanlega tekin á þessu ári þar sem Hrauneyjarfoss mun vera tilbúinn til útboðs nú þegar eða a. m. k. alla vega upp úr miðju ári. Þessu ber auðvitað að fagna þótt ákvörðunartaka um stórvirkjanir þyrfti helst að haldast í hendur við rannsóknir. En eftir því sem ég best veit eru rannsóknir mjög skammt á veg komnar við Blöndu og kannske ekki miklu lengra á veg komnar heldur en varðandi Fljótsdalsvirkjun, en Fljótsdalsvirkjun var rannsökuð á árunum 1969—1971. Þegar vinstri stjórnin fyrrv. tók við var mjög dregið úr rannsóknum þar 1971—1972 og þeim að kalla hætt 1973 sem varð til mikils tjóns, líka vegna þessa möguleika, þessa glæsilega möguleika á Bessastaðaárvirkjun. Ég skal þó ekkert um það dæma nema það kunni að vera rétt og mögulegt að taka ákvörðun um virkjun Blöndu á þessu ári. Ég fagna slíkri ákvörðunartöku. Ég læt það ekki ráða afstöðu minni hvort iðjuverið er staðsett á Austurlandi eða Norðurlandi vestra. Ég bind aðalvonir við það að okkur takist hið fyrsta að fullnægja innanlandsþörfinni, og það skiptir mig engu höfuðmáli þótt það verði gert með samtengingu orkuveitusvæða. Ég vil aðeins benda á að það að byggja öll stóru orkuverin á sama svæðinu og reisa alla stóriðjuna á sama suðvesturlandshorninu samræmist auðvitað ekki þeirri stefnu sem uppi er um jafnvægi í byggð landsins. Því verða menn að átta sig á, að að því er varðar byggingu stóriðjuvera og stórvirkjana, þá er ekki uppi jafnvægisstefna í byggð landsins, heldur þvert á móti, hún beinist hér að meginafli til öll á aðeins eitt svæði, orkuverin sjálf og iðjuverin í samræmi við það á suðvesturhorninu. Þótt rannsóknum yrði hraðað austur á Fljótsdalsheiði er borin

von að þessi virkjun, svo hagkvæm sem hún annars er talin, yrði tilbúin fyrr en á næsta áratug hið fyrsta, tilbúin til að ráðist yrði í framkvæmdir eftir 4—5 ár. En miðað við það að allir sérfróðir menn telja hér langbesta kostinn á stórvirkjun, þá megum við ekki bíða lengur og hraða þessum framkvæmdum á rannsókninni sjálfri.

Ég endurtek það að ég er mjög áfram um að fá sem gleggstar upplýsingar um í hverju fólgið var tilboð svisslendinga sem fullyrt er við mig að þeir hafi gert okkur á s. l. hausti um að lána okkur eða jafnvel kosta alfarið sjálfir rannsóknirnar varðandi fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar, þ. e. a. s. Fljótsdalsvirkjunarinnar. Mér er enn fremur kunnugt um að norðmenn höfðu áhuga á þessari virkjun. En ég hygg að það hafi bæði vegna norðmanna og svisslendinga orðið fátt um svör af hálfu íslenskra stjórnvalda. Ég heyrði það eða las eftir formanni Landsvirkjunar að þeir höfðu þó verið að því spurðir, norðmenn, sem voru fulltrúar frá Norsk Hydro, áður en þeir héldu af landi brott, hvort þeir vildu ekki vera svo góðir að velta fyrir sér að koma til skjalanna og reisa með okkur sjóefnavinnslu á Suðurnesjum. Þetta er stefnan sem uppi hefur verið og fram er haldið, stórvirkjun á Suðurlandi og uppbygging stóriðju á suðvesturhorninu, og kemur engum á óvart svo sterklega sem þessari stefnu hefur verið fram haldið um langt árabil og frá upphafi að sjálfsögðu varðandi stórvirkjanir.

Ég vík aftur að því að aðeins með tvennu móti sýnist mér fljótlega hægt að leysa hinn sára orkuskort sem ríkir á Austurlandi, — aðeins með tvennu móti. Við mundum auðvitað, forustumenn í félagsmálum austur þar, taka langt fram yfir aðra kosti virkjun Bessastaðaárinnar þar sem framleiðsla raforkunnar yrði innan héraðs, ef svo má að orði komast. En sýnist það ekki fært, þá á án tvímæla að leggja alla áherslu á tengingu við önnur orkuveitusvæði og þá sýnist þar bera af möguleikinn um samtengingu við Kröflu. Þessi lausn orkumála Austurlands þolir enga bið, á það hafa verið færðar sönnur með reynslu undanfarinna ára. Ég vil ekki taka sem neina niðurstöðu ákvarðana þær upplýsingar sem koma fram í máli formanns landsvirkjunarstjórnar og ég vitnaði til hér áðan. Þó hafa skoðanir hans í ýmsum efnum haft nokkuð ríka tilhneigingu til að rætast og verða að veruleika. En svo er nú skammt á veg komið ýmsum rannsóknum sem að framkvæmdum lúta í þessum efnum, að ég hygg að mjög þurfi að endurskoða alla afstöðu til þessara mála áður en sú heildarstefna verður mörkuð sem þar má lesa. Þó sýnist það nokkuð auðgert mál að næstu stórvirkjanir verði á því sama svæði, sem hinar tvær, við Búrfell og við Sigöldu. Sú næsta verður í Þjórsá einnig, og eins og komið er, þá er það alveg auðgert mál, rannsóknum er það langt á veg komið og engin önnur er sambærilega á vegi stödd og virkjun við Hrauneyjarfoss. Hitt er svo annað mál, sem þarf að athuga mjög gaumgæfilega, hvort það sé rétt stefna, þjóðhagslega einnig, að haldið verði áfram virkjun Þjórsár á þessu sama svæði í framhaldi af Hrauneyjarfossvirkjun, þ. e. a. s. við Sultartanga, og síðan, eins og nú er komið upp í Morgunblaðinu í gær, Gnúpverjavirkjun eða hvað það hét nú? Allt virðist þetta vera á eina bók lært. En það hygg ég að muni áður en lýkur verða mjög örðugt til samkomulags, a. m. k. ef svo á að halda fram stefnunni sem nú hefur lengi horft og raunar frá upphafi.

Ég endurtek það að ég vísa til þeirra umr., sem áður hafa farið fram um þessi mál, ítarlegra umr., og stytti því mál mitt, en legg svo til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. iðnn.

Tómas Árnason: Herra forseti. Með tilkomu orkukreppunnar hafa orkumál verið mjög á dagskrá og menn velta því fyrir sér hvar veröldin er á vegi stödd í þessum efnum, hve lengi orkan endist og hvar hana er að finna. Ísland er tiltölulega vel sett í þessum efnum og hefur enn þá yfir verulegum ónýttum orkulindum að ráða. Olíukreppan, þ. e. a. s. fimmföldun á verði olíu á heimsmarkaði á tiltölulega stuttum tíma, hefur valdið mjög miklum röskunum í efnahagslífi okkar íslendinga. Nægir að minna á húshitunarmálin, rekstur fiski- og kaupskipaflota þjóðarinnar, svo og samgöngur á landi og í lofti og fleira mætti tína til. Þegar af þessum ástæðum þarf þjóðin að gera sér glögga grein fyrir því hvaða orkulindir eru ónýttar og með hverjum hætti á að nýta þær.

Mér hefur skilist að við nýtum í dag um 10% af nýtanlegu vatnsafli landsins, en nýtanleg vatnsorka mun svara til 27 þús. gwst. og sá forði, sem við eigum af jarðvarma, mun vera um 8300 gwst. miðað við 40% nýtingu, en það mundi þýða um 1200 gwst. í rafmagnsframleiðslu og þá miðað við ákveðna dýpt af borholum eða frá 1800—2000 m. Hins vegar kunna þessir möguleikar að aukast við það ef borað yrði dýpra, allt upp í 3000 m. Stærstu orkuverin í landinu, sem fyrirhugað er að byggja, eru Sigalda, sem verður tilbúin fyrir 1977 og er um 150 mw. orkustöð, Hrauneyjarfoss mun vera um 210 mw., Sultartangi um 120 mw. stöð, Dettifossvirkjun um 165 mw., Blanda um 135 mw., að vísu er ástæða til að setja spurningarmerki við það, menn tala um einhvers staðar á milli 120 og 180 mw. í sambandi við möguleika í Blöndu. Búrfellsvirkjunin er 240 mw. Jarðgufustöðvarnar í Kröflu og Henglafjöllum eru 60 mw. hvor og hagkvæmasta stærð Fljótsdalsvirkjunar, sem hér er verið að ræða um rannsóknir á, verður sennilega allt um 250 mw., e. t. v. stærri.

Till. sú til þál., sem hér er til umr., fjallar í fyrsta lagi um rannsóknir á Fljótsdalsvirkjun og í öðru lagi um að finna markað fyrir þá orku sem þar yrði til reiðu síðar meir.

Orkuþörf Austurlands hefur mjög verið á dagskrá hér í vetur í sambandi við frv. til l. um virkjun Bessastaðaár. Vil ég ekki endurtaka margt af því, sem þar hefur komið fram, en aðeins taka undir það, sem kom fram hér hjá hv. flm., að möguleikinn í Bessastaðaárvirkjun er áreiðanlega nr. 1 til þess að mæta orkuþörf Austurlands í næstu framtíð. Mér er sagt að það hafi komið í ljós þegar farið var að skoða kort, ný kort af landssvæðinu á Fljótsdalsheiði, að það muni e. t. v. vera minni möguleikar til miðlunar í þeim vötnum, sem miðla á úr til Bessastaðaárvirkjunar, heldur en menn vonuðust til áður.

Hvort þetta hefur þau áhrif að menn verða að breyta til í sambandi við fyrirætlanir varðandi virkjun Bessastaðaár, um það er sjálfsagt of fljótt að segja til nú.

Næsti kosturinn er áreiðanlega tenging við Kröfluvirkjun og ákjósanlegast væri að þetta hvort tveggja kæmi til, virkjun Bessastaðaár og einnig tenging við Kröfluvirkjun. En ef Bessastaðaárvirkjun seinkar af einhverjum ástæðum eitthvað verulega, þá er enginn vafi á því að tenging Kröflu er þá ákjósanlegasti möguleikinn til þess að mæta orkuþörf Austurlands. En þá kemur aftur til að slíkum langlínulögnum á hálendinu fylgir það að þær geta bilað og þess vegna skapast öryggisleysi í sambandi við orku til Austurlands ef Austurlandið þarf að reiða sig alfarið á Kröflu. Þess vegna hefði ég talið að það kæmi til álita að virkja einhverjar smærri virkjanir á Austurlandi ef svo færi að Bessastaðaárvirkjun seinkaði eða ég tala nú ekki um ef hún yrði alveg úr leik.

Ég hef áður vakið máls á því hér á hv. Alþ. að í hvert sinn sem ákvörðun er tekin um nýja virkjun, sérstaklega stórvirkjun, þá þyrftu að liggja fyrir fleiri kostir en einn til að velja á milli. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði þjóðar, sem ræður yfir takmörkuðum fjármunum, hlýtur að vera skynsamlegast að velja hagkvæmasta kostinn af fleirum miðað við kostnað við raforkuframleiðslu á einingu og þá markaðsmöguleika sem fyrir hendi eru.

Ég hygg að margir hv. alþm. séu þeirrar skoðunar að mjög sé ábótavant um skipulag orkumála í landinu og vinnubrögð hafi í heild þróast með óæskilegum hætti. Við höfum þrjá stóra aðila sem starfa að þessum málum ásamt fjölmörgum öðrum. Það er Landsvirkjun sem er eins og kunnugt er sameignarfélag Reykjavíkurborgar og ríkisins. Orkusvæði Landsvirkjunar nær langt út yfir Reykjavík og þess vegna liggur nærri að spyrja: Hvers vegna eiga ekki fleiri sveitarfélög aðild að Landsvirkjun heldur en Reykjavík? Það eru Rafmagnsveitur ríkisins og það er Orkustofnun. Þessir þrír aðilar eru þeir sem leggja þær stóru línur sem lagðar eru í sambandi við þróun orkumála og uppbyggingu orkustöðva hér í landinu. Þá eru margir fleiri. Það er Laxárvirkjun sem er sameignarfyrirtæki ríkisins og Akureyrar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að ein af ástæðunum fyrir því, hvernig fór um Laxárvirkjunarmálið, er sú að önnur sveitarfélög á markaðssvæði Laxárvirkjunar hafa ekki verið og eru ekki aðilar að Laxárvirkjuninni. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Þau mál hefðu þróast á annan veg ef öll sveitarfélög hefðu verið aðilar að Laxárvirkjun, en ekki Akureyri ein. Þá höfum við Kröflunefnd og ég held byggðalínunefnd, ef hún starfar enn þá, og svo marga fleiri smærri aðila, sjálfsagt allt að 20 eða fleiri, sem sinna þessum málum. Mér hefur t. d. verið sagt að Rafmagnsveita Akureyrar, Laxárvirkjun og líklega Rafmagnsveitur ríkisins, þessir þrír aðilar reki dísilstöðvar hver um sig og þessar dísilstöðvar framleiði rafmagn inn á sama kerfi. Mér hefur verið sagt það sem dæmi um hvað þetta virðist vera sundurslitið og áreiðanlega óhagkvæmt. Ég vil spyrja í þessu sambandi: Er náið og virkt samband á milli vinnubragða Rafmagnsveitna ríkisins, Orkustofnunar og Landsvirkjunar? Eru t. d. samræmd vinnubrögð um rannsóknir á milli þessara aðila? Þessum spurningum hefði ég viljað beina til hæstv. iðnrh., en hann er nú ekki hér viðstaddur. Ég ætlaðist ekki til þess að hann svaraði þeim hér og nú, heldur e. t. v. síðar meir, því hér er um mjög þýðingarmikil mál að ræða sem ástæða er til að þm. viti um og séu ræddi hér á hv. Alþ. Þá mætti nefna Kröflunefnd. Er full samvinna á milli Kröflunefndar og þeirra hinna stærstu aðilanna sem ég hef hér nefnt í sambandi við orkumálin?

Á miðsvetrarfundi Sambands ísl. rafveitna flutti formaður landsvirkjunarstjórnar mjög fróðlegt erindi sem hann nefndi Framtíðarþróun raforkukerfisins. Þar ræðir hann um hugmyndir um þróun orkuöflunarkerfisins. Þar kemur fram að aðeins örfáir virkjunarstaðir landsins eru fullkannaðir og víðast er þörf miklu tímafrekari rannsókna, t. d. varðandi jarðfræði, vatnafræði, náttúruverndarmál eða umhverfismál og fleira til þess að unnt sé að meta hagkvæmni virkjunarstaða. Síðan segir í erindinu að þetta valdi því að þeir staðir, sem ekkert eða lítið hafa verið rannsakaðir, komi varla til greina sem virkjunarstaðir á næstu 10 árum. Ég skil þetta svo að 10 ár þurfi að líða áður en unnt sé að taka ákvörðun um slíkar virkjanir. Þessi fullyrðing er að mínum dómi vafasöm og kem ég nánar að því síðar. Hins vegar felst í þessu sá sannleikur að rannsóknirnar ráði ákvörðunartöku í þessum efnum. Í rannsóknir verður hins vegar ekki ráðist nema fjármagn sé fyrir hendi. Þá segir enn fremur í erindi formanns landsvirkjunarstjórnarinnar að þær einu stórvirkjunarframkvæmdir, sem koma til greina á árunum 1975—1979, séu auk Sigölduvirkjunar, Kröfluvirkjun og Hrauneyjarfossvirkjun sem bráðlega er tilbúin til útboðs og væri hægt að ljúka 1979. Hins vegar mun hæstv. iðnrh. hafa lýst því yfir hér á hv. Alþ. fyrir skömmu að ákvörðun um stórvirkjun á Norðurlandi yrði tekin áður en virkjun Hrauneyjarfossa yrði ákveðin. Hér skýtur nokkuð skökku við og þess vegna ástæða til þesss að spyrja um það hvað líði rannsóknum á stórvirkjunum á Norðurlandi, t. d. Blöndu, þegar er verið að vinna að áætlunum um virkjun Sultartanga á vegum Landsvirkjunar auk gufuvirkjunar í Hengli. Þar vantar ekki fjármagn. Þar þarf ekki að leita til Alþ. um fjármagn til rannsókna. Það mun vera þannig að Landsvirkjun hafi frjálsar hendur um að ráðast í rannsóknir án þess að spyrja Alþ. eða jafnvel án þess að spyrja iðnrh. landsins um það. Hins vegar er nauðsynlegt í öðrum tilvikum að leita til Alþ. um fjármagn til þess að koma á rannsókn um stórvirkjunar- eða virkjunarmöguleika.

Hér álít ég að sé ástæða til að staldra svolítið við og tryggja það að raforkuráðh. hafi algerlega æðstu völd í því efni að ákveða hvar fjármagn skuli sett í rannsóknir stórra orkuvera í landinu á hverjum tíma. Mér sýnist að það vanti sárlega heildarstefnumótun í þessum málum, þ. e. a. s. virka stefnu sem verði framkvæmd og sé annað en orðin tóm.

Ég vil nú víkja aftur að þáltill. á þskj. 347. Hún fjallar fyrst um rannsóknir á Fljótsdals-

virkjun. Þegar verið var að ræða um frv. um virkjun Bessastaðaár í Fljótsdal í s. l. des., þá kom ég dálítið inn á það mál og sagði þá í ræðu hér á hv. Alþ. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það mætti ræða langt mál um þá möguleika sem finnast á Austurlandi til virkjunar. Og það er enginn vafi á að virkjunarmöguleikar á Austurlandi eru sennilega hvað mestir sem finnast hér á landinu. Það er aðallega þrennt sem menn tala um í þessu sambandi.“

Ef þeir virkjunarmöguleikar eru skoðaðir, þ. e. a. s. þær hugmyndir, sem ég álít að séu ekki raunhæfar, um að renna vötnum í Lagarfljót allar götur vestur að Jökulsá á Fjöllum, þá er talað um að það séu virkjunarmöguleikar, sem nema um ⅓ af nýtanlegri vatnsorku í landinu. Svo held ég áfram:

„Það er í fyrsta lagi hin svokallaða Austurlandsvirkjun sem mikið var rætt um hér á tímabili og er fólgin í því að safna saman vötnum allar götur frá Jökulsá á Fjöllum og um allt þetta svæði og veita þeim niður á Fljótsdalsheiði til miðlunar og nota svo hið geysilega mikla fall af heiðinni niður í gegnum fjallið til þess að virkja þar stórvirkjanir. Það er talað um stórkostlega virkjunarmöguleika, allt upp í 1600 mw., hafa menn látið sér um munn fara.

Í öðru lagi er svokölluð Fljótsdalsvirkjun sem er fólgin í því að gera mikið uppistöðulón við svokallaða Eyjabakka, — uppistöðulón sem yrði suður af Snæfelli og neðan Eyjabakkajökuls sem gengur fram úr Vatnajökli, veita því vatni síðan fram á Fljótsdalsheiði, bora göng niður um fjallið, lóðrétt eða því sem næst, og síðan lárétt göng út í Fljótsdalinn þannig að hægt væri að hleypa vatni þar í gegn og koma stöðvarhúsi fyrir í hnénu og gera þannig virkjun. Er enginn vafi á því að það væru möguleikar, ef nægilegt fjármagn yrði í það sett, að grafa fleiri göng jafnhliða og bæta við vatni og virkja þannig stórkostlegar virkjanir á þessum stað. Virðast vera mjög óvenjuleg skilyrði til staðar til þess að standa fyrir hagnýtum virkjunum.“

Síðan ræði ég nokkru nánar um Bessastaðaárvirkjunina.

Hv. 3. þm. Austf. hefur valið þann kost að flytja þetta mál einn. Ég hefði talið æskilegra að þm. Austf. hefðu getað staðið saman að flutningi svo þýðingarmikils máls. Þá hefði ég kosið — og get ég í því efni talað fyrir hönd okkar þriggja þm. Framsfl. á Austfjörðum — að þáltill. hefði hljóðað á þá leið:

1. Að fela ríkisstj. að láta rannsaka virkjunarmöguleika Jökulsár í Fljótsdal, Kelduár og e. t. v. fleiri smááa með vatnsmiðlun á Eyjabökkum til Gilsárvatn og á Fljótsdalsheiði eða til fleiri vatna eftir atvikum.

2. Að rannsóknir færu fram á árunum 1975—1977 til 1978 þannig að niðurstöður rannsókna lægju fyrir t. d. á árinu 1978.

3. Að íslendingar stjórni rannsóknum og heimamönnum á Austurlandi gefist kostur á að fylgjast með málum.

Þessi stefna byggist raunverulega á því að rannsaka möguleika sem felast í virkjunum án þess að bæta vatni við í Lagarfljót, þ. e. a. s. að nota það vatn, sem þangað rennur og hefur runnið, án þess að það komi til vatn annars staðar frá.

Rannsóknir Fljótsdalsvirkjunar eru engan veginn komnar svo langt áleiðis að telja megi lokið við forrannsóknir, en forrannsókn á að svara þessum spurningum:

1. Hvort virkjun sé tæknilega framkvæmanleg.

2. Hvort virkjun sé fjárhagslega gerleg, þ. e. hvort orkukostnaður frá henni sé innan þeirra marka að virkjunin komi fjárhagslega til greina.

3. Hver orkukostnaður virkjunar sé í megindráttum.

Engar djúpmælingar eða boranir hafa verið gerðar né heldur jarðvegsrannsóknir. Orkustofnun hefur gert sérstaka rannsóknaáætlun sem gerir ráð fyrir að Fljótsdalsvirkjun verði rannsökuð það mikið að á grundvelli hennar megi taka ákvörðun um hana og ráðast í byggingu. Svæðalega skiptist þessi rannsókn þannig:

1. Svæðið inni í fjallinu nærri Skriðuklaustri þar sem stöðvarhús verður inni í fjallinu. Þar þarf miklar boranir eða rannsóknarjarðgöng.

2. Stíflustæði við Bessastaðaá við Hólmavatn, Garðavatn og Gilsárvötn. Þar þarf grunnar boranir og jarðvegsathuganir og nákvæm kort.

3. Skurðstæði frá Hólmavatni upp að Eyjabökkum. Þar þarf mikið af grunnum borunum, jarðvegsathugunum og nákvæm kort.

4. Stíflustæði við Eyjabakka. Þar þarf boranir, jarðvegsathuganir og nákvæm kort.

Kostnaðaráætlun hefur verið gerð og í stórum dráttum er hún á þessa leið:

1. Almennar rannsóknir, þ. e. að ljúka við gerð yfirlitskorta, ljúka við jarðfræðikortlagningu svæðisins, veðurathuganir, vatnamælingar og frumáætlanir. Er talið að þessi almenna rannsókn muni kosta um 25 millj. kr.

2. Samgöngubætur. Það er vegagerð upp á fjallið við Skriðuklaustur og vegur yrði gerður sem lægi að stíflustæði við Garðavatn og að svæðinu sem aðallega verður borað á og síðan vegslóð frá Garðavatni meðfram skurðleið inn að Eyjabökkum. Er talið að þessar samgöngubætur muni kosta 55 millj. kr.

3. Svæðið við Skriðuklaustur og Gilsárvötn. Það eru landmælingar vegna korta, sem kosta um 6 millj. samtals.

4. Djúpboranir. Ef sú leið yrði valin að það væru boraðar holur, þá er talað um 5 rannsóknarholur og þær munu kosta um 15 millj. kr. hver eða samtals 75 millj. kr. Síðan er einnig talað um þann möguleika að gera jarðgöng og það er allmiklu dýrara. Síðan yrði að rannsaka skurðleið og stíflustæði við Eyjabakka og sú rannsókn mundi kosta a. m. k. 45 millj. kr.

M. ö. o.: rannsóknaáætlun gerir ráð fyrir 223 millj. kr. kostnaði við þessar rannsóknir ef sú aðferð er höfð við hinar dýpri athuganir á jarðvegi að bora. Aftur á móti ef sú aðferð yrði höfð að gera jarðgöng, þá yrði kostnaðurinn allmiklu meiri og er talað um ýmsar gerðir af tækjum til að nota í þessu skyni. En í heild má segja að rannsóknakostnaður þessa orkuvers mundu í heild verða einhvers staðar á bilinu frá 225 millj. upp í 300 millj., eftir því hvernig

hagað yrði aðgerðum, hvort um yrði að ræða boranir eða jarðgöng.

Það virðist skynsamlegt að slík rannsókn fari fram á þrem árum. En Orkustofnun telur mögulegt að ljúka þessu verkefni á styttri tíma en þremur árum. T. d. ef ákvörðun væri tekin nú, þá væri hugsanlega mögulegt að skila niðurstöðum snemma á árinu 1978.

Það hefur verið talið að afl í megawöttum af vatni, sem rennur í Lagarfljót, gæti orðið allt að 337 mw. ef það væri allt saman tekið með, Lagarfljótið sjálft og allir þeir möguleikar vatns, sem rennur í Lagarfljót, sem um er að tefla. En hér vantar fjármagn til rannsókna. Hér er engin Landsvirkjun sem getur rannsakað. Hér þarf að leita til hv. Alþ. um fjármagn eða fjármagna þetta með lántökum ef hægt er að fá hagstæð lán í því skyni. Mér er sagt að erlendir sérfræðingar, sem hafa skoðað virkjunarmöguleika hér á landi, og raunar innlendir einnig telji að virkjunarmöguleikar Fljótsdalsvirkjunar séu e. t. v. þeir álitlegustu sem um er að tefla hér á landi. Ég segi e. t. v., vegna þess að það á auðvitað eftir að rannsaka þetta svo til hlítar að menn geti fullyrt um samanburð við aðra möguleika í þessu sambandi. En það er augljóst að það er fjármagnið sem ræður ferðinni í þessum efnum og það er mögulegt að framkvæma þetta fyrir 1984 ef fjármagn væri til staðar.

Ég tel tímabært að þessar rannsóknir hefjist sem fyrst og takmarkist eins og sakir standa við þau vötn sem þegar renna í Lagarfljót. Þegar rannsókn er lokið er fyrst unnt að ákveða með hverjum hætti nota skuli þá virkjunarmöguleika sem fyrir hendi eru.

Þegar íslendingar reisa stærri orkuver sín sýnist eðlilegt að staðsetja þau a. m. k. að einhverju leyti með hliðsjón af þeirri reynslu og vitneskju sem menn hafa af eldgosum og jarðskjálftum í landinu. Það er talið að um þriðjungur landsins sé virkt eldfjallasvæði og 30 eldstöðvar hafi gosið eftir landnám Íslands. Fimmta hvert ár hefur gosið að meðaltali. Hið virka jarðeldasvæði síðan ísöld leið liggur á allbreiðu belti, um 70 km breiðu, beggja vegna Vestmannaeyja norður yfir virkjunarsvæði Landsvirkjunar, Kröflu og Dettifoss. Þá er annað belti, 40—60 km breitt, frá Reykjanesi norðaustur um virkjunarsvæði Hengils og Sogs, norður um Langjökul og Hofsjökul og sameinast þar hinu beltinu. Mér sýnist að þær einu stórvirkjanir, sem um er talað og liggja fyrir utan jarðskjálftahættusvæði í landinu, séu Blanda og Fljótsdalsvirkjun. Það er erfitt að ímynda sér hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir þjóðina, sérstaklega byggðina á Suðvesturlandi, ef stóru orkuverin á miðhálendinu yrðu fyrir skakkaföllum af völdum eldgosa og jarðskjálfta. Talsverð trygging ætti að felast í stórum virkjunum utan hættusvæðisins. Það er e. t. v. engin ástæða til að vera að hræða menn í þessum efnum, en allur er varinn góður í sambandi við þessi málefni, sérstaklega þegar menn horfa til lengri framtíðar, og enginn vafi á því að skynsamlegt er fyrir þjóðina og hagsmuni hennar í bráð og lengd að reyna að virkja stórar virkjanir víðar en á þessum viðkvæmu svæðum vegna jarðelda og jarðskjálfta sem ég minntist á.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Mér virðist nú dálítið örðugt að halda þessari umr. áfram án þess að hæstv. iðnrh. sé viðstaddur. Mér er kunnugt um að hann er tepptur af umr. í Ed. og getur því ekki verið á tveim stöðum í senn. En ég tel nauðsynlegt að hann sé viðstaddur þessa umr., ekki síst þar sem í ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, hefur verið vakið máls á ýmsum spurningum og óskað eftir því að við þeim kæmu svör frá hæstv. ráðh. Og ég er hér einnig með spurningu sem ég tel ákaflega brýnt að fá svarað og þyrfti raunar að fást svarað sem allra fyrst.

Hv. flm., Sverrir Hermannsson, vék að því í ræðu sinni að erlendir aðilar um stóriðju legðu mikla áherslu á könnun á orkuvinnslumöguleikum á Austfjörðum og að svisslendingar hefðu boðið að leggja fram fjármuni til rannsóknar á þessum orkumöguleikum. Og hv. þm. lýsti því að hann væri reiðubúinn að taka þessu boði. Hér er um ákaflega alvarlegt mál að ræða ef ætlunin er að láta erlenda auðhringa taka til við rannsóknir á orkuvinnslumöguleikum á Íslandi því að sjálfsögðu felst í slíku að sá auðhringur, sem leggur slíka peninga fram, vill fá aðstöðu til þess að nýta orkuna síðar. Sá aðili, sem hefur lagt fram þessa hugmynd, er svissneski auðhringurinn Alusuisse, sem kom upp álbræðslunni í Straumsvík, og þessi hugmynd hans um að leggja fram peninga til virkjunarrannsókna er tengd ákaflega stórum hugmyndum sem hringurinn hefur sett fram. Þær hugmyndir eru hvorki meira né minna en þær að Alusuisse og íslendingar búi til nýjan alþjóðlegan auðhring. Þar er íslendingum ætlað að leggja fram svo sem þriðjung þeirrar orku sem unnt er að framleiða í landinu sem eins konar hlutafé af sinni hálfu. Alusuisse býðst svo til að leggja á móti námaréttindi sem þeir eiga í námnm víðs vegar um heim. Svo á að fá fjármuni frá fjármagnsaðilum, frá auðhringum sem hafa með fjármuni til að gera, til þess að búa úr þessu nýjan, þó nokkuð stóran alþjóðlegan auðhring. Þetta er hugmyndin og á þessu byggist það tilboð sem hv. þm. var að tala um. Sem sé það eru sjálf orkuréttindin, sjálf orkuframleiðslan á Íslandi, sem þannig á að leggja í púkk til þess að búa til alþjóðlegan auðhring þar sem íslendingar ættu að sjálfsögðu mikinn minni hluta.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við fáum að vita um viðbrögð hæstv. ríkisstj. við þessari hugmynd, því að mér er ekki kunnugt um að slík viðbrögð liggi fyrir. Hitt veit ég, að nú um helgina voru sendir þrír íslendingar til viðræðna við Alusuisse. Það er Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og þm. Ingólfur Jónsson og Steingrímur Hermannsson. Mér er ekki kunnugt um hvaða erindisbréf þeir eiga að hafa með sér frá hæstv. iðnrh. En fyrst þetta mál ber á góma hér núna hefði ég talið nauðsynlegt að Alþ. fengi vitneskju um það hvort e. t. v. hefur verið um að ræða þessar fáránlegu hugmyndir. Og ég vil beina því til hæstv. forseta hvort ekki sé rétt að fresta þessari umr. þangað til hæstv. iðnrh. getur verið hér viðstaddur og svarað spurningum manna, bæði um þetta atriði, sem ég hef hér minnst á, og önnur atriði sem hafa komið fram í umr.

Að því er sjálfa till. varðar, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur hér mælt fyrir, þá er ég algerlega andvígur síðari hl. þeirrar till, þ. e. a. s. að leitað verði eftir kaupanda að raforku með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum. Hv. þm. talaði einnig um það í ræðu sinni hversu mikla orku við ættum, og við ættum miklu meiri orku en við þyrftum að nota til okkar daglegu og venjulegu þarfa og við yrðum að koma þessari orku í verð. En ef við höfum þann háttinn sem þessi hv. þm. talar um, þá erum við að skipa sjálfum okkur á bekk með nýlendum og hálfnýlendum sem selja orku sína sem hráorku. Þannig er háttað verðlagningu í sambandi við iðnaðarframleiðslu á okkar dögum að bæði hráefni og hráorka eru verðlögð ákaflega lágt, en arðsemin kemur í sambandi við sjálfa framleiðsluna. Ef við ætlum okkur það hlutskipti að framleiða einvörðungu orku til að selja á þennan hátt, þá erum við að eftirláta hinn raunverulega ágóða af orkuöfluninni þeim erlendu aðilum, sem eiga slíkar verksmiðjur, og sætta okkur við það hlutskipti að fá aðeins í okkar hlut örlítið brot af þeim verðmætum. Auk þess held ég að það ætti að liggja í augum uppi fyrir hvern mann að ef hér eiga að rísa erlend stórfyrirtæki eitt af öðru, þá erum við að afsala okkur efnahagslegu valdi yfir atvinnuvegum okkar íslendinga. Við erum að gefa erlendum aðilum efnahagsleg völd sem við höfum nú sem betur fer að mjög verulegu leyti sjálfir. Eftir því sem slíkum fyrirtækjum fjölgaði í landinu yrði efnahagslegt fullveldi okkar þrengra. En við þetta bætist einnig það fjárhagslega atriði, sem ég minntist á áðan, að það er frumstæðasta aðferðin til þess að koma orku í verð að selja hana til fyrirtækis. Það viðfangsefni, sem við okkur blasir á því sviði, er að við verðum sjálfir menn til þess að koma upp fyrirtækjum sem við ráðum sjálfir yfir, sem geta nýtt þessa orku og notað hana til fullvinnslu á ýmsum afurðum sem hægt er þá að flytja út. Þá tryggjum við okkur það að orkan sé verðlögð í samræmi við raunverulegt verðmæti sitt eins og það birtist á almennum markaði. En þetta eru atriði sem við fáum tækifæri til að fjalla ítarlegar um á næstunni. Hins vegar vil ég enn beina því til hæstv. forseta hvort ekki sé rétt að fresta þessari umr. út af þeirri fyrirspurn, sem ég hef hér vakið máls á, og út af fyrirspurnum sem fram hafa komið í máli annarra hv. þm.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Vegna óska hv. þm. um að umr. verði frestað án þess að málið gangi til n. að svo stöddu, þá er það rétt að bæði hann og hv. 4. þm. Austf. hafa beint fyrirspurnum til iðnrh. sem af gildum ástæðum getur ekki verið við þessa umr. Ég tel því fyrir mitt leyti rétt að umr. sé frestað án þess að málið gangi til nefndar að svo stöddu, en vil spyrja hv. flm. hvort hann sé samþykkur þeirri málsmeðferð. (**SvH:** Ég er það.) Úr því að svo er þá er þessari umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 52. fundur.

Þriðjudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 17. mars 1975.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Mér hefur tjáð Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf., að hann þurfi að vera fjarverandi um sinn vegna ferðar til útlanda. Þar sem 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Ólafur Þórðarson, getur ekki mætt til þings, er þess óskað að 2. varamaður flokksins í kjördæminu, Bogi Þórðarson, taki sæti Steingríms á Alþ. meðan hann er fjarverandi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed.“

Þá hefur borist eftirfarandi símskeyti til Alþingis:

„Súgandafirði.

Vegna anna í starfi get ég ekki tekið sæti á Alþ. og óska þess, að 2. varamaður Framsfl. á Vestfjörðum, Bogi Þórðarson, taki sæti í minn stað í fjarveru Steingríms Hermannssonar.

Ólafur Þórðarson.“

Undirskrift staðfestir Sigríður Kristjánsdóttir talsímakona.

Það þarf að rannsaka kjörbréf Boga Þórðarsonar og bið ég kjörbréfanefnd að taka kjörbréfið til rannsóknar nú þegar og fær hún til þess 10 mínútna tíma. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Boga Þórðarsonar, sem er 2. varaþm. B-listans í Vestfjarðakjördæmi. 1. varaþm., Ólafur Þórðarson, hefur sent Alþ. staðfest símskeyti og tilkynnt að hann geti ekki tekið sæti eins og sakir standa. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neina meinbugi á kjörbréfi þessu og leggur til, að kjörbréfið verði samþ. og kosning Boga Þórðarsonar, sem 2. varaþm. B-listans í Vestfjarðakjördæmi, verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Hinn nýi þm., Bogi Þórðarson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Rekstrartekjur Landssíma Íslands, fsp. (þskj. 177). — Ein umr.

Jónas Árnason: Herra forseti. Varamaður minn, Skúli Alexandersson, lagði fram í vetur svo hljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Hve stór hluti símgjalda fyrir umframsímtöl er greiddur af notendum síma utan Reykja-

víkursvæðisins? Hverjar eru meðaltekjur símans af hverjum notanda?

2. *Hve miklar eru meðaltekjur símans af umframsímtölum* af hverjum notanda á Reykjavíkursvæðinu? (Hér er spurt um öll símatæki í notkun. Stjórnarráð Íslands sé t. d. ekki talinn einn notandi, heldur eins margir notendur og símatækin sem eru í notkun hjá stjórnarráðinu. Sama regla gildir um ákvörðun um tölu notenda samkv. 1. og 3. spurningu.)

3. Hve miklar meðaltekjur hefur síminn af umframsímtölum af hverjum notanda á eftirtöldum stöðum: Hellissandi, Bíldudal, Skagaströnd, Hofsósi, Seyðisfirði, Grindavík?

4. Mun Landsími Íslands verða veitt heimild til byggingar jarðstöðvar til að annast fjarskipti við útlönd, án þess að áður eða jafnframt verði tryggt að sjálfvirka símakerfið um landið verði gert nothæft?"

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það hefur dregist nokkuð að svara fsp. á þskj. 177, en svar við henni er hér eins og póst- og símamálastjóri hefur gengið frá því:

„1. Hve stór hluti símgjalda fyrir umframsamtöl er greiddur af notendum símans utan Reykjavíkursvæðisins? Hverjar eru meðaltekjur símans af hverjum notanda?"

Svar: Hér er um að ræða 226 millj. kr. eða 54.98%. „Hverjar eru meðaltekjur símans af hverjum notanda?" Hér er væntanlega átt við tekjur af umframsímtölum, þær eru 9 880 kr.

„2. Hve miklar eru meðaltekjur símans af umframsímtölum af hverjum notanda á Reykjavíkursvæðinu?" Svar við því er 4 963 kr. En í sambandi við þetta vil ég geta þess, að nú um síðustu áramót var gerð gjaldskrárbreyting sem breytir þessu nokkuð frá því sem áður var, vegna þess að skrefum þeim, sem voru innifalin í símtölum notenda hér á Reykjavíkursvæðinu, var fækkað og breytir það hlutfallinu milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins.

„3. Hve miklar tekjur hefur síminn af umframsímtölum af hverjum notanda á eftirtöldum stöðum: Hellissandi," það eru 20 200 kr., Bíldudalur, þar er þetta 21 600 kr., Skagaströnd 15 700 kr., Hofsós 11 500 kr. og Grindavík 12 700 kr. Til viðbótar þessu var Seyðisfjörður, en það er ekki hægt að gefa svar um Seyðisfjörð, vegna þess að sjálfvirka símstöðin á Seyðisfirði var ekki opnuð fyrr en 23. okt. s. l. svo að reynsla er ekki komin á það.

Síðasta spurningin er um hvort Landssímanum verði veitt heimild til byggingar jarðstöðvar til að annast fjarskipti við útlönd, án þess að áður hafi jafnframt verið tryggt að sjálfvirka símkerfið um landið verði gert nothæft. Um þetta hefur ekki verið tekin nein ákvörðun enn þá. Ég geri ráð fyrir því eftir þeim upplýsingum sem liggja fyrir og nýjastar eru, að það verði ekki gert með þeim hætti, sem þarna er gert ráð fyrir, að tengja sambandið milli Íslands við útlönd, heldur hefur gervihnöttur komið þar til greina og fleiri leiðir, sem ekki eru fullrannsakaðar. Hins vegar er þetta mál til athugunar þar sem sæsímastrengurinn mun ekki geta sinnt þeirri notkun sem er þörf fyrir í þessu sambandi. En ákvarðanir munu ekki verða teknar fyrr en fullnaðarrannsóknir liggja fyrir og einnig að hve miklu leyti Ísland þyrfti að kosta þetta.

Þetta vona ég að nægi sem fullnaðarsvör við fsp. hv. varaþm. Skúla Alexanderssonar. Ég vil hins vegar taka það fram, að tölur eru allar byggðar á gjaldskrá áður en henni var breytt við síðustu áramót.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Það er eflaust öllum ljóst, hvað vakir fyrir fyrirspyrjanda. Það er að vekja athygli á því misrétti sem símnotendur eiga við að búa úti á landsbyggðinni að því er varðar kostnað við síma, og einnig hinu og ekki síður, að þetta sjálfvirka símakerfi svonefnda reynist oftast nær ekki mjög sjálfvirkt. Hæstv. ráðh. veit það eflaust eins vel og aðrir þm. dreifbýlisins, hversu erfitt er að ná sambandi út í kjördæmin og hve mikil þörf er þar úrbóta, og ég vænti þess að hann geri það sem í hans valdi stendur til að bæta úr því ófremdarástandi.

Vetrarvegur um Breiðadalsheiði, fsp. (þskj. 287). — Ein umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Á þskj. 287 er fsp. frá Jóni Baldvin Hannibalssyni, sem sat hér á þingi um tíma, og er til hæstv. samgrh.

Í fyrsta lagi er spurst fyrir um hvenær megi búast við niðurstöðum frá Vegagerð ríkisins um tilhögun framkvæmda og kostnaðaráætlun vegna lagningar vegar um Breiðadalsheiði.

Breiðadalsheiði er og hefur verið sá þröskuldur, sem hvað mest stendur í vegi fyrir því að akvegasamband verði allt árið milli Djúps og byggða vestan heiðar. Á Alþ., 83. löggjafarþingi, 1962—1963, var flutt frv. um framkvæmd við jarðgöng gegnum Breiðadalsheiði. Frv. þetta var svæft í n. og lítið hefur heyrst um málið að öðru leyti en því, að á árinu 1972—1973, hygg ég að hafi verið, sem þáv. samgrh. Hannibal Valdimarsson beitti sér fyrir því að gerð yrði ítarleg könnun á jarðgangagerð gegnum Breiðadalsheiði að lokinni gerð jarðganga gegnum Oddsskarð, og þá ráð fyrir því gert að sömu verktakar mundu framkvæma þá rannsókn eða könnun. Að vísu hefur könnun átt sér stað að óverulegu leyti á jarðgangagerð gegnum Breiðadalsheiði. Við vestfirðingar a. m. k. teljum að slík könnun hafi ekki á neinn hátt orðið til þess að sannfæra menn um það að slík mannvirkjagerð geti ekki átt sér stað og eigi ekki að eiga sér stað. M. a. vegna þess er þessi fsp. fram lögð, að okkur vestfirðinga er farið að lengja eftir því að í framkvæmdir verði ráðist að undangenginni ítarlegri könnun á aðstöðu og mannvirkjagerðinni sem við teljum að sé fyllilega til staðar að framkvæma. Í ljósi þessa er þessi fsp. fram borin.

Í 2. lið er fsp. um hvað líði rannsókn Vegagerðarinnar á vegarstæði er tengi Djúpveg við aðalþjóðvegakerfi landsins. Sá merki áfangi náðist í samgöngumálum vestfirðinga á s. l. ári að hægt var, að vísu með hörmungum, að komast þennan veg inn Djúp og þannig á aðalvegakerfi landsins. Vonir standa til að þessu verki verði áfram haldið á yfirstandandi ári. Eigi að síður er mikið verk óunnið til þess að í þess orðs fyllstu merkingu

sé hægt að tala um akvegasamband á þessari leið. M. a. er eftir að taka um það ákvörðun, hvaða leið verður farin til þess að tengja Djúpveg við akvegakerfið. Það hafa átt sér stað rannsóknir að þessu leyti um nokkurn tíma og er orðin knýjandi nauðsyn að niðurstöður slíkrar rannsóknar liggi fyrir, þannig að hægt verði að taka um það ákvörðun hvaða leið á að fara. Sem sagt er 2. liður þessarar fsp. til hæstv. samgrh. um það, hvað líði rannsókn Vegagerðar í sambandi við vegarstæði og væntanlega tengingu Djúpvegs við aðalþjóðvegakerfi landsins.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 287 er fsp. frá Jóni Baldvin Hannibalssyni sem sat hér á þingi sem varamaður hv. 5. þm Vestf. Ég mun í svari mínu fylgja fsp. eins og hún er orðuð á þskj., en ekki að öðru leyti svara því sem fram kom í framsögu hv. frsm. fyrir fsp. En svarið er samið af vegamálastjóra og er svo hljóðandi:

„Fyrra atriðið í fsp. er á þessa leið: „Hvenær má búast við niðurstöðum frá Vegagerð ríkisins um tilhögun framkvæmda og kostnaðaráætlun vegna lagningar vegar um Breiðadalsheiði, er tryggt geti greiðar samgöngur að vetrarlagi milli byggðarlaga við Djúp og vestan heiðar?"

Svarið hljóðar svo:

„Samkv. Vestfjarðaáætlun var áformað að á árunum 1965—1968 yrðu gerð um 500 m löng jarðgöng í Breiðadalsheiði til þess að fá öruggari samgöngur milli byggðarlaga við Djúp og vestan heiðar. Jarðfræðilegar rannsóknir sýndu að barglög lágu þannig miðað við legu jarðganga að fara þyrfti gegnum mörg millilög. Tilraunaboranir og sprengingar við fyrirhugaðan gangamunn leiddu í ljós að bergið var svo feyskið og millilögin svo laus í sér, að ef gera hefði átt jarðgöng á þessum stað hefði þurft að fóðra þau jafnóðum og þau voru sprengd. Hefði þetta gert gangagerðina bæði seinlega og mjög dýra. Var því fallið frá þessari lausn, a. m. k. í bili, meðan leitað væri annarra úrræða, en vegurinn í kinnungunum beggja vegna breikkaður og hækkaður verulega. Lausnir, sem m. a. eru taldar koma til greina og athugaðar hafa verið, eru þessar:

1. Að grafa og sprengja klauf niður í háskarðið og nota efnið, sem úr henni kemur, í vegfyllingar beggja vegna, byggja síðan þak yfir klaufina í hæfilegri hæð og fylla svo með jarðefni yfir. Má því segja, að hér sé einnig um göng að ræða þótt öðruvísi sé fyrir komið en þeim sem áður voru ráðgerð.

2. Vegsvalir yfir veginn í kinnungunum annars vegar eða beggja vegna háskarðsins. Hér er um það að ræða að byggja yfir veginn þar sem snjóþyngslin og hættan af snjóflóðum er mest.

3. Jarðgöng mun ofar en upphaflega var gert ráð fyrir með miklum fyllingum við gangamunnana. Er með þessari lausn stefnt að því að komast með göngin í þykkari berglög og velja stefnuna þannig að ekki þurfi að fara í gegnum nema fá millilög.

Allar þessar lausnir eru mjög dýrar og þarfnast nánari rannsókna. Til þess að þær komi að gagni, ef til kemur, þarf að ganga úr skugga um hvort hægt sé með tiltækum ráðum að ryðja veginn neðan við efsta kaflann á háheiðinni. Standa nú yfir tilraunir á þessu sviði. Eftir illviðriskaflann í jan. var hafist handa að ryðja veginn upp á háheiðina Ísafjarðarmegin með snjóblásara og er ætlunin að athuga, hvort halda megi honum opnum til vors, hvort þurfi að endurbæta hann o. s. frv. Eigi er ljóst, hvort þessar tilraunir þurfa að standa yfir í fleiri vetur. Jafnframt verður haldið áfram frekari athugunum á þeim lausnum sem að ofan greinir og að því stefnt að niðurstaða geti legið fyrir við endurskoðun vegáætlunar 1976."

Því er hér við að bæta sem kom í ljós eftir að þetta svar var samið, að tilraunir þær, sem hafa verið gerðar með snjóblásara á þessum stöðum, hafa eftir fregnum að dæma gefið góða raun.

„Annað atriði fsp: Hvað líður rannsóknum Vegagerðarinnar á vegarstæði er tengi Djúpveg við aðalþjóðvegakerfi landsins?"

Svarið er svona:

„Eftir að ákveðið var í vegáætlun 1972—1975 að gera Djúpveg akfæran á áætlunartímabilinu var farið að athuga hvort endurbyggja ætti núverandi veg um Þorskafjarðarheiði eða leggja nýjan veg úr Djúpi um Kollafjarðarheiði. Hefur verið unnið að þessum athugunum undanfarandi tvö ár. Lokið er við mælingar á veglínu inn fyrir Þorskafjörð, út fyrir Hallsteinsnes, yfir og fyrir Djúpafjörð og Gufufjörð, fyrir Skálanes og um Kollafjörð. Einnig hafa verið mældar veglínur yfir Ódrjúgsháls og Hjallaháls. Á árunum 1968—1969 var gerð dýptarmæling fyrir mynni Þorskafjarðar milli Reykjaness og Skálaness, eins og greint var frá í svari við fsp. um þetta atriði á Alþ. á s. l. hausti. Loks er mæling á 13 km löngum kafla á Þorskafjarðarheiði og merkingum með snjómælistikum á þeirri leið. Fylgst hefur verið með snjóalögum á Þorskafjarðarheiði og Kollafjarðarheiði undanfarandi 2 ár og er ráðgert að ljúka mælingum veglínu yfir báðar heiðarnar og setja niður snjómælistikur á þeim leiðum í ár. Einnig er áformað að gera svipaða könnun á leið um Steingrímsfjarðarheiði niður í Steingrímsfjörð. Stefnt er að því, að samanburður á kostnaði á þessum leiðum geti legið fyrir við endurskoðun vegáætlunar árið 1976."

Þetta er það svar sem vegamálastjóri gefur við þessum fsp., og ég vona að hv. fyrirspyrjandi eða staðgengill hans hér láti sér þetta nægja.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör, en ég vil aðeins fara um þau örfáum orðum.

Mér sýnist, að því er varðar Breiðadalsheiðina, að þar hafi einhver afturkippur komið í ráðandi menn sem um þessi mál fjalla, því að eins og ég gat um áður þá veit ég ekki betur en það hafi verið ákveðið af Hannibal Valdimarssyni, þegar hann gegndi embætti samgrh., að farið yrði í það eftir að Oddsskarðsframkvæmdunum lyki að ganga úr skugga um a. m. k. hvort ekki væri tiltölulega framkvæmanlegt að gera jarðgöng á þessu svæði.

Það kom fram í svari hæstv. ráðh. að það er velt fyrir sér þremur möguleikum. Það er í fyrsta lagi að grafa skarð á þessu svæði og síðan byggja þak yfir, í öðru lagi vegsvalir og í þriðja lagi

jarðgöng. Ef þetta er upptalning í réttu hlutfalli við það að menn hafi forgangsröð á verkefnunum, þá verð ég fyrir mitt leyti að lýsa því yfir að ég er óánægður með að ráðgjafar á Vegamálaskrifstofunni setji jarðgangaframkvæmdina nr. 3. Ég er þess fullviss að jarðgöng eru sú eina framkvæmd sem tryggir í reynd að akvegasamband verði á þessu svæði árið um kring. Ég hygg því að fyrst og fremst eigi að snúa sér að því að ganga úr skugga um það hversu dýrt fyrirtæki þarna væri um að ræða. Ég er ekki í neinum vafa um að það er framkvæmanlegt, enda heyrði ég ekki betur á svari hæstv. ráðh. en að það kæmi þar einnig fram. Spurningin er aðeins hversu dýrt mannvirki hér væri um að ræða.

Ég lýsi óánægju minni yfir því, að ég lít svo á að hér hafi verið stungið við fótum frá því sem áður hafði verið ákveðið, fyrir 2 árum, og ég vænti þess að hæstv. ráðh. taki af skarið um það mjög fljótlega að í þetta verði ráðist.

Að því er varðar síðari hluta fsp. um tengingu Djúpvegar, þá er það rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðh. að um það eru deildar meiningar hvaða leið eigi þarna að velja. Það er fyrst og fremst rætt um tvær leiðir, þ. e. Þorskafjarðarheiði og Kollafjarðarheiði. Ég hins vegar lýsi vonbrigðum mínum yfir því að niðurstöður af athugun Vegamálaskrifstofunnar skuli ekki geta legið fyrir við endurskoðun vegáætlunar sem á að fara fram nú innan tíðar. Það mun ætlað, eftir því sem hæstv. ráðh. upplýsti, að eftir þessu þurfi að bíða a. m. k. til ársins 1976. Ég tel að það sé búið að rannsaka þetta mál það lengi að það ættu að liggja fyrir um það nokkuð glöggar upplýsingar og niðurstöður rannsókna hvora þessara tveggja leiða, ef menn staðnæmast við það tvennt, ætti frekar að velja.

Ég skal ekki fara frekari orðum um þetta, en ég vænti þess að hæstv. ráðh. leggi það af mörkum, sem hann telur sér fært, til þess að hvort tveggja þessara framkvæmda geti orðið að veruleika hið allra fyrsta.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er um tvö mikilvæg mál að ræða, sem fsp. þessi fjallar um, annars vegar að tengja Djúpveginn suður yfir hálendið við aðalvegakerfi landsins og hins vegar Breiðadalsheiðin.

Ég tek undir allt sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um mikilvægi þessara mála, en þau eiga sér mislanga sögu. Spurningin um tengingu Djúpvegarins kemur upp og er aðkallandi nú þegar verið er að ljúka Djúpveginum, en hitt málið er gamall kunningi héðan úr þingsölum. Hv. 5. þm. Vestf. talaði eins og Hannibal Valdimarsson hefði fyrst hreyft þessu máli svo um munaði árið 1971, en síðan hefði ekkert skeð, þ. e. a. s. í ráðherratíð þessa hv. þm. Ég er undrandi á því að hv. 5. þm. Vestf. skuli rekja svo söguna, vegna þess að þegar Vestfjarðaáætlunin var ákveðin og samþ. var einn meginþáttur í samgöngumálum Vestfjarða það átak að koma jarðgöngum í gegnum Breiðadalsheiðina. Það var vegna þess að Vestfjarðaáætlunin byggðist m. a. á því að byggja upp byggðakjarna og stærsti byggðakjarninn á Vestfjörðum átti að vera umhverfis Ísafjörð, þ. e. a. s. Ísafjörður og kauptúnin við Ísafjarðardjúp: Bolungarvík, Hnífsdalur og Súðavík, og kauptúnin í V-Ísafjarðarsýslu. Það er ekki hægt að láta þessar fyrirætlanir verða að veruleika nema gera þá samgöngubót við Breiðadalsheiði að þar sé akfær vegur allt árið um kring. Að mínu viti verður það ekki gert nema með jarðgöngum eða með einhvers konar yfirbyggingu, hvort sem hentara reynist.

Ég vil nota þetta tækifæri til að leggja áherslu á, að nú verði eitthvað gert í þessu máli. Það var illt að það skyldi ekki vera framkvæmt eins og gert var ráð fyrir í upphafi Vestfjarðaáætlunarinnar. Það má kannske segja að viðreisnarstjórnin, sem þá réð, hafi haft þá afsökun að hún væri að framkvæma aðra þætti Vestfjarðaáætlunarinnar, en það er ekki afsökun í mínum augum. Þeim mun óafsakanlegra er það, að í tíð þeirrar ríkisstj., sem hv. 5. þm. Vestf. studdi, var ekkert gert í þessu máli.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég get ekki gert að því þótt hv. 5. þm. Vestf. verði fyrir vonbrigðum. Það fylgir nú lífinu að menn verða oft fyrir vonbrigðum. Ef ég hef átt þá sneið hans, að afturkippur hafi komið í þetta mál á þeim mánuðum sem ég hef farið með samgöngumálin, þá vísa ég því heim til föðurhúsanna. Ég get hins vegar tekið skýrt fram, að ég hef hvorki haft afskipti til lofs né lasts í þeim efnum, heldur hefur vegamálastjórnin haldið áfram framkvæmdum sínum án minna afskipta.

Það er hins vegar, held ég, góð og gegn regla, sem hefði átt að fylgja betur í mörgum stórframkvæmdum heldur en gert hefur verið, að rannsaka málin áður en byrjað er. Höfum við fyrir því reynslu í mörgum málaflokkum að svo hefði þurft að gera, og hefur vanræksla á því sviði orðið framkvæmdum til tjóns. Það, sem mér sýnist þarna vera að vinna, er að bera saman þær leiðir sem hugsanlegar eru til framkvæmda til þess að ná því takmarki sem að er stefnt með því að gera Breiðadalsheiði að vetrarvegi. Við það eru allar þessar ákvarðanir og öll þessi vinna miðuð, en ákvarðanir liggja að sjálfsögðu ekki fyrir nema þeirri rannsókn sé lokið. Ég vil líka taka það fram, að upptalningin á blaðinu er ekki miðuð við það hvert verkið sé líklegast, heldur aðeins að það sé samanburður á þessum þrem leiðum sem muni ráða niðurstöðu tillögugerðar þeirra sérfræðinga sem vinna að þessum málum.

Um síðara atriðið í fsp., um rannsókn á vegagerð yfir Þorskafjarðar- eða Kollafjarðarheiði, að henni er unnið af fullum krafti og munu niðurstöður þeirrar athugunar liggja fyrir fyrr en seinna. Ég álít að það sé síst að lasta embættismann eins og vegamálastjóra, sem jafnan svarar Alþ. og alþm. vel og greiðlega, þó að hann sé ekki að gefa fyrirheit um að niðurstaða liggi fyrir áður en hann sjálfur álítur að það sé tímabært að það verði raunverulega. Við það eru þessi svör miðuð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér finnst hæstv. samgrh. vera orðinn um of hörundssár því að ekki var einu orði í minni ræðu vikið að honum, að hann hefði átt hlut að því að spyrnt hafi verið við fótum.

Ég vonast sannarlega eftir því að hann muni ekki eiga að því hlut að það verði gert, þannig að þessu verði hrundið í framkvæmd.

Ég er hræddur um að það hafi slegið heldur betur út í fyrir hv. 3. þm. Vestf. Hann byrjaði á að lýsa því hér yfir að hann væri algerlega sammála öllu því, sem ég hefði sagt hér áðan, en fór síðan að tína upp eitt og annað sem hann taldi að væri ástæða til að gera athugasemd við í mínu máli. Og þá var fyrst og fremst það, að ég hefði fullyrt að það væri fyrst 1971 sem Hannibal Valdimarsson hefði hreyft þessu máli. Þetta er alrangt. Ég sagði að hann hefði flutt frv. um þetta á þinginu 1962—1963. Þá var því hreyft.

Svo er það blessuð Vestfjarðaáætlunin sem enginn þm. mér vitanlega hefur fengið að sjá, nema þá að það hafi verið stjórnarþm. viðreisnarstjórnarinnar. Ég skal ekki um það segja. Ég veit a. m. k. dæmi þess, að samþingsmenn Sjálfstfl. í núverandi ríkisstj. hafa kvartað sáran yfir því og þm. Vestf. að þeir hafi aldrei fengið að sjá þessa áætlun sem nefnd var Vestfjarðaáætlun. Vel má vera að í henni hafi þetta verið eitt af aðalatriðunum. Eigi að síður er það staðreynd að því var ekki hrundið í framkvæmd, þannig að það er ekki að ástæðulausu að þessu er hreyft. Hafi verið fullkomin ástæða til þess að fyrrv. ríkisstj. hryndi þessu í framkvæmd á þrem árum, sem ég út af fyrir sig ætla ekki að segja að ekki hefði átt að gerast, hvað þá um hina sem sat í 12 ár? Það hefði a. m. k. mátt búast við frekari framkvæmdum á þeim tíma heldur en hinum stutta tíma sem fyrrv. ríkisstj. sat.

Ég endurtek að ég vænti þess að núv. hæstv. samgrh. ýti vel við þessum málum báðum og það verði í reynd unnið að þessu í allra nánustu framtíð, þannig að við vestfirðingar þurfum ekki eftir því að bíða í mörg ár að geta verið í nokkurn veginn greiðfæru akvegasambandi við þjóðvegakerfið allt árið. Við höfum verið innilokaðir að meginhluta 6—7—8 mánuði á ári um árabil og ég vænti þess að því fari að linna, slíku tímabili.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. sagði að ég hefði tekið undir allt sem hann hefði sagt. Þetta er ekki rétt. Mér er það ofviða og ég held að það fyrirfinnist ekki nokkur maður á hv. Alþ. sem getur tekið undir allt sem þessi hv. ræðumaður segir. Ég sagði, að ég tæki undir það sem hann hefði sagt um mikilvægi þeirra framkvæmda sem hér er fjallað, og það er allt annað.

Hv. þm., sem er þm. Vestf., talar eins og hann viti ekki um Vestfjarðaáætlunina, að hún hafi ekki verið til að því er virðist. Það brá fyrir fyrir nokkrum árum að menn létu sér slíkt um munn fara, en það gerir enginn nú. Menn gera það ekki eftir að þeir eru farnir að aka eftir þjóðvegunum sem byggðir voru samkvæmt Vestfjarðaáætluninni, eftir að þeir eru farnir að nota flugvellina sem byggðir voru og eftir að þeir eru farnir að nota hafnirnar sem byggðar voru. En svona er þessi hv. þm. langt leiddur. Hann talar um Vestfjarðaáætlunina eins og í lítilsvirðandi tón. Hvers vegna gerir hann það?

Ég er ekki kominn hér upp til að ræða Vestfjarðaáætlunina og ég ætla ekki að biðjast afsökunar á Vestfjarðaáætluninni. En ég bið menn að muna að ef í dag væri gerð hliðstæð áætlun og var gerð með Vestfjarðaáætluninni, sem hljóðar upp á 200 millj. kr. og þá voru fjárl. um 2 milljarðar, þá ætti ný Vestfjarðaáætlun að vera upp á um 5 milljarða kr. ef við miðum við fjárlög ríkisins — 5 milljarða kr. fyrir utan almenn framlög til framkvæmda á Vestfjörðum. Ef hv. 5. þm. Vestf. hefði haft hugsun á því að stuðla að því að í tíð fyrrv. stjórnar yrði eitthvert framhald á Vestfjarðaáætluninni, þá gæti hann kannske talað eins digurbarkalega og hann vill gera hér. En þessi hv. þm. ætti ekki að ræða með yfirlæti um þessi mál og kannske ekki um önnur mál.

Almenningsbókasöfn, fsp. (þskj. 289). — Ein umr.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Á þskj. 289 hefur hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, borið fram tvær fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi almenningsbókasöfn. Í fjarveru fyrirspyrjanda mun ég fylgja fsp. úr hlaði með nokkrum orðum.

Lög um almenningsbókasöfn voru sett árið 1955, þau voru endurskoðuð árið 1965 og hefur verið búið að þeirri gerð síðan. Enn er því að mestu leyti búið við frumsmíði laganna, en margkyns reynsla kallar á endurskoðun þeirra, þó að þar vegi langþyngst hversu mjög brestur á um fjárhagsgrundvöll safnanna þar sem fjárframlög ríkis og sveitarfélaga eru bundin við ákveðna fasta krónutölu á hvern íbúa þess svæðis sem safnið þjónar.

Árið 1970 skipaði þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, n. til að endurskoða lögin. Sú n. lauk störfum í apríl 1971 og sendi rn. frv. til nýrra l. um almenningsbókasöfn. Þetta frv. var sent til umsagnar ýmissa aðila og bárust um það ýmsar athugasemdir, einkum frá tveim aðilum sem höfðu átt aðild að endurskoðun laganna, þ. e. a. s. Sambandi ísl. sveitarfélaga og Bókavarðafélagi Íslands, og stöðvaðist þá málið um hríð.

Í byrjun árs 1973 bar hv. 3. þm. Reykn., Gils Guðmundsson, fram fsp. á Alþ. um hverju þessi töf sætti. Í svari hæstv. þáv. menntmrh., Magnúsar T. Ólafssonar kom fram að hann taldi að auk þess sem athugasemdir lægju fyrir frá ýmsum aðilum, þá væri rétt að bíða þess hver yrðu afdrif grunnskólafrv. og ákvæða þess um skólabókasöfn, síðan yrði frv. endurskoðað með hliðsjón af fram komnum athugasemdum. Hæstv. fyrrv. menntmrh. lagði hið endurskoðaða frv. fram í apríl 1974, en frv. dagaði uppi. Í skrá, sem fylgdi stefnuræðu hæstv. forsrh. s. l. haust, var því m. a. heitið að frv. til l. um almenningsbókasöfn yrði lagt fyrir þetta þing. Á því bólar ekki enn og er þó töluvert liðið á þingtímann. Því er spurt:

„1. Hvað tefur flutning frv. um almenningsbókasöfn?

Er þess að vænta að ríkisstj. beiti sér fyrir því að slíkt frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi?“

Ég sé ekki ástæðu til að gera þetta mál að frekara umræðuefni og vil því þakka hæstv. ráðh. fyrir fram fyrir svarið.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fyrri lið fsp. vil ég svara þannig, að unnið hefur verið að gerð nýs frv. sem er nokkuð frábrugðið fyrri frv. um almenningsbókasöfn, einkum að því leyti að það er einfaldara í sniðum, færri atriði sem frv. sjálft fjallar um, enda er þar gert ráð fyrir að um nánari útfærslu laganna verði sett ákvæði í reglugerð. Þetta frv. hefur þegar verið sett og er tilbúið í próförk, og ég vona að hægt verði að leggja það fram á Alþ. mjög fljótlega. Eins og fram kom hjá hæstv. fyrirspyrjanda var þess getið í stefnuræðu forsrh. að frv. um almenningsbókasöfn yrði meðal þeirra frv. sem menntmrh. legði fram á þessu þingi.

Svar mitt við 2. lið fsp. er á þessa leið: Að venju ákvarðast þegar líður á þing hvaða frv. það verða sem ríkisstj. beitir sér sérstaklega fyrir að nái fram að ganga. Um það hefur ekki verið tekin ákvörðun í dag hversu snúist verður við ýmsum þeim frv., sem senn verða lögð fram, t. d. á vettvangi menntamálanna. Hins vegar leyfi ég mér að vænta stuðnings bæði samráðherra minna og annarra hv. alþm. við að þoka — alveg sérstaklega — þessu máli áleiðis. Það hefur dregist allt of lengi að breyta l. um bókasöfn m. a. og alveg sérstaklega vegna þess að ákvæði í núgildandi lögum um tekjur safnanna, um rekstrarfé þeirra, eru fyrir löngu úrelt orðin.

Hitaveituframkvæmdir, fsp. (þskj. 304). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Þessi fsp. er búin að vera lengi hér á dagskrá, það er langt síðan hún var lögð fram, en ég held að það hafi gildi að ræða um málið fyrir því, en hún hljóðar þannig:

„1. Hvað má ætla að kostnaður sé mikill við þær framkvæmdir við hitaveitu í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði er nú er talað um að stöðva um óákveðinn tíma?

2. Hvernig var fjármögnun þessara framkvæmda fyrirhuguð?

3. Hvað má reikna með miklum olíukostnaði miðað við ársnotkun hjá íbúum á því svæði sem þessar framkvæmdir í hitaveitu áttu að ná til?

4. Hvers vegna er ekki hafist handa um framkvæmdir við Hitaveitu Suðurnesja og hvað líður *lánsútvegun vegna hitaveitunnar?*"

Þessi hitaveitumál hafa verið rædd mjög á Alþ. á sínum tíma, en engu að síður hefur ekki fengist sú lausn á þessu, sem menn áttu von á að lægi fyrir á s. l. ári, vegna ýmissa atvika, vegna gengisfellinga og erfiðleika í lánsútvegun. Ætla ég ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni, en vænti þess að hæstv. ráðh. geti upplýst okkur um stöðu þessara mála nú og hvernig fram undan líti út fyrir að geti orðið.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og þessar fsp. bera með sér voru þær samdar fyrir alllöngu og þess vegna á orðalag þeirra að sumu leyti ekki við nú. Hins vegar er sjálfsagt að verða við því að gefa upplýsingar um ástand þessara mála.

Það er þá varðandi fyrstu spurninguna, hvað áætla megi að kostnaður sé mikill af framkvæmdum við hitaveitu í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði. Heildarkostnaður við dreifikerfislagnir Hitaveitu Reykjavíkur í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði er áætlaður 1 852 millj. kr. Í árslok 1974 var búið að verja til þessara framkvæmda 722 millj. kr. Olokið er lögn fyrir 1 130 millj. kr. með núverandi verðlagi. Aukning jarðhitavirkjana vegna þessara dreifikerfa er ekki innifalin í ofangreindum kostnaðartölum. Þetta eru þær dreifikerfislagnir sem hér er um að ræða.

Önnur fsp. er um það hvernig fjármögnun þessara framkvæmda er fyrirhuguð. Hún er fyrirhuguð þannig að heimæðagjöld eru áætluð 430 millj. og lántaka 700 millj. eða samtals 1 130 millj. sem þarf til þessara framkvæmda.

Í þriðja lagi: „Hvað má reikna með miklum olíukostnaði miðað við ársnotkun hjá íbúum á því svæði sem þessar framkvæmdir taka til?" Olíunotkun á öllu svæðinu er áætluð 52 millj. lítra á ári. Með olíuverði 20.20 kr. fyrir lítra er heildarupphæðin 1 050 millj. kr. Heitavatnsnotkun er hins vegar áætluð á öllu svæðinu 6.7 millj. tonna á ári með vatnsverði 39.36 kr. á tonn. Er því heildarupphæð fyrir vatnsnotkunina 264 millj. kr. á ári. Af þessu er ljóst að mismunurinn á olíukostnaði og heitavatnskostnaði er tæpar 800 millj.

Fjórða spurningin er um það, hvers vegna sé ekki hafist handa um framkvæmdir við Hitaveitu Suðurnesja og hvað líði lánsútvegun vegna hitaveitunnar. Þessi spurning er e. t. v. að því leyti villandi að orðalagi að vitanlega er undirbúningur undir framkvæmdir í fullum gangi. Stjórn Hitaveitu Suðurnesja vinnur að gagnasöfnun og endurskoðun á fyrri áætlunum. Hér er um að ræða endurskoðun kostnaðar vegna verðbreytinga, röðun verksins í áfanga eftir verkþáttum, framkvæmdatíma og kostnaði, auk þess er unnið að undibúningi að samningum við landeigendur um kaup á hitaréttindum og landi við Svartsengi. Þessi atriði eru forsenda þess að hægt sé að hefja aðgerðir til öflunar fjármagns til framkvæmdanna. Mun nú verða hafist handa um það atriði hið fyrsta.

Heildarkostnaður Hitaveitu Suðurnesja er nú áætlaður 2 420 millj. kr. Hann skiptist sem hér segir: Virkjun hitasvæðisins við Svartsengi 570 millj., aðveituæðar 795 millj., dreifkerfi 1 055 millj.

Tillaga um áfangaskiptingu, sem nú liggur fyrir, miðast við að verkinu verði lokið á árinu 1978 og þá hafi öll hús í þeim byggðum, sem hitaveitunni er ætlað að ná til, verið tengd henni. Meginatriði áætlunar um áfanfaskiptingu eru sem hér segir.

Árið 1975: Lokið verði við virkjun, aðalæð og allt að 50% af dreifikerfi fyrir Grindavík, auk þess sem unnið verði að hönnun varmaskiptistöðvar og aðfærsluæðar.

Árið 1976: Unnið verði áfram við dreifikerfi í Grindavík, en jafnframt verði hafin vinna við aðfærsluæðar og dreifikerfi fyrir Njarðvíkur og Keflavík og stór hluti þess tekin í notkun.

Árið 1977: Framkvæmdum verði lokið í Grindavík, Keflavík og Njarðvíkum ásamt nauðsynlegri virkjun við Svartsengi.

Árið 1978: Lokið verði við aðfærsluæðar og dreifikerfi fyrir Sandgerði, Gerðar og Voga.

Vegna endanlegrar hönnunnar á varmaskiptistöðinni við Svartsengi er talið mjög mikilvægt að hefja framkvæmdir við hitaveituna til Grindavíkur, þannig að reynslan, sem fengist við rekstur fyrsta áfanga varmaskiptistöðvar, geti komið að notum við hönnun aðalstöðvarinnar.

Þessi áætlun um áfangaskipti eftir árum er byggð á þeim till. sem nú liggja fyrir hjá fyrirtækinu Fjarhitun sem unnið hefur að þessum málum á vegum stjórnar Hitaveitu Suðurnesja.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég er vil þakka hæstv. ráðh. svörin og þótt nokkuð sé liðið er sýnilegt að nauðsynlegt er að fá þessar upplýsingar. Sérstaklega er athyglisvert hvað það er mikið hagsmunaatriði, eins og reyndar oft hefur komið fram, að fá heita vatnið. Þess vegna hlýtur það að vera að allur dráttur kostar óhemju fjármagn fyrir þá, sem eiga kost á að fá heitt vatn, á móti því að þurfa að nota olíu. Þegar þetta svæði, Kópavogur, Garðahreppur og Hafnarfjörður, mundi spara nálægt 800 millj. á ársgrundvelli, þá sjá allir hvílíkt hagsmunamál það er. Upplýst hefur verið að Reykjavík muni spara rúmlega 2 milljarða, þannig að þessi þéttbýliskjarni hér mun hafa verulegar hagsbætur af því að heita vatnið dreifist sem víðast.

Það verður að segja að grátlega hægt gengur að undirbúa Hitaveitu Suðurnesja. Það hefur ekkert ákveðið skeð varðandi lánsútvegun og er það merkilegt sem kom fram hér fyrir áramót að allir væru á því að hefjast handa þegar í stað og ekki draga það neitt að taka lán til framkvæmdanna og hika alls ekkert í því efni. Einnig liggur ljóst fyrir að ekki er búið að semja um landnytjar eða réttindi til heita vatnsins svo að erfitt er að byrja nokkuð, eins og mér skildist að ráðh. gæfi í skyn, nema þetta liggi klárt fyrir. Það er eðlilegt að skipta þessu í áfanga og það hefur verið gert.

Það kom ekki heldur fram í þessari kostnaðaráætlun hvort nota á heimild í lögum um að fella hluta af aðalveitukostnaði niður, þ. e. a. s. innflutningsgjöld, eins og er gert við allar rafmagnsveitur. En á sínum tíma var samþ. till. sem ég flutti hér á Alþ. um að hafa þessa heimild í lögum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er ekki gert ráð fyrir því að heitavatnsnotendur á Suðurnesjum fái að njóta sömu kjara og aðrir í því efni? Ef það er ekki í þessari áætlun vil ég mælast til þess að þessi heimild í lögum verði notuð að fullu. Ég held að að skaðalausu megi hafa meiri gang í þessari framkvæmd, svo hagsmunarík sem hún er fyrir fólkið sem kemur til með að nota hitaveituna þegar að því kemur.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Auðvitað eru allir menn sammála um, að hér er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir þá íbúa, sem eru á þessum svæðum, í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði og auk þess á Suðurnesjum, þar sem þessar hitaveituframkvæmdir eru fyrirhugaðar eða standa yfir. Auðvitað verður notuð sú heimild sem hv. þm. gat um að væri í lögum um Hitaveitu Suðurnesja.

Hins vegar skil ég sannast sagna ekki almennilega ádeilu hv. þm. á stjórn Hitaveitu Suðurnesja. Ég held að hún sé ástæðulaus. Ég veit ekki annað en þessu máli hafi verið hraðað eftir því sem unnt er. Í fyrsta lagi var frv. lagt hér fyrir Alþ. og lögð áhersla að fá það afgr. og lögfest fyrir jól og það tókst, þó að sumir hefðu athugasemdir uppi um það að of hart væri á eftir því rekið. Síðan var skv. lögunum skipuð stjórn sem að meiri hluta er skipuð fulltrúum suðurnesjamanna. Það eru 3 menn tilnefndir af sveitarfélögunum og 2 frá ríkisstj. Formaður er einn af fulltrúum suðurnesjamanna. Mér er kunnugt um að stjórnin hefur unnið að miklu kappi að undirbúningi þessa máls, og ég held allir hljóti að vera sammála um að nauðsynlegt var að endurskoða áætlanir og gera sem nákvæmastar áfangaáætlanir og greiðsluáætlanir. Meðan það var í gangi var ekki eðlilegt að farið væri að sækja um lánsfé skv. gömlum áætlunum. Áður þarf auðvitað allt slíkt að liggja fyrir, hver heildarkostnaðurinn er og hvernig kostnaður fellur á hvert ár. — Mér virðist sem sagt að þessi ádeila hv. þm. á stjórn Hitaveitu Suðurnesja sé ekki á rökum reist.

Fiskvinnsluskóli, fsp. (þskj. 311). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. menntmrh. fsp. um fiskvinnsluskóla. Fsp. min er á þskj. 311 og er þannig:

„Í l. um fiskvinnsluskóla segir, að á árunum 1972—1975 skuli undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum. Hvað hefur menntmrn. gert til undirbúnings þessum skólum?“

Aðeins til frekari skýringar á fsp. vil ég taka það fram, að þegar lög um fiskvinnsluskóla voru sett, en þau voru samþ. á Alþ. 2. apríl 1971, voru þm. úr öllum stjórnmálafl., sem fjölluðu um málið í sjútvn., sammála um að nauðsyn bæri til að standa þannig að þessum skóla, að þó að aðalskólinn yrði hér á Reykjavíkursvæðinu, þá yrði samhliða komið upp skólum í beinum tengslum við aðalskólann í helstu útgerðarbæjum í hinum ýmsu landshlutum. Var gert ráð fyrir að það yrðu skólar sem næðu yfir 1. og 2. námsstig, en hins vegar ætti aðalskólinn að hafa einnig 3. og jafnvel 4. námsstig. Það var skoðun okkar sem þá fjölluðum um þetta mál í sjútvn., að eina vonin til þess að nægilega fljótt tækist að byggja þennan skóla upp sem öflugan skóla, þannig að hann næði verulega tilgangi, þyrfti að koma upp þessum undirskólum úti í byggðarlögunum, í rauninni til þess að mata aðalskólann að nemendum.

Nú hefur nokkrum sinnum áður verið minnst á þetta mál hér á Alþ., bæði af mér og öðrum, og satt að segja hefur maður orðið lítið var við að það væri staðið við þau ákvæði, sem er að finna í lögunum, þar sem beinlínis er sagt að vinna skuli að því að koma upp þessum skólum á þar til greindum stöðum á árunum 1972—1975. Í tíð fyrrv. ríkisstj., vinstri stj., þar hetta á góma nokkrum sinnum og ég lét þá í ljós álit mitt, að ég teldi að hér hefði orðið óeðlilegur dráttur á framkvæmdum. Af þessum ástæðum beini ég nú máli mínu til hæstv. núv. menntmrh. og óska eftir því að hann geri grein fyrir því, hvað þess-

um undirbúningi líður og hvers má vænta varðandi uppkomu þessara skóla skv. því sem fyrir er mælt í þessum lögum.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leitast við að svara fsp. hv. 2. þm. Austurl.

Eins og hann drap á, segir í 6. gr. laga um fiskvinnsluskóla frá 1971, að „á árunum 1972—1975 skal enn fremur undirbúa stofnun fiskvinnsluskóla 1. og 2. stigs á Suðurnesjum, Akranesi og í stærstu fiskiðnaðarstöðum í öðrum landshlutum."

Það er hægt að svara því ósköp stutt og laggott, að það hefur ekki verið hafist handa um undirbúning að stofnun þessara skóla. Ástæður til þess eru þær, sem að nokkru leyti komu fram í skýringum hv. þm., hversu til hefur tekist með Fiskvinnsluskólann sem stofnaður var skv. áður nefndum lögum og starfar í Hafnarfirði. Þessi skóli hefur fengið húsnæði, að vísu í leiguhúsnæði, en nokkuð gott að sumu leyti. Þó þarf það enn endurbóta við og verður að því unnið að koma þeim endurbótum á. Þessi skóli á að geta tekið nálægt 100 nemendum, en í honum munu nú vera samtals í fjórum bekkjardeildum tæplega 60 nemendur, eða nánar tiltekið í 1. bekk 16, 2. bekk 15, 3. bekk 11 og í 4. bekk 13, eða alls 55, eins og mál stóðu þegar ég fékk mínar upplýsingar. Af þessu, hversu dauf hefur verið aðsókn að þessum skóla og hversu rými hans er illa notað eins og mál standa í dag, leiðir það að ekki hefur verið hafist handa um undirbúning þeirra skóla sem um er rætt í lagagr.

Almenn þörf fyrir aukna menntun á því sviði, sem hér um ræðir er vissulega augljós og mikil. En það er líka einnig augljóst að aukinni menntun á þessu sviði verða að fylgja aðgerðir sem tryggja að þeir, sem hennar hafa aflað sér, fái viðeigandi störf og í eðlilegum launaflokki við fiskvinnslustöðvarnar. Þau skilyrði eru nauðsynleg og mundu tvímælalaust verða hvati og uppörvun fyrir uppbyggingu slíks skólakerfis og þá jafnframt, sem er ekki síður nauðsynlegt, hvatning fyrir fólk að sækja slíka skóla.

Svarið við fsp. er sem sagt þetta, að það hefur ekki verið unnið beint að stofnun sérstakra skóla í þá stefnu sem lagagr. þó vissulega mælir fyrir um. Ég vil bæta því við að þessi mál verða tekin til rækilegrar athugunar og verður m. a. leitað leiða til þess að örva ungt fólk til þátttöku í námi sem þjónar framleiðsluatvinnuvegunum, líkt og það nám sem stundað er í Fiskvinnsluskólanum. M. a. verður reynt að örva til þess með stofnun námsbrauta í gegnum starfsfræðslu og á annan hátt að hvetja fólk til þátttöku í slíku námi.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósepsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin þó að þau hafi ekki verið uppörvandi.

Það er sem sagt ástatt um þetta mál eins og ég bjóst við að væri. Það hefur ekkert verið gert í því að standa við þau fyrirheit sem gefin voru og Alþ. hafði beinlínis sett fyrirmæli um í lög. Þó kastar í rauninni alveg tólfunum þegar það verður síðan notað sem rök, sem mér fannst að nokkru leyti að hæstv. ráðh. gerði, hvað að Fiskvinnsluskólinn hefur verið laklega sóttur. Í honum eru fáir nemendur: 16 í 1. ársdeild, 15 í 2. og 11 í þeirri 3. og 13 í þeirri 4. Af þessu, hvað fáir hafa sótt skólann leiðir, eins og hæstv. ráðh. sagði að það hefur ekki verið ráðist í þennan undirbúning. Þetta var einmitt það sem alþm. úr öllum flokkum, sem fjölluðu um málið í sjútvn. Nd. á sínum tíma, vöruðu við. Þeir töldu allir að ef komið væri upp með þessum hætti aðeins einum skóla í Reykjavík sem gerði ráð fyrir 4 ára námi sem yfirleitt átti að standa í 9 mánuði og reyndar 3 mánuði til viðbótar í verklegri kennslu, þá mundi fara svo að þeir yrðu ekki mjög margir sem kæmu langa leið að til þess að setjast hér að um 4 ára tímabil og stunda nám sitt í þessum efnum hér. Af þeim ástæðum var lagt til að koma upp þessum forskólum, 1. og 2. námsári, víðs vegar úti um land, þar sem menn hafa mestan hug á þessum störfum og verða mest að vinna við þau, og þá mundi afleiðingin verða sú að sjálfur aðalskólinn hér fyrir sunnan yrði betur sóttur, einkum 3. og 4. námsárið. En það hefur því miður farið þannig að ýmsir forustumenn, sem með þessi mál hafa haft að gera, hafa litið öðruvísi á málið, og afleiðingin hefur orðið þessi, sem menn voru að vara við.

Auðvitað er þörf á því að koma upp þessum skólum. Við höfum hér í landinu yfir 100 frystihús. Við erum með á milli 100 og 200 aðrar fiskverkunarstöðvar, saltfiskverkunarstöðvar. Við þurfum því á að halda hæfu og góðu starfsliði í þennan iðnað og það má vitanlega ekki gefast upp við að leysa þetta verkefni á þann hátt sem gert hefur verið. Ég segi þetta ekki til þess að kenna núv. hæstv. menntmrh., sem aðeins hefur starfað stuttan tíma sem yfirmaður þessara mála, um hvernig komið er. En ég vil vænta þess að hann taki á þessu máli á þann hátt sem á að taka á því. Þeir, sem predika landsbyggðastefnu sí og æ, ættu ekki að vera hræddir við að koma upp skólum af þessu tagi á þann hátt sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum um þetta efni. Ég vek enn athygli á því, að verði svo haldið áfram sem verið hefur, þá verður harla lítið gagn af þessum fiskvinnsluskóla.

Símaafgreiðsla vegna brunavarna, læknisþjónustu og löggæslu, fsp. (þskj. 311). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Símaþjónusta hér á landi er mjög misjöfn. Mikill meiri hluti landsmanna býr við símaþjónustu allan sólarhringinn, en víða og þá einkum í sveitahreppum er símaþjónusta aðeins nokkrar stundir á dag. Mjög er þó misjafnt hvort skammur símatími kemur beinlínis að sök eða ekki í neyðartilvikum. Í mörgum þéttbýliskjörnum, þar sem eru miðstöðvar neyðarþjónustu fyrir nærliggjandi héruð, er sími opinn allan sólarhringinn. Ef slys verður eða eldsvoði ellegar þörf er á tafarlausri löggæslu geta menn yfirleitt leitað til næstu símstöðvar og fengið heimafólk á bænum til að hringja og biðja um neyðarþjónustu jafnvel þótt utan símatíma sé. Þannig veit ég að málum er fyrir komið í Borgarnesi, á Selfossi, á Akureyri og á Egilsstöðum, svo að nokkur dæmi séu nefnd, enda mun það vera allvíða að símstöðvar eru

opnar allan sólarhringinn. En þó eru nokkur héruð á landinu sem verr eru sett. Sem dæmi vil ég nefna Sauðárkrók, Blönduós og Hvammstanga. Sauðárkrókur er miðstöð eldvarna, læknisþjónustu og löggæslu fyrir 14 hreppa sýslunnar, en eftir kl. 9 að kvöldi er símstöðinni lokað. Að vísu hefur verið komið fyrir neyðarsambandi við sjúkrahúsið á Sauðárkróki, en öllum, sem til þekkja, ber saman um að það fyrirkomulag sé með öllu óviðunandi og þar að auki til mikilla óþæginda á sjúkrahúsinu, þar sem sveitalínurnar eru þá allar tengdar beint inn á sjúkrahúsið, en bændur þurfa oft að tala sín í milli án þess að um nokkra neyð sé að ræða.

Ég hef undir höndum nokkur bréf úr Skagafirði er varpa ljósi á það ástand sem í þessum efnum ríkir og er algerlega óviðunandi.

Sýslunefnd Skagafjarðar samþ. 17. mars 1973 að leggja á það þunga áherslu við Póst- og símamálastjórnina að hún láti án tafar koma til framkvæmda símaþjónustu allan sólarhringinn á Sauðárkróki og jafnframt verði einstökum byggðarlögum í héraðinu gert kleift að ná þangað í neyðartilvikum. Þetta var ekki fyrsta beiðnin frá sýslunefndinni, heldur ítrekuð áskorun, en við henni var ekki orðið. Síðan eru liðin tvö ár.

Jóhann Salberg Guðmundsson bendir á í bréfi sínu fyrir tveimur árum til póstmálayfirvalda að ekki séu haldbær rök til þess að skagfirðingar eigi í þessum efnum að sæta verri kjörum en aðrir í sambærilegum héruðum. Ljóst má vera hvert alvörumál er hér á ferð og hve mikið kann að vera í húfi ef ná þarf úr sveitum héraðsins til Sauðárkróks í síma til lækna, slökkviliðs, lögreglu og björgunarliðs ef að höndum ber veikindi, eldsvoða, slys eða aðra vofveiflega atburði.

Stjórn Sjúkrahúss skagfirðinga segir m. a. í bókun um þetta mál: „Sjúkrahúslæknir taldi neyðarsímaþjónustu, sem er í sjúkrahúsinu, til óþæginda og ekki koma að tilætluðum notum, m. a. vegna óþarfasamtala sem eru á sveitalínum á næturnar.“

Í bréfi aðstoðarhéraðslæknis í Sauðárkrókshéraði eru nefnd allmörg dæmi þess hverjar afleiðingar hin ófullkomna símaþjónusta getur haft. Í öllum tilvikum, sem læknirinn nefnir, er um það að ræða að menn hafa þurft að aka 30—40 km leið til að ná sambandi við lækni eða fá sjúkrabifreið og í öllum tilvikum er um mikil neyðartilvik að ræða. Sérstaklega bendir læknirinn á þau vandamál sem skapast við neyðarkall manna sem koma akandi langan veg til að kalla á hjálp, en þekkja ekki nægilega til málsatvika til að geta svarað til um það hvaða tæki og búnaður séu nauðsynleg á slysstað eða við sjúkrabeð og engin leið til að komast í samband við þá sem nærri eru slysstað.

Herra forseti. Þegar neyð kallar að eru mínúturnar dýrmætar og það ástand, sem ég hef hér lýst, er að sjálfsögðu fráleitt með öllu. Ég orðlengi ekki þetta mál frekar, en ber fram þá fyrirspurn til ráðh. póst- og símamála, hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því að í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem eru miðstöðvar brunavarna, læknisþjónustu og löggæslu fyrir nærliggjandi sveitir, verði framvegis opin símstöð allan sólarhringinn.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 5. þm. Norðurl. v. á þskj. 311 vil ég geta þess, að ég fékk fyrst upplýsingar frá póst- og símamálastjóra um þetta mál, en óskaði svo eftir því að fá aðrar upplýsingar sem beint snertu fsp. og skal lesa það svar, en það barst mér nú í dag:

„Skv. ósk samgrh. hefur verið gerð athugun á kostnaðarauka umfram það sem nú er vegna hugsanlegrar sólarhringsþjónustu handvirku símaafgreiðslunnar á Sauðárkróki, en þar annast sjúkrahúsið nú hina svokölluðu neyðarþjónustu. Handvirka símaafgreiðslan á Sauðárkróki er á virkum dögum opin frá 9—21 og á helgum dögum frá 11—17. Ef starfrækja ætti handvirka símaþjónustu allan sólarhringinn á Sauðárkróki þyrfti að auka við starfsliðið og er þá áætlað að útgjöld vegna slíkrar viðbótar mundu nema um 2.5 millj. kr. á ári. Er þá tekið tillit til álagstíma, aukavakta, orlofs, veikindaforfalla og launatengdra gjalda. Þá skal á það bent, að verði sólarhringsþjónusta á Sauðárkróki tekin upp er viðbúið að aðrir staðir sigli í kjölfar þess.“

Út af þessu svari vil ég geta þess, að ég mun leggja fyrir póst- og símamálastjóra að athuga um einhverja fleiri staði þar sem nauðsynlegt er að taka upp slíka þjónustu. Geri ég því ráð fyrir að áður en að langur tími líði verði ákvörðun tekin um að þessi þjónusta verði tekin upp á Sauðárkróki og einum þrem stöðum til viðbótar, þannig að í þetta færu ca. 10 millj. kr. á þessu ári. Ég verð hins vegar að segja það, að það þýðir auðvitað að úr öðrum útgjöldum, t. d. í sambandi við framkvæmdir, verður að draga. En ég mun láta gera áætlun um að koma þessari þjónustu á um landið á hæfilegu árabili sem reynslan sýnir þegar málið í heild verður skoðað.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans. Ég heyrði að hann hafði ekki að fullu gengið frá því hvernig hann mundi taka á þessu máli, en ekki var þó hægt að skilja hann öðruvísi en að hann væri mjög jákvæður til málsins. Hann sagði, að hann mundi fela undirmönnum sínum að undirbúa þetta mál, og gleður mig mjög að heyra að úrbætur í þessum efnum kunni að vera í vændum. Ég vil taka það fram, að þeir, sem þarna eiga hlut að máli, eru búnir að bíða æðilengi eftir úrbótum á þessu sviði, búnir að bera fram umkvartanir sínar í mörg undanfarin ár og ég reikna með að þeir hafi þolinmæði til að bíða eftir því í kannske nokkrar vikur eða svo að ráðh. athugi þetta mál frekar og undirbúi till. um það efni. En ég geri ráð fyrir því að mönnum þætti verr ef spursmálið yrði um árabil, eins og mátti skilja á seinustu orðum hans. Vil ég eindregið vænta þess að biðin verði ekki svo löng, heldur komi þetta til framkvæmda hið allra fyrsta.

Eins og fram kom í svari hans hafði útreikningur á kostnaði við þetta verið miðaður við símstöðina á Sauðárkróki, enda má vera að þaðan hafi borist meiri kvartanir en annars staðar frá, þó að fsp. mín væri ekki endilega tengd Skagafirði eða Sauðárkróki. En ég tel alveg sjálfsagt

mál ef leiðrétting fæst fyrir skagfirðinga í þessum efnum, að þá fylgi aðrir í kjölfarið og ekki verði um neina mismunun að ræða.

Ég vil að lokum þakka hæstv. ráðh. fyrir jákvæð svör og bera fram þá eindregnu ósk að ekki verði um langa bið að ræða eftir því að þessum málum verði kippt í lag.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil bara undirstrika að það er rétt skilið hjá hv. þm. að svar mitt var jákvætt við því að þessu yrði komið í framkvæmd núna, hins vegar mundi ég ekki afgr. einn stað í einu, heldur taka með, eins og ég orðaði það, eina þrjá til viðbótar sem yrðu nú afgreiddir. Ég mun svo óska eftir því að póst- og símamálastjóri geri áætlun um að þessu kerfi verði komið á um landið og hvað þyrfti langan tíma til þess. Þannig átti að skilja síðustu orð mín um þetta.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hefði ugglaust getað fallið frá orðinu eftir að hæstv. ráðh. hafði talað hér aftur, en ég hafði hugsað mér að vekja athygli á því, sem mjög mörgum landsmönnum er augljóst, að neyðarþjónustu hefur verið stórlega ábótavant og farið versnandi eftir því sem sjálfvirkni símans hefur breiðst út, en þó ekki náð til allra notenda. Flestar þær sveitalínur, sem liggja að sjálfvirkum stöðvum, eru illa settar að því er það snertir að ná til neyðarþjónustunnar. Ég vil því fagna því að ráðh. hefur heitið að gera á þessu athugun og reyna að koma hér á betri skipun en verið hefur. Ég veit að í ýmsu falli hafa sveitarstjórnirnar reynt að ráða á þessu nokkra bót, en þeim hefur þó verið ofvaxið að gera það svo að í fullkomnu lagi sé. Mikil nauðsyn er á því að einmitt hið opinbera eða Landssíminn sjálfur ráði á þessu fulla bót. Það er hörmulegt að vita til þess að orðið hafi af því slys að neyðarþjónusta hefur ekki verið í lagi við þá þéttbýlisstaði sem hafa átt að þjóna stærri landshlutum. Ég vil því fagna þeirri yfirlýsingu sem ráðh. gaf hér varðandi þetta efni.

Hitaveita á Hólastað, fsp. (þskj. 350). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 350 leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til landbrh.:

„Er ekki hæstv. landbrh. fús til þess að beita sér fyrir því að gerð verði könnun á því, hvort ekki sé á Reykjum í Hjaltadal nægur jarðhiti til þess að ráðlegt sé að koma upp hitaveitu fyrir skólasetrið á Hólum, enda náist samkomulag um undirbúning að gerð hitaveitu þessarar við eiganda Reykja og við Hólahrepp og e.t.v. Hofshrepp og Hofsós?"

Tilefni þessarar fsp. er það, að eins og allir vita er rekinn á Hólum í Hjaltadal bændaskóli. Skóli þessi á sér langa og merka sögu og Hólar eiga sér langa og gagnmerka sögu sem skólasetur. Það er okkur norðlendingum mikið áhugamál að framtíðarstaða þessarar menntastofnunar verði sem best tryggð. Hólar eiga sér glæstari sögu en flestir aðrir staðir hér á landi, hafa verið höfuðból að fornu og nýju, biskupssetur og menntasetur um margar aldir og svo nálægt í vitund okkar norðlendinga að allt frá dögum Jóns helga höfum við sagt „heim að Hólum". Enginn annar staður á landinu getur státað af slíku. Það er að mínum dómi mjög mikilvægt að kanna sem best og sem fyrst hvort jarðhiti þar í nágrenninu, þ.e.a.s. á Reykjum í Hjaltadal, sé ekki nægur til að koma upp hitaveitu fyrir Hólastað og nágrenni. Á Reykjum í Hjaltadal er fyrir hendi jarðhiti, en engar rannsóknir hafa farið þar fram.

Nokkru eftir að ég bar fram þessa fsp. barst okkur þm. Norðurl. v. afrit af bréfi frá skólastjóra Bændaskólans á Hólum til Orkustofnunar þar sem m. a. var fundargerð frá fundi sem oddvitar þeirra sveitarfélaga, sem hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi, höfðu haldið með sér og mun ég nú lesa þessa ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1975, hinn 21. febr., komu saman til fundar að Hólum í Hjaltadal oddvitar Hofsós-, Hofs-, Viðvíkur- og Hólahreppa ásamt skólastjóra Bændaskólans á Hólum. Til fundarins hafði boðað skólastjóri og tilefni fundarins var að ræða og gera ályktanir um hitaveitukannanir að Reykjum í Hjaltadal, en þar er eina heita vatnið sem vitað er um á svæði þessara fjögurra hreppa. Hitaveitumálin voru rædd frá ýmum hliðum og sýndist fundarmönnum einhlítt að leita til Orkustofnunar um að hún láti nú þegar kanna hitasvæðið og gera aðrar frumathuganir þar að lútandi. Þá samþ. fundurinn að leita til viðkomandi þm. kjördæmisins um að fylgja þessum ályktunum eftir við viðkomandi aðila.

Fleira er ekki tekið fyrir og fundi slitið."

Undir þetta hafa ritað:

Jón Guðmundsson, oddviti Hofshrepps.
Gísli Kristjánsson, oddviti á Hofsósi.
Guðmundur Stefánsson, oddviti Hólahrepps.
Björn Gunnlaugsson, oddviti Viðvíkurhrepps.
Haraldur Árnason, skólastjóri á Hólum.

Það er sem sagt ljóst af þessu bréfi sem ég var að lesa að heimamenn sýna þessu hitaveitumáli mikinn áhuga, og það er augljóst að þeir óska mjög eindregið eftir því að þessi könnun verði gerð, enda væri mjög mikilvægt fyrir þessi byggðarlög ef hægt væri að koma á fót sameiginlegri hitaveitu fyrir þau. Þarna er um allstórt þorp að ræða, Hofsós og þéttbýli á Sleitubjarnarstöðum og blómlegar sveitir í Hjaltadal, Viðvíkursveit og Óslandshlíð.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 350 er fsp. frá hv. 3. þm. Norðurl. v. um hitaveitu á Hólastað og stuðning landbrn. við þá framkvæmd. Í sambandi við þetta mál þykir mér rétt að rekja í örfáum orðum þær aðgerðir sem hafa verið gerðar í sambandi við athugun á heitu vatni í Hjaltadal.

Árið 1966 gekkst þáv. skólastjóri á Hólum, Haukur Jörundsson, fyrir því að sérfræðingar í jarðhitadeild Orkustofnunar, Jón Jónsson jarðfræðingur, kannaði möguleika á því að afla jarðhita til upphitunar og annarra nota á Hólastað. Fyrsta athugun Jóns náði yfir Hjaltadal frá Reykjum niður fyrir Kálfsstaði. Að þessari frum-

athugun lokinni voru gerðar mælingar umhverfis Hólastað og í landi Kálfsstaða. Þær mælingar gáfu það jákvæða raun, að ráðist var í að framkvæma jarðboranir til frekari könnunar. Fyrst var boruð hola á Hólatúni árið 1966. Var hún rúmlega 100 m djúp. Þegar hér var komið sögu þótti álitlegra að reyna aðra borun. Var það gert árið 1967. Nú var borað við volga uppsprettu í Kálfsstaðalandi. Mælingar gerðar veturinn 1966—67 á nefndri volgru sýndu mesta hita 14 stig þegar minnst var vatnið í lindinni. Í upphafi borunar kólnaði holan, en tók síðan að hitna aftur og þegar var komið í ca. 240 m dýpt var hitinn kominn í um 20 gráðu hita. Með sama framhaldi var talið að bora þyrfti í ca. 800 m dýpt áður en nægilegur hiti fengist á vatni til væntanlegra nota á Hólum.

Á þessum árum var olíuverð svo hagstætt að þá var horfið frá frekari borun. Einnig kom annað til. Bæði Kálfsstaðir og Reykir voru vestan Hjaltastaðaár, en Hólar austan. Brú fyrir heitavatnspípu hefði orðið dýr. Kálfsstaðir eru í tæpra 2 km fjarlægð, en Reykir í 8 km fjarlægð frá Hólum. Einnig má geta um laug í Hofsdal, í 4—5 km fjarlægð frá Hólum.

Mjög er staðan breytt frá árinu 1967 hvað snertir horfur á hagkvæmni hitaveitu fyrir Hóla. Brú er komin á Hjaltastaðaá skammt frá Hlíð. Olíuverð hefur margfaldast. Hvað líður hækkun á stofnkostnaði skal ósagt látið. Full ástæða er til að láta fram fara nýja könnun á möguleikum á því að gera hitaveitu fyrir Hóla og ekki aðeins þá, heldur og fyrir þá hreppa, sem nefndir eru í fsp., og a. m. k. einhvern hluta líka af Viðvíkursveit.

Í sambandi við þetta mál vil ég geta þess, að hliðstæðar framkvæmdir standa fyrir dyrum á Hvanneyri. Nú er hafið samstarf um virkjun Deildartunguhvers. Að því standa Borgarneshreppur, Hvanneyrarstaður, Reykholtshreppur að nokkru, Andakílshreppur og e. t. v. síðar meir Akranes og fleiri sveitarfélög sunnan Skarðsheiðar. Af hálfu landbrn. er talið mikils virði að af þessum framkvæmdum verði og Hvanneyri eigi þar fulla aðild að. Sama máli gegnir um Hóla. Ef málið reynist hagkvæmt og samstaða næst um framkvæmd þess mun landbrn. styðja Hólastað í hitaveituframkvæmdum.

Þetta svar vona ég að nægi hv. fyrirspyrjanda um þetta efni.

Fyrirspyrjandi (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. landbrh. mjög vel fyrir jákvæðar undirtektar við þetta mál. Ég held að þetta sé mjög mikið nauðsynjamál og það væri bæði þessum skólastað og byggðum þar í nágrenninu geysilega mikið atriði ef tækist að koma þessari hitaveitu á fót. Eru talsverðar líkur, að því er manni sýnist, til þess að náttúruskilyrði séu með þeim hætti að þarna megi leggja hagkvæma hitaveitu.

Ég endurtek þakklæti mitt til hæstv. landbrh.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Með þessari fsp. er hreyft þörfu og ágætu máli, máli sem hreppsnefndirnar í Hólahreppi, Viðvíkurhreppi, Hofshreppi og á Hofsós hafa sent þm. kjördæmisins og Orkustofnun til þess að vinna að.

Ég vil þakka hæstv. landrh. fyrir jákvæðar undirtektir við þetta mál. En ég vil þó jafnframt nota þetta tækifæri til þess að beina því til hæstv. iðnrh., sem hefur yfirstjórn þessara mála í sínum höndum, að hér er frá okkar sjónarmiði talað um mjög mikilvægt mál að ræða, og vænti ég þess að hann ljái þessu máli fullan stuðning og sjái til þess að þarna verði athugunum komið í gang hið allra fyrsta.

Vinnutími sjómanna, fsp. (þskj. 358). — ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Hinn 16. maí 1972 var samþ. hér á Alþ. svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n., sem í eiga sæti m. a. fulltrúar sjómanna og útvegsmanna, til að athuga möguleika á lagasetningu um vinnutíma og orlof fiskimanna."

Um það leyti sem þetta var til umr. hér á Alþingi var verið að lögfesta sem aðalreglu 40 stunda vinnuviku hjá allfjölmennum stéttum í þjóðfélaginu. Áður höfðu einstakar stéttir áunnið sér slíkt í gegnum kjarabaráttu og samninga. Þáltill. þessi var flutt til þess að koma á hreyfingu í þá átt að sjómenn, sem kannske hafa hvað lengstan vinnutíma allra stétta, gætu eygt þann möguleika að komið yrði til móts við þá með hliðsjón af því sem gerst hafði varðandi aðrar stéttir í þjóðfélaginu.

Eins og ég áður sagði var þessi þáltill. samþ. 16. maí 1972. Það fer því að nálgast þriggja ára tímabil frá því að hún var samþ. Mér þótti því tími til kominn að spyrjast fyrir um það hjá viðkomandi hæstv. ráðh. hvað í máli þessu hefði gerst. Ég leyfi mér því að bera fram fsp. á þskj. 358 til hæstv. félmrh., svo hljóðandi:

„1. Hefur n. sú, sem þál. sem samþ. var á Alþ. 16. maí 1972, um vinnutíma sjómanna, gerði ráð fyrir að skipa, starfað?

2. Ef svo er, hvenær má þá vænta niðurstöðu af störfum hennar?"

Ég held ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þessa fsp., hún skýrir sig að öllu leyti sjálf. Tilgangur hennar er sá og sá einn að fá það upplýst hvað gerst hefur í þessu mikilsverða máli. Það er augljóst að sjómannastéttin mun vart una því öllu lengur að þurfa að vinna langtum lengri vinnutíma en nokkur önnur stétt í þjóðfélaginu. Það er því tími til kominn að reynt verði að koma til móts við sjómannastéttina og málum skipað þann veg að hún geti tiltölulega vel við unað.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um spyrst hann fyrir um hvort n. sú, sem þál. samþ. á Alþ. 16. maí 1972, um vinnutíma sjómanna, gerði ráð fyrir að skipa, hafi starfað, og ef svo er, hvenær megi vænta niðurstöðu af störfum hennar. Þál. sú, sem hv. þm. nefnir í fsp. sinni, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta.

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að skipa n., sem í eiga sæti m. a. fulltrúar sjómanna og útvegs-

manna, til að athuga möguleika á lagasetningu um vinnutíma og orlof fiskimanna.“

23. nóv. 1972 skipaði þáv. félmrh. eftirtalda menn í n. í samræmi við umrædda þál.

Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, form.

Gunnar Hafsteinsson útgerðarmaður, tilnefndur af LÍÚ.

Ingólfur Stefánsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.

Tryggvi Helgason sjómaður, tilnefndur af ASÍ.

Valtýr Hákonarson skrifstofustjóri, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Formaður n., Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðuneytisstjóri, hefur tjáð rn. að n. hafi ekki komist að samkomulagi um umrædda lagasetningu og telur hann þýðingarlaust að halda starfi n. áfram. Í bréfi 14. mars — 14. þ. m. gerir hann eftirfarandi grein fyrir starfi nefndarinnar:

„N. hefur nú setið 9 fundi. Á fundum þessum hefur spurningin um möguleika á breyt. l. um vinnutíma og orlof fiskimanna verið rædd allmikið. Þrátt fyrir þessi nefndarstörf hefur n. enn ekki komist að samkomulagi varðandi umrædda lagasetningu um vinnutíma og orlof fiskimanna.

Hugmyndir, sem form. samdi sem drög að frv. um vinnutíma og orlof, voru lagðar fyrir n. í des. 1973, en hafa verið lítið ræddar. Fulltrúar undirmanna hafa óskað lagasetningar um þessi efni og hafa lagt fram till. sem eru í meginatriðum í samræmi við gildandi samninga, en geta þess jafnframt að till. þessar hafi verið bornar fram í trausti þess að samkomulag næðist. Fulltrúi yfirmanna lætur óátalið lagasetningu um þessi efni, en er mótfallinn refsiákvæðum eldri laga. Fulltrúar útgerðarmanna lýsa sig andvíga lagasetningu, en telja málum þessum betur borgið eingöngu í kjarasamningum vegna hinna breytilegu aðstæðna á hinum ýmsu stærðum fiskiskipa og breytilegra veiðiaðferða þeirra.

Samkvæmt framansögðu telur n. útilokað að hún geti komist að sameiginlegri niðurstöðu um verkefni sitt.“

Þetta er skýrsla n. sem skipuð var til þess að athuga möguleika á lagasetningu um vinnutíma og orlof fiskimanna.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svar hans, en ég harma að svo skuli nú vera komið að n. sú, sem þetta verkefni var falið, skuli, að ég hygg í reynd, vera hætt störfum þar sem þeir, sem hana skipa, telji þýðingarlaust að halda störfum áfram með hliðsjón af því að ekki muni nást samkomulag um neina lagasetningu að því er málið varðar. Það er því ljóst að sennilega er ekki meira að vænta af störfum þessarar n. Liggur því beint við að spyrja hæstv. ráðh. í áframhaldi af þessu: Hvað hyggst hann frekar gera í þessu máli. Það er að ég held óumdeild staðreynd, a. m. k. sjómannasamtakanna í landinu, að slík lagasetning er nauðsyn til þess að færa til samræmis við aðrar starfsstéttir í landinu vinnutíma sjómanna. Ég vil því í áframhaldi af þessu spyrja hæstv. ráðh. hvað hann hyggist fyrir í þessu efni þar sem ljóst er að n. mun ekki halda frekar áfram störfum.

Samkomulag virðist ekki vera um beinagrind að frv. í þessa átt. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. taki þá til sinna ráða að hrinda þessu í framkvæmd og lagt verði fyrir Alþ. hið allra fyrsta frv. sem felur í sér það sem gert var ráð fyrir af þeirri n. sem til þessa var skipuð, felur í sér grundvöll að vinnutíma sjómanna að verulegu leyti til samræmis við það sem allflestar, ef ekki allar stéttir þjóðfélagsins nú hafa.

Ég endurtek það, að það er mér mikil vonbrigði að svo skuli hafa farið. En ég a. m. k. vona að ekki verði gefist upp og áfram verði haldið og hæstv. ráðh. haldi áfram því starfi sem þegar er hafið og megi sjást sem allra fyrst frv. sem innifelur að verulegu leyti breyttan vinnutíma og styttan vinnutíma hjá sjómannastéttinni.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og kom fram í svari mínu við fsp. er n. aðeins sammála um það eitt að hún sé ósammála um málið. Hún hefur lokið störfum, telur þýðingarlaust að halda störfum lengur áfram. Þessi niðurstaða n. barst mér fyrst nú fyrir 3—4 dögum — bréfið er dags. 14. mars — og að sjálfsögðu hefur ekki enn verið unnt að taka afstöðu til þess í félmrn. hvað nú skuli í málinu gera. En það verður að sjálfsögðu athugað. Hins vegar verða menn að gera sér það ljóst að sjónarmið eru ákaflega ólík í n., einkum um það meginatriði hvort vinnutími sjómanna skuli ákveðinn í samningum eða með lögum. Hvort tekst að brúa slíkt bil við nánari athugun skal ég ekki segja á þessu stigi. Málið verður að sjálfsögðu skoðað áfram, en hefur ekki verið unnt enn vegna þess hve skammur tími er liðinn síðan n. skilaði af sér.

Sameinað þing, 53. fundur.

Þriðjudaginn 18. mars, að loknum 52. fundi.

Áfengismál, þáltill. (þskj. 139). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Bifreiðatryggingar, þáltill. (þskj. 252). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ráðstöfun fjár vegna óinnleystra orlofsmerkja þáltill. (þskj. 356). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, þáltill. (þskj. 369). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rafknúin samgöngutæki, þáltill. (þskj. 74). — Ein umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði fyrir nokkru vegna veikindaforfalla hv. 1. flm. þessarar till., hv. 8. þm. Reykv., Péturs Sigurðssonar, fallist á að mæla nokkur orð fyrir ályktunartill. þessari, en hún er um athugun á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja. Þessi till. hefur áður verið flutt. Hún var flutt á 92. löggjafarþinginu og var þá flutt fyrir henni framsaga sem ég leyfi mér að vísa til. Fyrir því líka er ekki þörf á eins rækilegri framsögu nú. Till. varð þá ekki útrædd og þess vegna er hún endurflutt nú.

En ályktunartill. er um það að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á kostnaði þess að tekin verði í notkun hér á landi rafknúin samgöngutæki. Jafnframt þeirri athugun verði gerður samanburður á hagkvæmni þeirra og annarra samgöngutækja sem nú eru í notkun og enn fremur að í þeim samanburði verði tekið tillit til orkukaupa frá innlendum aflgjafa. Þá er lagt til, að stefnt skuli að því að þessari athugun verði lokið hið fyrsta þannig að niðurstöður geti legið fyrir á næsta Alþ.

Þessi till. er auðvitað flutt með sérstöku tilliti til þess að svo verði í náinni framtíð hér á Íslandi að við getum nýtt okkar mikla innlenda orkugjafa, raforkuna. Í öðrum löndum er mikil reynsla þegar fengin af rafknúnum samgöngutækjum, þannig að þegar til verður tekið hér, sem væntanlega verður, þá getum við mjög leitað til annarra um allar upplýsingar og dregið lærdóm af þeirri reynslu sem þær þjóðir hafa aflað sér.

Það er enginn vafi á því að þegar ráðist verður í það t. d. að leggja veg umhverfis landið með varanlegu slitlagi, þá verður örugglega í þeirri ráðagerð og þeirri áætlun að byggð verði raflína meðfram þeim vegi sem gæti e. t. v. dregið meginhluta af flutningum okkar eftir hinum nýju vegum. Miklu fleiri möguleikar eru til sem aðrar þjóðir hafa tíðkað um langt árabil. Enn fremur er þess að gæta að mjög hefur nú vaknað athygli alls almennings á því að forðast þeri eftir mætti hvers konar mengun andrúmsloftsins. Enda þótt við séum svo heppnir, íslendingar, að búa við það veðurfar að slíkt komi e. t. v. ekki til á næstunni, þá er þó í hinu stórvaxandi þéttbýli hér á suðvesturhorninu sá möguleiki vissulega fyrir hendi — einmitt sá að vegna mengunar frá samgöngutækjum þyrfti sérstaklega að huga að því að knýja þau með einhverju öðru en þeirri orku sem gert er í dag, þ. e. dísilorku og bensíni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þessa till. fleiri orðum. Það er mjög áhugavert efni, sem hún fjallar um. Eins og ég sagði í upphafi vísa ég til þess sem áður hefur verið rætt um þessa till. hér á þingi fyrir þremur árum og bið hv. n., sem fær málið til meðferðar, að hafa það í huga og leita sér frekari upplýsinga í þeim umr. En auk þess er með þessari ályktunartill. allítarleg grg.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 71). — Frh. einnar umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Áður en ég vík að því máli, sem hér er til umr., vil ég aðeins láta það koma fram í fyllstu kurteisi og í fullri vinsemd við hæstv. forseta, að ég er ekki í fyllsta máta ánægður með það hvernig fundartíma Sþ. er varið, þ. e. a. s. að fsp. skuli alltaf hafa forgang umfram þáltill., eins og gerst hefur nú undanfarið. Mér er það fyllilega ljóst að fsp. fluttar í Sþ. eiga fyllsta rétt á sér, eru eðlilegur vettvangur fyrir Alþ. að sinna og eru nauðsynlegar, en ég dreg það mjög í efa að þær séu mikilvægari en þáltill., eins og virðist koma í ljós hjá hæstv. forsetum þingsins, þar sem þeir velja fsp. ávallt fyrsta fundartíma á fundardögum Sþ. Ég vil eindregið leggja til að reynt sé að hafa þann háttinn á því að öðrum af fundardögum Sþ. í viku hverri sé tekin undir fsp. og þá annar dagur tekinn til að ræða þáltill., svo að það geríst ekki æ og aftur að þáltill. hálfgert dagi uppi í dagskrá þingsins. Og ekki fleiri orð um það.

Það urðu nokkrar umr. um þessa þáltill., sem við þm. Alþfl. flytjum nú enn einu sinni, á fundi Sþ. fyrir nokkru og kom þar yfirleitt fram nokkur gagnrýni á þessa þáltill. frá þeim sem töluðu þar öðrum en 1. flm. hennar, hv. þm. Benedikt Gröndal. Ég vil víkja nokkrum orðum að þeirri gagnrýni, sem þar kom fram, og þá fyrst að því sem hv. 2. þm. Reykn., Oddur Ólafsson, sagði við þá umr., en hann stóð upp til þess raunverulega að verja, ef svo má að orði komast, rétt þeirra þéttbýlismanna, fjársterkra þéttbýlismanna, sem kaupa jarðir úr búskap, grisja land með því að kaupa bændur upp af búum sínum og taka jarðirnar til annarra nota. Hann viðhafði þau orð að þeir gerðu þetta af því að þeir tryðu á að landið væri verðmætt. Það er nú svo um þá trú.

Bóndinn, sem ræktar sína jörð, trúir á landið þannig að hann trúir á gróðurmátt þess. Hann trúir á að hann geti nytjað það til þess að framfleyta heimili sínu og sjálfum sér. Hann trúir á það að hann geti hagnast á ræktun og byggingu landsins. Sá fjársterki íbúi í þéttbýli, sem kaupir bónda upp af bújörð sinni til þess að taka jörðina úr byggð og nýta hana til annarra nota, trúir ekki á gróðurmátt landsins, hans trú er annan veg farið en trú bóndans, sem yrkir sína jörð. Trú hans er sú að hann geti hagnast á þörfum annars fólks til þess að njóta náttúrugæða, svo sem veiðiréttar, svo sem lóða undir byggingar, svo sem jarðhita eða annars slíks. Þegar bóndinn trúir á gróðurmátt jarðarinnar, þá trúir peningamaðurinn í þéttbýli, sem kaupir bóndann upp af bújörð sinni, ekki á gróðurmátt jarðarinnar heldur á æxlunarmátt lausra aura.

Guðmundur Ingi Kristjánsson skáld á Kirkjubóli segir einhvers staðar í einu kvæða sinna um bóndann og hans líf: „Tíu krónur og trúin á landið er allt sem ég á.“ Eigum við ekki að segja að trú þeirra fjársterku þéttbýlismanna, sem kaupa bónda upp af bújörð sinni til þess að taka hana til annarra nytja en búskapar, sé talsvert á aðra lund farið heldur en Guðmundur Ingi lýsir í þessu kvæði sínu, að þeir hafi öllu fleiri krónur en 10, en öllu minni trú á landið.

Hingað til hefur þetta mál verið aðallega og fyrst og fremst rætt út frá þeirri forsendu að það væri eingöngu fjallað í þessari þáltill. um eignarráð á gróðurlandi, þ. e. a. s. eignarráð á landi sem er í ræktun eða er ræktanlegt eða nytjanlegt til búskapar. Þetta er hin mesta firra. Þetta er aðeins einn þáttur af málinu öllu. Við flm. þessarar þáltill. erum sammála þeim, sem töluðu við fyrri umr. þessa máls, um að bændur, sem vilja nytja sínar bújarðir til búskapar, eigi að eiga þær jarðir og hafa fullan umráða- og eignarrétt á þeim ef þeir kjósa það fremur en hafa þau lönd á erfðafestu. Þetta kemur raunar beint fram í tillgr. sjálfri eins og vitnað hefur verið til. Við deilum ekki um það við þá, sem hér töluðu við fyrri umr. málsins, að þetta skuli rétt vera svona, að bóndinn eigi það land sjálfur sem hann byggir og nytjar ef hann kýs það fremur. En þessi þáltill. víkur að ýmsu öðru sem þeir, sem töluðu hér áður, viku ekki í löngu máli að. Hún víkur m. a. að því að tryggja almenningi frjálsan aðgang að náttúru landsins sér til upplyftingar og heilsubótar. Hún fjallar m. a. um það, hvernig á að nytja ýmis náttúrugæði, svo sem veiðirétt, jarðvarma, orku fallvatna og annað slíkt. Á að nytja það í þágu þjóðarheildarinnar, eiga þessi náttúrugæði landsins að vera þjóðareign eða eiga þau að vera í eign örfárra íslendinga, sem því miður eru alls ekki allir bændur, heldur í síauknum mæli fjársterkir peningamenn úr þéttbýli sem hafa verið undanfarin ár að grisja byggðina í landinu í því augnamiði að geta síðar auðgast á þörfum almennings í þéttbýli með einum eða öðrum hætti? Ég vík e. t. v. að þessu máli síðar í minni ræðu og geri því þá frekari skil. En ég vil benda á að það er þessi þáttur málsins, sem að sjálfsögðu er veigamesti þáttur þess, en varla að það væri vikið að honum orði af þeim sem töluðu hér áður.

Hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, spurði m. a. að því hér í ræðustól hvers vegna slík till. væri flutt. Svarið er að sjálfsögðu það, að hún er flutt vegna þess að það er þörf á því að gera þær ráðstafanir, sem hún leggur til að gerðar verði. Hv. þm. spurði einnig: Nýtur þessi till. fylgis? Nýtur það fylgis sem með henni er verið að leggja til að gera? Hann svaraði því sjálfur, hv. þm., vegna þess að hann hvatti mjög til þess að þáltill. yrði nú afgreidd frá Alþ. í eitt skipti fyrir öll og þá væntanlega felld, vegna þess að sú hætta blasti við, sagði þm., að með hverju árinu sem liði án þess að till. þessi yrði felld, þá væru fleiri og fleiri í hópi almennings sem með hans orðavali „glæptust“ til fylgis við málið. Þetta sýnir að hv. þm. metur það rétt að eftir því sem reynslan sker gleggra úr um að þörf sé á svipuðum ráðstöfunum og lagðar eru til í þessari þáltill., eftir því eykst fylgi almennings við hana. Það er t. d. ólíku saman að jafna hve miklu meira hefur verið talað um þetta mál nú á síðari árum og hve miklu fleiri hafa lýst fylgi sínu við þá stefnu, sem þar er mörkuð, nú á síðari árum heldur en fyrst þegar þáltill. þessi kom fram. Það er auðvitað vegna þess að sífellt fleiri gera sér ljóst, sjá af reynslunni að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða eins og þeirra sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir, og þeir lýsa yfir fylgi sínu við það meginstefnumál. Það er þetta sem hv. 2. þm. Norðurl. v. óttast svo mjög. Það er þetta sem hann vill koma í veg fyrir með því að skora á þm. að koma þessu máli nú fyrir í eitt skipti fyrir öll hér á Alþ.

Hv. þm. sagði einnig að í till. þessari fælist einhver sú mesta aðför að eignarréttinum sem gerð hefði verið. Þetta er allsendis rangt. Þessi till. gerir ekki ráð fyrir neinni slíkri aðför að eignarrétti manna. Hún gerir þvert á móti ráð fyrir því að sé um einhverja eignaupptöku að ræða samkv. gildandi l., þá komi fullt gjald fyrir og er það raunar skýrt tekið fram, bæði í tillgr. sjálfri, síðustu mgr. hennar, og eins í þeim orðum sem þm. Alþfl. hafa látið falla þegar þeir hafa mælt fyrir þessu máli, þannig að það er allsendis rangt að þessi till. feli í sér aðför að eignarrétti manna. Það er svo aftur á móti annað mál og þessari þáltill. gersamlega óskylt að það er e. t. v. tímabært að taka nú upp nýja skilgreiningu á eignarréttinum í landinu, þ. e. a. s. hvernig menn komist að eignum og hvernig menn og hversu lengi menn geta talið sig hafa eignarhald á ákveðnum hlutum. Við vitum það t. d. íslendingar, að það eru einkenni fyrir íslensk fyrirtæki hversu óvenjulítið eigið fé er bundið í rekstri þeirra. Til eru dæmi um það að þegar menn kaupa sér stórvirk vinnutæki, þá fái þeir allt að 85—90% af kaupverðinu að láni af almannafé. Gangi þeim erfiðlega að reka þessi fyrirtæki fá þeir rekstrarstyrki með einu eða öðru móti, einnig úr almannasjóðum. Og það er spurning: Á þessi litli hlutur, sem þessi svokallaði eigandi leggur fram, að geta gert honum kleift að teljast eigandi að lögum að þessu atvinnufyrirtæki, geta haldið því með styrk af almannafé e. t. v. í 3—4 verðbólguár, selt svo þessa eign sína með miklum ágóða vegna rýrnandi verðgildis krónunnar og geta svo, ef hann kærir sig um að hætta atvinnurekstri sínum og selja þessar eignir, verið búinn að hagnast um talsvert miklar fjárfúlgur fyrir það sem almenningur með einu eða öðru móti hefur látið honum í té? Það kann að vera ástæða til þess í ljósi þessarar reynslu, sem er á allra manna vitorði, að taka eignarréttarhugtakið til endurskoðunar í íslenskri löggjöf. En það er allt annað mál en hér er fjallað um og þessari þáltill. allsendis óskylt. Vík ég þá að henni aftur.

Meginatriðið í þessari þáltill. er að færa eign þeirra náttúruauðlinda, sem tvímælalaust í hugum manna og samkv. almennri réttlætiskennd í landinu eru þjóðareign, úr eigu einstaklinga í eigu þjóðarinnar sem byggir þetta land. Ég tek það enn og aftur fram að till. gerir ráð fyrir því að þarna komi fullar bætur fyrir þannig að ekki er verið að fremja þarna neina glæpsamlega aðför að eignarréttinum. Gert hefur verið tilkall til þess, eins og menn vita, af mjög fámennum

hópi manna og það er langt í frá að í þeim hópi séu eintómir bændur, síður en svo, — þessi hópur manna hefur gert tilkall til þess að geta talið sig eiga allt nytjanlegt land á Íslandi, öll hlunnindi, allan veiðirétt, allan jarðvarma sem ekki er skýlaust í eigu ríkisins eða sveitarfélaga eða almannasamtaka. Það er meira að segja mjög vafasamt, hversu langt þessi einkaeignarréttur á landi og landgæðum nær, eins og menn vita, því að það hefur farið fram og mun sjálfsagt á næstu árum í enn auknum mæli fara fram málarekstur fyrir dómstólum í sambandi við eignarhald á landi. En hitt er alveg gefið mál, að eins og málin standa núna, þá liggur það engan veginn hreint fyrir hvaða landssvæði t. d. geta talist í eigu einstaklings og hvaða landssvæði getur talist í eigu almennings, ríkis eða sveitarfélaga. Það má segja að þessar deilur um, hvað einstaklingarnir eigi og hvað almenningur í landinu eigi, hafi ekki skipt sköpum um afkomu þjóðarinnar þar til þá fyrst nú, og dæmin höfum við mörg fyrir okkur sem eru að gerast á Íslandi í dag og gera það að verkum að það verður æ meira knýjandi að skera úr um þetta deilumál. Það eru aðstæður eins og t. d. veiðiréttur og veiðinytjar, það eru aðstæður eins og t. d. nýting á jarðvarma, hitaorku, orku fallvatna o. fl.

Það var upplýst hér fyrr, þegar var verið að ræða um þetta mál af 1. flm. þess, hv. þm. Benedikt Gröndal, að lögfræðingar ákveðins jarðeiganda hér á Íslandi, sem stendur nú í samningum um hitaréttindi við sveitarfélag, hafi gert tilkall til þess að heita vatnið, sem á að verja í sveitarfélagsins þágu til þess að hita upp íbúðarhús manna, yrði verðlagt á við olíu. Ég vil bæta við þessar upplýsingar því, að þetta er ekki alveg nýtt mál, því miður. Nú þegar hafa tvö sveitarfélög á Íslandi gert samninga við jarðeigendur sem teljast eiga jarðvarma, að verðið á heita vatninu, sem þessi sveitarfélög fá, skuli metið eftir ákveðnu hlutfalli til jafns við olíuverð. Mér er ekki kunnugt um hversu hátt þetta verðmiðunarhlutfall er, en mér er aftur á móti kunnugt um að þetta hefur valdið þessum sveitarfélögum talsvert þungum búsifjum og nú standa yfir samningar milli annars þessara sveitarfélaga og þeirra, sem jarðhitann telja sig eiga, um að reyna að greiða eitthvað úr þessu máli. Það er því orðið augljóst að ef eins og nú standa sakir örfáir menn geta talið sig eiga náttúruauðlindir, sem allur almenningur á Íslandi hefur talið og telur að hljóti að vera eign alþjóðar, að ákveðnir örfáir jarðeigendur geta talið sig eiga þessar auðlindir og talið sig geta sett fram kröfur um að almenningur á Íslandi, sem einn getur nytjað þessar auðlindir og hefur þörf fyrir að nytja þær, eigi að gjalda fyrir þær álíka verð eða eitthvert hlutfallslegt verð á við það sem arabar ákveða á sinni olíu, þá held ég að tími sé kominn til að sporna við fótum.

Það eru mál af þessum toga spunnin sem eru þungamiðjan í þessari þáltill., en ekki deila um hvort bændur, sem yrkja sínar jarðir, eigi að fá að eiga þær og nota þær frjálst og óháð til búskapar eða ekki. Um það er ekki deila af okkar hálfu, og mér finnst það satt að segja vera nokkur ábyrgðarhluti að reyna að kasta því ryki í augu almennings að þessi þáltill. snúist fyrst og fremst um að taka bújarðir af bændum, sem yrkja sínar jarðir, en reyna að fela hitt, sem er meginkjarni málsins, að ýmsar náttúruauðlindir, sem allur almenningur telur samkv. sinni réttlætiskennd að hljóti að vera þjóðareign, skuli geta verið taldar í eigu örfárra manna sem hugsa fyrst og fremst um að hagnast á þeim, að hagnast á því að almenningur þarf á þessum auðlindum að halda. Ég hlakka satt að segja ekki til þess, ef Ísland ætlar að vera eitthvert smávegis módel eða minitúrmynd af þeim orkuvanda sem uppi er í heiminum, þ. e. a. s. að deila fari annars vegar þéttbýlissveitarfélög og hins vegar örfáir jarðeigendur um jarðvarma og virkjunarrétt með svipuðum hætti og almenningur í útlöndum deilir nú við olíufursta í arabalöndum um verðlag á olíu og öðru slíku brennsluefni. Ég held, að það sé ekki fögur framtíðarsýn sem þá mundi blasa við okkur íslendingum ef slíkt færi að gerast hér á landi, eins og raunar þegar er byrjað að votta fyrir.

Eins og öllum er kunnugt hefur talsvert borið á því undanfarin ár og raunar undanfarnar aldir, sem íslendingar hafa byggt sitt land, að mikil rányrkja hefur verið stunduð á grónu landi og þá e. t. v. fyrst og fremst, hin síðari ár a. m. k., á afréttarlöndum. Það hafa verið gerðar talsverðar tilraunir til þess að bæta úr þessu. Árið 1969 var settur lagabálkur þar sem m. a. voru ákvæði um ítölu. Hér er um heimildarákvæði að ræða sem upprekstarfélög, að mig minnir frekar upprekstrarfélög en hreppsfélög, geta tekið upp og beitt, — þ. e. a. s. ef þau telja að um ofbeit sé að ræða á afréttarlöndum, þá veita þessi lög þeim heimildir til þess að beita ítölu til þess að koma í veg fyrir ofbeit á afréttarlöndum. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hefur því miður verið mjög lítið að því gert að beita þessum heimildarákvæðum og ef marka má blaðafregnir af þessu, sem eru kannske ekki alltaf fulláreiðanlegar, en gefa þó oft mjög raunsanna mynd, þá blasir það ástand við nú og hefur blasað við lengi að á flestum stöðum á Íslandi er um ofbeit að ræða á afréttarlöndum samkv. könnun á gróðurfari sem gerð hefur verið af sérfróðum mönnum, þannig að þrátt fyrir þessi heimildarákvæði frá 1969 hefur ekki tekist að stemma stigu við þeirri rányrkju sem stunduð hefur verið á upprekstrarlöndum.

En nú hefur einnig verið gripið til annars ráðs. Nú hefur verið gripið til þess ráðs að þjóðin — eða réttara sagt Alþ. hefur samþ. að þjóðin skuli verja miklum fjárfúlgum, 1 000 millj. kr., til þess að græða sár landsins, til þess að reyna að gjalda fyrir það sem illa hefur verið við vort land gert af gengnum kynslóðum og þeirri sem enn lifir. Ég vil benda sérstaklega á að þegar þetta mál var á dagskrá, þegar þjóðinni var tilkynnt um þá afmælisgjöf sem hv. Alþ. lagði fyrir hana að gefa sjálfri sér á 1100 ára afmæli byggðar í landinu, þá var þjóðinni sagt: Þið eigið að gera þetta, mín ágæta þjóð, til þess að bæta ykkar land. En óski þessi sama þjóð eftir því að fá frjálsan og óhindraðan aðgang að þessu landi, að fá að nýta náttúrugæði þess sér til þarfa án þess að gjalda of mikið fé fyrir, þá er þetta ekki lengur í munni margra ykkar land, þjóðarinnar land, heldur

okkar land, landeigendanna land. Þegar þjóðin þurfti að leggja mikið fé fram til þess að græða sár landsins, þá var þetta land þjóðarinnar. En þegar þjóðin þarf að fá að nytja þetta land, þegar þjóðin biður um að fá frjálsan aðgang að þessu landi, þegar þjóðin fer fram á að fá að nýta náttúrugæði þess til eigin þarfa, þá rísa menn upp og segja: Þetta er ekki land þjóðarinnar, þetta er land örfárra einstaklinga sem teljast geta haft á því full eignarráð og geta nýtt það eins og þeir vilja og geta gert þjóðinni að borga stórfé fyrir.

Við viljum líta á landið sem sameign þjóðarinnar allrar. Þannig verður einnig að vera um hnútana búið og þeim mun meiri ástæða að svo sé þegar það gerist í fyrsta lagi að fámennur hópur manna noti landgæði til þess að hagnast stórlega á þeim á kostnað almennings og í öðru lagi að þróunin er sú í auknum mæli að landsvæði eru notuð í öðrum tilgangi en þeim að stunda á þeim búskap, þ. e. a. s. þegar fjársterkir menn í þéttbýli leika sér að því að grisja byggðina í landinu með því að kaupa bændur upp af búum sínum, leggja þessi býli svo í eyði í þeirri von að þeir geti hagnast — ekki á nýtingu landsins, ekki á gróðurmætti þess, ekki á að stunda þar búskap, heldur á því að selja almenningi annaðhvort byggingarlóðir, hitarétt, jarðvarma, hugsanlega orku fallvatna, veiðiréttindi og annað eftir því. Það er mjög mikið — og það vil ég taka sérstaklega fram og leggja áherslu á — það er mjög mikið sem skilur á milli landeigendanna, bændanna annars vegar, sem yrkja sínar jarðir, og hins vegar þeirra fjármagnsmanna úr þéttbýli, sem kaupa bóndann upp af jörð sinni, hrekja hann burtu, grisja byggðina, leggja hugsanlega eða a. m. k. gætu lagt heilar sveitir í eyði í þeirri von að þeir gætu hagnast, ekki á landinu sjálfu, ekki á þeirri trú, sem Guðmundur Ingi Kristjánsson lýsti í kvæði sínu, heldur trúnni á að þeir kynnu að geta gert sér aura úr þeim hlunnindum, sem jörðunum fylgja.

Það hefur komið fram og kemur m. a. fram í grg. þessarar þáltill., að jafnvel í löndum eins og Bandaríkjunum og Kanada, sem eru forustulönd kapítalismans í okkar ágætu veröld, sé ekki jafnlangt gengið í þessum efnum og hér á Íslandi. Ég get t. d. skýrt frá því, að öll veiðivötn í Kanada, og þau eru mörg, eru í eigu ríkisins eða réttara sagt eru í eigu þjóðarinnar. Þar er málum þannig fyrir komið að þeir, sem t. d. hafa áhuga á veiðiskap, geta keypt sér árskort fyrir 3 dali, 3 kanadíska dali, og stundað veiði í hvaða vatni sem þeir vilja með fiðlskvldu sína allt árið um kring. Mönnum finnst e. t. v. fjarstæða að tala um slíkt hér á Íslandi því að við erum svo vanir því að hér sé eftirspurnin eftir veiði miklum mun meiri en framboðið. En menn skyldu athuga annað í því sambandi. Ungur maður, sérfræðingur í fiskræktarmálum, sem starfar hjá Veiðimálastofnuninni og heitir Jón Kristjánsson, hefur undanfarin ár verið að gera rannsóknir á veiðivötnum sem ekki hafa áður verið gerðar hér. Þær rannsóknir hafa verið ákaflega athyglisverðar vegna þess að þær hafa leitt í ljós að það, sem er að íslenskum veiðivötnum, er að þar er ekki veitt nándar nærri nógu mikið. Hann hefur framkvæmt mjög yfirgripsmiklar athuganir á ýmsum fiskivötnum, þessi ungi maður, hefur m. a. verið þar með net af ýmsum möskvastærðum og hefur komist að raun um að það, sem standi veiði í fiskivötnum einna helst fyrir þrifum, sé að þar sé allt of mikið af smáum fiski, þ. e. að þau séu ofsetin. Hann hefur gefið út ýmsar skýrslur um þetta sem hafa verið sérprentaðar og ég veit að þm. gefst áreiðanlega kostur á að fá, og ég vil hvetja menn, sem hafa áhuga á þessum málum, veiðibúskap og veiðiræktarmálum, til að kynna sér þessar skýrslur vegna þess að niðurstöður þessa sérfræðings brjóta gersamlega í bága við þá skoðun sem almenn hefur verið á Íslandi.

Hann hefur t. d. skýrt frá því, að til þess að Þingvallavatn gæti borið þann ávöxt, sem það ætti að geta borið, þyrfti að veiða þar á ári 120—130 tonn af murtu. Þar eru nú veidd aðeins á milli 20 og 30 tonn af murtu, eftir því sem hann segir, þannig að það þarf þarna að fimm- eða sexfalda veiðina til þess eins að vatnið geti gefið mestan arð. Sömu sögu segir hann um flest okkar fjallavötn, þar sem veiði er, að vandi þessara vatna sé sá að þar sé ekki nógu mikið veitt. Og hefðu þeir veiðibændur, sem eiga aðgang að þessum vötnum, hug á því að nota þau til hins ítrasta, þá ættu þeir ekki að takmarka veiði í þessum vötnum, ekki að koma í veg fyrir að vegfarendur, sem þarna eiga leið um, veiði í þeim, heldur þvert á móti að hvetja hvern einasta vegfaranda, sem þarna á leið um, að taka toll úr vatninu vegna þess að þá fái þeir fyrst bestan arðinn af. Ég veit að þetta kemur mönnum kannske spánskt fyrir sjónir. Þetta eru niðurstöður rannsókna sem fyrst byrjuðu fyrir þremur áum. Þessar niðurstöður hafa verið prófaðar á örfáum stöðum, m. a. á vatni rétt við Kleifarvatn sem mun heita Djúpavatn. Þar hefur fiskifræðingurinn fengið að ráða um það hvernig að veiðimálum væri staðið og þar er nú eins og svart og hvítt miðað við það sem áður var um fiskgegnd og afla úr þessu vatni.

Þessi maður hefur einnig tjáð mér það að t. d. að nefna ef hyrfti að nytja Kleifarvatn og fá úr því hann arð sem mestur gæti orðið, þá þyrfti að leggja svo mikla fjármuni og svo mikla vinnu í að taka undirmálsfiskinn úr vatninu að það væri raunar ekki hægt. Það er því ekki út í loftið að segja að það væri ekki bara almenningi til skemmtunar og uppyftingar að fá frjálsari rétt til þess að stunda veiðar í fiskivötnum á Íslandi heldur við óbreyttar aðstæður, jafnvel þó að veiðibændur eða einstaklingar í þéttbýli ættu þessi vötn eins og nú standa sakir, þá mundi þeim sjálfum vera mikill hagur í því.

Ég veit að þetta kemur, eins og ég hef margoft tekið fram, mönnum mjög spánskt fyrir sjónir og þá sérstaklega fiskræktarbændum eða öðrum þeim sem átt hafa og eiga veiðivötn. En þessi fiskifræðingur sem ég þekki og treysti vel, enda vel metinn maður af fræðimönnum í sinni starfsgrein, gefur þessum mönnum eitt ráð og það ráð er að prófa sjálfir með því að fara í þessi vötn sín með helmingi smágerðari net heldur en þeir hafa til þessa notað. Þá munu þeir komast að raun um að þeir fá þau net eiginlega full af smáum fiski, allur þessi smái fiskur sé gamall fiskur, fiskur sem bæði er smár og gamall. Hann er það vegna þess að það er um offjölgun að ræða í

vatninu, vatnið er ekki nógu mikið nytjað, fiskurinn fær ekki nógu góð skilyrði til þess að vaxa og verða stór. Einnig á þessu sviði væri því hagkvæmt, jafnvel að óbreyttum þeim reglum sem gilda um eignarráð á hlunnindum eins og veiðivötnum og fleiru, að almenningur fengi þar aukinn aðgang.

Að lokum þetta, og ég ætla ekki að lengja þetta mál frekar: Það er alveg fyrirsjáanlegt að þróunin stefnir í þá átt sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Spurningin er aðeins sú hversu lengi verður á móti staðið. Og það er erfiðara að standa á móti, eins og hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, hefur glögglega sagt, — það er erfiðara að standa á móti eftir því sem árin líða vegna þess að fleiri og fleiri glepjast, eins og hann segir, hv. þm., til fylgis við þetta mál. Almenningur á Íslandi, hinn landlausi almenningur, eins og við gjarnan köllum hann, hefur e. t. v. ekki orðið þess var enn þá hvað kann að gerast ef örfáir einstaklingar geta talið sig hafa eignarhald á ýmsum verðmætustu náttúrugæðum landsins. En íbúar þeirra sveitarfélaga, sem nú eru að semja við jarðeigendur um hitarétt og nú á að gera að borga fyrir þessa varmaorku í svipuðum mæli og þeir þurfa nú að borga fyrir innflutta brennsluolíu, þeir munu áður en langt um líður sjá í hvert horf stefnir ef ekki er hér spyrnt við fótum.

Ég vil að endingu einnig vekja athygli manna á því, að frá því að þessi þáltill. kom fyrst fram hér á Alþ. og var af mjög mörgum mönnum talin algerlega óalandi og óferjandi í öllum greinum, þá hefur það gerst að bæði stjórnvöld og einstakir þm. hafa tekið upp mál hér á Alþ. sem eru inni í þessu, sem eru einn anginn og einn þátturinn af þessu máli, eins og t. d. frv. það til jarðalaga sem hér hefur verið sýnt og stefnir að því að koma í veg fyrir að fjársterkir hétthýlismenn kaupi bændur upp af bújörðum sínum. Þetta frv. er nú á döfinni og var flutt nokkru eftir að sama máli var hreyft í þáltill. Alþfl. og það þá talið óalandi og óferjandi. Einnig er hv. þm. Magnús Kjartansson hér á ferðinni með annað mál, frv. til l. um breyt. á orkulögum, sem stefnir að því að gera háhitasvæði á Íslandi að almenningseign, sem einnig er þáttur í þessu máli. Þess verður því vart ekki síður hér á Alþ. en utan þess að þeim sjónarmiðum, sem skil eru gerð í till. þeirri til þál. sem hér er á dagskrá, vex stöðugt fylgi.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, hefur nú flutt langa ræðu. Hann hefur lýst þeirri skoðun sinni að sú till., sem hér liggur fyrir, sé ekki aldeilis nein aðför að eignarréttinum, það sé ekki gert ráð fyrir því að taka land af einum eða neinum, það sé einungis gert ráð fyrir því að landið verði í eigu bjóðarinnar, eins og hann kallar það, með þeim hætti sem almenningur á Íslandi hefur talið sig eiga það um aldaraðir samkv. venjulegri réttlætiskennd. Ég verð að biðja hv. þm. velvirðingar á því að ég átta mig ekki nægilega vel á því, hvað hann meinar í sinni ræðu þegar hann segir að eignarréttur eigi að fara að réttlætiskennd almennings. Hvaða almenningur er það, sem á að dæma í slíkum málum, og eiga einstaklingar, sveitarfélög og samtök sveitarfélaga, þ. e. upprekstrarfélögin, að lúta því sem einhverjir tilteknir aðilar telja vera réttlætiskennd sína í sambandi við eignarráð á landinu? Þetta var svo þokukennt og óljóst hjá hv. þm. að ég verð að viðurkenna það að ég veit ekki hvar hann stendur. Eitt er víst að ég fékk ekki áttað mig á því að hann stæði föstum fótum á jörðinni.

Til þess að átta sig á því, hvort hér sé um einhverja aðför að eignarrétti að ræða eða ekki, þá held ég að sé einfaldast að lesa 2. mgr. tillgr., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstj., að hún láti sérfróða menn semja frv. eða frv. að l. um eignarráð og eignarréttindi þjóðarinnar yfir byggðu landi og óbyggðu, stöðuvötnum í byggð og óbyggðum, fallvötnum, jarðhita og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu, sem ekki eru þegar í eigu ríkis eða sveitarfélaga. Glöggt verði kveðið á, hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkisins og hvernig bætur skuli reiknast fyrir.“

Ég held að hvað sem orðum hv. þm. líður, þá verði því ekki leynt að tilgangur þessarar till. er að færa eignaryfirráð yfir landi, gögnum þess og gæðum, úr höndum einstaklinga í eigu ríkisins og e. t. v. sumpart í eigu sveitarfélaga. En hv. flm. till. virðast líta svo á, að með því að koma landi í eigu sveitarfélaganna, sé það orðið að þjóðareign. Nú er rétt að átta sig á því hvernig þessu er varið eins og sakir standa. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur svarið af sér að hann eða þeir flm. till. vilji með nokkrum hætti koma í veg fyrir að bændur eigi sínar bújarðir og geti átt þær svo lengi sem þeir kjósa. Látum það gott heita og er vissulega vert að þakka það að hv. þm. skuli hafa tekið svo afdráttarlausa afstöðu um það efni. Í landinu eru nú 800—900 jarðir í ríkiseign. Aðrar jarðir eru flestar í eigu einstaklinga, flestar í eigu bænda sjálfra, nokkrar í eigu annarra einstaklinga og örfáar í eigu sveitarfélaga. Hálendi landsins er að meginhluta til í eigu sveitarfélaga. Ekki þarf því neinar breytingar þar á ef eign sveitarfélaga er sama og þjóðareign — eða hvað? Líklega ekki. Sveitarfélögin, ýmist hvert út af fyrir sig eða nokkur saman, eiga hálendið, afréttarlöndin, þ. e. a. s. upprekstrarfélögin esm mynduð eru af einu eða fleiri sveitarfélögum. Bændur landsins eiga ásamt bújörðum sínum árnar, veiðivötnin sem talað er um, bæði rennandi vötn og stöðuvötn, og þessi veiðivötn hafa til þessa verið talin óaðskiljanlegur hluti bújarðanna. Í engum lögum er að því vikið að greina þarna á milli.

Ekki varð þó annað skilið á hv. 8. landsk. þm. en hann vildi a. m. k. taka þennan hluta af bújörðunum og gera að hinni svokölluðu þjóðareign. Ég lýsti því í ræðu fyrir nokkrum dögum að ég liti svo á að með þessu háttarlagi, ef þessi regla yrði tekin upp, þá yrði stefnt í öfuga átt fremur en rétta, líka með tilliti til þess að ef t. d. veiðiárnar væru komnar í eigu ríkisins, þá yrði væntanlega einhver tiltekin stjórnarráðsskrifstofa hér í Reykjavík sem úthlutaði veiðileyfum til landslýðsins. Ég trúi því ekki, og ég efast um að það séu margir á hv. Alþ. eða annars staðar sem trúa því, að ráðstöfun þessara verðmæta yrði í betra lagi í höndum einhverrar opinberrar stjórn-

arráðsskrifstofu heldur en eins og þessu er háttað í dag með ráðstöfun á veiðirétti af hálfu veiðifélaganna. Ég a. m. k. trúi því ekki. Í þessum ræðustól hefur stundum verið að því vikið að ráðstöfun opinberra aðila á tilteknum verðmætum, bæði veiðirétti og landi í opinberri eigu, hafi ekki alltaf verið með þeim hætti sem best hefði verið á kosið. Ég ætla ekki að fara hér með neinar aðdróttanir um það efni, en ég trúi því ekki að þessi mál væru í betra lagi í höndum opinberra aðila heldur en þeirra sem nú fara með þessi mál.

Hv. 8. landsk. þm. gerði mikið úr því, að jarðvarmi, fallvötn til vatnsvirkjana og náma ýmiss konar væru í einstökum tilvikum í höndum og eigu einstaklinga. Ef talið er að almenningsheill krefji að nauðsynlegt sé að nýta þessi verðmæti til almenningsheilla, þá er sú leið opin að taka þessi verðmæti eignarnámi. Og það er sjálfsagt að gera það ef samningar nást ekki. Það er sjálfsagt að gera það og til þess þarf alls ekki þjóðnýtingu landsins alls, heldur er hvenær sem er hægt að fara þá leið, sem íslensk lög heimila nú í dag og er í samræmi við íslenska stjórnarskrá. Þess vegna er algerlega óþarft að semja lög, eins og er gert ráð fyrir ef till. þessi yrði samþ., sem kveða svo á að landið allt verði þjóðnýtt.

Ég vil gjarnan taka það fram ítarlegar en ég gerði í ræðu minni hér fyrir fáum dögum af tilefni, sem gáfust í þeim umr. og einnig að nokkru nú, að almenningur á Íslandi, það fólk sem býr bæði í þéttbýli og strjálbýli, þarf að eiga greiðan aðgang að landi þar sem það getur komist í nána snertingu við náttúruna, notið hollrar návistar við hana, dvalið sér til hvíldar og hressingar og sótt þangað nýjan þrótt og hvíld sem það trauðla getur fengið annars staðar. Þetta verður best gert með þeim hætti að jafnvel í hverju héraði verði opnuð útivistarsvæði, sem almenningi úr borg og byggð séu opin og frjáls. Ég lít svo á að þessu væri best komið fyrir á þann veg að þessi útivistarsvæði væru í eigu héraðsbúa sjálfra í hverju héraði fyrir sig.

Ég vil leggja mikla áherslu á þessa skoðun mína og ég get vel tekið undir það að þessi efni eru ekki nægilega skipulögð enn í dag og þyrfti að ráða bót á, a. m. k. í sumum landshlutum. Hins vegar neita ég því að land, sem er í eigu bænda, sé yfirleitt lokað almenningi með þeim hætti sem virtist koma fram hjá ræðumönnum fyrir nokkrum dögum, að þeir synjuðu þar yfirleitt um yfirferð og að almenningur kæmi þar að lokuðum hliðum. Þetta þekki ég a. m. k. ekki.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess fyrir mig að ítreka mikið mín sjónarmið í sambandi við það hvernig best sé komið fyrir eignarráðum á landinu. Ég tel tvímælalaust að svo best þrífist landbúnaðurinn að jarðir séu í sjálfseignarábúð í sem allra ríkustum mæli, að afréttirnar séu ekki skildar frá jörðunum, að veiðiárnar eða veiðivötnin séu ekki skilin frá jörðum sem eru óaðskiljanlegur hluti af eftir gildandi lögum, og ég tel að í þessu skipulagi sé fólgin kjölfesta landbúnaðarins. Ég tel líka að ef sumt af þessum landsréttindum væri tekið af bændunum og skilið frá bújörðunum, eins og helst mátti skilja á hv. síðasta ræðumanni, þá mundi það þýða að dregin væri burst úr nefi bóndans og af því mundi aftur stafa að hann þyrfti að fá eitthvað í sinn hlut í staðinn, væntanlega þá í hækkuðu búvöruverði ef ekki kæmi annað til. Þessi mál verður að líta á öll í samhengi, og ég tel að sú reynsla, sem fengist hefur af ríkiseign á jörðum og ríkiseign á landi yfir höfuð, sé ekki talandi dæmi um að það yrði stefnt í rétta átt með þeirri till. sem hér er á dagskrá. Það er síður en svo. Þau dæmi eru mörg sem sýna, að ef auka ætti á það skipulag, þá yrði það til hinna mestu óheilla.

Hv. 8. landsk. þm. minntist á það að víða á landinu væri ofbeit og Alþ. hefði á hátíðarfundi samþ. verulega fjárveitingu til þess, eins og hann orðaði það, að bæta fyrir þau mistök sem hefðu orðið í sambandi við meðferð landsins. Hann taldi einnig að með þessu væri gefið undir fótinn um það, að úr því að þjóðin legði þarna fram nokkurt fé, þá ætti þjóðin að eiga allt landið. Ég ætla ekki að gera fleiri aths. við þetta í sambandi við eignarráðin. En ég lít svo til að nú sé allt í nokkurri óvissu um hvort betur yrði með landið farið þótt það kæmist í eign opinberra aðila. Ég a. m. k. hef skilið það svo — og átti ég sæti í þeirri n. sem fjallaði um þessa tilteknu till., sem leiddi til samþykktar þjóðargjafarinnar, og hef í þeirri n. átt viðtöl við forystumenn sveitarfélaga og forráðamenn bændasamtaka um land allt, — þá hef ég litið svo til að óvíða væri kannske verr farið með land heldur en þar sem það er í opinberri eigu og ekki þó síst þar sem það er í eigu þéttbýlissveitarfélaga.

Ég held að það væri kannske hv. 8. landsk. þm. hollt, áður en hann fer að ræða um þessi mál af vandlætingu, að hann kynnti sér eitthvað hvernig þessi mál horfa við. Ég lít svo til að það sé e. t. v. óvíða sem sjái meira á landi heldur en hér í grennd þéttbýlisins við Faxaflóa. Og þó hefur byggð bændanna verið að grisjast á þessu svæði um áratugi. Það er ekki af þeim rótum runnið að bændurnir hafi ofnýtt þetta land. Það eru einhverjar aðrar orsakir sem til liggja. E. t. v. eru þær orsakir að verulegu leyti þær, að þau þéttbýlissveitarfélög, sem hér liggja og eiga takmarkað land, nýta það land meira en góðu hófi gegnir og búpeningur, sem er í eigu fólks í þessum þéttbýlissveitarfélögum, sinnir auðvitað ekki landamerkjum, þegar ekki er girt, og flæðir yfir stærra landssvæði. Ég hygg að það væri hollt fyrir hv. 8. landsk. þm. að kynna sér hvernig er ástatt með nýtingu landsins hér austur um og austur í Grafning, austur í Ölfus og hann ætti að renna grun í að byggð bændanna hefur verið að þoka á þessu landssvæði. Það er eitthvað annað, sem er að yrja upp landið á þessu svæði. Ég held sem sagt að það sé ekki alltaf víst þó að landssvæði og þar með talin beitilöndin og afréttarlöndin kæmust í eigu annarra en bænda, þ. e. a. s. í eigu opinberra aðila, stærri sveitarfélaga og ríkisins, að þá er síður en svo að það sé trygging fyrir því að betur yrði með það farið. Auk þess er mjög umdeilanlegt hvað ofbeit er mikil á tilteknum landssvæðum. Það mál skal ég ekki fara langt út í, það er allt of langt til þess að ræða hér, en þar hafa auðvitað fleiri öfl að verki staðið að eyða gróðurlendi landsins en búpeningurinn. Það er vitaskuld veðurfarið, það eru náttúruhamfarir og það eru jarðeldar og vatnsföll. Allt þetta

hefur átt sinn mikla þátt í að eyða gróðri landsins og miklu meiri en menn almennt vilja láta í veðri vaka.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson taldi sig ljóstra upp mjög merkilegu leyndarmáli sem tiltekinn fiskifræðingur hafði komist að fyrir 2—3 árum, sem sé að veiðivötnin, þ. e. stöðuvötnin fyrst og fremst, væru með þeim ólíkindum að það þyrfti að veiða í þeim mikið magn fisks til þess að fiskurinn gæti þrifist í vatninu. Þetta hafa auðvitað bændur landsins vitað um frá ómunatíð, að veiðivatn þarf að nytja til þess að þar geti þrifist veiði. Bændur landsins hafa einnig vitað frá ómunatíð, að svo best verður ósigkomulag landsins að það sé nýtt að hæfilegu marki. Þetta er engin ný bóla. Þó að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi öðlast þessa visku í gær eða fyrradag, þá er þetta hreint ekkert nýtt fyrir þeim sem hafa nýtt þetta land frá aldaöðli.

Ég vil gjarnan skjóta hér inn í vegna þess að tilefni gafst til frá hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir nokkrum dögum í umr. um þetta mál, þar sem hann taldi, að till. þessi væri þáttur í þeirri árás sem landbúnaðurinn hefði orðið fyrir um þessar mundir, en þungamiðja þeirrar árásar væri þó þau skrif sem birst hefðu í dagblaðinu Vísi á undanförnum mánuðum um landbúnaðarmál. Ég tel ástæðulaust að draga úr því, að hér sé um árás á landbúnaðinn að ræða. Hins vegar vil ég vekja á því athygli, að sú landbúnaðarstefna, sem fylgt er í dag og fylgt hefur verið á undanförnum árum allmörgum, er að mjög verulegu leyti mótuð af Sjálfstfl. og á rætur sínar að rekja til ákvarðana sem Sjálfstfl. hefur tekið. Þau skrif, sem hv. þm. minntist á, fara í bága við þessa stefnu, þau fara í bága við stefnu Sjálfstfl., því að stefnu hans í landbúnaðarmálum hefur ekki verið breytt. Ég vil gjarnan af þessu tilefni láta þetta koma fram.

Hv. 8. landsk. þm. vitnaði í ræðu mína hér fyrir nokkrum dögum og hagræddi eitthvað orðum, sem honum er auðvitað velkomið. Hann ræður sínum vinnubrögðum. Hann taldi að ég hefði m. a. spurt, af hverju þessi till. væri flutt, og ég hefði talið að það væri áhættusamt að hafa svona till. lengi til meðferðar því að fleiri og fleiri mundu safnast um hana og henni mundi vaxa fylgi. Nú vil ég í fyrsta lagi taka fram, að það er auðvitað enginn mælikvarði á gæði máls þó að því ljái nokkrir menn fylgi. Sjónarmið og aðstæður manna eru það mismunandi að það er ekki algildur mælikvarði á gæði máls eða hvað það er réttlátt. En vegna þess að hv. þm. var að margítreka það, hvað hann taldi sig hafa eftir mér, þá held ég að ég lesi hér 2—3 málsgr. úr lokum ræðu minnar, sem um þetta fjölluðu, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Ýmsir hafa velt því fyrir sér á þessum árum, sem liðin eru frá því að hv. þm. Alþfl. hófu að flytja till. af þessu tagi, hvað fyrir þeim vakir. Sumir halda því fram að þeir séu einungis að dusta rykið af gömlum sósíalistískum stefnuskráratriðum til þess að sanna að þeir séu vinstri flokkur, til þess að koma þeirri hugsun á framfæri að þeir séu róttækur flokkur, kannske róttækari en aðrir flokkar á Íslandi. Aðrir halda, að hér sé einungis um að ræða heldur ómerkilegt áróðursplagg sem þeir séu að veifa framan í þjóðina ár eftir ár af því að þeir telji sér það hagkvæmt fyrir vissan hluta fólks og það gæti e. t. v. orðið til þess að einhverjir glepjist til fylgis við þá af þeim orsökum."

Enn segir í þessari ræðu minni:

„Ég held, að þessi síðari tilgáta sé ekki fjarri lagi, ef litið er á framvindu þessa máls á hv. Alþ. bæði fyrr og nú. Till. þessi hefur ekki hlotið afgreiðslu Alþ. til þessa. Þess hefur ekki orðið vart, svo að ég viti, að hv. flm. till. hafi ýtt þar mikið á eftir. Ég spurði um það hjá skrifstofu Alþ. hvort fulltrúi Alþfl. í þeirri hv. þn., sem þetta mál fékk til meðferðar á síðasta Alþ., hefði skilað áliti. Svo var ekki. Nál. hefur ekki verið skilað af stuðningsmönnum þessarar till. Till. nú var flutt snemma á yfirstandandi Alþ., löngu fyrir jól. 6. mars er fyrst mælt fyrir þessari till. Hefur hún þó lengi staðið í efstu röð á dagskrá Sþ., þess fundar er fjallar um till. til þál. Það er því a. m. k. ekki fast eftir því gengið af flm. till. að ýta henni áfram eða koma henni til afgreiðslu."

Enn segir í þessari ræðu minni:

„Ég vil aðeins ýta á eftir því fyrir flm. að þessi till. hljóti nú afgreiðslu. Ég held að það sé ekkert við það unnið að vera að veifa þessu framan í landslýðinn ár eftir ár, þing eftir þing, án þess að taka það einu sinni til formlegrar og endanlegrar afgreiðslu á Alþ. Þess vegna skora ég á hv. þn., sem fær þetta mál til meðferðar, að skila fljótt og vel áliti um það og taka það til afgreiðslu. Ég hef það traust á hinu háa Alþ. að ég efast ekki um hver sú afgreiðsla verður."

Þannig hljóðaði þessi kafli í ræðu minni frá því 6. mars og hv. 8. landsk. þm. hefði verið í lófa lagið að fá handrit að henni áður en hann fór að vitna í þennan kafla, því að búið var að vélrita ræðuna. En hann kaus heldur að hafa þann háttinn á að snúa þar ýmsu við eða eins og segir í Njálu: „Um sagnir allar hallaði hann mjög til, en ló frá víða."

Umr. frestað.

Skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, þáltill. (þskj. 299). — Ein umr.

Flm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., má með nokkrum sanni segja að sé gamall kunningi ef svo mætti að orði komast. Hún sá fyrst dagsins ljós í des. 1972 er ég fyrst átti sæti á hinu háa Alþ. sem varamaður nokkra daga. Þá gafst aldrei tími vegna anna þingsins til að taka till. til umr. Næst átti ég stutta setu á Alþ. sem varaþm. í mars 1974 og þá komst ég það langt með þetta mál að mér var heimilað að flytja framsöguræðu. Lengri áfanga var ekki náð í það skiptið. En nú vona ég að í þetta sinn takist svo til að þetta mál fái þinglega afgreiðslu. Ég get í þessari framsögu minni að verulegu leyti stuðst við meginmál ræðu þeirrar sem ég flutti á hinu háa Alþ. hinn 2. apríl s. l.

Eins og tekið er fram í grg. þeirri, sem prentuð er á þskj. 299 er hægt að ítreka það, að þegar núgildandi reglugerð um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. var gefin út hinn 27. maí

1960 var stórt spor stigið í þá átt að gera öll mál varðandi gjaldeyris-, innflutnings- og fjárfestingarmál auðveldari í framkvæmd en verið hafði. Þjóðin hafði um áratugi búið við margs konar kerfi hafta og takmarkana í sambandi við þessi mál, sem á margvíslegan hátt hafði beinlínis verið dragbítur á allri athafnasemi, framkvæmdamöguleikum og fjármagnssköpun fyrirtækja og einstaklinga og um leið eðlilegs hagvaxtar þjóðarinnar í heild. Tilkoma fyrrgreindrar reglugerðar var því vissulega stórkostleg úrbót á því vandræðaástandi sem ríkt hafði í þessum málum til þess tíma að hún tók gildi.

Hins vegar verður ekki hjá því komist að benda á að á þeim hálfum öðrum áratug, sem liðinn er frá því að fyrrgreind reglugerð var gefin út, hafa orðið svo örar breytingar í heiminum á sviði viðskipta og þá sérstaklega fjármagnsflutnings almennt, að nú er svo komið, að dómi flm. þessarar till., að mörg ákvæði núgildandi reglugerðar eru orðin algjörlega úrelt og standa í vegi fyrir eðlilegum fjármagnsviðskiptum þjóðarinnar í heild. Það verður að segjast hér, að mér finnst það einhver mesti ljóður í fari viðreisnarstjórnarinnar, eins mörgu góðu og hún kom í kring, hve mikil stöðnun varð í þessum málum á hinum langa valdaferli þeirrar stjórnar. 1. gr. reglugerðar þeirrar, sem þáltill. sú, sem hér er til umr., skírskotar til, hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerð. Sama máli gegnir um gjaldeyrisgreiðslur til útlanda.“

Með þessu ákvæði má segja að sé skýrt mörkuð sú stefna sem ákveðið er að gilda skuli. Gallinn er bara sá að með ýmsum ákvæðum sem um er rætt, sérstaklega í 2. kafla fyrrgreindrar reglugerðar, eru *margvísleg fyrirbæri um eyðublaðanotkun* og skiffinnsku alls konar í sambandi við almennar umsóknir, sérstaklega umsóknir er snerta yfirfærslur eða greiðslur í erlendum gjaldeyri, að í framkvæmdinni verða öll þessi mál seinvirkari, fyrirhafnarmeiri og erfiðari viðfangs en þyrfti að vera. Má kannske með nokkurri sanngirni segja, að þegar reglugerðin var gefin út hafi ákvæði þessi átt rétt á sér til bráðabirgða vegna hins stranga haftatímabils sem hafði gilt hér svo lengi. En að láta þessi ákvæði fá jafnfastan sess og þau hafa öðlast er að dómi flm. hið mesta glapræði og hefur orðið þróun allra peningamála og hagkerfi þjóðarinnar til ómetanlegs tjóns.

Að dómi flm. þessarar þáltill. er helstu agnúar reglugerðarinnar að finna í ákvæðum 2. kafla hennar, 7.—10. gr., og verð ég til stuðnings máli mínu að fá að lesa — með leyfi forseta — nokkur atriði úr þessum greinum. Í 7. gr. standa t. d. þessi ákvæði:

„Þegar um innflutning frílistavöru er að ræða ber innflytjanda, áður en varan er send af stað frá útlöndum, að gera viðskiptabanka grein fyrir væntanlegum innflutningi og semja um greiðslufyrirkomulag vörunnar.“

Í 8. gr. stendur t. d.:

„Þeir sem hyggjast flytja inn vörur með slíkum gjaldfresti skulu fyrir fram leita samþykkis viðskiptabanka.“

Það fer enginn eftir þessu og þetta er í reynd alveg dauður bókstafur. Það út af fyrir sig er nægilegt tilefni til þess að reglugerðin í heild sé endurskoðuð.

Það er skoðun flm. að þegar um innflutning og yfirfærslu fyrir frílistavörur er að ræða, nema um sé að ræða verulega upphæð, gilti sú regla að það þyrfti bókstaflega engar umsóknir eða eyðublaðanotkun, hlutaðeigandi gjaldeyrisbönkum væri fullkomlega frjálst að afgr. slík mál viðstöðulaust og gætu sjálfir séð um að halda nauðsynlegar skrár eða skýrslur um notkun og yfirfærslu gjaldeyris í viðkomandi tilfellum. Það má benda á að við hverja minnstu afgreiðslu þarf eyðublað í þrí- eða fjórriti, t. d. áskrift að tímariti, félagsgjöld, smágjafir o. fl. Allt þarf að færast á eyðublöð.

Þá er ekki úr vegi í þessu sambandi að minnast á póstafgreiðslur, sem geta ekki afgreitt minnstu póstkröfu í erlendum gjaldeyri fyrir hina minnstu upphæð nema innflytjandi fái einhvern stimpil frá gjaldeyrisstofnun, þrátt fyrir það að hlutaðeigandi póstafgreiðslu sé að lokum heimilt að taka við greiðslu. Hljóta allir að sjá hve miklum vandkvæðum þetta er bundið á póstafgreiðslum úti á landi, sem eru víðs fjarri öllum slíkum gjaldeyrisstofnunum, svo að ekki getur þessi tilhögun verið í anda margyfirlýstrar byggðastefnu stjórnmálaflokka.

Þá er fráleitt ákvæði 10. gr., svo hljóðandi:

„Engar vörur má tollafgr. nema framvísað sé innkaupsreikningi með áritun banka um að vörurnar séu greiddar eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri.“

Hvar sem frjáls viðskipti eru ríkjandi eiga slík málefni að vera alger samningsatriði milli seljanda og kaupanda vörunnar um tilhögun á greiðslunni. Það getur oft staðið þannig á að samningar séu á *lausu um þetta atriði milli seljanda og* kaupanda og ekkert við það að athuga. Slíkt frjálsræði á að vera ríkjandi manna á meðal. En slíkt fyrirkomulag á að sjálfsögðu ekki að hindra á nokkurn hátt að lögboðin aðflutningsgjöld, tollar og þess háttar greiðslur, séu skilvíslega innt af hendi.

Í 8. og 9. gr. reglugerðarinnar eru ákvæði um heimild innflytjenda að flytja inn vörur með gjaldfresti. Þessi ákvæði eru að dómi flm. þáltill. allt of ströng. Ég þykist vita að það vaki fyrir hlutaðeigandi yfirvöldum að vilja hafa hönd í bagga með að ekki sé stofnað til óþarflegra lausaskuldbindinga í erlendum gjaldeyri vegna innflutnings varnings eða annarra hluta. Þetta er algjörlega úrelt fyrirkomulag. Í lýðfrjálsu landi, þar sem á að ríkja frjálst hagkerfi, á það algjörlega að vera á valdi einstaklinganna sjálfra að gera hverjar þær skuldbindingar sem þeir kjósa. Þeir eiga sjálfir að vera ábyrgir gerða *sinna í þeim efnum og bera ábyrgð á þeim*, en ekki að lúta boði eða banni einhverra opinberra stjórnvalda og skriffinnskubákna hvað snertir slík viðskipti, enda hefur reynslan sýnt að slík ákvæði sem hér er vikið að hafa á undanförnum árum skaðað þjóðina um stórkostlegar upphæðir. T. d. þegar um miklar fyrirsjáanlegar verðsveiflur er að ræða á helstu neysluvörum, hráefnum og t. d. nauðsynlegustu rekstrarvörum atvinnuveganna, þá er afar áríðandi að ákvæði

sem þessi hindri ekki að hægt sé án tafar að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að gera sem hagkvæmust innkaup. Það er hægt með dæmi að benda á að þegar öllum sem vildu sjá, var ljóst að stórkostleg verðhækkunaralda var að skella á í heiminum á ýmsum nauðsynlegustu rekstrar- og neysluvörum, þá var þeim vanda mætt hér með því að herða á ákvæðunum um að kaupa vörur gegn gjaldfresti, stytta leyfilegan lánstíma. Hvað halda menn að slíkar ráðstafanir hafi kostað þjóðina í auknu innkaupsverði og hvað halda menn að ekki hvað síst slíkar ráðstafanir hafi átt ríkan þátt í hinum mikla og sívaxandi verðbólguvanda sem við erum alltaf að stríða við?

Þá má benda á þá staðreynd að sú takmarkaða heimild, sem veitt er til erlendra vörukaupa, miðast almennt við víxla eða dýrustu vörukaupalán sem um ræðir. Því má ekki heimila góðum og traustum fyrirtækjum og einstaklingum, sem þess eru megnugir, að fá lán í erlendum bönkum eða hjá öðrum aðilum til þess að geta gert sem hagkvæmust innkaup, t. d. með staðgreiðslu í erlendum gjaldeyri, og ná þannig oft afslætti, fyllsta magnafslætti? Slík tilhögun viðskipta þjóða á milli er yfirleitt heimiluð í samskiptum ríkja á vesturlöndum og í hinum frjálsa heimi. Við erum eina landið af svokölluðum lýðræðisríkjum, utan Sovét-Rússlands og annarra sósíalistaríkja, sem virðumst þurfa að hafa eitthvert járntjald eða múr í sambandi við þessi viðskipti. Arangurinn lætur heldur ekki sér standa. Við eigum heimsmet í verðbólgu og gjaldmiðill okkar er nánast sagt einskis virði hvar sem hann er sýndur á erlendum vettvangi.

Það er vert að athuga að það eru mörg fyrirtæki og einstaklingar sem eru í þeirri aðstöðu, sem betur fer, að njóta trausts á erlendum lánamörkuðum og hafa möguleika til fjárútvegunar sem þau hins vegar hafa e. t. v. ekki hér heima. Þess konar viðskipti eru eingöngu rekin á ábyrgð hlutaðeigandi aðila og gildir um slík viðskipti allt annað en t. d. opinberar lántökur, sem raunar eru að dómi flm. þessarar þáltill. þær einu sem aðgæslu þarf við, því að um margar slíkar lántökur gildir að þær verða ekki endurgreiddar nema með margs konar skattaálögum á þegna þjóðfélagsins. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á að sú stefna, sem ræður í okkar þjóðfélagi og hefur ráðið um það að ekki er heimilt að takast á hendur neinar erlendar fjárskuldbindingar nema með leyfi einhverra opinberra aðila, knýr einmitt á um opinbera fyrirgreiðslu í þeim málum, t. d. með ríkisábyrgðum sem sífellt hafa verið að aukast og leiða af sér sívaxandi greiðslubyrði í hinu opinbera kerfi, sem að sjálfsögðu hefur ekki aðra leið en að sækja fjármunina, sem þarf til þess að standa undir slíkum greiðslum, í vasa hins almenna skattgreiðanda.

Með samþykkt þeirrar þáltill., sem hér hefur verið borin fram, og eftir að hún væri komin í framkvæmd væri hægt að draga stórlega úr þeirri áhættu sem núv. tilhögun þessara mála hefur í för með sér. Í þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er minnst á sem áfanga svipað fyrirkomulag og er í gildi á Norðurlöndum, t. d. í Danmörku. Það er ekki farið fram á meira í upphafi. Í Danmörku er frílistavöruinnflutningur algerlega frjáls, ekki háður neinum umsóknum eða eyðublaðavafstri. Ferðamannagjaldeyrir er svo að segja frjáls og laus við allar umsóknir og eyðublöð. Lántökur einstaklinga og fyrirtækja, allt að mjög hárri upphæð á íslenskum mælikvarða, voru 4 millj. kr. danskar í sept. s. l. og voru þá hækkaðar upp í 20 millj. kr. danskar, eru algjörlega frjálsar og mjög greitt um aðrar lántökur, t. d. til fjárfestingar og annarra framkvæmda.

Þá vil ég minnast á eina tegund viðskipta, sem mjög er tíðkuð hjá nágrannaþjóðum okkar, og það eru svokölluð termín — eða lauslega þýtt tímasetningarviðskipti. Öll vitum við að það er alltaf viss ótti í aðilum hér að takast á hendur skuldbindingar um greiðslu í erlendum gjaldeyri. Með termin-viðskiptum er hægt að tryggja sig algjörlega gegn tapi eða öðrum skakkaföllum vegna hugsanlegra gengisbreytinga. Þetta gerist á þann hátt að hlutaðeigandi, sem hefur t. d. tekist á hendur skuldbindingar um greiðslur í erlendum gjaldeyri, getur á termín-kjörum tryggt sér gegn vægu gjaldi kaup á honum nauðsynlegum erlendum gjaldeyri á tilsettum tíma á því gengi sem skrásett er þegar hann tekst skuldbindinguna á hendur. Hvílíkt öryggi og þægindi er slíku kerfi samfara vænti ég að leynist engum er þekkir til þessara mála. Hins vegar sýnir það kannske ljóst hve gersamlega við erum á eftir tímanum í nútímaviðskiptum, að þessi þáttur í sambandi við erlendar skuldbindingar er gjörsamlega óþekkt fyrirbrigði hér á landi. Þess má einnig geta hér að slík tilhögun er líka framkvæmd erlendis í sambandi við sölu erlends gjaldeyris af framleiðanda útflutningsvöru.

Þá eru atriði, sem ég vil minnast á og tel mjög þýðingarmikil í sambandi við öll þessi mál, og það er heimild banka og innlánastofnana hér á landi til þess að taka við erlendu fé til geymslu með þeim hætti, að slíkir reikningar séu algjörlega frjálsir, „convertible“ sem kallað er, að því er snertir aðila sem búsettir eru erlendis. Þessi tilhögun viðgengst í öllum þróuðum löndum víða um heim. Það, sem er náttúrlega langæskilegast, er að allir innlánsreikningar og allt fjármagn yfirleitt sé gjörsamlega frjálst til hvaða ferðar eða notkunar sem er. Það er staðreynd að okkur íslendinga hefur ávallt og þá ekki síst á hinum síðustu tímum hrjáð mjög bagalega vöntun á fjármagni. Við höfum ekki verið þess megnugir og kannske ekki hægt með sanngirni að ætlast til þess að jafnfámenn þjóð og við erum, geti komið því við að skapa jöfnum höndum það fjármagn sem við þurfum bæði til neyslu, almenns rekstrar og þeirra mörgu og mikilvægu fjárfestingarframkvæmda sem ávallt eru og verða á döfinni hjá okkur. Það hefur alltaf verið svo að við höfum í sívaxandi mæli þurft að leita fyrir okkur á erlendum lánamörkuðum í sambandi við nauðsynlegar fyrirgreiðslur í þessu efni. Enda tala verkin í þeim málum þar sem skuldir okkar erlendis nema nú milljarðatugum, og þá er öllum ljóst hve stórkostleg upphæð það er sem á hverjum tíma fer af andvirði þjóðarframleiðslunnar í að greiða afborganir og vexti af slíkum skuldum. Hvað halda menn að íslenska þjóðin sé á

undanförnum árum búin að greiða mörg hundruð millj. í beina þóknun til erlendra fjármagnsmiðlara í sambandi við lánsfjárútveganir fram yfir eðlilega vexti á hverjum tíma?

Með þessar staðreyndir fyrir sjónum er það þá ekki þess virði að gerð sé a. m. k. smátilraun með að koma á svipaðri tilhögun á þessum málum hjá okkur og gerist hjá þeim þjóðum, sem næst okkur standa og við höfum nánust samskipti við, eins og t. d. Norðurlandaþjóðunum?

Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir hv. Alþ., er gert ráð fyrir því að við væntanlega breytingu á reglugerð um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála verði þó ekki gengið lengra til að byrja með en að þessum málum verði hagað hér með svipuðum hætti og t. d. hjá dönum. Þar hafa bankastofnanir fullt umboð og leyfi til þess að taka við fé til geymslu fyrir erlenda aðila og eru ósparar á að auglýsa þá þjónustu í hinum stærstu heimsfjölmiðlum. Og hjá þjóð sem stöðugt vantar fjármagn, hvað getur eiginlega verið því til fyrirstöðu að heimila slíka starfsemi? Að dómi flm. er fyrirsjáanlegt að með slíkri ráðstöfun mundum við á ódýrastan og hagkvæmastan hátt geta bætt úr fjármagnsskorti okkar, og ef vel tækist til, sem ég hef óbifandi trú á, þá yrði þróunin sú að okkur yrði falið að geyma miklu meira fé en við þurfum á að halda vegna okkar framkvæmda. Það er enginn vandi að miðla því fjármagni á annan hátt og af slíkri starfsemi gætu orðið ríflegar tekjur í þjóðarbúið og miklu meiri en ég hygg að menn geri sér í hugarlund nú. Það er hægt að benda á smáþjóðir sem gáfu þessa starfsemi algjörlega frjálsa fyrir fáum árum og fengu á mjög skömmum tíma innlánsfé til geymslu sem nam mörgum milljörðum dollara. Er virkilega þess virði að tilraun, sem felst í því að skapa möguleika á slíkri fjármagnsmiðlun hér á landi, sé gerð. Úti í hinum stóra heimi er fjármagn, sem skiptir tugum ef ekki hundruðum milljarða kr., sem er gersamlega vegalaust. Það er þar leitandi trausts hælis og umfram allt frjálsrar vegferðar. Ef við værum reiðubúnir til *þess að veita slíku fjármagni hæli, starfsaðstöðu,* dvalarstað og verða við kröfum þess um algjörlega frjálsa vegferð, þá mundu skapast möguleikar fyrir okkur til þess að fá ótakmarkað fjármagn til hverra þeirra framkvæmda eða athafna sem við getum óskað gegn ótrúlega vægu gjaldi eða jafnvel án nokkurs gjalds.

Þetta eru staðreyndir sem vert er að hafa í huga, ekki síst nú á þessum síðustu og verstu tímum, því að aðalhöfuðverkur stjórnvalda er að reyna með einhverjum hætti að ráða fram úr efnahagserfiðleikum okkar sem að meira og minna leyti eru hrein sjálfskaparvíti. En um úrlausn slíkra mála virðist það viðtekin regla í okkar þjóðfélagi, hefð sem ómögulegt virðist að rjúfa, hvaða stjórn sem fer með völdin. Það eru alltaf notuð hin gömlu úreltu Bogesens milliskriftarúrræði, — lausn sem um leið og hún kemur til framkvæmda skapar ný vandamál sem eftir tiltölulega stuttan tíma krefjast úrlausna. Svona hafa hlutirnir gerst um áratugi og það er fyllilega kominn tími til að taka öll þessi efnahagsmál okkar til nýrrar athugunar og reyna nýjar leiðir til úrlausnar aðsteðjandi vanda.

Ef við lítum á ástandið hér, þá er eins og við þjáumst af einhverri ólæknandi minnimáttarkennd í sambandi við meðferð fjármagns. Hér er ekki einu sinni hægt að skila erlendum gjaldeyri nema sækja um það á sérstöku eyðublaði: eitt eyðublað enn — og útfylla dálka með upplýsingum og skýringum. Slík tilhögun er ekki beinlínis hvetjandi eða uppörvandi til skjótra og stórra aðgerða eða almennrar fjármagnssköpunar.

Við íslendingar höfum lengst af búið við mismunandi strangar reglur og höft um tilkomu og meðferð fjármagns og þá alveg sérstaklega að því er lýtur að erlendum viðskiptum. Íslenskur gjaldmiðill hefur þess vegna aldrei notið þess trausts sem nauðsynlegt er að opinber gjaldmiðill sjálfstæðrar þjóðar hafi. Alltaf hefur verið fyrir hendi tilhneiging hjá landsfólkinu og öðrum til þess að vantreysta hinum opinbera gjaldmiðli þjóðarinnar, peningaseðlunum. Þetta er ekki sagt út í bláinn, þetta er staðreynd, sem meira að segja er viðurkennd af þeim sem fara með æðstu stjórn peningamála í landinu.

Verðtryggðu skuldabréfin eða vísitöluskuldabréfin, sem aðeins opinberum stjórnvöldum er heimilt að gefa út og selja, hvað eru þau annað en viðurkenning á því að seðlarnir, sem Seðlabanki landsins er látinn gefa út og prenta og eru ávísanir til landsmanna á svo og svo margar krónur, séu ofskráðir, þeir standa ekki fyrir sínu verðgildi? Hvað segja auglýsingarnar sem klingja í eyrum manna daglega úr öllum fjölmiðlum? Hygginn maður o. s. frv. ávaxtar fé sitt í verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs og aðrar upplýsingar í þeim dúr. Og enn er haldið áfram á þessari braut. Ég hélt nú satt að segja í einfeldni minni að menn hefðu hrokkið ónotalega við við samþykkt síðustu fjárl., þegar í ljós kom að það mundi kosta ríkissjóð um 700 millj. kr. að innleysa 53 millj. kr. spariskírteinalán frá 1964. Ég legg ríka áherslu á þá staðreynd, að mér vitanlega þekkjast þessar vísitölubundnu fjárskuldbindingar hvergi í vestrænum löndum utan Íslands. Við erum algert viðundur á þessu sviði og það er verið að skapa hér stórhættulegan vítahring sem okkur er lífsnauðsyn á að rjúfa hið allra fyrsta ef allt fjármálakerfi þjóðarinnar á ekki hreint og beint að hrynja til grunna.

Nú háttar svo til hjá okkur að við höfum háþróað bankakerfi, höfum prýðilega menntuðum og hæfum starfskröftum á að skipa til þess að reka hverja þá banka- og fjármálastarfsemi sem frjálst nútímaþjóðfélag þarfnast. Við eigum atorkusama og dugmikla stétt kaupsýslumanna meðal félaga og einstaklinga. Það er því ekkert annað en einhver rótgróin minnimáttarkennd, úrelt oftrú á yfirburði eyðublaða- og skriffinnskukerfisins, sem að dómi flm. þessarar þáltill. hefur staðið í vegi fyrir því að við höfum fyrir löngu breytt til og fært fjármála- og viðskiptakerfi okkar í það horf að við stæðum fyllilega jafnfætis öðrum frjálsum þjóðum, sköpuðum hér frjálst og óþvingað hagkerfi. Á þann hátt einan höfum við möguleika til þess að hefja gjaldmiðil þjóðarinnar til þess vegs að hann njóti á hverjum tíma fyllsta trausts, bæði hjá þjóðinni sjálfri og hjá öðrum, eins og hæfir sjálfstæðu, frjálsu og fullvalda ríki.

Það er ekki þýðingarminnsti þátturinn í sjálf-

stæðisbaráttu einnar þjóðar að gjaldmiðill hennar sé traustur bæði inn og út á við, að hann standi fyrir sínu hvar sem er, hvenær sem er, hafta- og hömlulaust.

Ef þáltill. sú, sem hér er til umr., fengist samþ. og yrði framkvæmd er að dómi flm. verið að stiga mikilvægt spor í rétta átt. Eins mikil og náin samskipti og við höfum t. d. við hin Norðurlöndin ætti það að vera okkur nokkur hvatning til að gera a. m. k. tilraun til þess að skipa innflutnings- og gjaldeyrismálum þjóðarinnar á svipaðan hátt og gerist hjá þeim, eftir því sem staðhættir frekast leyfa. Flm. er ekki í neinum vafa um það, að þegar reynsla hefur fengist af þeirri breyt. sem lagt er til að gerð verði með þessari þáltill., þá muni þess ekki langt að bíða að komið verði á fullkomnu frjálsu hagkerfi á Íslandi, þjóðinni allri til ómetanlegra heilla og velfarnaðar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessari umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. allshn. Alþ. til meðferðar.

Umr. frestað.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 71). — Frh. einnar umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Mig langar til að segja um þessa till. nokkur almenn orð. Ég mun ekki blanda mér í þær umr. sem hér hafa farið fram um till. þessa. Af óviðráðanlegum ástæðum heyrði ég ekki fyrri hl. umr., en ég heyri á ýmsu nú að þær umr. hafa verið skemmtilegar og mjög fróðlegar og er mér í því eftirsjá, þótt auðvitað eigi maður eftir að geta lesið alla þá speki á prenti síðar. En þegar till. sem þessi er rædd, þá hljóta að vakna ýmsar spurningar, ekki aðeins um framkvæmd alla, heldur einnig á hvaða braut er í raun stefnt og hvar skulu sett skynsamleg mörk.

Í allri umr. um þessi mál hafa nær eingöngu togast á tvö sjónarmið og á ég þar ekki við umr. hér á Alþ. beinlínis, heldur úti í þjóðfélaginu almennt. Af þessum tveim meginsjónarmiðum hafa reyndar umr. um þessi mál hér á Alþ. borið sterkan keim. Annars vegar er frelsistal ýmissa þéttbýlisbúa, frelsi til þess að njóta landsins sameiginlega eins og það er oft orðað, en getur orðið býsna teygjanlegt og náð nokkuð víða þegar betur er að gáð. Ég sé meira að segja anga af þessum öfgum í grg. þessarar till., þar sem verið er að víkja sérstaklega að banni við rjúpnadrápi sem ýmsir landeigendur hafa sett. E. t. v. er hér um að ræða gott sýnishorn af því sem sumir þéttbýlisbúar meina með frelsishjalinu, enda oft kryddað slíkri óvild í garð bænda og búaliðs að furðu sætir.

Ekki ætla ég flm. þessarar till. neinar slíkar slæmar kenndir í garð bænda og eflaust er þetta dæmi sett inn af misgáningi eða að lítt hugsuðu máli. Rjúpan mun reyndar áður hafa verið frægur fugl hér í sölum Alþ. svo að ekki er úr vegi að víkja að henni sérstaklega. Ég vona satt að segja að frelsi til rjúpnadráps hvar sem er, af hverjum sem er, sé ekki einn aðaltilgangur flm. með flutningi þessarar till. Á hausti hverju ærist nefnilega hver drápsglaður þéttbýlisbúi, og slík plága er nú að rjúpnadrápi þeirra og skotgleði að fyllilega hefur verið ástæða til að stemma stigu við og ætti þó hiklaust lengra að ganga. Bændur hafa blátt áfram orðið með einhverjum hætti að verjast þessum drápslýð sem í mörgum tilfellum kann ekki með byssu að fara og reiðir hvorki ratvísi né þekkingu á staðháttum og dýrategundum í þverpokum. Ónæði og beint tjón bænda af þessu æði eru slík, að nærri liggur að þeir séu að verja eigið líf með banni sínu og dugir þó illa til. En nóg um það.

Hins vegar á rjúpnadrápið án allra takmarkana mjög skylt við hugsunarhátt og skoðanir allt of mikils hluta þéttbýlisbúa þegar um er að ræða svokölluð sameiginleg not af landinu. Ekki er ég að mæla gegn ferðafrelsi fólks um náttúruna og álít að það eigi að vera sem mest og þá á ég við íslendinga. En þá vil ég einnig leggja áherslu á að sem best verði með það frelsi farið og af leiði ekki beint tjón og ónæði ýmiss konar fyrir þá sem þurfa að stunda atvinnuveg sinn með einhverjum hætti. Viðbrögð margra bænda hafa verið harkaleg og ekki mæli ég þeim öllum skilyrðislaust bót, síður en svo, enda þá oft komið að hinu andstæða sjónarmiði, þröngu sérhagsmunasjónarmiði landeigandans og jafnvel allt til beinnar meinsemi. En umgengni ferðafólks og ýmist háttarlag hefur oft verið með þeim hætti að full ástæða hefur verið til að setja við nokkrar skorður. Sem landeigandi gæti ég hér sagt af því heldur ófagrar sögur sem lýsa svo dæmalausri frekju og tillitsleysi að þær yrðu taldar ýkjusögur. Þær eru þó sem betur fer að minni reynslu miklu færri og góð umgengni og kurteisi vitanlega alls ráðandi í flestum tilfellum. Varðandi þessi frjálsu almenningsnot þarf því að fara að með fyllstu gát, ekki síst þegar augu manna hafa opnast æ betur fyrir nauðsyn umhverfisverndar og varðveislu merkra náttúruminja. Þar gildir einu hver væri hinn raunverulegi eigandi landsins, að því þyfti alltaf framar öðru að hyggja.

Þrátt fyrir öll fögur orð um nauðsyn þess að allir megi njóta sem best þeirra dásemda sem íslensk náttúra hefur að bjóða má þar aldrei fara út í neinar frelsisöfgar sem til ills eins leiddu. Því miður liggur þetta þó að baki skoðunum allt of margra þegar þetta mál ber á góma og margar furðukenningar hafa þar um heyrst. Að því ætti þá um leið að hyggja að fara varlega í það að gera Ísland að miklu ferðamannalandi, að ferðamannalandi í enn ríkari mæli en nú er, jafnvel eins og stundum hefur verið imprað á að gera það að einni aðaltekjulind þjóðarbúsins að taka við erlendum ferðamönnum, þjóna undir erlenda ferðamenn, eins og það heitir svo fallega. Þar verður einnig að fara að með mikilli gát svo að ekki þrengist um okkur sjálfa, ekki bara landeigendur, heldur ekki síður innlenda ferðamenn.

Eg sem sagt vara almennt við þessum hugsunarhætti, þessari frelsiskenningu almennt, sem á því virðist byggð sem fjarlægast er almennum umgengnisháttum, þeim sömu háttum sem í þéttbýli þykja sjálfsagðir. Ég nefni einfalt dæmi: Ég hygg að þeim hér í Arnarnesinu t. d. mundi ekki líða of vel að hafa byssumenn rápandi um

lóðir sínar skjótandi það kvikt sem þeir kæmu auga á. Ekki er ég að segja að flm. þessarar till. hafi slíkar frelsisöfgar í huga, að ég veit að ýmsir þeirra, sem um þessi mál hafa fjallað, eru sannarlega á þessari braut. Hins vegar er svo sjónarmið landeiganda sem getur orðið mjög þröngsýnt og er reyndar venjulega gert að algildu sjónarmiði íslenskrar bændastéttar. Nú skal það aftur fram tekið að sjálfur er ég landeigandi, en ég geri mikinn mismun á þeim rétti og réttindum sem ég hef nú lögum samkvæmt. Þar set ég vissulega æðstan þann rétt til fullra nytja míns lands hvað snertir þann atvinnuveg sem ég þar stunda, þ. e. landbúnaðinn, og milli hans og annarra réttinda og hlunninda vil ég draga nokkur mörk. Nú vill svo til að ég get þar nokkuð djarft úr flokki talað sjálfur. Í fyrsta lagi er jörð mín hið næsta kauptúninu og ég álít hiklaust að engar ástæður, t. d. þarfir kauptúnsins, ættu að valda því að ég fengi óeðlilega fjárhæð fyrir hluta hennar eða hana alla af þeim sökum. Þetta er í samræmi við þá skoðun mína að brýn almenningsnot eigi að hafa forgang án þess að sá, sem aðstöðuna á, hagnist óeðlilega á þeirri börf. En hins ber þá einnig að gæta, að í þéttbýlinu hefur þetta sama sjónarmið svo sannarlega oftar en hitt verið fyrir borð borið og er lóða- og húsabrask Reykjavíkursvæðisins þar gleggst dæmi um. Hér þarf því hiklaust að vera samræmi í hlutunum. En bændur almennt eiga ekki að ýta undir það á neinn hátt að einstakir aðilar innan þeirrar stéttar hagnist óeðlilega, hvorki vegna almenningsþarfa og enn síður þó vegna hlunninda sem gera einstakar jarðir ævintýralega háar í verði. Fyrir raunverulegan landbúnað er þessi stefna röng og það því fremur sem svo margir hafa þurft og þurfa enn að yfirgefa jarðir sínar án þess að fá nokkuð í staðinn, hafandi fórnað þar lífsstarfi sínu og sinna um áratugaskeið. M. a. af þeim sökum ættu bændur í fullum rólegheitum að íhuga vel spurninguna um ríkiseign jarða almennt, þar sem einhver trygging kæmi þá þeim til handa sem helst þyrftu hennar með. Einmitt af þessari ástæðu, horfandi upp á þá mörgu bændur sem bótalaust hafa horfið frá jörðum sínum, hef ég ætíð hneigst mjög að þeirri stefnu almennt ef hún væri réttlátlega og skynsamlega útfærð, en þá þyrfti þjóðfélagsgerðin í heild að vera önnur, það viðurkenni ég og það er önnur saga.

En ég held áfram með hin ýmsu réttindi sem jörðum fylgja, réttindi sem vikið er að í þessari till., réttindi sem þjóðfélagið í heild er sagt þurfa og þarf á að halda, og þar vil ég setja nokkuð skýr mörk. Þar á landeigandinn ekki að geta sett fram óeðlilegar kröfur eða hindranir, svo framarlega sem ekki er um að ræða þann réttindamissi sem rýrir möguleika hans til atvinnurekstrar síns, landbúnaðarins.

Svo að ég tali enn hreint út frá sjálfum mér — mér finnst það einhvern veginn einlægast — þá er allt vatn til Reyðarfjarðarkauptúns tekið úr minni landareign og okkar feðga og þau réttindi höfuð við aldrei selt. Ég efa reyndar að til þess sé nægilega skýr lagaákvæði þó að vera megi að svo sé. Ég teldi að ef við gerðum það, þá væri það óeðlilegt, ég væri að hagnast óeðlilega á því að selja þessi vatnsréttindi mínu sveitarfélagi, og ég mundi aldrei gera það. Við leigjum einnig töluvert mikið land og við tökum fyrir það allháa leigu, enda er þar um að ræða land sem er auðræktanlegt og mjög gott til beitar einnig. Mér finnst það því allsanngjarnt, þó að einnig þar megi um deila. En allir aðilar, sem þarna leigja land, hafa af því hag að vera með land fjarri kauptúninu sjálfu og kusu það heldur. Í þriðja lagi er svo mikið sandnám eða hið næstmesta í Múlasýslu, sem Reyðafjarðarhreppur á í félagi við okkur landeigendur. Þar er einmitt komið nærri þeim námaréttindum sem ég er alfarið inn á að eigi að vera í höndum ríkisins, sem þá jafnframt sjái til þess að bæta bændum hugsanlegt tjón varðandi landbúnað þeirra af þeim sökum. Ég vil sem sagt skilja skýrt á milli þeirra atriða sem beint snerta landbúnaðinn og námuréttindi ýmis konar sem ég álít að eigi að vera í almenningseign. Þannig er t. d. um háhitasvæðin o. m. fl. því um líkt. Það hlýtur að teljast í hæsta máta óeðlilegt að á slíkum dýrmætum þáttum þjóðhags okkar geti einstaklingar grætt of fjár. Ég segi fyrir mig sem landeigandi, ekki kæri ég mig um slíkt. Kann að vera að aðrir taki því fegins hendi. En ég endurtek, þá þarf einnig margt býsna hliðstætt að taka í gegn í þéttbýlinu varðandi óeðlilega gróðamyndun þar sem stendur almenningi og þjóðarbúi fyrir þrifum beinlínis.

Ég hef aldrei veitt neitt á ævinni og ég held ég sleppi þeim þætti, og vitanlega hristir hv. þm. Stefán Jónsson höfuðið yfir þessum aumingjaskap, en ég tel veiðiréttindi til hlunninda sem beinlínis snerta landbúnaðinn, það hlýtur að vera rökrétt og eðlilegt. En þar á sér vissulega stað óheillaþróun sem stöðva ber og bændur ættu í raun að taka í þátt af fullri alvöru. Annars vegar er jarðabrask efnamanna úr þéttbýlinu kring um veiðiárnar sem er óhugnanlega hættulegt íslenskum landbúnaði og ömurlegt hve margur hefur þar látið vélast vegna kostaboðs þess rumpulýðs sem í jarðirnar hefur sótt til þess eins að græða á þeim. Þar tek ég sterklega undir grg., þó að ég vari enn frekar við ásókn útlendra aðila í veiðiár okkar og heldur leiðinlega stefnu margra bænda í þeim efnum vægast sagt.

Jarðabrask auðmanna verður að stöðva. Jarðalagafrv. í fyrra var stórt spor í þá átt þótt lengra hefði mátt ganga. Því miður sáu sumir flm. þessarar till. ekki ástæðu til að styðja framgang þess frv. og reyna að koma þar við nauðsynlegum umbótum til frekari hindrunar þessum ófögnuði. Mig minnir það nefnilega áreiðanlega rétt að fulltrúar Alþfl. í Ed. hafi staðið gegn þessum lögum og gefið út sameiginlegt nál. með sjálfstæðismönnum þar að lútandi. Verð ég að segja að ekki fylgir alltaf fullur hugur máli í þessum efnum. Full ástæða er til að vinna hér að ötullega og skeyta í því efni engu um margþvælt frelsishjal sem áreiðanlega mun heyrast nú og í framtíðinni eins og á þinginu í fyrra þegar þeir sjálfstæðismenn börðust sem hatrammast gegn nýjum jarðalögum og fengu, svo furðulegt sem það var, einmitt stuðning Alþfl. við það. Ég var alls ekki ánægður með þetta frv., en taldi það mikilvægt spor í rétta átt, og eftir breyt.

í Ed. var m. a. spornað við ýmsu því óæskilegasta í jarðabraskinu, m. a. því að spenna söluverð jarða í nágrenni þéttbýlisstaða upp úr öllu valdi. Allar breyt., sem gerðar kunna að verða í þessa átt, verða að vera gerðar í eins góðu samkomulagi við bændastéttina í landinu og hægt er. En hún verður þá einnig að þekkja sinn vitjunartíma og viðurkenna þær hættur sem að landbúnaðinum steðja verðandi ýmis framantöld atriði og einnig að viðurkenna rétt alþjóðar til þeirra réttinda sem verður að telja óháð landbúnaðinum sjálfum, en eru nauðsynleg þjóðarheildinni sem slíkri. Rétt bænda til jarða sinna og allra gagna þeirra og gæða í því þjóðfélagi, sem við lifum í, til allra þeirra gagna og gæða sem atvinnu þeirra snerta, tel ég rangt að skerða með lagaboði nú. Þar vitna ég einfaldlega til þeirrar þjóðfélagsgerðar, til þess hagkerfis sem við búum við. En ég viðurkenni að sú framtíðarskipun kann að vera nauðsyn að land allt kunni að verða ríkiseign með fullu samkomulagi við bændur landsins. Ég er hræddur um og ég gagnrýni bændur óneitanlega nokkuð fyrir óeðlilega þröngsýni og fastheldni á sumt af rétti sínum, hversu fráleitur sem hann kann að vera sem einkaréttur. Sem sveitamaður alla tíð þykist ég geta nokkuð hlutlaust hér um talað. Ég tel t. d. mjög fráleitt að engin takmörk séu fyrir eignarrétti bænda sett, t. d. upp í óbyggðir, upp undir jökla, eins og nú er víða fram haldið. Hér er allt of langt gengið og bændum einum í óhag að halda sig fast við svona fráleita hluti sem aðeins eru til þess fallnir að vekja andúð á öðrum sjónarmiðum þeirra sem eru eðlileg og sanngjörn og ég styð.

En aðalatriði þessa máls eru þó þau að ekki sé verið að vega að eignarrétti einnar stéttar og það okkar ágætu bændastéttar á meðan ekki er um leið vegið að eignarrétti ýmissa annarra stétta sem enn síður eiga rétt sinna eigna en þó bændur, hvað sem menn um telja. Slíka heildarlöggjöf um eignarrétt þurfum við eflaust og m. a. um þær eignir sem menn hafa náð til sín með óeðlilegum hætti, t. d. verðbólgugróðanum og hvers kyns braski í skjóli hans. Það er fjarstæða að gera ekki ærlega úttekt á þessum aðilum og svipta þá sínum illa fengnu eignum ef gera ætti eignaupptöku hjá bændum. Hitt þarf svo aftur að athuga rækilega, hvaða atriði og þættir óskyldir landbúnaði eiga að verða almenningseign, og þá hugmynd get ég fúslega stutt.

Það er mín skoðun að allur óeðlilegur gróði þurfi að hverfa úr þjóðfélaginu, allur óeðlilegur gróði sem safnast á einstakar hendur. Þann gróða er ekki að finna hjá meginþorra bænda, en hann á ekki heldur að koma í hendur þeim sem við þá sérstöðu búa að í landi þeirra er að finna verðmæti sem ættu að vera þjóðareign.

Ég ítreka aðeins það, að hér þarf að fara með fullri gát og alveg sérstaklega án allrar skerðingar á búskaparmöguleikum bænda yfirleitt. Hins vegar þarf gróðamyndunin í þjóðfélaginu rannsóknar við í heild og inn í þá mynd koma bændur að sjálfsögðu eins og aðrar stéttir. Það væri kannske brýnasta verkefni okkar í dag, þegar þeir kvarta oft hæst sem mesta möguleika hafa á því að safna illa fengnum auði, en í þeim hópi eru bændur það fáséðir að á öðrum ber þá hiklaust að byrja.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Helgi F. Seljan hefur að vísu tekið af mér ómakið að mestu leyti. Hann hefur sagt hér vel flest það sem ég vildi sagt hafa um þáltill. þá sem hér liggur fyrir. Að vísu get ég ekki tekið undir fordæmingu á rjúpnaveiði. Ég hafði það um tíma á tilfinningunni að hann mundi mæla fyrir þáltill. um það að rjúpur skyldu étnar á fæti. Ég held að frelsið til þess að fara á fæti, ganga um þetta land með byssu eða veiðistöng og fara með hvort tveggja að settum reglum og í sátt við bændur, að það sé harla mikils virði einmitt fyrir dreifbýlisbúann og að það sé allmikið í húfi fyrir bændur, landeigendur, að gera sér grein fyrir þörf bæjarbúans til að njóta þessa frelsis og gera sér grein fyrir því að þetta frelsi, frelsi kaupstaðarbúans til þess að fara um, annaðhvort með byssu eða veiðistöng eða jafnvel bara til að tína ber og sveppi, þetta frelsi þarf að verða sem jöfnust eign landsmanna án tillits til getu þeirra til að greiða fyrir. Ég er vissulega þeirrar skoðunar að fráleitt væri nú, eins og háttað er stjórnsýslu í þessu landi, að skerða eignarhald eða yfirráðarétt bóndans, sem á árbakkanum býr, yfir veiðinni í ánni. Ég tel það fráleitt m. a. vegna þess að öðrum er ekki betur trúandi til að gæta þessara hlunninda heldur en manninum sem býr við veiðivatnið eða ána, ekki bara að sumri, heldur á vetri líka. En ég held að það væri hollt fyrir veiðiréttareigendurna, fyrir bændurna, að gera sér grein fyrir því að nú er málum svo komið að þeir eru orðnir býsna margir og til samans býsna valdamiklir í íslenskum stjórnmálum sem ekki eiga neina aðild að þessum hlunnindum, en þurfa eigi að síður vegna heilsu sinnar og sálarheillar að fá aðgang að þeim, og æskilegt geti verið að bændur einmitt eigi frumkvæðið að því að endurskoða ýmis ákvæði varðandi meðferð þessa eignarréttar og að bændur eigi frumkvæðið að því að tryggja jarðnæðisleysingjum úr bæjunum rétt til veiðiskapar í lax- og silungsánum og vötnunum með þeim hætti að þeir þurfi ekki að keppa við forríka útlendinga um þessi gæði.

Það er vissulega kominn tími til að binda endi á brask með bújarðir. Til þess eru mörg ráð tiltæk önnur en þau sem felast í þessari þáltill. Ég vil vekja athygli á því með hvaða hætti þáltill. þessi kviknar, en sögnin að kvikna var notuð um tilorðningu vissra tegunda í skordýralífi landsins framundir síðustu aldamót. Í grg. er vitnað í upphaf sem rakið var til Braga Sigurjónssonar, fyrrv. hv. þm., sem hann flutti hér á sínum tíma í beinum tengslum við Laxármálið svonefnda fyrir norðan, eins konar hefndarráðstöfun á þingi fyrir það sem á hallaðist í héraði á sínum tíma. Síðan hefur þessi þáltill. verið endurflutt með talsverðum breytingum frá þingi til þings þangað til nú að breyt. er orðin slík að það má ætla að Alþfl. þykist nú ugglaus um að Bragi Sigurjónsson mun ekki koma aftur í þessa sali.

Ég tek undir það sem hv. þm. Helgi F. Seljan sagði áðan um þau þjóðfélagslegu skilyrði sem til þess þyrftu að ég féllist á það að íslenskar bújarðir, jarðir bænda væru gerðar með lögboði að ríkiseign. Ég minnist þess að samið hafði verið árið 1939 af einum af fremstu leið-

togum íslenskra bænda með atfylgi annarra bændaforingja frv. um það að allt land íslenskt, þ. á m. byggingarlóðir í bæjum, skyldi vera ríkiseign, en réttur bænda síðan tryggður með erfðafestu þannig að þeir misstu einskis í við þá lagasetningu um rétt til búsetu, rétt til jarðarnytja, aðeins þetta, að þeir væru sviptir réttinum til þess að selja landið. Þetta var hugsað af hálfu bændaleiðtoganna þá sem ráðstöfun til þess að binda endi á jarðabrask og þó fyrst og fremst e. t. v. til þess að ná aftur í hendur bændum ýmsum þeim hlunnindum sem af þeim höfðu verið tekin með offorsi þeirra sem peningana höfðu. Þetta frv. var að vísu aldrei lagt fram. Það kom stríð og það var augljós andstaða öflugra manna í sterkum stjórnmálaflokki, — öflugra manna sem einmitt höfðu náð hlunnindajörðum af bændum og vildu ógjarnan láta þau hlunnindi til baka.

Ég ítreka það að eins og nú er ástatt á Íslandi, þá treysti ég mér ekki til þess að greiða atkv. með þáltill. þar sem ráðgert er að snúa sér fyrst að bændum um skerðingu á eignarrétti. Ég tek undir það sem hv. þm. Helgi F. Seljan sagði áðan, að ég þekki stéttir sem ég vildi þá gjarnar byrja á. Um það er lýkur kann vel svo að fara að þjóðarheill krefjist þess að allt land, allt íslenskt land verði með lögum gert að þjóðareign, að ríkiseign. Það er ætlan mín að í sama mund muni það þykja hin mesta nauðsyn að með fylgi fasteignir í borgum og bæjum og fyrirtæki ýmis önnur, sem ég hafði ætlað að jafnvel Alþfl. eftir 12 ára blíða þjónkun við þá sem helst hafa auðinum safnað á þessu landi og verði þess helst um komnir að kaupa upp bújarðir og leggja sveitir í eyði — jafnvel Alþfl. ætti nú að fallast á að fyrirtæki þau og fasteignir væru þess eðlis að það hefði þjóðhagslega meiri þýðingu að beina þangað geiri sínum um eignaupptöku heldur en að bújörðum bænda, því að þrátt fyrir allítarlega ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar áðan, þar sem hann kappkostaði að leggja áherslu á önnur atriði heldur en þau sem að eignaupptökunni lúta, þá er það inntak þessarar þáltill.

Við kunnum að lenda í nokkrum vanda þegar við röðum upp viðfangsefnum á þá skrá sem við gerum okkur um störf að þjóðnýtingu á Íslandi eða sósíalíseringu. Það er alveg rétt að eignarhald á landi er eitt af þeim grundvallaratriðum sem við hljótum að taka tillit til, en ekki þá síst í því hvernig við röðum upp viðfangsefnunum. Í bændastétt eigum við enn þá, guði sé lof, — þrátt fyrir það að að stétt þessari hafi þrengt á liðnum árum, — fyrir margra hluta sakir helst mannspartanna að leita í pólitík og í félagsmálum. Aftur á móti hefur efnahagsleg staða íslenska bóndans orðið með þeim hætti í undarlegu og ekki að öllu leyti heppilegu verðmætakapphlaupi sem háð hefur verið á síðari áratugum, að hvorki er að þeim vegandi, bændum, á sviði kaupgjaldsmála, efnahagsmála né að félagslegri stöðu þeirra án þess að eiga það á hættu að valda þeim stórtjóni.

Af þáltill., sem hér liggur fyrir, er lykt þótt hún hafi verið sápuþvegin nokkuð á þeim þingum sem liðið hafa frá því að hún sá dagsins ljós í ófrýnilegri mynd. Þrátt fyrir þennan þvott er af henni fyrst og fremst lykt þess stjórnmálaflokks sem vegið hefur að hagsmunum bænda, sem þjónað hefur undir íhaldið, standandi úr þessum ræðustóli, sitjandi úr þingsæti sínu, flötum beinum, út af liggjandi og á grúfu. Ég mun kjósa mér aðra fylgisveina er ég fjalla um eða greiði atkv. með þingmáli sem fjallar um eignarhald bænda á landi sínu.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Þetta mál er það stórt mál að maður ætti að koma verulega vel undirbúinn. Ég verð að játa að ég er það ekki. En við umr. fyrr í dag fannst mér koma svo margt skrýtið og jafnframt skemmtilegt fram að ég fæ ekki orða bundist. En ég skal lofa því að vera ekki langorð, enda hef ég ekki neitt stórt né afgerandi til þessa máls að leggja eins og það stendur í dag.

Það var óvenjuleg og skemmtileg reynsla að heyra tvo gallharða sósíalista stíga hér í stólinn á hv. Alþ. og verja af miklum krafti eignarrétt einstaklingsins, enda þótt þeir létu í það skína báðir tveir, — hv. 7. landsk., að vísu bæði bóndi og landeigandi og líklega brot af kapítalista um leið, og hinn lagsbróðir hans, hv. 5. þm. Norðurl. e., lýstu því yfir að afstaða þeirra kynni að breytast í fyllingu tímans þegar að tími væri til kominn að sósíalísera Ísland og þjóðnýta landeignir og aðrar eignir landsmanna. Þetta var nú allt gott og blessað og skemmtilegt að heyra þetta af munni þessara tveggja ágætu samþm. Hins vegar þótti mér í aðra röndina skemmtilegt og næsta merkilegt að hlýða á málflutning hv. 8. landsk., Sighvats Björgvinssonar, þar sem hann í alllöngu máli, — ég hygg að það hafi verið allt að klukkutíma sem hann talaði og mál hans gekk að mestu leyti út á það að rembast við að afsanna innihald till. Það fékk engum dulist sem hefur lesið till. eins og hún liggur fyrir, þar sem bæði í upphafi og endi er tekið fram að allar landeignir skuli smátt og smátt færa í eign ríkisins. Við höfum allir þm. þessa till. fyrir augunum. Ég get ekki stillt mig um samt að lesa upphafið og endinn, en það hljóðar á þessa leið — með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að stefnt skuli að því að allt land verði alþjóðareign."

Og endirinn:

„Glöggt verði kveðið á hvernig landareign og landnytjar færist úr einkaeign í eigu ríkisins og hvernig bætur skuli reikna fyrir."

Ég sé ekki að þarna sé um annað að ræða en þjóðnýtingu allra landeigna á Íslandi, enda þótt meiri hl. ræðu hv. 8. landsk. gengi út á það að reyna að sannfæra okkur aðra þm. um að ekkert væri honum fjarri skapi en að taka jarðir af bændum. Þarna er um dálítið kátlega þversögn og mótsagnir að ræða í málflutningi hv. þm.

Það ætti að sýnast sem svo að þessi þáltill. væri vandlega ígrunduð, því að það er heill og óskiptur þingfl. sem að henni stendur. En mér sýnist nú harla augljóst, af till. og grg. og málflutningi frsm. í dag, Sighvats Björgvinssonar, að á ýmsum sviðum eru þessir flm. betur heima heldur en í landbúnaði. Það er vitað mál

að enginn þessara manna hefur nálægt búskap komið og hugarfar bóndans er þeim öllum greinilega mjög fjarlægt. Það er nefnilega svo að í þessu máli sem öðru getum við ekki litið aðeins á hina hagrænu hlið málsins. Það er til nokkuð sem heitir, að ég hygg, sálfræði bóndans og ég heyrði ekki betur en það lýsti sér átakanlegt þekkingar- og skilningsleysi á viðhorfum og aðstæðum bænda, eins og málflutningur hv. 8. landsk. var úr garði gerður. Ég hugsa e. t. v. að þessi hv. samþm. minn hafi verið sem drengur kúasmali í sveit, en ég get ekki ímyndað mér að þekking hans á landbúnaði nái öllu lengra. (Gripið fram í.) Já, höfðinu vonandi líka, vildi ég nú ætla. En það er fleira en bústarf, afrakstur búa og hagfræðilegar tölur sem koma hér inn í dæmið. Það kemur hér inn í svo að ekki verður um villst fyrir þá sem þekkja til sveitalífs og búskapar, að þar kemur inn í ást og tryggð við sitt jarðnæði, við sitt umhverfi. Þetta er þáttur sem er alls ekki tekinn til greina í þessari till. og grg. sem henni fylgir. Ég hygg að eitt það, sem hefur gert að verkum að margir íslenskir bændur hafa við erfiðar aðstæður þraukað í gegnum þykkt og þunnt, sé einmitt þessi átthagatryggð sem hefur, eins og ég gaf í skyn, varnað því að heilir landshlutar hafi lagst í eyði.

Ég vil í þessu sambandi segja litla sögu af bónda fyrir vestan. Þetta er smábóndi sem sennilega mundi vera kallaður kotbóndi af þessum stóru hér fyrir sunnan og víða þar sem stórt er búið. Hann taldi fram til skatts og yfirskattstjórinn í hans skattumdæmi þar brigður að þetta gæti verið nokkuð nálægt sanni, maðurinn gæti ekki lifað af þessu sem hann taldi fram til tekna. Bóndinn hafði fá orð um, en fór á fund yfirskattstjórans og sagði: „Hér er ég kominn til þess að sýna að ég er lifandi.“ Þetta var ósköp einfalt allt. Það sýnir okkur í rauninni það sem við vitum, að íslenskir bændur, þeir sem hafa búið smátt, hafa umfram aðra Íslendinga á síðustu árum sýnt nægjusemi, sparneytni og óbrenglaðra mat á verðmætum en gerst hefur víða þar sem þéttbýlla er. Þessi maður barst ekki á og ég veit hvernig hann býr sínu búi. Það er allt smátt í sniðum. Hann býr þar með konu sinni og tveimur börnum og hann er ánægður. Hann er ánægður þó að hann hafi hvorki rafmagn né önnur þau þægindi sem þéttbýlismönnum þykja sjálfsögð.

Samkv. þessari till. er það ljóst að óðalsbóndinn í íslensku þjóðlífi á að hverfa. Óðalsbóndinn á að hverfa, það á að vera leiguliðabúskapur um Ísland allt. En það er nú svo að eignarréttur á jörðinni er meira en hagfræðilegt atriði. Ég vil í þessu sambandi minna á það sem við höfum oft heyrt talað um þegar rætt er um samyrkjusystemið þeirra í Sovétríkjunum, að þar hefur það verið reynt — nú þekki ég ekki vel inn á kerfið í Sovétríkjunum svo að ég skal ekki hætta mér mjög langt út í þá sálma — en maður hefur heyrt og séð og lesið að þar tíðkast sums staðar a. m. k. að samyrkjubændunum er úthlutaður litill skiki sem þeir mega yrkja og nýta að eigin vild í frístundum, og það hefur vakið nokkra undrun hve mikið þessi litli sjálfseignarskiki hefur gefið í arð, hlutfallslega margfalt meiri arð en af stóra, fullkomna, vélvædda samyrkjubúinu. Þetta sýnir okkur aðeins að eignarrétturinn er manninum heilagt atriði í sambandi við hans lífsbaráttu og það er íslenska bóndanum ákaflega mikil stoð að hafa það á tilfinningunni að hann heldur áfram starfi sem forfeður hans í kannske margar kynslóðir hafa lagt grundvöllinn að á undan honum. Honum þykir vænt um sína föðurleifð. Hann setur sitt stolt í að hlúa að henni og bæta hana og hans tilfinningar gagnvart hans jarðnæði eru vitanlega gjörólíkar tilfinningum og viðhorfi leiguliðans sem aðeins er að fá sem mestan arð af sínu jarðnæði.

Það er vitað mál að hugur þessa litla flokks, Alþfl., hefur verið heldur neikvæður í garð bænda, og ég hygg að þessi till. muni engan veginn bæta fyrir þeim í því efni um álit þjóðarinnar á þessum flokki hvað snertir viðhorf hans í garð landbúnaðar. Það stendur skýrum stöfum að hagsmunir fjöldans eigi að ganga fyrir hagsmunum fárra, þ. e. a. s. — og kemur raunar engum á óvart — þessar 5 000 bændasálir í landinu hafa aldrei vænst mikils úr þessari átt sem talað var af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Það hefur oft og ítrekað verið á það bent og það verið staðhæft að litlu búin á Íslandi eigi engan rétt á sér, það eigi að leggja þau niður og taka upp stóran búrekstur. Ég hygg þó að það sé staðreynd að stærstu töpin í íslenskum landbúnaði hafi orðið á stóru búunum frekar en þeim smærri vegna þess einfaldlega að íslenskir smábændur gera minni kröfur sér til handa en þeir sem reka atvinnurekstur stærri í sniðum. Ég hygg að það að smábú og meðalbú fái að dafna í friði og með skaplegum stuðningi stjórnvalda sé afgerandi um það hvort allt Ísland á að haldast í byggð eða ekki, og það er spurning sem við þurfum hreinlega að gera upp við okkur, þegar talinn er eftir hver eyrir sem fer til bænda og búrekstrar, ekki síst í dreifbýlli héruðum landsins.

Hitt er svo annað mál að ég get tekið undir margt það sem kom fram í málflutningi hv. 8. landsk. Brask efnamanna úr þéttbýli úti um sveitir landsins er hlutur sem við þurfum að gjalda varhuga við, og ég veit ekki betur en að fyrir Alþ. í fyrra, þó að þess hafi ekki orðið vart nú, hafi legið frv. til jarðalaga sem mér skilst, þótt ég hafi ekki kynnt mér þetta frv. til hlítar, að eigi einmitt að slá þarna varnagla gegn því að jarðnæði sé keypt upp af þéttbýlisbúum til þess eins að eiga það og hafa gaman af því að dvelja þar á sumrin án þess að jörðin sé nýtt. Þetta er ákaflega viðamikið og merkilegt mál sem ég held að þurfi að vinna bráðan bug að því að laga. Og ýmislegt af því, sem hv. frsm. sagði um þetta og um nýtingu á fallvötnum og veiðiám og þar fram eftir götunum, ýmislegt er verulega athugunarvert og þarf aðgerða við. Hins vegar vil ég taka undir það sem hv. 7. landsk., Helgi F. Seljan, mælti, að þegar þessi landsgæði heyra til landbúnaðar beint og óvefengjanlega og heyra undir vissar bújarðir, er vitanlega sjálfsagt og ekkert annað en sjálfsagt að þar eigi bóndinn fullan rétt og ásælni og afskipti hins opinbera komi þar engan veginn til greina.

Það hefur verið talað hér um stirðlyndi bænda

gagnvart þéttbýlisbúum sem hafa viljað njóta náttúrufegurðar og útiveru úti um landið. Það er vafalaust til, ég rengi það ekki. Ég hugsa að það sé eins með bændur og menn í öðrum stéttum, þeir eru ákaflega misjafnir. Sumir kunna að sýna þarna meinfýsni sem kemur mjög illa við fólk úr kaupstöðum og þéttbýli sem vissulega á rétt á að njóta landsins eins og hver annar íslendingur, þótt ekki séu bændur. En eins og kom fram hjá hv. þm. Helga F. Seljan, þá hafa þeir, sem í sveit búa, oft orðið varir við furðulegt tillitsleysi sem vafalaust stafar af hugsunarleysi og fáfræði fremur en illvilja og yfirgangi. Hann talaði um umgang ferðamanna jafnvel heima á bújörðum bænda — eða hvað hafa bændur ekki oft séð ferðamannahópa, fámennari eða fjölmennari, stika heim fullgróið tún sem bíður sláttar, þannig að grasið liggur í legum eftir og þarf helst væna regnskúr til að rétta sig upp aftur áður en ljánum eða sláttuvélarblaðinu er beitt á það eða fólk úr þéttbýli ösla upp tún þakið töðuflekkjum? Þarna er auðvitað ekki hægt að undra sig yfir þó að bændur gerist viðskotaillir við slíkum aðförum. En þetta skilja ekki Alþfl.-menn eins og þeir eru yfirleitt stemmdir, því að það er mála sannast að þeim er allra íslendinga, að ég hygg og eftir því sem mér hefur fundist af málflutningi þeirra fyrr og síðar, þá er þeim allra manna ósýnast um að setja sig í spor bænda, skilja viðhorf þeirra, tilfinningar og þarfir, ella mundi ekki þáltill. eins og þessi vera framkomin og fjöldamargt annað sem fyrr og síðar hefur verið sagt af mönnum úr þessum flokki, sem reikna má ýmist til fáfræði, þekkingarleysis eða á stundum einkennilegrar andúðar í garð þessarar stéttar.

Ég vil að lokum segja það, að ég hef ekki trú á því að það sé nokkur hætta á því að þessi till. nái fram að ganga. Mér finnst hún þannig úr garði gerð að eiginlega sé ekki mark á henni takandi. Hins vegar er manni og hlýtur að vera frjálst að segja sitt álit á henni. Og ég vil til viðbótar segja það, af því að ég tel þessa till. frekar miða gegn því sem við erum að burðast við að kalla byggðastefnu og viljum breyta í samræmi við þá stefnu, þá vil ég segja það að menn, sem meta allt í krónum og aurum sem lýtur að stuðningi við atvinnuvegi úti um landsbyggðina, það eru ekki raunsæir íslendingar að mínu mati. Ég hef oft og einatt lent í því, löngu áður en ég lenti hér inn á Alþ. íslendinga, að verja framkvæmdir sem mér hafa virst eðlilegar og sjálfsagðar. Ég get nefnt hér t. d. brú yfir á sem heitir Mórilla í Kaldalóni. Ég átti áratugum saman kappræður við samkennara mína við virta menntastofnun hér í borg um það að þessi brú ætti fullan rétt á sér. Þegar hún var byggð kostaði hún 2.5 millj. kr. og þótti óhæfilega stór fjárfúlga þar sem hún kæmi ekki að gagni nema einum 4—5 bændum utar á svokallaðri Snæfjallaströnd við Djúp. En Kaldalónsbrúin var byggð og hún stendur enn þó að hún hafi að vísu fokið einu sinni. Hún var reist við aftur. Og þarna úti á Snæfjallaströndinni búa enn bændur og þeim hefur frekar fjölgað nú alveg á síðustu árum. (**Gripið fram í:** Og ekki fokið.) Og ekki fokið. Þeir byggja á bjargi en ekki sandi þar. Og ég get nefnt það í leiðinni að þarna bast ákaflega fámennur sveitarhreppur samtökum um að byggja rafmagnsveitu, ég hygg eina þá fyrstu sinnar tegundar á Íslandi. Þarna kom einstaklingsframtakið fram í þarfri og happadrjúgri framkvæmd sem vafalaust á sinn þátt í því að bændur á utanverðri Snæfjallaströnd búa þar enn góðu lífi.

Ég vænti þess að menn, sem hafa í frammi aðra eins landeyðingarstefnu og kemur fram í máli þessara útölumanna um allt sem veit að búskap úti í hinum dreifðari byggðum landsins — ég vona og ég held að ég geti verið bjartsýn um það að þessar raddir eigi ekki lengur hljómgrunn meðal íslensku þjóðarinnar, jafnvel ekki hér á suðvesturhorninu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að deila við hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugu Bjarnadóttur um samyrkjubúskap í Sovétríkjunum. Ég hef aldrei verið kúasmali þar og veit ekkert hvernig kýr eru þar reknar, nema mér heyrðist á máli hennar að þær hljóti að vera reknar öfugar og get ég tekið það fyllilega trúanlegt. Hinu vil ég eindregið vara menn við, að telja bændum trú um að fátækt þeirra sumra hverra verði bætt með því að það sé við þá sagt að þeir eigi þó sínar jarðir. Hversu mikil stoð skyldi sú vitneskja vera þeim bónda sem hv. 9. landsk. ræddi um hér áðan og bjó við þægindaskort, fátækt, rafmagnsleysi, — hversu mikil stoð skyldi það vera honum í lífsbaráttunni að hv. 9. landsk. komi til hans og segi: Þú ert sjálfstæður maður, þú átt þína jörð? Hversu mikil stoð varð slíkt sjálfstæði Bjarti bónda í Sumarhúsum og hversu mikil stoð hefur slíkt sjálfstæði verið fjölmörgum íslenskum sveitabóndanum sem býr við fátækt og þægindaskort sem fáir aðrir landsins þegnar mundu una við? Ég er að vísu ekki alinn upp í sveit, en ég hef komið á marga bæi, m. a. bæi utan míns kjördæmis, eins og hv. 9. landsk. mun vita, og ég er alveg sannfærður um að það mun í fáum stéttum þjóðfélagsins vera jafnbreitt bil eins og einmitt í bændastéttinni vegna þess að þar held ég að megi enn finna þá sárustu fátækt sem hægt er að finna á Íslandi. Og hvaða stoð er það fátækum sveitabónda sem fer á mis við öll mannleg þægindi, öll lífsgæði sem aðrir landsins þegnar hafa notið um margra ára skeið, að hv. 9. landsk. komi til hans og segi: Þú átt þó þína jörð. Þú ert sjálfstæður maður.

Það má vel vera að það sé rétt stefna og sjálfsagt er það rétt stefna að við eigum að byggja landið allt. Við eigum að koma í veg fyrir að landið eða nokkurt landssvæði fari úr byggð. En hverju erum við reiðubúin að fórna fyrir það? Getum við fórnað t. d. ýmsum bændum á landinu, neytt þá til þess að búa við lakari kjör en aðrir þegnar þjóðfélagsins búa við, neytt þá til þess að verða af rafmagni, af útvarpi og sjónvarpi, af ýmsum lífsins þægindum sem við erum vanir hér í þéttbýli? Erum við reiðubúin að færa þessa fórn einungis til þess að geta sagt: Landið er allt í byggð? Erum við reiðubúin til þess að löggilda fátæktina meðal íslenskra bænda aðeins til þess að geta sagt og

huggað okkur sjálf við að landið er þó allt í byggð? Væri ekki nær að reyna að rétta þessum fátæku bændum, sem hv. 9. landsk. ræddi um áðan, einhverja aðra huggun en þá að koma til þeirra og segja við þá: Þú ert þó sjálfstæður maður. Þú ert kóngur í þínu ríki. Þú átt þetta litla land.

Ég kemst ekki hjá að vekja athygli á því sem gerst hefur hér í dag, þegar eitt mesta stórmál sem komið hefur til kasta Alþ. og tvímælalaust það síðara tíma mál sem mest er í anda sósialiskra viðhorfa er rætt, þá hefur það loks gerst að Alþb. hefur rofið sína löngu þögn sem það hefur uppi haft um málið og tekið afstöðu gegn því með íhaldinu. Að vísu var fyrri ræðumaðurinn, hv. þm. Helgi F. Seljan, tvístígandi og fann málinu það helst til foráttu að í grg. væri minnst á rjúpnaveiði. En hinn hv. málsvari Alþb., hv. þm. Stefán Jónsson, tók af öll tvímæli um sína afstöðu og lagðist gegn þáltill. þessari og málinu í heild, ekki af því að þetta væri vont mál, heldur vegna þess að Alþfl. skyldi flytja það. Heift hans í garð Alþfl. er svo mikil að hann hugsar sig ekki tvisvar um, áður en hann lýsir því yfir að vissulega sé málið að verulegu leyti gott mál, en hann muni ekki greiða því atkv., bara vegna þess að Alþfl. stendur að því. Þetta er lærdómsrík afstaða sem hér hefur komið fram hjá Alþb.-mönnum. Það er lærdómsríkt hver sú afstaða er og það er ekki síður lærdómsríkt af hverju hún er tekin.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði að almenningi væri best tryggður réttur til umgengni við landið með því að skipuleggja útivistarsvæði sem almenningi stæðu til boða. Það er rétt, svo langt sem það nær. En það hefur ekki alltaf reynst auðhlaupið að koma því í framkvæmd. Árið 1970 flutti þáv. hv. þm., núv. hæstv. ráðh., Matthías Bjarnason, ásamt öðrum þm. Sjálfstfl., Pétri Sigurðssyni, frv. til laga um þjóðgarð á Vestfjörðum. Í 1. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðgarður skal vera á Vestfjörðum, er takmarkast að sunnan af línu sem dregin er úr botni Hrafnsfjarðar í botn Furufjarðar. Þjóðgarður þessi er friðlýst svæði allra íslendinga. Hið friðlýsta svæði er eign íslensku þjóðarinnar og skal vera undir vernd Alþ.“

Í grg. er þessu máli frekar fylgt úr hlaði og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það svæði, sem með frv. þessu er lagt til að gera að þjóðgarði, nær yfir Sléttuhrepp og hluta úr Grunnavíkurhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu. Á því er engin byggð nema vitavarðarbústaður við Látravík. Síðustu íbúar hreppsins yfirgáfu hrepp sinn fyrir u. þ. b. tveimur áratugum. Mannvirki á þessu landssvæði eru víða hrunin eða í slæmu ástandi með örfáum undantekningum. Þetta landssvæði býr yfir fjölbreytilegri náttúrufegurð. Þar eru fögur vötn, ár og ósar með miklum silungi, stórfengleg bjögr iðandi af fugli og lífi. Í hlíðum Hornbjargs eru t. d. einhver bestu berjalönd sem finnast í landi okkar. Á þessu landssvæði er víðast ósnortin náttúr.“ — Síðar segir: „Á undanförnum árum hefur áhugi fólks, sem býr í þéttbýli, farið vaxandi á því að leita sér afþreyingar í kyrrð og fegurð óbyggðra svæða. Þar hafa þúsundir manna fundið hvíld og frið frá önn hversdagslífsins og þeirri spennu og hraða sem fylgir lífi fólks sem býr í fjölmenni. Óvíða er hægt að njóta jafngóðrar hvíldar og í umhverfi sem hefur að bjóða tilkomumikla náttúrufegurð og möguleika til að njóta margvíslegra gæða slíks umhverfis.“

Það voru sem sagt tvær röksemdir uppi fyrir þessu frv. hv. þm. Sjálfstfl.: Í fyrsta lagi sú mikla náttúrufegurð sem þarna var um að ræða og í öðru lagi að þarna hefði ekki verið byggð í tvo áratugi og ætti því að vera hægt um hönd að gera þetta fagra svæði að þjóðgarði. En hvernig tókst til. Frv. dagaði uppi í meðförum Alþ. Og hvernig stóð á því? Ástæðan var sú að ýmsir menn, m. a. mjög fjársterkir aðilar hér í Reykjavík, áttu meiginhlutann af þessu jarðnæði og þeir neituðu að fallast á frv. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og Péturs Sigurðssonar um að gera þetta svæði að þjóðgarði, vegna þess að þeir hugðu sér gott til glóðarinnar síðar að græða á þeim landsnytjum sem þarna voru. Þarna var ekki um að ræða jarðir eða héruð sem voru í byggð, heldur héruð sem um margra ára skeið, heila tvo áratugi, höfðu verið óbyggð. Enginn maður bjó þarna utan vitavörðurinn á Horni með sína fjölskyldu, en samt sem áður voru íbúar Reykjavíkursvæðisins og aðrir fjársterkir menn í þéttbýlinu búnir að ná undir sig svo til hverri einustu jörð þarna og hugsuðu sér gott til glóðarinnar með silungsveiðileyfasölu og öðru slíku þegar aðstæður sköpuðust fyrir slíkt þarna og neituðu að láta þjóðina fá þetta land sem þjóðgarð. Sú leið, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. bendir á að sé auðfarinn til að útvega svæði til útivistar fyrir almenning á Íslandi, er því ekki eins auðveld og sýnist við fyrsta kastið.

Hv. þm. ræddi einnig nokkuð um þjóðargjöfina svonefndu sem ég talaði um í fyrri ræðu minni í dag. Hann talaði í hálflitilsvirðandi tón um einhverja fjármuni sem þjóðin hefði ráðstafað til þess að græða upp landið í sambandi við afmæli Íslandsbyggðar. 1000 milj. kr. af almannafé kallaði hann „einhverja“ fjármuni. En hann tók það sérstaklega fram og spurði: Hvernig getur 8. landsk. þm. ætlast til þess að þessari gjöf fylgi einhver réttur, — að þjóðin, sem ver 1000 millj. kr. til að græða upp landið, öðlist einhvern rétt fyrir það fé? Ég hef alltaf skilið þetta mál svo, að þegar rætt var um þjóðargjöfina væri verið að ræða um gjöf þjóðarinnar til sjálfrar sín. En hv. 2. þm. Norðurl. v. virðist ekki hafa sama skilning og þess vegna spyr ég hann — hann er að vísu ekki viðstaddur, en góðviljaðir menn gætu þá komið spurningunni til hans: Hverjum var þjóðin að gefa þessar 1000 millj. kr.? Var þjóðin að gefa örlitlum hópi landeigenda þetta fé eða var hún að gefa sjálfri sér gjöf? Það land, sem sagt var við þjóðina að hún ætti þegar var verið að fá hana til að láta þetta fé af höndum, um það er nú sagt hér á Alþ.: Þetta er ekki land þjóðarinnar. Þetta er ekki gjöf sem einhvern rétt gefur. Þetta er land sem er í höndum örfárra einstaklinga.

Þá sagði hv. þm. einnig að það væri ekkert nýtt sem kom fram í minni ræðu í sambandi við þær rannsóknir sem gerðar hefðu verið af Veiðimálastofnuninni um nýtingu á veiðivötnum. Þessu vil ég eindregið mótmæla, einfaldlega vegna þess að með þessum rannsóknum er verið að

skapa nýjan skilning á nýtingu veiðivatna á Íslandi. Ég vil nefna eitt lítið dæmi, eina litla sögu sem ég get sagt ykkur í sambandi við þetta.

Það er ekki lengra síðan en svo sem eins og hálfur mánuður að ég átti tal við mann, sem að vísu er ekki bóndi, heldur á ásamt öðrum veiðiréttindi í fiskivatni hér ekki langt frá. Nokkru áður en ég átti tal við þennan mann hafði ég einmitt verið að ræða við sérfræðing Veiðimálastofnunarinnar um hans rannsóknir og hann tók þetta vatn sérstaklega sem dæmi um fiskivatn sem væri ofsetið, það væri of mikið af fiski í því þannig að það skilaði ekki réttum arði. Ég bar þetta í tal við viðkomandi veiðiréttareiganda og hann sagði mér hvað hann ætlaði að gera. Hann ætlaði núna með vorinu að fá sér tvo bíla af loðnu og láta sturta loðnunni í vatnið, vegna þess eins og hann sagði: Fiskur er svo lítill í vatninu og smár vegna þess að það er ekki nóg æti fyrir hann. Aðgerðir eins og þessar, að láta sér detta í hug að fara með tvo fulla flutningabíla af loðnu og sturta þeim út í veiðivatn, geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar því að auðvitað verður þetta rotnunar- og ýldubingur í vatninu, en nýtist fiskinum ekki til fóðurs.

Þetta er lýsandi dæmi um þá afstöðu sem fjölmargir veiðiréttareigendur hafa haft, og ég vil sérstaklega taka fram að það á frekar við menn í þéttbýli sem komist hafa yfir veiðiréttindi í ám og þó sérstaklega í vötnum heldur en bændurna, því að þeir eru þeirrar skoðunar, margir þessir veiðiréttareigendur, að þeir eigi fyrst og fremst að standa gegn því að almenningur fái aðgang að þessum vötnum. Mér er það jafnljóst og fjölmörgum ykkar að það eru mörg fjallavötn, t. d. uppi á Auðkúluheiði, sem eru í eigu einstaklinga sem ekki eru bændur og þeir meina öllum aðgang að þessum vötnum nema sjálfum sér, koma þarna kannske viku, hálfan mánuð eða þrjár vikur á sumri, liggja þar við þennan stutta tíma og meina svo öllum öðrum þar aðgang að. Rannsóknir þessa sérfræðings í vatnafiskum hafa hins vegar leitt það í ljós eins og ég talaði um hér áðan, að það, sem brýna nauðsyn ber til að gert verði ef íslendingar og þá ekki síður veiðibændur en aðrir ætla að fá fulla nýtingu af veiðivötnum sínum, er að auka mjög veiðarnar í vötnunum til þess að koma í veg fyrir að þau séu ofsetin. Það væri bændum og öðrum veiðiréttareigendum til mikils hagræðis og hreins fjárhagslegs ávinnings ef í staðinn fyrir boðin og bönnin, sem gilda um þessi veiðivötn, væri hafinn áróður í þá átt að hvetja almenning til þess að stunda veiði í þessum vötnum, því að aðeins með því móti að taka margfalt meira úr þeim heldur en nú er gert skapast aðstæður til þess að hagnýta þau þannig að af þeim fáist mestur arður. Þessar niðurstöður marka því algera stefnubreytingu frá því viðhorfi sem ríkt hefur hjá a. m. k. meginþorra íslendinga og þá einkum og sér í lagi þeim sem ekki stunda búskap við vötnin, heldur hafa keypt þau til þess að leika sér þar sjálfir og e. t. v. selja veiði í vötnunum við okurverði. Þarna er um algera stefnubreytingu á viðhorfi að ræða ef þessi niðurstaða sérfræðingsins reynist rétt, sem ég dreg ekki í efa, vegna þess að hann hefur sannað hana t. d. með tilraunum sem hann hefur látið gera í tilteknum vötnum sem hafa sýnt miklu, miklu meiri arð og miklu meiri nytjar eftir að búið var að fara að ráðleggingum hans um veiði í þeim heldur en áður.

Hv. 2. þm. Norðurl. v., sem hér er nú kominn í salinn, sagði einnig í sinni ræðu að hann þvertæki fyrir það að hann hefði áður sagt hér um tilgang Alþfl. með flutningi þessarar þáltill., að þar væri eitthvað vafasamt á ferðinni, og þvertók einnig fyrir að sú væri sín skoðun að það kynni að vera hætta á því, ef till. yrði ekki drepin á þessu þingi, að fólk gleptist til fylgis við hana. Hann sagðist hafa sagt: aðrir segja og sumir halda o. s. frv. — og er það gott út af fyrir sig að fá yfirlýsingu frá honum um það að hann sé hvorki í hópi annarra né sumra.

En að loknu þessu venti hv. þm. kvæði sínu í kross og sagði og lagði út af því í nokkuð löngu máli að það væri ekki endilega víst að mál eða málstaður væri góður þótt það væri tiltölulega auðvelt að fá fólk til fylgis við hann. Hann minntist hvorki á suma né aðra í þessu sambandi, þannig að maður verður að ætla það þangað til betri upplýsingar liggja fyrir að þetta sé hans persónulega skoðun. Þessi niðurstaða, að málstaður þurfi ekki endilega að vera góður þótt fólk gangi til fylgis við hann, getur að sjálfsögðu verið ágæt niðurstaða hugleiðinga hv. þm. um fylgisaukningu Sjálfstfl. í síðustu kosningum, að ekki hafi hann fengið hana vegna þess að málstaðurinn hafi verið góður. En við skulum nú frekar hafa það undantekningu heldur en aðalreglu, því að það er nú einu sinni svo að framgangur máls byggist á því að hægt sé að fá fylgi við það, og hið aukna fylgi við þetta mál er vegna þess til komið að þetta mál er gott mál, og það fylgi mun á endanum leiða til þess að málið fæst fram.

Þá vík ég að lokum nokkrum orðum að ræðu þeirri sem hv. þm. Stefán Jónsson, 5. þm. Norðurl. e., flutti hér áðan. Hann gaf okkur ágæta sýn, þessi hv. þm., inn í sitt eigið hugarskot um hvað ræður afstöðu hans til mála. Það er ekki hvort mál sé gott eða slæmt, heldur hvort honum er persónulega vel eða illa við þá sem málið flytja. Það er meginatriðið, en ekki hitt hvort hann getur verið samþykkur málinu sjálfu eða ekki.

Hv. þm. sagði eins og svo margir aðrir að till. þessari væri fyrst og fremst stefnt gegn bændum. Ég verð nú að segja eins og er að mér virðist skilningur hans á þessari þáltill. jafn myrkvaður og heimili fjölmargra kjósenda hans hafa verið í vetur vegna afreka flokksbróður hans í orkumálum norðlendinga, því að meginatriði þessarar till. er ekki stefnt gegn bændum. Að meginatriði er þessari till. stefnt gegn því að jarðhiti, sem á að vera í almenningseign, sé hagnýttur til óhóflegrar gróðastarfsemi á kostnað almennings. Hv. þm. Stefán Jónsson segir: Ég er samþykkur að svo skuli ekki vera gert, en ég get hins vegar ekki fallist á það af því að Alþfl. flytur málið. — Þessu frv. er líka stefnt

gegn því að t. d. önnur hlunnindi jarða, svo sem veiðiréttur, séu hagnýtt til óhóflegrar okurstarfsemi gagnvart almenningi í landinu. Hv. þm. Stefán Jónsson segir: Ég get fallist á þetta út af fyrir sig, en ég get ekki stutt það af því að Alþfl. flytur það. — Þá er þessu frv. einnig stefnt gegn því að ekki verði lagt út í það af einstaklingum eða fámennum hópum að stunda almenna okurstarfsemi á landgæðum eða lóðum og lendum á kostnað íbúa þéttbýlis, á kostnað almennings. Hv. þm. Stefán Jónsson segir: Ég get svo sem vel skilið þetta og sætt mig við það, en ég greiði því ekki atkv. vegna þess að Alþfl. flytur það, og Alþfl. er vondur flokkur, hann liggur á maganum undir íhaldinu. — Þetta er afstaða hv. þm. Sú óværa, sem hv. þm. lýsti hér áðan, virðist sem sé hafa nagað hans skilningstré svo niður í rót að þar tórir ekki einu sinni lifandi laufblað lengur.

Þá sagði hv. þm. einnig að hann snerist gegn málinu, eins og ég hef margoft áður fram tekið, vegna þess að Alþfl. flytti það, hann mundi heldur vilja velja sér aðra fylgisveina, og það hefur hann nú gert og gerði í dag. Hvaða fylgisveina valdi hann sér? Jú, jú, hann valdi sér Framsfl.-þm. sem hér hafa talað og það má kannske eðlilegt teljast því að hv. þm. mun ekki vera ókunnugur í þeim herbúðum. En einnig valdi hann sér þm. Sjálfstfl. til fylgis og vona ég að honum gagnist fylgdin vel, því að vissulega eru bæði hann og þeir vel að liðsemdinni komnir.

Þá sagði hv. þm. að það væri einhver fnykur í sínum nösum sem hann bjóst við að legði frá Alþfl. Ég verð að segja eins og er, að það gefur manni ekkert bréf upp á pólitískt lyktarskyn þótt menn hafi verið í tveimur flokkum eins og þessi hv. þm. og þá síst þegar stigið er ofan frá öðrum og niður til hins. Hins vegar er athugandi fyrir þennan hv. þm. að gá að því hvort þessi illi fnykur, sem hann þóttist finna á sínum nýja verustað, sé ekki frekar þar til kominn vegna þess að í þeim vistarverum hafi menn gleymt að opna glugga, fremur en að ilmurinn sé utan að frá kominn, hvort ekki megi segja hið sama um fylgisveina hans í hinum nýja verustað og Einar Benediktsson sagði í kvæði sínu um andrúmsloftið við Fróðárhirð, að „sviðaþefinn leggi af þeirra eigin ló“. Væri sá félagsskapur líka í fullu samræmi við það framferði hv. þm. sem kom í ræðu hans áðan og virðist vera uppvakið illyrði og níð um okkur Alþfl.-menn að ósekju, einfaldlega vegna þess að hingað til a. m. k. hafa umr. um þetta mál verið málefnalegar og hógværar þangað til rétt fyrir kvöldmatarleytið í kvöld, að hv. þm. kvaddi sér hljóðs, — uppvakið, sagði ég, og minni á með tilvísun til svipaðrar ábendingar hv. þm. hér fyrr í kvöld — að orðalagið að vekja upp var í fornu máli notað um athafnir þeirra sem til ills voru út gerðir.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil biðja aðra hv. þdm. afsökunar sem raunverulega hafa verið á undan mér á mælendaskrá, þótt ég hafi beðið forseta þess að lofa mér að tala hér fyrst, vegna þess að mín og annarra þm. Sjálfstfl. mun nú beðið með óþreyju í ákveðnu öldurhúsi borgarinnar, hvar við eigum að svara til saka um það, þm. Reykv. úr okkar röðum, hvar við höfum verið á undanförnm árum. Hins vegar mun hv. þm., sem á undan mér var á mælendaskrá, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, einnig hafa verið boðið þangað, en hann hefur enga óþreyju sýnt í sér til þess að mæta þar, en ég ætla að reyna að gera það, þegar ég hef lokið örstuttri aths. minni.

Sú aths. m. a. beinist að minni ágætu flokkssystur, frú Sigurlaugu, sem ekki í fyrsta sinn hefur komist að þeirri niðurstöðu hér á hv. Alþ. að suðvesturhorn okkar lands sé eiginlega með verstu hornum sem þjóð okkar byggir á okkar Íslandi. Þetta kom vel fram í skoðunum hennar í sjónvarpi og reyndar útvarpi líka, þegar talað var um það að þm. Reykv. mættu ekki hafa bílastyrk, þeir sem byggju t. d. í Árbæjarhverfi og Breiðholtshverfi, þótt jafnvel lengra væri þaðan heldur en úr Kópavogi eða Garðahreppi. Er það nú annað mál, en svona nokkuð til þess að benda á.

Ég vil þakka síðasta ræðumanni fyrir að hafa vitnað til, að ég held, einnar bestu grg. sem hefur verið flutt með því að landssvæði verði friðað, sem við fluttum á sínum tíma félagarnir, Matthías Bjarnason, núv. hæstv. ráðh., og ég, þegar við lögðum til að friðað væri allt norðursvæði Vestfjarða og Stranda. Við skulum samt sem áður ekki gleyma því og það var auðvitað rangt hjá hv. síðasta ræðumanni að tala um að einhverjir fjársterkir aðilar héðan úr Reykjavík sérstaklega, að mér skildist á honum, hefðu stöðvað þetta mál. Sannleikurinn er sá, að þessir fjársterku aðilar voru víða til um land, þó líklega sérstaklega í kringum Ísafjarðardjúp. En það var ekki spurningin, hvort þeir væru fjársterkir og þeir væru að sölsa undir sig landið, heldur hitt, að þetta voru erfingjar að landinu. Þetta voru menn sem voru komnir til fullorðinsára, en höfðu alist upp á þessu landi og töldu sig hafa og höfðu skyldu til þess að halda þarna ræktun við og jafnvel húsum og húsakynnum og það verður að meta við þá. Okkar mistök voru líklega sú í okkar frumvarpsflutningi að taka ekki skýrt fram, að að sjálfsögðu áttu þessir menn og erfingjar þeirra að hafa fullkominn rétt til þess að dveljast þarna í þessum húsakynnum og jafnvel þótt þeir vildu byggja ný húsakynni fyrir sig og fyrir sína fjölskyldu, en við vildum forðast að þar væri mannvirkjagerð í fjárplógs- og auðgunarskyni. Þá erum við líklega sammála, við flm. þessa frv. á sínum tíma og hv. síðasti ræðumaður. Við vildum vernda þetta land og við vildum gera það að alþjóðareign. En sannleikurinn er sá að þessu hefur verið náð í dag. Það er búið að friðlýsa þetta svæði. Það má ekkert gera í þá átt sem við vildum vara við að gert yrði. Það er búið að friðlýsa svæðið og það er komið undir lög Náttúruverndarráðs. Og ég tel það vera mál málanna.

Ég er einn af þeim sem hafa oft horft til þessarar till. þeirra Alþfl.-manna, og ég tel, að það, sem þar kemur fram, eigi mikinn rétt á sér í einu tilfelli sérstaklega. Ég tel þó að eignarréttur bænda á landi, sem hægt er að rekja til fyrri tíðar og er í eigu þeirra sem þar búa í dag, verði ekki af þeim tekinn nema almenningsheill krefji að svo verði að gera og þá

auðvitað komi fullar bætur fyrir. En ég tel að sú till., sem hér er til umr., ætti frekar að mótast efnislega af því að fá úr því skorið, hvar hinir gömlu almenningar séu sem eru skilyrðislaust eign alþjóðar og til afnota fyrir alþjóð, þ. á m. fyrir okkur sem í þéttbýlinu búum. Auk þess eigum við að sjálfsögðu skilyrðislausan rétt á því, að þegar fellur úr byggð jarðnæði, ég tala nú ekki um það sem keypt er fyrir ríkisfé til þess að halda í eigu ríkisins, það verði jafnframt til afnota fyrir almenning, hvort sem um er að ræða borgarbúa til afdreps að sumarlagi eða fyrir bændur til þess að nýta til afnota fyrir sinn búrekstur. En að þetta séu einhliða afnot bænda, það kemur auðvitað ekki til mála og veit ég að þeir halda því ekki heldur fram. Ég hef enga trú á því og hef ekki heldur heyrt það. En almenningurinn, það er búið að vera stríð um þetta í sumum sýslum og sveitum landsins nú um fjöldamörg ár, og ég held að Alþ. íslendinga ætti að fara að ganga í það að skera úr um hvað það er sem heitir almenningur í fornum lögum. Tilheyrir þetta að einhverju leyti okkur sem í þéttbýlinu búum, eða er þetta eingöngu í þeirra eigu sem leiða fé sitt á afrétti, sem við svo erum að reyna að myndast við af okkar skattfé að græða upp vegna þess að við viljum okkar landi vel og viljum þar með vel búskap okkar bænda? Ef hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, tæki málið þessum tökum, þá held ég að það gæti orðið almenn samstaða á milli a. m. k. borgarbúa og bænda um það að áratuga þrætumáli yrði til lykta leitt.

En ég endurtek mín orð um það, að ég tel ekki rétt að bændur séu sviptir sínum eignarrétti eða þeir sem á jörðunum búa í dag. Auk þess mótmæli ég harðlega því, sem hefur komið fram í ræðum hv. þm., ekki aðeins á þessu þingi kannske, heldur og á fyrri þingum, eins og t. d. hjá hv. 7. landsk. þm., Helga F. Seljan, sem taldi það hina mestu goðgá að borgarbúar eða þéttbýlismenn mættu eignast landsvæði í sveit. Þetta er svo forkastanlegt hafandi það í huga að hann er einn af þeim þm. sem telja sig forsvarsmann verkalýðsflokka svokallaðra, þegar líka er haft í huga að það eru einmitt þeir hinir sömu, fulltrúar launþega í þessu landi, sem hafa lagt sig eftir því á undanförnum árum að eignast jarðnæði til þess að byggja yfir sína félagsmenn til þess að koma þeim úr þéttbýlinu svokallaða, hvar við höfum öll hin félagslegu stóru vandamál sem allflestir úti um land hafa ekki við að búa. En þessi hv. þm. taldi að þetta væri forkastanlegt, að borgarbúar úr Reykjavík gætu eignast slík lönd og komið sér upp slíkum bústöðum, eftir orðanna hljóðan í ræðu hans á þeim tíma. Vera má að hann hafi eitthvað breytt um skoðun síðan.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, enda mín sjálfsagt beðið með óþreyju. Ég vildi aðeins benda á það, að mér finnst meginatriði um það, sem kveðið er á um í gildandi íslenskum lögum og okkar elstu lögum um eign alþjóðar, að úr því verði skorið nú á næstu árum, hvar séu mörkin. Ég tel að þéttbýlismenn eigi ekki minna í því heldur en þeir sem hafa beitt sínu fé og nautpeningi á þetta land.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þetta eru nú orðnar allnokkrar umr. og ég mun ekki lengja þær mikið. En vegna örfárra atriða, sem hafa komið fram í þessum umr., kveð ég mér hljóðs. Það er einkum vegna ræðuhalda hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem ég vil gera nokkrar aths.

Hv. þm. bar kvíðboga í brjósti fyrir því að það væri verið að gefa bændum þessa svokölluðu þjóðargjöf. Þetta er óþarfakvíði hjá hv. þm., að bændum einum skíni gott af þjóðargjöfinni. Ég vil leyfa mér að minna hv. þm. á það að samkv. þál. þeirri, sem samþ. var á Þingvöllum í sumar, þá er auk þeirrar almennu gróðurverndar mikil áhersla lögð á stuðning við samtök áhugamanna um náttúruvernd og um skógrækt. Enn fremur er mikil áhersla lögð á rannsóknarstarfsemi vegna bættrar og hyggilegrar meðferðar á landinu og um bjargráð vegna óblíðra náttúruafla. Ég viðurkenni það fúslega að á okkar góða landi er um ofbeit að ræða sums staðar. En ég hygg að ofbeitarhættunni verði ekki bægt frá dyrum með því að taka landið af bændum, eða umráðarétt yfir því, síður en svo. Ég endurtek það, sem ég sagði hér um daginn þegar þetta mál var til umr., að ég tel að bændum sé skást treystandi til þess að umgangast þetta land með nærfærni.

Svo var það út af rannsóknum Jóns Kristjánssonar fiskifræðings, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur vitnað hér til tvisvar sinnum, um fiskrækt í vötnum. Þessar rannsóknir eru mér nokkuð kunnugar, en mér er ókunnugt um að Jón Kristjánsson hafi aðhyllst þá tilhögun sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lýsti hér í ræðustól, að vegfarendur ættu að ganga í veiðivötn þar sem þeir færu og endilega veiða sem mest. Að sjálfsögðu eru mörg stöðuvötn á Íslandi ekki fullnýtt og þau þarf að nýta með skynsamlegum og skipulegum hætti. En það er augljóst mál að það er gersamlega hægt að eyðileggja fiskstofna í vötnum með hömlulausri og skipulagslausri veiði. Þessi túlkun hv. þm. á skýrslu Jóns Kristjánssonar fiskifræðings er að minni hyggju útúrsnúningar.

Hann fór ekki reglulega rétt með, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, þegar hann var að ræða um vötnin á Auðkúluheiði. Þessi vötn eru eign upprekstrarfélags Auðkúluheiðar, nema lítill hluti af tveimur vötnum sem er í eigu bújarða í Vatnsdal. Um þessi vötn er veiðifélag og það veiðifélag skipuleggur nýtingu þessara vatna. Það leigir einstaklingum sum vötnin, önnur eru leigð félagasamtökum. Sókninni í þessi vötn er hagað beinlínis samkv. ráðleggingum Jóns Kristjánssonar fiskifræðings, en hann hefur góðfúslega athugað þessi vötn fyrir okkur — eða starfsmaður hans að sumu leyti — nú undanfarin 2—3 ár. Við fengum hann til þess að gera athuganir á silungastofni í þessum vötnum og væntum okkur góðs af starfi hans þar og munum í framtíðinni halda áfram að hagnýta þau með skipulegum hætti, en ekki með einhverri hópveiði ferðamanna.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hrósaði þeim áhrifum, sem þessi till. Alþfl. hefði haft á viðhorf manna, og m. a. vildi hann rekja frv. til jarðalaga frá síðasta vetri til þessa tillöguflutnings. „Ja, miklir menn erum við nú, Hrólfur minn.“

Jarðalagafrv. þetta er á engan hátt afkvæmi Alþfl. Það mun þannig til komið, að hinn 18. ágúst 1971 skipaði hæstv. landbrh. n. samkv. tilmælum Búnaðarþings. Í n. voru hv. þm. Ásgeir Bjarnason, Sveinbjörn Dagfinnsson skrifstofustjóri, Árni Jónasson fulltrúi. Og dr. Gaukur Jörundsson var n. til ráðuneytis. Þessi n. samdi það frv. er hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vitnaði til. En ég hygg að hugarfar þessara ágætu nm. í garð landbúnaðarins hafi á engan hátt verið mótað af því viðhorfi sem felst í þessari till. Alþfl.-manna, enda hljóðar 1. gr. þessa frv. til jarðalaga svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangur þessara laga er að tryggja, að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og eignarráð á landi og búseta á jörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra, sem landbúnað stunda.“

Það er von mín að þetta frv. verði að lögum nú á þessu þingi.

Ég fagna að síðustu sérstaklega þeirri yfirlýsingu hv. þm. Pálma Jónssonar að dagblaðið Vísir túlki ekki stefnu Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum. Mér þykir við hæfi að samstarfsflokkur okkar í núv. ríkisstj. taki af öll tvímæli um þetta atriði og geri það lýðum alveg ljóst að dagblaðið Vísir móti ekki stefnu Sjálfstfl. Þess vegna fagna ég sérstaklega þessari aths. hv. þm.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Þar sem ég er einn af flm. þessarar till. tel ég rétt að þessari merkilegu umr. ljúki ekki án þess að ég láti í ljós með örfáum orðum hvað ég tel þessar umr. hafa leitt í ljós.

Ég hygg að um það geti enginn ágreiningur verið að hér er stórmál á ferðinni, og þær umr., sem um málið hafa farið fram, hafa leitt ótvírætt í ljós hvar afturhaldsöfl er að finna hér á hinu háa Alþ. og hvar framfaraöfl. En það hefur komið í ljós að það fer ekki eftir flokkum. Það fer ekki eftir hinni áratuga hefðbundnu flokkaskiptingu á Íslandi né heldur á Alþ. íslendinga.

Flest orð, sem sögð hafa verið gegn þessari till., eru byggð á algerum misskilningi, — ég vil ekki segja rangfærslum, ég vil ekki ætla því ágæta fólki, þótt íhaldssamt sé, sem andmælt hefur till. að það rangtúlki hana vísvitandi, en það misskilur grundvallaratriði hennar. Það er grundvallaratriði till. að ekki skuli skertur réttur bænda til þess að búa á jörðum sínum ef þeir kjósa að eiga þær frekar en hafa þær í erfðafestu. Það er sagt skýrum orðum í fyrstu setningu till. að bújarðir verði í eigu bænda þegar þeir kjósa þann hátt fremur en hafa lönd sín á erfðafestu. Hvert einasta orð, sem sagt hefur verið gegn þessari till. á þeim grundvelli að henni sé stefnt gegn réttmætum og eðlilegum hagsmunum bænda, er sagt út í bláinn, er sagt á röngum grundvelli. Það eru röng rök gegn till. Hún snertir bændur og þeirra eignarrétt að landi sínu að engu leyti. Þetta er ekki hægt að misskilja ef till. er lesin með eðlilegum og venjulegum hætti.

En um hvað fjallar till. þá? Hún fjallar um þann vanda sem hugsandi menn í öllum nágrannalöndum og hugsandi menn á Íslandi hafa nú í áratugi og þó sérstaklega á allra síðustu árum gert sér ljósan, að því fylgir mikill þjóðfélagslegur vandi að eignarréttur að mikilvægum verðmætum á Íslandi er umdeildur. Það er umdeilt hvort tiltekin landverðmæti séu eign alþjóðar eða einkaeign. Þetta á við um almenninga, eins og kom fram hjá einum ágætum ræðumanni áðan, Pétri Sigurðssyni, sem var till. frekar hlynntur eða beinlínis hlynntur, sérstaklega af þessari algerlega réttmætu og skynsamlegu ástæðu. Það ber til þess brýna nauðsyn að skera úr um það hver á almenninga á Íslandi, alþjóð eða ákveðinn bóndi eða ákveðinn hópur bænda. En almenningar eru að sjálfsögðu vaxandi verðmæti í þjóðfélagi sem er í stækkun og eflist að almennum auði, m. a. í kjölfar vaxandi fólksfjölgunar, þótt fólki kunni að fækka í sveitum.

Þá er líka spurning um fjölmörg verðmæt fallvötn, en verðgildi fallvatna fer vaxandi ár frá ári. Hver á fallvötnin? Á þjóðin þau? Eða eiga einstaklingar þau, ákveðinn einstaklingur eða hópur einstaklinga? Og hvað um jarðhitann? Jarðhiti er tiltölulega nýtt verðmæti á Íslandi, en er orðinn milljarðaverðmæti. Það er milljarðaverðmæti, sem fólgið er í iðrum jarðar í formi heits vatns og jarðgufu. Hver á þessi verðmæti? Hvaða stefnu á að hafa varðandi það hver skuli eiga þau? Og hvað er að segja um stöðuvötnin sem líkt gildir um og líkt stendur á um og almenningana? Það er um það ágreiningur hver eigi fjölmörg stöðuvötn á Íslandi. En öllum er ljóst að verðgildi þeirra fer vaxandi með ári hverju og hefur gert á undanförnum árum og áratugum.

Það eru þessi mál sem þessi till. fjallar um, en ekki um bújarðir bænda. Og það er sú stefna sem mörkuð er í þessari till. að þessi verðmæti skuli smám saman verða þjóðareign, almenningarnir og stöðuvötnin, fallvötnin og jarðhitinn. Jafnframt er að því stefnt með till. að það skuli vera frambúðarstefna að smám saman eignist ríki og sveitarfélög þær lóðir og þær lendur sem þau eiga ekki nú þegar, en smám saman vaxa mjög að verðmæti vegna þjóðfélagslegra aðstæðna, m. ö. o.: ef verðmætisaukning lóða eða lendna verður vegna skipulagsbreytinga eða vegna vaxtar bæja, flutnings byggðar í landinu, þá sé það ekki rétt — sú hugsun er að baki till. að sú verðhækkun falli í hlut einstaklinga, heldur skuli hún vera þjóðareign. Það að almenningar og stöðuvötn, að fallvötn og jarðhiti og það að verðhækkun lóða og lendna af þjóðfélagsástæðum skuli smám saman verða þjóðareign, en ekki eign einstaklinga, og hagnaður af verðhækkun slíkra verðmæta skuli vera eign alþjóðar, en ekki einstaklinga, það er kjarni nútíma jafnaðarstefnu í iðnríkjum 20. aldar. Og það er í þessari till. sem alda þessarar alþjóðlegu jafnaðarstefnu iðnríkjanna berst hingað til Íslands.

Okkur dettur ekki í hug, flm. þessarar till., að við séum höfundar að þeim hugmyndum sem hér liggja til grundvallar. Því fer víðs fjarri. Svo miklir menn erum við ekki, Hrólfur minn. Okk-

ur er algerlega ljóst að þær hugmyndir, sem liggja að baki þessari till., eru áratugagamlar hugmyndir jafnaðarmanna í vestrænum iðnríkjum sem í raun og veru valdhafar í austrænum iðnríkjum hafa talið svo sjálfsagðar, að þeir hafa fyrir löngu gert þær að veruleika í sínum ríkjum þótt með aðferðum sé sem okkur vestrænum jafnaðarmönnum geðjast ekki að.

Þau orð hafa verið látin falla að hér sé um þjóðnýtingu að ræða, viðtækustu þjóðnýtingu sem till. hafi verið flutt um á Alþ. íslendinga, og það gefið í skyn og þau orð látin fylgja, að vísu óskýrð og óbeint, en þó þannig að vart verður misskilið, að fyrir tillögumönnum vaki einhvers konar eignarán gagnvart þeim sem nú eiga þessi verðmæti, með henni eigi að svipta þá einhverju verðmæti, svipta þá eignum, þegar hugsunin er sú að þessi verðmæti, sem ég hef gert að umtalsefni, skuli smám saman verða alþjóðareign Hér er einnig algerlega rangt með farið. Hvert orð, sem sagt hefur verið gegn till. í þessum anda og á þessum grundvelli, er rangt því að till. lýkur með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Glöggt verði kveðið á um (þ. e. í hinni fyrirhuguðu löggjöf) hvernig landeign og landnytjar færist úr einkaeign í eign ríkisins og hvernig bætur skuli reiknast fyrir."

Það hefur aldrei vakað fyrir nokkrum af flm. þessarar till. að krónuverðmæti verði flutt frá réttmætum eiganda að lögum yfir í þjóðareign eða til ríkis eða sveitarfélags nema fullar bætur komi fyrir. Það hefur aldrei að okkur hvarflað, þannig að allt tal um eignaupptöku, um eignarán og því um líkt er algerlega út í bláinn mælt. Flest orðin, sem sögð hafa verið gegn till., þ. e. a. s. að hún snerti hagsmuni bænda, hugsanlega eignaraðild bænda að jörðum sínum annars vegar og hún tákni einhvers konar eignaupptöku hins vegar, eru algerlega úr lausu lofti gripin, fullkomlega út í bláinn. Hins vegar hef ég engin skynsamleg rök heyrt gegn því, sem er kjarni till., að það verði stefnt að því smám saman og gegn fullum bótum að almenningar og stöðuvötn, að fallvötn og jarðhiti og lóð og lendur í nágrenni þéttbýlis, sem stöðugt vaxa að verðmæti, verði smám saman alþjóðareign. Okkur dettur ekki í hug að þetta geti orðið í einu vetfangi, ekki á einu ári, ekki einu sinni á 10 árum. Okkur er ljóst að það þarf áratugi til eins og reynslan hefur sýnt að nauðsynlegt hefur verið þar sem þessi stefna hefur verið tekin upp fyrir forustu lýðræðissinnaðra jafnaðarmanna víða í Vestur-Evrópu.

Ég hirði ekki á lokastigi málsins að endurtaka þau almennu rök, sem fyrir því er mjög auðvelt að flytja, að það sé eingöngu réttlætissjónarmið, að það séu raunverulegir alþjóðarhagsmunir að almenningar og stöðuvötn, að jarðhiti og fallvötn og að lóðir og lendur, sem stöðugt vaxa í verðmæti, verði smám saman ríkiseign. Þess gerist ekki þörf að endurtaka þau rök. En ég er í sjálfu sér ekki hissa á því að afturhaldsöfl í Sjálfstfl. og Framsfl. snúist gegn þessum hugmyndum. Það er í samræmi við það sem gerðist í Bretlandi. Það er í samræmi við það sem gerst hefur á Norðurlöndum og annars staðar þar sem þessar hugmyndir hafa verið uppi. Þar hafa svört afturhaldsöfl í hægri sinnuðum flokkum snúist gegn þessum hugmyndum. Þau eru trú 200 ára gömlum hugmyndum um gildi einkaeignarréttarins og hafa þá trú á honum og gildi hans, finnst hann svo heilagur að hagsmunir alþjóðar verði þar að víkja. Ég er ekki hissa á því þó að slíkar afturhaldsraddir heyrist úr hópi sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Hins vegar er mér það fagnaðarefni að það skuli hafa heyrst raddir gegn þessum hugmyndum, bæði úr herbúðum framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, hér á þingi, bæði þegar þessi till. hefur áður verið rædd hér og einnig núna, sbr. síðustu ræðu hv. þm. Péturs Sigurðssonar, sem greinilega var fylgjandi því, sem ég hef lýst sem grundvallarhugmynd till.

Hitt aftur á móti finnst mér mikilli furðu gegna, að þeir tveir hv. þm. Alþb. sem hér hafa talað, hv. þm. Helgi F. Seljan og Stefán Jónsson, skuli hafa lýst sig andvíga till. Slíkum afturhaldsröddum átti ég satt að segja ekki von á úr herbúðum Alþb. þó að ég eigi yfirleitt ekki von á neinu góðu þaðan. En svona andfélagslegum sjónarmiðum bjóst ég ekki við úr þeirra hópi, af vörum þessara tveggja hv. þm. Þeir meira að segja töluðu þannig að það er ómögulegt eftir þeirra ræður að titla þá öðruvísi en íhaldskurfa með kotungshugsunarhátt, — íhaldskurfa með kotungshugsunarhátt, ég endurtek það. Það finnst mér þeim mun furðulegra þar sem um er að ræða flokksmenn í flokki sem kennir sig við jafnaðarstefnu, sem kennir sig við sósíalisma. Afstaða þeirra sýnir að annað hvort vita þeir ekki hvað sósíalismi er, að þeir skilja ekki þá grundvallarhugsun sem í sósíalisma felst, eða þeir eru undanvillingar í sínum eigin flokki og er mér raunar alveg sama hvort á sér stað, gildir það nákvæmlega einu.

Ég vil enda ræðu mína á því, sem ég byrjaði að segja, að þessar umr. hafa leitt í ljós hvar íhaldssjónarmið er að finna hér á hv. Alþ. og hvar frjálslyndu sjónarmiðin er að finna. Það var við því að búast að íhaldssjónarmiðin kæmu af vörum ýmissa sjálfstæðismanna og framsóknarmanna. Það var ekki við því að búast að þau kæmu af vörum Alþb.-manna. Það hefur samt sem áður skeð. En frjálslyndu raddirnar hafa heyrst við þessar umr. og fyrri umr. frá ýmsum þm. úr hópi framsóknarmanna, sjálfstæðismanna, SF, auðvitað að okkur flm. ógleymdum sem erum þm. Alþfl. En hér hefur komið í ljós einu sinni sem oftar að það er ekki nóg að kalla sig vinstri mann og það er ekki heldur nóg að einhverjir aðrir kalli menn hægri menn. Menn reynast oft annað en þeir kalla sjálfa sig eða eru kallaðir. Hafa þessar umr. leitt í ljós að það eru orð að sönnu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Illt er að trúa annarra orðum. Það er greinilegt að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hefur ekki hlustað á ræðu mína áðan, heldur hefur hann farið eftir þeim orðum sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lét falla hér áðan þegar hann var að ræða um það að við hefðum aðhyllst hér, við hv. þm. Stefán Jónsson, hin verstu afturhaldssjónarmið.

Þegar ég fór að taka saman niðurstöðurnar úr

ræðu hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar áðan þegar hann var að þurrka af sér allan bændafjandskapinn sem honum hefur verið nuddað upp úr undanfarið með réttu eða röngu, þá voru þær þær sömu hjá okkur hv. þm. svo að við erum þá líklega álíka afturhaldssamir í þessum efnum eða álíka frjálslyndir. Hann sagði greinilega í sinni ræðu að það væri alls ekki meiningin að ganga í neinu á eignarrétt bænda á jörðum sínum heldur væri um að ræða þau verðmæti sem ættu að vera alþjóðareign, nákvæmlega sama og ég sagði í fyrri ræðu minni í kvöld. Það er mjög alvarlegt að hlaupa svona eftir orðum annarra, sérstaklega þegar þau eru eins og orð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar voru hér áðan, þegar aðalniðurstaða hans var slík. (**GÞG**: Er þm. þá með till.?) Ég sagðist ekki vera með till., með öllum atriðum till., það var alveg rétt. Till. er það viðtæk og ég gerði mjög nána grein fyrir því og nenni ómögulega að fara að rifja það allt saman upp fyrir hv. þm. Hann getur farið til hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og fengið frekari fræðslu um það. Ég sé að honum líkar sú fræðsla vel. Það er svona svipað eins og það þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hélt því fram hér áðan að eitthvað í sambandi við rjúpnaveiði hefði verið aðalatriðið í minu máli. Það er dæmi um skilning þessa hv. þm. á landbúnaðarmálum yfirleitt — sorglegt dæmi reyndar. Og hann sagði að ég hefði verið mjög tvístígandi í málinu — og tvístígandi í mínu máli var í raun og veru sú afstaða sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason var að lýsa yfir að væri raunveruleg afstaða þeirra Alþfl.-manna í þessu efni, þeir ætluðu sko aldeilis ekki að ganga á neinn rétt bænda, engin hlunnindi þeirra sem snertu beinlínis landbúnaðinn, það væri bara um að ræða verðmæti utan landbúnaðarins, það sem ætti að vera eign þjóðarheildarinnar. Þetta kallaði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson tvístígandi í mínum málflutningi og vissi ekki hverju sætti. Nú þarf hann að fara að yfirheyra hv. fyrrv. formann síns flokks og vita hvað er samræmi og hvað er ekki samræmi í hans málflutningi.

Ég sagði áðan að ég vildi gera allsherjarúttekt á gróðamyndun í þjóðfélaginu og alls ekki taka bændur þar eina út úr, því að það er óneitanlega samkv. þessari till. Bændur eru teknir þar töluvert út úr varðandi óeðlilega gróðamyndun þeirra. En það þarf að fleirum að hyggja. Og í því sambandi fór hv. þm. Sighvatur Björgvinsson háðlegum orðum um það hvar væri nú þjóðnýtingarstefna Alþb. Ekki hélt ég að ég mundi heyra það af vörum þm. Alþfl. að þeir nefndu orðið þjóðnýtingarstefnu hér í ræðustól. Og ekki hafði ég heldur ímyndað mér það að þeir færu að segja: Hvað gerðu svo þessir hv. þm., Stefán Jónsson og Helgi Seljan? Þeir tóku afstöðu með íhaldinu. — Hvar var þessi hv. þm. 12 viðreisnarárin? Hann var ekki þm. þá, það er alveg rétt. En hann studdi ábyggilega dyggilega þá afstöðu sem Alþfl. tók þá alla tíð með íhaldinu og gleymdi gersamlega hverju einasta þjóðnýtingaráformi, svo gersamlega að hvergi sáust þess nokkur merki. Það væri hollast að minnast ekki á þessi atriði þegar talað er um þjóðnýtingarstefnu.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kom hér inn á það áðan, að það væri lítil huggun fátækum bændum þegar hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir kæmi til þeirra hughreystandi orðum og segði að þeir ættu þó landið sitt sjálfir alla vega. Ég veit alveg eða þykist alveg vita samkv. því sem ég hef séð í blaði hans æ ofan í æ ásamt greinum sálufélaga hans í Vísi hvaða huggun þeir vilja færa svona bændum. Og þá dettur mér í hug ræða hv. þm. hér fyrr á þinginu þar sem hann talaði um að skera og skera. Það voru svo sannarlega orð að sönnu í sambandi við þá huggun sem þessir ágætu menn vilja færa bændum. Þeir vilja nefnilega skera þá niður, þeir vilja leggja þessa bændur niður með öllu. Hefur verið margyfirlýst að það væri þeirra stefna. Það er sú huggun sem þeir ætla að flytja bændum. Þá kann ég nú betur við, þrátt fyrir allt, huggunina sem hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir ætlar að flytja bændum heldur en þá huggun sem bændur hafa yfirleitt fengið að kynnast frá þeim hv. flokki, Alþfl.

Ekki veit ég hvaðan úr veröldinni sú Reykjavíkurspeki hefur komist inn í höfuð hv. 8. þm. Reykv., Péturs Sigurðssonar, þegar hann var að tala um að ég hefði haldið fram forkastanleik þess að launþegar fengju land fyrir orlofsbúðir sínar. Það er verst að þessi hv. þm. er ekki hér svo að hægt væri að hræra örlítið upp í hans heilabúi. Það er sannarlega ekki vanþörf á því að sjálfur stóð ég eystra að orlofsbúðum fyrir launþega, starfaði í n. sem vann þar allgott starf og kom þar upp myndarlegum orlofsbúðum í sveit og þykir mikill sómi að. Ég held að hann sé að rugla þarna saman því, sem ég talaði um, að einstakir menn legðu undir sig heilar jarðir undir sumarbústaði. En það þýðir vitanlega ekki að leiðrétta þennan hv. þm. lengur því að nú eru þeir Heimdellingar farnir að leiðrétta hann og koma honum í hinn eina og sanna skilning um hans hlutverk hér á Alþ. og verður gaman að sjá hann endurhæfðan aftur að þeim fundi loknum.

Hv. 9. landsk. þm. fagnaði því að við þm. Alþb. hefðum verið að verja eignarréttinn. Þá er nú spurningin um það, ef það var rétt að við höfum verið sérstaklega að verja eignarréttinn, hvort hv. þm. er þá sammála almennum niðurstöðum okkar um eignarréttinn almennt. Sú niðurstaða okkar var nefnilega töluvert ákveðin og einörð. Og þó að við vildum af auðskýrðum ástæðum ekki ganga fyrst á eignarrétt bænda, ekki gera neinn uppskurð á almennum eignarrétti þeirra, þá lögðum við á það ríka áherslu að slíkan allsherjaruppskurð á gróðamyndun í þjóðfélaginu yrði að gera. Og ég fagna því sannarlega ef hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir er okkur hv. þm. Stefáni Jónssyni sammála í því. Höfuðinntakið í máli okkar beggja var að meinsemdanna væri ekki að leita í gróðamyndun hjá íslenskri bændastétt, heldur allt annars staðar, og þar þyrfti svo sannarlega að taka til hendinni. Ég gleðst sannarlega yfir því ef við höfum fengið liðsmann til þess að gera þar á ærlegan uppskurð.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þessar umr. um till. um eignarráð þjóðarinnar á landinu eru nú orðnar þó nokkuð langar, en þó í raun og veru alltaf endurtekning á því sama og sýnist

því varla ástæða til að taka tvisvar til máls um hana. En vegna þess að það er skipt um tóntegund öðru hverju þá verður aldrei séð fyrir endann á því hvaða bassaleikari verður hljómfyllstur að lokum, og því vil ég koma hér að fáeinum atriðum sem hefur borið á góma í síðustu ræðum.

Hv. 9. þm. Reykv., Gylfi Þ. Gíslason, furðaði sig mjög á því, að það þvældist fyrir okkur að finna grundvallaratriði þessarar till. Hann sagði að fyrir flm. væri það grundvallaratriði að bændur ættu jarðirnar. Þá höfum við það. En hvað er það þá sem þeir vilja breyta? Bændur eiga mest af jörðum í landinu. Jú, líklega næsta atriði sem verður þá að vera grundvallaratriði nr. 2, það er að allt land verði alþjóðareign. Það vill svo vel til að í þessari till. er það skilgreint hvað er alþjóðareign, hver þarf að vera lýstur eigandi lands til þess að alþjóð teljist eiga það. Það er ríkið og það eru sveitarfélögin. Nú er það merkilega við eignarhald á landi, að ekki eru eigendur að neinu marki nema þessir þrír aðilar og í eina fallinu, sem ég veit til að upp hafi komið ágreiningur um eignarráð, er það á milli ríkisins og sveitarfélaganna. Ég þekki ekki að annars staðar hafi orðið ágreiningur um eignarráð, svo að það má furðulegt heita að jafnvel flm. skuli ekki lánast að finna grundvallaratriði sinnar eigin till., því að það finnst mér hafa berlega komið fram við þessar umr. hér.

En um leið og ég vek athygli á þessu vil ég koma hér lítils háttar inn á eitt eða tvö atriði sem hafa flogið mér í hug við þá einstæðu og einkennilegu kennslustund sem ég þykist hafa orðið hér aðnjótandi um búskap og þá einkum frá þeim, sem eru flm. þessarar till. og hafa talað fyrir henni.

Ég hygg að það hafi verið hv. 8. landsk. þm. sem ræddi um þá gjöf sem Alþ. samþykkti að gefa þjóðinni á hátíðarfundinum á Þingvöllum í sumar. Hann spurði um hvort það væri virkilega rétt að það ætti enginn réttur að fylgja slíkri gjöf sem Alþ. hefði gefið þjóðinni. Mér finnst að spyrjandinn misskilji gjöfina og nauðsyn hennar ef hann þarf að spyrja slíkrar spurningar sem þessarar. Vitanlega er þessi gjöf gefin og þetta starf áformað til þess að bæta okkar land. Ég vil segja þessum hv. þm. það í sambandi við þessa spurningu hans, eins og fleira sem hann hafði hér orð á í sambandi við landbúnað, að honum væri miklu réttara að lesa sér dálítið til um þessi efni áður en hann ræddi þau hér á Alþ. Ég held að það væri mjög hollt að lesa t. d. bók dr. Sturlu Friðrikssonar sem heitir Líf og land þar sem ljóslega er komið inn á það og skilgreint á hvern hátt landeyðingin hefur orðið á þessum ellefu öldum. Hún er alls ekki fyrst og fremst fyrir þá sök að það hafa búið bændur í landinu. Vitaskuld hafa landkostir breyst við það að lífríkið var rofið um leið og maðurinn nam hér land. En það er hverjum manni ljóst og undirstrikað mjög rækilega í þeirri bók, sem ég hér gat um að væri hollt að lesa, að það er fyrst og fremst það að hitastigið í landinu er af þeirri gráðu sem gerir allan gróður mjög viðkvæman. Ég minnist þess vel að þegar ég var ungur maður á árunum milli 1920 og 1930 sem voru lok verulegs kuldaskeiðs, þá hafði ég fyrir augum mér ærimarga daga á árinu þykkan þokumökk af mold frá uppblæstri, og þetta var sjón sem var hörmuleg. Sem betur fer höfðu ráðamenn, bæði á vegum ríkisvaldsins og vegum bænda, hug til þess að reyna að koma þarna eitthvað til bjargar. Þeirra ráð náðu skammt. En góðviðrisskeiðið, sem staðið hefur frá 1930 og fram um 1960, hefur hjálpað til svo að unnið var þrekvirki í þessu máli, og á árunum 1960 og þar fyrst á eftir var hann gersamlega horfinn, þessi moldarbakki sem ég hafði fyrir augunum. Ég segi þetta ekki til þess að slæva tilfinningu manna fyrir því að þeir þurfi að vinna hér vasklega að, heldur til að reyna að sýna mönnum fram á hversu tíðarfarið hefur þarna mikla þýðingu.

Þessi sami hv. þm. vildi líka segja okkur til með það hvernig við ættum að fara að því að vinna að fiskrækt í vötnum á Íslandi. Mér þóttu þær upplýsingar, sem hann gaf hér, mjög merkilegar af því að þær voru alls ekki samhljóða þeirri skýrslu sem ég hafði frá Jóni Kristjánssyni fiskifræðingi um rannsóknir hans um Þingvallavatn og ég hef hér í höndunum. Hann talar alls ekki um að það muni vera lækning við öllum meinum í fiskrækt að minnka riðilinn á netinu og veiða meira og veiða meira. Hann segir að það sé margt sem til þurfi að koma. Hann ræðir um m. a. að það þurfi að rannsaka fæðumagn í vatninu og þær sveiflur sem á því kunna að verða svo og ýmis önnur atriði sem snerta líffræði fiskanna í vatninu. Hann afneitar því alls ekki að það sé hægt að hafa áhrif á fiskgöngu og fiskrækt með því að rannsaka fóðrið og jafnvel gefa fóður. En aðalniðurstaða hans um Þingvallavatn er sú að eitt það alvarlegasta í Þingvallavatni sé sú röskun sem virðist hafa orðið á tegundajafnvægi vatnsins. Þar á ég við að urriðunum hefur fækkað og murtu og e. t. v. einnig bleikju fjölgað. Eitt brýnasta fiskræktarverkefnið í dag er því að sleppa urriðaseiðum í vatnið og ber að vinna sem best að því máli. Erfitt er að segja til um seiðafjölda á þessu stigi málsins en stefan ber að því að setja í vatnið 150—250 þús. sumaralin seiði á ári.

Ég vildi láta þetta koma hér fram svo að það sæist svart á hvítu að þessum fiskifræðingi verða ekki eignuð þau úrræði til bjargar í fiskræktarmálum sem eru algerlega út í hött og vitanlega stórhættuleg. Ég held líka, að eins og ráðstöfun veiðivatna á Íslandi er háttað nú á dögum, þá séu þau ekki í ýkjamikilli hættu með það að mistök verði gerð. Veiðilöggjöfin gerir ráð fyrir ákveðinni ráðstöfun vatnanna og hún gerir ráð fyrir félagsveiði í öllum tilvikum og það styður að því að menn sameinist um að halda vötnunum í góðri rækt og vitaskuld kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar eftir því sem þörf er á.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umr. öllu meir. En ég get gjarnan í lokin spurt sömu spurningar og hv. 9. þm. Reykv. spurði hér aftur og aftur í sinni ræðu áðan, hvað þessar umr. hefðu leitt í ljós? Það er að mínum dómi mjög athyglisvert hvað þær hafa leitt í ljós. Þær hafa leitt í ljós, að það vefst fyrir flm. þessarar till. sjálfum að sýna fram á hvert er aðalstefnumið þeirra í þessu máli. Ef ekki má taka trúanleg þau

orð sem í till. standa heldur á að lesa eitthvað á bak við línurnar, þá er ekki nema eðlilegt að það vefjist fyrir okkur sem ekki höfum samið tillgr. En það, sem greinilegast hefur komið fram, er það að flm. skilja ekki sjálfir hvað þeir eru að fara.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Þegar ég bað um orðið áðan var það nú í þeim tilgangi að upplýsa það að búið væri að friðlýsa Hornstrandarsvæðið, en hv. 8. þm. Reykv. tók af mér það ómak.

Ég vil þó bæta því við að ég hef þær upplýsingar frá fyrstu hendi að allt samstarf Náttúruverndarráðs við Landeigendafélag Sléttuhrepps hafi verið með miklum ágætum og ég hygg að það sé alveg nýskeð að endanlega hafi verið gengið frá þessum málum. Og menn gera sér kannske grein fyrir því að strangt tekið hafa landeigendur í þessum hreppi, sem löngu er kominn í eyði, ekki lengur möguleika á að hefja búskap ef þeir vildu nema að fengnu samþykki Náttúruverndarráðs. Ég held að það sé nauðsynlegt að nefna þetta vegna þess að hér hefur verið deilt hart um fram komna þáltill. og deiluaðilar gjarnan farið þar út á ystu jaðra. Ein af þeim rökum, sem hafa verið notuð til þess að mæla fyrir till., hafa verið þau að hinir landlausu íslendingar eigi ekki aðgang að hinni frjálsu náttúru. Ég hef ekki heyrt sagt frá nema einu dæmi um það að jarðareigandi hafi meinað ferðamanni umferð um jörðina sína, um landið, en það vill svo til að þessi jarðareigandi var gildur atvinnurekandi hér í Reykjavík, hafði nýlega keypt þessa jörð og nú leit hann á hana eins og garðinn sinn eða lóðina sína hér í bænum. Og ég hygg að þarna rekist á hefðbundin tilfinning bænda í landinu annars vegar varðandi frjálsan umgang fólks um landið og svo sú tilfinning sem stóreignamenn gjarnan hafa, að þeim mun meira sem þeir eiga, þeim mun fastar halda þeir og verja hverja þá eign sem þeir hafa undir höndum.

Nei, ég held að við komum hér að öðru sem nauðsynlegt er að gera, að setja ný skipulagslög. Það hefur verið eftir því leitað af sveitarstjórnarmönnum að það yrði sett í lög að landið væri skipulagsskylt allt, ekki aðeins þéttbýlisstaðirnir, heldur öll sveitarfélög í landinu. Enda þótt jarðir, lóðir eða minni svæði yrðu ekki í einum áfanga skipulögð þröngt, þá væri hægt að setja þar ramma, skipulagsramma, og þá er ég alveg sannfærður um að um allt land er það mikið af jarðnæði í eigu opinberra aðila, ríkis eða sveitarfélaga, að enginn þyrfti undan því að kvarta að hann hefði ekki frjálsan aðgang að náttúru landsins.

Það er raunar ekki að ástæðulausu að umr. hafa orðið hér nokkuð langar, því að hér hefur verið deilt um grundvallaratriði. Þegar þetta mál var á dagskrá hér fyrir nokkrum dögum talaði hv. 2. þm. Reykn., Oddur Ólafsson, og taldi lítið athugavert við það, þó að menn úr þéttbýlinu keyptu sér jarðir hér og þar til þess að setjast að á sumrum, bændur mættu nýta þessi tún. Mér komu þá í hug ummæli merks bónda í Borgarfirði sem sagði að bændur yrðu að gæta þess vel að halda vöku sinni, að landið bókstaflega skriði ekki undan fótum þeirra. Hér er sú hætta á — og það hygg ég að allir þm. séu raunar sammála um — að með jarðabraski kunni sumar sveitir að strjálast svo að byggð að félagslega aðstaðan bresti, og þegar hin félagslega aðstaða brestur er ekki lengur lífvænlegt í viðkomandi sveit og þá er vá fyrir dyrum. Það er þetta sem þjóðin verður að gæta að, og ég hygg að ef jarðalagafrv. verður að lögum séu þar komin lög sem hægt sé að beita til þess að koma í veg fyrir þetta.

Hitt er svo annað mál að ég get að ýmsu leyti tekið undir þætti sem hafa verið túlkaðir hér af þeim flm. sem flytja till. Ég held að við stöndum frammi fyrir því að á næstu áratugum verði breytingar í búskaparformi íslendinga og er e. t. v. ekki hér staður og stund til þess að ræða það. Ég held að einyrkjabúskapurinn dragist saman, en það rísi aftur bú þar sem tveir, þrír eða fleiri vinna saman og fái meiri möguleika til frístunda og til starfsskiptingar. En ég vil leggja á það áherslu að slíka breytingu er ekki hægt að gera með allsherjar valdboði. Ég vil taka undir það, að mörgum einyrkjabónda, sem hefur skilað drjúgum skerfi til þjóðfélagsins bæði í framleiðslu og uppbyggingu, er það sáluhjálparatriði að eiga sitt eigið land, eiga sína eigin jörð, og því atriði eigum við ekki að kippa frá honum. En ég held, að enda þótt menn hafi búið með erfðafestu á ríkisjörð hafi þeir líka fundið sína fullnægingu í þeim búskap sem þeir hafa rækt.

En, herra forseti, í þessum löngu umr., sem hér hafa farið fram, finnst mér að ekki hafi verið mörkuð af flm. till. ákveðin stefna um það hvernig yfirtaka ríkisins ætti að fara fram. Þar kemur fram veruleg mismunun á eignarrétti þeirra, sem eiga land og eignarrétti hinna, sem eiga aðrar eignir. Ég hef ekki séð að þjóðin hafi ekki getað nýtt fallvötn landsins, enda þótt þau hafi að formi til ekki verið sameign þjóðarinnar þegar hafist var handa. Ég vil nefna sem dæmi að þegar fyrst var ráðist í virkjun á Vestfjörðum voru þær jarðir, þar sem vatnasvæðið liggur í einstaklingseign eða einstaklingaeign, allar teknar eignarnámi. Við höfum í landinu lög um eignarnám, og ég vil líta svo á í raun og veru að ýmis gæði landsins eigi að vera þjóðinni sameiginleg á sama hátt og fiskimiðin eru okkur sameiginleg. En hér er við annað mál að glíma. Það hefur aldrei neinn einstaklingur átt sérstakan rétt til miðanna. En ég held að þessi mál, bæði varðandi jarðvarmann í iðrum jarðar sem og fallorku vatnanna, sé hægt að leysa í þágu alþjóðar án þess að setja svo ákveðin stefnumarkandi lög sem þáltill. hljóðar upp á.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég ætla nú í þessu stutta máli, sem ég mun nú auka við það sem ég hef áður sagt um þessa þáltill., að byrja á því að leiðrétta lítils háttar misskilning hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Ég stóð hér ekki upp áðan sérstaklega til þess að verja eignarréttinn almennt sem slíkan í þeirri mynd sem flokksbræður hv. alþm. túlka hann og dýrka. Fyrir mér er hann ekki heilagur á þann hátt sem slíkur. En ég vék lítillega að rétti bóndans til þeirrar jarðar sem hann yrkir. Sá sem ræktar jörðina, þá jörð sem hann ræktar, þá

jörð á hann og skiptir ekki meginmáli hvort kveðið er á um þann rétt með lögum um erfðafestu eða með eignarréttarlögum. Það skiptir ekki meginmáli. En hinu hélt ég fram að annað væri þarfara viðfangsefni nú fyrir íslenska sósíalista en að vega að eignarrétti þeirra bænda sem yrkja jörðina sína.

Og þá komum við að hinni spurningunni: Hverjir eru bændur og hverjir eru jarðeigendur á Íslandi og hverjir eru veiðiréttareigendur? Sem dæmi um það hversu ótryggur ég er eignarréttarhugsjóninni, þá er ég ekki aðeins því hlynntur að gerðar verði ráðstafanir til þess að komið verði í veg fyrir brask með jarðnæði, að sett verði lög sem hefta nokkuð rétt bænda til þess að selja hverjum sem er jörðina sína, heldur er ég meira að segja hlynntur því að sett verði lög sem leiði til þess að jarðir verði teknar af þeim sem hafa keypt þær vegna hlunninda, en sitja þær ekki, og þeim skilað aftur í hendur bænda til eðlilegra nytja. Ég er hlynntur því að hróflað verði við óeðlilegu og óæskilegu eignarhaldi útarfa á einstökum jörðum sem gera það nú að verkum eins og háttað er í landinu að enginn bóndi hefur efni á því að kaupa þær eða sitja þær, svo sem við vitum dæmi um með jarðir á Breiðafirði, í eyjunum á Breiðafirði, og persónulega er mér kunnugt um það að samflokksmenn hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur hafa verið þess fýsandi sumir hverjir að þarna væru gerðar sérstakar ráðstafanir, sem óneitanlega mundu hrófla töluvert við eignarréttinum.

Hv. þm. gat bændanna á Snæfjallaströnd sem bundust samtökum um að koma upp rafstöð, einstakri í sinni röð, og kallaði þetta einstaklingsframtak. Þar komum við að skilgreiningu á hugtaki sem mikið er notað og að mínu viti af misjöfnum frómleik. Svo að við víkjum aftur að afstöðu minni til eignarréttar og til einkaframtaks, þá hlýt ég að lýsa yfir því að ég hef tröllatrú á einkaframtaki sem byggist á samstarfi fjöldans en ég vil ekki heyra fyrirbærið nefnt einkaframtak í þeirri merkingu sem Sjálfstfl. yfirleitt leggur í það orð. Ég hygg að þetta hafi bændur á Snæfjallaströnd ekki gert til þess að græða á því privat og persónulega hver fyrir sig, heldur hafi þeir í hinum sanna anda sósíalismans, félagshyggjunnar, bundist samtökum um að leysa sameiginlegan vanda til bjargar þeim öllum.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur stundum verið nefndur — af svona lágmarks góðgirni vil ég nú segja því að það liggur við að ég hiki við að taka það mér í munn — hann hefur verið nefndur „Rödd húsbóndans". Röddinni heldur hann þó að húsbóndatign hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar hafi nokkuð verið skert og sett niður. Það er kannske þakkarvert að vera húsbóndahollur. Eigi að síður laumaðist að mér ónotalegur grunur um það áðan að þekking Alþfl. á málefnum íslenskra bænda grundvallaðist kannske á því að einmitt menn eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason fræddu hvor annan um þessi mál.

Það er ekki alveg satt að afstaða mín til þáltill., sem hér liggur fyrir, mótist af hatri mínu á Alþfl., þó að ég ítreki það að ég velji mér annað kompaní á vegferðina í þessu máli sem öðrum heldur en sérstaklega valda þm. þess flokks. Afstaða mín í þessu máli mótast að vísu af afstöðu til manna, til stétta, til íslenskra bænda, miklu fremur en til langskilgreindra og útþvældra hugmynda í sambandi við absalútan eða ekki absalútan eignarrétt.

Ég tek undir það með hv. þm. Steinþóri Gestssyni um það að ég fæ ekki með nokkru móti séð hvernig rannsóknir Jóns Kristjánssonar fiskifræðings geta með nokkru móti talist stuðningur við þessa sérstöku þáltill. Alþfl. Þær fjalla m. a. um úrkynjun silungs í veiðivötnum. Ég hef lesið þessa skýrslu mjög ítarlega, eins og hv. þm. Steinþór Gestsson, og finn þessu ekki nokkurn stað nema ef vera skyldi í skýrslunni um Apavatn.

Jón Helgason: Herra forseti. Þessar umr. hljóta að vekja ýmsar hugsanir og það hefur allmargt komið fram í sambandi við efni þessa frv., sumt að vísu endurtekið æðioft. En mig langaði aðeins að benda hér á eitt atriði sem mér finnst ekki hafa komið fram, — eða ég hef ekki heyrt í þessum umr., þ. e. að með þessari þáltill. er verið að gera ráð fyrir að eigi að taka einhver hlunnindi af þeim, sem úti í sveitunum búa, sem sé óeðlilegt að þeir njóti einir eða taki endurgjald fyrir afnot annarra af þeim, það þurfi að undanskilja ýmiss konar hlunnindi bújörðum bænda og gera þau að alþjóðareign. En mér finnst að það vanti þá að það komi fram á móti að þeir, sem í þéttbýli búa og vilja fá afnot af þessum hlunnindum, njóta einnig ýmiss konar annarra hlunninda og aðstöðumunar umfram þá sem í strjálbýlinu búa, og ég hef ekki heyrt minnst á það hér að þeir bjóðist til þess að jafna þennan aðstöðumun. Mér finnst að þeir þyrftu því að gera það fyrst, að bjóðast til þess að jafna aðstöðumun fólksins í landinu, áður en þeir fara að gera kröfur til þess að taka af þeim sem að ýmsu leyti hafa lakari aðstöðuna.

Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en það er aðeins eitt atriði annað sem minnst hefur verið hér á sem mig langar að drepa á. Hv. 4. þm. Vestf. sagði áðan að hann hefði aðeins vitað um eitt dæmi þess að umferð fólks væri bönnuð og þar hefði hlutaðeigandi átt búsetu í þéttbýli. En ég hef séð það æðivíða að skilti standa með áletrunum „Einkavegur" eða „Umferð bönnuð" — og ég held að það sé í öllum tilfellum um að ræða land sem þéttbýlisfólk á eignarrétt á því að bændur hafa, a. m. k. ekki þar sem ég þekki til, bannað umferð um sitt land.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lækkun á byggingarkostnaði, þáltill. (þskj. 269). — Ein umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja till. sem ég flutti ásamt fleiri þm. á síðasta þingi. Þessi till. miðar að lækkun á byggingarkostnaði. Vafalaust er það tilgangur sem allir geta fallist á. Sú leið, sem stungið er upp á í þessari till. til þess að ná þessu markmiði, er að fela ríkisstj. að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingar-

kostnaðar sem fólginn er í ýmiss konar gjöldum til ríkisins. Á grundvelli þeirrar skýrslu láti ríkisstj. gera till. um niðurfellingu eða verulega lækkun þeirra gjalda.

Fáum dylst að húsnæðiskostnaður er of þungur baggi á herðum margra. Ekki á þetta síst við um unga fólkið. Húsnæðið gleypir allt of stóran hluta af tekjum þeirra sem hafa nýlega stofnað heimili og sífellt sigur á ógæfuhlið í þessu efni. Þetta á við hvort heldur menn byggja sjálfir eða leigja hjá öðrum. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að leita leiða til þess að gera mönnum það ódýrara að byggja. Það verður eina raunhæfa leiðin til að lækka húsaleigu og létta að tiltölu skuldabagga væntanlegra íbúðarbyggjenda. Ráðstöfun í þessa átt mundi líka verða mjög til þess að draga úr þenslunni í efnahagsmálum þjóðfélagsins, og ég hygg að þeir, sem með völdin fara, ættu að verða fegnir slíkum ráðum. Við höfum nú í alllangan tíma verið að berjast við sívaxandi verðbólgu og hún hefur ekki síst haft áhrif í byggingum fólksins, um leið og vaxandi byggingarkostaður eykur verðbólguna.

Það er sannanlega með ólíkindum að sumra orsakanna fyrir þessum háa byggingarkostnaði sé að leita í beinum ráðstöfunum ríkisins sjálfs. En sú er þó raunin því að allstór hluti af verði byggingar fer beint til ríkisins í formi skatta af efni og vinnu. Samkvæmt lauslegri áætlun, sem gerð var í fyrra, fara um 11—15% af byggingarkostnaði beint í ríkissjóð. Þar vega þyngst aðflutningsgjöld og launaskattur. Með því að ríkið sjálft lækki nú sínar kröfur um gjöld af byggingarefni eða um gjöld af vinnu manna í byggingum þá lækkar líka kostnaður ríkisins við þess eigin framkvæmdir. M. ö. o.: á því sviði er alveg augljóst að um einfalda aðgerð er að ræða til að draga úr verðþenslu. Ef við hugsum út í það að helmingur af allri fjármunamyndun í þjóðfélaginu eru byggingarframkvæmdir og helmingur af öllum byggingarframkvæmdum eru byggingar hins opinbera þá sýnist þetta vera nokkuð ljóst. Við sjáum líka að þetta hlýtur að hafa verulega þýðingu fyrir hagsmuni almennings í landinu. Enn ein röksemd, sem mætti sérstaklega tilfæra og þá fremur nú í ár heldur en í fyrra, er sú, að menn óttast að til nokkurs samdráttar á vinnumarkaði kunni að koma einhvern tíma síðar á þessu ári. Sú atvinnugrein, sem viðkvæmust er fyrir slíku, er byggingariðnaðurinn. Í því sambandi hefur mér dottið í hug að þá leið, sem bent er á í þessari till., mætti beinlínis nota sem hagstjórnartæki gegn slíku. Framkvæmd þessarar till. mundi draga úr hættu á samdrætti í atvinnu við byggingar.

Það er augljóst, herra forseti, að það eru fyllstu rök sem liggja til þess að kannað sé hvort ekki sé framkvæmanleg þessi einfalda leið til þess að lækka byggingarkostnað. En hitt er mér líka ljóst, að það þarf flókna útreikninga á ýmsum atriðum til þess að átta sig á því nákvæmlega hvaða þætti í byggingarkostnaðinum slíkar ráðstafanir mundu hitta. Sumar greinar í byggingum lenda svo margsinnis í sköttum og tollum að það verður að gera sérstakan útreikning að því er varðar þá þætti. Þetta á sérstaklega við um ýmiss konar byggingarefni sem unnið er hér innanlands. Það getur líka komið inn í þetta dæmi að athuga hvort skynsamlegt sé að hafa há aðflutningsgjöld á vélum sem notaðar eru til þess að vinna innlent byggingarefni úr erlendu hráefni, og fleira mætti til taka sem kynni að hafa áhrif á þessa útreikninga. Með því að skýrt hefur verið frá því opinberlega að hæstv. fjmrh. hafi skipað n. til að athuga sérstaklega fyrirkomulag tollamála, þá þykir mér ekki ólíklegt að það mætti sérstaklega í sambandi við afgreiðslu þessa máls frá Alþ. beina þessari till. og þeim ábendingum, sem í henni felast, til þeirrar n. í stað þess að skipa sérstaka n. í þetta verkefni eitt.

Ég vil geta þess að þessi till. hlaut ekki afgreiðslu í fyrra í allshn. Sþ. vegna þess hve áliðið var orðið þings þegar komið var að ýmsum málum okkar stjórnarandstæðinga. Þó held ég að það hafi verið vilji hjá mönnum til að afgr. þetta mál jákvætt. En ekki höfðu borist umsagnir frá öllum aðilum. Ég vil þó geta þess, að húsnæðismálastjórn ríkisins hafði sent um málið jákvæða umsögn þar sem sagði að þessi till. gengi vissulega í rétta átt. En húsnæðismálastjórn ríkisins gat líka í sinni umsögn um fleiri leiðir til lækkunar byggingarkostnaðar, svo sem ýmiss konar hagræðingu og sparneytni í sambandi við byggingar. Það eru mál sem allir eru vitanlega sammála um og unnið er þó nokkuð að. Það hefur m. a. samkv. lögum frá 1970 verið veitt á vegum húsnæðismálastjórnar fé í rannsóknir til þess að auka sparneytni í sambandi við byggingar, en vel má vera að þar sé enn meira og betur hægt að gera. En hvað sem öllu tali um sparnað og hagræðingu á þessu sviði líður og hversu sammála sem við erum þeim hugleiðingum öllum, þá virðist svo einhvern veginn vera að þær ráðstafanir, sem reynt hefur verið að gera í þessa átt, nái ekki nægilega langt og að það verði svo að menn hljóti að verða að fara einhverja slíka leið eins og bent er á í þessari till.

Ég held, að öllu samanlögðu, að það geti orðið niðurstaðan að menn sjái að það muni beinlínis borga sig fyrir ríkið að gera þá ráðstöfun sem hér er á bent. Það mundi ekki halda áfram að þenjast út kostnaðurinn við byggingar í jafnríkum mæli og verið hefur. Það mundi ekki kalla á jafnstórar fjárfúlgur í byggingarlánakerfið eins og verður annars að óbreyttum reglum, auk þess sem náttúrlega er aðalatriði þessa máls, en það er að gera sjálfum íbúum húsanna léttbærara að borga þann kostnað sem því fylgir annaðhvort að búa í eigin húsnæði eða borga húsaleigu.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að flytja nein frekari rök fyrir þessari till. Ég held að málið sé í raun og veru alveg ljóst. Það, sem gera þarf, er einungis það, sem segir í þessari till., að fela ríkisstj. að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingarkostnaðar sem felst í opinberum gjöldum. Leiði sú skýrsla til þeirrar niðurstöðu, sem mig grunar, að þau gjöld séu óskynsamlega há, þá vonast ég til þess að horfið verði að því ráði að stórlækka þau gjöld og fella þau a. m. k. sum niður með öllu. Þá lækkar byggingarkostnaður, dregur úr þenslu og minnkar hætta á atvinnuleysi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hafís fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 303). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 303 till. til þál. um viðbrögð gegn hugsanlegum hafískomum að Norðurlandi. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna afleiðingar truflana á völuflutningum til byggðarlaga á Norðurlandi, ef hafís kynni að leggjast þar að landi, og gera áætlanir um hvernig bregðast skuli við slíkum vanda. Jafnframt er ríkisstj. falið að kanna á hvern hátt unnt er að bregðast við hafískomum, ef stórfyrirtækjum yrði valinn staður á Norðurlandi."

Það er svo að hafískomur á Norðurlandi hafa sem betur fer verið fátíðar á þessari öld og siglingar til norðlenskra byggðarlaga því lítið truflast af þessum sökum. Engu að síður er það skoðun mín og ég hygg margra að til þurfi að vera áætlun um hvernig bregðast skuli við slíkum vanda ef svo vildi til að hafís legðist að Norðurlandi og truflaði samgöngur.

Fyrir nokkrum árum starfaði stjórnskipuð n. að athugunum á þessu máli. Hún skilaði áliti 1968. Að sögn formanns hennar, prófessors Ólafs Björnssonar, hafa till. hennar legið síðan fyrir, en lítið áþreifanlegt verið gert í að framkvæma þær, annað en það að nokkur fyrirtæki munu fá sérstaka fyrirgreiðslu til þess að liggja með fóðurvörur og aðrar slíkar birgðir yfir veturinn. Á hinn bóginn hafa ekki verið gerðar ráðstafanir til þess að unnt yrði að haga birgðahaldi olíu og annarra mikilvægra vara þannig að hægt væri að grípa til þeirra ef um hafís yrði að ræða.

Það er tilgangur minn með þessum tillöguflutningi að vekja athygli á þessu og að það verði í framhaldi af þessum tillöguflutningi rannsakað hvernig þessu megi koma fyrir þannig að ekki verði truflanir af þótt svo kynni að fara að hafís legðist að landi.

Síðari hl. till. er fram kominn af því marggefna tilefni að embættis- og stjórnmálamenn, sem fjalla um staðarval stórfyrirtækja, t. d. orkufrekra stórfyrirtækja, virðast flestir hverjir haldnir þeirri skoðun að staðarval slíkra fyrirtækja sé útilokað á Norðurlandi sökum hafíshættu. Ég tel að hér sé um vanhugsun og vanþekkingu að ræða, og það er annar tilgangur minn með flutningi þessarar till. að sérfróðir menn verði fengnir til og gögn um þetta mál dregin fram í dagsljósið og með því verði sýnt fram á að hér sé um vanþekkingu að ræða, að það sé hægt með ýmsu móti að komast hjá rekstrarerfiðleikum stórfyrirtækja þótt um nokkra hafískomu yrði að ræða.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að á tíma viðreisnarstjórnarinnar var skipuð n. manna til þess að athuga í samræmi við samning þann, sem gerður var þegar stóriðja reis í Straumsvík, kosti þess að velja stórfyrirtæki stað á Norðurlandi. Þessi n. skilaði áliti 1972. Hún ræddi mjög þetta hafísvandamál og þá grýlu sem hefur verið upp vakin í því sambandi af ýmsum aðilum. N. komst í sem skemmstu máli að þeirri niðurstöðu að það væri ekki tæknilega til fyrirstöðu um staðarval stórfyrirtækja á Norðurlandi að um nokkra hafíshættu yrði þar e. t. v. að ræða. N. rökstuddi þetta álit sitt með því að nú væri unnt að gefa út hafísspár í nóv. sem giltu ár fram í tímann. Þessar spár væri unnt að leiðrétta mánaðarlega í samræmi við ríkjandi vindátt. Hún benti líka á það að með myndum frá gervihnöttum væri fundin ný og áhrifarík aðferð til að fylgjast með hreyfingu hafíss, og í þriðja lagi væri það jafnvel svo að þótt hafís legðist að landi, þá væri hann yfirleitt ekki svo þéttur að sérstaklega útbúin skip gætu ekki komist leiðar sinnar í gegnum ísinn með eða án aðstoðar frá flugvélum.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að það hafa verið gerðar hafísspár undanfarin ár. Á því var byrjað 1968 í sambandi við starf áður nefndrar hafísnefndar. Þá hófst tilraun til þess að gera hafísspár hér á landi. Páll Bergþórsson veðurfræðingur var ráðgjafi þeirrar n. í þessu efni. Hann athugaði samhengi hitafars á Jan-Mayen og hafískomur í marga áratugi og hann telur að það séu mjög vaxandi möguleikar á því að gera haldgóðar spár um hafískomur með þeirri aðferð sem hann hefur beitt í þessu sambandi. Hann telur að það hafi verið samsvörun milli sjávarhita við Jan Mayen og hafíss 1965, 1967 og 1968. Hann hefur, síðan þessar tilraunir voru gerðar, spáð fyrir um hafískomur og telur að þær spár hafi yfirleitt reynst réttar að einu ári undanskildu, 1971 minnir mig það væri, þá spáði hann nokkrum hafís, en þá var þrálát suðaustanátt á hafinu fyrir norðan Ísland og þá reyndist sú spá ekki rétt. Það var talsvert mikið um hafís þá norður í hafi, en hann leitaði sem betur fer ekki upp að landinu vegna vindáttarinnar.

Í þessu efni hefur talsvert áunnist, og ég held að það sé ástæða til þess að vekja athygli á því að halda þessu starfi áfram. Nú er það svo að bæði okkar hafrannsóknarskip og hafrannsóknarskip annarra þjóða gera umfangsmiklar athuganir á hafinu fyrir norðan landið og þær athuganir geta orðið til þess að treysta þessar hafísspár. Það liggur í augum uppi að það er allmikið gagn að því að geta strax að hausti sagt til um það, eins og raunar hefur komið í fréttum, að sáralitlar líkur séu á að hafís komi upp að landinu að vori til. En það er auðvitað ekki nóg að hægt sé að þróa spár áfram, heldur þarf að verða hægt að bregðast við því, ef hafís skyldi koma, á einhvern viðunandi hátt.

Þessi till. er komin fram til að vekja athygli á þessu og eins hinu, að tæknilega séð ætti ekki að vera því neitt til fyrirstöðu að stærri fyrirtækjum yrði valinn staður á Norðurlandi af þessum sökum og væri vel ef þessi tillögugerð ýtti á að báðir þessir þættir, sem hér er á minnst, fengju farsæla lausn.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að gera frekari grein fyrir þessari till. Hún segir í sjálfu sér ákaflega skýrt hvað fyrir mér vakir með þessum tillöguflutningi. Ég legg til, að till. verði vísað til hv. allshn. til fyrirgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Áburðarverksmiðja á Norðausturlandi, þáltill. (þskj. 343). — Ein umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér í d. till. til þál. um áburðarverksmiðju á Norðurlandi í sambandi við Kröfluvirkjun, svo hljóðandi:

„Alþ. ályktar að láta nú þegar hefja undirbúning að gerð verksmiðju er nýti orku frá fyrirhugaðri Kröfluvirkjun til framleiðslu á tilbúnum áburði. Verði verksmiðjan reist í Norður-Þingeyjarsýslu, annað tveggja á Kópaskeri eða við Fjallahöfn, eftir því hvor staðurinn þykir heppilegri með tilliti til hafskipahafnar."

Grg. með þáltill. flyt ég svo hljóðandi:

„Nú eru góðar horfur á því að takast muni að leysa úr brýnustu þörf norðlendinga fyrir raforku til húsahitunar og annars heimilishalds með því að flýta Kröfluvirkjun og þá fyrst og fremst með því, að fá til afnota þegar á næsta sumri litinn hverfil, er nýti orku úr tilraunaborholu sem þegar hefur verið gerð, en síðan, þegar á árinu 1976, að virkja nýjar borholur fyrir 30 mw. gufuhverfil, og svo loks á árinu 1977 að tengja annan 30 mw. hverfil við gufuaflið. Líkur benda til þess, að þá sé enn ónytjað mjög mikið gufuafl á Kröflusvæðinu og taka megi með sama hætti og tiltölulega litlum tilkostnaði tuga mw. orku, þannig að unnt verði að nytja raforku á þessu svæði til iðnaðarframleiðslu.

Nú er svo komið að mikið vantar á að Áburðarverksmiðja ríkisins í Gufunesi anni áburðarþörf landsmanna. Tilbúinn áburður hefur hækkað svo mikið í verði á síðustu missirum að til stórvanræða horfir og raunar sýnt að fjöldi bænda stendur nú þegar ráðþrota gagnvart þessu vandamáli. Líkur benda til þess að áburðarkostnaður á hvert kg af þurrkuðu heyi verði 11—12 kr. á sumri komanda. Ljóst er að raforku verður ekki varið til hagkvæmari nota svo að sæmilegt sé en til áburðarframleiðslu, hvort heldur miðað er við innlendan markað eða útflutning, þar eð hér er um að ræða undirstöðuvörur til matvælaframleiðslu í sveltandi heimi. Það er einnig sýnt að með skynsamlegri stefnu í virkjunarmálum ættum við að geta orðið aflögufærir um raforku í þessu skyni í sívaxandi mæli á næstu árum.

Enn fremur má telja það auðsætt af áætlunum, sem gerðar hafa verið um hafnargerð við Grundartanga í Hvalfirði, að okkur á að vera tiltækt lánsfé til hafnargerðar á Kópaskeri eða við Fjallahöfn í N.-Þingeyjarsýslu. Þangað er skammt að leiða rafmagn frá Kröflusvæðinu og brýn þörf fyrir höfn í þágu þjóðlegra atvinnuvega sýslubúa. Yrði hafnargerð á þeim slóðum hin mesta lyftistöng fyrir dreifbýlið, andstætt því sem yrði um hafnargerð við Grundartanga."

Þannig hljóðar sem sagt till. til þál. og grg. sem ég flyt með henni.

Skv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér frá Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi, mun framleiðsla verksmiðjunnar í fyrra hafa numið u. þ. b. 36 þús. tonnum. Ætla má að hún verði svipuð í ár, en áburðarþörfin skv. áætluðum pöntunum 50—60 þús. tonn. Þá eru ekki reiknaðir með þeir tugir þús. tonna af áburði sem þarf til nota á afrétti landsins. Það vantar enn tugi þús. tonna af áburði til þess að kaupa fyrir milljarðinn sem ætlaður var til landgræðslu, með samþykkt Alþ. á s. l. sumri, þó að jafnað sé yfir á fleiri sumur.

Menn kunna að spyrja, hvaða nauðsyn beri til þess að reisa þá áburðarverksmiðju, sem hér er gerð grein fyrir, á Norðurlandi og þó enn fremur á Norðausturlandi eða í N.-Þingeyjarsýslu, hvort ekki væri hagkvæmara að byggja við áburðarverksmiðjuna í Gufunesi. Því er til að svara, að um það bil fjórðungur af verði tilbúins áburðar, sem kominn er til Norðurlands eða öllu fremur til Norðausturlands, liggur í flutningskostnaði. Í öðru lagi er því til að svara, að það er eðlilegt að við dreifum áburðarverksmiðjum, sem við reisum af þessari stærð, um landið. Sú þriðja kann að bætast við. Við skulum vona að við sýnum það framtak við jarðrækt á Íslandi að við þurfum þriðju áburðarverksmiðjuna, álíka að stærð, og það er þjóðarnauðsyn að við dreifum þessum verksmiðjum um landið, ekki bara vegna flutningskostnaðar á áburði, heldur líka í öryggisskyni og í þriðja lagi til þess að efla með því byggðir landsins.

Við þm. Norðurl. e. ræddum fyrir skemmstu við kaupfélagsstjóra og forsvarsmenn kaupfélaga úr N.-Þingeyjarsýslu, þar sem þeir röktu fyrir okkur vandræði sín í sambandi við útvegun á áburði á komandi vori, fyrst og fremst vegna kostnaðar — geigvænlegs kostnaðar — og skorts á lausafé til ráðstöfunar til áburðarkaupa. Þeir lýstu því fyrir okkur hversu verðrátta í þeim héruðum útheimtir miklu meiri áburðarnotkun en jafnvel í öðrum landbúnaðarhéruðum landsins vegna þess hve sumur eru skömm, hlýindatíminn skammur, vaxtatími jarðargróðans skammur, oft ekki nema vika til hálfur mánuður., og þá er allt í húfi að nægur sé áburður í jörðinni til þess að þessi skammi vaxtartími geti nýst.

Ég segi í grg. að í ljós hafi komið í sambandi við fyrirhugaða útreikninga um höfn á Grundartanga í Hvalfirði, að fáanlegt ætti að vera fjármagn til hafnargerða á þessum tímum. Maður skyldi ætla að hægt væri að fá fé til þess að gera höfn í N.-Þingeyjarsýslu, hafnleysumni allar götur frá Raufarhöfn til Húsavíkur. Ég er þess fullviss, að ef skynsemi réði, ef réði tillitssemi við þjóðlega atvinnuvegi okkar, þá mundi eigi síður takast að útvega lánsfé til þess að gera höfn á þessum slóðum. Það er ráðgerð 500—600 millj. kr. fjárveiting til hafnargerðar á Grundartanga, hérna á milli Reykjavíkur og Akraness, í sambandi við málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Ég er sannfærður um það, að ef sams konar áhugi ríkti fyrir því að leysa úr þörfum fólksins í N.-Þingeyjarsýslu, á hafnleysusvæðinu, þá væri hægt að útvega það fé sem til þyrfti að koma upp leguplássi fyrir hafskip og þá jafnframt fiskiskipahöfn á Kópaskeri eða í Fjallahöfn.

Því hefur verið haldið fram, að til þess að áburðarverksmiðja hér á landi gæti orðið samkeppnisfær við áburðarverksmiðjur sem notuðu jarðgas, t. a. m. við Persaflóa eða fyrir botni Miðjarðarhafs, þá þyrfti hún orku sem fást mundi úr þrefaldri Dettifossvirkjun. Þess háttar verk-

smiðja, ammoníakverksmiðja, mundi þurfa alla orku Jökulsár á Fjöllum eins og hún er hugsuð af hálfu verkfræðinga þegar Jökulsá yrði veitt ofan í Fljótsdal. Það er ekki þess háttar áburðarverksmiðja, sem flm. þessarar till. hefur í huga, ekki verksmiðja, sem ætlað væri að keppa við Saud Arabíukonung um framleiðslu á ammoníaki til sölu á heimsmarkaði, heldur áburðarverksmiðja sem til þess væri ætluð að fullnægja þörfum landsmanna til framleiðslu á grasi, til áburðar á tún og í garða og á afrétti landsins. Ég hygg að við gerum rétt í því um sinn, þegar við hugsum um áburðarframleiðslu hér innanlands, að miða hana við okkar eigin þarfir og þó fyrst og fremst það að verða sjálfum okkur nógir á þessu sviði. Ef við hugleiðum nýtingu orku okkar í landinu, hvort heldur hún kemur úr fallvötnum eða heitum hverum, ef við hugleiðum eingöngu í sambandi við heimsmarkað og markaðseftirspurn úti í löndum, þá munum við fyrr eða síðar leiðast til þess að fara að hugsa um aðra atvinnuvegi okkar frá sömu grundvallaforsendum.

Það er rétt, að landbúnaðarafurðir okkar munu ekki verða um sinn samkeppnisfærar við landbúnaðarafurðir þeirra þjóða, sem sunnar búa á jarðarkringlunni, við hagstæðara loftslag og við betri möguleika til stóryrkju en hér. En ef við hættum framleiðslu á íslenskum landbúnaðarafurðum af þeim sökum eða hættum að hlúa að íslenskum landbúnaði af þeim sökum, þá gæfi ég ekki mikið fyrir þann stutta spotta sem eftir yrði af sjálfstæðu lífi þessarar þjóðar eða menningarlífi í þessu landi.

Ég hef vikið að því í tali mínu um orkumálin, að okkur íslendingum bæri siðferðileg skylda til þess að nota allt vinnuafl okkar og alla orku okkar til matvælaframleiðslu í sveltandi heimi. Á sviði landbúnaðar hef ég nefnt í því sambandi, fyrir utan áburðinn, grænfóðurrækt eða fóðurbætisræktun og ylrækt. Og þá er spurt hvort flm. þessarar till., sem hér um ræðir, ímyndi sér að íslendingar geti séð hinu soltna fólki úti í heimi fyrir landbúnaðarafurðum, fyrir matvælum ræktuðum á þurru Íslandi til þess að seðja hungur þessa fólks. Ég er eflaus um það, að íslendingar gætu látið mjög mikið að sér kveða meðal þessa soltna fólks til þess að seðja hungur þess, ekki bara með því að verka allan þann fisk sem hér kemur á land til manneldis í staðinn fyrir að verka rúmlega helming hans sem svínafóður, heldur líka með matvælum sem hægt er að framleiða á landi hér. Svörin, sem við fáum frá peningaglöggum stjórnmálamönnum okkar er á þetta er minnst, eru yfirleitt þau að þetta fátæka fólk, sem nú er að svelta, sem nú skortir eggjahvituefnarika fæðu, sé svo fátækt að það geti ekki keypt matinn okkar. Þetta er að því einu leyti rétt, að þetta sveltandi fólk í Afríku og Asíu á ekki dollara eða rúblur eða pund til þess að kaupa fyrir matvælin okkar. En það á vörur sem við höfum mjög mikil not fyrir, ýmiss konar vörur. Okkur er innan handar að taka upp vöruskiptaverslun við þessar þjóðir í stórum stíl.

Fyrir tveimur vikum fékk ég bréf frá kunningja mínum sem ég kynntist á stríðsárunum, en nú er hv. þm. í lýðveldinu Kamerún, þar sem hann sagði mér frá því að þeim þætti það í Kamerún, að þeir fengju lágt verð fyrir timbrið sitt sem fyrst og fremst er selt til Vestur-Evrópu á vegum Unileaver, og hann spyr hvort ekki geti hugsast að þeir í Kamerún, sem vantar mjög mikið eggjahvituríka fæðu og hafa komist lítillega upp á lag með að borða skreið sem þeir fá frá grannríki sínu, Nígeríu, keypta héðan að norðan frá Íslandi og Noregi, — hvort það gæti ekki hugsast, að íslendingar vildu kaupa timbur í Kamerún og borga það með skreið. Ef þarna væri um að ræða meira timbur en þeir gætu notað sjálfir í sínu skóglausa landi, þá gætu þeir vafalaust selt það með mjög góðum hagnaði í Vestur-Evrópu. Að vísu sagðist hann reikna með því, að Kamerúnbúar, þ. á m. hann sjálfur, sem er skógareigandi, vildu fá öllu hærra verð fyrir timbrið sitt en Unileaver borgar fyrir það í skiptum fyrir íslenska fiskinn. En hann sagðist fullyrða það að eigi að síður yrði þetta mjög ódýrt timbur, því að þeir fylgjast með því í Kamerún á hvaða verði þetta timbur er selt í Vestur-Evrópu. Ef reiknað væri með vöruskiptaverslun, þá kynni svo að fara að jafnvel það, sem nú er kallað umframframleiðsla okkar af kjöti og mjólk, — að maður minnist nú ekki á fiskinn okkar sem nú er verkaður í svínafóður, — jafnvel umframframleiðsla okkar af kjöti og mjólk gæti komist í sæmilega hátt verð ef við hefðum fyrir því að taka við greiðslu í timbri eða annarri vöru frá þeim þjóðum sem skortir mat og eiga ekki dollara eða rúblur eða pund til þess að borga fyrir hann, en ágætis vörur.

Ég hafði að vísu heyrt oftar en einu sinni í hér um bil aldarfjórðungsstarfi við fréttaöflun, þá hafði ég heyrt jafnvel hv. alþm.ýja að því að eitt af aðalvandamálum þessarar þjóðar væri dugnaður bændastéttarinnar við að framleiða mat, með öðrum orðum offramleiðsla á landbúnaðarafurðum í sveltandi heimi. Þessi kennisetning var jafnvel sett í harða fræðilega formúlu á þá lund að bændastéttin væri orðin helsti dragbítur á það sem kallað var hagvöxtur þjóðarinnar. Það má vel vera að það sé sökum þekkingarskorts í hagfræði að ég get ekki fengið mig til að trúa því enn í dag að bóndi, jafnvel með smærra bú en vísitölubúið, sé ekki þjóðhagslega séð öllu skárri matvinnungur en t. d. ýmsir þeirra manna sem mestar hafa áhyggjurnar af því að bændastéttin dragi úr hagvexti þessarar þjóðar.

Það er enn þá staðföst skoðun mín, að það sé til mikillar fremdar, ekki aðeins fyrir bændastéttina sjálfa, heldur þjóðina alla, að við ýtum undir aukna framleiðslu í íslenskum landbúnaði, að því gefnu að við sýnum þá jafnframt þá dáð að koma ágætum afurðum íslensks landbúnaðar í verð og þó umfram alla aðra muni að við sjáum til þess að þeir íslendingar, sem ekki vinna sjálfir að landbúnaðarframleiðslu, að borgarfólkið okkar, fólkið í bæjunum, hafi efni á því að borða þá hollu fæðu sem íslenskir bændur framleiða. Það er fyrir neðan allar hellur — bókstaflega fyrir neðan allar hellur — að íslenskir bændur skuli á þessum vordögum, sem nú blasa við okkur í landsynningsþíðunni, þurfa að kvíða fyrir sumri vegna þess að svo hefur verið að þeim hert að telja má nokkurn veginn

víst að þeir fái ekki áburð til þess að bera á túnin sín.

Það væri fáranlegt af okkur að reikna orkuframleiðslu á tilbúnum áburði hér á landi á heimsmarkaðsverði, ekki síst með tilliti til þess að við höfum nú á næstliðnum vikum verið að reikna raforku til framleiðslu á málmblendi á verði sem nemur u. þ. b. 1/10 af heimsmarkaðsverði á raforku og hið lága verð verið afsakað með því, að við þurfum að borga með þessari orku vegna þess hvað landið sé afskekkt.

Ég ætlaði ekki að halda langa tölu með þessari þáltill. minni um nýtingu íslenskrar orku, innlendrar orku til framleiðslu á tilbúnum áburði. Ég ætlaði aðeins að ítreka það, sem fram kemur í grg. sem hér liggur fyrir framan mig, að allar líkur benda til þess að fáanleg verði á Kröflusvæðinu næg raforka til þess að leiða um skammnan veg til sjávar í N.-Þingeyjarsýslu á annan tveggja staða, þar sem telja má nokkuð auðvelt að gera höfn, hafskipahöfn, sem jafnframt muni nytjast sem fiskihöfn, og að á þessu svæði, nákvæmlega á þessu svæði er nú háð einhver hin harðasta barátta hér á landi til þess að halda blómlegum og góðum landbúnaðarhéruðum í byggð og að þörf er fyrir fyrirtæki á borð við áburðarverksmiðju á þessum slóðum til þess að efla fólkið í þessari baráttu.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég var því miður ekki kominn hér í hv. d. þegar hv. flm. hóf ræðu sína, svo að ég kann ekki skil á því hvað hann hafði áður sagt, enda breytir það ekki því sem ég ætlaði að segja. En ástæðan fyrir því, að svo var, var sú að ég reiknaði með að tala fyrir máli í hv. Nd. sem færðist hins vegar til. Það, sem ég vildi hins vegar segja við þessa umr. málsins, er það eitt, að ég er í þann veginn að ganga frá skipun n. til þess að athuga um rekstur áburðarverksmiðju hér á landi, bæði með tilliti til þess, hvort heppilegt sé að stækka þá verksmiðju sem fyrir er, og einnig um það, hvort reisa eigi aðra nýja. Ég mun láta það í vald þeirra nm. sem fá þetta verkefni hvor leiðin verði talin heppilegri. Ég tel í því sambandi að það geti verið alveg eins heppilegt að reisa þessa verksmiðju, ef það er talið hagkvæmt að við t. d. gætum flutt út áburð, sem ekki er nú öruggt að hagkvæmt sé talið, en ekki heldur talið útilokað, — þá tel ég að það geti verið heppilegra að sú verksmiðja yrði reist annars staðar en við hliðina á þeirri sem hér er fyrir. Ég mun því ekki í því skipunarbréfi, sem ég gef, skipa nm. fyrir neitt ákveðið í því, heldur gefa þeim möguleika til þess að velja og hafna, en benda á þær leiðir báðar, að til athugunar komi stækkun núgildandi verksmiðju eða bygging nýrrar. Það mun ábyggilega hafa veruleg áhrif á málið, hvort hægt væri að hugsa sér að við gætum flutt út áburð með sæmilegum hagnaði eða ekki.

Á þetta vildi ég benda í sambandi við þetta mál. Ég hef ekki hugsað mér að það væri einn staður tekinn öðrum fremur í því sambandi, heldur væri þetta athugað nokkuð um landið vítt og breitt, eftir því hvað henta þætti ef um nýja áburðarverksmiðju væri að ræða.

Eins og kunnugt er, þá er það svo að Áburðarverksmiðjan hefur mjög hagkvæmt verð á raforku, langt undir því sem hér var talað um, og við það yrði að sjálfsögðu að miða einnig í framtíðinni. En ég vildi láta það koma fram, að í minni till. til þeirra nm., sem í þetta eru valdir og ég geng nú fljótlega frá, verður einnig athugað að um nýja verksmiðju geti verið að ræða ekki síður en stækkun á þeirri sem fyrir er.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir frumkvæði hans í því að flytja hér þáltill. um áburðarverksmiðju á Norðurlandi.

Ég vil taka undir það með hv. flm. að okkur er þörf á því að auka áburðarnotkun í landinu, okkur er þörf á því að auka gróður landsins og okkur er þörf á því að auka framleiðslumöguleika matvæla í landinu. Hins vegar vil ég líka benda á það, að þegar ákveðin er bygging áburðarverksmiðju er nauðsynlegt að tillit sé tekið til þess hversu hagkvæm slík framkvæmd er fyrir þróun íslensks landbúnaðar. Ég get reyndar ekki neitað því, að mér finnst sumt það, sem segir bæði í þáltill. og grg., vera nokkuð afdráttarlaust án þess að mér sé fyllilega kunnugt um rökin fyrir því. Eg hefði talið heppilegra með þessa till. að hún væri á þá lund, að það væri könnuð hagkvæmni þess að byggja slíka áburðarverksmiðju sem þessa, því að ég vil taka það mjög ákveðið fram að bygging slíkrar verksmiðju má ekki í neinu verða dragbítur á íslenskum landbúnaði. Það er t. d. undirstöðuatriði að sá áburður, sem við framleiðum hér, sé a. m. k. ekki dýrari en áburður væri ef við flyttum hann frá nágrannalöndum.

Það væri sjálfsagt ástæða til þess hér að ræða ýmislegt um landbúnaðarmál og raunar kom hv. flm. inn á ýmislegt í því sambandi. Mér fannst út af fyrir sig mjög athyglisverð ummæli hans um hugsanlega vöruskiptaverslun við fjarlægar þjóðir sem vantar mat. En við rekum okkur e. t. v. á það, sem líka kom fram í ræðu hans, að til þess að slík vöruskiptaverslun geti átt sér stað þarf líka að vera fjárhagslegur grundvöllur fyrir henni. Það kom t. d. fram í máli frsm., að það er vissulega mjög illa farið ef íslendingar sjálfir eru ekki svo vel efnum búnir að þeir geti lagt sér til munns þær landbúnaðarvörur sem við framleiðum. En ég get ekki neitað því, að mér finnst dálítil tengsl vera á milli þess kostnaðar sem er við almenna framleiðslu hér í landinu, jafnvel getum við sagt líka þess kaupgjalds sem gildir í landinu, þeirrar lífsafkomu sem við búum við og þeirra möguleika sem við höfum til þess að koma vörum okkar í verð í fjarlægum löndum þar sem kaupgetan er lítil og verðlag fremur lágt. Ef við getum komið þessu í kring með vöruskiptaverslun, eins og hér var talað um, og komið þeim vörum, sem við fáum úr fjarlægum löndum, í hátt verð hér á vesturlöndum, þá kann það að létta okkur róðurinn. En ég er ekki alveg viss um að þessi mál séu eins einföld og mér fannst að flm. þætti liggja í augum uppi.

Mig langar aðeins að drepa á það hér, án þess

að ég hafi um það nákvæmar tölur, að eitthvað á milli 65 og 75% — það er ekki nákvæm tala, heldur ágiskunartala, — af framleiðslukostnaði íslenskra landbúnaðarvara í dag — og þá á ég við heildsöluverðið — eru vinnulaun, ýmist sem framleiðslukostnaður á sveitabýlunum sjálfum eða við vinnslu vörunnar, þannig að mikill meiri hl. þess, sem við köllum kostnaðarverð á landbúnaðarvörum, er í ákaflega nánum tengslum við hið almenna kaupgjald í landinu og þá almennu verðlagsþróun sem á sér stað í landinu. Ég hef haldið því fram, að það væri fátt sem mældi betur verðlagsþróunina heldur en einmitt verð landbúnaðarvaranna vegna þess hvernig okkar verðlagskerfi er uppbyggt. Það er sjálfsagt ekki ástæða til þess að rekja það hér, en í grundvallaratriðum er það þannig, eins og menn vita, lögum skv. að bændum er ætlað svipað kaupgjald fyrir vinnu sína við búrekstur og tilteknum öðrum atvinnustéttum í landinu. Það, sem hefur áhrif á hækkun eða lækkun verðs á landbúnaðarvörum, eru eingöngu breytingar á tilkostnaði, breytingar á kaupgjaldi og breytingar á rekstrarvörum, og þar á ég auðvitað við verðlag landbúnaðarvaranna óniðurgreitt. Þess vegna er það svo, að ef við ætlum virkilega að gera framleiðslu landbúnaðarvara að stórfelldum atvinnuvegi til útflutnings, þá verðum við nauðugir viljugir að finna fjárhagslegan grundvöll fyrir því, til þess einmitt að bændastéttin geti lifað sambærilegu lífi við aðrar stéttir í landinu.

Ég vildi óska þess að þetta væri og yrði eins auðvelt og mér fannst á flm. að hann áliti að það yrði. Ég er sannfærður um það, eins og hv. flm., að það eru miklir möguleikar hér á landi til aukinnar matvælaframleiðslu í íslenskum landbúnaði. Við vitum líka að við höfum mjög mikla möguleika til aukinnar matvælaframleiðslu í sjávarútvegi. Því miður er það svo núna, að einmitt sömu ástæðurnar og liggja til þess að menn horfa fram á það með ugg að þurfa að greiða það geysiháa verð sem verður á áburðinum í vor — einmitt sömu ástæðurnar liggja til þess að við eigum nú mjög erfitt með að selja framleiðsluvörur okkar á erlendum mörkuðum. Ég vil vekja athygli á því hér, að hv. flm. tók svo til orða að það megi telja nokkurn veginn víst að íslenskir bændur fái ekki áburð á túnin sín á næsta vori. Ég vona sannarlega að þetta sé ekki rétt með farið. Ég veit ekki annað en að það séu uppi áætlanir um að gera það kleift. Hins vegar vil ég líka vekja athygli á því, og ég vil einmitt nota þetta tækifæri til að óska eftir liðsinni hv. flm. þessarar till. við það, að til þess að bændur geti keypt áburð á túnin sín, hvort sem það er innlend eða erlend framleiðsla, þá þurfa þeir að fá það verð fyrir framleiðsluvöru sína að búskapurinn beri sig.

Ég vil taka undir það með hv. frsm., að ég tel að einmitt smábændurnir hafi verið á ýmsan hátt mjög þarfir þjóðfélagsþegnar. Þeir hafa, eins og sagt er, lifað mikið af sínu. Þeir hafa ekki verið stórir þátttakendur í því að skapa þá miklu þenslu, sem almennt hefur verið í þessu þjóðfélagi og vissulega valdið okkur efnahagslegum örðugleikum. Þeir hafa búið að sínu, ræktað jörðina, og afkoma þeirra fyrst og fremst byggst á því að þeir hafa litlu eytt af því, sem þeir hafa aflað, umfram það sem þeir hafa notað til að bæta sínar jarðir, bæta það land sem þeim hefur verið fengið til meðferðar.

Ég álít að það sé ekkert keppikefli fyrir okkur, hvorki frá efnahagslegu né menningarlegu sjónarmiði, að breyta íslenskum búskap í verksmiðjubúskap, stórbúskap á þann mælikvarða sem á það er lagður í stærstu landbúnaðarlöndum veraldarinnar. Ég held að við höfum vel efni á því að halda landbúnaðinum í svipuðu horfi og verið hefur og efla hann til útflutningsframleiðslu svo fremi sem fjárhagslegur grundvöllur finnst fyrir slíku.

Ég vil nota þetta tækifæri til að óska eftir samvinnu við hv. flm. um að hann og aðrir alþm. standi á verði um það, að ekki verði í neinu rýrð þau kjör sem bændur hafa nú í dag í hlutfalli við aðrar stéttir þjóðfélagsins. Það kann að virðast óþarfi að nefna slíkt. En þó er mér það vel ljóst að á hverjum tíma verður að hafa uppi öfluga kynningarstarfsemi og áróðursstarfsemi um það að gera mönnum skiljanleg kjör sveitabænda og þörf þeirra á því að njóta jafnréttis við aðrar stéttir um kaup og kjör.

Ég fagna því, sem fram kom í ræðu hæstv. landbrh., að til skoðunar verði hvort ekki sé hagkvæmt að reisa nýja áburðarverksmiðju annars staðar á landinu heldur en í næsta nágrenni Reykjavíkur. Ég er sammála flm. till. um að það mundi styrkja mjög stöðu þess landshluta sem fengi slíka verksmiðju heim til sín. Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að renna fleiri stoðum en við höfum gert undir atvinnulíf okkar, og ég þykist sjá einmitt í till. hv. flm. nokkra viðurkenningu á því, að það, sem kallað hefur verið stóriðja eða orkufrekur iðnaður, eigi rétt á sér í þessu landi.

Ég ætla ekki að tefja þetta mál öllu lengur. Mér finnst, eins og ég sagði áðan, bera nokkuð á fullyrðingum í þessu máli hv. flm. Í till. segir fortakslaust: „Alþ. ályktar að láta nú þegar hefja undirbúning“ og að nýtt verði rafmagn frá fyrirhugaðri Kröfluvirkjun. Ég efast um að það verði afgangur orku í verulegum mæli, eins og nú er gert ráð fyrir að þessi virkjun verði. Þá er tekið svo til orða í grg., með leyfi hæstv. forseta, að ljóst sé að raforku verði „ekki varið til hagkvæmari nota, svo að sæmilegt sé, en til áburðarframleiðslu.“ Þetta eru upplýsingar sem ég veit ekki hvort eru réttar, en þykir vænt um ef eru réttar. Og hér stendur, að svo sé hvort sem „miðað er við innlendan markað eða útflutning.“ Þetta er líka nýtt fyrir mér, að það sé fortakslaust að þetta sé hagkvæmasta notkun raforku í iðnaði, og þætti mér vænt um að fá nánari upplýsingar um hvar þetta er að finna. Hér er enn fremur sagt, sem sjálfsagt er rétt, að við ættum „að geta orðið aflögufærir um raforku í þessu skyni í sívaxandi mæli á næstu árum.“ Ég vona að það sé rétt, sem hér er sagt, að þetta sé hagkvæmasta notkun sem við höfum fyrir okkar miklu orkumöguleika. En það væri fróðlegt að vita hvaðan þessar upplýsingar eru komnar, því að þær eru raunar ekki í fullu samræmi við það sem aðrir hafa sagt um þessa hluti.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Eins og ég lít á það mál sem kemur hér fram í þáltill. um áburðarverksmiðju á Norðausturlandi, þá er hér verið að hreyfa almennu vandamáli, þ. e. a. s. því vandamáli að koma fleiri stoðum undir okkar atvinnulíf, renna sterkari stoðum undir atvinnulíf á Norðausturlandi. Það hafa sjálfsagt flestir þá ósk að renna traustari stoðum undir okkar fremur einhæfa atvinnulíf. Vandamálið er að finna rekstur, finna atvinnugreinar sem eru hagkvæmar, sem eru af réttri stærð fyrir viðkomandi byggðir og spilla ekki umhverfi og mannlífi.

Ég sé að það kemur hér fram í þessari þáltill. að flm. hefur komist að ákveðinni niðurstöðu. Ég les það hér að hann telji fullvíst að það muni vera hagkvæmt að byggja þessa verksmiðju, og þykir mér vænt um að heyra það. Ég gerði á því lítillega könnun á s. l. hausti hvort það væri hugsanlegt að byggja áburðarverksmiðju á Austurlandi, því að það er eins með austfirðinga og aðra að þeir vilja gjarnan koma traustari stoðum undir sitt atvinnulíf og eru eins og aðrir leitandi í því. Því miður fékk ég ekki neina ákveðna niðurstöðu í því máli, en ég fékk fullvissu um að það væri verið að kanna þessa hluti, það yrði kannað hvort það væri hagkvæmt að reisa verksmiðju annaðhvort þar eða annars staðar, og þykir mér vænt um að heyra að landbrh. hefur þegar lýst því hér yfir.

Vandamálið í dag varðandi áburðarframleiðslu er það, eins og hv. flm. gat um, að við fullnægjum ekki eftirspurn eftir áburði hér innanlands. Það er líka ljóst, eins og hann gat um, að áburðarnotkun mun vaxa.

Sá áburður, sem við notum er aðallega þrenns konar, þ. e. a. s. köfnunarefnisáburður, fósfor og kalí. Fósfor og kalí eru framleidd úr innfluttum efnum og þau efni finnast ekki hér. En aftur á móti getum við framleitt köfnunarefnisáburð, og framleiðsla á slíkum áburði er fyrst og fremst ammoníakframleiðsla. 85% af þeirri raforku, sem notuð er við áburðarverksmiðjuna hér, fara til framleiðslu á ammoníaki, þ. e. a. s. fyrst og fremst til framleiðslu á vatnsefni, sem er framleitt með rafgreiningu vatns, og svo aftur köfnunarefni, sem er framleitt í köfnunarefnisverksmiðju. Úr þessu er framleitt ammoníak sem er uppistaðan í áburðarframleiðslunni.

Mér hefur skilist að vandamál áburðarverksmiðjunnar hér í Gufunesi væru tvenns konar, til þess að hún gæti fullnægt núverandi þörfum landsmanna. Í fyrsta lagi er um það að ræða að það vantar að stækka saltpéturssýruverksmiðju þá sem þar er. Ef hún er stækkuð nýtast aðrir hlutar af verksmiðjunni mun betur. En u. þ. b. helmingur af ammoníakinu er notaður til framleiðslu á saltpéturssýru. Í öðru lagi notar áburðarverksmiðjan u. þ. b. 60 tonn af ammoníaki á dag, en þar eru aðeins framleidd u. þ. b. 30 tonn af ammoníaki á dag. Það þarf því að flytja inn ammoníak sem hefur nú að undanförnu farið allt upp í 450 dollara tonnið, en mun nú vera komið niður í 350—360 dollara.

Þetta er sem sagt aðalvandamálið, hvort á að framleiða hér meira af ammoníaki, þegar hugsað er um hagkvæmni slíkrar verksmiðju. Og við hljótum að þurfa að huga að því, því að það eru bændur landsins sem eiga að greiða fyrir þessa vöru og við getum ekki selt hana á hvaða verði sem er. Það eru allir sammála um að það sé æskilegt að áburður sé framleiddur hér innanlands, en við hljótum að þurfa að huga að því hvort slíkt er hagkvæmt, og vænti ég þess að svo sé.

En það, sem einkum hræðir menn frá þeirri hugsun að byggja áburðarverksmiðju úti á landi, eru þær fullyrðingar, sem ég vil ekki neitt fullyrða um, að það sé ekki hagkvæmt að byggja litlar ammoníakverksmiðjur, þ. e. a. s. ef um það á að vera að ræða að byggja ammoníakverksmiðju, þá verður sú ammoníakverksmiðja að vera allstór. Algengasta stærð slíkra verksmiðja mun vera um 800—1200 tonna framleiðsla á dag, en við núverandi aðstæður þurfum við aðeins 30 tonn á dag til viðbótar. Það þarf ½ mw. til að framleiða eitt tonn af ammoníaki, þannig að það mundi þurfa u. þ. b. 15 mw. að framleiða 30 tonn og 400 mw. til að framleiða 800 tonn af ammoníaki. Ég vænti þess, að þessi mál verði rannsökuð gaumgæfilega og úr því skorið hvort slíkar fullyrðingar eru réttar.

Varðandi útflutning á áburði, þá er sjálfsagt að kanna hvort það er hagkvæmt. En ammoníak er líka, má segja, nokkurs konar áburður. Það fer mestur hluti orkunnar í að framleiða ammoníak og munu vera u. þ. b. 82% af köfnunarefni í ammoníaki.

Þetta eru allt saman mál sem þarfnast nánari athugunar. Ég vænti þess, að ef verður um það að ræða að það sé hagkvæmt að byggja nýja áburðarverksmiðju, þá komi hún annaðhvort á þennan stað, sem ég veit að hefur þörf fyrir slíka framleiðslu, og einnig vænti ég þess að Austurland komi þar til álita. En ég er ekki tilbúinn að styðja það að svo komnu máli að þar verði reist stór ammoníakverksmiðja. Ég veit ekkert um slíkar verksmiðjur. Ég þykist vita að það er mjög mikil mengunarhætta af slíkum verksmiðjum. Er þess að vænta að hagkvæmt reynist að reisa minni ammoníakverksmiðju.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil nú fyrst taka undir með hv. flm. þessarar þáltill. að vissulega er hér um að ræða eitt af þeim málum sem flokkast undir byggðamál. Ég efast ekkert um að verksmiðja af þeirri smærri gerð, sem hann hugsar sér örugglega að verði á þessum stað, gæti orðið lyftistöng fyrir þennan landshluta. Ég tek undir með hv. síðasta ræðumanni, að við vonum einnig að Austurland komi hér til greina, þ. e. a. s. í sambandi við smærri verksmiðju af þessu tagi. Hann benti á að það lægju fyrir ýmsar fullyrðingar um að það væri ekki hagkvæmt að byggja slíkar smærri verksmiðjur, — fullyrðingar sem ekki væru sannaðar og ég vona sannarlega að séu vafasamar í þessu sem ýmsu öðru sem fram kemur í fullyrðingum ýmissa sérfræðinga varðandi ýmis mál. En því kem ég inn á þetta, að í hitaumræðum hér á dögunum kom ég víst inn á það, að það eina, sem ég gæti sætt mig við varðandi eitthvað í átt við stóriðju við Reyðarfjörð, væri áburðarverksmiðja af einmitt smærri gerð. Ég gerði það vegna þess, að ég taldi að það væri kleift, það gæti verið hag-

kvæmt. Þá reiknaði ég auðvitað með því að allar mengunarvarnir yrðu til staðar. Það þyrfti að vísu að nota mikla orku, en fyrst og fremst yrði starfskraftarnir miklu minni en við aðrar gerðir verksmiðja þar eystra, því að ég óttast ekki síður risafyrirtæki af þeirri stærð sem þar hefur verið um talað vegna mannfjöldans, sem vinnur í kringum þau, og vegna þeirrar röskunar á öllu mannlífi á þessum stöðum, þessum fámennu stöðum, sem af fólksfjölguninni verður.

Ég vona sem sagt að ef eitthvað verður í þeim málum gert þar eystra, þá verði þó a. m. k. hugað að þessu í leiðinni og athugað um hagkvæmni þess, ef mikil orkuframleiðsla verður þar í framtíðinni, og ekki farið út á þá braut sem nú virðist áætlað og mann grunar jafnvel að hafi verið farið út til Sviss á dögunum til að semja að einhverju leyti um, að hve miklu leyti sem það hefur nú við rök að styðjast.

Ég vil taka undir það með hv. flm. og þeim öðrum, sem hér hafa að því vikið, að við þurfum sannarlega að auka framleiðslu okkar í landbúnaði. Við þurfum að vísu að koma þessari framleiðslu í verð. Við þurfum að vinna þessari framleiðslu okkar markaði. Einn þeirra manna, sem hefur haft hvað mestan metnað f. h. bændastéttarinnar á Íslandi og má það svo sannarlega, Sveinn Jónsson á Egilsstöðum, hefur ævinlega haldið því fram að allt of lítið væri að því gert að vinna landbúnaðarframleiðslu okkar markaði erlendis. Það væri raunar allt af handahófi og allt of lítið að því gert. Hann er sannfærður um það og hefur sannfært mig um það einnig að við eigum gífurlega möguleika á þessum sviðum ef þar er myndarlega tekið til hendi. Hann hefur einnig bent á það, að ýmis aukin verksvið biði íslensks landbúnaðar ef menn hafi hug og djörfung til að takast á við ýmsan vanda sem þeim fylgir.

Menn hafa deilt á útflutning okkar landbúnaðarframleiðslu. Það hefur oft verið helsti ásteitingarsteinninn þegar steinum hefur verið kastað að landbúnaðinum að menn þyrftu að greiða svo og svo miklar útflutningsuppbætur með þessum afurðum. En þegar ég fór að kanna það hér á dögunum að hve miklu leyti þessar útflutningsuppbætur væru bændum sjálfum að kenna, þá kom í ljós, sem mig reyndar grunaði, að aukabúskapur, þ. e. hliðargrein manna í þorpum og kaupstöðum, framleiðsla þeirra jafngildir í raun nokkuð svipaðri prósentu og út er flutt af landbúnaðarvörum — nokkuð svipaðri, þannig að það er nú eiginlega mál til komið að fara að taka þennan kaleik frá íslensku bændastéttinni. Þar veldur annað, án þess að ég vilji fara að setja beinar hömlur á það að menn fái að stunda þennan smábúskap sinn eða setja við því einhverjar skorður. En það er rétt að þetta komi fram hér vegna þess að að þessu var sérstaklega vikið hér áðan.

Hv. þm. Ingi Tryggvason vék að því hve samtengingin væri rík milli kjara launþegans, hins almenna launþega, og kjara bóndans. Það er rétt, og því á það að vera keppikefli bæði verkamanna og bænda að samstarf þessara aðila sé sem allra best. Samstarf og samvinna þessara aðila eru líka forsenda góðrar afkomu bændastéttarinnar í landinu. Hann þarf ekki að hvetja mig til liðsinnis við þá hugmynd að þær stéttir hafi sem nánasta og besta samvinnu sín á milli. Til þeirrar hugmyndar er ég reiðubúinn að ljá allt mitt fylgi, einnig til þess, að bændur geti fengið réttmætt verð fyrir sína framleiðsluvöru og þeim verði tryggt það á margan annan veg en nú er gert, með mörgum öðrum leiðum en nú eru farnar og ég ætla ekki að fara að rekja hér, þar sem þetta er svo einangrað mál. Hann minnti á litlu búin og stóru búin og tók samanburð þeirra á milli. Sannleikurinn er sá, að varðandi þá þróun mála stjórna lánamálin í landbúnaðinum þeirri þróun meira en allt annað, og þau lánamál, sem ég á nokkurn hlut að reyndar í dag, eru í sannkölluðum ólestri hvað þetta snertir. Stóru búin fara sístækkandi, gleypa æ meira af lánsfjármagninu, á meðan litlu búin standa í stað, vegna þess að lánakjörin til hinna minni búa eru hin sömu og til stóru búanna. Stórbændurnir fá enga skerðingu á sínum lánakjörum eins og þó ætti að vera. Það ætti að vera þannig einmitt að minni búin njóti þar betri kjara, a. m. k. þangað til þau hafa náð þeirri stærð að bændurnir þar geti lifað nokkurn veginn mannsæmandi lífi.

Á það vil ég svo minna að lokum að það er fleira varðandi vandamál landbúnaðarins í dag en áburðarverðið eitt sem að kreppir. Lánamál landbúnaðarins í heild eru nú í meiri sjálfheldu en nokkru sinni. Þar þarf stórátak til af hálfu stjórnvalda, ef ekki á að koma til algerrar stöðvunar í öllum framkvæmdum bænda á þessu ári.

Þær tölur, sem fyrir okkur liggja í dag, eru hreinlega þær að ekki verði hægt að veita lán til neinna nýrra framkvæmda í íslenskum landbúnaði, ekki til íbúðarhúsa, ekki til útihúsa eða neinna framkvæmda í íslenskum landbúnaði. Þetta eru þær alvarlegu staðreyndir sem við blasa við Stofnlánadeild landbúnaðarins í dag. Því skal treyst að landbrh. og stjórnvöld yfirleitt sjái til þess, að svo verði að þessum málum staðið að hér verði ekki sú algera stöðvun sem nú blasir við allra augum að óbreyttu ástandi.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Mér komu óneitanlega í hug orð Jóhannesar heitins Jósefssonar á Borg, glímukappa, þegar hv. þm. Ingi Tryggvason reyndi að vekja, að því er honum fannst náttúrlega sjálfum ekki að þarflausu, athygli mína á því að það kynni að verða hægara sagt en gert að koma á barterverslun — vöruskiptaverslun með íslenskar landbúnaðarafurðir við þær þjóðir sem mest skortir mat. Ég efast ekki um að til þess þurfi að taka hendinni. En þó er það svo, eins og Jóhannes heitinn á Borg sagði: „Það stekkur enginn lengra en hann hugsar.“ Og að mínu viti er tími til þess kominn fyrir nokkru að þarna verði tekið til hendinni. Ég vil alls ekki varpa rýrð á störf sölusamtaka framleiðenda í hinum ýmsu greinum, hvorki til lands né sjávar, en um hitt hef ég óljósan grun, að e. t. v. mætti vinna betur að þessum málum en gert hefur verið, og ég hef meira en óljósan grun, ég er sannfærður um að ekki mundi saka að reyna.

Hv. þm. Ingi Tryggvason innti mig eftir því hvaðan ég hefði þá staðhæfingu sem fram kemur

í grg., að ljóst sé að raforku verði ekki varið til hagkvæmari nota, svo að sæmilegt sé, en til áburðarframleiðslu. Ég hygg að hv. þm. hafi svo sem öðrum þm. í þessari hv. d. verið ljóst í skugga hvaða efnahagsráðstafana og atvinnumálaráðstafana þessi þáltill. er borin fram. Og það ætla ég, að varlegra hefði verið fyrir hv. þm. að inna nánar eftir rökum fyrir hagkvæmni þess að selja íslenska raforku til málmblendiverksmiðju uppi í Hvalfirði í þágu amerískra fyrirtækisins Union Carbide að hyggja nánar eftir rökunum fyrir hagkvæmni þess heldur en að verða nú altekinn ekkakenndum efa um það hvort hagkvæmt kunni að vera að nota raforkuna til framleiðslu á áburði sem við þörfnumst í landinu fyrir íslenskan landbúnað á þessu vori. Ætla ég að við verðum, ef guð lofar, aflögufærir um raforku í þessu skyni í vaxandi mæli á næstu árum. En þann misskilning vil ég leiðrétta, sem fram kom í ræðu hv. þm. Inga Tryggvasonar, að þáltill. mín sé eins konar viðurkenning á nauðsyn þess að við rennum fleiri stoðum undir íslenska atvinnuvegi með stóriðju. Ég er ekki að tala um stóriðju. Ég tók fram í ræðu minni að það, sem fyrir mér vakir, er fyrst og fremst, að við getum orðið sjálfum okkur nógir um áburðarframleiðslu, ekki miðað við notkunina eins og hún kemur fram í pöntunum á þessu vori, heldur miðað við þörfina eins og hún er raunverulega til aukningar á framleiðslu á íslenskum matvælum og til þess að bæta afréttarlöndin okkar. Ég tók það fram í framsöguræðu minni að mér fyndist það fráleitt, þegar hugsað væri um áburðarframleiðslu á Íslandi, að bera það í orð, hvað þá heldur meir, að við yrðum samkeppnisfærir um framleiðsluverð miðað við fob-verð á áburði við Persaflóa þar sem framleitt er úr jarðgasi. Því fór víðs fjarri. Ég held að ef við reiknum dæmið þannig, þá verði okkur kannske ekki stætt á því heldur að sneiða hjá því að miða við framleiðsluverð á landbúnaðarvörum erlendis. Mig minnir að ég hafi fyrir skemmstu lesið í amerísku tímariti að það þætti ekki hagkvæmt að reka svínabú með minni framleiðslu en 15 þús. tonnum á ári. Við verðum að nota allt annan mælikvarða þegar við ræðum um þörf fyrir áburðarverksmiðju á Íslandi.

Það er orðið ákaflega brýnt að við gerum okkur grein fyrir því, að á tímunum sem fram undan eru, sem blasa við okkur, þá er miklu meiri þörf að við verðum sjálfum okkur nógir um ýmsa grundvallarframleiðslu heldur en að við tökum þátt í markaðskapphlaupi stórra auðhringa erlendis. Það kreppir nú að í hinum svonefnda tæknikapítalíska heimi. Þegar ég nefni hinn tæknikapítalíska heim, þá vil ég vekja athygli á því að þar á ég ekki aðeins við auðvaldslöndin í vestri, heldur á ég við iðnaðarríkin sem miðað hafa framleiðslu sína við vaxandi hagvöxt, við hröðun á hagvexti. Sum af blessuðum Austur-Evrópuríkjunum okkar og vel flest koma þar með inn í. Sú kreppa, sem við sjáum framan í núna í Vestur-Evrópu og Ameríku, sem kölluð er nektakreppan, stafar, hvort sem mönnum er ljúft eða leitt að viðurkenna það, e. t. v. fyrst og fremst af því að auðlindir jarðar eru að þrjóta.

Á næstu áratugum, — enginn okkar, sem hér sitjum inni, þarf að verða sérlega gamall maður til að lifa þá tíma, — þá mun sú þjóð ein þykja vel sett sem er sjálfri sér nóg um matvæli. Til þess að framfleyta á þessu landi þegar að því kemur að olíuna þrýtur á aflvélar fiskiskipa okkar og við lendum þrátt fyrir allt, þó að við höfum ærna fallorku í vötnum okkar og á háhitasvæðum okkar, í orkukreppu, — til þess að framfleyta 200 þús. manns á þessu landi þurfum við að nytja gæði jarðar, þá þurfum við á því að halda að vera sjálfum okkur nógir um tilbúinn áburð.

Ég ætla að vekja athygli ykkar á því, með hvaða hætti arabarnir hafa notað olíuna í sinni pólitísku baráttu, pólitísku þjóðfrelsisbaráttu sem þeir heyja nú gagnvart ríku þjóðunum. Það hvarflar ekki að mér efi um það, að svo geti farið að þeir muni nota yfirráð sín yfir tiltölulega ódýrum tilbúnum áburði á sama hátt í sinni pólitísku baráttu, auk þess sem mér er tjáð að tilbúinn áburður, sem fluttur yrði frá Port Said til Íslands, mundi fjórfaldast í verði á leiðinni hingað sökum flutningsgjalda, miðað við fragtir eins og þær eru í dag. Frá Noregi tvöfaldast þessi áburður aðeins að kostnaði miðað við fragtir eins og þær eru í dag.

Ég hafði orð á því í framsöguræðu minni, að þótt ég mælti hér fyrir áburðarverksmiðju á Norðausturlandi, nánar tiltekið í Norður-Þingeyjarsýslu, þá þættist ég sjá fram á það að þörf yrði fyrir aðra slíka og þá þriðju í landinu. Ekki lái ég þeim það, hv. meðþm. mínum, Halldóri Asgrímssyni og Helga F. Seljan, þótt þeir vildu gjarnan sjá þá verksmiðju rísa á Austurlandi. En við sjáum fram á það nú að við munum verða í Norðurl. e. aflögufærir um þau 15 mw. sem þyrfti til framleiðslu á því ammoníaki, sem nú þarf til áburðarframleiðslunnar í landinu, og mjög sennilega fyrir þeim 15 megavöttum, sem þarf að auki til þess að uppfylla þá þörf sem raunverulega er fyrir hendi í landinu ef við tökum tillit til þess að þarf að bera meira á landið en nú er gert. Það er verðugt andsvar, ef við hyggjum að byggðastefnu, — það er verðugt andsvar við því atferli, sem nú er á döfinni af hálfu valdamanna í sambandi við framleiðslu á járnsíli, að við krefjumst þess nú að ætluð verði raforka til framleiðslu á tilbúnum áburði í lítilli verksmiðju í Norðurl. e. til þess að bæta úr þörf landbúnaðarins fyrir þessa vöru, það er verðugt andsvar.

Ég tek undir orð hv. þm. Helga F. Seljans um það, að ekki muni standa á atfylgi Alþb. við hv. þm. Inga Tryggvason þegar að því kemur að hann vilji í raun og veru tryggja óskert kjör bænda, en það ætla ég að verða muni í samstarfi við annan stjórnmálaflokk en þann sem hann nú þjónar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég ætla að hætta mér í það að taka til máls um þessa gagnmerku till., sem hér er til umr., jafnvel þó að ég sé í Sjálfstfl. Ég segi þetta af því tilefni sem gafst í síðustu orðum flm. hér næst á undan mér. Mér er ekki fyllilega ljóst með hvaða rétti hann getur sent mönnum slíkan tón hér úr ræðustól á Alþ. Ég dreg ekki í efa að þessi till. hv. þm. er vel meint og hún er til þess ætluð að stuðla að hagstæðari byggðaþróun fyrir

þann landshluta sem hann er þm. fyrir. En ég held að framlagning till. hafi þó ekki gefið honum rétt til þess að vera með einkennilegar meiningar í garð annarra manna eða annarra flokka hér í þingi.

Ég ætla nú ekki að ræða neitt verulega um till. sjálfa eða efni hennar, en þær umr., sem hér hafa orðið, hafa gefið mér tilefni til nokkurra hugleiðinga.

Þá er það fyrst að ég vil þakka þær yfirlýsingar sem hæstv. landbrh. gaf hér um það, að hann væri í þann veginn að hleypa af stokkunum n. sem ætti að kanna áburðarframleiðslumál okkar, sem að mínum dómi er full þörf á að gera.

Í annan stað þykir mér rétt að koma aðeins með nokkrum orðum inn á það sem hv. 7. þm. Helgi F. Seljan gerði hér að umræðuefni og það voru lánamál landbúnaðarins. Hann lýsti þeim ekki vel, sagði í fyrsta lagi að það liti svo út, stofnlán yrðu trauðlega veitt til landbúnaðar á næstunni og það tæki þó út yfir allan þjófabálk að stóru búin virtust gleypa alla þá möguleika sem stofnlánadeildin hefði í þessu efni. Nú veit ég að við hv. 7. landsk. erum sammála um að landbúnaðarframleiðslu þurfi að auka og bæta aðstöðu þeirra sem að henni vinna. En ég hygg að það sé alger fásinna að láta sér detta í hug að sú þróun verði hagstæð sem byggð er upp aðeins í gegnum lítil bú. Það tekst ekki. Og ég vil benda á að það er gersamlega útilokað fyrir mann sem starfar sem einyrki við landbúnað, það er gersamlega útilokað að hann geti notið sama réttar og aðrir landsmenn í sambandi við vinnutíma og orlof. Þetta er svo augljóst að ég þarf ekki að rökstyðja það.

En svo vil ég geta um annað. Það eru til margir menn — og þeirra á meðal er þessi hv. þm. — sem virðast hafa ótrú á stórum búum. En ég vil benda á það, að hér um bil öll stór bú í landinu eru fjölskyldubú. Það er spurning hvort við höfum annað rekstrarform sem er hentugra í landbúnaði heldur en einmitt fjölskyldubúin. Þau stórbú, sem ekki eru fjölskyldubú, eru svo fá í landinu að það má telja þau á fingrum sér. Ég held að við eigum ekki akneitast við það þó að fjölskyldubúin hafi lánamöguleika til jafns við litlu búin.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um þetta mál að þessu sinni, en eins og ég gat um áðan hafa umr. gefið mér tilefni til nokkurra hugleiðinga. Ég er mjög ánægður yfir því að verða var við að skoðanir manna, sem hér hafa talað um landbúnað, falla vel að skoðun minni í því efni, að ég tel að landbúnað á Íslandi verði að efla, og ég er þeirrar skoðunar, að það megi hvergi gefa slakt í því efni.

Fjölgun þjóðarinnar, vöntun fæðu í heiminum, hvort tveggja stuðlar að því að við höfum ekki leyfi til þess að draga af okkur í því efni þar sem við eigum mikla möguleika. Mér þykir vænt um að hafa orðið þess var að það eru hér fleiri innan þessara veggja sem eru sömu skoðunar. En ég held að það þýði ekkert fyrir menn annað en gera sér það ljóst, ef við ætlum að þróa íslenskan landbúnað til þess að framleiða meira og til að rækta stærri lönd, þá verðum við líka að gera okkur ljóst að við erum um leið að breyta landinu okkar. Það verður ekki eins og það var. Það verður ekki hægt að varðveita hverja einustu mýrartó sem til er í landinu, og það er hætt við því að þeir, sem telja það vera mest um vert að heyra spóann vella öðru hverju, fái minna af því kvaki en áður.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Mér þykir hálfleiðinlegt að svo virðist sem þau hólsyrði, sem ég hafði hér um tillöguflutning hv. 5. þm. Norðurl. e., hafi farið fyrir ofan garð og neðan hjá honum og honum helst í minni það sem að einhverju leyti fór í taugarnar á honum, eins og t. d. vissar spurningar sem hann leiddi algerlega hjá sér að svara, um hagkvæmni orkunotkunar til áburðarframleiðslu.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði áður, að ég teldi það mikla lyftistöng fyrir íslenskan landbúnað og fyrir byggð á Norðurlandi ef þar yrði byggð áburðarverksmiðja, og á ég þar ekki endilega við stórverksmiðju. En ég vil líka taka það fram, að þegar í sama orðinu er talað um að auka stórlega framleiðslu til útflutnings og að halda uppi góðum kjörum íslenskra bænda, þá verður að tryggja það svo sem kostur er að rekstrarvörur fáist á sem lægstu verði.

Hér var nokkuð minnst á útflutning landbúnaðarvara og raunar minnst á að þar mundi vera hægt að gera betur en gert er í dag. Ekki dettur mér í hug að bera á móti því, að jafnan er hægt að gera betur eða a. m. k. reyna að gera betur. En ég vil jafnframt vekja athygli á því að vandkvæði á útflutningi íslenskra landbúnaðarvara stafa ekki af því að sé svo erfitt að selja vörurnar, það er síður en svo. Það er mjög auðvelt í dag að selja íslenskar landbúnaðarvörur. En það eru örðugleikar á að fá það verð fyrir vörurnar sem við þurfum á að halda til að standa undir framleiðslukostnaðinum hér innanlands. Þetta stafar m. a. af því, að í öllum nágrannalöndum okkar, öllum þeim löndum sem búa við svipuð skilyrði til framleiðslu og þó oftast mun betri, er um verulegar niðurgreiðslur og styrkjagreiðslur að ræða til landbúnaðarins. Þess vegna er það svo, að við höfum ekki eðlilega samkepnisaðstöðu um landbúnaðarvörur á neinum þeim mörkuðum sem okkur hafa verið tiltækir að undanförnu. Þetta er sá vandi sem við eigum við að fást í sambandi við útflutning landbúnaðarafurða, og ég held að það sé alveg útilokað annað en að hyggja að þessari samkeppnisaðstöðu um leið og við gerum tillögur og undirbúum aukna framleiðslu.

Ég get endurtekið það, að ég gæti ekki hugsað íslenskum landbúnaði betra hlutskipti heldur en það að geta framleitt landbúnaðarvörur í verulegum mæli til útflutnings. Ég vona svo sannarlega að bygging áburðarverksmiðju á Norðurlandi yrði stoð við slíka framleiðslu. En við verðum auðvitað að gera okkur grein fyrir því, að það er allt annað mál að miða framleiðslu fyrst og fremst við innanlandsmarkað og okkar eigin þarfir, eins og við gerum í dag, því að það gerum við vissulega fyrst og fremst, eða hugsa okkur að framleiða í verulegum mæli til útflutnings.

Ég vil taka mjög sterklega undir þau orð hv. 5. þm. Norðurl. e., að við þurfum að leggja mikið kapp á að verða okkur sjálfum nógir um framleiðslu helstu nauðsynja og þá ekki síst landbúnaðarvara. Til þess þurfum við að beita öllum tiltækum ráðum, að við höldum landbúnaðinum í því horfi að hann verði fær um það um langa framtíð, um alla framtíð að gegna þessu hlutverki. En það, sem mér fannst nokkuð á skorta í málflutningi hv. tillögumanns, var einmitt þetta, að ef við ætlum okkur að flytja út til þeirra landa sem nú borga lágt verð fyrir matvæli, þá verðum við líka að geta framleitt vörurnar á lágu verði. (StJ: Þau borga hátt verð fyrir matvæli. Þau þurfa að borga svo hátt verð að fólkið hefur ekki efni á því að kaupa matvælin og deyr úr sulti.) Ég hefði mjög gjarnan óskað eftir því einmitt að fá nánari upplýsingar um það með hvaða hætti er hægt að flytja vörur til Kamerún. Ef það er vissulega svo, að íbúar Kamerún eru tilbúnir að borga það sem hv. þm. kallar hátt verð, þá er það mjög gleðilegt og sannarlega ætti ekki á okkur að standa að flytja þangað vörur. E. t. v. er þetta aðeins fyrir þekkingarskort, menn hafa ekki upplýsingar um þetta. En það væri mjög æskilegt að fá slíkar upplýsingar og þá þannig að á þeim sé hægt að byggja.

Ég spurði áðan um orkukostnaðinn og fullyrðingu um að það væri ekki hagkvæmara að nota raforku til annars en að framleiða áburð. Við því kom ekki svar. En hins vegar virtust þessi ummæli hafa að einhverju leyti farið í taugarnar á hv. flm.

Ég vil aðeins víkja hér að því sem minnst var á lánastarfsemi í íslenskum landbúnaði. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Helga F. Seljan, að það eru ekki fyrir hendi upplýsingar um það að hægt verði að lána til framkvæmda í íslenskum landbúnaði í samræmi við umsóknir þar um. Ég held að ég megi þó fullyrða að það verði gert allt sem hægt er til þess að auka lánagetu Stofnlánadeildar landbúnaðarins umfram það sem nú er vitað um fjárútvegun til þeirrar stofnunar. Ég vil taka undir það, að þó að við verðum e. t. v. að fara svolítið hægar í ýmsum framkvæmdum á þessu ári en við höfum gert að undanförnu, þá er mjög brýnt að ekki verði stöðvun í þessum framkvæmdum frekar en annarri starfsemi í landinu.

Ég vil svo enn endurtaka það til þess að forðast allan misskilning, að ég er hv. 5. þm. Norðurl. e. þakklátur fyrir að hafa vakið máls á þessu nauðsynjamáli, stofnun áburðarverksmiðju á Norðurlandi. En ég vil jafnframt leggja áherslu á það, að við megum ekki í sambandi við stofnun áburðarverksmiðju gleyma hagkvæmnishliðinni. Mér er það kunnugt að nú á undanförnum árum hefur íslensk áburðarframleiðsla átt í harðri samkeppni við erlenda áburðarframleiðslu og hvor áburður um sig hefur ýmist verið ódýrari, sá innlendi eða sá erlendi, og það eru vissir örðugleikar í sambandi við það ef áburðarframleiðslan þarf að vera dýr. Þess vegna þarf líka að því að hyggja hvers konar verksmiðjur í þessu efni eru okkur hagkvæmastar, hvers konar verksmiðjur það eru sem gætu orðið mestar lyftistengur bæði fyrir þau byggðarlög, þar sem þær eru byggðar, og fyrir landbúnaðinn sem atvinnugrein.

ATKVGR.

Till. vísað til iðnn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 271, n. 366). — 2 umr.

Jón Árnason: Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 frá 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem hér er til umr., er nánast sagt aðeins leiðrétting á 4. gr. l. til þess að skýrt komi fram verkaskipting á milli Framleiðslueftirlits sjávarafurða og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. N. er sammála um það, enda flytur hún frv., að mæla með því að það verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, en legg til að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 382). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um stofnun járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Segir svo, að ríkisstj. skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á ferrosilikoni og hafa með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur. Ástæðurnar til þess, að ríkisstj. hefur lagt fram þetta frv. og leggur til að ráðist sé í þetta fyrirtæki, eru í meginatriðum þessar:

Í fyrsta lagi, slík verksmiðja er æskileg og í rauninni nauðsynleg vegna orkusölu frá Sigölduvirkjun, nauðsynleg til þess að selja við góðu verði þá orku sem þar verður framleidd og ekki er annar markaður fyrir um sinn. Þetta frv. og sá samningur eða samningsdrög, sem það byggist á, eru því mjög mikilvæg fyrir þessa stórvirkjun.

Í öðru lagi mundu renna með þessum hætti fleiri stoðir en nú er undir íslenskt atvinnulíf og efnahagslíf. Öllum er kunnugt hversu varhugavert er að byggja svo mjög á einum atvinnuvegi eins og gert er í okkar þjóðfélagi, þó að hann sé að sjálfsögðu okkar lífæð. Við verðum að fá fleiri stoðir. Í þá átt var stigið stórt spor með byggingu álversins á sínum tíma og nú mundi járnblendiverksmiðjan einnig verða mikilvæg stoð undir efnahagslíf Íslendinga.

Þá mundi slík verksmiðja auka gjaldeyristekjur okkar. Nettógjaldeyrishagnaður mundi verða verulegur af þessari verksmiðju.

Þá mundi verða hér atvinnuaukning vegna verksmiðjunnar. Er gert ráð fyrir að um 300 manns mundu hafa atvinnu við byggingarframkvæmdir, en síðar, þegar verksmiðjan tekur til starfa, er gert ráð fyrir að um 115 manns vinni þar að staðaldri. Í þessu sambandi verður að sjálfsögðu að gæta þess vandlega, hvernig þetta fellur að hinum almenna vinnumarkaði, og hafa sérstaklega í huga að slíkar framkvæmdir valdi ekki aukinni þenslu. Þetta þarf að skoða í sambandi við framboð og eftirspurn eftir vinnuafli og í sambandi við efnahagsmálin í heild.

Þá mundi slík stóriðja sem þessi skapa möguleika fyrir ýmiss konar þjónustufyrirtæki, viðgerðarverkstæði, flutningsaðila o. s. frv. Ísland mundi fá skatttekjur af þessari verksmiðju sem mundu verða verulegar, bæði til ríkis og sveitarfélags, ef svo fer sem horfir. Þá er gert ráð fyrir að Ísland geti fengið töluverðan arð af þessu fyrirtæki.

Þetta eru nokkur þau meginsjónarmið sem liggja til grundvallar því og eru rök fyrir því að ráðist verði í þetta fyrirtæki.

Ég mun ekki fara í þessari framsögu mjög ítarlega út í þetta mál, m. a. vegna þess hversu rækilega það hefur verið rætt á almennum vettvangi, í fjölmiðlum, ítarlegar umr. í hv. Ed., sem hefur nú samþ. frv. og afgreitt það frá sér, og ekki síst vegna þess að mjög ítarleg grg. fylgir frv. frá stóriðjunefnd, þar sem gerð er grein fyrir öllum meginþáttum þessa máls. Ég skal þó að sjálfsögðu láta nokkur orð fylgja í byrjun.

Ég minntist á það í upphafi að ein meginástæðan fyrir byggingu slíkrar verksmiðju væri orkusala frá Sigölduvirkjun. Þegar sú virkjun var í undirbúningi og ákvörðun tekin um að ráðast í hana sem næsta áfanga eftir Búrfellsvirkjun, þá kom þetta vandamál upp sem jafnan rís í sambandi við stórvirkjanir, hvort nægur markaður væri fyrir þá orku sem þar yrði famleidd. Flestir töldu að til þess að nýta þá orku þyrfti að koma upp stóriðju. Að vísu heyrðust raddir um að slíkt væri óþarfi, þar sem rafhitun húsa mundi skapa nægilegan markað fyrir það afl og þá orku sem Sigalda hefði að bjóða. En þær raddir hljóðnuðu fljótlega og nokkru eftir stjórnarskiptin 1971 skipaði þáv. iðnrh. viðræðunefnd um orkufrekan iðnað til þess að eiga viðræður við erlend fyrirtæki um stóriðju sem gæti verið orkukaupandi frá Sigölduvirkjun. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að vitanlega er stefnt að því að nýta innlenda orkugjafa til húshitunar í þeim mæli sem möguleikar eru á og með þeim hraða sem unnt er.

Í því sambandi er það auðvitað fyrst og fremst nýting jarðhitans sem til greina kemur og eru þar nú stórframkvæmdir í gangi. Fyrst og fremst er hitaveita fyrir Kópavog, Garðahrepp og Hafnarfjörð, í annan stað hitaveita fyrir 7 sveitarfélög á Suðurnesjum sem sett voru lög um á fyrri hluta þessa þings eða fyrir jól. Það mál er nú í undirbúningi og hefjast framkvæmdir innan skamms, en sérstök stjórn fyrir það fyrirtæki hefur verið sett á laggirnar samkv. lögunum. Margar aðrar hitaveitur víðs vegar eru í undirbúningi, en vonir standa til þess að mikill meiri hl. landsmanna geti áður en langt um líður notið húshitunar frá jarðvarma. Í áætlunum, sem gerðar voru fyrir um það bil ári, var gert ráð fyrir að um ⅔ landsmanna gætu notið jarðvarma. Síðan hafa orðið breytingar í þá átt að nú má gera ráð fyrir því að töluvert meiri hluti allra landsmanna en þá var gert ráð fyrir geti notið hita frá hitaveitum. M. a. má geta þess, að í áætlunum fyrir ári var gert ráð fyrir því að höfuðstaður Norðurlands, Akureyri, væri á rafhitunarsvæði, en nú hafa jarðboranir síðustu vikur og mánuði bent til þess að möguleikar eigi að vera á því að leggja hitaveitu til Akureyrar og hita hana að verulegu leyti upp með jarðvarma, þannig að nú horfir svo að jarðvarma til húshitunar megi nota í það ríkum mæli að væntanlega um eða yfir 70%, kannske 70—80% landsmanna geti notið hitaveitna.

Ég nefni þetta hér vegna þess að það er öllum kunnugt að nýting jarðvarmans til húshitunar er sú langhagkvæmasta og hentugasta aðferð sem völ er á. Rafhitun kemur þar næst á eftir, en vitanlega ekki nema á þeim stöðum, þar sem jarðvarmi er ekki tiltækur. Að því er snertir rafhitun húsa, þá kostar það nokkurn tíma og töluvert fé að koma henni í framkvæmd víðs vegar, sérstaklega vegna þess hve miklu fé þarf að verja til þess að styrkja línukerfi og lagnir þar sem nota á rafmagn til húshitunar, en að því er að sjálfsögðu unnið. Ég nefni þetta vegna þess að í upphafi máls, þegar Sigölduvirkjun var ákveðin, var mjög rætt um að rafhitun mundi vera nægilegur markaður fyrir orkuna frá Sigöldu. Hins vegar hafa athuganir leitt í ljós að svo var ekki, enda komst fyrrv. iðnrh. að þeirri niðurstöðu strax haustið 1971 að svo mundi ekki vera. Þess vegna skipaði hann þá n. til þess að eiga viðræður við erlend fyrirtæki um stóriðju sem ég gat um.

Sú framleiðsla, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., er járnblendi eða ferrosilikon. Þau hráefni, sem notuð eru til þessarar framleiðslu, eru kvarts, brotajárn, kol, spænir og rafskaut. Járnblendi er einkum notað við stálframleiðslu og járnsteypu. Þetta efni hefur þá þýðingu að það hreinsar málminn, eykur viðnám og bætir ýmsa eiginleika stáls og járns.

Það er talinn allöruggur markaður fyrir þessa framleiðslu nú og í fyrirsjáanlegri framtíð. Að undanförnu hefur verið mikill skortur í heiminum á þessu efni, mikil eftirspurn, og hin síðustu ár hefur verð farið hækkandi. Sem samningsaðila við íslensku ríkisstj. um þessa stóriðju valdi fyrrv. ríkisstj. bandaríska fyrirtækið Union Carbide og hafa samningar staðið yfir milli íslensku ríkisstj. og þessa bandaríska fyrirtækis nú í nokkur ár.

Á s. l. vori eða í maí lágu fyrir samningsdrög við þetta bandaríska fyrirtæki og lá einnig fyrir að fyrrv. ríkisstj. hafði fallist á þau samningsdrög í öllum meginatriðum og taldi þau hagkvæm fyrir Ísland. Eftir stjórnarskiptin var þetta mál tekið upp að nýju og voru það einkum 3 atriði sem þá komu til athugunar eða endurskoðunar.

Í fyrsta lagi var það orkuverðið sem talið

var sjálfsagt að endurskoða og freista þess að fá samkomulag um verulega hækkun á rafmagnsverðinu sem verksmiðjan mundi greiða. Sú athugun og endurskoðun leiddi til þess að veruleg hækkun fékkst á verðinu, þannig að í heild er talið að það nemi um 42% hækkun frá þeim samningsdrögum sem lágu fyrir í fyrravor.

Í öðru lagi var rætt um eignaraðildina, en í þessum samningsdrögum frá því í maí 1974 var gert ráð fyrir því að íslendingar ættu 65% af þessu fyrirtæki, en Union Carbide 35%. Það er rétt til skýringar á þessum tölum að taka það fram að þegar viðræður voru hafnar við Union Carbide árið 1971, eftir stjórnarskiptin þá, var það skilyrði sett af hálfu íslensku ríkisstj. að Ísland ætti meiri hl., þ. e. a. s. minnst 51% í verksmiðjunni. Í fyrstu taldi Union Carbide hæpið að ganga að þessum skilmálum vegna þess að í flestum ef ekki öllum tilvikum, þar sem það fyrirtæki hafði reist verksmiðjur eða átt þátt í þeim í öðrum löndum, átti það sjálft meiri hl. Hins vegar féllst fyrirtækið síðar á þetta skilyrði um meirihlutaeign Íslands, en tjáði þá fulltrúum ríkisstj. að ef Union Carbide ætti ekki meiri hl., þá kærðu þeir sig ekki um að eiga meira en þriðjung. Þannig er það til komið sem gert var ráð fyrir í fyrra og var í þeim till. sem þá lágu fyrir, að Ísland væri með 65% aðild og Union Carbide með 35%.

Eftir stjórnarskiptin á s. l. hausti, þegar þetta mál var tekið til meðferðar að nýju, þótti ríkisstj. ástæðulaust að Ísland ætti meira en ríflega helming. Varð niðurstaðan eftir allítarlegar viðræður við hið bandaríska fyrirtæki að hlutföllin yrðu 55% eignaraðild Íslands og 45% af hálfu Union Carbide, eins og þetta frv. og samningar, sem því fylgja, byggjast á.

Í þriðja lagi var kannað rækilega, hvort eða hver mengunarhætta kynni að stafa af starfsemi slíkrar verksmiðju. Þegar ráðist er í stórvirkjanir og stóriðju þarf að sjálfsögðu að huga mjög að því að slíkar framkvæmdir verði ekki til tjóns á umhverfi og íslenskri náttúru. Við íslendingar þurfum alveg sérstaklega að gefa þessu gaum vegna þess hve íslensk náttúra er viðkvæm. Við erum sjálf ákaflega viðkvæm fyrir íslenskri náttúrufegurð og viljum ekki að á nokkurn hátt sé að henni vegið. Og hér kemur margt til. Við búum við hreint og tært loft, langdrægt útsýni sem fáar aðrar þjóðir njóta. Við höfum líka í marga áratugi notið hitaveitu í höfuðborginni og sem betur fer á nokkrum stöðum annars staðar, — hitaveitu sem hefur útilokað kola- og olíureyk og þar með orðið til mikillar hollustu og bættrar heilbrigði og hreinlætis fyrir það fólk sem hennar hefur notið. Þegar við ræðum um nýja stóriðju þarf alveg sérstaklega að huga að þessu, að hún spilli ekki umhverfi eða náttúrufegurð landsins.

Þegar athugað er hvernig staðið hefur verið að slíkum málum á undanförnum árum og áratugum, þá er ljóst að þar hefur víða verið pottur brotinn. Margar verksmiðjur og margvíslegur iðnaður hefur risið upp á síðari áratugum, þar sem ekki hefur verið gætt þessara sjónarmiða. Þar má nefna m. a. verksmiðjur á sviði sjávarútvegsins sem hafa mengað loft og umhverfi þótt menn hafi ekki tekið til þess, vegna þess að vitað var hver björg í bú þessar verksmiðjur voru, og þess vegna var lyktinni frá þessum verksmiðjum stundum valið heitið „peningalykt“. Hér þarf hins vegar á öllum sviðum í sambandi við allan iðnað, hvort sem er á sviði sjávarútvegs eða annars, að vinna vel og gera hið ítrasta til að draga úr mengun og óþrifnaði, bæði hjá þeim verksmiðjum sem fyrir eru og ekki síður gæta þess að hreinlætis- og þrifnaðarreglum sé fylgt til hins ítrasta og komið í veg fyrir mengun og heilsuspillandi áhrif þegar ný fyrirtæki eru að rísa upp.

Í sambandi við þessa verksmiðju kemur til athugunar í fyrsta lagi, hvort loftefni, ryk eða reykur komi frá verksmiðjunni sem skaðleg geti orðið, enn fremur hvort frárennsli frá verksmiðjunni geti skapað hættu, hvort föst úrgangsefni gætu valdið tjóni eða truflun, og ekki síst þarf að athuga vinnuöryggi og vinnuvernd í verksmiðjunni sjálfri. Áður fyrr hafa ýmsar málmblendiverksmiðjur verið þannig úr garði gerðar að mikill reykur og margs konar óhollusta hefur frá þeim stafað. Hin síðari ár hefur viða um lönd verið lögð í það mikil vinna og varið til þess miklu fé að finna ráð til þess að útiloka sem mest mætti verða mengun og önnur óholl áhrif. Á því er enginn vafi að í þessu efni hefur mikið áunnist og eru viðhorfin ekki sambærileg nú í dag við það sem var fyrir fáum árum.

Hér á landi gildir nú reglugerð um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna frá 1972. Þar er svo ákveðið að leyfi til verksmiðjurekstrar eins og þess, sem hér um ræðir, veiti heilbrrh. og áður en slíkt leyfi er veitt skuli leitað umsagnar Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Náttúruverndarráðs, Öryggiseftirlits ríkisins, Siglingamálastofnunar og eiturefnanefndar, eftir því sem ástæða þykir til. Við undirbúning þessa máls hefur bæði viðræðunefndin um orkufrekan iðnað, iðnrn. og Heilbrigðiseftirlit ríkisins reynt að kanna þessi mál eftir því sem frekast eru tök á.

Varðandi fyrsta atriðið sem ég nefndi, loftmengun, ryk eða reyk frá verksmiðjunni, þá hafa nú verið fundnar upp og notaðar með ágætum árangri allvíða sérstakar aðferðir til að safna þeim reyk og ryki með pokasíum. Árangurinn er sá, sem þegar hefur náðst í því efni, að um 99% af þessum loftefnum nást þar og verður unnið úr þeim að nýju. Úr þeim úrgangi, sem þannig fæst, eru gerðir kögglar sem notaðir eru að einhverju leyti til framleiðslunnar á nýjan leik, en einnig hefur komið til orða að Sementsverksmiðja ríkisins gæti til framleiðslu sinnar nýtt köggla sem unnir eru úr þessu ryki og þessum reyk. Það mál er til athugunar hjá Sementsverksmiðju ríkisins.

Þeir, sem um þetta hafa fjallað af íslenskri hálfu, telja að ekki verði um loftmengun að ræða sem skapi hættu fyrir umhverfið. Um þetta verður að sjálfsögðu sett reglugerð og fylgt hinum ströngustu reglum sem Heilbrigðiseftirlitið og aðrir aðilar, þeir sem ég nefndi, vilja viðhafa í þessu efni.

Varðandi frárennsli frá verksmiðjunni er ekki talið að þar sé um neinn skaðvald að ræða, því að kælivatnið, sem notað er, er í lokuðu kerfi og fer ekki út.

Að því er snertir föst efni, þá er þar um að ræða gjall og málmgrýti og hafa ekki fundist í því háskaleg efni. Allt þetta verður að sjálfsögðu skoðað og settar um það strangar reglur.

Varðandi vinnuöryggi og vinnuvernd í verksmiðjunni sjálfri er þess sama að geta, að þar verða auðvitað settar hinar ströngustu reglur til að koma í veg fyrir slys og gæta þess öryggis sem unnt er við að koma.

Í sambandi við verksmiðjuna þarf að gera hafnarmannvirki. Aðstaða til hafnarmannvirkja við Grundartanga er ein af ástæðunum til þess að þessi staður var valinn, því að hafnarskilyrði eru þar mjög góð. Það mál hefur verið rækilega rætt, hver skyldi vera eignaraðili og rekstraraðili að höfninni. Niðurstaðan hefur orðið sú að ríkisstj. telur rétt að sveitarfélögin, sem þarna eiga hlut að máli, verði eigendur hafnarinnar. Hreppsfélögin eru 4: Skilmannahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur, Innri-Akraneshreppur og Leirár- og Melasveit. Auk þess á Akraneskaupstaður hlut að máli. Einnig kemur til athugunar hvort Borgarfjarðarsýsla yrði einnig aðili. Hæstv. samgrh. hefur fyrir nokkru skipað n. til þess að athuga nánar eignaraðild að höfninni. En í stórum dráttum má segja að gert sé ráð fyrir því að sveitarfélög verði eigendur hafnarinnar, höfnin verði síðan byggð eftir hafnalögum og almennum reglum um fjárframlög, þannig að ríkissjóður leggi fram 75% kostnaðarins, en sveitarfélögin 25%.

Ég vil að öðru leyti vísa til þess, sem fram kemur í hinni ítarlegu grg. með þessu frv., og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er mikilvægt, bæði út frá horfum og stefnu í orkumálum og eins í sambandi við hugmyndir okkar um það, hvernig við kunnum að nýta orkulindir okkar til iðnaðarframleiðslu nú um langa framtíð þegar almennum þörfum þjóðfélagsins hefur verið fullnægt.

Það hefur lengi verið ljóst fyrir íslendingum að orka sú sem við eigum í vatnsföllum okkar og hverum, er ákaflega mikilvæg. Það var þegar í upphafi þessarar aldar sem við urðum varir við áhuga útlendinga á þessu sviði. Þeir ásældust þegar á fyrstu áratugum þessarar aldar vatnsréttindi hér á landi, bæði til að eignast þau og að fá þau á leigu, og 1923 var svo komið að útlendingar höfðu ýmist keypt eða leigt öll mikilvægustu fallvötn landsins, þegar undan var skilinn hluti landssjóðs og Reykjavíkurborgar í vatnsréttindum Sogsins.

Þetta var á þeim árum mikið deilumál hér á þingi. Um það var fjallað á þingum frá 1917—1923. Það voru hinar frægu fossadeilur. En þeim deilum lauk með því að Alþ. ákvað að tryggja íslenska ríkinu virkjunarvaldið svo að hin erlendu auðfélög gátu ekki hagnýtt eignarrétt sinn eða leigumála. Margir merkir þm. áttu aðild að þessari lausn mála, en ég hygg að sá, sem einna harðast beitti sér og hafði einna mest áhrif, hafi verið Jón Þorláksson og má það vera nokkurt íhugunarefni fyrir ýmsa þm. Sjálfstfl.

Það hafa stundum heyrst um það raddir að sú afstaða, sem íslendingar tóku á þessum árum, hafi verið röng. Árið 1919 sótti t. d. Titan um leyfi til stórvirkjunar í Þjórsá sem var hafnað. Þegar ákveðið var að virkja við Búrfell, þá las ég margar greinar í Morgunblaðinu þess efnis að þróunin hefði orðið önnur og betri á Íslandi ef fallist hefði verið á þessa beiðni Titans árið 1919. Þá væru íslendingar betur settir nú, þá hefði þróunin orðið örari en hún hefur reynst. Hér er að sjálfsögðu um algerlega fráleita afstöðu að ræða. Ef farið hefði verið inn á þessa braut, þá væri Ísland núna efnahagsleg nýlenda annarra þjóða. Af þessu hafa norðmenn t. d. mikla reynslu. Þeir gerðu slíka samninga við ýmis fyrirtæki í upphafi þessarar aldar og sumir samningar gilda enn og munu gilda fram yfir næstu aldamót. Reynsla norðmanna af því er að sjálfsögðu orðin sú, að af þessu hafa þeir haft ómælt efnahagslegt tjón.

Við skulum í þessu sambandi einnig gera okkur það ljóst, að þó að stundum sé sagt að við íslendingar séum fáir, fátækir og smáir, þá hefur þróunin á sviði orkumála verið ákaflega ör hér á Íslandi. Um þetta kemur mér oft í hug persónulegt dæmi. Þegar ég var að alast upp í Hafnarfirði sem drengur og unglingur, þá kynntist ég þar allmiklu eldri manni sem var þekktur hafnfirðingur og hét Jóhannes Reykdal. Ég var oft að sniglast í kringum hann á verkstæðinu sem hann rak í Hafnarfirði, og ég minnist á þetta vegna þess að það var Jóhannes Reykdal sem kom upp fyrstu rafvirkjun á Íslandi í Hafnarfirði 1904. Svona ör hefur þessi þróun orðið að ég þekkti persónulega árum saman manninn sem kom upp fyrstu vatnsvirkjun á Íslandi. Og á þessum tiltölulega stutta tíma hefur okkur tekist að ná því marki að raforkuframleiðsla á mann er hérlendis einhver sú hæsta í heimi. Ég hygg að við séum í 3.—4. sæti að því er varðar orkuframleiðslu á einstakling.

Ég minntist áðan á það að vatnsréttindi hefðu verið látin af hendi í upphafi þessarar aldar. Þegar reistar voru skorður við því að þau yrðu hagnýtt, þá eignuðumst við þau aftur smátt og smátt. Virkjunarréttindin í Þjórsá voru keypt eftir síðasta stríð, svo lengi stóðu hin erlendu áhrif á þessu sviði. Þeir erlendu menn, sem vildu reisa hér stór orkuver, ætluðu að tengja þetta við orkufrekan iðnað. Og hugmyndin um að nýta raforku hér til orkufreks iðnaðar kemur aftur upp hér í tíð viðreisnarstjórnarinnar um miðjan síðasta áratug. Viðreisnarstjórnin var þá að vísu þeirrar skoðunar að íslendingar ættu að eiga vatnsréttindi og orkuver, en þeir töldu að það bæri að eftirláta erlendum auðfélögum að nýta orkuna til vöruframleiðslu. Alþ. samþykkti á sínum tíma einróma að ráðast í stórvirkjun á íslenskan mælikvarða við Búrfell. En viðreisnarstjórnin hagnýtti þá heimild til þess að taka upp samninga við svissneska auðhringinn Alusuisse og tengja lánsumsóknir um þessa virkjun við þá samninga. Afleiðingin varð sú að Alþjóðabankinn gerði það að skilyrði fyrir lánveitingum til Búrfellsvirkjunar, að samið yrði við svissneska auðhringinn. Ríkisstj. Íslands komst í sjálfheldu af þessum sökum, hún gat ekki virkjað við Búrfell án þess að fá lánin og lánin fékk hún ekki án þess að semja við auðhringinn. Í

þessari aðstöðu var samningsaðstaða íslensku ríkisstj. að sjálfsögðu mjög erfið og aðstaða Alusuisse nánast óviðráðanleg.

Ég lýsti því á sínum tíma að ég væri mjög andvígur þessum samningum sem gerðir voru við Alusuisse. Ástæður mínar voru í meginatriðum þessar:

Ég er algerlega andvígur því að útlendingar eigi atvinnurekstur hérlendis. Það er að vísu e. t. v. ekki mikið hættuspil þótt útlendingar eigi eina slíka verksmiðju. En það var yfirlýst stefna viðreisnarstjórnarinnar að þetta ætti að vera upphafið. Einn af forustumönnum ríkisstj., sem á sæti á þingi núna, talaði einmitt í sjónvarpið um þá hugsjón sína að hér risu 20 álbræðslur af svipaðri stærð. Það átti að fela útlendingum forustu á fleiri sviðum atvinnumála, m. a. í léttum iðnaði, og aðildin að EFTA var á sínum tíma rökstudd með því að hún mundi auðvelda íslendingum að hleypa hér inn erlendum fyrirtækjum. Ég tel að stefna af þessu tagi sé hættuleg efnahagslegu sjálfstæði íslendinga. Ef verulegur hluti atvinnulífsins er kominn í hendur útlendinga, þá erum við að flytja úr landi efnahagslegt fullveldi okkar og afhenda það öðrum.

Í öðru lagi var ég andvígur samningum þeim sem gerðir voru við Alusuisse vegna þess að raforkuverðið, sem um var samið, var ákaflega lágt. Það var tvímælalaust undir kostnaðarverði eins og mál stóðu þá, og síðan hefur þessi skakki enn sannast mjög greinilega vegna þess að við íslendingar höfum orðið að leggja í stórfelldan kostnað til að tryggja rekstur orkuversins við Búrfell. Við höfum orðið að ráðast í stórfelld miðlunarmannvirki í Þórisvatni, við höfum orðið að leggja nýja stofnlínu til Reykjavíkur og ekkert af þessu var reiknað inn í hinn upphaflega tilkostnað. Auk þess var um það samið að þetta afar lága raforkuverð ætti að haldast óbreytt til ársins 1997, hvernig svo sem orkuverð kynni að breytast á alþjóðlegum markaði. Dæmi um það, hversu óhagkvæmt þetta orkuverð er orðið okkur íslendingum, er það að á árinu 1973 greiddi álbræðslan fyrir alla raforku, sem hún notaði, milli 300 og 400 millj. kr. Væri þessi orka hins vegar verðlögð á sama verði og nú er talað um í sambandi við járnblendiverksmiðju, þá ætti greiðslan að vera 1300—1400 millj. kr. Munurinn er hvorki meira né minna en einn milljarður eins og nú er ástatt. Og þessi munur mun halda áfram að vaxa, því að allir eru sammála um að orkuverð muni fara hækkandi á ókomnum árum.

Þriðja atriðið, sem ég taldi algerlega fráleitt í sambandi við þann samning, var að fyrirtækið var undanþegið íslenskri lögsögu. Deilumál, sem upp komu á milli íslenska ríkisins og þessa fyrirtækis sem starfar á Íslandi, átti ekki að leggja fyrir íslenska dómstóla, heldur skyldi fjallað um þau af erlendum gerðardómi. Slík ákvæði eru að sjálfsögðu alger niðurlæging fyrir hvert þjóðfélag og ósæmilegt að fallast á þau.

Í fjórða lagi var svo það atriði að ekki var gengið frá neinum mengunarvörnum í sambandi við þennan iðnað. Reynslan hefur sýnt að þótt settar hafi verið reglugerðir og gefin fyrirmæli af íslenskum stjórnvöldum, þá hefur þetta fyrirtæki í eigu útlendinga beitt öllum brögðum til þess að tregðast við að taka upp óhjákvæmilegar mengunarvarnir, vegna þess að það var ekki gengið frá þessu í upphafi.

Þessi stefna, sem ég hef nú verið að lýsa, það var ætlun viðreisnarstjórnarinnar að halda henni áfram. Þegar Alþ. samþykkti á sínum tíma einróma heimild til tveggja virkjana í Tungnaá, við Sigöldu og Hrauneyjarfoss, þá tilkynnti ríkisstj. að hún mundi einnig nota þessar heimildir til þess að leyfa fleiri erlendum fyrirtækjum að hefja starfsemi á Íslandi. Og þessi yfirlýsing var endurtekin rétt fyrir kosningarnar 1971. Það var sagt að þetta væri forsenda þess að hægt væri að ráðast í virkjun, við fengjum ekki lán til virkjunar án þess og við gætum ekki hagnýtt orkuna án þess.

Árið 1971 féll viðreisnarstjórnin og mynduð var vinstri stjórn. Eitt fyrsta málið, sem kom til mín eftir að mér var falið að gegna störfum iðnrh., var till. frá landsvirkjunarstjórn um ákvörðun um virkjun við Sigöldu. Ég lagði til við ríkisstj. að þessi till. yrði samþ., en án þess að hún væri á nokkurn hátt tengd hugmyndum um orkufrekan iðnað. Í staðinn lagði ég til að ákveðið yrði að tengja saman Suðurland og Norðurland og lögð yrði áhersla á að nýta Sigöldu fyrst og fremst til þess að fullnægja almennri eftirspurn og leggja allt kapp á að nýta raforku til húshitunar. Þessi till. mín var samþ. af þáv. ríkisstj. og tilkynnt Landsvirkjun. Landsvirkjun gekk síðan frá áætlunum sínum um virkjun á þessum forsendum og sótti um lán til Alþjóðabankans og fleiri aðila. Þessi lán fengust, og mér þótti það nokkuð fróðlegt, að þegar sérfræðingar Alþjóðabankans komu hingað til að kanna þessar hugmyndir, þá létu þeir í ljós að þeir teldu áformin um samtengingu orkuveitusvæða og um rafhitun húsa sérstaklega skynsamlega.

Þegar tekið var að gera orkuspár um hagnýtingu orkunnar frá Sigöldu kom hins vegar í ljós að rafhitunarmarkaðurinn mundi opnast tiltölulega hægt eins og þá var ástatt. Olíuverð var þá svo lágt að að því var enginn fjárhagslegur ávinningur, heldur aukin útgjöld að taka upp rafhitun í húsum þar sem þegar hafði verið komið upp olíuhitun. Hins vegar var sparnaður og annað hagræði að því að hafa rafhitun í nýjum húsum sem væru sérstaklega hönnuð fyrir slíka hitun. Því töldu sérfræðingar að um alllangt árabil tæki innlendi markaðurinn ekki við orku Sigölduvirkjunar ef hún tæki til starfa í einum áfanga.

Eins og menn vita er gert ráð fyrir þremur vélasamstæðum í Sigöldu og er hægt að láta þær hefja störf á mismunandi tímum, en allur stofnkostnaðurinn leggst í rauninni á fyrsta áfangann, þ. e. a. s. ef aðeins einn áfangi væri látinn framleiða orku, þá yrði sú orka mjög dýr. En ef virkjað væri í einum áfanga, eins og hagkvæmast var miðað við eiringarverð, þá voru horfur á því að um væri að ræða verulegt orkumagn sem ekkert verð fengist fyrir nema gerðar yrðu ráðstafanir til þess að framleiða iðnvarning til útflutnings. Ég setti þá á laggirnar nefnd

til þess að kanna hvort stofnun slíks orkufreks iðnaðar væri hagkvæm fyrir íslendinga. Ég setti n. ákveðnar og ófrávíkjanlegar pólitískar reglur og voru þær þessar í meginatriðum:

1. Fyrirtækið yrði að vera íslenskt, verulegur meiri hluti þess í höndum íslenska ríkisins og yfirráð ríkisstj. afdráttarlaus.

2. Fyrirtækið heyrði í einu og öllu undir íslenska lögsögu. Starfsemi þess og fjárreiður lytu íslenskum lögum og dómstólum, þ. á m. auðvitað deilur við minni hlutaaðila.

3. Fyrirtækið yrði í einu og öllu að lúta íslenskum stöðlum um mengunarvarnir. Yrðu þeir staðlar settir af algerlega óháðum íslenskum aðilum án samninga við einn eða neinn. Slíkar mengunarvarnir yrðu liður í hönnun verksmiðjunnar þegar í upphafi og reiknaðar með í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði hennar.

4. Að því er varðar skatta og alla aðstöðu yrði fyrirtækið eins sett og önnur fyrirtæki í landinu.

5. Enginn hagnaður af rekstri fyrirtækisins yrði fluttur úr landi nema arður af hlutabréfum í eigu erlendra aðila.

6. Raforkusamningurinn fæli í sér sjálfkrafa hækkanir í samræmi við hækkanir í öðrum löndum og fullt vald íslendinga til þess að breyta raforkuverði ef óvæntar sveiflur yrðu.

7. Fyrirtækinu yrði tryggt sem mest sjálfstætt svigrúm á alþjóðamarkaði með því að hugsanlegur viðsemjandi seldi hvorki hráefni til verksmiðjunnar né keypti framleiðslu hennar.

Í sambandi við þetta síðasta atriði er ástæða til þess að minnast á það, að auðhringir eins og t. d. álhringurinn eru skipulagðir, eins og sagt hefur verið, á lóðréttan hátt, þ. e. a. s. þeir ráða yfir öllum framleiðsluferlinum frá námunni og til hinnar endanlegu vöru sem birtist á markaði. Þar er um að ræða 4 stig, þ. e. a. s. báxít, síðan framleiðslu á súráli, þá framleiðslu á hrááli sem hér fer fram og loks framleiðslu á endanlegri vöru. Þetta gerir það að verkum að auðhringurinn getur ráðið því sjálfur, á hvaða stigi slíkrar framleiðslu ágóðinn kemur fram. Það hefur stundum verið sagt hér á undanförnum árum að við íslendingar mættum hrósa happi að hafa ekki átt álbræðsluna í Straumsvík, því að við hefðum trúlega orðið gjaldþrota ef við hefðum átt hana, eins og verðlagi á hrááli hefði verið háttað. Samt er það staðreynd að auðhringurinn Alusuisse hagnaðist öll þessi ár. Auðhringurinn tapaði ekki, hann hagnaðist. Hagnaður hans kom aðeins fram á öðrum framleiðslustigum. Þess vegna er það algert grundvallaratriði ef íslendingar ætla að leggja í slíka framleiðslu og reyna að hafa vald yfir henni, að málum sé þannig háttað að það sé ekki hægt að setja íslendingum skorður, hvorki að því er varðar hráefnissölu né sölu á afurðinni.

Þetta var það pólitíska veganesti sem ég gaf viðræðunefndinni um orkufrekan iðnað. Því hefur verið haldið fram, ekki síst í Morgunblaðinu, að hér hafi verið tekin upp gamla viðreisnarstefnan. En að mínu mati er hér um að ræða algerlega andstæða stefnu. Með viðreisnarstefnunni var verið að setja íslendinga á stig nýlendu eða hálfnýlendu að því er varðar iðnþróun á þessu sviði. Okkar hlutskipti var að selja hráorku á sama hátt og ýmis önnur ríki selja hráefni, en eins og menn vita, þá er iðnaði okkar tíma þannig háttað að arðurinn kemur fram í sambandi við fullvinnsluna, en bæði orka og hráefni hafa verið verðlögð ákaflega lágt.

Með þessum reglum, sem ég nefndi hér áðan, taldi ég mig vera að setja reglur um íslenska iðnþróun, um iðnþróun sem íslendingar sjálfir réðu yfir og gætu hagað í samræmi við hagsmuni sína og í samræmi við rétt sinn. Þessar reglur eru að sjálfsögðu engin uppfinning mín. Þetta eru reglur sem allar nýfrjálsar þjóðir, sem hafa tekið upp iðnþróun í löndum sínum, hafa beitt ef þeim hefur verið annt um efnahagslegt sjálfstæði sitt. Að sjálfsögðu er slík samvinna, eins og þarna var áformað við erlendan auðhring, ákaflega mikið vandamál. Við vitum að orkufrekur iðnaður í heiminum er annars vegar í höndum alþjóðlegra auðhringa, hins vegar ríkisfyrirtækja í sósíalísku löndunum. Þessir aðilar einoka bæði framleiðsluna og markaðinn. Og takmark einokunarhringa er ævinlega hámarksgróði, en enginn mannleg sjónarmið. Þess vegna er mikill vandi og mikil áhætta að semja við slíka aðila. Ég skil tortryggni manna á því sviði mjög vel, enda á ég hana í mjög ríkum mæli sjálfur. En ég er þeirrar skoðunar að við komumst ekki hjá því að takast á við þennan vanda og reyna að leysa hann á þann hátt að okkur sé tryggt hámarksöryggi og hámarkssjálfstæði á sviði efnahagsmála, að við verðum að glíma við vandamálin eins og heimurinn er, en ekki eins og við kunnum að óska að hann væri. Þess vegna taldi ég og tel grundvallaratriði ef unnt væri að ná samstöðu um stefnumörkun af þessu tagi, ef hægt væri að tryggja samstöðu meiri hl. Alþ. og meiri hl. þjóðarinnar um það að hér yrði aldrei hleypt inn erlendum fyrirtækjum framar, en að íslendingar reyndu að tryggja sér sívaxandi efnahagslegt sjálfstæði í sambandi við þessa iðnþróun.

Ég fer ekki að rekja störf n. um orkufrekan iðnað. Hún ræddi við ákaflega marga aðila og það, sem hún gerði, var ævinlega könnunarstarf, og þess var vandlega gætt að binda hendur okkar ekki á neinu stigi málsins.

Ég minntist áðan á mengun í þessu sambandi og hana hefur borið mjög á góma, svo að ég vil gjarnan fara um hana nokkrum orðum. Þar lét ég mér ekki nægja að setja n. einhverjar almennar reglur, heldur fól ég sérfróðum mönnum að semja sérstaka reglugerð um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna og var hún gefin út 15. júní 1972. Þar er Heilbrigðiseftirliti ríkisins og heilbrrn. falin óskoruð völd að því er varðar þetta atriði. Í 4. gr. reglugerðarinnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef reisa á verksmiðju eða iðjuver sem ætla má að falli undir ákvæði 1. gr., má eigi ákveða staðsetningu hennar, gerð né búnað fyrr en að fengnu leyfi heilbrrh."

Í 9. gr. segir svo:

„Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal senda eiturefnanefnd, Náttúruverndarráði, Siglingamálastofnun ríkisins og Öryggiseftirliti ríkisins umsóknir um starfsleyfi til umsagnar ef ástæða telst til. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur kannað sjálft eða látið aðra aðila kanna hver þau atriði er

það telur þörf á og aflað hverra þeirra gagna er það telur nauðsynlegt. Þá getur það krafið umsækjanda um hver þau gögn og upplýsingar sem það telur nauðsynlegt og hægt er með sanngirni að krefjast."

Og í 10. gr. reglugerðarinnar segir svo:

„Þegar Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur fengið þau gögn um starfsleyfisumsókn, er það telur þurfa, og kannað þau, skal það gera tillögur sínar um afgreiðslu hvers máls. Skal þess sérstaklega gætt að eiturefni og hættuleg efni frá verksmiðjum og iðjuverum valdi ekki tjóni á mönnum, dýrum eða plöntum né mengi loft, láð eða lög. Leggja má til að ákveðin starfræksla verði alls ekki leyfð eða einungis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, svo sem um hreinsunar- eða varnarbúnað eða sérmenntun tæknilegra stjórnenda. Í till. skal greina hæfilegan frest til úrbóta og fyrirmæli um, á hvern hátt úrbætur skulu gerðar. Till. skulu rækilega rökstuddar og fram tekin mengunarmörk. Till. sínar skal Heilbrigðiseftirlitið senda heilbrrh. sem skal endanlega úrskurða málið."

Samkv. reglugerðinni á þannig að meta þessi vandamál einvörðungu frá heilsuverndar, hreinlætis- og náttúruverndarsjónarmiðum, en hvorki frá sjónarmiðum iðnþróunar, arðsemi né öðrum hagfræðilegum eða fjármálalegum viðhorfum.

Ég hefði aldrei léð máls á því að mengunarvarnir eða náttúruvernd yrðu eitthvert samningsatriði við erlent fyrirtæki. Því var umræðunefnd um orkufrekan iðnað, sem skipuð var mönnum sem sérfróðir voru um peningamál, að sjálfsögðu ekki falið að semja um eitt eða neitt annað en að tilkynna að íslenskar reglur yrðu algildar. Það er sem sé á valdi Heilbrigðiseftirlits ríkisins að kveða á um þessar reglur út frá þessum forsendum sem ég minntist á áðan, og vissulega er Heilbrigðiseftirliti ríkisins þar ákaflega mikill vandi á höndum. Okkur skortir að sjálfsögðu reynslu á þessu sviði, okkur skortir nægan mannafla, þessi stofnun er ekki nægilega öflug eins og hún er o. s. frv. Þess vegna hef ég lagt til og komið inn á fjárlög í allmörg ár sérstakri upphæð til ráðstafana í sambandi við þessa reglugerð um iðjumengun, og hún var þannig hugsuð að Heilbrigðiseftirlit ríkisins gæti orðið sér úti um óháða erlenda sérfræðinga sér til halds og trausts í sambandi við slík mál.

Mengunarvandamál af þessu tagi er hægt að leysa. Það er hins vegar spurning um peninga og það er spurning um þekkingu og það er spurning um það, að heilbrigðis- og náttúruverndarsjónarmið verði ríkjandi, en ekki arðsemissjónarmið.

Þegar ég setti viðræðunefnd um orkufrekan iðnað þær reglur sem ég minntist á áðan, þá töldu margir þeir sem rætt höfðu við erlenda aðila, að þær væru fráleitar, þær jafngiltu því að slíkir samningar væru útilokaðir með öllu, enda drógu ýmsir aðilar, sem hafið höfðu viðræður, sig í hlé þegar þeir kynntust þessari afstöðu, þ. á m. bandarískt auðhringurinn Union Carbide, en hann taldi 51% eignaraðild af sinni hálfu algert skilyrði. Það var ekki fyrr en 1973, í ársbyrjun, sem Union Carbide tilkynnti að fyrirtækið væri reiðubúið til að fallast á pólitísk skilyrði ríkisstj. Síðan var unnið að samningsgerð á þessum forsendum og um haustið lágu fyrir drög sem ég taldi fullnægja þessum pólitísku hugmyndum mínum, á þeim forsendum þó sem ég gat um áðan, að við sætum uppi með verulegt orkumagn sem ekki væri unnt að koma í verð án þess að til kæmi orkufrekur iðnaður. En þessar forsendur, sem allt starfið hafði byggst á, gerbreyttust einmitt haustið 1973. Þá snarhækkaði verð á olíu, ferfaldaðist eða fimmfaldaðist á skömmum tíma, og um leið gerbreyttust allar hugmyndir um það hvenær húshitunarmarkaðurinn kæmi til. Það var ljóst að það var ekki aðeins þjóðhagslega hagkvæmt, heldur sparnaður fyrir einstaklinga að taka fyrst upp rafhitun í stað olíukyndingar. Ég fól þá þegar Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens í samvinnu við Orkustofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, Hitaveitu Reykjavíkur og aðra opinbera aðila að framkvæma könnun á því hvernig unnt væri með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Jafnframt fór ég þess á leit við Seðlabankann að hann hæfi gerð fjármögnunaráætlunar í sama tilgangi.

Fyrir svo sem ári lagði ég síðan fram hér á þingi framvinduskýrslu um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens og frá Seðlabankanum. Ég mun ekki rekja efni þeirrar skýrslu hér í einstökum atriðum, eldri þm. þekkja hana og nýjum þm. vil ég benda á að kynna sér hana. Hún var þskj. 562 í Sþ. í fyrra. Þar var rakið á ótvíræðan hátt hversu stórlega hagkvæmt það væri, bæði fyrir einstaklinga og þjóðarheildina, að nýta innlenda orkugjafa og hversu mikið átak þyrfti til þess að framkvæma þau umskipti á skömmum tíma. Það kom fram, að til þess að koma á rafhitun í stað olíu, þar sem hitaveitur væru ekki tiltækar, þyrfti 800 gwst. umfram það sem nú er notað. Öll framleiðsla Sigölduvirkjunar til almennra þarfa og til húshitunar nemur 700 gwst. á ári. Hún nægir sem sé ekki til að fullnægja húshitunarmarkaðnum á Íslandi. Þannig reyndust að fullu brostnar þær forsendur sem upphaflega var miðað við, að við hefðum verulegt magn af orku sem við gætum ekki komið í verð um nokkurt árabil.

Ég gerði ríkisstj. grein fyrir þessum gerbreyttu viðhorfum fyrir ári eða svo og benti á að forsendur fyrir stofnun járnblendiverksmiðju væru þær og þær einar að þegar yrði ráðist í nýja virkjun vegna verksmiðjunnar. Ég teldi að almenni markaðurinn og húshitunarmarkaðurinn ættu að hafa algeran forgang og þar mætti ekki koma til neinna árekstra. Vinstri stjórnin reyndist sammála um að hraða bæri nýtingu innlendra orkugjafa og beita til þess öllum tiltækum ráðum, og þar af leiðandi var mér falið að leggja fyrir síðasta þing svo hljóðandi þáltill. sem ég tel stuðningsflokka fyrrv. ríkisstj. vera skuldbundna af. Hún hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar eftirfarandi:

Gerð skal ítarleg framkvæmdaáætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Skal áætlunin miðuð við árlega áfanga og sem mestan framkvæmdahraða og fela í sér eftirtalin atriði:

1. Hitaveituframkvæmdir hvarvetna þar sem

jarðvarmi er tiltækur og nýting hans talin hagkvæm. Verði miðað við að hitaveituframkvæmdum verði í meginatriðum lokið fyrir árslok 1976.

2. Samtenging allra orkuveitusvæða landsins og breyting á dreifikerfum svo að landsmenn allir geti átt kost á nægri raforku. Ráðist verði í nýjar virkjanir sem tryggi næga orkuframleiðslu og auknar rannsóknir á nýtanlegum virkjunarstöðum. Verði að því stefnt að sem flestir þeirra, sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum, geti nýtt raforku til húshitunar fyrir árslok 1981.

3. Fjármögnunarráðstafanir með innlendri fjáröflun og erlendum lántökum svo að nægilegt fé verði jafnan tiltækt til þessara framkvæmda.

Framkvæmdaáætlun þessi skal lögð fyrir næsta þing."

Ætlun mín var sú að áætlun af þessu tagi lægi fyrir sem fullfrágenginn kostur á þessu þingi nú, menn gætu síðan borið saman á hlutlægan hátt, hvort þeir vildu heldur nýta orkuna til húshitunar og annarra þarfa eða til þess að reisa járnblendiverksmiðju, eða metið hvort þjóðin hefði fjárhagslegt bolmagn, mannafla og getu til þess að bæta nýrri virkjun við í kjölfar Sigölduvirkjunar og gera hvort tveggja í senn. Sjálfur komst ég að þeirri niðurstöðu að við hefðum ekki bolmagn til þess að gera hvort tveggja í senn og þá yrði almenni markaðurinn að ganga fyrir.

Því hefur verið haldið fram að hér sé um að ræða stefnubreytingu af minni hálfu, en sú er ekki raunin. Þetta er nákvæmlega sama stefnan og mótuð var 1971, þegar Sigölduvirkjun var ákveðin og sú stefna mótuð að tengja saman orkuveitusvæði og fullnægja húshitunarmarkaði jafnört og hann opnaðist. Það eru aðstæðurnar sem hafa breyst, en ekki skoðanir mínar.

Ég hef hér vikið lauslega að gangi þessa máls þann tíma sem ég gegndi störfum iðnrh. Málið lá síðan niðri í kosningabaráttunni í fyrra og í stjórnarmyndunarviðræðunum, en með myndun nýrrar ríkisstj. urðu skjót umskipti. Hæstv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, lét það verða sitt fyrsta verk að stöðva öll störf að gerð áætlunar um nýtingu innlendra orkugjafa. Þeir aðilar, sem ég nefndi áðan, hafa ekki verið látnir halda áfram störfum sínum og engin áætlun verið lögð fyrir þetta þing. Hæstv. iðnrh. hefur tafið um hálft ár lagningu stofnlínu milli Suðurlands og Norðurlands, og það er nú ljóst að sú lína getur ekki flutt fullt magn af raforku norður um leið og Sigalda kemur í gagnið. Ekkert er enn unnið að undirbúningi stofnlínu frá Kröflu til Austurlands, og allir, sem leita til hæstv. ráðh. um fyrirgreiðslu í sambandi við nýtingu innlendra orkugjafa, hvort sem um er að ræða hitaveitu eða raforku, kvarta undan hiki, óvissu og loðnum svörum.

Hér á þingi í gær svaraði hæstv. ráðh. fsp. um hitaveituframkvæmdir á Suðurnesjum. Í skýrslu þeirri, sem ég gat um áðan, var ráðgert að sú hitaveita yrði fullgerð á árinu 1976. Nú kemur í ljós að hæstv. iðnrh. hefur ákveðið að tefja þessa framkvæmd um 2 ár í viðbót, hún á ekki að verða tilbúin fyrr en 1978, og þetta enda þótt ljóst sé að sparnaður við að taka upp hitaveitu í stað olíunotkunar er svo mikill að stofnkostnaður borgast upp með sparnaðinum á örfáum árum.

Það er ljóst að hæstv. iðnrh. og núv. ríkisstj. hafa algerlega fallið frá stefnu fyrrv. ríkisstj. um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Þeir hafa ákveðið að ráðstafa raforkunni frá Sigölduvirkjun til járnblendiframleiðslu, en láta þarfir almennings í öllum landshlutum sitja á hakanum, einnig þörf þjóðarheildarinnar á gjaldeyrissparnaði og auknu sjálfstæði á sviði orkumála. Allt er þetta þeim mun fróðlegra sem frv. gerir ráð fyrir því að verksmiðjan taki ekki til starfa fyrr en hálfu öðru ári eftir að Sigölduvirkjun kemur í gagnið. Þannig stenst ekki einu sinni sú röksemd að verksmiðjan eigi að brúa bilið þegar stökk kemur í orkuframleiðslu og erfiðleikar verða á markaði. Engar skýringar hafa heyrst frá hæstv. ríkisstj. eða hæstv. iðnrh. um það, hvernig eigi að brúa þetta bil sem að mati ríkisstj. verður hálft annað ár.

Ég tel þetta alranga stefnu í orkumálum, hvort sem á hana er litið frá sjónarmiði efnahagsmála eða félagsmála. Út af fyrir sig nægir þetta til þess að ég er andvígur þessu frv. og mun greiða atkv. gegn því. En fleira kemur vissulega til.

Þau drög, sem unnin voru meðan ég gegndi störfum iðnrh., eru nú gerbreytt. Þar stendur ekki steinn yfir steini. Þetta stafar að verulegu leyti af óviðráðanlegum ytri breytingum en einnig af breytingum sem hæstv. iðnrh. hefur beitt sér fyrir og ég tel vera okkur mjög í óhag. Frá fyrri drögum hefur stofnkostnaður verksmiðjunnar hækkað úr um 30 millj. dollara eða 2 600 millj. kr., miðað við þáv. gengi, í 68 millj. dollara eða 10 800 millj. kr., miðað við núv. gengi. Stofnkostnaður hefur þannig meira en tvöfaldast í dollurum og fjórfaldast reiknað í íslenskum krónum. Því þarf að sjálfsögðu að meta allar hugmyndir um fjárhagsgetu á nýjan leik, einnig í samanburði við fjármagnsþörf okkar á fleiri sviðum.

Á móti kemur svo hitt, að meðalarðsemi hefur samkv. skýrslum sérfræðinga ríkisstj. nærri tvöfaldast, hækkað úr 10.3% í liðlega 20%, og er þá átt við fjárfestingu fyrir skatta. Fyrirtækið er sem sé orðið mjög arðbært eins og nú horfir, og það ætti að sjálfsögðu að gera okkur auðveldara að afla fjármagns til þess. Viðbrögð hæstv. iðnrh. Gunnars Thoroddsens við þessum breytingum hafa orðið þau að hann hefur lagt að Union Carbide að auka eignarhluta sinn í þessu arðbæra fyrirtæki úr 35%, eins og áður hafði verið fallist á, í 45%. Þetta jafngildir auknингu á hlutafé Union Carbide um 2.4 millj. kr. Iðnrh. ber fram þá röksemd að fjármögnunarvandinn sé orðinn stærri og hann sé nú að tryggja það að hann leggist ekki á okkur íslendinga á jafnþungbæran hátt og ella hefði orðið.

En hæstv. iðnrh. féllst á fleiri breytingar. Tækniþekking, einkaleyfi og önnur slík þekking er innifalið í hlutafjárframlagi Union Carbide og var í fyrri drögum verðlagt á 2.3 millj. dollara. Nú er þessi upphæð hækkuð með einu pennastriki í 3.2 millj. dollara án nokkurs rökstuðnings. Hv. þm. Jón G. Sólnes spurði um þetta atriði í umr. í Ed. og spurði þá um það, hvort Union Carbide hefði metið það svo háu verði

að þurfa að semja við kommúníska iðnrh., eins og hv. þm. komst að orði. Sé þetta skýringin ætti það alla vega að liggja ljóst fyrir að ég hafi getað unnið fyrir kaupinu mínu meðan ég gegndi störfum ráðh.

En það eru fleiri breytingar sem gerðar hafa verið. Önnur breyting, sem hæstv. iðnrh. hefur gert, er að hækka söluþóknun úr 3%, eins og áður var gert ráð fyrir, í 3.9% að meðaltali. Söluþóknunin á nú að hækka í stigum, verða þeim mun hærri sem meira er selt, og hef ég ekki fengið neinar skýringar á því fyrirkomulagi, aðra en þá að hæstv. ríkisstj. telji að Union Carbide geti haft einhverjar annarlegar ástæður til þess að selja aðeins hluta af þessari framleiðslu, og ef svo er vildi ég gjarnan fá skýringar á því viðhorfi. En meðalhækkunin er sem sé úr 3% í 3.9% og þessi hækkun er samþykkt enda þótt framleiðsla verksmiðjunnar, kísiljárnið, hafi hækkað um 150% og þar með söluþóknunin í dollurum. Þessi hækkun til Union Carbide frá fyrri drögum nemur 783 þús. dollurum á ári.

Tækniþjónusta Union Carbide er 3% af söluverði og hefur hækkað frá fyrri drögum um 521 þús. dollara á ári.

Árlegur arður Union Carbide vegna aukinnar arðsemi og aukinnar eignaraðildar hefur hækkað *frá fyrri drögum um hvoki meira* né minna en 2 millj. 102 þús. dollara.

Þessir 4 þættir, sem ég hef nefnt, tækniþekking, söluþóknun, tækniþjónusta og arður, hafa þannig hækkað um 4 millj. 306 þús. dollara frá fyrri drögum, aðeins á fyrstu 12 mánuðum sem verksmiðjan starfar. Union Carbide er því ekki að leggja fram 2.4 millj. dollara í viðbót sem hlutafé. Við erum að leggja fram þá upphæð á silfurbakka handa Union Carbide — með verulegri uppbót þó — vegna þess eins hvernig hæstv. iðnrh. hefur haldið á málinu. Mér er það gersamlega óskiljanlegt eins og hv. þm. Jón G. Sólnes hvernig þarna hefur verið að verki staðið. Ég vil minna á það að þrír þessara þátta, þ. e. a. s. söluþóknunin, tækniþjónustan og arðurinn, eru árlegir þættir — tækniþekkingin er borguð í eitt skipti fyrir öll, en hinir þættirnir koma fram árlega, og standist þær áætlanir sem gerðar hafa verið um verksmiðjuna, þá verður hlutur Union Carbide þessu meiri en áður var reiknað með.

Hin upphaflegu drög um járnblendiverksmiðju voru m. a. gagnrýnd á þeirri forsendu að raforkuverðið væri of lágt og mátti færa viss rök að því. Í því sambandi ber þó að minnast þess að um var að ræða orku sem ekki var fyrirsjáanlegur markaður fyrir um nokkurra ára skeið, að um væri að ræða að meiri hluta til orku sem ekki átti að koma frá Sigölduvirkjun nema að litlum hluta, heldur er nú þegar í kerfi Landsvirkjunar, án þess að unnt sé að koma henni í verð, og að um væri að ræða orkusölu til íslensks fyrirtækis sem væri að miklum meiri hluta til í eigu íslenska ríkisins. Það var hins vegar ein meginafleiðing olíukreppunnar haustið 1973 að orkuverð snarhækkaði um allan heim. Að sjálfsögðu bar að leggja megináherslu á það atriði við endurskoðun hinna upphaflegu draga. Hæstv. iðnrh. hefur samið um það að raforkuverð hækki. Ef tekið er meðalverð fyrir forgangsorku og afgangsorku á 8 árum, þá er hækkunin úr 4.2 mill á kwst. í 5.7 mill eða um rúmlega 35%. Orkuverðið hækkar sem sé miklu minna en allir aðrir kostnaðarliðir hinnar fyrirhuguðu verksmiðju. Stofnkostnaðurinn hefur, eins og ég rakti áðan, hækkað um meira en helming, byggingarkostnaðurinn um 150%. Þarna virtist þó hæstv. iðnrh. hafa kjörið tækifæri til þess að halda fast á íslenskum hagsmunum. Í fyrri drögum hafði Union Carbide fallist á arðsemi sem næmi 10.3%, eins og áður var rakið. Ef hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen hefði staðið á þessari arðsemi, 10.3%, sem búið var að samþykkja, en krafist þess að orkuverð hækkaði í samræmi við breyttar aðstæður, hefði verið hægt að krefjast 10.4 mill fyrir kwst. og halda samt óbreyttri arðsemi sem hlutfalli af fjárfestingu. Þeim mun meiri ástæða var til að halda fast á þessu máli sem eignarhlutur Union Carbide í verksmiðjunni hefur verið aukinn um nærri þriðjung og þar með arður fyrirtækisins af orkunni. En hæstv. iðnrh. hefur lotið ákaflega lágt að sætta sig við 5.7 mill miðað við þessar gerbreyttu aðstæður, þegar 10.4 mill áttu að vera innan seilingar á rökréttan hátt, miðað við þau fyrri drög um arðsemi sem Union Carbide hafði fallist á.

Fyrri samningsdrög og þau, sem nú liggja fyrir okkur, eru ekki sambærileg vegna þess hversu mjög ytri aðstæður hafa breyst á þessum tíma. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hæstv. iðnrh. hafi haldið ákaflega illa á okkar hlut miðað við þessar breyttu aðstæður og síður en svo náð þeim árangri sem unnt hefði verið að ná miðað við grundvallaratriði sem áður lágu fyrir. Ég er því andvígur frv. einnig af þessari ástæðu.

Ég á sæti í þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, og mun að *sjálfsögðu fjalla* um það þar og því eru ýmsir þættir sem ég mun ekki gera hér að umtalsefni. Ég tel þó rétt að gera hér grein fyrir brtt. sem ég hafði hugsað mér að flytja í n. Ég mun þar í fyrsta lagi flytja frávísunartill., svo hljóðandi:

„Þar sem íslendingar þurfa á næstu árum að hagnýta alla tiltæka orku, fjármagn og vinnuafl til þess að fullnægja þörfum hins almenna orkumarkaðar, m. a. með rafhitun húsa, telur Alþ. allar forsendur skorta til þess að koma upp orkufrekum iðnaði meðan svo er ástatt og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ef þessi till. verður ekki samþ. mót von minni í hv. iðnn., þá mun ég einnig freista þess að flytja tilteknar brtt. við frv. og ég vil gjarnan gera grein fyrir þeim eða nokkrum þeirra í stuttu máli við þessa 1. umr.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Ríkisstj. skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju að Grundartanga í Hvalfirði til framleiðslu á 75% ferrosilikoni og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur.“

Ég legg til, að við þessa setningu bætist:

„Staðarvalið skal þó háð því að uppfyllt sé ákvæði 29. gr. l. um náttúruvernd, nr. 47/1971, og ákvæði 4., 9. og 10. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, nr. 164/1972.“

Eins og ég rakti áðan er það eitt af meginatriðum þessarar reglugerðar að það má ekki ákveða staðarval nema þetta formlega samþykki, sem á að ná til allra þátta verksmiðjurekstrarins, liggi fyrir. Þessu ákvæði hefur þegar verið beitt. Því var m. a. beitt við að stöðva framkvæmdir við svo kallaða kíttisverksmiðju sem reisa átti í Hveragerði, vegna þess að ekki hafði verið sótt um staðarleyfi fyrir hana á eðlilegan hátt. Framkvæmdir voru stöðvaðar þar. Og ég á dálítið erfitt með að skilja að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. eða hv. Alþ. að komast hjá því að lúta ákvæðum þessarar reglugerðar. Mér virðist þó af ýmsum orðum, sem fallið hafa, að þessi sé ætlunin og því tel ég rétt að þetta sé tekið ótvírætt fram í frv.

Ég mun fyrir mitt leyti leggja til að eignarhlutur íslendinga haldist 65%, eins og um hafði verið rætt í hinum fyrri drögum.

Í sambandi við 3. gr., þar sem rætt er um jarðnæði við Grundartanga, höfn við Grundartanga, veg að hinni fyrirhuguðu verksmiðju og raflínu að hinni fyrirhuguðu verksmiðju, þar legg ég til að við bætist nýr tölul.:

„6. Að gera samning við verksmiðjuna sem tryggi að hún greiði allan kostnað við framkvæmdir þær sem um getur í 2. og 5. lið.“

Nýlega barst ríkisstj. álitsgerð frá Þjóðhagsstofnun um þetta frv. og þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru. Er bent á ýmis athyglisverð atriði í þessari tiltölulega nýkomnu skýrslu og m. a. er fjallað þar um höfnina. Í þessari skýrslu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er að hafnargerðin er alger forsenda fyrirtækisins. Hins vegar er alls óvíst, hver önnur not verða af höfninni, og má telja líklegt að hún muni um fyrirsjáanlega framtíð þjóna málmblendiverksmiðjunni því nær eingöngu. Nálægð annarra hafna í Reykjavík og Akranesi skiptir hér meginmáli fyrir þörf og hugsanleg not annarra fyrirtækja af höfninni. Eðlilegt virðist einnig að líta svipuðum augum á kostnað við vegalagningu, en hér mun um að ræða endurbætur vegarins frá þjóðveginum til verksmiðjulóðarinnar. Samkv. upplýsingum starfsmanns viðræðunefndar um orkufrekan iðnað var fjárfesting í Grundartangahöfn áætluð nema um 450 millj. kr. fyrir gengisbreytinguna 13. febr. s. l. og kostnaður við vegagerðina lauslega áætlaður geta numið um 25 millj. kr. Þjóðhagsstofnun hefur reiknað arðgjöf fyrirtækisins að meðtalinni þessari fjárfestingu á gengi og verðlagi sambærilegu við fjárfestingaráætlanir viðræðunefndar um orkufrekan iðnað. Jafnframt hefur rekstraráætlunin verið leiðrétt vegna áætlaðrar greiðslu hafnargjalda, en í stað hafnargjalda hefur lauslega verið gert ráð fyrir rekstrarkostnaði hafnarinnar. Þessi leiðrétting veldur lækkun hafnar- og lóðargjalda um 66 þús. dollara og samsvarandi hækkun rekstrarhagnaðar. Á þessum grunni verður niðurstaðan sú, að afkastavextir nemi 12.8% í stað 13.6%, þegar ekki er tekið tillit til nauðsynlegrar fjárfestingar í höfn og vegi. Það er álit Þjóðhagsstofnunar að þótt deila megi um að hve miklu leyti eigi að skrifa hafnar- og vegareikning þennan á kostnað málmblendiverksmiðjunnar einnar, fæst naumast rétt mynd af arðgjöf fyrirtækisins nema að teknu einhverju tilliti til þessa kostnaðar.“

Ég fæ ekki betur séð en þessar ahts. séu algerlega réttar, og mér er ekki alveg ljóst hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að rekstrarhalli þessarar hafnar verði bættur. Varla getur verið til þess ætlast að þau sveitarfélög, sem eiga að verða formlegur eigandi hafnarinnar, eigi að standa undir þeim rekstrarhalla, en sá halli er fyrirsjáanlegur um alllangt árabil. Verksmiðjunni verður aðeins gert að greiða hafnargjöld, sömu hafnargjöld og í Reykjavík, og það liggur fyrir að þau nægja ekki til þess að standa undir tilkostnaði þessarar hafnar, þannig að ég tel að Alþ. þurfi að gera það alveg ljóst hvernig ætlunin er að jafna þennan mun. Því flyt ég þá brtt. sem ég nefndi áðan.

Í sambandi við 5. gr. um stjórn fyrirtækisins mun ég flytja brtt. þar sem segir:

„Fulltrúar íslenska ríkisins í stjórn fyrirtækisins skulu vera 5 og kjörnir hlutfallskosningu í Sþ. til árs í senn svo og varamenn þeirra.“

Og við 6. gr., þar sem ríkisstj. er heimilað að gera tiltekna samninga við Union Carbide, legg ég til að verði bætt svofelldri setningu:

„Þó skal greiðsla fyrir tækniþjónustu Union Carbide í formi hlutabréfa ekki vera hærri en 2.3 millj. dollarar, meðalsölulaun ekki hærri en 3% og meðalraforkuverð fyrstu 8 árin ekki lægra en 8 mill á kwst.“

Ég rakti áðan að hin breytta arðsemi gerir kleift að greiða 10.4 mill fyrir kwst. ef maður reiknar með sömu arðsemi og áður var reiknað með, þannig að þarna er farið bil beggja og hæstv. ráðh. gefið svigrúm sem ætti að geta nægt honum.

Ég vil svo undir lokin láta þess getið að ég sé þrátt fyrir allt ástæðu til þess að fagna því að ekki hefur að fullu verið horfið frá því grundvallaratriði að fyrirtækið verði að meiri hluta í eigu íslenska ríkisins, þótt nú sé miklu verr gengið frá eignarhlut íslenska ríkisins en áður var fyrirhugað. Ég er þeirrar skoðunar að við megum ekki hvika frá þeirri meginreglu, hvorki á sviði orkufreks iðnaðar né annarra atvinnumála, ef við ætlum að halda efnahagslegu sjálfstæði okkar, að við eigum sjálfir allan atvinnurekstur í landinu. Ég tel stefja að okkur miklar hættur á þessu sviði, ekki síst í sambandi við nýtingu íslenskrar orku. Það er vitað að öflugir erlendir aðilar horfa nú miklum löngunaraugum á þá orku. Því tel ég miklu skipta í sambandi við afgreiðslu þessa máls að flokkarnir geri grein fyrir meginstefnu sinni á þessu sviði í sambandi við afgreiðslu málsins.

Hæstv. iðnrh. lýsti yfir því í sjónvarpi í viðræðum við mig fyrir nokkru, að hann væri þeirrar skoðunar að fyrirtæki í orkufrekum iðnaði, sem rísa kunni á Íslandi, eigi eftirleiðis að vera að meiri hluta til í eigu íslendinga. Sumir flokksbræður hans eru hins vegar greinilega á annarri skoðun. Hv. þm. Jón G. Sólnes sagði í ræðu sem hann flutti í Ed., að hann hefði viljað að Union Carbide ætti verksmiðjuna einn eða með einhverjum hérlendum einstaklingum, og hann lauk máli sínu með þessum afar fróðlegu orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ung var ég gefin Njáli, sagði mikil hetja þegar hún fylgdi manni sínum í bálið. Ég hef frá unga aldri verið hrifinn af stefnu Sjálfstfl. og reynt að vinna flokknum allt það gagn sem ég hef getað. En á þessu fyrsta þingi, sem ég sit sem kjörinn fulltrúi fyrir Sjálfstfl., er mér boðið upp á að styðja frv. sem stuðlar að meiri eflingu ríkisrekstrar í þjóðfélaginu en nokkru sinni hefur átt sér stað fyrr. Þetta finnst mér erfiður biti að kyngja. Og ég hef ekki hetjulund hinnar merku konu Bergþóru. Ég held að ég láti það ógert. Ég lýsi andstöðu minni við þetta frv. eins og það liggur fyrir og mun greiða atkv. gegn því.“

Þannig telur hv. þm. Jón G. Sólnes að meiri hluti íslenska ríkisins sé stóra hættumerkið í sambandi við þetta frv., og það er þessi meirihlutaréttur íslenska ríkisins sem veldur því að hann leggst gegn því. Við höfum hér í Nd. hlýtt á orðræður hv. þm. Sverris Hermannssonar um áhuga hans á því að eftirláta erlendum auðhring bæði rannsóknir og stórvirkjanir á Austfjörðum, og slík dæmi mætti nefna mörg fleiri. Ég tel að þarna vofi yfir okkur ákaflega mikil hætta og það sé nauðsynlegt, eins og ég gat um áðan, að reyna að tryggja næga samstöðu, bæði hér á Alþ. og meðal þjóðarinnar, til þess að hlaða varnarmúr gegn þessari þróun. Ég tel að það sé ákaflega æskilegt í sambandi við þetta mál að hæstv. forsrh., sem því miður er ekki staddur hér, lýsi yfir því, hver er stefna núv. hæstv. ríkisstj. á þessu sviði, hvernig hún hugsar sér að staðið verði að áætlunum um þróun iðnaðar af þessu tagi á næstu árum, hver er sameiginleg afstaða hæstv. ríkisstj., og raunar væri fróðlegt að heyra þá líka um afstöðu Sjálfstfl. sem hefur birst í gagnstæðum viðhorfum eins og ég gat um áðan.

Benedikt Gröndal: Hæstv. forseti. Enda þótt hugmyndir um virkjanir og byggingu orkufrekra iðjuvera séu gömul saga hér á Íslandi, má segja að tímamót hafi orðið á því sviði þegar ákveðið var að ráðast í Þjórsárvirkjun og heimila svissnesku fyrirtæki að reisa hér álverksmiðju. Þegar þetta gerðist, átti Alþfl. aðild að ríkisstj. og tók þar af leiðandi afstöðu til þessara mála. Þá var mikið rætt um erlent fjármagn og stóriðju á almennum grundvelli og þá heyrðust raddir í þá átt að við ættum að opna allar gáttir og reyna hvað við gætum að ná hingað erlendu fjármagni til þess að byggja upp stóriðju í landinu. Um þessar hugmyndir voru menn ekki einir hér á landi, því að nágrannaþjóðir okkar sumar, eins og t. d. norðmenn, völdu sína bestu menn í svipað hlutverk og þetta.

Alþfl. snerist þó algerlega gegn þeirri hugmynd að mótuð yrði almenn afstaða, t. d. með almennri löggjöf, sem opnaði dyrnar fyrir erlendu fjármagni og stóriðju sem væri að meira eða minna leyti í eigu erlendra aðila. Alþfl. tók þá afstöðu að orkulindirnar sjálfar og öll mannvirki til beislunar þeirra skyldu tvímælalaust undir öllum kringumstæðum vera í eigu íslendinga. Hins vegar gæti komið til mála að heimila erlendum aðilum að reisa eða vera aðilar að því að reist verði iðjuver, en við tókum fram og höfum haldið þeirri afstöðu síðan að við teldum rétt að hvert slíkt tilvik yrði athugað fyrir sig. Það er því ekki rétt þegar því er haldið fram, að sú ríkisstj., sem þá sat að völdum, hafi markað þá stefnu að álverið væri aðeins byrjun á löngu áframhaldi. Alþfl. hafði aldrei samþykkt það og hafi þær skoðanir komið fram þá, hygg ég að ríkisstj. hafi ekki verið af þeim bundin.

Nú er komið að því að afgreiða löggjöf um aðra stórverksmiðju af þessu tagi, orkufrekan iðnað, þar sem erlendir aðilar koma mjög við sögu. Verulegur munur er á því, hvernig lagt er til að samið verði um málmblendiverksmiðju þá sem nú er fyrirhuguð og hvernig samið var við svisslendinga um byggingu álversins. Grundvallarmunurinn er sá að svisslendingum var heimilað að eiga algerlega álverið, en nú er hugmyndin sú að íslendingar eigi meiri hluta í þeirri verksmiðju sem fyrirhuguð er, þótt skiptar séu skoðanir um hve mikill sá meiri hluti eigi að vera. Í sambandi við fyrri leiðina, að heimila hinum erlenda aðila að eiga verksmiðjuna að öllu leyti, er það að sjálfsögðu ætlun íslendinga að tryggja með samningum allan þann rétt sem við viljum leggja áherslu á, og þar ber e. t. v. hæst hvaða tegund skattlagningar verður valin, hvernig fer með tækni og greiðslur fyrir hana, hvernig á að úrskurða deilumál og ýmislegt fleira. Það er hægt að ákveða slíkt í samningum um viðkomandi iðjuver og það er líka hægt að ganga út frá því að allt slíkt lúti venjulegum íslenskum lögum.

Sá er meginmunurinn á þessum tveimur leiðum að leið álsamninganna, sú að láta hinn erlenda aðila eiga álverið algerlega, standa undir öllu hlutafé og stofnkostnaði, en tryggja rétt íslendinga með samningum, — sú leið tryggir það að íslendingar taka eins litla áhættu sjálfir af þeim rekstri, sem verið er að stofna til, og hægt er að búast við. Hin leiðin, þar sem íslendingar ætla sér að verða meirihlutaeigandi í verksmiðjunni, en ætla þó erlendu fyrirtæki að eiga verulegan hluta hennar og hafa á sínu valdi sérstaklega sölu- og tæknihlið verksins, — sú leið hefur það í för með sér að íslendingar taka mjög mikla áhættu sjálfir. Það má því segja að hér sé um mismunandi framkvæmd á sömu grundvallarhugsun að ræða, en álsamningurinn hafi byggst á því að íslendingar tækju sem allra minnsta áhættu, en málmblendiuppkastið geri ráð fyrir því að íslendingar taki á sig verulega áhættu.

Ekki munu þó allir meta þetta mál út frá þessum sjónarmiðum, heldur kemur þar til þjóðernistilfinning og viðhorf manna til þess að erlendir aðilar hafi hér yfirleitt nokkur umsvif. Virðist svo sem margir telji að það eitt sé nægileg ástæða til þess að íslendingar eigi ekki aðeins að eiga meiri hluta í málmblendiverksmiðjunni, heldur í öllum verksmiðjum, þar sem erlend þátttaka kemur til.

Um skatta og tækni og fleira slíkt hefur þó reynslan orðið sú að það virðist ekki vera með öllu hentugt að segja á einfaldan hátt: Öll þessi mál skulu lúta íslenskum lögum, — því að í uppköstum að samningum um málmblendiverksmiðjuna hafa verið ýmis ákvæði sem hafa falið í sér margvísleg frávik frá íslenskum lögum, svo að

þeir, sem um þau mál fjölluðu frá upphafi, geta ekki hælt sér af því að þetta fyrirtæki hafi átt að heyra algerlega undir íslensk lög frá upphafi.

Alþfl. samþykkti á sínum tíma álsamningana og nú er fengin margvísleg reynsla af þeim svo og af a. m. k. einu öðru iðjuveri í landinu, norður í landi, þótt það sé öllu minna, kísilgúrverksmiðjunni í Mývatnssveit. Við teljum að það geti verið mjög hollt fyrir íslendinga þegar önnur verksmiðja af þessu tagi með þáttöku útlendinga rís, þá verði reynd sú leið að við eigum meiri hluta í verksmiðjunni og annað sem af þeirri grundvallarákvörðun fylgir, og mundi þá einnig fljótlega fást reynsla af því hvaða kostir og gallar fylgja slíkri skipan. Á þessum grundvelli höfum við í meginatriðum verið reiðubúnir til þess að veita því samþykki okkar að gert verði samkomulag um byggingu málmblendiverksmiðjunnar. En jafnframt því sem Alþfl. hefur lýst sig í grundvallaratriðum sammála því að gera þessa verksmiðju hefur hann tekið fram að hann hafi fyrirvara um ýmis atriði þangað til frekari upplýsingar liggja fyrir. Mál þetta var að mestu leyti undirbúið í tíð fyrrv. iðnrh., á árum vinstri stjórnarinnar, og Alþfl. hafði mjög lítil tækifæri til að fylgjast með smáatriðum málsins og hefur raunar ekki haft það fyrr en tiltölulega nýlega. Þess vegna höfum við áskilið okkur allan rétt varðandi ýmis einstök framkvæmdaatriði og þá beðið eftir því að þau yrðu upplýst í meðferð málsins hér á Alþ.

Frv. hefur þegar farið í gegnum hv. Ed. og iðnn. þeirrar d. fjallað ítarlega um það, mun hafa haldið eina 11 fundi og boðað til sín sérfróða menn á mörgum mismunandi sviðum. Iðnn. Nd. var gefið tækifæri til að sitja þessa fundi og fylgjast með þeim yfirheyrslum eða þeim samræðum sem þar fóru fram, en því miður fór það svo að tiltölulega fáir iðnn.-menn gátu notfært sér þetta tækifæri vegna annarra starfa á vegum Alþ., svo að menn hafa í þessari d. fengið tiltölulega lítið að vita af því sem fram kom í rannsókn Ed. Að sjálfsögðu hafa Nd.-menn ekki nema að litlu leyti getað fylgst með hinum löngu umr. í Ed., vegna þess að fundir hafa verið í deildum samtímis. En það er athyglisvert að hv. síðasti ræðumaður, sem sótti tiltölulega fáa af þessum rannsóknafundum n. í Ed., virðist ekki þurfa á neinu líku að halda, því að hann hefur fyrir fram skoðanir á öllum málum, skoðanir sem í sumum tilvikum stangast algerlega á við það sem sérfróðir embættismenn fullyrtu á fundum Ed.-nefndarinnar. En hann um það. Hann hefur verið ráðh. yfir þessum málum og þá sjálfsagt myndað sér fastar skoðanir sem líklega eiga ekki eftir að haggast, því að hann hefur farið þá óvenjulegu leið, sem mun a. m. k. ekki vera í anda þingskapa, að lýsa ítarlega brtt. við mál þegar við 1. umr. Með því sýnir hann í raun og veru iðnn. þessarar d. hina mestu fyrirlitningu, því að hann þarf ekki einu sinni við samnm. sína að tala, áður en hann mótar eigin brtt. við frv. En ég skal ekki hafa frekari afskipti af því, það er hans mál. Kannske þarf hann ekki einu sinni að mæta í iðnn. þessarar d. frekar en hinnar d.

Af þeim atriðum þessa máls, sem við Alþfl.-menn höfum viljað fá frekari skýringar á, skal ég nú nefna nokkur.

Í fyrsta lagi vil ég nefna lánsfé. Það er ljóst, að afleiðing af þeirri stefnu að íslendingar eigi meiri hluta í verksmiðjunni hvort sem það er 51% eða 65%, er sú að íslenska ríkið verður að útvega sér sjálfsagt í kringum 2 milljarða kr. til að leggja fram hlutafé sitt. Þessi fyrirtæki eru ekki eins og mörg smáfyrirtæki sem íslendingar eru vanir, þar sem hægt er að stofna þau löglega og gefa yfirlýsingar um hlutafé sem síðan er aldrei greitt og hefur aldrei sést, eins og rekstur fyrirtækjanna ber oft vitni um. Fyrir utan fé til þess að standa skil á eignarhlut íslenska ríkisins verður að útvega fé til þess að reisa eða byggja höfnina fyrir og enn fremur til þess að endurbæta vegi í nágrenninu, og kann að koma í ljós að íslenska ríkið þurfi að snara út fé til fleiri atriða. Allt verða þetta miklar upphæðir á íslenskan mælikvarða og við Alþfl.-menn leggjum á það ríka áherslu að þetta lánsfé verði tryggt á þann hátt að það gangi ekki út yfir eðlilega lánamöguleika íslensku þjóðarinnar og verði því ekki til þess að draga til sín fé frá öðrum framkvæmdum. Slíkar yfirlýsingar hafa þegar verið gefnar svo að ekki er ástæða til að vefengja, en ég vil þó ítreka að þetta er veigamikið atriði og mjög þungt á metunum.

Höfnin er í okkar augum sérstaklega viðkvæmt atriði í þessu tilliti. Rekstur hennar í byrjun er óviss. Sveitarfélögin, sem að henni standa, eru öll mjög fámenn og veik, að undanteknum Akraneskaupstað, og er fyrirtækið þó ærið stórt, jafnvel á hans mælikvarða. Við viljum því leggja ríka áherslu á að vel verði frá þessum málum gengið og það verði tryggt í fyrsta lagi, að þessi hafnargerð dragi ekki fé frá öðrum íslenskum höfnum og til hennar verði ekki veitt lán úr þeim sjóðum sem helst hafa getað lánað til annarra íslenskra hafna, því að verkefni eru þar ærin. Hér kemur enn að því sama, að það þarf að útvega sérstakt lánsfé í þetta. En yfirlýsingar hafa verið gefnar um að það muni vera hægt, þar sem svo mikil trú sé á arðsemi þessa fyrirtækis í heild að lánastofnanir, sem ekki mundu sinna íslendingum sérstaklega, muni vera reiðubúnar til að lána það fé sem til þarf.

Þá vil ég nefna það að við, eins og ég hygg allir aðrir, leggjum á það áherslu að við alla framkvæmd þessa máls, ef til kemur, verði hafðar í frammi ítrustu mengunarvarnir. Það er að vísu ekki rétt að þróunarlöndin séu öll til fyrir myndar hvað það snertir. Ég hef hlustað á það á alþjóðlegum fundum, að þróunarríkin haldi því fram að þau hafi rétt til þess að menga hjá sér, og á bak við það er sú hugsun að þegar ríku þjóðirnar eru búnar að koma upp sínum eigin iðnaði eins og þeim sjálfum sýnist, þá ætla þær fullar af áhuga á því að vernda náttúruna að koma fram heimsreglum sem verða til þess að gera hinum fátækari ríkjum erfiðara fyrir um að koma sjálfum upp iðnaði. Fyrirmyndir í þessum efnum held ég að við sækjum til nágrannalanda okkar, þar sem náttúruverndarhreyfingin á undanförnum árum hefur verið sterkust og þar sem lengst hefur verið gengið í kröfum varðandi þessi mál.

Það fer ekki á milli mála að sumar yfirlýsingar, sem hafa birst á prenti í opinberum skjölum varðandi þetta mál, hafa verið næsta gálausar,

og hefur verið viðurkennt við nánari athugun að þær hafi ekki fyllilega við rök að styðjast, eins og fullyrðingar um það að viðkomandi framleiðslu þessarar verksmiðju geti ekki verið um nein eiturefni eða meinskaðleg efni að ræða. Hins vegar virtist mér koma fram á fundum Ed.-n. um þessi mál að það hafi orðið miklar breytingar til batnaðar í mengunarvörnum hér á landi, og á ég þar ekki aðeins við þann lagabókstaf, sem Alþ. hefur sett á síðustu árum, eða þær reglugerðir, sem gefnar hafa verið út, heldur líka viðhorf þeirra embættismanna sem eiga að framfylgja þessum reglum. Mér er sérstaklega minnisstætt hvað landlæknir sagði um þessi mál á einum þeirra funda sem ég nefndi, en hann viðurkenndi þar að við íslendingar hefðum ekki sýnt nægilega varúð í þessum efnum við byggingu álversins eða kísilgúrverksmiðjunnar og yrðum að gera þar gagnráðstafanir. En hann hélt því fram að við hefðum lært mikið og mundum nú geta knúið fram ítrustu staðla í þessum efnum sem til eru hjá grannþjóðum. Og þá er rétt að minnast þess, að þótt eldri verksmiðjur til framleiðslu á ýmiss konar málmum séu hinir mestu mengunarskaðvaldar, þá hafa orðið feikilegar breytingar á þessu undanfarin ár og í flestum siðmenntuðum löndum kemst ekkert fyrirtæki, stórt eða lítið, opinbert eða einkafyrirtæki, upp með að reisa nú mannvirki án þess að þeim fylgi ítrustu mengunarvarnir.

Hins vegar er því ekki að leyna að mál þessi eru einmitt nú í mjög örri þróun og alls ekki komin á fastan grundvöll. Það var t. d. ekki fyrr en á síðari fundum n. í Ed. sem lagðir voru fram staðlar um mengunarvarnir, bæði frá Bandaríkjunum og Noregi, sem formaður n. hafði þá rétt fengið úr pósti. Þessir staðlar hafa verið gefnir út nú síðustu vikur, t. d. bæði í Noregi og Bandaríkjunum. Það kom í ljós, eftir því sem mönnum var sagt á þessum fundum, að amerísku staðlarnir mundu vera til muna kröfufrekari en þeir norsku eru. Þá kom einnig í ljós að Heilbrigðiseftirlitið og landlæknir hafa verið í sambandi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og einn sérfræðingur frá þeirri stofnun er væntanlegur hingað mjög bráðlega. Má vel vera að hann hafi þegar verið hér, sé þegar kominn. Vil ég láta í ljós ánægju yfir því að slíkrar samvinnu hefur verið leitað, og von er um það að hún geti orðið til þess að styrkja okkur í því að koma fram ítrustu mengunarvörnum. Ég vil taka það fram að þegar rætt er um mengunarvarnir eigum við ekki aðeins við mengun umhverfisins, heldur líka hina innri mengun í verksmiðjunni, þ. e. a. s. þær hættur sem steðja að verkafólkinu þar af ýmsum orsökum. Í sumum tegundum verksmiðja mun það vera svo, að mengunarvarnir hafa þau áhrif að t. d. skaðvænlegar lofttegundir og annað verða því meiri inni í verksmiðjunum sem minna kemst út úr þeim. Er því mikilvægt að ekki verði gleymt að gæta ítrasta öryggis þess verkafólks sem kemur til með að vinna í þessari verksmiðju. Þetta virtist landlækni vera fullljóst og hann kann að sjálfsögðu á þessu góð skil.

Þá teljum við að nauðsynlegt sé frá upphafi að tryggja að það verkalýðsfélag, sem starfar á svæði verksmiðjunnar, og verkafólkið í verksmiðjunni fái eðlilega og lýðræðislega aðstöðu til áhrifa í samræmi við þær hugmyndir sem nú eru uppi um slíka hluti. Vænti ég að ekki verði nein fyrirstaða á því sviði.

Mikið hefur verið rætt um líffræðilega athugun á umhverfi á þeim stað þar sem verksmiðjan mun eiga að rísa. Liggur í augum uppi að nauðsynlegt er að gera slíka líffræðilega athugun eins fljótt og hægt er, þótt ég telji ekki ástæðu til að stöðva framgang frv. á meðan hún fer fram, því að ég hygg að það séu, eftir því sem mér er tjáð af kunnugum mönnum, hverfandi líkur fyrir því að nokkuð komi í ljós sem gefi ástæðu til að hætta við verksmiðjubygginguna á þessum stað, enda hefur Náttúruverndarráð samþykkt staðinn út af fyrir sig. En ráðið hefur ekki veitt samþykki sitt að frekara leyti. Hins vegar er nauðsynlegt að hafa ítarlegar líffræðilegar athuganir, sem síðan verður að halda áfram með reglulegu millibili, til þess að jafnan verði hægt að fylgjast með því hvort verksmiðjan hefur einhver óæskileg áhrif á umhverfi sitt, og ef þau áhrif reynast vera meiri en menn búast við eða önnur en menn bjuggust við, þá verður að bregðast við því.

Um samhengið á milli þessarar verksmiðjubyggingar og raforkumálanna í heild hefur mikið verið rætt og það samhengi var m. a. umræðuefni á löngum fundum í Ed.-n. Þar voru lagðir fram útreikningar, sem ég hygg að verkfræðingar Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens hafi gert, sem sýndu að ef húshitun er tekin upp og framkvæmd með eins miklum hraða og þeir telja hugsanlegt að framkvæma, þá muni með þau tvö orkuver, sem nú eru framundan á næstunni, verða næg orka til almennra nota til þeirrar húshitunar, sem hægt verði að framkvæma, og til þessa iðjuvers. Þessir sérfræðingar útskýrðu það, að húshitun væri ekki eingöngu undir því komin að sjálf raforkan væri fyrir hendi í raforkuveri, heldur væri það mikið mannvirki að koma henni til þeirra byggða þar sem hita á. Í fyrsta lagi yrði að styrkja og breyta línum á milli byggða og það væri í sjálfu sér víðast hvar stórvirki. Í öðru lagi hefði enn lítið sem ekkert verið athugað hvernig ætti að hita með rafmagni eftir að rafmagnið er komið til byggðarinnar. Það mun vera hægt að gera á mismunandi vegu tæknilega og hefur lítið sem ekkert verið athugað hér á landi. Virtist því vera skoðun þessara sérfræðinga að þó að keyrt yrði með fullum hraða í húshitun og við legðum í það alla þá orku sem við getum, vinnuafl og fé, þá mundi húshitunin ekki geta gengið hraðar en svo, að raforku muni ekki skorta, jafnvel þótt þetta orkuver verði reist. Þessar upplýsingar þóttist ég fá út úr umræðufundunum, sem fram fóru í iðnn. Ed., og stangast þær nokkuð á við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, en hann virtist eingöngu tala um þá orku sem væri á hverjum tíma fyrirliggjandi og mætti nota til hitunar. Það þarf sem sagt að koma þeirri orku til byggðanna. Tökum t. d. Austfirði og Vestfirði þar sem eru stærstu verkefnin, þar mun það ekki verða gert í einni svipan.

Ég vil ítreka það sem ég sagði í upphafi, að grundvallarafstaða Alþfl. í þessum málum er sú

að við eigum í hvert skipti að rannsaka gaumgæfilega þá möguleika, sem fyrir hendi eru, hvern fyrir sig, ef rætt er um erlenda þátttöku í íslenskum iðnaði, og að orkulindirnar eiga ávallt að vera í eigu íslendinga. Við teljum að þessi verksmiðja mundi geta aukið fjölbreytni íslenskra atvinnuvega, aukið atvinnuöryggi og útlitið í efnahagsmálum sé nú því miður slíkt, að svo geti farið að íslendingar muni telja sér mikinn hag í því að hafa þá vinnu sem verður sérstaklega á byggingartímabili verksmiðjunnar. Við höfum því samþykkt þetta frv., en þó með þeim vangaveltum sem ég hef hér látið í ljós. Við munum fylgjast með áframhaldandi rannsókn málsins í iðnn. þessarar d. sem vafalaust verður ítarleg ekki síður en rannsókn n. í Ed.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil hér við 1. umr. þessa máls í hv. d. gera grein fyrir afstöðu SF til frv. og vil í því tilefni lesa samþykkt sem þingflokkur og framkvæmdastjórn SF hafa gert og fjallar um þetta frv. Samþykkt þessi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Orkuforðinn í fallvötnum og jarðvarma landsins er mesti þjóðarauður íslendinga, og hagsæld þjóðarinnar hlýtur í vaxandi mæli að fara eftir því hvernig hann er nýttur. Orkuskortur í heilum landsfjórðungum og gífurleg hækkun á verði innfluttra orkugjafa knýja á um mótun heildarstefnu um orkuvirkjanir og dreifingu nægrar orku um landið allt á jafnaðarverði.

Ekki örlar á að núverandi valdhafar ætli að sinna á fullnægjandi hátt þessari brýnu þörf þjóðarinnar með því að hraða eins og framast er unnt rannsóknum, áætlanagerð og framkvæmdum í orkumálum með heildarhagsmuni landsbyggðarinnar allrar fyrir augum.

Eina meiri háttar mál, sem orkunýtingu varðar og komið hefur til kasta yfirstandandi Alþ. af ríkisstj. hálfu, er frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Hvaða augum sem menn líta á það fyrirtæki út af fyrir sig, er ljóst, að málefni, sem eru langtum afdrifaríkari fyrir hag þjóðarinnar og þróun búsetu í landinu, eru látin sitja á hakanum. Stofnlínur milli landshluta eru undirstaða tengingar landsins alls í eitt orkuveitukerfi sem fullnægir þörfum þjóðarinnar á jafnaðargrundvelli. Framkvæmdir við stofnlínu milli Suðurlands og Norðurlands, sem vinstri stjórnin hafði undirbúið sem forgangsverkefni, eru enn í undandrætti. Þess verður ekki vart að línulögn frá þeirri línu til Vestfjarða sé svo mikið sem á dagskrá. Takist að hraða virkjun Kröflu eins og nú er áformað, er aðkallandi að ákveða og undirbúa skjótt lagningu línu frá Kröfluvirkjun til Austurlands. Ekki vottar fyrir að því máli sé sinnt.

Samfara tengingu landsins alls í eitt orkuveitusvæði þarf að móta virkjanastefnu í samræmi við það, en slíkrar stefnumótunar sér engan stað.

Könnunarskýrsla, sem gerð var á vegum vinstri stjórnarinnar um úrræði til þess að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar, leiddi í ljós að mikið og kostnaðarsamt verk þarf að vinna við endurbætur dreifikerfa fyrir utan stofnlínuframkvæmdir áður en unnt er að koma raforku til húshitunar með fullnægjandi hætti til þeirra byggðarlaga sem ekki geta orðið jarðvarmaveitna aðnjótandi. Ekkert hefur verið sinnt um að fylgja þessu máli eftir með nánari könnun og áætlanagerð.

Þegar mikilvægum undirstöðuatriðum orkuöflunar og orkudreifingar, sem þjóðarhagur veltur á flestu öðru fremur, er lítt eða ekki sinnt af hálfu stjórnvalda, geta Samtökin ekki lið fylgi frv. ríkisstj. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Um leið og Samtökin lýsa þessari afstöðu benda þau á að núv. till. að samningi eru á margan hátt óhagstæðari hinum fyrri og nauðsynlegar athuganir á áhrifum verksmiðjunnar á lífkerfi umhverfisins hafa ekki farið fram.

Á sama tíma og ákveðið er að næsta stórvirkjun verði í tengslum við stóriðju á suðvesturhluta landsins, eru framkvæmdir í orkumálum landsbyggðarinnar látnar sitja á hakanum. Stofnlínulögnum milli Suðurlands og Norðurlands, til Vestfjarða og frá Kröfluvirkjun til Austurlands hefur verið slegið á frest. Ítarlegar athuganir á dreifingu raforku til húshitunar úti um land hafa ekki verið framkvæmdar.

Enn fremur benda Samtökin á að samtímis því að ríkisstj. leggur fram frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði sem íslenska ríkið þarf að leggja til þúsundir millj. kr., áformar hún stórfelldan niðurskurð á framkvæmdum sem eru lífshagsmunamál landsbyggðarinnar. Þessi niðurskurður um nokkur þús. millj. kr. mun m. a. bitna á heilbrigðisþjónustu, hafnarframkvæmdum, flugvallargerð og skólabyggingum í þeim landshlutum sem nú standa þegar höllustum fæti."

Þetta er í meginatriðum afstaða SF til þess frv. sem hér er nú til umr. Ég gæti lokið hér máli mínu, vegna þess að samþykkt þessi og ályktun tekur alveg afdráttarlaust afstöðu til þessa máls, hún er skýr og hún er ljós. Ég vil þó fara örfáum orðum frekar um þetta atriði, en skal vera stuttorður.

Í mínum huga er spurningin um framkvæmd þessa, eins og málum er nú háttað í íslensku þjóðfélagi, kannske fyrst og fremst spurning um byggðamál. Ég vil taka skýrt fram að sú afstaða, sem SF eru nú að taka til þessa máls, er ekki alfarið andstaða við stóriðjuframkvæmdir í landinu eða framkvæmdir í samvinnu við erlenda aðila, en nauðsyn ber til að skoða hverja slíka framkvæmd út af fyrir sig.

Fyrir stuttu voru til umr. á Alþ. þau lög sem sett voru á sínum tíma til þess að létta byrði þeirra, sem verst eru settir og þyngstar byrðar bera vegna hinnar geigvænlegu hækkunar á olíuverði sem orðið hefur hin síðustu ár. Það verður því að teljast afar óeðlilegt að í framkvæmd sem þá er hér um ræðir sé ráðist á sama tíma og heilir landshlutar eru þannig settir vegna orkuskorts að fjöldi heimila nálgast það að verða gjaldþrota vegna þess hversu geigvænleg hækkun hefur átt sér stað á kyndingarkostnaði á þessum heimilum. Auk þess, eins og fram kemur í þessari ályktun, er ljóst að efnahagsstefna núv. ríkisstj. hefur leitt til þess ástands, eins og hæstv. ráðh. sjálfir lýsa nú yfir, að allar líkur benda til þess að brýnustu og bráðnauðsynlegar framkvæmdir úti á landsbyggðinni verði skornar

niður, en á sama tíma ætlar ríkissjóður að leggja milljarða í kostnað við uppbyggingu járnblendiverksmiðju hér á suðvesturhorni landsins. Vel gæti ég unnt þeim vestlendingum og kannske öðrum, sem kæmu til með að njóta góðs af þessu fyrirtæki, þess að njóta. En ég tel að kringumstæður þjóðfélagsins gefi ekki tilefni til að ráðast í slíkar framkvæmdir á þessu horni landsins á sama tíma og skera á við trog lífsnauðsynlegustu framkvæmdir úti á landsbyggðinni.

Það væri ástæða til að fara hér örfáum orðum og gera samanburð á þeim samningi, sem hér er nú verið að ræða vegna járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, samanborið við samningsdrög sem búið var að gera í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég ætla ekki, a. m. k. ekki við þessa 1. umr. málsins hér í d., að gera slíkt. Kannske gefst til þess tækifæri síðar, en kannske er besti samanburðurinn fenginn í ræðu sem hv. þm. Jón G. Sólnes flutti í Ed. Alþ. fyrir nokkru, þegar hann gerði að umræðuefni hversu þessi samningur, sem nú er lagður fyrir Alþ., er mun óhagstæðari íslenska ríkinu heldur en hinn fyrri var sem vinstri stjórnin gerði. Mín afstaða til þessa máls er að sjálfsögðu, eins og fram kemur, ekki grundvölluð á sömu skoðunum og afstaða þessa hv. þm. Okkar afstaða til málsins mótast fyrst og fremst af því að við teljum að ríkjandi ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar, sem efnahagsstefna núv. ríkisstj. hefur leitt af sér, gefi ekki tilefni til þess að í slíka stórkostlega framkvæmd sé ráðist hér á suðvesturhorni landsins á sama tíma og heilir landshlutar eru sveltir að orku og allar líkur benda til þess, ef fram heldur sem horfir, að það sé langtímaspursmál hvenær þessir landshlutar koma til með að njóta orku, sem nú er þegar skortur á, hvað þá ef auka ætti uppbyggingu bæði atvinnulífs og búsetu í þessum landshlutum.

Því hefur verið haldið fram af sumum ráðandi mönnum að fjármagn, sem íslenska ríkið ætlar sér að fá til þessara framkvæmda, sé ekki fáanlegt til annarra framkvæmda. Í mínum huga er ekki um neinar staðreyndir máls að ræða. Ég hygg og það er mín skoðun að hér sé fyrst og fremst um pólitíska ákvörðun að ræða. Það þarf enginn mér að segja, hvort sem það á við um núv. valdhafa né aðra þá sem sitja að völdum hér á Íslandi, að það sé ekki hægt, ef vilji er fyrir hendi, að útvega fjármagn til þeirra brýnu nauðsynja sem það er að koma orku til þeirra landshluta sem eru sveltir af slíku. Allt tal þeirra, sem nú rökstyðja uppbyggingu þessarar verksmiðju í Hvalfirði í þá átt að hér sé bara um það spursmál að ræða til að fá fjármagn inn í landið, það sé ekki fáanlegt né nýtanlegt til annarra hluta en þessara, er að mínu áliti blekking ein. Ég sagði það áðan: Þetta er pólitísk ákvörðun, spurning um pólitískan vilja ráðandi manna í þjóðfélaginu. Og ég er um það viss, hvað sem líður öllum útreikningum sérfræðinga, þó að ýmsu leyti séu góðra gjalda verðir, — þá er ég um það viss að það er hægt á tiltölulega skömmum tíma með þeirri tækni sem fyrir hendi er nú, og því fjármagni, sem íslenska ríkið ætlar að leggja af mörkum til þessarar verksmiðju, á tiltölulega skömmum tíma að koma í framkvæmd uppbyggingu dreifikerfis til þeirra landshluta sem nú þegar búa við orkuskort. Og það er nr. eitt að mínu áliti, það er nr. eitt verkefni í þá átt að hagnýta orku innanlands áður en farið er að fjalla um samninga til erlendra aðila.

Ég held að með því, sem ég hef nú sagt, sé ljós afstaða Samtakanna til þessa máls. Við erum andvígir því, byggt á þeirri forsendu að við teljum að svo brýn verkefni séu fyrir hendi hér innanlands til þess að láta íslendinga sjálfa fyrst og fremst njóta þeirra gæða sem búa í iðrum jarðar og hægt er að virkja, að við teljum að það sé verkefni nr. eitt, áður en farið er að snúa sér að öðru, ekki síst með hliðsjón af því þegar efnahagsástand undir stjórn núv. hæstv. ríkisstj. hefur leitt af sér að hennar eigin sögn að allar líkur eru á að ekki hundruð millj. kr., heldur milljarða kr. niðurskurður muni vera væntanlegur á brýnustu og nauðsynlegustu framkvæmdum sem landsbyggðarfólkið, sem hefur verið vanrækt um árabil, þarf á að halda.

Jónas Árnason: Hæstv. forseti. Þegar sagnfræðingar fara seinna meir að skyggnast í gang þess máls sem hér er til umr., þá hygg ég að þeir muni telja hvað hnýsilegast að fá svör við þessum spurningum: Hvaða undur og stórmerki áttu sér stað í aðalstöðvum auðhringsins Union Carbide vestur í New York í hvert sinn sem fulltrúar íslenskra stjórnvalda komu þangað til viðræðna? Hvernig stóð á því, að þegar menn þessir sneru aftur heim til Íslands, töluðu þeir að jafnaði einna líkast því sem þeim hefði birst heilagur andi? — Einkum virðast þessi undur hafa orkað sterkt á hina íslensku viðsemjendur Union Carbide þegar mengunarhlið málsins var rædd. — Fyrstu skjalfestu heimildirnar um þau er að finna í skýrslu þeirri sem viðræðunefnd svonefnd um orkufrekan iðnað lét alþm. í té fyrir um það bil einu ári. 5 valinkunnir menn, valinkunnir gáfumenn, sem n. þessa skipuðu, sögðu þar stutt og laggott að Union Carbide hefði frá upphafi viðræðnanna heitið því að mengun frá verksmiðjunni yrði í algeru lágmarki, og því næst kom þessi fræga fullyrðing: „og er ljóst, að hugur fylgir máli“. — Sama fullyrðing er svo ítrekuð í endurskoðaðri útgáfu skýrslunnar í nóv. s. l. með engu minni áherslu, enda munu þá þessir 5 valinkunnu gáfumenn hafa verið búnir að fara nokkrar ferðir til viðbótar hinum fyrri vestur til New York að sjá heilagan anda. Og fleiri urðu til að vitna í sama dúr, engu minni gáfumenn, þeirra á meðal hæstv. iðnrh. sem sagði frá því á fundi að Leirá í Borgarfirði 4. des. s. l. að hann hefði þá nýskeð skroppið vestur um haf og þar hefði Union Carbide sýnt sér, að mig minnir, eina eða tvær verksmiðjur sínar og eftir þessa örstuttu kynningarferð, því að örstutt var hún, þá taldi ráðh. sig þess umkominn að lýsa yfir þeirri bjargföstu sannfæringu sinni að alls engin mengunarhætta mundi stafa af verksmiðjunni á Grundartanga. Svona tala að sjálfsögðu engir aðrir en þeir sem hafa orðið fyrir merkilegri trúarreynslu.

Annar ráðh., hæstv. landbrh., gaf sams konar

yfirlýsingu um sams konar bjargfasta sannfæringu á þessum sama fundi. Þessi ráðh. hafði að vísu ekki sjálfur séð heilagan anda, en hann hafði fyrir sér vitnisburð hins ráðh. og samkv. því ritúali sem gildir í samstarfi núv. stjórnarflokka hlaut hann sem ráðh. Framsfl. að sjálfsögðu að taka gott og gilt það sem gekk fram af munni ráðh. Sjálfstfl. — og má mikið vera ef þar er ekki einnig í vissum skilningi um að ræða merkilega trúarreynslu.

Skylt er að geta þess að í mengunarþætti umr. á Leirárfundi höfðu ráðh. sér til halds og trausts forstjóra Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Hann kom með tvær litlar ljósmyndir sem hann hafði tekið af einhverri verksmiðju Union Carbide vestur í Bandaríkjunum og lét þessar myndir ganga á milli fundarmanna svo að þeir mættu endanlega sannfærast um ágæti og heiðarleika þessa auðhrings í mengunarmálum. Önnur þessara mynda var í fókus, en hin ekki.

Á þessu stigi var blærinn á fundinum líkastur því sem hefði einhver sértrúarflokkur kallað borgfirðinga saman til að boða þeim fagnaðarerindið. Það er rétt, að eftir fundinn að Leirá fór ríkisstj. að sýna svolitla tilburði í þá átt að leita um það upplýsinga hjá öðrum aðilum en Union Carbide hvort allt væri í mengunarmálum eins og auðhringurinn sagði sjálfur. En allt fram til þess tíma höfðu allir talsmenn verksmiðjumálsins, viðræðunefndarmennirnir, forstjóri Heilbrigðiseftirlits ríkisins, ráðh. o. fl., o. fl. gáfumenn, allir höfðu þeir veifað einu og sama siðferðisvottorðinu til sönnunar því að íslendingum væri óhætt að treysta Union Carbide, og þetta siðferðisvottorð var uppáskrifað af auðhringnum sjálfum. En fyrir þá sök hef ég fjölyrt hér sérstaklega um Leirárfundinn, að til hans var bersýnilega stofnað með það fyrir augum að þessi sérkennilega trúarvakning næði þar hámarki. En borgfirðingar reyndust, sem kunnugt er, of miklir efasemdarmenn til þess að gleypa við fagnaðarboðskapnum. Það var ekki sungið neitt halelúja á Leirárfundi.

Ég hef aflað mér gagna sem veita upplýsingar um það að Union Carbide er svo sannarlega ekki neinn heilagur andi. Þessi gögn segja frá reynslu bandarikjamanna sjálfra af þessum auðhring í mengunarmálum, og þar kveður nokkuð við annan tón en í fullyrðingum þeirra manna sem reynt hafa að sannfæra íslendinga um ágæti þess að fá járnblendiverksmiðju á Grundartanga. Ég ætla að taka nokkur dæmi.

Á árunum 1970—1971 gerðu tveir menn, tveir vísindamenn, lögfróðir jafnframt, Larry Silverman og William Osbourn starfsfélagar hins kunna bandariska neytendaleiðtoga Ralph Nader, könnun á mengunaráhrifum af starfsemi Union Carbide í Bandaríkjunum. Niðurstaða þeirra var í stuttu máli sú að Union Carbide — og ég hef hér orðrétt eftir: „Union Carbide sé og hafi verið einn af verstu mengunarvöldum landsins". Fullyrðing þeirra er studd fjölda greina í landsmála- og landsbyggðarblöðum og svo í sjónvarpsþáttum, þar sem fjallað hefur verið um mengunarvanda í borgum eins og Charlestown í Vestur-Virginíu, Marietta í Ohio og Tonawanda í New York-fylki.

Einna verst var ástandið í sambandi við verksmiðjuna í Marietta. Af þeim sökum hélt landseftirlit loftmengunar þar ráðstefnu og bauð til fulltrúum Union Carbide. Union Carbide neitaði að senda fulltrúa. Hið virta tímarit bandarískra kaupsýslumanna, Business Week, segir: „Næstu tvö árin neitaði Union Carbide að láta í té fullkomin gögn um útblástursefni og gekk svo langt að girða fyrir störf opinberra embættismanna í Marietta-verksmiðjunni."

Árið 1969 endurtók sig leikurinn og var boðuð ráðstefna. Union Carbide neitaði að senda fulltrúa. Eftir hótun um málsókn af ráðuneytis hálfu árið 1970 lét Union Carbide hinar umbeðnu upplýsingar í té og féllst á að fullnægja vissum kröfum um skerðingu á brennisteinsoxíði fyrir okt. það ár. Við það var ekki staðið. Í jan. 1971 var gefin út tilskipun af alríkisstjórnvöldum að Union Carbide dragi úr mengun og var félagið hið fyrsta sem fékk að kenna á valdi umhverfisverndarráðsins.

Forráðamenn Union Carbide hafa reynt að bera þessar ásakanir af sér í skýringarbréfi sem sent var öllum starfsmönnum og hluthöfum, og mér er ekki grunlaust um að fullyrðingar þeirra manna, sem gerst hafa ákafastir talsmenn Grundartangaverksmiðjunnar, byggist fyrst og fremst á þessu bréfi og öðrum slíkum plöggum frá Union Carbide. En í þessu bréfi segir að Union Carbide hafi mikið á sig lagt til varnar gegn mengun og verið samvinnuþýtt. Ralph Nader og félagar hans telja þau skrif hins vegar mjög svo villandi og harla marklítil.

Hechler, fulltrúadeildarþm. frá Vestur-Virginíu, tók til máls um þetta á Bandaríkjaþingi 25. mars 1971. Hann sagði þar frá einni af verksmiðjum Union Carbide í kjördæmi sínu og komst svo að orði: „Borgin er talandi vitnisburður um svívirðuna. Hún er aðsetur verksmiðju sem spýr að líkindum mestum reyk allra verksmiðja í heimi. Járnblendiverksmiðja Union Carbide hellir út í loftið 70 þús. tonnum af rykögnum á ári."

Það mætti tilgreina fjölmörg fleiri dæmi af þessu tagi. Breytir engu, segja forsvarsmenn fyrirhugaðrar Grundartangaverksmiðju, Union Carbide hefur bætt ráð sitt, Union Carbide er í dag afbragð annarra auðhringa að því er varðar varnir gegn mengun. Annað segir framkvæmdastjóri Iðnaðarmannaráðsins í Puerto Rico. Honum var sent bréf héðan frá Íslandi með beiðni um upplýsingar vegna fyrirhugaðs samstarfs íslendinga og Union Carbide í verksmiðjurekstri. Í svarbréfi, sem kom í jan. s. l., dags. í jan. s. l., segir hann að Union Carbide sé einn af verstu mengunarvöldunum í Puerto Rico, þverskallast við reglum um mengunarvarnir, reyni með öllu mögulegu móti að komast hjá að verja fjármunum til mengunarvarna, en eyði þeim mun meiri peningum í auglýsingar sem eigi að sannfæra fólk um einlægan vilja auðhringsins til þess að tryggja landsmönnum í Puerto Rico hreint vatn, hreint land og hreint loft. Þetta muni vera í auglýsingunum kjörorð auðhringsins þótt andlitið á honum sé nokkuð annað.

Ég er hér líka með bréf frá breskum þm., Bob Edwards. Það er dags. 19. febr. 1975 og fjallar um Union Carbide. Edwards var lengi fram-

kvæmdastjóri hjá Chemical Workers Union, félagi verkamanna sem starfa í efnaiðnaði, og þekkir vel til starfsemi Union Carbide, bæði í Bretlandi og víðar. Hann segir m. a. að auðhringurinn Union Carbide beri mesta sök á mengun í sjó, stöðuvötnum, ám og í lofti.

Maður er nefndur dr. Arthur Bourne, breskur vísindamaður. Ég kynntist honum á fundi sem hann efndi til ásamt Thor Heyerdal vestur í New York í fyrravetur. Íslensku sendinefndinni hjá Sameinuðu þjóðunum var boðið á þennan fund og þeir félagar Heyerdal og Bourne gerðu þarna grein fyrir þeirri geigvænlegu hættu sem nú þegar vofir yfir öllu lífi í Atlantshafi vegna mengunar. Ættu varnaðarorð Heyerdals að vera flestum mönnum kunn, m. a. af fregn sem birtist á forsíðu Morgunblaðsins nú fyrir nokkrum dögum, og þarf enginn að fara í grafgötur um það, hvað Heyerdal mundi segja ef hann yrði spurður álits á þeim áformum að reisa járnblendiverksmiðju á stað þar sem lífríki er jafnfjölskrúðugt og auðugt og jafnframt viðkvæmt eins og raun ber vitni í Hvalfirði.

Dr. Arthur Bourne nýtur mikillar virðingar í heimalandi sínu vegna afskipta af umhverfisverndarmálum. Hann hefur stjórnað mörgum rannsóknum, bæði á vegum hins opinbera og annarra aðila, varðandi þau mál. Ég er hér með bréf frá honum, þar sem hann segir t. d. frá einni rannsókn sem gerð var undir hans stjórn. Það átti að reisa verksmiðju á tilteknum stað á Bretlandsströnd, en niðurstaða af þessari rannsókn varð sú að stjórnvöld settu bann við því að verksmiðjan yrði reist. Dr. Bourne hefur komið hingað til Íslands og hann þekkir nokkuð til í Hvalfirði og hann segir í þessu bréfi, að á þessum stað séu aðstæður mjög svipaðar og þær eru í Hvalfirði. Þess má geta að dr. Arthur Bourne hefur verið fenginn til þess að flytja erindi um umhverfisverndarmál á hátíðasamkomu sem Sameinuðu þjóðirnar efna til vestur í New York í júnímánuði n. k., á afmæli svonefndrar Stokkhólmssamþykktar.

Nú fyrir skömmu spurði ég dr. Bourne álits á þessum áformum að reisa verksmiðju á Grundartanga. Og hann spurði: Eruð þið alveg út af að drepast vegna atvinnuleysis? Hvað hefur eiginlega komið fyrir hjá ykkur? — Hann kvaðst ekki trúa því að stjórnvöld mundu nokkurs staðar ympra á slíkum áformum nema þar sem atvinnuleysi og önnur slík vandræði væru orðin svo mikil að óhjákvæmilegt væri talið að grípa til örþrifaráða. Það væri alveg af og frá, sagði dr. Bourne, að nokkur stjórnvöld í Bretlandi t. d. eða á vesturlöndum yfirleitt mundu leyfa sér að hefja framkvæmdir við slíka verksmiðjubyggingu fyrr en ítarlegar rannsóknir hefðu leitt í ljós að af henni mundi ekki stafa hætta fyrir náttúru umhverfisins og lífríkið.

Um Union Carbide sagði dr. Bourne, að auðhring þessum fyndist nú að þrengdist mjög um sig í heimalandi sínu, Bandaríkjunum, vegna strangra laga og reglugerða um mengunarvarnir og af ýmsum öðrum orsökum og hann leitaði því æ meir til annarra landa með starfsemi sína. Sennilega eigið þið, sagði dr. Bourne, að taka við þeirri mengun sem þessum auðhring helst ekki lengur uppi að ausa yfir samlanda sína, þ. e. a. s. bandaríska þegna. Ég sagði honum að við hefðum álíka ströng lög um mengunarvarnir og bandaríkjamenn. Já, en þið eruð hins vegar reynslulitlir af eðlilegum ástæðum, reynslulitlir að því er varðar eftirlitið á þessu sviði, sagði dr. Bourne. Ætli þeir Union Carbide-menn reikni ekki með því að vegna þessa reynsluleysis ykkar muni þeir, þegar til kemur, geta sloppið við ýmsa þá kostnaðarliði varðandi mengunarvarnir sem hvíla þungt á þeim heima í Bandaríkjunum.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að eftir þá reynslu sem fengin er af störfum og dómgreind þeirra manna sem fjallað hafa um mengunarhlið þessa verksmiðjumáls og munu, ef til kemur, einnig annast þetta eftirlit, þá sýnist mér ekki sennilegt að Union Carbide telji sig þurfa að búast við ýkjamikilli aðgangshörku af þeirra hálfu — eða hvi skyldi þeim ekki opinberast heilagur andi uppi á Grundartanga rétt eins og vestur í New York.

Í framhaldi af þessu vil ég leyfa mér að vitna í bækling, sem ég fékk nýútkominn vestur í New York í fyrra. Hann var gefinn út af einni deild þeirrar frægu bandarísku menningarstofnunar sem kennd er við Carnegie. Þessi deild vinnur að eflingu friðar. Hún nefnist Carnegie Endowment for International Peace. Það stendur mikið um Union Carbide í þessum bæklingi og þ. á m. þessi setning sem tekin er orðrétt eftir einum af forstjórum Union Carbide: Það er óhjákvæmilegt, segir hann. Union Carbide neyðist til þess af samkeppnisástæðum að flytja framleiðslu sína til annarra landa. — Skýrsla þessi greinir annars að meginefni til frá umsvifum Union Carbide í Rhodesíu og Suður-Afríku. Þau umsvif eru mikil. Forstjórar Union Carbide þreytast ekki heldur á að róma það athafnafrelsi sem þeir njóta fyrir tilstilli þeirra hvítu minnihlutastjórna sem ráða þar lögum og lofum í krafti fasistísks valds: Engar reglur um mengunarvarnir, orkan við höndina, hráefnið við höndina, verkalýðssamtök svo til óþekkt. Union Carbide hefur líka endurgoldið fasistunum umhyggjuna með ýmsu móti. Til að mynda áttu erindrekar Union Carbide einna mestan þátt í því að rofið var það viðskiptabann sem Sameinuðu þjóðirnar og þ. á m. Bandaríkin samþykktu að setja á Rhodesíustjórn vegna kúgunarstefnu hennar gagnvart þeim 95% af íbúum landsins sem voru svartir á hörund.

Þannig er þessi auðhringur illræmdur, ekki aðeins fyrir að brjóta lög í heimalandi sínu, heldur einnig fyrir að virða að vettugi alþjóðlegar samþykktir ef svo ber undir. Til marks um eðli hans má einnig hafa það, að hvítir verkamenn, sem vinna hjá fyrirtækjum hans í Rhodesíu og Suður-Afríku, fá allt að því tíu sinnum hærri laun en svartir verkamenn og meðferð þessa auðhrings á svörtu fólki er öll eftir því.

Það er sem sé sannað í þessum bæklingi að auðhringnum Union Carbide er stjórnað af ofríkismönnum sem einskis svífast til þess að ná fram áformum sínum. Og ég spyr: Hvaða nauður rekur okkur Íslendinga til að gera félag við slíka menn? — Við rennum með þessu nýjum stoðum undir efnahagslíf okkar, við græðum morð fjár, segja talsmenn málmblendiverksmiðjunnar. Ja, það er nú svo. Einn af þm. Sjálfstfl.,

Jón G. Sólnes, fullyrti í umr. um þetta mál í Ed. og beitti þar fyrir sig því sem hann mundi sjálfur kalla hreina og klára kapítalíska rökhyggju, — hann fullyrti að Grundartangaverksmiðjan kynni þvert á móti einn góðan veðurdag að leiða til óbætanlegra skakkafalla fyrir efnahag okkar. Ég leiði annars hjá mér í þetta sinn, hvað sem seinna verður, að ræða þessa hlið málsins, efnahagshliðina, enda hafa aðrir til komið og munu eflaust fleiri til koma að gera henni rækileg skil við umr. hér í Nd. Ég ætla að fara að slá botninn í þessa ræðu mína.

Ég vil aðeins að lokum láta í ljós þá von, láta í ljós þá einlægu ósk mína, að enda þótt þessi hv. d. beri ekki gæfu til að fella þetta frv. sem hér er til umr., þetta óheillafrv., þá muni henni samt endast til þess sjálfstæði, einstökum þm. endast til þess sjálfstæði, dómgreind og manndómur að taka undir þá kröfu sem hv. Alþ. hefur borist frá ýmsum aðilum og m. a. og ekki hvað síst frá því fólki sem mest mundi fá að kenna á hugsanlegri óhollustu vegna Grundartangaverksmiðjunnar, þ. e. a. s. borgfirðingum, — taka undir þá kröfu að sett verði inn í frv. ákvæði þess efnis að líffræðileg könnun skuli gerð í Hvalfirði og á landinu í grennd við Grundartanga áður en framkvæmdir hefjast þar. Áköfustu talsmenn verksmiðjunnar fengu því ráðið við atkvgr. í Ed. að d. hunsaði þessa kröfu, þessa lágmarkskröfu, en samþykkti þess í stað að fyrst skuli verksmiðjan reist og síðan, þegar allar maskínur eru tilbúnar að taka til starfa, á að fara að gefa gaum að því hvort ekki kunni að stafa af þessu einhver hætta fyrir umhverfið.

Ég spyr: Hvað veldur eiginlega svona lágkúru? Óttinn við að styggja auðhringinn Union Carbide? Hræðslan við það að sjálfsögðustu varúðarráðstafanir af hálfu okkar íslendinga mundu varpa skugga á hans heilögu ásjónu? Spyr sá sem ekki veit.

Páll Pétursson: Hæstv. forseti. Frv. það til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði í 13 greinum, sem hér liggur fyrir til umr. ásamt með fylgisamningum, er mikið og afdrifaríkt mál og er eðlilegt að um það séu nokkuð skiptar skoðanir. Það kemur mér þó nokkuð á óvart hve Alþb.-menn eru einhuga á móti þessu máli og stórorðir sumir, m. a. sá sem héðan var að fara úr ræðustólnum, hv. þm. Jónas Árnason, þar sem þetta er í mínum huga fyrst og fremst þeirra mál, þeirra afkvæmi, ef svo mætti segja. Forganga Magnúsar Kjartanssonar, hv. þm., um þessa samningagerð meðan hann var iðnrh. gerir hann náttúrlega að nokkurs konar föður málsins eða a. m. k. guðföður, jafnvel þó að nú vilji Alþ.-menn ekki láta á því bera. Að vísu hafa fáein atriði samningsins tekið breytingum eftir að málið komst í hendur núv. hæstv. iðnrh., en þau hafa flest verið til bóta að mínum dómi, þannig að samningurinn hefur þó skánað í síðustu lotu. Og þó er ekki þar með sagt að mér þyki þessi samningur nógu góður.

Samningurinn hefur ýmsa kosti og þann fyrstan og langstærstan að lögsagan er íslensk, og vona ég að þar sé nægilega vel um hnútana búið af íslendingahálfu. Sá er annar kostur samningsins að eignarhald félagsins er íslenskt að meiri hluta. Framkvæmd þessi skapar einnig mörgum mönnum verkefni meðan bygging mannvirkja fer fram, og 100 manns eða meira fá starf við þessa verksmiðju. Það er raunar íhugunarefni hvort atvinna við verksmiðju eins og þessa er virkilega mjög eftirsóknarverð. Ég hef t. d. engan enn þá hitt sem óskar sérstaklega eftir því að börn hans verði vinnuafl í stóriðju. Lífsviðhorf og lífsgæðaþrá íslendinga og gildismat, a. m. k. unga fólksins, þykir mér ekki benda í þá átt að það ætli sér að verða stóriðjuvinnuafl í ríkum mæli.

Það verða talsverðar gjaldeyristekjur af þessari verksmiðju og ber að vissu leyti að telja til kosta, fjármagnsstrauminn sem þarna kemur upp eftir, en þó líklega kannske einkum til Akraness. Íslendingar koma til með að eignast mikið fé í þessu fyrirtæki ef áætlanir standast, og arðgreiðslurnar gætu orðið talsverðar.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að þeim ókostum sem ég tel fylgja þessum samningi.

Fyrst vil ég nefna að þetta er fjárfrekt fyrirtæki, mjög fjárfrekt, á 3. milljarð á að svara út á næstunni og standa undir okkar hluta af lánsfé félagsins sem nemur 4, 6 eða hver veit hvað mörgum milljörðum. Ég tel að við gætum varið þessu fé á annan hátt.

Í öðru lagi verður óhjákvæmilega stórfelld félagsleg röskun hjá því fólki sem byggir hinar blómlegu sveitir sunnan Skarðsheiðar. Þetta verða ekki lengur fyrst og fremst landbúnaðarsvæði. Skilmannahreppi verður ekki stjórnað frá Lambhaga í framtíðinni, honum verður stjórnað af Grundartanga og e. t. v. stjórnað með aðra hagsmuni fyrir augum en bændafólks. Hreppurinn fær miklar tekjur af Grundartanga, en hann kemur líka til með að þurfa mikið fé til þess að veita eðlilega og sjálfsagða þjónustu Grundartangafólki.

Ég er engan veginn viss um að hafnargerðin sé fjárhagslega hagkvæmt fyrirtæki fyrir þá hreppa sem ætlað er að byggja höfnina. Ég hef enga trú á því að vöruflutningar aðrir en hvað verksmiðjunni sjálfri viðkemur verði um hana að nokkru verulegu leyti. Þessu veldur að sjálfsögðu nálægð við góða höfn á Akranesi og nábýli við Reykjavík.

Ég get ekki neitað því að mér hrýs hugur við því að þrengja kosti fólksins þarna uppi í sveitunum eða skerða lífshamingju þess eða lífsafstöðu með félagslegri röskun sem ég þykist sjá að verði þarna. Mér finnst að þetta fólk eigi þessar sveitir og eigi að halda áfram að fá að eiga þær í friði. Ég veit, að þessi umsvif verða ekki landbúnaði þarna lyftistöng og það er náttúrlega óhugnanlegt að knýja þessar framkvæmdir fram, fyrst þær brjóta í bága við óskir a. m. k. einhverra þarna í nágrenninu. Ég vil leyfa mér að minna á samþykktir Búnaðarsambands Borgarfjarðar, Kvenfélagasambands Borgarfjarðar, samþykkt sveitarfundar á Hvalfjarðarströnd, en allar gengu þær í þá átt að vara við þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð um undirbúning málsins, einkum hvað varðar náttúruvernd.

Mig brestur þekkingu á skattamálum hliðstæðra fyrirtækja til þess að ég þori að ræða mikið um skattahlið samningsins. Vera má að það fyrir-

komulag, sem gert er ráð fyrir, sé eðlilegt og hið mikla tollfrelsi. Þó get ég ekki gert að því að mér sýnist að skattheimta og tollheimta verði mjög vægileg, svo að ekki sé meira sagt. Það gengur nefnilega eins og rauður þráður í gegnum alla þessa samningsgerð að hagur verksmiðjufélagsins, járnversins, er mjög tryggður ef um viðskipti við íslenska aðila er að ræða. Það sýnist mér hann hins vegar ekki vera þegar um er að ræða viðskipti félagsins við Union Carbide eða dótturfélög þess önnur. Félaginu er ætlað að græða, en ekki þeim aðilum íslenskum sem selja því eða veita því þjónustu. Í okkar hlut kemur að vísu rúmur helmingur þess arðs er þarna myndast.

Þá kann svo að fara, ef Union Carbide-hringnum fellur ekki við okkur, að við verðum að kaupa þeirra hlut að 10 árum liðnum og má vera að illa standi á hjá okkur þá að svara út þessu kaupverði, þó að ég voni að svo verði ekki.

Ég vil vekja athygli á því að tækniþekking og tækniaðstoð er hátt metin af hálfu auðhringsins. Framlag tækniþekkingar er metið sem 3.2 millj. dollara hlutabréf og það er auðvitað ekkert aðgengilegur kostur, þar sem á bak við 8 af hverjum 27 hlutabréfum, sem Union Carbide leggur í félagið, standa engir peningar, einungis vitsmunir og snilli hjá Union Carbide. Þá er tækniþóknunin til Union Carbide, 3% af árlegum sölutekjum félagsins, líka mjög verulegur skattur. Ekki get ég fallist á að sölufyrirkomulagið sé sérstaklega heppilegt. Auðvitað verður verksmiðjufélagið gersamlega upp á hringinn komið hvað söluna varðar og biggur hann líka fyrir það í ofanálag mjög mikið fé. Ég vil leyfa mér að vísa til ummæla hv. þm. Jóns G. Sólness í Ed., þegar þetta mál var þar til umr., um þetta atriði sérstaklega. Eins vil ég vísa til aths. hans um kísiliðjuna í Mývatnssveit og sölufyrirkomulag sem er að nokkru leyti hliðstætt með þessum tveimur samningum. Ég er ekki þar með að segja að ég sé sammála hv. þm. Jóni G. Sólnes um ýmis önnur atriði úr ræðu hans í Ed., en Jón G. Sólnes lítur á málefnin frá nokkuð öðru sjónarhorni en flestir aðrir hv. þm. Þess vegna er rétt að gefa gaum að þeim dráttum sem hann eykur í myndina, því að þeir geta orðið til þess að hún skýrist. Ég hrósa hv. þm. Jóni G. Sólnes fyrir að leggja það á sig að hugsa sjálfur um þetta málefni og tjá sig um það.

Þá er komið að því fyrra af þeim tveimur atriðum sem mér sýnast lökust við þennan samning. Það er raforkusalan. Ég get ekki séð annað en söluverð á raforku sé of lágt og það er ekki hyggilegt að mínum dómi að ráðstafa í einu lagi svo miklum hluta þeirrar orku sem við fáum frá Sigöldu. Við höfum reynsluna af óhagkvæmum raforkusölusamningum, við höfum reynsluna af samningnum við álverið. Salan á meira en helmingi af tiltækri raforku í landinu fyrir 10% af heildarverði raforku er náttúrlega ekki traustvekjandi ráðstöfun. Það var reiknað út með okkar frægustu reiknivélum á sínum tíma að sá raforkusölusamningur væri hagkvæm ráðstöfun. Þessu héldu mennirnir, sem gerðu samning þann, fram í góðri trú. Ríkisstj., viðreisnarstjórnin, sem samninginn gerði, hafði nefnd sérfræðinga sér til aðstoðar við samningagerðina. Í henni voru dr. Jóhannes Nordal, Eiríkur Briem framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, Hjörtur Torfason lögfræðingur, Steingrímur Hermannsson, hv. þm., Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri og einhver Mr. Kyle, en hann kemur ekkert við sögu samninganna í ár. Ég vil lesa — með leyfi hæstv. forseta — lítinn kafla úr aths. sem fylgdu frv. til l. um lagagildi samningsins milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík, lagt fyrir Alþ. á 86. löggjafarþingi 1965—1966. Þessi kafli ber yfirskriftina „Áhrif álbræðslu á þróun raforkumála“ og er á bls. 98—99 í því frv.:

„Í sérstökum kafla hér á eftir er gerð allrækileg grein fyrir þeim hagstæðu áhrifum sem bygging álbræðslu og langur rafmagnssamningur við hana mun hafa á hag Landsvirkjunar og þróun raforkumála. Álbræðslan gerir það kleift að ráðast með hagkvæmum hætti í byggingu stórra orkuvera í hinum miklu óvirkjuðu jökulám Íslands. Gerður hefur verið víðtækur tölulegur samanburður á því hver muni verða afkoma Landsvirkjunar ef ráðist væri í Búrfellsvirkjun án rafmagnssamninga við álbræðslu annars vegar, en með slíkum samningi hins vegar. Þessir útreikningar hafa verið gerðir ár fyrir ár allt fram til ársins 1985, en Búrfellsvirkjun án álbræðslu mundi fullnægja raforkuþörfinni sunnan- og vestanlands fram til þess tíma. Til þess að gera þá leið að byggja Búrfellsvirkjun með samningi um orkusölu til álbræðslu sambærilega hefur verið gert ráð fyrir byggingu annarrar virkjunar á eftir Búrfellsvirkjun er hefði 126 mw. afl svo að séð yrði fyrir allri raforkuþörf fyrir Suðvesturland fram til ársins 1985. Í reikningunum hefur verið gert ráð fyrir því að þessi virkjun yrði gerð við Háafoss, en ýmsar aðrar leiðir geta að sjálfsögðu komið til greina. Í útreikningunum er áætlað að verja til þessarar seinni virkjunar 975 millj. kr. án vaxta á byggingartíma.

Samanburður á þessum tveim leiðum í raforkumálum hefur leit í ljós eftirfarandi meginniðurstöður:

Sé litið á rekstrarafkomu Landsvirkjunar fram til ársins 1985, eins og hún mundi vera samkv. hvorri leiðinni fyrir sig, kemur í ljós að samanlagður tekjuafgangur fram til ársins 1985 mundi án vaxta verða 700 millj. kr. meiri“ — takið eftir hv. þm. — „700 milli. kr. meiri ef gerður yrði rafmagnssamningur við álbræðsluna. Er þá þegar búið að reikna inn í dæmið allan kostnað af byggingu nýs orkuvers sem kæmi í stað þess hluta Búrfellsvirkjunar sem framleiddi raforku fyrir álbræðsluna. Sú mikla lækkun á framleiðslukostnaði raforku fyrir innanlandsmarkað, sem samningur við álbræðslu gerir mögulegan, gæti að sjálfsögðu komið fram annaðhvort í lægra raforkuverði eða örari uppbyggingu raforkukerfisins, eftir því hvað þætti þjóðhagslega hagkvæmara.

Að því er raforkuverðinu viðkemur sýna útreikningar að raforkukostnaður á árunum 1969—1980 mundi verða 28% hærri ef Búrfellsvirkjun væri eingöngu byggð fyrir almenningsnotkun og enginn sölusamningur gerður við álbræðslu. Fyrstu árin mundi þó raforkuverð þurfa að hækka enn þá meira en þetta umfram það sem nauðsynlegt yrði ef álbræðsla væri byggð. Ef þjóðhagslegar

ástæður benda til þess í framtíðinni, að hagkvæmt sé að halda áfram örri uppbyggingu orkuframleiðslunnar í landinu, er líklegt að þeim hagnaði, sem hér um ræðir, verði frekar varið til örari uppbyggingar heldur en lækkunar raforkuverðs. Sé allur hagnaðarmismunurinn á þessum tveimur leiðum lagður í nýja stórvirkjun á móti 50% lánsfjáröflun annars staðar að mundi það t. d. nægja ríflega fyrir virkjun Dettifoss.

Hinn mikli hagnaður, sem felst í því að gera samning við álbræðsluna nú, liggur einfaldlega í því að geta miklu fyrr en ella nýtt til tekjuöflunar fyrir þjóðarbúið stórfellda raforkuframleiðslu sem ella væri ekki markaður fyrir. Þetta mun svo aftur hafa í för með sér örari uppbyggingu orkuframleiðslunnar í framtíðinni ásamt þeim efnahagslegu tækifærum sem í því felast.

Loks er svo rétt að benda á það, að hér hefur aðeins verið rætt um afkomu Landsvirkjunar fram til ársins 1985, en eftir þann tíma mun rafmagnssamningurinn við álbræðsluna halda áfram að skila Landsvirkjun miklum umframtekjum árlega. Um 22 árum eftir að virkjunin tekur til starfa verða öll lán hennar fullgreidd svo að allar tekjur álbræðslunnar, að frádregnum tiltölulega litlum árlegum rekstrarkostnaði, munu þá verða hreinn greiðsluafgangur fyrir raforkukerfið."

Þetta var viðhorf okkar færustu sérfræðinga haustið 1965. Ég rek ekki þessa sögu lengur, en sú reiknivél eða tölva, sem fékk þessa útkomu 1965, gæti líka reiknað skakkt 1974. Ég mun, með leyfi hæstv. forseta, lesa örstuttan kafla úr rafmagnssamningi járnversins á bls. 52 í frv.

„Verkfræðideild hefur reiknað afkomu Landsvirkjunar með og án samnings við málmblendiverksmiðjuna með verðum þeim sem tilgreind eru í töflu 3. Ef gert er ráð fyrir að verðhækkunarákvæði í samningsuppkastinu vegi upp á móti hugsanlegum verðhækkunum á stofnkostnaði Hrauneyjarfossvirkjunar, þá kemur í ljós, að Landsvirkjun fær um 700 millj. kr." — þarna koma þær aftur — „meira í sinn hlut af núgildandi samningum, reiknað yfir samningstímabilið, samanborið við það hvað Landsvirkjun fengi ef eingöngu væri selt til almennings og er þá reiknað með 9.5% vöxtum."

Ég óttast að það hafi einhvers staðar líka verið stillt skakkt inn á tölvuna núna eins og 1965, og þá erum við illa settir.

Annars er það ekki ætlun mín — fjarri því — að bera saman þessa samninga, álsamninginn og járnblendisamninginn. Sá seinni ber náttúrlega af hinum fyrri og það sýnir að við höfum lært af mistökunum. Spurningin er bara: Höfum við lært nóg? Við þurfum að borga á annan tug kr. fyrir hverja kwst. til heimilisnotkunar fyrir norðan svo að mér þykja þessir 60 aurar á kwst. — eða hvað er hægt að gera þá marga með því að fella gengið — sem verksmiðjufélagið á að greiða ekki vera há upphæð.

Hækkunarákvæðin á samningstímanum eru að vísu mjög til bóta, en þau gefa tæplega fyllstu tryggingu að mínum dómi. Ég er ekki heldur viss um það að Noregur sé hagstætt viðmiðunarland. Norðmenn koma til með að hafa gnótt olíu innan skamms og gætu hlíft sínum ríkisfyrirtækjum við háu orkuverði. Sjálfsagt þykir mér að miða orkusölu til erlendra auðhringa við meðalkostnaðarverð íslenskrar raforku á hverjum tíma, og sannleikurinn er sá að það er mjög óþægilegt að sjá fyrir með nokkru öryggi orkuverðsþróunina í heiminum. Verðið hækkar. En hvað hækkar það ört? Orkulindir heimsins tæmast óðum og eftirspurn eykst dag frá degi.

Við erum auðug þjóð, íslendingar, að eiga alla þessa orku í jarðvarma og fallvötnum. En þar fyrir megum við ekki bruðla með hana eða ráðstafa henni gáleysislega. Það er okkur brýnt verkefni að gera heildaráætlun um það, hve mikla orku við höfum nýtanlega með góðu móti, og raða framkvæmdunum niður, en ekki bara leggja allt upp úr virkjunarhraðanum og standa svo uppi árið 2000 með alla aðgengilega orku nýtta og hafa ekkert eftir nema rándýra eða náttúruspjallandi möguleika til orkuöflunar í framtíðinni og orkunni kannske ráðstafað óhyggilega og til langs tíma.

Ýmsir telja, að við munum sitja uppi með mikla ónýtta orku frá Sigöldu ef ekki verður af þessum samningi. Sigalda verður þó tilbúin hálfu öðru ári undan járnverinu. Ég er ekkert hræddur við það þó að við komum ekki allri orkunni í lóg strax. Mikill hluti landsbyggðarinnar býr við mjög alvarlegan orkuskort og við þurfum orku norður svo fljótt sem verða má og við verðum að fá leyfi til húshitunar með rafmagni, en þess eigum við engan kost nú. Mér finnst það skammsýni að leggja ekki allt kapp á það að spara olíu svo sem frekast er kostur. Við verðum að fá rafmagnshitunarleyfi fyrir norðan, en ég hef enga von um að það fáist fyrr en rætist úr orkumálum þar og byggðalínan fer að flytja rafmagn. Útlölutón dr. Jóhannesar Nordal á fundi Sambands ísl. rafveitna um byggingarhraða byggðalínu lít ég mjög alvarlegum augum. 47% landsmanna utan Reykjavíkur búa við olíukyndingu, 180 millj. lítrar voru notaðir til húshitunar 1972. Þeir kosta ofboðslegt fé. Olía til hitunar á hvert mannsbarn á Siglufirði var s. l. ár 1800 lítrar, samkv. vönduðum útreikningum sem nýlega hafa verið gerðir vegna undirbúnings að hitaveitu þar.

Það er alveg rétt að dreifikerfi rafveitnanna þarfnast endurbóta til þess að dreifa orkunni. Áætlun var gerð fyrir ári um línu milli landshluta og breytingar á dreifikerfinu og var þá talið að kostnaðurinn yrði 4 milljarðar, og nytu þá 80% raforku 1981. Þannig tel ég að fé og orku væri vel varið.

Við þurfum endilega að stækka áburðarverksmiðjuna svo fljótt sem þess er nokkur kostur. Ef til þess þarf orku og hún verður að vera tiltæk svo fljótt sem hægt er að hefja framleiðslu, og því miður samrýmist það ekki þessari ráðstöfun á raforkunni. Vel kann svo að fara að þurrkun fiskimjöls með rafmagni og þurrkun grass til heykögglagerðar verði hagkvæm innan tíðar. Til þess þarf enn fremur orku. Árleg orkunotkun á hinum ýmsu veitusvæðum eykst hraðar en nokkur hefur gert ráð fyrir. Útreikningar Landsvirkjunar krefjast þess að Hrauneyjarfoss verði virkjaður strax og sú virkjun verði ekki dýrari en Sigölduvirkjun. Jafnframt því að Kröfluvirkjun seinki ekki og Bessastaðaárvirkjun reynist framkvæmanleg. Ef eitthvað af þessu bregst eða frestast, þá sjáum við fram á áfram-

haldandi orkuskort og þetta er glannalegt í meira lagi að mínum dómi.

Ég vil svo bæta við að í minni sveit þykir það búmennska að eiga fyrningar. Ég hef aldrei þekkt bónda sem skaðaðist á því að setja varlega á heyin sín eða eiga fyrningar á vordögum. Ég hygg að sama lögmál gildi í orkumálum. Ég held að það yrði enginn þjóðarvoði þó að rafmagnsframleiðslumöguleikar væru eitthvað meiri eitt ár en brýn þörf væri fyrir. Orkuskorturinn er dýrastur — ég endurtek — orkuskorturinn er dýrasti valkosturinn.

Svo er það mengunarhættan. Hún er nú auðvitað fyrir hendi, hvað sem hver segir, vonandi ekki háskaleg, en fyrir hendi þó og ekkert má fara úrskeiðis. Úrgangsefni frá verksmiðjunni geta orðið vandamál og erfitt að koma þeim fyrir kattarnef, þeim sem á annað borð tekst að höndla. Gjallhaugurinn kemur til með að verða kostnaðarsamur með tímanum. Síuleirinn verður ekki aðlaðandi, hygg ég, og eitthvað orkar tvímælis um hættuleysi hans. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins segir að hann sé krystallaður með fenóli. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefur aldrei heyrt það. Mengunarhættu af vatni óttast ég líka nokkuð og áhrif á lífríki sjávar.

Það er mjög haft á orði af forgöngumönnum verksmiðjumálsins að mjög verði vandað til mengunarvarna og það er alveg sjálfsagt mál. Bjartsýnismenn hafa það eftir Union Carbide að þeir nái í síur 99% af rykinu, bara eitt lítið prósent sem sleppur. Ég bendi á að þetta prósent gæti verið nógu stórt til þess að valda verulegum skaða, jafnvel óbætanlegu tjóni.

Reykur frá fiskiðjuverum hefur blandast inn í þessar umr., nú síðast í framsöguræðu hæstv. iðnrh. Ég vil nefna það að reykur frá fiskiðjuverum, peningalyktin, er lífrænn og hollur gróðrinum. Ég get sagt ykkur frá því að fjöllin í kringum Siglufjörð voru miklu grænni og fegurri þau haustin sem fylgdu síldarsumrunum.

Ég neyðist til þess að játa það að framkoma Heilbrigðiseftirlitsins verkar ekki traustvekjandi á mig í þessu máli. Forstöðumaðurinn og umhverfisverkfræðingurinn Einar Valur Ingimundarson ruku til og deildu og umhverfisverkfræðingurinn varð að hætta störfum. Ég tek með fyllstu varúð yfirlýsingum Heilbrigðiseftirlitsins um hættuleysi þessa iðnaðar, eftir það sem á undan er gengið. Ég vitna til viðtals Morgunblaðsins við forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins 17. des. 1974. Slíkar skýrslugerðir þykja mér vafasamar, svo að ekki sé meira sagt. —

Ósamræmi í upplýsingum frá Union Carbide og norsku fyrirtækjunum er tortryggilegt. Sú aðferð að gera skyndireisu til að skoða verksmiðjur auðhringsins vestan hafs hafa líka sína annmarka, víst er um það. Ekki mundi ég hafa mikið gagn af því að fara slíka för. Ég hygg að mér og öðrum íslendingum, jafnvel þeim sem finnst þeir vera sérfróðir um heilbrigðiseftirlit, muni fara eitthvað líkt og 18 barna föður í álfheimum ef við færum að gera vísindalega úttekt á notagildi flókinna hreinsitækja. Við mundum einungis undrast svo langan gaur í litilli grýtu.

Það er ónotaleg þversögn þegar gæslumenn hagsmuna Íslands hafa sannfærst um öryggi og vöndugheit viðsemjanda, sjálfsagt í góðri trú, og fara svo allt í einu að koma fram sem sérstakir málsvarar og áróðursmenn fyrir það fyrirtæki sem þeir áttu að athuga. Sem betur fer hafa fleiri aðilar en Heilbrigðiseftirlitið látið sig þessi mál varða og sumar þær umsagnir eru jákvæðar og sumar þeirra met ég mikils. Einn athugunarmaðurinn, flokksbróðir minn, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, andaði að sér „ekki sérlega óþægilegu lofti“ í verksmiðju fyrir vestan, segir hann í fróðlegri grein í Tímanum 8. febr. Þó mun hann hafa leitt hugann að hinu tæra fjallalofti uppi á Íslandi og „það var sannarlega fjarri“ sagði hann.

Stórorðir náttúruverndarmenn, t. d. eins og sá, sem var hér í ræðustól í hv. d. næstur á undan mér, hafa ráðist á hugmyndina um byggingu þessarar verksmiðju með miklu offorsi. Þeir hafa talað um kvikasilfursský, blásýru, kadmium, kísilryk. Þeim upplýsingum tek ég líka með varúð og mun þar margt vera ofsagt. Allt um það vil ég gæta ítrustu varfærni í þessum efnum, því að víxlspor verða e. t. v. ekki aftur tekin og skaðinn getur orðið óbætanlegur fyrr en varir. Ég mun — með leyfi hæstv. forseta — lesa úr ályktun Búnaðarþings um þetta mál, einmitt þeirri ályktun sem hv. þm. Jónas Árnason nefndi hér í lok ræðu sinnar áðan. Ályktunin hljóðar svona:

„Búnaðarþing beinir því til Heilbrigðiseftirlits ríkisins að áður en til þess komi að það veiti starfsleyfi fyrirhugaðri málmblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði, hafi það aflað sér allra fáanlegra upplýsinga um hugsanleg mengunaráhrif frá slíkri verksmiðju, bæði á landi, í lofti og í sjó. Telur þingið sjálfsagt að stuðst sé í þessu efni við reynslu annarra, þ. á m. norðurlandabúa, sem reka sams konar verksmiðjur og hér um ræðir. Í því skyni verði íslenskir sérfræðingar á sviði líffræði og verkfræði nú þegar sendir utan til þess að kynna sér af eigin raun allt það sem lýtur að umhverfisáhrifum slíkrar starfsemi.

Þá tekur þingið undir þá eindregnu ósk Náttúruverndarráðs, Búnaðarsambands Borgarfjarðar og fleiri aðila til iðrn. að gerð verði ítarleg líffræðileg könnun á Hvalfirði og umhverfi fyrirhugaðs verksmiðjustaðar áður en nokkrar framkvæmdir hefjast þar. Á grundvelli þeirrar könnunar verði leitast við að sjá fyrir hugsanleg áhrif verksmiðjurekstrarins á lífríki láðs og lagar, enda er nauðsynlegt að fyrir liggi líffræðileg úttekt á svæðinu til samanburðar við síðari athuganir. Verði niðurstaðan af áðurnefndum athugunum sú að hætta af mengunaráhrifum málmblendiverksmiðju sé engin fyrir heilsu manna né fyrir gróður eða dýralíf umhverfis og Heilbrigðiseftirlit ríkisins veiti þess vegna starfsleyfi til þvílíks rekstrar og hann verði hafinn, þá gerir Búnaðarþing eindregna og ákveðna kröfu um að haft verði stöðugt og fullkomið eftirlit með heilsufari starfsfólks og hugsanlegum breytingum á lífríki í nágrenni verksmiðjunnar.“

Ályktun Búnaðarþings lýkur þannig:

„Þá minnir þingið á ályktun sína um nauðsyn þess að kanna hagkvæmni aukinnar áburðarframleiðslu í landinu áður en teknar eru frekari

ákvarðanir um ráðstöfun raforku til stóriðju. Einnig verði gert stórt átak til að nýta raforku til húsahitunar.“

Hér lýkur tilvitnun í ályktun Búnaðarþings. Því miður sé ég þess ekki merki að ætlunin sé að verða við — nema þá að örlitlu leyti — þessum hófsömu og sjálfsögðu tilmælum Búnaðarþings.

Verksmiðjur Union Carbide í Bandaríkjunum hafa fram að þessu ekki verið neinn unaðsreitur þarlendum náttúruverndarmönnum. Það hygg ég að hv. þm. Jónas Árnason hafi farið rétt með í ræðu sinni hér áðan. Þetta veit allur heimurinn. Auðæfi okkar Íslendinga liggja m. a. í hinu ómengaða umhverfi og það verðum við að varðveita og engu hætta til. Fiskur okkar selst betur vegna þess að kunnugt er að hann er úr nokkuð hreinum sjó. Það er ekki sérstaklega góð auglýsing ef kaupendur úti í heimi færu að líta á hann sem fisk frá landi þar sem Union Carbide hefur mjög mikil umsvif. Hér við land er Faxaflói í langmestri hættu vegna mengunar af hafsvæðum hér við land. Hættumerki geta verið skemmra undan en margir hyggja. Því veldur þéttbýli við flóann og stórfelldur verksmiðjurekstur. Ég minni enn fremur á það, að um þennan flóa eiga leið allir þeir laxar sem hv. þm. Stefán Jónsson og Steingrímur Hermannsson veiða hér suðvestanlands, og vonandi eru þeir sammála um að forða honum frá kvikasilfri og djöfulskap, því að þá færi að verða lítið gaman að veiða hann ef hann væri orðinn eitraður.

Rísi verksmiðja á Grundartanga og standist útreikningarnir og við verðum henni fjárhagslega háðir, þá er líka mikil hætta á því, þótt um verulega mengun verði að ræða, að ríkisvaldið treysti sér ekki til þess að verja enn þá meiri fjárfúlgum til mengunarvarna þannig að ríkið hefði beinlínis fjárhagslegan ávinning af því að útsvína Hvalfjörð.

Þessari verksmiðju er ætlað að framleiða fyrir markað í Evrópu. Við höfum að sumu leyti dapurlega reynslu af viðskiptum við Efnahagsbandalag Evrópu. Einu sinni vildu sumir málsmetandi menn hér á landi ganga í bandalagið, m. a. sumir þeirra sem hafa komið nærri þessari samningagerð. Sem betur fer var ekki farið að ráðum þeirra þá. Þetta bandalag hefur verið harðleikið við okkur í landhelgismálum og reynt að beita okkur viðskiptaþvingunum. Þessi verksmiðjubygging gerir okkur háðari Efnahagsbandalagi Evrópu í framtíðinni og það gæti hugsanlega *komið sér illa einhvern tíma.*

Það er vandrötuð leið fyrir lítla þjóð að varðveita menningarlegt, stjórnarfarslegt og efnahagslegt sjálfstæði sitt og fara sér ekki að voða í ólgusjó veraldarhafsins. Við verðum umfram allt að sigla okkar fleytu sjálfir og binda hana ekki aftan í hafskip stórveldis eða ríkjabandalaga, ástunda góð samskipti við alla, en gæta þess að vera engum háð.

Niðurstaða mín er því þessi: Þótt samningurinn sé ekkert forkastanlegur, eins og sumir aðrir samningar sem við höfum gert, og innihaldi mörg jákvæð atriði sem gætu orðið til fyrirmyndar í framtíðinni ef við eigum á annað borð að gera stóriðjusamninga, þá inniheldur hann það mörg varhugaverð atriði að mér sýnist eftir vandlega umhugsun hvorki nauðsynlegt að gera hann né skynsamlegt. Ég tel búmannlegra að verja tiltækri raforku á annan hátt og forðast að taka þá mengunaráhættu sem tvímælalaust er fyrir hendi. Þess vegna legg ég til að málið fari í n. og hljóti þar nákvæma athugun og langa, en komi það síðan á móti von minni til 2. umr., þá mun ég segja nei.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Í framsöguræðu hæstv. iðnrh. fyrir þessu frv. sagði hann að höfuðástæður þess að ríkisstj. flytti þetta frv. um járnblendiverksmiðju væri að æskilegt og raunar nauðsynlegt væri að selja verulegan hluta af raforku Sigölduvirkjunar til annars en venjulegra raforkuþarfa landsmanna. Hæstv. ráðh. bætti síðan því við að hér væri um að ræða mjög hagkvæman raforkusölusamning sem mjög mundi, eftir hans máli, skilja, styrkja raforkuframleiðsluna í landinu. Þá nefndi hæstv. ráðh. aðra ástæðu fyrir því að rétt væri að ráðast í byggingu þessarar verksmiðju, og hún var sú að með tilkomu verksmiðjunnar opnaðist nýr vinnumarkaður fyrir allmarga menn, einkum og sérstaklega meðan á byggingu hennar stæði, og væri með þessari verksmiðju verið að gera atvinnulíf þjóðarinnar fjölbreyttara og traustara en það væri nú. Þá minntist hæstv. ráðh. á þá möguleika, sem opnuðust með þessari verksmiðju fyrir ýmis þjónustufyrirtæki að eiga viðskipti við hana. Einnig minntist hann síðan á það, að verksmiðjan mundi greiða talsverða skatta og opinber gjöld og einnig væntanlega skila álitlegum arði.

Þetta var það sem helst var fram fært, eftir því sem ég skildi hæstv. iðnrh., til rökstuðnings því að það ætti að ráðast í byggingu þessarar verksmiðju og rekstur hennar. Það var sem sagt ljóst af máli hans að höfuðröksemdin fyrir byggingu verksmiðjunnar er raforkusalan. Það er að dómi hæstv. ríkisstj. þörf á því að geta selt allverulegan hluta af raforkuframleiðslu Sigölduvirkjunar til einhvers annars en hinnar almennu notkunar landsmanna sjálfra. Af þessum ástæðum tel ég sérstaka nauðsyn á því að íhuga einmitt raforkusölusamninginn, sem gert er ráð fyrir að gera í sambandi við byggingu þessarar verksmiðju, að íhuga vandlega hversu hagstæður sá samningur muni vera og hvað hann þýði í raun og veru fyrir okkur.

Samkv. þeim drögum að raforkusamningi, sem gerð hafa verið, er gert ráð fyrir að Landsvirkjun selji þessari verksmiðju svonefnda forgangsorku *sem nemur 244 gwst. á ári og til viðbótar raforku* sem nemur 304 gwst., svonefnda afgangsorku. Járnblendiverksmiðjan við Grundartanga verður byggð á þeim grundvelli, að í henni eiga að vera tveir miklir bræðsluofnar sem eru af stærðinni 30 mw. hvor, en síðan er gert ráð fyrir að verksmiðjan þurfi á viðbótarorku að halda sem samsvarar 8 mw. Það má því í rauninni tala um það, að ætla verði þessari verksmiðju raforkuafl sem nemur íkringum 60 mw., en það jafngildir rúmlega 1/3 hluta af Sigölduvirkjun. Það er því verið með þessum raforkusölusamningi við væntanlega járnblendiverksmiðju að ráðstafa á þennan hátt rúmlega 1/3 af raforkuframleiðslu Sigölduvirkjunar.

Samkv. þessum samningsdrögum um raforkusölu er gert ráð fyrir því að hin svonefnda for-

gangsorka verði fyrst um sinn seld á 9.5 mill. Sé miðað við það gengi íslenskrar krónu sem grg. frv. byggir á, en það var fyrir síðustu gengislækkun yrði forgangsorkan seld á 1.12 kr. kwst. En síðar er gert ráð fyrir því að afgangsorkan verði seld á 0.5 mill kwst. sem nemur í kringum 6 aurum, einnig miðað við gamla gengi íslensku krónunnar. Síðan er gerð grein fyrir því í grg. frv. að meðaltalsverð á raforku til verksmiðjunnar verði í kringum 59 aurar kwst. eða 5 mill.

Það hefur nokkuð verið gert úr því að hafa bæri í huga að hér væri um tvenns konar raforkusölu að ræða: annars vegar svonefnda forgangsorku, en varðandi hana hvílir afhendingarskylda á Landsvirkjun að skila þessari orku til fyrirtækisins á hverjum tíma, og hins vegar afgangsorku sem ekki hvíldi á fullkomin afhendingarskylda og væri nokkuð í valdi Landsvirkjunar hvernig yrði um afhendingu á. Ég tel að í þessum efnum hafi ekki allur sannleikurinn verið sagður. Sannleikurinn er sá að þau drög að raforkusölusamningi, sem hér liggja fyrir, fela í sér ýmiss konar skilyrði varðandi afhendinguna á svonefndri afgangsorku. Í fyrsta lagi er ákveðið í raforkusölusamningi að Landsvirkjun sé skylt að afhenda sem afgangsorku a. m. k. 153 gwst. á hverju ári, neðar megi þessi afgangsorka ekki fara. Enn fremur segir í þessum samningsdrögum að sé miðað við fjögurra ára tímabil, þá sé Landsvirkjun skylt að afgreiða sem nemur 734 gwst., sem er sem sagt nokkru meira en skyldan varðandi eitt einstakt ár. Enn segir í þessum samningsdrögum að Landsvirkjun sé skylt að afhenda sem afgangsorku á öllu samningstímabilinu, yfir 20 ára tímabil, 4880 gwst. sem afgangsorku, en það jafngildir því að afgangsorkan verði að vera á hverju ári um sig 244 gwst. Það er því ljóst mál að sú skylda hvílir á samkv. þessum raforkusölusamningi að afhenda til verksmiðjunnar jafnmikið af afgangsorku eins og forgangsorku, sem sagt jafnmikið magn af raforku, sem selst á 6 aura kwst., eins og af þeirri orku, sem selst á 1.12 kr. kwst. Þegar þess er einnig gætt að hér er um það að ræða að reka verksmiðju sem er byggð upp þannig að hún hefur tvo ofna af stærðinni 30 mw., þá gefur auga leið að það verður að afhenda bæði forgangsorku og afgangsorku nokkurn veginn óslitið, þ. e. a. s. nýtingartíminn er í kringum 8000 stundir á hverju ári í báðum tilfellum. Það er því ekki rétt að gera mikið úr því að fram fari samkv. þessum sölusamningi sérstaklega hagkvæm afhending á raforku í formi afgangsorku. Önnur skilyrði, sem fylgja með varðandi þessa orkuafhendingu, eru þannig, að Landsvirkjun verður að afhenda þetta orkumagn á samningstímanum og á hverju einstöku ári. Þar geta ekki orðið nein meiri háttar frávik. Sé síðan gengið út frá því að þetta verði meðaltalsverðið á raforku, í kringum 5 mill eða sem nemur 59 aurum á kwst., miðað við það gengi sem þetta frv. byggir á, eins og ég hef minnst á áður, þá jafngildir þetta því að verksmiðjan kaupi raforku frá Landsvirkjun fyrir í kringum 285 millj. kr. að meðaltali á ári.

En þá er rétt að hugleiða eitt atriði nokkru nánar. Hvað er þá að segja um framleiðslukostnað þeirrar raforku sem á að selja samkv. þessum samningsdrögum? Í grg. frv. segja sérfræðingar Landsvirkjunar að þeir hafi reiknað út svokallað kostnaðarverð á þessari raforku. Þeir hafa gert grein fyrir því að til þess að reikna út kostnaðarverð þessarar raforku verði að leggja til grundvallar stofnkostnað Sigölduvirkjunar og einnig Hrauneyjarfossvirkjunar og óhjákvæmilegar stofnlínur til verksmiðjustaðarins. Þeim er ljóst að það er ekki hægt að standa að þessari orkusölu án þess að til komi ný virkjun á borð við Hrauneyjarfossvirkjun tiltölulega mjög fljótlega. Þessir sérfræðingar Landsvirkjunar segjast hafa fengið út úr sínu dæmi að telja megi að kostnaðarverð þessarar raforku sé 9.4 mill miðað við forgangsorku og þá gangi þeir út frá 40 ára rekstrartímabili orkuveranna, reikni með 9.1% reiknivöxtum, 0.5% rekstrarkostnaði á ári og 12% vöxtum á byggingartíma. Þá er sem sagt útkoman 9.4 mill, kostnaðarverð forgangsorkunnar frá þessum orkuverum. Ef síðan er reiknað með afhendingu afgangsorku á því verði sem gert er ráð fyrir í drögunum að orkusölusamningi, þ. e. a. s. 0.5 mill fyrir afgangsorkuna, megi telja að beint kostnaðarverð þessarar raforku á þessum grundvelli sé 4.95 mill. Hins vegar er gert ráð fyrir því í öllum þeim útreikningum sem hér liggja fyrir að meðaltalsverðið verði 5 mill. Það er því alveg augljóst að miðað við þær forsendur, sem sérfræðingar Landsvirkjunar hafa lagt til grundvallar, þá viðurkenna þeir að það verð, sem á að fást fyrir raforkuna frá járnblendiverksmiðjunni liggi rétt við útreiknað kostnaðarverð.

Nú hefur verið dregið í efa af ýmsum að þær kostnaðaráætlanir, sem gerðar hafa verið, bæði um Sigölduvirkjun og eins um Hrauneyjarfossvirkjun og línulögn til verksmiðjunnar, fái staðist, enda kemur það einnig greinilega fram í grg. frv. hjá sérfræðingum Landsvirkjunar að þeir gera ráð fyrir því, að svo geti farið, og telja það reyndar mjög líklegt. En þeir hugga sig við það að vegna ráðgerðrar endurskoðunar á verðlagningunni á öllum samningstímanum geti orðið um nokkra verðhækkun að ræða frá þessum tölum, sem byggt hefur verið á, og að sú hækkun á raforkunni gæti þá staðið á móti þeim hækkunum sem yrðu umfram áætlanir á byggingarkostnaði.

Ég tel samkv. því, sem ég hef greint frá, að það sé enginn vafi á því að það verð á raforkunni, sem hér er verið að ræða um til járnblendiverksmiðjunnar, liggi alveg fast við beint kostnaðarverð samkv. þessum útreikningum, að ekki sé meira sagt. Mér þykir hins vegar miklu líklegra að það fari svo í þessu tilfelli eins og í öðrum áður, að kostnaðarverðið reynist í reyndinni mun hærra og við seljum því samkv. þessum orkusölusamningi beinlínis orkuna á undirverði. Hér er því ekki um nein hagkvæm skipti að ræða, því getur enginn maður haldið fram sem vill skýra rétt frá. Það hefur aldrei verið draumur okkar í sambandi við virkjanir á okkar fallvötnum að drífa okkur í að virkja fallvötnin og afhenda öðrum aðilum að meira eða minna leyti orkuna frá fallvötnunum á beinu kostnaðarverði. Því aðeins eru þetta einhver verðmæti fyrir okkur að við kunnum að hagnýta okkur þessa orku og fá út úr henni það verðgildi sem mögulegt er.

En þá er spurningin: Áttum við þá aðra möguleika til þess að ráðstafa þessari orku frá Sigöldu sem var umfram okkar almennu notkun, eða

stóðu málin kannske þannig að við ættum ekki neinn annan kost en að láta útlendinga fá þessa umframorku fyrir svo gott sem ekkert? Það hafa verið lagðar fram áætlanir hér á Alþ. sem sýna að við höfðum fulla þörf fyrir alla þá umframorku, sem hér gat verið um að ræða, til þess m. a. að útrýma þeirri miklu notkun á olíu sem við notum nú til húsahitunar í landinu. Það hefur lengi verið talað um þetta verkefni, en það hefur lítið miðað áfram.

Samkv. skýrslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um þetta efni, sem lögð var fram hér á Alþ. fyrir um það bil einu ári, kemur í ljós að Verkfræðistofan telur að til þess að útrýma algerlega olíunotkun úr húsakyndingu í landinu miðað við árið 1980 — en þar er gert ráð fyrir að við leysum þetta verkefni á 4—5 árum — þurfum við á orku að halda, sem nemur 927 gwst., og sé þá búið að reikna með því að við notfærum okkur jarðhita í stað olíunotkunar á öllum þeim stöðum á landinu þar sem hægt er að koma slíku við. Ef við ætlum að fullu að losa okkur við olíukyndingu til húsahitunar í landinu, þá þurfum við eigi að síður á orku að halda sem nemi 927 gwst. Þar er um verkefni að ræða, sem augljóslega er mun stærra hvað orkuþörf viðvíkur heldur en það sem ráðgert er til járnblendiverksmiðjunnar við Grundartanga. Það leikur því enginn vafi á því að þarna var um að ræða viðbótarverkefni við þá almennu raforkunotkun sem við þurfum á að halda í okkar landi með eðlilegri aukningu raforkunnar frá ári til árs. Þarna var um að ræða verkefni sem við áttum að leysa og þurftum að leysa.

Það hefur verið bent á að miðað við núverandi verðlag á olíu munum við eyða milli 2 og 3 þús. millj. kr. á ári í kyndingu íbúðarhúsa og sé öll húsakynding talin, ekki aðeins í íbúðarhúsum, þá mun þetta fara nokkuð yfir 5000 millj. kr. Í skýrslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens kemur fram að talið er, miðað við olíuverð þegar skýrslan er gerð, það olíuverð sem húsakyndingin byggist á, 11.50 kr. fyrir hvern lítra af olíu, þá megi raforka til húsahitunar kosta til jafns við það verð 2.50 kr. kwst. Nú kostar olía til húsakyndingar ekki 11.50 kr. hver lítri, nú kostar hún 20.20 kr. hver lítri. Það jafngildir því að kaupa mætti raforku á 4.50 kr. hverja kwst. og hagnast þó nokkuð hver einstakur aðili sem keypti þá orku. Hér er um gífurlega miklar fjárhæðir að ræða sem liggur fyrir okkur vitanlega að reyna að spara.

Í þessari skýrslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens kemur fram, að meira að segja hér á svæði Landsvirkjunar, hér á Suðvesturlandi, er um að ræða allmikla olíunotkun til húsakyndingar á ýmsum stöðum sem enga aðstöðu hafa á komandi árum til að geta notfært sér jarðhita. Er gert ráð fyrir því að árið 1980 þurfi á þessu svæði 342 gwst. í raforku til þess að leysa olíuna af hólmi í húsakyndingu. Nú gefur auga leið að þó að aðeins það verkefni væri leyst í þessum efnum að selja á Suðvesturlandi, á orkusvæði Landsvirkjunar, 250 gwst. fyrir t. d. 4 kr. kwst., þá jafngildir það sölu upp á 1000 millj. kr. á ári. En það er verið að tala um að selja enn þá meiri orku en þetta, miklu meiri orku en þetta, til járnblendiverksmiðju fyrir 285 millj. kr. á ári.

Það er ekkert um að villast að þjóðhagslega hefði verið margfalt hagstæðara fyrir okkur Íslendinga að beina þessari orku í það verkefni að útrýma olíunotkuninni til húsakyndingar, í stað þess að selja orkuna á þessu verði til járnblendiverksmiðjunnar. Á því leikur enginn vafi.

En þá hefur annað gerst í þessum málum nú í seinni tíð. Þegar þeir, sem mest berjast fyrir byggingu þessarar járnblendiverksmiðju, sjá að þeir standa frammi fyrir þessum staðreyndum, þeir geta ekki vikið sér undan þeim, að hér er um óhagstæða ráðstöfun á raforkunni frá Sigöldu að ræða, við höfum möguleika á að ráðstafa henni á miklu hagstæðari hátt þá hafa þeir gripið til þess ráðs að segja: Við getum hvort tveggja, við getum útrýmt olíunni úr húsakyndingu, losað okkur við þann mikla kostnað, og við getum einnig selt þessa raforku til járnblendiverksmiðju. Við getum gert hvort tveggja. Þetta er ný kenning í málinu, það er rétt að undirstrika það.

Þegar þetta mál var lagt fyrir fyrrv. ríkisstj. á sérstökum fundi með þeirri n. sem hafði unnið að rannsóknum á þessu máli, varðandi járnblendiverksmiðjuna, — þegar það var lagt fyrir ríkisstj. á sérstökum viðræðufundi, ég hygg um miðjan mars 1974, þá viðurkenndu allir þeir sem höfðu fjallað um þetta mál og þar með formaður í stjórn Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal, að á því léki enginn vafi að það yrði ekki hægt að anna báðum þessum verkefnum nema þegar í stað yrði tekin ákvörðun um að ráðast í nýja virkjun, t. d. í Hrauneyjarfossi, því að ella væri ekki mögulegt að leysa bæði verkefnin. En ég hef veitt því athygli að hv. þm. Steingrímur Hermannsson, einn af þeim sem unnið hafa að undirbúningi þessa verksmiðjumáls frá upphafi og formaður iðnn. Ed. sem hefur haft málið til meðferðar, — ég hef veitt því athygli að hann hefur í málflutningi sínum um þetta atriði verið nokkuð óræður. Hann tekur t. d. fram í alllangri grein sem hann skrifar um málið fyrir stuttu í Tímann, að það sé afstaða sín til þessa máls að ef nokkur hætta væri á því að ekki væri hægt að vinna af fullum krafti að rafhitunarmálum húsa, þá yrði hann á móti því að selja þessa raforku til járnblendiverksmiðju. Hv. þm. sagði orðrétt um þetta atriði í grein sinni með leyfi hæstv. forseta:

„Ég lít svo á," sagði Steingrímur Hermannsson, „að ekki kæmi til greina að samþykkja slíka verksmiðju ef bygging hennar yrði til þess að orkuskortur yrði til nauðsynlegra eigin nota landsmanna." Hann bætir síðan við: „En ég hef sannfærst um að svo þarf ekki að verða."

Ég ætla að víkja að því nokkrum orðum á hverju hann byggir þessa sannfæringu sína, en mér sýnist að hann byggi hana á harla veikum rökum. Hann hefur hins vegar fengið þessa skoðun að mínum dómi vegna mikils áhuga síns á því að koma upp þessari verksmiðju hvað sem tautar og raular. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson birtir í þessari Tímagrein, sem ég hef minnst á, töflur um útreikninga á orkuframleiðslu raforkuvera okkar og einnig um spádóma varðandi orkuþörf okkar á nokkrum komandi árum. Í þessari töflu kemur það fram hjá Steingrími Hermannssyni að árið 1977, vegna þess að þá verður járnblendiverksmiðjan ekki komin í gang nema að sáralitlu leyti, muni verða umframorka hjá

okkur í öllu kerfinu sem nemur 513 gwst., en árið 1978 telur hann að enn verði umframorka upp á 135 gwst. En þá ber líka þess að gæta að hv. þm. Steingrímur Hermannsson ætlar Járnblendiverksmiðjunni ekki nema 261 gwst., hann ætlar henni aðeins forgangsorkuna sem við erum skyldugir að afhenda, 244 gwst., og aðra alveg nauðsynlega orku handa verksmiðjunni fyrir utan hinn stóra ofn. En ef hann hefði áætlað verksmiðjunni jafnmikla orku og við erum skyldugir að afhenda henni að meðaltali á hverju ári á samningstímanum, þ. e. a. s. 488 gwst., ef hann hefði ætlað henni jafnmikla orku og við erum samningslega bundnir af, þá hefði farið á annan veg. Þá hefði beinlínis vantað orku upp á 92 gwst. árið 1978 og þá hefði einnig samkv. útreikningum Steingríms Hermannssonar vantað 142 gwst. árið 1979 og 172 gwst. árið 1980. Þess ber þó að gæta að Steingrímur tekur það fram í sínum útreikningum að hann sé búinn að setja í sínu dæmi inn í orkuframleiðsluna í landinu Kröfluvirkjun og reyndar Bessastaðaárvirkjun á Austurlandi líka sem ekki er búið að taka neina ákvörðun um að ráðast í, aðeins veita lagalega heimild til þess.

Þessar tölur, sem teknar eru upp úr grein Steingríms Hermannssonar, sýna alveg ótvírætt að það er ekki hægt að leysa þessi verkefni bæði. Hann er að vísu búinn að setja inn í sína útreikninga allmikla orkusölu til þess að koma upp rafhitun húsa, en þó engan veginn í þeim mæli sem þarf að gera. Þessar tölur, eins og ég sagði, sýna greinilega að það er ekki hægt að óbreyttum aðstæðum að leysa hvort tveggja verkefnið að selja járnblendiverksmiðju þá orku frá Sigöldu sem gert er ráð fyrir í þeim samningsdrögum sem hér liggja fyrir og að leysa vanda húsakyndingarinnar eða útrýma olíunni úr kyndingu húsa í landinu.

Það er að vísu rétt, að enn hafa menn verið að bæta við þessar spár. Menn hafa verið að bæta því við að Kröfluvirkjun gæti komist fljótlega upp í 60 mw. virkjun og ef tækist að nýta hana til fulls, svo stóra, þá mundi þó ekki skorta á orku, segir í sérstakri skýrslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um málið, nema eitt þessara ára en þá mundi þó skorta á.

Það er skoðun mín að á því leiki enginn vafi að raforkusala, sem ráðgerð er til járnblendiverksmiðjunnar samkv. þessu frv., sé óhagkvæm. Það séu mestar líkur til þess að við seljum raforkuna beinlínis undir kostnaðarverði, en þar verði ekki um neinn beinan hagnað að ræða. Það er einnig skoðun mín að við gætum ráðstafað þessari orku á miklu hagkvæmari hátt fyrir okkar þjóðarbú. Við gætum sparað margfalda fjárhæð á við það, sem inn á að koma frá járnblendiverksmiðjunni, með því að nota þessa orku til húsahitunar í landinu. Og þá þyrftum við ekki að hraða virkjunarframkvæmdum okkar sérstaklega, eins og gert er nú ráð fyrir, umfram það sem áætlað hafði verið og okkur verður að teljast hagkvæmt á hverjum tíma.

Annars er það býsna athyglisvert í sambandi við þessa raforkusölu til járnblendiverksmiðjunnar, að það er alltaf á þennan veg þegar rætt er um að selja raforku til stóriðjurekstrar í okkar landi. Þá er alltaf farið þannig að að reiknað er út beinlínis framleiðslukostnaðarverð raforkunnar, hvað það kostar á 40 ára tímabili að framleiða orkuna, og stóriðjuaðilarnir vilja gjarnan gefa kost á því að kaupa þessa orku á beinu framleiðslukostnaðarverði. Svona lágu þessi mál fyrir á sínum tíma þegar samið var við Alusuisse varðandi álverið í Straumsvík. Þá voru menn að reikna út hvað væri framleiðslukostnaðarverð, og í rauninni játuðu allir á sínum tíma að það raforkuverð, sem þá var ákveðið, lægi a. m. k. alveg fast við mörkin að teljast framleiðslukostnaðarverð. Við margir héldum því þá fram, að það væri miklu líklegra að reynslan yrði sú að framleiðslukostnaðurinn yrði mun meiri á raforkunni frá Búrfelli en þá var gert ráð fyrir, og það er enginn vafi á því, að reynslan hefur sýnt að framleiðslukostnaður á orkunni þaðan varð og er nú í dag miklu mun meiri en samið var um við álhringinn. Við erum að selja álverinu mikla raforku langt undir verði, það vita allir íslendingar í dag.

Eins og hefur komið fram í þessum umr. og útvarp og sjónvarp hafa m. a. skýrt frá nú síðustu daga, þá er býsna athyglisvert að árið 1973 var útkoman sú að álverið í Straumsvík keypti um það bil 60% af allri raforku Landsvirkjunar fyrir 314 millj. kr., en Rafmagnsveita Reykjavíkur keypti hins vegar tæp 16% af allri orkunni fyrir 346 millj. kr. M. ö. o.: raforkuverðið, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur sem raunverulegur heildsöludreifingaraðili í þessum efnum varð að borga, var um fimmfalt verð á við það sem álverið varð að borga fyrir raforku sína. Og þetta hlutfall fer sífellt versnandi.

Þá er rétt að víkja að því sem hæstv. iðnrh. sagði varðandi rök fyrir því að ráðast í byggingu þessarar verksmiðju, að hún væri ekki aðeins nauðsynleg, þessi verksmiðja, til þess að taka við raforkunni frá Sigölduvirkjun, heldur væri verksmiðjan einnig þýðingarmikil fyrir þjóðarbúskap okkar almennt séð, treysti efnahag okkar og skapaði nýjan vinnumarkað. Það er rétt að víkja nokkuð að því hvaða gildi þessi verksmiðja hefur fyrir efnahagslíf okkar almennt séð.

Í grg. frv. er talið að svonefndar gjaldeyristekjur af rekstri þessarar verksmiðju geti numið í kringum 10.8 millj. dollara á ári eða miðað við það gengi, sem frv. byggist á, í kringum 1 200 millj. kr. Er gerð grein fyrir því að það megi í rauninni skipta þessari fjárhæð á 4 aðalliði mikið til að jöfnu: Þar sé um að ræða í fyrsta lagi greiðslu fyrir raforku til verksmiðjunnar. Í öðru lagi sé þar um að ræða greiðslu verksmiðjunnar á vinnulaun, greiðslu hennar til skipafélaga fyrir flutningsgjöld og greiðslu til ýmiss konar þjónustuaðila. Í þriðja lagi komi svo skattar og ýmiss konar opinber gjöld og þar með leiga fyrir höfnina. Og í fjórða lagi er svo um beinan hagnað af verksmiðjunni að ræða. Það má segja að þarna geti verið um að ræða í grófum tölum, eins og frv. byggir á, greiðslu fyrir hvern þessara liða í kringum 300 millj. kr. eða þar um bil, miðað við þær áætlanir sem byggt er á í frv. Nú er að mínum dómi alrangt að tala um að þessi verksmiðja þýði raunverulega það fyrir okkar þjóðarbúskap að hún leggi í okkar gjaldeyrissjóð á hverju ári í kringum 1 200 millj. kr. Fyrsti liðurinn af þessum, sem ég nefndi, þ. e. a. s. raforkusalan, við fáum raunverulega engan gjaldeyri í okkar kassa fyrir þessa raforkusölu. Að vísu fáum við 285

millj. kr. fyrir raforkusöluna, en við verðum að nota alla þá upphæð til þess að greiða af því raforkuveri, sem veitir þessa orku. Við fáum ekki út úr þessum lið gjaldeyri fyrir okkar almenna búskap. Þessi liður gengur út og inn.

Þá komum við að lið nr. 2, en það er greiðsla fyrir vinnulaun, fragtir og þjónustugjöld til ýmissa aðila. Það er alveg rétt, verksmiðjan mun greiða þessi vinnulaun í gjaldeyri og það er fullkomin gjaldeyrisöflun fyrir okkur þarna upp á 300—350 millj. kr. á ári. Þetta er nákvæmlega sama aðstaðan og við höfum núna við álverið og í rauninni nákvæmlega sama aðstaðan og við höfum á Keflavíkurflugvelli. Þeim íslendingum, sem vinna á Keflavíkurflugvelli, hjá verktökunum þar, er greitt kaup og við fáum raunverulega gjaldeyri fyrir þeirra kaup. Þarna er í þessu tilfelli um raunverulegar gjaldeyristekjur að æða.

Það má einnig segja um 3. liðinn, sem eru skattgreiðslur og greiðsla á ýmiss konar opinberum gjöldum. En ég leyfi mér að draga það mjög í efa, að skattgreiðslurnar samkv. grg. frv. muni standast í raun, enda kemur strax í ljós, að þegar Þjóðhagsstofnun gerir skyndiathugun sína á þessum áætlunum, sem liggja fyrir, þá kemst hún strax að raun um að það verði að lækka þessa áætlun, það sé ekki líklegt að hún standist og uppsetningin sé ekki heldur að öllu leyti rétt. Þessi arður byggist líka á því, að algert hámarksverð, sem orðið hefur á framleiðslu verksmiðjunnar, á járnblendi, nú á tímabili, það háa verð haldist. Reynslan sýnir hins vegar að verð á járnblendi hefur gert ýmist að hækka eða lækka. Það fylgir mjög á eftir verði á járni og stáli og nú hefur járn og stál tekið upp á því að lækka verulega í verði. Það mætti segja mér það, að verð á járnblendi væri þegar lækkað þó að okkur væri ekki sagt frá því. Allar líkur benda til þess að það lækki alveg eins og verð á járni og stáli. Það hefur gert það jafnan áður. Það er að vísu rétt, sem kemur fram í aths. frá Þjóðhagsstofnun, að það er eitt sem mælir kannske með því að verðið haldist uppi, þetta háa verð á járnblendi, en það er að nú sé þessi framleiðsla víðast hvar illa séð og sé verið að loka verksmiðjum víða, þær þoli ekki þær reglur sem gilda um mengunarvarnir víða úti í heimi, og af þeim ástæðum, segir í þessari aths., að svona hagi til, þá kunni að vera að framleiðslan haldist í svona háu verði. M. ö. o.: það er verið að minna okkur á að við séum hér að taka að okkur að leyfa verksmiðju af því tagi sem yfirleitt fáist ekki byggð annars staðar eða aðrir séu beinlínis að reka frá sér.

Ég tel því að það sé mjög vafasamt að ekki sé meira sagt, að við höfum það skattgjald og arð af þessum atvinnurekstri sem reiknað hefur verið með. En þó er það svo að hér er vitanlega ekki um neina stórbreytingu fyrir efnahagslíf okkar að ræða og hefur enga meginþýðingu fyrir okkur. Ef menn vildu breyta þessu í eitthvað af því sem við eigum auðveldast með að skilja, þá er ekki um meiri fjárhæðir að ræða en sem nemur því ef við rækjum 3—4 millistóra togara og ynnum aflann úr þeim sæmilega vel. Það er sú heildarframleiðsla sem hér er nefnd, sem ég reikna þó með að verði í rauninni mun minni í reynd.

Það eru því ekki ýkjamikil rök að mínum dómi sem liggja til þess að ráðast í þessa verksmiðjubyggingu til að útvega þar 115 mönnum fasta vinnu og einhverjum þjónustufyrirtækjum möguleika á vissum þjónustustörfum. Ég held að aðstaða sé til þess að veita þessum mönnum aðra vinnu og það tiltölulega mjög auðveldlega, — vinnu sem mundi í rauninni skila okkur meira og væri okkur hagkvæmari. Það er líka, eins og hér hefur verið á minnst, rétt að hafa í huga að þeir útreikningar, sem hafa áður verið lagðir fram um nokkur fyrirtæki hliðstæð þessu, hafa ekki komið út eins og gert var ráð fyrir. Skyldu ekki fleiri en ég muna hvað sagt var um kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn? Þetta þótti einstaklega álitlegt fyrirtæki sem hlaut að græða. Og hver hefur reynslan orðið? Ég veit ekki betur en reynslan hafi orðið sú að fyrirtækið hafi tapað á hverju einasta ári síðan það hóf rekstur, og þó ber þess að gæta, að því hefur verið lagt til fé á beinan og óbeinan hátt frá opinberum aðilum án þess að fyrirtækið þyrfti að skila því fjármagni aftur. Það þótti m. a. á þeim tíma sjálfsagt að leggja í rauninni alveg sérstakan veg á milli Húsavíkur og verksmiðjunnar og kosta þá vegalagningu algerlega úr ríkissjóði. En það var vitanlega meira en gert var við venjuleg innlend fyrirtæki.

Ég hygg, að þessu hafi verið mjög svipað farið með rekstur álversins í Straumsvík. Þar var einnig gert ráð fyrir miklum gróða, en reynslan hefur orðið allt önnur. Fyrirtækið hefur sýnt á reikningum sínum taprekstur flestöll árin, og þegar hefur orðið jákvæður rekstur, þá er um óverulegan hagnað að ræða. Hitt liggur svo aftur fyrir um rekstur álversins, að sá rekstur hefur mætt slíkum erfiðleikum að heðum við íslendingar átt verksmiðjuna og borið algera ábyrgð á rekstri hennar, þá er enginn vafi á því að við hefðum þurft að stöðva allan rekstur í verksmiðjunni. Við hefðum ekki haft möguleika á því að halda verksmiðjunni í gangi í heilt ár án þess að selja nokkuð af framleiðslu hennar þó að auðhringurinn Alusuisse með öllum sínum heimssamböndum hafi getað haldið framleiðslunni í gangi. Og nú er verðið á áli aftur fallið og aftur fyrirsjáanlegur taprekstur á þeirri verksmiðju.

Nei, því fer vitanlega víðs fjarri að það sé gefið mál, þó að um stóriðjurekstur sé að ræða af því tagi sem hér er verið að ræða um að sá rekstur muni alltaf skila rekstrarhagnaði. Við höfum líka séð að þær áætlanir, sem lagðar hafa verið fyrir okkur um þetta fyrirtæki, eru ekki traustvekjandi. Það er vitanlega ekki traustvekjandi að leggja fyrir okkur kostnaðaráætlun um byggingu þessarar verksmiðju og að byggingarkostnaður skuli hækka meira en um helming, hann skuli tvöfaldast á rúmu einu ári, mælt í erlendum gjaldeyri, mælt í dollurum. Hvers konar áætlanir voru það, sem voru fyrst lagðar fyrir okkur að það skyldi þurfa að hækka þær um meira en helming á einu ári, í dollurum mælt? Þeir, sem lögðu þessar áætlanir fram, verða að játa að þær hafa verið rangar. Á þessum tíma urðu engar þær breytingar í stofnkostnaði, mælt í

erlendum gjaldeyri að þær réttlættu þessa miklu stökkbreytingu.

Það er vitanlega mjög barnalegt að líta þannig á þær tölur, sem hafa verið lagðar fyrir okkur varðandi rekstur þessarar verksmiðju, að trúa því að hér sé um einhvern öruggan gróðarekstur að ræða. En þessi verksmiðja hlýtur þó að hafa býsna mikil áhrif í efnahagslífi okkar þótt hún hafi ekki þau áhrif að mínum dómi að hún muni skjóta styrkari stoðum undir efnahagslíf okkar almennt séð. Það fer vitanlega ekki á milli mála, að þegar byggð er verksmiðja sem áætlað er að kosti 9.4 milljarða kr. í stofnkostnaði, miðað við gamla gengið, og síðan leiðir sú verksmiðjubygging það af sér að við verðum að ráðast strax í virkjun Hrauneyjarfoss, eins og allar áætlanirnar eru miðaðar við, og sú virkjun mun kosta samkv. áætlunum, líka miðað við gamla gengið, 10—12 milljarða kr., — þegar sem sagt á að ráðast hér í framkvæmdir á suðvesturhorni landsins sem nema í kringum 25 milljörðum kr. miðað við núverandi verðgildi krónunnar, þá hefur það talsvert að segja.

Ég skil því mætavel að þeir, sem nú vinna mest að því að koma þessu máli í gegn, hafi fundið að þeir mæta nokkurri andstöðu, m. a. frá þeim þm. sem eru fulltrúar kjördæma úti á landi. Þeir eru hreint ekkert ánægðir með þá sérstöku byggðstefnu sem felst í þessum ákvörðunum. En þá hafa þeir líka gripið til þess ráðs að segja: Ja, það er nú ekki alveg víst að það verði Hrauneyjarfossvirkjun sem ráðist verður í. Það gæti alveg eins orðið virkjun fyrir norðan, segja menn. Og hæstv. iðnrh. gengur svo langt hér á Alþ. og víðar á opinberum vettvangi að hann segir að hann lofi því, að það verði ekki tekin ákvörðun um virkjun við Hrauneyjarfoss fyrr en ákvörðun hafi verið tekin um virkjunarstað á Norðurlandi. Allt er þetta svo loðið að hann treystir sér til að smjúga í gegnum þetta þegar til framkvæmdanna kemur enda veit hann mætavel að allar áætlanir, sem þetta frv. byggist á, reikna með allt öðru. Þær reikna með því að það verði ráðist í Hrauneyjarfoss. En málin bara standa þannig að það stendur í þingfulltrúum frá Norðurlandi og víða annars staðar að af landsbyggðinni, það stendur í þeim að samþykkja allar þessar framkvæmdir hér og verða dregnir á framkvæmdum í sínum byggðarlögum, eins og hefur verið lengst af.

Þegar hæstv. iðnrh. hefur fundið að hann væri kannske búinn að segja nokkuð mikið í þessum efnum, að það yrði ekki tekin nein ákvörðun um Hrauneyjarfossvirkjun fyrr en væri búið að ákveða virkjunarstað á Norðurlandi, og hefur eflaust fengið áminningu frá einhverjum hér sunnanfjalla út af þessu, hvað væri nú að gerast, þá er hann ekki í vandræðum með að komast út úr þeim vanda. Þá segir hann bara opinskátt í Morgunblaðinu: Ég er ekkert viss um að það þurfi að velja á milli stórvirkjunar fyrir norðan og stórvirkjunar fyrir sunnan, — því ekki báðar stórvirkjanirnar? Það var síðasta loforðið, sem gefið var í þessum efnum: Hví ekki báðar stórvirkjanirnar? (Iðnrh.: Er hv. þm. nokkuð andvígur því?) Nei, en ég hef ekki mikla trú á því, þótt svona loforðum sé sveiflað, að það liggi nokkur alvara þar á bak við. Ég þekki vel, að það sem hér hefur verið ákveðið, þ. e. bygging þessarar verksmiðju og ný virkjun við Hrauneyjarfoss, það er það sem á að koma. Það kann að vera að það verði sagt um svipað leyti við þá norðlendinga: Jú, það verður virkjað fyrir norðan, en virkjunartíminn bíður og verður til athugunar áfram.

Ég held að þessar stórkostlegu framkvæmdir komi til með að hafa mjög örlagarík áhrif, t. d. í byggðamálum í landinu og um atvinnuþróun í landinu. Í mínum augum skiptir hér engu máli þó að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið að auka við fjárráð Byggðasjóðs um 440 millj. Eins og allir sjá er það smápeningur borið saman við þær fjárhæðir sem við erum hér að tala um, — og verður þó enn þá minna virði þegar það er svo á næsta leiti að ríkisstj. leggi fram frv. um að hún megi skera niður áætlaðar framkvæmdir á fjárl. um 3 500 millj., sem auðvitað verður niðurskurður fyrst og fremst á framkvæmdum úti á landi, á því leikur enginn vafi.

En svo að einnig í þessu sambandi sé komið að öðru merkilegu atriði varðandi þetta mál, þá er það hin peningalega hlið sem snýr beint að okkur sjálfum. Það er gert ráð fyrir í þessu frv. að hlutafé okkar í þessu verksmiðjufyrirtæki eigi að nema um 2 000 millj. kr. og menn bæta því við: 2 000 millj., þetta verður tekið að láni. — Síðan kemur einnig fram í frv. að til viðbótar við þessar 2 000 millj. kemur í okkar hlut að leggja fram 5 100 millj. af stofnkostnaði fyrirtækisins. Það á einnig að taka að láni. Síðan eigum við að byggja höfn fyrir verksmiðjuna og leggja þar vegi, og áætlanir eru upp á 500 millj. kr. Þetta jafngildir 7 600 millj. kr., hvorki meira né minna, og þetta eigum við að fá að láni. Því er bætt við að við getum auðveldlega fengið þetta að láni. Það eru til jafnvel í hópi þm. svo trúgjarnir menn, að þeir segja: Þetta eru mikil lán að vísu, en þó er hægt að ganga svo frá þessum lánum að þetta hafi ekki áhrif á aðra lánsmöguleika okkar. Formaður Alþfl. sagði hér í umr.: Það hafa verið gefnar yfirlýsingar um að þessi miklu lán verði ekki látin hafa áhrif á lánsmöguleika okkar á öðrum sviðum. — Hann var nú greinilega svolítið hikandi að trúa þessu, en ætlaði þó að trúa því, að mér skildist. M. ö. o.: þó að við tökum lán upp á 500 millj. kr. til þess að byggja höfn, aukahöfn þarna uppi í Hvalfirði, þá halda menn að það hafi engin áhrif á okkar almennu hafnarframkvæmdir í landinu, engin áhrif á möguleika okkar til þess að útvega lán til annarra hafnarframkvæmda. Og þó að við förum á alþjóðlegan peningamarkað og tökum þar lán upp á yfir 7 000 millj. kr., þá halda menn að það hafi engin áhrif. Þetta er vitanlega hægt að segja börnum, en ekki þeim sem þekkja eitthvað til peningamála.

Ég efast að vísu ekkert um að þeim í Seðlabankanum mun takast að útvega þessi erlendu lán. Þeir geta útvegað þau og eflaust meira, af því að þeir vilja koma þessu fyrirtæki upp. En þegar menn hafa verið að nefna það að undanförnu að taka lán til að hraða hitaveituframkvæmdum eða raforkuframkvæmdum sem gætu stuðlað að því að við gætum dreift orkunni til meiri húshitunar í landinu en nú er, þá er alltaf borið við peningaleysi, þá er alltaf því borið

við að það verði erfitt að útvega lán. Hér er ekki um það að ræða að það sé erfiðara að útvega lán til slíkra framkvæmda heldur en til þessarar verksmiðjubyggingar, heldur er spurningin um það, hvort menn vilja frekar ráðast í að hita upp hús sín í landinu með raforku og jarðvarma eða leggja peningana í að byggja járnblendiverksmiðju.

Eins og ég sagði, þá fer auðvitað að dómi hæstv. núv. ríkisstj. einkar vel á því, að á sama tíma sem hún segist geta fengið nóg lán upp á yfir 7 milljarða kr. í þessu skyni, þá segir hún: Við verðum að skera niður nauðsynlegar verklegar framkvæmdir upp á 3 500 millj. kr. Við verðum að skera þær niður. Við verðum að stöðva nýjar lánveitingar úr Fiskveiðasjóði. Við verðum að stórdraga úr lánum til landbúnaðarins. Við verðum að stórauka lán til íslensks iðnaðar. Við verðum að fara þessa leið af því að við höfum orðið fyrir efnahagslegum áföllum. — Það fer heldur vel á því að syngja þennan söng um leið og menn halda því fram að þeir geti auðveldlega fengið þessar fjárhæðir að láni til að leggja í járnblendiverksmiðju.

Í sambandi við þessa verksmiðjubyggingu hljóta menn að leiða hugann að því hvert við raunverulega stefnum í þróun okkar atvinnumála. Stefnum við að því að koma upp mörgum stóriðjufyrirtækjum í landinu? Stefnum við að því eins og t. d. hefur komið fram í umr. á Alþ., að byggð yrði t. d. á Reyðarfirði á Austurlandi ein álverksmiðja á borð við þá sem nú er rekin í Straumsvík. Hún þarf í kringum 500 menn í vinnu. Ég spyr, hvaða fólk á Austurlandi á að taka að sér vinnu í þessari verksmiðju? Það er enginn möguleiki að fá vinnuafl í þessa verksmiðju þar án þess að taka þá þetta vinnuafl frá þeim landbúnaðarrekstri, sem þar á sér stað nú, eða frá þeim sjávarútvegi sem þar er rekinn nú. Það er auðvitað til sú leið að flytja menn annars staðar frá austur til þess að vinna við þessa verksmiðju. En hvaðan á að flytja þá? Á að flytja þá úr Rangárvallasýslu? Ég hygg, að einhver mundi neita því. Á að flytja þá frá einhverjum öðrum stað? Það væri fróðlegt að vita, hvaðan á að flytja þá.

Nei, hér er um þá spurningu að ræða, hvert við stefnum í okkar atvinnuþróun. Eigum við að koma upp mörgum slíkum stóriðjufyrirtækjum? Er það markmiðið, að vinnuafl okkar eigi að starfa í slíkum verksmiðjum, eða eigum við að beita vinnuafli okkar að öðrum störfum. Og þá kemur líka sú spurning: Eru þessi önnur störf til? Eru þau til? Í þeim efnum vil ég m. a. minnast á það, að við höfum öll barist hart fyrir því að íslendingar fengju full einkayfirráð yfir öllum fiskimiðunum í kringum landið. Við vonum að það verðu stutt eftir því að bíða að við fáum fullkominn yfirráðarétt yfir þessum auðlindum. Opinberar skýrslur, sem liggja fyrir um fiskafla þann sem tekinn hefur verið á Íslandsmiðum um langan tíma, — við höfum skýrslur í meira en 20 ár, — þær sýna að t. d. bolfiskaflinn, sem tekinn hefur verið á Íslandsmiðum, hefur verið á milli 700 og 800 þús. tonn að meðaltali á ári. Við höfum hins vegar ekki tekið nema á milli 300 og 400 þús. tonn eða helming af þessum afla. Hvað er meiningin að gera þegar við erum búnir að fá undir okkar yfirráð þessar miklu auðlindir? Er ekki meiningin að nýta þessar auðlindir eða eigum við kannske að selja þær á leigu, virkja þær á á þennan sama hátt og menn ræða nú um vatnsorkuna? Ég efast ekkert um það að þó að við beitum allri þeirri tækni sem við þekkjum til nú, þá standa slík verkefni fyrir okkur varðandi okkar sjávarútveg á komandi árum og áratugum að við þurfum ekki aðeins í sambandi við veiðarnar, heldur fyrst og fremst við úrvinnsluna og öll þau störf, sem tengjast okkar fiskiðnaði, á miklum mun fleiri mönnum að halda til þess að nýta þessa auðlind en við höfum við þessi störf í dag, miklum mun fleiri. Hér er um gífurlega stórt verkefni að ræða. Spurningin er sú: Ætlum við okkur að vinna að þessu verkefni eða ætlum við að hverfa frá því og gerast verksmiðjukarlar hjá útlendingum?

Spurningin er auðvitað einnig sams konar varðandi landbúnað okkar. Ef við ætlum okkur að halda því áfram að framleiða landbúnaðarafurðir þær sem við þurfum á að halda og getum framleitt í okkar landi, ef við ætlum að halda því áfram að framleiða þær í okkar landi og gera það sjálfir fyrir sívaxandi þjóð, þá verðum við líka að hafa til þess fleiri menn en við höfum í dag. Ég álít því, að okkur skorti ekki verkefni. Og við höfum líka iðnað beint í okkar höndum sem hefur mikla möguleika á mörgum sviðum. Þar vitum við um ótal stórt verkefni sem við eigum eftir að leysa. Þegar við hugleiðum það að hvaða marki við stefnum í þróun atvinnumála okkar, þá verðum við að svara þessum spurningum: Stefnum við að því að ráðstafa vinnuafli okkar í verksmiðjur af þessu tagi í stórum stíl, virkja fallvötn okkar á þann hátt að við getum selt raforkuna við framleiðslukostnaðarverði til útlendinga, en fengið vinnu hjá þeim í staðinn. Er það það sem er keppikefli? Ég tel að það sé alröng stefna og af þeim ástæðum m. a. er ég alveg á móti því, að þetta frv. verði samþ. og ráðist verði í byggingu þessarar verksmiðju. Ég vil einnig vekja athygli á því að með þessu frv. er verið að ætla þessum verksmiðjurekstri mikil friðindi fram yfir það sem íslenskir atvinnuvegir almennt eiga við að búa. Í 9. gr. frv. segir orðrétt á þessa leið:

„Innflutningur af hálfu hlutafélagsins á byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum og varahlutum til verksmiðjufélagsins og rekstrar hennar og tengdra mannvirkja skal undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti á innflutning.“

Hér er auðvitað um stórkostleg friðindi að ræða umfram það sem okkar atvinnuvegir verða að búa við. Þegar svo standa sakir að við þurfum að byggja hér t. d. fiskiðnaðarverksmiðju, jafnvel þótt menn hafi orðið fyrir miklum áföllum, að slík fyrirtæki hafi eyðilagst og njóti opinbers stuðnings til þess að reyna að endurreisa þetta, þá verður að greiða tolla á tolla ofan, söluskatt á söluskatt ofan af öllum þeim vélum og tækjum og öllum þeim efnivið sem fer í að byggja upp slík fiskiðnaðarfyrirtæki aftur. Hér er því verið að veita þessari stóriðju allt önnur réttindi en við veitum nú hinum almennu iðnfyrirtækjum lands-

manna og við veitum bæði landbúnaði og sjávarútvegi. En það er ekki aðeins á þessu sviði, heldur er það einnig varðandi almenn skattamál. Þó að mikið sé um það talað að þetta fyrirtæki eigi að vera að meiri hl. í eigu landsmanna og eigi að lúta íslenskum lögum, þá eiga að verða þar frávik frá því að það er verið að ætla þessu félagi ýmis sérstök réttindi varðandi skattameðferð sem þýða veruleg fríðindi umfram það sem önnur fyrirtæki njóta. Af hverju mátti þetta fyrirtæki ekki búa við sams konar lög og önnur fyrirtæki í landinu og vera háð því að borga skatta samkv. gildandi skattalögum eins og þau eru á hverjum tíma? En það getur vitanlega haft sínar afleiðingar ef við tökum fyrirtæki af þessari gerð, seljum þeim raforku á framleiðslukostnaðarverði eða jafnvel undir framleiðslukostnaðarverði, langtum ódýrari en öllum öðrum, veitum þeim viss skattaréttindi umfram aðra og síðan tollafríðindi og sleppum þeim við að greiða söluskatt sem aðrir verða að greiða í stórum stíl, þá er vitanlega hægt að skapa þessum fyrirtækjum allt aðra rekstraraðstöðu á mörgum sviðum.

Ég hef hér í mínu máli aðallega rætt um þessa verksmiðju út frá efnahagslegu sjónarmiði, en það er fyrst og fremst út frá því sjónarmiði sem frv. um þessa verksmiðju er hér flutt. Aðrir hafa rætt hér um margvíslegar hættur sem munu fylgja rekstri verksmiðju af þessu tagi, eins og varðandi mengun. Ég hef engu við það að bæta sem þar hefur verið sagt. Mér er ljóst að verksmiðju eins og þessari hljóta að fylgja miklar hættur á því sviði og mér sýnist líka allt benda til þess að sá aðili, sem hér á að vera okkar samningsaðili eða meðeigandi að þessari verksmiðju, sé ekki traustvekjandi á því sviði. En rök hæstv. ríkisstj. fyrir því að leggja út í þessa verksmiðjubyggingu eru öll varðandi hagkvæmnina á að selja raforku til verksmiðjunnar sem ég hef sýnt fram á að fær ekki staðist, því að raforkusölusamningurinn er óhagkvæmur og ráðstöfun á raforkunni á þennan hátt er mjög óhyggileg. Ég hef einnig bent á það hvaða afleiðingar þessi gífurlega mikla fjárfesting hlýtur að hafa í þróun byggðamála og þróun atvinnulífsins í landinu. Ég held að samþykkt þessa frv. muni í reynd fresta enn um allmörg ár nauðsynlegum framkvæmdum okkar varðandi húsahitun með rafmagni. Menn munu halda áfram að bera því við að það skorti fjármagn til þess að styrkja dreifikerfi rafveitnanna í landinu sem auðvitað er ekkert nema fyrirsláttur því að þar er ekki um stærra verkefni en svo að ræða að það ætti að vera auðvelt að leysa það jafnóðum. Ég hef nokkuð bent á það hvað hér virðist vera mikil oftrú á stóriðju og sérstaklega stóriðju í félagsskap við útlendinga. Það virðist vera mikil oftrú á hana. Öðrum sýnist alltaf, að þegar um hana er að ræða hljóti þar að vera um stórgróða að ræða og engin rekstrarleg vandamál þó að reynslan hafi átt að kenna okkur að slík stóriðja mætir sínum rekstrarvanda ekki síður en okkar almennu atvinnuvegir.

Það er miklu fleira varðandi þetta mál sem væri eflaust ástæða til að ræða hér um, eins og samningagerðina að öðru leyti. Það er t. d. alveg furðulegt að mínum dómi að það skuli vera samið við hið erlenda stórfyrirtæki á þeim grundvelli að meta þessa tækniþekkingu þeirra á 3.2 millj. dollara strax í upphafi og telja það sem framlag þeirra að þeirra hluta í stofnkostnaði verksmiðjunnar. Þarna er um gífurlega háa fjárhæð að ræða og mun hærri, eins og bent hefur verið á í þessum umr., en fyrirtækið var búið fyrr í umr. um málið að samþykkja. Því er heldur ekki að neita að áframhaldandi greiðsla til fyrirtækisins, sem nemur 3% á ári af framleiðsluverðmætinu, allt vegna þessarar þekkingar á þessum rekstri, er líka mikið gjald. Og til viðbótar við þetta allt saman kemur svo það að Union Carbide á að fá einkasöluaðstöðu á allri framleiðslunni. Það á að fá aðstöðu til þess að hafa eitt með að gera sölu á allri framleiðslu verksmiðjunnar og á heldur betur að fá söluþóknun, eða á milli 3 og 5%. Ég hélt að við hefðum í rauninni verið búnir að læra nóg í þessum efnum af samningagerðinni sem gerð var varðandi kísilgúrverksmiðjuna, þar sem við veittum hinum erlenda aðila einkarétt á sölu framleiðslunnar og gáfum honum þar með kost á því að græða hvernig sem allt veltist, þó að við sætum eftir með taprekstur, þá var hans hag alltaf borgið, og eins verður það vitanlega með þennan rekstur, að Union Carbide verður efnahagslega séð alltaf ofan á þó að við förum þar slyppir frá borði.

Ég hef lýst afstöðu minni til þessa frv. Ég er því algerlega andvígur. Ég hef skýrt frá því áður í umr. að ég var því í rauninni alltaf andvígur á meðan ég var í fyrrv. ríkisstj. Ég dró enga dul á það við samráðh. mína né heldur þá samninganefnd sem fjallaði um þessi mál að ég væri andvígur samningagerð af þessu tagi og teldi að við ættum að standa öðruvísi að okkar raforkusölumálum en á þann hátt sem yrði með uppkomu verksmiðju eins og þessarar. En ég óttast alveg sérstaklega þá stefnu sem ég þykist sjá og heyra hjá núv. hæstv. iðnrh. og núv. ríkisstj. varðandi þessi stóriðjumál. Það er ekki búið að samþykkja þetta frv. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði þegar strax er farið að skrifa um það, að stækka hana eða byggja aðra. Og það er farið að ræða um stækkun á álverinu í Straumsvík og auk þess er svo farið að ræða um ýmsar stórvirkjanir sem eiga að byggjast á erlendri stóriðju.

Það er sérstaklega þessi stefna sem ég óttast. Mér sýnist að hún muni leiða til þess að atvinnulíf okkar íslendinga gerbreytist ef eftir þessari stefnu verður farið, það gerbreytist á stuttum tíma og við verðum efnahagslega háðir erlendum auðhringum. Ég vil ekki trúa því að þeir, sem berjast fyrir þessari stefnu, séu annarrar skoðunar en ég varðandi það að reyna að treysta efnahag þjóðarinnar, heldur vil ég trúa hinu að þeir séu í rauninni alveg blindaðir af oftrú á erlenda stóriðju. Þeir halda að hún muni færa okkur þau verðmæti sem hún mun ekki færa okkur. Svo er hitt, sem ég reyndar mátti vita, að margir þessara manna, sem mest berjast fyrir þessari nýju stefnu, hafa alltaf haft harla litla trú á möguleikum okkar gömlu og þjóðlegu atvinnuvega sem nefndir hafa verið. Því er það

að í hvert skipti, sem eitthvað hefur bjátað á í okkar efnahagslífi ef upp hafa komið einhver vandamál, þá hefur þessi nýja stefna venjulega rokið upp. Þá er það svo að efnahagserfiðleikarnir stafa af því að sjávarútvegur okkar er svo einhæfur og hann er svo fallvaltur, það eru svo miklar sveiflur í honum, eða þá öll ólukkan stafar af landbúnaðinum, að það þarf að borga svo mikið í útflutningsuppbætur eða eitthvað þess háttar. Þá hvarflar hugur þessara manna alltaf að því: Er ekki ráðið út úr þessu öllu saman erlend stóriðja? Eitthvað stöðugt, eitthvað sem lætur ekki undan. En í þessum efnum er það það sem raunverulega er hið rétta að þarna á við hið fornkveðna, ef svo mætti segja: „Árinni kennir illur ræðari.“ Menn hafa verið fljótir að grípa til þess að kenna árinni um ef illa er á haldið, þá er sjálfsagt að kenna sjávarútveginum um eða landbúnaðinum eða íslenskum iðnaði. En það er ábyggilegt að það er hægt að róa miklu betur en gert er með þessari ár. Það er enginn vafi á því að vandinn í okkar efnahagsmálum liggur ekki í því að atvinnuvegir okkar geti ekki dugað jafnvel og erlend stóriðja. Og ég efast auðvitað ekkert um að raunverulega munu þeir duga okkur margfalt betur en stóriðja útlendinganna kemur til með að gera.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði á sér langan aðdraganda. Saga þess er rakin í aths. og fskj. þeim, sem prentuð eru með frv. Viðræður um málið hófust snemma árs 1971 þegar fjallað var um hvernig hagnýta bæri orku frá Sigölduvirkjun. Það er fróðlegt og nauðsynlegt að kynna sér sögu málsins og allan aðdraganda, því að þetta er viðamikið og margþætt mál, stórmál.

Löngum hefur verið um það rætt að íslendingar þyrftu að taka vatnsaflið í þjónustu sína og hagnýta það á arðvænlegan og hagkvæman hátt. Töldu flestir og telja enn að tengja yrði einhvers konar stóriðju við hin stærri skref sem stigin yrðu í virkjunarmálum. Þannig var álvinnslan í Straumsvík tengd Búrfellsvirkjun í Þjórsá og raunar talin alger forsenda hennar. Haustið 1971 var tekin ákvörðun um virkjun Sigöldu. Þá skipaði iðnrh., Magnús Kjartansson, n., sem kunnugt er til þess að vera til ráðuneytis um viðræður við erlenda aðila sem áhuga hafa á þátttöku í orkufrekum iðnaði ásamt íslendingum. N. þessi var að sjálfsögðu skipuð hinum hæfustu mönnum. Ekki er kunnugt um annað en n. þessi hafi unnið samviskusamlega að verkefnum þeim sem henni voru falin, enda hvött til dáða af áhugasömum ráðh. Verk þessi voru unnin í kyrrþey svo sem eðlilegt má telja á undirbúningsstigi, en haustið 1973 var skipuð þm.-nefnd með fulltrúum allra þingflokka sem kynna skyldi sér öll gögn málsins. Skyldi það m. a. gert til þess að stytta þann tíma sem Alþ. þyrfti til að fjalla um þetta mál.

Það voru óvænt atvik, sem réðu því að frv. til heimildarlaga um verksmiðju þessa var ekki lagt fyrir Alþ. fyrir þingslit vorið 1974, en í maí 1974 ritaði iðnrh. Magnús Kjartansson bréf til Union Carbide þar sem lýst er miklum áhuga á því að verksmiðjan megi verða að veruleika hið fyrsta. Það er óþarft að rekja þessa sögu nánar, hún er öllum alþm. vel kunn frá því að málið kom af undirbúningsstigi fram í dagsljósið. Þess skal þó getið að umrædd n. virðist mjög snemma hafa komist að þeirri niðurstöðu að velja bæri járnblendiiðnað frekar en t. d. aukinn áliðnað og unnið síðan rakleitt og samhent að settu marki.

Nú hafa sem eðlilegt er orðið miklar umr. um þetta mál. Það er komið frá Ed. þar sem það var samþ. með miklum meiri hl. atkv. Iðnn. þeirrar d. hélt 12 fundi um málið og kvaddi marga menn á fundi sína, svo sem segir í nál., m. a. alla oddvita sveitarfélaga við norðanverðan Hvalfjörð sunnan Skarðsheiðar og bæjarstjórn Akraneskaupstaðar. Málið virðist því hafa fengið ítarlega meðferð í Ed.

Við undirbúning stórmáls af þessu tagi er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hafa góða samvinnu við heimamenn sem eru væntanlegir nágrannar hinnar fyrirhuguðu verksmiðju. Það er ofureðlilegt að menn séu varfærnir og vilji íhuga vel og vandlega hver verða muni aðstaða þeirra við hlið svo voldugs nágranna. Þarf engan að undra þó að skoðanir séu nokkuð skiptar um slíkt mál meðan það er á umræðu- og undirbúningsstigi. Menn eru yfirleitt ekki ginnkeyptir fyrir snöggum breytingum í nánasta umhverfi sínu. Að því leyti eru menn harla íhaldssamir og vanafastir við búsetu og venjubundna lífnaðarhætti í byggðum landsins og er það oft frekar kostur en löstur. En þegar um svona stórmál er að ræða er eðlilegt, að skoðanir verði nokkuð skiptar í fyrstu. Við munum allir, er við rennum huganum aftur í tímann, þær skiptu skoðanir sem komu í ljós þegar fjallað var um áburðar-, sements- og álverksmiðju. Nú hygg ég að fáir vildu vera án þessara fyrirtækja í landinu.

Hin fyrirhugaða málmblendiverksmiðja verður að meiri hl. í eigu íslendinga og lýtur þeirra umráðum og yfirstjórn í öllum greinum. Svo sjálfsagt sem þetta er hefur það í för með sér að leggja verður fram mjög mikið fé á okkar mælikvarða sem stofnfjárframlag. Upplýst er að það fé muni fáanlegt að láni án þess að það rýri aðstöðu þjóðarinnar til öflunar lánsfjár til annarra viðfangsefna, og hv. 2. þm. Austf., sem hér talaði síðast á undan mér, dró ekki í efa, að þeim í Seðlabankanum mundi takast að útvega þessi lán, eins og hann komst að orði.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt á meðal okkar um nauðsyn þess að renna fleiri stoðum undir íslenska atvinnuvegi og auka fjölbreytni þeirra. Þetta mál er ávöxtur og einn þáttur þeirrar viðleitni. Eitt af því, sem margir hafa óttast, er mengun sú sem fyrirhuguð starfsemi á Grundartanga við Hvalfjörð er talin hafa í för með sér að sumra áliti. Það er eðlilegt að ítrustu varfærni sé gætt í þessum efnum í hinu viðkvæma lífríki íslenskrar náttúru. Á þetta atriði hefur líka verið lögð megináhersla frá upphafi vega af hálfu þeirra sem hafa undirbúið málið. En við skulum líka muna að mengunarvörnum fleygir fram nú á síðari árum, og það eru ekki ýkjamörg ár síðan mengun var fyrst til umr. hér á landi. Allt bendir til þess að mengunarvarnir og aðgæsla í umhverfismálum eigi miklu fylgi að fagna á Íslandi og er það vel.

Þá hefur verið sagt að við ættum að nýta þá umframorku, sem handbær verður við Sigölduvirkjun, til rafhitunar húsa. Þetta mál, sem er einnig stórmál, rafhitun húsa, er að sjálfsögðu ákaflega veigamikið mál og hagsmunamál allra landsmanna. En ég tel að sýnt hafi verið fram á að framkvæmdir við rafhitun húsa hljóti að taka alllangan tíma, a. m. k. nokkur ár. Við ættum því að hafa næga orku til þeirra hluta eftir því sem áfram miðar í virkjunarmálum. Ég er sammála hv. 2. þm. Austf. um að róa beri að því öllum árum að láta varmaveitur og rafhitun leysa af hólmi olíukyndingu húsa svo fljótt sem verða má. En þetta verkefni verður að leysa með jöfnum hraða á næstu árum og þetta frv., ef samþ. verður, á ekki að verða til tafar eða trafala á þeirri leið.

Við 1. umr. málsins hér í hv. d. hafa allmargir þm. talað. Hv. 3. þm. Reykv. flutti einkar fróðlega ræðu og rakti í skýru máli viðhorf sín og afskipti af orkumálum allt frá því að hann stóð lítill drengur við lækinn í Hafnarfirði, sem fyrst var virkjaður fallvatna hér á landi, fram að þeim tíma er hann stóð sem fullþroska maður, æðsti handhafi iðnaðar- og orkumála landsins, og vann að Sigölduvirkjun og málmblendiverksmiðju á Grundartanga. Nú lýsti hann andstöðu sinni við frv. þetta og sagði: Aðstæðurnar hafa breyst, en ekki skoðanir mínar. — Þetta hafa margir sagt á undan honum við svipaðar aðstæður, en á mismunandi trúverðugan hátt.

Hv. 5. þm. Vesturl., félagi Jónas, er allra manna kunnugastur Union Carbide, eins og heyra mátti á hans máli, og hefur gert mjög umfangsmiklar tilraunir til að afla sér upplýsinga um þetta stórveldi og er það að sjálfsögðu mjög virðingarvert. Hv. 5. þm. Vestf. las upp flokkssamþykkt SF í máli þessu. Hv. 3. þm. Norðurl. v. mun hafa komist að þeirri niðurstöðu eftir því sem heyra mátti af hans máli, að styðja málið til n. hvað sem verður um framhaldið. Hv. 2. þm. Austf. ræddi hér aðallega um drögin að raforkusölusamningnum og taldi að þar hefði ekki allur sannleikurinn verið sagður auk þess sem hann ræddi á víð og dreif um hugsanlega Reyðarfjarðarvirkjun o. fl. Aðrir, sem hér hafa talað, virðast hlynntir málinu og meðmæltir, a. m. k. í höfuðatriðum. Málið á sjálfsagt eftir að skýrast við meðferð þess í þessari hv. d. Það er mikilvægt að á það sé litið frá öllum hliðum og séð verði um að það verði skoðað af gaumgæfni. Verði svo gert og vel á málum haldið að öðru leyti tel ég, að það geti orðið okkur ábatavænlegt og hagkvæmt, enda að því stefnt af þeim sem um það hafa fjallað.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Ég vil án þess að nota til þess langan ræðutíma svara nokkrum atriðum, sem fram hafa komið.

Hv. 5. þm. Vesturl., Jónas Árnason, hóf mál sitt með því að spyrjast fyrir um hvaða undur og stórmerki hefðu gerst í aðalstöðvum Union Carbide þar sem þeir íslendingar, merkir menn sem þangað hefðu farið, hefðu komið heim aftur með þeim ummerkjum að þeir hefðu sýnilega orðið fyrir heilögum anda og trúað því að nú væri allt í góðu ástandi með öll mengunarmál. Hann lýsti undrun sinni yfir þessu vegna þess að það væri upplýst að Union Carbide væri mesti mengunarvaldur í Bandaríkjunum og þótt víðar væri leitað. Hann sagði að Union Carbide væri stjórnað af ofríkismönnum sem svifust einskis. Nú er það ekki ég eða núv. ríkisstj. sem hefur valið Union Carbide til samfélags í þessu máli og þess vegna má kannske spyrja hv. þm. á móti, hvaða undur og stórmerki hafi gerst í aðalstöðvum Alþb. að ráðh. bandalagsins í 3 ár skyldi einmitt velja Union Carbide úr hópi allra umsækjenda til félagsskapar um stóriðju hér á Íslandi. Allir vita að eftir að þessi ráðh. Alþb., Magnús Kjartansson, hafði skipað viðræðunefnd um orðufrekan iðnað til þess að ræða við erlend fyrirtæki um stóriðju hér og mikinn kaupanda orku, þá voru margir erlendir aðilar sem til greina komu. En að ákvörðun ráðh. varð einmitt þessi mesti mengunarvaldur, ofríkismenn sem svífast einskis, fyrir valinu. Þetta er mál sem þeir geta gert upp sjálfir í aðalstöðvum Alþb.

Varðandi mengunarhættuna er það næsta furðulegt að þessi hv. þm., sem talar hér af miklum þjóðernisanda og hefur náttúrlega mikla ást á öllu því sem íslenskt er, hann vitnar í ræðu sinni í hvern ameríkumanninn og aðra útlendinga eftir aðra um hvað þeir segja. Hann les hér upp alls konar óhróður eftir hina og þessa útlendinga um þetta fyrirtæki og tekur það sem sannleika sem eigi að gilda í þessum málum. Hann treystir þessum útlendingum, en hann treystir ekki íslendingum. Hann treystir ekki þeim íslendingum sem hafa skoðað þessi mál og hafa látið í ljós álit sitt á því, en það eru margir íslenskir sérfræðingar. Hann treystir því ekki heldur, að Heilbrigðiseftirlit ríkisins og aðrir þeir aðilar, sem munu setja reglur um mengunarvarnir, skilyrði fyrir rekstri fyrirtækisins, líti eftir því að því sé framfylgt. Þeim treystir hv. þm. ekki Hann setur allt sitt traust á útlendinga sem hafa skrifað óhróður um þetta fyrirtæki. Mér finnst þessi ummæli og þessi afstaða bera vott um litla þjóðerniskennd og harla lítið stolt fyrir þjóð sína. Um leið gleymir hv. þm. því að það, sem hér er fjallað um, er fyrirtæki þar sem íslendingar eiga meiri hl. í stjórn, — fyrirtæki sem er háð íslenskri lögsögu og löggjöf, heilbrigðiseftirliti og öllum þeim reglum sem lög og reglugerðir um þau mál setja. Það er harla leitt, þegar alþm. haga áróðri sínum og málflutningi í stórmálum þannig að þeir búa sér til forsendur, oftast falskar forsendur, eins og þessi hv. þm. gerir í þessu máli, og síðan er alltaf byggt á þessari fölsku forsendu, haldin ræða eftir ræðu, skrifuð grein eftir grein, alltaf haldið þessu sama fram, þó að grundvöllurinn sé jafnótraustur og hann er.

Í hinni ítarlegu ræðu hv. 2. þm. Austf. kom fram ýmislegt af því sama sem formaður Alþb. hélt fram í fyrradag í hv. Ed. En þau atriði eru í fyrsta lagi, að rafmagnsverðið sé óhagstætt, þannig að í rauninni sé samið um verð fyrir raforkuna sem sé langt undir kostnaðarverði, eins og hv. þm. Ragnar Arnalds, formaður Alþb. orðaði það, langt undir kostnaðarverði, þannig að ís-

lendingar þurfi að borga stórfé með verksmiðjunni af þeim orsökum. Hv. 2. þm. Austf. var miklu orðvarari í þessu efni, en taldi að það orkuverð, sem ætti að greiða, lægi við kostnaðarverð og vel hugsanlegt að það yrði undir raunverulegu kostnaðarverði. Þetta mál liggur nú raunverulega þannig fyrir, að kostnaðarverð á forgangsorku frá Sigölduvirkjun er í útreikningum Landsvirkjunar áætlað 1.40 kr. á kwst. En samkv. samningsdrögunum við járnblendiverksmiðjuna á hún að greiða 1.42 kr. fyrir kwst. fyrstu 2 árin. Eftir það hækkar verðið, og eins og kunnugt er má endurskoða verðið á fjögurra ára fresti. Verðið á forgangsorkunni er því og verður hærra en kostnaðarverðið.

En varðandi afgangsorkuna mun Landsvirkjun í sínum útreikningum hafa miðað við 7.5 eyri á kwst., sem er þó vitað að er mjög riflega áætlað. Í rauninni er kostnaður við afgangsorkuna miklu minni, lægri en þessi upphæð. Viðhaldskostnaður vegna aukinnar notkunar á vélaafli vegna þessarar auknu orkusölu er mjög óverulegur, þannig að í rauninni má segja, eins og einn verkfræðingur Landsvirkjunar hefur komist að orði í bréfi til mín, að sala á afgangsorku sé í rauninni hreinn gróði fyrir Landsvirkjun. En jafnvel þótt reiknað sé með 7.5 eyri sem kostnaðarverði á afgangsorku, þá er þess að gæta að í samningsdrögunum er einmitt gert ráð fyrir 7.5 eyri fyrir kwst. afgangsorku í byrjun, en verðið hækkar verulega, þannig að eftir 6 ár er það komið upp í 36 aura eða hefur nær fimmfaldast. Það er því ljóst að salan á afgangsorkunni er ákaflega hagstæð og færir Landsvirkjun miklar tekjur.

Í ræðu formanns Alþb., og að nokkru leyti í ræðu hv. 2. þm. Austf., kom fram verulegur misskilningur varðandi afgangsorkuna um það að í rauninni væri afgangsorkan a. m. k. að helmingi til jafngildi forgangsorku. Hv. þm. Ragnar Arnalds mun hafa orðað það þannig að Landsvirkjun skuldbindi sig til að afhenda 50% af afgangsorku á einstöku ári og þess vegna sé sú orka forgangsorka. Nú er hér um grundvallarmisskilning að ræða því að afhending afgangsorku verður auðvitað látin fara fram á þeim tíma árs þegar nægileg orka, mun meiri orka er í kerfinu en á mestu nýtingartímum. Það þýðir, að afgangsorka yrði aðallega seld yfir sumarmánuðina. Samkv. samningum væri jafnvel heimilt, ef Landsvirkjun teldi það æskilegt eða nauðsynlegt, að afhenda enga afgangsorku t. d. í 6 mánuði og láta verksmiðjuna fá þessa umsömdu afgangsorku í aðra 6 mánuði yfir sumartímann þegar ávallt er mun meiri orka í kerfinu heldur en þörf er á til annarra nota. Það er því á misskilningi byggt að jafna þessari afgangsorku og skuldbindingu um afhendingu hennar við forgangsorku. En á þessum misskilningi, þessari röngu grunnforsendu voru allir útreikningar hv. þm. Ragnar Arnalds byggðir sem nú hafa verið birtir í blaði að nokkru leyti.

Varðandi svo þriðja atriðið í þessu sambandi er því haldið fram að það sé full þörf allrar þeirrar orku, sem við höfum, til húshitunar og hér sé því um það að ræða að velja milli aukinnar húshitunar á Íslandi og hins vegar sölu til járnblendiverksmiðjunnar. Þessar fullyrðingar eru einnig alrangar. Hefur mjög oft í þessu máli verið vitnað í útreikninga og áætlanir Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens sem m. a. fyrrv. iðnrh. leitaði mjög oft til og vitnar oft í. Iðnn. Nd. óskaði umsagnar þessarar Verkfræðistofu um það 26. febr. s. l. hvernig þessi mál horfðu við, og niðurstaðan var sú að þó að húshitun væri efld eins og frekast væri tök á, þá væri samt sem áður nægilegt rafmagn til járnblendiverksmiðjunnar. Það segir í þessu bréfi frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens að ljóst sé að við þennan rafhitunarvöxt, sem við teljum að geti orðið, útilokar sala raforku til málmblendiverksmiðju ekki sölu raforku til húshitunar. Ég held að um þetta ætti ekki að þurfa að deila. Þarna er önnur forsenda sem sumir hv. ræðumenn gefa sér, en er röng. Hér er ekki um það að ræða að annaðhvort þurfi að tryggja rafmagn til húshitunar eða selja til járnblendiverksmiðjunnar. Það er alveg ljóst eftir áætlunum að þetta fer hvort tveggja saman þótt járnblendiverksmiðjan yrði reist og fengi sín 60—66 mw. af afli Sigölduvirkjunar, þá yrði engu að síður hægt að halda áfram af fullum krafti með húshitun.

Það er svo að lokum aðeins eitt atriði sem ég vildi hér minnast á, en það er það, að í eitt skipti enn leyfir hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, sér að viðhafa þær fullyrðingar að ég hafi stöðvað, eins og hann orðaði það núna, að Gunnar Thoroddsen lét verða sitt fyrsta verk sem iðnrh. að stöðva allar áætlanir um nýtingu innlendra orkugjafa og það sé ljóst, að fallið sé frá nýtingu innlendra orkugjafa af núv. ríkisstj.

Ég hef áður svarað hv. þm. og rekið þessi ósannindi ofan í hann, en hann hefur haldið áfram og notar m. a. forustugreinar Þjóðviljans, vegna þess að þær eru lesnar upp í útvarpi á morgnana, til þess að þylja þennan boðskap sinn yfir landslýðnum. Á hverju byggir hv. þm. þetta? Hann byggir það á því að í nóv. 1973 hafi falið Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens að framkvæma könnun á því hvernig unnt væri með sem skjótustum hætti að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar og annarra þarfa. Verkfræðistofan skilaði áliti til ráðh. 14. mars 1974, hafði þá unnið að gagnasöfnun og álitsgerðum um þessi mál og skilaði ítarlegri skýrslu. Hún var lögð fyrir Alþ. sem þskj., prentuð ásamt till. frá iðnrh. Sú till. hans mun hafa átt að marka stefnu í þessum málum, um nýtingu innlendra orkugjafa, en það fór um þá stefnumörkun eins og um till. hans um stefnumörkun í raforkumálum að báðar döguðu uppi og náðu aldrei samþykki á þingi. Nú vill hv. þm. halda því fram að ég hafi stöðvað þessa áætlanagerð. Hver er sannleikurinn í því? Sannleikurinn er sá að eftir að Verkfræðistofan skilar þessari álitsgerð sinni 14. mars 1974, þá var henni ekki falið neitt frekar í því efni. Hv. þm., fyrrv. iðnrh., fól ekki Verkfræðistofunni að vinna frekar að þessu máli eftir þann tíma, enda hefur hún síðan um miðjan mars 1974 ekki skilað neinum grg. eða álitsgerðum, og í rauninni taldi hún ekki, að sér væri falið að gera slíkt. Hv. þm. var ráðh. eftir þetta í marga mánuði, þ. e. helminginn af mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, — hann er ráðh. í 5½ mánuð eftir að þessari skýrslu er skilað, tæplega hálft ár, án þess að fela þessari Verkfræði-

stofu nokkrar frekari áætlanir. Ef einhver hefur stöðvað eitthvað í þessu efni þá er það iðnrh. Magnús Kjartansson. Það er furðuleg bíræfni að koma hér hvað eftir annað upp í ræðustól á Alþ. — látum vera, hvað hann skrifar í slíkt blað eins og Þjóðviljann — og halda því fram að ég hafi stöðvað þessar áætlanagerðir. Þetta eru auðvitað gersamlega staðlausir stafir. Ef einhver sök er í þessum efnum, þá er það sök Magnúsar Kjartanssonar sjálfs og einskis annars.

Hins vegar er rétt að geta þess hér af þessu tilefni að eftir stjórnarskiptin hefur að sjálfsögðu verið kostað kapps um að undirbúa hitaveitur og nýtingu jarðhita til húshitunar eftir því sem kostur hefur verið. Varðandi allan undirbúning slíkra framkvæmda var nauðsynlegt að fá aukin tæki til borunar. Við stjórnarskiptin kom í ljós að við bjuggum engan veginn nógu vel í þessum efnum sem er auðvitað grundvöllur undir nýtingu jarðhitans. Að því er snertir stórvirka gufubora kemur í ljós að það var aðeins einn gufubor til sem var sameign ríkisins og Reykjavíkurborgar og hafði verið keyptur til landsins fyrir 17—18 árum. Að vísu hafði fyrrv. iðnrh. eða Orkustofnun undirbúið útboð í nýjan stórvirkan gufubor sem reyndist tilgangslaust vegna þess að afgreiðslutími eða smíðatími á slíku tæki reyndist vera a. m. k. 2—3 ár. Eftir stjórnarskiptin var ákveðið af minni hálfu að freista þess þá þegar að festa kaup á notuðum gufubor, sem að dómi sérfræðinga væri þó vel nothæfur, það voru gerð nokkur tilboð í slíka og niðurstaðan varð sú að kaupa bor sem var um tveggja ára gamall, en í ágætu lagi. Hann er nú kominn til landsins. Hann á eftir að marka tímamót í rannsóknum á jarðhita hér á landi og nýtingu jarðhita. Hann hefur nú boranir innan skamms og í stað þess að hingað til hefur ekki verið borað meira en um eða rúma 2 km. niður í jörðina, þá getur þessi nýi gufubor borað 3 600 m niður. Þessa vil ég geta sem fyrsta atriðis, að hér var um grundvallaratriði að ræða, og þessar ákvarðanir og framkvæmdir núv. ríkisstj. eiga eftir að marka hér tímamót.

Varðandi einstakar hitaveitur má geta þess í fyrsta lagi að vitanlega er haldið áfram af fullu kappi lagningu hitaveitu í Kópavog, Garðahrepp og Hafnarfjörð, lög sett um Hitaveitu Suðurnesja og stjórn komin þar sem er að undirbúa framkvæmdir og verða þær hafnar á þessu ári. Af öðrum stöðum, þar sem hitaveitur eru í undirbúningi, má nefna bæði Akranes, Borgarnes og nágrannahéruð þar, Blönduós, stækkun hitaveitu á Sauðárkróki, Siglufjörð, Akureyri og svo hér austur í sveitum, bæði Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri, svo að ég nefni nokkra af þeim stöðum þar sem hitaveitur og undirbúningur þeirra er í fullum gangi. Einna lengst er á veg komin Hitaveita Siglufjarðar, sem ég vænti að verði hægt að byrja á nú alveg á næstunni.

Hitt er svo rétt, að mér hefur virst nauðsynlegra að reyna að framkvæma eitthvað, bæði afla tækja eins og ég gat um, og að framkvæma bæði jarðboranir og reyna að hrinda í framkvæmd nýjum hitaveitum og stækka þær sem fyrir eru, heldur en vera með sífellda tillögugerð, skýrslur og annað slíkt, en minna um framkvæmdir. Það einkenndi mjög feril fyrrv. iðnrh. og einnig það að ef eitthvað var á döfinni einhvers staðar þá var hlaupið upp í útvarp og sjónvarp og í fjölmiðla til þess að auglýsa það. Þær aðferðir hafa ekki verið viðhafðar nú, heldur lögð á það meiri áhersla að eitthvað yrði úr framkvæmdum.

Ég vildi segja þessi orð hér vegna hinna síendurteknu staðleysa frá hv. þm. og vil þó aðeins bæta því við að hv. þm. var nú svo smekklegur að halda því fram hér, að ég hefði tafið byggðalínuna eða norðurlínuna um hálft ár. Í sömu ræðu sagði þessi hv. þm., Magnús Kjartansson, að strax á árinu 1971, fyrsta ári vinstri stjórnarinnar, hefði hann lagt fram till. í ríkisstj. og hún verið samþ. um að tengja saman með raflínu Norður- og Suðurland. Mér er spurn: Fyrst hv. þm. hefur strax á árinu 1971 fengið það samþ. í ríkisstj. að leggja byggðalínu norður, hví í ósköpunum liða þá þrjú ár meðan hann er ráðh. án þess að hafist sé handa, byrjað á þessari línu? Eftir stjórnarskiptin var þetta mál allt saman tekið til rækilegrar skoðunar, orkumál Norðurlands og norðurlínan og stjórnin hafði ekki setið lengi að völdum þegar gefin voru ákveðin fyrirmæli til Rafmagnsveitna ríkisins um að hraða sem mest þessum framkvæmdum. Í fjárl. fyrir árið 1974 hafði verið gert ráð fyrir að vísu 300 millj. kr. til þessarar byggðalínu, en sú fjárveiting var að hálfu fjmrn. — ég held á fyrri hluta árs 1974 — lækkuð lítillega, hún var nefnilega lækkuð úr 300 millj. niður í 25 millj., enda fór það svo að engar framkvæmdir hófust. Það er því furðulegt að leyfa sér að koma hingað upp eftir þennan feril og ásaka mig um að hafa tafið norðurlínuna í hálft ár.

Það er enn eitt, sem fram kom í ræðu þessa sama hv. þm. Hann segir að hann hafi ráðgert, iðnrh. Magnús Kjartansson, að Hitaveitu Suðurnesja yrði lokið, hún yrði fullgerð á árinu 1976, en ég hafi hins vegar ákveðið að tefja framkvæmdina í 2 ár, þ. e. a. s. hitaveitunni ætti ekki að verða lokið fyrr en 1978. Það er auðvitað ágætt að setja fram slíkar fullyrðingar. Það minnir á það að eitt sinn bar einn ráðh. fram frv. um það að reist skyldi hús yfir Háskóla Íslands, þegar fé yrði veitt til þess í fjárl. Svo var ekkert veitt til þess í fjárl. um langan tíma, og það var ekki fyrr en mörgum árum síðar sem aðrir menn urðu til þess að gera till. um fjáröflun í þessu skyni. En auðvitað þakkaði ráðh. sér alltaf allt, það væri hans verk að hafa komið upp háskólabyggingunni.

Það er líka ágætt hjá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni að segja að í hans ráðherratíð ákvað hann að Hitaveita Suðurnesja skyldi lokið árið 1976. En hann bara gerði ekkert til þess. Meira að segja liggur það fyrir að Orkustofnun skilaði til hans skýrslu í ársbyrjun 1973, þar sem hún taldi, að í Svartsengi væri nægileg orka fyrir Hitaveitu Suðurnesja, og mælti með því að í það yrði ráðist. Þrjú missiri liðu hjá þessum hv. þm. — eða ráðh. án þess að nokkuð væri aðhafst í því. Frv. um þetta efni var ekki lagt fram fyrr en eftir stjórnarskiptin. Jú, maður, sem hefur fyrst tafið málið í 1½ ár, ekkert gert til þess að hrinda málinu í framkvæmd, kemur svo upp í ræðustól á Alþ. og segir: Ég hafði ráðgert að þessu yrði lokið öllu saman 1976, en núv. iðnrh. hefur ákveðið að tefja málið í tvö ár.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara út í fleiri atriði sem hér hafa fram komið þótt fullkomið tilefni væri til þess. Sérstaklega var margt í ræðu hv. 2. þm. Austf. sem væri full ástæða til þess að ræða nánar og rökræða við hv. þm., en væntanlega gefst tækifæri til þess síðar.

Jónas Árnason: Hæstv. forseti. Þau orð, sem hæstv. iðnrh. lét hér falla áðan út af ræðu minni, gefa ekki tilefni til langrar svarræðu af minni hálfu. Þetta verða aðeins fáeinar setningar.

Ég hélt að ég hefði verið að gera hæstv. iðnrh. greiða með því að veita honum þessar upplýsingar um Union Carbide, — upplýsingar, sem svo sannarlega er ekki að finna í grg. með því frv. sem hér er til umr. — upplýsingar sem mér vitanlega hafa ekki verið lagðar fram af hálfu þeirra manna sem hafa fjallað um þetta mál á vegum hæstv. ráðh., engu að síður mjög nauðsynlegar upplýsingar. Það er svo sannarlega ekki vanþörf á að við íslendingar gerum okkur ljóst, þegar við erum að gera samninga við jafnvoldugan aðila og Union Carbide, hvers eðlis þessi auðhringur er.

En þetta reyndist vera misskilningur hjá mér. Ráðh. tók þetta ekki sem greiða og góðvild af *minni hálfu, vanþakkaði þetta allt saman.* Og eins og er að verða því miður siður íslendinga, þá tók hann upp hanskann fyrir auðhringinn, ávítaði mig fyrir óhróður um Union Carbide og skort á þjóðlegu stolti: að láta ekki nægja það sem íslendingar segja okkur um þennan Union Carbide, tala við útlendinga, sem þekkja feril þessa auðhrings, fá hjá þeim upplýsingar um hvers eðlis hann er. Þetta á að vera skortur á þjóðarstolti.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég tek ekkert mark á fullyrðingum þeirra íslendinga sem hafa fjallað um þetta mál á vegum hæstv. ráðh. Þeir hafa greinilega einblint á vissar hliðar þessa máls sem gætu orðið brúklegar til að koma því fram sem þeir hafa alltaf verið ákveðnir í frá byrjun. Þeir hafa, að því er mér virðist, ekki staðið uppréttir í samningum sínum við þennan auðhring. Og það væri ekkert þjóðarstolt þegar maður horfir á landa sína standa í keng, að halda því þá fram að þeir gangi uppréttir.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það voru aðeins nokkrar aths. sem ég vildi gera við þá ræðu sem hæstv. iðnrh. flutti áðan.

Hann sagði að það væri greinilegt að ég væri haldinn misskilningi, að ég hefði misskilið mjög þær reglur sem raunverulega giltu um afgangsorku, og hélt, að framkvæmdin í þeim efnum gæti verið á allt annan veg en ég hefði lýst. En þá kom mjög greinilega í ljós, að hæstv. iðnrh. hefur alls ekki sett sig inn í þetta mál. Nú er þetta mál ekki flókið, það á að vera hægt að gera það upp með örfáum tölum.

Hæstv. ráðh. sagði m. a. að við gætum haldið þannig á framkvæmd þessa máls að við afhentum t. d. á hálfu ári enga afgangsorku, en þá auðvitað þeim mun meira á hinum helmingnum. Nú stöndum við þó frammi fyrir því að í einu ári er ákveðinn klukkustundafjöldi og Union Carbide fær ekki breytt því. Og reikni maður með 365 dögum í árinu og 24 tímum í sólarhringnum, þá er ómögulegt að fá út úr árinu nema 8 760 stundir, það er engin leið. Ef hæstv. ráðh. heldur þannig á málinu að hann er búinn að sleppa helmingnum af árinu þá hefur farið helmingurinn af þessum klukkustundum og þá eru aðeins eftir 4380 stundir. Nú er þarna um tvo ofna að ræða sem taka 30 mw. Annar á að vera samkv. samningi alltaf í gangi svo gott sem, vegna þess að þar er um að ræða forgangsorku upp á 244 mw. Þótt hann hefði hinn ofninn, sem á að taka við afgangsorkunni, í gangi allar þessar klukkustundir í hálft ár, 4380x30, þá fær hann ekki út úr þessu nema 131 gwst. Málið er svona einfalt. En í samningunum segir, að það sé skylda að afhenda minnst 153 gwst., aldrei fara neðar en það. En það er eins og ég benti á, að skilyrðin, sem fylgja afhendingu afgangsorkunnar eru m. a. þau að það megi aldrei fara neðar með afgangsorkuna en niður í 153 gwst. Þó er sagt að þegar gerð eru upp 4 ár í einu, á fjögurra ára tímabilinu, má aldrei fara neðar en í 183 gwst. að meðaltali á 4 árum. Svo er bætt við: þó aldrei neðar en í 244 gwst. yfir allt samningstímabilið, 20 ár. Það sem sagt gefur auga leið þar sem eru tveir ofnar upp á 30 mw. hvor, að *30 mw. ofninn verður að ganga í 8 000 stundir* á ári til þess að ná út 240 gwst.

Sannleikurinn er sá að reglurnar í þessum samningi um afgangsorku eru að langmestu leyti blekkingar. Hér er um það að ræða að það er verið að gera samning um að afhenda 244 gwst. á ári sem forgangsorku og 244 gwst. að meðaltali á ári sem afgangsorku. Við þetta eru líka allar þær áætlanir miðaðar sem hér liggja fyrir *um afkomu verksmiðjunnar. Þær eru miðaðar* við þetta. Það er því ekki svo einfalt að reikna dæmið þannig að þeir fái bara forgangsorkuna, því að þá er vitanlega líka verksmiðjan farin á hausinn, þá stenst hún ekki samkv. útreikningunum. Ég sá það alveg greinilega á því sem hæstv. ráðh. sagði að hann hefur ekki sett sig inn í hvernig þetta er í raun og veru svo að hann kennir mér ekkert í þessum efnum. Ég er nefnilega búinn að fara í skóla til miklu fróðari manna en hann er varðandi þessi mál. Og þetta er það einfalt að það á að vera hægt að skilja það.

En það var annað atriði sem hæstv. ráðh. minntist á og gerði efnislega aths. við það sem ég sagði. Hann sagðist hafa fengið bréf frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Þetta bréf hafði ég líka og hef og vitnaði í það í ræðu minni. Hann las lokaorðin í þessu bréfi þar sem segir að miðað við það hvað þeir telji líklegt að geti orðið um rafhitun húsa, þá telji þeir ekki útilokað að það verði gert hvort tveggja: að selja málmblendiverksmiðjunni raforku og framkvæma húshitunina. En fyrr í þessu bréfi segir að miðað við 100% framkvæmd á húshitunarverkefninu verði um að ræða að það vanti 72 gwst. til þess að til sé orka til að anna þessu. En þeir bara reikna ekki með því að húshitunarmálið verði leyst 100%. Það kemur líka fram í þessu bréfi frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, eins og ég hafði minnst á, að til þess þó að ná þetta langt er búið að reikna með því að Krafla verði 60 mw. virkjun, sem nú er sannarlega ekkert

ákveðið um enn þá. Það kemur líka fram hjá honum að hann gerir aðeins ráð fyrir því í þessum útreikningum að járnblendiverksmiðjan fái þá orku sem skyldugt er að afhenda henni. En þar vantar verulega upp á. Ég reikna með því að við verðum að afhenda járnblendiverksmiðjunni alla þá orku sem útreikningarnir um hana byggjast á og það þýði ekkert að skjóta sér undan því að hún eigi t. d. fyrstu 4 árin að fá undir magni í þeirri trú að hún eigi að fá langt yfir magn á seinni tímanum.

Sannleikur málsins er því sá, eins og ég hafði vikið að og hæstv. ráðh. gat vitanlega ekki hnekkt í einu eða neinu, að það er ekki möguleiki á því að leysa bæði þessi verkefni þannig að eitthvert öryggi sé í okkar raforkukerfi um nægilega orku, — það er ekki möguleiki nema stefnt sé að því að koma upp nýju orkuveri og hefja framkvæmdir á því svo að segja strax. Það er ekki hægt öðru vísi. En það er auðvitað alltaf hægt að segja að þá sé ekkert annað en ráðast bara í nýja stórvirkjun og aftur stórvirkjun. Þá væru menn komnir út í þá sjálfheldu að ráðast í nýja stórvirkjun eins og Hrauneyjarfossvirkjun sem er jafnstór og Sigölduvirkjun. Og séu núna rök fyrir því að það eigi að koma upp járnblendiverksmiðju vegna þess að Sigalda sé of stór, þá koma upp nákvæmlega sömu rök fyrir því þegar Hrauneyjarfoss hefur verið virkjaður, jafnstór virkjun, þá þarf aðra járnblendiverksmiðju til þess að eitthvað vit sé í rekstrinum. Þannig halda menn auðvitað áfram. En þetta geta menn auðvitað ekki sagt allt í einu því að þá mundu norðanmenn ekki fylgja á eftir, þá mundu þeir verða órólegir og ekki vilja samþykkja þetta.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. frekar nú því að komið er fram á nótt og tækifæri gefst til að ræða þetta mál nánar síðar. En ég álít að það sé í rauninni að bæta gráu ofan á svart í þessum efnum ef verið er að skýra mönnum rangt frá um það hvað til stendur og hvað gera verður ef þetta mál verður samþ. Það verður að taka ákvörðun um nýja stórvirkjun og það er Hrauneyjarfoss sem stendur til að ráðast í, og þá er bara að játa það eins og það er. Allir útreikningar og allar forsendur í þessu máli eru byggðar á því. Það er stefnt að því að fresta húshitunarframkvæmdum og bera við peningaleysi vegna þess að dreifingarkerfið sé ekki nægilega gott og velja járnblendiverksmiðjuna fram yfir húshitunarmálin. Að þessu er stefnt. Og raforkusalan er léleg vegna þess að við verðum að ganga út frá því meðaltalsverði sem raunverulega kemur fram í grg. frv. Allir sjá að það meðaltalsverð er svo lágt að það mega í rauninni undur heita ef það nær því að vera framleiðslukostnaðarverð, og það er undarlegt keppikefli að ráðast í virkjanir til þess að afhenda öðrum orkuna á hreinu framleiðslukostnaðarverði. Það er pólitík, sem ég hef aldrei skilið að sé eftirsóknarverð.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Varðandi afgangsorkuna skal ég ekki fara út í þær tölur hér frekar. Hv. 2. þm. Austf. segist hafa gengið í skóla. Ég veit að hann hefur lært töluvert í þeim skóla, það er auðheyrt á ræðu hans, en sumt hefur hann misskilið, þó ekki eins herfilega og formaður flokksins, Ragnar Arnalds, gerði og kom fram í ræðum hans. En ég vil taka fram að að sjálfsögðu hef ég gengið í skóla líka og það sem ég sagði hér um þetta mál, er haft beint eftir þeim verkfræðingi Landsvirkjunar sem mest hefur um þetta fjallað. En þetta er sjálfsagt að skoða nánar og ræða nánar í n. þegar málið kemur þangað.

Varðandi hitt atriðið, hvort járnblendiverksmiðjan mundi koma í veg fyrir húshitun með rafmagni, þá er rétt að ég lesi hér það bréf allt, sem ég vitnaði í frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Það er frá 26. febr. Til skýringar á því skal ég taka fram að þarna er gert ráð fyrir tveimur möguleikum: annars vegar að rafhitun húsa sé lokið í árslok 1980 eða henni sé lokið í árslok 1981. Varðandi það hvenær þessu ætti að vera lokið, vil ég í fyrsta lagi benda á að í þáltill. fyrrv. ríkisstj. um nýtingu innlendra orkugjafa, sem lögð var fram á Alþ. í apríl s. l., segir: „Verði að því stefnt að sem flestir þeirra, sem ekki eiga kost á jarðvarmaveitum geti nýtt raforku til húshitunar fyrir árslok 1981." Það var mark fyrrv. ríkisstj., þar með þessa hv. þm., að þessu yrði lokið, að sem flestir gætu fengið húshitun með rafmagni fyrir árslok 1981. Það var byggt á þeirri áætlun sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens hafði þá gert að í árslok 1980 hefðu 80% af þessu fólki fengið fulla húshitun, en 100% ekki fyrr en í árslok 1981. Á þessu byggist svo þetta nýja bréf 26. febr. frá þessari sömu Verkfræðistofu. Þar segir:

„Hér með fylgir tafla um raforkuþörf alls landsins við mismunandi vöxt húshitunar, annars vegar full húshitun árið 1980 og hins vegar 80% af fullri húshitun 1980. Eins og fram kemur af töflunni er ónotuð orka í kerfinu árið 1980 160 gwst., þegar um 80% hitun er að ræða. Þegar um 100% hitun er að ræða, þ. e. a. s. flýta þessu um eitt ár frá því sem till. vinstri stjórnarinnar gerði ráð fyrir, þá vantar 72 gwst. til að fullnægja þörfinni."

Hins vegar segir:

„Við útreikning á orkuþörfinni er gert ráð fyrir að Akureyri sé öll rafhituð eins og reiknað var með í skýrslu okkar til iðnrh. í mars 1974. Ef hins vegar er gert ráð fyrir að Akureyri fái jarðvarmahitun minnkar orkuþörfin til hitunar um ca. 90 gwst."

Nú geng ég út frá því og ég held að við hljótum öll að vera sammála um að allar líkur séu til þess að Akureyri verði búin að fá hitaveitu fyrir þennan tíma. Ef það verður væri nægileg orka þrátt fyrir járnblendiverksmiðjuna til 100% rafhitunar í árslok 1980, sem sagt ári áður en till. vinstri stjórnarinnar gerði ráð fyrir að henni yrði lokið.

Niðurlag þessa bréfs er á þessa lund:

„Af þessu er ljóst að við þann rafhitunarvöxt, sem við teljum að geti orðið, útilokar sala raforku til málmblendiverksmiðju ekki sölu raforku til húshitunar."

Þetta liggur alveg ljóst fyrir, ekki aðeins af áætlunum þessarar Verkfræðistofu, heldur annarra sérfræðinga líka, að það er ekki rétt að stofnun járnblendiverksmiðjunnar verði til þess að tefja eða draga úr möguleikum á húshitun.

Það er hægt að halda áfram með fullum hraða húshitunarfyrirætlunum, það er hægt að halda áfram með meiri hraða en fyrrv. ríkisstj. gerði ráð fyrir, og orka er til. Að vísu geta menn náttúrlega gert sér alls konar forsendur og fyrirvara. T. d. segir hv. þm.: Kröfluvirkjun — það er ólíklegt að þar verði 60 mw. á þessum tíma. — Ég veit ekki hvað hv. þm. hefur fyrir sér í því. Ég held að honum ætti að vera kunnugt um að árangurinn af tilraunum til að hraða Kröfluvirkjun er sá að möguleikar eru á að hún komist í notkun í árslok 1976, ef ekkert alveg óvænt kemur fyrir, þá verði fyrri vélasamstæða, 30 mw. komin í notkun og sú síðari komi þá árið eftir. Það er því ljóst af öllu, að þessi meginforsenda og grundvallaratriði í ræðum þeirra Alþb.-manna á móti járnblendiverksmiðjunni, þessi meginforsenda, að ekki verði þá til rafmagn til húshitunar, er algerlega röng.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það er aðeins eitt einasta atriði vegna þess að hæstv. ráðh. hefur mikla tilhneigingu til þess að lemja höfðinu við steininn. Ég benti á það í báðum mínum ræðum að þeir útreikningar, sem vitnað er til í þessu bréfi, gera ráð fyrir að járnblendiverksmiðjan fái aðeins 260 gwst. þó að samningarnir og allir útreikningar varðandi verksmiðjuna séu upp á 488 gwst. Ef ráðh. vill reikna með því varðandi orkuþörfina sem frv. byggist á, þá kemur út orkuskortur. Þetta hafði ég bent á, ráðh. bara hljóp yfir þetta eins og ekkert væri.

Það er auðvitað hægt að hugsa sér að járnblendiverksmiðjan fái ekki nema 260 gwst. í staðinn fyrir þá skyldu sem á okkur hvílir samkv. samningunum um 488 og möguleika upp í 550 gwst. En þá er líka rekstrargrundvöllurinn brostinn undir verksmiðjunni. Hvað ætlar hæstv. ráðh. þá að reikna með miklum tekjuafgangi hjá verksmiðjunni á eftir? Þetta er vitanlega ekkert annað en að neita staðreyndum.

En það, sem ég átti við varðandi Kröfluvirkjun, var að vonir standa til þess að bæði verði hún komin upp á þessum tíma og það verði hægt að virkja svona mikið. En það hafði alltaf verið gengið út frá því að í Kröflu yrði aðeins um 30 mw. virkjun þótt nú sé nýlega farið að tala um þann möguleika að fara upp í 60 mw. virkjun sem hér er sett inn í dæmið. En auk þess er svo hitt, að það vita auðvitað allir að það er ekkert vit í því að reka okkar raforkukerfi sem heild án þess að hafa þar eitthvert öryggi vegna þess að það eru miklar sveiflur í framleiðslu kerfisins. Þar er vitanlega ekki um neina samfellda orku þannig að ræða að hún sé jöfn alla daga og alla mánuði ársins. Það þarf vitanlega að hafa eitthvað upp á að hlaupa. Því er það eins og ég hef sagt, það er ekki hægt að sinna öllum þeim verkefnum sem hér er gert ráð fyrir. Það verður einhver undan að láta. Og ég þykist vita að það verður húshitunin sem verður látin bíða. Þeir stöðva ekki járnblendiverksmiðjuna eða láta hana ekki ganga á öðrum mótornum eftir að búið er að byggja hana, — það er víst ekki mikil hætta á því, — ekki a. m. k. núv. ráðamenn í ríkisstj. Íslands.

Alþt. 1974. B. (96. löggjafarþing).

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Ég skal ekki deila frekar við hv. þm., enda hefur hann nú notað sinn ræðutíma. Ég vil aðeins bæta því hér við, sem þm. er náttúrlega kunnugt af grg. þeirri sem fylgir frv., að ein af ástæðunum til þess, að einmitt járnblendiiðnaður var valinn nú, er sú að sá iðnaður getur miklu betur en bæði áliðnaður og margvíslegur annar efnaiðnaður notað afgangsorku. Nú er það þannig hjá okkur á Íslandi að langsamlega mest orkuþörf er að sjálfsögðu að vetrinum til, ekki minnkar sú vetrarþörf þegar rafhitun kemur í stærri stíl en nú er, og auk þess er mest notkunin á vissum tímum sólarhrings. Þess vegna er það þannig við allar rafstöðvar hér að þær hafa meira og minna af orku sem ekki er nýtt, bæði að sumarlagi og að næturlagi.

Sem sagt, einn meginkosturinn við járnblendiverksmiðju í sambandi við raforkuframleiðslu er að járnblendiverksmiðjan getur í ríkum mæli notað einmitt afgangsorkuna og þessi starfsemi fellur einnig vel að húshitun vegna þess að rafmagnsþörf vegna húshitunar er auðvitað miklu minni að sumrinu heldur en vetrinum og m. a. þá gæti járnblendiverksmiðjan fengið töluvert af afgangsorku til sinna nota.

Varðandi þær fullyrðingar, sem hv. þm. endurtekur hér, virðist hann vita um allt þetta betur en sérfræðingar. Ég veit að hann þykist hafa í fullu tré við sérfræðinga á ýmsum sviðum. En varðandi bæði forgangsorku og afgangsorku og hvernig þetta í heild kemur út, þá verð ég að segja það að ég treysti þar betur verkfræðingum Landsvirkjunar og verkfræðingum á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens sem ber fyllilega saman um þetta. Ég verð að treysta þeim betur en hv. þm. í þessum efnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 54. fundur.

Fimmtudaginn 20. mars, kl. 2 miðdegis.

Heilsuræktar- og útivistarmiðstöð á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 381). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aldarafmæli landnáms íslendinga í Vesturheimi, þáltill. (þskj. 384). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Eignarráð á landinu, þáltill. (þskj. 71). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rafknúin samgöngutæki, þáltill. (þskj. 74). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lækkun á byggingarkostnaði, þáltill. (þskj. 269). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, þáltill. (þskj. 299). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hafís fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 303). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Landmælingastjórn ríkisins, þáltill. (þskj. 96). — Fyrri umr.

Flm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég till. sama efnis og þá sem hér liggur fyrir. Till. fór þá til n., en var ekki afgr. úr n. Meðflm. minn að till. nú er hv. 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram. Till. er um landmælingastjórn ríkisins og er á þskj. 96.

Till. gerir ráð fyrir að ríkisstj. skipi 5 manna n. til þess að semja frv. til l. um þetta efni. Að því verði stefnt að undir landmælingastjórn heyri stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi, stjórnun hæðarmerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, landa- og jarðamarkamælingar. Gert er ráð fyrir að n. hraði þessum störfum og frv. um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþ.

Í grg., sem fylgir till., eru færð fram nokkur rök fyrir því að rétt sé að setja löggjöf, þar sem kveðið verði á um stjórn landmælinga á Íslandi. Ég get annars vísað til ræðu minnar frá síðasta reglulega þingi um þetta efni, en ég stikla þó á helstu atriðum sem að baki þessum tillöguflutningi liggur.

Í fyrsta lagi er það sú staðreynd að ekki er til nein löggjöf um þetta efni. Landmælingar Íslands eru til sem stofnun, en án löggjafar, án sérstakrar stjórnar og án valds til þess að segja fyrir um hvernig hinir ýmsu aðilar, sem landmælingar þurfa að nota, skuli starfa. Enginn má þó skilja orð mín svo, að þessi stofnun hafi verið þarflaus. Það er síður en svo. Þar hefur verið haldið áfram því starfi sem áður var í höndum dana, þ. e. kortaútgáfunni sem danir kostuðu allt fram til ársins 1959. Auk þess hafa verið teiknuð þar gróðurkort og jarðfræðikort af landinu, kort sem orðin eru yfir 50 að tölu, ljósmyndun úr lofti til teiknunar tæknilegra korta sem aðrir hafa unnið o. fl., o. fl. hefur þarna verið gert. Auðvitað verða því Landmælingar Íslands eftir sem áður starfandi ekki síður en Sjómælingar Íslands. Þessar stofnanir eru nauðsynlegar, en með löggjöf um þessi efni og starfsemi þessara og fleiri aðila er að því stefnt að kveða á um réttarstöðu þeirra og vald. Frá landmælingastjórn mundu þeir, sem fást við landmælingar, fá ákveðna þjónustu, fyrirmæli og vernd. Allar ríkisstofnanir, sem þurfa á mælingum og kortum að halda yrðu að leita til stjórnarinnar og fá þar fyrirmæli um það, hvernig að verkum skuli staðið. Þessar stofnanir mundu eftir sem áður geta unnið verkin og eiga að gera það.

Í öðru lagi er það skoðun mín að fé, sem varið er til landmælinga, nýtist illa vegna skipulagsleysis. Í dag fara þríhyrningamælingar og kerfisbundnar hæðarmælingar fram á vegum a. m. k 5 ríkisstofnana. Þær eru: Landmælingar Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun, Skipulag ríkisins og Vegagerð ríkisins. Eins og ég sagði áðan eru engin lög til um hvernig eigi að framkvæma þessar mælingar svo að þær komi að sem víðtækustum notum og geti fengið almennt gildi. Reyndar má bæta við þessa upptalningu Landnámi ríkisins. Búnaðarfélagi Íslands og Rafmagnsveitum ríkisins. Eftir því sem næst verður komist má ætla að ríkisstofnanir verji nú fast að 100 millj. kr. til landmælinga á ári hverju, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög um 50 millj. og verktakar ýmsir um 50 millj. kr. eða að samtals sé varið til þessara mála um 200 millj. kr. á ári. Það má segja, að ekkert samband sé á milli þessara aðila og verk, sem einn vinnur, getur því ekki nýst öðrum vegna þess að alla samræmingu vantar.

Landmælingar skiptast aðallega í þrjá hluta: Í fyrsta lagi landmælingar vegna rannsókna á landi til skipulagningar lnads og til verkfræðilegrar hönnunar. Í öðru lagi landmælingar til ákvörðunar á mörkum lóða og landa. Og í þriðja lagi landmælingar við gerð mannvirkja. Í þeim flokki eru allar landmælingar verktakafyrirtækja. Með löggjöf um þetta efni fengi landmælingastjórn ákveðið vald til að segja fyrir um hvernig að landmælingum skuli staðið. Hún yrði jafnframt upplýsingamiðlari. Með þessu móti mundi sparast fé og skipulag kæmist á verkin sem vinna þarf, samræming mælikvarða og fleira þess háttar.

Í þriðja lagi nefni ég kortaútgáfuna. Ég held að engum sé nú ljóst að hvaða kortaútgáfum er nú unnið eða hvort þær útgáfur séu þær hentugustu. Ég gæti nefnt hér nokkrar þær kortaútgáfur sem unnið hefur verið að, en ég sleppi þeirri upptalningu, hún er nokkuð löng. En á þessu sést þó, að þarna er ekkert skipulag. Þar er um enn eina ábendingu að ræða sem sannar okkur nauðsyn löggjafar um þessi efni. Landmælingastjórn yrði aðili sem gæti sam-

ræmt aðgerðir þannig að allar ríkisstofnanir og einstaklingar ynnu að sama markmiði svo að sem best nýting verði á þeim fjármunum sem til þessara mála er varið.

Í fjórða lagi má nefna það öryggi sem krefjast verður við landmælingar. Eins og ég sagði er áætlað til landmælinga vegna lóðamarka og lóðauppdrátta svo og landa og jarðamarka sé a.m.k. varið 50 millj. kr. á ári. Þótt auðvitað verði í þessum verkum sem öðrum að gæta fyllstu hagkvæmni, er aðalatriðið fyrst og fremst að öryggi landa- og jarðaeigenda sé tryggt fyrir því að þessar landmælingar nái tilætluðum árangri, þ.e.a.s. að mælingarnar séu rétt gerðar, að þær greini rétt frá mörkum, að þær hafi lagalegt gildi og að hægt sé að setja út mörkin bæði á kortum og í landinu sjálfu án mikillar fyrirhafnar.

Þá má einnig nefna hverja þýðingu landmælingar hafa fyrir öryggi við skráningu fasteigna. Markmið slíkrar skráningar er safn upplýsinga um staðreyndir varðandi hverja skráningaeiningu. Til að ná fram slíkri heildarskráningu alls landsins er nákvæm kortlagning nauðsynleg og óhjákvæmileg. Því fer víðs fjarri að slík nákvæm kortlagning sé til hér á landi þannig að unnt sé að byggja á heildarmatrikel skráningu eða staðgreiningarskráningu, eins og hún hefur verið nefnd hér.

Fyrsta afmörkun landssvæða hér á landi hófst með komu landnámsmanna. Var þá þegar fylgt ákveðnum reglum um hvernig helga mætti sér land til eignar og umráða. Við þá afmörkun hefur að sjálfsögðu ráðið mestu landfræðileg lega landsins með tilliti til samfelldra nytja og greinileg afmörkun þess, svo sem fjöll, ár, firðir og flóar. Við þessa frumskiptingu landsins búum við enn í dag í stórum dráttum.

Í till. okkar er lagt til að ríkisstj. skipi 5 manna n. til þess að semja frv. um þetta efni. Í till. er kveðið á um hverjir skuli tilnefna nm., þ.e.a.s. 4 þeirra, en form. skuli skipaður án tilnefningar. Það má að sjálfsögðu um það deila hverjir eigi að tilnefna menn í n. sem þessa, en við höfum valið þann kostinn sem segir í till. Í fyrsta lagi að Rannsóknaráð ríkisins tilnefni einn mann. Það er vegna þess að í Rannsóknarráði sitja fulltrúar fyrir þær rannsóknastofnanir sem af ýmsum ástæðum eiga hagsmuna að gæta varðandi landmælingar. Þar nefni ég sérstaklega stofnanir landbúnaðarins. Í öðru lagi er ætlast til að Dómarafélag Íslands tilnefni einn mann. Það er vegna þess að þar er um að ræða þinglýsingardómarana sem þekkja betur en aðrir hvar skórinn kreppir varðandi hin mjög svo ófullkomnu skjöl sem komið er með til þinglýsingar. Við þessa aðila er æskilegt að sé sem nánast samband við samningu frv., og þeir þurfa að geta komið að sínum viðhorfum og leiðbeiningum. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn mann. Það er af þeirri eðlilegu ástæðu að sveitarfélögin í landinu eru það stór aðili í landmælingum og lóðamælingum að viðhorf þeirra þurfa að koma þarna fram. Og í fjórða lagi er lagt til að einn nefndarmaður verði tilnefndur af Verkfræðingafélagi Íslands. Innan vébanda Verkfræðingafélagsins eru menn-irnir með sérþekkinguna.

Kerfisbundnar hæðarmælingar hefjast ekki hér á landi fyrr en 1900 og stóð herforingjastjórnin danska fyrir þeim. Þessum mælingum var eingöngu ætlað það hlutverk að vera grundvöllur að kortagerð í mælikvarða 1:100000. Í dag gera menn allt aðrar og miklu meiri kröfur til þríhyrningamælinga. Í dag er krafan sú að fyrir utan það að vera grundvöllur að kortagerð eiga þær að vera grundvöllur að mannvirkjagerð alls konar. Vegagerðin þarf t.d. á nákvæmum þríhyrningamælingum að halda þegar nú t.d. hraðbrautaframkvæmdir og önnur vegalagning er betur undirbúin en áður hefur tíðkast. Sjómælingar byggja að miklu leyti mælinga- og siglingaákvarðanir á hnattstöðutölum sem fengnar eru frá þríhyrningamælingum. Og með vaxandi flugumferð og blindflugskerfum er nauðsynlegt að þríhyrningamælingar séu nákvæmari en nokkru sinni fyrr. Þá má og nefna not þríhyrningamælinga til að ákveða landa- og lóðamerki í hnitkerfi landsins bæði í þéttbýli og strjálbýli.

Í nágrannalöndum okkar eru áratugir liðnir síðan komið var fastri skipan á landa- og jarðamarkamælingar. Hjá okkur er nánast ekkert til nema ófullkomnar, en að ýmsu leyti skemmtilegar lýsingar á jarðamörkum. Eiginlegar mælingar á þeim mörkum eru ekki til. Það er því orðið tímabært að koma skipan á þessi mál. Ég vona því að þessi till. fái góðar undirtektir á hv. Alþ.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Síldarverksmiðjur ríkisins byggi verksmiðju á Snæfellsnesi, þáltill. (þskj. 168). — Ein umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Þáltill. þessi er flutt af öllum þm. Vesturl. ásamt 2. landsk. þm., Benedikt Gröndal.

Sem kunnugt er eru út af Snæfellsnesi ein bestu fiskimið landsins og það fólk, er byggir kauptúnin á nesinu, lifir að mestu leyti á þeirri vinnu er sjávaraflinn veitir. Á svæðinu frá Akranesi til Patreksfjarðar er engin fiskimjölsverksmiðja sem getur unnið feitan fisk eða fiskúrgang. Verksmiðjur þær, er til eru á Snæfellsnesi, geta ekki unnið loðnu né karfa, enda gamlar og þurfa senn endurnýjunar við.

Fiskframleiðendur í Ólafsvík, Rifi og Hellissandi stofnuðu á s. l. hausti hlutafélag er heitir Nesmjöl h.f. Félag þetta hefur látið gera athugun á kostnaði við verksmiðjubyggingu sem hentaði fyrir hlutaðeigandi staði. Stofnkostnaður við framkvæmdina er það mikill að hann er ofviða félaginu. Því er það að leitað er til opinberra aðila um að koma upp og reka verksmiðju á Snæfellsnesi.

Sem kunnugt er hafa Síldarverksmiðjur ríkisins reist verksmiðjur víðs vegar á landinu og bjargað þannig verðmætum og tryggt betur en annars hefði verið atvinnulíf á hlutaðeigandi

svæðum. Verksmiðjur þessar eru á eftirgreindum stöðum: Skagaströnd, Siglufirði, Húsavík, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði. Margt mælir með því að fá verksmiðju á Snæfellsnesi því að mikil loðna er þar skammt frá landi.

Eins og fram kemur í fskj. því er fylgir grg. þessarar till., eru loðnuveiðar á 6. og 7. veiðisvæði, sem eru á Breiðafirði og við Snæfellsnes, allmiklar, og árið 1972 veiddust þarna um 100 þús. tonn af loðnu eða nær því fjórði hluti loðnuaflans í landinu það ár. S. l. ár veiddust á sama veiðisvæði rúmlega 136 þús. tonn eða tæplega fjórði hluti aflans. Það gefur auga leið að öll rök mæla með því að það sé byggð verksmiðja á Snæfellsnesi þar sem mikil loðnuveiði er skammt frá landi, auk þess sem þar eru fiskimið ágæt. Það sýnir sig að hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða og það kostar allmikið fjármagn og miklu meira en félag það, er ég áður gat um, treystir sér til að ráðast í. Ég vænti því að Alþ. taki þessari till. vel. Það er von okkar flm. að Síldarverksmiðjur ríkisins sjái sér fært að koma þarna til móts við þá sem sjóinn stunda á Snæfellsnesi, eins og víða annars staðar á landinu, svo að hægt verði að nýta betur þann afla, er berst á land, en annars væri kostur.

Herra forseti. Ég vona að hv. alþm. taki till. þessari vel og samþ. hana eins og hún liggur fyrir á þskj. 168. Ég legg til að till. verði vísað til atvmn. og umr. frestað.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það hefur þegar verið gerð glögg og ítarleg grein fyrir þessari till. og mikilvægi hennar svo að ég þarf þar raunar sáralitlu við að bæta. En ég bendi á og ítreka að flm. þessarar till. eru allir þm. Vesturl., enn fremur það, sem komið hefur fram, að á svæðinu frá Akranesi til Patreksfjarðar er engin fiskmjölsverksmiðja sem getur unnið feitan fisk eða fiskúrgang, síld, loðnu og karfa. Það eru að vísu til gamlar verksmiðjur í Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og á Hellissandi, en þessar verksmiðjur eiga aðeins eitt sameiginlegt, að þær eru að syngja sitt síðasta vers og er óhjákvæmilegt að hefjast handa um uppbyggingu þeirra hið allra bráðasta. Það getur hver maður séð sem hugsar út í þetta mál, að það er þjóðhagsleg nauðsyn að byggð sé verksmiðja sem getur unnið feitan fisk og fiskúrgang á Snæfellsnesi og tekið á móti loðnu, þar sem eitt af bestu loðnuveiðisvæðunum er rétt úti fyrir Snæfellsnesi.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mörg, aðeins ítreka þetta, sem hér hefur verið sagt, og benda á í lokin að ég mun hlutast til um að n. þeirri, sem fær þetta mál til meðferðar eða þessa till., verði send ítarleg grg. um þetta mál og þá miklu almannahagsmuni sem í húfi eru ef úrbætur fást ekki innan tíðar.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt um nauðsyn þessarar verksmiðju og læt í ljós um leið þá trú að stjórnvöldum, sem virðast nú tilbúin að ráðstaða — ja, næstum að það sé umsvifalaust — eins og 10 milljörðum í tiltekna verksmiðju á Vesturlandi, þ. e. málmblendiverksmiðju sem á að reisa við Hvalfjörðinn, — að þeim stjórnvöldum verði ekki skotaskuld úr því að snara út því fjármagni sem þarf til að koma upp verksmiðju af þessu tagi, sem hér um ræðir, á Snæfellsnesi.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum, þáltill. (þskj. 247). — Ein umr.

Flm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 247 till. til þál. um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum, en till. hljóðar á þessa leið:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun og rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum. Áhersla verði lögð á gagnasöfnun og rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, eðli þeirra og orsökum, enn fremur hvort unnt sé að sjá fyrir og hindra snjóflóð og skriðuföll og hvaða vörnum og viðvörunum verði við komið. Ríkisstj. leggi fyrir Alþ. niðurstöður þessara athugana ásamt till. til úrbóta."

Snjóflóð og skriðuföll eru mjög algeng náttúrufyrirbæri hérlendis, enda hafa skriður átt drjúgan þátt í mótun landsins. Frá upphafi byggðar hafa þessar náttúruhamfarir öðru hvoru gert usla í lífi og starfi þjóðarinnar og valdið stórfelldu manntjóni og eignatjóni.

Snjóflóðin í Norðfirði og víðar nú í vetur hafa enn minnt harkalega á það að hefja verður skipulegar og hagnýtar snjóflóðarannsóknir á Íslandi, en jafnframt þurfa einnig að koma til rannsóknir á skriðuföllum.

Ýmsir íslendingar hafa unnið merkileg störf að gagnasöfnun í þessum fræðum. Ólafur Jónsson hefur t. d. skrifað mikið og gagnmerkt ritverk um skriðuföll og snjóflóð. Almannavarnanefnd ríkisins hefur nokkuð hafist handa í þessum málum, m. a. með því að skrifa bæjaryfirvöldum í þeim kaupstöðum á landinu, þar sem snjóflóð gætu fallið, og óska eftir kortlagningu hættusvæða. Enn fremur hefur n. beðið um álit á því hvaða vörnum væri hugsanlegt að koma við til varnar gegn snjóflóðum.

Erlendis hafa rannsóknir á snjóflóðum, fjallhruni og jarðskriðum verið gerðar um alllanga hríð. Í Sviss, Noregi, Bandaríkjunum og eflaust víðar er þessi starfsemi talsvert öflug í formi rannsóknar- og athugunarstöðva. Ein merkasta rannsóknarstöð um snjóflóð er í Davos í Sviss og er markmið hennar að vinna að vörnum gegn snjóflóðum og gera svonefndar snjóflóðaspár til viðvörunar. Þá er einnig unnið skipulega að björgunarstörfum, m. a. með hjálp hunda og rafbylgjutækja. Einnig fer fram fræðslustarf um snjóflóð, bæði með fyrirlestrum og útgáfustarfi.

Safna þarf öllum upplýsingum um snjóflóð og skriðuföll og kortleggja hættusvæðin. Þá þarf vísindalegar rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, orsökum þeirra og eðli. Er t. d. unnt að sjá snjóflóð fyrir, þannig að ráðrúm gefist til viðvörunar?

Sjálfsagt er að leita til þeirra stofnana erlendis sem hafa á að skipa reyndum sérfræðingum í vörnum gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Sérstaklega virðist áríðandi að hraða aðgerðum í öllu er lýtur að snjóflóðum.

Eins og segir í grg., eru snjóflóð og skriðuföll mjög algeng náttúrufyrirbæri hérlendis, enda hafa skriður átt drjúgan þátt í mótun landsins. Ef skyggnst er aftur í tímann og athugaðar frásagnir fornrita um skriður á fyrstu öldum Íslandsbyggðar, kemur í ljós að engar slíkar frásagnir eru finnanlegar. Enginn efi er á því að snjóflóð og skriður hafi fallið á þessum tímum eins og bæði fyrr og síðar. Þó eru til sagnir um snjóflóð, t. d. í Sturlungasögu, þar sem segir á einum stað að snæskriða hafi tekið 5 manns sem allir hafi farist. Mun það hafa verið á öndverðri 12. öld.

Í annálum er sagt frá skriðum úr fjöllum í byrjun 13. aldar og var haustið 1206 kallað skriðuhaust, enda féllu þá skriður m. a. undir Eyjafjöllum sem drápu 15 hesta.

Árið 1390 voru mikil skriðuhlaup, einhver þau stórfelldustu og mannskæðustu sem vitað er til að orðið hafi hérlendis. Flateyjarannáll greinir frá þessum skriðum. Höfðu verið miklir vatnavextir og úrkoma og hlupu fram skriður meira og minna um allt land. Ónýttust bæði skógar, engjar, töður og úthagar. Þá tók bæ allan á Hjallalandi í Vatnsdal og 6 manns fórust. Þá tók og bæ í Búðarnesi og önduðust 12 manns og þá tók skriða allan bæinn á Löngulíð ytri í Hörgárdal, sem nú heitir Skriða, og létust þar 16 manns. Er þetta mannskæðasta skriðufall sem vitað er til að hlaupið hafi hér á landi. Samanlagt urðu því 36 manns undir skriðum af völdum sömu stórrigningar um og eftir miðjan nóvember 1390.

Árið 1545 féll feiknamikil skriða í Vatnsdal, svokölluð Skíðastaðaskriða. Er það eitt hið mesta skriðuhlaup sem orðið hefur hér síðan land byggðist. Skarðsárannáll segir svo um þetta skriðuhlaup:

„Féll mikil skriða í Vatnsdal um eina nótt að áliðnu sumri um engjasláttutímann og tók af einn bæ, þann er Skíðastaðir hét. Urðu þar undir 14 menn. Þar bjó sá maður er Sæmundur hét, vel fjáreigandi. Ekkert fannst í því mikla skriðufalli nema hönd hin hægri af Sæmundi bónda og var hún auðkennd, því að henni fylgdi silfurbaugur er á fingrinum var. Vildu menn svo í þann tíma þetta ráða að sú hans hönd skyldi fá kirkjuleg fyrir ölmusugjafir. Hann gaf alla tíð fátækum með henni. Völlur að Skíðastöðum hljóp yfir langt á eyrar sem þeir kalla nú Hnausa. Er þar nú byggð og heyskapur mikill. Vatnshlaup hafði komið undan grjóthruninu og hratt það fram túninu og er þar nú stöðuvatn á sléttlendinu sem vatnið nam staðar, en sú fárlega skriða uppundan sem nefnd er Skíðastaðaskriða nú síðan."

Það er talið líklegt að skriða þessi hafi fallið í septembermánuði og neðan við fjallrótina hafi breidd Skíðastaðaskriðu a. m. k. numið 500 m. Á flatlendinu fyrir neðan hefur skriðan dreifst yfir svæði sem er um 1000 m langt frá norðri til suðurs, þ. e. inn dalinn, en um 500 m frá austri til vesturs. Allt þetta svæði hefur þakist leir, sandi og þykkum jarðvegstorfum. Þá er einnig talið að meðalþykkt skriðunnar niðri á láglendinu hafi numið um 2 m þegar hún var nýrunnin og efnismagn hennar hefði þá getað verið um 1 milljarður rúmmetra. Efstu upptök skriðunnar eru líklega í um 600 m hæð yfir Vatnsdal á allbreiðum kafla.

Nær 200 árum síðar eða árið 1720 féll skriða sú, er nefnd hefur verið Bjarnastaðaskriða og kennd er við Bjarnastaði í Vatnsdal, en Bjarnastaðir voru og eru næsti bær innan við Hnausa og því næsti bær innan við Skíðastaðaskriðu. Bærinn mun nú standa nokkru sunnar en þá var. Um Bjarnastaðaskriðu eru margar heimildir sem engin ástæða er til að vefengja. Skriðan er ein sú mesta sem fallið hefur hér á landi og sú sem mestum og varanlegustum landsspjöllum hefur valdið. Hún féll úr fjallinu ofan við Bjarnastaði skammt fyrir sunnan Skíðastaðaskriðuna. Hún var stórgrýtt og steyptist niður yfir bæinn á Bjarnastöðum, sópaði honum burtu eða gróf gjörsamlega með mönnum og málleysingjum ásamt húsi, túni og engjum. Skriðan hljóp yfir dalinn og stíflaði Vatnsdalsá svo mjög að mikið vatn safnaðist framan við stífluna og náði flóðið að lokum allt fram að Kornsá og Hvammi. Þá varð til varanlegt stöðuvatn, Flóðið, sem enn getur að líta eins og kunnugt er. Sagt er að þetta flóð hafi um nokkur ár tekið burt mestallt engjatak 8 Þingeyrarjarða. Áin hefur að líkindum ekki stöðvað skriðuna, heldur hefur hún haldið áfram nokkurn spöl norðvestur með álmu þeirri af Vatnsdalshólum er þarna gengur niður að Vatnsdalsá. Heimildum ber ekki fyllilega saman um manntjónið, en talið er að þarna hafi farist 5—7 manneskjur. Skriðufar Skíðastaða- og Bjarnastaðaskriða er í meginatriðum svipað.

Árið 1797 féll fram mikið jarðhlaup á Guðrúnarstaði í Möðruvallasókn í Eyjafirði, svonefnd Guðrúnarstaðaskriða. Svo vel vildi til að húsbóndinn á Guðrúnarstöðum var staddur utan við bæinn og hafði leyst út nautgripi sína. Hann kom viðvörunum við heim á bæinn og allt heimilisfólkið bjargaðist mjög naumlega undan skriðunni. Hlaupið virtist springa fram úr fjallinu upp af bænum og fór mjög hratt eins og venja er til um jarðhlaup, en þó ekki hraðar en svo að fólkið fékk tíma til að forða sér. Er talið, að frá því sást til flóðsins og þar til það tók bæinn hafi liðið a. m. k. 3 mínútur.

Árið 1811 urðu mikil skriðuföll norðan- og austanlands. Þá tók m. a. af í annað sinn bæinn á Guðrúnarstöðum í Eyjafirði.

Sumarið 1858 var veðurfar mjög vætusamt og haust gekk snemma í garð. Í októbermánuði urðu mikil skriðuföll. Þá féll skriða á túnið á Brekku í Kaupangssveit í Eyjafirði og gerði talsverðan usla. Mest voru þó skriðuhlaupin í Kolbeinsdal í Skagafirði, einkum þau er urðu á Skriðulandi. Á meðan bóndinn þar var að reyna að bjarga fólki og búfé úr yfirvofandi háska, féllu a. m. k. fimm stórskriður í Skriðulandslandi og sennilega einhverjar nokkru áður. Hér mun hafa verið um að ræða aurskriður, en þær skriður fara venjulega hægar. Þó fara slíkar skriður svo hratt að ekki vinnst mikill tími til umsvifa, enda eru fjöll þarna brött. Þennan dag féllu víðar skriður en í Kolbeinsdal.

Árið 1886 urðu mikil skriðuhlaup á Kjalarnesi. Þá féllu mjög margar skriður úr Esjunni og 9 jarðir á Kjalarnesi og ein í Mosfellssveit urðu

fyrir stórskemmdum af skriðuhlaupum 2. sept. þetta ár. Þessum skriðum mun hafa valdið mjög stórfelld rigning, sem stóð u. þ. b. einn dag. Árið eftir urðu fádæma skriðuhlaup og vatnavextir víða norðanlands, svo sem í Óxnadal, Svarfaðardal og víðar. Í ágústmánuði 1897 urðu miklir vatnavextir og skriðuföll á Austurlandi. Mestar skriður urðu á Seyðisfirði, Loðmundarfirði og Mjóafirði. Féllu skriður á Búðareyri í Seyðisfirði úr Strandatindi og ollu verulegu tjóni á mannvirkjum og öðrum eignum.

Á þessari öld hafa fallið margar og stórar skriður víðsvegar um landið, helst á Austfjörðum, Vestfjörðum, Eyjafirði og víðar á Norðurlandi. Talsvert manntjón hefur orðið af þessum skriðuföllum. Ég vil aðeins minna á örfá meiri háttar skriðuhlaup á þessu tímabili.

Jökulhlaupið í Sölvadal í Eyjafirði við bæinn Draflastaði hljóp fram 19. júní 1941. Er það sennilega mesta skriðufall á þessari öld. Jarðvegsmagnið, sem þarna spýttist fram, mun hafa numið 45 þús. rúmmetrum og allt hlaupið með hlaupfarinu tók yfir 50—60 hektara. Hallinn á hlaupinu er merkilega lítill, náði líklega hvergi 20 gráðum. Við upptök skriðunnar var dýpt hlaupfarsins um 4 m.

Árið 1926 tók skriða bæinn að Steinum undir Eyjafjöllum. Voru þar tveir bæir, Vesturbær og Uppibær, tvö fjós, 5 hesthús og 3 heyhlöður. Fólk og fénaður bjargaðist mjög naumlega. Þessi mannvirki urðu undir urð. Steinalækur, sem fellur fram af Steinafjalli, olli þessari umbyltingu, en geysileg úrkoma var á þessum slóðum um þetta leyti.

Mjög úrkomusamt var á Austfjörðum í júlímánuði 1950. Þá féllu miklar skriður á Hólmum í Reyðarfirði. Á Seyðisfirði gerði óhemju úrkomu 19. ágúst það ár ofan í samfellda vætutíð. Í ysta íbúðarhúsi bæjarins á ströndinni sunnan fjarðarins bjó Aðalsteinn Jónsson. Hann vaknaði snemma morgunsins og þótti veður ískyggilegt og ótryggt að dveljast í húsinu sem stendur undir hæsta og brattasta hluta Strandatinds. Hann vakti upp fólkið og bað það búast til brottferðar. Fór hann síðan á reiðhjóli inn á Búðareyri að sækja bíl til að flytja fólkið á brott. Hafði hann sagt fólkinu að yfirgefa húsið kæmi hann ekki strax aftur. Fólkið hikaði við að leggja út í veðurofsann, nema ein kona sem lagði af stað fótgangandi og bar ungan son sinn. Skipti það engum togum að vatns- og aurskriða steyptist yfir húsið, molaði það í rúst, nema brak úr húsinu sem flaut ofan á skriðunni. Í þessari skriðu fórust fjögur börn Aðalsteins, en kona hans og ein dóttir björguðust eftir þrjá tíma. Þá bjargaðist maður konunnar sem hafði yfirgefið húsið og sonur þeirra. Á sama tíma féll önnur skriða á Síldarverksmiðju ríkisins, sem er nokkru innar, og olli miklum spjöllum.

Árið eftir varð sviplegt slys á þjóðveginum um Öshlíð milli Hnífsdals og Bolungarvíkur þegar hópur íþróttamanna frá Akureyri og Ísafirði var þar á ferð í langferðabíl. Létust þar tveir ungir íþróttamenn frá Akureyri og tveir slösuðust mikið. Stór steinn, um smálest að þyngd, hafði losnað úr fjallinu og lenti á bifreiðinni.

Árið 1955 féll skriða á nýbýlið Hjalla í Kjós með þeim afleiðingum að lítil telpa fórst, en húsmóðirin ásamt 6 börnum hjónanna bjargaðist naumlega.

Snjóflóð eru ólík skriðuföllum að því leyti til að þau skilja sjaldnast eftir nokkur vegsummerki sem haldast mega til langframa og hafa má til marks um eðli þeirra og útbreiðslu. Frásagnir um snjóflóð eru fremur fátæklegar fram eftir öldum og raunar fram yfir síðaskipti. Er kemur fram á 17. öld, fer þó frásögnum að fjölga og mætti minnast á mörg snjóflóð sem féllu á 17. og 18. öld.

Veturinn 1698—1699 var mikill frosta- og snjóavetur og urðu snemma á árinu 1699 mikil snjóflóð, mannskaðar og eignatjón. Þann 15. janúar hljóp snjóflóð á Reynivelli í Kjós, tók öll hús nema kirkjuna, smiðjuna og fjósið. Fórust þar 7 menn, þ. á m. prófasturinn í Kjalarnesþingi, sr. Oddur Jónsson. Eftir þennan atburð var bærinn á Reynivöllum fluttur til og settur niður á annan stað. Mörg fleiri snjóflóð urðu þennan vetur víða um landið.

Í maímánuði 1725 hljóp snjóflóðið á bæinn Vatnsenda í Héðinsfirði og tók hann allan. Heimildum ber ekki saman um hvað fórst af fólki í þessu snjóflóði. Sumir segja að þrennt hafi farist, aðrir 5 og enn aðrir að 6 manneskjur hafi farist í þessu snjóflóði.

Árið 1732 hljóp mikið snjóflóð á bæinn Brimnes sem er nyrsti bær norðanvert við Seyðisfjörð. Tók flóðið baðstofuna og mestan part bæjarins og 9 manneskjur fórust, en 9 komust af. Svo kraftmikið var þetta snjóflóð að það hljóp á sjó fram. Eitt stúlkubarn, að nafni Snjófríður, fannst í flóðinu þegar 9 dægur voru liðin frá þessum atburðum. Heyrðu menn í barninu þegar þeir gengu á flóðinu og það um að breitt yrði ofan á sig. Þá var grafið í snjóinn og fannst barnið nakið, en lifandi og lifði nokkur ár eftir þetta.

Árið 1737 segir frá mannskaða í Fnjóskadal af völdum snjóflóðs. Þrem árum síðar hljóp snjóflóð í Ólafsfirði og fórust þar 2 börn. Í nóvembermánuði 1772 gerði 6 daga hríð um Norðurland. Snjóflóð hlupu þá fram á Látraströnd við Eyjafjörð og einnig í Höfðahverfi. Í Miðgerði í Höfðahverfi fórust 4 menn, en 2 komust lífs af. Á Steindyrum á Látraströnd fórust 4 eða 5, en 5 björguðust. Snjóflóð þetta hljóp að nóttu til þegar fólk var sofandi í rúmum sínum og varð ekki kunnugt um slysið fyrr en eftir 4 daga þegar fólk á næstu bæjum fór að vitja bæjarins. Heimildir segja að maður einn hafi fundist á lífi á 20. eða 21. dægri í flóðinu, en annar hafi legið 9 dægur í snjónum. Báðir komust þó til lífs og heilsu. Er ekki vitað til að nokkur manneskja hafi legið lengur en 10½ sólarhring í snjóflóði hérlendis og lifað það af.

Árið 1836, nóttina milli 17. og 18. desember, féll snjóskriða á bæinn Norðureyri í Súgandafirði. Urðu þar 10 manns undir skriðunni, en 2 kvenmenn og 2 börn náðust lifandi daginn eftir. Snjóflóð þetta var geysilega kraftmikið og er talið að skriðan hafi hlaupið fram á fjörðinn og og yfir hann, a. m. k. öldurótið sem af henni leiddi, og fundust ýmsir búshlutir úti á firðinum. Norðureyri stendur fremst á þó nokkurri eyri við Súgandafjörð, andspænis Suðureyri. Eyrin, sem bærinn stendur á, er fremur flöt og stendur

bærinn a. m. k. 300 m frá fjallinu sem er allhátt eða um 500 m og bratt. Nokkuð ofan við bæinn Norðureyri er mannvirki sem líklega hefur verið gert til að verja bæinn snjóflóðum.

Árið 1857 urðu tvö snjóflóð sem ég sé ástæðu til að minnast örlítið á. Þann 2. jan. gerði stórhríð yfir austanvert landið og er sagt að margir menn hafi orðið úti víðs vegar á Austurlandi. Um kvöldið féll snjóflóð yfir bæinn Hlíð í Lóni. Flestir heimamenn voru í baðstofu, sem ekki sakaði, en flóðið braut niður göngin og eldhúsið. Þar voru stödd bóndinn Jón Markússon ásamt vinnukonu sinni er Ragnhildur hét. Morguninn eftir var grafið í snjóflóðið og allan daginn og fram á nótt, en ekki tókst að finna þau Jón og Ragnhildi. Á öðrum degi tókst Jóni að grafa þau út og var hann þá ófær til gangs vegna brunasárs sem hann hafði hlotið, en annar fótur hans hafði lent í eldi í eldhúsinu og skaðbrennst.

Seint á þessu sama ári var sá atburður á Kollsvík við Patreksfjörð, að morguninn 3. des. kom skyndilega þytur á baðstofuna, sem var 12 álna löng, og féll hún í sama vetfangi í grunn niður og mölbrotnaði hver spýta Frammi í bænum var nýbyggt stofuhús sem búið var að leggja loft í. Hús þetta var fremur rammgert og að mestu byggt úr rekavið. Viðirnir þverkubbuðust sundur, en mikið þarf til að seigur rekaviður brotni þannig. Í snjóflóðinu fórust gift kona, nær sextugu, og ungur maður. Ungur drengur náðist úr bæjarrústunum með lífsmarki eftir sólarhring og hresstist skjótt og varð heill. Tvö börn, annað á öðru ári, en hitt nokkru eldra, náðust ekki fyrr en að sex dögum liðnum og voru þá lifandi, en kalin. Þá var tvítug stúlka, sem bjargaðist á þriðja degi, allmikið kalin. Menn voru ekki á einu máli um hvers konar náttúrufyrirbæri hér var á ferðinni, en nokkuð öruggt má telja að hér hafi valdið snjóflóð af þeirri gerð sem nefnd hafa verið kófhlaup og verða þau helst í smágerðum frostsnjó. Snjórinn í hlaupinu sjálfu verður meira og minna að fingerðu snjóryki sem fyllir loftið. Kófhlaup fara með geysilegum hraða og valda ægilegum loftþrýstingi. Stormurinn, sem fylgir þessum snjóflóðum, feykir húsum, þverkubbar gild tré og brýtur svo að segja allt sem fyrir þeim verður.

Árin 1882 og 1883 urðu mikil snjóflóð á Austurlandi. Fyrra árið urðu krapahlaup á Fjarðaröldu í Seyðisfirði. Þá fórust 2 manneskjur og eignatjón var metið á samtals 12 250 kr. sem var býsna mikið fé í þá daga. Í Eyjafirði lentu 2 menn í snjóflóði um þetta leyti og annar þeirra fórst. Árið 1883 hljóp gífurlegt snjóflóð á bæinn Stekk í Njarðvík norðan við Borgarfjörð. Þar fórust 6 manneskjur. Samtals 9 manns lentu í snjóflóðinu, en 3 tókst að bjarga eftir að þau höfðu legið í snjónum í 35 klst. Á Stekk hefur aldrei verið byggð eftir þetta snjóflóð.

Eitt hörmulegasta slys, sem orðið hefur hér á landi, varð þegar snjóflóðið mikla hljóp á Seyðisfirði 18. febrúar 1885. Þetta hlaup kom úr Bjólfinum sem stendur norðan fjarðaröldunnar og gnæfir yfir byggðina. Ég hef undir höndum af tilviljun dagbók sem Lárus Tómasson skólastjóri á Seyðisfirði skrifaði, en hann var faðir þeirra bræðra, Gísla, Snorra og Inga T. Lárussonar tónskálds. Lárus segir svo í dagbók sinni, en hann hélt hana nokkurn veginn reglulega á tímabilinu frá 1872—1916:

„18. febr. 1885, öskudagur. Vildi til á öldunni hið ógurlegasta slys kl. 7½ um morguninn. Hljóp þá fram breið spilda í fjallinu hér fyrir ofan og hafði tekið sig upp í gjá sem nefnd er Hlutgjá, því nær uppundir brún á Bjólfstindi“ — þ. e. a. s. Bjólfi. „Nam sumt staðar hér skammt fyrir ofan á öldunni, en sumt hljóp til sjávar og sópaði burtu öllu er fyrir varð, þ. á m. 15 íbúðarhúsum og bjuggu í þeim 94 persónur er allar lentu í flóðinu auk þeirra 2 aðkomandi. Fórust af þeim 24, en fyrir guðs dásamlega mildi komust hinir allir lífs af, sumir af sjálfsdáðum, aðrir voru grafnir upp. 12 af þeim voru meira eða minna særðir og beinbrotnir. Flestallir voru í rúminu, er flóðið skall yfir, og sumir ekki vaknaðir.“

Snjóflóðið hljóp niður Bjólfinn á svæði sem þá var mikið byggt, en var utarlega á fjarðaröldunni og nær útundir svokallaða Háubakka sem liggja út á Vestdalseyri. Ólafur Jónsson segir í annál sínum um snjóflóðið, að það hafi umturnað algerlega á svipstundu 15 íbúðarhúsum og ýmist stórskemmt þau eða brotið niður eða fært fram á sjó, talið hafi verið að í þessum húsum hafi búið 80—90 manns og lenti meginþorri þeirra að einhverju leyti í hlaupinu, en 24 fórust, margir meiddust, þar af er talið að 12 hafi beinbrotnað. Tíðarfar á Austfjörðum eftir áramótin þennan vetur var á þá leið, að framan af janúar var það heldur hagstætt og síðari hl. janúarmánaðar tók að snjóa og hlóð þá niður snjó af austri og norðaustri um allt Austur- og Norðausturland samfleytt í mánaðar tíma. Í þessum látlausu snjókomum og norðaustlægu hríðum hlóð niður ódæmi af snjó í hinum bröttu fjöllum á Austfjörðum og þar urðu til háskalegar snjódyngjur og hengjur sem síðar hlupu fram og gerðu víða usla.

Mun ég nú ekki frekar rekja þessa sorgarsögu hér en hún er býsna löng og lærdómsrík. Ég hef nú rakið stærstu og mannskæðustu snjóflóð og skriðuföll sem sögur fara af fyrir upphaf 20. aldar.

Jöklarannsóknafélagið gefur út rit sem heitir Jökull. Í þessu riti birtist árið 1971 grein um snjóflóð og snjóflóðahættu á Íslandi eftir þá Ólaf Jónsson og Sigurjón Rist. Í inngangsorðum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilgangur þessarar greinar er fjórþættur.

1. Að birta snjóflóðaannál 1958—1971.

2. Að sýna á Íslandskortinu aðalsnjóaflóðasvæðin.

3. Að minna ráðamenn verklegra framkvæmda á snjóflóðahættuna.

4. Að stuðla að skipulegri gagnasöfnun um snjóflóð.

Liðin eru 71 ár af 20. öldinni og tala þeirra, sem farist hafa í snjóflóðum hér á landi síðan um aldamót, er hundrað eða nánar tiltekið 101. Á Vestfjörðum hafa farist 49, á Norðurlandi 37 og Austurlandi 10 og í Skaftafellssýslum 5. Dánarhlutföllin gefa vísbendingu um hvar snjóflóðahættan er mest. Þau eru þó hvergi nærri einhlítur mælikvarði. En hvert stefnir nú?“ — segir í greininni.

„Ef líta skal til framtíðarinnar, verður að taka tillit til breyttrar búsetu og gjörólíkrar ferðatækni. Lögð eru af dalabýli sem kröfðust fórna, lagðir eru af viðsjálir fjallvegir, en byggðin og umferðin hafa færst inn á ný svæði. Við verðum að gera okkur grein fyrir hvar hættur leynast og það áður en sporið er stigið fram. Auk mannslífa tapast hér á landi mikið eignaverðmæti í snjóflóðum. Fyrr á öldum voru það bæir og búsmali, uppsátursbátar og hjallar, sem snjóflóðin grönduðu eða löskuðu að meira eða minna leyti. Á þessari öld hafa bæst í lestina heilar verksmiðjur, nokkrir tugir íbúðarhúsa, sum ný. Þá hafa síma- og raflínur verið í vegi snjóflóða, einkum símalínur, eða alls um 40—50 sinnum. Venjulegast eru það 2—3 staurar sem brotna í spón í einu og sama snjóflóði, en hafa þó komist upp í 40 talsins. Þá hafa bifreiðar lagst saman og tortímst og sömuleiðis dráttarvélar. Með stækkun vegakerfisins verða vegahindranir af völdum snjóflóða meira og meira áberandi. Snjóflóðahættan vofir yfir skíðafólki og öðrum sem njóta útilífs á vetrum.

Íslenskar námsbækur segja fátt um snjóflóð. Þar er vart stafkrók að finna um þau, en það er varhugavert, því að áríðandi er að ráðamenn verklegra framkvæmda kunni sem best skil á snjóflóðahættunni. Staðkunnugir heimamenn eru oft á tíðum of hlédrægir eða atkvæðalitlir til að hafa uppi ákveðin aðvörunarorð og svo eru snjóflóðin sömu lögmálum háð og stóru flóðin í ánum. Langt árabil er á milli þeirra og þau falla því í gleymsku."

Eins og fram kemur í grein þeirra Ólafs Jónssonar og Sigurjóns Rist, höfðu um 100 manns farist í snjóflóðum á fyrstu 7 áratugum þessarar aldar. Nú munu hafa farist milli 115 og 120 manneskjur í snjóflóðum á þessari 20. öld.

Á þessum 7½ áratug þessarar aldar hafa mjög mörg snjóflóð fallið víðs vegar um landið. Árið 1910 féll geysilegt snjóflóð í Hnífsdal, Skálavík og víðar. Þorpið í Hnífsdal stendur við grunna vík rétt utan við mynni Skutulsfjarðar, skammt frá Ísafirði. Nokkur hluti þorpsins er norðan eða norðvestan við víkina undir mjög bröttu og háu fjalli er nefnist Búðarhyrna. Í Búðarhyrnunni eru 3 gil, en úr þeim hafa fallið bæði skriður og snjóflóð. Það hafði verið mjög snjóasamt á þorranum þennan vetur og gengu snjóhríðar dag eftir dag svo að vikum skipti. Hafði því hlaðið niður ódæmum af snjó við Ísafjarðardjúp og urðu til miklar hengjur í fjallabrúnum, sérstaklega á móti suðri og suðaustri. Þann 18. febr. kl. rúmlega 8 um morguninn, barst fram nokkur hluti af hengjunum í Búðarhyrnunni og steyptust með ægilegum hraða niður Búðargilið. Þegar kom niður úr gilinu breiddi snjóskriðan úr sér og sópaði öllu burt sem varð á vegi hennar, íbúðarhúsum, sjóbúðum og ýmsu fleiru. Snjóflóðið brast á eins og byssuskot svo að ekkert svigrúm varð til bjargar. Milli 30 og 40 manns lentu í þessu snjóflóði og fórust 19 þegar, en einn lést síðar af meiðslum. Tólf manns meiddust meira eða minna. Nokkrir sluppu ómeiddir, voru grafnir úr flóðinu eða varð bjargað úr krapa fram á sjó. Auk þessa geigvænlega mannskaða varð eignatjón af völdum snjóflóðsins mikið og margvíslegt. Giskað var á að eignatjónið mundi nema 10 þús. kr. sem var mikil upphæð í þá daga.

Þetta hræðilega slys var að ýmsu líkt hinum miklu snjóflóðum á Seyðisfirði 1885. Ef að er gætt, kemur í ljós að það líða nákvæmlega 25 ár milli þessara slysa. Bæði gerðust þau 18. febr. og svo að segja á sama klukkuslaginu.

Um hálfum mánuði eftir hin miklu snjóflóð í Hnífsdal hljóp geysilegt snjóflóð á bæinn Breiðaból í Skálavík, en þar var margbýli. Skall snjóflóðið á þrjú íbúðarhús í Skálavík, sem er lítið byggðarlag sem skerst inn í fjöllin milli Ísafjarðardjúps og Súgandafjarðar rétt utan við Stigahlíð. Talið er að snjóflóð þetta hafi tekið yfir 1000 faðma breitt svæði. Þarna fórust 4 manneskjur. Þeir, sem grafnir voru upp úr snjóflóðinu, voru m. a. kona ein og fjögur börn hennar. Var allt þetta fólk lifandi eftir að hafa legið í 40 klst. í rústunum og snjónum.

Veturinn 1919 er sennilega mesti snjóflóðavetur sem orðið hefur á þessari öld. Þá féllu háskaleg snjóflóð í þremur landshlutum og sum þeirra ollu stórfelldu manntjóni. Snjóflóðið féll á býlið Strönd í Reyðarfirði, eyðilagði íbúðarhúsið og þar fórst ein kona. En hrikalegust urðu snjóflóðin í Hvanneyrarhreppi, en þar fórust samtals 18 manns á örstuttum tíma. Í Siglufirði hljóp gífurlegt snjóflóð úr Staðarhólsfjalli sem er andspænis Siglufjarðarkaupstað. Þetta snjóflóð sópaði með sér dálitilli byggð sem á þessum tíma var kringum síldarverksmiðju Evangers undir Staðarhólsfjalli. Þá voru þar og nokkrir bæir, Skútubæirnir, Efri- og Neðri-Skúta, Ábakki og Landamót og enn fremur tómt húsbýli niðri á sjávarbakkanum. Svo mikið afl var í snjóflóðinu, að þegar það lenti í sjóinn olli það mikilli flóðöldu sem gekk á land upp í Siglufjarðarkaupstað og varð af því margs háttar tjón, bæði á skipum og mannvirkjum, hinum megin fjarðarins. Í snjóflóðinu fórust alls 9 manns og margir björguðust við illan leik. Tjónið af þessu snjóflóði var gífurlegt. Auk verksmiðjunnar og þeirra húsa, sem voru kringum hana, eyðilögðust tvö stór geymsluhús, síldarpallar, bryggjur, mikið af tunnum, mörg hundruð föt af lýsi. Það fórust kindur og auk þess varð mikið tjón á skipum og mannvirkjum í Siglufjarðarkaupstað vegna flóðbylgjunnar. Talið var að eignatjón af þessu eina snjóflóði hafi numið hálfri annarri millj. kr. Nokkru síðar urðu snjóflóð í Héðinsfirði og fórust tvær manneskjur í þeim flóðum og verulegt eignatjón varð þar einnig. Skömmu eftir að snjóflóðið féll úr Staðarhólsfjalli í Siglufirði, féll snjóflóð á Engidal sem var ystur hinna svokölluðu Dalabæja í Hvanneyrarhreppi. Þar fórust 7 manneskjur, þannig að manntjónið í þessum snjóflóðafaraldri varð samtals 18 manneskjur úr einum og sama hreppi. Þennan sama vetur urðu víða snjóflóð þótt ekki yrðu þau svo mannskæð sem hin minnisstæðu og hörmulegu flóð í Hvanneyrarhreppi.

Árið 1928 féll mikið snjóflóð í Óshlíð milli Hnífsdals og Bolungarvíkur. Svo illa hittist á að þar voru á ferð 5 manns sem voru að koma frá Ísafirði og voru á leið heim til sín í Bolungarvík, en höfðu verið settir á land í Hnífsdal frá báti sem var á leið til Bolungarvíkur, en sjóveður var ekki gott. Þarna fórust 4 manneskjur.

Árið 1934 hljóp fram snjóflóð hjá Búðarnesi við Onundarfjörð. Þar fórust 3 menn frá Flateyri, en þeir voru þar á ferð.

Síðustu dagana í febr. 1941 féll snjóflóð á húsið Sólgerði sem stóð við Seljalandsveg skammt innan við Ísafjarðarkaupstað. Átta manns voru í húsinu þegar snjóflóðið reið yfir. Björguðust 6, en 2 stúlkur fórust.

Árið 1948 féll hið minnisstæða snjóflóð í Goðdal inn af Bjarnarfirði í Strandasýslu. Þar fórust 6 manneskjur, en húsbóndinn á heimilinu bjargaðist. Goðdalur er innsti bærinn í byggðinni og þess vegna vissi enginn um snjóflóðið fyrr en fjórum sólarhringum eftir að það hljóp fram. Þetta sorglega slys mun flestum í minni sem komnir eru til fullorðinsára.

Árin 1953 og 1955 urðu dauðaslys af völdum snjóflóða í Svarfaðardal. Fyrra árið féll snjóflóð á bæinn Auðnir og fórust þar fullorðinn maður og ung kona, og síðara árið, 1955, urðu svo tvö dauðaslys í Svarfaðardal af völdum snjóflóða. Bóndinn á Másstöðum ytri í Skíðadal fórst við leit að kindum í fjallinu upp af Másstöðum og enn fremur bóndinn á Hjaltastöðum í Skíðadal sem einnig fórst við fjárgæslu.

Fjöldamargar frásagnir eru um að menn hafi lent í snjóflóðum, ýmist við fjárgeymslu eða á ferðalögum, ýmist gangandi eða akandi. Enn fremur eru nokkrar frásagnir af því að menn hafi lent í snjóflóðum á skíðum.

Árið 1953 varð sá atburður á Ísafirði í janúarmánuði að fjórir ísfirskir skíðamenn lentu í snjóflóði þar sem þeir voru að æfa sig upp á Gullhól á Seljalandsdal. Vissu skíðamennirnir ekki fyrr en snjóflóðið reið að þeim og voru engin umsvif til að forðast það. Lentu þeir allir í snjóflóðinu. Barst sá, sem lengst fór, um 250 m með flóðinu, en öllum tókst þeim að bjarga sér.

Árið 1965 reið snjóflóð að skíðamanni sem var á skíðum í Húsavíkurfjalli í svonefndri Dagmálalág. Snjóflóðið hreif hann með sér alllanga leið niður fjallshlíðina og færði hann í kaf. Honum tókst þó að losa sig úr flóðinu og komst til Húsavíkur.

Þá gerðist það árið 1966 í aprílmánuði að snjóskriða féll í Jósefsdal. Sunnudaginn 22. apríl fór fram skíðakeppni Ármanns í Jósefsdal. Þá bar það við er keppni karla var að hefjast, að snjóflóð féll á svigbrautina og gróf hana á 30—40 m kafla svo að hliðastengur fóru í kaf. Veður var slæmt svo að ógerlegt var að gera nýja braut. Áður en þetta varð, hafði keppni kvenna og unglinga farið fram í brautinni. Keppni karla hófst hins vegar hærra í fjallinu og losnaði skriðan þegar fyrsti keppandinn var kominn vel af stað. Snjóflóðið féll nokkuð þvert á brautina og var keppandinn aldrei í neinni hættu.

Þessi dæmi sýna að víða getur snjóflóðahættan leynst og er ástæða til þess fyrir skíðamenn að hyggja að snjóflóðahættu.

Ég hef hér að framan rakið helstu snjóflóð og mannskæðustu og þau sem valdið hafa mestu tjóni eftir því sem ég hef getað kynnt mér. Eins og sjá má af þessari upptalningu, hafa snjóflóð fallið víðs vegar um landið. Þau hafa enn fremur hlaupið fram við mismunandi aðstæður. Það hefur einnig komið í ljós að í mörgum tilfellum hafa snjóflóð hlaupið þar sem enginn átti von á þeim og ekki er vitað til að þau hafi hlaupið áður. Í flestum tilfellum er þó um að ræða endurtekningu og það eru fjölmargir staðir á landinu sem eru sérstaklega næmir fyrir snjóflóðum.

Í 1. bindi rits Olafs Jónssonar um skriðuföll og snjóflóð er að finna annál um skriðuföll á Islandi. Annáll þessi nær fram til ársins 1957. Í 2. bindi er svo annáll um snjóflóð sem sömuleiðis nær til ársins 1957. Þá hefur Olafur birt snjóflóðaannál 1958—1971 í grein þeirri í tímaritinu Jökli frá 1971 sem ég gat um áður. Frásagnir þær, sem ég hef verið að rekja, eru teknar úr annálum Ólafs Jónssonar. Olafur byggir annála sína á ýmsum heimildum, svo sem íslenskum annálum, Flateyjarbók, Ferðabók Eggerts Olafssonar og Bjarna Pálssonar, Alþingisbókum, sóknarlýsingum, Ferðabók Þorvalds Thoroddsens, prestsþjónustubókum og fleiri heimildum. Þegar kemur fram yfir miðja 19. öld fara heimildir að byggjast meira á frásögnum ýmissa blaða og rita um náttúrufræðileg efni. Elsta heimild um snjóflóð er Sturlunga. Þá má og nefna Biskupasögur, Íslenskt fornbréfasafn, Íslenskar æviskrár, Sýslumannaævir, Prestaævir, ásamt öðrum þeim heimildum sem ég rakti **hér áður.**

Í þáltill. á þskj. 247 segir að „áhersla verði lögð á gagnasöfnun og rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, eðli þeirra og orsökum". Ólafur Jónsson flokkar skriðuföll á þessa leið: 1) Framhlaup. Það eru stórar bergsyllur sem renna eða springa fram og hrynja. 2) Svokallaðar ruðningsskriður sem verða í myldnum og lausum jarðefnum. 3) Hrun, þegar stærri eða minni stykki losna úr föstu bergi.

Segja má að höfuðorsakir snjóflóða séu í fyrsta lagi landslagið sjálft og í öðru lagi veðurfarið. Nánar tiltekið má segja að orsakirnar séu nægur snjór og bratti og tiltekin skilyrði.

Menn hafa reynt að flokka snjóflóðin eftir eðli þeirra. Helgi Björnsson jöklafræðingur skrifaði nýlega athyglisverða grein í Morgunblaðið um varnir gegn snjóflóðum, orsakir, eðli og rannsóknir. Grein þessi er stutt, en ákaflega skýr og fylgja henni skýringarmyndir. Helgi segir svo um snjóflóð:

„Við fræðilega könnun á eðli snjóflóða er gagnlegt að greina á milli 4 flokka. Flest snjóflóð eru hins vegar blönduð að gerð. Lausasnjóflóð fara hraðast allra snjóflóða. Lausi snjórinn þyrlast upp í kóf sem feykist niður hlíðina ofaná snjóbreiðunni. Aðeins loft veitir því framrás kófsins mótstöðu. Framan við æðandi kófið þrýstist loftið saman og því fylgir þrumuhávaði og oft höggbylgjur og hvirfilvindar. Kófhlaup verða oft kröm þegar neðar dregur vegna varma af völdum hinnar miklu núningsmótstöðu í snjóflóðunum. Einnig er snjór oft rakur lágt í hlíðum. Snjórinn stirðnar þá og steypist saman jafnskjótt og hlaupið stöðvast. Mannskæðustu snjóflóð hérlendis fara af stað sem kófhlaup. Talið er að hraði þessara hlaupa sé oft og tíðum 500 km á klst.

Í hinum krömu snjóflóðum nær votur snjórinn ekki að þyrlast upp, heldur veltist og hnoðast saman í bolta og samloðun í snjónum veldur því að hlaupin skafa niður á jörð og róta upp jarðvegi. Eftir stendur gjá með gljáskorna veggi. Þau móta því nokkuð lag fjalla og skilja eftir sig gróðurlitla slakka. Frambrún hlaupsins heggur

ekki á móti lofti eins og kófhlaupin, heldur mót kyrrstæðri snjóþekjunni. Kröm flóð eru kraftmest allra snjóflóða þótt þau fari um helmingi hægar en lausasnjóflóðin.

Flekahlaup verða, er yfirborðslag rennur á skaralagi. Þau hafa verið mannskæð á Íslandi og hleypa oft af stað öðrum gerðum flóða.

Krapahlaup verða í asahlákum og eru algeng í Mýrdalnum. Við jöklamenn mætum þeim oft meinlausum á ferðum okkar upp í jökusporð á vorin. Þau fara hægast snjóflóða."

Þannig farast Helga Björnssyni orð í grein þeirri í Morgunblaðinu sem ég vitnaði hér til.

Eins og áður er að vikið valda snjóflóð oft stórslysum og margháttuðu tjóni. Öll rannsókn og þekking á eðli þeirra og hvað veldur þeim miðar að því að draga úr slysum og margvíslegu tjóni sem snjóflóðin valda.

Er þá komið að því að spyrja um það, hvort unnt sé að sjá snjóflóð fyrir. Nauðsynlegt er að vinna vandlega snjóflóðakort, þ. e. að kortleggja alla snjóflóðastaði, þar sem manntjón hefur orðið, kort sem sýnir flóð sem valdið hafa tilfinnanlegu eignatjóni og að lokum snjóflóð sem aðeins hafa orsakað vegatafir og fleira af því tagi.

Sigurjón Rist hefur ritað í tímarit Jöklarannsóknafélagsins, Jökul, skýra og glögga grein um snjóflóðakort. Þessari grein fylgja 4 gróf yfirlitskort um aðalsnjóflóðasvæði hér á landi, en þau eru 4: Í fyrsta lagi Norðurland, þá Vestfirðir, Austfirðir og að lokum Mýrdalurinn. — En auk þessa hafa hlaupið fram snjóflóð á einstökum stöðum víðs vegar um land, eins og dæmin sanna.

En það er ekki nægilegt að gera almenn yfirlitskort þó að það sé mjög fróðlegt og gefi vitneskju um aðalsnjóflóðasvæðin í stórum dráttum. Það þarf í raun og veru að gera sérstakt kort af öllum snjóflóðum sem valda tjóni eða eignaspjöllum. Þurfa þessi kort að vera mjög nákvæm og þarf einnig að fylgja lýsing á snjóflóðunum og snjólagi, veðurfari og mörgu fleiru. Slík vinna verður að fara fram þegar snjóflóð hefur fallið. Snjóflóðin miklu, sem féllu í Neskaupstað 19. og 20. des. s. l., hafa verið rannsökuð allítarlega. Hjörleifur Guttormsson kennari í Neskaupsstað hefur sérstaklega annast þessar rannsóknir. Hafa verið kortlögð öll snjóflóð sem féllu í Norðfirði kringum 20. des. s. l. Kortin eru nákvæmari neðan til í snjóflóðunum og hafa verið gerðar dýptarmælingar í stærstu hlaupunum. Þá er verið að útvega veðurlýsingar veðurathugunarstöðva í grenndinni um þetta leyti, og gert er ráð fyrir að gera ítarlega heildarskýrslu um þessi snjóflóð ásamt athugunum á fyrri flóðum.

Við athugun hefur komið í ljós, að einhvern tíma 19.—20. des. s. l. hljóp allmikið snjóflóð, sennilega flekahlaup, niður utan við svonefndan Vatnshól og stöðvaðist í gili Bakkalækjar um 15 m utan og ofan við efsta húsið sem þar er í byggingu. Þá hefur einnig komið í ljós, að um hádegisbilið þann 19. des., daginn áður en stóru snjóflóðin hlupu fram í Neskaupstað, féll stórt snjóflóð úr svokölluðu Nesgili sem er í fjallinu upp að ystu byggðinni í kaupstaðnum. Þetta snjóflóð stöðvaðist um 130 m frá efsta húsi og í 50 m hæð yfir sjó. Einhvern tíma milli kl. 10.30 og 11 þann 20. des., daginn sem stóru snjóflóðin féllu í Neskaupstað, féll þriðja snjóflóðið og þá úr svokölluðu Drangagili sem gengur niður úr Drangaskarði, sem er leiðin til Mjóafjarðar frá Norðfirði. Þetta snjóflóð náði allar götur að efstu húsum og kom meira að segja lítillega að efsta húsinu. — Þarna hljóp snjóflóð árið 1894 á þorradag. Það snjóflóð féll á bæinn Þiljuvelli. Tveir bændur björguðust naumlega úr flóðinu og misstu þar mikið af eignum sínum.

Það er allajafna auðveldara að vera vitur eftir á, en ef atburðarás snjóflóðanna í Norðfirði þann 19. og 20. des. s. l. er athuguð, þá kemur í ljós að ástæða hefði verið til að gera viðvart um mögulega hættu á næmasta snjóflóðasvæðinu. En auðvitað verður slíku ekki við komið nema til komi skipulegar aðgerðir, svo sem viðvörunarkerfi. Er ástæða til að ætla, að ef unnið yrði skipulega að þessum málum væri mögulegt að sjá snjóflóð fyrir með það miklum líkindum að mestu hættunni á manntjóni mætti bægja frá. Sigurjón Rist telur að snjóflóðakort 19. og 20. aldar sýni að mannskæðust eru þurru snjóflóðin. Stærstu og geigvænlegustu snjóflóðin eru venjulegast til orðin á þann hátt að snjóhengja í fjallsbrún brestur og setur af stað snjódyngju, kófhlaup og jafnvel samtímis snjóbreiðu af nýjum nokkuð vindbörðum snjó, svokallað flekahlaup. Ef fylgst er vandlega með veðurfari, úrkomu, vindátt og snjólagi, geta menn séð fyrir, hvenær hættuleg skilyrði eru að skapast fyrir snjóflóðum. Þegar þar við bætist að snjóflóð eru byrjuð að falla á tilteknu svæði, þá liggur nokkuð ljóst fyrir að hætta getur verið á ferðum.

Erlendar rannsóknarstöðvar vinna að svonefndum snjóflóðaspám. Safnað er saman öllum upplýsingum á hinum ýmsu flóðasvæðum. Þá er og stuðst við reynslu heimamanna sem eru öllum hnútum kunnugir. Auðvitað eru mörg ljón á veginum í þessum efnum, vond veður og slæm skyggni hamla rannsóknum og margt fleira kemur til.

Þá er minnst á það í þáltill., að athuganir verði gerðar á því, hvort unnt sé að hindra snjóflóð. Ekkert fær stöðvað snjóflóð á ferð. Þess vegna er þýðingarmikið að reyna að hindra að snjóþekjan komist nokkru sinni af stað. Þetta er gert víða, þar sem snjóflóðahætta er augljós eða kunn af fyrri reynslu. Helstu mannvirki af þessu tagi eru stallar og láréttir skurðir sem gerðir eru eftir fjallshlíð. Þessi mannvirki má sjá sums staðar, t. d. í Sviss, allar götur frá því í lok 18. aldar. Þetta er gert til þess að reyna að halda snjónum stöðugri. Síðan hafa víða verið gerðir garðar eða múrar til þess að stöðva snjórennsli. Þar eru sums staðar aðeins reknir niður staurar sem eiga að binda fönnina. Gallinn er sá að þessi mannvirki fara stundum á kaf í snjó og veita þá litla mótstöðu. Svo er einnig þess að gæta að upptök flóðanna reynast oft á tíðum á stærri svæðum en menn ætla. Sums staðar eru reistar lóðréttar rimlagrindur, sem eiga að safna snjó, eða skágrindur, sem eiga að stöðva snjó í fjallshlíð. Á stundum er svona rimlavirkjum dreift um hlíðar til þess að reyna að halda snjónum kyrrum. Sums staðar eru eins konar rimlabryggjur, sem eiga að hjálpa til að stöðva snjóflóðin, og garðar, sem er dreift yfir tiltekin svæði. Þá er hugsanlegt að reyna að beina snjóflóðunum í ákveðnar áttir.

Hér á landi hafa slíkar ráðstafanir til að hindra eða hafa áhrif á snjóflóð verið lítt þekktar. Þó hef ég minnt á mannvirki ofan við bæinn á Norðureyri við Súgandafjörð. Hins vegar reyna menn að skipuleggja byggð með hliðsjón af snjóflóðum og skriðuföllum, þótt dæmin sanni því miður að nokkur misbrestur hefur verið á því. Það dylst auðvitað engum að mannvirki af þeirri gerð, sem ég hef rætt um, eru bæði dýr og í mörgum tilfellum erfitt að koma slíku við, eins og t. d. í klettum. Þá hefur víða á snjóflóðasvæðum verið gert allnokkuð til þess að verja mannvirki. Bæði er það að mannvirki eru gerð þannig að lögun og styrk að þau standist snjóflóð. Stundum eru mannvirki byggð í skjóli við hóla eða hæðir til varnar. Þá eru gerðir veggir og hlaðnir sérstakir múrar til varnar gegn snjóflóðunum. Stundum eru sett sérstök skýli eða skáþök yfir vegi til þess að varna að tjón verði af snjóflóðunum á samgöngutækjum og umferð um vegi. Og svo er auðvitað það sem er þýðingarmest, það er staðsetning mannvirkja. Höfuðgildi snjóflóðakortanna er einmitt að marka hættusvæðin til þess að leiðbeina þeim sem ákveða mannvirkjum stað. Skipulagsyfirvöld, bæði heimamanna og ríkisins, geta stuðst við snjóflóðakortin við skipulagningu kaupstaða og kauptúna og byggðar yfirleitt. Einnig geta vegargerðarmenn, sem velja vegum stað, haft nokkra hliðsjón af snjóflóðakortunum.

Þáltill. gerir ráð fyrir því að athugað verði hvort unnt sé að koma við vörnum og viðvörunum, en ég hef þegar rætt nokkuð um möguleika á vörnum. Megintilgangur snjóflóðarannsókna er að reyna að forðast slys og tjón af völdum hlaupanna. Fyrst og fremst er um að ræða mannskaða, meiðsl eða eignatjón. Slík tjón eru bundin við staðsetningu manna í mannvirkjum á hættusvæðum eða við ferðir eða flutninga. Þegar spáð er hættu á snjóflóðum á tilteknu svæði, verður að vara við mannaferðum á svæðinu. Ef vegur liggur um svæðið, kemur til greina að loka honum fyrir umferð meðan hættan vofir yfir og auglýsa lokunina t. d. í útvarpi eða sjónvarpi. Víða háttar svo til á snjóflóðasvæðum hér á landi að ástæða er til að sýna ítrustu varúð um umferð þegar spáð hefur verið snjóflóðum. Mýmörg dæmi sanna nauðsyn þessa. Þá eru hús, sem búið er í á hættusvæðum, og byggingar, sem unnið er í. Slík hús á að rýma þegar ástæða er til. Mörg eru dæmi þess í byggðum hérlendis að snjóflóð hafa fallið á einstök hús eða bæjarhluta. Þá er hægt að bægja frá hættunni með því að loka hreinlega þessum svæðum, þar til hættan er talin liðin hjá.

Sums staðar er nokkuð gert að því að hleypa snjóflóðum af stað svo að þau falli ekki öllum að óvörum. Þetta er hægt að gera með ýmsu móti. Erlendis munu notaðar sprengjur sem kastað er á hengjurnar. Hvort slíkt er gerlegt hér á landi, treysti ég mér ekki til að dæma um, en gæti komið til greina í vissum tilfellum.

Það, sem veldur áreiðanlega mestum erfiðleikum við varnir og viðvaranir gegn snjóflóðum hér á landi, er veðráttan. Oft falla snjóflóð í vonskuveðrum, stórhríð og stormi, svo að varla sér út úr augum. Á meginlandi Evrópu a. m. k. eru skilyrði öll mjög á annan veg en hér á Fróni.

Í nýútkominni Sögu Íslands, svonefndri þjóðhátíðarútgáfu, er mjög fróðlegur kafli eftir Sigurð Þórarinsson jarðfræðing um sambúð lands og lýðs í 11 aldir. Þar er m. a. fjallað um ýmsar náttúruhamfarir og sagt frá skriðuföllum og snjóflóðum. Ekki verður unnt að tíunda með mikilli nákvæmni hversu margir íslendingar hafa farist í skriðuföllum á liðnum öldum. Að frátöldum frásögnum Landnámu og Íslendingasagna er kunnugt um nálægt 160 dauðsföll af völdum skriðufalla og grjóthruns. Á þeirri einu heilu öld, sem sæmilega öruggar heimildir eru um, á 19. öldinni, voru dauðaslys af þessum ástæðum um 30. Má því ætla að dauðsföll af völdum skriðufalla séu um 200 frá því að land byggðist. Hins vegar eru mannskaðar af völdum snjóflóða miklu meiri en af völdum skriðufalla. Það er vitað um að nær 160 manns hafa farist í snjóflóðum fyrir 1600. Á 17. öld fórust þannig um 100 manns og á 18. öld um 60, á þeirri 19. um 170 og um 80 á fyrri helmingi þessarar aldar. Samanlagt er þá vitað um á 6. hundrað manns sem farist hafa í snjóflóðum.

Hér á undan hef ég gert grein fyrir helstu og mannskæðustu skriðuföllum og snjóflóðum sem vitað er um í Íslandssögunni. Ef nánar eru skoðaðir annálar um skriðuföll og snjóflóð kemur í ljós, að langsamlega flest fólk hefur farist í heimahúsum. Langflestir bæir, sem orðið hafa fyrir snjóflóðum eða skriðuföllum, hafa verið fluttir til. Þess vegna er ástæða til að ætla að byggðin í landinu hafi breyst á þann veg að síður falli yfir hana snjóflóð eða skriðuföll í framtíðinni. Er því engin ástæða til þess, þó að menn rifji upp þessa atburði á margra alda skeiði, að skelfast um of yfir þessum náttúruhamförum. Ég vil því undirstrika það um leið og bent er á hættu af snjóflóðum og skriðuföllum, að þá er engin ástæða til þess að slík söguskoðun eigi að valda sérstökum ótta í þessum efnum. Miklu er nær að menn reyni að átta sig á, hvað skeð hefur, og hagnýta fyrri reynslu til þess að forðast tjón af skriðuföllum og snjóflóðum. Og það, sem er langþýðingarmest í þessum efnum, er að skipuleggja byggðina í landinu með þeim hætti að reyna að forðast sem unnt er að hún verði fyrir snjóflóðum og skriðum. Hins vegar er sennilega erfitt að forðast þetta með öllu og þess vegna er einmitt ástæða til að rannsaka öll þessi mál miklu nánar en gert hefur verið og menn færi sér síðan í nyt niðurstöður þessara rannsókna eftir því sem unnt er.

Sigurður Þórarinsson telur að fullyrða megi að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar hafi verið minna um hvort tveggja, skriðuföll og snjóflóð, heldur en síðan hefur orðið. Stafar þetta af því að veðráttan hefur verið misjöfn í Íslandssögunni, það hafa komið hlýviðristímabil og síðan kaldari tímabil sem varað hafa áratugum saman.

Í niðurlagi þáltill. er gert ráð fyrir að ríkisstj. leggi fyrir Alþb. niðurstöður athugana og rannsókna ásamt till. til úrbóta. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú, að Alþb. hefur sett mörg lög sem e. t. v. væri ástæða til að athuga og breyta þegar niðurstöður rannsókna og annarra athugana í sambandi við skriðuföll og snjóflóð liggja fyrir. Nefna má löggjöf eins og lög um Veðurstofu Íslands, skipulagslög, lög um almannavarnir og e. t. v. fleiri.

Ef Veðurstofan ætti að taka að sér aukin verkefni í sambandi við skriðuföll og snjóflóð, þyrfti

hún eflaust að fjölga veðurathugunarstöðvum, efla tækjakost og starfsemi sína. Hvort breyta þurfi lögum þess vegna er athugunarefni.

Í skipulagslögunum er hvergi beint vikið að því að haga skipulagi kauptúna og kaupstaða með tilliti til snjóflóða og skriðuhættu. Væri ástæða til þess að setja í lög ákvæði um skyldu skipulagsyfirvalda í þessu efni. Einn megintilgangur snjóflóðakortanna er, eins og ég hef sagt hér áður, að merkja hlauprásir snjóflóða til þess að auðvelda skipulagsyfirvöldum að skipuleggja byggðir framhjá hættusvæðum. Hlauprásir skriðufalla eru miklu varanlegri og augljósari.

Í löggjöfinni um almannavarnir eru ýmis ákvæði sem varða náttúruhamfarir. Þó gæti verið ástæða til að athuga nánar þessa löggjöf með sérstöku tilliti til snjóflóða og skriðufalla. Almannavarnanefnd ríkisins hefur látið sig þessi mál talsvert varða. Árið 1973 mun n. t. d. hafa skrifað bréf til bæjaryfirvalda í þeim kaupstöðum í landinu, sem snjóflóð geta hugsanlega fallið, og beðið um að send yrðu kort yfir þá staði, þar sem snjóflóðahættan væri talin vera. Einnig var beðið um álit á því, hvað hugsanlega mætti verða til varnar gegn snjóflóðum.

Vegna þess, hve hin miklu snjóflóð í Neskaupstað eru mönnum í fersku minni, vil ég leyfa mér að lesa bréf hér sem ég hef fengið, en þetta bréf er svar frá byggingarfulltrúa Neskaupstaðar til Almannavarna í Reykjavík. Bréfið er dags. 11. mars 1974 og hljóðar hluti þess svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þökkum bréf yðar frá 20. febr. s. l., þar sem þér óskið eftir upplýsingum um snjóflóðahættu *og hengjumyndun yfir bænum og hugsanlegar* úrbætur í þeim efnum. Ég hef sett inn á kort snjóflóð sem komu hér niður hlíðina í byrjun febrúarmánaðar og sjá má á kortinu að féllu allt niður að 60—65 m hæðarlínu. Einnig féllu snjóflóð innar í bænum, sem ekki sést á meðfylgjandi korti, við fiskvinnslustöð síldarvinnslunnar og Naustahvamm, sem er fyrir botni fjarðarins við nýju höfnina. Flóð þessi koma allt niður á 50—60 m hæðarlínu. Upptök flóðanna voru yfirleitt í 150—190 m hæð, en það er í öðru og þriðja klettabelti og djúpum giljum í fjallinu.“

Og enn segir í bréfinu:

„Um ráðstafanir til að fyrirbyggja slys af völdum snjóflóða tel ég að koma þurfi til sérfræðileg kunnátta manna sem þekkingu hafa á þessu sviði.“

Þá hefur verið rætt um það hjá Almannavörnum ríkisins að leita aðstoðar erlendis frá við að kanna betur þessi mál og mun nú þegar hafa verið skrifað tilraunastöðinni eða vísindastöðinni í Davos í Sviss um þessi mál. Ég hygg að Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur hafi haft milligöngu í þessum efnum, en hann er mikill áhuga- og kunnáttumaður varðandi snjóflóð og skriðuföll. Þessi beiðni Almannavarna ríkisins mun hafa verið tekin til velviljaðrar athugunar af hálfu þeirra svisslendinga. Þá hefur og komið til tals hjá þeim hjá Almannavörnum að fá menn frá stofnunum í Kaliforníu og Noregi til þess að kanna þessi mál einnig. Þá eru til félög og stofnanir í fleiri löndum sem sérstaklega leggja áherslu á rannsóknir og gagnaöflun um snjó og ís. Ég nefni t. d. Hið alþjóðlega jöklafræðifélag — The International Glacierlogical Society — í Cambridge í Englandi. Þeir leggja m. a. áherslu á vísindalegar og praktískar rannsóknir á snjó og ís. Einnig má nefna Bandarísku jarðfræðistofnunina, The American Geological Institute í Washington. Fleiri mætti nefna. Ég hef ástæðu til að ætla að þessi málefni, sérstaklega snjóflóðavarnir, verði eitt af aðalverkefnum Almannavarna ríkisins á þessu ári.

Auðvitað er það liður í þessu máli og það ekki ómerkur, að það kostar eflaust talsvert fé að gera þá úttekt og þær umbætur í þessum málum sem nauðsyn ber til. Það er eitt af þeim atriðum sem þarf að huga að í sambandi við þessi þýðingarmiklu mál. Ég hef hér undir höndum sérstakt starfsskipulag Almannavarna Ísafjarðar sem Almannavarnir ríkisins hafa gert varðandi þessa starfsemi í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, en starfsemin miðar að því að veita íbúum svæðisins sem mesta hugsanlega vernd og öryggi, m. a. gegn náttúruhamförum. Auk þess munu Almannavarnir Ísafjarðar koma til hjálpar öðrum bæjar- og sveitarfélögum í nágrenninu ef þörf krefur og það verður ákveðið af Almannavörnum ríkisins. Þetta starfsskipulag er talsvert yfirgripsmikil bók og einn liður í þessu starfsskipulagi eru aðgerðir vegna aurskriða og snjóflóða. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði aur- eða snjóskriður í Ísafjarðarkaupstað eða aðrar náttúruhamfarir þess eðlis að byggingar í kaupstaðnum hafi orðið fyrir meiri háttar skemmdum, skal svæðisstjórn Almannavarna á Ísafirði strax taka til starfa í svæðisstjórnarstöð samkv. 7. kafla skipulagsins. Lögreglan skal strax boða alla almannavarnarnefndarmenn til starfa. — Þá er nánar kveðið á um samvinnu við ýmsar stofnanir, eins og t. d. Landsímann, lækna, hjúkrunarlið, Slysavarnarfélagið, sóknarprestinn og starfsmenn bæjarins. Þá er og sérstök áætlun um björgunarstarf.

Reynslan sýnir að nauðsyn ber til að efla starfsemi Almannavarna, en einn þáttur þeirrar starfsemi varðar einmitt snjóflóð og skriðuföll.

Ég hef ekki rætt um björgunarstarfsemi í sambandi við þessa þáltill., enda tekur hún ekki til þeirra mála. Það verkefni er í höndum Almannavarna og fjölmargra annarra aðila. En slíka starfsemi ber að efla mjög frá því sem nú er, þótt margt hafi verið frábærlega vel gert á því sviði. Það ríður á mestu að fljótt sé brugðið við og unnt að safna nægu hjálparliði sem hafi nauðsynleg tæki og útbúnað. Það er oft stutt milli lífs og dauða og geta mínútur valdið úrslitum. Mjög er þýðingarmikið að útbúnaður og nauðsynleg tæki séu til á helstu snjóflóðasvæðunum svo að hægt sé að grípa til þeirra í skyndi. Þá hef ég ekki heldur rætt um eignatjón og björgun eigna.

Eftir er að geta þess að trmrh. hefur nýlega skipað n. sem á að gera till. um löggjöf um skyldutryggingu gegn náttúruhamförum hvers konar. Þar koma eflaust til álita eldgos, jarðskjálftar, snjóflóð, skriðuföll og skaðaveður. Þegar löggjöf um Viðlagasjóð kemur fyrir Alþ., gefst tækifæri til að ræða nánar þessa þætti málanna.

Ég hef verið nokkuð langorður í þessari framsögu minni. Mér finnst þetta efni áhugavert og áhugaverðara, eftir því sem menn sökkva sér

meira niður í það, og full ástæða til að taka þessi mál fastari tökum en gert hefur verið. Um leið og ég lýk máli mínu, leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að till. verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting á áveitu- og flæðiengjum landsins, þáltill. (þskj. 308). — Ein umr.

Flm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Á þskj. 308 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um nýtingu á áveitu- og flæðiengjum landsins, sem hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé unnt og tímabært að nýta betur en nú er gert áveitu- og flæðiengi landsins til fóðurframleiðslu."

Eins og fram er tekið í grg., eru nú ekki nýtt nema að litlu leyti áveitu- og flæðiengi landsins, vegna þess að allir bændur landsins hafa nú tekið upp ræktunarbúskap, þar sem heyskapur er í flestum tilfellum fljótteknari og auðveldari með þeim vélakosti, sem nú tíðkast, heldur en á engjalöndum sem yfirleitt gefa minni uppskeru og eru erfiðari til heyskapar. Víða um land hafa mýrarnar verið þurrkaðar með því að ræsa þær fram með opnum skurðum og lokræsum. Breytist þá gróðurfar þeirra á 4—5 árum. Heilgrösin ná yfirhöndinni, en hálfgrösin, starirnar, hverfa og verða þessi lönd þá eftirsóttari af búpeningi landsmanna, en er jafnframt meiri hætta búin í kalárum. Mikið af framræstum mýrum hefur verið tekið til ræktunar á undanförnum árum og eru nú víða stór ræktunarlönd, þar sem áður voru blautar engjar. Enn eru þó stór áveitu- og flæðiengi til sem ástæða væri til að rannsókn færi fram á og þá sérstaklega með það í huga, hvort ekki væri hægt með þeirri tækni, sem nú er fyrir hendi, að nýta betur þessi lönd og fá því svarað, hvort hér sé ekki um eins gott fóður að ræða og af sumum ræktunarlöndum sem nú eru notuð til fóðuröflunar. Öll tæki til þess að nýta þessi engjalönd, þótt blaut séu, eru nú svo miklu meiri en áður hefur þekkst, að mér finnst ósennilegt að það muni valda verulegum erfiðleikum. Meðal annars er möguleiki á að losna við vatn með ýmsum hætti af mjög blautum engjum, t. d. með stórvirkum dælum ef um það væri að ræða að ekki fengist frárennsli á yfirborðsvatni meðan á heyskap stæði. Vegi er auðveldara að leggja en áður var og sláttutæki eru öll margfalt fullkomnari, þó að ekki hafi verið kannað svo að ég viti til, hvaða tæki og aðferðir henti best á mjög blautum engjum. Belti, sem notuð eru í snjó, gætu komið til greina á dráttarvélar, þar sem engjar eru mjög fúnar og blautar. Væri mjög nauðsynlegt að þessi athugun gæti orðið sem víðtækust, t. d. að efnainnihald og fóðurgildi yrði rannsakað á ýmsum þroskastigum og yrðu til athugunar algengustu starategundirnar og sérstaklega t. d. gulstör og mýrastör sem sennilega eru líka bestu fóðurgrösin. Einnig mundi það gefa þessari athugun meira gildi ef hægt væri að kanna hvort það komi til greina að hraðþurrka þessar starategundir, þar sem þá væri hægara að geyma og dreifa fóðrinu um landið eftir því sem á þyrfti að halda.

Vitað er að allt fram að árinu 1932 var meiri hl. heyöflunar landsmanna tekinn af óræktuðu landi og sennilega að stærstum hluta á engjalöndum. Fyrstu heyöflunarskýrslur, sem ég veit um, eru frá árinu 1882 og var þá engjaheyið ⅔ hlutar heymagnsins. Árið 1932 er það orðið rúmlega helmingur af heymagninu sem aflað er á landinu, en 40 árum seinna eða árið 1972 er það ekki nema 0,5% af heyskapnum. Hefur því stöðugt dregið úr fóðuröflun af engjalöndum og þá sérstaklega eftir að tilbúinn áburður kom á markaðinn og stórvirkar vélar og tæki voru tekin í þágu ræktunar og heyöflunar. Nú, þegar við ráðum yfir stöðugt betri og meiri vélakosti til þess að nýta engjalöndin og tilbúinn áburður hefur farið stöðugt hækkandi í verði og aldrei meira en nú, er fyllilega ástæða til að þessi athugun fari fram sem hér er lagt til með flutningi þessarar þáltill., svo og vegna þess að ekki hefur farið fram, svo að ég viti, gagngerð athugun á því, hvort þessar harðgerðu fóðurjurtir séu ekki samkeppnisfærar við aðra fóðurframleiðslu með þeirri tækni sem við nú ráðum yfir. Jafnframt því, að gerð væri athugun á efnainnihaldi fóðurs af engjalöndum væri æskilegt að fram færi athugun á því, hvort raunhæft væri að nota einhverja tegund af tilbúnum áburði til þess að auka uppskeruna, t. d. með því að blanda honum í áveituvatn eða dreifa honum á annan hátt.

Telja má víst að áveitur séu elstu jarðræktarframkvæmdir sem þekktar eru, eða svo hefur verið talið. Hér á landi munu áveitur hafa verið stundaðar síðan á landnámsöld og þá aðallega til frjóvgunar, þó að eitthvað hafi þær verið notaðar til vökvunar. Ekki er mér kunnugt um að hér á landi hafi farið fram vísindalegar áveitutilraunir. Má það þó merkilegt heita, þar sem þjóðin hefur varið miklu fé í áveitufyrirtæki á liðnum árum. En þrátt fyrir vankunnáttu okkar um hagnýtingu áveituvatns hafa áveitur þó um aldirnar verið hinar traustustu stoðir landbúnaðarins, þar sem þær hafa verið notaðar. Mest hefur verið veitt á mýrarlönd og flóa og hefur uppskeran jafnan stóraukist við áveiturnar og mun algengast að fengist hafa 10—30 hestburðir af hektara en þó í sumum tilfellum meira.

Fyrstu áveiturnar munu hafa verið einstaklingsfyrirtæki og mun hugur manna hafa verið meiri fyrir áveituframkvæmdum en túnrækt allt fram á 20. öld og hafa áveitur tíðkast um allt land meira og minna. Stærsta áveita landsins var Flóaáveitan, en á henni var byrjað 1922 og var veitt á Flóann í fyrsta sinn 1927 og var hún þá talin stærsta áveita í Evrópu norðan Alpafjalla. Lengd skurða í Flóaáveitunni mun hafa verið um 300 km. Flóðgarðar voru um 800 km og ábúendur, sem bjuggu við þetta áveitusvæði, voru um 200. Áveitan á Flóann jók uppskeruna mjög mikið og varð til þess að búskapurinn tók miklum framförum. Gróðurfarið tók miklum breytingum. Mýrastörin og gulstörin voru al-

gengastar og reyndust að flestra dómi gott fóður og ódýrt þangað til þurrkun mýranna og tilbúinn áburður komu til sögunnar. Eftir það hefur stöðugt dregið úr nýtingu áveitunnar. Uppskeran á áveitusvæðniu varð árvissari og höfðu vetrarhörkur og vorkuldar lítil áhrif á uppskeruna. Nú er Flóaáveitan lítið sem ekkert notuð til áveitu, en skurðakerfið meira og minna notað til framræslu, en í Ölfusi mun enn þá vera heyjað í flestum árum eitthvað á engjum, sem veitt hefur verið á, og eflaust víða um landið. Tel ég að sjálfsagt sé að nú þegar verði undirbúin sem víðtækust athugun á þessari fóðuröflunarleið svo að úr því fáist skorið, hvort æskilegt sé að auka aftur þessa fóðurframleiðslu. Með flutningi till. til þál. um landgræðslu og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu, sem samþ. var á 95. löggjafarþingi, er gert ráð fyrir að auknar verði rannsóknir og bætt landnýtnig. Tel ég að þessi athugun gangi í sömu átt og er mjög æskilegt að hún geti farið fram sem allra fyrst.

Herra forseti. Að endingu þetta: Við búum í harðbýlu landi og stundum hefur veðráttan valdið okkur miklum erfiðleikum svo að þjóðin og búpeningur landsmanna hafa goldið verulegt afhroð þegar verst hefur gengið. En sennilega hafa áveitur og flæðiengi alltaf stutt að lífi dýra og manna í þessu landi og sennilega gæti svo orðið enn um langa framtíð, og með það í huga er þessi þál. flutt hér.

Herra forseti. Ég vil svo ljúka máli mínu og gera það að till. minni, að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Endurskoðun á opinberri þjónustustarfsemi, þáltill. (þskj. 346). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 346 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hefja þegar í stað skipulega endurskoðun á opinberri þjónustustarfsemi með það fyrir augum að fela einstaklingum, félögum eða fyrirtækjum ýmsa þjónustu eða verkefni sem hið opinbera hefur nú með höndum.“

Um langan aldur hefur verið ágreiningur í stjórnmálum um opinbera þjónustustarfsemi, hversu víðtæk hún ætti að vera og í hverra höndum. Þó hefur nú á síðari árum ríkt nokkur einhugur um að samfélagsleg þjónusta ætti að eiga sér stað og vera í höndum hins opinbera. Um þetta þarf ekki mörgum orðum að fara og sýnast flestir sammála um þessi grundvallaratriði. En ennþá er nokkur ágreiningur um ýmislegt annað hvað snertir opinbera þjónustusterfsami og þá það sem lýtur að almennum atvinnurekstri og sérstökum verkefnum. Um það hefur verið pólitískur ágreiningur milli flokka og milli manna eins og gengur og gerist, en segja má þó að nokkurt andvaraleysi eða afskiptaleysi hafi verið um þessi mál nú í seinni tíð og það er eins og menn hafi almennt sætt sig við að ríkisvaldið eða hið opinbera tæki meira og meira undir sig í þessum efnum. Ég leyfi mér að halda því fram að umræður hafi verið mjög af skornum skammti um þessi mál og það hafi slæft skoðanir manna og hugmyndir um það, hversu mikil starfsemi skuli vera á vegum hins opinbera hverju sinni. Þetta andrúmsloft eða þetta hugarfar hefur verið mjög áberandi í okkar velferðarþjóðfélagi á seinni árum, bæði meðal almennings, samtaka og allt inn á hið háa Alþ.

Ef við skoðum þær till. og þau frv., sem hv. alþm. leggja fram frá einu þingi til annars, kemur í ljós að þar er mikill urmull af till. eða frv. sem fela það í sér að ríkisvaldið, ríkisstj. setji á fót og fjármagni alls kyns þjónustustarfsemi. Nú er ég ekki að fetta fingur út í þær þarfir sem eru að baki slíkum till. og slíkri kröfugerð, en ég held því fram að slík þjónusta geti undir mjög mörgum kringumstæðum verði rekin og starfrækt, enda þótt ríkisvaldið sé ekki annars vegar. Nú skal ég ekki leggja dóm á hvort þessar till., sem t. d. eru lagðar fram hér á þingi, séu orsök þessa hugarfars eða afleiðing þess, en staðreyndin er engu að síður sú að fólk almennt og þá þm. meðtaldir einblínir mjög á stóra bróður, þar sem ríkið er. Ég tel að mál sé að linni og nú þurfi að stokka upp og ganga þessa leið af meiri varúð en hingað til. Ég hef ekkert á móti því að ríkisvaldið eða ríkissjóður fjármagni og beiti sér fyrir ýmissi þjónustu, og ég er ekki á móti því að löggjafinn veki athygli á ýmissi starfsemi og hvetji til hennar, hjálpi til að koma henni á fót, en ég er þeirrar skoðunar að ríkið þurfi ekki brátt fyrir slíkt frumkvæði að reka þessa starfesmi og geti stuðlað að því að hún sé á vegum annarra.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um röksemdir mínar fyrir þesusm skoðunum. Þær eru gamalkunnar úr stjórnmálaumr., en eins og flestum er kunnugt hefur því verið haldið fram og ég leyfi mér að halda því fram hér, þegar þessi till. mín er á dagskrá, að að öðru jöfnu sé slík þjónusta betur rekin af öðrum en ríkinu, það sé gætt meiri sparnaðar og hagræðingar og þjónusta verði öll lipurri þegar arðsemissjónarmið eru ráðandi, þegar samkeppni er fyrir hendi. Nú er það oft svo að samkeppnisaðstaða hefur ekki skapast, þjónusta er óhjákvæmileg, en kringumstæður valda því að samkeppni er lítil sem engin. Undir þeim kringumstæðum, þegar þjónustan er óhjákvæmileg engu að síður, kemur mjög vel til greina að styrkja slíka starfsemi af hálfu hins opinbera, stofna um hana almenningshlutafélög eða ríkið eigi einhvern hlut í slíkum fyrirtækjum, veiti fyrirgreiðslu með ívilnunum eða einhverju slíku, en slíkar fyrirgreiðslur og slík aðstoð af hálfu hins opinbera sé háð árlegu mati frá einum tíma til annars, þannig að fyrirgreiðsla, sem einu sinni er komin á, verði ekki sjálfkrafa fyrir hendi alla tíð eftir það.

Ég hef nefnt í grg. með þessari till. ýmsa þjónustustarfsemi sem ég tel ástæðu til að endurskoða frá því meginsjónarmiði sem ég set hér fram, og þar nefni ég m. a. prentsmiðjurekstur, verksmiðjur, verkstæði, mötuneyti, skipaútgerð,

ferðaskrifstofur, flutningastarfsemi, bókaútgáfu, innflutning o. s. frv., o. s. frv. Nú legg ég engan dóm á hvort það sé réttmætt að leggja þessa þjónustutsarfsemi niður eða breyta forminu. Þar verður atuhgunin að skera úr um. En ég tel ástæðu til þess að slík starfsemi á vegum hins opinbera sé endurskoðuð, það sé stokkað upp og skoðað, hvort breytt viðhorf, nýjar aðstæður og nýir möguleikar geri það ekki kleift og geri það ekki eðlilegt að þess konar starfsemi sé falin öðrum: einstaklingum, félögum eða fyrirtækjum, þannig að ríkið sé ekki með þetta á sínum herðum.

Þessi þjónustustarfsemi, sem ég hef hér nefnt og fjölmörg önnur, sem á vegum hins opinbera er, er undir flestum kringumstæðum í samkeppni við frjálsan atvinnurekstur, hliðstæðan atvinnurekstur, hliðstæða þjónustustarfsemi, og oft eru aðstæður mjög ólíkar og ójafnar, þar sem opinber fyrirtæki njóta gjarnan skattfríðinda, fjármagnsfyrirgreiðslu, vægari afborgunarskilmála og öruggra viðskipta. Slík aðstaða er að sjálfsögðu ekki sanngjörn og veldur því að mörg einka- eða félagsfyrirtæki eiga erfitt með rekstur vegna ójafns leiks í samkeppni við hið opinbera þjónustufyrirtæki.

Enda þótt ekki sé ágreiningur um réttmæti félagslegrar þjónustu eins og tryggniga-, fræðslukerfis-, rafmagns og símaþjónustu o. s. frv., eins og ég gat um hér í upphafi, er auðvitað mjög eðlilegt að slík þjónusta á vegum hins opinbera sé rannsökuð og endurskoðuð frá einum tíma til annars. Ég minni á að fyrir frumkvæði viðkomandi rn. var gerð úttekt á einni slíkri opinberri stofnun, Tryggingastofnun ríkisins, og niðurstöður þeirrar rannsóknar voru gefnar út með mikilli skýrslu í febr. 1973. Í þeirri skýrslu kom fram að margt var athugavert við rekstur þessarar stofnunar og bent var á ýmsar leiðir sem gætu leitt til sparnaðar og hagræðis í rekstri þessarar ríkisstofnunar. Því miður mun það vera svo að þessar till. hafa nú ekki nema að mjög takmörkuðu leyti komist til framkvæmda. En það breytir ekki því að þessi athugun og þær till., sem þarna sáu dagsins ljós, voru þess eðlis að athugun og rannsókn á opinberum stofnunum er fyllilega réttmæt.

Forstjórar og stjórnaraðilar opinberra þjónustustofnana fara fram á hækkanir á rekstrargjöldum og hækkanir á iðgjöldum, afnotagjöldum til sinna stofnana eftir því sem reikningar þeirra og starfsemi segja til um, og er ekkert nema gott um það að segja og eðlilegt að svo sé gert. Hins vegar er það allt of sjaldgæft, að um leið og orðið er við slíkum hækkunarbeiðnum sé á sama tíma farið ofan í rekstur viðkomandi stofnana og skoðað, hvort ekki megi eitthvað bæta á þessum stofnunum þannig að til þessara hækkana þurfi ekki að koma. Ég geri ráð fyrir því að forstjórar slíkra stofnana setji fram hækkunarbeiðni sína af fyllstu skyldurækni og samviskusemi og vilji veg sinnar stofnunar sem bestan og mestan og reyni því að efla reksturinn og efla starfsemina sem mest á hverjum tíma. En það er of gagnrýnislaust látið viðgangast að þeir bæti við fólki og starfsemi, og það þarf meira aðhald og meira eftirlit með því að vel sé á þessum peningum haldið. Því er það innifalið í þessari till. minni að endurskoðun verði gerð á opinberri þjónustustarfsemi hvað þetta snertir án þess að lagt sé til að slík starfsemi sé um leið falin öðrum ef og enda þótt niðurstaðan yrði sú að annmarkar sæjust.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Það er mjög almenns eðlis og þarfnast nokkurrar athugunar. Ég tel eðlilegt að n., sem þetta mál fær til meðferðar kanni hvaða möguleikar eru á slíkri endurskoðun sem till. felur í sér. Ég lít svo á að till. sé tímabær *einmitt nú, vegna þess að stjórnvöld hafa* fullan hug á að grípa til sparnaðar og draga úr ríkisbákninu og ríkisútgjöldum, og ég held að slík endurskoðun sem hér er rætt um geti verið liður í slíkum almennum sparnaðar- og samdráttaraðgerðum, ekki síst á þeim tímum sem við blasa nú.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, þáltill. (þskj. 369). — Ein umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 369 að flytja till. til þál., svohljóðandi:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta sem fyrst fara fram endurskoðun á l. nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, í því skyni að endurnýja og gera ítarlegri öll ákvæði er varða almennar verslunarauglýsingar. Skal höfuðáhersla lögð á að gera lögin þannig úr garði að þau feli í sér aukna vernd gegn háþróuðum auglýsingaiðnaði nútímans, með því m. a. að gera ákveðnar kröfur til heiðarleika, siðgæðis, sanninda og látleysis auglýsinga.“

Grg. till. segir raunar alla sögu málsins um tildrög hennar, eðli og tilgang. Ég leyfi mér að vitna öðru hvoru í hana beint, en grg. hefst svo:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja að á síðari árum hafa orðið miklar breyt. á viðskiptaháttum hér á landi. Hið dæmigerða neysluþjóðfélag blasir við okkur, hvert sem litið er. Þróun þessi hefur verið með ólíkindum hröð hérlendis, jafnvel svo að þeir, sem nú eru á miðjum aldri, muna þjóðfélag fátæktar og skorts.“

Síðar segir: „Flóð auglýsinga vöru og þjónustu er eitt einkenni nútímaviðskiptahátta. Blöð og tímarit, útvarp og sjónvarp flytja viðskiptavinum sínum daglega fjölda þessara auglýsinga í miklu úrvali. Sjónvarp hefur þó algera sérstöðu á þessu sviði sem nýr og einhver áhrifamesti fjölmiðill sem enn er fundinn upp.“

Ég hef fengið Arnmund Backman lögfræðing mér til aðstoðar við samningu þessarar till. og hann hefur farið mjög rækilega yfir þau lög sem gilda og hér er sérstaklega vitnað í, þ. e. a. s. þá gr. þeirra sem snertir þessi mál beint. Má kannske segja svo, að sú lagagr. segi nægilega skýrt til um það hvernig auglýsingar skuli vera, en samt er nú reynslan nokkuð önnur. Það skal hins vegar

skýrt tekið fram í upphafi að tilgangurinn er aðeins sá einn sem í till. sjálfri felst og grg. hennar. Það er á engan hátt vegið að auglýsingum yfirleitt. Þær eru nauðsynlegar og sjálfsagðar. En einmitt þess vegna verða kröfurnar að vera meiri og strangari og þá alveg sérstaklega hvað snertir sannindi og heiðarleika, því að íslensk kaupsýslustétt vill gjarnan eigna sér þann eiginleika, og sönnur þessa fáum við að nokkru endurspeglaðan í auglýsingunum — eða afsönnun sem allt eins vill þá verða.

Ekki síður er mikils um hitt vert, að auglýsingar séu ekki forheimskandi. Ég á við það, að firru fullyrðinganna séu ekki svo altækar eins og fyrir kemur, og svo hitt, að lágmarkskröfur séu a. m. k. gerðar til þess að þær séu settar fram á sæmilegum máli. Á hvoru tveggja verður oft mikill misbrestur og alvarlegastur í stærsta eða a. m. k. voldugasta fjölmiðlinum, sjónvarpinu. Ég nefni ekki einstök dæmi, hvorki hér um né annað varðandi till. þessa, því að ég vil engan einstakan taka fyrir þó að auðvelt væri að benda á alla þá galla sem grg. víkur beint að, og taka um þá einstök dæmi. Málið er of kunnugt fólki til þess að á því sé minnsta þörf. Ég veit að mörg okkar kunna utan að æsistílsauglýsingar, uppfullar af ósönnu skrumi, og málbrenglun fjölmargra þeirra hefur sannarlega of látið óþyrmilega illa í eyrum. Ég vil taka fram, að við að taka sjónvarpið sem mælikvarða eins og réttlátt er og leggja það á mig í hálfan mánuð að hlusta a. m. k. á allar auglýsingar að loknum fréttalestri, þá hef ég ótvírætt komist að þeirri niðurstöðu að íslenskar auglýsingar séu þó yfirleitt snöggtum skárri en þær hinar erlendu, þýddu auglýsingar. Í mörgum þeirra íslensku er þó a. m. k. að finna vott af gamansemi sem ég hygg að þegar allt komi til alls hafi jafnvel töluvert auglýsingagildi þegar til lengdar lætur. Þó eru einstaka auglýsingar svo gjörsamlega sambandslausar við raunveruleikann eða það sem auglýsa á að furðu gegnir. Þess konar auglýsingamennska er ekki heldur til fyrirmyndar.

Gagnrýni mín beinist aðallega að þeim háttum sem sérstaklega er að vikið í síðasta hluta grg. Um þetta einmitt vantar ákveðnari lagaákvæði og strangara eftirlit en nú er, hvað sem þeirri venjulegu fullyrðingu líður að hver velji eftir viti og þörf og frelsið margumtalaða eigi þarna að hafa sem greiðasta leið. Ég held einmitt að íslenskum auglýsendum væri í heild gerður mikill greiði með ákveðinni lagasetningu og skýrum ákvæðum um þetta eins og segir í tillgr.: „að gera ákveðnar kröfur til heiðarleika, siðgæðis, sanninda og látleysis auglýsinga.“ — Ég trúi því a. m. k. varlega að skrumkenndustu og ósönnustu auglýsingarnar borgi sig til lengdar, en þær eru hvimleitt fyrirbæri fyrir alla, hversu mikið mark sem menn annars taka á þeim eða fara eftir þeim. Látlaus, vel gerð auglýsing, sönn og heiðarleg hlýtur að vera keppikefli auglýsenda, þó að ein vitleysan og skrumskælingin bjóði annarri heim, ein ambagan af annarri festist í málinu, máli almennings jafnvel, þegar engar verulegar skorður er að finna.

Hins vegar bendi ég í grg. á eðli og tilgang auglýsinga og þar segir svo, að þær gegni þýðingarmiklu hlutverki, bæði fyrir seljanda og neytanda, en inann hæfilegra marka þó. Við vitum að það er rétt sem segir í grg. að auglýsingaflaumur allsnægtaþjóðfélagsins er kominn út fyrir gagnsemismörkin. Hann grundvallast á þeirri staðreynd að þörfum margra er fullnægt og meira en það. Þess vegna þarf að búa til þarfir einkum þeim til handa sem best hafa kjörin og mesta kaupgetu. Auglýsingar eru því reknar sem háþróuð vísindi, sálfræði, sem hefur það viðfangsefni að vekja hjá mönnum löngun sem þeir fundu ekki fyrir áður. Gamlar kennisetningar um lögmál framboðs og eftirspurnar eru fyrir löngu orðnar marklausar að þessu leyti varðandi fjölda fólks. En það skal líka tekið fram að auglýsingar gegna ákveðnu hlutverki. Þær njóta viðurkenningar og fyrirgreiðslu þjóðfélagsins og þess vegna hvílir á auglýsendum mikil þjóðfélagsleg ábyrgð. Gildi auglýsinga byggist á tiltrú neytenda. Áhrif þeirra eru mikil og þess vegna er nauðsynlegt að vanda til þeirra og koma í veg fyrir allar skaðlegar verkanir og óæskilegan boðskap.

Vissulega er allt yfirfullt í dag af gerviþörfum sem fólk í blindni heldur að séu raunverulegar, sumpart af eigin vilja, af hégómaskap, tildurmennsku eða öðru viðlíka en sumpart einnig af því að því hefur verið talin trú um að hér væri um bráðnauðsynlega hluti að ræða sem það gæti nánast ekki án verið. Um þetta gætum við sjálfsagt öll nefnt ótalin dæmi, a. m. k. hef ég oft spurt fólk, hvers vegna það hafi fengið sér þetta og hitt, og oft orðið fátt um eðlileg svör: Þetta er í tísku. Nágranninn fékk sér svona. Þetta er svo mikið auglýst.

Mín skoðun er sú að full ástæða sé til að setja eðlilegar lágmarksskorður við því á hvern hátt menn auglýsa vörur sínar og annað. Það skal skýrt tekið fram að þetta á við allar auglýsingar, frá hverjum sem er og í hvaða tilgangi sem er, þó að ég víki sérstaklega að verslunarauglýsingum af því að mér sýnast þær einar rúmast innan þeirra laga sem lagt er til að endurskoðun fari fram á. E. t. v. væri full þörf á því að setja sérstök auglýsingalög, og einnig má í þessu sambandi nefna það að almenn lög um neytendaþjónustu gætu falið í sér vissa vernd gegn óeðlilegum auglýsingaháttum, sem væri þáttur í almennri neytendavernd.

Í grg. till. koma fram, eins og ég sagði áðan, helstu röksemdirnar og eins þær hættur sem ég bendi sérstaklega á og ný lög ættu að fyrirbyggja eins vel og mögulegt væri, um leið og ég bendi á að lagaákvæði í dag eru allfullkomin og skýr sumpart, þó að þeim hafi verið illa fylgt eftir. Það segir beint í 1. gr. að þess skuli gætt að þær séu látlaust orðaðar, lausar við skrum og hæpnar fullyrðingar, en segi það eitt sem satt er og rétt í öllum greinum. Það er kannske erfitt að finna nokkrar lagagr. sem tæki öllu sterkari afstöðu en þarna er, en það verður þá að koma betur og skýrar í ljós, hvað við er átt með þessu. Ég bendi einmitt á nokkur þessara atriða sem ég held að sé rétt að komi beint inn í lögin. Auðvitað verða auglýsingar að vera þannig að þær brjóti aldrei gegn almennu siðgæði, en ég bendi á nokkur atriði sérstaklega: „Auglýsingar eiga aldrei að vera þess eðlis að þær færi sér í nyt reynsluleysi eða

kunnáttuleysi þeirra, sem þeim er beint til. Auglýsingar eiga aldrei að höfða til hjátrúar og því síður til ótta. Auglýsingar eiga aldrei að bera með sér staðhæfingar sem eru til þess fallnar að villa um fyrir fólki eða vekja upp hugboð sem er villandi um ástand eða eiginleika. Auglýsingar ættu aldrei að sýna eða lýsa atvikum sem brjóta almennar varúðarreglur eða gætu ýtt undir vanrækslu í þeim efnum, t. d. hvað viðvíkur meðferð á rafmagni, vatni eða eldi eða umferðarreglum og fyrirmælum stjórnvalda. Auglýsingum ætti aldrei að beina til barna eða unglinga. Og ekki ættu þær að bera með sér staðhæfingar eða myndir sem gætu reynst börnum og unglingum skaðlegar sálrænt og siðferðilega eða hefðu skaðleg áhrif á uppeldi þeirra og afstöðu til uppalenda þeirra. Aldrei ættu auglýsingar að færa sér í nyt eðlilega trúgirni barna eða reynsluleysi." — Og að lokum: „Auglýsingar ættu aldrei að færa sér í nyt vonir þeirra, sem haldnir eru sjúkdómum, eða færa sér í nyt dómgreindarleysi sjúkra og þjáðra með loforðum um lækningu. Varast ætti allar auglýsingar sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á þá sem haldnir eru spila- og veðmálafíkn."

Þetta mundi sennilega vera eitt það hæpnasta í þessu öllu saman, þegar til kasta löggjafans kæmi, eða vandasamast. En því minni ég t. d. á umferðarreglurnar í þessu efni, þó að ég vilji engan sérstakan taka þar fyrir frekar en annars staðar, að sumar auglýsingarnar, þar sem við sjáum bifreiðarnar okkar á ferðinni, eru nú ekki beint uppbyggjandi hvað snertir almennar umferðarreglur.

Í upptalningu, sem síðast var að vikið og hvergi nærri er tæmandi, er bent á ýmis grundvallaratriði, sem virða ber, sem verða að vera fólgin í lögum. Hér kann að vera að sumum þyki að frelsi þrengt. En álit mitt er alveg gagnstætt. Eðlileg takmörk hljóta að vera í hag öllum þeim sem vilja stunda sín viðskipti á eðlilegan og æsingalausan máta og kynna vörur sínar þannig að þær séu í engu oflofaðar eða auglýsingar jafnvel svo heimskulega orðaðar að þær veki beina andúð allra heilbrigðra viðskiptavina. Ég hef ákveðið að nefna hér engin nöfn, því að hér eru ekki til staðar þeir sem fyrir ættu að svara, en dæmin, sem snerta framtalin atriði, eru mýmörg og menn þekkja þau áreiðanlega.

Af öllu skaðlegu í okkar auglýsingaflóði tel ég þó tvennt verst: Annars vegar auglýsingar sem höfða til barna og unglinga á óeðlilegan hátt, gefa þeim beinlínis rangar hugmyndir um vörur og ýmis gæði lífsins, sem m. a. endurspeglast svo í rangsnúnu lífsgæðamati eða óeðlilegu andófi gegn öllu og öllum, án þess að ég sé að hafa á móti eðlilegum uppreisnaranda ungs fólks gegn ýmsum stöðnuðum venjum okkar hinna eldri. Enn skaðlegri eru þó þær auglýsingar sem vekja sjúklingum óeðlilegar vonir, gefa villandi hugmynd um möguleika á lækningu. Fátt veit ég ógeðugra en slíkar auglýsingar, sem og reyndar þær auglýsingar sem beinlínis eru til þess fallnar að höfða til einfeldni og fáfræði, sem því miður er enn til og mun eflaust fylgja mannskeppnunni lengstum.

Ég held að óþarfi sé að hafa hér um fleiri orð. Nánari lagasetning er nauðsyn, að mörgu þarf að hyggja og ekki er það mín meining að að neinu sé hér rasað um ráð fram. Óeðlileg bönn og höft í þessu efni eru jafnóæskileg og frelsi til hvers eins sem í hreina öfga leiðir. Eðlileg vörukynning, eðlileg kynning félagslífs, happdrætta og þjónustu er sjálfsögð, en skynsamleg mörk þarf að setja.

Ég lýk þessari framsögu með tilvitnun í lok grg., en þar segir:

„Segja má, að hver velji og hafni eftir viti og þörfum, því sé öll frekari takmörkun óþörf. En hér er ekki öll sagan sögð. Auk þess bendir margt til þess í auglýsingum okkar, að þær séu blátt áfram forheimskandi og til viðbótar við gróðasjónarmið, án allra takmarkana og siðgæðis, ætti það að nægja til þess að taka málið í heild fastari tökum."

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sameinað þing, 55. fundur.

Fimmtudaginn 20. mars, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumræður).

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Umr. fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Umferðir verða tvær, 20 mínútur í þeirri fyrri, 10 mínútur í þeirri síðari, eða 15 mínútur í hvorri ef flokkar kjósa heldur þann hátt.

Röð flokkanna verður þessi: Alþb., Sjálfstfl., Alþfl., Framsfl. og SF.

Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Alþb. í fyrri umferð Ragnar Arnalds, 5. þm. Norðurl. v., og í síðari umferð Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austurl. Fyrir Sjálfstfl. í fyrri umferð Geir Hallgrímsson forsrh. og í síðari umferð Matthías Á. Mathiesen fjmrh. Fyrir Alþfl. í fyrri umferð Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., og í síðari umferð Gylfi Þ. Gíslason, 9. þm. Reykv. Fyrir Framsfl. í fyrri umferð Ólafur Jóhannesson dómsmrh. og í síðari umferð Halldór E. Sigurðsson landbrh. Fyrir SF í fyrri umferð Magnús T. Ólafsson, 3. landsk. þm., og í síðari umferð Karvel Pálmason, 5. þm. Vestf.

Hefst nú umr. og tekur fyrstur til máls hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, og talar af hálfu Alþb.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ekki er seinna vænna að fá hér á Alþ. almennar útvarpsumr. um hinn ískyggilega efnahagsvanda sem nú sækir að og fer stöðugt vaxandi. Þessi vandi birtist fyrst og fremst í því að tekjur manna hrökkva ekki lengur fyrir brýnustu lífsnauðsynjum á þúsundum heimila víðs vegar um land, og hann stafar af þeirri óheilla-

stefnu sem nú ræður ríkjum í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar.

Á árunum áður en vinstri stjórnin kom til valda fékk þjóðin að kynnast svipuðum þrengingum og nú eru aftur að hefjast. Gengislækkunum var þá skefjalaust beitt til að halda niðri lífskjörum fólksins og ár eftir ár var slegist um það, hvort launamenn ættu að standa varnarlausir gagnvart verðbólgunni eða fá vísitöluuppbætur á laun. Samdráttarstefnan var þá svo mögnuð að atvinnuleysi skall á um land allt og afleiðingin varð sú að fólkið flýði þúsundum saman af landi brott, enda voru þá launakjörin langtum lægri en í öllum nálægum löndum.

Enn er alls ekki sýnt hvort samdráttarstefna hinnar nýju stjórnar mun aftur hafa atvinnuleysi í för með sér, enda koma ekki áhrif af þess háttar aðgerðum í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum og enn er reyndar óljóst hversu langt verður keyrt í samdráttarátt. En hitt er ljóst, að kjaraskerðingin hefur tekist eins og til var ætlast og Ísland er nú aftur orðið láglaunasvæði með langtum lakari lífskjör en í öllum nálægum löndum.

Þjóðarframleiðsla íslendinga hefur undanfarin ár verið mjög svipuð og þjóðarframleiðsla norðmanna, ef miðað er við íbúatölu. Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar var þjóðarframleiðsla norðmanna um 872 þús. kr. á hvern norskan einstakling á s. l. ári, en 923 þús. kr. á hvern íslending. Hins vegar er nú orðinn mikill munur á launakjörum í Noregi og hér á Íslandi.

Samkv. upplýsingum frá kjararannsóknarnefnd er meðalkaup verkamanna, þar með taldir aðstoðarmenn í fagvinnu, bílsjórar og kranastjórar, miðað við vegið meðalkaup í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu, tæpar 314 kr. á Íslandi, en reiknað með sama hætti er samsvarandi kaup í Noregi 711 kr., í Svíþjóð 749 kr. og í Danmörku 773 kr. Meðalkaup verkamanna er sem sagt orðið 127% hærra í Noregi en á Íslandi, enda engin furða að munurinn sé orðinn mikill eftir að erlendur gjaldeyrir hefur hækkað í verði hér á landi um 60—70% á örfáum mánuðum.

Dettur nú einhverjum í hug að þetta geti talist eðlilegt ástand eða eru þeir margir sem trúa því í raun og veru að skipting þjóðartekna á Íslandi sé eðlileg og sanngjörn, þegar fyrir liggur að enda þótt heildartekjur þjóðarinnar standi á svipuðu stigi miðað við íbúafjölda og gerist hjá nálægum þjóðum, séu verkamannalaunin meira en helmingi lægri? Enginn neitar því að vísu að nokkrir erfiðleikar hafa steðjað að. Á það má benda að verðlag á ýmsum afurðum okkar hefur lækkað frá því sem það varð hæst á árinu 1973. En þá verða menn einnig að skilja að á því ári hækkaði útflutningsverðlag á afurðum landsmanna með einstæðum hætti, en hefur síðan verið að síga í sama farið aftur. En í dag er þó verðlag afurða talsvert hærra að jafnði en það var fyrir þessa miklu hækkun.

Svo að dæmi sé tekið um fiskimjölið, er staðreyndin sú að við seldum aldrei neitt af mjöli á þessu uppsprengda verði, sem mest er vitnað í, eða í mesta lagi aðeins lítið brot af framleiðslunni. Við höfum bæði lítið að selja, þegar verðið var sem hæst, og vorum bundnir af fyrirframsamningum, en þegar aftur kom að því að selja mjöl í stórum stíl var þessi óvænta verðsveifla gengin yfir.

Undanfarna mánuði hefur verð á fiskimjöli verið tæpir 4 dollarar á prótein-einingu, en árið 1972 var það að meðaltali 3.45 dollarar. Þær upphrópanir um verðfall á mjöli, sem dunið hafa yfir þjóðina að undanförnu, eru einfaldlega aðeins hálfur sannleikur, og þegar atvinnurekendur og talsmenn þeirra hafa verið að býsnast yfir því seinasta árið að allt væri að farast vegna versnandi stöðu þjóðarinnar út á við, hefur það algerlega stangast á við þá staðreynd að samkv. opinberum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar rýrnuðu þjóðartekjurnar lítið sem ekkert frá árinu 1973 til 1974, heldur stóðu nánast í stað. Verðfallið var sem sagt ekki meira en svo, að vaxandi framleiðsla gat bætt það upp. En það, sem aftur á móti hefur gerst, er að núv. ríkisstj. hefur markvisst notfært sér aðsteðjandi erfiðleika, notað sér erlenda dýrtíðaröldu og óhóflega gjaldeyriseyðslu til að koma fram því takmarki sínu að gjörbreyta tekjuskiptingunni í landinu. Það hefur svo sannarlega tekist með endurteknum gengisfellingum, með hækkun söluskatts og hvers konar verðhækkunum meðan kaupið er næstum óbreytt.

En það er ekki aðeins launafólk á Íslandi sem orðið er hálfdrættingar og tæplega það á við launþega í löndum með svipaðar þjóðartekjur. Eins er um kjör sjómanna sem orðið hafa fyrir stórfelldri skerðingu hlutaskipta, og ekki er kjaraskerðingin minni hjá bændum sem miða tekjur sínar við kjör launamanna.

Að undanförnu hefur mörgum orðið starsýnt á laun þm. Þau eru há — það er rétt — enda spegilmynd af þeim launakjörum sem almennt tíðkast hjá þeim sem taka há laun, og í þeim birtist fyrst og fremst hinn fáránlegi launamismunur sem viðgengst í þjóðfélagi okkar. Þann mun verður að minnka. Það verður að stefna að auknum launajöfnuði og hagsmunir láglaunafólks þurfa að sitja í fyrirrúmi. En jafnframt hljóta launamenn, hvort sem er um að ræða verkamenn, verslunarmenn eða menntamenn, að einbeita kröftum sínum að því framar öllu öðru að koma í veg fyrir að hlutur peningaaflanna sé stórlega aukinn, svo að nemur þús. millj. kr., á kostnað launþega, sjómanna og bænda.

Þegar vinstri stjórnin kom til valda og jók lífeyrisgreiðslur til aldraðra og öryrkja mjög verulega, leiðrétti aflahlut sjómanna og stuðlaði að stórbættum kjörum launamanna og bænda, var klifað á því í málgögnum Sjálfstfl. að vinstri stjórnin hefði slegið upp veislu í þjóðarbúinu, nú yrðu allir sjóðir tæmdir og þjóðin mundi éta sig út á gaddinn.

Þannig voru viðbrögð peningavalds og gróðaafla, kvartanir þeirra og kveinstafir þegar tekjuskiptingin breyttist þeim í óhag. En reyndin varð sú að sameiginlegir sjóðir landsmanna gildnuðu með hverju ári vinstri stjórnar allt þar til stjórnin missti starfshæfan meiri hl. á Alþ. í byrjun seinasta árs og þrátefli hófst um aðgerðir í efnahagsmálum.

Ef aðgerðir vinstri stjórnarinnar til tekjujöfnunar haustið 1971 eiga að kallast veisla, þá er það fjölmennasta veisla sem sögur fara af.

En eftir að núv. íhaldsstjórn komst til valda og tók að breyta tekjuskiptingunni í fyrra horf með þeim árangri að lífskjör alþýðu manna eru nú komin niður fyrir það sem þau voru fyrir þremur árum, þegar vinstri stjórnin tók við, þá upphófst annar mannfagnaður sem stendur enn og sá er síst íburðarminni en sá fyrri, en í þetta sinn er veislan nokkuð fámenn.

Það er einmitt kjarni þessa máls að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum er fyrst og fremst miðuð við fámenna hópa peningamanna sem gerir því harðari kröfur, þeim mun meiri sem völd hans eru. Ömurlegt er til þess að vita að forustumenn Framsfl. skuli láta hafa sig til að þjóna sérhagsmunum Sjálfstfl., en fáum dylst nú orðið að í efnahagsmálum ráða forustumenn Framsfl. álíka fáu og smáu og í utanríkismálum. Eða lítum á eitt helsta vandamálið sem nú er við að glíma í efnhagsmálum, þverrandi gjaldeyrissjóði.

Í stað þess að setja nokkrar hömlur á skefjalausa eyðslu gjaldeyrisins strax í haust var valin leið Sjálfstfl., að lækka gengið nógu mikið til að fólkið hefði ekki efni á að kaupa erlendar vörur. En þetta dugði ekki og upp úr áramótum var orðið lítið eftir af gjaldeyrisvarasjóði þjóðarinnar sem verið hafði í hámarki einu ári áður Þá hélt Ólafur Jóhannesson fræga ræðu og gaf ótvírætt í skyn að nú væri tími til kominn að setja nokkrar hömlur á sölu gjaldeyris. Ræðan hafði þó ekki önnur áhrif en þau að á næstu dögum tæmdist það sem eftir var af gjaldeyrisforðanum. Síðan tók við margra vikna stjórnleysi í efnahags- og gjaldeyrismálum, þar til Sjálfstfl. tók af skarið og fékk því ráðið að enn skyldi gengið fellt. Það mátti ekki skerða verslunarfrelsið, rétt hinna efnaðri til ótakmarkaðrar gjaldeyriseyðslu, ekki einu sinni í fáeina mánuði, heldur skyldi nú enn einu sinni reynt að þrýsta niður lífskjörum fólksins með nýju gengisfalli. Þannig birtist eðli þeirrar íhaldsstefnu sem nú ræður ríkjum.

Þegar gjaldeyrissjóður þjóðarinnar er í hættu, hvað er þá sjálfsagðara en að spara erlenda mynt meðan þess gerist þörf með því að stöðva um sinn innflutning á þeim vörutegundum sem framleiddar eru jafngóðar hér innanlands, t. d. á innréttingum, húsgögnum, fiskafurðum, kökum eða gosdrykkjum, svo að örfá dæmi séu nefnd? En forustumenn Sjálfstfl. mega ekki til þess hugsa að nokkrar hömlur séu lagðar á athafnafrelsi helstu stuðningsmanna sinna, heildsalanna. Hagsmunir þeirra eru hagsmunir flokksins. Þess vegna fannst ekki annað ráð til að minnka innflutning en að halda áfram að fella gengið og freista þess enn að gera skortinn að skömmtunarstjóra.

En eins og önnur íhaldsúrræði þessarar stjórnar reynist þessi aðferð þó ekki duga til. Í viðtali við eitt dagblaðanna í gærmorgun segir skrifstofustjóri í viðskrn. að nú, sex vikum eftir seinustu gengisfellingu, sé gjaldeyrisstaðan verri en nokkru sinni fyrr, sé meira að segja orðin neikvæð um 2000 millj. kr. og hafi ekki skapast annað eins ástand í hálfan annan áratug. Þannig er ástandið eftir hálfs árs valdaferil Ólafs Jóhannessonar í embætti viðskrh. undir leiðsögn Geirs Hallgrímssonar. Þessir menn geta engum öðrum um kennt en sjálfum sér hvernig komið er. Þeir hafa haft nægan tíma og öruggan þingmeirihl., verkalýðshreyfingin hefur sýnt mikla þolinmæði og þeir hafa haft ágætan vinnufrið, og þetta er árangurinn.

Eins er á öðrum sviðum efnahagsmála. Íhaldsforusta Sjálfstfl. knýr á um samdrátt á öllum sviðum. Íbúðabyggingar eru að dragast saman um allt land vegna gengisfellinga og vegna fjármagnskreppu sem beinlínis er skipulögð af Seðlabankanum. Dregið er stórlega úr útlánum stofnlánasjóða atvinnuveganna og er t. d. bersýnilegt að Iðnlánasjóður verður mjög krepptur með fjármagn á næstu mánuðum. Undanfarnar vikur hafa kaupfélagsstjórar víðs vegar að af landinu komið hópum saman til viðræðna við þm. hinna ýmsu kjördæma og boðað mönnum, að vegna síversnandi lánafyrirgreiðslu Seðlabankans út á rekstrarvörur sauðfjárbænda sé yfirvofandi hætta á því að gömul og gróin kaupfélög einkum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, komist í alger fjárþrot að nokkrum mánuðum liðnum. Til viðbótar hefur verið dregið verulega úr verklegum framkvæmdum ríkisins víða um land, og nú er mikil hætta á því að fjármagn til vega, skóla, sjúkrahúsa og annarra lífsnauðsynlegra framkvæmda verði skorið enn frekar niður á næstu vikum.

Öllum er ljóst að oft getur verið nauðsynlegt að lækka seglin og draga úr framkvæmdum, einkum á það við á miklum þenslutímum. En nú er tími samdráttar og minnkandi framkvæmda á öllum sviðum og því augljóst að ekkert er hættulegra fyrir atvinnuástandið í landinu en að opinberir aðilar keyri af fullum krafti í samdráttarátt. Enginn skyldi þó halda að skortur sé á fjármagni. Á sama tíma og allir innlendir atvinnuvegir stynja undan fjármagnsskorti, vegna þess að Seðlabankinn er naumur á fé og stofnlánasjóðirnir fá lítið af erlendum lánum, er verið að ákveða að eyða 9000 millj. kr. til byggingar og rekstrar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, og allt þetta fé verður tekið að láni erlendis. Þetta er upphæð sem jafnast á við allar verklegar framkvæmdir ríkisins á þessu ári og upphæðin er þrisvar sinnum hærri en allt það fé samanlagt sem lánað var úr Iðnlánasjóði, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóði á s. l. ári, 9000 millj.

Það verða tiltækar 500 millj. til að byggja höfn við Grundartanga í Hvalfirði, en þó var ekki hægt að verja á fjárl. nema 585 millj. kr. samanlagt til annarra almennra hafna víðs vegar á landinu öllu. Og til þessa fyrirtækis verður seld raforka undir framleiðslukostnaði, þótt fyrirsjáanlegt sé að við verðum að leggja þúsundir millj. á næstu árum til að flýta gerð nýrra stórvirkjana, fyrst og fremst vegna þessarar orkusölu, jafnframt því sem ljóst er að þessi óhagkvæma orkusala til stóriðju í Hvalfirði mun valda því að þúsundir heimila verða að bíða miklu lengur en ella eftir ódýrri raforku til húsahitunar.

Þannig er byggðastefna Framsfl. í hægri stjórn. Þá reynist það hlutverk flokksins að stuðla að gífurlegum samdrætti á öllum sviðum og draga stórlega úr framkvæmdum víðs vegar um land á sama tíma og flokkurinn samþ. 9000 millj. kr. fjár-

festingu ríkisins í Hvalfirði. Og þetta er aðeins byrjunin, eins og rétt til að árétta stefnubreytingu flokksins í herstöðvamálinu fyrr á þessum vetri sem m. a. fól í sér að samþykktar voru nýjar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, aðallega íbúðarbyggingar, fyrir 5 800 millj. ísl. kr.

Ég er því ekki undrandi á þeim fréttum sem um þessar mundir berast víða að um óánægju og vaxandi reiði framsóknarmanna í garð flokksforustunnar. Það hlýtur að vera aðeins tímaspursmál hvenær það gerist að flokksbundnir framsóknarmenn taka ráðin af forustumönnum sínum og leiða þá burt úr núverandi samstarfi.

Íhaldsöflin hafa löngum reynt að telja fólki trú um að efnahagserfiðleikar á Íslandi séu verkalýðshreyfingunni að kenna. Nú hefur íhaldsstjórnin spreytt sig á vanda íslenskra efnahagsmála í meira en hálft ár. Hún hefur böðlast áfram með nýjum og nýjum árásum á lífskjör fólksins, meðan verkalýðshreyfingin hefur sýnt dæmalausa biðlund og þolinmæði, og árangurinn er sá að vandi efnahagslífsins fer vaxandi með degi hverjum, jafnframt er nú þolinmæði verkalýðshreyfingarinnar á þrotum og verkföll í aðsigi. Hvort sem þeim verður afstýrt eða ekki með bráðabirgðasamkomulagi til nokkurra mánaða, ætti öllum að vera ljóst að óhappaverk þessarar stjórnar eru orðin nógu mörg.

Við þurfum stjórnarskipti. Þjóðin er búin að sjá nóg af þessari nýju stjórn til að dæma hana af stefnu hennar og stefnuleysi. Við þurfum alþingiskosningar og nýja vinstri stjórn með öflugra og róttækara umboði en sú sem kvaddi á seinasta ári, — stjórn sem tekur við þar sem fyrr var frá horfið, þótt að vísu verði ekki sagt að tekið sé til óspilltra málanna.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Andstæðingar ríkisstj. halda því fram dag eftir dag að af ásettu ráði og með illum huga leitist stjórnin við að skerða kjör alls þorra landsmanna, eins og síðasti ræðumaður hélt fram hér áðan. Þetta er sennilegur áróður eða hitt þó heldur, og til þess eins fallinn að leiða stjórnmálaumr. inn á tilgangslausar brautir.

Hér er ekki aðeins um að ræða alvarlega ásökun á ríkisstj., heldur fyrst og fremst móðgun við almenning, vanmat á því að landsmenn búi yfir heilbrigðri skynsemi og beiti henni. Hverjum dettur í alvöru í hug að stjórnvöld í lýðræðislandi skerði viljandi lífskjör almennings sem þau hljóta að leita stuðnings hjá í næstu kosningum? Stjórnmálamenn freistast hins vegar áreiðanlega oft til, eins og dæmin sanna, að fegra myndina fyrir kjósendum og láta eftir óskhyggju sinni og almennings um það, sem unnt er að gera á hverjum tíma, án þess að forsendur séu til efnda. Þannig er ótvírætt meiri hætta á því, að stjórnmálamenn lofi upp í ermina og leyni almenning sannleikanum ef hann er óþægilegur, en að þeir beiti almenning, kjósendur sína, harðræðum.

Ríkisstj. berst nú við þá sem vilja ekki horfast í augu við staðreyndir efnahagslífsins, vilja ekki sætta sig við að gæði heimsins eru takmörkuð og fjármunum er ekki unnt að eyða til lengdar án þess að þeirra sé aflað. Fámenni okkar íslendinga ætti að auðvelda okkur, fremur en öðrum, að skilja að ríkisstj. og Alþ. geta ekki gert annað í þágu fólksins í landinu en fólkið sjálft verður að greiða fyrir að lokum.

Sá grunur læðist óneitanlega að manni, þegar því er haldið fram, að almenningur hafi misst traust og trú á stjórnmálamönnum, að það eigi rætur að rekja til þess að menn hafi staðið stjórnmálamenn að því að leyna raunverulegu ástandi þjóðarbúsins. Nú er svo komið að ekki er unnt, hvorki fyrir almenning né stjórnmálamenn að neita þeim staðreyndum sem við blasa í efnahagsmálum. Þegar svo er komið er eðlilegt að trú manna dvíni á þeim stjórnmálamönnum sem enn halda því fram, að unnt sé að halda veislu endalaust, og þora ekki að viðurkenna sannleikann.

Í byrjun síðasta árs bjuggu íslendingar við bestu viðskiptakjör sem saga okkar greinir frá. Engu að síður var öllum ljóst, eftir að kjarasamningar voru þá gerðir, að stefnt var til meiri kaupmáttar- og tilkostnaðarhækkana innanlands, en jafnvel þau góðu viðskiptakjör gátu undir staðið, hvað þá heldur ef tekið var tillit til hækkandi olíuverðs í heiminum. Þess vegna ákvað fyrrv. ríkisstj. að taka kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi og greiða skyldi kaup samkv. óbreyttri kaupgjaldsvísitölu miðað við 1. mars 1974. Þess vegna og vegna versnandi viðskiptakjara þegar leið á síðasta ár voru allir stjórnmálaflokkar sammála um í stjórnarmyndunarviðræðum að þörf væri til viðbótar róttækra ráðstafana í efnahagsmálum sem hlytu að skerða óraunhæfan sýndarkaupmátt launa eins og hann var fyrst eftir kjarasamningana.

Sá vandi, sem stjórnmálamenn hafa staðið frammi fyrir frá því á liðnu ári, er að laga kjör almennings að versnandi viðskiptakjörum þjóðarinnar. Við gerð þeirra efnahagsráðstafana, sem nýmynduð ríkisstj. greip til á liðnu hausti, var gengið út frá ákveðnum forsendum um getu þjóðarbúsins, en frá þeim tíma hafa viðskiptakjörin versnað um 14—15% og frá því endanlega var gengið frá fjárl. skömmu fyrir jól hafa viðskiptakjörin versnað um 8—10%. Á aðeins einu ári hafa viðskiptakjörin versnað um 30%.

Nauðsynlegt er að hafa þessar staðreyndir í huga þegar rætt er um efnahagsvandann og kjaramálin almennt. Það, sem talið var nægilegt við stjórnarmyndunina s. l. haust, hefur ekki reynst fulnægjandi vegna þessarar neikvæðu þróunar.

Tæmandi má telja þau úrræði sem stjórnvöld hafa til lausnar þeim vanda sem við hefur verið að glíma á síðasta og þessu ári. Í fyrsta lagi gátu menn reynt að færa niður allt verðlag og kaupgjald í landinu. Í öðru lagi var sá kostur að leggja almenna skatta á landsmenn og verja tekjum af þeim í styrkveitingar til atvinnuveganna. Í þriðja lagi var sá kostur að auka tekjur atvinnuveganna í krónutölu íslensks gjaldmiðils með því að lækka gengi ísl. krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri. Önnur ráð en þessi þrjú er ekki um að ræða þegar við lendum í slíkri stöðu.

Fyrsta leiðin felst að vissu leyti í því, að

treysta á lækkandi verðlag í kjölfar kaupgjaldslækkunar. Sannleikurinn er þó sá, að ég held að allir séu sammála um að þessi leið er ekki fær. Launþegasamtökin geta ekki gengist inn á lækkun kaupgjalds. Þar að auki er það álit þeirra, sem gleggst vita, staðfest af reynslu, að ekki er unnt að fylgja fram kröfunni um lækkað verðlag í kjölfar lækkandi kaupgjalds á nokkurn raunhæfan hátt.

Önnur leiðin, styrkja- og uppbótaleiðin svonefnda, hefur oft verið reynd hér á landi og hefur ávallt verið árangurslaus. Styrkja- og haftakerfið, sem þessi leið byggir á, hefur ávallt leitt til gengislækkunar að lokum, og þetta kerfi mismunar atvinnuvegum og verður til þess að framleiðsluþættirnir: vinnuafl, fjármagn og atvinnutæki, nýtast ekki á hagkvæmastan hátt. Í raun og veru er þess vegna ekki um annað að ræða, þegar gengi ísl. gjaldmiðils er fallið, en að skrá hann rétt, ef við viljum koma í veg fyrir vöruskort, skömmtun og höft í landinu og tryggja að atvinnuvegirnir séu reknir af fullum krafti.

Ef við viljum tryggja fulla atvinnu og koma í veg fyrir atvinnuleysi er einnig þýðingarlaust til lengdar að treysta á það að opinberir aðilar, hvort heldur ríki eða sveitarfélög, geti með einhvers konar atvinnubótavinnu eða aukningu opinberra framkvæmda tryggt atvinnuöryggi. Hjól atvinnulífsins sjálfs verða að snúast af fullum krafti. Þess vegna verða atvinnuvegirnir sjálfir að bera svo mikið úr býtum að þeir séu reknir hallalaust.

Sagt er að ríkisstj. hugsi meira um atvinnutækin og forstjórana en fólkið í landinu. En atvinnuvegirnir verða engu síður en aðrir að búa við lakari hluta á þessu ári en á velgengnistímum. Kvartanir forstjóranna bera um það vitni.

En fólkið í Neskaupstað komst að raun um í snjóflóðunum hve mikils virði atvinnufyrirtækin eru til að gera vinnu fólksins verðmætari. Og íslendingar almennt gera sér grein fyrir því að það er í þágu fólksins sjálfs að atvinnuvegirnir beri sig. Þjóðin getur ekki eytt meiru á hverjum tíma en afrakstur atvinnuveganna segir til um. Það er því fyrst og fremst hagur þeirra sem skammtar mönnum lífskjör og lífskjörin geta ekki orðið betri en atvinnuvegirnir þola til lengdar. Þetta er staðreynd, hvort sem um ríkis-, bæjar-, samvinnu- eða einkarekstur er að ræða.

Gengislækkun hefur, eins og niðurfærsluleiðin og uppbótaleiðin, ýmsa ókosti. Hún dregur úr vilja manna til sparnaðar, hún er ekki til þess fallin að draga úr verðbólgunni og framkvæmd hennar verður til þess að hagur ýmissa atvinnufyrirtækja, einkum í verslun, versnar.

Þegar til gengisbreytingar er gripið er nauðsynlegt jafnframt að gera aðrar ráðstafanir samhliða til að vega á móti þessum annmörkum og tryggja tilætlaðan árangur. Ríkisstj. hefur nú lagt fram frv., sem hefur að geyma ráðstafanir í því skyni. Það er flutt til þess að gengisbreytingin komi að haldi við að tryggja jafnvægi í viðskiptum við útlönd og samkeppnisstöðu íslenskra atvinnuvega. Frv. er ætlað að styðja gengisbreytinguna með aðhaldi í fjármálum ríkisins, peninga- og lánamálum og hófsemi í kjaraákvörðunum. Auk þeirra hliðarráðstafana, sem frv. gerir ráð fyrir, hefur ríkisstj. í kjölfar gengisbreytingarinnar í febr. hækkað innflutningsgjald af bifreiðum, hækkað áfengi og tóbak, söluskatt um eitt stig til að standa straum af kostnaði við bætur til Neskaupstaðar vegna náttúruhamfaranna þar, stöðvað útlánaaukningu banka umfram sparnað, og eftir páska verður lagt fram á Alþ. frv. sem hefur að geyma ákvæði um tekjuskiptingu innan sjávarútvegsins. En með öllum þessum heildstæðu aðgerðum er ríkisstj. að treysta grundvöll efnahagslífsins.

Skv. frv. er veitt heimild til þess að lækka fjárveitingar á fjárl. 1975 og útgjöld skv. sérstökum lögum um allt að 3 500 millj. kr. eða sem nemur 7½% af heildarútgjöldum fjárl. í samráði við og með samþykki fjvn. Alþ. Því verða ekki raktar hér beinar till. um lækkun fjárveitinga. Gerðar hafa verið ráðstafanir til að stemma stigu við því að áhrif gengisbreytingarinnar komi fram sem útgjaldaauki hjá ríkissjóði. Jafnframt verður leitast við að koma við frekari sparnaði í rekstri ríkisins á öllum sviðum.

Samdráttur þessi í útgjaldaáformum ríkisins er nauðsynlegur vegna þess að rýrnun viðskiptakjaranna um 8—10% frá því fjárl. voru samþ. dregur úr tekjum, svo og er gert ráð fyrir að minni eftirspurn innanlands í kjölfar gengisbreytingar og gjaldahækkana minnki innflutningsmagn og þar með tekjur þær sem ríkissjóður hefur af innflutningi, enda er það nauðsynlegt ef bæta á gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins.

Þá er nauðsynlegt að skapa svigrúm fyrir skattalækkunum, beinna og óbeinna skatta, til að greiða fyrir kjarasamningum og fyrirsjáanlegum útgjöldum til að standa undir kostnaði vegna áburðarverðhækkana og ábyrgða á afborgunum togaralána. Loks er samdráttur í ríkisútgjaldaáformum nauðsynlegur til að geta lagt aukna áherslu á ýmsar framkvæmdir á sviði orkumála.

Í frv. því, sem nú hefur verið lagt fram, er gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts einstaklinga við álagningu 1975 um 850—900 millj. kr. og lækkun útsvars um 360 millj. kr. Einnig eru fjölskyldubætur almannatryggingakerfisins og aðrar barnaívilnanir ríkisins sameinaðar í skattaafslátt sem í frv. er nefndur barnabætur og greiðast út séu þær hærri en álögð gjöld. Þar með er stigið fyrsta skrefið til sameiningar tryggingabótakerfis og skattakerfis. Er þetta í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstj. þar sem segir: „Stefnt verði að sameiningu algengustu bóta almannatrygginga og tekjuskattsins, er tryggi þjóðfélagsþegnunum lágmarkstekjur og horfi til skýrari áhrifa á tekjuskiptinguna í réttlætisátt og aukinnar hagkvæmni.“ Og enn fremur, að „á almennar launatekjur skal ekki lagður tekjuskattur.“ Áfram verður haldið að vinna að framkvæmd stefnuyfirlýsingar ríkisstj. í skattamálum eins og hæstv. fjmrh. mun víkja að seinna í kvöld.

Breytingin á skattalögunum miðar að því, eins og ráðstafanirnar í heild, að bæta einkum stöðu þeirra sem lægst hafa launin.

Jafnframt lækkun á beinum sköttum hefur frv. að geyma heimild til lækkunar á söluskatti og afnáms tolla af nokkrum mikilvægum mat-

vælum og hráefnum til matvælagerðar. Með beitingu heimildarákvæðanna mætti lækka óbeina skattheimtu ríkisins um 600—800 millj. kr. á heilu ári.

Ef litið er á lækkun beinna skatta, útsvara og óbeinna skatta í heild er lögbundið eða veitt heimild til að lækka þessa skattheimtu um tvo milljarða eða þar um bil. Ríkisstj. hefur í huga að beita heimildinni til lækkunar á óbeinum sköttum ef það verður til þess að stuðla að því að samningar náist milli aðila vinnumarkaðarins um lausn kjaramálanna.

Frv. hefur að geyma ákvæði um 5% skyldusparnað þeirra er höfðu tekjur í hærra lagi á árinu 1974. Með skyldusparnaðinum er stefnt að því að jafna sem sanngjarnast þeim byrðum, sem þjóðin í heild hlýtur nú að taka á sig, um leið og aflað er innlends fjármagns til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum ríkisins, þ. á m., í orkumálum. Undanþegnir sparískyldu eru þeir sem orðnir eru 67 ára á árinu 1974. Lagt er til að hjón með tvö börn greiði t. d. 5% af tekjum sínum umfram 1800 þús. kr. bruttótekjur á s. l. ári í skyldusparnað. Áætlað er að 5% skyldusparnaður skv. þessari grg. veiti ríkissjóði 200—250 millj. kr. tekjur á árinu. Skyldusparnaðurinn er verðtryggður og bundinn til tveggja ára.

Í fjárl. fyrir árið 1975 er áætlað að varið verði til flugmálastjórnar, rekstrar og viðhalds flugvalla svo og til fjárfestingar í flugvöllum um 440 millj. kr. úr ríkissjóði umfram þær tekjur sem flugvallarekstur ríkisins skilar ríkissjóði. Æskilegt er, að hver rekstrareining innan ríkiskerfisins standi undir sér að svo miklu leyti sem þess er kostur. Í samræmi við það hefur verið ákveðið að leggja á sérstakt flugvallargjald sem nemi 2 500 kr. fyrir hvern einstakling, verði gjaldið fellt inn í verð hvers farseðils. Með þessu gjaldi ættu tekjur ríkissjóðs að aukast um 225 millj. kr. Auk þess er ráðgert að hækka lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli sem skilað gæti ríkissjóði 70—75 millj. kr. á ári.

Í þessu frv. er lögð áhersla á það að útgjaldaáform ríkisins séu í samræmi við getu þjóðarheildarinnar og verði ekki til þess að skapa óeðlilega eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, heldur miklu fremur til þess að skapa svigrúm svo að myndun gjaldeyrisvarasjóðs geti á ný átt sér stað.

Með sama hætti er í þessu frv. skapaður ákveðinn rammi fyrir útlánaáform fjárfestingarlánasjóða og gerð grein fyrir hvernig fjármagna skuli útlánaáformin. Það verður að segjast eins og er að þessi áform um útlán eru og hafa verið hærri en geta sjóðanna leyfir. Í áætlunum ríkisstj. er gert ráð fyrir því, að íbúðarlánasjóðirnir og sjóðir atvinnuveganna hafi til útlána á árinu 1975 31% hærri upphæð en á síðasta ári. Innan þessa ramma verðum við að leitast við að halda okkur.

Í frv. er sett það hámark á erlendar lántökur til ríkisframkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að þær nemi 3 000—3 500 millj. kr., en að þeirri lántöku meðtalinni er nú áætlað að nettóaukning erlendra skulda þjóðarbúsins á árinu muni nema um 12 þús. millj. kr. Við þurfum okkar sjálfra vegna að setja okkur ákveðin takmörk í erlendum lántökum vegna þess að greiðslubyrði afborgana og vaxta af lánum vex óðfluga og getur orðið okkur fjötur um fót í framtíðinni. Óhóf í þessum efnum er einnig til þess fallið að draga úr lánstrausti okkar erlendis og takmörk eru á lánsfjáröflunarmöguleikunum. Með frv. er sú stefna mörkuð að nauðsynlegt sé að draga úr almennum framkvæmdum hjá opinberum aðilum ef orkuframkvæmdir eigi að hafa forgang.

Að svo miklu leyti sem samþykkt frv. hefur í för með sér samdráttaraðgerðir í útgjaldaáformum ríkis og lánastofnana verður að fylgjast nákvæmlega með atvinnuástandinu á hverjum tíma og slaka á ef einhver hætta er á atvinnuleysi.

Enginn neitar þeirri staðreynd að kjaraskerðing hefur verið mikil frá því 1. mars á síðasta ári þegar vísitalan hætti að mæla launþegum sjálfkrafa kauphækkanir. Sagt er að kaupgjald væri nú 46% hærra í krónutölu ef kaupgjaldsvísitalan hefði ekki verið tekin úr sambandi og ekki er tekið tillit til launajöfnunarbóta. Hér er þó um algerlega óraunhæfan samanburð að ræða eins og best sést á því að allir flokkar á Alþ. hafa víst viðurkennt, að nauðsynlegt var eða beinlínis staðið að því, að kaupgjaldsvísitalan var tekin úr sambandi um lengri eða skemmri tíma.

Það breytir hins vegar ekki því að þeirri spurningu þarf nú að svara hvernig unnt er að draga sem mest úr kjaraskerðingu. Stefna ríkisstj. hefur verið sú að reyna að auka tekjur hinna lægst launuðu í krónutölu með launajöfnunarbótum og bæta hag þeirra nú með skattalækkunum. Um launajöfnunarbætur voru sett lög á síðasta hausti og þar mælt fyrir um skyldu stjórnvalda til að endurskoða þau lög ef framfærsluvísitalan færi yfir 358 stig. Ríkisstj. hafði tilbúnar till. um endurskoðun launajöfnunarbótanna, en þær till. hafa ekki verið lagðar fram vegna óska aðila vinnumarkaðarins sem vilja reyna að ná samkomulagi sín á milli um launahækkanir. Nú standa þeir samningar yfir. Allir hljóta að vona að þeir hafi farsælan endi þótt e. t. v. verði ekki samið til langs tíma. Sé litið til þess hvað hinir lægst launuðu geta fengið í sinn hlut, þá er talið að launajöfnunarbæturnar frá því í haust nemi um 9% kauphækkun. Ef skattalagabreytingarnar, sem nú eru ráðgerðar, ná fram að ganga jafngilda þær um 7% kauphækkun sé miðað við tekjulágar barnafjölskyldur og til viðbótar kemur svo það sem vonandi semst um. Þá má tilgreina 3% grunnkaupshækkunina frá 1. des. Að öllu þessu samanlögðu má gera ráð fyrir að menn með lægst laun geti fengið nokkra hækkun launatekna sinna.

Þá er ljóst að endurskoða verður elli- og örorkulífeyri og hækka lágmarkstekjutryggingu elli- og örorkulífeyris því að enginn gengur þess dulinn að þeir, sem við þær tekjur búa, standa einna verst að vígi.

Að öllu þessu er nauðsynlegt að hyggja um leið og hafa verður í huga að meiru verður ekki skipt en aflað er.

Herra forseti. Sá tími þarf að koma að íslenskir stjórnmálamenn og íslenska þjóðin geti einbeitt

huga sínum og kröftum að langvinnari framtíðarverkefnum án þess að verða að láta allt snúast um lausn vandamála líðandi stundar frá degi til dags. Ég vil líkja stöðu okkar nú við skip í skerjagarði sem verður að stýra fram hjá einu skeri án þess að steyta á því næsta. Úrlausnarefnin eru mörg og viðkvæm, ekki síst við lausn kjaramálanna. Í þeim efnum verður að skírskota til skilnings og samhugar þjóðarinnar allrar.

Forgangsverkefnið er að tryggja fulla atvinnu og atvinnuöryggi og treysta þar með grundvöll þeirra góðu lífskjara sem þjóðin hefur búið við á undanförnum árum. Til þess að ná þessu markmiði, jafnframt því sem hamlað er gegn verðbólgunni, verðum við að halda í við okkur, sníða okkur stakk eftir vexti. Hlutskipti okkar er gott samanborið við flestar þjóðir aðrar. Þrátt fyrir andstreymi í efnahagsmálum er hér ekkert atvinnuleysi, ólíkt því sem er í ýmsum nálægum löndum. Mikil óvissa ríkir í efnahagsmálum heimsins um þessar mundir. Við ættum því að keppa að því allir sem einn að gæta í hvívetna þeirrar hófsemi sem er forsenda atvinnuöryggis. Hverju mannsbarni ætti að vera ljóst að þegar tekjur þjóðarinnar í heild minnka vegna versnandi viðskiptakjara eru ekki aðstæður til þess að ná raunverulegum kjarabótum. Sameiginleg áföll verðum við að bera sem heild og jafna þeim niður af félagslegri sanngirni.

Á það mun reyna nú hvort við verðum þess umkomin að snúast við þessum vanda af viti. Það liggur í eðli okkar þjóðskipulags að skilningur og stuðningur almennings og samtaka almennings er forsenda árangurs í þessum efnum. Ef við látum ekki sundurlyndi spilla fyrir okkur, stöndum saman og höldum friðinn, þá munum við sigrast fljótt á erfiðleikunum, komast út úr skerjagarðinum. Þá mun hagur okkar fljótt vænkast og hugsjónir rætast.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. „Sýnum í verki að þrátt fyrir smæð þjóðinnar kunnum við að hugsa stórt.“ Þannig mælti einn af forsrh. okkar fyrir allmörgum árum enda þótt við ættum þá við mikla efnahagsörðugleika að stríða. Þannig verða forustumenn íslensku þjóðarinnar jafnan að hugsa bæði á feitu árunum og hinum mögru.

Því miður verður ekki sagt að núv. ríkisstj. hafi lifað eftir þessu heilræði. Í nágrannalöndum okkar ýmsum þykir kurteisi að ætla nýrri stjórn svo sem hundrað daga til að ná valdi á verkefnum sínum og sýna fullmótaða stefnu í þjóðarforustu. Ríkisstjórn íhalds og framsóknar hefur nú setið á valdastólum tvisvar sinnum 100 daga og nokkru betur og ferill hennar hefur verið samfellt og óskipulagt undanhald undan erfiðleikum efnahagslífsins.

Það voru einhver fyrstu orð forsrh. að stjórnin mundi beita sér fyrir tímabundnum ráðstöfunum í efnahagsmálum, eins og hann orðaði það. Við þetta hefur vissulega verið staðið. En þjóðin hefur hrakist úr hverju víginu á fætur öðru. Gengi krónunnar hefur fallið, kjör heimilanna hafa versnað með hverri viku við bundið kaupgjald en 50—60% verðbólgu á ársgrundvelli. Rekstur fyrirtækja og þar með atvinna býr við sífellda óvissu. Gjaldeyrissjóðir hafa tæmst og þjóðin er byrjuð að glata lánstrausti sínu erlendis. Ríkisstj. hefur búið til hvern pakkann af bráðabirgðaráðstöfunum á fætur öðrum, en henni hefur aldrei tekist að spyrna við fótum, hvað þá hefja gagnsókn, ekki einu sinni að stöðva undanhaldið.

Ríkisstj. fékk í vöggugjöf þá aðvörun frá sérfróðum ráðgjöfum sínum að í efnahagsmálum ríkti þá þegar hættuástand. Þeim er ekki tamt að nota svo stór orð. En ríkisstj. heyrði ekki eða skildi ekki. Hinar tímabundnu ráðstafanir hafa til þessa allar reynst vera of litlar og koma of seint. Verðbólgan s. l. ár hefur gert Íslendinga að viðundri meðal þjóðanna í þessum hluta heims. Samt sem áður var í fyrra haldið áfram taumlausum austri á lánsfé sem að verulegu leyti var notað til eyðslu, bílakaupa, ferðalaga og fjárfestingar sem ekki verður kölluð annað en verðbólgubrask. Nú fyrst hafa verið settar harkalegar bremsur á útlán bankanna. Af hverju notaði ríkisstj. ekki hagstjórnartæki eins og Seðlabankann til að spyrna þarna við fæti þegar í fyrra? Hefði ekki verið skynsamlegra að stíga fyrr á bremsuna og hemla hægar, en snarstansa ekki útlán eins og nú hefur verið gert? Þegar svo harkalega er að farið sem nú er gert í bankakerfinu skapast þegar sú hætta að fyrirtækin komist í alger fjárþrot, neyðist til að draga saman seglin og atvinnuleysi geti á skömmum tíma komið til sögunnar.

Lítum á gjaldeyrismálin. Þau eru langalvarlegasti þátturinn í efnahagsvanda þjóðarinnar af því að þau snúa að umheiminum, á þeim byggist traust þjóðarinnar og efnahagslegt sjálfstæði hennar. Þær ráðstafanir, sem gerðar voru, gengislækkanir og fjárbinding, reyndust langt frá því að nægja á s. l. ári. Það þurfti að takmarka gjaldeyriseyðslu á mun róttækari hátt til þess að hindra að gjaldeyrissjóðurinn tæmdist, eins og gerðist í upphafi þessa árs, og gjaldeyrisbankarnir kæmust í 2000 millj. kr. yfirdrátt erlendis eins og nú mun vera. Ísland er að vísu aðili að ýmsum alþjóðlegum samtökum þar sem við erum skuldbundnir til að grípa ekki til aðgerða eða draga úr innflutningi, en reynslan hefur sýnt að þjóðir, sem búa við alvarlega erfiðleika, hafa samt sem áður gert slíkar ráðstafanir og jafnan komist upp með það.

Af hverju var ekki hægt að setja kvóta á bílainnflutninginn og segja: Bankarnir afgreiða gjaldeyri fyrir 5 eða 6 þús. bíla, en ekki meira, í stað þess að kaupa 12 þús.? Mátti ekki gera hið sama eða leggja aukagjald á fleiri sérstaka vöruflokka? Var ekki hægt að beita bankakerfinu til að draga úr gjaldeyrissölu eins og gert hefur verið á þessu ári? Jú, fjölmargt slíkt var unnt að gera án þess að setja upp gamaldags haftakerfi sem enginn óskar eftir. En þetta var ekki gert heldur skyldi ríkja stefna hinna frjálsu gjaldeyrisviðskipta hvaða afleiðingar sem það hefði. Sjálfstfl. krafðist þess að þeirri hugsjón hans yrði fylgt og forsrh. hefur verið óþreytandi að lofa þetta gjaldeyrisfrelsi, jafnvel á sama tíma og viðskrh. þeirra framsóknarmanna er kófsveittur við að skipuleggja leynihöft í bönkunum.

En hvað þýðir að tala um frelsi í gjaldeyrisviðskiptum þegar enginn gjaldeyrir er til? Ef gjaldeyrisnotkun þjóðarinnar hefði verið stillt í hóf í fyrra er líklegt að þetta frelsi væri enn fyrir hendi og enn væri til gjaldeyrisvarasjóður eins og nauðsynlegt er. En hinar tímabundnu ráðstafanir stjórnarinnar báru ekki árangur og það var hörfað aftur og aftur undan vaxandi erfiðleikum. Hik og ráðleysi settu svip sinn á landsstjórnina og nú er svo komið sem komið er.

Óánægja með þessa stjórnarhætti er að sjálfsögðu mikil innan beggja stjórnarflokkanna. Við þekkjum öll dagblöðin okkar: hvert um sig rammpólitískt málgagn, sem ekki sér sólina fyrir sínum eigin flokki og foringjum. Það er því orðið hart í ári hjá Morgunblaðinu er það birtir feitletraðar greinar til að draga úr óþreyju sjálfstæðismanna, eins og það var nefnt í blaðinu í gær. Í þeirri grein talar Geirs-unnandi um það að þjóðarvagninn standi klossfastur í sandbleytu. Stjórnarandstæðingar þurfa ekki miklu við slíka lýsingu að bæta. Og ekki er óánægjan minni innan Framsfl. sem tók svo skyndilegt heljarstökk í faðm íhaldsins að þess eru varla nokkur dæmi og flokksfólkið vissi ekki hvaðan á það stóð veðrið.

Ríkisstj. átti í fyrrasumar hlut að svokölluðum láglaunabótum, en að því undanteknu hefur sífellt stefnt í ógæfuátt um afkomu heimilanna í landinu, sérstaklega launþega þeirra sem hafa haft 40—60 þús. kr. fyrir dagvinnu og margir hverjir minnkandi eftirvinnu. Verðhækkanir hafa verið gegndarlausar, bæði af erlendum uppruna og innlendum, þannig að neytendur eru með öllu varnarlausir því að alltaf er það ný sending sem komin er með hærra verðinu. Það er næsta furðulegt, að nú síðustu vikur hafa fóðurvörur og matvörur farið ört lækkandi víða erlendis, eins og lesa má í fréttum, og af þessari ástæðu er okkur sagt að verð á fiskafurðum okkar hafi einnig lækkað, en á sama tíma fer verð á innlendum matvörum hér heima hækkandi og okkur er sagt að það stafi af því að erlend fóðurvara hafi hækkað. Hver á að skilja í öllu þessu?

Enda þótt launþegar hafi lítið getað gert til að verjast áföllum verðbólgunnar hefur verkalýðshreyfingin sýnt mikla biðlund undanfarna mánuði og verður með engu móti sagt að hún beri sök á því hvernig komið er. Öllu eru þó takmörk sett, sérstaklega þegar atvinnurekendur fást ekki til að sýna nema mjög takmarkaðan samningsvilja og enginn árangur verður af löngum viðræðufundum. Það er því von að þolinmæði bresti að lokum og hafa verkalýðsfélögin nú ákveðið verkfallsdag nokkru eftir páska. Ekki er þó svo harkalega að farið að enn sé ekki allgott svigrúm til að ná viðunandi samkomulagi ef atvinnuveitendur og ríkisstj. vilja, og vona allir að svo muni fara.

Ríkisstj. hefur í dag lagt fyrir Alþ. mikið frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum og felast í því þær hliðaraðgerðir sem lengi hefur verið beðið eftir. Gert hefur verið ráð fyrir breyt. á skattakerfi, heimildir veittar til að lækka söluskatt og toll af nokkrum vöruflokkum, settur skattur á flugfargjöld og skyldusparnaður á háar tekjur, svo að eitthvað sé nefnt. Mun ég ekki ræða þessar hliðar málsins nánar að sinni, enda eru aðeins fáar klukkustundir síðan stjórnarandstöðunni barst frv. í hendur.

Eitt atriði vekur þó sérstaka athygli. Í 1. gr. er heimilað að spara 3 500 millj. kr. af útgjöldum fjárl., en heildarupphæð þeirra er eitthvað nálægt 47 milljörðum. Hins vegar er ekki eitt orð í frv. eða grg. að finna um hvernig ríkisstj. ætlar að haga þessum sparnaði, hvaða útgjöld hún ætlar að minnka eða fella niður. Aðeins er sagt að þetta skuli gert í samráði við fjvn., en sú n. hefur ekkert um málið fjallað þó að nægur tími hafi verið til þess undanfarið og virðist því svo sem ríkisstj. hafi enn enga hugmynd um hvernig þetta eigi að gerast. Hér er um mikilsvert atriði að ræða. Ef þessi sparnaður reynist erfiður og lítið eða ekkert verður úr honum getur farið svo að hann leiði aðeins til aukins halla á ríkissjóði og aukinnar skuldar hjá Seðlabankanum. Það mundi aftur þýða að þetta fé yrði lagt á landsfólkið síðar og yrði þá ekki um neinn raunverulegan sparnað að ræða, heldur aðeins auknar álögur. Þjóðin yrði þá að greiða reikning fyrir þær ráðstafanir sem nú er verið að gera og sagt að séu fyrir hana. Hin stuttaralega 1. gr. frv. getur ekki annað en vakið grunsemdir í þessum efnum, enda er vitað að áhrifamenn í stjórnarliðinu hér á þingi hafa mjög takmarkaða trú á að slíkur sparnaður verði að veruleika.

Í hinni síharðnandi lífsbaráttu landsmanna hafa þeir orðið hvað harðast úti sem hita hús sín með olíu. Hækkanir olíuverðs hafa verið gífurlegar og er nú algengt um allt land að hitunarkostnaður venjulegra íbúða sé 10—15 og allt að 20 þús kr. á mánuði. Þetta er útgjaldaaukning sem er næstum því óbærileg fyrir allt launafólk og óhjákvæmilegt að þjóðfélagið geri ráðstafanir til að létta þessa byrði. Þetta hefur verið gert um sinn með nokkrum styrk sem greiddur hefur verið. Greiðslukerfið virðist því miður vera misheppnað og finnst mörgum að þessar höfðatölubætur séu nánast ný útgáfa af fjölskyldubótum. Hitt er þó verra, að þessi aðstoð skuli raunverulega ekki hafa haldist í horfinu hvað verðmæti snertir því að hækkun bótanna, sem er örlítil, nær engan veginn hækkun olíunnar á árinu. Ríkisstj. hefur til ráðstöfunar allmikið fé sem innheimt er með gömlum og nýjum söluskattstigum og hefði getað allt að tvöfaldað þessar bætur, en stjórnin hefur neitað öllum till. í þá átt og haldið þessari aðstoð niðri með harðri hendi. Er þó erfitt að finna nokkurt þjóðfélagslegt misrétti sem brýnni nauðsyn er á að leiðrétta en einmitt á þessu sviði.

Eins og orkumálum er nú komið virðast allir vera sammála um að þjóðin hafi undanfarna áratugi treyst um of á ódýra olíu, en ekki rækt sem skyldi uppbyggingu á orkuverum til að nýta þær auðlindir sem land okkar á í fallvötnum og jarðhita. Enda þótt mikið hafi verið rætt um þessi mál á Alþ. og hart sótt á ríkisstj. hefur hún enn ekki lagt fram heildaráætlanir um röðun framkvæmda og fjárútvegun á þessu sviði. Fólki í hinum ýmsu landshlutum er lofað að sett verði löggjöf um virkjanir þar, en almenningur áttar sig ekki alltaf á því hve langur tími getur

liðið frá því að löggjöf er sett uns framkvæmdir við virkjun hefjast. Það geta verið og eru venjulega mörg ár. Meiri hraði ætti að geta verið á byggingu hitaveitna svo að þúsundir heimila fái notið þeirra á allra næstu árum. En á því sviði hefur komið í ljós óvæntur þrándur í götu. Mörg lághitasvæði, sem kauptún og kaupstaðir þurfa á að halda til að hita hús sín, eru í einkaeign. Þegar samningsviðræður um hitaréttindi hafa byrjað hefur komið í ljós að ýmsir lögfræðingar landeigenda halda því fram að hitaorkan frá hverunum sé í raun og veru jafnmikils virði og hitaorka olíunnar. Ef svo fer, að húseigendur verði smám saman að greiða gjöld sem jafnast á við olíuverð fyrir heita vatnið, er hætt við að einhverjum þyki þrengjast fyrir dyrum. Þjóðin hefur um aldir litið á heita vatnið sem ókeypis hlunnindi og í eðli sínu þjóðareign. Auðvitað er óhugsandi annað en gera hveraorkuna alla þjóðareign, eins og málum er nú komið. En íhaldsöflin í stjórnarflokkunum hafa aðrar hugmyndir ef dæma má eftir umr. á Alþ.

Alþfl. hefur nokkur undanfarin ár flutt till. um að landið allt verði gert þjóðareign nema hvað bændur eigi bújarðir sínar. Þetta er stórmál sem er í samræmi við þróun tímans og vart hugsanlegt að þjóðin geti lifað raunverulega frjálsu lífi í landi sínu og hagnýtt það á eðlilegan og hagkvæman hátt í framtíðinni, nema landið verði í þjóðareign. Þessar hugmyndir eru alls ekki árás á bændastéttina, eins og reynt er að halda fram, heldur munu þær er til lengdar lætur reynast landbúnaði margvíslegur styrkur. Undanfarna daga hafa tvívegis orðið um þetta mál miklar deilur á Alþ. og hafa bæði hörðustu íhaldsmenn, nokkrir framsóknarmenn og ótrúlegt en satt, einnig Alþb.-menn snúist gegn málinu. Það er furðulegt að heyra Alþb.-menn sameinast mesta afturhaldi þingsins í baráttu gegn þessu máli Alþfl., en vinstri menn um allan heim berjast fyrir sams konar málum hver í sínu landi. Hugsið um þetta mál hleypidómalaust og þið munuð komast að raun um, að Alþfl. hefur rétt fyrir sér. Landið okkar hlýtur að verða eign allrar þjóðarinnar fyrr eða síðar.

Alþfl. hefur á þessu þingi barist sem stjórnarandstæðingur, en jafnframt óháður öllum öðrum flokkum og hefur farið sínar eigin leiðir, fylgt sinni eigin stefnu, jafnaðarstefnunnni. Stjórnarandstaða okkar hefur t. d. komið fram á svo til öllum sviðum efnahagsmála þar sem við höfum starfað í nánu samráði við verkalýðshreyfinguna. Þegar Alþb. brást að verulegu leyti barðist Alþfl. einn gegn síðustu hækkun söluskattsins, svo að dæmi sé nefnt.

Alþfl. hefur að vanda reynt að reka málefnalega stjórnarandstöðu og hefur fylgt þeim stjfrv. sem flokknum sýnast vera til bóta og samræmst geta stefnu jafnaðarmanna. Margvísleg frv. og till., sem flokkurinn hefur sjálfur flutt, bera vott um íslenska jafnaðarstefnu og baráttu fyrir hagsmunum launþega, aldraðra, öryrkja og annarra sem á einhvern hátt standa höllum fæti í lífsbaráttunni.

Alþfl. hefur verið óháður flokkur að því leyti, að hann hefur í einstökum tilvikum verið fús til samstarfs við alla hina flokkana um einstök mál og þá eftir málefnalegri aðstöðu hverju sinni. Að sjálfsögðu eiga stjórnarandstöðuflokkarnir þrír, Alþfl., Alþb. og SF, margt sameiginlegt og standa oft saman, bæði í stjórnarandstöðunni og flutningi mála eða afstöðu til mála. Enda þótt Alþb. hafi lýst því yfir á flokksþingi að það sé takmark bandalagsins að útrýma Alþfl. og skipa sess hans í íslenskum stjórnmálum vinna þessir flokkar samt oft saman á þingi. En við gleymum ekki hótuninni og heitum á alla þá sem vilja stöðva valdaskrið kommúnista á Íslandi að veita okkur stuðning því að það er Alþfl. sem fyrst og fremst stendur í vegi fyrir framtíðaráformum Alþb.-forustunnar.

Við höfum átt gott samstarf við hina tvo þm. SF og varamenn þeirra. En stundum hefur þetta samstarf brostið og því er ekki að leyna að SF halla sér nú sífellt meir upp að Alþb. og virðast vilja eiga samleið með því. Þeir, sem enn þá styðja SF eða hafa minnstu trú á þeim, ættu að minnast þess að e.t.v. er Alþb. reiðubúið til að útrýma öðrum flokkum en Alþfl.

Sú íhaldskreppa, sem nú gengur yfir þjóðina með algerri kyrrstöðu í menningar- og skólamálum, félagsmálum, heilbrigðismálum og raunar flestum öðrum velferðarmálum, ætti að færa þjóðinni heim sanninn um að jafnaðarstefnan hefur miklu hlutverki að gegna í íslensku þjóðfélagi. Afturhaldsöflin láta nú mikið til sín taka á Alþ. og vaða uppi í Sjálfstfl. Þau hafa ekki verið eins hávær og sterk í íslenskri pólitík í áratugi. Alþfl. er sterkasta vígi þjóðarinnar gegn hvers konar öfgaöflum. Út úr því vígi munu Alþfl.-menn sækja á komandi árum og efla flokk sinn til aukins styrks og áhrifa. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þeir sem stjórna, hvort heldur er á þrengra eða víðara sviði, verða oft að taka vandasamar ákvarðanir. Það hefur Alþ. og ríkisstj. þurft að gera á þessu ári og þarf enn að gera. Hef ég þá fyrst í huga hina nýju verðskráningu krónunnar og ákvarðanir sem henni þurfa að fylgja.

Gengislækkun er alltaf að mínum dómi hreint neyðarúrræði. Henni fylgir margvísleg röskun auk ýmiss konar vandamála. En svo getur staðið á, að hún sé óumflýjanleg. Gengislækkunin í s. l. mánuði var að mínu viti ill en óhjákvæmileg nauðsyn. Þau vandamál, sem þurfti að snúa til betri vegar, voru fyrst og fremst aðstaða þjóðarbúsins út á við og afkoma útflutningsatvinnuvega þó að hagur einstakra greina væri þar misjafn. Orsakir þeirra erfiðleika voru öllu öðru framar stórlega versnandi viðskiptakjör á árinu og þau voru í árslok um 30% lakari en í ársbyrjun. Saman fór verðlækkun á nokkrum útflutningsafurðum og stórhækkun á innfluttum vörum og hráefnum og þá auðvitað fyrst og fremst á olíuverðinu. Það þarf enginn að ætla að slík sveifla gangi sporlaust hjá garði. Auðvitað áttu aðstæður innanlands einnig hlut að máli. Kaupgjaldssamningar 1974 fóru í sumum greinum út fyrir skynsamleg mörk. Afl eða vilja skorti til að gera réttar viðnámsaðgerðir í tæka tíð. Upprifjun þeirrar sögu snýr ekki straumi við úr þessu, en geymd er hún en ekki gleymd.

En hvers vegna dugðu ekki þær ráðstafanir, sem núv. stjórn beitti sér fyrir, eftir að hún komst til valda? Ástæðan er fyrst og fremst sú að á síðasta ársfjórðungi versnuðu viðskiptakjörin gagnvart útlöndum mun meira en gert hafði verið ráð fyrir þegar verið var að ganga frá fjárl. eða um nálægt 10%. Enn fremur varð innflutningur og gjaldeyrisnotkun umfram raunverulega getu meiri en nokkurt hóf var á og gert hafði verið ráð fyrir í áætlun. Auk þess má ekki gleyma óviðráðanlegum áföllum af náttúrunnar völdum. Forsendur þjóðhagsspár, sem gerðar voru á síðasta ársfjórðungi, brugðust. Þannig var t. d. viðskiptahallinn þrem milljörðum meiri á síðasta ári en spáð var seint á árinu. Efnahagssérfræðingum getur stundum skjátlast alveg eins og stjörnuspámönnum fyrri alda, en þeir eru jafnnauðsynlegir fyrir því. Veðurspá reynist stundum röng, en engum dettur í hug að leggja veðurfréttir niður fyrir þá sök.

Eftir áramótin blöstu þær staðreyndir við, sem drepið var á, og við þær varð að horfast í augu. Að mestu leyti voru þær óviðráðanlegar þó að vitaskuld megi oft sjá eftir á að einhverju hefði mátt haga á annan veg. En þessum staðreyndum og þeirri atburðarás, sem þeim liggur til grundvallar, verður ekki breytt með innantómu glamri, orðaskaki stjórnarandstöðunnar sem á þessu tímabili hefur aldrei haft neitt jákvætt til mála að leggja, enda hafa þeir stjórnarandstæðingar reynst falsspámenn í hverju atriði, jafnt stóru sem smáu.

Þegar mál lágu ljóst fyrir eftir áramótin var í raun ekki nema um tvo kosti að velja: annars vegar millifærsluleið í hefðbundnum stíl og hins vegar gengislækkun með tilheyrandi hliðarráðstöfunum.

Að vandlega athuguðu máli var gengislækkunarleiðin valin, enda þótt öllum væri ljóst að henni fylgdu ýmsir ókostir. Í mínum huga réð þar um mestu að með þeirri leið taldi ég meiri tryggingu fyrir því að hægt væri að halda fast við það höfuðmarkmið stjórnarstefnunnar að koma í veg fyrir atvinnuleysi svo og að með réttum hliðarráðstöfunum væri auðveldara að rétta hlut hinna tekjulægri og verst settu í þjóðfélaginu. Hin leiðin, millifærsluleiðin, var af þeirri stærðargráðu að hún var óframkvæmanleg, auk þess sem henni fylgdu allir þeir ágallar sem slíkri tilfærsluleið jafnan fylgja, þ. á m. kostnaður, skriffinnska og misnotkunarhætta.

Með gengislækkun ásamt nauðsynlegum hliðarráðstöfunum er stefnt að lagfæringu á gjaldeyrisstöðu og bættri afkomu útflutningsgreina. Sá böggull fylgir auðvitað skammrifi að erlendar skuldir og erlendir kostnaðarliðir hækka og dregst þannig nokkuð frá ávinningshliðinni. Hitt er og augljóst mál að gengislækkun fylgir lífskjararýrnun. Markmið hliðarráðstafana er að draga úr þeirri kjararýrnun hjá hinum tekjulægri, sem ekki mega neins í missa, og létta þeirra byrðar.

Það hefur verið gagnrýnt að þessar ráðstafanir og aðrar samræmingaraðgerðir, sem fylgja áttu í kjölfar gengislækkunarinnar, hafi dregist óeðlilega lengi. Það má að vissu leyti til sanns vegar færa. En hér hefur stjórninni verið vandi á höndum. Hún vildi bíða og sjá, hvort samkomulag gæti ekki tekist á milli aðila vinnumarkaðarins. Hún hafði tilbúnar till. um láglaunabætur, en frestaði framlagningu þeirra samkv. ósk beggja deiluaðila. Hún vildi ekki grípa fram fyrir hendur þeirra á meðan nokkur von væri til þess að samkomulag gæti náðst. Æskilegt hefði og verið að slíkt samkomulag lægi fyrir áður en ákvarðanir um aðrar ráðstafanir væru teknar.

En það er ekki hægt að bíða lengur. Nú hefur stjórnin lagt fram frv. um tilteknar efnahagsaðgerðir sem einmitt eiga að miða að því marki, sem ég áðan nefndi, að létta byrðar þeirra sem lakar eru settir, en leggja nokkrar kvaðir á þá sem betur mega. Þar eru þó ekki ákvæði um jafnlaunabætur sem menn með miðlungstekjur eða lægri verða óhjákvæmilega að fá við núverandi aðstæður. Það er enn rétt að bíða og freista þess að ná samkomulagi. Er vonandi að samngjörnum og góðviljuðum mönnum takist að finna þar leið er menn geta sætt sig við. En í þessu frv. er að finna verulegar skattaívilnanir, bæði í beinum sköttum, þ. e. tekjuskatti og útsvari, og óbeinum sköttum, þ. e. lækkun söluskatts á tilteknum matvælum. Þar eru ákvæði um skyldusparnað þeirra tekjuhærri, ferðaskattur eða flugvallargjald, eins og það er kallað, heimild til lækkunar ríkisútgjalda og lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs.

Á næsta leiti er svo frv. um ráðstafanir í sjávarútvegi sem nauðsynlegar eru í kjölfar gengisbreytingarinnar og af öðrum ástæðum. Þá er og á næstunni væntanlegt frv. um lánskjör opinberra fjárfestingarlánasjóða. Með því er stefnt að samræmingu reglna um það efni. Markmið þeirra á að vera að hamla nokkuð gegn verðbólgu. Þá hafa og verið settar reglur byggðar á samkomulagi Seðlabankans og viðskiptabankanna um stöðvun útlánaaukningar til mailoka. Gildir þessi útlánatakmörkun um öll lán nema endurkaupanleg afurða- og birgðalán, einkum til sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar, og reglubundin viðbótarlán til þessara greina. Með þessari útlánatakmörkun er stefnt að því að bæta gjaldeyrisstöðuna og lausafjárstöðu bankanna. Þessi ákvörðun er í raun og veru neyðarvörn vegna ástandsins eins og það er. Það má og segja að það sé tímabundin tilraun og um áframhald hennar fer auðvitað eftir fenginni reynslu að reynslutímanum liðnum. Og vitaskuld verður að framkvæma þessar reglur með vakandi auga á atvinnuástandi. Atvinnuvegirnir þurfa að geta gengið. Það er og verður fyrsta boðorðið.

Ég mun ekki ræða þær efnahagsaðgerðir nánar, sem í frv. þessu felast, í einstökum atriðum, enda hefur það þegar verið gert af hæstv. forsrh. Ég vil aðeins undirstrika að markmið þeirra er það, sem fram kemur í heiti frv., að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Að sjálfsögðu er þetta frv. að sumu leyti byggt á málamiðlun, eins og jafnan er um þess konar frv. samsteypustjórna, en endurspeglar ekki algerlega þá stefnu sem hvor flokkur fyrir sig mundi helst kjósa ef hann mætti einn ráða. Ég bendi þó á að í þessu frv. er að finna sum þeirra atriða er voru í efnahagsmálafrv. því, sem ég beitti mér fyrir s. l. vor, en þá hlaut ekki fylgi.

Ég vona, að þessar aðgerðir beri tilætlaðan árangur. Við erum að sumu leyti í efnahagslegri

lægð þótt að öðru leyti séum við betur á vegi staddir en margar þjóðir þar sem atvinnuleysi er orðið tilfinnanlegt, en hér er ekki enn hægt að tala um það. Ég er ekki í vafa um, að efnahagslægðin mun ganga yfir, enda höfum við oft átt við meiri erfiðleika að etja þótt sveiflan sé stór frá því sem best var. Með góðum vilja og samstilltu átaki munum við sigrast á þeim erfiðleikum sem nú er við að fást. Það má þó ekki búast við of snöggum umskiptum. Það verður að gæta viss meðalhófs í öllum efnahagsaðgerðum, annars getur slegið í baksegl. Annars vegar er nokkur samdráttur nauðsynlegur um sinn, en á hinn bóginn þarf að gæta þess að hann verði ekki svo mikill að hann leiði til atvinnuleysis eða stofni viðurkenndri byggðastefnu í nokkra tvísýnu. Þetta meðalhóf getur verið vandþætt. Við skulum ekki heldur gleyma því, sem reynslan hefur kennt okkur, að við erum mjög háðir efnahagsframvindunni í umheiminum. Og það lögmál má heldur aldrei gleymast að þjóðfélagið í heild getur ekki til lengdar eytt meiru en það aflar.

Því skal ekki neitað að tími ríkisstj. til þessa hefur farið í það að sinna aðsteðjandi efnahagsmálum. Það hefur því verið minni tími en skyldi til að sinna hinum stóru framtíðarmálum. Þó hefur verið unnið að landhelgismálinu af fullum krafti og munu þar raunar allir vera sammála að meginstefnu til.

Uppbygging og efling atvinnulífsins er meginmarkmið núv. stjórnar. Þar hefur svo sannarlega góður grundvöllur verið lagður: Ný og góð skip á nær því hverri höfn. Fiskvinnslustöðvar víðs vegar byggðar og bættar. Afkomuskilyrði fólks í sjávarplássum allt í kringum landið víðast hvar gerbreytt frá því sem áður var. Á þessum grundvelli verður áfram að byggja.

Framfarir í landbúnaði á sviði ræktunar, vélvæðingar og húsagerðar hafa verið örar og stórstígar. Vinnslustöðvar landbúnaðar hafa verið og eru víða í endurnýjun og uppbyggingu. Gegna þær tvöföldu hlutverki: breyta afurðunum í verðmætari vörur og veita mikla atvinnu. Hér þarf að halda áfram á sömu braut. Hjáróma úrtöluraddir eru eins og nátttröll á glugga við dagsbrún.

Það er þó ekki hvað síst í iðnaðinum sem mikilvæg framtíðarverkefni bíða. Þess vegna eru orkumálin ofarlega á blaði í stefnuskrá stjórnarflokkanna. Í þeim efnum þarf að gera sérstök átök til virkjunar fallvatna og jarðvarma. Það er undirstaða iðnaðar, hvort heldur er í stærri eða smærri stíl, og húshitun með slíkum innlendum varmagjafa þarf að leysa olíuna af hólmi. Hér er mikið verk að vinna.

Framleiðsluatvinnuvegirnir eru og verða undirstaða þjóðarbúsins. Þær undirstöður verður auðvitað að treysta á allan hátt. Á þeim hornsteinum hvílir flest annað í þjóðfélaginu. En margs konar þjónustustarfsemi er einnig mikilvæg og þá ekki hvað síst verslunin. Við íslendingar erum flestum þjóðum fremur háðir viðskiptum við önnur lönd. Innflutningsverslun, hvort heldur er heildsala eða smásala, er mikilvæg og skiptir miklu að hún sé rekin af hagsýni og á heilbrigðan hátt. Vitaskuld þarf hún að búa við eðlileg starfsskilyrði en jafnframt þarf að veita henni nauðsynlegt aðhald, bæði frá neytendum og opinberri hálfu, því að um hennar hendur fer feiknamikið fjármagn sem þýðingarmikið er frá fjárhagslegu sjónarmiði hvernig á er haldið. Í samræmi við málefnasamning ríkisstj. verður undirbúin löggjöf um viðskiptahætti, verðmyndun og verðgæslu. Það þarf að finna leiðir til þess að láta þá, sem góð innkaup gera, njóta þess.

Útflutningsverslunin og markaðsmálin eru þó ekki síður mikilvæg. Ég held að þeim málum þurfi að sinna með vaxandi skilningi. Við eigum mikið undir dugnaði og árvekni þeirra manna sem við þau fást. Þjóðfélagið hlýtur að láta sig þau mál miklu varða, t. d. leit nýrra markaða. Athugandi er hvort ekki þarf að skipuleggja utanríkisþjónustuna með þau mál meira í huga en hingað til hefur verið gert. E. t. v. ætti að stofna hér útflutningsráð, svo sem sums staðar þekkist, skipað fulltrúum útflutningsatvinnuveganna, sem væri ráðunautur viðskrn. og hefði frumkvæði um markaðsleit og fleira.

Það eru þessi mál, að ógleymdum heilbrigðismálum, félagsmálum og menningarmálum, sem eru hin stóru framtíðarverkefni stjórnvalda. Á öll þau þarf að líta með byggðastefnu í huga, og þá má síst af öllu gleyma samgöngumálunum. Það þurfa sem flestir að taka höndum saman um að sækja fram á þessum sviðum. Það skiptir þjóðarhag mestu. Það held ég að mikill meiri hluti þjóðarinnar hljóti að skilja og láta sér fátt um finnast sundrungariðju stjórnarandstöðunnar. Ég trúi ekki öðru en menn hafi veitt því athygli hvernig stjórnarandstæðingar hafa snúist í hverju málinu á fætur öðru eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. En það er þeirra mál og ástæðulaust að vera að fást um slíkt eða fjölyrða.

En það er eining, en ekki sundrung, sem þjóðin þarf nú á að halda. Vitaskuld hlýtur ýmiss konar hagsmunaárekstur að eiga sér stað. Auðvitað deila menn um tekjuskiptingu og önnur kjaramál í lýðfrjálsu þjóðfélagi. Slíkt er ekki nema sjálfsagt. En verkföll verða alltaf neyðarúrræði og valda óumræðilegu tjóni, jafnt fyrir atvinnurekendur og launþega. Vinnufrið verður því umfram allt að tryggja. Það má ekki gleymast að endir verður að vera allrar þrætu. Og enn er hið forna boðorð í fullu gildi að „með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða.“ — Góða nótt.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Við erum í vanda staddir, Íslendingar. Vandamálin, ýmist heimatilbúin eða aðvífandi utan úr heimi, hrannast að eins og óveðursský, og vera má að sortinn eigi enn eftir að dökkna. Lítil huggun er að því að allt umhverfis okkur eiga þjóðir við svipaðar þrengingar að búa og eru reyndar sumar hverjar öllu verr á vegi staddar, þar sem yfir hefur dunið sannkölluð kreppa með tilheyrandi atvinnuleysi meira en þekkst hefur um daga þeirrar kynslóðar sem nú er á miðjum aldri. Undirrót okkar vanda er alþjóðleg hagsveifla á óvenjuhraðri og harkalegri niðurleið. En hrapið hefur bitnað harðar á okkur en ella vegna þess að ekki var brugðið við í tæka tíð þegar sýnt var að hverju fór. Nú er svo komið

að skortur ríkir á íslenskum heimilum sem ekki hafa annað fyrir sig að leggja en dagvinnutekjur fyrirvinnu í lágum launaflokkum. Tvær stórfelldar gengislækkanir á árspriðjungi, samfara almennum verðhækkunum af völdum þeirra og af völdum hækkaðra neysluskatta að auki, hafa ásamt stökkbreytingum þjónustutaxta upp á við skert kjör flestra en valdið lágtekjuhópum þjóðfélagsins óbærilegum búsifjum.

Á síðasta hausti tók við stjórnartaumum ný ríkisstj. sem styðst við flokka sem telja í sínum röðum 2/3 hluta Alþ. og ríflega þó. Hvort sem kjósendur veittu stjórnarflokkunum brautargengi í kosningunum í fyrra eða ekki munu þeir hafa ætlast til verulegra tilbrifa af nýju ríkisstj. Kemur þar bæði til fádæma þingstyrkur stjórnarinnar og málflutningur forustuflokks hennar á síðasta kjörtímabili og þó sér í lagi í kosningabaráttunni s. l. sumar. Óþarfi ætti að vera að rifja upp steigurlæti Sjálfstfl.-forustunnar frá því á útmánuðum í fyrravetur, þegar þingmeirihluti fyrrv. stjórnar brast, allt fram yfir stjórnarmyndunina, þegar settu marki var náð og ríkisstj. undir forsæti formanns Sjálfstfl. tók við völdum. Enginn, sem á annað borð lætur sig stjórnmál nokkru varða, getur verið svo gleyminn að honum séu liðnar úr minni yfirlýsingar málsvara Sjálfstfl. um að frumskilyrði til allra úrræða og lausnar aðsteðjandi vandamála væri að stærsti flokkur þjóðarinnar gripi um stjórnartaumana sinni styrku hendi. Skyldi ekki hér vera að finna skýringuna á því, sem menn furða sig á, að form. Framsfl. skyldi láta sér lynda að mynda stjórn, en láta síðan stjórnarforustuna eftir foringja samstarfsflokksins. Sjálfstfl. hafði stært sig af því í kosningabaráttunni að eiga ráð undir rifi hverju. Flokkurinn varð sigursæll í kosningunum, svo að hvað var eðlilegra en hann fengi forustuna í nýrri ríkisstj. sem hann stóð að.

Nú hefur hinnar styrku handar Sjálfstfl. notið við um nokkurt skeið. Úrræði hans hafa fengið að sýna sig og synd væri að segja að framsóknarmenn, hinn stjórnarflokkurinn, hafi þvælst fyrir eða verið stirðir í taumi það sem af er. Þvert á móti hefur framsókn látið kaffæra sig í hverri leirkeldunni af annarri allt frá gengislækkanahringekjunni til afsetningar útvarpsráðs. En sé framsóknarhryssan farin að kleprast eftir slarksama reið verður forustuhæfileikum og úrræðum Sjálfstfl. helst líkt við skininn hrosshaus á berangri, nöturlegar minjar um agn sem slyngur veiðimaður bar niður fyrir fórnardýr sitt. Bjargráðin frá í haust, sem þá var mest gumað af í Morgunblaðinu, líta ekki björgulega út nú orðið. Gengislækkun með tilheyrandi hliðarráðstöfunum reyndist að 4 mánuðum liðnum haldlaust fálm. Um áramót hafði verulega sigið á ógæfuhliðina, gjaldeyrisvarasjóður uppurinn og útgerð sögð á heljarþröm. Ný úrræði voru óhjákvæmileg og enn var farið í fornu gólfin, skellt á nýrri gengislækkun, enn stærri hinni fyrri, og fylgiráðstafanirnar sáu loks að hluta dagsins ljós rétt áðan, réttum 6 klukkutímum áður en þessar umr. hófust. Þá kom á borð alþm. halarófufrv. sem heitir hvorki meira né minna en „Frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara". Fyrirsögn lýkur. Það er tómahljóð í þessu orðskrúði.

Annað meginverkefni Alþ. allt til jóla var að fjalla um hliðarráðstafanir sem fylgdu fyrri gengislækkun ríkisstj., hitt var að afgreiða fjárl. Þótt sjálfsagt sé að viðurkenna að fjmrh., sem kemur til starfa síðla árs, á ekki hægt um vik, sætir fádæmum hve óhönduglega hefur tekist til í þetta skipti. Fjárl., sem afgreidd voru fyrir þrem mánuðum, hafa reynst slíkt hrófatildur að þau eru nú hrunin undan eigin þunga. Veigamestu kaflar nýja frv. með langa nafnið rífa niður nýsett fjárlög endanna á milli og reisa grind að öðrum fjárl., gerólíkum hinum fyrri. Boðaður er niðurskurður fjárlagaútgjalda sem nemur hálfum 4. milljarði kr., og er ljóst að hann mun nær einvörðungu bitna á fyrirhuguðum framkvæmdum. Búnir eru til nýir tekjustofnar og ber þar hæst ferðaskatt, 2500 kr. á nef hvert, þeirra sem bregða sér út fyrir landsteina. Tekjuáætlun gildandi fjárl. er gerbreytt. Ljóst var frá öndverðu að hún var ekki raunhæf, en síðan hafa ýmsar breyt. bæst við þá skekkju. Veigamestar eru þær, að drög eru lögð að því í frv. með langa nafnið og fjalla um margs konar breyt. á skattheimtu.

Markmiðið með þeim breyt. er sagt vera að greiða fyrir lausn kjaradeilunnar sem nú er háð og er komin á það stig að samninganefnd Alþýðusambandsins hefur skorað á verkalýðsfélög að boða verkföll víku af apríl. Orsök kjaradeilunnar er gengislækkun ríkisstj. frá í haust sem verkalýðshreyfingin taldi tilefni til samningsuppsagnar. Úr því að svo er í pottinn búið er enn meiri ástæða en ella til að ríkisstj. leggi sig fram um að greiða fyrir samkomulagi samningsaðila og hefði hún mátt hefjast handa fyrr en svo er komið að við er búið að vinnufriður rofni. Alls er líka ósýnt af aths. með frv. að dæma hvort ríkisstj. gerir sér nokkra grein fyrir að till. hennar hafi áhrif á stöðuna í kjarasamningum og því síður hver þau áhrif kynnu að verða. Till. um skattabreyt. eru svo margbrotnar og flóknar að ekki er unnt að ætlast til að nokkur maður átti sig á þeim til fulls, hvað þá taki afstöðu til þeirra á þeim fáu klukkutímum sem við stjórnarandstæðingar höfum haft til umráða en í heild virðast þær ekki vega þungt nema fyrir fjölskyldur af tiltekinni stærð á afmörkuðum tekjubilum.

En það stingur strax í augun að með þessum till. er enn verið að gera breyt. á sömu atriðum skattalaga og breytt var fyrir réttu ári í kjölfar annarra kjarasamninga sem þá voru gerðir. Ég tel það vera umhugsunarefni, bæði fyrir okkur alþm. og þá sem semja um kaup og kjör, hvort það sé heppilegt, að breyt. á skattalögum gerist ár eftir ár með þessum hætti. Er það í rauninni æskilegt verkefni fyrir verkalýðshreyfinguna að láta kjarasamninga snúast um það öðrum þræði að kaupslaga við ríkisstj. á hverjum tíma um skattheimtureglur fyrir landsmenn alla? Og er það æskilegt fyrir þá, sem annars vegar eiga að setja skattalög og hins vegar framfylgja þeim, að skattkerfið verði samningsatriði hvenær sem uppgjör fer fram á vinnumarkaði? Ég fyrir mitt leyti svara báðum spurningum neitandi. Mér virðist einsýnt að þessi háttur torveldi beinlínis mótun heildarstefnu um skattheimtu sem staðið gæti til nokkurrar frambúðar.

Endurskoðun skattheimtu ríkisins hefur lengi verið á döfinni og er allra mál að verkefnið sé brýnt, en árangurinn lætur enn á sér standa. Skattheimta jafnharðan og tekjur falla til er hagsmunamál skattgreiðenda jafnt og hins opinbera, en framkvæmdin vefst enn fyrir mönnum. Söluskattur er rokinn upp í 20 stig. Miklir kostir væru því samfara að breyta honum í virðisaukaskatt, en allt situr við sama ár eftir ár. Afskrifta- og fyrningarreglur, sem nú gilda, og reglur um endursölugróða gera fyrirtæki tekjuskattslaus þótt hagur þeirra standi í raun og veru með blóma, en þyngir að sama skapi skattgjöld á launafólki. Þar á ofan er þetta fyrirkomulag öflugur hvati til verðbólgubrasks. Till. um úrbætur bíða heildarendurskoðunar skattkerfisins sem dregst og dregst. Málgögn beggja stjórnarflokka, Morgunblaðið og Tíminn, hafa í þessari viku vakið í forustugreinum máls á því hróplega misrétti sem komist hefur inn í skattkerfið með sérfrádrætti af atvinnutekjum giftra kvenna og orðið hefur til þess að heimili, þar sem fyrirvinnur eru tvær, búa við stórum léttari skattbyrði en heimili þar sem fyrirvinnan er ein eða einhleypir skattgreiðendur. Hefði nú mátt ætla að samhljóða skrif helstu stjórnarblaðanna um þetta mál yrðu til þess að á því yrði tekið þegar ríkisstj. setur fram till. um skattalagabreytingar. En það er nú eitthvað annað. Í frv. með langa nafnið er þessu atriði engin skil gerð.

Skal þá látið útrætt um þau ákvæði frv., sem tekjuskatt varða, en vikið að kafla sem fjallar um söluskattinn.

Þar er sá galli á gjöf Njarðar að ekki er um að ræða skýlausa ákvörðun um afléttingu þessa háa neysluskatts í nokkurri grein. Það er á valdi fjmrh. hvort og að hve miklu leyti söluskatti verður létt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum og virðist af aths. að þar komi einkum til greina kornvörur og brauð, kjöt og kjötvörur, grænmeti og feitmeti.

En þá er eftir rúsínan í pylsuendanum. Ríkisstj. óskar eftir að Alþ. veiti heimild til að fella niður tolla af nokkrum ávaxtategundum, sem upp eru taldar í 18. gr. frv., en síðan kemur undarleg romsa. Ríkisstj. er nefnilega líka umhugað um að fjmrh. verði heimilað að afnema tolla af svínafeiti og alifuglafeiti, og tekið er fram að það skuli gilda einu hvort heldur slíkt feitmeti er brætt eða pressað. En þetta er bara byrjunin. Síðan fylgir upptalning sem of langt yrði að rekja. Þar bregður fyrir mörgum fáséðum varningi, svo sem geitafeiti, sem vera má hvort heldur óbrædd, brædd eða pressuð, ellegar í einhverri mynd, sem ekkert heiti hefur á íslensku, en ber alþjóðaheitið „premier jus“. Ekki nóg með þetta því að nú tekur við svínafeitisterín, óleósterín, svínafeitiolía og tólgarolía sem má þó hvorki vera jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt til þess að ríkisstj. sækist eftir að fella niður tolla af henni. En meiri tólg er enn óstungin. Næst víkur sögunni að ullarfeiti, lanólíni, beinafeiti, klaufafeiti og úrgangsefnafeiti. Þetta er orðin löng skrá, en þó er a. m. k. annað eins ónefnt.

Þarna eru úrræði ríkisstj. lifandi komin. Þegar hún loks hefst handa og lætur frá sér heyra, svo að um munar, vegna þeirrar dýrtíðarholskeflu sem gerðir hennar, jafnt og aðgerðaleysi, hafa steypt yfir þjóðina, þegar vinnufriður hangir á bláþræði fyrir hennar sjálfrar tilverknað og samningaumleitanir á vinnumarkaði eru á viðkvæmu stigi, hyggst ríkisstj. bæta fyrir sér með því að afla heimildar til að sjá landslýð fyrir tollfrjálsri geitatólg, klaufafeiti og úrgangsefnafeiti, ef vel liggur á henni. Það er grátlegt að sjá ríkisstj. Íslands fást við svo fánýta iðju á alvörutímum. Það, sem þjóðin þarfnast, er ekki tollfrjáls ullarfeiti, olívuolía, sólrósarolía, rapsolía, colzolía né mustarðsolía, svo að enn sé gripið niður í 18. gr. frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara. Þessi varningur er vafalaust allur saman þarflegur til sinna nota, en að bjóða hann fram, þótt tollfrjáls sé, í frv. undir því yfirlætislega nafni sem ég var að hafa yfir er að rétta fólki steina fyrir brauð.

Menn ætlast til þess af ríkisstj. að hún beri fram markaða stefnu, bendi á færa leið úr vanda sem að höndum ber. Það hefur núv. ríkisstj. ekki tekist enn sem komið er. Verk hennar hafa mikinn part reynst fum og fálm, því miður, og mér er alvara þegar ég segi því miður. Hvort sem menn styðja þessa stjórn eða ekki er meira í húfi en svo að meinfýsi eigi nokkurn rétt á sér.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Aldrei hefur stjórnmálaflokkur afhjúpað sig jafngersamlega sem marklausan áróðursflokk og Sjálfstfl. hefur gert þá rúmlega 6 mánuði sem flokkurinn hefur verið í ríkisstj. að þessu sinni.

Á meðan Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu kenndi hann vinstri stjórninni um allar verðhækkanir og í kosningunum s. l. sumar tókst honum að blekkja þúsundir manna sem trúðu því að Sjálfstfl. mundi stöðva dýrtíðarvöxtinn ef hann kæmist til valda.

Nú er komin nokkur reynsla á þetta stefnuloforð Sjálfstfl. Samkv. útreikningum Hagstofu Íslands kemur í ljós að á 6 fyrstu valdamánuðum núv. ríkisstj. hækkaði matvöruliður vísitölunnar um 42.1%. Á sama tíma hækkaði hiti og rafmagn í vísitölunni um 49% og sími og póstur um 55% og nýlega hafa útvarps- og sjónvarpsgjöld hækkað um 50—57%. Þessar verðhækkanir eiga þó enn eftir að aukast vegna síðustu gengislækkunar. Þegar afleiðingar hennar hafa komið fram mun verðhækkun á matvörum nema 50—60% á 7—8 mánuðum valdatíma ríkisstj.

Þannig hefur stefna Sjálfstfl. í dýrtíðar- og verðlagsmálum birst almenningi.

Þegar Sjálfstfl. var í stjórnarandstöðu gerði hann mikið úr síhækkandi fjárl. og eyðslustefnu vinstri stjórnarinnar. En hvað gerðist við afgreiðslu á fyrstu fjárl. ríkisstj. íhalds og framsóknar? Þá hækkuðu fjárl. meir en nokkru sinni áður á milli ára eða úr tæpum 30 milljörðum í tæpa 50 milljarða. Og til að undirstrika sérstaklega hina nýju fjármálastefnu Sjálfstfl. þá hækkuðu almenn rekstrargjöld ríkisins meir en allt annað eða um 76%.

Á meðan Sjálfstfl. var utan ríkisstj. fjösuðu forustumenn hans um skattpíningarstefnu vinstri

stjórnarinnar og um brýna þörf á því að lækka skatta og opinber gjöld. En hvað hafa forustumenn flokksins gert eftir að þeir náðu stjórnartaumunum í sínar hendur? Þeir hafa heimilað 10% hækkun útsvara, hækkun á fasteignagjöldum, hækkað söluskatt, bensínskatt, rafmagnsskatt og ýmis fleiri gjöld og auk þess auðvitað hækkað öll þau gjöld sem þeir hafa komist yfir að hækka á vegum Reykjavíkurborgar.

Ein af ásökunum forustumanna Sjálfstfl. á hendur vinstri stjórnar var að hún hefði enga heildarstefnu í efnahagsmálum. Allir máttu skilja á málflutningi þeirra sjálfstæðismanna að þeir hefðu hina einu réttu heildarstefnu, að þeir kynnu ráðin gegn öllum efnahagsvanda. Og hver hefur reynslan orðið? Hver er heildarstefnan? Fyrst eru fjárl. ríkisins stórhækkuð, svo á að skera þau niður eftir nokkra mánuði. Fyrst er samþ. gengislækkun 2. sept., 17%, síðan önnur gengislækkun 13. febr., eða eftir rúma 5 mánuði, 20%. Dálagleg yfirsýn yfir efnahagsmálin það. Stefna ríkisstj. í málefnum atvinnuveganna hefur þó slegið allt annað út. Haldið er uppi vaxtaokurstefnu sem í reynd þýðir að atvinnufyrirtæki verða að greiða í mörgum tilfellum 18—24% vexti af nauðsynlegustu rekstrarlánum. Gengislækkanir eru framkvæmdar á þann hátt að bannað er með lögum að hækka fiskverð eðlilega til að halda niðri kaupi sjómanna. Síðan er gengishagnaður, sem tekinn er beint af útgerðinni sjálfri, lagður á alls konar sjóði eða úthlutað af ráðh. og hans nánustu samstarfsmönnum eftir persónulegum reglum. Þannig er einum útgerðarmanni eða útgerðarfélagi úthlutað háum fjárhæðum í styrki eða lán, jafnvel svo að millj. skiptir, á sama tíma og aðrir útgerðaraðilar í sömu grein fá enga fyrirgreiðslu.

Sannleikurinn er sá að stefna ríkisstj. í málefnum atvinnuveganna hefur í rauninni verið eitt samfellt rækjustríð. Þar hafa árekstrar um minni háttar atriði og fjas og fálm og fát verið aðaleinkennið.

Nú er augljóslega að koma upp hið alvarlegasta ástand í atvinnumálum landsmanna. Almenn verkföll geta skollið á hvenær sem er. Ljóst er að kaupmáttur launa mjög fjölmennra hópa launafólks hefur þegar minnkað um 30—40% í tíð núv. ríkisstj. Þeir, sem njóta láglaunabóta, hafa einnig orðið fyrir mikilli kjaraskerðingu, flestir sem nemur 18—25%, á þessum sama tíma. Þó má segja að stefna stjórnarinnar í afkomumálum aldraðra og öryrkja hafi verið enn þá miskunnarlausari því að bætur til þeirra aðila hafa verið enn þá minni en sem nemur láglaunabótunum.

Nú er svo komið vegna stefnu ríkisstj. í kjaramálum og endurtekinna gengislækkana að kaupgjald hér á landi er orðið í hrópandi ósamræmi við kaup í nálægum löndum. Þannig er nú kaup verkamanna í Danmörku og Noregi meir en helmingi hærra en hér á landi. Ljóst er, að lagist atvinnuástand í þessum löndum má búast við að margir ráði sig til starfa þar og flýi beinlínis þau launakjör sem hér gilda. Þegar eru líka erlend fyrirtæki farin að auglýsa í hérlendum blöðum eftir iðnaðarmönnum í vissum greinum og bjóða þá auðvitað tvöfalt og þrefalt kaup á við það sem hér er greitt.

Og enn boðar hæstv. ríkisstj. nýjar efnahagsráðstafanir. Nú er það fyrst og fremst niðurskurður verklegra framkvæmda á vegum ríkisins um allt að 3 500 millj. kr. og samdráttur í útlánum stofnlánasjóða atvinnuveganna. Þær till. ríkisstj., sem fjalla um skattalækkun og skyldusparnað, eru óverulegar og mest til að sýnast. Lækkunin á beinum sköttum, tekjuskatti og útsvari, verður mjög lítil borið saman við s. l. ár. Yfirleitt verður lækkunin 10—30 þús. kr. á skattþegn, en stundum þó minni. Auðvitað er þessi skattalækkun aðeins hluti af þeirri skattahækkun sem ríkisstj. hefur áður staðið fyrir.

Kjarni hinna nýju efnahagsaðgerða er niðurskurður verklegra framkvæmda um 3 500 millj. kr. og boðun um samdrátt í útlánum stofnlánasjóða. Á sama tíma og ríkisstj. er að berja í gegnum Alþ. frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði sem felur í sér að þar á að byggja verksmiðju sem á að kosta 9—10 milljarða kr. og þar á einnig að gera nýja höfn og leggja vegi vegna verksmiðjunnar sem kosta um 500 millj. kr., þá á að skera niður verklegar framkvæmdir úti um land, þ. e. a. s. hafnarframkvæmdir, skólabyggingar, sjúkrahúsabyggingar, vegaframkvæmdir og annað af því tagi, um 3 500 millj. kr.

Framlag íslendinga til byggingar járnblendiverksmiðjunnar mun nema 7600 millj. kr. Það stendur ekki á fjármagni til þeirra framkvæmda. Hins vegar er sagt að draga verði úr eða stöðva með öllu lánveitingar til byggingar frystihúsa, stöðva lánveitingar til smíði fiskiskipa og draga stórlega úr lánum til lnadbúnaðar og iðnaðar. Bygging járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði gerir það óhjákvæmilegt að ráðist verði í nýja stórvirkjun við Hrauneyjarfoss, álíka stóra og Sigölduvirkjun. Hrauneyjarfossvirkjun, sem raunverulega er ákveðið að ráðast í sem næstu stórvirkjun, þó að norðlendingar séu blekktir með því að tala við þá um rannsóknir á stórvirkjun nyrðra, mun kosta 12—14 milljarða kr.

Það verður góð byggðastefna í framkvæmd að efna til 7—8 milljarða kr. framkvæmda á Keflavíkurflugvelli, 9—10 milljarða í Hvalfirði og 12—14 milljarða við Hrauneyjarfoss, en skera jafnframt niður fjárveitingar til framkvæmda úti á landi og draga úr uppbyggingu í sjávarútvegi, iðnaði og landbúnaði. Það er sannarlega von að ríkisstj. þurfi að leggja fram nokkrar kr. í Byggðasjóð til að breiða yfir þessa byggðajafnvægisstefnu.

Þáttur Framsfl. í þeirri íhaldsstefnu, sem nú er fylgt af ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, er kapítuli út af fyrri sig.

Framsfl. taldi sér það til gildis að vera aðili að vinstri stjórn og hann vildi þá eiga sinn hlut í uppbyggingar- og framfarastefnu þeirrar stjórnar. Þá studdi Framsfl. bætt launakjör og aukin réttindi vinnustéttanna, þá fylgdi hann hinni miklu uppbyggingu í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði og þá fylgdi hann till. um stórauknar bætur til gamalla og öryrkja. En hver er stefna Framsfl. nú? Nú lætur flokkurinn þá ofstækisfyllstu í Sjálfstfl. reka sig til að beita bolabrögðum í sambandi við kjör útvarpsráðs. Nú þeygir flokkurinn sig fyrir kröfu íhaldsins um að klípa af þeim peningum sem lögum samkv.

áttu að ganga til niðurgreiðslu á olíukostnaði þeirra sem verða að hita upp íbúðir sínar með olíu. Nú — eftir hálfs árs samstarf framsóknar við íhaldið — stóð flokkurinn að því að ráðstafa gengishagnaði útgerðarinnar með þeim hætti að ekkert af þeim hagnaði mætti renna til smáútgerðarinnar í landinu. Nú beygir Framsfl. sig fyrir þeirri kröfu íhaldsins að halda skuli áfram frjálsri verslun, frjálsri gjaldeyrissölu, jafnvel þótt gjaldeyrissjóðurinn sé þegar tæmdur. Og nú samþykkir Framsfl. stórfelldan niðurskurð verklegra framkvæmda á landsbyggðinni, á sama tíma og verja á risafjárhæðum í fjárfestingu á Keflavíkurflugvelli og í Hvalfirði. Það er sannarlega von að framsóknarmenn um allt land spyrji: Hvað hefur eiginlega komið fyrir þm. flokksins? Svarið ætti þó að liggja ljóst fyrir þegar reynslan er höfð í huga. Þm. Framsfl. fylgja alltaf íhaldssamri stefnu og eru síst betri en íhaldið sjálft þegar þeir eru í slagtogi með íhaldinu og láta sérfræðinga þess teyma sig áfram.

Þann tíma, sem ríkisstj. hefur verið við völd, hefur hún miskunnarlaust haldið uppi þeim áróðri í blöðum sínum og í öðrum fjölmiðlum að ráðstafanir hennar í efnahags- og kjaramálum hafi verið óhjákvæmilegar vegna mikilla áfalla sem þjóðarbúið hafi orðið fyrir. Áróðurinn um þessi miklu áföll, sem stundum eru nefnd markaðshrun eða stórfellt verðfall útflutningsvara, er endurtekinn í sífellu og blátt áfram laminn inn í þjóðina. Oumdeilanlegar staðreyndir sýna þó að árið 1974, s. l. ár, var mjög mikið framleiðsluár, eitt það mesta í sögu þjóðarinnar. Sjávarafli var annar sá mesti sem um getur. Nýlega birt skýrsla Þjóðhagsstofnunar sýnir líka að meðaltalshækkun varð á verði útfluttra vara þjóðarbúsins sem nam 21%, mælt í dollurum. Það var því hvorki um markaðshrun né heldur gífurlegt verðfall að ræða á s. l. ári. Það verðfall sem varð á fiskmjöli og fiskblokk, var jafnað upp og meira en það með verðlagi á öðrum útfluttum vörum.

Sá vandi, sem að okkur sótti á árinu 1974, var mjög mikil og áframhaldandi verðhækkun á innfluttum vörum. Sú verðhækkun nam um 34% og við það bættist svo að um gífurlega mikinn aukinn innflutning var að ræða á því ári. Viðskiptakjör þjóðarinnar versnuðu, það er rétt. Það þurfti því fyrst og fremst að draga úr innflutningi og þá einkum öllum vafasömum eða ónauðsynlegum innflutningi.

Núv. ríkisstj. er tvímælalaust veik stjórn þó að hún eigi að nafninu til marga stuðningsmenn á Alþ. Stjórnin ætti að segja af sér. Hún ræður augljóslega ekki við þau vandamál sem þarf að leysa. Mikill léttir yrði það mörgum manni, ef stjórnin gæfist nú formlega upp og vildi efna til almennra alþingiskosninga á næsta sumri, leyfa þjóðinni að kveða upp sinn dóm. — Góða nótt.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Á undanförnum mánuðum hafa forustumenn stjórnarandstæðinga reynt að telja þjóðinni trú um að alla forustu skorti hjá ríkisstj. um málefni lands og þjóðar. Hér í umr. hafa þeir haldið þessari iðju sinni áfram eins og þið hafið heyrt. Þeir fullyrða að ríkisstj. hafi gerst sek um aðgerðarleysi í efnahagsmálum og að hún hafi brugðist of seint við vandanum. Form. Alþfl. spyr hvort landið sé stjórnlaust. Þá er sagt að ríkisstj. sé afturhaldsstjórn sem vilji skerða lífskjör almennings í þágu atvinnurekenda og braskara, og sagt er að fjárlagaafgreiðslan fyrir jól hafi verið gagnrýnisverð og niðurstaðan orðið stórfelld verðbólgufjárlög. Við skulum nú, góðir áheyrendur, athuga hvað hæft er í þessum staðhæfingum.

Núv. ríkisstj. gerði sér grein fyrir því að þau verkefni, sem hún tók að sér að leysa, verða ekki leyst á nokkrum mánuðum né án samstarfs við þjóðina. Hún tekst því óhikað á við þau miklu efnahagsvandamál, sem að steðja, en gerir sér grein fyrir því að það tekur tíma að batinn komi í ljós. Stundarerfiðleika hræðist hún ekki, hún vill vinna sér traust með verkum sínum. Hvort það tekst mun sjást þegar upp verður staðið. En skortir forustu? Er landið stjórnlaust? Lítum yfir farinn veg í rúma 6 mánuði.

S. l. haust var stöðvun útgerðar og fiskvinnslu yfirvofandi vegna stórfellds taprekstrar. Með skjótum aðgerðum tryggði ríkisstj. óhindraðan rekstur fiskiskipaflota og fiskvinnslufyrirtækja fram yfir áramót. Til stöðvunar kom ekki. Eftir áramótin skapaðist á ný hætta á stöðvun útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja vegna áframhaldandi verðfalls á fiskafurðum. Ríkisstj. bægði þeirri hættu frá. Verðhrun á loðnuafurðum stefndi loðnuvertíðinni í vetur í voða, og fyrir áramót töldu margir vafasamt að gert yrði út á loðnu í vetur. Í dag er loðnuvertíðin orðin hin þriðja besta í sögunni að magni til. Þannig hefur á stuttum valdaferli þessarar ríkisstj. þrívegis stefnt í stöðvun undirbúningsatvinnuveganna vegna gífurlegra rekstrarvandamála. Samt hefur þessi rekstur þrátt fyrir allt gengið óhindraður. Er þetta forustuleysi? Er þetta stjórnleysi?

S. l. haust ríkti óvissa á vinnumarkaðinum. Vinstri stjórnin tók kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi. Núv. ríkisstj. framlengdi þá ákvörðun. Verkalýðsfélögin sögðu upp samningum s. l. haust vegna gengisbreytingar. Margir óttuðust vinnustöðvun. Eftir áramótin hafði helsti forustumaður sjómanna mjög á orði að efnt yrði til sjómannaverkfalls snemma í febrúar. Hver varð niðurstaðan? Það varð ekkert sjómannaverkfall í febrúar. Í rúmlega 6 mánaða stjórnartíð núv. ríkisstj. hefur ríkt vinnufriður.

Við hvaða aðstæður hefur þessi vinnufriður ríkt? Kaupgjaldsvísitalan er ekki í sambandi. Óhjákvæmileg, en sársaukafull kjaraskerðing hefur orðið. Yfirvinna hefur minnkað. Hver er skýringin á því að vinnufriður hefur þrátt fyrir allt haldist á slíkum tímum? Skýringin er sú að launafólk treystir góðvilja og réttsýni þessarar ríkisstjórnar í kjaramálum við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja. Þetta traust launafólks hefur ríkisstj. áunnið sér með verkum sínum. Launajöfnunarbætur s. l. haust vernduðu láglaunafólk fyrir mestu áföllunum. Skattalækkanir nú, láglaunafólki til hagsbóta, eru framhald þeirrar stefnu. Forseti Alþýðusambands Íslands segir að ríkisstj. hafi tekið vel í hugmyndir verkalýðssamtakanna um skattalækkanir. Er það skortur á forustu og stjórnleysi að hafa tryggt vinnufrið með þessum hætti við ótrúlega erfiðar

aðstæður? Og hver trúir því að ríkisstj., sem hefur náð þessum árangri á vinnumarkaðnum, sé afturhaldsstjórn sem vilji skerða kjör launafólks til hagsbóta fyrir atvinnurekendur? Nei, góðir áheyrendur. Þessi dæmi, sem ég hef nefnt um vinnufrið og snurðulausan rekstur undirstöðuatvinnuveganna, að ekki sé talað um fulla atvinnu í verstu efnahagskreppu sem yfir Ísland hefur gengið frá því á árunum eftir heimsstyrjöldina síðari, sýna að í landinu situr sterk stjórn, sem hefur haft trausta forustu á hendi og nú þegar náð umtalsverðum árangri, — stjórn sem vill láta verkin tala, og þau hafa talað sínu máli á fyrstu 6 mánuðum hennar stjórnartíðar.

Okkur er borið á brýn aðgerðarleysi í efnahagsmálum, að bregðast of seint við vandanum. S.l. haust beitti ríkisstj. sér fyrir gengisbreytingu, áframhaldandi vísitölustöðvun kaupgjalds og launajöfnunarbótum. Var það aðgerðarleysi? Við nýjum efnahagsvanda eftir áramótin hefur á ný orðið að bregðast með gengisbreytingu ásamt með niðurskurði ríkisútgjalda, takmörkunum á útlánum fjárfestingarsjóða, ráðstöfun til að draga úr óhóflegum innflutningi, skyldusparnaði og síðar en ekki síst skattalækkun í þágu láglaunafólks, — í heild sinni ráðstafanir sem setja svo sterka hemla á efnahagskerfið að lengra má ekki ganga án þess að atvinnuleysi vofi yfir. Svo tala menn um aðgerðarleysi.

Ég svara því neitandi að of seint hafi verið brugðist við vandanum. Það er ekki nóg að stjórnmálamenn geri sér grein fyrir eðli vandans og hvernig við honum skuli bregðast. Ef skilning almennings skortir fara ráðstafanir í efnahagsmálum út um þúfur. Þess vegna greip ríkisstj. ekki til þeirra ráðstafana, sem nú eru kunnar og hófust með gengisbreytingunni í febrúar, fyrr en ljóst var orðið að almenningur í landinu gerði sér skýra grein fyrir því hversu alvarlegt ástandið var orðið. Þá fyrst var tími til kominn að hefjast handa.

Í frv. því, sem ríkisstj. lagði fram á Alþ. í dag, er gert ráð fyrir niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs sem næmi um 3 500 millj. kr. Í framhaldi af þeim ráðstöfunum, sem gerðar verða til að stemma stigu við því að öll áhrif gengisbreytingar komi fram sem útgjaldaauki hjá ríkissjóði, verður leitast við að koma við frekari sparnaði í rekstri. Mun sú viðleitni ekki einungis beinast að stofnunum sem standa undir rekstrinum með beinum framlögum úr ríkissjóði, heldur einnig að fyrirtækjum sem afla eigin tekna með sölu á þjónustu.

Mikilvægt er að hafa föst tök á öllum útgjöldum og útlánum hins opinbera. Jafnan verður þó að hafa vakandi auga á atvinnuástandi og atvinnusjónarmið sett ofarlega þegar metið verður hvaða framkvæmdum eigi að fresta og hverjum að flýta. Fjárlagaafgreiðslan fyrir jól hefur verið gagnrýnd og vék reiknimeistarinn frægi, hv. 2. þm. Austf., Lúðvík Jósepsson, að því í kvöld. Í því sambandi vil ég leggja áherslu á: Í fyrsta lagi að undirbúningur fjárlagagerðar hófst á s.l. sumri, þegar Lúðvík Jósepsson sat í stjórn. Í öðru lagi að fjárl. hljóta óhjákvæmilega að endurspegla yfir 50% verðbólgu í landinu á síðasta ári, en það var seinasta árið sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson sat í ríkisstj. Í þriðja lagi að meginhluti útgjaldaliða fjárl. er lögbundinn og ekki er hægt að gera þar breytingar á nema með lagabreytingum, eins og hér er verið að gera og veldur gremju hv. þm. Lúðvík Jósepssyni. Í fjórða lagi að þjóðhagsforsendur hafa gerbreyst frá því að fjárl. voru samþ. í des., þ. e. a. s. viðskiptakjör hafa versnað mun meira en þjóðhagsspáin hafði gert ráð fyrir. Viðskiptakjörin hafa versnað svo að einsdæmi er, eins og ég gat um áðan, í efnahagssögu Íslands enda þótt hv. 3. landsk. þm., Magnús T. Ólafsson, hafi ekki haft tíma til að fylgjast með því. Með till. um niðurskurð á fjárl. er nú leitast við að aðlaga fjárl. ríkjandi aðstæðum í efnahagsmálum. Sú stefna, sem núv. ríkisstj. telur að fylgja beri í fjármálum ríkisins, kemur skýrt fram í því frv., sem nú hefur verið lagt fram, og mun að sjálfsögðu koma enn skýrar fram við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1976.

Ég hef nú farið nokkrum orðum um þá gagnrýni sem haldið hefur verið uppi á núv. ríkisstj. Eftirtektarvert er að hún beinist ekki fyrst og fremst að efnislegum þáttum í stefnu og störfum ríkisstj., heldur ýmsum formsatriðum og ytra búnaði.

Í raun og veru má segja að eina efnislega gagnrýnin, sem Alþfl. hefur haldið uppi á núv. ríkisstj., sé afstaða formanns þingflokks Alþfl. til söluskattshækkunar vegna Norðfjarðar og Vestmannaeyja. Sú gagnrýni átti sér þó ekki meiri hljómgrunn innan Alþfl. en svo að aðeins 2 af 5 þm. flokksins greiddu atkv. á móti söluskattshækkuninni.

Hins vegar hafa forsvarsmenn Alþb. að einu leyti markað mjög skýra afstöðu gegn stefnu ríkisstj. Helsti foringi Alþb., Magnús Kjartansson fyrrv. ráðh., hefur hafnað þeirri stefnu ríkisstj. að bæta fyrst og fremst kjör láglaunafólks og krafist þess að hið hróplega misrétti sem fram kom í kjarasamningunum í fyrra þegar hærri tekjuhópar innan verkalýðssamtakanna fengu margfalt meiri kauphækkun en lægri tekjuhópar, verði endurreist umsvifalaust. Þessi stefna hefur hvað eftir annað verið itrekuð í aðalmálgagni Alþb. og hefur fylgt hörð gagnrýni á helstu verkalýðsforingja úr röðum Alþb. fyrir að fylgja ekki þessari stefnu. Er hér um að ræða mjög athyglisverða stefnubreytingu flokks sem hingað til hefur talið sig helsta málsvara launafólks.

Við afgreiðslu fjárl. gerði ég grein fyrir þeim breytingum á skattalöggjöfinni sem ríkisstj. hygðist beita sér fyrir. Í samræmi við stefnu ríkisstj. og á grundvelli þess starfs, sem unnið hafði verið í fjmrn., fól ég nokkrum embættismönnum að undirbúa till. varðandi einstaka þætti skattamálanna, jafnframt því sem skipuð var þm.-nefnd til þess að fylgjast með því starfi. Megináhersla var lögð á till. um lækkun tekjuskatts að upphæð 700 millj. kr. sem gert hafði verið ráð fyrir með samþykkt fjárl. svo og sameiningu fjölskyldubóta tryggingakerfisins og skattkerfisins. Með þeirri sameiningu væri stefnt að því að ná þeim tekjujöfnunaráhrifum, sem bótum almannatrygginga og tekjuskatti er ætlað að ná, skýrar og sanngjarnar en núgildandi löggjöf gerir kleift.

Í frv. ríkisstj., sem lagt var fram á Alþ. í dag,

er að finna ákvæði hér að lútandi. Hinir hefðbundnu persónufrádrættir ásamt hinum gölluðu nýmælum s. l. árs um skattafslátt eru felld niður, þess í stað koma persónufrádrættir. Fjölskyldubætur tryggingakerfisins og allar ívilnanir vegna barna í tekjuskatti eru sameinaðar í einn afslátt, barnabætur. Þessar barnabætur ganga til greiðslu á opinberum gjöldum, en að því marki sem þær eru hærri en þau greiðast þær út til framfæranda. Leiðir þetta til einföldunar, bæði fyrir hið opinbera og skattþegn, auk réttlætis og sparnaðar í rekstri. Verði þessi breyt. samþ. lækka fjárlög ríkisins um einn milljarð.

Frv. gerir ráð fyrir lækkun tekjuskatts einstaklinga um 850—900 millj. kr. og um lækkun útsvars um 360 millj., miðað við að sveitarfélögum sé heimilað að leggja á 11% útsvar.

Breytingar þær, sem lagt er til að gera, miða fyrst og fremst að hagsbótum fyrir lágtekjufólk, eins og dæmin í grg. frv. glögglega sýna. Hjón með tvö börn geta haft samkv. till. skattfrjálsar bruttótekjur 1216 þús., en að óbreyttum lögum 1101 þús., þar er hækkun 115 þús. Einstætt foreldri með eitt barn getur haft samkv. till. frv. skattfrjálsar bruttótekjur 906 þús., en að óbreyttum lögum 774 þús., hækkun 132 þús. Ég læt hér staðar numið, en hvet alla til þess að kynna sér vel þessar skattalagabreytingar.

Með ákvæðum þessa frv. um lækkun skatta og heimild til lækkunar skatta er að því stefnt að milda nokkuð þá kjaraskerðingu sem þjóðin í heild fær ekki undan vikist. Þessar úrbætur eru ætlaðar til hinna tekjulægstu og þá helst barnafjölskyldnanna og stuðla þannig að skynsamlegri niðurstöðu í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir. Áfram verður unnið að skoðun skattalaganna. Vonast ég til að áður en þessu þingi lýkur fái það til meðferðar ákvörðunartöku um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og söluskatt með virðisaukasniði. Þá hefur ríkisstj. ákveðið að fyrir næsta Alþ. verði lagðar till. um sérsköttun hjóna með skiptingu tekna þeirra að jöfnu.

Góðir hlustendur. Við lifum á erfiðum tímum. Ytri áföll fara saman við það að við höfum ekki kunnað fótum okkar forráð hin síðustu ár. En lengur verður ekki undan vikist að taka á vandanum. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar tók við völdum til þess að veita þjóðinni forustu, ekki til að láta reka á reiðanum. Engum okkar, sem í ríkisstj. situm, hefur verið það ánægjuefni að grípa til þeirra ráðstafana sem við höfum þurft að beita okkur fyrir að undanförnu. Við gerum okkur þess glögga grein að kjaraskerðingin er orðin þungbær. Okkur er ljóst að slíkri kjaraskerðingu fylgir óánægja. Við erum reiðubúnir að taka þeirri óánægju, að gera allt í okkar valdi til þess að bæta úr, og fyrr en varir erum við vissir um að efnahagsráðstafanir ríkisstj. sýna árangur í verki, — árangur sem verður allri þjóðinni til hagsbóta þegar til lengdar lætur. — Góða nótt.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Góðir íslendingar. Líklega hafa hugsandi menn á Íslandi aldrei fyrr verið jafnuggandi um ástand og horfur í íslenskum efnahags- og stjórnmálum og nú undanfarnar vikur. Ekki er nema rúmt missiri síðan kosningar voru háðar og niðurstaða þeirra leiddi til myndunar nýs þingmeirihl. og nýrrar ríkisstj. Niðurstaða kosninganna sýndi að vaxandi hluti kjósenda var orðinn langþreyttur á ráðleysi og sundurlyndi fyrrv. ríkisstj. Sjálfstfl. var sigurvegari kosninganna. Ekki síst kjósendur hans munu hafa búist við því að í kjölfar kosningasigursins sigldi stefnufastara stjórnarfar, nýjar og heilbrigðari ráðstafanir í efnahagsmálum, aukin aðgæsla og hófsemi. Þeir, sem þannig hafa hugsað, hljóta að hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum. Þeir hafa þurft að verða vottar þess að bókstaflega ekkert hafi breyst. Ráðleysið og sundurlyndið situr enn í hásæti í stjórnarráðinu. Stefnan í efnahagsmálum er sama kákið og áður. Engin heildarstefna var mótuð við myndun ríkisstj. Ekkert hefur bólað á átaki til sparnaðar og hagsýni.

Bráðabirgðaráðstafanir voru að vísu gerðar í haust, gengi krónunnar var lækkað nýlega, en allir hafa vitað að hvorugt var fullnægjandi heildarlausn á þeim vanda sem við er að etja. Nú eru enn boðaðar ráðstafanir og enn eru þær sama markinu brenndar. Öllum er ljóst, að þær eru ófullnægjandi. Þær skapa ekkert traust á framtíð heilbrigðs atvinnulífs á Íslandi, hvorki hjá launþegum né atvinnurekendum. Landið hefur ekki trausta og samhenta ríkisstj. þótt stór þingmeirihl. sé talinn að baki henni. Ríkisstj. þarf að vera annað og meira en hópur ráðh. sem segjast hafa stuðning svo og svo margra þm. Ríkisstj. þarf að vera fær um að gera það sem gera þarf og er skynsamlegt og réttlátt að gera. Og ekki er nóg að stuðningsmenn á Alþ. séu sagðir ákveðinn fjöldi þm. ef svo og svo margir þeirra segja hverjum sem hafa vill að þeir séu hundóánægðir með ráðleysið, sundurlyndið og sukkið.

Þm., sem eru í stjórnarandstöðu, er oft legið á hálsi fyrir það að þeir láti við það sitja að gagnrýna, en bendi ekki sjálfir á það, hvað þeir vilji láta gera til þess að leysa vandann sem við er að glíma. Auðvitað er mér ljóst, að sérhver ábyrgur stjórnarandstöðuþm. þarf að hafa ákveðnar hugmyndir um hvernig við vandamálinu skuli snúist. Enginn viti borinn maður ber á móti því að íslendingum sé nú vandi á höndum ef koma á í veg fyrir allsherjar ringulreið í íslensku efnahagslífi, ef þjóðin á ekki að sökkva í hyldjúpt skuldafen erlendis og eiga á hættu atvinnuleysi innanlands og glata trausti sínu erlendis. Þess vegna ætla ég í þessum orðum mínum að setja fram nokkrar hugmyndir sem ég tel að gætu leyst þann vanda sem nú er við að etja, þannig að full atvinna sé tryggð, en hagur láglaunafólks bættur, eins og allir viðurkenna í orði að nauðsynlegt sé. Auðvitað er slíkt ekki hægt nema einhverjir beri byrðar í bráð, nema útgjöld einhverra minnki sem því svarar sem láglaunafólkið fær. Þeir, sem það eiga að gera, eru fyrst og fremst ríkissjóður og hinir tekjuháu í þjóðfélaginu. Það, sem nú þarf að gera, þarf að gera þannig og vera gert í þeim anda, að það stuðli að því að samningar takist sem allra fyrst milli launþegasamtaka og vinnuveitenda.

Ég skal nú rekja þær ráðstafanir sem ég tel nauðsynlegar þegar í stað:

1. Ríkisstj. og Seðlabanki lýsi því yfir að gengi krónunnar verði ekki lækkað frekar í fyrirsjáanlegri framtíð.

2. Ríkisstj. skuldbindi sig til þess að auka þá fjárhæð sem gildandi fjárl. ætla til lækkunar tekjuskatts á þessu ári, og nemur 700 millj. kr., í 2 000 millj. kr. Þessi lækkun verði að hluta með 100% hækkun afsláttarfjárhæða frá útsvari til sveitarfélaga sem staðið hafa óbreyttar frá árinu 1972. Í þessu fælist nálægt 700 millj. kr. aukning á framlagi ríkissjóðs til skattalækkunar. Ríkisstj. semji síðan í samráði við stjórnir Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja löggjöf um breytingar á skattalöggjöf og tryggingalöggjöf, sem sameina þætti úr þessari löggjöf í allsherjar tekjuöflunarkerfi sem tryggi að hvorki sé greiddur tekjuskattur né útsvar af tekjum sem teljast mega almennar launatekjur miðað við fjölskyldustærð.

3. Lágmarkstekjutrygging verði hækkuð um 15%, í 295 þús. kr. fyrir einstakling og 560 þús. kr. fyrir hjón. Ellilaun verði hækkuð í 184 þús. kr. fyrir einstakling og 350 þús. kr. fyrir hjón.

4. Fjvn. verði falið að lækka fjárlög yfirstandandi árs um 3 500 millj. kr.

5. Öllum ríkisstofnunum, að bönkum meðtöldum, verði fyrirskipað að lækka rekstrargjöld sín um 5%.

6. Sveitarfélögum verði gert skylt með lagasetningu að lækka rekstrargjöld sín um 5%. Jafnframt verði þeim heimilað að velja milli þess, hvort þau kjósa að bæta tekjumissinn vegna lækkunar útsvara með hækkun aðstöðugjalda eða fasteignagjalds.

7. Löggjöf verði sett um skyldusparnað þeirra sem hafa skattskyldar tekjur umfram visst mark og talist geta háar tekjur, þannig að þeim sé skylt að kaupa spariskírteini fyrir 7% af tekjum sínum umfram visst mark og endurgreiðist þau 1. jan. 1978 með 4% vöxtum frá 1. jan. 1976 og verðtryggingu. Tekjur þær, sem skyldusparnaðarákvæði ná til, skulu vera hinar sömu og gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. Geti skattgreiðandi hins vegar sýnt fram á að tekjur hans séu mun minni á þessu ári en í fyrra skal sparnaðarskyldunni létt af honum samkv. sérstökum reglum.

8. Nái aðilar vinnumarkaðarins ekki samkomulagi um hækkun láglaunabóta frá því, sem nú er, skal ríkissjóði heimilað að lána atvinnurekendum fjárhæð sem geri þeim kleift að hækka láglaunabætur um 5 900 kr. á mánuði, eins og launþegasamtökin hafa farið fram á. Launagreiðendur, sem slík lán fá, skulu endurgreiða þau með árlegum afborgunum fyrir 1. jan. 1978.

9. Á þessu ári skulu ekki leyfðar hærri fyrningar á atvinnutækjum en svarar til raunverulegrar verðmætisrýrnunar á árinu að mati ríkisskattanefndar.

10. Gerðar verði ráðstafanir til einföldunar og sparnaðar í ríkiskerfinu, t. d. með sameiningu Útvegsbanka og Búnaðarbanka og afnámi lagaákvæða um pólitíska framkvæmdastjóra við Framkvæmdastofnun ríkisins. Jafnframt verði lögum breytt þannig, að kjaradómur ákveði laun, dvalar- og ferðakostnað alþm. í stað þingfararkaupsnefndar.

Spurningin sem eðlilegt er að vakni í sambandi við slíkar till. sem þessar, er annars vegar sú, hvort þær séu líklegar til þess að stuðla að lausn þeirra vinnudeilna, sem nú standa yfir, og hins vegar hvort samræmi sé á milli þeirra tekna, sem þær gera ráð fyrir að afla, og þeirra gjalda, sem þær munu leiða til.

Varðandi fyrra atriðið er þetta að segja:

Ágreiningur milli launþega og atvinnurekenda er fyrst og fremst um þrjú atriði: upphæð skattalækkunarinnar, upphæð láglaunabótanna og hvort greiða skuli þær á dagvinnu einungis eða einnig á eftir- og næturvinnu. Samninganefnd launþegar hefur óskað þess, að ríkissjóður og sveitarfélög leggi fram 2 000 millj. kr. til skattalækkunar. Hún hefur látið í ljós að hún mundi sætta sig við að láglaunabætur hækkuðu um 5 900 kr. og verði greiddar á allt kaup ef samningar tækjust án þess að til verkfalla kæmi. Allar þessar óskir eru eðlilegar og er þess vegna í þeim hugmyndum, sem ég hef lýst, miðað við að þær verði samþykktar. Ríkissjóði er ætlað að leggja fram um 700 millj. kr. umfram það, sem fjárlög gera nú ráð fyrir, til skattalækkunarinnar. Atvinnurekendur verða að samþykkja sömu hækkun á eftir- og næturvinnu og dagvinnu enda semst örugglega aldrei að öðrum kosti. Sjálfsagt er að viðurkenna að staða atvinnuveganna er nú eflaust erfið. Ekki má ætla þeim að greiða svo mikla hækkun kaupgjalds að til stöðvunar atvinnurekstrar og atvinnuleysis komi. Á hinn bóginn er vitað að fjölmörg fyrirtæki geta auðveldlega greitt þá hækkun láglaunabóta, sem launþegasamtökin fara fram á, en ýmsum kann að reynast það erfitt í bráð. Þess vegna er gert ráð fyrir því að farið yrði inn á þá braut að veita þeim, sem þannig stendur á fyrir, tímabundin lán. Hins vegar er engin ástæða til annars en að ætla að framleiðni íslenskra atvinnuvega aukist í þeim mæli á næstu árum að þau geti endurgreitt slík lán auk áframhaldandi hækkunar kaups í kjölfar bættra framleiðsluhátta og aukinnar framleiðni.

Þá er komið að hinni spurningunni: Standast gjöld og tekjur á? Heildarlækkun ríkisútgjaldanna næmi 3 500 millj. kr. Ríkisstj. sjálf telur slíka lækkun útgjalda framkvæmanlega í till. sínum svo að ekki ætti að vera hægt að segja að hér sé um óraunhæfar áætlanir að ræða. Samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja, ættu tekjur af skyldusparnaði þeim, sem um er rætt, að gefa 350 millj. kr. Þá hefur ríkið til ráðstöfunar þar 3 850 millj. kr. Gjöldin yrðu þessi: Aukin skattalækkun kostar ríkissjóð 700 millj. Hækkun tekjutryggingar og hækkun ellilauna mundi kosta um 860 millj. kr. Gera má ráð fyrir að laun ríkisstarfsmanna hækki um 800 millj. kr. Afgangs yrðu þá tæplega 1 500 millj. kr., sem hægt yrði að lána launagreiðendum til þess að gera þeim kleift að greiða nauðsynlega hækkun láglaunabóta. Mundi lauslega áætlað kosta 1400—1500 millj. kr. að brúa það bil, sem nú er milli tilboðs atvinnurekenda og krafna launþega, sé miðað við dagvinnuna. Það er því augljóst að unnt yrði að ná endum saman með þessum hætti. Þess-

ar tölur allar eru miðaðar við heilt ár og yrðu því lægri á þessu ári.

Þeim atriðum hugmyndanna, sem lúta að sparnaði hjá ríkisfyrirtækjum og sveitarfélögum, einföldun í opinberum rekstri, lækkun fyrningarheimilda hjá fyrirtækjum og því að láta hlutlausan aðila ákveða launakjör alþm., er fyrst og fremst ætlað að vera tákn viðurkenningar þess að á erfiðum tímum á hið opinbera ekki aðeins að segja við borgarana: Nú verðið þið að herða að ykkur ólina, heldur ganga sjálft á undan með góðu fordæmi og draga saman seglin. Sömuleiðis á ríkisvaldið að knýja fyrirtækin til aukinnar hagræðingar og hagsýni. Fyrsta atriðið um að ríkisstj. og Seðlabanki lýsi því yfir að gengi krónunnar skuli nú haldast stöðugt um fyrirsjáanlega framtíð, er nauðsynlegt til þess að það traust skapist í viðskiptum sem er undirstaða þess að um varanlegar framfarir geti orðið að ræða.

Þessar hugmyndir eru settar hér fram til þess að sýna að það er unnt að stuðla að samningum og koma í veg fyrir þá þjóðarógæfu sem almenn verkföll hlytu nú að teljast. Öllum mönnum, sem gjörla þekkja til, hlýtur að vera ljóst að tillögur þær, sem felast í frv. því sem ríkisstj. lagði fram í dag, eru algerlega ófullnægjandi til þess að stuðla að lausn vinnudeilunnar. En það er hægt að gera það sem þarf til þess að jafna ágreininginn. Þessar hugmyndir eru settar fram í því skyni að benda á færar leiðir að því marki.

Alveg á næstunni verður að fást úr því skorið, hvort launþegar og vinnuveitendur geta náð samkomulagi. Takist það ekki verður Alþ. að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úr því ranglæti verði bætt sem láglaunafólk hefur orðið fyrir með óbærilegri kjaraskerðingu og áframhaldandi atvinna og vinnufriður verði tryggð.

Ég tel mig, herra forseti, hafa sýnt fram á, að þetta er hægt. Þjóðarheildin á mikið undir því að þeir, sem völdin hafa hér á Alþ., reynist nú vanda sínum vaxnir. Þeir hafa heill almennings í hendi sér. Nú er nauðsyn á fullum skilningi á því að undanfarið hafa stórir hópar launafólks orðið fyrir óréttí. Þörf er þeirrar stjórnfestu og þess góðvilja sem nauðsynlegur er til þess að bæta úr. Síðustu orð mín skulu vera ósk um að samningar takist á vinnumarkaðnum, að kjör láglaunafólks batni og full atvinna haldist öllum íslendingum til góðs og heilla. — Góða nótt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Út af ræðu Ragnars Arnalds vildi ég spyrja: Heldur þm. að Grundartangahöfnin verði ekki jafngóð nú eins og þegar flokksbróðir hans, Magnús Kjartansson, vann að framgangi þess máls af framsýni? Báðir vita þeir Ragnar og Magnús að þarna verður ein besta innflutningshöfn landsins. Það vita borgfirðingar og þess vegna hafa þeir áhuga á höfninni. Þeir vita það líka, þm. Alþb., sem hugsa raunhæft, að afgangsorkan, sem við komum til með að selja verksmiðjunni á Grundartanga, lækkar verð á rafmagni til íslenskra notenda og flýtir fyrir dreifingu á raforku, m. a. til húshitunar. Þeir vita það líka, þeir raunhæfu, að lánsfé til framkvæmda á Grundartanga er tengt þeirri framkvæmd einni og endurgreiðslan við framkvæmdina miðuð, en hún mun fyrr en seinna skapa möguleika til lántöku erlendis til annarra íslenskra framkvæmda og treysta atvinnulífið í landinu og þannig einnig skapa eigið fé.

Út af ræðu Benedikts Gröndals vil ég segja: Er hann búinn að gleyma því að það var viðskrh., Gylfi Þ. Gíslason, sem stóð fyrir þeirri samningsgerð sem hann fordæmir nú?

Lúðvík Jósepsson tók það réttilega fram að Framsfl. hefði haft forustu um uppbyggingu og samheldni vinstri stjórnarinnar meðan hún hélt saman. En Framsfl. var líka raunsær í efnahagsmálum. Áföllin, sem íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir á s. l. ári, eru engin bókhaldsatriði, heldur raunveruleiki sem Lúðvík viðurkenndi í lok ræðu sinnar um viðskiptakjörin og hafði einnig viðurkennt áður þegar hann í samningum í sumar gat hugsað sér gengislækkun, og hann hafði einnig geta hugsað sér áður launalækkun hjá þeim sem fengu mest út úr kjarasamningunum í fyrra.

Út af ræðu Gylfa Þ. Gíslasonar vil ég segja það, að upphafið var, eins og venja er, um ráðleysi og að allt væri að farast. Það er kannske ekkert undarlegt þó að þessum þm. finnist allt vera að farast, því að hann þekkir svo til á sínum heimaslóðum. Um till. þær, sem hann vék hér að og ekki voru teknar upp úr efnahagsfrv. ríkisstj., skal ég vera fáorður. Ég vil hins vegar minna hann á það að þegar lög um launakjör alþm. voru sett síðast, þá var það undir forustu þáv. forseta Sþ., Alþfl.-þm. Birgis Finnssonar, og þá voru tveir nm. sem lögðu til að launakjör þm. yrðu ákveðin af kjaradómi, það voru ég og Björn Jónsson. Aðrir voru því andvígir. M. a. hélt þáv. forseti Sþ. því fram að Alþ. ætti ekki að lúta öðrum en sjálfu sér því að það væri æðsta stofnun þjóðarinnar.

Eins og greinilega kom fram í ræðu viðskrh. ber brýna nauðsyn til að þjóðin sýni aðhald í kröfum, eyðslu og framkvæmdum, hvort sem um er að ræða opinbera eða einkaaðila, þegar viðskiptakjör hennar hafa versnað á einu ári um 30%, eins og nú hefur átt sér stað.

Við þetta tækifæri minni ég á aðvörunarorð fyrrv. forsrh., Ólafs Jóhannessonar, til þjóðarinnar í áramótaræðu, er hann flutti við áramótin 1973—1974, og tilraunir hans til aðgerða með efnahagsfrv. á Alþ. í fyrravetur. Nú liggja staðreyndirnar fyrir. Aðvörunin um verri viðskiptakjör af hendi Ólafs Jóhannessonar var réttmæt, og þjóðinni hefði verið farsælla að til hennar hefði verið tillit tekið.

Undir slíkum kringumstæðum sem þessum þurfa stjórnvöld og aðrir framkvæmdaaðilar að meta rétt val framkvæmda. Til dæmis þarf að gæta þess að byggðastefnan verði ekki fyrir áfalli og ekki síður að þær framkvæmdir atvinnuveganna, sem þegar eru hafnar, geti haldið áfram. Þá eru málaflokkar eins og samgöngumál og orkumál forgangsframkvæmdir, eins og fram kemur um fjárútvegun til þeirra í efnahagsfrv. ríkisstj. Af þeim niðurskurði, sem hugsaður er, er um milljarður vegna rekstrarkostnaðar, m. a.

sem stafar af gengislækkuninni sem var gerð nú fyrir stuttu. Einnig er hér um heimild að ræða sem að verður farið með fullri gætni.

Afkoma landbúnaðarins hefur verið góð síðustu árin svo að fá ár eða engin munu jafnast á við þau. Þetta hefur komið fram í því, að bændur hafa nú komist nær því en nokkurn tíma fyrr að hafa svipaðar tekjur og viðmiðunarstéttirnar. Þessi góðu ár hefur bændastéttin notað til þess að byggja upp og bæta land sitt. Enda hafa á þessu tímabili verið meiri útlán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins til framkvæmda en nokkru sinni fyrr. Það er svo, að í samanburði við aðra stofnlánasjóði atvinnuveganna hefur hlutfallsleg aukning verið mest hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins á síðustu árum. Á þessum árum hefur einnig verið tekinn upp nýr lánaflokkur, bústofnslán, sem lánuð eru til að aðstoða unga fólkið við að stofna til búskapar. Sama er að segja um veðdeild Búnaðarbankans, hún hefur verið efld og aukin lán til jarðarkaupa.

Þá vil ég geta þess að afurðalán til landbúnaðarins hafa verið færð í sama horf og afurðalán til sjávarútvegsins og hefur veruleg bót orðið á því. Hins vegar liggur enn þá eftir að koma rekstrarlánum landbúnaðarins svo fyrir sem skyldi, og það hefur ekki síst orðið tilfinnanlegt vegna verðhækkunar. Sérstaklega kemur það illa við sauðfjárbændur sem hafa sitt innlegg eingöngu á haustinu, svo sem kunnugt er. Af því mun nú verið að leita að leiðum til úrbóta á þessu sviði. Lán til vinnslustöðva landbúnaðarins hafa verið veruleg nú síðustu árin og uppbygging þeirra meiri en áður. Hér skortir þó á að þeim málum sé eins vel komið fyrir og að er stefnt. En það er einnig þörf að lána vinnslustöðvum landbúnaðarins út á vélar og annan tækjabúnað, sem nútímavinnslustöðvar krefjast. Enginn má gera ráð fyrir því að um slíka útlánaaukningu verði að ræða hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins á þessu ári og verið hefur undanfarandi ár, enda munu framkvæmdir ekki krefjast þess. Hins vegar er nú ákveðið að stofnlánadeildin hafi ekki minna fé til útlána á árinu 1975 heldur en hún hafði á árinu 1974. Ef fé skortir til útlána hjá deildinni verða framkvæmdir hjá bændum og vinnslustöðvum þeirra, sem hafnar eru, að hafa forgang.

Eitt áfall, sem landbúnaðurinn verður fyrir á þessu ári og ég vil geta hér, er hækkun á áburðarverði. Gert er ráð fyrir því að hækkun á áburðarverði hér á landi muni verða um 150%. Hér er um svo gífurlegt áfall að ræða að það hlýtur að hafa áhrif á afkomu ekki aðeins atvinnuvegarins, heldur þjóðarinnar allrar, og draga úr áburðarnotkun. Enda þótt ríkisstj. hafi ákveðið að greiða áburðinn niður að einhverju leyti til þess að draga úr áhrifum þessarar hækkunar á verðlag á landinu almennt, sem gert verður í samráði við forustumenn bændasamtaka, mun hækkunin samt segja verulega til sín. Ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að einhver útflutningur verði á landbúnaðarvörum nema um skort verði að öðrum kosti að ræða á neysluvörum hans á heimamarkaði. Með samstarfi á milli landbrn., Framleiðsluráðs landbúnaðarins og útflytjenda er reynt að keppa að því að gera þessi mál eins hagkvæm og tök eru á, og líkur eru til að úr útflutningi á landbúnaðarvörum muni draga á þessu ári frá því sem var árið 1974, m. a. vegna þess að á s. l. ári gekk á birgðir landbúnaðarvara.

Ekki ætla ég að fara að ræða hér og gera að umtalsefni þær árásir, sem hafa verið gerðar á bændastéttina á síðustu mánuðum, enda hafa þær ekki verið á rökum reistar eða á skynsemi byggðar. En öllum er ljóst að hver þjóð verður að búa við kosti lands síns, nýta þá sem best, eins og gert hefur verið af íslensku bændastéttinni fyrr og síðar.

Um samgöngumálin vil ég segja það, eins og áður er að vikið, að það er ákveðið með frv. ríkisstj. í efnahagsaðgerðum að vegáætlunin, eins og hún er á fjárl., verði framkvæmd á yfirstandandi ári. Þetta er einn þáttur ríkisstj. til að halda uppi fullri atvinnu um land allt. Hér er um að ræða svipaða krónutölu og á síðasta ári þegar Skeiðarársandsframkvæmdin er tekin með inn í framkvæmd þess árs. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir, að meiri hraði verði í vegagerð á yfirstandandi ári en hér er gert ráð fyrir, vegna efnahagsörðugleika þjóðarinnar, sem auðvitað verður að taka fullt tillit til hér eins og annars staðar. En vegagerðin er einn af þeim góðu þáttum, þar sem gjaldeyriseyðsla er ekki mikil, en hún er hins vegar nokkuð atvinnuskapandi. Bættar samgöngur eru og gjaldeyrissparnaður fyrir þjóðina, hvort sem litið er á útgjöld í viðhald eða bensín- og olíueyðslu.

Um skipulagsmál Pósts og síma hefur nokkuð verið rætt upp á síðkastið, og nú er unnið áfram að þeim málum. Enn fremur hefur verið gerð áætlun um framkvæmdir á vegum þessarar stofnunar miðað við eigin tekjur hennar sem þegar hafa verið ákveðnar fyrir þetta ár. Að sjálfsögðu mun verðhækkunin eitthvað draga úr framkvæmdum, en það verður í þeim efnum sem öðrum reynt að gæta hófs og miða við aðstæður og láta það á hakanum sitja, sem er þannig vaxið að helst er hægt eftir því að bíða eða undirbúningi þess ekki fullokið. Ákveðið hefur verið að setja næturvörslu á 4 símstöðvar á næstunni, þ. e. Sauðárkrók, Húsavík, Patreksfjörð og Kirkjubæjarklaustur. Jafnhliða er unnið að því að gera áætlun um uppbyggingu á símakerfinu með tilliti til öryggis á nóttu sem degi, þótt nokkurn tíma taki að koma slíku í framkvæmd. Geri ég ekki ráð fyrir meiri hraða á þessu ári en þegar er ákveðinn en samstarf við heimaaðila þar um þarf að komast á til að hraða framkvæmd málsins.

Eins og þjóðin naut góðærisins, þá verður hún einnig að taka á sig vandann þegar komið er svo um afkomu hennar út á við sem nú ber raun vitni um. Tvennt er það, sem stjórnvöld hafa hugfast að keppa að: Það er annars vegar að bæta gjaldeyrisstöðuna út á við svo að þjóðin búi þar við fullt öryggi og þurfi ekki að eyða meiru af gjaldeyristekjum sínum í vexti og afborganir af erlendum lánum en góðu hófi gegnir. Í öðru lagi ber að halda uppi fullri atvinnu hér á landi og að því verður unnið. Mér er það fullkomlega ljóst, að það er erfitt verk að reyna að synda hér á milli skers og báru. Framsfl. lýsti því yfir í kosningunum á s. l. vori, að hann væri reiðubúinn til þess að taka á sig þann vanda, sem

því væri samfara að axla þær byrðar sem þjóðin yrði að axla vegna breyttrar afkomu, eins og nú er á daginn komið. Hann mun því halda við þá ákvörðun sína og taka á sig þau óþægindi sem af því leiðir að gera ráðstafanir sem í bili eru kallaðar óvinsælar, en stefna til farsældar fyrir þjóðina. Engin þjóð lifir á óskhyggju. Það gerir engin ríkisstj. heldur. Forusta ríkisstj. og gifta hennar byggist á því að hún hafi þrek og þor til þess að takast á við þau verkefni, sem við er að fást á hverjum tíma, með manndómi, kjarki og af réttsýni. Til þess ætlast þjóðin af þeim þingmeirihl. og þeirri ríkisstj. sem hún hefur kjörið til forustu um málefni sín. Að því miða einnig aðgerðir ríkisstj. sem gerðar hafa verið og unnið er að. Framsfl. mun ekki láta sinn hlut eftir liggja í þeim aðgerðum sem þarf að gera til þess að þjóðinni takist að komast út úr aðsteðjandi erfiðleikum á farsælan hátt. — Góða nótt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það mun í efa dregið að nokkurri ríkisstj. á Íslandi hafi tekist á jafnskömmum tíma að fá jafn marga upp á móti sér eins og núv. ríkisstj., og gildir það jafnt um samherja sem andstæðinga. Á þessu er raunar enginn hissa. Á valdaferli viðreisnarstjórnarinnar sálugu var launafólki og öllum almenningi vissulega sýndur hnefi valdhafanna og mörg óþurftarverkin voru þá unnin gagnvart verkalýðshreyfingunni. En það virðist ekki ætla að verða nema svipur hjá sjón miðað við það sem stefna núv. ríkisstj. hefur leitt af sér og á óefað eftir að leiða af sér verði fram haldið sem horfir.

Ein af meginröksemdum framsóknarráðh. fyrir því feigðarflani Framsfl. að mynda stjórn, ekki með íhaldinu, heldur fyrir það, var sú að slík ríkisstj. væri sú eina sem væri nægilega sterk til þess að ráða fram úr þeim vandamálum sem við væri að glíma í efnahagsmálum þjóðarinnar. Ég veit ekki hvort meinlokan er svo alger hjá forustuliði Framsfl. að enn sé haldið fram slíkri firru, en sé svo, þá munu þeir nú hinir einu sem halda slíku fram. Allir aðrir hafa séð það algera stjórnleysi sem ríkt hefur frá myndun núv. ríkisstj. Ráðh. sjálfir vita ekki sitt rjúkandi ráð og væflast sitt á hvað, eftir því sem vindurinn blæs hverju sinni.

Allir kannast við orðatiltækið: „hann er tvíátta". Það á við þegar mjög er óráðið úr hverri áttinni vindurinn blæs. Eitthvað álíka er ástatt fyrir hæstv. ríkisstj. Það er aldrei að vita úr hverri áttinni hann blæs innan veggja núv. stjórnarliða. Meira að segja forustumönnum úr Sjálfstfl., sem ekki kalla allt ömmu sína þegar flokkurinn á í hlut, ofbauð svo stjórnleysið að þeir fá vart mælt fyrir undrun og hneykslan yfir þessum ósköpum. Það er ástandið á kærleiksheimili peningasjónarmiðanna. Þar um breytir engu hin sprettharða ræða hæstv. fjmrh. hér áðan. Landið er stjórnlaust, hæstv. fjmrh.

Það hefur vakið athygli, ekki aðeins hér á Alþ., heldur einnig hjá öllum almenningi í landinu, að í hvert skipti sem foringjar Sjálfstfl. tala um vanda efnahagslífsins leggja þeir megináherslu á harðorða gagnrýni á stjórnarstefnu fyrrv. ríkisstj., þeirrar stjórnar, sem Framsfl. veitti forustu. Aldrei heyrast foringjar Framsfl. svara einu né neinu þessum sífelldu árásum íhaldsins á vinstri stjórnina. Það er engu líkara en framsóknarmenn séu sem bandingjar eða í álögum á íhaldsheimilinu, enda Framsfl. að því er virðist alger umskiptingur orðinn í íslenskum stjórnmálum.

Eitt af fyrstu verkum núv. ríkisstj. var að binda allt kaupgjald í landinu með lögum og rifta þannig löglega gerðum kjarasamningum verkalýðshreyfingarinnar á sama tíma og öllu verðlagi var sleppt lausu með þeim afleiðingum að slík flóðbylgja verðhækkana hefur dunið á almenningi að engin dæmi munu til um slíkt áður. Efnahagsstefna núv. ríkisstj. knúði verkalýðshreyfinguna í landinu til að segja upp kjarasamningum þeim sem undirritaðir voru fyrir ári. Ríkisstj. ber því beina ábyrgð á því að kjarasamningar 30—40 þús. launþega hafa verið lausir síðustu mánuði. Og það er ekki aðeins að ríkisstj. hafi haldið áfram af fullum krafti kjaraskerðingarstefnu sinni og aukið skerðingu lífskjara láglaunafólks sem annarra launamanna jafnt og þétt, heldur hefur hún staðið fyrir ráðstöfunum sem til þess eru líklegastar að koma í veg fyrir að samningar geti tekist.

Öll efnahagsstefna núv. ríkisstj. hefur einkennst af algeru fálmi og fumi sem virðist þó hafa haft það sameiginlega markmið að þrýsta svo niður launakjörum alls almennings í landinu að engin dæmi munu til um slíkt áður.

En sé það sannfæring núv. ríkisstj. að stórkostleg kjaraskerðing sé bjargráðið, þá hefði vissulega átt að byrja á þeim sem hærra eru launaðir. Öllum mun ljós sá vandi, sem við er að glíma í efnahagsmálum, en engum dettur það líklega í hug, nema núv. ríkisstj. og stuðningsliði hennar, að allur vandinn verði leystur á kostnað launþega og þá fyrst og fremst á kostnað þeirra lægst launuðu. Þessi stefna hefur einmitt komið skýrt í ljós í öllum efnahagsaðgerðum ríkisstj. frá því að hún tók við völdum. Við skulum líta á nokkur dæmi.

Hæstv. forsrh. sagði hér áðan: Gengisfelling, *aðeins gengisfelling, leysir vandann. Og hæstv.* dómsmrh. tók undir þetta. Ríkisstj. hóf einmitt feril sinn á 17% gengisfellingu, 20% hækkun búverðs, álagningu tveggja nýrra söluskattsstiga, hækkun á raforkuverði og bensínskatti. Í kjölfar þessara aðgerða fylgdi 10—12% skerðing á umsömdum kjörum sjómanna, enn frekari hækkun á landbúnaðarvörum og margvíslegar verðhækkanir á flestum eða öllum sviðum vöru og þjónustu. Þessar aðgerðir, sem að sögn stjórnvalda áttu að rétta við stöðuna í efnahagsmálum, bitna langverst á láglaunafólki, og ekki bara það, heldur hafa þessar aðgerðir gert þann vanda, sem við var að etja, enn erfiðari viðfangs. Frá valdatöku ríkisstj. hefur verðbólguhraðinn stóraukist, gjaldeyrisvarasjóðurinn tæmst og ráðstafanir, sem bæta áttu stöðu atvinnuveganna, oft og tíðum verkað alveg öfugt og gert vanda þeirra enn meiri, enda kom að því nokkrum mánuðum eftir að ríkisstj. tók við völdum að hún framkvæmdi nýja gengisfellingu, að því sinni 20%, og skellti þar með nýrri verðbólgu á almenning. Og enn hélt hún áfram að vega í sama knérunn með því að hækka söluskattinn í 20%, jafnt á brýnustu nauðsynjum almennings sem lúxusvörum.

Það gefur nokkra hugmynd um hina geysihröðu verðbólguþróun að vísitala framfærslukostnaðar, sem var 247 stig fyrir ári, var komin í 372 stig 1. febr. s. l. og hafði því hækkað langt umfram það sem efnahagssérfræðingar ríkisstj. höfðu spáð. Og nú er áætlað að 1. maí n. k. verði vísitalan komin í a. m. k. 422 stig. Þótt það sé sennilega einnig of lágt áætlað þá gerir þessi hækkun vísitölunnar samtals 74% hækkun frá því að kjarasamningar verkalýðsfélaganna voru gerðir. Vegna kaupbindingarinnar hljóta launþegar hins vegar einungis 6.18% verðlagsuppbót. Aðrar verðhækkanir bera þeir að mestu bótalaust.

Sú gegndarlausa kjararánstefna, sem ríkisstj. hefur framfylgt frá því að hún kom til valda, hefur leitt til mjög alvarlegs ástands á vinnumarkaðinum. Með samningunum í fyrra var samið til langs tíma, en aðgerðir ríkisstj. neyddu verkalýðshreyfinguna til að segja samningum sínum lausum. Ríkisstj. ber því beina ábyrgð á því að samningar um 40 þús. launþega eru nú lausir. Aðilar vinnumarkaðarins hafa undanfarna mánuði reynt að ná samkomulagi um nýja kjarasamninga, en verkalýðshreyfingin hefur sett sér það markmið að endurheimta aftur í áföngum þau kjör sem um var samið í síðustu samningum. Ríkisstj. hefur með áframhaldandi kaupránsaðgerðum sínum gert enn erfiðara fyrir í samningamálinu því að hver ný efnahagsaðgerð hefur aukið þá kjaraskerðingu sem verkalýðshreyfingin þarf að vinna upp. Það fer því ekki á milli mála, að ef til alvarlega átaka kemur á vinnumarkaðnum á næstu vikum, þá er það ríkisstj., hún ein og enginn annar, sem ber þar höfuðábyrgð.

Við í SF höfum lagt á það áherslu að við teldum efnahagsstefnu núv. ríkisstj. alranga og stórhættulega, og við höfum bent á aðrar leiðir. Sérstök ástæða er til að minna á, að Samtökin lögðu fram mjög skýrar till. í efnahagsmálum á s. l. sumri, og framkvæmdastjórn SF hefur nú nýverið ítrekað þá stefnu. Í stuttu máli eru meginatriðin í stefnu okkar í efnahags- og kjaramálum þessi:

Meginþáttur efnahagsaðgerða ríkisvaldsins verði framkvæmd niðurfærsluleiðar sem fyrst og fremst miðist við kjaraöflun. — Það er ekki hægt, sagði hæstv. forsrh. áðan. — Tekjur láglaunahópa verða ekki skertar frá því sem um var samið, en þeir forréttindahópar, sem vegna sérstakrar aðstöðu hafa að mestu sjálfdæmi um kaup og kjör, verði látnir bera fyllilega sinn hluta sameiginlegu byrða. Ákveðið hámark, þak, verði sett á fjárlög og erlendar lántökur, vísitölu og heildarfjárfestingu. Samningar verði teknir upp um endurskoðun vísitölukerfisins og þær sjálfvirku verðákvörðunarreglur, sem gilda á ýmsum sviðum, verði endurskoðaðar. Verðtrygging sparifjár og fjárskuldbindinga verði tekin upp. Þar sem því verður ekki við komið verði nafnvextir hafðir breytilegir. Framkvæmdir verði eftir fremsta megni fjármagnaðar innanlands og m. a. samið við banka, tryggingafélög og lífeyrissjóði um kaup á ríkisskuldabréfum vegna fjármögnunarframkvæmda. Stighækkandi skyldusparnaður verði settur á útsvarsskyldar tekjur sem fara yfir ákveðið mark. Skattur á eignasölugróða verði aukinn. Reglum um fyrningar og afskriftir fyrirtækja verði breytt og núverandi hlutfall lækkað. Skattaeftirlit og eftirlit með innheimtu söluskatts verði hert til muna. Framkvæmdir á landsbyggðinni verði látnar sitja í fyrirrúmi og boðaður samdráttur í opinberum aðgerðum verði bundinn við önnur svið.

Það er sannfæring okkar, að ef farið hefði verið eftir till. SF s. l. sumar, þá væri ekki slíkt efnahagsöngþveiti, verðbólga og kjaraskerðing nú sem raun ber vitni. Meginorsök þess vandræðaástands er einmitt röng og hættuleg efnahagsstefna, — stefna sem gengur jafnvel enn lengra en stefna viðreisnarstjórnarinnar í fjandskap við verkalýðshreyfinguna og landsbyggðarfólk og er þá mikið sagt.

Hæstv. dómsmrh. sagði áðan að stjórnarandstaðan hefði aldrei neitt jákvætt lagt til mála. Þessi sami hæstv. ráðh. lýsti því sjálfur yfir á s. l. sumri, að það væri sín sannfæring að sú leið, sem Samtökin þá bentu á og benda á enn, væri hin eina raunhæfa út úr þeim ógöngum sem menn telja nú vera fyrir hendi. En eigi að síður vildi þessi hæstv. ráðh. þá ekki fara þessa leið.

Við teljum að við þessar aðstæður sé nauðsynlegt að stjórnarandstöðuflokkarnir reyni eftir megni að spyrna við fótum og styðja verkalýðshreyfinguna í þeirri erfiðu baráttu sem hún hefur staðið í að undanförnu og mun örugglega standa í á næstu mánuðum. Þess vegna hefur þingflokkur SF átt frumkvæði að því að þingflokkar stjórnarandstöðunnar ræddust við um nánara samstarf í þessu efni. Í bréfi, sem þingflokkur SF sendi þingflokkum Alþb. og Alþfl., sagði m. a.:

„Stefna núv. ríkisstj. í efnahags- og launamálum hefur orðið þess valdandi að stórkostleg kjaraskerðing hjá öllu launafólki er staðreynd. Kjaraskerðing þessi er svo alvarlegs eðlis að verði ekkert að gert, þá blasir við gjaldþrot fjölda heimila á næstunni. Verkalýðshreyfingin freistar þess nú að fá leiðréttingu mála sinna umbjóðenda og þá fyrst og fremst þeirra lægst launuðu, sem verst eru settir. Þar sem fulltrúar allra verkalýðsflokkanna á Alþ., andstöðuflokka núv. ríkisstj., hafa lýst stuðningi við þetta meginsjónarmið verkalýðshreyfingarinnar samþykkir þingflokkur SF að óska eftir því við þingflokka stjórnarandstöðunnar að þeir tilnefni hver um sig fulltrúa til sameiginlegra viðræðna um hugsanlegar leiðir til stuðnings verkalýðshreyfingunni í þeirri baráttu sem hún á nú fyrir höndum."

Þessar viðræður eru nú þegar hafnar og ég vona, að þær beri góðan árangur.

Jafnframt fjandskap við verkalýðshreyfinguna hefur núv. ríkisstj. í reynd stöðvað framkvæmd þeirrar byggðastefnu, sem vinstri stjórnin lagði áherslu á, og hún hyggst á sama hátt og viðreisnarstjórnin draga úr nauðsynlegum framkvæmdum úti á landsbyggðinni. Til viðbótar við þann samdrátt í framkvæmdum úti á landi, sem þegar er staðreynd, hyggst ríkisstj. nú skera niður framkvæmdir frá því, sem ákveðið var í fjárl., um 3 500 millj. kr., og er samkv. frv. ríkisstj., sem lagt var fram hér á Alþ. í dag, óútfyllt víxill um það hvað á að skera niður. Þessi niðurskurður mun, ef að líkum lætur, bitna mjög harkalega á lífsnauðsynlegum framkvæmdum, m. a. í heilsugæslu, hafnargerð, flugvallargerð og skólabyggingum.

Á sama tíma og byggðastefnunni er þannig varpað fyrir borð eru nauðsynlegustu athuganir og framkvæmdir í orkumálum landsbyggðarinnar látnar sitja á hakanum og þær vanræktar. Þess í stað er allt kapp lagt á að selja ódýra orku til erlendrar stóriðju í Hvalfirði. SF telja að hér sé öfugt farið að hlutum og hafa því lýst yfir andstöðu sinni við fyrirhugaða járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Það er táknrænt dæmi um hvað er að marka allt orðaflóðið þeirra stjórnarliða um aukna byggðastefnu, að á sama tíma og neitað er um nauðsynlegustu fjárveitingar til að ljúka mjög brýnum rannsóknum í orkumálum úti á landsbyggðinni og ríkisstj. boðar nú 3 500 millj. kr. niðurskurð á framkvæmdum, þá ætlar hún að setja nokkra milljarða kr. úr ríkissjóði til framkvæmda hér á suðvesturhorni landsins. Það verður að teljast furðulegt að þm. dreifbýliskjördæma, sem neitað var um fjárveitingu til nauðsynlegustu rannsókna og þar sem kyndingarkostnaður með olíu er að sliga hvert einasta heimili á þessu svæði og tekur allt að helming dagvinnutekna verkamanns, skuli láta hafa sig í að styðja slíka andbyggðastefnu sem þessi ákvörðun ríkisstj. er.

Það er til marks um vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj. að hún hefur í dag lagt fram stjfrv., sem felur í sér aðgerðir í efnahagsmálum og skattamálum, nú um 1½ mánuði eftir að gengisfelling var ákveðin, og líklega hefði hið hraðsoðna frv. ríkisstj. ekki séð dagsins ljós fyrr en með vorinu nema vegna útvarpsumr. sem nú eru fyrr á ferðinni en venjulega. Stjórnarandstaðan hefur ekki fengið tækifæri til að kynna sér þetta frv. fyrr en nú í dag og skal því ekki farið um það mörgum orðum hér. Þó virðist þar í ýmsu haldið áfram á sömu óheillabrautinni og áður. Það er t. d. athyglisvert, að þær till. um kerfisbreytingu í skattamálum, sem felast í frv., virðast lítt eða ekkert bæta hag almenns launafólks í landinu og jafnvel bitna harkalega á sumum þeim sem síst skyldi. Tökum dæmi:

Barnlaus hjón, sem hafa 500 þús. kr. eða minna í árstekjur og ekki eru annaðhvort ellilífeyris- eða örorkulífeyrisþegar, hækka beinlínis í sköttum við breytinguna. Sömu sögu er að segja um einhleypinga sem hafa 200 þús. kr. tekjur eða minna. Barnlaus hjón á þessu tekjubili eru 1300—1400 talsins, en einhleypingar eru 9—10 þús. Auðvitað er verulegur hluti þessa hóps elli- og örorkulífeyrisþegar, en margir eru það hins vegar ekki og fá því hækkun á skatti. Þarna er í ýmsum tilvikum þrengt að þeim sem síst skyldi. Þá er einnig ljóst að skattar einstæðra foreldra, sem hafa yfir 850 þús. í brúttótekjur, hækka verulega. Svonefnd skattalækkun annarra virðist í mörgum tilfellum smávægileg, þannig eiga skattar hjóna með eitt barn að lækka um 24—32 þús. kr. eftir tekjum og skattar einhleypinga, þeirra sem ekki beinlínis hækka í sköttum, um 13—18 þús.

Þess ber þó að geta að í þessum skattalækkunartölum er gert ráð fyrir að skattar samkv. gamla kerfinu fælu í sér 11% útsvar, en á s. l. ári var einungis greitt 10% útsvar. Raunveruleg skattalækkun, miðað við álagningu útsvars eins og hún var í fyrra, virðist því nánast engin samkv. till. ríkisstj. Þessar till. eru því ekki til þess líklegar að greiða götu til lausnar á samningamálum aðila vinnumarkaðarins. Og sé litið á þær aðrar skattahækkanir, sem núv. ríkisstj. hefur staðið að, þ. á m. hækkun söluskatts um 3 stig, þá er ljóst að ríkisstj. hyggst í heild stórhækka skattaálögur á almenning. Einnig er ljóst, að ekki á að breyta því ákvæði gildandi skattalaga um fyrningar og afskriftir sem er þess valdandi að svo til allur atvinnurekstur í landinu er skattlaus, en almenningur látinn borga.

Hér er enn eitt dæmi um hvern hug hæstv. ríkisstj. ber til launafólks og breyta þar um engu fjálglegar yfirlýsingar hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hér áðan. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Neðri deild, 61. fundur.

Föstudaginn 21. mars, kl. 2 miðdegis.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 382). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 396). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Tæpt ár er nú liðið frá því að fulltrúar launastéttanna og vinnuveitenda stóðu upp frá samningaborðinu að loknum einhverjum lengstu og umfangsmestu kjarasamningum sem gerðir hafa verið á seinni árum. Kjarakröfur launþega voru markaðar síðari hluta ársins 1973, en kröfur og samningar allir mótuðust í ríkum mæli af þeirri hagstæðu breytingu viðskiptakjara sem varð á því ári og náði hámarki um áramótin 1973—1974. Hin óvænta hækkun útflutningsverðlags á árinu 1973 bætti stöðu þjóðarbúsins út á við og tryggði jöfnuð í viðskiptunum við útlönd. Undir lok ársins 1973 varð hins vegar ljóst að áttaskipti höfðu orðið í þróun viðskiptakjara og staða þjóðarbúsins út á við versnaði að mun.

Þjóðarbúið átti við tvenns konar erfiðleika að etja þegar í ársbyrjun 1974: öra verðbólgu og vaxandi viðskiptahalla. Í þróun útflutningsverðlags gætti fyrst verðstöðnunar og síðan verðlækkunar ýmissa helstu útflutningsafurða einkum frystiafurða og fiskmjöls. Á hinn bóginn olli olíukreppan haustið 1973 stórhækkun olíuverðs á heimsmarkaði sem farið var að gæta hér fyrri hl. árs 1974 og komin var fram með fullum þunga um mitt árið. Jafnframt hækkaði almennt innflutningsverðlag stöðugt. Þótt menn hefðu almennt ekki gert sér ljóst, hve mikil þessi skerðing viðskiptakjara gæti orðið 1974, duldist engum að hinir almennu kjarasamningar, sem gerðir voru fyrri hl. ársins, fólu í sér launa-

hækkanir sem fóru verulega fram úr greiðslugetu atvinnuveganna og stefndu efnahagsjafnvægi og atvinnuöryggi í tvísýnu. Um þetta var ekki ágreiningur milli stjórnmálaflokkanna. Niðurstöður samninganna gátu ekki tryggt raunhæfar kjarabætur. Þetta átti ekki síst við þær kauphækkanir sem komu í kjölfar rammasamningsins 26. febr. 1974 og fóru í reynd út fyrir hann.

Auk launahækkana af völdum kjarasamninganna kom til vísitöluhækkun launa 1. mars 1974, og annarrar og miklu meiri vísitöluhækkunar var svo að vænta 1. júní. Til þess að koma í veg fyrir þá hækkun, sem talin var geta veikt stöðu atvinnuveganna að því marki, að kæmi til rekstrarstöðvunar í helstu atvinnugreinum og þar með til atvinnuleysis, beitti fyrrv. ríkisstj. sér fyrir bráðabirgðaráðstöfunum í efnahagsmálum sem einkum fólu í sér afnám vísitölubóta á laun frá 1. júní 1974 að telja, og jafnframt var gengið látið síga frá upphafi ársins til ágústloka svo að nam 15% gengislækkun.

Í sambandi við stjórnarmyndunarviðræður að loknum þingkosningum fór fram heildarathugun á stöðu efanhagsmála á miðju ári. Niðurstaða þessarar athugunar var sú að við mikinn vanda væri að etja í efnahagsmálum og að hann hefði magnast frá því um vorið, einkum vegna meiri verðfalls á útflutningsvörum. Í stjórnarmyndunarviðræðum var það skoðun allra stjórnmálaflokka að við ríkjandi aðstæður væri ekki grundvöllur fyrir þeirri samningsbundnu vísitöluhækkun launa sem fyrrv. ríkisstj. hafði frestað með brbl. í maí. Eftir að samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var mynduð varð því samkomulag um það milli stjórnarflokkanna að framlengja vísitölubindinguna.

Hinar almennu launahækkanir á fyrri hl. ársins höfðu í för með sér afar mikla aukningu eftirspurnar heima fyrir. Einkum jókst innflutningseftirspurn afar mikið og gætti mikillar spákaupmennsku innfluttra vara, m.a. af ótta við gengisfellingu.

Með tilvísun til þessarar þróunar, lækkandi útflutningsverðs og söluerfiðleika erlendis, geysimikils innflutnings og ört hækkandi innflutningsverðs og mikils viðskiptahalla var ekki unnt að halda gengisskráningu óbreyttri, þar sem ljóst var að forsendur hennar voru löngu brostnar. Eitt af fyrstu verkum ríkisstj. hlaut því að vera að leiðrétta gengisskráninguna og lækka gengi krónunnar með því tvíþætta markmiði að veita útflutningsatvinnuvegunum auknar tekjur og tryggja þannig rekstrargrundvöll þeirra og þar með fulla atvinnu og bæta viðskipta- og greiðslustöðuna gagnvart útlöndum.

Gengisbreytingin var fram sett sem fyrsti hluti samræmdra heildaraðgerða í efnahagsmálum og var henni síðan fylgt eftir með ráðstöfunum í sjávarútvegi og víðtækum ráðstöfunum á sviði launa- og verðlagsmála í sept. Meginmarkmið þessara ráðstafana var að tryggja atvinnuöryggi með því að treysta á ótruflaðan rekstur atvinnuveganna og draga úr hraða verðbólguskrúfunnar, jafnframt því sem þess væri gætt að vernda kjör láglaunafólks og lífeyrisþega, sem jafnan verða harðast úti í veðraskiptum efnahagslífsins.

Megininntak launamálaráðstafana ríkisstj. í sept. var greiðsla launajöfnunarbóta á lág laun í stað almennra verðlagsbóta á öll laun á tímabilinu fram til maíloka á þessu ári og hækkun bóta almannatrygginga, en jafnframt var ákveðið að verðstöðvun skyldi fram haldið og niðurgreiðslum haldið áfram í verulegum mæli á þessu tímabili. Var talið að þessar ráðstafanir dygðu um sinn til að halda sæmilegu jafnvægi í efnahagsmálum innanlands og bæta stöðuna út á við. Í stað þess að snúast til nokkurrar hækkunar, eins og vonir stóðu til haustið 1974, fór útflutningsverðlag hins vegar lækkandi til ársloka. Í dag er talið að viðskiptakjörin séu 30% lakari en þau voru á sama tíma í fyrra, 14—15% lakari en á miðju ári 1974 og 8—10% lakari en lagt var til grundvallar við gerð fjárlaga fyrir árið 1975. Þegar þess er gætt að þessi breyting viðskiptakjara veldur skerðingu þjóðartekna sem nemur þriðjungi ofangreindra talna, má öllum vera ljóst að slíkar breytingar skipta sköpum um þjóðarhag.

Frá því að efnahagsráðstafanir um haustið 1974 voru ákveðnar og frá því að forsendur fjárlaga 1975 um þróun meginþáttar þjóðarbúskaparins voru mótaðar seint á liðnu ári hafa efnahagshorfur þannig breyst í veigamiklum atriðum. Fyrst og fremst hafa viðskiptakjör þjóðarbúsins gagnvart útlöndum haldið áfram að versna, en í fjárlögum var gert ráð fyrir að þau bötnuðu nokkuð frá því sem þau voru á fjórða ársfjórðungi 1974. Þessi þróun viðskiptakjara hefur skert þjóðartekjur frá því, sem áður var búist við, og veikt stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Þjóðhagsniðurstöður síðasta árs eru nú betur þekktar en þegar fjárhagsforsendur voru mótaðar. Þannig var t.d. viðskiptahallinn á síðasta ári 3 000 millj. kr. meiri en spáð var seint á árinu, eða 15 500 millj. kr. í stað 2 400 millj. kr. Gjaldeyrisstaðan var af þessum sökum rýrari í árslok en gert hafði verið ráð fyrir. Endanlegar tölur um þróun ríkisfjármála 1974 liggja ekki fyrir, en ljóst er að alvarlegur greiðsluhalli varð hjá ríkissjóði á árinu eða nálægt 3 000 millj. kr. Þetta er mun óhagstæðari niðurstaða en búist var við þegar fjárlagafrv. var samið. Þessi mynd skýrðist enn betur á fyrstu vikum ársins 1975, en þá voru gerðir ýmsir útflutningssölusamningar sem staðfestu þá frekari lækkun útflutningsverðs sem vart varð undir lok ársins 1974. Þessar óhagstæðu breytingar kölluðu á gagngert endurmat á efnahagshorfum yfirstandandi árs.

Helstu niðurstöðurnar, sem fyrir lágu um mánaðamótin jan.—febr. s. l., voru þessar: Að aukning þjóðarframleiðslu yrði lítil sem engin. Að vegna versnandi viðskiptakjara mundu raunverulegar þjóðartekjur minnka um 3—5% í heild eða um 5—7% á mann. Að við blasti að öllu óbreyttu mikill halli í viðskipum við útlönd eða 14—17 milljarðar kr. á þágildandi gengi. Að jafnvel þótt reiknað væri með ítrustu lántöku erlendis virtist ókleift að jafna viðskiptahallann með þeim hætti. Unnt virtist að afla erlendra lána í þeim mæli að fjármagnsjöfnuðurinn skilaði í mesta lagi 9½ milljarði kr. til að mæta viðskiptahalla. Þar með var útlit fyrir versnun gjaldeyrisstöðunnar um 5—8 milljarða á árinu, en um þessar mundir, í febrúarbyrjun, var gjaldeyriseignin þegar þrotin.

Þetta grundvallarmisvægi milli heildarframboðs og eftirspurnar í hagkerfinu birtist inn á við í ýmsum myndum: rekstrarhalla sjávarútvegs, fjárhagshalla hins opinbera og fjárvöntun til fyrirhugaðra farmkvæmda og útlána.

Engum vafa var undirorpið að þróun eins og þessi fengi ekki staðist til lengdar. Möguleikarnir til þess að halda uppi þjóðarútgjöldum umfram tekjur voru tæmdir. Ef öllu hefði farið fram sem horfði hlaut að draga til þess að hægði á starfsemi í hagkerfinu þegar fjármögnunarmöguleikar tæmdust og jafnvel gæti farið að gæta skorts á innfluttum nauðsynjum. Þessi hvörf í hagsveiflunni heima fyrir gátu orðið hastarleg. Við þessum horfum varð að snúast af raunsæi og festu til þess að tryggja það jafnvægi í þjóðarbúskapnum inn á við og út á við sem er forsenda atvinnuöryggis og góðra lífskjara til frambúðar. Við þessar erfiðu aðstæður varð ljóst að hefði verið stefnt að því að ná jafnvægi út á við með samdráttarráðstöfunum einum án öflugs stuðnings við þá atvinnuvegi sem áttu í mestum erfiðleikum, fyrst og fremst sjávarútveginn, hlaut það að leiða til alvarlegs atvinnuleysis. Aðeins með gengisbreytingu virtist raunhæft að ná því tvíþætta marki að efla starfsemi útflutningsatvinnuveganna og innlends framleiðsluiðnaðar og þar með grundvöll allrar atvinnustarfsemi í landinu, en draga jafnframt úr gjaldeyrisnotkun og styrkja þannig stöðu þjóðarbúsins út á við.

Gengislækkunin, sem ákveðin var í febr., nær þó því aðeins tilgangi sínum að almennur skilningur náist meðal allra stétta og hagsmunahópa í þjóðfélaginu á nauðsyn þeirrar leiðréttingar á stöðu útflutningsframleiðslunnar og takmörkunnar á gjaldeyrisnotkun sem að er stefnt. Í þessu efni skiptir það meginmáli að leiðréttingaráhrifum hennar verði ekki eytt með almennum launa- og verðbreytingum innanlands. Kjarabreytingar á næstunni verða eingöngu að miðast við að tryggja sem réttlátasta jöfnun þeirra byrða sem þessum ráðstöfunum hljóta að fylgja.

Lögð var áhersla á, að í framhaldi gengisbreytingarinnar þyrftu að koma aðgerðir í fjármálum ríkisins og peningamálum er tryggðu að framkvæmdir og útgjöld færu ekki fram úr eðlilegu ráðstöfunarfé þjóðarinnar við þær þröngu aðstæður sem nú eru fyrir hendi. Fljótlega í kjölfar hennar ákvað ríkisstj. að hækka leyfisgjald af bílum við innflutning um 15% af cif-verði eða úr 35 í 50%. Jafnframt var ákveðin hækkun áfengis- og tóbaksverðs um 17—25%. Í febrúarlok gerði Seðlabankinn í samráði við ríkisstj. samkomulag við viðskiptabankana um stöðvun útlánaaukningar til maíloka. Undanþegin þessari stöðvun eru þó afurðalán til sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar. Jafnframt ákvað bankinn að hækka hámarksbindingu innlána úr 22% í 23% vegna þeirrar auknu fyrirgreiðslu sem veita þarf til afurða- og birgðalána framleiðslunnar á þessu ári. Þessar ákvarðanir voru áfangar í þeirri samræmdu jafnvægisstefnu í efnahagsmálum, sem ríkisstj. vill fylgja.

Frv. því, sem hér er flutt um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara, er einmitt ætlað að fylgja þessari stefnu eftir. Frv. má skoða sem ramma fyrir ríkisbúskapinn og hlutverk hans við þær breyttu aðstæður sem nú horfa við okkur í efnahagsmálum. Strax að loknu páskaleyfi mun ríkisstj. síðan flytja frv. um ráðstafanir í sjávarútvegi til þess að ráðstafa gengismunarfé í þágu sjávarútvegsins og sérstakar ráðstafanir vegna hinnar miklu hækkunar á olíu og öðrum aðföngum útgerðarinnar á undanförnum missirum. Þar með væru þá fram komnar heildartill. ríkisstj. í efnahagsmálum að þessu sinni. En að sjálfsögðu mun hún leggja það sem hún getur af mörkum til þess að greiða fyrir lausn þeirrar kjaradeilu sem nú stendur yfir.

Vegna þeirra breyttu aðstæðna bæði í þjóðarbúskap og ríkisbúskap, sem hér hefur verið drepið á, er nauðsynlegt að endurskoða fjárlagaáætlun ársins 1975 í ýmsum greinum. Slík endurskoðun er einnig nauðsynleg vegna áhrifa þeirra efnahagsráðstafana sem gerðar hafa verið síðan fjárlög voru afgr. og áhrif hafa á fjármál ríkisins. Hér er fyrst og fremst um að ræða 20% lækkun á gengi ísl. krónunnar í febr. s. l. og þær ráðstafanir sem fylgja í kjölfarið og ég greindi áðan frá. Miðað við óbreyttar forsendur tekjuáætlunar fjárlaga um þjóðarútgjöld hefði þróun viðskiptakjara falið í sér greiðsluhalla við útlönd langt umfram það sem hægt hefði verið að jafna með lántökum erlendis. Jafnvel þótt reiknað væri með verulegum áhrifum af gengislækkuninni í febr. á viðskiptajöfnuð 1975 var ekki við því að búast að jöfnuður næðist í greiðslum við útlönd, miðað við forsendur fjárlagaáætlunar um þjóðarútgjöld. Af þessum sökum er nauðsynlegt að taka allar forsendur tekjuáætlunar fjárlaga til endurskoðunar, ekki aðeins vegna áhrifa gengisbreytingarinnar einnar. Þessi endurskoðun er í meginatriðum reist á þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunarinnar fyrir árið 1975 frá 10. febr. s. l. þar sem sett voru fram tvö dæmi um þjóðhagshorfur fyrir gengisbreytingu og aðrar ráðstafanir. Er ný tekjuáætlun miðuð við Dæmi 2 í fyrrgreindri skýrslu sem hv. alþm. hafa undir höndum. En að auki er hún reist á ákveðnum forsendum um verðlags- og eftirspurnaráhrif gengislækkunarinnar í febr. Er þar gert ráð fyrir að úr kaupmætti tekna einstaklinga dragi og þar með einkaneyslu sem nemi hálfum verðlagsáhrifum gengisbreytingarinnar, en að öðru leyti verði um sömu hækkun launa eða aðrar kjarabreytingar að ræða og reiknað var með. Eru þetta sömu forsendur og notaðar eru í áætlunum um áhrif gengislækkunarinnar 14. febr. sérstaklega á gjaldahlið fjárlaga. Auk þessa er gert ráð fyrir að gengisbreyting valdi nokkrum samdrætti almennrar fjármunamyndunar. Ein meginforsenda tekjuáætlunar er þannig sú, að gengislækkunin valdi samdrætti almennrar eftirspurnar innanlands, en valdi ekki aðeins verðhækkun á óbreyttan stofn útgjalda.

Helstu niðurstöður þeirrar þjóðhagsspár fyrir árið 1975, sem ný tekjuáætlun ríkissjóðs er á reist, eru þær að þjóðarframleiðslan minnki um 1—2% í stað þess að áður var gert ráð fyrir að hún ykist um 1½—2½% milli áranna 1974 og 1975, og þjóðartekjur minnki um 5—6% að raun-

verulegu verðgildi. Gert er ráð fyrir að almenn þjóðarútgjöld minnki um 7—8% að magni og þá reiknað með því að einkaneyslan dragist saman um 10—11% frá fyrra ári og að almenn fjármunamyndun minnki að magni um 3—4%. Í þessari síðustu tölu er m. a. tekið mið af þeim breytingum á útgjaldaáformum hins opinbera á árinu sem felast í þessu frv., en í því er annars vegar heimilað að lækka útgjöld ríkisins frá fjárlagatölum um 3 500 millj. kr. og hins vegar að auka lánsfjármagn til opinberra framkvæmda um tæplega 1 300 millj. kr. Aukningin kemur öll fram á sviði orkuframkvæmda. Hins vegar er enn óráðið hvar lækkun fjárveitinga kemur niður í einstökum atriðum. Það verður á valdi fjvn. og gert með samþykki og samráði við hana. Á sama hátt er í einkaneysluspánni tekið tillit til þeirra ákvæða þessa frv. er áhrif hafa á fjárhag heimilanna.

Þessar breyttu spár um útgjöld þjóðarinnar í heild á árinu 1975 fela að sjálfsögðu í sér að búist er við verulegri magnminnkun innflutnings á þessu ári, enda var innflutningurinn í fyrra geysimikill. Þannig mætti í ofangreindri forsendu búast við 17—18% magnminnkun almenns vöruinnflutnings sem miklu veldur um tekjur ríkissjóðs.

Þegar þessi spá er lögð til grundvallar ásamt spá um útflutningsverðmæti 1975 og áætlun Seðlabankans um innstreymi erlends fjármagns á árinu verður niðurstaðan sú, að gangi þessar spár eftir mætti við því búast að gjaldeyrisstaðan batnaði nokkuð á árinu 1975. Hér væri þó um takmarkaða fjárhæð að ræða, miðað við það hversu langt niður gjaldeyrisstaðan var komin í ársbyrjun 1975 og brýna nauðsyn ber til að treysta hana á árinu bæði til þess að tryggja alla aðdrætti til landsins á innfluttum nauðsynjum og eins vegna þess að gjaldeyrisstaðan hefur áhrif á mat erlendra og alþjóðlegra fjármálastofnana á efnahag landsins og lánstraust.

Spáin um þróun einkaneyslu á árinu er miðuð við það að kaupmáttur kauptaxta haldist í aðalatriðum óbreyttur út árið eins og hann var í ársbyrjun, þó er gert ráð fyrir að hann skerðist sem nemur helmingi þeirrar hækkunar framfærslukostnaðar sem rekja má til gengislækkunarinnar í febr., eins og áður greindi. Þessi lækkun verður nálægt 4% frá því sem var í upphafi ársins, þegar hún er öll komin fram. Spáin felur í sér að reiknað er með að kaup og kjör launþega breytist á árinu til mótvægis við hækkun verðlags að öðru leyti. Þannig er reiknað með að kaupmáttur kauptaxta allra launþega verði að meðaltali 12—13% lægri árið 1975 en hann var árið 1974. Kaupmáttur kauptaxta verkamanna væri þannig mitt á milli kaupmáttarstigs áranna 1971 og 1972. Í spánni felst í reynd að kaupmáttur ráðstöfunartekna yrði á árinu 1975 ívið lægri en hann var á árinu 1972.

Undanfarin tvö ár hafa ráðstöfunartekjur hækkað mun meira en kauptaxtar vegna launaskriðs og aukinnar yfirvinnu á þensluskeiði hagsveiflunnar, en nú er hætta á að þetta snúist við vegna hjöðnunar. Frá árinu 1971—1974 jókst kaupmáttur tekna einstaklinga langt umfram aukningu þjóðartekna. Slík þróun fékk ekki staðist til lengdar. Spáin, sem hér hefur verið lýst, felur í sér, að kaupmáttur tekna almennings verði nokkru meiri í hlutfalli við líklegar þjóðartekjur á árinu 1975 en hann var árið 1971.

Með ákvæðum þessa frv. um lækkun skatta og heimild til lækkunar skatta er að því stefnt að milda nokkuð þá kjaraskerðingu sem þjóðin sem heild fær ekki lengur undan vikist. Þessar úrbætur eru einkum ætlaðar hinum tekjulágu og þá helst þeim sem hafa mikla ómegð. Þessari léttingu skatta er einkum ætlað að stuðla að hófsamlegri niðurstöðu í þeim kjarasamningum sem nú standa yfir. Endanlegi tilgangurinn er sá að freista þess að treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara á því háa stigi sem íslensku þjóðinni hafði auðnast að ná á árunum 1971 og 1972.

Til langframa er jafnvægi í þjóðarbúskapnum inn á við og út á við forsenda atvinnuöryggis og efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Þessi markmið hljóta að sitja í fyrirrúmi, og lengi hefur reynst örðugt að ná þeim, samtímis því sem verðbólgunni er haldið í skefjum. Svo verður á þessu ári, en þó má ætla að meðalhækkun verðlags frá upphafi ársins til loka þess verði mun lægri en í fyrra eða 25—30% í stað 50—60% 1974. Þessar niðurstöður eru þó að sjálfsögðu háðar niðurstöðu kjarasamninganna, sem nú standa yfir, og annarra, sem á eftir fylgja.

Niðurstaða endurskoðunar á tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1975 á ofangreindum forsendum um þjóðarbúskapinn og að teknu tilliti til áhrifa verðhækkunar á tóbaki og áfengi og hækkunar innflutningsgjalda af bifreiðum er sú, að almennar tekjur ríkissjóðs hækki um 950 millj. kr. frá fjárlagaáætlun. Helstu atriðin í þessari endurskoðun eru þessi: Í fyrsta lagi tekjubrestur vegna lakara efnahagsútlits almennt að upphæð 1 650—1 700 millj. kr. Í öðru lagi verðlagsáhrif gengisbreytingarinnar og skattbreytingar sem fylgdu beint í kjölfar hennar sem hafa í för með sér tekjuauka að upphæð 4 200—4 300 millj. kr. Og loks eftirspurnaráhrif þessara aðgerða, sem draga úr innflutningi og veltu, sem ríkið hefur tekjur af, og valda rúmlega 1 600 millj. kr. lækkun tekna. Nettóniðurstaðan verður því um 950—1 000 millj. kr. tekjuauki í kr.

Útgjaldatölur fjárlaga voru miðaðar við kaupgjald í des. 1974 að viðbættum áhrifum 3% grunnkaupshækkunar 1. júní 1975. Gengisbreytingin 1. febr. s. l. hefur að sjálfsögðu áhrif á útgjöld ríkissjóðs bæði beint og óbeint. Auk þess virðist nú ljóst að uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur séu nokkuð vanáætlaðar í tölum fjárlaga. Þá hafa niðurgreiðslur búvöruverðs nýlega verið auknar nokkuð til þess að efna fyrirheit sem ríkisstj. gaf launþegasamtökunum um að takmarka hækkun búvöruverðs á næstunni.

Sé útgjaldaauki vegna gengisbreytingarinnar áætlaður á sömu forsendum um áhrif á verðlag og kaupgjald og greindi hér að framan við endurskoðun tekna ríkissjóðs, er hann metinn á 1 870 millj. kr. Þá er talið að ætla þurfi 1 650 millj. kr. til þess að standa straum af auknum útgjöldum vegna breyttra forsendna um þróun launa og verðlags á árinu 1975 og vegna verðlagsmála landbúnaðarins. Fjárhagsvandi ríkissjóðs á árinu er þannig metinn sem næst 2 440 millj. kr.

Þær 1 870 millj. kr., sem ætlað er að útgjöld muni aukast um af völdum gengisbreytingarinnar, eru byggðar á því að kostnaðaráhrifin koma að fullu fram í rekstrarútgjöldum stofnana og fyrirtækja ríkisins. Ríkisstj. hefur hins vegar ákveðið að beita öllum tiltækum ráðum til þess að sporna við slíkri þróun, og hefur rn., stofnunum og fyrirtækjum ríkisins verið ritað sérstakt bréf þar sem aðilum er gert ljóst að kostnaðarhækkunin á rekstrarliðum af völdum gengisbreytingarinnar verði ekki bætt með auknum framlögum úr ríkissjóði. Er til þess ætlast að viðkomandi aðilar geri sérstakar ráðstafanir til þess að fresta útgjaldafyrirætlunum og endurskipuleggja reksturinn á þann hátt að fjárveitingar á fjárlögum dugi til starfseminnar á árinu. Þessi stefna er í samræmi við þann tilgang gengisbreytingar að draga úr útgjöldum þjóðarinnar í heild. Með þessum hætti er áætlað að draga megi úr kostnaðarauka af völdum gengisbreytingarinnar sem nemur 820 millj. kr. Með þessu frv. er síðan leitað heimilda til þess að lækka útgjöld um allt að 3 500 millj. kr. frá tölum fjárl. Frv. felur hins vegar í sér lækkun tekjuskatts einstaklinga, skattafslátt og aukna ívilnun vegna barna við skattlagningu til ríkissjóðs sem kostar ríkissjóð líklega um 1 050 millj. kr. umfram áætlun fjárl. Á móti þessu kemur síðan niðurfelling fjölskyldubóta í núv. mynd.

Varðandi skattamálin er lagt til að gerð verði nokkur kerfisbreyting í skattheimtu sem felur í sér að öll barnaívilnun til framfæranda barns, þ. e. fjölskyldubætur, persónufrádráttur vegna barna og afsláttur frá tekjuskatti vegna barna, sé sameinuð í einn afslátt, barnabætur, sem greiðist ef hann nýtist ekki til greiðslu á tekjuskatti og útsvari eða öðrum opinberum gjöldum framfærandans. Við þessa breyt. verður barnaívilnun óháð tekjum, en í núv. kerfi vex ívilnunin með tekjum. Þá er gert ráð fyrir því, að persónufrádrætti hjóna og einhleypinga sé breytt í persónuafslátt sem nýtist eingöngu til greiðslu á tilteknum opinberum gjöldum. Þá er skattstiganum og breytt í kjölfar þessarar kerfisbreytingar og hafðir tveir skattstigar, annar fyrir hjón og hinn fyrir einstaklinga, eins og áður var um mismunandi persónufrádrætti að ræða í slíkum tilvikum. Er gert ráð fyrir því, að skattstigar verði tveir í stað þriggja áður, 20 og 40%, og greiði menn 20% skatt af tekjum sínum upp að 800 þús. kr., ef um hjón er að ræða, en allt að 600 þús. kr. ef um einstakling er að ræða, en af tekjum fram yfir þessi mörk greiðist 40%. Frá skatti þannig útreiknuðum er svo dreginn persónuafsláttur og barnabætur.

Þá er lagt til í frv. að persónufrádráttur frá útsvari sé hækkaður um 50%, en persónuafsláttur skv. tekjustofnalögum sveitarfélaga hefur verið óbreyttur frá 1972. Hér er um tekjumissi að ræða fyrir sveitarfélögin er nemur um 350—360 millj. kr. og getur sá tekjumissir orðið þeim þungbær. En á það ber að líta, að eðlilegt er vegna þeirrar verðbólgu sem hér hefur verið, að hækka þennan persónuafslátt. Og það er trú mín að tekjumissir sveitarfélaganna verði ekki svo mikill sem þessir útreikningar sýna vegna þess að í reynd verða sveitarfélögin að gefa eftir útsvör þeirra gjaldenda sem lægstar tekjur hafa, og ákvæði þessa frv. um, að skattafsláttur gangi upp í opinber gjöld, ætti að tryggja sveitarfélögum öruggari innheimtu útsvara sinna.

Þá er rétt að það komi fram hér í framsögu, að aukin notkun skattafsláttar gerir kröfur til þess að séð verði við þeim annmörkunum sem fram komu við beitingu skattafsláttar við álagningu skatta á s. l. ári þegar það fyrirkomulag var fyrst tekið upp, þó að í smáum stíl væri. Til þess að koma í veg fyrir að skattafslátturinn nýtist þeim sem ekki eiga hann skilið þá eru ákvæði um að heimilt sé að beita ákvæðum tekjustofnalaga sveitarfélaga um viðmiðunartekjur þeirra, sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda, til þess að koma í veg fyrir að frádráttur, sem felst í fyrningum og afskriftum, geri menn skattlausa og verði til þess að þeir öðlist rétt til greiðslu skattafsláttar. Þá er og í frv. ákvæði, sem kemur í veg fyrir að mikill mismunur á nettótekjum eða skattgjaldstekjum annars vegar og brúttótekjum hins vegar, m. a. vegna mikils frádráttar, t. d. að völdum vaxtakostnaðar eða taps af atvinnurekstri, leiði til skattafsláttar nema í samræmi við ákveðnar reglur.

Þá felur frv. í sér till. um flugvallagjald sem skilað gæti ríkissjóði um 225 millj. kr., og gert er ráð fyrir að hækka lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli sem skilað gæti ríkissjóði 70—75 millj. kr. í ár og mundi ríkissjóður þannig fá um 300 millj. kr. upp í þær 440 millj. kr. sem ætlað er á fjárl. til flugþjónustu og flugvalla umfram tekjur af þeim rekstri. Eðlilegt er að reynt sé að fjármagna þau útgjöld með gjaldtöku af flugfarþegum.

Þá er rétt að fram komi að í útgjaldahlið fjárlaga verður að taka tillit til að ríkissjóður þarf að greiða háar fjárhæðir vegna Ríkisábyrgðasjóðs vegna skuttogarakaupa á undanförnum árum og verðlagsmálin gætu enn valdið nokkrum kostnaðarauka. Til að mæta þessu þarf að ætla 350 millj. kr.

Heildarniðurstaðan verður sú, að með till. frv. er stefnt að lækkun ríkisútgjalda um 1 200 millj. kr. þrátt fyrir breyttar verðlagsforsendur og því meiri minnkun í raungildi. Endurskoðun tekjuhliðar veldur 300 millj. kr. hækkun áður en beitt væri heimildarákvæðum V. kafla frv. til lækkunar. Hér er því um verulega skattalækkun að ræða að teknu tilliti til breyttra aðstæðna. Hlutfall ríkisútgjalda af þjóðartekjum mundi skv. frv. lækka á árinu 1975 í nær 27% úr 29%. Þannig felur frv. í sér um 1 500 millj. kr. bætta greiðsluafkomu ríkissjóðs 1975, væri lækkunarheimild I. kafla þess nýtt til fulls. En mikil þörf er á því að mynda slíkt fjárhagslegt svigrúm hjá ríkissjóði á árinu 1975. Í fyrsta lagi er ekki verjandi að stefna ríkissjóði í hallarekstur á árinu 1975 vegna hinnar tæpu stöðu þjóðarbúsins út á við. Gjaldeyrisstaðan leyfir um þessar mundir ekki slíka beitingu ríkisfjármála. Brýna nauðsyn ber til að lækka skuld ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu. Í öðru lagi þarf ríkissjóður að hafa bolmagn til þess að geta lagt sitt af mörkum til þess að friðsamleg lausn náist í yfirstandandi kjaradeilum, umfram það sem gert er ráð fyrir með lækkun beinna skatta, t. d. með því að beita heimildarákvæðum V. kafla frv. til að lækka matvælaverðlag og ná þannig kjarajöfnunaráhrif-

um til viðbótar þeim hagsbótum sem felast í lækkun beinna skatta. Í þriðja lagi gæti ríkissjóður þurft að standa undir auknum útgjöldum, a. m. k. um sinn, vegna gífurlegrar hækkunar áburðarverðs sem veldur bændum og landsmönnum öllum þungum búskelli. Að þessu upptöldu er ljóst að ekki mun af því veita að styrkja stöðu ríkissjóðs að því marki sem till. frv. fela í sér, en með framkvæmd þeirra ætti að nást það jafnvægi í ríkisfjármálunum sem er forsenda efnahagsjafnvægis í þjóðarbúskapnum öllum á þessu ári.

Í VI. kafla frv. eru ákvæði um 5% skyldusparnað af tekjum umfram allhátt mark, breytilegt eftir fjölskyldustærðum. 1 800 þús. kr. brúttótekjur hjóna með tvö börn er það mark þar sem skyldusparnaður byrjar að verka. Tekjur umfram það mark eru bundnar ákvæðunum um 5% skyldusparnað. Er gert ráð fyrir að þessi ákvæði afli 200—250 millj. kr. til opinberra framkvæmda.

Þá eru í frv. lántökuheimildir fyrir ríkissjóð. Í fyrsta lagi fela þær í sér að heildarfjárhæð lánsfjármagnaðra opinberra framkvæmda hækkar um 1 300 millj. kr. frá fjárl. eða úr 3 700 millj. í 5 000 millj. kr. Í öðru lagi er lagt til að tekið verði 1 200 millj. kr. lán erlendis vegna Framkvæmdasjóðs. Með þessum till. er seilst svo langt sem auðið er til lánsfjáröflunar, bæði innanlands og utan, þegar jafnframt er litið til þarfa fjárfestingarlánasjóðanna.

Með gengisbreytingunni 14. febr. s. l. og með framkvæmd till. efnahagsmálafrv. ríkisstj. og þeirra fylgiráðstafana í sjávarútvegi, sem hún mun fljótlega leggja fyrir Alþ., er stefnt að því jafnvægi í ríkisfjármálum og þjóðarbúskap sem er forsenda atvinnuöryggis. Þessar till. eru við það miðaðar að það takist að rétta gjaldeyrisstöðuna nokkuð á árinu 1975, að tryggður verði snurðulaus rekstur atvinnuveganna þótt þeir eins og aðrir þurfi að búa við lakari hlut á þessu ári en á velgengnistímum, að tryggð verði full atvinna og lífskjör þjóðarinnar haldist lík og þau voru á árinu 1971 og 1972. Þetta er megintilgangurinn. Takist okkur að ná honum er mikið unnið.

Hastarleg umskipti til hins verra í efnahagsmálum, ör verðbólga og mikill greiðsluhalli í viðskiptum við útlönd hafa að undanförnu sett svip sinn á þróun efnahagsmála hér á landi eins og reyndar í flestum nálægum löndum. Hér eru þó sviptingarnar í kjörum hlutfallslega meiri en hjá flestum öðrum. Þessi umskipti eru þeim mun tilfinnanlegri sem hugmyndir manna um kjarabótamöguleika og útgjaldaáform, bæði hjá einstaklingum og öðrum, hafa fram til þessa mótast í ríkum mæli af velgengni undanfarinna fjögurra ára sem hafa verið mikill uppgangstími. Við ríkjandi aðstæður í efnahagsmálum í heiminum, sem hafa fært okkur versnandi viðskiptakjör og tregari sölu mikilvægustu útflutningsafurða, verðum við að sætta okkur við að lífskjör þjóðarinnar geta ekki batnað um sinn. Það liggur í eðli þjóðskipulags okkar að skilningur og stuðningur almennings og samtaka almennings er forsenda árangurs í þessum efnum. Einhliða aðgerðir af opinberri hálfu standast ekki til lengdar án þess.

Það er von ríkisstj., að með þessu frv. sé lagður grundvöllur að farsælli niðurstöðu þeirra kjarasamningaviðræðna sem nú fara fram. Mikið er í húfi að þar takist að finna sanngjarna lausn. Þegar í framhaldi af þeirri niðurstöðu mun ríkisstj. beita sér fyrir breytingum á tekjutryggingar-, og elli- og örorkulífeyrisfjárhæðum almannatrygginga. Og til viðbótar þeim till., sem hér felast í lækkun beinna skatta, skal það fram tekið að endurskoðun tekjuskattslaga og tekjustofnalaga sveitarfélaga verður fram haldið með það fyrir augum að kanna möguleika á frekari samræmingu skatta og tryggingakerfis og einnig í því skyni að koma á sérsköttun hjóna.

Frú forseti. Ég vil að svo mæltu leyfa mér að leggja til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. þessarar d., um leið og ég ber fram þá ósk, að fjh.- og viðskn. beggja d. starfi saman að meðferð frv. svo að afgreiðsla þess verði fljótvirkari, því að í frv. felast þær breytingar á beinum sköttum, sem til framkvæmda verða að koma á þessu ári. Nú er allmjög á árið liðið og byggja þarf á endanlegri samþykkt frv. við vinnu vegna skattálagningar yfirstandandi árs.

Lúðvík Jósepsson: Hæstv. forseti. Það frv., sem hér liggur nú fyrir til umr., mun fara til fjh.- og viðskn. þessarar d. til athugunar. Þar verða væntanlega gefnar upplýsingar um fjölmörg atriði sem þarfnast skýringa og nánari upplýsinga varðandi fyrirhugaða framkvæmd á þeim breyt. sem frv. gerir ráð fyrir. Ég á sæti í þeirri n. sem kemur til með að fjalla um frv. Af þeim ástæðum m. a. mun ég ekki nú við 1. umr. ræða í ítarlegu máli um efni þess, heldur stytta mál mitt eins og mér er unnt og víkja þó að helstu efnisatriðum frv. og benda þar á nokkur þýðingarmikil atriði. Mér er einnig ljóst að það eru ekki tök á því að halda þingfundi lengi áfram í dag og þörf er á því að málið geti komist til þeirrar n. sem á að fjalla um það.

Mér sýnist að meginefni þessa frv. felist í raun og veru í I. kafla þess og þar með í 1. gr. Þar er gert ráð fyrir að ríkisstj. verði veitt heimild til að lækka útgjöld nýlega samþykktra fjárl. um allt að 3 500 millj. kr. Að vísu er það með því skilyrði að til komi einnig samþykkt fjvn. fyrir þessari lækkun útgjaldanna. Mér sýnist að meginatriði þessa frv. sé að finna í þessari gr. Sáralitlar skýringar eru á því hvernig fyrirhugað er að standa að þessari útgjaldalækkun ríkisins og hvað hér er í raun og veru um að ræða. Það er t. d. ekki vikið að því einu orði, ekki á beinan hátt, hvort hér sé einvörðungu um lækkun til verklegra framkvæmda að ræða eða til félagslegra styrkja sem er að finna á fjárl. eða hvort hér er um lækkun á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs að ræða. Þó má að mínum dómi lesa greinilega út úr grg. frv. að ætlunin sé fyrst og fremst að lækka útgjöld á fjárlagafrv. til verklegra framkvæmda og félagslegra styrkja um alla þessa fjárhæð. Er gerð grein fyrir því í frv. að afleiðingar síðustu gengislækkunar muni verða þær að almenn rekstrarútgjöld ríkissjóðs muni hækka um 1 870 millj. kr. beinlínis af völdum gengislækkunarinnar. Síðan er frá því skýrt að

með sérstökum ráðstöfunum hugsi ríkisstj. sér að reyna að koma því fram að hinir einstöku aðilar, sem með rekstur ríkisins hafa að gera, jafnt ríkissjóðs sjálfs og fyrirtækja og stofnana ríkisins, reyni með sérstökum ráðstöfunum að draga úr útgjöldum. Nefnt er í því sambandi að þannig ætti að vera hægt að draga úr útgjöldum sem nemur 820 millj. kr. En þá er augljóslega enn eftir hækkun útgjalda í almennum rekstri sem nemur yfir 1 000 millj. kr. Þegar frá þessu hefur verið skýrt segir síðan í grg. frv. orðrétt: „Með þessu frv. er síðan leitað heimilda til þess að lækka útgjöld um allt að 3 500 millj. kr. frá tölum fjárl." Það fer því í rauninni ekkert á milli mála, það er búið að gera grein fyrir því, að rekstrarútgjöldin miðað við fjárl. hljóta að hækka, jafnvel þó að menn leggi sig fram um að draga úr þeim. En síðan er lagt til að auk þess séu útgjöld fjárlaga færð niður um 3 500 millj. kr. Af þessum ástæðum sýnist mér vera augljóst að ætlunin sé að draga úr þeim fjárveitingum, sem ákveðnar hafa verið til verklegra framkvæmda og til félagslegra þarfa sem þessari fjárhæð nemur.

Ég vil taka það fram strax að ég er algjörlega andvígur þessari till. Ég tel að hún stefni í alranga átt, það eigi ekki á neinn hátt að draga úr fyrirætlunum um verklegar framkvæmdir í landinu. Þar er, eins og við vitum, fyrst og fremst um skólabyggingar að ræða, sjúkrahúsbyggingar, hafnargerðir, vegaframkvæmdir og annað af því tagi. Vegna áhrifa gengislækkunarinnar er augljóst að þær fjárhæðir, sem nefndar eru á fjárl., muni verða ódrýgri í reynd í sambandi við allar þessar framkvæmdir, og ef síðan ætti að lækka framkvæmdaféð beint í krónum talið, þá er um alvarlegan niðurskurð að ræða. En það verða væntanlega gefnar frekari upplýsingar um það í fjhn. hvað hér liggur á bak við, hver er ætlunin varðandi framkvæmd á þessari heimild, og skal ég ekki fara frekar út í það í þessum umr.

Þá er í öðru lagi lagt til með þessu frv. að gera nokkrar breytingar á gildandi l. um tekjuskatt og eignarskatt og einnig á l. um tekjustofna sveitarfélaga. Það er frá því skýrt að með þessum breytingum sé að því stefnt að lækka beina skatta nokkuð frá því sem gildandi l. segja, lækka tekjuskatt og lækka útsvar. Mér sýnist að í þessum kafla sé ekki um neina verulega lækkun að ræða hjá velflestum aðilum, sé miðað við þær skattlagningarreglur sem giltu á s. l. ári, en þá var ekki heimilt að leggja á hærra útsvar en sem nemur 10% af útsvarsskyldum tekjum. Hins vegar tek ég eftir því, að í grg. þessa frv. er við það miðað að útsvarsálagningin hækki upp í 11% og síðan er skattalækkunin á tekjuskatti og útsvari miðuð við það í grg. þessa frv. að þegar sé komin útsvarshækkun inn í dæmið. Ef gera á samanburð á skattlagningu á þessu ári miðað við skattlagnnigu á s.l. ári á að sjálfsögðu að halda sig við þá skattlagningarreglu sem þá var og þá kemur líka í ljós að lækkun skatta skv. þessum ákvæðum frv. er mun minni en talið er í grg. frv. og í flestum tilfellum er hún lítil og óveruleg. Auk þess vil ég svo á það benda að mér sýnist að nokkrir aðilar komi beinlínis til með að tapa á þessari breyt. Þannig sýnist það vera greinilegt, að nokkrir þeir tekjulægstu í þjóðfélaginu, bæði í hópi einstaklinga og fjölskyldna, geti beinlínis tapað, þeir þurfi að greiða tiltölulega meira eftir þessa breyt. heldur en eftir eldra fyrirkomulagi. Eins sýnist það líka vera þannig að einstæðir foreldrar þurfi í vissum tilfellum að borga meira en eftir eldra kerfinu. Auk þess er svo það, að með þessari breytingu er gert ráð fyrir því að hætta að greiða fjölskyldubætur í því formi sem verið hefur, en skuldskeyta þær við opinber gjöld aðila, þ. e. a. s. að fjölskyldubætur verða látnar renna upp í skatta viðkomandi aðila. Í vissum tilfellum mun þetta koma sér mjög illa því að þessar greiðslur færast á milli. Nú hafa í framkvæmd ýmsir haft þessar fjölskyldubætur í sambandi við framfærslu barna, þeir sem ekki bera gjöld, en skv. frv. yrðu fjölskyldubætur vegna þessara barna að fara til þeirra sem hingað til hafa jafnvel ekki notið bótanna af því að börnin hafa ekki verið hjá þeim. Hér er um breytingu að ræða sem þarf að huga nánar að.

Um þessa kafla vildi ég segja það í sem fæstum orðum að mér sýnist að hér sé að mestu leyti um formbreytingu að ræða, tiltölulega óverulega skattalækkun, en hins vegar er í þessum till. ekki hreyft við ýmsu af því í skattal. sem brýnt er að taka til athugunar. Þar tel ég m. a. að hefði verið ástæða til þess að athuga um skattlagningu fyrirtækja og sérstaklega þær reglur sem nú gilda um fyrningarfrádrætti. Ég tel líka að það hefði verið brýn þörf á því að athuga hvernig hægt er að fyrirbyggja betur en nú er gert að vissir aðilar geti skotið tekjum undan skattlagningu. Í frv. er ekkert um það að finna. Það er heldur ekkert um það að finna í þessu frv. að reyna að skattleggja að einhverju leyti verðbólgugróða sem til fellur. Þá er að sjálfsögðu ekki heldur á það minnst að skattleggja að neinu ráði hæstu tekjur, og fleira mætti til nefna í þessum efnum, sem ég tel að sé gallað við þessar till.

Þá er að finna í þessu frv. till. sem miða að því, að veita ráðh. heimild til að fella niður söluskatt eða til lækkunar eða niðurfellingar á söluskatti og að afnema tolla á vissum vöruflokkum. Ég tel þessar till. stefna í rétta átt. Þær eru í samræmi við frv. sem við Alþb-menn stöndum að og höfum flutt. En ég tel að í þessum efnum sé gengið of skammt og auk þess eigi hér ekki að vera um aðeins heimild að ræða, heldur um beina ákvörðun. Ég vil einnig geta þess, að við Alþb-menn höfum staðið að því að flytja hér frv. um lækkun á eða aukinn frádrátt í sambandi við útsvarsálagningu. Þær till. þessa frv., sem ganga í þessa átt, stefna því í rétta átt að mínum dómi. En till. ganga mun skemmra en við höfum lagt til í okkar frv.

Þá er að finna í þessu frv. ákvæði um nokkurn skyldusparnað. Mér sýnist að þessar till. hafi ekki mikið gildi. Ég tel þó að þessi aukaskattur komi vissulega til greina. Það er gert ráð fyrir að tekjur af þessum skatti geti numið 200—250 millj. kr. Þetta er mjög óverulegt gjald og breytir tiltölulega litlu.

Einnig er að finna í frv. ákvæði um sérstakt flugvallagjald. Ég tel að það komi fyllilega til greina að leggja gjald á þá aðila sem hér um

ræðir, hvort sem það verður gert í þessu formi eða öðru. En mér sýnist þær röksemdir, sem fluttar eru fram í grg. frv. fyrir þessu gjaldi, harla einkennilegar, því helst er að skilja á röksemdunum að fjárveitingar hafi verið of miklar til flugmála í landinu, flugmálin standi því ekki undir sér og af þeim ástæðum þurfi sérstaklega að leggja á þetta gjald. Ég tel sjálfsagt að lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli séu hækkuð til samræmis við það sem almennt tíðkast um slík gjöld og það þurfti í rauninni ekki lagabreyt. til þess. Þar er fyrst og fremst um framkvæmdaratriði að ræða. Ég er á þeirri skoðun að það hefði verið miklu nær að ganga hreint til verks og leggja nokkuð verulegt aukagjald á ferðagjaldeyri og láta þá borga mest sem mestan gjaldeyri fá til slíkra nota. En fast flugvallagjald, sem menn verða að borga, jafnmikið gjald hvort sem þeir ferðast til Færeyja eða til Japans, það sýnist mér í rauninni ekki eins æskilegt form, en ég er ekki andvígur gjaldinu út af fyrir sig.

Þá er einnig að finna í frv. annað býsna mikilvægt ákvæði sem snertir lántökuheimildir ríkisins í sambandi við ýmsar framkvæmdir í landinu og þar með lántökuheimildir til þess að greiða eitthvað úr málefnum stofnlánasjóðanna í landinu. Það er greinilegt að með ákvæðum frv. í þessum efnum er verið að setja ákveðin mörk fyrir því hvað mikið fé skuli útvegað að láni til þessara framkvæmda, og mér sýnist að það sé gert ráð fyrir að þrengja mjög að hinum almennu stofnlánasjóðum atvinnuveganna frá því sem verið hefur. Það er að vísu sagt að skv. þessum till. sé gert ráð fyrir að þessir sjóðir hafi allir til samans í kringum 31% meira ráðstöfunarfé en þeir höfðu á s. l. ári. En það gefur auga leið að þær framkvæmdir, sem stofnlánasjóðirnir lána fé sitt út á, hækka allar stórlega í verði. Þegar t. d. keypt eru ný fiskiskip eru þau nú miklum mun dýrari í kr. talið en var fyrir gengisbreytingu og í rauninni fyrir tvær gengisbreytingar sem orðið hafa nú á stuttum tíma. Lánveitingar Fiskveiðasjóðs verða því að vera miklum mun meiri en áður, þegar svona er komið. Mér sýnist því alveg augljóst að það sé verið að gera ráð fyrir að skera niður mjög verulega lánsmöguleika stofnlánasjóðanna, en það tel ég alrangt miðað við núv. aðstæður. Ég tel brýna þörf á því að þeir geti haldið áfram lánveitingum sínum til allra þeirra framkvæmda sem verða að teljast gagnlegar, hagstæðar fyrir uppbyggingu atvinnulífsins í hverri grein um sig. En það er einmitt eitt af því sem fram kemur í þessu frv. sem mér sýnist harla athyglisvert, að það sé ekki mikill áhugi hjá hæstv. ríkisstj. fyrir að hægt verði að halda áfram þeirri atvinnuuppbyggingu sem unnið hefur verið að á undanförnum árum.

Í síðasta kafla frv. IX. kafla, ýmis ákvæði, er bætt þeirri einkennilegu gr., að þar er fram tekið að gildandi lög um heimildir handa ríkisstj. til þess að veita ríkisábyrgðir á lánum vegna skuttogarakaupa falli úr lögum. Þetta þykir af hálfu ríkisstj. svo alvarlegt mál að jafnvel ríkisstj. sé ekki trúandi fyrir að hafa þessa heimild, að ákveða hvort hún vill veita ríkisábyrgð til kaupa á nýjum skipum eða ekki. Hún vill undirstrika það svo rækilega, að það stendur ekki til að kaupa fleiri skip, að það sé best að afnema úr lögum og því þurfi í hverju einstöku tilviki fyrir sig að sækja til Alþ. og fá um það sett lög ef veita á hliðstæða ríkisábyrgð fyrir kaupum á nýjum fiskiskipum og nú er í lögum. Það er ekki lítil alvara sem er á bak við þetta. Það er greinilegt að hæstv. ríkisstj. lítur svo á að nú sé nóg komið, nú megi ekki bæta við fleiri fiskiskipum. Ég er alveg sannfærður um að núv. ríkisstj., eins og aðrir, á eftir að sannfærast um að það er okkur lífsnauðsyn að halda áfram að endurnýja skipastól okkar og koma honum í það form sem okkur er hagkvæmast. Ég álít fyrir mitt leyti að það sé ein af brýnustu þörfum okkar í efnahags- og atvinnumálum að sinna ýmsum þeim svæðum á landinu sem hafa dregist aftur úr í þessum efnum. Þau þurfa að fá þessi skip til þess að hægt verði að tryggja nægilegt hráefni á hverjum tíma til fiskvinnslunnar og koma fiskvinnslunni á hagstæðan grundvöll. Ég skal ekki ræða frekar um þetta að þessu sinni, en mér finnst að þessi till. í frv. sé býsna táknræn um þann anda sem er á bak við þessar till. og hvert hæstv. ríkisstj. stefnir í þessum efnum.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég er andvígur þessu frv. í meginatriðum eða meginefni þess, þó að í frv. sé að finna ýmsar till. sem að mínum dómi stefna í rétta átt og að sjálfsögðu mætti lagfæra margt í frv. Ég tel að í frv. vanti margvísleg ákvæði sem eru þýðingarmikil til áhrifa í efnahagsmálum þjóðarinnar, þau sem ég hef hér m. a. minnst á, önnur séu þar beinlínis óeðlileg og andstæð. Sérstaklega vil ég taka fram að ég er andvígur því sem ég tel vera megintilgang þessa frv., en það er að veita ríkisstj. og fjvn. heimild til að skera niður ríkisútgjöld sem greinilega eru útgjöld til verklegra framkvæmda og félagslegs stuðnings. Ég er mótfallinn því, að þetta verði skorið niður, tel það hættulegt og stefna í ranga átt. Þá vil ég einnig benda á að ég tel í rauninni ekki sæmilegt að afgr. þessi mál þannig að það sé ekki vikið hér að þeirri aðstöðu sem upp er komin varðandi afkomumál ellilaunafólks og öryrkja. Ég tel ófullnægjandi að segja að þetta verði til athugunar síðar.

Ég tel að samþykkt þessa frv. hafi síður en svo hagstæð áhrif í efnahagsmálum okkar nú. Frv. mun að litlu eða engu leyti hafa áhrif á lausn kjaramálanna og síður en svo bæta úr hinu almenna atvinnuástandi í landinu, ef það yrði framkvæmt eins og mér sýnist vera stefnt að.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég mun við þessa 1. umr. málsins ekki ræða þetta viðamikla frv. í einstökum atriðum. Það er augljóst að flutningur þess stendur í sambandi við þá alvarlegu kjaradeilu sem nú stendur yfir og lausn hefur því miður ekki enn fundist á. Ég tel hafið yfir allan efa að ákvæði þessa frv. eru af hvorugum deiluaðilanna álitin nægilega víðtæk eða nægilega ítarleg né heldur þess eðlis að þau, þó að lögfest yrðu, stuðluðu í nokkrum verulegum mæli að því að lausn fáist á deilunni. Af þessum sökum mun Alþfl. ekki geta stutt þetta

frv. óbreytt, beinlínis vegna þess að hann telur að það nái ekki því sem þó eflaust á að vera og þarf að vera megintilgangur lagasetningar um þau efni sem frv. fjallar um, þ. e. a. s. þeim tilgangi að stuðla að sanngjarnri og réttlátari lausn vinnudeilunnar og koma í veg fyrir þá þjóðarógæfu sem verkföll nú mundu verða fyrir íslenskan þjóðarbúskap.

Þegar þetta frv. verður endanlega afgr. frá hinu háa Alþ. þarf að afgr. það með þeim hætti að það stuðli að eða jafnvel tryggi lausn deilunnar og þar með áframhaldandi atvinnu í landinu og vinnufrið. Þess vegna verður meginefni þess máls, sem frv. fjallar um, í raun og veru ekki rætt nema því aðeins að menn geri sér grein fyrir hvað það er sem á þessari stundu ber á milli deiluaðila í vinnudeilunni.

Það er þrennt sem ber á milli. Það er í fyrsta lagi hversu skattalækkun á launþegum eigi að vera mikil. Það er þegar gert ráð fyrir 700 millj. kr. skattalækkun í fjárl. Flogið hefur fyrir, frá því hefur verið skýrt í blöðum að áhangendur ríkisstj. hafa látið í það skína að skattalækkun gæti orðið 1 100—1 200 millj. kr. Af hálfu launþegasamtakanna hefur hins vegar verið sagt á samningafundum og frá því skýrt opinberlega, þannig að óhætt er að endurtaka það hér, að ósk launþegasamtakanna sé að skattalækkunin í heild verði 2 000 millj. kr., verði 2 milljarðar og komi það fé sumpart frá ríkissjóði og sumpart frá sveitarsjóðum. Fyrsta deiluatriðið er því það hversu miklar fjárhæðir launþegum skuli réttar sem kjarabætur í formi skattalækkana.

Annað atriði, sem á milli ber, er hversu mikið skuli hækka láglaunabætur frá því sem nú á sér stað. Vinnuveitendur hafa skýrt frá því að þeir hafa boðið hækkun um 3 800 kr., en af hálfu launþega hefur frá því verið skýrt að ef semdist, ef samningar næðust til stutts tíma, t. d. til miðs ársins, og ekki þyrfti að koma til verkfalla, mundu launþegar eftir atvikum geta sætt sig við að hækkun láglaunabótanna yrði 5 900 kr. á mánuði.

Þriðja og síðasta deiluatriðið er svo það að atvinnurekendur hafa boðið að láglaunabótin, 3 800 kr, skuli aðeins koma á dagvinnu, en fulltrúar launþega hafi sagt að sú láglaunabótaupphæð, sem endanlega verði samkomulag um, verði að koma á alla vinnu, einnig á eftirvinnu og næturvinnu, þar eð ekki sé hægt að raska hlutfallinu á milli dagvinnu og næturvinnu.

Þetta eru þau þrjú atriði sem nú ber á milli. Fyrsta atriðið snertir ríkissjóð, ríkisvaldið beint og sveitarfélögin. Það snertir löggjafarvaldið. Það snertir Alþ. íslendinga beinlínis því að Alþ. eitt getur ákveðið breytingu á tekjuskattsl. og útsvarsl. Það er augljóst að skv. þessu frv. er ekki unnt að verða við þeirri ósk launþegasamtakanna að skattalækkunin í heild verði 2 000 millj. kr. En það er hægt að mínu viti eins og ég mun koma nánar að á eftir. Þegar hefur ríkissjóður á hendinni 700 millj. kr. Hann gæti bætt við öðrum 600—700 millj. kr. og Alþ. gæti lagt það á sveitarfélögin að hækka frádráttarliði launþega upp að vissu tekjumarki sem því svaraði að sveitarsjóðir legðu fram svipaða upphæð, þ. e. 600—700 millj. kr. Þá mætti heimila sveitarfélögum að bæta sér upp þennan tekjumissi, sem auðvitað verður að gera, þau geti valið annaðhvort að hækka aðstöðugjöld eða hækka fasteignagjöld. Ef þau hækkuðu aðstöðugjöldin væru það fyrirtæki sem bæru þetta, en ekki launþegar. Ef þau hækkuðu fasteignagjöldin væru það efnamenn í þjóðfélaginu sem fasteignir eiga sem bæru hækkunina. Það er því hægt að verða við þeirri kröfu eða þeirri ósk launþegasamtakanna að fá 2 000 millj. í skattalækkanir með því móti að ríkið taki að sér að greiða aðrar 700 millj. til viðbótar þeim, sem það hefur nú lofað að greiða eða heimild er fyrir að greiða í fjárl., og að láta sveitarfélögin bæta þriðju 600—700 millj. við. Þá er komin sú 2 000 millj. kr. upphæð sem launþegarnir hafa óskað eftir í skattalækkun.

Það er óhjákvæmilegt að atvinnurekendur verði við þeirri kröfu launþegasamtakanna að greiða sömu láglaunabætur á öll laun. Í raun og veru er *lítt skiljanlegt hvernig fulltrúum* vinnuveitenda hefur getað dottið í hug að hægt væri að raska hlutfallinu á milli kaupgjalds í dagvinnu annars vegar og eftir- og næturvinnu hins vegar svo gífurlega sem verða mundi ef láglaunabæturnar væru eingöngu greiddar á dagvinnuna. Það er því óhjákvæmilegt að við þessari kröfu verkalýðshreyfingarinnar verði orðið. En segja má að það mál snerti ríkissjóð ekki beinlínis, því að þar yrði um að ræða aukin útgjöld fyrir atvinnurekendur. Enn fremur þýðir það auðvitað líka aukin útgjöld fyrir atvinnurekendur ef upphæð láglaunabóta yrði hækkuð frá tilboði atvinnurekenda, 3 800 kr. í 5 900 kr.

Það má segja að þetta mál snerti ríkissjóð ekki beinlínis, vegna þess að hér er beinlínis um aukin útgjöld til kaupgreiðslna að ræða fyrir atvinnurekendur. En nú er spurningin hvort ríkissjóður geti samt sem áður ekki stuðlað að því eða greitt fyrir því að atvinnurekendur gangi að þessum kröfum launþegasamtakanna.

Í þessu frv. biður ríkisstj. um heimild til lækkunar á fjárl. um 3 500 millj. kr. Það hlýtur að vera leyfilegt að gera ráð fyrir því að ríkisstj. hafi þegar gert athugun á því að slík lækkun sé framkvæmanleg. Því verður ekki trúað á þessa ríkisstj. né nokkra aðra að hún biðji um heimild til að lækka útgjöld sem hún sjálf trúir ekki á að unnt sé að nota. Ríkisstj. hlýtur að hafa kannað að hægt sé að lækka útgjöld ríkisins um 3 500 millj. kr. Ég er henni sammála um að það hlýtur að vera hægt og það á að vera hægt, og meira að segja vegna ástandsins í efnahagsmálum þjóðarinnar yfir höfuð er nauðsynlegt að slíkt sé gert. Það er heilbrigð stefna undir núv. kringumstæðum að fresta opinberum framkvæmdum allt að því stigi að ekki hljótist af atvinnuleysi. Ég er því algerlega samþykkur þeirri viðleitni hæstv. ríkisstj. að draga sem allra mest úr útgjöldum ríkisins, fyrst og fremst með sparnaði á rekstrargjöldum og í öðru lagi með frestun á framkvæmdum. Ég tel frv. stefna að þessu leyti í rétta átt. Þá gerir frv. einnig ráð fyrir 5% skyldusparnaði sem gert er ráð fyrir að muni gefa ríkissjóði 250 millj. kr. tekjur. Ég gerði grein fyrir því í eldhúsumr. í gær að ég tel skyldusparnaðarhugmyndina í sjálfu sér vera skynsamlega og eðlilega og er reiðubúinn til að stuðla að framkvæmd hennar undir núv.

kringumstæðum og í því formi sem hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir í frv. sínu. En ég tel skyldusparnaðinn vera of lágan, tel það tekjuháa fólk, sem hér er um að ræða, geta án þess að tilfinnanlegt yrði sparað meira, lagt meira en 5% fram til lausnar þeim vanda sem við er að etja. Ég nefni töluna 7% í því sambandi. Það mundi gefa ríkissjóði 350 millj. kr. tekjur. Skv. niðurstöðu ríkisstj. sjálfrar gæti hún haft á hendinni 3 500 millj. kr., og á grundvelli hugmynda, sem hún sjálf hefur sett fram, tel ég hana geta aflað sér 350 millj. kr. til viðbótar, þ. e. a. s. hún gæti haft til ráðstöfunar 3 850 millj. kr

Þá vaknar spurningin: Hvernig væri hægt að nota þetta fé til þess að stuðla að lausn vinnudeilunnar sem ég tel nú vera brýnasta verkefnið í íslensku þjóðlífi og þessu frv. er áreiðanlega ætlað og það er heilbrigt í sjálfu sér að stuðla að lausn á.

Þetta fé mætti í fyrsta lagi nota þannig að hækka framlag ríkissjóðs til skattalækkunar úr þeim 700 millj. kr., sem ríkisstj. hefur nú þegar heimild til, í 1 400 millj. kr. og síðan, eins og ég sagði áðan, væri engan veginn of mikið á sveitarfélögin lagt þó að þeim væri skylt að lækka útsvör á láglaunafólki sem svarar 600—700 millj. kr., en taka inn sömu tekjur annaðhvort í fasteignagjöldum eða aðstöðugjöldum. Í rauninni tel ég að það ætti að skylda sveitarfélögin til að lækka rekstrarútgjöld sín, t. d. um 5%, og þar mundi nást verulegur árangur. Slíkt er eðlilegt ef ríkið sýnir viðleitni til sparnaðar, eins og hæstv. fjmrh. sagði í útvarpsumr. í gærkvöld að hann vildi gera og ég fyrir mitt leyti er honum alveg sammála um að á að gera og nauðsyn ber til að gera og skal styðja viðleitni hans í þá átt. Þá finnst mér ekki rétt að sveitarfélögin leiki alveg lausum hala. Það er rétt að Alþ. noti vald sitt yfir sveitarfélögunum til þess að fyrirskipa þeim sams konar sparnaðarviðleitni og hæstv. fjmrh. alveg réttilega boðaði hér í gærkvöld. Þess vegna kæmi vel til greina að lögfesta skyldu sveitarfélaga til t. d. 5% lækkunar á rekstrarútgjöldum sínum. Í öllu falli tel ég engin vandkvæði á því, að sveitarfélögin í heild leggi 600—700 millj. kr. í þessa skattalækkunarpúlíu, og þá er tölunni 2 000 millj. náð.

Með þessu móti, þessu tiltölulega einfalda móti, er hægt að verða við ósk stéttarfélaganna um að fá 2 000 millj. til skattalækkunar.

Í þessu sambandi vil ég láta þess getið að ríkisstj. mun hafa orðað það við samninganefnd stéttarfélaganna að hún mundi taka tillit til þess hvort stéttarfélögin vildu heldur fá þessa skattalækkunarupphæð, hver svo sem hún yrði, í formi lækkunar á tekjuskatti eða í formi lækkunar á söluskatti. Ég tel að það væri hægt að hagnýta upphæðina, hver sem hún yrði, t. d. 2000 millj. kr. upphæð, miklu betur og miklu réttlátar í þágu láglaunafólksins með því að lækka beina skatta, með því að lækka tekjuskattinn og taka upp neikvæðan tekjuskatt með sameiningu barnafrádráttarkerfisins í skattkerfinu og fjölskyldubótakerfisins heldur en að nota þessa peninga almennt til lækkunar á söluskatti sem koma mundi jafnt hátekjumanninum til góða og lágtekjumanninum, enda hygg ég að sú skoðun yfirgnæfandi meiri hl. áhrifamanna í launþegasamtökunum. Ég vil við þetta tækifæri láta í ljós stuðning við þessa hugmynd, að sú upphæð, sem endanlega fæst til skattalækkunar, verði notuð til lækkunar á tekjuskatti og til þess að taka upp neikvæðan tekjuskatt, þ. e. endurgreiðslu til skattþegnanna, í stað þess að nota hana til lækkunar á söluskatti, af því að það er enginn vandi að færa augljós rök, fullkomna sönnun fyrir því, að með því móti njóta hinir tekjulágu, hinir tekjulægstu, skattalækkunarinnar betur en þeir mundu gera ef um almenna lækkun á söluskatti væri að ræða. En ég skal ekki orðlengja um þetta atriði við þetta tækifæri hér.

Hér er sem sagt um að ræða að það er hægt að leysa skattalækkunarvandamálið með 700 millj. kr. viðbótarútgjöldum af hálfu ríkissjóðs. Þá er og alveg óhjákvæmilegt, enda viðurkennt af öllum í orði, að það verður að hækka lágmarkstekjutrygginguna og það verður að hækka ellilaun. Ég tel, að sú lágmarkshækkun, sem þarna komi til greina, sé 15%. Það mundi jafngilda því að lágmarkstekjutrygging einstaklinga færi upp í 295 000 kr. og hjóna upp í 560 000 kr. og ellilaun yrðu hækkuð upp í 184 000 kr. fyrir einstakling og 350 000 kr. fyrir hjón. Þetta mundi kosta ríkissjóð í viðbótarútgjöldum 860 millj. kr. Þá eru útgjöldin komin upp í 1 560 millj. kr.

Þá er að sjálfsögðu algerlega óraunhæft að gera ekki ráð fyrir að laun opinberra starfsmanna hækki í kjölfar þeirra samninga sem vonandi takast milli launþegasamtakanna og vinnuveitenda. Ef gert er ráð fyrir hliðstæðri hækkun hjá opinberum starfsmönnum og þeirri sem ég var að lýsa áðan að launþegasamtökin óskuðu eftir, mundu launaútgjöld ríkisins hækka um u. þ. b. 800 millj. kr. En þrátt fyrir þetta yrðu enn afgangs tæplega 1 500 millj. kr. af þeim 3 850 millj. kr. sem ríkisstj. sumpart segist hafa á hendinni, geta haft á hendinni, eða ég segi að hún geti haft á hendinni með hækkun á skyldusparnaðinum. M. ö. o.: ríkisstj. hefði enn, ef svona yrði farið að, ef sparnaðurinn við lækkun á fjárl. kæmi til framkvæmda, 1 500 millj. kr. á hendinni til að stuðla að lausn vinnudeilunnar.

Ég setti í eldhúsumr. í gærkvöld fram þá hugmynd að það mætti stuðla að lausn vinnudeilunnar með því að nota þetta fé til að lána þeim atvinnurekendum sem ekki treysta sér til þess að greiða þá hækkun láglaunabóta sem launþegasamtökin hafa farið fram á, — lána þeim þetta með sama hætti og til sama tíma og hátekjumennirnir eiga að lána ríkissjóði til þess að leysa vandann. Hér er um að ræða nákvæmlega sama hugsunarháttinn og felst að baki skyldusparnaðarhugmyndinni. Þar er tekið af hálaunamönnum, þeir eru látnir lána þjóðfélaginu hluta af tekjum sínum í nokkurn tíma með lágum vöxtum, en verðtryggt, til þess að leysa þann vanda sem við erum staddir í.

Því er ekki að neita að vel getur verið að afkoma margra fyrirtækja sé þannig að þeim sé um megn að greiða þær láglaunauppbætur sem launþegasamtökin hafa farið fram á. Auðvitað er afkoma fyrirtækja mjög misjöfn. Ég held að enginn beri á móti því, að þau fyrirtæki eru auðvitað mörg sem eru svo vel stæð og hafa

svo góða afkomu að þau gætu vel greitt 5 900 kr. í viðbótarláglaunaupphæð á mánuði á alla vinnu; dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu. En ég er ekki heldur svo óraunsær að gera mér ekki grein fyrir því að þau fyrirtæki undir venjulegum kringumstæðum eru eflaust mörg sem eiga erfitt með þetta, jafnvel gætu það ekki. Þess vegna tel ég það vera hugmynd sem sannarlega kæmi til athugunar og ætti að skoða ofan í kjölinn, hvort ekki mætti nota þessar 1 500 millj. til þess að lána þessum fyrirtækjum sem sýndu fram á að þau gætu ekki án tapreksrar greitt hækkun láglaunauppbótanna um 5 900 kr., — lána þeim þetta fé í tiltekinn tíma og þá auðvitað í trausti þess að þau notuðu þennan tíma til þess að bæta afkomu sína, til þess að auka hagræðingu og bæta framleiðni, þannig að þeim yrði kleift að endurgreiða féð smám saman á tilteknum tíma.

Þannig tel ég að mætti leysa vandann og tryggja samninga, sem hlýtur nú að skoðast höfuðviðfangsefnið sem við er að etja.

En í þessu sambandi verður að hafa í huga að jafnvel þó að gengið yrði að þessum óskum eða kröfum verkalýðshreyfingarinnar, sem ég nú hef verið að lýsa, er þar ekki um fullar bætur að ræða fyrir þá kjaraskerðingu sem orðið hefur. Þess vegna kemur ekki annað til greina af hálfu verkalýðshreyfingarinnar en að samið verði til stutts tíma. En ég endurtek: jafnvel þótt gengið yrði að þessum kröfum verkalýðshreyfingarinnar er hagur launþega ekki réttur að fullu, og einmitt þess vegna legg ég enn og æ áherslu á að nauðsyn sé til sparnaðar, að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi og spari á öllum mögulegum sviðum og að ríkið skyldi sveitarfélögin til þess að spara og ríkið knýi fyrirtækin til að spara, en veita fyrirtækjum, sem væru í sérstökum vandræðum lán, en skylda þau til þess að endurgreiða lánin, sem þau auðvitað gætu ekki gert með öðru móti en að lækka útgjöld sín eða auka tekjur sínar.

Í þessu sambandi ber einnig að skoða þá hugmynd sem ég setti fram í eldhúsumr. í gær að á þessu ári ætti ekki að leyfa fyrirtækjum fullar fyrningar. Það vita allir sem hafa minnstu þekkingu á skattal. að fyrningarreglur skattal. eru með þeim hætti að afkoma fyrirtækis getur verið góð en hagnaðurinn horfið í óeðlilega miklar fyrningar sem fyrirtækin hafa lögum skv. heimild til. Ég er ekki að segja að undir venjulegum kringumstæðum sé óeðlilegt að leyfa fyrirtækjum verulegar fyrningar, þ. e að safna sjóðum í því formi að fyrna. En undir þeim kringumstæðum, sem nú er um að ræða í þjóðfélaginu, er mjög óeðlilegt að fyrirtæki græði, en geti leynt gróðanum í skjóli fyrningarreglnanna sem eru hugsaðar út frá allt öðrum forsendum en nú er um að ræða í íslensku þjóðlífi.

Ég tel sem sagt að þær hugmyndir, sem ég hef sett fram í stórum dráttum, mundu geta leyst þá vinnudeilu sem nú stendur yfir, þótt ekki væri nema til bráðabirgða, t. d. til miðs ársins. En þann tíma, til miðs ársins, ætti síðan að nota til að stuðla að auknu hagræði bæði í opinberum rekstri og í einkarekstri, til að endurskoða vísitölukerfið, til þess að endurskoða verðlagningarkerfi landbúnaðarafurða og ýmislegt annað sem óhjákvæmilegt er að gera ef takast á að ná samningum til langs tíma og leggja traustan grundvöll að heilbrigðu launakerfi og heilbrigðu atvinnulífi í landinu.

Þó að ég hafi sagt að ég muni ekki ræða málið í einstökum atriðum við 1. umr. þess, þar eð ég á sæti í þeirri n. sem málinu verður væntanlega vísað til, þá höfum við þm. Alþfl. þó talið rétt að bera nú þegar við 1. umr. málsins fram eina brtt., því að hún lýtur að máli sem snertir svo mjög allan almenning að þegar við 1. umr. þarf að minna á nauðsyn þess að gera eitthvað á því sviði. Í 19. gr. frv. er fjmrh. heimilað að lækka eða fella niður söluskatt á einstökum matvöruflokkum. Það er út af fyrir sig ágætt að fjmrh. hafi heimild til slíks. En eigi hann að hafa heimild til að lækka eða fella niður söluskatt af matvörum, einstökum matvörum eða matvöruflokkum, þá er ekki síður nauðsynlegt að hann hafi heimild til að fella niður söluskatt af þeim útgjaldalið heimilanna sem hefur hækkað einna mest á undanförnum mánuðum og hvílir allra þyngst á fjölmörgum heimilum í landinu, en það er kostnaðurinn við húshitun, hækkandi verðlag á olíu til húshitunar. Það er sá baggi sem einna þyngst hefur hvílt á íslenskum fjölskyldum á undanförnum mánuðum. Eigi að lækka söluskatt á matvörum og matvöruflokkum, þá er ekki síður nauðsynlegt að lækka hann á olíu til húshitunar. Þess vegna höfum við þegar við 1. umr. leyft okkur að flytja brtt. þess efnis, að fjmrh. sé heimilt að lækka eða fella niður söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum svo og olíu til húshitunar, sbr. l. nr. 10/1960 með áorðnum breytingum. Þessi till. mun að sjálfsögðu koma til meðferðar í þeirri n. sem um málið mun fjalla, fjh.- og viðskn.

Að síðustu vil ég segja að ég tel rétt og eðlilegt að endanleg afgreiðsla þessa máls, þessa víðtæka frv. bíði eftir niðurstöðu viðræðnanna í þeim samningum sem nú eiga sér stað á milli vinnuveitenda og launþega. Ég tel að nauðsynlegt sé að það liggi fyrir hvort samningar takast eða takast ekki áður en Alþ. afgr. frv. það sem hér er nú til 1. umr. Það gæti auðveldlega farið svo að það yrði nauðsynlegt að sjálft Alþ. segði síðasta orðið, segði sitt lokaorð til þess að endarnir nái saman, til þess að samningar takist. Ég er í engum vafa um að allir flokkar á Alþ. vilja stuðla að því að samningar takist. Það frv., sem hér er flutt, er einmitt grundvöllur þess að slíkt orð verði sagt. Það er farvegur sem slík orð gætu fallið í og ættu að falla í. Þess vegna tel ég að þetta mál eigi að vera til athugunar í þn. þangað til séð er fyrir endann á viðræðum launþegasamtakanna og vinnuveitendanna og þá eigi að skoða hvort hægt sé að gera þær breytingar á frv. að þær dugi til þess að samningar náist. Í óbreyttu formi hjálpar frv. ekki til þess, stuðlar það ekki að því, því miður, að sjónarmið launþega annars vegar og vinnuveitenda hins vegar nálgist hvort annað. En það er hugsanlegt að síðasta orð Alþ. í málinu gæti orðið til þess að samningar tækjust og verkföllum yrði afstýrt og það á auðvitað að vera markmið okkar allra sem á löggjafarsamkomunni sitjum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður við 1. umr. þessa máls. Það gefst tækifæri til þess síðar að fjalla frekar um ýmis mikilvæg ákvæði þess. Ég vil þó segja örfá orð nú strax við 1. umr.

Þetta frv. er að ég tel, eða ætti að vera a. m. k. lagt fram af hálfu hæstv. ríkisstj. til lausnar þeim efnahagsvanda, sem hún telur að sé fyrir höndum, og jafnhliða þá til þess að greiða úr fjárhagserfiðleikum ríkissjóðs, og í öðru lagi og ekki síður til þess að stuðla að lausn þeirrar vinnudeilu sem nú stendur yfir og allar líkur benda til að muni harðna mjög innan skamms tíma verði ekkert að gert.

Ég lít svo á að I. kafli þessa frv. sé í meginatriðum það sem gert er ráð fyrir að framkvæma til þess að leysa fjárhagsdæmi ríkissjóðs. Frv. heitir frv. til laga um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara. Í I. kaflanum og strax í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilað að lækka fjárveitingar um allt að 3 500 millj. kr. Ég er þeirrar skoðunar að þessi 3 500 millj. kr. lækkun muni koma fyrst og fremst fram á verklegum framkvæmdum sem fé hefur verið ætlað til á fjárlögum. Ég er ekki þar með að segja að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að þetta bitni fyrst og fremst á þessum liðum. En með hliðsjón af fyrri reynslu hygg ég, að verði af þessu, þá muni þessi niðurskurður fyrst og fremst koma til með að bitna á verklegum framkvæmdum og félagslegum og þá kannske fyrst og fremst, eins og reynslan hefur sýnt á undanförnum árum, fyrst og fremst á framkvæmdum úti á landsbyggðinni. Ég fyrir mitt leyti verð að segja það strax, að ég er andvígur slíkum niðurskurði á sama tíma og hæstv. ríkisstj. er hér með frv. á hv. Alþ. til meðferðar þess efnis að veita úr ríkissjóði með einhverjum hætti 6—7 milljarða kr. á næstu árum til byggingar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Við slíkar ákvarðanir sem þessar, annars vegar stórkostlega fjáraukningu til framkvæmda hér á suðvesturhorni landsins, á sama tíma og hæstv. ríkisstj. boðar stórkostlegan niðurskurð á verklegum framkvæmdum úti á landsbyggðinni þar sem uppbyggingar er fyrst og fremst þörf, hlýt ég, með þau viðhorf sem ég hef í huga, að standa gegn slíku. En ekki nóg með það. Það er í engu að því vikið á hvaða framkvæmdaliðum slíkur stórkostlegur niðurskurður ætti að bitna eða hvernig með slíkt yrði farið og hver niðurstaðan yrði. Má því segja að hæstv. ríkisstj. sé að biðja um óútfyllta víxil til þess að ávísa á á næstu mánuðum til niðurskurðar á verklegum framkvæmdum. Því er ég andvígur.

Eins og ég sagði áðan, þá er að minni hyggju ætlunin með þessu frv. í öðru lagi að koma til móts við þau viðhorf sem hafa verið uppi af hálfu verkalýðshreyfingarinnar til lausnar þeirra kjaradeilna sem nú standa yfir. Það hygg ég að sé fyrst og fremst að finna í II. kafla frv., um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt. Nú skal viðurkennt að ekki hefur gefist til þess tími að gera sérstaklega athuganir á því hvað sú breyt., sem er um að ræða að gera á lögum um tekju- og eignarskatt, kemur til með að fela í sér gagnvart launafólki. En við fljótlega yfirsýn sýnist mér að hér sé um tiltölulega ómerkilegar breyt. að ræða, þegar höfð er af því hliðsjón hve stórkostleg aukning hefur átt sér stað á skattheimtu og jafnframt kauplækkun sem afleiðing af þeirri stjórnarstefnu sem fylgt hefur verið.

Ég held því að þær breyt., sem hér er um rætt að gera og eiga að vera framlag til lausnar vinnudeilnanna, nái skammt til að brúa það bil sem er nú milli þess, sem verkalýðshreyfingin telur sig minnst geta sætt sig við, og hins, sem vinnuveitendur hafa látið frá sér fara sem tilboð til bættra kjara. Auk þess má benda á, eins og áður hefur verið vikið að, að í sumum tilvikum er hér beinlínis um skattahækkun að ræða frá því sem nú er, og þá í tilvikum sem síst skyldi. Þess vegna er enginn vafi á því, að þó að þetta yrði samþ. eins og það hér liggur fyrir, þá verður um stórkostlega skattahækkun að ræða á öllum almenningi frá því sem nú er. Það held ég að öllum sé ljóst.

Auk þess vil ég koma því hér að, að ekki er vikið að breyt. á því ákvæði skattalaga sem mér finnst kannske hvað mest stinga í augu hjá öllum almenningi, en það eru þær reglur í skattalögum sem gilda um fyrningar og afskriftir, og hefur verið komið inn á það hér í þessum umr. Við því virðist ekki eiga að hreyfa. Það á að geta haldið áfram að verða í reynd sú leið sem vísar atvinnurekstrinum í landinu og vinnuveitendum á skattleysi. Staðreyndin er sú að allflestur atvinnurekstur í landinu hefur verið skattlaus, en allur almenningur látinn borga. Það er þetta sem mér finnst að hefði þurft að koma til meðferðar nú þegar gerðar eru breyt. á skattalöggjöfinni.

Einnig er hér að finna breyt. á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir því að tekjustofnar þeirra muni lækka um a. m. k. 350 millj. kr. yfir landið í heild. Er þar fyrst og fremst um að ræða breyt til hækkunar á frádrætti til útsvarsálagningar. Nú er ég síður en svo að hafa á móti slíku. En ég held að menn hljóti að verða að hafa það í huga, um leið og slíkt er lagt fram og rætt, að allflest sveitarfélög í landinu hafa um nokkra hríð staðið frammi fyrir geysilegum fjárhagserfiðleikum sem ég get ekki séð með hverjum hætti a. m. k. stór hluti þessara sveitarfélaga kemst fram úr. Það hlýtur því að verða spurt þegar svona kemur upp: Með hverjum hætti eða í fyrsta lagi á með einhverjum hætti að bæta sveitarfélögum þessa skerðingu á tekjustofnum, og ef svo er, með hvaða hætti?

Þá er einnig að finna í frv. heimild til handa ríkisstj. til lækkunar eða niðurfellingar á söluskatti og afnáms tolla. Nú er ákaflega óljóst hvað þetta þýðir í reynd, a. m. k. get ég ekki fundið það út úr þessu frv. hvað yrði um að ræða ef við vildum reikna það sem kjarabætur fyrir launþega, á hvaða vöruflokkum þetta kæmi fyrst og fremst til með að verða lækkun á söluskatti eða niðurfelling og hvað hún mundi þá gefa sem kjarabót ef af slíkri framkvæmd yrði. Um þetta hlýtur að þurfa að fá miklum mun frekari upplýsingar heldur en í fljótheitum er hægt að gera sér í hugarlund. Ég held að það sé eitthvað álíka með þennan kafla eins og kaflann um niðurskurðinn, á hverju hann á að bitna. Ég held að það sé mjög óljóst, og kannske allsendis óljóst,

hvað þarna er um að ræða sem reikna mætti til hagsbóta þeim launþegum sem fyrst og fremst er þó verið að hugsa um.

Það er ýmislegt fleira sem í þessu frv. er að finna. Gert er ráð fyrir þeirri nýjung að upp verði tekið flugvallagjald sem ég í sjálfu sér er ekki andvígur, en tel þó að beri að skoða frekar hvort það eigi ekki að vera breytilegt með hliðsjón af vegalengdum eða fjarlægðum, frekar en hafa eitt fastagjald.

Einnig er hér um að ræða skyldusparnað sem við höfum bent á að við vildum taka upp. Að vísu er hér ekki gert ráð fyrir stighækkandi skyldusparnaði, heldur gert ráð fyrir 5% skyldusparnaði á alla sem eru með tekjur yfir ákveðið hámark. Ég held að það verði a. m. k. að skoða það í meðferð þessa máls í n. hvort það tekjumark, sem hér er gert ráð fyrir, sé ekki of lágt og einnig, að því er mér finnst, beri að skoða það gaumgæfilega hvort ekki sé réttlætanlegra að hafa þetta í formi stighækkandi skyldusparnaðar heldur en að vera með eina fastákveðna tölu eftir að laun eru komin yfir eitthvert ákveðið mark.

Ótalmargt fleira er að finna í þessu frv. sem ástæða væri til þess að ræða. Það skal þó ekki gert af minni hálfu nú við 1. umr. Ég vil þó taka það fram, að frv., eins og það liggur nú fyrir, *er þess eðlis, að ég mun ekki geta greitt því atkv.* nema því aðeins að á því fáist verulegar breytingar í meðförum þingsins. Ég skal svo strax lýsa því yfir sem minni skoðun að þeirri brtt., sem var boðuð áðan af hálfu Alþfl.-manna, er ég hlynntur. Ég hafði sjálfur í huga að flytja slíka brtt. við 2. umr. þessa máls kæmi hún ekki fram áður, en hún er nú komin fram og ég fyrir mitt leyti lýsi fullum stuðningi við þá brtt. Það hefur áður verið vikið af mörgum að þeim geysilega kostnaði, þeim stóraukna kostnaði sem fjöldinn allur af heimilum í landinu hefur orðið að taka á sig vegna þeirrar gífurlegu hækkunar sem orðið hefur á olíu til kyndingar íbúðarhúsnæðis. Sá geysilegi kostnaður er orðinn það stór baggi á tiltölulega mörgum heimilum í landinu að við slíkt verður ekki við unað. Þessi skattur, sem nú er orðinn sem næst helmingur af dagvinnutekjum verkamanns á mánuði, er slíkur að hann er að sliga fjöldann allan af heimilum á þeim svæðum sem við þetta þurfa að búa. Ég hef áður sagt hér að ég tel að Alþ. og stjórnvöld geti ekki skotið sér undan þeirri skyldu að gera ráðstafanir til þess að lækka stórkostlega þennan geysilega kostnaðarauka sem þeir aðilar, sem við þetta þurfa að búa verða að greiða.

Ég hef farið hér fljótt yfir sögu. Það gefst til þess tækifæri síðar við umr. um þetta mál, að fjalla frekar um ýmis önnur ákvæði þess sem eru fjöldamörg. En ég tel að þau ákvæði þessa frv., sem ætluð eru til að stuðla að lausn vinnudeilnanna, séu þess eðlis að þau nái skammt til að brúa það bil, sem nú er á því að samningar náist, og verði því að gera allverulega bragarbót á þeim ákvæðum frv. ef það er meining hæstv. ríkisstj. að stuðla með þessum hætti að því að samningar náist.

Ég skal svo ekki, herra forseti, fara um þetta fleiri orðum að sinni. En ég ítreka, að ég tel svo brýna nauðsyn að samningar náist áður en til verkfalla kemur, að ég held að hæstv. ríkisstj. hljóti að skoða hug sinn rækilega um hvort ekki sé full ástæða til að stíga skrefið langtum lengra til að brúa bilið milli samningsaðila, þannig að ríkisvaldið og Alþ. geti þá lagt eins verulega að mörkum til þess að samningar náist og nauðsyn er á.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 1. umr., um ráðstafanir í efnahags- og fjármálum, er borið fram af ríkisstj. Hæstv. forsrh. gerði grein fyrir því áðan hvaða breytingar valda því m. a. að þetta frv. er fram komið. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa stórversnað frá því sem reiknað var með þegar fjárlagafrv. var afgr. fyrir síðustu áramót, og fleiri þættir efnahagslífsins hafa einnig gengið okkur gegn.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er til þess að reyna að snúast gegn þeim vanda sem skapast hefur, og er einnig afleiðing af þeirri gengisbreytingu sem varð að gera hér af sömu ástæðum.

Fyrsti þáttur þessa frv. fjallar um niðurskurð á útgjöldum ríkisins á fjárlögum, og er þar tekið tillit til þeirrar breytingar sem orðið hefur vegna gengisbreytingarinnar, en afleiðing af þeirri *breytingu mundi verða allt að 1 milljarði kr.*, eða 800—900 millj. kr. a. m. k., í auknum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs ef það yrði látið ganga inn í verðlagið óbreytt, eins og fjárlögin eru uppbyggð. Hér er hins vegar stefnt að því, að það skuli ekki gert og hækkuð rekstrarútgjöld bæði rn. og ríkisstofnana, þegar átt er við þá liði sem ekki taka til launa, nái ekki fram að ganga, heldur verði að búa við ekki meiri fjárhæð en gert var ráð fyrir í upphafi. Og í fyrstu lotu er gert ráð fyrir að lækka þessa fjárhæð um 5%. Í þeim fyrirmælum, sem ráðh. hafa gefið einstökum rn. og ríkisstofnunum þar um, er svo fyrir mælt um rekstrar- og viðhaldsliði. Það verður að hafa í huga að sú uppsetning, sem er í frv., er sett upp eftir að búið er að taka tillit til þessa og líka eftir að búið er að taka tillit til þeirra tekna sem af gengisbreytingunni stafa. Það er líka ljóst að þegar fjárlagafrv. var samið, þá var gert ráð fyrir því, eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að þjóðarframleiðslan mundi heldur aukast á árinu 1975. En vegna þeirrar rýrnunar á viðskiptakjörum sem nú er, þá er gert ráð fyrir því að þjóðartekjur muni rýrna á næsta ári og það leiði til þess að tekjur ríkissjóðs muni einnig rýrna, m. a. vegna þeirrar *gjaldeyrisstöðu* sem nú er hjá þjóðinni. Af þessum ástæðum taldi ríkisstj. sér rétt og skylt að fá heimild til þess að meðhöndla fjárlögin á nýjan leik út frá því sem sýndi sig að reynslan yrði á árinu og þá yrði tekið jafnt tillit til rekstrarliða sem framkvæmdaliða í sambandi við þá meðhöndlun. Í því sambandi mun ríkisstj. leggja á það áherslu, eins og hún hefur sérstaklega tekið fram áður, að hún mun hafa það stefnumið að halda áfram byggðastefnunni fullkomlega í huga og einnig að halda hér uppi fullri atvinnu. Með það í huga verður um þessi mál fjallað. Þá er og ákvæði í þessu frv. um það, að um þetta mál þurfi samþykki

fjvn. Alþ. til þess að framkvæma það sem ríkisstj. hyggst gera í sambandi við breyt. á fjárlögum.

Ég álít því, að það sé ekki rétt túlkun á þessu ákvæði frv. að eingöngu sé hér um að ræða niðurskurð að því er varðar útgjöld til framkvæmda, heldur getur það og verið til margvíslegra annarra atriða, þar sem hér er um að ræða bæði ákvæði, sem bundin eru í fjárlögum, og einnig þau ákvæði sem bundin eru af öðrum lögum. Á þessu vildi ég vekja athygli. Og ég vil líka vekja athygli á því, að með því að fjvn. Alþ. fjallar um málið, þá eru fullkomin tengsl á milli fjárveitingavalds Alþ. og ríkisstj. um þessa framkvæmd, því að það gefur auga leið að þeir fjvn.-menn, sem að þessu vinna, munu að sjálfsögðu hafa samstarf við þingflokksbræður sína, eins þeir gera þegar þeir eru að afgr. fjárlög hverju sinni. Það mundi enginn þeirra fara að taka á sig það vanþakkláta starf að breyta fjárl. að verulegu marki um framkvæmdir í einstökum kjördæmum án þess að hafa samband við þm. úr þeim kjördæmum. Hér er því algert samband á milli Alþ. og ríkisstj. um þessa breytingu.

Hins vegar verðum við í þessu sem öðru að gera okkur grein fyrir möguleikum þjóðarinnar til athafna á sviði framkvæmda á þessu ári, miðað við þá stöðu sem nú er í gjaldeyrismálum þjóðarinnar og í verðlagi á útflutningsvörum hennar og sölutregðu á ýmsum mörkuðum. Það mun að sjálfsögðu ráða mestu um hvað hér verður að aðhafast.

Annað atriði, sem hér er til meðferðar, er breyting á skattalögum og útsvarslögum. Það er í beinu samhengi við þær umr. sem farið hafa fram að nokkru leyti við aðila vinnumarkaðarins, og það hefur greinilega komið fram að fulltrúar ASÍ í þeim samningamálum hafa mjög kosið að eiga viðræður um skattabreytingar í sambandi við kjaramál.

Nú vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. 3. landsk. þm., Magnúsi T. Ólafssyni, í útvarpsumr. í gærkvöld, að það getur orkað mjög tvímælis hversu réttmætt það er að vera með skattamál inni í kjaradeilumálum. Ég held að farsælasta lausnin fyrir þjóðina sé að ljúka endurskoðun á skattamálunum í heild og setja upp kerfi sem til frambúðar geti orðið. Meðan ég fór með þau mál í fjmrn. var unnið mikið starf að endurskoðun á skattamálum. N. vann að því sem skilaði Alþ. skýrslu um heildarúttekt á skattamálum þjóðarinnar og frumhugmyndum að till. til úrbóta. Þessi skýrsla var lögð fram hér á hv. Alþ. í fyrravetur og þeir hv. þm., sem þá sátu hér, eiga hana í fórum sínum. Þar er að finna margvíslegan fróðleik og skýrslan í alla staði vel unnin, enda voru það hinir færustu menn sem þar voru að verki. Í framhaldi af þessu vann svo fyrrv. ráðuneytisstjóri í fjmrn. í tvo mánuði, áður en hann fór í frí frá störfum, að útfærslu á einstökum þáttum í skattamálum og ýmsum hugmyndum sem fram komu í skýrslunni. Þetta afhenti hann fjmrn. áður en hann fór af landi burt og það hefur málið til meðferðar. Þessi þáttur nær bæði til beinna og óbeinna skatta. Eins og hefur komið fram hjá hæstv. núv. fjmrh., verður unnið áfram að því að leysa þessi mál þannig að skattakerfi landsins geti talist til frambúðar að því leyti sem skattamál geta verið. En í meginatriðum þurfa grundvallaratriði skattamála að vera nokkuð formbundin. Það var talið eðlilegt að taka þetta til heildarathugunar þegar tekjuskattur hafði verið í gildi hér á landi í hálfa öld, eins og átti sér stað 1971. Ég tek því undir þá skoðun að nauðsyn ber til að halda áfram að ljúka þessu verki og gera það sem sjálfstætt verk. Þó það geti verið eins nú og átti sér stað á s. l. ári að einstakir þættir verði til meðferðar í sambandi við kjaramál, þá má það ekki vera nema að takmörkuðu leyti.

Þær höfuðbreytingar, sem gerðar eru í skattamálunum með þessu frv., eru að fella niður frádrátt sem hefur verið gerður áður en skattur hefur verið á lagður. Nú er svo lagt á bruttótekjurnar, en hins vegar gerður frádráttur í skatti eftir að á hefur verið lagt. Hér er að nokkru leyti farið inn á þá hugmynd sem sett er fram í skýrslu þeirrar n. sem ég vitnaði til áðan, hugmyndin um flatan skatt og mismunandi stighækkun eða frádrátt eftir að skattur hafði verið á lagður. Hér er það form upp tekið, og ég hygg að hér muni vera farið inn á leið sem muni í framkvæmd síðar meir verða lögð til grundvallar í sambandi við skattálagningu. Það var mitt mat eða mín tilfinning fyrir þessu, án þess að ég hefði þó grundvallað það svo sem þörf ber til, að þetta mundi reynast happadrýgra, og að því leyti er þetta spor í rétta átt að mínu mati.

Enn fremur er hér farið inn á það að sameina fjölskyldubætur og frádrátt með börnum þeirra foreldra sem hafa börn á framfæri. Ég álít að það sé líka til að gera þetta kerfi einfaldara. Allt, sem gengur í þá átt að gera framkvæmd og álagningu skatta einfaldara, er að minni hyggju heppileg leið og farsæl. Ég tel því að í frv. sé að finna spor sem ganga í rétta átt. Mér er það hins vegar alveg ljóst, að á svo stuttum tíma sem hér hefur verið til meðferðar er ekki hægt að ná nema að takmörkuðu leyti inn á skattamálin, svo flókin eru þau.

Eitt atriði, sem upp var tekið við skattkerfisbreytinguna í fyrra, var endurgreiðsla á skatti til að koma til skila því sem ekki var hægt að skila aftur til þeirra sem skattlausir voru. Það var kerfi sem ég þá óttaðist mjög að gæti verið hæpið og mundi leiða til þess að svindl eða óréttmæt skattframkvæmd ætti sér stað. Hins vegar var það svo þá, að þarna var bæði um byrjunaratriði að ræða og líka gert í sambandi við lausn á kjaramálum og því ekki hægt að vinna að þessum málum sem skyldi. Þess vegna var ekki lögð í það sú vinna sem þurfti til að prófa þetta þá. Hins vegar sýnist mér að með þeim breytingum, sem nú eru gerðar, séu vankantarnir sniðnir af þessu, svo að minni hætta sé á að það komi ranglátlega niður, eins og ég tel að það hafi gert með þeirri breytingu sem gerð var í fyrra, og reyndar óttuðumst við sem að þessu unnum, að svo mundi fara. Nú hefur hins vegar komið á þetta nokkur reynsla sem ég tel að sé hægt að hagnýta sér og hafi verið hagnýtt við þessa skattalagabreytingu. Ég vil því endurtaka það, að ég tel að hér sé betur að unnið, enda nú betri tími til og reynsla fengin til að taka af þá vankanta sem fram hafa komið.

Það er alveg ljóst að það er afskaplega erfitt

að koma skattalækkun til þeirra eða láta þá njóta í sem enga skatta greiða. Og ég verð að játa að mér finnst að í sumum tilfellum sé of mikið upp úr þessu lagt í sambandi við kjaramálin, því að þeir lægst launuðu njóti þar ekki af sem skyldi. En þó er úr þessu bætt með þessu endurgreiðslufyrirkomulagi, svo langt sem það nær. Með því, sem nú er upp tekið, að taka útsvörin inn í þetta dæmi líka, þá er það nær því að ná til þeirra sem lægstar tekjur hafa því að flestir greiða þeir útsvör sem nú mundu lækka verulega við þessa breytingu. Þess vegna finnst mér að það sé náð nokkuð til þeirra með þeim hætti sem hér er lagt til.

Út af því, sem fram kom í ræðu hv. 9. þm. Reykv. um 2 milljarða kr. afslátt í sambandi við skattamálin, eins og hann talaði um að væri krafa stéttarfélaganna í sambandi við kjaradeiluna, þá sé ég ekki betur en að með þessu frv. sé hægt að ná þessu marki. Það er gert ráð fyrir því að með þessu frv. lækki beinir skattar ríkisins um 800—850 millj. kr., í öðru lagi að útsvörin lækki um 350 millj. eða jafnvel meira í sambandi við þá breytingu sem þar er gert ráð fyrir, og enn fremur er gert ráð fyrir því að óbeinir skattar geti lækkað um 800 millj., og þá sýnist mér talan 2 000 millj. kr. vera komin. Ég fæ því ekki skilið þann útreikning að frv., ef notaðar eru þær heimildir sem þar eru tiltækar, geti ekki náð þessu marki, ef ríkisstj. treystir sér til að nota heimildirnar sem hún óskar eftir að fá með þessu lagafrv. Það hlýtur því að vera á misskilningi byggt að ekki sé hægt að ná þessari tölu, því að rými frv. er innan þeirra marka.

Það var líka á misskilningi byggt hjá hv. 9. þm. Reykv. að söluskattur á húshitunarolíu ætti að koma inn í þetta því að söluskattur á húshitunarolíu hefur ekki verið til síðan 1971, þá var hann felldur niður. Það er auðvitað ekki hægt að fella tvisvar niður sama söluskattinn, því að hann er ekki til. Sú breyting var gerð eftir að vinstri stjórnin kom til valda sumarið 1971, og því er ekki hægt að nota þetta að öðru sinni.

Mér sýnist, að með þessu frv. mætti ná því sem að er stefnt í þessum efnum og þurfi því ekki að breyta þar um nema hvað menn treysta sér til að framkvæma í þeim efnum. En auðvitað er þetta sett inn í frv. í þeirri von að hægt sé að framkvæma það og líka sé hægt að ná þeim tilgangi sem að er stefnt til þess að ná saman kjarasamningum, að því leyti sem ríkissjóður eða ríkisstj. getur komið inn í það dæmi.

Ég vil segja það, að ég tel að það sé alveg eins hagkvæmt fyrir heimilin og að mörgu leyti miklu betra að fá þessar kjarabætur með því að lækka vöruverð á neysluvörum, sem allir nota, eins og að fá það í beinum sköttum sem ekki yrðu þó endurgreiddir nema að takmörkuðu leyti. Ég skil ekki heldur að það séu eingöngu beinir skattar sem hér koma að gagni, því að það finnst mér að muni fyrst og fremst koma þeim til góða sem hafa meðaltekjur og í hærri flokkum. Ég lít því svo á að frv. taki fullkomlega tillit til þess arna ef verður hægt að framkvæma það. Skoðun mín er að heppilegri leið sé að fella niður söluskatt af einstökum vörum. T. d. í kjötvörunum væri hægt að hugsa sér að fella niður söluskattinn að öllu leyti, en draga þá að einhverju leyti úr niðurgreiðslunum og ná sama árangri með því að taka fleiri vörutegundir inn í þetta dæmi. Ég álít að hægt sé að gera það. T. d. í kjötvörunum mundi þetta gera það að verkum að meira úrval yrði, því að þá mundi það ná til þeirra kjötvara sem ekki eru niðurgreiddar, eins og nautakjöts, fuglakjöts og svínakjöts, sem neytendur vilja njóta ekki síður en annars. En að minni hyggju er betra að fella söluskatt að öllu leyti niður af þeirri vörutegund, sem valin er, heldur en að lækka hann, þó að heimild sé til hvors tveggja. En þá miða ég við það sem talið er af þeim, sem best þekkja til, að komi í veg fyrir svindl.

Ég skal ekki orðlengja þetta öllu frekar. Ég vil hins vegar leggja áherslu á það, að til viðbótar því, sem ég hef hér nefnt, er gert ráð fyrir skyldusparnaði hjá þeim tekjuhæstu til þess að þeir leggi það af mörkum að sínu leyti umfram aðra. Hinir fá skattalækkun sem þeir með hærri tekjur fá ekki því að breytingin á persónufrádrætti og skattalækkun upphefur þann mismun sem þar er að finna. Hér er því um að ræða sama skatt á þeim tekjuhæstu og áður hefur verið, vegna þess að með vísitölubreytingu í skatti núna hefði að sjálfsögðu þeirra persónufrádráttur hækkað og skattstiginn einnig breyst eftir reglu skattvísitölunnar. Hins vegar fá þeir tekjulægstu ívilnun með þessu móti og á þann hátt sem er þeim happadrýgri en kauphækkun, að þeir greiða ekki skatt af þessari lækkun. Miðlungstekjumenn fá líka verulegar bætur, en hinir tekjuhæstu eru aftur látnir bera þetta uppi.

Út af því, sem snýr að lánaframkvæmdum í sambandi við þetta frv., þá er hér reynt að stilla í hóf. En eins og fram hefur komið í umr. bæði í dag og eins í gærkvöld, þá mun ríkisstj. fyrst og fremst keppa að því að halda hér fullri atvinnu. Aðgerðir hennar í fjármálum munu miðast við það tvennt að reyna að efla gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar út á við, en þó halda fullri atvinnu í landinu. Ég tók fram hér í gærkvöld að ég vissi að þetta er erfitt verk en þetta er það verk sem ríkisstj. ætlar sér að leysa og ég trúi því að henni muni takast að finna leið til þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 56. fundur.

Fimmtudaginn 3. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hafa borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 21. mars 1975.

Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja hafréttarráðstefnuna í Genf og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Bragi Sigurjónsson bankaútibússtjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Kjörbréf Braga Sigurjónssonar fylgir hér með.

Þá hefur borist annað bréf:

„Reykjavík, 25. mars 1975.

Þórarinn Þórarinsson, 4. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Sverrir Bergmann læknir, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Kjörbréf Sverris Bergmanns hefur áður verið rannsakað, því að hann hefur átt sæti hér á þingi, og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá hefur í þriðja lagi borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 26. mars 1975.

Einar Ágústsson, 10. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til Sovétríkjanna í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Kristján Friðriksson iðnrekandi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

Kjörbréf Kristjáns Friðrikssonar liggur hér fyrir. Bið ég kjörbréfanefnd að rannsaka þau tvö kjörbréf, sem fyrir liggja, og gef henni 15 mín. tíma til starfa. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Kristjáns Friðrikssonar iðnrekanda í Reykjavík, sem hlaut kosningu sem 2. varaþm. Framsfl. í Reykjavíkurkjördæmi, svo og kjörbréf Braga Sigurjónssonar bankaútibússtjóra á Akureyri, sem hlaut kosningu sem landsk. varaþm., 1. varauppbótarþingsæti Alþfl. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neina meinbaugi á kjörbréfunum og leggur til, að þau verði samþ. og kosning þeirra Kristjáns Friðrikssonar og Braga Sigurjónssonar tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Bragi Sigurjónsson hefur áður setið á þingi og býð ég hann velkominn til þings.

Kristján Friðriksson hefur ekki áður setið á þingi og ber að undirrita eiðstaf.

[Hinn nýi þm., Kristján Friðriksson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.]

Kristján Friðriksson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Efri deild, 62. fundur.

Fimmtudaginn 3. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fjölbrautaskóli á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 362). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 271). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 391). — 1. umr.

Flm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Einhver flóknustu og um leið viðkvæmustu mál þjóðlífsins eru skattamál hvers konar. Þau snerta fólk ekki aðeins fjárhagslega, margar hliðar þeirra eru, ef svo má segja, sálrænns eðlis og nægir að benda á samanburðinn við náungann sem dæmi þar um.

Löggjöf sem slík verður áreiðanlega seint fullkomin og þá á ég við hvað snertir réttlæti og jöfnuð. Þrátt fyrir sífellt nýja varnagla, eftirlit og skýrslugerðir hvers konar má ætíð finna smugur sem gefa misjafnlega mikil tækifæri til að losna við réttlátar og eðlilegar álögur. Í þessum efnum stendur hinn almenni launamaður verst að vígi á meðan sá, sem ræður launum

sínum og kjörum að miklu eða öllu leyti, hefur ótalda möguleika að koma sér undan sköttum og skyldum hvers konar. Stundum er hér um að ræða ólöglegar athafnir sem einhvern veginn komast í gegnum það net sem skattalöggjöfin á þó að setja. Oftar er þó um hin svokölluðu löglegu skattsvik að ræða, eða ekki skattsvik, hvort sem menn kjósa að nefna það. Það er um að ræða afskriftir, fyrningar, vexti, sem heimildir eru fyrir, en eru oft notaðar til hins ítrasta og oft langt umfram hið sanna og rétta. Kostnaðarliðir ýmsir fara þá oft alllangt á svig við raunveruleikann. Og svo mætti lengi telja. Hins vegar ætla ég hér fyrst og fremst að ræða hið einangraða svið, sem þetta frv. snertir, en til hins gefst tækifæri á næstunni að ræða ítarlega kosti og galla skattalöggjafarinnar í heild, ekki síst nú þegar verið er að umbylta þessum málum án þess að sjáanlegt sé að gripið sé á verstu annmörkunum sem fylgja núgildandi skattalöggjöf. Aðeins má á eitt atriði benda á ný, vaxtafrádráttinn, sem mér hefur ætíð verið þyrnir í augum, nema þá að á hann sé sett skynsamlegt þak og ekki sé þar farið langt umfram hið rétta eins og ég veit um ótalin dæmi. Það þarf, eins og um afskriftirnar, að taka til hendi við kostnaðarliðina án allra takmarkana að því er virðist á stundum.

Svartasti blettur skattamála okkar er tvímælalaust sá þegar sá er skattlaus með öllu eftir ýmsum bæði löglegum og ólöglegum leiðum er getur gert millj. bruttótekjur sínar að núlli í nettótekjum og það því frekar sem sami aðili berst oft á með miklum glæsibrag, á hús á stærð við meðal félagsheimili, oft með tvo bíla af dýrustu gerð fyrir utan ýmsar smásiglingar og ferðalög til sólarlanda auk margs annars. Þó tók steininn úr þegar farið var af ríkisins hálfu að greiða með þessum sömu aðilum, — mál sem vonandi verður leiðrétt nú þar sem heimild í fyrri skattalögum til að svipta slíka aðila skattafslætti mun óvíða hafa verið notuð, heldur munu þessir fátæklingar, sem oftlega eru miklir andstæðingar ríkisumsvifa, hafa tekið þessari upphæð fengins hendi. Ég veit að auðvelt er að benda á það að sjálfur hafi ég staðið að skattalögum vinstri stjórnarinnar og framkvæmd allri og ekki skorast ég undan minni ábyrgð þar að, en því sárara þykir mér að sjá ýmis ákvæði þeirra sömu laga sniðgengin eða misnotuð eða þannig úr garði gerð að beinlínis er hægt að vísa beint í þau sem ranglát og ósanngjörn ákvæði sem þar komi þyngst niður sem síst skyldi. En nóg um það.

Varðandi þetta mál vaknar auðvitað sú spurning hvort frádráttur vegna vinnu eiginkonu, en um það fjallar frv. eingöngu, eigi yfirleitt rétt á sér í skattakerfinu. Þar eru ýmis vandkvæði, sem upp koma, og sérsköttun hjóna hlýtur að vera það sem að er stefnt þó að þá þurfi jafnframt að ganga þannig frá að konur fælist ekki um of frá þátttöku í atvinnulífinu. En meðan þessi lög gilda, sem nú eru um helmingsfrádrátt launa eiginkonunnar undan skatti, hljótum við að hyggja að jafnrétti á því sviði og þá er komið að efni þessa frv.

Gr. hljóðar þannig:

„Þó skal framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur aldrei nema lægri fjárhæð en helmingi persónufrádráttar hjóna, enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum.“

Í grg. segir að í núgildandi skattalögum séu þau ákvæði að 50% af launatekjum eiginkonu skuli frádráttarbær til tekjuskatts. Þetta gildir þó ekki um eiginkonu bænda þó að þær vinni mikið starf við búrekstur, séu útivinnandi konur að miklum hluta. Þær eru settar í sama flokk og eiginkonur atvinnurekenda almennt, þ. e. að frádráttur þeirra fer ekki upp fyrir ¼ af persónufrádrætti hjónanna. Um það má eflaust lengi deila hvort bóndinn sé atvinnurekandi í þess orðs fyllstu merkingu eða sem launþegi og þá er gjarnan litið til þeirrar viðmiðunar sem kaup bóndans er ákveðið eftir, þ. e. bein viðmiðun við helstu launastéttir landsins. Eflaust er erfitt að draga hér skýr mörk á milli og raunar er hér á mikill mismunur í landbúnaðinum yfirleitt.

Við flm. teljum það fráleitt að telja t. d. einyrkjana, sem eru nú nær allsráðandi í íslenskum landbúnaði, til annarra stétta en launþega og víst er um það að verksvið bóndans er gjörólíkt verksviði atvinnurekandans almennt. Hörðum höndum vinnur bóndinn sjálfur erfitt starf, langan vinnudag og strangan til þess að framfleyta sér og fjölskyldu sinni. Löng orlof og Mallorkaferðir eru þar fátíðar mjög og ekki spurt um mun á virkum degi og helgum, degi eða nótt á mestu annatímum. Eiginkona bóndans er ekki aðeins húsmóðir í þeirri venjulegu merkingu að sinna heimilisstörfum eingöngu þó þau séu oftast erfiðari og tímafrekari en hjá mörgum húsmæðrum í þéttbýli. Starf hennar er ekki síður bundið atvinnu bónda síns, misjafnt er það að vísu, en fá dæmi þekki ég þess að þátttaka hennar sé það smávægileg eins og heyrist þó gjarnan, einkum þó eftir að vélvæðingin í landbúnaðinum jókst. Satt er það þó að starf beggja hefur þar bæði lést og vinnustundum við ýmis störf fækkað. Ég hygg þó að sá mælikvarði, sem notaður er í verðlagsútreikningi landbúnaðarvara, sé sá sem oftast er til vitnað sem hins algilda og þá um leið rétta vinnustundafjölda bóndakonunnar, þ. e. 600 vinnustundir á ári eða nokkuð nærri einni og hálfri vinnustund við bústörf á dag.

Við flm. teljum þennan mælikvarða langt frá því að gefa rétta mynd og sem skattaviðmiðun teljum við hann fráleitan. Ég ætla ekki sjálfur að leiða að þessu nein rök þó fjölmörg mætti telja. Mig langar að vitna hér til bóndakonu austur á landi, sem nýlega reit um þetta efni ágæta grein af hófsemi og rökhyggju og af eigin reynslu. Ég þekki þessa konu af hvoru tveggja öfgaleysi og góðri greind og því leyfi ég mér að taka orðrétt upp ummæli hennar með leyfi hæstv. forseta.

Hún bendir í fyrsta lagi á misræmi í kaupi og segir orðrétt: „Alþ., sem á sínum tíma setti lög um sömu laun fyrir sömu vinnu, setur einnig lög um að konum beri lægri laun fyrir sömu vinnu ef um landbúnaðarstörf er að ræða. Fleiri eru það en alþm. sem telja hlut konunnar rýran við landbúnaðinn. Í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, sem eftir er miðuð afkoma bænda

hverju sinni, er konan sett utan garðs. Fyrir utan fyrrnefnt launamisrétti eru konunni einnig reiknaðar mun færri vinnustundir en hún í reynd vinnur. Bóndanum eru reiknaðar 2 080 klst. í dagvinnu, 412 klst. í eftirvinnu og 408 klst. í næturvinnu. Eiginkonu hans eru reiknaðar 600 klst. í dagvinnu, engin eftirvinna eða næturvinna. Ég viðurkenni fúslega að vinna kvenna við störf, sem eingöngu snerta atvinnurekstur hjónanna, er mjög mismikil frá einu búi til annars, en 600 vinnustundir á ári er fáránlega lág viðmiðunartala. Því til sönnunar vil ég hér taka tvö dæmi.

Í fyrra dæminu tek ég konu sem lítið sem ekkert er talin vinna við bústörfin. Hún vinnur þó alténd u. þ. b. eina klukkustund á dag við fóðrun og umhirðu hænsna, ungkálfa og hunda, þ. e. 365 klst. á ári, vart undir 50 klst. á ári við garðrækt, varla undir 15 klst. haust og vor við fjárgæslu og kúasmölun — þó konan skipti sér lítið sem ekkert af slíkum störfum sleppur hún alls ekki við að eyða þessum klukkustundum í að standa fyrir þegar búfénaður er fluttur milli girðinga — 20 klst. á hverju ári má reikna sveitakonunni vegna móttöku og umhirðu vegna manna sem koma til vinnu á búinu, viðgerðarmanna, dýralækna, ráðunauta o. fl. Og allar verjum við sveitakonur u. þ. b. hálfri klst. á degi hverjum við brúsaþvott eða önnur hreinlætisstörf er snerta burtfluttar framleiðsluvörur, sama sem 182 klst. Í allt verða þetta 632 klst." Og þá er bóndakonan með dæmi um konu sem er talin lítið sem ekkert vinna við bústörf. En síðan heldur þessi bóndakona áfram og segir: „En tökum nú algengara dæmi og tel ég líka alla vinnu þar í lágmarki. Tvær klst. á dag við mjaltir, sama sem 730 klst. á ári. Vinnustundir síst færri þar sem eingöngu er fjárbúskapur. Sex stundir á dag í 30 daga við heyskap, sama sem 180 klst. Bætum því svo við 632 klst. úr fyrra dæminu og þá fáum við 1547 klst. Þykir sjálfsagt mörgum sveitakonum þetta mjög svo vantalið hjá mér en þá sjáum við bara hvað 600 klukkustundirnar er fáránleg tala."

Síðan segir þessi kona, Ágústa Þorkelsdóttir, Refsstað í Vopnafirði, áfram í grein sinni:

„Sökin á þessu misrétti, sem sveitakonur eru beittar, liggur að miklu leyti hjá bændasamtökunum. Þeim ber skylda til að gæta réttar bændakvenna að jöfnu við rétt bænda. Hef ég nýlega sent þeim fsp. um þessi mál, en ekki fengið svar ennþá."

Og svo kemur hún beint að því máli sem hér er í raun á dagsrká: „Einn aðili enn hefur talið rétt að ganga á hlut sveitakvenna, en það eru skattayfirvöld landsins. Því miður hafa mér ekki borist reglugerðir um þau mál þegar þetta er skrifað og segi því aðeins frá fenginni reynslu. Nái bóndi ekki tiltekinni upphæð í nettóhagnaði af búskaparbaslinu reiknast vinna konu einskis virði. Á sameiginlegri skattskýrslu hjóna kemur ekki fram frádráttur vegna tekna hennar og vinni bóndi t. d. utan búsins fyrir fullum tekjum, en búið beri ekki af sér tiltekinn hagnað kemur vinna hennar hvergi fram á skattskýrslu. En mér er spurn: Hver sér um þennan smábúskap ef bóndinn vinnur alla sína vinnu utan bús? Skattayfirvöld virðast líta svo á að slíkur smábúskapur passi sig sjálfur."

Og niðurlagsorð þessarar greinar eru svo þessi: „Læt ég svo þessari samantekt minni lokið með óskum um að okkur sveitakonum takist nú á yfirstandandi kvennaári að vekja eftirtekt á stöðu okkar og jafnvel fá bætt úr mestu vanköntunum þar á."

Þeim, sem til þekkja, þykir hér áreiðanlega hóflega í sakirnar farið og fáir munu treysta sér til að bera hér á brigður.

Hingað til hefur ákvæðum skattalaga um frádrátt eiginkonu bónda verið beitt mjög misjafnlega eftir umdæmum. Ég þekki dæmi um grófa misbeitingu sem ég þurfti síðast að fá ríkisskattstjóra til að leiðrétta, en í starfsreglum skattstjóra segir svo — með leyfi hæstv. forseta — um frádrátt vegna vinnu eiginkvenna bænda:

„Miða skal við 600 stundir í verðlagsgrundvelli eða 17.14% af tekjum búsins. Ef hærri fjárhæð er færð til frádráttar skal hún gilda þar til komið er að þeim takmörkunum er lögin setja, þ. e. ¼ hluta persónufrádráttar hjóna. Við þessa tölu, þ. e. 17.14%, má bæta 1.25% fyrir hvern mánuð sem bóndinn vinnur utan heimilis, þó aldrei hærra en nemur ¼ í persónufrádrætti hjóna." M. ö. o.: þó að konan sjái um búið að mestu eða öllu leyti þá breytir það engu hér um, enda lögin það ótvírætt í þessu efni. Þetta ætti að vera allskýrt, en eins og ég sagði áðan, það hefur verið mismunandi túlkun á þessu eftir skattaumdæmum, því miður.

Álit okkar flm. er að eiginkonur bænda eigi í sem sanngjörnustum mæli að njóta þeirra skattfríðinda sem útivinnandi eiginkonur í þéttbýli njóta í dag. Vanmat á vinnu þeirra er áberandi og mörg dæmi veit ég þess að ekki er allur munur á vinnu bóndans og eiginkonunnar við bústörfin í erfiðum einyrkjabúskap byrjenda.

Í grg. bendum við á þá annmarka, sem á eru í dag, og ástæðum þeim sem tilfærðar hafa verið til að setja eiginkonur bænda alfarið í flokk þeirra sem stunda atvinnurekstur sameiginlega með eiginmanni sínum. Þar segir svo:

„Ýmislegt veldur þessu ranglæti, þótt vitað sé, að í mörgum tilfellum er vinnuframlag hjónanna við búrekstrinn ærið svipað. M. a. veldur þessu furðulegur útreikningur á vinnustundafjölda eiginkvenna bænda í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara, sem aðeins er 600 vinnustundir á ári, og þær vinnustundir eru auk þess reiknaðar á mjög lágum kauptaxta. Einnig hefur þótt erfitt að fastákveða vinnuframlag bændakonunnar, enda misjafnt að vísu, og eins hafa menn óttast, að frelsi til framtals í þessum efnum gæti leitt til misnotkunar á þann veg, að óeðlilegur hluti af tekjum búsins yrði talinn fram til tekna eiginkonunnar.

Mismununin samanborið við aðrar útivinnandi konur er þó sú, að ekki verður við unað, 600 stunda viðmiðunin er alger fjarstæða, enda leggja flestar bændakonur fram gífurlegan fjölda vinnustunda við sjálfan búrekstrinn. Aðalreglan er bundin við frádrátt, sem er miðaður við ¼ af persónufrádrætti hjóna, en þó munu á gerðar undantekningar af skattayfirvöldum," eins og ég benti á áðan og tók þær beint upp úr reglum fyrir skattstjórana.

Vissulega er það rétt að misnotkunarhætta er fyrir hendi. En þá má minna á hve rík hún er

víða annars staðar þar sem meiri ástæða er til að slá varnagla en varðandi þetta atriði eins og ég hef bent á fyrr í þessari framsögu. Aðalatriði frv. okkar eru þessi sem segir í grg. Með frv. þessu er lagt til að lágmarksfrádráttur til skatts vegna vinnu eiginkonu við búrekstur nemi helmingi af persónufrádrætti hjóna. Á það skal þó lögð áhersla af okkur flm. að hér er um lágmark að ræða, en gagnvart búrekstrinum álítum við að bæði hjónin skuli jafnrétthá þannig að frádráttur konu bóndans vegna sannanlega framtalinna vinnustunda verði hærri ef tekjur hennar af búrekstrinum eru meiri en nemur hálfum persónufrádrætti hjónanna, sú upphæð skal þá vitanlega gilda. Aðalatriðið er að ákveðið lágmark frádráttar sé lögfest og verði a. m. k. helmingi hærra en hámarkið er í flestum tilfellum í dag. Þessi réttarbót til eiginkvenna bænda, sem leggja á sig margar og erfiðar vinnustundir við búrekstrinn, á því fyllsta rétt á sér umfram aðrar atvinnugreinar og því er frv. flutt.

Sjálfsagt þykir okkur flm. hins vegar að þetta ákvæði sé háð því að eiginkona bóndans gegni ekki öðrum launuðum störfum, enda eru 50% launa hennar þá frádráttarbær.

Það er rétt að frv. gerir ráð fyrir mikilli rýmkun frá núgildandi skattalögum, en við teljum hana réttláta og réttlætanlega. Okkar álit er reyndar það að eiginkona bóndans eigi skilyrðislaust að hafa sama rétt og aðrar útivinnandi konur því ég viðurkenni ekki skattafrádrátt útivinnandi kvenna eða réttlætingu hans eingöngu af þeim ástæðum að verið sé að laða konur til þátttöku í atvinnulífinu. Ég tel nefnilega að slík vinna, þótt erfiðisvinna sé, geti í mörgum tilfellum talist sálubót þeim konum sem ekki hafa miklu að sinna heima fyrir og þær njóta einnig viss félagsskapar og samfélagskenndar við vinnu sína. Við leggjum líka til að hálfur persónufrádráttur hjóna sé lágmark og þó að ég hafi eingöngu mína austfirsku reynslu sem viðmiðun, þá hika ég ekki við að fullyrða að hér sé um lágmark að ræða þar sem ekki er of í lagt. Sagt er oft, bæði beint og óbeint, að bændur séu lagnir við að verða skattlausir þrátt fyrir góðar tekjur. Eflaust eru einhver dæmi slíks, en ekki þekki ég þau persónulega, enda á hert skattaeftirlit, sem er brýn nauðsyn í dag, ekki bænda vegna heldur ýmissa annarra miklu frekar, að geta komið að mestu í veg fyrir að bændur sitji ekki við sama borð og hinn almenni launamaður og þá á eiginkona hans einnig að njóta sömu réttinda eða sem næst þeim réttindum sem gilda á hinum almenna vinnumarkaði. Til jafnaðar og aukins réttlætis þessum konum til handa er frv. flutt. Það mun verða flutt sem brtt. við efnahagsmálafrv. ríkisstj. ef þurfa þykir og gefst þá tækifæri til frekari orðræðu um mál þetta. En vanmat á starfi bóndakonunnar við bústörfin, erfitt og tímafrekt starf, það vanmat er bæði ranglátt og hættulegt. Hér er gerð smátilraun til að ráða þar á nokkra bót.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hæstv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 62. fundur.

Fimmtudaginn 3. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Vegalög, frv. (þskj. 361). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Frv. að vegalögum var lagt fram í hv. Ed. áður en þingi lauk fyrir jól á s. l. hausti og hefur verið afgr. frá þeirri hv. d. með nokkrum breytingum. Ég vil við þessa umr. geta meginmáls þessa frv. og í hverju eru fólgnar þær breytingar sem er í því að finna frá gildandi lögum um vegamál.

Höfuðtilgangur þessa frv. er sá að efla sýsluvegasjóðina, en eins og kunnugt er er orðin veruleg breyting á hlutverki þeirra frá því sem áður hefur verið. M. a. þarf að gera þá vegi betri heldur en áður var vegna þeirrar tankvæðingar, sem orðið hefur í mjólkurflutningum, sem hefur gert það að verkum að þungir og stórir bílar fara nú heim á öll heimili þar sem mjólk er framleidd eða á mörgum svæðum landsins, — það er að vísu ekki á öllum svæðum enn þá, — en það gerir það að verkum að vegirnir þurfa að vera betri en áður hefur verið.

Þetta er eitt höfuðefni frv. og er m. a. gert ráð fyrir því að breyta framlagi til sýsluvegasjóðanna frá því sem áður hefur verið. Það er gert með því að hækka þetta framlag, tvöfalda það, og enn fremur er gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði sitt framlag fyrr en áður var. Það á að vera greitt eftir á, en nú er gert ráð fyrir að það verði gert jafnharðan og framlag sýsluvegasjóðs er greitt til veganna.

Þá er og í þessu frv. að finna það ákvæði að í staðinn fyrir að 200 m skyldu tilheyra bæjum þeim, sem heimreiðin var heim á, þá er nú aðeins gert ráð fyrir því að þar sé um 50 m að ræða í sambandi við þessa vegalengd.

Inn í þetta frv. er einnig tekin heimild til þess að taka vegi vegna þjóðgarða og skólastaða, þar sem þorp er að myndast og ekki hefur áður verið talið að tilheyrði slíkum lögum, þannig að það geta nú orðið landsbrautir heim á þessa staði. Jafnframt er sýsluvegasjóðunum heimilað að leggja vegi að sjúkraflugvöllum, bryggjum og skipsbrotsmannaskýlum.

Þá er og það ákvæði í þessu frv., að viðhald á brúm á sýsluvegum var eingöngu mál sýsluvegasjóðanna að annast, en þar sem hér er nú orðið um mun kostnaðarsamari framkvæmdir að ræða en áður var er gert ráð fyrir að þarna geti verið um að ræða að þetta falli einnig undir landsbrautir eða Vegasjóður taki að sér að viðhalda þessum brúm. Er það breyting frá því sem áður var.

Þá er og heimild í þessu frv. í sambandi við fjallvegi, að þeir teljist til landsbrauta, vegir inn á fjöll, og er þetta ákvæði komið vegna virkjunarframkvæmda, svo sem Sigöldu, þar sem hefur orðið að gera verulegar vegabætur til þess að geta framkvæmt það verk. Einn þáttur í þessu frv. er einmitt að slíkt er nú heimilt, að taka upp í landsbrautir slíka vegi, sem ekki var áður til staðar.

Þá er líka að finna heimild í frv. til þess að

taka þátt í kostnaði við vegi að sumarbústaðahverfum, þar sem er um allverulega byggð að ræða, en á síðari árum hafa slík byggðahverfi komið upp á nokkrum stöðum á landinu, eins og Ölfusborgir skammt frá Hveragerði eða í Ölfusinu, í Munaðarnesi í Borgarfirði og Svignaskarði og á fleiri stöðum, þar sem orlofsheimili hafa verið byggð vegna starfshópa, þar sem félög þeirra hafa komið sér upp slíkum byggingum og hafa að sjálfsögðu orðið að leggja vegi vegna þess. Hér er um heimild að ræða til þess að aðstoða við þessa vegagerð ef óskað er eftir og ástæða er til.

Þá er og með þessu frv. gert ráð fyrir þeirri breytingu að áður fyrr var vegafé á vegáætlun ákvarðað og skipt á einstaka vegi til 4 ára í senn með endurskoðun annað hvort ár, en nú hefur verið horfið frá þessu með þessu frv. Er gert ráð fyrir að skipta aðeins til 3 ára, þannig að það verði hægt á 4. árinu að leiðrétta það, sem aftur úr hefur dregist vegna verðhækkunar. Er hér byggt á þeirri reynslu, sem orðið hefur, þar sem verðhækkun í okkar landi hefur verið veruleg eins og kunnugt er. Þetta ákvæði er talið mjög til bóta, að koma því hér við til þess að hafa vegáætlun sem raunhæfasta og hún gefi mynd af því sem gert er ráð fyrir að framkvæmt verði á því tímabili sem hún nær yfir.

Þá er og í þessu frv. að finna breytingu á kafla þeim sem snýr að því fjármagni sem gengur til þéttbýlisvega. Í fyrsta lagi er þar um að ræða að það var gert ráð fyrir að í staðinn fyrir að kauptún með 300 íbúa nyti þess, eins og er í núgildandi lögum, gengi þetta í þá átt að það yrði um 200 íbúa að ræða. Í hv. Ed. var hins vegar gerð breyting á þessu og ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa þá grein eins og hún er, en það er nokkur breyting frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Hún er svo hljóðandi:

„Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25%, og skal því fé ráðstafað af fjvn. Alþ. að fengnum till. vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi, þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúa.“ Hér eru ekki sett endanleg takmörk um íbúafjöldann, en það er sem sagt skylt að þetta gangi til þeirra staða, sem eru með 200 íbúa eða fleiri, en heimild til þess að íbúamarkið sé neðar.

Þá er í þessu frv. að finna ákvæði, sem er nokkur breyting frá gildandi lögum, og urðu um það dálítið skiptar skoðanir í hv. Ed., þótt þær væru ekki verulegar. Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því að 10% af þeim tekjustofnum, sem eru samkv. vegalögunum, sé haldið eftir, og vegamálastjóri ásamt samgrh. höfðu rétt til þess að skipta þessu fé og þá var það notað til þess að hraða þeim framkvæmdum, sem mest nauðsyn bar til að hraða. En í þessu frv., eins og það nú liggur fyrir, er gert ráð fyrir að þetta verði 25% í staðinn fyrir 10%. Í hv. Ed. kom fram till. um 35%, sem var felld, en hér er sem sagt gert ráð fyrir því að það geti verið um 25% að ræða, sem þannig yrði ráðstafað. Sú breyting er einnig gerð á þessu núna að ráðstöfunarrétturinn er færður til fjvn. eftir till. vegamálastjóra, en er ekki hjá vegamálastjóra og ráðh. eins og áður var.

Ástæðan til þess, að þetta er gert, er sú að kostnaður við vegaframkvæmdir er, eins og ég gat um áðan, orðinn allverulega meiri en áður var og ber oft brýna nauðsyn til að reyna að styðja aðila í að hraða framkvæmdum og það hefur verið gert með þessum hætti. Reynslan af þessu fé, sem til þéttbýlisvega hefur gengið á þessu tímabili, er þessi, og ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp upplýsingar sem vegamálastjóri hefur látið mér í té:

„Frá því að nýju vegalögin tóku gildi 1. jan. 1964 hafa framlög til þjóðvega í þéttbýli samkv. 32. gr. vegalaganna numið 847.4 millj. kr. Af þessari heildarupphæð hefur 762.6 millj. kr. verið skipt eftir höfðatölureglunni til kaupstaða og kauptúna með yfir 300 íbúa. Í hlut Reykjavíkurborgar hafa komið 362.1 millj. kr. eða 47.5%. Á sama tímabili hefur framlag samkv. 34. gr., 10% sjóðsins, numið alls 84.8 millj. kr. og hefur mestur hluti þeirrar upphæðar farið til Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi og Suðurlandsvegar um Selfoss.

Fyrsta reglugerðin um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, þéttbýlisvegi, var sett 8. mars 1965. Í þeirri reglugerð var ákveðið að þéttbýlisvegamörk austan Reykjavíkur skyldu vera við vegamót Elliðavogar og Miklubrautar. Þéttbýlisvegamörkin samkv. ofangreindri reglugerð voru yfirleitt alls staðar sett við ystu byggð, en undantekning frá þeirri reglu voru þó þéttbýlisvegamörkin við enda Miklubrautar vestan við Elliðaár. Það hafði verið um það gert samkomulag við meðferð málsins á Alþ. að þéttbýlisvegamörkin skyldu í hinni fyrstu reglugerð vera á þessum stað þó að nokkur byggð væri þá þegar komin austur fyrir Elliðaár. Í þessari reglugerð var ekki gert ráð fyrir því að Reykjanesbraut frá enda Miklubrautar vestan við Elliðaár að Kópavogi og Garðahreppi og til Hafnarfjarðar væri þjóðvegur í þéttbýli. Hins vegar var Hafnarfjarðarvegur frá Fossvogslæk um Kópavog að Kópavogslæk talinn þjóðvegur í þéttbýli í Kópavogskaupstað.

Með reglugerð nr. 410 1973, sem tók gildi 1. jan. 1974, voru þéttbýlisvegamörkin austan Reykjavíkur færð frá enda Miklubrautar að Höfðabakka, og jafnframt var Reykjanesbraut frá Miklubraut að Breiðholtsbraut gerð þjóðvegur í þéttbýli. Framkvæmdir voru á Vesturlandsvegi í Elliðaárdal og um Ártúnshöfða að Höfðabakka og Reykjanesbraut frá Miklubraut að Breiðholtsbraut. Vegna undirbúningsframkvæmda að byggingu Breiðholtshverfis var árið 1967 varið 8.5 millj. kr. til lagningar Reykjanesbrautar frá Miklubraut að Breiðholtsbraut. Þetta mundi svara til 33.8 millj. kr. nú. Á árunum 1965—1970 reis upp nýtt bæjarhverfi austan við Elliðaár sem nefnt var Árbær. Vegna þessarar nýju byggðar jókst umferð um Vesturlandsveg um Elliðaárdalinn og Ártúnsbrekkuna það mikið að óhjákvæmilegt var talið að endurbyggja þann veg og var það gert á árunum 1969—1970, en götulýsing var fyrst sett árið 1973. Kostnaður við

þessar framkvæmdir frá enda Miklubrautar að Höfðabakka nam á verðlagi hvers árs fyrir sig um 108.7 millj. kr.

Geta má þess til fróðleiks að allt þéttbýlisvegafé til Kópavogskaupstaðar samkv. 32. gr. vegalaganna frá 1964—1973 var 37.4 millj. kr. og fór allt til lagningar Hafnarfjarðarvegar.

Að lokum skal þess getið að samkv. yfirliti frá gatnamálastjóra Reykjavíkurborgar frá 6. f. m. hefur borgin varið til þjóðvega í þéttbýli 424 millj. kr. á árunum 1964—1974 eða 82 millj. meira en ríkisframlaginu nemur.“

Þessa er hér getið til fróðleiks og ég vil taka fram í sambandi við þetta ákvæði út frá því sem fram kom í hv. Ed. að hér er fyrst og fremst um það að ræða að reyna að hagnýta sér möguleika á því að nota hluta af þessu fé til þess að hraða framkvæmdum þar sem ekki væri hægt að koma þeim áfram með öðru móti, en teljast hinar nauðsynlegustu framkvæmdir, eins og gert hefur verið bæði í Kópavogi og með Selfossframkvæmdinni sem ég tel báðar hinar nauðsynlegustu framkvæmdir. Sama varð ofan á hjá Alþ. á sínum tíma um brúna yfir Elliðaár og veginn upp Elliðaárbrekkuna. Frá mínum bæjardyrum séð og fleiri þm., sem þá voru hér á hv. Alþ., var hér um að ræða sameiginlegt átak í vegagerð þjóðarinnar allrar til þess að keyra hér inn í og út úr höfuðborginni þó að það mætti segja að þetta væri innan takmarka borgarinnar.

Ég lít því svo á að hér sé ekki um það að ræða að það sé verið að ráðast á neinn í þessu sambandi heldur er verið að gera tilraun til þess að hagnýta þessa fjármuni betur og hraða nauðsynlegum framkvæmdum, enda er það fé, sem nú er til skipta í sambandi við þennan 10% sjóð eins og hann var upphaflega kallaður, orðið miklu meira en áður var vegna þess hvað miklu meira fé er varið í heild til vegagerðar en var gert þegar lögin voru upphaflega sett.

Ég vona því að það takist um þetta frv. hér í hv. Nd. sæmileg samstaða eins og var í hv. Ed. Nauðsyn ber til að málið nái fram að ganga á þessu þingi og það sem fyrst því að vegáætlun sú, sem lögð verður fram á morgun, byggist á þeim breytingum sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hæstv. forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en legg til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki hefja neinar illdeilur um þetta frv. og margt af því er sjálfsagt til bóta eins og fram kom í ræðu hæstv. samgrh. En þó eru viss atriði sem ég vil gera aths. við, og ég geri það þó ekki þannig að ég flytji brtt. nú, heldur ætlast ég til þess að það verði rætt í n., samgn., og í samráði við ríkisstj. og er það í samræmi við viðtöl okkar hæstv. forsrh. og ég hygg samgrh. líka.

Það er nú fyrst og fremst við 11. gr. frv. sem segir að „af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25%, og skal því fé ráðstafað eftir till. vegamálastjóra,“ sem einhver breyting hefur verið gerð á í Ed. og athugað nánar. Nú bið ég menn um að athuga það að þetta er auðvitað ekki sérstaklega mál Reykjavíkur því að það eru fleiri þéttbýlisstaðir en Reykjavík á þessu landi. En það er sagt í grg. þessa frv. við 11. gr., að þetta sé lagt til til þess að auðvelda fámennum kaupstöðum og kauptúnum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi samkv. 30. gr. Á sérstaklega að ýta undir það að þar sem fæst fólk býr verði komið á góðum þéttbýlisvegum, eða á að leggja meiri áherslu á það þar sem fleiri eru og er það ekki það sem fyrst og fremst tekjurnar koma til þessara hluta? Er ekki eitthvað athugavert við röksemdarfærsluna í þessu, enda segir í byrjun aths. við frv.:

„Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði nokkrar breytingar á vegalögum, sem nauðsynlegt er talið að gera, í flestum tilfellum að fenginni reynslu, m. a. til að efla sýsluvegasjóðina vegna breyttrar tækni við mjólkurflutninga, styrkja gerð þjóðvega í þéttbýli og ná betra samhengi í samgöngukerfið.“

Fá nú þessi rök staðist í byrjun grg. og við 11. gr.? En ég held hins vegar að það fari lang best á því að n. athugi þetta mál og eins og ég sagði í samráði við ríkisstj., og 11. gr. gæti verið betur útfærð eða orðuð heldur en hún hefur verið fram að þessu að öðru leyti en hvað snertir hlutfallið, sem ég hef talað um, 11% og 25% og 35%, sem hæstv. samgrh. vék að, að fram hefði komið í Ed. Borgarstjórinn í Reykjavík, Birgir Ísl. Gunnarsson, hefur sent mér og öðrum þm. og samgn. bréf, dags. 12. mars, sem ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, en það er svo hljóðandi:

„Á fundi borgarráðs í gær var gerð eftirfarandi ályktun:

„Borgarráð beinir því til Alþingis að hlutur Reykjavíkurborgar í fé, sem ætlað er til þjóðvega í þéttbýli, verði ekki skertur. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að breyting sú á vegal., sem nú hefur verið samþ. í Ed. Alþingis, mun hafa í för með sér a. m. k. 18 millj. kr. skerðingu á hlut Reykjavíkurborgar í því fé sem ætlað er til þjóðvega í þéttbýli.“

Borgaryfirvöld hafa að sjálfsögðu reiknað með þessari fjárhæð óskertri við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 1975, sem samþ. var fyrir liðin áramót, svo sem lög kveða á um. Það atriði eitt út af fyrir sig að gera till. um breytingu til lækkunar á veigamiklum tekjustofnum sveitarfélaga, eftir að þau hafa gengið frá sínum fjárhagsáætlunum í samræmi við ákvæði laga, ætti að vera nægilegt til að hindra samþykkt slíkrar tillögugerðar. Enn fremur er rétt að vekja athygli á að þjóðvegakerfi Reykjavíkur er fjarri því að vera fullbyggt og að auki þarf á næstu árum að endurbæta verulega þann hluta þess, sem þegar hefur verið gerður, til að geta kannað vaxandi umferð. Í þessu sambandi má nefna að mikilvægustu gatnamót í öllu umferðarkerfi landsins, á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar, munu kosta um 200 millj. kr. En þau gatnamót tengja umferð frá gervöllu Reykjanesi og þéttbýlissvæðum sunnan Reykjavíkur við þjóðvegakerfið í heild.

Ályktun borgarráðs var gerð einum rómi og er

tilkynnt samgrh., formanni samgn. Nd. Alþ., kjörnum þm. Reykv., svo og þeim landskjörnum þm., sem sæti áttu á framboðslista í Reykjavík við síðustu kosningar til Alþingis."

Og undir skrifar Birgir Ísl. Gunnarsson, borgarstjóri í Reykjavík.

Eins og ég sagði áðan er þetta ekki málefni, sem snertir eingöngu Reykjavík, því að það eru fleiri þéttbýlisstaðir en Reykjavík í landinu. En ég vildi ekki láta hjá líða að fram kæmi þetta bréf borgarstjórans hér í þinginu úr því að hann hefur sent það til svo margra aðila og ég heyrði nú ekki að neitt um það kæmi fram í máli hæstv. samgrh. en því miður heyrði ég ekki nema lítið af ræðu hans, og lagði ég mig þó fram. En ég býst ekki við að hann hafi nefnt það. Þess vegna álít ég að rétt væri að n., sem fær málið til meðferðar, skoði í heild breytingu á þessari 11. gr., e. t. v. fleiri breytingar, sem ég hef ekki sérstaklega gert að umtalsefni, og hafi um það samráð einnig við ríkisstj.

Þetta er frv. frá síðasta þingi, eins og fram kemur, og mér er kunnugt um það að þetta atriði var alls ekkert rætt í núv. ríkisstj., þessi breyting úr 10% og upp í 25%, eins og það er núna. Sannleikurinn er sá að við þm. yfirleitt — ég held mér sé óhætt að segja það — bæði þéttbýlisþm. og einnig úr strjálbýlinu viljum kappkosta að ná samkomulagi um mál, en ekki deila um það að hlutur annars hvors aðilans sé meira fram dreginn heldur en hins. Ég efast um að svo þurfi að vera eða svo hafi verið en vil vekja á þessu athygli og biðja hv. n. með þeim hætti, sem ég hef talað um, að veita þessu sérstaka athygli.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég er einn þeirra þm. Reykv., sem hafa fengið það bréf frá borgarstjóranum í Reykjavík, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Jóhann Hafstein, las í ræðu sinni.

Það er sérstaklega eitt atriði í bréfi borgarstjóra sem mig langar til að taka undir og leggja sérstaka áherslu á. En það er að borgarstjórinn vekur athygli á því að þeirri lagabreytingu, sem fyrirhuguð er með þessu frv., er ætlað að taka gildi og gilda um árið 1975, þ. e. a. s. eftir að öll sveitarfélög, þ. á m. auðvitað Reykjavík, hafa gengið frá fjárhagsáætlun sinni fyrir yfirstandandi ár. Borgarstjóri segir orðrétt í bréfi sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Borgaryfirvöld hafa að sjálfsögðu reiknað með þessari fjárhæð óskertri" — þ. e. a. s. fjárhæð samkv. gildandi lögum — „við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 1975, sem samþ. var fyrir s. l. áramót svo sem lög kveða á um." Og borgarstjórinn heldur áfram: „Það atriði eitt út af fyrir sig að gera till. um breytingu til lækkunar á veigamiklum tekjustofnum sveitarfélaga, eftir að þau hafa gengið frá sínum fjárhagsáætlunum í samræmi við ákvæði laga, ætti að vera nægilegt til þess að hindra samþykkt slíkrar tillögugerðar."

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessum ummælum borgarstjórans í Reykjavík, sem raunar eru ekki ummæli hans eins, heldur alls borgarráðs, þ. e. a. s. fulltrúa allra stjórnmálaflokka í borgarráði. Þessi ummæli eru fullkomlega réttmæt og þau ein út af fyrir sig eru alveg nægileg ástæða fyrir því að þessu máli ber a. m. k. að fresta á þessu þingi og taka það til athugunar fyrir næsta þing, því máli sem hér er um að ræða. Það er án efa mjög sjaldgæft, ég skal ekki fullyrða að það sé fordæmislaust, að slíkt sem þetta hafi verið gert. En það er áreiðanlega sjaldgæft og þótt fordæmi séu fyrir slíku, þá eru þau fordæmanleg og eiga ekki og ættu ekki að eiga sér stað.

Að öðru leyti er fram á það sýnt í bréfinu, enda þurfti ekkert bréf til, það er augljóst af efni frv., að með því er gengið á hlut Reykjavíkur og annarra þéttbýlisstaða, eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Jóhann Hafstein, vakti sérstaka athygli á. Það er gengið á hlut þéttbýlisins til þess að greiða fyrir vegagerð í dreifbýli. Sannleikurinn er sá að það hefur færst í vöxt á undanförnum árum að gengið sé á hlut þéttbýlis og þá alveg sérstaklega á hlut Reykjavíkur. Það hefur verið vaxandi tilhneiging til slíks á undanförnum árum. Þetta hefur að verulegu leyti verið rökstutt með fögru stjórnmálaslagorði orðinu „byggðastefna". Hitt er aftur á móti sjaldgæfara að menn geri nákvæma grein fyrir hvað menn eigi við þegar menn lýsa sig fylgjandi byggðastefnu. Ég legg þann skilning í orðið að með því sé stefnt að því að stuðla að heilbrigðri dreifingu byggðar um landið. Ef sá skilningur er lagður í orðið, er ég sammála byggðastefnu. Það er sjálfsagt og réttmætt af mörgum ástæðum, sem ég hirði ekki um að rekja hér, að ríkisvald og sveitarfélög stuðli að heilbrigðri dreifingu byggðar um landið og það er gert og hefur verið gert á undanförnum árum og áratugum. Byggð í dreifbýli á Íslandi er studd á kostnað þeirra, sem búa í þéttbýli, og það er fyllilega eðlilegt. En hitt virðast menn of sjaldan hugleiða, hvar eðlileg mörk séu. Hvar eru eðlileg mörk í því, hversu langt skuli ganga í því að styðja byggð í dreifbýli á kostnað byggðar í þéttbýli? Á því vantar sannast sagt allar athuganir, og er það í raun og veru furðulegt eitt út af fyrir sig að ekki skuli hafa verið stofnað til neinnar almennrar athugunar í þessum efnum. Svo margar stofnanir höfum við þó hér sem fást við ýmiss konar áætlunargerð, ýmiss konar athugunargerð, svo margar n. hafa verið skipaðar á undanförnum árum að það hlýtur að vekja undrun að engri stofnun skuli nokkurn tíma hafa verið falið eða hún tekið sér það verkefni eða n. verið sett á laggirnar til að athuga hvar við erum staddir í þessum efnum, hversu langt er nú þegar gengið í því að styðja dreifbýli á kostnað þéttbýlis.

Auðvitað væri ekkert vit í því að skipta útgjöldum ríkisins í hlutfalli við það hvaðan tekjur ríkisins koma, að ég ekki tala um að slíkt væri fjarstæða að því er sveitarfélög snertir. En það veit enginn í dag hvernig þessu er háttað. Það hefur engin athugun verið á því gerð hvaðan heildartekjur ríkisins koma, hvernig þær skiptast á byggðarlög eða í hvers konar einingar menn vilja skipta landinu og hvernig þessar einstöku einingar njóta þeirrar þjónustu sem veitt er fyrir þær tekjur, sem aflað er. Það veit enginn hvernig þetta ástand nú þegar er. En mér segir

svo hugur um að full ástæða sé til þess að afla slíkrar vitneskju. Hér er um að ræða tilvalið verkefni fyrir Þjóðhagsstofnunina, að gera á þessu athugun, gera á því fræðilega athugun hvernig þessum málum er nú varið, hvernig ástandið í þessum efnum er nú. Síðan ætti að fela áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins að gera almennar till. um heildarstefnu í þessum málum, m. ö. o. það ætti að fela áætlanadeildinni að gera till. um heilbrigða og skynsamlega byggðastefnu. Ég hygg að enginn hugsandi íslendingur sé ekki sammála um að byggðastefna í þeim skilningi, sem ég lagði í orðið áðan, sé sjálfsögð og nauðsynleg, að án hennar yrði Ísland ekki jafnbyggilegt og það er, án hennar yrði íslenskt þjóðfélag óheilbrigðara en það er.

En hvað er byggðastefna í tölum talað, í stærðum mælt? Það er ekki nóg að lýsa sig almennt fylgjandi byggðastefnu, eins og ég geri núna, meðan menn vita ekki nákvæmlega um hvað menn eru að tala, því að mismunandi langt má auðvitað ganga í þessum efnum. Og það er ekki hægt að móta skynsamlega byggðastefnu nema út frá einhverju tilteknu ástandi, ástandi sem menn þekkja ekki í dag. Það eru þessar upplýsingar sem vantar. Að vísu hafa verið gerðar ýmsar svonefndar landshlutaáætlanir og slík áætlanagerð hefur tvímælalaust verið til mikilla bóta. Að svo miklu leyti sem framkvæmd landshlutaáætlana hefur átt sér stað, að svo miklu leyti sem þeim hefur verið hrundið í framkvæmd, þá hefur af þeim án efa hlotist gagn. Í fyrsta lagi er sú stefna skynsamleg að semja landshlutaáætlanir, að ég ekki tali um hversu nauðsynlegt er að framkvæma þær þegar þær eru samdar, en á því hefur stundum viljað verða misbrestur. En þetta gildir ekki um landið í heild. Það þarf að semja allsherjarlandshlutaáætlun fyrir Ísland sem grundvöll að heilbrigðri byggðastefnu. Án slíkrar landshlutaáætlunar fyrir landið allt, þar sem landshlutaáætlanir yrðu samræmdar, verður engin heilbrigð byggðastefna framkvæmd. Meðan þetta er ekki gert er byggðastefna innantómt slagorð, eru yfirlýsingar um fylgi við byggðastefnu í raun og veru byggðar á sandi.

Þessar hugleiðingar komu mér fyrst í hug þegar um efni þessa máls er að ræða. Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa einróma vakið athygli á því að í frv., sem lagt er til að afgreiða í byrjun árs, sé raskað gildandi skiptingu á mjög veigamiklum útgjöldum til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar, að skiptingunni sé raskað milli héraða, milli þéttbýlis annars vegar og dreifbýlis hins vegar. Ég skal ekki fella neinn almennan dóm um það hvort þessi röskun, sem hér er um að ræða, er ómótmælanleg, og hæstv. ráðh. gerði enga tilraun til þess að leiða í ljós í framsöguræðu sinni hvort hún kynni að reynast réttmæt að vandlega athuguðu máli. En ég segi enn: það er óviðurkvæmilegt, það er nánast ósæmandi, að gera slíka breyt. á ráðstöfun fjár til mikilvægra sameiginlegra þarfa á milli héraða, á milli landssvæða, eftir að sveitarfélög hafa gengið frá fjárhagsáætlunum sínum og reiknað með tilteknum tekjum samkv. þeim lögum sem gilda þegar tekjuáætlanirnar eru gerðar. Auk þess vek ég athygli á því að það ætti ekki að framkvæma slíka röskun, sem gerð er á ráðstöfun fjár til samneyslu, eins og hér er um að ræða, án þess að nánari athugun fari fram á því hvernig ástandið í þessum málum er í dag í raun og veru, og þegar eða ef slík breyt. verður gerð, sem hér er lagt til, þá ætti hún að vera liður í miklu stærri framkvæmd en þeirri sem hér er um að ræða. Þetta finnst mér vera nægileg og sterk rök fyrir því að fresta að þessu sinni afgreiðslu þessa máls og athuga málið milli þinga og þá á miklu víðari vettvangi en hér er um að ræða og taka það síðan aftur til meðferðar á næsta þingi.

Hæstv. forseti. Um hitt skal ég stilla mig, að gera það að sérstöku umtalsefni, þótt vissulega væri það freistandi, að vekja athygli á því að hér er um það að ræða að borgarstjórn Reykjavíkur, sem lýtur stjórn Sjálfstfl., kvartar undan ranglátu stjfrv. En núv. ríkisstj. lýtur, eins og kunnugt er, forsæti form. Sjálfstfl., sem auk þess er 1. þm. Reykv. Um þetta mætti auðvitað sitthvað segja þótt ég skuli láta það ósagt á þessu stigi málsins. Þó kemst ég ekki hjá og hefði líklega látið þessar setningar líka ósagðar ef hv. þm. Jóhann Hafstein hefði ekki vakið athygli á því að þetta frv. hefði ekki verið rætt í ríkisstj. Það hlýtur að vekja furðu þings og þjóðar að fram skuli lagt á Alþ. stjfrv. um jafnveigamikið og mikið stefnumál og þetta, sem hér er um að ræða, án þess að frv. skuli hafa verið rætt í ríkisstj. Ég átti sæti í ríkisstj. í 15 ár og átti samstarf við alla þá flokka, sem sæti eiga á Alþ., nema SF. En það gerðist aldrei þau 15 ár, sem ég átti sæti í ríkisstj., að frv. um veigamikið stefnumál væri lagt fram á Alþ., án þess að ríkisstj. hefði fjallað um það. Veit ég að þeir menn, sem með mér áttu sæti í ríkisstj. og ég sé nú framan í hér í ýmsum áttum, geta fúslega og munu fúslega bera vitni um það. En það er eins og að á síðustu árum hafi verið tekin upp ný vinnubrögð á ýmsum sviðum. M. ö. o.: hér er flutt frv. af hálfu samgrh., sem ríkisstj. stendur ekki á bak við, og í frv. felst það að stórlega er gengið á hlut Reykjavíkur sem sjálfur forsrh. er 1. þm. fyrir. Hér er auðsjáanlega eitthvað alveg óvenjulegt á ferðinni.

Ég lýk þessum orðum mínum með því að undirstrika það, sem raunar ætti ekki að þurfa að undirstrika, að sérhver ríkisstj. — og þá auðvitað þessi — á auðvitað að vera ríkisstj. allrar þjóðarinnar, jafnvel þótt hún sé ríkisstj. ákveðinna flokka. Mér kemur ekki til hugar að ríkisstj. eigi að vera ríkisstj. Reykjavíkur og gæta hagsmuna Reykjavíkur alveg sérstaklega.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér við þessa 1. umr. að ræða einkum 11. gr. frv., en þar sem þeir tveir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa einkum rætt hana get ég mjög stytt mál mitt. Ég tek undir þau rök, sem þeir hafa hér flutt, og skal reyna að forðast að endurtaka það sem þeir hafa sagt.

Ég er andvígur þeirri breyt., sem gert er ráð fyrir í 11. gr. frv., þ. e. a. s. að hækka þennan svonefnda 10% sjóð í 25%. Ástæðurnar fyrir því, að ég er þessari breyt. andvígur, eru einkum tvær. Það er í fyrsta lagi að með þessu er Alþ. enn að afsala sér raunverulega fjárveitingavald-

inu með því að leggja meira í hendur fjvn. og vegamálastjórnarinnar en áður, og í öðru lagi er með þessari breyt. verið að draga úr fjárveitingum til þéttbýlisvega í hinum ýmsu kaupstöðum og kauptúnum landsins. Ég skal nefna hér nokkrar tölur máli mínu til stuðnings. Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því hvað þessi breyt. þýðir í krónum talið.

Ég hef hér tölur fyrir árið 1974, en þá var heildarsjóðurinn, sem 10% sjóðurinn var myndaður úr, 183.9 millj. kr. og 10% sjóðurinn var því 18 millj. 393 þús. og til skipta til hinna ýmsu þéttbýlisstaða komu því 165.5 millj., sem gerði á hvern íbúa liðlega 905 kr. Það þýðir að t. d. þéttbýlisstaður með 500 íbúa fékk í sinn hlut úr þéttbýlisvegasjóði liðlega 452 þús. kr. Ef nú þessi 25%-regla hefði gilt árið 1974, þá hefðu komið til skipta 137 millj. eða tæpar 138 í stað 165 og framlag á íbúa hefði orðið liðlega 754 kr. 500 íbúa staður hefði þá fengið 377 þús. kr. liðlega í staðinn fyrir 452, eins og ég nefndi áðan, þ. e. um 83.3% af upphæðinni eins og hún raunverulega var.

Við höfum nú fyrir nokkru fengið í hendur áætlun um fjáröflun til vegagerðar fyrir árið 1975 og reyndar fleiri ár, 1976 og 1977, og samkv. þeirri töflu er gert ráð fyrir að til vega í kaupstöðum og kauptúnum komi árið 1975 285 millj. kr. Það er sem sagt hækkun úr 183.9 á árinu 1974. Ef lög væru óbreytt, þ. e. a. s. um væri að ræða 10% sjóðinn, þá kæmu 28.5 millj. í þann sjóð, en miðað við þessa breytingu koma 71.25 millj. þetta þýðir á íbúa að óbreyttu 1 335 kr. rúmar, en með breytingunni 1 112 kr. Þetta þýðir raunverulega það að þéttbýlisstaðirnir fá 20% minna í sinn hlut miðað við þessa breyt. en þeir fengju ef l. væri ekki breytt. Ég tel að þarna þurfi að finna leið til úrbóta.

Ég held að menn séu einnig sammála um að þessi viðmiðunarregla, þ. e. a. s. að miða framlögin til þéttbýlisstaðanna við íbúafjölda, sé ekki rétt. Ég held að það, sem á að hafa til viðmiðunar, sé í fyrsta lagi umferðarþunginn um viðkomandi stað, það séu ólokin verkefni í gatnagerð og það sé í þriðja lagi íbúafjöldinn. Það þarf að kanna hversu mismunandi vægi á að vera á þessum liðum, sem ég hef hér nefnt, en ég held þó að menn hljóti að vera sammála um að það sé raunverulega umferðarþunginn sem ráði þörfinni fyrir framkvæmdir.

Ég hef orðið var við það hjá ýmsum mönnum, m. a. ýmsum hv. þm., að með þessari breyt. sé verið að rétta hag landsbyggðarinnar, og raunar kemur það beinlínis fram í grg. með frv. Ég held að þarna sé um mikinn misskilning að ræða. Það geta menn reyndar séð af þeim tölum sem ég nefndi áðan. Ég legg áherslu á að það er verið að skerða hlut allra, ekki bara Reykjavíkurborgar, eins og hér hefur reyndar komið fram. Hér hafa talað tveir hv. þm. Reykv. En Reykjavík á þarna ekki neinn sérstakan hlut að máli, þetta gildir um alla þéttbýlisstaði í landinu. En eins og ég sagði áðan, 10% sjóðurinn gefur raunverulega 20% meira til sveitarfélaganna en mundi verða ef 25% reglan yrði tekin upp.

En til hvaða framkvæmda á svo þetta fé að fara sem fjvn. og vegamálastjórnin eiga að ráðstafa? Ég er sannfærður um að það er hægt að sýna fram á að þörfin fyrir þetta fé er meiri hér í næsta nágrenni höfuðstaðarins en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Það er hægt að sýna fram á meiri arðsemi framkvæmdanna en annars staðar. Þess vegna eru það ekki hagsmunir landsbyggðarinnar, sem þarna er verið að gæta, eins og kemur fram í máli sumra manna. Ef menn halda því fram að það sé verið að gæta sérstaklega hagsmuna landsbyggðarinnar og taka þetta fé frá t. d. Reykjavík, þá held ég að menn segi um leið að þetta fé eigi hreinlega að misnota, fara með það til staða sem ekki eiga rétt á auknu fjármagni umfram aðra.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég tek það fram að mér sýnist að sú breyt., sem gerð var á þessari gr. í hv. Ed., skipti engu máli í þessu sambandi. Það, sem skiptir máli, er að það er verið að hækka þarna ranglega að mínu viti úr 10% í 25%. Það skiptir ekki heldur máli hvernig þessi 10% sjóður hefur verið notaður á undanförnum árum. Það vita allir að hann hefur að langmestu leyti farið í framkvæmdir Hafnarfjarðarvegar um Kópavog, auk þess sem nokkur upphæð hefur farið til Selfoss. Ég hef ekki sundurliðun á þessu, en ég held að ég hafi tekið rétt eftir að það séu 84.8 millj. sem hafa runnið til þessara staða á undanförnum árum. Þetta skiptir ekki heldur máli. Það má um það deila hvort þessir vegir áttu nokkurn tíma að falla undir þéttbýlisvegi og ég held að það sé búið að viðurkenna það nú í raun að Hafnarfjarðarvegurinn um Kópavog átti aldrei að vera neinn þéttbýlisvegur. Hann er nú orðinn hreinn þjóðvegur, eins og hann átti alltaf að vera, og þess vegna átti Kópavogur ekki að þurfa að verja þéttbýlisvegafé sínu til þessara framkvæmda.

Ég vil hvetja hv. samgn., sem fær þetta mál til athugunar, að skoða það gaumgæfilega og ef hún treystir sér ekki til að breyta 11. gr., þá mun ég flytja brtt. við 2. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Forseti. Það eru nokkur atriði, sem fram hafa komið hér síðan ég mælti fyrir þessu frv., sem ég vildi gera aths. við, en sérstaklega þykir mér verra að hv. 9. þm. Reykv. skuli ekki vera hér inni, því að ég hefði nú fyrst og fremst viljað gera athugasemd við það sem hann sagði, ekki síst þar sem hann fór með nokkurn misskilning og að öðru leyti vildi fara að blanda inn í þetta mál pólitískum hugleiðingum.

Það má öllum ljóst vera að þetta mál verður ekki afgr. sem flokkspólitíst mál. Menn hafa mismunandi skoðanir á því, og það byggist ekki á því hvar í flokki þeir eru, eins og kom fram í hv. Ed. við afgreiðslu þess. Ég vil hins vegar taka það fram að með þetta mál var farið eins og venja er með mál, sem flutt eru af ríkisstj., að það fékk afgreiðslu á ríkisstjórnarfundi á eðlilegan hátt og var ekki neitt farið á bak við ríkisstj. í þeim efnum. Þess vegna var það á misskilningi byggt hjá hv. 9. þm. Reykv. Gylfa

Þ. Gíslason, að svo væri. (Gripið fram í.) Ja, það var afgr. á ríkisstjórnarfundi og þar gerði ég grein fyrir þessu atriði, enda var þetta frv. líka lagt fram á hv. Alþ. í fyrra og var þá til umr. og þar var þetta með 20% ákvæði og ég gerði grein fyrir 25% ákvæðinu. Hitt er allt annað mál, ég tek undir það með hv. 9. þm. Reykv., að auðvitað er ríkisstj. ríkisstjórn alls landsins, og þetta mál er líka þess eðlis að vera landsmál.

Það er svo, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn., að þessi 10% sjóður hefur verið notaður til þess að leysa úr þeim verkefnum sem brýnust hafa verið, og eins yrði þó að það séu 25%, nema að nú á að vera enn betur fyrir þessu séð með því að fjvn. Alþ. á að skipta þessum sjóði í staðinn fyrir að vegamálastjóri, sem í báðum tilfellum á að gera till. um þetta, átti áður að gera þær til ráðh., en nú til fjvn. Alþ., svo að Alþ. fær málið betur til meðferðar en áður hefur verið.

Ég vil taka það mjög skýrt fram að þegar það var til meðferðar hér á hv. Alþ. um takmörkun á veginum út úr höfuðborginni, að ríkisvegurinn tæki við þegar að Elliðaánum kom, stóð ég með þeirri samþykkt og hef varið hana í mínu kjördæmi gagnvart þeim sem hafa haft það sjónarmið að það hafi verið rangt því að Reykjavíkurborg ein hefði átt að sjá um þetta. Ég lít svo á að þetta hafi verið réttmætt, því að auðvitað er vegurinn út úr höfuðborginni og inn í borgina mál allrar þjóðarinnar. Eins getur verið um einstök atriði, og það er búið að gera í þessum atriðum stærsta þáttinn, bæði um veginn hér út úr höfuðborginni og einnig um veginn í gegnum Kópavog.

Það féll í minn hlut sem fjmrh. að samþ. þá breyt. að gera veginn í gegnum Kópavog að ríkisvegi, og satt að segja er það að mínu mati réttmætt. Þetta er vegur, sem er gegnumkeyrsluvegur og tilheyrir ekki Kópavogsbúum einum, eins og margir aðrir vegir, en í sumum byggðarlögum er þetta þannig að þeim væri ómögulegt að koma slíkum vegum í sæmilega framkvæmd. Mér dettur t. d. í hug staður eins og Reyðarfjörður. Þegar farið er til Eskifjarðar og Norðfjarðar, þá er auðvitað ekið í gegnum Reyðarfjörð. Ég álít að íbúar Reyðarfjarðar sé svo fáir að það sé í raun og veru óhugsandi að þeir geti með framlagi, sem þeir fengju úr þessum þéttbýlissjóði út frá höfðatölureglunni einni, komið þessu í verk.

Mér dettur ekki í hug að svona atriði verði misnotað. Fyrir því er trygging með afskiptum Alþ. Ég held að það muni vera almennt álit hv. þm., hvar í flokki sem þeir eru, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, að embættismaður eins og vegamálastjóri mundi leggja það til, sem hann teldi mesta þörf á, um ráðstöfun á fjármunum sem þessum. Að mínu áliti er búið að gera mikið átak á þeim stöðum, sem mest þurfti til, og þess vegna sé hægt að nota meira svigrúm í þessu og snúa sér með meira átaki að þeim verkefnum, sem er ekki hægt að koma áfram nema fá aukafjárveitingu umfram höfðatöluregluna.

Eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn. taldi hann að höfðatölureglan væri ekki eingild og í raun og veru er þetta ákvæði alveg í samræmi við hans hugsun, að höfðatölureglan sé ekki sú eina sem eigi að gilda. Hún er látin gilda áfram upp að 75% í staðinn fyrir að áður var hún látin gilda upp að 90%. Það er færsla þar á milli. En svo á í sambandi við þessi 25% að taka tillit til, eins og hann taldi, umferðarinnar og þá fyrst og fremst á aðalleiðum og þá sérstaklega á þeim stöðum sem umferðin liggur í gegnum og auka möguleika þeirra til að leysa þessi verkefni. Þess vegna held ég einmitt að þetta falli alveg að hugsun þessa hv. þm., að það sé hægt með þessu móti að ná því takmarki betur en nú er sem hann einmitt túlkaði hér réttilega.

Ég skal ekki fara að deila um þetta og það gáfu engir raunverulega tilefni til þess þó að menn hafi mismunandi skoðanir á þessu. Við því er ekkert að segja og það er ekki nema eðlilegt að menn hafi mismunandi skoðanir á því. Ég hefði aðeins gert fleiri aths. við ræðu hv. 9. þm. Reykv. ef hann hefði verið hér viðstaddur. Út af því atriði, sem hann talaði um, að það væri ekki hægt að hugsa sér afgreiðslu á þessu núna vegna þess að stjórnir væru búnar að gera sínar fjárhagsáætlanir og annað því um líkt, þá vil ég vekja athygli á því að frv. var í fyrsta lagi til meðferðar hér í fyrra og í öðru lagi var það lagt fram og útbýtt hér á hv. Alþ. 6. des. og þá munu bæjarstjórnir ekki hafa verið búnar að gera sínar fjárhagsáætlanir. Þess vegna var alveg eins hægt að reikna með þessu eins og að ekki yrði gerð nein breyt.

Málið fer svo að sjálfsögðu til n. og afgreiðslu hér í hv. d. eins og í hv. Ed. og það verður að ráðast hvernig fer með það. Ég lít ekki á þetta sem pólitískt flokksmál, enda munu menn ekki fara eftir þeim línum í þessum efnum, heldur hvað þeim sýnist sanngjarnt í þessu og hvað ekki. Sanngirni finnst mér vera fólgin í því, að þetta gefur meira svigrúm til þess að greiða fyrir þeim þéttbýlisvegum, þar sem þörfin er mest og ekki er hægt að leysa úr með öðrum hætti en að fá fé umfram það sem höfðatölureglan gefur. Ég tel að það hafi sýnt sig að þetta fé hafi gert það, að því leyti sem það hefur verið notað í þessu skyni. Þar heyrir til Kópavogsvegurinn.

Ég vildi segja hv. 9. þm. Reykv., sem heldur að séu nú komnar allt aðrar reglur í ríkisstj. síðan hann hætti að vera þar, að ég mundi vel að hann hafði verið þar samfleytt í 15 ár, og meira að segja studdi ég hann í fyrstu lotu, en reiknaði ekki með að það þyrfti að verða svona lengi eins og það var, að hann sæti þar, og ábyggilega hefði verið betra fyrir hann að vera ekki svona lengi. Hann mundi þá hugsa öðruvísi núna. Það kom fram í ræðu hans núna, að hann hélt að það hefði orðið einhver stórkostleg breyting á meðferð mála í ríkisstj. Þetta mál var borið fram í ríkisstj. og afgr. þar með venjulegum hætti. Hins vegar er hér ekki um pólitískt mál að ræða, og ég býst við því að þm. úr öllum flokkum muni hafa sínar skoðanir á því, þannig að það er ekkert frágangsatriði fyrir ríkisstj. hvernig það fer í gegn eða ekki. Ég

hef hins vegar þá skoðun að þetta sé til bóta, og ég tel, eins og ég sagði áðan, að það, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn., hafi sannað að það væri með þessum hætti hægt að greiða úr einmitt á þeim stöðum þar sem þörfin væri mest og geta ekki nóg. T. d. var Kópavogur einn af þeim stöðum, sem sannaði að það þurfti meira til að koma þar áfram vegamálum en Kópavogsbúar þó gátu með því að njóta þess hvors tveggja höfðatölureglunnar og viðbótarfjárins úr þessum sjóði. Ég held hins vegar að Borgarnes muni vera aftarlega þar. Út af því, að hv. 9. þm. Reykv. vill nú auka fylgi mitt í Borgarnesi, sem ég þakka honum kærlega fyrir, þá held ég að Borgarnes muni vera aftarlega í þessu tilfelli. Ég álít að það séu staðirnir þar sem gegnumkeyrslan er sem fyrst og fremst þurfi á aðstoð að halda í þessu tilfelli og þeirri reglu hafi verið fylgt og þeirri reglu muni verða fylgt. Ég álít t. d. að Ólafsvík komi þar fyrr en Borgarnes vegna keyrslunnar út á Hellissand og Rif, og Reyðarfjörð nefndi ég sem gott dæmi um þetta, en þar er keyrt þegar farið er til Neskaupstaðar og Eskifjarðar. Svo er um fleiri staði, sem ég man nú ekki í bili eða sé ástæðu til að nefna. (**Gripið fram í:** Blönduós.) Blönduós, að nokkru leyti, jú, jú. Það er að vísu í jaðrinum á Blönduósi, en ekki kannske eins og á þessum stöðum. Sama var með staði eins og Selfoss, hann er alveg táknrænn um þetta, Hvolsvöllur og Hella að nokkru leyti líka og þar hefur þessu verið komið á. Þess vegna vil ég nú ljúka þessu með því að segja að hér er um að ræða hvort á að verja meira af þessu fé til frjálsrar meðferðar en verið hefur til þess að meta af þeim, sem best þekkja eins og vegamálastjóra, sem mundi verða sá tillögumaðurinn sem hefði þarna mest áhrif á, eða hækka það ekki. Það er alveg rétt að þetta er alveg eins tekið af borgnesingum, garðhreppingum og reykvíkingum eftir höfðatölureglunni á hverjum og einum stað fyrir sig, ef þetta verður gert svona, og það er bara byggt á því að nauðsyn er að fá meira fé í stóru verkefnin sem er við að fást á þeim stöðum sem vegir liggja í gegnum. Að öðru leyti veit ég að n. fjallar um þetta og hv. d. og niðurstaðan verður sú sem hér verður samþykkt.

Ingólfur Jónsson: Hæstv. forseti. Ég hélt að ég hefði kvatt mér hljóðs með þeim fyrstu, en það reyndist ekki vera. Það hefur svo margt verið sagt um þetta frv. sem gefur tilefni til þess að mín orð verði fleiri en ætlað var í fyrstu. Það er ekki nema eðlilegt að það séu nokkuð skiptar skoðanir um þetta frv. Hæstv. samgrh. telur það örugglega vera til bóta, en eigi að síður er margt sem þarf að taka til athugunar áður en það er afgreitt.

Hæstv. ráðh. sagði öllum þm. til ánægju, að vegáætluninni yrði útbýtt á morgun. Við höfum beðið eftir vegáætluninni, enda er áreiðanlega þörf á því að fara nú að taka hana til meðferðar. Vitanlega er eftir því beðið að sjá hversu mikið fjármagn verður til skipta á þessu ári og næstu árum. Á s. l. ári varð að fresta framkvæmdum, sem ákvarðaðar voru með vegáætlun 1972—1975, vegna fjárskorts. Þetta frv. felur eigi að síður það í sér að auka verksvið Vegasjóðs, sem er fjárvana, og það eitt út af fyrir sig gefur tilefni til umhugsunar. Ef þetta frv. verður lögfest án þess að auka fjármagn Vegasjóðs hlýtur það að leiða af sér að fresta verður meiru að hinum venjulegu vegaframkvæmdum en annars hefði þurft að gera.

Hv. 9. þm. Reykv. talaði um þetta mál sem byggðamál og sagði, eins og fleiri hv. þm., sem hér hafa talað, að það væri verið að níðast á Reykjavík með því að lögfesta frv. Það er rétt, sem kemur fram í bréfi borgarstjórans í Reykjavík, að um 18 millj. kr. eru teknar af Reykjavík og færðar á einhvern annan stað í landinu, ef þetta frv. verður samþ., en ég er hræddur um að það verði fleiri þéttbýlisstaðir en Reykjavík sem muni kvarta ef frv. verður samþ. Það fé, sem hefur verið tekið frá skv. 32. gr. vegal. til framkvæmda í þéttbýli, þar sem íbúar eru 300 eða meira, lækkar mikið að krónutölu ef tekin verða 25% í staðinn fyrir 10% af því fjármagni. Við getum talað um alla þéttbýlisstaði á landinu, sem hafa 300 íbúa eða meira, sem gætu með sama rétti og Reykjavík sagt: Það er verið að níðast á okkur. Sannleikurinn er sá að ég er dálítið undrandi yfir því ef þeir aðilar, sem áður áttu kost á því að fá fjármagn skv. 32. gr. og ráðstafa því sjálfir, vilja nú gefa eftir 15% til fjvn. til ráðstöfunar. Fjármagnið kemur að betri notum með því að ráðstafa því eftir þörfum af heimamönnum eins og gert hefur verið.

Það er rétt, sem hæstv. samgrh. sagði áðan, að 10% sjóðurinn hefur verið notaður til nauðsynlegra þarfa og ég tel að 10% sjóðurinn þurfi að vera áfram. Það þarf að vera eitthvert fjármagn fyrir hendi til þess að úthluta í framkvæmdir, sem hinir einstöku staðir ráða alls ekki við, sbr. þjóðveginn gegnum Selfoss og veginn gegnum Kópavog. Þetta voru nauðsynlegar framkvæmdir sem vantaði fjármagn til. Þannig má vitanlega benda á ýmsa staði víðs vegar um land. En spurningin er hvort það er rétt að taka til viðbótar 15%, sem veitt hefur verið til þéttbýlis skv. 32. gr., og rýra þannig hlut kauptúnanna og þéttbýlisins víðs vegar um land og draga þannig úr því að varanleg gatnagerð þar geti átt sér stað. Það liggur í hlutarins eðli að ef þetta fjármagn lækkar eftir höfðatölureglunni minnkar möguleikinn í þorpum og kauptúnum víðs vegar um landið til þess að hraða varanlegri gatnagerð. Þess vegna þarf að staldra við og athuga þetta, ekki aðeins þm. Reykv., heldur þm. annarra kjördæma sem hafa þéttbýliskjarna og kaupstaði innan sinna marka.

En það eru aðrir þættir í þessu frv., sem mætti segja að væru mjög til bóta og nauðsynlegir. Það er vitanlega mjög æskilegt að efla sýsluvegasjóðina. Það er mjög æskilegt að gera það og þörf á því. En það verður ekki gert nema auka fjármagn, annars vegar með því að hækka það gjald, sem sýslusjóðir leggja fram, og hins vegar að hækka það, sem Vegasjóður leggur til, fjárvana Vegasjóður. Það er einnig mjög æskilegt að gera vegi sem liggja að flugvöllum, að landsbrautum. Það er mjög æskilegt. Það er einnig mjög æskilegt að gera svokallaðar heimreiðir að landsbrautum. En til þess þarf aukið fjármagn.

Og spurningin er: Hvernig er staða Vegasjóðs? Er unnt að auka fjármagn Vegasjóðs til þess að hann geti aukið sín verksvið sem að sjálfsögðu eru mjög nauðsynleg. Það er vitanlega mjög æskilegt að kauptún með 200 íbúa eigi þess kost að fá fé til gatnagerðar og engin ástæða til þess að mæla gegn því, þar sem ekki er um mörg kauptún að ræða. Þetta er vitanlega mjög æskilegt að lögfesta. En það þarf aukið fjármagn til þess að það sé raunhæft. Sama má segja um fjallvegi að fjölsóttum ferðamannastöðum. Gert er ráð fyrir í frv. að breyta þeim í vegáætlun. Þessu er ekki ástæða til að mæla gegn, ef möguleiki er á að færa út kvíarnar. En frestun framkvæmda hjá Vegasjóði á s. l. ári mun hafa verið yfir 1 milljarð og því var spáð á s. l. hausti, þegar nokkuð var rætt um vegáætlun fyrir þetta ár, að það yrði meira á þessu ári sem yrði að fresta. Allar þær framkvæmdir, sem teknar voru í vegáætlun 1972—1975, voru mikilvægar og nauðsynlegar, en þeim hefur eigi að síður orðið að fresta vegna fjárskorts. Verðbólgan hefur gert Vegasjóð fjárvana, þar sem vegagerðarkostnaður hækkaði frá í apríl 1972 til júní 1974 um hvorki meira né minna en 100%, og þá er eðlilegt að ýmislegt færi úr skorðum.

Hv. 9. þm. Reykv. talaði lítils háttar um byggðamál. Hv. þm. sagði að það vissi raunverulega enginn um hvað byggðastefna væri í dag, vegna þess að það hefði ekki verið athugað hvar það raunhæfa og sanngjarna væri í þeim málum. Eigi að síður fullyrti hv. þm. að dreifbýlinu væri viðhaldið á kostnað þéttbýlisins. Hv. þm. gaf í skyn að það fjármagn, sem rynni í þjóðarbúið, kæmi síst frá hinu svokallaða dreifbýli eða því sem kallað er byggðir. Hv. þm. sagði enn fremur að enginn vissi um hvaðan tekjurnar kæmu. Ég held að ég geti upplýst það að þetta liggur nokkuð vel fyrir. Það hafa verið gerðar áætlanir í Þjóðhagsstofnuninni og hjá Landshlutasamtökunum. Það liggur nákvæmlega fyrir t. d. um gjaldeyrisöflunina, hver hún er, úr hverju kauptúni, hringinn í kringum landið. Það liggur fyrir hver gjaldeyrisöflunin er t. d. í Vestmannaeyjum á hvern íbúa. Ég man ekki þessar tölur núna, en þær eru háar. Það liggur fyrir hvað gjaldeyrisöflunin hefur verið mikil á Vestfjörðum á hvern íbúa og það er ákaflega mikið. Það liggur fyrir hve gjaldeyrisöflunin hefur verið mikil á hvern íbúa í kauptúnunum á Austfjörðum og á Norðurlandi. Það er ákaflega mikið og öll þessi kauptún teljast til hinnar svokölluðu byggðu.

Þegar keypt er fiskiskip á þessa staði og lán eru veitt, þá er sagt að það tilheyri byggðastefnunni. Ég er hræddur um að Ísland væri ekki sjálfstætt ríki ef það væri aðeins borgríki án landsbyggðarinnar, ef það væri aðeins Reykjavík og Reykjanessvæðið. Þá væru íslendingar tæplega menningarþjóð meðal Sameinuðu þjóðanna, sjálfstæð þjóð. Þess vegna finnst mér að hv. 9. þm. Reykv. hafi talað nokkuð óvarlega áðan. Hagfræði- og viðskiptadeild Háskóla Íslands á að vita hvaðan tekjurnar koma í íslenskt þjóðarbú. Tölurnar eru fyrir hendi og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að nemendurnir í hagfræði- og viðskiptadeild Háskóla Íslands fái hugmynd um hvaðan tekjurnar koma í íslenskt þjóðarbú, frá atvinnuvegunum. Það er ekki aðeins frá sjávarútvegi. Það er frá landbúnaði, það er frá iðnaði og frá ýmsum þjónustustörfum, samgöngum og ýmsum þjónustustörfum. Þetta þurfa þeir, sem eru í Háskólanum, að vita, um þetta þurfa þeir að læra og þekkja þær áætlanir sem gerðar hafa verið af Þjóðhagsstofnuninni og landshlutasamtökunum og notfæra sér þær.

Ég hef alltaf viljað unna Reykjavík hins besta. Ég hef aldrei greitt atkv. með því að níðast á málefnum höfuðborgarinnar. Ég hef viljað leitast við að finna það sem er sanngjarnt og réttlátt fyrir íslenskt þjóðfélag, og það verður ekki gert nema með því að hafa yfirsýn yfir þjóðfélagið í heild og gera sér grein fyrir atvinnulífinu í öllum þáttum þess og greinum. Það tekst ekki með öðru móti. Ef ætti að fara að taka upp þann hátt á hv. Alþ. að metast um hverja krónu, í hvaða kjördæmi hún fer, þá væri stigið spor aftur á bak og þá fara þm. að tileinka sér það sem er lítið og lágt. Fram að þessu hafa alþm. yfirleitt reynt að hafa yfirsýn yfir þjóðmálin. Menn hafa yfirleitt ekki verið að metast um hverja krónu, í hvaða kjördæmi hún hefur farið. Reynt hefur verið að finna hvar þörfin sé fyrir fjárveitinguna og hvernig fénu sé best ráðstafað til þess að þjóðfélagið geti notið þess. Ég vona að það verði áfram sá andi hér í hv. Alþ. og það verði ekki verið að skapa deilur að óþörfu á milli stétta eða landshluta, milli Reykjavíkur og dreifbýlis, vegna þess að báðir þessir aðilar þurfa að vinna saman.

Það er rangt, sem hv. 9. þm. sagði hér áðan, að dreifbýlinu væri haldið uppi á kostnað þéttbýlisins. Það væri líka rangt að segja að þéttbýlinu væri haldið uppi á kostnað dreifbýlisins. Það er alveg öruggt að bæði þéttbýli og dreifbýli er nauðsynlegt í þessu landi og þessir aðilar þurfa að vinna saman. Ég held að það sé enginn vafi á því að byggðastefna að vissu marki er sjálfsögð og nauðsynleg. En það væri hægt að reka byggðastefnu þannig að hún gengi út í öfgar og verkaði öfugt. Það væri ekki hollt fyrir þá sem í dreifbýlinu búa að það yrði komið þannig fram við þéttbýlið að þar skapaðist atvinnuleysi, kaupgetan minnkaði og kjör manna, sem þar búa, versnuðu svo að landbúnaðarvörurnar yrðu ekki keyptar. Þannig mætti margt til telja sem gæti orðið dreifbýlinu til óþurftar ef níðst væri á þeim sem eru í þéttbýlinu. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa meðalhóf í þessu máli og reyna að finna skynsamlegasta veg og réttlátustu leiðina.

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég taldi ástæðu til að vekja athygli á því að það er ekki einsýnt að það sé fólkinu til hagnaðar að hækka framlag frá 32. gr. vegalaga til svokallaðs 10% sjóðs. Öll önnur ákvæði í frv. tel ég geta verið til bóta, ef fjármagn verður til þess að uppfylla þau atriði sem þar eru nefnd. En hv. samgn. tekur málið til meðferðar. Till. til vegáætlunar verður lögð fram og það fer vel á því að afgreiðsla þessa frv. verði samhliða afgreiðslu vegáætlunarinnar. Það er ekki mín till. að frv. verði frestað, heldur að 11. gr. verði skoðuð vel áður en frv. verður afgreitt.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Mér urðu það æðimikil vonbrigði hvað viðbrögð hæstv. samgrh. við eðlilegum og rökstuddum aths. voru neikvæð. Mér sýnist alveg einsætt að það er ekki unnt að framkvæma þessa breyt., sem 11. gr. fjallar um, á þann hátt sem gert er ráð fyrir í frv., þ. e. a. s. að ætlast til að þetta frv. taki gildi frá og með 1. jan. á þessu ári. Þetta er hreinlega ekki framkvæmanlegt, hvað sem menn vilja segja um breyt. sjálfa. Það er að sjálfsögðu svo, eins og borgarstjórinn í Reykjavík hefur gert grein fyrir í bréfi sínu, að Reykjavíkurborg hefur gert fjárhagsáætlun sína, þ. á m. um framkvæmdir í vegamálum. Ýmsar þær framkvæmdir eru hafnar, það er búið að gera áætlanir um aðrar og það er ekki hægt fyrir Alþ. að grípa inn í þegar allmargir mánuðir eru liðnir af árinu til þess að koma í veg fyrir að Reykjavíkurborg t. a. m. geti staðið við áætlanir sínar. Og það sama á að sjálfsögðu við um aðra þéttbýlisstaði. Ekki er nokkur leið að standa svona að málum.

Hæstv. ráðh. kom með þá réttlætingu að þetta frv. hefði verið borið fram á Alþ. 6. des. og þess vegna hefðu menn getað reiknað með því í sinni áætlanagerð. En auðvitað er þetta engin skýring, vegna þess að það að leggja fram frv. á þingi þýðir ekki að það sé orðið staðreynd, jafnvel þótt um stjórnarfrv. sé að ræða. Það kemur ákaflega oft fyrir að stjórnarfrv. er bæði breytt í meðförum og þau eru ekki afgr. Ef hæstv. ríkisstj. hefði verið alvara að koma þessari breyt. á, þar henni að sjálfsögðu að leggja þetta frv. fram svo tímanlega að það næði afgreiðslu svo fljótt að sveitarstjórnir gætu áttað sig á efni þess og hagað áætlunum sínum í samræmi við það.

Það er eflaust hægt að færa að því ýmis rök að gott sé að hafa sérstakan sjóð, þar sem hægt væri að nota peninga í meiri háttar verkefni, eins og þennan 10% sjóð sem verið hefur *og nú er talað um að hækka. Í skýringum 11. gr.* er sagt að þetta sé gert til að auðvelda fámennum kaupstöðum og kauptúnum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi. Ekki skal ég draga í efa hina miklu nauðsyn á því að þetta verði gert, en ég vil vara ákaflega alvarlega við því að þetta verði gert á þann hátt sem mundi verða með framkvæmd slíks frv. ef að lögum yrði, þ. e. a. s. að klípa þessa peninga af þéttbýlisstöðum og af þeim framkvæmdum sem þessir staðir eru þegar búnir að hefja á þessu ári. Þetta held ég að verði ákaflega háskaleg vinnubrögð.

Við höfum heyrt mjög á undanförnum árum og við höfum líka heyrt í þessum umr. meting *á milli þéttbýlis og strjálbýlis á Íslandi og sér*staklega Reykjavíkur og annarra staða. Ég er alveg sammála hv. þm. Ingólfi Jónssyni um að þetta er ákaflega hættulegur metingur. Ég held að það sé ámóta mikil nauðsyn fyrir strjálbýlið á Íslandi að hafa hér myndarlega höfuðborg eins og fyrir höfuðborgina að tryggja að hinar dreifðu byggðir landsins haldist áfram og þar verði gott að búa. Ég held að við verðum að halda þannig á málum að við komum í veg fyrir að þessi metingur magnist og vaxi, eins og mér virðist hann því miður hafa verið að gera á undanförnum árum. Við heyrum oft talað um Reykjavíkurvald og við heyrum stundum farið hlíðstæðum orðum um þá sem í strjálbýlinu búa. Slíkan meting verðum við að vera menn til að forðast. En ef við t. d. tækjum upp þennan hátt, sem felst í þessu frv., að grípa inn í framkvæmdaáætlanir Reykjavíkurborgar og taka af því fé sem búið er að ráðstafa með áætlunum til þess að rétta hlut fámennra kaupstaða og kauptúna, þá erum við einmitt að ýta undir sjónarmið af þessu tagi.

Ef hæstv. ríkisstj. vill gera átak á þessu ári til að auðvelda fámennum kaupstöðum eða kauptúnum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi, þá verður hún að gera það á annan hátt. Hún verður að afla til þess sérstakra fjármuna, en ekki þannig að það sé tekið af Reykjavík og öðrum stöðum. Þess vegna vil ég taka mjög undir það sem hv. þm. Jóhann Hafstein vék að hér í ræðu sinni, að þetta mál verði skoðað mjög gaumgæfilega af þeirri n. sem um málið fjallar. Ég held að það sé rétt, að það sé ekki flutt nein brtt. við þessa 1. umr. Ég tel eins og hv. þm. Jóhann Hafstein að við eigum að reyna að ná samkomulagi um meðferð þessa máls, og ég hygg að það sé auðvelt að gera það ef góður vilji er fyrir hendi.

Hér hafa komið fram mismunandi frásagnir um það hvernig hæstv. ríkisstj. hafi fjallað um málið og vafalaust er það hvort tveggja rétt sem hæstv. samgrh. og hv. þm. Jóhann Hafstein segja. Það er nú oft svo, að þó að frv. séu afgr. formlega á ríkisstjórnarfundum, þá hafa ráðh. ekki haft tíma til að grandskoða efni þeirra eða einstakar greinar. (Gripið fram í.)

Í sambandi við þau ákvæði að þessu sérstaka fé, sem lagt er til að hækkað verði, verði ráðstafað af fjvn. Alþ., þá er það að sjálfsögðu hin ágætasta n. eins og allir vita og hefur starfað mjög vel. En ég vil minna á það í því sambandi að í þeirri n. á enginn reykvíkingur sæti. Við skulum einnig huga að því að við skulum reyna að vinna saman frá hvaða kjördæmi sem við erum og það á ekki síður við um Reykjavík en um aðra staði.

Mér þótti hæstv. ráðh. vera full neikvæður í viðbrögðum sínum og ég vil bera fram þá ósk til hans að hann endurskoði það viðhorf sitt.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það hefur teygst úr þessum umr. lengur en ég bjóst við og hv. 3. þm. Reykv., sem hér var að ljúka máli sínu, mun hafa afgr. þetta mál í fyrrv. *ríkisstj. sem þáv. iðnrh. Ég man ekki betur en* að í frv. í fyrra — ég skal þó ekki fullyrða það, hef ekki frv. hjá mér — þá hafi verið gert ráð fyrir að gildistaka frv. yrði á árinu 1974, og merkilegt má það vera ef það hefur ekki verið. En ég skal sem sagt ekki fullyrða um það, svo að mér finnst það ósköp mannlegt þó að mönnum geti sést yfir þess háttar. Mér fannst líka hv. þm. sjást yfir að ég hafi tekið neikvætt undir það atriði, því að mér fannst ég vera mjög mildur í ræðu minni áðan og kannske um of,

af því að ég kærði mig ekkert um annað og tel að hér sé ekki um mál að ræða sem geti orðið neitt flokksmál eða pólitískt mál, heldur að menn hafi sínar skoðanir á þessu og það mundi svo ráða úrslitum og mismunandi um það hvort þeir teldu að væri rétt að hafa þarna meira eða minna ráðstöfunarfé til að leysa úr brýnustu verkefnum. Það er í raun og veru ekki um annað sem við erum að deila. Það vita allir að það er alveg sama hvaða fjármuni er um að ræða, þeir eru alltaf frá einhverjum teknir, það getur ekkert verið um annað að ræða.

Út af því um gildistökuna, þá hefur nú annað eins atriði verið leyst og það, og ef það yrði það sem stæði erfiðast í mönnum, þá er nú hægt að skoða það atriði. En ég vil segja það að ég held að þegar hv. alþm. skoða þetta mál í rólegheitum, þá komist þeir að sömu niðurstöðu og var komist að 1964 um að nauðsyn bæri til að hafa einhverja fjármuni sem vegamálastjórnin gæti haft til ráðstöfunar til að flýta hinum nauðsynlegustu verkum. Og ég held að hv. 1. þm. Suðurl. hefði nú átt að viðurkenna þá reglu, eiginlega meira en mér fannst hann nú gera. (Gripið fram í.) Já, en 10% regla er nú ekki neitt það sem er heilagt, svo að það getur alveg eins verið einhver önnur tala en það, ekki síst þegar á það er litið að náttúrlega hefur allt þetta fjármagn aukist, en þá hefur líka kostnaðurinn aukist stórkostlega. Við sjáum hvað þetta t. d. var lítið mál í Kópavogsframkvæmdinni. Hún hefði aldrei komist áfram með þeim hætti, þó að hún hefði notið 10% ákvæðanna. Þess vegna var gripið til þess að gera hann alveg að ríkisvegi.

Við skulum nú gera okkur grein fyrir þessu, enda veit ég að hv. þm. gera það og ég bar ekki neinn kvíðboga fyrir því að menn sýni þessu máli ekki fulla sanngirni og átti sig á því að hvort sem það eru 25% eða 10%, þá er engin regla algild, heldur reynum við náttúrlega að leita að því sem réttmætast er. Ég tek undir það að ég vil ekki vera að ala hér á metingi á milli höfuðborgarinnar og annarra byggða þessa lands og tel það engum til farsældar og mun ekki taka þátt í því. Ég stóð með því á sínum tíma að ríkið eitt byggði brýrnar yfir Elliðaárnar og veginn upp Ártúnsbrekkuna og allt það þó að það mætti segja að þetta væri byggðamál Reykjavíkur. Mér fannst það jafn nauðsynlegt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég þarf ekki að segja nema örfá orð, þar sem ég á sæti í þeirri n. sem fjallar um þetta frv.

Það var vakin athygli á því á síðasta Alþ. að nauðsyn bæri til að endurskoða ákvæði laga um sýsluvegasjóði, m. a. vegna þess að þá voru nokkrir þéttbýlisstaðir gerðir að kaupstöðum, en þessir staðir höfðu fram að þeim tíma borið uppi viðkomandi sýsluvegasjóði. Ég hef ekki athugað nákvæmlega að hve miklu leyti þetta sjónarmið hefur verið haft í huga við samningu frv. sem hér um ræðir, en vissulega er þetta veigamikið atriði.

Það er enginn vafi á því að það eru full rök til þess að endurskoða þessi ákvæði sem ég nefndi, m. a. eins og getið er í aths., að það beri nauðsyn til að efla sýsluvegasjóðina vegna breyttrar tækni við mjólkurflutninga, styrkja gerð þjóðvega í þéttbýli og ná betra samhengi í samgöngukerfið. Það er einnig vafalaust að þetta frv. hreyfir ýmsum breyt. til bóta. En það er að sjálfsögðu ekki nægjanlegt að ákvæðum laganna sé breytt heldur þarf einnig fjármagn til að bær breyt. njóti sín. Ég tel t. d. tvímælalaust rétt og til bóta að ákvæði V. kafla laganna verði látin ná til þéttbýlis þar sem eingöngu eru 200 íbúar, þar sem áður stóð að miða skyldi við 300 íbúa.

Hér hefur mest verið rætt um 11. gr. frv. og mætti margt um hana segja og þær hugleiðingar sem hér hafa komið fram af hálfu ýmissa aðila, en ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma á þessu stigi, en aðeins taka undir með hv. 1. þm. Sunnl., að ég hygg að þessi gr., eins og hún er komin frá Ed. og eins og hún raunar var í frv. upphaflega, þurfi nákvæmrar skoðunar við áður en samþ. verður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 3. apríl.

Fiskveiðasjóður Íslands.

Skriflegt svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um Fiskveiðasjóð Íslands á þskj. 386, afhent þm. 3. apríl.

Lánveitingar Fiskveiðasjóðs eftir kjördæmum 1972—1974.
(Afgreidd lán í milljónum króna)

Kjördæmi	1972	1973	1974
Reykjavík	108.2	296.5	42.6
Reykjanes	350.9	249.8	430.8
Vesturland	113.7	139.9	411.6
Vestfirðir	127.9	282.7	645.1
Norðurland vestra	5.9	277.1	118.9
Norðurland eystra	129.4	123.8	843.2
Austurland	201.8	681.2	78.5
Suðurland	225.4	197.7	90.0
Samtals	1 263.2	2 248.7	2 660.7

Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna.

BYGGINGARSJÓÐUR RÍKISINS

Skriflegt svar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, á þskj. 387, afhent þm. 3. apríl.

Útborguð lán til nýbygginga árin 1972—1974, innifalin eru lán til FB-íbúða og lán greidd úr þessum sjóði til verkamannabústaða:

E og F-lán*

	1972			1973			1974		
	Fj. íb.	1000 kr.	%	Fj. íb.	1000 kr.	%	Fj. íb.	1000 kr.	%
Reykjavík ..	553	471 012	48.75	938	642 615	50.90	547	843 492	45.40
Vesturland ..	48	22 795	2.36	52	28 360	2.25	143	99 655	5.36
Vestfirðir ..	32	14 122	1.46	38	20 930	1.66	63	46 855	2.52
N.-land v. ..	40	26 150	2.71	28	19 435	1.54	24	20 240	1.09
N.-land e. ..	158	84 235	8.72	182	106 530	8.44	249	202 070	10.88
Austurland ..	54	31 090	3.22	75	41 300	3.27	87	79 355	4.27
Suðurland ..	151	68 120	7.05	109	59 565	4.72	142	109 755	5.91
Reykjanes ..	488	248 535	25.73	622	343 660	27.22	548	456 355	24.57
	1 524	966 059	100.00	2 044	1 262 395	100.00	1 803	1 857 777	100.00

* Byrjað var að veita svonefnd E-lán 26. maí 1965, en úthlutun þeirra lauk 4. júlí 1974. Þá hófst veiting svonefndra F-lána skv. reglug. nr. 182 21. júní 1974. Hvor tveggja lánin eru jafngreiðslulán og lánstími 25 ár.

BYGGINGARSJÓÐUR RÍKISINS

Útborguð lán til kaupa á eldri íbúðum árin 1972—1974.

G-lán

	1972			1973			1974		
	Fj. íb.	1000 kr.	%	Fj. íb.	1000 kr.	%	Fj. íb.	1000 kr.	%
Reykjavík ..	109	17 260	40.77	186	36 000	52.29	161	35 800	46.68
Vesturland ..	22	3 000	7.09	16	2 550	3.70	21	4 550	5.93
Vestfirðir ..	16	2 400	5.67	9	1 550	2.25	14	2 300	3.00
N.-land v. ..	12	1 600	3.78	11	1 750	2.54	6	1 050	1.37
N.-land e. ..	30	5 200	12.28	33	6 050	8.79	27	5 600	7.30
Austurland ..	13	1 950	4.61	12	2 550	3.70	16	3 300	4.30
Suðurland ..	15	2 250	5.31	11	1 750	2.54	8	1 800	2.35
Reykjanes ..	56	8 675	20.49	85	16 650	24.19	99	22 300	29.07
	273	42 335	100.00	363	68 850	100.00	352	76 700	100.00

BYGGINGARSJÓÐUR RÍKISINS

Útborguð lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis árin 1972—1974.

C-lán (Lán, sem veitt eru sveitarfélögum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum gegn jafnháu framlagi sveitarsjóðs.)

	1972		1973		1974	
	1000 kr.	%	1000 kr.	%	1000 kr.	%
Reykjavík	28 400	86.77			50 400	84.44
Vesturland						
Vestfirðir	250	0.76	250	100	250	0.42
N-land v.						
N-land e.						
Austurland					9 040	15.14
Suðurland						
Reykjanes	4 080	12.47				
	32 730	100.00	250	100	59 690	100.00

BYGGINGARSJÓÐUR VERKAMANNA

Útborguð lán til verkamannabústaða árin 1972—1974

	1972		1973		1974	
	1000 kr.	%	1000 kr.	%	1000 kr.	%
Reykjavík					210 000	64.40
Vesturland	14 720	25.91	6 734	9.63	12 897	3.95
Vestfirðir	17 808	31.35	9 170	13.11	24 800	7.60
N-land v.	10 592	18.64	3 822	5.46	2 200	0.67
N-land e.	10 000	17.60	13 200	18.87	26 532	8.14
Austurland	3 690	6.50	9 816	14.03	8 450	2.59
Suðurland					13 200	4.05
Reykjanes			27 200	38.90	28 025	8.60
	56 810	100.00	69 942	100.00	326 104	100.00

Sameinað þing, 57. fundur.

Föstudaginn 4. apríl, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþinginsmanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Jón Gíslason fyrrv. alþingismaður og bóndi andaðist á sjúkrahúsi hér í Reykjavík í fyrrakvöld, miðvikudaginn 2. apríl, 79 ára að aldri.

Jón Gíslason var fæddur í Norðurhjáleigu í Álftaveri í Vestur-Skaftafellssýslu 11. jan. 1896. Foreldrar hans voru Gísli bóndi og hreppstjóri þar Magnússon bónda í Jórvík í Álftaveri og víðar Ólafssonar og kona hans, Þóra Brynjólfsdóttir bónda í Hraungerði og Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri Eiríkssonar. Skólanám hans var barnafræðsla í farkennslu og síðan unglingaskólanám í Vík í Mýrdal 1911—1913, alls 7 mánuði báða veturna. Hann vann við bú foreldra sinna fram á árið 1919, en tók þá við búinu og var bóndi til ársins 1962. Heimili átti hann í Norðurhjáleigu til dauðadags.

Jóni Gíslasyni voru falin ýmis trúnaðarstörf bæði í héraði og utan héraðs. Hann var oddviti Álftavershrepps árin 1928—1938 og 1946—1974, sýslunefndarmaður 1944—1974 og hreppstjóri 1947—1973. Í sauðfjársjúkdómanefnd átti hann sæti á árunum 1950—1964. Hann var alþm. Vestur-Skaftfellinga 1947—1953, sat á 6 þingum alls. Búnaðarþingsfulltrúi fyrir Búnaðarsamband Suðurlands var hann 1954—1974. Síðustu 2 árin var hann að mestu frá störfum vegna veikinda.

Jón Gíslason ólst upp á rausnarbúi foreldra sinna í Norðurhjáleigu. Faðir hans var áhugamaður um samvinnu í verslunarmálum og var stofnfundur Kaupfélags Skaftfellinga haldinn árið 1906 á heimili hans. Sjálfur tók Jón fram um afskipti sín af félagsmálum, að hann hafi tekið af nokkrum áhuga í starfi ungmennafélaganna frá 1908 og fram yfir 1930 og aðaláhugamál hans auk sveitabúskapar væru félags- og samvinnumál bænda. Hann átti lengi fyrir stóru heimili að sjá, var góðbóndi á föðurleifð sinni og bætti jörð sína mjög að ræktuðu landi og húsakosti. Hann vann ýmis trúnaðarstörf fyrir Kaupfélag Skaftfellinga, var deildarstjóri þess og aðalendurskoðandi, og aðalendurskoðandi Sláturfélags Suðurlands var hann rúma tvo áratugi. Á Alþ. var hann ötull baráttumaður fyrir hagsmunamálum héraðs síns. Búnaðarþing var kjörinn vettvangur fyrir áhugamann um velferð íslensks landbúnaðar.

Jón Gíslason var félagslyndur maður, en þó dulur í skapi, prúðmenni í framkomu og lét ekki mikið yfir sér. Hann var gervilegur að vallarsýn, þrekmenni, traustur og árræðinn ferðamaður um sanda og stórfljót, sem umkringdu byggðina þar sem hann ól aldur sinn. Hann var enginn málskrafsmaður á þingum, hygginn og tillögugóður, samvinnuþýður en þó fastur fyrir, ef því var að skipta, glaður í vinahópi, naut trausts og virðingar.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Jóns Gíslasonar með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Lögfræðiþjónusta fyrir efnalitið fólk, þáltill. (þskj. 390). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Viðgerð flugvéla á Keflavíkurflugvelli, þáltill. (þskj. 392). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjölþjóðlegar ráðstefnur hér á landi, þáltill. (þskj. 397). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kaupþing, þáltill. (þskj. 400). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stórvirkjun á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 401). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri, þáltill. (þskj. 352). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 352 að flytja till. til þál. ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni um ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri og eflingu útflutningsstarfsemi. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. foresta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj., í samráði við samtök iðnaðarmanna, iðnrekenda og iðnverkafólks, að kanna leiðir til þess að hvetja almenning, m. a. í ríkisfjölmiðlum, til aukinna kaupa og neyslu á vörum sem framleiddar eru í landinu og jafnframt að leita leiða til þess að auka sölu á íslenskum afurðum erlendis með því að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, samræma og efla starfsemi þeirra aðila sem fást við sölu íslenskra afurða erlendis.“

Ég vil í upphafi í sambandi við framkvæmd þessarar till. segja það, að það, sem vakir fyrir okkur flm. í þesum efnum, er fyrst og fremst það að stjórnvöld skipuleggi upplýsinga- og áróðursstarfsemi fyrir íslenskum iðnaðarvörum í samráði við samtök iðnaðarmanna, iðnrekenda og iðnverkafólks þannig að öllum almenningi verði betur ljóst en ella, hvers íslenskur iðnaður er megnugur, og í því skyni að hvetja almenning til kaupa á íslenskum iðnaðarvörum.

Þetta teljum við að unnt sé að gera með ýmsu móti, m. a. með því að skipuleggja upplýsingaþætti í sjónvarpi og útvarpi, með því að koma á auglýsingaherferð í opinberum fjölmiðlum um þetta efni, og í því sambandi er rétt að benda á að þessu þarf ekki að vera samfara mjög mikill kostnaður fyrir hið opinbera, þar sem hægt er að styðjast við starfslið opinberra fjölmiðla í þessum efnum, og jafnframt er kannske þess að vænta að íslenskir iðnaðarmenn auki um leið

auglýsingastarfsemi sína í útvarpi og sjónvarpi, þannig að af þessu þyrfti ekki að hljótast verulegur kostnaður, heldur er hér um að ræða að mínu mati fyrst og fremst skipulagsatriði sem ég held að íslensk stjórnvöld ættu að gefa meiri gaum.

Þegar um þessi mál er rætt, þá er það ekki út í bláinn. Eins og menn vita eru um þessar mundir verulegar þrengingar hjá okkur í gjaldeyrismálum. Það er kannske rétt að fara nokkrum orðum um þann þátt þessa máls.

Á s. l. ári var gífurleg viðskiptakjarasveifla hjá okkur Íslendingum. Viðskiptakjör okkar rýrnuðu um hvorki meira né minna en 30% og eins og öllum hv. alþm. og raunar allri þjóðinni er kunnugt varð þetta m. a. til þess að gjaldeyrissjóður okkar er þorrinn. Ein meginástæðan fyrir því, að þetta gerðist, var sú, að innflutningur í erlendum gjaldeyri á s. l. ári hækkaði um hvorki meira né minna en 35% í erlendri mynt. Þetta þýddi það að innflutningurinn nam 22 milljörðum rúmlega á árinu 1973, en kostaði þjóðina hvorki meira né minna í erlendum gjaldeyri en 7.7 milljörðum meira á árinu 1974. Meginhækkuinn á þessu sviði var auðvitað olíuhækkunin. Olían hækkaði hvorki meira né minna en svo, að það er gert ráð fyrir því að á þessu ári kosti sú olía, sem við kaupum af rússum og er svipuð að magni og við keyptum 1973, um 7 200 millj. á yfirstandandi ári, en þetta sama magn kostaði 2 600 millj. á árinu 1973. Á sama tíma sem þetta skeði féllu okkar útflutningsafurðir í verði svo mjög að mér sýnist að ef við hefðum selt okkar sjávarafurðir á því verðlagi sem reiknað var með í jan. 1974, þá hefðum við fengið um 47 millj. dollara meira fyrir framleiðslu ársins 1974 heldur en við fengjum ef við hefðum selt hana á því verði sem nú ríkir. Hér er um gífurlega sveiflu að ræða eins og menn sjá og þess vegna þarf það ekki að koma neinum á óvart að við eigum í miklum efnahagsþrengingum og sérstaklega að gjaldeyrismál okkar standa það höllum fæti í dag að segja má að við blasi stórfelldur vandi.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta atriði, en það er jafnan svo, þegar þannig stendur á fyrir okkur í gjaldeyrismálum, að þá fara menn að íhuga með hvaða hætti mætti bæði spara gjaldeyri og eins að efla útflutning. Það kemur jafnan á dagskrá þegar svo er ástatt að beita þurfi leyfum, höftum og bönnum í innflutningi og spara þannig óþarfa lúxusinnflutning eins og margir kalla það. Reynsla okkar af þeim aðgerðum til sparnaðar á gjaldeyri ætti þó að vera sú að við værum mjög varkárir í þessum efnum. Reynsla okkar hefur orðið sú að slík höft og bönn hafa orðið um of langlíf, þó að þau hafi átt að gilda til skamms tíma. Þau hafa þegar til lengdar lét komið fram í spillingu og niður á atvinnuvegunum, þannig að þau hafa dregið beinlínis úr atvinnu í landinu. Á hinn bóginn tel ég að það sé til hin jákvæða leið til þess að spara gjaldeyri — að taka upp slík vinnubrögð sem í þessari till. felast, og held að þegar menn skoða þessar tvær leiðir, þá sannfærist þeir um að þessi leið er öllu jákvæðari. Hún stuðlar að örvun íslenskrar iðnframleiðslu og eflir þannig íslenskt atvinnulíf.

Það væri kannske ekki úr vegi að víkja aðeins að því, þegar þetta mál er rætt, hvernig í raun og veru fólk hefur litið á og metið íslenskan iðnað á undanförnum árum og áratugum jafnvel. Ég held að það sé því miður svo, að við höfum oft á tíðum vanmetið íslenskan iðnað. Það er skemmst að minnast þess að á síðustu árum urðu um þetta nokkrar umr., m. a. um íslenskan skipasmíðaiðnað. Menn töldu fyrir nokkrum árum að hann væri þess ekki megnugur að færast í fang meiri háttar verkefni og leituðu á önnur mið um endurnýjun okkar stóra skipastóls með afleiðingum sem alltaf eru að koma betur og betur í ljós. En á sama tíma hefur íslenskur skipasmíðaiðnaður verið að fikra sig áfram á þessari braut og hann hefur, að ég fullyrði, sýnt að hann er algerlega samkeppnisfær við það besta sem gerist í nágrannalöndunum í þessum efnum. Sama held ég að megi segja um flestar greinar íslensks iðnaðar, og ég held að því betur sem almenningi verði gerð grein fyrir þessu og hann upplýstur um íslenskan iðnað, því betra, bæði fyrir íslenskt þjóðarbú og fyrir allan almenning.

Ég vil að lokum aðeins víkja að seinni þætti þessarar till., en hann er sá að auka sölu á íslenskum afurðum erlendis með því að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, samræma og efla starfsemi þeirra aðila sem fást við sölu íslenskra afurða erlendis. Það mun vera svo, að á undanförnum árum hefur farið fram nokkuð gagnger athugun á íslenskri utanríkisþjónustu og fyrir munu liggja till. um að breyta henni í þá átt að hún nýtist betur fyrir okkar útflutningsstarfsemi. Mér finnst ekki úr vegi að líta á það að þetta mál verði tekið upp í alvöru og farið að hugleiða það, hvernig koma megi koma þessu í framkvæmd, þar sem ég hygg, eins og ég sagði áðan, að athuganir hafi þegar farið fram í þessu efni. Ég held að það sé ekki ástæða til á þessu stigi að ræða það mál frekar.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um þessa till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sparnaður í notkun eldsneytis, þáltill. (þskj. 272). — Fyrri umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef fyrir nokkru ásamt öðrum hv. þm. lagt fram till. til þál. um sparnað í eldneytisnotkun. Þessi till. á að sjálfsgðu rætur sínar að rekja til þess sem nefnt hefur verið olíukreppa og þeirra miklu útgjalda fyrir íslenskan þjóðarbúskap sem af þessu hefur leitt. Þetta er einnig með tilvísun til þess að við íslendingar gerðum ekki af opinberri hálfu markvissar ráðstafanir til þess að draga úr eldsneytisnotkun þegar olíukreppan skall á haustið 1973. Aðrar þjóðir gerðu það flestar, a. m. k. nágrannaþjóðir okkar. Að vísu bjuggum við að því leyti betur en margar þessar þjóðir að hér var ekki olíu- eða eldsneytisskortur vegna fastra samninga sem við höfum um kaup á slíku eldsneyti. Annars staðar var þetta að sjálfsögðu verulegur þáttur í kröfum um sparnað í eldsneytisnotkun. Engu að síður er það stað-

reynd að útgjöld af þessum sökum eru gífurleg hjá okkur íslendingum og eiga mjög verulegan þátt í því ástandi sem nú er í gjaldeyrismálum okkar og er sannarlega ástæða til þess að huga þarna vel að.

Nú er það vissulega svo að nokkuð hefur verið gert og vil ég þá sérstaklega nefna athugun á notkun á svartolíu í skipum. Varðandi það mál hefur starfað n. og skilað mjög athyglisverðu áliti. Er nú unnið að breytingum á vélum skipa í þessu skyni og væntanlega verður nokkurt lánsfjármagn veitt í þessu sambandi. Þarna er vitanlega um athyglisverðan sparnað að ræða. Þó er það eflaust rétt sem komið hefur fram hjá ýmsum fróðum mönnum um þessi mál að þetta er ekki einhlítt. Vélar eru margar hverjar ekki eins vel fyrir svartolíunotkun gerðar og þarf að tryggja betra viðhald og eftirlit með slíkum vélum en þeim sem nota dísilolíu.

Til fróðleiks hef ég tekið saman nokkrar tölur um innflutning frá árinu 1974. Á því ári voru fluttar inn um 356.6 þús. lestir af dísilolíu fyrir 3 milljarða 518 millj. kr. Svartolíuinnflutningurinn nam 110.798 lestum, að verðmæti 692.9 millj. kr., bensín, í fyrsta lagi venjulegt bensín á bifreiðar og þess háttar var 72.296 lestir að verðmæti 898.7 millj. kr., þotueldsneyti var 64.825 lestir, að verðmæti 611.7 millj. kr., flugvélabensín var 1.333 lestir að verðmæti 23.8 millj. kr. Aðrir þættir voru stórum minni, fyrst og fremst alls konar smurolíur og þess háttar, sem ég hef ekki tekið með. En heildarverðmæti í innflutningi þessara þátta, sem hér eru taldir, er nálægt 6 milljörðum kr. Hér er dísilolían langsamlega stærst, eða meira en helmingur af þessu verðmæti, og því eðlilegt að fyrst sé litið til dísilolíunotkunar þegar um sparnaðarhugmyndir er að ræða. Það er einnig athyglisvert að hver lest af svartolíu kostar um 55—60% þess sem lestin af dísilolíu kostar. Og þegar tekið er tillit til þess að svartolían veitir jafnvel enn meiri orku, þá er ljóst að af því er verulegur sparnaður að breyta frá dísilolíu yfir í svartolíu eins og nú er verið að gera á togurunum og ég nefndi áðan, þótt stofnkostnaður í þessu sambandi sé vissulega nokkru meiri.

En ég vil þá fyrst snúa mér að dísilolíunni. Dísilolían skiptist nokkurn veginn þannig að til húsahitunar fara um 42% af dísilolíuinnflutningi og verðmæti þess í innflutningi er um 1 500 millj. kr. Til fiskiskipa fara um 33% af dísilolíuinnflutningi, sem eru að verðmæti um 1 160 millj. kr., á dísilbifreiðar um 8.12% að verðmæti 286 millj. kr., annað er 17.2% að verðmæti 666 millj. kr. Stærsti einstaki þátturinn af því er til raforkuframleiðslu. Það er um 7% eða 246 millj. kr. Þarna er því húsahitunin stærsti liðurinn, nálgast það að vera helmingur af dísilolíunotkuninni.

Til húsahitunar renna um 150 þús. lestir af dísilolíu. Útsöluverðið er yfir 3 milljarðar kr., eins og dísilolíuverðið er nú. Þarna hefur mjög athyglisverð framkvæmd átt sér stað, þ. e. athugun vélskólanema, sem hefur verið mikið um rætt og er ákaflega lofsverð. Þeir hafa sýnt fram á að með stillingu kynditækja má spara mjög mikið í notkun eldsneytis. Þetta kemur ekki á óvart fyrir þá sem þekkja eitthvað til eftirlits á þessu sviði hjá okkur. Ég leyfi mér að fullyrða að það eftirlit sé ákaflega lítið og þótt olíufélögin veiti þar nokkra þjónustu, þó nær það mjög skammt. Hér er um sérfræðistarf að ræða. Það þarf til þess sérstök tæki og ber að fagna því að af opinberri hálfu hefur, eftir að þetta kom fram hjá vélskólanemum, verið hlaupið undir bagga og þeir aðstoðaðir við útvegun slíkra tækja. Þeir áætla, eins og fram hefur komið, að spara megi í notkun dísilolíu um 300—400 millj. kr. á markaðsverði hér heima í dag og er það ekki lítil upphæð. Þarna er um að ræða allt að 10% af heildarmarkaðsverði. Þetta er stór upphæð og ber að stuðla að því að slíkar stillingar fari sem víðast fram.

Ég vil einnig nefna annan þátt sem ég hygg að sé lítill gaumur gefinn hjá okkur, það er hitastig húsa. Við höfum lesið að Frakklandsforseti hafi lækkað hitastigið hjá sér um 2 eða 3 gráður og klætt sig í peysu í staðinn og sama fréttum við frá Bandaríkjunum og annars staðar. Þetta er ekki að ástæðulausu því að húsahiti, þegar komið er yfir ákveðið stig, krefst í vaxandi mæli olíu með hærra hitastigi. Þannig má áætla að um það bil 1 gráðu hitaauki yfir 20 gráður krefjist um 7% aukinnar olíunotkunar og síðan fer það vaxandi eftir því sem hitastigið verður hærra. Aðeins þannig 1 gráðu hitaauki næmi því um 100 millj. kr. á innflutningsverðmæti s. l. árs eða um 210 millj. á útsöluverði. Ég óttast að víða sé fullur hiti á verslunarhúsnæði og ýmsu öðru yfir helgar og á nóttum. Það eru að vísu takmörk fyrir því hvað það borgar sig að færa hitastigið niður, en nokkur lækkun á hitastigi er tvímælalaust hagkvæm.

Um þetta liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar fyrir almenning og raunar er ekki hægt að áfellast almenning fyrir athugunarleysi á þessu sviði þegar slíkar upplýsingar liggja ekki frammi. Með þessari till. er m. a. ætlunin að vekja athygli opinberra aðila á nauðsyn þess að veita slíkar upplýsingar og leiðbeiningar eins og nú er ætlunin að gera við stillingu tækja, einnig um hagkvæma notkun á olíu almennt með tilliti til hitastigs. Við þetta má bæta að hóflegt hitastig í húsum er stórum heilnæmara eins og m. a. hefur verið undirstrikað í skýrslum sem í Bandaríkjunum hafa birst um þessa þætti, þar sem málin hafa hlotið allitarlega athugun nú vegna olíukreppunnar.

Það hefur oft vakið athygli mína, þegar ég kem í hús á Norðurlöndum, t. d. í Noregi, að hitastig er iðulega 19—20 stig eða jafnvel niður í 18, og ég held að það sé vafalaust að slíkt hitastig er stórum heilnæmara en 24—25 gráður sem er allt of víða í húsum og kostar ótrúlega mikið viðbótareldsneyti. Ég held að þennan þátt þurfi að skoða og koma á framfæri góðum og aðgengilegum upplýsingum.

Um einangrun húsa hefur oft verið rætt og ég hef kynnt mér þau mál nokkuð. Þar eru í gildi ákveðnir staðlar sem gera ráð fyrir ákveðnu hitafalli í gegnum útveggi. Þetta jafnast nokkurn veginn á við tveggja tommu eða 5 cm góða einangrun og þó að þarna sé víða pottur brotinn og vafalaust mætti úr bæta, þá er líklega staðreyndin sú að hitatap er meira vegna þess að

hús eru óþétt og það eru takmörk fyrir því hvað hagkvæmt er að auka einangrunina sjálfa á meðan svo er. Sérfræðingar munu því telja að þetta sé sú einangrun sem eðlileg sé án verulegs átaks í þéttingu húsa. Líklega er þétting húsa mikilvægari en aukin einangrun sem slík. En ég tel, að þennan þátt þyrfti jafnframt að skoða. Þetta er um húsahitunina sem, eins og ég sagði áðan, er stærsti þátturinn í stærsta flokki þessa innflutnings, dísilolíunni.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi að með þessu móti er á engan máta verið að draga úr mikilvægi þess að hraða notkun íslenskra orkugjafa til húsahitunar, fyrst og fremst notkun jarðhitans. Á það ber að leggja höfuðáherslu. Ég fagna því sem gert er á því sviði nú, en ég held að við þurfum að gera enn meira. Ég vil sömuleiðis leggja áherslu á það að rafhitun verði skoðuð vandlega og framkvæmdum hraðað. Ég lít hins vegar svo á, að það sé fyrir utan svið þessarar þáltill. Þó vil ég geta þess að þar er mikið verkefni ókannað, fyrst og fremst á hvern máta nota á raforkuna. Raforka notuð til upphitunar er ekki sérstaklega hagkvæm, þegar tekið er tillit til þess mikla kostnaðar sem felst í löngum dreifilínum og einnig tekið tillit til þess að álagstími raforkuhitunar er tiltölulega mjög óhagkvæmur, um 4000 stundir á ári, og fellur þar að auki mest á þeim tíma ársins, þegar raforkan frá vatnsaflsstöðvum er fremur af skornum skammti, þ. e. a. s. á veturna. Því ber að leggja áherslu á að kanna þarna nýjar leiðir, eins og t. d. nú er ætlunin að gera í Vestmannaeyjum, þar sem afgangsorka er notuð, en toppar og álagstími bættir upp með notkun svartolíukyndingar. Þannig getur verið stórum hagkvæmara að sameina þetta tvennt, notkun raforkunnar á þeim tíma sem best hentar fyrir vatnsaflsstöðvarnar og svartolíu á topptíma álagsins. Við megum ekki einblína um of á það að losna við olíuna, hún á áreiðanlega rétt á sér í einstökum tilfellum, jafnvel til upphitunar. Einnig er um að ræða nýjar leiðir sem ég vil geta um þó að það sé nokkuð utan við það sem við ætlum þeim sérfæðingum, sem um þessi mál fjalla, skv. þessari till. Ég vil nefna hitadæluna, sem vafalaust getur fjölgað verulega þeim stöðum sem geta nýtt lágan jarðvarma til upphitunar. Kostir hennar eru fyrst og fremst þeir að hún getur náð úr lágum hita miklu varmamagni. Nokkur aukinn stofnkostnaður er við slík tæki, en miðað við hið háa olíuverð sem er orðið, og miðað við mikinn kostnað í dreifilínum o. fl. er ég sannfærður um að hitadælan á aukinn rétt á sér og þetta þarf að athuga. Einnig þarf að skoða hvort rétt er í dreifbýlisstöðum að hita beint með rafmagni í einstökum íbúðarhúsum eða frá kyndistöðvum. Kyndistöðvarnar hafa þann kostinn að þar má nota svartolíu á álagstoppum en eins og ég sagði áðan er það mjög mikilvægt atriði. Unnið er að þessum athugunum nokkuð, en á því þarf að herða. Þótt við séum að leggja til athugun á sparnaði á eldsneytisnotkun þeirri sem nú er og þeirri sem verður og eigum þar fyrst og fremst við olíuna sem slíka vil ég leggja áherslu á mikilvægi þessara þátta. Úr því er á engan máta dregið með þessum tillöguflutningi.

Eins og ég sagði fer um 33% dísilolíunnar til fiskiskipa og það er að innflutningsverðmæti á síðasta ári um 1 160 millj. Þarna er því stór þáttur. Og ég vil geta þess að á árinu 1973 gerði Fiskifélag Íslands mjög athyglisverða úttekt á þessum þætti. Skýrsla frá Fiskifélaginu liggur fyrir og ég hef fengið eintak af henni. Þar kennir margra grasa og verð ég að stikla á stóru.

Það er í fyrsta lagi staðreynd að minni siglingarhraði sparar mjög verulega olíu. T. d. ef siglingarhraði er lækkaður um 5%, þá er sparnaðurinn í olíunotkun um það bil 10% og það þýðir hvorki meira né minna en rúmlega 100 millj kr. 10% lækkun á siglingarhraða sparar um 12—15% eða um 300 millj. kr. á innkaupsverði olíunnar. En þess ber hins vegar að gæta að um slíka lækkun á hraða er ekki að ræða í allri útgerðinni. T. d. er ekki um lækkun á hraða að ræða þegar togað er. Raunar er fyrst og fremst um að ræða lækkun á hraða á siglingum til og frá veiðistöð og til heimahafnar eða þegar farið er með afla til annarra landa. En þess ber þá jafnframt að gæta að gera má ráð fyrir því að minni tími fáist til veiðanna ef hraði er lækkaður og þá má með nokkrum rétti áreiðanlega gera ráð fyrir því að minni afli fáist. Hins vegar er e. t. v. hugsanlegt að minni hraði geti unnist upp með styttri dvöl í heimahöfn, en á því geta að sjálfsögðu oft verið, eins og allir gera sér grein fyrir, ýmsar takmarkanir. Þetta er því ekki einfalt dæmi. Ef lækkaður hraði í siglingu frá veiðisvæði og heim leiðir fyrst og fremst til minni tíma við veiðar, þá kemst Fiskifélag Íslands að þeirri niðurstöðu að slíkt sé ekki hagkvæmt, þegar reiknað er með eðlilegum hraða. Þeir áætla að meira muni tapast í aflaverðmæti heldur en vinnst í olíusparnaði með þessu móti. En á þessu eru fjölmargir varnaglar og að mínu viti er alveg nauðsynlegt að upplýsingar sem þessar komist á framfæri við útgerðarmenn og sjómenn, þannig að þeir geti sjálfir metið við hinar ýmsu aðstæður hvort sparnaður yrði í olíunotkun. Þess má geta að þetta er ekki lítill þáttur fyrir hið opinbera. Hið opinbera eða við allir að sjálfsögðu þegnar þessa lands greiðum nú verulegan hluta af olíukostnaði fiskiskipaflotans. Það dregur e. t. v. eitthvað úr skilningi sumra á nauðsyn þess að spara. Þó vil ég ekki ætla mönnum það almennt, en slík niðurgreiðsla er ávallt nokkuð varhugaverð þegar um hvatningar til sparnaðar er að ræða. Því held ég að við gerum okkur öll grein fyrir, og ég held að það þurfi að brýna þetta mjög fyrir mönnum og kynna þessar niðurstöður.

En það er fleira sem þarna er athyglisvert, t. d. með stærð vélar og hraða. Ég ætla að leyfa mér — með leyfi forseta — að lesa hér stuttan kafla úr þessari skýrslu. Þar segir: „Eftirfarandi dæmi sýna aflþörf við mismunandi hraða fyrir ákveðinn bát, 260 rúmlestir að stærð. Báturinn er með 800 hestafla vél, hámarksgangur er um 11 sjómílur á klukkustund.“ Síðan segir: „Hraði 8 mílur, þá er nauðsynleg aflþörf aðeins 150 hestöfl, 9 mílur 240 hestöfl, 10 mílur 390 hestöfl, 11 mílur 700 hestöfl, 12 mílur 1200 hestöfl.“ Og síðan segir í niðurstöðum: „Samkvæmt þessum tölum þarf þessi bátur 7-falt aflmeiri vél til að komast á 12 mílna ferð en á 8 mílur. Hjá minni bátum er þetta fall neðar og aukinnar aflþarfar gætir fyrr,

þ. e. a. s. við minni hraða. Ef yfirstærð af vélum eru settar um borð í skip segir sig sjálft að óskynsamlegt er að keyra út hestöfl umfram það sem nauðsynlegt er til að ná viðunandi ferð. Setjum svo að 10 mílna ferð sé viðunandi í framangreindu dæmi. Þá kostar aukning í ferð upp í 11 mílur eða 10% aukning í olíunotkun rúm 63%."

Ég er ansi hræddur um að sums staðar þar sem of stórar vélar hafa verið settar í báta okkar sé mönnum ekki ljóst hve gífurlegur kostnaður er við slíka keyrslu báta eins og kannske stundum tíðkast. Ég les þennan kafla fyrst og fremst til að leggja áherslu á að slíkum upplýsingum sé komið á framfæri við útgerðarmenn okkar og sjómenn. Og raunar sýnist mér ljóst og það kemur fram í þessari skýrslu að úr þessu þarf að vinna frekar. En ég vil lýsa ánægju minni með það starf sem Fiskifélagið hefur unnið.

Í sambandi við fiskiskipin held ég að öllum hljóti að vera ljóst að stilling véla þar er ekki síður nauðsynleg en kynditækja í heimahúsum. Grunur minn er sá að þar sé víða pottur brotinn og væri hægt að koma við verulegum sparnaði með eðlilegri og nauðsynlegri stillingu aflvéla. Þess má geta að víðast hvar, ekki síst t. d. í nýju togurunum eru sérstakar vélar notaðar til upphitunar, en þar er mikill hiti afgangs frá aflvélum og vafalaust mætti koma þar við nokkurri hagkvæmni. Það skal hins vegar viðurkennt að þetta er ekki nema lítið brot af heildar olíu- og eldsneytisnotkun þessara aflmiklu og stóru fiskiskipa. Engu að síður eru þar þættir sem sjálfsagt er að skoða betur eins og neyðin ætti að kenna okkur með okkar skort á gjaldeyri.

Þarna hygg ég því að sé annar báttur sem vert er að skoða betur.

Þá koma bifreiðar. Eftir því hefur verið tekið að víða erlendis er lögð mikil áhersla á sparnað á þessu sviði með því að lækka ökuhraða. Enginn vafi er á því að þarna er hægt að fá nokkurn sparnað. Hins er þó að gæta, að ökuhraði hér er tiltölulega lágur og miklu lægri en almennt er á hraðbrautum og fullkomnum vegum erlendis. Jafnframt eru nútímavélar í bifreiðum gerðar fyrir það mikinn hraða að þeir menn, sem ég hef rætt við um þetta atriði, hafa efast um að til verulegs sparnaðar yrði að lækka hér ökuhraða frá því sem hann er, þ. e. leyfilegan ökuhraða. Hann er tiltölulega lágur. Þó er þetta vissulega atriði sem vert er að skoða.

Ég hef nú rakið þá meginþætti sem hér er um að ræða. Nefna mætti fjölmarga smærri þætti og rétt er að margt smátt gerir eitt stórt. En ég vona að mér hafi tekist með því, sem ég hef nefnt að sýna fram á að um mjög verulegan sparnað getur orðið að ræða með skynsamlegri notkun eldsneytis með bættri stillingu, bæði hitatækja og véla, með réttri notkun kraftmikilla véla í fiskiskipum okkar, með réttri og eðlilegri upphitun húsnæðis og fleira hef ég talið. Hér er ekki um að ræða sparnað sem nemur nokkrum tugum millj., heldur um sparnað sem nemur hundruðum millj. og raunar sparnað, ef við leggjum saman hina ýmsu þætti, sem getur numið um eða yfir 1000 millj. kr. Hér er því um mjög mikilvægt mál að ræða.

Við flm. leggjum til að sérfræðingar verði fengnir til að skoða þetta mál. Þetta er sérfræðilegs eðlis og við eigum prýðissérfræðinga á þessu sviði. Þeir eru þegar farnir að fjalla um þessi mál og við leggjum til að ríkisstj. fái slíka menn til að hugleiða það mál og leggja fyrir ríkisstj. hið fyrsta till. um sparnað. Við teljum að svo mikil vitneskja sé fyrir hendi um marga þessa þætti að þetta starf þurfi ekki að vera langvinnt og viðamikið og geti niðurstöður a. m. k. um ýmsa þætti legið fyrir mjög fljótlega. Það eru ekki hugmyndir okkar að hér eigi að fylgja lagaboð, t. d. að menn skuli ekki hita hús sín nema í ákveðna gráðu, heldur fyrst og fremst að þetta eigi að vera upplýsingar fyrir almenning að breyta síðan eftir. Við teljum að það sé og hafi sýnt sig að það sé mikill vilji til þess að breyta rétt og stuðla að sparnaði á þessu sviði, enda er þetta orðinn ákaflega stór þáttur í kostnaði hverrar fjölskyldu, ekki síst á landsbyggðinni þar sem ekki nýtur upphitunar frá jarðhitasvæðum.

Að þessu mæltu vil ég, herra forseti, leggja til að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipunartími opinberra starfsmanna, þáltlil. (þskj. 345). — Ein umr.

Flm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 345 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi till.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka upp þá reglu við skipun háttsettra opinberra starfsmanna að skipunartími þeirra verði miðaður við 4—6 ár í senn. Ríkisstj. beiti sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum í samræmi við þessa ákvörðun."

Það þarf ekki að hafa miklar útskýringar fyrir þessari till. Hún er einföld og að ég tel öllum ljós. Meginregla við ráðningu opinberra starfsmanna er, eins og öllum er kunnugt, sú að skipan þeirra er óuppsegjanleg. Það eru til frávik frá þeirri reglu sem koma fram í l. nr. 38 frá 1954 og þar er um það að ræða að starfið sé lagt niður eða að starfsmenn fullnægi ekki almennum skilyrðum eða brjóti svo af sér í starfi að það sé refsivert og ekki lengur stætt á því að viðkomandi haldi starfinu áfram. Þessi meginregla á vissulega mikinn rétt á sér. Hún felur í sér mikið öryggi og skapar nokkra festu í allri opinberri stjórnsýslu og það er ekki lagt til að frá henni sé horfið sem meginreglu. Hún gildir einnig um æðstu embættismenn ríkisstofnana, opinberra stofnana, manna sem bera mikla ábyrgð og hafa áhrif og ráða miklu um gang mála, starfsemi og þjónustu og móta mjög stefnu og störf viðkomandi stofnana. Það hefur vissulega margvíslega kosti að þessir æðri embættismenn séu líka æviráðnir, skapar festu, öryggi og þeir öðlast reynslu í starfi. En á móti er sá galli að menn geta gerst værukærir og íhaldssamir þegar fram líða tímar og þeir hafa setið mjög lengi í einu og sama starfinu. Þess vegna er eðlilegt að sú krafa hafi komið upp í þjóðfélaginu að slíkir embættismenn tengdust að einhverju leyti aðhaldi utan að frá og væru háðir t. d. afstöðu og vilja almennings og lytu að ein-

hverju leyti lýðræðislegum leikreglum. Það þekkist að embættismenn séu kosnir eins og kjörnir fulltrúar á þjóðþingum og sveitarstjórnum og kemur auðvitað til álita að stíga það skref. Með því er ekki mælt í þessari till. og ég er ekki sjálfur meðmæltur því að það spor sé stigið, a. m. k. ekki að svo stöddu, enda ættu a. m. k. stjórnmálamenn að geta ráðið nokkru um það hvernig embættismenn haga sínum störfum þegar þeir eru kjörnir yfirmenn hinna ýmsu ríkisstofnana sem ráðh. og með pólitísk völd.

Engu að síður, enda þótt það sé ekki gengið alla þá leið að kjósa embættismenn, þykir eðlilegt að einhverjar takmarkanir séu teknar upp við ráðningu æðstu embættismanna. Röksemdir eru allmargar fyrir því. Það mætti nefna þá almennu röksemd að ríkisstofnanir, opinberar stofnanir, hafa mjög vaxið að umfangi og áhrifum í seinni tíð og virðist sú þróun ætla að halda áfram. Það er auðvitað óhjákvæmileg afleiðing af slíkum vexti þessara stofnana að þeir forstjórar eða embættismenn, sem stjórna þeim, fái þá aukin völd í sínar hendur og viss hætta er í því fólgin fyrir lýðræðið og áhrif almennings í landinu. Þess vegna er þetta röksemd fyrir þessari till. því að hún spornar við óeðlilegum áhrifum embættismanna hvað þetta snertir.

Þá má nefna þá röksemd að það er í sjálfu sér óeðlileg regla, að menn séu ráðnir til lífstíðar í eitt eða annað starf. Það hlýtur að vera eðlilegt að keppa að því og hafa þá meginreglu við ráðningar starfsmanna, hvort sem þeir eru opinberir starfsmenn eða hjá frjálsum atvinnufyrirtækjum, að þeir sem ráða hafi nokkra möguleika til þess að segja upp fólki og ráða nýtt fólk ef sá sem ráðinn er reynist ekki sem skyldi. Með slíkri reglu, að binda ráðningar við ákveðinn tíma, skapast vissulega meira svigrúm. Þá ætti að verða nokkur endurnýjun meðal áhrifamikilla embættismanna og það ætti að koma í veg fyrir stöðnun, íhaldsemi og kannske nokkurt ráðríki eins og stundum vill bregða við. Síðast en ekki síst er auðvitað hér um að ræða allverulegt aðhald fyrir þá menn sem ráðnir eru og ég held að það sé þeim sjálfum fyrir bestu.

Þessi regla hefur verið tekin upp varðandi einstakar stöður hér á landi. Það má nefna stöðuveitingar hjá Ríkisútvarpi og ég man eftir í augnablikinu stöðu þjóðleikhússtjóra og sjálfsagt mætti nefna fleiri dæmi þar sem þetta hefur verið tekið upp og ekkert verið fundið athugavert við nema síður væri.

Um það má deila hversu mörg störf skuli falla undir þessa reglu ef hún verður notuð. Það er tekið fram í grg. að hafðir séu í huga embættismenn eins og ráðuneytisstjórar, forstjórar stofnana, deildarstjórar og önnur hliðstæð embætti. Þetta atriði verður að skoða betur og átta sig vel á því hve langt niður stigann skal fara og skal ég ekki fullyrða neitt í því sambandi á þessu stigi málsins.

Enn fremur má líka deila um það hversu langur ráðningartíminn, starfstíminn skal vera. Það eru nefnd í till. 4—6 ár. Þykir það eðlilegur tími til að komast vel inn í starfið og móta það og hafa nokkur áhrif, koma á framfæri í starfinu sem viðkomandi býr yfir, þannig að hann sé þeim sjónarmiðum og skoðunum og þeim krafti inn að móta stofnunina eftir sínu höfði á þessum tíma, og þá er komið í ljós hvernig viðkomandi hafi reynst í starfinu.

Ég minni á að það er hugmyndin að enda þótt menn séu ráðnir til svo skamms tíma, 4—6 ára eða lengri tíma eftir atvikum, þá séu möguleikar á því að endurráða viðkomandi. Ekkert er því til fyrirstöðu að þeir séu endurráðnir ef þeir hafa staðið sig vel og reynst nýtir embættismenn. Ég held að það geti reynst hvatning fyrir embættismennina að vita af þessu og hafa það aðhald að starfið sé uppsegjanlegt, þannig að það ætti að koma ekki aðeins þeim sjálfum til góðs og þeim sem ræður viðkomandi heldur líka stofnuninni sjálfri.

Enda þótt till. geri ráð fyrir því, að ríkisstj. sé falið að taka upp þessa reglu við skipun háttsettra opinberra starfsmanna eins og segir í till. þá hygg ég að hér sé ekki um flokkspólitískt mál að ræða. Þetta mál hefur verið nokkuð til umr. í þjóðfélaginu frá einum tíma til annars, og mér hefur sýnst að undir þessa hugmynd hafi tekið menn úr öllum stjórnmálaflokkum og það sé almenn tilhneiging til að hneigjast að þessari reglu. Hins vegar er eðlilegt að ríkisstj. hafi um það forustu og beiti sér fyrir því að breyta lögum í samræmi við þessa reglu ef hún er á annað borð tekin upp.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg fleiri orð um þessa till. Eins og ég sagði hér í upphafi, þá er hún ákaflega einföld og tilgangur hennar ljós. Ég er sannfærður um að þetta sé æskilegt og heppilegt fyrir þjóðfélagið, fyrir viðkomandi stofnanir og fyrir embættismenn þá er skipa svo háar stöður. Það má vel vera nauðsynlegt að endurskoða kjör þeirra á sama tíma, enda sjálfsagt mál að greiða þeim mönnum kannske betur fyrir slík störf ef þeir eru ráðnir til skamms tíma, þar sem þeir missa þá öryggið sem felst í því að vera æviráðnir. En ég held að það mundi endurgreiðast margfalt aftur með meiri nýtni og betri starfskröftum þegar til lengdar lætur.

Það ætti að vera óþarft að taka fram að þessi regla er ekki hugsuð á þann hátt að hún nái yfir þá embættismenn, sem nú sitja að störfum. Það verður að taka hana upp smám saman eftir því sem nýjar stöður opnast, enda held ég að það sé óframkvæmanlegt að breyta þeim samningum sem nú þegar eru í gildi gagnvart þeim embættismönnum sem í störfum eru nú.

Ég legg til að lokum, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heilsuræktar- og útivistarmiðstöð á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 381). — Ein umr.

Flm. (Heimir Hannesson): Herra forseti. Á þskj. 381 hef ég ásamt hv. þm. Ingvari Gíslasyni lagt fram till. til þál. um heilsuræktar- oð útivistarmiðstöðva á Norðurlandi. Till. er eftirfarandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að vinna að því að koma á fót heilsuræktar- og útivistarmiðstöð á Norðurlandi. Haft verði náið samráð við landshlutasamtök norðlendinga og bæjar- og sveitarfélög á Norðurlandi. Jafnframt felur Alþ. ríkisstj. að kanna hið fyrsta leiðir til að afla fjármagns til nauðsynlegra framkvæmda samhliða sérfræðilegri athugun málsins.“

Þessi þáltill þarf út af fyrir sig ekki sérstakrar langrar grg. við fram yfir það sem segir í þeirri grg. sem fylgir henni. Ég vil þó fara um hana nokkrum orðum þar sem er um að ræða þau meginsjónarmið sem að baki henni liggja.

Ég held að það þurfi ekki að fara um það mörgum orðum að það er mjög vaxandi skilningur á því bæði hér á Íslandi og úti í hinum stóra heimi að jafnframt vaxandi önnum hins daglega lífs og auknum hraða nútímalífsins, samfara margumtalaðri streitu hins daglega lífs, þá sé sífellt að aukast skilningur manna hérlendis sem erlendis á nauðsyn þess að sem flestir geti átt þess kost að njóta hvíldar og heilsuræktar. Ég held að mönnum sé að verða sú staðreynd ljós að hvildin ein sé kannske ekki alveg nóg þó að góð sé heldur þurfi margt fleira að koma til og menn eru smám saman að leita að eins konar millileið í þessum efnum, eins konar samblandi á milli sjúkrahúss og hótels sem kallað er heilsuhæli eða heilsuræktarmiðstöð. Og eins og menn þekkja er þetta að verða æ algengara erlendis, bæði til notkunar fyrir þá, sem í þeim löndum búa, og eins þá gesti úr ýmsum löndum sem þessi lönd heimsækja. Á þann hátt hefur þetta tengst á vissan hátt ferða- og samgöngumálum og þess vegna er það m. a. tengt saman í þessari þáltill. þó að það sé að sjálfsögðu ekki neitt skilyrði og þarfnast nánari athugunar. Ein meginástæðan fyrir því, að í þessari þáltill. er þetta tengt ákveðnum till. um uppbyggingu og þróun ferðamála, er sú einfalda staðreynd að það er þegar fyrir hendi allnákvæm áætlun um þróun íslenskra ferðamála fram til ársins 1980 þar sem þessi þáttur er mjög veigamikill og fyrir liggja allvel unnar till. um framkvæmdahliðina jafnt sem fjármagnshlið þessara mála. Þess vegna liggur í augum uppi að það er mjög auðvelt að kanna þessi mál í samhengi þó að það sé hins vegar ekki verið að gera um það till. að það þurfi endilega að tengjast saman.

Ég held að í þessu sambandi sé rétt að vekja athygli á því að það, sem er á bak við tilgang þessarar þáltill., á annars vegar við þá, sem af ýmsum ástæðum þurfa á ýmiss konar endurhæfingu og heilsurækt að halda, og hins vegar um að ræða fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir að menn með fulla heilsu fái einhverja þá sjúkdóma sem geta orðið þeim til trafala síðar á lífsleiðinni þannig að að því leyti yrði hér um að ræða fyrirbyggjandi aðgerðir. Í þessum tilvikum báðum gæti þessi aðstaða tengst þeirri þjónustu sem ég vakti athygli á áðan og erlendir sérfræðingar hafa gert till. um. En að sjálfsögðu þarf ekki að gera það og fer eftir vilja og ákvörðun þeirra aðila sem um þetta fjalla þ. e. a. s. ríkisstj. og viðkomandi sveitarfélaga.

Ég held að það sé öllum mönnum ljóst og áreiðanlega hv. þm. að hér á landi er mjög brýn þörf á stórauknum átökum í þessum málum. Það er alkunna að sú virðingarverða starfsemi, sem þegar á sér stað í Hveragerði, annar ekki á neinn hátt þeirri miklu eftirspurn sem hér ríkir og sama máli gegnir um starfsemina að Reykjalundi þar sem mér skilst að sé þegar langur biðlisti. Hins vegar hefur verið komið á fót virðingarverðri starfsemi á höfuðborgarsvæðinu sem má flokka undir heilsuræktarstarfsemi, að vísu í mjög smáum stíl. En af eðlilegum ástæðum er þessi starfsemi fyrst og fremst tengd íbúum höfuðborgarsvæðisins, eins og eðlilegt er, og gegnir vissulega mjög mikilvægu hlutverki. En eins og ég segi er hér um mjög lítla og takmarkaða starfsemi að ræða og ekki neinar samræmdar aðgerðir. Því liggur það í augum uppi að í sambandi við þessi mál ríkir mjög alvarleg þjóðfélagsleg mismunun sem er á þá leið að þessi starfsemi, sem hér er við lýði, er fyrst og fremst fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og fyrir þá fáu sem fá að njóta þeirrar aðstöðu sem er fyrir hendi í Hveragerði og Reykjalundi. Því er gerð um það till. hér á hv. Alþ. að hæstv. ríkisstj. athugi mjög gaumgæfilega hið fyrsta að það verði kannað að komið verði á fót heilsuræktar- og útivistarmiðstöð á Norðurlandi í tengslum við það þéttbýli sem þar er, sem mundi í senn gegna því landssvæði og miðað við stærðargráðu framkvæmdarinnar gæti væntanlega tengst og verið þjónustustarfsemi fyrir landið allt.

Í þessu sambandi er rétt að minna á eins og rakið er í grg. þessarar þáltill. að í allmörg ár hefur verið unnið að því að koma á fót heilsuhæli í nágrenni Akureyrar og er fyrirhugað að framkvæmdir hefjist á þessu ár. Hér er um að ræða samtök áhugamanna eða Náttúrulækningafélag Íslands og félagsdeildir þess, fyrst og fremst norðanlands, og hefur málinu þokað þannig að þegar er búið að úthluta þessum samtökum lóð við Skjaldarvík skammt fyrir norðan Akureyri. En þrátt fyrir mjög mikinn áhuga og ötula fjársöfnun þessa litla áhugamannahóps og með stuðningi heildarsamtakanna eru framkvæmdir ekki hafnar, en munu hefjast á árinu. Fjármagn er mjög af skornum skammti, þannig að það er því miður borin von að þessu miði nokkuð áleiðis sem heitið getur nema annað komi til.

Í framhaldi af því sem sagt var hér áðan um að tengja þetta við uppbyggingu ferðamálanna, þá er þess að geta að erlendir sérfræðingar á vegum Sameinuðu þjóðanna og opinberra aðila hafa unnið að þróunaráætlun ferða- og samgöngumála á Íslandi í samráði og samvinnu við samgrn. Þessari athugun er ekki lokið, en mér skilst að till. verði skilað fljótlega, eftir nokkrar vikur. En þegar síðustu till. sáu dagsins ljós voru kynnt nokkur þróunarsvið sem voru valin af ríkisstj. á þeim tíma til sérstakrar athugunar fyrir þessa erlendu sérfræðinga og fyrir þá innlendu sérfræðinga sem með þeim unnu. Þessi þróunarsvið voru: skíðasvæði, vötn, ár og sjór til fiskveiða, ráðstefnu- og fundaraðstaða og jarðhiti til heilsuræktar. Það var meginsjónarmið hinna erlendu sérfræðinga og ég býst við að það hafi verið að höfðu samráði við samgrn. á þeim tíma að því var lýst yfir sem meginmarkmiði að öll hugsanleg fjárfesting í sambandi við ofangreind þróunarsvið yrði við það miðuð að þjóna ekki síður íslendingum sjálfum um leið og

styrktar væru stoðir innlendra ferða- og samgönguþjónustu. Ekki síst með þetta sjónarmið og þetta markmið að leiðarljósi sameina hinir erlendu sérfræðingar tvö ofangreind þróunarsvið sem reifuð eru í hinni erlendu skýrslu. Þar er reifuð allítarlega hugmynd um það sem þeir kalla ferðamannamiðstöð, en gæti í rauninni heitið hvaða nafni sem er, sem — með leyfi forseta: „tengdi Ísland við náttúruauðlindir sínar þar sem fram gæti farið margvísleg starfsemi, m. a. í einangruðu samfélagi yfirbyggðra garða og húsa sem byggðust á nýtingu jarðhita. Í slíkri miðstöð er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir fólk sem hefur áhuga fyrir einum eða öllum þáttum starfseminnar: skíðaiðkunum, fiskveiðum, ráðstefnum eða heilsurækt. Reksturinn byggðist á því að heilsuræktaraðstaðan sé rekin allt árið, íslendingar noti skíðaaðstöðuna að vetrinum, ráðstefnur séu vor og haust og almennir ferðamenn, væntanlega innlendir sem erlendir, yfir sumarmánuðina."

Á þessu stigi er ekki gerð nein endanleg till. um staðarval, en í þessari grg. er reifuð hugmynd um staðarval við Botnssúlur sem reyndar skv. síðari reifun málsins fluttist að Kleifarvatni, m. a. vegna nábýlisins við Reykjavík. Mér er hins vegar kunnugt um að fleiri valkostir voru ræddir í ofangreindri skýrslu, m. a. ákveðnir staðir á Norðurlandi, þannig að hér er ekki um neinar endanlegar till. að ræða. Ég vil sérstaklega fagna því í þessu sambandi að hæstv. samgrh., sem hér mun reyndar ekki viðstaddur, lýsti því yfir sem sinni skoðun að hann hafnaði því staðarvali sem gert var ráð fyrir við Kleifarvatn. Í þessum hugmyndum var gert ráð fyrir fjárfestingum upp á, ef ég man rétt, rúma 3 milljarða kr. skv. þáv. gengi og var gert ráð fyrir því að rúmlega 90% af þeirri fjárfestingu færu í framkvæmdir hér á Suðurlandi, á Faxaflóasvæðinu.

Við flm. þessarar till. erum mjög ósammála þessum hugmyndum hinna erlendu sérfræðinga þó að þær séu ekki endanlegar, eins og fram var tekið, og auðvitað er ljóst að allar endanlegar ákvarðanir í þessu sambandi sem í öðru eru í höndum íslendinga sjálfra. En þó er það okkar skoðun að hér sé hreyft athyglisverðum hugmyndum sem kanna þurfi nánar. Við teljum útilokað að jafnstór hundraðshluti komi til ráðstöfunar á tiltölulega litlu landssvæði hér og aðrir hlutar landsins komi ekki til athugunar í þessu sambandi, enda trúi ég því varla að nokkrum detti það í hug í alvöru. Það er skoðun flm. að bæði frá sjónarmiði byggðastefnu og frá hreinum hagkvæmnisástæðum, m. a. vegna hinnar brýnu þarfar á heilsuræktaraðstöðu utan þéttbýlissvæðisins sem rakin var hér að framan, þurfi að kanna vandlega hvort ekki sé grundvöllur fyrir því að koma á fót þessari heilsurækt- og útivistaraðstöðu á Norðurlandi sem bætti úr mjög brýnni þörf fyrir norðlendinga og raunar landsmenn alla. Það verður síðan að vera framkvæmdaratriði og athugunaratriði hjá hæstv. ríkisstj. hvort þessi framkvæmd verður í tengslum við tillögur hinna erlendu sérfræðinga eða hvort aðrar sjálfstæðar leiðir verða farnar í þessum efnum. Það er framkvæmdar- og ákvörðunaratriði, en ástæðan fyrir því, að þetta er svo nátengt saman í okkar hugmyndum, er sú að hinir erlendu sérfræðingar hafa komið fram með mjög athyglisverðar till. um fjármagnsútvegun sem sannarlega veitir ekki af á þessum erfiðleikatímum í fjármálum. Þessar tillögur um fjármagnsathuganir eru þess efnis að ég held að þurfi að gefa þeim mjög gaum, einmitt í þessu sérstaka sambandi, enda er lögð áhersla á það í upphafi þessarar þáltill. að ríkisstj. kanni þessar sérstöku leiðir hið fyrsta, hvaða leiðir eru framkvæmanlegar í sambandi við þessar framkvæmdir.

Það eru ekki gerðar neinar ákveðnar till. um sérstakt staðarval á Norðurlandi, enda er það skoðun okkar að áður en það kemur alvarlega til athugunar þurfi að fara fram sérfræðileg athugun á aðstæðum á ýmsum þeim stöðum sem helst koma til greina. Þó er það skoðun okkar að við fyrstu sýn komi Akureyri eða nágrenni Akureyrar mjög til greina sem fyrsti valkostur í þessum efnum vegna þess að nú þegar eru fyrir hendi mörg þau skilyrði sem uppfylla þarf og að mörgu leyti hin ákjósanlegasta aðstaða. Í því sambandi er þess fyrst að geta, eins og fram kom áðan að nú eru að hefjast framkvæmdir á heilsuræktarmálum á vegum þeirra samtaka sem minnst var á hér áðan og samningar hafa m. a. þegar verið gerðir eða eru á lokastigi um hitavatnsréttindi. Lóð hefur verið úthlutað o. s. frv. Eins og kunnugt er er Akureyri miðstöð vetraríþrótta og umræddra heilsuræktar- og útivistarmiðstöð mætti mjög tengja þeirri starfsemi og gætu þær styrkt hvor aðra. Það mætti vel hugsa sér að með tiltölulega litlum kostnaði mætti koma upp nýjum lyftu- og togbrautarbúnaði í Hlíðarfjalli sem mundu mjög verulega lengja skíðatímann fram á vor og jafnvel fram á sumar. Um þetta hafa þegar verið gerðar till. af bæjaryfirvöldum og íþróttayfirvöldum á Akureyri og slík framkvæmd gæti mjög vel tengst þessum sérstöku framkvæmdum, sem hér eru gerðar að umtalsefni. Á Akureyri og í nágrenni er auk þess hin ákjósanlegasta aðstaða til útilífsiðkana, svo sem fjallgangna, sjóstangveiði, hestaferða og þannig mætti lengi telja. Auk þess er, eins og allir vita, þegar fyrir hendi mjög fjölbreytt þjónusta sem þarf að vera á slíkum stað, svo sem samgöngur, læknisþjónusta, ýmiss konar ferðaþjónusta og sérfræðileg aðstoð sem ýmsir minni staðir hafa ekki upp á að bjóða, a. m. k. ekki enn sem komið er. Þar að auki er Akureyri miðsvæðis á Norðurlandi og tengist samgöngum í allar áttir í landi og lofti og í austur og vestur á sjó.

Þess ber þó að geta að Akureyri er að því leyti verr sett en aðrir staðir á Norðurlandi að bærinn hefur ekki greiðar aðgang að heitu vatni sem er vissulega ein mikilvæg forsenda allra framkvæmda í þessum málum, og eru aðrir staðir á Norðurlandi, sem þar hafa mun betri aðgang, m. a. margir staðir í Þingeyjarsýslu og í Skagafirði. Þess vegna dettur okkur ekki í hug að halda því fram að einn staður sé frekar kjörinn en annar í þessum efnum, heldur vil ég leggja áherslu á að áður en ákvörðun yrði tekin í þessum efnum færi fram vandleg könnun á öllum aðstæðum og kringumstæðum í þessum málum. Það skiptir mestu máli, að skoðun okkar flm., að hið opinbera hefjist sem fyrst handa í þessum efnum í samvinnu við alla hlutaðeigandi aðila, t. d. sveitarfélög á Norðurlandi, sveitar- og bæjarfélög, félög áhugamanna, áhugamannasamtök í heilsuræktar- og íþróttamálum og slíkur undir-

búningur fari í gang skv. frumkvæði og forgöngu ríkisstj. samhliða þeirri fjármagnsathugun sem gerð var að umtalsefni hér að framan.

Við teljum að hér eigi alls ekki að ríkja nokkur hreppapólitík eða héraðarígur heldur verði ákvörðun um staðarval að byggjast á hlutlausu mati sérfræðinga, innlendra sem erlendra. Ég býst við að margir staðir í Þingeyjarsýslu gætu mjög vel komið til greina í þessu sambandi, m. a. vegna aðgangs að heitu vatni, einstakrar náttúrufegurðar, sérstakrar veiðiaðstöðu í ám og vötnum o. s. frv.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu öllu lengri. Ég vil leggja áherslu á að þar sem mjög mikla undirbúningsvinnu þarf að inna af hendi áður en lokaákvörðun er tekin í þessu mikilvæga máli, væri æskilegt að hæstv. ríkisstj. hraðaði afgreiðslu málsins eftir því sem tök eru á, ef hinu háa Alþ. líst þannig á þetta mál að það nái fram að ganga.

Að lokum legg ég til að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 4. apríl.

Atvinnuleysistryggingasjóður.

Skriflegt svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Guðmundar H. Garðarssonar um Atvinnuleysistryggingasjóð á þskj. 385, afhent þm. 4. apríl.

SKRÁ

um samanlagðar fjárhæðir lána, sem veitt voru úr Atvinnuleysistryggingasjóði í hvert kjördæmi landsins á árunum 1972, 1973 og 1974, svo og til stofnana, sem ná til alls landsins. (Þúsundir kr.)

Tala	Kjördæmi	Lánveitingar 1972	1973	1974	Samtals
1.	Reykjavíkurkjördæmi	31 970	46 200	36 000	114 170
2.	Vesturlandskjördæmi	3 000	12 160	4 800	19 960
3.	Vestfjarðakjördæmi	6 500	8 500	15 000	30 000
4.	Norðurlandskjördæmi vestra	9 700	14 000	1 000	24 700
5.	Norðurlandskjördæmi eystra	32 750	28 800	11 000	72 550
6.	Austurlandskjördæmi	21 850	16 500	8 000	46 350
7.	Suðurlandskjördæmi	1 800	3 000	500	5 300
8.	Reykjaneskjördæmi	10 850	27 400	8 000	46 250
9.	Landið allt	217 200	218 550	333 500	769 250
	Samtals	335 620	375 110	417 800	1 128 530

Athugasemdir: Allt landið: Íbúðalán 634 500, hafnalán 110 000, orlofsheimili 18 750, Lánasjóður námsmanna 6 000. Á þessum árum var greiddur styrkur til Viðlagasjóðs vegna jarðelda í Vestmannaeyjum, að fjárhæð kr. 160 000 000.00.

Efri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 7. apríl, kl. 2 miðdegis.

Landgræðsla, frv. (þskj. 403). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 403 er frv. til l. um breyt. á l. um landgræðslu. Þetta frv. er eitt af þeim frv. sem landgræðslu- og landnýtingarnefndin samdi er hún var að störfum, en hún var, svo sem kunnugt er, sett á stofn með ákvörðun ráðh. 30. nóv. 1971. Hennar stærsta verkefni var landgræðsluáætlunin sem afgr. var á hátíðarfundi á Alþ. 28. júlí s. l. með svokallaðri þjóðargjöf. En auk þess sem hún samdi þá till., þá samdi hún einnig þrjú frv., sem hafa verið lögð fram fyrir Alþ. og eru tvö á dagskrá þessarar hv. d. að þessu sinni og þriðja er aftur á móti í hv. Nd.

Í frv., sem hér liggur fyrir, er ekki um veigamiklar breyt. að ræða á l. um landgræðslu, sem eru nr. 17 frá 1965, heldur er hér um að ræða að stuðst er við þá reynslu sem fengin er síðan þau lög voru samþ., og svo eru þar að auki tekin upp þau ákvæði sem leiðir af landgræðsluáætluninni og eru í tengslum við hana.

Lagt er til með þessu frv. að kveðið sé á skýrara en verið hefur um hlutverk Landgræðslunnar um að hafa eftirlit með meðferð og notkun gróðurlendis. Hlutverk landgræðslunnar hefur verið þríþætt, þ. e. fyrst og fremst hefting sandfoks og græðsla gróðurlausra eða gróðurlítilla landssvæða, í öðru lagi gróðurvernd sem stuðli að eflingu gróðurs til að auka mótstöðuafl lands gegn eyðingu og í þriðja lagi gróðureftirlit, þ. e. að fylgjast með notkun gróðurs og vinna gegn ofnotkun. Auk þessa eru ákveðnari ákvæði um gróðurverndarnefndir. Þær skulu nú starfa í hverri sýslu. Þær eru nú meira tengdar fjallskilayfirvöldum en áður hefur verið og ákveðin eru um það hvernig Landgræðslan tekur þátt í stöðvun uppblásturs, gróðurverndarráðstöfunar þegar um er að ræða land í eigu einstaklinga eða sveitarfélaga. Þetta er gert skýrara og því er stuðningur bundinn ákveðnum mótframlögum ef Landgræðslan tekur að sér að koma í veg fyrir uppblástur eða vernda gróður á annan hátt.

Þetta eru breytingar sem teljast eðlilegar miðað við starfsemi Landgræðslunnar, starfsemi hennar hefur verið farsæl. En hér er ekki um neina stóra skipulagsbreytingu að ræða, heldur að kveða skýrar á um þau atriði, sem reynslan hefur sannað að nauðsyn beri til, miðað við þá auknu starfsemi sem Landgræðslan fær með þjóðargjöfinni sem ákveðin var 28. júlí s. l. Ég held að það muni vera óhætt að segja að það sé álit allra hv. alþm. að starfsemi þessarar stofnunar hafi tekist með ágætum. Því var eining um að fá henni aukin verkefni og meira eftirlit með lagafrv. þessu eins og það gerir nú ráð fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn., og vænti þess að n. taki málið til góðrar og skjótrar meðferðar svo að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Hefting landbrots, frv. 211. mál (þskj. 404). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í ræðu minni áðan er frv. það á þskj. 404, sem hér er til 1. umr., um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna einnig samið af landgræðslu- og landnýtingarnefnd. Um þessi ákvæði hafa ekki verið sérstök lög áður að undanteknu því, sem er um þau fjallað í vatnalögum frá árinu 1923. Það hafa að vísu verið sett lög um ákveðnar fyrirhleðslur svo sem um fyrirhleðslu Þverár og Markafljóts árið 1932 og um fyrirhleðslu á Héraðsvötnum 1945, og fleiri ákvæði munu ganga í þessa átt í löggjöf. Hins vegar hefur ríkið veitt árlega ákveðnar fjárhæðir til þessara verkefna og hefur það verið gert við afgreiðslu fjárl. hverju sinni og hefur þá verið stuðst við það að vegamálastjóri hefur verið ráðunautur ríkisins um þessar framkvæmdir og gert athugun á þeim að miklu leyti, um réttmæti þeirra till. um fjárveitingu hverju sinni. Með þessu lagafrv. er stefnt að því að koma þessum málum í fast form og að fylgst verði með þeim á skipulegan hátt, svo að ekki þurfi að vera um handahófskenndar framkvæmdir að ræða eins og gat átt sér stað skv. því formi sem áður gilti.

Í hverju héraði yrði tveimur mönnum falið að fylgjast með þessu, um landskemmdir af völdum vatna. Hér væri um að ræða héraðsráðuneyti í jarðrækt og umdæmisverkfræðing Vegagerðar ríkisins. Það er talið eðlilegt að þessir tveir aðilar verði matsmenn í þessu sambandi og er það byggt bæði á þekkingu þeirra og kunnugleika.

Samkvæmt því yfirliti, sem landgræðsluáætlunin byggði á, mun vera eitthvað um það í flestum héruðum landsins að um fyrirhleðslu sé að ræða, þó að það sé mismikið. Talið er að 40 vatnsföll valdi verulegu tjóni ef ekkert hefði verið að gert, og á fjárl. 1975 er varið 25 millj. kr. til fyrirhleðslna og er það á 65 stöðum.

Þetta eru aðalatriði þessa frv., að gera ráð fyrir því að sett verði löggjöf um framkvæmd á þessum atriðum, og má um það segja eins og við fyrra frv. sem ég talaði fyrir áðan, að það er afleiðing þeirrar stefnumörkunar um landvernd, landgræðslu og landnýtingu, sem mörkuð var með stofnun nefndarinnar í nóv. 1971 og starfi hennar þar um. Þess vegna eru þessi frv. fram borin, í þessu tilfelli til að koma í veg fyrir að vatnið geti eyðilagt það, sem fyrirbyggt er með öðrum hætti, og nauðsyn ber til að heildaraðgerð verði gerð í þessum efnum.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum, því að það liggur ljóst fyrir. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Fjölbrautaskóli á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 362). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 362 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um fjölbrautaskóla á Norðurlandi vestra.

Með fjölbrautaskóla er, eins og kunnugt er, átt við skóla sem sameinar í skipulagi sínu og samræmir ýmsar tegundir framhaldsskólafræðslu, sem nú er stunduð í ýmsum sérgreindum skólum, t. d. í menntaskólum, verslunarskólum, iðnskólum, vélskólum, fiskvinnsluskólum, húsmæðraskólum, búnaðarskólum og tónlistarskólum eða handíðaskólum. Fordæmi er þegar fengið með l. um fjölbrautaskóla í Reykjavík, l. nr. 14/1973, en eins og fram kemur í heiti laganna eru þau fyrst og fremst miðuð við stofnun tilraunaskóla í Reykjavík. Hins vegar hefur þessi nýja skipan skólamála enn ekki verið útfærð á landsmælikvarða, enda þótt síðar hafi verið sett inn í lögin heimild, nánar tiltekið í 6. gr. fyrrnefndra laga, til að stofna víðar slíka skóla. Ástæðan til þess, að engin hreyfing hefur verið í þá átt, eru vafalaust ákvæði laganna um kostnaðarskiptingu við stofnun og rekstur slíks skóla, en ákvæðin gera ráð fyrir því að ríkið greiði 60% kostnaðar, en heimaaðilar 40%, á sama tíma og ríkið greiðir hins vegar allan kostnað við stofnun og rekstur menntaskóla yfirleitt. Þetta ákvæði er að sjálfsögðu algerlega óraunhæft og veldur því að ekki hefur verið vilji fyrir hendi úti á landi til þess að reyna þessa leið á grundvelli viðkomandi laga.

Ljóst er, að meðan enn hefur ekki verið ráðin bót á þessu atriði og stefna tekin í þá átt að fjölbrautaskólar verði byggðir um land allt, þá er ekki mikil von til þess að skólamál í einu af minni kjördæmum landsins verði skipulögð á þennan veg. En ég vil leggja á það áherslu að flutningur þessa máls verður að skoðast í tengslum við aðrar þáltill. sem ég hef leyft mér að flytja ásamt Helga F. Seljan, en hún gerir einmitt ráð fyrir því að mál þessi verði skoðuð á landsmælikvarða og ríkisstj. falið að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. að löggjöf um skólaskipan á framhaldsskólastigi og verði megintilgangur frv. að leggja grundvöll að samræmdum framhaldsskóla o. s. frv. Það er hins vegar tilgangur þessarar till. að minna á að sérstaklega stendur á á Norðurl. v. Ég get leyft mér að fullyrða, að í engu öðru kjördæmi landsins er uppbyggingarstarf fræðslumála á framhaldsskólastigi jafnskammt á veg komið og einmitt á Norðurl. v. Þessari fullyrðingu til sönnunar vil ég leyfa mér að benda á að í öllum öðrum kjördæmum er menntaskólanám ýmist stundað eða a. m. k. í undirbúningi. Í Reykjavík, á Reykjanesi, Suðurlandi, Vestfjörðum og Norðurl. e. eru nú starfandi menntaskólar og á Austfjörðum er í undirbúningi menntaskóli á Egilsstöðum, á Vesturlandi er farið að kenna 3. bekk menntaskóla í gagnfræðadeildinni á Akranesi og einnig er uppi mikil uppbygging í því kjördæmi í Reykholti sem stefnir hugsanlega að því marki að þar verði framhaldsskóli á menntaskólastigi einhvern tíma síðar meir. En sem sagt, eina kjördæmið á landinu, þar sem ekki er nein hreyfing í þessa átt og enginn menntaskóli til staðar, er Norðurl. v. Í öðru lagi má á það benda, að á fjárl. er veitt fé til iðnskólabyggingar í öllum kjördæmum öðrum en á Norðurl. v. Það er sem sagt tilgangur þessarar till. að minna á það, að enda þótt ekki sé unnt að stunda nám, er leiðir til stúdentsprófs, á Norðurl. v. er full ástæða til að svo verði í framtíðinni. Till. er sem sagt flutt til að vekja athygli skólayfirvalda og heimamanna á nauðsyn þess að unnið sé að þessu markmiði á skipulegan hátt.

Ég er þeirrar skoðunar að skólastarf á framhaldsskólastigi eigi að færast heim í héruðin í miklu ríkari mæli en nú er. Fyrir Norðurl. v. þar sem hvort eð er þarf að byrja svo að segja frá grunni, liggur beinast við að ekki verði um að ræða menntaskólanám með hefðbundnu sniði, heldur verði stefnt að alhliða fjölbrautanámi sem verði skipulagt á svæðinu öllu sem einni heild.

Í till. er ráð fyrir því gert, að skólastarfið verði byggt upp í 3 fjölmennustu þéttbýlisstöðum kjördæmisins, í Siglufirði, á Sauðárkróki og Blönduósi. Eins og þar segir skal að því stefnt, að flestar námsbrautir framhaldsskólastigsins verði stundaðar á a. m. k. einum af þessum þremur stöðum. Eins og hér kemur fram, er í þessari till. gert ráð fyrir mikilli verkaskiptingu milli þessara þriggja skólastaða. Í till. er gert ráð fyrir 5 námsbautum: 1) Bóknámsbraut. 2) Iðn- og tæknibraut. 3) Viðskipta- og verslunarbraut. 4) Námsbraut í heimilisfræðum, bústjórn og búfræði. 5) Námsbraut á sviði lista. Gert er ráð fyrir því að yfirleitt séu þessar námsbrautir ekki stundaðar nema á tveimur af þessum þremur stöðum, en þó er gert ráð fyrir því að ákveðnir undirstöðuþættir bóknáms verði á öllum þremur stöðunum. Iðn- og tæknibraut skiptist hins vegar milli skólastaða eftir því sem hagkvæmast þykir, og er þá gert ráð fyrir því að sjómennska, matvælatækni, vélstjóranám og annað það iðn- og tæknináms, sem tengdast er siglfirsku atvinnulífi, hafi aðsetur þar, en flestir aðrir þættir iðnfræðslunnar verði á Sauðárkróki eins og þegar hefur verið ákveðið. Er gert ráð fyrir því, að aðeins á einum staðnum verði fullkomið viðskipta- og verslunarnám, þ. e. a. s. fjögurra ára nám, en að slíkt nám verði þó hugsanlega á öðrum stað til tveggja ára. Undirbúningur að námsbrautum í heimilisfræðum, hússtjórn og búfræði gæti farið fram á öllum stöðunum, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að námið fari fram í búnaðar- og hússtjórnarskólum að Hólum í Hjaltadal, Löngumýri og á Blönduósi, og er sérstaklega bent á það, að þessar námsbrautir verði ekki lengur sem einangraðar blindgötur í skólakerfinu, heldur verði séð til þess að nemendur geti haldið áfram námi á framhaldsskólastiginu að þessum áfanga loknum.

Nú kann einhver að efast um að á Norðurl. v. séu nógu margir nemendur til að standa undir margbreytilegu námi fjölbrautaskólans. Þá er því til að svara, að aldursárgangar barna á Norðurl. v. eru svipaðir að stærð og á Vestfjörðum og Austurlandi, en í báðum þessum kjördæmum verða menntaskólar starfandi skv. ákvörðun Alþ. Með því hefur Alþ. viðurkennt

í reynd að sífelld samþjöppun framhaldsnáms á höfuðborgarsvæðinu sé óæskileg og í stað þess verði að byggja upp menntunaraðstöðu á framhaldsskólastigi í öllum kjördæmum landsins. Á s. l. skólaári voru að meðaltali um 218 börn í hverjum aldursárgangi barnaskólanna á Norðurl. v. Sett hefur verið fram spá um skólasókn unglinga að loknum grunnskóla og er þar um að ræða hámarksspá, sem vafalaust verður ekki að veruleika úti um land fyrr en að nokkrum árum liðnum. Miðað við þessa spá yrði nemendafjöldi á Norðurl. v. samtals á framhaldsskólastigi 556. Að öðru leyti vísa ég til grg. með till., þar sem ítarlegar og nánar er farið út í útreikninga á hugsanlegum nemendafjölda. En ég vil hins vegar benda á að þessi nemendafjöldi, sem ég hef nú nefnt, þ. e. a. s. 556 nemendur, er rétt um 64% af fjórum aldursárgöngum á barnaskólastigi kjördæmisins.

Til þess að átta sig betur á því hvort fyrrnefnd spá er raunhæf má geta þess, að á síðasta skólaári var nemendafjöldi á öllu landinu í skólum, sem samsvara munu væntanlegu framhaldsskólastigi þegar grunnskólalögin eru komin í framkvæmd, tæp 64% af fjórum aldursárgöngum barnaskólanna. Þá er að vísu meðtalið nám sem ekki getur orðið í fjölbrautaskólum úti um land, t. d. kennaranám, hjúkrunarnám eða efri bekkir tækniskóla, en að þessum skólum frádregnum er samsvarandi hlutfall tæp 57%. Má af því sjá að ekki virðist óraunhæft að með auknu framhaldsskólastarfi heima í héruðum muni 64% af 16—19 ára unglingum sækja þar skóla. Það verður að sjálfsögðu mikil breyting frá því sem nú er þegar 64% eða tæpir ⅔ unglinga í hverjum aldursárgangi sækja skóla í kjördæminu. Til samanburðar má nefna að málin standa þannig nú, að miðað við fjóra aldursárganga barnaskólanna sækir rúmlega fjórðungur nemenda eða 26% skóla á Norðurl. v. á hliðstæðu stigi og væntanlegur framhaldsskóli verður. Stærsti hópurinn er í 4. bekk gagnfræðaskólanna í kjördæminu, en 4. bekkur gagnfræðaskólanna á að hverfa eftir tilkomu grunnskólalaganna eins og kunnugt er og skapast af því einu allmikið vandamál að tryggja það að menn, sem vilja gjarnan sækja skóla einu ári lengur en grunnskólanum nemur, geti sótt þá skóla og væri að sjálfsögðu fráleitt að hrekja allt þetta fólk út úr kjördæminu, en það mundi vera ef hugmyndir af því tagi, sem hér er verið að reifa, yrðu ekki að veruleika. Í öðru lagi má nefna iðnskólann á Sauðárkróki, en þar eru um 70 nemendur, í deild vélskólans á Siglufirði eru 15, í húsmæðraskólanum á Löngumýri og á Blönduósi um 25 og í bændaskólanum að Hólum 36 nemendur eða alls 226 nemendur.

Þess má að lokum geta, að fyrir tveimur árum samþ. Alþ. þál. um stofnun fiskvinnsluskóla í Siglufirði, en hún hefur þó enn ekki komið til framkvæmda af einhverjum dularfullum ástæðum.

Eins og ég gat um áðan er nemendafjöldi á Vestfjörðum svipaður og á Norðurl. v., þ. e. a. s. 225 nemendur. En þar hefur nú þegar verið stofnaður menntaskóli og nemendur hans eru 150. Því til viðbótar kemur svo iðnskóli, deild vélskólans og deild tækniskólans auk 4. bekkjar og húsmæðraskólans á staðnum, en samtals eru þetta 311 nemendur.

Á Austfjörðum er í undirbúningi menntaskóli á Egilsstöðum, eins og ég hef áður nefnt, sem væntanlega verður hluti af fjölbrautaskóla á Austurlandi. Það er rétt að nefna það einnig, að á s. l. skólaári var nemendafjöldi á Austurlandi ekki fjarri því sem er í því kjördæmi sem hér er til umr., þ. e. a. s. um 250 nemendur, og nú er stefnt að því að stofna í þessu kjördæmi fjölbrautaskóla með nemendafjölda í kringum 638 manns og þar af yrðu um 390 í Neskaupstað, en 248 á Egilsstöðum. Vísa ég að öðru leyti til grg., þar sem ítarlegar er fjallað um þessi atriði.

Með hliðsjón af þessum tölulegu staðreyndum, sem ég hef hér nefnt virðist mér að það sé fullkomlega raunhæft, að slíkur skóli verði stofnaður í þessu kjördæmi einnig og að náminu verði skipt milli þriggja aðalskólastaða, sem yrðu á Siglufirði, Sauðárkróki og Blönduósi, en auk þess yrðu 50—60 nemendur við verklegt nám á Hólum og Löngumýri. Að sjálfsögðu segir það sig sjálft, að til þess að þessi tilhögun geti orðið að veruleika þarf verkaskipting að vera í góðu lagi og það þarf einnig góða skipulagningu. En á það er einmitt minnt í till., að því aðeins sé þessi dreifing á marga skólastaði möguleg, að kennslan verði ekki bundin í viðjar hefðbundinnar bekkjaskiptingar, heldur verði námstilhögun eins sveigjanleg og kostur er og byggð á áfangakerfi og stuttum námskeiðum.

Herra forseti. Um alllangt skeið hefur það verið ríkjandi tilhneiging í skólakerfi íslendinga að stefna að því að hafa skólana sem fæsta og þá um leið sem stærsta. Þetta hefur verið gert af sparnaðar- og hagkvæmnisástæðum. Mér er engin launung á því, að þessari till. er beinlínis stefnt gegn þessum hugsunarhætti. Fyrir því færi ég margþætt rök. Í fyrsta lagi eru uppeldisfræðilegir og félagslegir ókostir þess að safna saman mestöllu framhaldsskólanámi á örfáa staði í landinu svo augljósir að ekki þarf um að deila. Frá sjónarmiði byggðastefnu er mjög mikilvægt að reyna að halda unga fólkinu sem lengst í grennd við heimahéruð, í því að reynslan sýnir að því yngri sem unglingarnir neyðast til að hverfa að heiman til náms í öðrum landshlutum, þeim mun meiri eru líkurnar á því að þeir aðlagist endanlega nýju umhverfi og slitni úr tengslum við heimabyggð sína.

Í öðru lagi eru hin fjárhagslegu rök orðin allt önnur en áður var. Því valda gjörbreyttar samgöngur á síðari árum. Því færri sem skólarnir eru, þeim mun fleiri verða að búa í heimavist. En stofnkostnaður heimavista og rekstur þeirra er ríkissjóði mjög þung byrði, eins og kunnugt er. Með því að fjölga framhaldsskólum verulega, skipuleggja verkaskiptingu þeirra í milli og með því að leggja aukna áherslu á ferðir sendikennara, sem héldu námskeið í einum skólanum af öðrum á sínu sérsviði, er vafalaust unnt að tryggja jafngóða kennslu og nú er veitt. En það, sem ynnist til viðbótar, er að þeim nemendum mundi fjölga stórlega sem geta sótt skóla gangandi eða akandi að heiman og það er ekki svo lítill ávinningur. Með því fæst hvoru tveggja, að tengsl nemenda við heimaslóðir eru ekki rofin strax að loknum grunnskóla, heldur haldast þau

eins lengi og ástæður leyfa, og í öðru lagi, eins og áður er tekið fram, er stuðlað að stórfelldum sparnaði í skólastarfinu.

Herra forseti. Ég orðlengi ekki frekar um þessa till., en vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði henni vísað til hv. menntmrn.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 7. apríl, kl. 2 miðdegis.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 262, n. 394, 395). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Fyrr á þessu þingi flutti félmn. frv. til l. um breyt. á l. um gatnagerðargjöld. Nefndin flutti frv. að beiðni stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, en nm. áskildu sér rétt til að vera óbundnir að fylgi við frv. eins og það þá var orðað. Félmn. hefur nú athugað þetta frv. nánar og orðið sammála um afgreiðslu þess eins og fram kemur á þskj. 394, en 3 nm. voru fjarverandi afgreiðslu málsins. Nm. urðu sammála um að flytja brtt. við frv. og er hún á þskj. 395. Til þess að ekkert fari hér á milli mála skal ég í sem fæstum orðum rekja gang þessa máls.

Á síðasta ári voru samþ. í fyrsta sinn lög um gatnagerðargjöld, l. nr. 51/1974. 4. gr. l. kvað á um það að heimilt væri að leggja gatnagerðargjald á fasteignir við þær götur sem bundið slitlag væri sett á og þar sem gangstéttir yrðu lagðar. Með þessu var fengin heimild til að leggja þetta gjald á lóðir, sem þegar voru byggðar, um leið og slitlag væri sett á götuna. Ýmsir höfðu þann skilning að heimilt væri að innheimta gjaldið, þótt slitlagið hefði verið lagt fyrir gildistöku laganna, en sá var ekki skilningur félmrn. Því var frv. þetta flutt, eins og það er á þskj. 262, þ. e. að heimildin til álagningar skyldi ná til gatna, sem slitlag hafði verið sett á og þar sem gangstéttir höfðu verið lagðar.

Ástæður fyrir óskum ýmissa sveitarfélaga, að heimildin yrði rýmkuð með þessum hætti, voru einkum þær að með hinu þrönga ákvæði væri gagnið að heimildinni takmarkað, auk þess sem augljóst óréttlæti mundi skapast milli húseigenda, a. m. k. í sumum sveitarfélögum. Þetta átti við í þeim sveitarfélögum, sem á allra síðustu árum hafa lagt bundið slitlag á fáeinar götur og eru nú í miðju verki ef svo má segja. Skv. gildandi l. er heimilt að innheimta gjaldið hjá þeim, sem fengu slitlag á götur sínar 1974 og þá framvegis, en ekki þeim sem fengu það 1973 eða fyrr.

Félmn. fellst á þetta sjónarmið, að um óréttlæti kunni að vera að ræða, en hins vegar náist ekki samstaða um fylgi við frv. óbreytt. Ástæðan er sú, að einstakir þm. eru ekki reiðubúnir til að samþ. svo rúma heimild til sveitarstj. sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að heimilt sé að innheimta gatnagerðargjöld af öllum fasteignum, sem standa við götur með bundnu slitlagi, án tillits til þess hvenær slitlagið var sett.

Persónulega tel ég enga hættu vera hér á ferðum, sveitarstjórnum sé fyllilega treystandi til að misbeita ekki valdi sínu með því að fara að leggja gatnagerðargjöld á fasteignir, sem fengu slitlag á götur sínar fyrir t. d. 20—40 árum. Ég er reyndar viss um, að þær sveitarstjórnir, sem lengst hafa notað sér heimild til að leggja á gatnagerðargjöld, svo sem Reykjavík, Kópavogur, Garðahreppur, sem hafa innheimt þessi gjöld um 15—18 ára skeið, mundu ekki notfæra sér þessa heimild, þ. e. a. s. með álagningu aftur í tímann. En til þess að koma þessu máli fram þannig að þeir, sem raunverulega hafa hér hagsmuna að gæta, fái þá heimild sem dugar, varð samkomulag í n. um að breyta frv. á þá leið, sem getur á þskj. 395, þ. e. að binda afturvirkni álagningarheimildar við 5 ár. Þetta þýðir í raun það, að þau sveitarfélög, sem með skipulegum hætti hófu lagningu slitlags á götur sínar 1970 eða síðar, fá þessa heimild til þess tíma, en ekki lengra aftur í tímann. Með þessu móti ætti sæmilegt réttlæti að nást, íbúum við einstakar götur í sama sveitarfélagi verði ekki mismunað, sveitarfélög fái nauðsynlegan tekjustofn til að standa undir framkvæmdum, sem ég vil segja að allir íbúar hvers þéttbýlisstaðar vilja að verði unnar og eru tilbúnar að leggja fram fé til.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég vonast til að hv. þdm. geti fallist á frv. eins og það nú er komið frá hv. félmn. þannig að það geti fengið greiða leið gegnum þingið.

ATKVGR.

Brtt. 395 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Framsal sakamanna, frv. (þskj. 406). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til breyt. á l. um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, nr. 7/1962, er um breytingar í samræmi við samkomulag, sem hefur orðið á milli þessara landa, og er flutt hér til samræmis við löggjöf, sem hefur verið sett eða verið er að setja á Norðurlöndunum um þetta efni.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í efnisgreinar frv. þar sem fullnægjandi skýringar er á þeim að finna í aths. sem lagafrv. fylgja, og eins og ég sagði er þetta til þess að lögfesta breyt. sem gerðar hafa verið með samkomulagi á milli þessara landa á þeim samningi sem fyrir hendi er og lögfestur hefur verið með þessum l., nr. 7/1962.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 271). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Afréttarmálefni, frv. (þskj. 405). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. er eitt af þeim frv., sem n. sú sem skipuð var 30. nóv. 1971, samdi, en það var sú n. sem samdi landgræðsluáætlunina sem afgr. var á Þingvöllum hinn 28. júlí með þjóðargjöfinni á hátíðarfundinum þar. Þessi n. samdi einnig þetta frv. og tvö önnur, sem voru í dag á dagskrá hv. Ed., en þetta er allt í samhengi um að koma í veg fyrir að landið sé ofnýtt og koma í veg fyrir að það eyðist af þessum völdum eða af uppblæstri eða vatnaskemmdum. En jafnhliða því, sem það var hlutverk n. þessarar að gera till. um það, var það einnig hennar hlutverk að gera till. um að nýta landið sem best og á þann hátt að not þess kæmu þeim að gagni sem á þyrftu að halda, og þetta frv. er í samræmi við það.

Hér er um það að ræða að beita ítölu í sambandi við landnotkunina og er hugsað að það sé gert með því að tryggja að sem hagkvæmust notkun landsins með því að beita það og landvernd fari saman. Það, sem á að gera í þessu sambandi, er að fylgjast betur með nýtingu landsins og eiga fjallskilafélög eða sveitarstjórnir að vera þar vel á verði og eru þessir tveir aðilar gerðir ábyrgari en áður hefur verið. Einnig er gert ráð fyrir því, að sérstökum aðila hjá Búnaðarfélagi Íslands verði falið beitareftirlit og beitarrannsóknir, sem þetta frv. er miðað við. Það, sem hér er um að ræða í samandi við ítölu, er að telja í landið í samræmi við hvað beitarþol er mikið. Það á að byggja þessa ákvörðun á rannsóknum um beitarþol og mat á beitinni. Ítala þarf ekki endilega að þýða að takmarka þurfi búfjárfjölda frá því sem er, en hún getur hins vegar þýtt það. En það sem mestu máli skiptir er að nýta beitarhaga eins og frekast er hægt og á hagkvæmastan hátt.

Það er nú þegar fyrir hendi að ítölu hafi verið beitt. Mun það hafa verið gert í Mýrdal og eins á Landmannaafrétti og verið er að vinna að ítölu í Mývatnssveit eða á öllum löndum Skútustaðahrepps, og e. t. v. er víðar sem þetta hefur átt sér stað. Bændur hafa því áhuga á að koma þessum málum hagkvæmt fyrir enda hafa þeir mikilla hagsmuna að gæta. Það skiptir náttúrlega öllu máli fyrir þá að fénaður þeirra hafi sem hagkvæmasta beit meðan hann er á fjöllum uppi, og það er orðið meira áberandi, að síðla sumars fara bændur að girðingum til þess að fylgjast með því hvort fé er komið að þeim, og hefur það þá verið tekið niður og fært inn á láglendið, eins og átt hefur sér stað í Borgarfirði og víðar. Með þessari rannsókn um beitarþol á að vera hægt að fylgjast betur með þessu, og enn fremur gerir þetta frv. ráð fyrir því að láglendið verði betur nýtt og það á að gera það með því að bera á það. Einnig væri með þessum skipulega hætti hægt að ákveða um það hvenær fé yrði rekið á fjall og hvenær það yrði þaðan tekið. Sömuleiðis er þegar farið að útiloka stóðhross á beitilönd sauðfjár og mundi það verða gert í ríkara mæli ef um hættu væri að ræða á að landið væri ofbeitt.

Þetta frv. beinist því fyrst og fremst að því að gera ákvæðin um ítölu skýrari, einfaldari í framkvæmd og tengja þau öðrum gróðurverndaraðgerðum. Það yrðu í flestum tilfellum bændur sjálfir sem mundu beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að halda landgræðslunni og landverndinni. Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv., að Landgræðslan geti gripið þar inn í ef þessum málum er ekki fullsinnt að hennar dómi af þeim aðilum, sem eiga að sinna þeim, sveitarstjórnum eða stjórnum afréttarlanda.

Ég sé ekki ástæðu til við þessa umr. að fara frekar út í þetta mál. Þetta er, eins og ég gat um í upphafi máls míns, einn þátturinn í því að vernda land okkar og bæta það og nýta á hagkvæman hátt, en það var sú stefnumörkun sem gerð var með ályktuninni á Þingvöllum hinn 28. júlí.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 393). — 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af öllum þm. Norðurl. v. í þessari hv. d., en ég vil taka það fram, að sá þm. kjördæmisins, sem sæti á í hv. Ed., hv. 5. þm. Norðurl. v., er einnig aðili að þessu máli og styður það heils hugar.

Frv. þetta var flutt á síðasta Alþ. og dagaði þá uppi. Þm. kjördæmisins fluttu brtt. við frv. um heilbrigðisþjónustu, þegar það frv. var afgr. hér á hv. Alþ. 1973, en sú brtt. var þá felld í þessari hv. d. með eins atkv. mun. Það hafa komið fram mjög sterkar óskir frá íbúum hins fyrrverandi Höfðahéraðs um að á Skagaströnd verði stofnuð heilsugæslustöð H1. Þm. hafa borist ítrekaðar áskoranir hreppsnefndar Höfðahrepps og hreppsnefndar Skagahrepps, auk þess sem Alþingi voru sendar 1973 áskoranir frá mjög mörgum íbúum Höfðahrepps. Það er því sterkur vilji fyrir því heima fyrir að þessi breyting verði gerð á lögum um heilbrigðisþjónustu. Breytingin er einungis í því fólgin að sett verði á fót heilsugæslustöð H1 á Skagaströnd, en áfram starfi heilsugæslustöð H2 á Blönduósi.

Þessi breyting þarf ekki að hafa í för með sér aukinn kostnað, a. m. k. ekki fyrsta kastið, vegna þess að á Skagaströnd hafði verið byggður læknisbústaður þegar héraðið var lagt niður með lögunum 1973. Þessi læknisbústaður býður upp á aðstöðu til móttöku sjúklinga og lyfjaafgreiðslu.

Þar eru því aðstæður fyrir hendi sem telja má að séu fullnægjandi eins og aðstæður eru þar í dag meðan fólki fjölgar ekki meir.

Um ástæður á Skagaströnd og í því Höfðalæknishéraði, sem lagt var niður 1973, að öðru leyti má segja að atvinnurekstur er vaxandi á Skagaströnd. Þar er útgerð töluverð og skipakomur tíðar. Það gæti verið mjög bagalegt að hafa eigi lækni þar ef slys ber að höndum, eins og oft ber við við sjósókn og útgerð. Enn fremur er veðrasamt og snjóalög þung á þessu svæði og í reglum Vegagerðar ríkisins um snjómokstur milli Skagastrandar og Blönduóss er svo kveðið á, að þar skuli ekki mokað nema einu sinni í viku. Auðvitað er mikinn hluta ársins greiðfært á milli þessara staða, en það er alkunna að það fólk, sem býr við þá aðstöðu að njóta ekki greiðra samgangna við lækni og heilbrigðismiðstöðva, það býr við mikið öryggisleysi og er því ekki láandi, þó að það uni því illa.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta frv. mörgum orðum. Það má vænta þess að fólki haldi áfram að fjölga á Skagaströnd — því hefur fjölgað þar nú 2—3 ár — með tilliti til hins blómlega atvinnuástands sem þar ríkir. Enn fremur berast nú fréttir um það að lítil hætta sé á því að þurrð verði á læknum til starfa úti á landsbyggðinni í framtíðinni, vegna þess að margir nýir læknar séu að ljúka námi og flest læknishéruð landsins eru nú skipuð læknum. Þess vegna eru nú bjartari vonir en áður til þess, að læknir fengist til Skagastrandar ef þetta frv. verður að lögum.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 8. apríl, kl. 2 miðdegis.

Skattfrjáls framlög í varasjóði, fsp. (þskj. 350) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Samkv. lögum um tekju- og eignarskatt er hlutafélögum, samvinnufélögum, vinnufélögum, sameignarfélögum og fleiri aðilum heimilað að leggja í varasjóð upphæð sem undanþegin er tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna. Þessi upphæð má nema allt að 1/4 hluta af hreinum tekjum félags. Mér leikur nokkur hugur á að vita í hve ríkum mæli þessi heimild í tekjuskattslögum hefur verið notuð á undanförnum árum og því ber ég fram á þskj. 350 fsp. til hæstv. fjmrh. um þetta efni. Fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hve háa fjárhæð hafa fyrirtæki fengið dregna frá tekjum við álagningu skatta vegna ráðstöfunar hluta tekjuafgangs í varasjóði s. l. 7 ár?."

Hæstv. fjmrh. hefur nú rétt fyrir byrjun þessa fundar afhent tölulegar upplýsingar úr svari sínu við fsp. En ég hef ekki í hyggju að gera svar hans að umræðuefni nú, enda tel ég að fsp.-tímar séu ekki ætlaðir til umr. Flyt ég því hæstv. ráðh. þakkir fyrir það ítarlega svar sem ég hef séð, en hann mun væntanlega flytja hv. þingi að loknum þessum orðum mínum.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 11. landsk. þm. á þskj. 350 hef ég látið taka saman yfirlit yfir þær fjárhæðir sem félög hafa dregið frá hreinum tekjum til skattálagningar og lagt í skattalegan varasjóð samkv. heimildarákvæðum 2. málsgr. 17. gr. laga nr. 90 frá 1965, 2. mgr. 9. gr. laga nr. 7/1972, sbr. breyt. á 17. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, á árunum 1968 til og með ársins 1974, þ. e. a. s. s. l. 7 ár. Gjaldaárið 1968 nam þessi upphæð 87 989 648 kr. fyrir allt landið. 1969 91 595 650 kr., 1970 kr. 198 788 155 kr., 1971 310 920 683 kr., 1972 322 207 488 kr., 1973 329 757 795 kr. og 1974 511 105 146 kr. Samtals 1 milljarður 852 millj. 364 þús. 565 kr. Ég hef látið leggja á borð þm. töflu um sundurliðun þessara talna eftir kjördæmum. Með yfirliti þessu þykir mér rétt að láta fylgja eftirfarandi skýringar og athugasemdir:

1. Heimild til skattfrjálsra till. í varasjóð nær aðeins til félaga, sem eru sjálfstæðir skattaðilar.

2. Tölurnar eru fengnar úr heildarniðurstöðum Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar eins og þær eru við frumálagningu og framlagningu skattskrár.

3. Við kæruafgreiðslu hjá skattstjórum, ríkisskattstjóra og ríkisskattanefnd hafa varasjóðstill. breyst nokkuð, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Ekki er talið framkvæmanlegt nema með mjög mikilli fyrirhöfn að ákvarða hve háar þessar breytingartölur eru, en til þess að það væri hægt þyrfti að athuga öll framtöl áðurnefndra aðila. Þess ber að geta að breyt. þessar eru mjög smávægilegar miðað við heildarupphæð gjaldárs.

4. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar frá Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar um varasjóðstill. í Reykjanesumdæmi gjaldaárið 1971. Með samanburði við önnur gjaldaár og umdæmi hefur tilgreind tala verið áætluð og verður að taka með nokkrum fyrirvara.

Endurskoðun laga um ljósmæðranám, fsp. (þskj. 368) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 368 að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um Ljósmæðraskóla Íslands. Ég verð að biðja hæstv. forseta afsökunar á röngu orðalagi fsp. því að nefnd sú, sem um var spurt, mun aðeins hafa átt að setja nýja reglugerð, en ekki að endurskoða lögin sjálf. Hins vegar hafði ég þessar upplýsingar um starfssvið n. frá þeim aðila er gerst mátti vita, þó að hvatinn að þessari fyrirspurn sé kominn frá ljósmæðrum eystra, sem töldu einnig að hér væri um lagaendurskoðun að ræða. Þrátt fyrir þennan leiða misskilning vil ég vona að hæstv. ráðh. geti

upplýst á hvaða stigi þessi mál eru nú. En það var annað sem ruglaði mig einnig í ríminu. Það var að 1972 var frv. um breyt. ljósmæðralaga vísað til hæstv. ríkisstj. á þeim forsendum að n. væri að vinna að nýjum ljósmæðralögum. Það mun hins vegar hafa verið svo að sú n. mun hafa skilað áliti og síðan hafi ekki neitt gerst í þessu máli annað en þetta varðandi n. um reglugerð.

En í raun og veru var aðalástæða fsp. einmitt af þessum toga spunnin. Í Ed. Alþ. höfum við hv. þm. Halldór Asgrímsson leyft okkur að endurflytja frv., sem vísað var til ríkisstj. á sínum tíma, frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum. Hér er aðallega um að ræða réttarbætur sem löngu hafa verið taldar sjálfsagðar til handa öðrum stéttum sem starfa í þágu hins opinbera. Í n. þeirri, sem um málið hefur fjallað í Ed., hefur ýmislegt komið fram, m. a. frá heilbrrn. og fleiri opinberum aðilum, sem gerir það að verkum að ég taldi nauðsynlegt að fá eins skýr svör og mögulegt væri nú á þessu stigi, um fyrirhugaða menntun í ljósmæðrafræðum, þó að mér sýnist reyndar á svörum við fyrri fsp. þar að lútandi í n. að ýmislegt sé þar á seyði sem ég felli mig ekki alls kostar við.

Aukin menntun ljósmæðra og fjölhæfni í fleiri störfum er sjálfsögð. En nú virðist nánast um það að ræða hvort þessi menntabraut með þessa grein, ljósmóðurstarfið, að aðalstarfi eigi að rúmast í kerfinu eða ekki. Ef ljósmóðurfræði á að vera valgrein fyrir hjúkrunarkonur eingöngu, eins og ég heyrði í erindi í gærkvöld, þá óttast ég framtíð þeirrar greinar í ljósi þess sem þar var minnst á, að í könnun 106 hjúkrunarkvenna hafi aðeins ein þeirra kosið ljósmóðurfræði sem valgrein. Það má vel vera að hér sé ekki um algilda niðurstöðu að ræða og væri betur að svo væri ekki. En hingað til hef ég af reynslu okkar úti á landi, einkum í mesta strjálbýlinu, álitið rétt að ljósmóðurfræði yrði áfram sjálfstæð námsgrein eða námsbraut, svo sem verið hefur, með viðbótarþáttum og auknu valfrelsi og möguleikum til nýrra námsbrauta í öðrum heilsugæslufræðum að sérnámi loknu.

Þetta er vitanlega eitt þeirra mála, sem þarf að taka til vandlegrar athugunar með tilliti til nýskipunar framhaldsmenntunar í landinu yfirleitt þar sem námsbrautir yrðu ekki svo afmarkaðar og lokaðar sem nú er. Þar koma eflaust ýmsar leiðir til greina þó að einhvern veginn kunni ég ekki við að þessi ágæta námsbraut hverfi sem sjálfstæð eining út úr menntakerfinu, svo sem stundum hafa heyrst um raddir. En alveg sérstaklega með tilliti til framgangs á frv. okkar hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar vildi ég fregna af þessu beint frá hæstv. ráðh. og beini því fsp. þessum til hans með þeim leiðréttingum og skýringum, sem ég gat um í upphafi. Hvenær má vænta niðurstaðna frá n. þeirri, sem skipuð var til að endurskoða reglugerð ljósmæðraskóla Íslands, og getur ráðh. upplýst nokkuð á þessu stigi um störf og niðurstöður n. þessarar?

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Lög um Ljósmæðraskóla Íslands eru frá árinu 1964. Engin ný reglugerð hefur verið sett samkv. þessum l., en í gildi er reglugerð nr. 82 frá árinu 1932. Eins og raunar kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda þar sem hann hefur leiðrétt fyrri spurninguna, þá hefur ekki verið skipuð n. til að endurskoða lög um Ljósmæðraskóla Íslands, heldur var hinn 6. júní s. l. skipuð n. á vegum heilbr.- og trmrn. til að semja nýja reglugerð um skólann. Í þessari n. eiga sæti Ingibjörg Magnúsdóttir hjúkrunarkona, deildarstjóri í heilbrrn., Kristín Tómasdóttir yfirljósmóðir, sem samkv. lögum er jafnframt aðalkennari skólans, og Gunnþóra Snæþórsdóttir sem nú er nemandi í skólanum. Þessi n. hefur starfað síðan og samkv. upplýsingum formannsins er starfi n. ekki lokið enn. N. hefur útvegað sér upplýsingar um mál ljósmæðra erlendis, bæði frá skrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Kaupmannahöfn og eftir öðrum leiðum og hyggst nota þessi gögn til hliðsjónar við samningu nýrrar reglugerðar. Þess er vænst að n. ljúki störfum á komandi sumri, en á þessu stgi er ekki hægt að segja annað um niðurstöður n. en að hún muni leitast við í till. sínum að færa nám ljósmæðra til þess horfs að það sé sambærilegt við það, sem annars staðar gerist nú, því að í þessu sérnámi eins og öðru eru sífellt vaxandi kröfur gerðar til nemenda.

Í þessu sambandi má sérstaklega geta þess að til umr. hefur verið hvort hjúkrunarnám ætti að vera grunnnám þeirra sem læra ljósmóðurfræði. Verður það vafalaust eitt af þeim atriðum sem til umr. koma þegar ný reglugerð um skólann verður endanlega sett, sem ég vona að verði seinni hluta komandi sumars.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör og skil mætavel að það sé ekki hægt að upplýsa mikið um málið á þessu stigi þar sem n. er enn að störfum og er að kanna hina ýmsu möguleika sem til greina koma. Ég, eins og sjálfsagt fleiri hv. alþm. hlýddi í gærkvöldi á form. Ljósmæðrafélags Íslands tala um Daginn og veginn þar sem hún lýsti einmitt miklum áhyggjum yfir þróun þessara mála yfirleitt og það voru einmitt hennar orð sem ollu því að ég minntist á það áðan, að hætta væri á því að ljósmæðranámið sem sjálfstæð námsbraut yrði þurrkað algerlega út. Ég var einmitt með þetta sama í huga varðandi fsp. mína, og ég ítreka að ég held að hér þurfi að finna nýja og betri leið í námi heilbrigðisstétta okkar en þá, sem hún minntist á, ef það er rétt með farið.

Þegar talað er um fjölbrautaskóla, samtengingu námsbrauta af skyldu tagi og valgreinar ýmiss konar, þá hlýtur það mætavel að eiga við menntun okkar heilbrigðisstétta og þar á ljósmæðranámið að skipa verðugan sess, ekki einangraðan, heldur í samhengi við almennt nám í skyldum greinum með svo aftur möguleikum til viðbótarmenntunar. Sama má raunar segja um sjúkraliðana okkar. Það er mál að linni því kerfi blindgötunnar, sem framhaldsmenntun okkar er í, að eitt reki sig þar ekki á annars horn, heldur sé samhæfingin sem mest og best, valið sem fjölbreyttast og ekki bundið við eina lífstíðarákvörðun svo sem nú er í allt of mörgum tilfellum.

Ég ítreka það aðeins, að ég vona það að þessi n. komist að þeirri niðurstöðu að ekki síst í námi heilbrigðisstétta okkar hafi þessi nýja skipan fjölbrautanna, sem nú er að ryðja sér rúms,

sérstakt gildi. Það á og ber að hagnýta sér til hins ítrasta án þess að nokkru því, sem nú er í gildi, sé ýtt til hliðar eins og menn virðast bera ugg í brjósti út af varðandi ljósmæðranámið.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að ég tel þennan starfshóp eða þessa stétt það mikilvæga, að ég vil taka alveg fullt tillit til þeirra óska sem þar hafa komið fram. Þó að breytingar séu að verða, sérstaklega í þéttbýli, og breytingar verði óhjákvæmilega allmiklar á komandi árum með byggingu heilsugæslustöðva, þá á það svo langt í land að þessi stétt er nauðsynleg og verður að viðhalda eðlilegri fjölgun í henni þannig að hún geti innt af hendi þetta starf í strjálbýli. Ég tel alveg sjálfsagt að þetta hafi þessi n. í huga. Þegar hún hefur skilað uppkasti að reglugerð, þá verður auðvitað farið yfir þá reglugerð í heilbrrn. og þá mun ekki standa á mér að hafa samband við Ljósmæðrafélagið áður en reglugerð verður sett og gefa félaginu tækifæri til þess að gera athugasemdir við væntanlega reglugerð.

Út af því, sem fyrirspyrjandi sagði varðandi sjúkraliða þá vil ég taka fram að það er verið að vinna að aukinni menntun sjúkraliða. Skóli tekur til starfa í haust og Alþ. veitti á fjárl. yfirstandandi árs framlag til þessa skóla. Þetta er mjög mikilvæg grein heilbrigðisþjónustunnar, og verður að efla og auka menntun hennar á komandi árum.

Ég tel ekki ástæðu til þess á þessu stigi að fjölyrða frekar um þessa fsp., en þetta mál kemur til með að skýrast og liggja fyrir væntanlega seinni hluta komandi sumars.

Menntun í hjúkrunarfræðum, fsp. (þskj. 368). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Í kjölfar nýrra laga um heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu þarf að mörgu að hyggja. Fjölmargar brýnar framkvæmdir kalla að, ekki síst úti um landsbyggðina, og vonandi verður þar ekki slakað á. En bætt heilbrigðisþjónusta í heild og enn víðar en verið hefur kallar ekki síður á starfslið, meira starfslið og betra, búið fjölþættari þekkingu í samræmi við hina hröðu framvindu læknavísindanna almennt.

Menntun heilbrigðisstétta hefur því mjög verið til umr. Fjölbreyttari og fleiri leiðir að því marki að hafa nægilega mikið af góðu starfsfólki hafa verið kannaðar. Menntunarþátturinn er hér mikilvægastur. Ef við landsbyggðarfólk eigum að gera áætlun laganna um heilsugæslustöðvar og sjúkrahús okkar að öðru og meira en bókstafnum, þá þarf svo sannarlega að sinna menntunarþætti heilbrigðisstétta almennt mjög vel og, eins og ég tók fram áðan varðandi aðra fsp., samtengja þær menntabrautir, sem þar eru, svo vel sem unnt er um leið og nýrra leiða er leitað.

S. l. ár hefur skortur á hjúkrunarliði yfirleitt verið mjög áberandi og með tilliti til þess mikilvæga hlutverks, sem það fólk hefur gegnt og gegnir nú enn frekar, finnst mér ekki úr vegi að vita nánari deili á því, hvernig til hefur tekist um Nýja hjúkrunarskólann svonefnda, hve miklu hann hefur skilað okkur af starfsfólki og hve miklar líkur eru á því að hann gegni framtíðarhlutverki sínu svo sem til var ætlast. Er þá um leið komið að því hvernig að þessari ungu stofnun hefur verið búið og hvað þar er á döfinni. Beint og tölulega er spurt um ákveðin atriði sem eiga að segja hér af nokkra sögu og hver þróunin muni verða. Um leið þykir mér rétt að spyrja hæstv. ráðh. nokkru nánar um þróun þessarar menntabrautar, hvernig aðstaða er nýtt, hvort eftirspurn um skólavist eða menntabrautina hjúkrunarnám almennt sé fullnægt og um leið hvernig að málinu er unnið í heild. Því er spurt svo orðrétt:

„1. Hvað hafa margir nemendur innritast í Nýja hjúkrunarskólann: a) 1972, b) 1973, c) 1974?

2. Hvernig er áætlað að starfsemi skólans verði háttað næsta skólaár?

3. Fullnægir Hjúkrunarskóli Íslands eftirspurn um hjúkrunarnám og ef svo er ekki, er nýi hjúkrunarskólinn nýttur sem skyldi?“

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að svara fyrirspurnum hv. 7. landsk. þm. í samfelldu máli á þessa leið:

Haustið 1972 innrituðust í Nýja hjúkrunarskólann 23 ljósmæður til rúmlega 2 ára náms í hjúkrunarfræðum. Haustið 1973 innrituðust engir nýir nemendur í skólann þar eð húsnæði og kennslukraftar leyfðu ekki að slíkur hópur væri tekinn inn til viðbótar þeim sem í námi voru. Hins vegar fengu nemar námsbrautar í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands kennslu í hjúkrunarfræðum við skólann veturinn 1973—1974. Seinni hluta þess vetrar hélt skólinn námskeið fyrir hjúkrunarkonur í framhaldsnámi. Haustið 1974 innrituðust engir nýir nemendur í skólann þar eð hann varð húsnæðislaus. Fyrir velvilja yfirvalda Borgarspítalans fékkst þó leyfi til að hafa kennsluhúsnæðið í Grensásdeild til nóvemberloka er ljósmæðrahópurinn frá 1972 útskrifaðist. Um miðjan febr. s. l. flutti skólinn í leiguhúsnæði að Suðurlandsbraut 18 sem í eru 2 kennslustofur til bóklegs náms fyrir 25—30 nemendur og ein lítil verknámsstofa. Hefur nú verið skipulagt 5 vikna námskeið fyrir hjúkrunarkonur og ljósmæður er starfa við heilsugæslustöðvar. Hefst námskeiðið í byrjun apríl n. k. Hafa 30 þegar tilkynnt þátttöku í því. Ákveðið hefur verið að Nýi hjúkrunarskólinn taki inn nýjan hóp ljósmæðra til hjúkrunarnáms næsta haust, sbr. auglýsingu í dagblöðunum undanfarna daga. Hvort tekinn verður inn annar hópur nýrra nemenda fer eftir því hvort fleiri nýnemar æskja eftir námi en Hjúkrunarskóli Íslands getur tekið við og einnig því hvort pláss til verklegs náms á sjúkrahúsum séu nægilega mörg til að fjölga nýjum nemum meira en orðið er.

Eins og kunnugt er fer meiri hluti almenns hjúkrunarnáms enn fram á sjúkrahúsum svo að fjöldi nýrra nemenda hlýtur að takmarkast við getu sjúkrahúsanna til að taka við nemum í öllum árgöngum námsins frá báðum hjúkrunarskólunum og hjúkrunarnámsbraut Háskólans. Verði ekki ráðlegt að taka inn tvo hópa nýrra nemenda á næsta hausti er í ráði að nýta afgang skólans til námskeiðahalds ellegar fyrir framhaldsnám fyrir hjúkrunarkonur, en á þessu stigi er ekki hægt að tilgreina nánar hvers konar námskeið eða framhaldsnám það yrði. Síðustu

árin, 1972, 1973 og 1974, hefur Hjúkrunarskóli Íslands fullnægt eftirspurn þeirra umsækjenda sem að mati skólans hafa haft nægilegan undirbúning, en hins vegar sækja alltaf margir um skólavist sem ekki komast að vegna þess að þeir hafa ekki nægilegt undirbúningsnám. Árið 1972 voru nýir nemendur 101. Nokkur hluti þess hóps hefur þegar lokið námi. Væntanlega verða þeir, er ljúka námi 1975, alls 80. Haustið 1973 voru nýir nemendur 100 og 1974 voru þeir 101. Gera má ráð fyrir að um 80 nemendur ljúki námi 1976 og þá svipuð tala 1977.

Skortur hjúkrunarkennara hefur verið og er enn mjög mikill og starfsálag þeirra hefur verið óhóflega mikið því að alltaf hafa fleiri nýir nemendur verið innritaðir en eðlilegt má teljast miðað við þann fjölda hjúkrunarkennara sem mögulegt hefur verið að fá til starfa hverju sinni.

Þannig sem sagt leyfir menntmrn. sér að svara fsp. hv. þm. En út af þessu síðasta atriði, um skort á hjúkrunarkennurum, þá vil ég einnig láta þetta koma fram:

Reynt hefur verið að bæta úr hjúkrunarkennaraskortinum með því að veita sérstaka styrki til hjúkrunarkennaranáms. Í ár hefur menntmrn. boðið fram 2 námsstyrki, hvorn að upphæð 200 þús. kr., til hjúkrunarkennaranáms erlendis. Styrkveiting er bundin því skilyrði að styrkþegar komi að námi loknu til kennslu við hjúkrunarskóla hér. Umsóknarfrestur um styrki þessa rann út 1. þ. m. og bárust 4 umsóknir. Skólaárið 1971—1972 fengu tvær hjúkrunarkonur styrki til hjúkrunarkennaranáms, önnur 210 þús. kr., hin nokkru hærri styrk, og kenna þær nú báðar við Hjúkrunarskóla Íslands. Skólaárið 1972—1973 hlaut einn nemandi 210 þús. kr. styrk og hóf hann kennslu við Hjúkrunarskóla Íslands núna s. l. haust. Sumarið 1973 hófu tvær konur hjúkrunarkennaranám í Noregi og önnur hefur fengið samtals 310 þús. kr. styrk til þess, en hin 210 þús. kr. Ég vil bæta því hér við, að það er svo í fyrsta skipti núna í haust sem tekin er sérstök fjárhæð inn á fjárl. til þessara styrkveitinga. Áður hafði slíkur styrkur verið greiddur af almennu starfsfé rn.

Mér fannst rétt að láta þessar upplýsingar fylgja með hinu beina svari við fsp.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin og ekki síður þær viðbótarupplýsingar sem fram komu í svörum hans.

Það liggur fyrir að í þessum Nýja hjúkrunarskóla svonefnda eru engir nemendur eins og er. Ráðh. hefur skýrt þær ástæður, sem hann telur liggja þar að baki: húsnæðisleysi, skort hjúkrunarkennara, vandkvæði í sambandi við verklegt nám og svo hitt, sem kom mér örlítið á óvart, að Hjúkrunarskóli Íslands hefði fullnægt eftirspurninni varðandi hjúkrunarnema á undanförnum árum, þ. e. a. s. að mati skólans, margar umsóknir hefðu verið þannig úr garði gerðar að þær hefðu ekki komið til greina vegna þess að nægilegur undirbúningur hefði ekki verið fyrir hendi hjá þessum tilvonandi nemum. Ég held að það þurfi einmitt að sjá til þess að það skorti ekki á þetta, vegna þess að ég tel að þarna muni ekki mikið á skorta varðandi menntun þessara ungu stúlkna að þær komist í þetta nám. Ástæða þessarar fsp. var afskaplega einföld. Það voru tvær ungar stúlkur sem báðu mig að grennslast rækilega fyrir um þessi mál. Þær kváðust hafa reynt að komast í hjúkrunarnám, töldu sig hafa allgóðan rétt til þess, en það hefði ekki tekist, Hjúkrunarskólinn væri fullsetinn. Nýi hjúkrunarskólinn hefði ekki tekið nemendur s. l. ár og mundi fyrst gera í haust, eins og reyndar kom fram í svörum ráðh., og þá óvíst hvernig færi. Ég taldi rétt að fá úr þessu skorið og sú er ástæða þessarar fsp., auk þeirrar almennu þarfar á aukinni hjúkrunarmenntun sem við blasir. Það liggur nú fyrir að þarna hefur farið á ýmsan annan veg en ráðgert var og þörf var álitin fyrir í upphafi, og ég efast ekkert um að sú þörf er enn þá fyrir hendi. Það verður að harma það að ekki skuli hafa betur til tekist til þessa, en hitt þá vonað að úr rætist. Eftir svörum ráðh. bendir raunar flest til þess. En vegna verklega þáttarins vildi ég minna á það hver nauðsyn það er að nokkur fjórðungssjúkrahús geti að hluta sinnt menntunarhlutverki heilbrigðisstétta og það í svo ríkum mæli sem kostur er. Það væri fátt vænlegra til lausnar þeim vanda, sem ný heilsugæslulöggjöf færir okkur óneitanlega ef ekki er allra fanga leitað til framfara og bættra skilyrða.

Ég vil sem sagt ítreka þá skoðun mína að námsbrautir í þessum efnum verði svo samtengdar sem mögulegt er, að ein loki ekki fyrir annarri eða hindri frekari nám beinlínis eins og nú er. Það er brýnt verk að vinna í framtíðarskipan skólamála okkar á framhaldsstigi í heild. Ég hef reyndar vakið athygli á því á öðrum vettvangi og skal ekki fara frekar út í hér, en þakka ráðh. fyrir svörin og þær ráðagerðir sem hann hefur uppi um bætt ástand þessara mála almennt.

Sameinað þing, 59. fundur.

Þriðjudaginn 8. apríl, að loknum 58. fundi.

Iðnþróunaráætlun, þáltill. (þskj. 412). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framkvæmd laga um grunnskóla, þáltill. (þskj. 413). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sparnaður í notkun eldsneytis, þáltill. (þskj. 272). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Skipunartími opinberra starfsmanna, þáltill. (þskj. 345). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri, þáltill. (þskj. 352). — Frh einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Heilsuræktar- og útivistarmiðstöð á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 381). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjáraukalög, 1971, frv. (þskj. 35). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á næstsíðasta Alþ. var lagt fram frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1971 en þá tókst ekki að ljúka afgreiðslu þess máls. Því hafði þá verið vísað til hv. fjvn. þegar Alþ. var rofið. Frv. er því endurflutt. En eins og fram kemur í aths. við lagafrv. leggja yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna til að aukafjárveitingar verði veittar fyrir öllum umframgjöldum sem ríkisreikningurinn 1971 sýnir.

Eins og fram kemur er hér um að ræða fjáraukalög upp á rúma 2,5 milljarða, en á því eru eðlilegar skýringar. Eftir að fjárl. 1971 höfðu verið samþ. var samþ. á Alþ. frv. til l. um breyt. á vegal. á þann veg að bensínskattur var að verulegu leyti hækkaður frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárl. þegar þau voru afgr. Sömuleiðis var í fjárl. ekki gert ráð fyrir því að halda niðurgreiðslum þeim, sem ákveðnar voru 1. sept. 1970, nema til 1. sept. 1971, en síðan ákveðið að halda þeim út allt árið 1971. Í þriðja lagi reyndust útflutningsuppbætur allmiklu meiri á árinu 1971 en reiknað hafði verið með. Og í fjórða lagi voru kjarasamningar opinberra starfsmanna nýgerðir þegar afgreiðsla fjárl. fór fram, og ekki hafði verið á fjárl. gert ráð fyrir þeim launahækkunum. Þetta eru þær ástæður sem valda hækkun fjárl. og leitað er staðfestingar með frv. til fjáraukal. nú.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv., en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 35 shlj. atkv.

Skýrsla samgrh. um framkvæmd vegáætlunar 1974 (þskj. 409).

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 409 er skýrsla samgrh. um framkvæmd vegáætlunar fyrir árið 1974.

Eins og kunnugt er var lögð hér fram á hæstv. Alþ. 1973—1974 till. til endurskoðunar á vegáætlun, sem gilda átti fyrir árin 1974 og 1975. En vegna þess að Alþ. var rofið í maí svo sem kunnugt er, hafði þessi þáltill. ekki hlotið afgr. og varð því að framkvæma vegagerð á árinu 1974 með því að miða við þá tillögu sem lögð var fram í þeirri þáltill., að því leyti að þó var ekki tekið tillit til þeirra tekna, sem átti að afla með tekjuöflunarfrv. sem þá hafði verið lagt fram, nema að því leyti sem það kom til framkvæmda 1. sept., en ekki eins og gert hafði verið ráð fyrir að það gilti frá 1. maí. Í sambandi við framkvæmd á vegáætlun 1974 varð því vegamálastjóri að hafa samband við þm. viðkomandi kjördæma til þess að ákveða með þeim hvaða framkvæmdir skyldu ganga fyrir á árinu 1974 þar sem ljóst var að vegna verðlækkunar og vegna þess að tekjur voru minni en hugsað hafði verið varð að draga úr slíkum framkvæmdum. Á þann hátt var framkvæmdin í vegamálunum 1974 gerð, og það verður að segjast eins og er að vegamálastjórninni tókst með ágætum að ná samkomulagi um þetta og koma málunum fyrir eins og hagkvæmast gat verið.

Skv. þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir um framkvæmdirnar árið 1974, voru tekjur, sem Vegagerðin hafði á því ári, 3354.6 millj. kr., en þá er tekið tillit til þeirrar aukafjárveitingar sem veitt var með samkomulagi í ríkisstj. á milli fjmrh. og samgrh. til þess að greiða upp halla á vegáætlun frá fyrri árum, 329 millj. kr., svo að framkvæmdir og kostnaður við vegagerðina á árinu varð rúmir 3 milljarðar.

Útgjöld skv. framkvæmdum í vegamálum skiptust í stórum liðum þannig að af framkvæmdafé til vega og brúa var 1830 millj. kr., til viðhalds þjóðvega voru 726 millj. kr., framlag til vega í kaupstöðum og kauptúnum 184 millj. og svo hallinn sem ég greindi frá áðan. Þetta sundurliðast á þennan hátt, að til hraðbrauta gengu 516 millj. kr.

Stærsta framkvæmdin á árinu 1974 var á Austurvegi, þ. e. á Hrunamannaveginum vestur að gatnamótunum við Skeiðaveg, en til þess arna og til þess að ljúka við veginn austur að Selfossi fóru samtals 94 millj. kr.

Þá var haldið áfram við vegagerðina í Kópavogi og nú var gerð sú breyting þar á að framkvæmdin við Kópavogsveginn gegnum kaupstaðinn er nú orðinn ríkisframkvæmd eingöngu. Ekki þótti fært að halda áfram að láta þetta verða sérstakan þjóðveg í Kópavogi, þar sem hér var um svo mikla umferð að ræða í gegnum Kópavogskaupstað að það þótti sanngjarnt að breyta þessu. Var það gert með samkomulagi og reglugerðarbreyt. sem tók gildi í byrjun árs 1974. En til þessa verks fóru alls um 113 millj. kr.

Þá var varið til vegagerðar í Brynjudals- og Botnsvegi um 77 millj. kr., en þar var byggð ný brú yfir Fossá og einnig lagður vegur í Brynjudalnum og meðfram Hvalfirði að sunnanverðu frá Fossá og er sá vegur að ná fyrir Múlafjall að Hvalfirði Botnsdalsmegin.

Þá var og haldið áfram við rannsókn og undirbúning á brúargerð yfir Borgarfjörð. Í því sambandi átti að verja um 70 millj. kr., en það mun ekki hafa verið notað allt á árinu 1974.

Til þjóðbrauta var varið 129 millj. kr. og skiptist það á einstaka vegi eftir ákvörðun þm. í viðkomandi kjördæmum. Til landsbrauta var varið 163 millj. kr., en auk þjóðbrautanna og landsbrautanna var svo sérstök fjárveiting til

Austurlandsáætlunar, til þeirra framkvæmda var varið 107 millj. og til Norðurlandsáætlunar 175 millj. kr.

Auk þeirra atriða, sem ég hef hér sérstaklega getið um, var ákveðið að fara í framkvæmdir í Þingvallavegi vegna þjóðhátíðarinnar sem þar var haldin, svo sem kunnugt er, á s. l. sumri. Til þeirrar framkvæmdar á vegum Vegasjóðs var varið 85 millj. kr. Þá voru endurbyggðar gamlar brýr á leiðinni milli Reykjavíkur og Þingvalla og vegurinn lagaður verulega að hluta. Auk þess var svo byggður svokallaður Gjábakkavegur, sem kostaði um 25 millj. kr., en sú framkvæmd var gerð í sambandi við þjóðhátíðarkostnaðinn.

Þessu til viðbótar vil ég svo geta þess að verulegar framkvæmdir voru í Djúpvegi eða um 25 millj. kr. og var aflað fjár til þeirra framkvæmda með útgefnum happdrættisskuldabréfum.

111 millj. kr. var varið til brúarbygginga. Ein brú er þó undanskilin þar, Skeiðarárbrúin, en þessar brýr voru stærstar af þeim sem byggðar voru á s. l. ári: Brúin yfri Kerlingardalsá, sem er um 64 m á lengd, Kaldá í Jökulsárhlíð, sem er 46 m á lengd, Flókadalsá í Fljótum 46 m og Kvíá í Öræfum, sem er um 39 m.

Í sambandi við þessi mál, sem ég hef hér vikið að, þykir mér rétt að gefa á því nokkrar skýringar hvernig þróunin hefur verið í tekjuöflun í þeim málum á nokkurra ára tímabili.

Ef tekið er yfirlit yfir sölu á bensíni á árunum 1970—1974 kemur í ljós að hækkunin hefur verið frá 70 þús. l árið 1970 í 104 þús. l árið 1974. Hins vegar varð sú raunin á að bensíngjaldið varð heldur hærra á s. l. ári en gert hafði verið ráð fyrir eða 34 millj. kr., en hins vegar varð sú raunin á að þungaskatturinn varð 19 millj. kr. lægri en ráðgert hafði verið, enda sú reglugerðarbreyt., sem þá var gerð, það seint á ferðinni að hún naut sín ekki nema að litlu leyti. Hins vegar reyndist gúmmígjaldið gefa meiri tekjur en ráðgert hafði verið, eða um 15 millj. kr., og stafaði þetta af því að innflutningur á bifreiðum varð verulega mikill á þessu ári svo sem kunnugt er.

Viðhaldskostnaður hefur farið mjög vaxandi á þjóðvegum á síðari árum. Að vísu hefur það verið háð því hvernig tíðarfarið hefur verið, og hlutfallslega, miðað við töluna 100 1968, var hlutfallið um 140 á árinu 1974. Viðhaldskostnaður á þjóðvegum í hinum einstöku kjördæmum er að sjálfsögðu misjafn. Lægsta talan er á Norðurl. v. með 44 millj., en hæst er Reykjanes með 163 millj. kr. Ef tekin er kostnaður á hvern km á vegum í kjördæmum landsins kemur í ljós að hann er 77 þús. kr. á Suðurlandi, 335 þús. kr. í Reykjanesi, 144 þús. á Vesturlandi, 83 þús. á Vestfj., 65 á Norðurl. v., 96 á Norðurl. e. og 103 á Austurlandi. Þessar tölur eru hér teknar til fróðleiks en ekki í öðru skyni, í sambandi við þau mál sem hér hafa verið rakin. Ég vil og geta þess að á árinu 1974 var lánsfé notað til vegagerða 1 166 millj. kr.

Um aðrar framkvæmdir á vegum Vegagerðar ríkisins á s. l. ári vil ég geta þess, að 10.6 millj. kr. var varið til byggingu á áhaldahúsum og voru sex áhaldahús byggð. 18 millj. var varið til þess að kaupa vélar og tæki fyrir og voru 15 tæki keypt á þessu ári, en að sjálfsögðu var það miklu minna en þörf hefði verið. Á þessu ári hafði Vegagerðin um 20 millj. kr. til tilraunastarfsemi, en það var m. a. vegna þess að geymd hafði verið frá fyrra ári nokkur fjárveiting í sambandi við þessa tilraunastarfsemi. Hún var á margvíslegan hátt gerð. M. a. voru gerðar tilraunir um vegi byggða í mýri og athuganir á helstu eiginleikum íslenskra jarðvegsefna, athugun á burðarþoli staura, kerfisbundin leit að steinefnagerðum í sambandi við olíumöl. Þá voru gerðar girðingar til að verja vegi fyrir snjó og fortryggt var malarefni, rykbinding og meðferð þess og framkvæmd og athugun á vikri til vegagerðar, og fleiri rannsóknir mætti nefna í þessu sambandi. Þá var og í sambandi við brúargerðina yfir Borgarfjörð varið í það tíma og fjármunum að kynna sér hvaða áhrif brúargerðin gæti haft eða hvort hún hefði áhrif á laxgengd í Borgarfjarðaránum. Enn fremur var á þessu ári gerð í fyrsta sinn módeltilraun með brúargerð. Sú tilraun gaf á margan hátt mjög góða raun og raunverulega er byggð á henni sú ákvörðun sem tekin hefur verið í sambandi við framkvæmd þess verks.

Þá vil ég geta þess að eins og kunnugt er hefur Sverrir Runólfsson haldið hér uppi nokkrum frásögnum um það að hann hefði möguleika til að gera vegagerð með ódýrari hætti, en þó jafntrausta og Vegagerð ríkisins gerði. Það varð því að ráði að leyfa honum að sýna það hvernig hann gæti framkvæmt þessa aðferð sína um ódýra vegagerð með því að byggja frá grunni um 1200 m langan vegakafla á Vesturlandsvegi milli Ártúnsár og Tíðaskarðs. Fyrirheit um slíkan tilraunakafla var gefið í apríl 1972 og Sverrir valdi ofangreindan kafla af þremur, sem honum var gefinn kostur á í ágúst 1973. Viðhlítandi verklýsingu lagði Sverrir ekki fram fyrr en 22. júlí 1974 og var gerður við hann verksamningur í ágúst s. l., en hann hófst handa skömmu síðar. Heildarkostnaður samkvæmt áætlunum Sverris átti að vera 8.4 millj. kr. að slitlagi meðtöldu. Sverrir vann síðan að gerð kaflans fram á vetur. Undirbyggingu var að mestu lokið og upprótað land næst vinnusvæðinu fært í það horf að ekki stafaði af því lífshætta fyrir menn né skepnur. En þá var kostnaðurinn orðinn 12.8 millj. kr. Búast má við því að það kosti 5—7 millj. kr. að ljúka þessu verki og verður það gert.

Þetta þykir mér rétt að komi fram til að skýra það, sem oft hefur verið til umr. í sambandi við hugsanlega framkvæmd þessa vegagerðarmanns á ódýrari hátt en Vegagerð ríkisins gæti gert. En eins og margir eða einhverjir hafa verið til í að trúa því, að svo gæti verið, hafa hinir líka verið margir sem ekki hafa viljað trúa. En staðreyndin fer nú að liggja fyrir.

Áður en ég lýk þessu máli minu vil ég gefa hér að lokum yfirlit yfir framkvæmdir í vegáætlun 1974 í þeim köflum nýbygginga, sem hér eru, eins og þeir eru sundurgreindir í okkar vegalögum.

Þar er þá fyrst að ræða um hraðbrautir. Fullnaðarfrágangur á undirbyggingar var gerður í hraðbrautum á 14.3 km. Lagning malarslitlags var 7.6 km. Lagning bundins slitlags var 8.1 km. Brýr 10 m og lengri voru fjórar, þar voru 58 m og smábrú var ein og hún var 8 m löng. Í þjóðbrautum voru undirbyggðir vegir 80 km, lagt slitlag og burðarlag á 89 km. Brýr, sem voru 10 m og lengri, voru 7 alls eða 278 m og smábrýr fimm, 23 m. Í landsbrautum voru undirbyggðir vegir 78 km, lagt slitlag og burðarlag á 85 km. Brýr, sem voru 10 m og lengri, voru 7, 526 m, og smábrýr fjórar, 22 m. Á sýsluvegum voru brýr, sem voru 10 m eða lengri, ein, 14 m, og smábrýr 21 m, en þrjár talsins.

Merkasti atburður í vegagerð á árinu 1974 og raunar í vegagerð Íslendinga frá upphafi vega, er opnun hringvegarins með því að ljúka byggingu brúarinnar yfir Skeiðará. Þar var byggð lengsta brú landsins, sem er á milli 9 og 10 hundruð metrar, og það var sögulegur atburður sem þjóðin öll veitti athygli með mikilli ánægju, og allt, sem hefur skeð í vegaumferð síðan þessi brú var byggð á s.l. sumri, sýndi geysilega aukningu á umferð á þessum hluta landsins sem um brúna var farið. Aukningin á leiðinni austur var meiri en nokkru sinni fyrr og mjög margir íslendingar hafa sér til mikillar ánægju farið hringveginn og sérstaklega austur yfir brúna á Skeiðarársandi.

Það orkar ekki tvímælis að þessi atburður var einn af þessum atburðum sem árið 1974 mun geyma í sögunni, enda var hann líka tengdur því ári og fór vel á því að það tókst til með þeim hætti að hægt var að ljúka þessu verki svo sem til var ætlast. Vil ég við þetta tækifæri, um leið og ég lýk máli mínu, færa vegagerðarmönnum, bæði yfirstjórn vegamálanna, vegamálastjóra, verkfræðingum og öðrum slíkum starfsmönnum, brúarsmiðum og öðrum þeim, sem að þessum málum unnu, þakkir fyrir það, svo og þeim ráðherrum sem fóru með vegamál á þeim tíma sem þessi framkvæmd var gerð.

Meðferð þessa máls er á þessu þingi. En þar er aðeins um umr. að ræða, en ekki meðferð í n., svo að ég læt máli mínu lokið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir fróðlegt yfirlit yfir vegalagningu víðs vegar á landinu. En vegna þess að hann minntist í sínu máli á happdrættisskuldabréfaútboð, þá vil ég að það komi hér fram við þessar umr. að ég álít það hættulega fjáröflunarleið. Þau hafa reynst bæði dýr og þjóðhagslega hættuleg lán, þar sem þau ganga á veltufé þjóðarinnar — það veltufé sem ég álít vera vinnufé þjóðarinnar, fer til fjárfestinga, og kemur með miklum þunga á hið almenna útlánakerfi banka og annarra peningastofnana. Það segir sig sjálft, eins og raun ber vitni og ástandið er í banka- og peningamálum í dag, að það er þrengt þannig að atvinnufyrirtækjum að það má segja að atvinnurekstur allur, hvort sem hann er opinber eða einkarekstur, er nú í fjárhagslegum erfiðleikum. Ég vil láta það koma hér fram að við verðum að forðast að íþyngja þjóðarbúskapnum með því að vera með of margar dýrar framkvæmdir í gangi á dýrustu lánum, og við verðum að varast að gera of mikið á of skömmum tíma fyrir of lítið eigið fé.

Ég hef áður sagt við umr. um þessi mál í Ed. þessarar hv. stofnunar að ég áliti skynsamlegra að standa að vegalagningu almennt, ekki síst varanlegum vegum, á sama hátt og staðið er að virkjun fallvatna, hafa sömu starfsaðferð og viðhöfð er í orkumálum okkar, þ.e.a.s. að bjóða út vegagerð á Íslandi á sama peningamarkaði og gert er í orkumálum og sama vinnueða verktakamarkaði, þannig að hingað gætum við fengið á sama hátt í vegamálum og í orkumálum erlenda verktaka, stórfyrirtæki til að bjóða í þessi verk, og á ég þar við að skipulagt sé allt landið í einu. Ísland er ekki stórt land og þó að við bjóðum út 5 000—6 000 km og höfum ákveðin verkefni í gangi í varanlegri vegagerð í öllum landsfjórðungum í einu, annaðhvort með einum stórum verktaka eða kannske fjórum minni verktökum og íslenskir verktakar starfi þá sem undirverktakar með þessum erlendu verktökum, eins og þeir hafa gert í orkumálum, þá álít ég að það sé heppilegra heldur en að ráðast á íslenskan peningamarkað sem alls ekki þolir þær fjárfestingar sem við höfum lagt í að undanförnu í vegagerð og framkvæmdum yfirleitt með þessum útboðum á happdrættisskuldabréfum.

Ég vil miða endurgreiðslu slíkra lána við þær upphæðir sem skv. fjárl. hverju sinni eru ætlaðar til slíkra framkvæmda. Ef þannig er að staðið tel ég að við séum að nota rétt magn af eigin fé á fjárl. hverju sinni til opinberra framkvæmda.

Orð mín í þessu máli verða ekki fleiri að þessu sinni. En ég mun aftur taka til máls hvar sem framkvæmdir út á íslenskt lánsfé kemur til umr., því að það liggur ljóst fyrir að það lánsfé, sem tekið var fyrir 10 árum, hefur 13-faldast miðað við innlenda markaðinn, en það, sem tekið hefur verið í erlendum lánum, hefur um það bil 3-faldast.

Vegáætlun 1974—1977, þáltill. (þskj. 410). — Fyrri umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 410 er till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—1977. Það hljómar e.t.v. nokkuð illa að vera nú að leggja fram vegáætlun fyrir árið 1974 þar sem vegaframkvæmdir á því ári hafa þegar verið unnar, eins og ég gat um áðan, en þetta er gert til þess að fullnægja formi laganna og verður auðvitað engu breytt frá því sem unnið var á s.l. ári, eins og ég hef þegar greint frá. Ég hef og greint frá því hver var ástæðan fyrir því að svo varð og þarf þess vegna ekki að eyða um þetta fleiri orðum.

Það sem ég vil hins vegar segja um þessa vegáætlun er í fyrsta lagi að það er gert ráð fyrir því að á árinu 1975 verði til ráðstöfunar í vegamálum 3 milljarðar 543 millj. kr. Hér er um það að ræða að eigin fé til þessara framkvæmda er 2 630 millj. kr., en um 900 millj. kr. er gert ráð fyrir að afla með lántöku og mun

ég víkja að því síðar og þá að því sem hv. 12. þm. Reykv. sagði hér áðan og ég mun koma að áður en ég lýk máli mínu.

Það er gert ráð fyrir því að þessara tekna verði aflað með þeim hætti að innflutningsgjald af bensíni verði 1 762 millj. kr., þungaskattur af bifreiðum 420 millj. kr. og gúmmígjald verði 96 millj. kr., eða 2 278 millj. alls. Frá þessu dragast svo endurgreiðslur, sem eru 28 millj. kr., og beint ríkisframlag skv. fjárl. verður því 380 millj. kr.

Þessi tekjuáætlun er miðuð við þann bílafjölda sem gert er ráð fyrir að verði í umferð á þessum árum og þá er miðað við það að í júlí 1975 verði 70 800 bílar hér í notkun og í júlí 1977 78 500 bílar. Það er gert ráð fyrir því að úr bílafjölgun dragi frá því sem var á árinu 1974. Svo sem kunnugt er var sá innflutningur, sem þá var á bifreiðum, óvenjumikill og er ekki gert ráð fyrir að slík þróun geti haldið áfram. Hér er því farið inn á fyrri spár, að við lok þessa tímabils verði komið í það jafnvægi sem raunverulega var gert ráð fyrir.

Það er þessi tekjuáætlun sem vegáætlunin byggir á. Hún gerir ráð fyrir því að bensínnotkunin fari úr 104 þús. lítrum af bensíni í 121 þús. á þessu fjögurra ára tímabili og að tekjurnar aukist í samræmi við þetta á þessu tímabili, enn fremur að þungaskatturinn fari úr 311 millj. kr. í 468 millj. kr. og gúmmígjaldið verði mjög svipað í lok þessa tímabils og það var í upphafi. Ekki er gert ráð fyrir því að hægt sé að gera ráð fyrir auknum tekjum af því eins og gert er ráð fyrir í sambandi við aðra tekjustofna.

Í sambandi við þær lánveitingar, sem hér eru heimilaðar, þá eru þær byggðar á lögunum um tekjuöflun til vegagerðar sem afgr. voru á s. l. sumri, enn fremur á heimild í fjárl. og svo einnig því sem gert er ráð fyrir í sambandi við efnahagsmálafrv. það sem ríkisstj. hefur lagt fram.

Um útgjaldahlið þáltill. er þetta að segja: Það er gert ráð fyrir því að stjórn og undirbúningur á árinu 1975 verði 183 millj. kr. og er það 60 millj. kr. hækkun frá því sem var á árinu 1974. Til viðhalds þjóðvega er nú tekin upp sú nýbreytni að það er skipt viðhaldsfénu til sumarviðhalds og til vetrarviðhalds og til vegamerkinga. Það hefur ekki áður tíðkast hér að taka upp sérstaka sundurgreiningu til vetrarviðhaldsins, en það er talin hin mesta nauðsyn að gera það því að það hefur farið sívaxandi svo sem kunnugt er. Nú er gert ráð fyrir því að til vetrarviðhaldsins fari 195 millj. kr., en 888 millj. kr. fari aftur til sumarviðhaldsins. Í heild hækkar þessi liður um 330—340 millj. kr.

Allt frá því að tekin var upp gerð fjögurra ára vegáætlunar hefur fjárveiting til viðhalds þjóðvega aðeins verið skipt í tvo flokka eins og ég gat um áðan. Kostnaður við vetrarviðhaldið, þ. e. snjómokstur, hefur verið tekinn af óskiptri fjárveitingu til viðhaldskostnaðar þjóðvega. Það hefur því farið eftir tíðarfari hvers vetrar hvað mikið fé hefur verið til ráðstöfunar til almenns viðhalds veganna þegar búið er að taka þessa fjárhæð til vetrarviðhaldsins sem hefur oft verði alltá. Á s. l. 8 árum hefur reynslan verið sú að það hafa farið 15—23% af heildarviðhaldskostnaðinum til vetrarviðhaldsins. Hér við bætist það svo að komið hafa fram sívaxandi kröfur frá einstaka byggðarlögum um endurskoðun á snjómokstursreglum og bætta þjónustu í sambandi við vetrarsamgöngur, ekki síst vegna læknaþjónustu dreifbýlisins, og þá leiðir opnun hringvegarins á s. l. ári það af sér að óhjákvæmilegt verður að endurskoða snjómokstursreglurnar um suðausturhluta landsins.

Með tilliti til þess, er að framan greinir, er hér gerð till. um að skipta viðhaldskostnaði þjóðveganna annars vegar í sumarviðhald og hins vegar í vetrarviðhald með það fyrir augum að kostnaður við vetrarviðhaldið hafi ekki áhrif á almennan viðhaldskostnað vega eins og verið hefur. Það hefur komið fram hér áður á þessu hv. þingi að spurt hefur verið um vetrarviðhaldið sérstaklega og þá fyrst og fremst snjómoksturinn sem var mjög tilfinnanlegur einmitt nú í vetur eftir áramótin, og var því ekki að undra þó um það væri rætt hér á hv. Alþ. þar sem heil héruð voru alveg án þess að geta notið eðlilegrar umferðar vegna þess að snjórinn var svo mikill og ekki voru tæki til þess að ryðja snjónum af vegunum, en að því kem ég seinna.

Í sambandi við yfirlit um kostnað við vetrarviðhaldið vil ég geta þess að ef talan 1968 er tekin sem 100, þá var minna vetrarviðhald 1969, eða 81%, hins vegar 1970 var það 110%, 1971 var það 105%, 1972 var það 92% og 1973 var það 124% af viðhaldsfénu sem fór í þetta.

Aðrir þættir vegamálanna, sem hér eru til meðferðar, eru nýir þjóðvegir, en það er ætlast til þess að á árinu 1975 fari 111 millj. kr. til nýrra þjóðvega í heild. Þessu er eins og öðru skipt í höfuðflokka, en ekki á einstaka vegi eins og venja er þegar vegáætlunin er lögð fram.

Það er gert ráð fyrir því í þessari till. eins og hún er hér lögð fram, að 437 millj. kr. verði varið til hraðbrauta. Í sambandi við það mál vil ég geta þess að meiri hluti af þessari fjárhæð er bundinn með samningum, sem er áframhald á vegagerð hér á Austurvegi austur að vegamótum Skeiðavegar og Austurvegar, og hinn hlutinn er bundinn í Hafnarfjarðarveginum í gegnum Kópavog. Þessu er þannig varið að 157 millj. kr. verður að nota vegna Austurvegarins og 101 millj. kr. vegna Hafnarfjarðarvegar í Kópavogi. Þá er gert ráð fyrir því að með þessu fé verði komið með Hafnarfjarðarveginn að Kópavogslæknum, en hins vegar á þá eftir að gera nýja brú á Kópavogslækinn og sömuleiðis á svo eftir að halda áfram með þann veg eins og kunnugt er.

Í sambandi við hraðbrautirnar vil ég geta þess að 500 millj. kr. á þessari vegáætlun er ekki skipt á neinn höfuðflokk vegaframkvæmdanna, hvorki hraðbrautir, þjóðbrautir né landsbrautir, en að sjálfsögðu mun verulegur hluti eða nokkur hluti af þessari fjárhæð ganga til hraðbrauta, og ég geri ráð fyrir því að öll þessi fjárhæð gangi til hraðbrauta og þjóðbrauta við skiptingu á síðara stigi.

Nú kemur að þeim verkefnum sem ég vil hér víkja sérstaklega að og mér þykir ástæða til að

víkja að, vegna þess að þau verða ein stærstu verkefnin á þessu vegagerðartímabili. Þar vil ég nefna fyrst brúargerð yfir Borgarfjörð. Ég vil líka gera það vegna þess að ég held að það muni vera nokkuð skiptar skoðanir og sumir telja að nauðsyn þeirrar brúargerðar sé ekki eins mikil og ætla mætti og sé því hægt að leysa það mál með heppilegri hætti en hér er stefnt að og ég hef áður lítillega vikið að. Í sambandi við það mál vil ég vikja að grg. vegamálastjóra um þetta málefni sem ég vil vitna til, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir svo:

„Í vegáætlun fyrir árin 1969—1972 var veitt nokkurt fé til athugunar á framtíðarlegu Vesturlandsvegar um Borgarfjörð. Þessari athugun var það langt komið á öndverðu ári 1972 að tekin var upp í vegáætlun fyrir árin 1972—1975 fjárveiting til vega- og brúargerðar yfir Borgarfjörð milli Seleyrar og Borgarness. Höfðu samanburðarathuganir á þeim valkostum, sem fyrir hendi voru, leitt í ljós að sú lausn var hagkvæmust. Í vegáætlun var gert ráð fyrir því að framkvæmdir hæfust á s. l. ári. Undirbúningur og frumáætlun um þessa mannvirkjagerð hefur þó reynst tímafrekari og umfangsmeiri en svo að unnt væri að halda þeirri áætlun. Lögð hefur verið mikil vinna í það að kanna hugsanleg áhrif mannvirkjagerðarinnar á laxveiði og hafa í því sambandi verið haldnir tveir fundir á árinu 1974 með landeigendum og veiðiréttareigendum eins og rn. er kunnugt. Hefur í framhaldi af því verið gerður sérstakur samstarfssamningur við þessa aðila, sbr. bréf fjármálastjóra til rn. frá 26. þ. m. Þar sem miklar verðbreytingar hafa orðið síðan fyrsta athugun var gerð á hinum ýmsu valkostum um gerð vegar fyrir eða yfir Borgarfjörð hefur verið gerð ný arðsemisathugun á hinum ýmsu valkostum og öðrum þáttum í þessu sambandi sem ekki verða færðir til reiknings tölulega. Þessar athuganir eru gerðar af áætlanadeild Vegagerðarinnar, en Snæbjörn Jónasson forstöðumaður tæknideildar hefur dregið þær saman á fskj."

Ég vil í sambandi við þetta mál einnig upplýsa það að á þessari leið sem mundi styttast um tæpa 30 km miðað við vesturlandsleiðina og um 10 km miðað við norðurleiðina, þá er ástandi þess vegar þannig komið að á þessari leið eru bæði vegir og brýr orðnir mjög lélegir sem ekki er undarlegt því að hér er um að ræða eina af elstu brúum landsins. Brúin á Hvítá hjá Ferjukoti er orðin 47 ára gömul og hún er að sjálfsögðu byggð fyrir allt aðra umferð en nú er orðin. Bæði er breidd hennar með þeim hætti og styrkleiki, að a. m. k. nokkur hætta er orðin á því að hún þoli ekki þá umferð sem um hana er nú orðin, og stórum bílum er orðið erfitt að komast yfir brúna. Brúin á Andakílsá, sem einnig er á þessari leið, er 40 ára gömul og hún er líka mjög varasöm og hættuleg og styrkleiki hennar ekki heldur í hlutfalli við þá umferð sem nú er þar.

Í þriðja lagi má svo nefna brýrnar yfir Ferjukotssíkin. Önnur þeirra er 27 ára gömul, en hin er 43 ára gömul. Þessar brýr eru líka veikbyggðar og vegurinn yfir Ferjukotssíkin er einn af þeim vegum landsins sem hefur sífellt sigið árlega, og á því svæði virðist vera mjög langt í botn, svo langt að hann hefur ekki til þessa raunverulega verið finnanlegur. Ef umferðin um þessa leið félli niður vegna þess að þessar brýr biluðu, eins og brúin á Hvítá, og yrði að fara fram Bæjarsveit, þá mundi leiðin lengjast um eða yfir 50 km, ef það væri hægt að fara yfir brúna hjá Kljáfossi, en annars mundi hún lengjast um tæpa 80 km. Á þeirri leið eru líka mjög gamlar brýr. Brúin á Grímsá er 38 ára gömul, á Flókadalsá 42 ára gömul, á Reykjadalsá 36 ára, á Hvítá hjá Kljáfossi 55 ára, auk þess sem sú brú er það mjó að hún mundi ekki þola þá stærð af bílum, sem nú fara þessa leið, og yrði því að fara brúna hjá Bjarnastöðum. Og brúin á Þverá á Lundahyl er 62 ára gömul. Þegar þetta er haft í huga, þá held ég að öllum verði ljóst að hjá þessari framkvæmd verður ekki komist. Að sjálfsögðu ber að velja það sem hagkvæmast er eins og fram kemur hjá vegamálastjórninni. Talið er að arðsemi þessarar brúar nú, eins og hún er nú reiknuð, sé um 11—12%, en var áður fyrr reiknuð allt upp í 18%. Verðlag síðari ára hefur breyst í óhag á þann veg sem hér hefur nú verið greint.

En það eru fleiri verkefni, stórverkefni, sem nauðsyn ber til að sinna í sambandi við þá vegáætlun sem hér liggur fyrir. Það er gert ráð fyrir því í þessari vegáætlun að fjárhæð til þjóðbrauta verði 143 millj. kr. Um þá fjárhæð er það að segja að hún er einnig miðuð við að hluti af þeim fjármunum, sem óskiptur er, verði notaður til þjóðbrauta. Í því sambandi vil ég geta sérstaklega um þá athugun sem framkvæmd var á s. l. hausti á því að hraða gerð vega á þjóðveginum í kringum landið. Þá var tekinn til sérstakrar athugunar vegurinn frá Hvolsvelli að austan um Reykjavík til Akureyrar um vestanvert landið. Það kom í ljós við þá athugun sem þarna var gerð að ef ætti að vinna þetta verk með varanlegu slitlagi, þá væri hér um að ræða í vegum og brúm milli 7 og 8 milljarða til þess að ljúka þessu verki og hér væri um að ræða vegalengd, sem væri um 440 km. Nú orkar það ekki tvímælis að það tekur nokkurn tíma að leysa þetta verk af hendi. Hins vegar vil ég taka undir það með hv. 12. þm. Reykv. að æskilegt væri að gera stórátak í vegagerðinni hér á landi og mætti þá að minni hyggju alveg eins fara þá leið sem hann benti á í sambandi við framkvæmd verksins eins og aðra lánaeða tekjuöflunarleið, sérstaklega ef farið væri út í stórframkvæmdir.

Samkv. því yfirliti, sem ég hef fengið frá Framkvæmdastofnun ríkisins um gerð hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, þá mundi að hennar mati nú kosta um 20 milljarða kr. að gera helstu vegi landsins, þ. e. hringveginn og aðra þá vegi sem eru tengdir honum, akfæra á þann hátt að lagt væri varanlegt slitlag á alla þá vegi sem mesta umferðin er um, en hins vegar yrðu þeir vegir, sem minni umferð er um, gerðir að góðum malarvegum og á þann hátt yrði þetta verk unnið.

Ég tel að það beri nauðsyn til að gera þá áætlun að á næstu 3—4 vegáætlunartímabilum yrði hægt að leysa þetta verkefni. Það væri mér sönn

ánægja ef hægt væri að gera það með meiri hraða, en mér finnst í raun og veru að við getum ekki ætlað okkur lengri tíma í það en þetta. Til þess að það mætti verða þyrftum við 4—5 milljarða á ári eftir því hvor leiðin væri farin og þá hef ég einnig það í huga að við héldum að sjálfsögðu áfram að endurbæta okkar landsbrautir, enda er gert ráð fyrir því í þessari áætlun að þær séu teknar með inn í þetta dæmi. Þá er ég einnig með það í huga að tengja þá hluta landsins, sem ekki eru í venjulegu tali taldir með hringveginum, eins og Vestfirði, að tengja þá þessum framkvæmdum og vinna þar með sama hætti og við aðrar framkvæmdir í vegagerð, því að þessi vegagerð er við það miðuð.

Eins og fram hefur komið í ræðu hjá mér áður á hv. Alþ. er athugun á því, hvernig eigi að tengja Vestfjarðakerfið við aðalvegakerfi landsins, nú í framkvæmd hjá vegamálastjórninni. Þar virðist vera um tvær leiðir að velja: Annars vegar að endurbyggja Þorskafjarðarheiðarveginn sem var hinn upphaflegi vegur og tengivegur við Djúpið, og hinn er að fara yfir Kollafjarðarheiði sem er verulega vestar, en með því móti að fara þá leið væri Austur-Barðastrandarsýsla komin inn í þetta kerfi að verulegu leyti. Ég kann nú ekki að segja um það hver verður niðurstaðan af rannsókn Vegagerðarninar um þetta efni og skal ekki heldur um það spá, því að spámaður er ég ekki og um það sem er í athugun, er best að vera ekki að spá miklu. Hitt er mín tilfinning að það væri á margan hátt skemmtilegra og betur til fallið að vestari leiðin, Kollafjarðarheiðin, yrði valin. Það er mitt mat út frá því sem ég tel mig þekkja, að hún mundi koma fleirum að notum. Sérstaklega yrði það í sambandi við aðgerðir í snjómokstri og öðru á veturna, myndi sú leið nýtast betur. En e. t. v. er sú hugmynd ekki réttmæt þegar litið er á málin frá öðrum sjónarhól. En það er Vegagerðar ríkisins að skera þar úr.

Þá var hér og til umr. Breiðadalsheiðin um daginn og hvernig hægt væri að komast þar áfram oftar en að sumarlagi. En eins og kom fram í svari vegamálastjóra þar um þá er þar einnig verið að athuga þá möguleika sem heppilegastir mundu reynast, og líka má vera að tækni í snjóblæstri muni reynast svo að það geri þessa leið miklu auðveldari en áður hefur verið, vegna þess að kostnaðurinn mundi verða margfalt minni við framkvæmd á slíku heldur en áður hefur reynst. En ekki orkar það tvímælis að þeir vestfirðingar hafa að sjálfsögðu mikinn áhuga á þessum tveimur höfuðþáttum í vegaframkvæmdum. Ég segi það sem mína skoðun að ég tel að við þurfum að gera okkur nokkra langtímaáætlun um höfuðþætti í framkvæmd vegamálanna.

Ef ég aftur lít austur á við munu í framhaldi af veginum hér austur á Hvolsvöll, sem ég hef áður rætt um, koma vegir eins og um Mýrdalssand og vegurinn yfir Skaftártunguna og svo kemur, að ég tel í fyrstu röð, Breiðamerkursandurinn sem nú kemur í raun og veru í veg fyrir að hægt sé að nýta Skeiðarárbrúna eins og gert yrði ef það væri búið að ryðja agnúum, sem eru á þessum vegum, úr vegi. Og eitt af þeim verkefnum, sem ég tel að tilheyri árinu 1975, er að snúa sér að framkvæmd á þessum sviðum.

Af Austfjarðaveginum, sem ég að vísu hef takmarkaðan kunnugleika á, verður það án efa Oddsskarðið. Að ljúka því verki verður eitt af stærstu verkefnunum þar og svo Fjarðarheiðin sem mér skilst að sé í nætsu röð af framkvæmdum á þessu sviði. Ég vil einnig nefna á austanverðu landinu í sambandi við þetta, og enn fremur, eins og ég hef áður vikið hér að, ýmsir vegir sem eru þannig á veg komnir að það væri hægt að leggja á þá varanlegt slitlag, eins og þeir eru nú, ef fjármunir væru til. Ég held að hjá því verði ekki komist eða a. m. k. hef ég á því mikinn áhuga að á árinu 1975 verði hægt að hefjast handa um slíkar framkvæmdir, og þá hef ég hugsað mér að slíkar framkvæmdir þyrftu ekki að vera hér út frá Reykjavík.

Eitt af þeim svæðum, sem ég nefndi í ræðu í hv. Ed. í vetur að mjög kæmi til greina og í fremstu röð, var svæðið í kringum Blönduós sem er þegar orðið það vel undirbúið, um 50 km kafli, að það er hægt að leggja þar á slitlag án frekari undirbúnings nú. Ég tel að það beri brýna nauðsyn til þess að færa sig út um landsbyggðina með slíkar framkvæmdir, það mundi breyta mjög viðhorfi manna til vegamálanna ef slíkt væri gert.

Það eru fleiri kaflar sem ég nefndi í því sambandi, eins og sunnanverður Hvalfjörður og Hvalfjarðarströndin, Melasveit og ýmsir kaflar í Hrútafirði, auk þess sem kaflar hér á austurleiðinni koma þar einnig til greina. Allt eru þetta verkefni, sem eru áhugaverð, og verkefni, sem þjóðin öll hefur gott af og mikinn áhuga á. Af stórum verkefnum á Norðurlandsvegi vil ég nefna Norðausturveginn í Köldukinn á Tjörnesi og Melrakkasléttu og Sævarlandsveg hjá Þórshöfn. Hér er um að ræða verulega vegalengd, en allt eru þetta verkefni sem hv. þm. hafa mikinn áhuga á. Þessu til viðbótar get ég nefnt Námaskarðsveg og Austurlandsveg, að tengja Vopnafjörð þar við, og Austurlandsveginn á Jökuldal, sem hefur mjög verið bættur á síðari árum.

Nú er mér það auðvitað ljóst að þó að ég telji hér upp mikið af vegum, þá er það fjármagnið sem skammtar framkvæmdahraðann meira en góðu hófi gegnir og við sem sagt verðum að sætta okkur við það.

Eitt af stórum verkefnum, sem ég hef ekki nefnt enn þá, en sem ég hef áhuga á að yrði sýnt á þeirri vegáætlun sem ég er nú að leggja hér fyrir og hv. Alþ. mun afgr. fljótlega, er undirbúningur a. m. k. að brú á Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Ég tel að það fari vel á því þegar brúin yfir Borgarfjörð hefur verið byggð að þá taki þetta verkefni við og mundi að sjálfsögðu bæta mikið úr því sem þar er um að ræða. Mér er það hins vegar ljóst að þetta gerist ekki á þessum fjórum árum að öðru leyti en því að ég tel að undirbúningur undir þetta verkefni geti komið eða þurfi að koma á þessa vegáætlun.

Ég gat þess hér áðan að í þessari áætlun, sem ég hef hér frá Framkvæmdastofnuninni, er fjallað um endurbætur á vegum, bæði hraðbrautum með varanlegu slitlagi sem þeir áætla að mundu kosta um 9.5 milljarða miðað við nútímaverð, þjóðbrautum sem er áætlað að mundu kosta rúma

2 milljarða og landsbrautum sem þeir áætla að mundu kosta um 2.3 milljarða og er þá allt tekið með, þannig að brýr eru að sjálfsögðu færðar inn í þetta. Þetta eru þau verkefni sem ég tel að við ættum að gera okkar takmark að koma í framkvæmd á næsta þriggja ára vegáætlunartímabili. Því miður sé ég ekki að svo horfi að við getum verið bjartsýnni en það.

Hv. þm. mun nú e.t.v. finnast skrýtið að hlusta á slíkan lestur sem þennan og telja hann ekki nógu raunhæfan miðað við þá fjárhagsörðugleika sem við eigum nú við að stríða. Mér er það fullkomlega ljóst, ekki síður en öðrum þm., að þar verður að gæta að eins og í öðru. En það er afskaplega hagkvæmt að framkvæma í vegagerð að því leyti að vegagerð sparar gjaldeyri fyrir þjóð okkar og vegabætur eru hagkvæmar fyrir rekstur þeirra ökutækja sem nota vegina vegna þess að slit á ökutækjunum er margfalt minna, bensíneyðslan er líka margfalt minni og öll viðskipti þjóðfélagsins eru margfalt betri og hagkvæmari eftir því sem samgöngukerfið er betra. Ég minni líka á það að þegar þjóðin lifði sín kreppuár, á áratugnum milli 1930 og 1940, tókst henni að tengja vegina á milli helstu byggðarlaga landsins. Þess vegna megum við nútímafólk, sem höfum margfalda möguleika á við það sem þá var og ég þekki af eigin reynd frá mínum uppvaxtarárum, ekki láta það hafa áhrif á okkur til þess að draga úr okkur kjark, þó að við verðum að horfast í augu við nokkra erfiðleika, eins og nú er við að fást. Við verðum hins vegar að reyna að meta réttmætt þau verkefni sem við er að fást á hverjum tíma, og koma því til framkvæmda sem okkur er hagkvæmast. Eitt af því, sem okkur er hagkvæmast fyrir utan náttúrlega undirstöðuatvinnuvegina, en þeir eru í beinum tengslum við vegakerfi landsins, það er að efla vegakerfið og byggja það upp á skynsamlegan hátt. Ég vona því að það takist að ná samstöðu um þessa vegáætlun eins og venja hefur verið hér á hv. Alþ.

Ég vil að lokum taka það fram að skipting fjárins í sambandi við útgjöld, eins og á milli sýsluvega og annarra vega landsins, er byggð á þeim breyt. á vegal. sem liggja fyrir hv. Nd. nú og ég vonast til að verði afgr. sem fyrst. Það breytir engu um það hvort það atriði, sem hafa komið fram skiptar skoðanir um hér í hv. d., verður að raunveruleika eða ekki, heldur að frv. að öðru leyti nái fram að ganga. Það er mergur málsins og við það er þessi vegáætlun miðuð.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég vildi vona að það væri hægt fyrr en seinna hér á hv. Alþ. að koma sér saman um áætlun um 3—4 vegáætlunartímabil til að leysa þau verkefni sem ég hef hér mest rætt um. Og ég er sannfærður um að hér á hv. Alþ. er vilji fyrir því. Mér finnst að í því sambandi geti verið réttmætt og sjálfsagt að athuga þá leið sem hv. 12. þm. Reykv. vék hér að áðan því að eins og ég gat um kemur þar í móti gjaldeyrissparnaður til þess að standa að greiðslu á slíku lánsfé.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa mál mitt lengra, en legg til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara ýkjamörgum orðum um vegáætlunina við þessa umr., hún kemur til kasta fjvn., og það gildir um þingmál yfirleitt og ekki síst mál eins og vegáætlun, að afgreiðsla þeirra byggist fyrst og fremst á vinnu í n. og þingflokkum, en ekki á orðræðum í þingsal. En þegar vegáætlun er lögð fram nú fer ekki hjá því að upp rifjist meðferð þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1974—1977 sem lögð var fyrir hv. Alþ. s. l. vor. Þá var jafnframt með sérstöku frv. um fjáröflun til vegamála gert ráð fyrir hækkun bensíngjalds frá 1. maí 1974 um 4.13 kr., í 14 kr. á lítra, og jafnframt talsverðri frestun framkvæmda þrátt fyrir till. um aukna fjáröflun. Síðan átti bensíngjald að hækka um eina kr. til viðbótar um áramótin 1974—1975, en á móti að falla niður 38 gjaldaliðir á ökutækjum.

Það fór nú svo þrátt fyrir margrómaðan áhuga alþm. á vegagerð að þessa tekjuöflun tókst ekki að tryggja Vegasjóði vegna neitunar þáv. stjórnarandstöðu, einkum Sjálfstfl., á að afgreiða málið. Var þar fremstur í flokki hv. 1. þm. Sunnl., fyrrv. samgrh. Ýmsir minni spámenn þáv. stjórnarandstöðu létu í ljós hvað þyrfti að gerast til þess að leystur yrði vandinn í vegamálum, hvað þyrfti að gera til þess að bæta úr þessari vegáætlun, þar sem gert var ráð fyrir frestun framkvæmda, — frestun sem þessir aðilar töldu ekki unnt að þola. Hv. 2. þm. Norðurl. e., sem þá var Halldór Blöndal varaþm., lýsti þeirri höfuðnauðsyn að þáv. ríkisstj. yrði lögð að velli, þá mundi vegáætlun taka stakkaskiptum, og sagði með leyfi hæstv. forseta:

„Ef á að bæta eitthvað það plagg sem hér er, þá verður það að gerast. Því miður getur það ekki gerst að neinu marki á þessu ári, en það gæti kannske farið svo að við tækjum menn sem öðruvísi héldu á málum. Þá er það von okkar, að næst þegar þessi vegáætlun kemur til endurskoðunar verði hægt að auka framkvæmdamagn hennar verulega, þannig að það sé a. m. k. í fyrirsjáanlegri framtíð hægt að búast við því, að það séu sæmilega öruggir og tryggir vegir í miðjum héruðum, sem er miklu meira en hægt er að segja núna, og sums staðar næsta undarlegt hvernig þolað hefur verið hvernig að hefur verið staðið."

Þetta sagði hv. þm. í fyrravor. Og það fór nú svo sem allir vita að sameiginlegt áhlaup Varðbergsmanna, Sjálfstfl. og Framsfl. á lokatímabili vinstri stjórnarinnar gegn yfirlýstri stefnu þessarar stjórnar í herstöðvamálinu bar árangur, og vandlætingarleiksýning Sjálfstfl. gegn verðbólguþróun bar einnig árangur í kosningunum, svo að mynduð var hægri stjórn. Þegar hún hafði verið mynduð var að nýju farið að huga að fjáröflun handa Vegasjóði, og þá fór nú svo að sá hluti fyrrv. stjórnarandstöðu, sem harðast barðist gegn allri hækkun bensíngjalds, lét sér ekki nægja hækkun um 4.13 kr. á lítra, heldur var gjaldið hækkað um 6.13 kr. og hefði þó hækkað um 7.13 kr. ef hv. 1. þm. Sunnl. hefði ekki verið of bráðlátur að semja um þá hækkun við Framsfl. án samráðs við flokksmenn sína. Hann varð með trega að slaka til um eina kr. vegna óánægju flokkssystkina sinna með vinnu-

brögðin. Hann fékk það hins vegar fram í sárabætur að þeir 38 gjaldaliðir á bifreiðaeigendur, sem áttu að falla niður um s. l. áramót, eru enn í gildi.

Nú er runnin upp sú stund sem hv. 2. þm. Norðurl. e. batt mestar vonir við, Vegáætlun er komi til endurskoðunar eftir að hægri stjórn hefur farið með völd í 7 mánuði, og mætti þá ætla að vonir hans og fyrirheit um að framkvæmdamagn vegáætlunar ykist verulega, eins og hann orðaði það, væru nú að rætast. Reyndin er hins vegar sú að þrátt fyrir meiri tekjuöflun en gert var ráð fyrir við framlagningu vegáætlunar í fyrravor er ekki einungis enn gert ráð fyrir þeirri frestun framkvæmda sem þar var innifalin, heldur minnkar framkvæmdamagnið þar til viðbótar mjög verulega. Í mars 1974, um það leyti sem vegáætlunin var lögð fram, var vísitala vegagerðar 2036 stig. Þá var gert ráð fyrir framkvæmdum á árinu 1975 við nýja þjóðvegi, þ. e. hraðbrautir, þjóðbrautir, landsbrautir, girðingar og uppgræðslu og allar sérstakar áætlanir fyrir 1608.7 millj. kr., en í þeirri till. að vegáætlun, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að veittar verði 1711 millj. til þessara framkvæmda á árinu 1975. Vísitala vegagerðar er hins vegar talin 2691 stig í jan. s. l. Það þýðir að enda þótt einungis sé gert ráð fyrir þeirri vísitölu frá jan., þá ætti fjárveiting til þessara framkvæmda með hliðstæðu framkvæmdagildi og gert var ráð fyrir í till. um vegáætlun í fyrra að nema 2126 millj. kr. í stað 1711 millj. eins og hér er lagt til, þ. e. fjárveiting til þessa aðalframkvæmdaliðs ætti að vera 24.3% hærri en gert er ráð fyrir í þáltill. til þess að hún hefði sama framkvæmdagildi og gert var ráð fyrir í þeirri vegáætlun sem þm. Sjálfstfl. voru svo óánægðir með í fyrra. Til viðbótar þeim frestunum á framkvæmdum, sem þá var gert ráð fyrir á árinu 1975, lækka fjárveitingar til nýrra þjóðvega um nær fjórðung og þó í raun og veru enn meir því að reiknað er hér með vísitölu fyrir árið 1975, sem er miðuð við verðlag í jan. s. l., að viðbættri áætlaðri hækkun fyrir leigu vinnuvéla um 15%, en að öðru leyti hefur hvorki verið gert ráð fyrir verðlagshækkunum af völdum gengislækkunarinnar síðustu né þeim láglaunabótum sem nú hefur verið samið um. Ég hef engar upplýsingar um hversu miklu þessar hækkanir nema við vegagerð, en ljóst er af þessu að rýrnun framkvæmdamáttar fjárveitingar til nýrra þjóðvega á árinu 1975 nemur talsvert meira en ¼ þeirrar upphæðar sem ætluð var til framkvæmdanna í vegáætlun, sem lögð var fyrir í fyrra. Raungildi fjárveitingar til brúargerðar á þessu ári minnkar á sama hátt miðað við janúarvísitölu 1975 um 74.1% í samanburði við áætlaðar fjárveitingar í þeirri till. til þál. um vegáætlun sem lögð var fram í fyrravor. Sú lækkun kemur til viðbótar þeim frestunum framkvæmda sem þá var gert ráð fyrir, og raunveruleg lækkun fjárveitingar er þó enn meiri ef tekið væri tillit til þeirra verðhækkana, framkominna og fyrirsjáanlegra, sem ekki er reiknað með í þessari vísitölu, eins og ég áðan greindi.

Það eru margar tölur og töflur, sem fylgja þeirri þáltill. um vegáætlun, sem hér er til umr., og það tekur sinn tíma að grynna í þeim. En ég held að þessi samanburður, sem ég hef hér verið að gera á veigamestu nýbyggingarþáttum á árinu 1975 í þeirri áætlun, sem hér liggur fyrir, og þeirri, sem lögð var fram í fyrravor, lýsi því nokkuð hvað raunverulega felst í áætluninni. Þar er vegáætlunin í hnotskurn.

Margt væri hægt að segja um einstaka þætti vegáætlunar og um vegamálin almennt, en ég sleppi því að sinni. Ég á sæti í þeirri n. sem fær þáltill. til meðferðar, og þar gefst tækifæri til að fjalla nánar um einstök atriði.

Það fer ekki milli mála að vandi Vegasjóðs er mikill og meiri en nokkru sinni fyrr. Patentlausnir fyrrv. stjórnarandstöðu láta á sér standa. Framkvæmdagildi fjárveitingar til vegamála stórrýrnar á sama tíma og reynt hefur verið til hins ítrasta á þol tekjuliða, ekki síst þegar höfð er í huga almenn stórskerðing kaupmáttar launa þeirra sem eiga að greiða þessi gjöld. Það er illleysanlegur vandi að gera áætlanir fram í tímann um tiltekið framkvæmdamagn þegar verðbólga geisar í þeim mæli sem nú á sér stað en aðaltekjuliðir eru bundnir í krónutölu á magneiningu söluvöru. Og þegar svo árar minnkar það ekki vandann að sá háttur er jafnan hafður á við afgreiðslu vegáætlunar að hverri krónu er ráðstafað í tilteknar framkvæmdir, en ekki svo mikið sem 10% af framlögum til einstakra framkvæmdaþátta eru skilin eftir óráðstöfuð, m. a. til þess að mæta verðhækkunum. Jafnframt því að á þanþol tekjuliða er nú reynt til hins ítrasta er framkvæmdamagn minnkað til viðbótar fyrri frestunum. En lántökum eru takmörk sett, ekki síst þegar sú hægri stjórn, sem nú fer með völd, hefur tekið tugmilljarða framkvæmdir í slagtogi með erlendum auðhring fram yfir allar þær nauðsynjaframkvæmdir sem landsmenn bíða eftir hvarvetna um landið, en nú eru skornar niður. Annars vegar eru skornar niður þær framkvæmdir, sem ákvarðaðar eru í fjárl., og hins vegar vegaframkvæmdir, eins og er gert ráð fyrir með þeirri till. til þál. um vegáætlun sem hér liggur fyrir.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Það hefur þegar komið fram í þessum umr. að gert er ráð fyrir því í þeirri vegáætlun sem hér liggur fyrir að það þurfi að skera niður fyrri áætlanir um framkvæmdir í vegamálum mjög verulega. Öllum er um það kunnugt að á s. l. ári, árinu 1974, varð ekki hjá því komist að skera niður framkvæmdir í vegamálum allmikið frá fyrri áætlunum m. a. vegna þess að samkomulag fékkst ekki á hv. Alþ. um nýja og óhjákvæmilega tekjuöflun fyrir Vegasjóð. Í þeirri grg., sem fylgir vegáætlunartill. sem hér liggur fyrir, er frá því skýrt að á s. l. ári hafi af þessum ástæðum þurft að fresta eða ýta á undan sér áætluðum framkvæmdum sem hefðu kostað í kringum 1300 millj. kr. Og nú er gert ráð fyrir því að ýta ekki aðeins þessari sömu fjárhæð enn á undan sér heldur að auka þar einnig við, þannig að nú er gert ráð fyrir því, þegar litið er á framkvæmdir áranna 1974 og 1975, að þá þurfi að skera niður áður áætlaðar framkvæmdir sem nemur í kringum 2000 millj. kr. eða fresta þeim

eins og hér er rætt um, fram til ársins 1976. Nú er enginn vafi á því að þessi niðurskurður nemur í raun og veru, miðað við núverandi verðlag, enn þá hærri fjárhæð en þessari sem hér er nefnd, því að þegar framkvæmdakostnaður þessara framkvæmda var reiknaður út var miðað við annað verðlag en nú er fyrirsjáanlegt að muni verða á árinu 1975.

Þess er getið í grg. með till. að á árinu 1976 sé ráðgert að verja til nýbyggingar vega, þ. e. a. s. til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, 2150 millj. kr. á árinu 1976, en fresturinn, sem þá er á skollin frá árunum 1974 og 1975, nemur eins og ég sagði um 2000 millj. kr. eða álíka mikilli fjárhæð. Af þessu er ljóst að hér er um það að ræða að skera niður áður áætlaðar framkvæmdir í vegamálum stórkostlega.

Það er enginn vafi á því að allir hv. alþm. hljóta að leiða hugann að þessu. Þeir hljóta að hugsa um hvaða afleiðingar verða af þessu að það virðist vera stefnt að því að skera niður þessar framkvæmdir í vegamálum svo mikið. Ég er hræddur um að það samrýmist heldur illa þeirri mikið umræddu byggðastefnu sem mest er rætt um nú til dags. Núv. hæstv. ríkisstj. hafði gefið fyrirheit um að nú ætti að gera stórátak í byggðastefnumálum. En þessi niðurskurður, hvernig halda menn að hann komi við hina svonefndu byggðastefnu? Ég tel fyrir mitt leyti að sá niðurskurður, sem gert er ráð fyrir að verði að eiga sér stað, nái engri átt, það verði að leita allra ráða til þess að minnka þennan niðurskurð og það þurfi að huga að því hvort ekki eru til ráð til þess að útvega Vegasjóði starfsfé að láni eða með beinni tekjuöflunarleið þannig að þessi niðurskurður þurfi ekki að eiga sér stað í svona ríkum mæli.

Það er auðvitað alveg ljóst að niðurskurðurinn á þessu ári, á árinu 1975, verður mjög mikill í reynd frá s. l. ári, frá árinu 1974, þegar varð þó að grípa til niðurskurðar af þeim ástæðum sem hér hefur verið greint frá. Nú er samkv. þessari till. gert ráð fyrir því að til nýrra þjóðvega verði varið á árinu 1975 1711 millj. kr. borið saman við 1706 millj. kr. á s. l. ári. Ég hef ekki handbærar tölur um það hvað þetta þýðir í raun og veru mikinn niðurskurð í beinum framkvæmdum því að til þess að finna það út þyrfti að hafa framkvæmdakostnaðinn, sem reyndist vera á árinu 1974, og þann framkvæmdakostnað sem verða mun á árinu 1975. En áætluð fjárveiting samkv. þessari till. er svo til jöfn til þessara framkvæmda bæði þessi ár í krónum talið. En ekki þætti mér ósennilegt að raunverulegur magnniðurskurður yrði til nýbyggingar þjóðvega samkv. þessu á milli 30 og 40% á milli áranna 1974 og 1975, þegar meðaltalskostnaður á árinu 1974 er annars vegar lagður til grundvallar og hins vegar meðaltalskostnaður við framkvæmdir á árinu 1975 er hafður í huga. Hér er auðvitað um slíkan niðurskurð að ræða að ég álít að það komi ekki annað til mála en athuga gaumgæfilega hvort ekki eru til þess að forðast slíkan niðurskurð.

En auk þess að þetta blasir við, þá skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli hvernig á að verja því fé, sem til ráðstöfunar er, hvernig á að skipta því á hinar einstöku framkvæmdir. Viðurkenni ég strax að það er ofureðlilegt að menn geti greint nokkuð á um það á hvaða framkvæmd skuli leggja mesta áherslu og hverjar verði þá heldur að þoka. En þó eru nokkur atriði í þessum efnum sem binda alla þm. nokkuð. Það á t. d. að binda okkur nokkuð ef ákveðin loforð hafa verið gefin um framkvæmdir, ef samningar hafa beinlínis verið gerðir um framkvæmdir. Ef Alþ. hefur áður samþykkt tilteknar áætlanir um framkvæmdir þá ber vitanlega að taka tillit til þeirra áður en ráðist er í aðrar framkvæmdir sem engin loforð hafa verið gefin um. Í þessum efnum hlýt ég að vekja athygli á því að þegar kemur til þess að ráðstafa þessu allt of litla fjármagni þá sýnist mér t. d. að fjárveiting til svonefndrar Austurlandsáætlunar, en þar er um aðalvegaframkvæmdir á Austurlandi að ræða, fari mjög harkalega út úr till., sem hér liggja fyrir, og miklu verr en flestar aðrar framkvæmdir.

Ég vil þá fyrst minnast á það að svonefnd Austurlandsáætlun í vegamálum er þannig til komin að samkomulag var gert þar sem annars vegar stóðu allir þm. úr Austurlandskjördæmi og hins vegar sú ríkisstj. sem var við völd þegar þetta samkomulag var gert, bæði fjmrh. þeirrar ríkisstj. og samgrh. þeirrar ríkisstj. Þetta samkomulag mun hafa verið gert á þinginu 1970, fyrsta framkvæmdaárið átti að vera árið 1971. Í áætlun, sem var gerð um tilteknar framkvæmdir, þar sem ákveðnar framkvæmdir voru lagðar til grundvallar, eins og skýrt kemur fram í þeirri grg. sem fylgir þessari till., var gert ráð fyrir því að verja tilteknu fjármagni til að leysa af hendi þessar framkvæmdir á næstu 5 árum, og síðasta ár þessarar framkvæmdaáætlunar átti að vera árið 1975.

Á s. l. ári, árinu 1975, var varið til Austurlandsvegáætlunarinnar 107 millj. kr. og varð þó að skera niður framkvæmdir þá mjög verulega af þeim ástæðum sem hér hefur verið minnst á um stöðuna í vegamálum þá almennt. En nú er gert ráð fyrir að verja til Austurlandsáætlunarinnar á árinu 1975 ekki 107 millj. kr., eins og á s. l. ári, heldur 75 millj. kr. og síðan 75 millj. kr. á ári árin 1976 og 1977, — alltaf sama upphæð, 75 millj. kr. Þó er gerð grein fyrir því í fylgiplaggi með þessari till., að vegna þess að verðlag hefur gerbreyst á þessum framkvæmdatíma og einnig vegna þess að breyta hefur þurft framkvæmdum frá því sem áður var áætlað, — reynslan hafði sem sagt sýnt mönnum að fyrri áætlanir stóðust ekki, kringumstæður voru þær að það varð að standa öðruvísi að verkunum, — þá er gert ráð fyrir því að raunverulega vanti í þessa framkvæmd til þess að standa við áætlunina 531 millj.

Í grg. er réttilega sagt að brýnustu framkvæmdir varðandi Austurlandsvegáætlunina séu jarðgöngin undir Oddsskarð og vegurinn yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar. Og því er bætt við að fjárveitingar samkv. þessari áætlun á árunum 1975 og 1976 muni tæpast duga til að ljúka þessum tveimur verkefnum sem telja verður einna brýnust í Austurlandsáætlun. Nú hlýt ég að leiða athygli hv. Alþ. að því, hvernig ástatt er í þessum efnum varðandi Austurlandsáætlun. Hún hefur algera sérstöðu í þessum efnum að því

leyti til að þar var samið um tilteknar framkvæmdir samkv. áætlun, ákveðið verk, og það ber vitanlega að reyna að standa við þetta samkomulag. Um aðrar áætlanir, sem nefndar hafa verið, eins og Norðurlandsáætlun, kemur fram í þessari grg. að þar hefur ekki verið samin nein áætlun um framkvæmdir í einstökum greinum fyrir árin 1976 og 1977. Það hefur ekki verið gert enn. En nú standa sakir einnig þannig í þessu tilfelli, t. d. varðandi þessa tvo þætti, þ. e. a. s. veginn til Neskaupstaðar og veginn til Seyðisfjarðarkaupstaðar, að þarna er um að ræða tvo stærstu staðina á Austurlandi sem eru þannig komnir nú í sambandi við vegamál að það er skemmst frá að segja, að þeir hafa verið slitnir úr öllu vegasambandi í um það bil 4 mánuði. Norðfjarðarmegin við Oddsskarð búa um 1 800 manns. Hvar er hægt að finna byggðarlag á Íslandi af svipaðri stærð sem er slitið með öllu úr vegasambandi við aðalakvegakerfi landsins 4 mánuði á ári? Alveg hið sama er að segja um Seyðisfjörð. Til viðbótar við, að menn eiga við þetta að búa á þessum stöðum, kemur svo það að þegar þessir vegir eru loksins opnaðir, auðvitað með ærnum kostnaði í sambandi við snjómokstur, þá verður að loka þessum vegum í 1—2 mánuði á eftir á hverju ári fyrir mestallri umferð eða a. m. k. þeirri umferð sem skiptir hér mestu máli, vegna þess að vegirnir eru þannig úr garði gerðir að þeir þola ekki nema mjög létta umferð lengi á eftir. M. ö. o.: menn sjá að t. d. kaupstaður eins og Neskaupstaður er ýmist í engu vegasambandi eða nauðaómerkilegu vegasambandi um það bil hálft árið. Annars staðar rífast menn um, að það sé ekki mokað til þeirra tvisvar í viku eða meir þegar snjór fellur á veg, eða þá um að þeir verði að fá bundið slitlag á sína vegi. En í þessu sambandi hlýt ég að minna á það og bið alveg sérstaklega hæstv. samgrh. að taka eftir því, að til viðbótar við svona alvarlegt ástand eins og þessir staðir eiga við að búa í Austurlandskjördæmi hafa þessir aðilar samning við ráðh. — samgrh. og samþykkt Alþ. um framkvæmdir í þessum efnum sem hefur þurft að víkja frá ár eftir ár. Og nú þegar við stöndum frammi fyrir nýrri vegáætlun, þá er gert ráð fyrir því ekki aðeins að víkja frá þessu, eins og gert hefur verið, heldur að víkja frá því enn meir en nokkru sinni fyrr. Þetta er auðvitað svo alvarlegt mál að það er ekki hægt að víkja sér undan því lengur.

Göngin undir Oddsskarð eru þannig komin að það er búið að sprengja göngin í rauninni í gegn. Það er aðeins eftir næfurþunnt þil, sem menn hafa talið rétt að brjóta ekki í sundur fyrr en eitthvað meira gerðist í þessari framkvæmd. Það er búið að leggja veg að gangamunnanum öðrum megin og hinum megin liggur í rauninni vegur þó að hann sé ekki góður. Göngin eru að verulegu leyti gerð. En það á eftir að eyða miklu fjármagni í verkið til þess að það sé hægt að taka göngin í notkun. Á s. l. ári var ekki hægt að vinna neitt í þessum jarðgöngum, það varð að fresta því með öllu. Í stað þess var unnið að nokkrum verkum sem telja má skyld jarðgöngunum sjálfum eða eru í beinum tengslum við þau, en tiltölulega lítið verk.

Í Austurlandsáætlun er ekki aðeins um framkvæmdina á jarðgöngunum undir Oddsskarð að ræða eða vegagerð yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar, heldur einnig meginsamgönguleiðina — í rauninni alveg frá Hornafirði og norður eftir fjörðum, hluta af hringveginum, þar sem ýmsir kaflar eru þannig að það nær engri átt að stefna allri umferð landsmanna að meira eða minna leyti á þetta svæði án þess að halda áfram að reyna að ljúka þeim köflum á Austurlandsáætluninni sem var gert ráð fyrir að þyrfti að vinna. Ég sé ekki annað en ef ætti að standa að fjárveitingum á þann hátt sem gert er ráð fyrir í þessari till. varðandi Austurlandsáætlun, þá mættu menn bíða eflaust í næstu 5—10 ár enn þangað til þetta gæti komist í not hjá okkur. Og svo heyrir maður jafnvel um það talað að við ættum að reyna að koma okkur saman um að gera hér áætlun um það að leggja malbik eða varanlegt slitlag á allan hringinn í kringum landið. Sá hringur kæmi auðvitað ekki við t. d. hjá okkur í Neskaupstað, það er gefið mál.

Ég veit að hæstv. samgrh. vill að sjálfsögðu gera það sem unnt er til þess að leysa þann vanda sem um er að ræða í þessum efnum. Og því beini ég orðum mínum sérstaklega til hans að hér er um svo mikið alvörumál að ræða að það er engin leið að ætla sér að standa á till. eins og þeirri sem hér er lögð fyrir varðandi fjárveitingar til Austurlandsáætlunar, hún er alger fjarstæða. Auk þess er hún hrein brigðmæli í sambandi við það sem um hafði verið samið áður.

Ég tek eftir því að í þeirri till., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir einni verulegri breytingu frá því sem verið hefur í sambandi við ráðstöfun á þessu takmarkaða vegafé. Það er gert ráð fyrir því að verja um 500 millj. kr. á ári, sem er allstór fjárhæð borið saman við vegáætlunina í heild, til sérstakrar vegagerðar, til svonefnds Norðurvegar og Austurvegar. Í þeim efnum er vitnað í frv. sem hefur verið lagt fyrir Alþ. varðandi það mál. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt er hér fyrst og fremst átt við verulegar endurbætur á veginum frá Reykjavík til Akureyrar vestur um land og svo aftur verulegar endurbætur á veginum frá Reykjavík og um Suðurland til Austurlandsins. Þegar þetta frv. lá hér fyrir lýsti ég því yfir að ég gæti á það fallist og væri því hlynntur að við héldum áfram að nýta þann tekjuöflunarmöguleika sem við höfum notfært okkur nú um hríð, þ. e. a. s. að afla til sérstakra vegaframkvæmda í landinu fjár með svonefndri happdrættisskuldabréfaútgáfu. En það kom þá skýrt fram hjá mér og öðrum, sem þá ræddu um þetta mál, að gert var ráð fyrir því að þessi fjáröflun með þessum sérstaka hætti, happdrættisskuldabréfaútgáfu, yrði til þess að gera sérstakt átak í vegamálum landsins og valið yrði eitthvert sérstakt verkefni, mikilvægt verkefni, en hún yrði að sjálfsögðu umfram það sem venjulega hefur verið aflað til vegagerðar í landinu og þetta verkefni ætti ekki að koma í staðinn fyrir aðrar framkvæmdir í vegamálum. Mér hefði aldrei dottið í hug að fallast á það sjónarmið að tekjuöflunarmöguleikar Vegasjóðs í sambandi við almennar framkvæmdir

Vegasjóðs yrðu nýttar í einhverja sérstaka framkvæmd og það yrði á kostnað annarra vegagerðarmála í landinu. En þannig er málum stillt upp að þessu sinni, að það er augljóst að gert er ráð fyrir því að afla minna fjár með lántökum og útboðum á láni hér innanlands og erlendum lántökum til vegagerðarframkvæmda í landinu, þegar þessar 500 millj. eru skildar frá sem áttu að vera í sérstakt átak, en ekki á kostnað annarra framkvæmda. Ég get t. d. ekki fallist á að það eigi að svíkja áður samþykkta Austurlandsáætlun og þau brýnu verkefni sem þar þarf að leysa, til þess að fé verði handbært til þess að malbika vegi hér, þar sem vegirnir eru þó fyrir bestir í landinu. Það tel ég fráleitt.

Ég álít því að eins og vegáætlunin er sett upp í þessari till. verði ekki hægt að taka á þessum málum á annan veg en þann að taka þessa fjárhæð, þessar 500 millj. sem hér eru merktar sérstaklega til Norðurvegar og Austurvegar, og nota þá fjárhæð til þess að standa við þær áætlanir sem gerðar hafa verið áður og þau brýnu verkefni sem engin leið er að skjóta sér undan að leysa. Verði hins vegar aflað fjár til Vegasjóðs þannig að ekki þurfi að taka af þessum 500 millj. og þær geti gengið í þetta sérstaka verkefni umfram hið venjulega hjá Vegasjóði, þá lítur málið allt öðruvísi út.

Ég, eins og ég sagði í upphafi míns máls, skil mætavel að sitt sýnist hverjum um hvað beri að leggja áherslu á í vegagerðarmálum landsins. Víða er þannig ástatt að brýn þörf er á því að ráðast í framkvæmdir. En ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að við beina atkvgr. hér á Alþ. sé ekki til meiri hl. alþm. hér fyrir því að standa við þær samþykktir sem gerðar hafa verið, ekki aðeins af einni ríkisstj., heldur fleiri ríkisstj., viðvíkjandi Austurlandsáætlun, og hv. alþm. fallist ekki á að það verði að reyna að koma vegasambandinu í skipulegt horf til Neskaupstaðar og til Seyðisfjarðar, því að það er ekki til eitt einasta dæmi í landinu sem er neitt í samlíkingu við það sem menn búa við á þessum stöðum. Ég vildi a. m. k. mjög gjarnan að einhver reyndi að benda á einhver slík tilvik þar sem um er að ræða staði sem eru þó a. m. k. þetta stórir. Ég veit að það eru til staðir enn þá í strjálbýli sem ekki er jafnvel lagður vegur til.

Það er ekki víst að ég eigi þess kost að vera hér og taka þátt í endanlegri afgreiðslu þessarar vegáætlunar og af þeim ástæðum sérstaklega hef ég sagt það sem ég hef hér sagt varðandi afgreiðslu málsins. Ég fer mjög eindregið fram á það við hv. fjvn., sem fær þetta mál til athugunar, og að sjálfsögðu við alla hv. alþm. og ekki síst hæstv. ráðh. að tillit verði tekið til þessara ábendinga minna alveg sérstaklega varðandi fjárveitingar til Austurlandsáætlunar. Ég gæti að sjálfsögðu sagt ýmislegt varðandi það, hvað það þýðir fyrir byggðarlög eins og ég hef hér minnst á, að vera þannig sett í vegamálum, en skal ekki gera það í löngu máli. Ég vil þó aðeins minnast á það, að vegna þess, hvernig ástatt er, höfum við t. d. í Neskaupstað, einum af myndarlegustu útgerðarbæjum á landinu, þurft í marga mánuði að fleygja í hafið miklum verðmætum af fiskúrgangi af því að við urðum fyrir því óhappi að verksmiðjan okkar féll í snjóflóði. Það hefur ekki verið nein leið að koma þessum mikla fiskúrgangi til nýtingar annars staðar. Við höfum ekki haft neinn veg til þess að keyra eftir, það hefur allt verið lokað. Það var engin leið önnur en að henda þessu hráefni. Auk þess er svo auðvitað það, að á Austurlandi er aðeins til eitt teljandi sjúkrahús, það er í Neskaupstað og einangrað á þennan hátt. Þar er aðeins til ein dráttarbraut sem tekið getur upp og þjónað stærri fiskiskipum. Það sjá allir að það er alveg útilokað að standa þannig að þessum málum að ekki verði bætt úr frá því sem nú er, og það er búið að dragast allt of lengi að ráða bót á þessum málum.

Ég veit að það er auðvelt verk að segja við okkur þm. Austf. að við hefðum átt að vera enn kröfuharðari en við höfum verið. En okkur er ljóst að við höfum þurft að líta þar í mörg horn og þessu hefur miðað grátlega seint. Úr því sem nú er komið get ég ekki séð annað en að þessar framkvæmdir eigi að vera í forgangsröð.

Það er alveg rétt sem hæstv. samgrh. sagði hér að það er auðvitað heildarfjármagnið sem veitt er til vegagerðarmála sem ræður því hvað hægt er að gera í þessum efnum. En það hefur ekki að mínum dómi verið reynt til fullnustu hvar hægt er að afla fjár til þessara framkvæmda eins og nú standa sakir. Ég vil ekki ganga inn á það fyrir mitt leyti að það eigi að vera svo takmörkuð upphæð að það megi ekki útvega meira fé en gert er ráð fyrir í þessari vegáætlun til þess ara framkvæmda. Ég er alveg sannfærður um að það er hægt að afla bæði hér innanlands og erlendis einnig lánsfjár til vegagerðarmála umfram það sem hér er reiknað með í þessari áætlun. Einnig kemur að sjálfsögðu til mála nú eins og áður, að athuga um sjálfa tekjustofna Vegasjóðs.

Herra forseti. Ég skal svo ekki tala hér lengra mál um þessa vegáætlun. Hún fer nú til fjvn. og að venju verður málið þar rætt ítarlega og eflaust rætt ítarlega við þm. hinna einstöku kjördæma. Ég tel víst að þessi áætlun taki breytingum og það miklum breytingum, eins og þessar áætlanir hafa jafnan tekið áður. En þó að það kunni að vera erfitt, eins og ég hef sagt, að velja þar á milli einstakra framkvæmda, þá eru þó viss mörk sem þar verða að ráða, miðað við það sem áður hefur verið gert. Ég sætti mig ekki við að það standi hér hátíðlega í grg. þessarar till. að það sé búið að semja um tilteknar framkvæmdir á ákveðnum hraðbrautarvegum í nánd við Reykjavík og við þetta verði að standa, en það þurfi hins vegar ekki að standa við það sem Alþ. hefur samþ. áður og a. m. k. tvær ríkisstj. hafa heitið að standa við gagnvart stöðum úti á landi. Ég álít að það verði að standa við það engu síður en hitt og þar á eftir verði síðan að koma athugun á öðrum og nýjum framkvæmdum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er eðlilegt, þegar slíkt mál sem þetta sem nú er hér til umr. er á dagskrá, að hv. þm. þyki ástæða til þess að tjá sig um svo mikilsvert mál. En þar sem ég á sæti í þeirri n., sem kemur til með að

fá þetta mál til umfjöllunar, þá skal ég ekki verða langorður við þessa umr., en tel þó ástæðu til að fara um þetta mál nokkrum orðum nú strax við 1. umr.

Það hlýtur að rifjast upp fyrir hv. þm., og ekki bara þm., heldur og almenningi í landinu, þegar þetta mál er nú til umr. að fyrir um ári var einmitt til umr. á hv. Alþ. vegáætlun, þá undir öðrum kringumstæðum en nú, þ. e. a. s. undir þeim kringumstæðum að ekki var fyrir hendi meiri hl. hér á Alþ. til þess að koma í framkvæmd þeim till. sem þá voru uppi að því er varðaði vegáætlun þeirrar ríkisstj. sem þá sat að völdum. Það hlýtur að rifjast upp fyrir hv. þm. og almenningi í landinu hver voru viðbrögð þáv. stjórnarandstæðinga og þá fyrst og fremst hv. þáv. þm. Sjálfstfl. Það var vikið að því hér áðan að foringi þeirra hv. þm. Sjálfstfl. þá, hv. 1. þm. Sunnl., ásamt öðrum þm. Sjálfstfl. í heild tekið taldi óverjandi að ætla að framkvæma þann niðurskurð sem þá var gert ráð fyrir á framkvæmdum í vegamálum, en var þó miklum mun minni en sá sem núv. hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir að því varðar þá vegáætlun sem nú er til umr. hér.

Það hefur verið vikið að því hér í umr. fyrr að eins og þessi áætlun nú liggur fyrir, þá er um að ræða stórfelldan niðurskurð á framkvæmdum í vegamálum ef þessi þáltill verður samþ. eins og hún nú liggur fyrir. Það er a. m. k. að mínu áliti um að ræða 40% niðurskurð að framkvæmdamagni miðað við árið 1974. Og það er kannske ekki nema eðlilegt að slík till. frá hæstv. ríkisstj. komi fram hér á Alþ. þegar hún hefur boðað sem stefnu sína á næstu mánuðum — kannske árum, — stórfelldan niðurskurð á öllum opinberum framkvæmdum í landinu, a. m. k. á árinu 1975. En það hlýtur að skjóta nokkuð skökku við og því hljóta landsmenn almennt að taka eftir og ekki síst þeir sem búa í hinum dreifðu byggðum, að á sama tíma og núv. stjórnar flokkar leggja til slíkan niðurskurð á verklegum framkvæmdum úti á landsbyggðinni er hér til meðferðar á Alþ. stjfrv. um að leggja fram úr ríkissjóði nokkra milljarða til framkvæmda í tengslum við erlenda aðila og á ég þar við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Ég fyrir mitt leyti verð að segja það að mér óar slík stjórnarstefna eins og hér virðist vera í uppsiglingu, og hygg ég þó að allur almenningur í landinu hafi talið nóg að gert frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum.

Það er greinilegt á þessari vegáætlun og á orðum hæstv. samgrh., sem hann lét falla hér í framsögu fyrir þessu máli, að það á ekki að einskorða stórframkvæmdir á vegum hins opinbera bara við járnblendiverksmiðju í Hvalfirði eða á Vesturlandi. Það á einnig, eftir því sem hann viðhafði orð um og fram kemur í aths. með þessari þáltill., að bæta a. m. k. einum milljarðinum við til framkvæmda við brú yfir Borgarfjörð. Og meira, það á einnig eftir hans tali að hafa a. m. k. innan augsýnar brú yfir Ölfusárbrú nú í næstu framtíð. Og nr. tvö, sem talið er hvað brýnast í aths. með þessari þáltill., er að ljúka gerð vegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Það er sem sagt nr. eitt, hvar sem litið er á mál í framkvæmdum hjá núv. hæstv. ríkisstj., það er nr. eitt suðvesturhorn landsins, það landssvæði sem hefur haft hvað mestar framkvæmdir á sínum vegum sem fjármagnaðar eru af ríkisins hálfu á tiltölulega mörgum undanförnum árum. Það er alveg augljóst mál að það verða ekki bara Austfirðir, sem koma til með að verða fyrir barðinu á þeim niðurskurði sem hér er boðaður varðandi framkvæmdir í vegagerð á árunum 1975—1977. Það verða ekki bara Austfirðir, það verður svo til öll landsbyggðin sem verður látin blæða vegna þess stórkostlega niðurskurðar sem hér er boðaður.

Hæstv. samgrh. sagði áðan, þegar hann ræddi um brúna yfir Borgarfjörð, að fyrir nokkru hefði hún verið í arðsemisútreikningum talin gefa um 18%, nú væri þetta komið niður í um 11%. Ef menn á annað borð vilja hafa að leiðarljósi arðsemisútreikninga, þá væri sjálfsagt langbest að geyma þetta enn um sinn þangað til engin arðsemi væri orðin af þessari brúargerð. Það sýnist mér vera ljóst ef menn á annað borð hafa mikla trú á arðsemisútreikningum, sem ég vil a. m. k. gjalda varhuga við því að þar þarf að taka inn í ýmislegt sem er mikilvægt, en ekki tekið með.

Það var ýmislegt fleira, sem kom fram í máli hæstv. samgrh., sem ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni. Það gefst sjálfsagt til þess tækifæri við umr. málsins síðar að ræða frekar um þetta, bæði hans mál og annað það sem fram kemur í þessari till. En það vekur athygli mína a. m. k. og ég vænti fleiri hv. þm. að í öllu orðaflóði hv. stjórnarliða um skort á fjármagni til framkvæmda er ekki, að því er ég best hef getað séð, — ég skal þó taka fram að ég hef ekki haft langan tíma til þess að kynna mér þessa áætlun, hún er tiltölulega nýlega komin fram, — en ég hef ekki komið auga á það að hæstv. ríkisstj. ætli að notfæra sér þann sjálfsagða tekjuöflunarmöguleika, sem ég tel vera, veggjaldið, vegskatturinn. Ég hef sagt það fyrr hér á Alþ. að ég tel það sjálfsagt mál og það sé full þörf á því, ekki síst í öllum þeim barlómi sem nú er uppi hafður varðandi fjármagnsskort, að slíkur tekjustofn sé nýttur. Það liggur fyrir í upplýsingum frá Vegagerðinni frá árinu 1972 að hefði verið haldið áfram að innheimta vegskatt á Reykjanesbrautinni og til viðbótar Suðurlandsveginum þegar hann komst í gagnið, þá hefði það gefið nettótekjur á árunum 1972—1976, miðað við það gjald, sem þar er lagt til grundvallar, nærri 163 millj. kr., — 163 millj. kr. á þessu 5 ára tímabili. Og enginn vafi er á því að hefði slíkt gjald fylgt þeim hækkunum, sem orðið hafa í þjóðfélaginu á þessum tíma, þá hefði þetta a. m. k. orðið um 250 millj. kr. á þessu tímabili og munar vissulega um það. Mér eru það mikil vonbrigði ef það er ekki ætlun núv. stjórnvalda að nýta þennan tekjustofn. Mér þykir það sjálfsagt með hliðsjón af því að ég tel sanngjarnt að þeir, sem eiga þess kost að njóta þeirra framkvæmda sem í því felast að geta ekið vegi eins og t. d. Reykjanesbrautina og veginn austur fyrir fjall með miklu minni tilkostnaði, séu látnir greiða fyrir það.

Vel má vera að þm. almennt séu orðnir afhuga þessari skattheimtu. Ég er það ekki, ég tel hana sjálfsagða, ekki síst miðað við það ástand sem nú er, þegar fyrir liggur að það á að skera um

allt að 40% a. m. k. framkvæmdagetu í verklegum framkvæmdum við vegagerð á árinu 1975.

Mér kemur það sem sagt nokkuð illa og ég hygg að svo muni vera um fleiri þm. sem teljast til landsbyggðarinnar og eiga að verja hennar málstað, að það skuli í þessari þáltill., sem hefur inni að halda svo stórkostlegan niðurskurð á framkvæmdum, sérstaklega tekið fram að leggja beri höfuðáherslu á og að brýnast verkefni sé að ráðast nú í framkvæmd eins og brúna yfir Borgarfjörð og veginn milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Það virðist ekki vera að hæstv. ráðh. eða stjórnarliðum almennt, — ég skal þó ekki um það fullyrða, — þyki neitt súrt í broti þó að skera eigi niður nauðsynlegar framkvæmdir í vegagerð víðs vegar í kringum landið, á stöðum sem eru miklu, miklu verr settir heldur en þeir staðir sem hér er verið að ræða um og talið er af hálfu hæstv. ríkisstj. að beri brýna nauðsyn til að hafa nr. eitt í framkvæmdaröð á yfirstandandi ári.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá ræðumönnum, að hér er um svo stórkostlegan niðurskurð að ræða að vart verður við unað. Verður að leita leiða til þess að afla fjár, meira fjár í Vegasjóð til framkvæmda heldur en hér er gert ráð fyrir. Og ég er um það viss að það eru engar leiðir lokaðar í lánsfjárútvegun í sambandi við fjármagn til Vegasjóðs. Hér er fyrst og fremst um að ræða markaða stjórnarstefnu, niðurskurð, samdrátt, eins og hæstv. ráðh. hafa hver á fætur öðrum boðað, en ekki hitt, að það beri svo brýna lífsnauðsyn til að skerða þessar framkvæmdir sem eru nauðsynlegar víðs vegar í kringum land, að það sé ekki framkvæmanlegt vegna þess að ekki sé hægt að útvega fjármagn.

Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austf. í sambandi við veginn norður og austur. Ég trúi því ekki að það hafi neinum þm. dottið það í hug þegar verið var að ræða um þá fjáröflunarleið sem þar er tilgreind að það ætti að taka úr þeim framkvæmdum sem verið væri almennt að fást við í landinu í sambandi við vegagerð, það ætti að koma umfram, þær framkvæmdir ættu að vera umfram það almenna sem um væri talað. Og ég trúi því varla að það verði svo í reynd að þessar 500 millj., sem þarna er um rætt til Norður- og Austurvegar, verði teknar út úr þessu fjárhagsdæmi til þess að setja í slíkar framkvæmdir því að þótt þær séu út af fyrir sig nauðsynlegar þá eru þó aðrar framkvæmdir í öðrum landshlutum sem eru miklum mun brýnni og nauðsynlegri. Þó að mönnum þyki slæmir vegir á þessu svæði, þá eru þeir þó víða finnanlegir margfalt verri en þarna um ræðir. Og ef menn á annað borð vilja fara út í framkvæmdir af þessu tagi, sem ég skal ekkert andmæla út af fyrir sig, þá verður það fjármagn að koma umfram það sem ætlað er til hinna almennu vegaframkvæmda í landinu en ekki skerða þá framkvæmdagetu.

Hæstv. samgrh. minntist á Djúpveginn. Það er ekki aðeins Djúpvegurinn á Vestfjörðum, þegar menn vilja fara að tala um kjördæmi, — það er ekki aðeins hann sem er brýn nauðsyn á að hraða framkvæmdum við. Það eru ótalmargir aðrir vegir á Vestfjörðum sem er og hefur verið um nokkurra ára bil nauðsyn á að ljúka, sem byrjað er á, og einnig aðrir vegir sem nauðsynlegt er að hefja framkvæmdir við.

Að því er varðar Djúpveginn þá var hann hér til umr. ekki alls fyrir löngu, þ. e. a. s. hver leið yrði valin til tengingar á honum við aðalvegakerfi landsins. Hæstv. samgrh. hallaðist, að því er mér skildist frekar, að Kollafjarðarheiði. Um þetta hafa engar ákvarðanir verið teknar. Ég vænti þess að innan stutts tíma liggi fyrir rannsóknir Vegagerðarinnar á þessum tveim leiðum, sem fyrst og fremst hafa verið til umr., þannig að það verði innan tíðar hægt að taka um það ákvörðun hvaða leið eigi að velja til þess að tengja Djúpveg við aðalakvegakerfi landsins. Hitt vil ég á minna út af því, sem hv. 2. þm. Austf. sagði hér og varðaði Austfirði, að það eru ótal staðir á Vestfjörðum sem eru innilokaðir 6, 7 og 8 mánuði á ári vegna þess að akvegasamband er ekki fyrir hendi. Og það eru þeir staðir sem við teljum að eigi að hafa forgang um framkvæmdir umfram aðra staði. Það sýnist mér ekki vera með þessum till. sem hér liggja fyrir. Ég vænti þess að á því fáist breyting, að hæstv. samgrh. verði a. m. k. til viðræðu um það og jafnvel beiti sér fyrir því að á þessu verði gerð breyting og umfram allt verði fundin leið til þess a. m. k. að draga úr þeim stórkostlega niðurskurði sem hér er boðaður á framkvæmdum við vegagerð á árinu 1975.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það fer ekki hjá því, þegar rætt er um þetta mál sem nú liggur fyrir til umr., að hugurinn reiki nokkrar vikur aftur í tímann þegar efnislega sambærilegt mál var rætt í sölum þingsins, í des., þ. e. a. s. áætlun um tekjur og gjöld íslenska ríkisins. Í des. fóru fram miklar og langar umr. um það mál. Hins vegar kom í ljós nokkrum vikum eftir að þeim umr. var lokið, nánar tiltekið í jan., að þá lýsti ríkisstj. því yfir að þessi áætlun um tekjur og gjöld ríkisins, sem nýlega hafði verið samþ., væri orðiin ónýt, úrelt, allar gerðir Alþ. í málinu hefðu verið út í hött, öll orð, sem mælt voru hér í þingsölum um málið, hefðu verið út í hött þar sem áætlunin stæðist ekki lengur. Og nú hljótum við að spyrja þegar önnur slík áætlun er lögð fyrir hv. Alþ., hversu langir lífdagar séu þessari áætlun ætlaðir. Það læðist óneitanlega að manni grunur um að það kunni að vera að ekki líði öllu fleiri vikur frá því að þessi áætlun er afgreidd hér á Alþ. og þangað til ríkisstj. lýsir því yfir að hún sé ónýt orðin, — það líði ekki öllu lengri tími heldur en leið frá því að fjárl. voru samþ. og þar til ríkisstj. tilkynnti að þau væru úr gildi fallin, ónýt og út í hött.

Það er ýmislegt sem rennir stoðum undir þessar grunsemdir. Við skulum líta t. d. á eina tilvitnun í grg. með þessari þáltill. á bls. 21. Þar er sagt að á áætlunartímabilinu hafi orðið mjög örar verðhækkanir þannig að vorið 1973 voru verðhækkanirnar orðnar 29—36% hærri en áætlað hafði verið í mars það ár að þær yrðu. Það segir einnig í þessum sama lið að vísitala vegáætlunar, gerð í mars 1973, hafi hækkað varðandi vegagerð um 141% miðað við vísitölu 1975 sem út-

reiknuð er í þessari þáltill., í viðhaldi um 163.2% og í brúargerð um 162% slétt. Og það er eðlilegt að menn spyrji, hvernig eigi að gera áætlanir við þessar aðstæður sem hægt er að miða við að geti enst eitthvað lengur en áætlun um tekjur og gjöld ríkisins sem gerð var í des. og entist ekki lengur en rúmlega fram yfir áramótin.

Og það er víðar sem fram kemur að þessi áætlun, sem hér er lögð fram sé byggð á harla veikum grunni. Á bls. 22 í þáltill. þessari, grg. með henni, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svo sem frá er greint í skýrslum um framkvæmd bráðabirgðavegáætlunar 1974 varð framkvæmdafé ívið minna en gert hafði verið ráð fyrir í till. að vegáætlun fyrir árið 1974. Af þessum sökum og vegna verðhækkana þeirra, sem orðið hafa síðan í mars 1974, er áætlað að kostnaður við að ljúka þeim framkvæmdum, sem fresta varð á árinu 1974, sé 1 300 millj. kr. Kostnaður við að ljúka framkvæmdum samkv. vegáætlun 1975 miðað við verðlag í jan. þ. á. er áætlaður rúmlega 2 500 millj. kr. Þarf því alls um 3 800 millj. kr. til þess að ljúka vegáætlun 1974 og 1975 og eru þá ekki taldar með breyttar forsendur við ýmsar framkvæmdir og nýjar óhjákvæmilegar framkvæmdir.

Þar sem fjárveiting til framkvæmda á liðum 2.3. og 2.5. í till. að vegáætlun fyrir yfirstandandi ár er liðlega 1 800 millj. kr. er ljóst, að fresta þarf framkvæmdum frá þessum tveim árum fyrir um 2 000 millj. kr. til ársins 1976. Á því ári gerir till. ráð fyrir framkvæmdum á ofangreindum tveim liðum fyrir 2 150 millj. kr. eða nokkru hærri upphæð en fresta þarf til þessa árs.“

Á árinu 1975 vinnur ríkisstj. sem sé það afrek samkv. þessum upplýsingum að hún nær í skottið á sjálfri sér vegna þess að árið 1976 stendur nokkurn veginn á endum annars vegar það, sem hún telur sig þurfa að fresta af framkvæmdum í vegamálum á árinu 1974 og 1975, og hins vegar það, sem hún telur sig hafa til ráðstöfunar til framkvæmda í vegamálum árið 1976, þannig að raunverulega segir ríkisstj. þarna beinlínis í grg. með till. sínum að vegáætlunin sé fallin um sjálfa sig áður en hún er samþ. Á einu ári — aðeins einu ári — hleypur ríkisstj. í heilan hring og nær í skottið á sjálfri sér.

Það er ýmislegt fleira sem gerir það að verkum að menn hljóta að vantreysta nokkuð áætlunargerð eins og þessari sem hér er lögð fram, og tek ég það þá sérstaklega fram að með því er ég ekki að gagnrýna þá embættismenn, sem áætlunina hafa samið, heldur fyrst og fremst það pólitíska ástand sem er í landinu og gerir það að verkum, eins og stendur a. m. k., að allar svona áætlanir eru gerðar út í hött, áætlanir um fjárveitingar í vegamálum ekkert síður en áætlun um tekjur og gjöld íslenska ríkisins.

Eins og tekið hefur verið fram hefur frv., sem liggur enn óafgreitt fyrir Alþ., frv. um Norðurveg og Austurveg, verið notað í grg. með þessari þáltill. til þess að afsaka niðurskurð hjá ríkisstj. í sambandi við einstakar framkvæmdir á einstökum stöðum. Í mörgum einstökum liðum þeirrar grg., sem hér fylgir með jafnframt því sem skýrt er frá því að hér verði skorið niður og þar verði skorið niður, þá er sagt í hinu orðinu: En svo koma væntanlegar framkvæmdir samkv. Norður- og Austurvegsfrv., sem munu rétta þetta eitthvað við. Þannig ber nú svo við að horfa að ósamþykkt frv. frá Alþ. er notað til afsökunar fyrir niðurskurði í vegamálum hjá núv. hæstv. ríkisstj. En látum það nú vera, það er nú kannske mannlegt. Hitt er aftur á móti öllu verra, að þar sem ríkisstj. reiknar svo eindregið með þessari fjáröflun, með því að þetta frv. verði samþ. eins og fram kemur í þessari þáltill., þá segir mér svo hugur um að það kunni að vera að það frv. eigi e. t. v. ekki jafngreiða leið í gegnum hv. Ed. og það átti í gegnum hv. Nd. A. m. k. er orðið töluvert langt síðan því frv. var vísað til hv. Ed. án þess að það hafi fengið afgreiðslu þar, og mér er kunnugt um, a m. k. nú eins og horfir í efnahagsmálum þjóðarinnar, að töluvert stór hópur er af stjórnarliðum, sem þegar eru yfirlýstir andstæðingar þess að samþykkja fjárútvegun eins og það frv. gerir ráð fyrir, svo að þarna held ég einnig að þessi þáltill. byggi á sandi.

Ég ætla mér ekki að fara að ræða einstök atriði þessarar þáltill. öllu frekar en ég hef gert. Þó kemst ég varla hjá því að vekja athygli hv. þm. á stuttri setningu, sem er á bls. 22 í þessari þáltill., þar sem rætt er um stjórn og undirbúning, þ. e. a. s. útgjöld til stjórnar og undirbúnings. Þar er sagt svo, með leyfi forseta:

„Sú breyting verður nú á, að launagreiðslur verða ekki færðar upp sem sérstakur liður undir stjórn og undirbúningi, heldur verður launakostnaður nú færður á viðkomandi framkvæmdaliði. Í eftirfarandi töflu má sjá heildarlaunakostnað vegna fastráðinna starfsmanna“ o. s. frv.

Það kann vel að vera að æskilegt sé að sumu leyti að færa t. d. hönnunarkostnað og annan stjórnsýslukostnað í sambandi við vegagerð undir hina einstöku framkvæmdaliði. Hins vegar getur það líka verið óæskileg tilhögun því að þá má segja að stjórnunarkostnaður sé í raun og veru falinn launakostnaður, sé í raun og veru skipt á marga einstaka liði í bókhaldinu og ég er hræddur um að það mundu þá ekki líða mörg ár, ef ríkisstofnanir færu yfirleitt út á þá braut, áður en kæmi fram bæði ein og fleiri fsp. hér á hv. Alþ. um það hver raunverulegur launakostnaður hinna og þessara opinberu stofnana væri. Mér er ljóst að þessi bókhaldsaðferð getur haft kosti, ef ég má nefna hana svo, en hún getur einnig haft töluverða ókosti í för með sér.

Ég vil svo að lokum taka almennt undir það með hæstv. samgrh. að framkvæmdir í vegamálum eru bæði hagkvæmar og arðsamar. Það er nauðsynlegt að gera heildaráætlun um gerð varanlegra þjóðvega eins og hæstv. ráðh. tók fram. En sú nauðsyn afsakar það hins vegar ekki að leggja fram hér á Alþ. áætlun sem manni a. m. k. býður mjög í grun að fái ekki staðist öllu lengur en síðasta áætlun svipaðs efnis sem hæstv. ríkisstj. lagði hér fram. Mér er mætavel ljóst, eins og raunar hæstv. ráðh. og raunar öllum hv. þm., að eins og nú standa sakir í efnahagsmálum þjóðarinnar er ekki auðhlaupið að því að gera áætlanir eins og þessa. Engum stærðum er lengur treystandi og síst stærðum um verðlagsmál. Allar áætlanir, sem gerðar eru, hafa orðið ónýtar svo að segja daginn eftir að þær voru gerðar. Við skulum samt vona að þessu

óstöðugleikatímabili ljúki — eigum við ekki að segja einhvern tíma, vegna þess að ég býst við því að vonir þeirra manna, sem bundu einhverjar vonir við það að hæstv. núv. ríkisstj. fengi því til leiðar komið, eru vægast sagt orðnar töluvert upplitaðar eftir rúmlega hálfs árs setu hennar. Ég vil enn fremur leggja mikla áherslu á það að samgöngumálin eru einhver mikilvægasti þáttur í því að tryggja áframhaldandi byggð í landinu öllu. Vegasamgöngurnar eru e. t. v. einhver mikilvægasti þáttur þess máls. — Þeir menn, sem stuðla vilja að eðlilegri varðveislu byggðar í landinu, byggja miklar vonir við landshlutaáætlanir, þ. e. a. s. áætlanir um eflingu byggðarkjarna einstakra landshluta til þess að halda við byggð í landshlutanum. Hins vegar er auðsætt að þessir byggðakjarnar, eins og t. d. byggðakjarnarnir tveir á Vestfjörðum, Ísafjörður og Patreksfjörður, geta ekki gegnt hlutverki sínu nema samgöngurnar frá þessum byggðakjörnum og út í sveitirnar og smærri þorpin, sem byggðakjörnunum er ætlað að þjóna, séu í lagi. Einkum og sér í lagi á þetta að sjálfsögðu við um vegarsamgöngurnar þar á milli.

Vestfjarðaáætlunin er elsta landshlutaáætlun sem gerð hefur verið á Íslandi. Ég vil einkum og sér í lagi vekja athygli manna á því að sú áætlun var aldrei unnin nema að hluta til. Það var aldrei lokið við að gera nema aðeins samgöngumálaþátt þeirrar áætlunar og sá þáttur hefur því miður ekki enn verið fyllilega framkvæmdur þar sem vantar t. d. vegabætur á Breiðadalsheiði til þess að honum sé hrint í framkvæmd. Mér er það ákaflega vel ljóst að Djúpvegur og tengsl Djúpvegar við aðalakvegasamband landsins er vestfirðingum — og þá sérstaklega þeim vestfirðingum sem á norðurfjörðunum búa — mikið hagsmunamál. Hins vegar megum við ekki gleyma því að sú framkvæmd, sem er jafnvel enn þá meira hagsmunamál fyrir íbúa þessara staða og er tvímælalaust arðsamari en Djúpvegurinn eins og nú standa sakir, er að tengja Ísafjörð og byggðarlögin við norðanvert Djúp, við þau byggðarlög, sem þessi byggðarkjarni á að þjóna, þ. e. a. s. Súgandafjörð og Önundarfjörð. Ástandið í þeim málum nú er þannig að yfir mestallan vetrartímann er þarna um lokaða leið að ræða og Önundarfjörður og Súgandafjörður einangraðir byggðastaðir. Fyrr en vegasambandi verður komið á milli byggðarkjarnans þarna, Ísafjarðar, og þessara tveggja staða, þá raunverulega getur Ísafjörður ekki þjónustað þá sem byggðarkjarni, og hvort sem Vestfjarðaáætluninni verður lokið eða hér verður látið staðar numið, eins og virðist ætla að verða á, mun hún ekki gagnast þessum stöðum nema akvegasamband sé tryggt.

Hæstv. samgrh. ræddi töluvert áðan í framsöguræðu sinni um vegavanda vestfirðinga. Ég vona að þau orð hans beri vott um skilning hans á samgöngumálum vestfirðinga. En það, sem þar þarf að gera, er í fyrsta lagi að tryggja samgöngur byggðarkjarnanna á Vestfjörðum, Ísafjarðar og Patreksfjarðar, við þær byggðir sem þessir byggðarkjarnar eiga að þjóna. Þar vantar nú töluvert mikið á. Í öðru lagi þarf að koma Vestfjörðum í gott akvegasamband við aðra landshluta. Því verkefni hefur einnig verið gleymt að nokkru leyti þar sem bæði vantar á öruggar samgöngur, a. m. k. yfir vetrar-, haust- og vormánuðina, milli Vestfjarða og Suðurlands og ekki síður góðar vegasamgöngur á sumrum milli Vestfjarða og Norðurlands. Ég vil eindregið hvetja til þess að þegar menn ræða um hringveginn, eins og mikið hefur verið gert, þá gleymi menn ekki hér eftir eins og hingað til að það er líka til landshluti á Íslandi sem heitir Vestfirðir og hringvegi verður ekki lokið fyrr en sá landshluti er kominn í eðlilegt vegasamband við aðra landshluta.

Umr. (atkvgr) frestað.

Sameinað þing, 60. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, kl. 2 miðdegis.

Vegáætlun 1974—1977, þáltill. (þskj. 410). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Efri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Félagsráðgjöf, frv. (þskj. 402). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um lögverndun bæði á starfa og starfsheiti félagsráðgjafa og það er flutt að beiðni Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa, en það hefur lagt á það áherslu að fá lögverndað bæði starfsheitið og starfið. Enn fremur má geta þess, að Evrópuráðið samþykkti ályktun um félagsráðgjafa 29. júní 1967, um hlutverk þeirra, menntun og stöðu í þjóðfélaginu. Varðandi stöðu félagsráðgjafa segir í þessari ályktun:

„Þar eð sjálfsagt er að félagsráðgjafar njóti viðurkenningar sem sé í samræmi við þá ábyrgð sem þeir bera í starfi sínu, er mælt með eftirfarandi aðgerðum: Gerðar séu ráðstafanir, þar sem þörf krefur og eftir því sem framkvæmanlegt er, til þess að vernda í hverju landi fyrir sig sérgreint stöðuheiti menntaðra félagsráðgjafa."

Heilbr.- og trmrn. taldi rétt að verða við þessum tilmælum Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa og eins með tilliti til þessarar samþykktar Evrópuráðsins.

Starfssvið félagsráðgjafa er mjög viðtækt og nær yfir bæði fyrirbyggjandi og endurhæfandi starfsemi. Flestir þeirra vinna á opinberum stofnunum svo sem félagsmálastofnunum, sjúkrahúsum, heilsuhælum, heilsuverndarstöðvum, geðverndarstöðvum, endurhæfingarstöðvum, trygg-

ingastofnunum almannatrygginga, í skólum, við fangahjálp og við fjölskylduráðgjöf o. fl. Þó að þessi menntun eigi sér ekki stað hér á landi, þá er það staðreynd að það eru næstum því 20 meðlimir í þessu félagi, við nám í félagsráðgjöf eru eitthvað í kringum 20 nemar og lög hafa verið sett um starfsheiti og starfa annarra stétta sem ekki hafa notið náms hér á Íslandi. Því þykir okkur í heilbr.- og trmrn. eðlilegt að lögvernda starfsheiti félagsráðgjafa.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Tónlistarskólar, frv. (þskj. 418). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þessu frv. fylgir allítarleg grg., þar sem rakin er saga tónlistarkennslunnar og sérstaklega þeirrar löggjafar sem um hana hefur gilt. Greint er frá tildrögum þessa frv. og efni þess skýrt í einstökum greinum. Ég tel því ástæðulaust að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Ég vil þó í fyrsta lagi taka þetta fram um forsögu þess:

Hinn 27. maí 1960 samþ. Alþ. þáltill. frá Magnúsi Jónssyni o. fl. um að skora á ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, m. a. væru þar sett ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu. Páv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, tók síðan málið upp í okt. 1962 og lét í framhaldi af þál. undirbúa lagafrv. um stuðning við tónlistarskólana. Þetta frv. var svo lagt fyrir Alþ. og það var afgr. sem lög 20. apríl 1963. Löggjöf þessi var þá tvímælalaust þýðingarmikið spor í rétta átt, og hefur reynslan sýnt að hún hefur orðið til mikillar eflingar tónlistarstarfsemi víðs vegar um landið. Meginstefna laganna var og er — því að þau eru enn í gildi — að tónlistarskólarnir yrðu áfram einkaskólar er nytu stuðnings frá ríkissjóði og hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Fyrrv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, skipaði svo n. í apríl 1973 til að endurskoða núgildandi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þessi n. var þannig skipuð að Kristinn Hallsson fulltrúi í menntmrn. var form. hennar. Auk hans voru skipaðir í n. Ólafur Vignir Albertsson skólastjóri Tónlistarskólans í Mosfellssveit og Bjarni Einarsson bæjarstjóri, Akureyri, en hann var skipaður skv. tilnefningu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þetta fannst mér rétt að kæmi hér fram varðandi forsögu þessa máls.

Ég mun svo láta nægja að minna á eftirfarandi:

Á öllu landinu starfa nú nálægt 40 tónlistarskólar. Starfsemi þessara skóla þykir hvarvetna hafa orðið til hins mesta menningarauka, það er alveg óhætt að segja það. Þessir skólar eru, eins og ég áðan gat um, einkaskólar, og auk þess sem ríki og sveitarfélög styðja þá, þá eru þeir yfirleitt studdir af öflugu áhugamannaliði.

Það er á allra vitorði að eins og nú er háttað hrekkur stuðningur hins opinbera ekki til þess að tryggja skólunum öruggan starfsgrundvöll. Ég held að þetta fari ekki á milli mála. Það hefur ekki verið unnt að fastráða kennara skólanna og veita þeim lífeyrissjóðsréttindi. Sveitarfélögin hafa sums staðar orðið að leggja á sig meiri útgjöld en talið er líklegt að þau geti risið undir til langframa. Skólagjöld nemenda eru nú víða orðin það há, að menn óttast beinlínis að upphæð skólagjaldanna kunni að leiða til þess að tónlistarmenntunin verði eins konar forréttindi þess fólks sem rýmst hefur fjárráð. Frv. er sem sagt ætlað að ráða hér nokkra bót á.

Í 2. gr. frv. segir svo: „Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá styrk frá ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi er nemi launagreiðslum til kennara skólanna. Sveitarfélagið skal sjá um launagreiðslur, en ríkisstyrkurinn nemi 50% launakostnaðar og verði greiddur sveitarfélaginu, enda séu laun greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.“ — Með þessum hætti verða kennarar tónlistarskólanna beinlínis ráðnir af sveitarfélögunum og þá ætti að vera auðvelt að veita þeim sömu réttindi og öðrum kennurum, þ. e. a. s. aðgang að lífeyrissjóðum o. s. frv.

Í 6. gr. frv. eru ákvæði um það að styrkur skuli veittur til hljóðfærakaupa eftir því sem fé er veitt til á fjárl. Menntmrn. skipti styrknum með hliðsjón af þörf skólanna og má ekki vera hærri en ⅓ af andvirði hljóðfæra.

Í 7. gr. er svo ákvæði um að heimilt sé að veita styrk til tónlistarkennslu á þeim stöðum sem ekki hafa hin almennu skilyrði sem sett eru um fullgilda tónlistarskóla. Annars er, eins augljóst er af frv. eins og það liggur hér fyrir, aðeins gert ráð fyrir fremur fáorðri rammalöggjöf sem menntmrn. geti síðan útfært nánar í reglugerð.

Ég vil geta þess hér, að það fór fram athugun á því þegar þetta frv. var undirbúið fyrr í vetur hvað mikið mundi kosta ríkissjóð sú breyting sem frv. felur í sér. Þá var metið að kostnaðurinn næmi 10—11 millj. kr. samtals. Þessar tölur hafa vitanlega hækkað eitthvað. Þarna er þó ekki um mjög stórar fjárfúlgur að ræða, miðað við það hvað þessi starfsemi er orðin umfangsmikil og stendur föstum fótum víða um land.

Menntmrn. og n. sú, er undirbjó þetta frv., eru á einu máli um að stefna beri að sem nánustum tengslum tónlistarfræðslunnar við skólakerfi landsins. Frv. þetta má því, a. m. k. af hálfu menntmrn., skoða sem till. um bráðabirgðabreytingar frá gildandi lögum um fjárhagsstuðning við tónlistarskóla og sem eins konar áfanga að því marki að fella tónlistarnámið að hinum almenna fræðslukerfi. Má því segja að þetta frv. miði fyrst og fremst að því að tryggja grundvöll tónlistarfræðslunnar í landinu í svipuðu formi og hún er nú og koma í veg fyrir að tónlistarkennsla verði forréttindi fyrir hina efnameiri í þjóðfélaginu. En eins og ég sagði áðan, þá er nú svo málum komið að tónlistarskólarnir hafa mjög ótraustan grundvöll fjárhagslega til þess að byggja starfsemi sína á til frambúðar og skólagjöld eru orðin mjög há.

Ég lít svo á að það beri brýna nauðsyn til

þess að afgr. þetta frv. á því þingi sem nú situr. Ég tel það. Og ég álít að að lögfestum þeim ákvæðum, sem þetta frv. inniheldur, mundu tónlistarskólarnir fá aftur fast land undir fótum og ákveðna von um aukna fyrirgreiðslu við afgreiðslu fjárl. fyrir komandi ár. Ég vil því leyfa mér að beina þeim tilmælum til þeirrar hv. þn., sem fær málið til meðferðar, að hún geri sitt til að flýta því að frv. fái nauðsynlega þinglega skoðun svo að það gæti orðið afgr. fyrir lok þessa þings.

Herra forseti. Ég vil svo leggja til að frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil fagna þessu frv. alveg sérstaklega og ekki síður því sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan, þar sem hann taldi að hér væri um áfanga að því marki að ræða, að tónlistarkennslan yrði flutt í ríkari mæli inn í hið almenna skólakerfi

Um þetta flutti ég einmitt og fékk samþ. í fyrra þáltill., þar sem einmitt var vikið að því að það þyrfti að samræma starf hinna einstöku tónlistarskóla skyldunáminu og reyna að skipuleggja almenna tónlistarkennslu, þar sem engin væri nú. Ég er viss um að það er hægt að nýta okkar tónlistarskóla, sem nú eru þegar fyrir víða um land, miklu betur en gert er og sérstaklega þá í þágu barna og unglinga og færa þá meira í tengsl við barnaskólana og unglingaskólana, almenna kerfið. Ég geri mér ljóst að þetta frv. er stórt spor í rétta átt hvað snertir stuðning ríkis og sveitarfélaga við þessa nauðsynlegu menningarstarfsemi. Og ekki aðeins það, með aukningu fjár til þessarar starfsemi lækka skólagjöld nemenda vitanlega og mismunurinn verður því minni en verið hefur, en þó er það svo að enn er tónlistarnám nokkur forréttindi. Ég minni þar á dýr hljóðfærakaup — það er að vísu komið inn á það hér varðandi tónlistarskólana. Þessi forréttindi þurfa að hverfa og þau hverfa ekki furr en tónlistarnámið almennt, þ. e. a. s. ekki bara söngnámið, heldur einnig kennsla í hljóðfæraleik, er komið inn í almenna skólakerfið.

Ég vitna í ræðu á hinni miklu menningarráðstefnu sveitarfélaganna, sem ráðuneytisstjórinn í menntmrn. flutti í gær, þar sem hann talaði um kennslu í tónmenntum sem jafnsjálfsagða kennslu og skrift. Það er áreiðanlega mjög réttilega mælt. Ég vil sem sagt, jafnframt því sem ég þakka ráðh. fyrir þau orð sem hann lét hafa eftir sér um að þetta væri áfangi á þeirri leið að auka tónlistarfræðsluna almennt í skólakerfinu, óska eftir því við hann að hann beiti sér svo sem fært er fyrir framkvæmd þeirrar till. sem ég fékk hér samþ. í fyrra, þar sem aðalniðurstaðan byggist á í raun og veru áliti tónmenntunarnefndar menntmrn. frá 30. ágúst 1972 sem reyndar er vitnað í í þessu frv., að þessi grein verði gerð að almennri kennslugrein í skólunum, ekki bara söngkennslan sjálf, heldur einnig undirstöðukennsla a. m. k. í hljóðfæraleik.

Ég veit hvert vandamál er hér á ferðinni. Það er alveg sérstaklega í sambandi við menntunarþáttinn að kennaraskorturinn í þessum greinum er ábyggilega alverlegasta vandamálið sem hrjáir tónlistarskólana og ekki síður hina almennu söng- og tónlistarmenntun í barna- og unglingaskólum. Það væri reyndar gaman að vita það nú — ég fékk yfir það yfirlit fyrir nokkrum árum í hvað mörgum skólum enn í dag er engin söng- og tónlistarkennsla. Það var nefnilega ansi há prósenta af skólum landsins, þar sem engin slík kennsla fór fram, engin söngkennsla. En þrátt fyrir það að við erum komnir með kennaraháskóla og erum að hefja þessa menntun upp á æðra stig, skulum við segja, þá eru kennarar almennt nú, sem útskrifast úr þessum skóla, miklu ófróðari en áður um t. d. tónlistarkennslu. Áður fyrr voru þó margir sem gerðust svona bænabókarfærir, ef svo mætti segja, í tónfræðum, söngfræðum og gátu svona skammlaust a. m. k. látið börn syngja. Nú tilheyrir það ekki lengur þessari háþróuðu kennslu í kennaraskólanum, þetta er orðið algert sérfag. Ég er því viss um að það þarf að gera sérstakt átak í þessum menntunarefnum og það er kannske það brýnasta að koma söngmálum skólanna í lag, þannig að söngkennsla sé a. m. k. kennd í öllum — ég segi öllum skyldunámsskólum okkar og síðan verði tónlistarkennsla almennt, kennsla í hljóðfæraleik, færð þar inn.

En sem sagt, þetta spor um tónlistarskólana sjálfa er spor í rétta átt, en ég vildi þó leggja áherslu á það, að um leið og tónlistarskólarnir eru styrktir betur og meir en gert hefur verið, þá verði þeim lagðar einhverjar skyldur á herðar gagnvart hinu almenna skólanámi.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð sem mig langar að segja um þetta frv. við 1. umr. Ég er að vísu ekki viðbúinn að kryfja frv. til mergjar, því að ég hef naumast lesið það yfir enn þá, en vil aðeins benda á eitt nú þegar sem ég rek augun í og hnýt um. Mér sýnist að gert sé ráð fyrir því að tónlistarskólar séu reknir af einu sveitarfélagi, og ég vil að menn hugleiði hvort ekki muni vera nauðsynlegt að hafa hér annað orðalag, því að víðast hvar um landið mun vera fleiri en eitt sveitarfélag sem standa að rekstri slíkra skóla, og verður sú leið að sjálfsögðu að vera opin. Ég þekki það í minni heimabyggð, þar sem er tónlistarskóli með mjög mörgum tónlistarnemendum, sem eru úr hinum ýmsu sveitarfélögum sýslunnar og skólinn er deildaskiptur til að ná til sem flestra nemenda og hefur kennslu í félagsheimilunum hingað og þangað úti um sýsluna. Þess vegna tel ég að það þurfi að koma inn í frv. að skólinn sjálfur sé skyldaður til þess að hafa eitt eða fleiri sveitarfélög sér að baki eða á annan hátt sem best væri orðað.

En í sambandi við það sem hér hefur aðeins verið rætt um, tónlistarkennslu í barnaskólum, þá vil ég mjög taka undir það, að það er að sjálfsögðu skilyrði þess að tónlistarskólar komi að verulegum notum fyrir unglinga almennt að nemendurnir hafi áður fengið einhverja nasasjón af a. m. k. nótnalestri. Ég held að jafnvel þó að kennaranám sé kannske ekki komið alla leið upp á háa C-ið, þá muni flestir kennarar geta kennt nótnalestur, en það er frumskilyrði þess að nemendur geti notið tónlistarkennslu.

Það hefur minna að segja fyrir starfsemi tónlistarskólans hvort söngkennsla hefur verið iðkuð eða ekki.

Ég þekki það, að nú er mjög víða í skólum farið að kenna börnum að leika á flautur, og það krefst þess að börnin læri nótnalestur. Ég tel mjög mikilvægt að það væri iðkað sem allra víðast.

Erindi mitt var að þessu sinni ekki annað í ræðustól en að vekja athygli á því, að mér sýnist að í frv. þurfi að vera annað orðalag um sveitarfélögin eða gefa því ákveðnara og hentugra form en gert er ráð fyrir. Að öðru leyti vil ég lýsa ánægju minni yfir því að þetta frv. er komið fram, svo að leystur sé sá vandi sem tónlistarskólarnir úti um hinar breiðu byggðir eiga víðast hvar við að búa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Hússtjórnarkennaraskóli, frv. (þskj. 419). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Hér verður lagt fram frv. til laga um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, stjfrv. Flutningur þessa frv. er með nokkrum hætti tengdur frv. um heimilisfræðaskóla sem einnig hefur verið lagt fram í þessari hv. d. og er næsta mál hér á dagskránni.

Megintilgangur þessa frv. er raunar sá að samræma ákvæðin um kennslu hússtjórnarkennara ákvæðum í væntanlegum lögum um heimilisfræðaskóla annars vegar og svo hins vegar að aðlaga ákvæði um starf og tilhögun í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands þeim breyttu viðhorfum ýmsum til hússtjórnar eða heimilisfræðanáms sem vissulega hafa orðið frá því að lögin um Húsmæðrakennaraskóla Íslands voru sett 1965.

Vinna sú er liggur að baki þessu frv. hefur í stuttu máli verið framkvæmd þannig: Hinn 29. nóv. 1971 skipaði menntmrn. n. til að endurskoða núgildandi lög um húsmæðrafræðslu og lög um Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Í þessa n. voru skipuð: Steinunn Ingimundardóttir skólastjóri, sem var jafnframt skipuð formaður n., Björn Halldórsson skrifstofustjóri, Halldóra Eggertsdóttir formaður Kennarafélagsins Hússtjórnar, Sigríður Haraldsdóttir kennari og Vigdís Jónsdóttir skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands. N. sendi rn. með bréfi 7. mars 1973 tvö lagafrv. um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands og um heimilisfræðaskóla. Frv. þessi voru bæði lögð fyrir Alþ. 1973 í þinglokin til kynningar og svo voru þau á ný lögð fyrir síðasta Alþ. og þá með nokkrum breyt. sem rn. hafði gert. Þetta er því í þriðja skiptið sem bæði þessi frv. eru lögð hér fram og enn þá með nokkrum, en þó fremur litlum breyt. frá fyrri gerð. Þær breyt., sem nú voru gerðar á frv., voru ræddar nokkuð við fyrrv. form. mþn. og við skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands og höfðu þær ekkert við þær að athuga.

Hér skal ég svo aðeins víkja að helstu efnisbreytingunum sem þetta frv. felur í sér, en í sannleika sagt eru þar ekki neinar stórbreytingar á ferðinni.

Í lögum um Húsmæðrakennaraskóla Íslands er heimild til að reka ráðskonudeild, eins og það er kallað í lögunum, auk kennaranámsins sem vitanlega er aðalatriðið. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir að ákveða að þessar tvær deildir starfi við skólana, þ. e. a. s. kennaradeild og deild fyrir matráðsmenn eins og það er nú nefnt.

Í núgildandi lögum er landspróf og nám í húsmæðraskóla megininntökuskilyrðið, þó að þar komi fleira til. En í frv. eru meginskilyrðið stúdentsmenntun og 20 vikna hússtjórnarnám. Með þessu er leitast við að samræma ákvæðin um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands þeim ákvæðum sem nú gilda um inntöku í Kennaraháskóla Íslands, þ. á m. í handavinnudeild hans. Enda þótt nú sé almennt talin þörf stúdentsmenntunar fyrir kennaraefni, þá þótti samt rétt að hafa enn um sinn ákvæði í lögum um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands sem heimili að meta annað nám gilt til að fullnægja inntökuskilyrðum, svo að þetta er ekki alveg bundið við stúdentsmenntun.

Eins og fram kemur í aths. menntmrn. hefur sú spurning vaknað hjá rn.-mönnum og vafalaust víðar, að til þess komi fyrr eða síðar að heppilegt verði talið að sameina Hússtjórnarkennaraskólann Kennaraháskóla Íslands, því að hann er á ýmsan hátt nokkuð hliðstæður handavinnudeild Kennaraháskólans sem nú þegar starfar þar og hefur raunar gert lengi. En eins og málin standa í dag, þá eru engin skilyrði til þessa. Handavinnudeild Kennaraháskóla Íslands býr við allsendis ófullnægjandi húsakost, eins og flestir hv. alþm. áreiðanlega vita. Og það gildir raunar alveg hið sama um Kennaraháskóla Íslands í heild. Í stórum dráttum eru húsnæðismál þeirrar stofnunar þannig, að það var byggð ein álma af þremur sem áformaðar voru á sínum tíma. Nú er í þessari einu álmu kennt ámóta fjölda nemenda og fyrirhugað var að kenna í allri byggingunni eins og hún var áformuð. Af þessu hefur það leitt að hluti kennslunnar fer fram á geymsluloftum sem aldrei voru ætluð til kennslu og eru ekki manngeng nema rétt undir blámæninum. Sannleikurinn er sá að ég hef varla nokkurn tíma séð verri aðstöðu til kennslu, bæði vegna gólfþrengsla og svo vegna þess hversu lofthæð er lítil. Og þó að þarna sé vel um gengið á allan hátt og reynt að „hagræða öllu sem snotrast", eins og þar stendur, svo sem framast er unnt, þá breytir það ekki þeirri staðreynd að í þessum skóla ríkir algert ófremdarástand í húsnæðismálum. Það er því tómt mál að tala um að vinda sér í það núna að sameina Hússtjórnarkennaraskólann Kennaraháskóla Íslands.

Ég vil aðeins minna á það hér, að teikningar þær, sem gerðar voru á sínum tíma að Kennaraháskóla Íslands eru nú orðnar að sumu leyti úreltar. Ég held að það séu allir ásáttir um að breyta þeim. Hafa nú verið gerðar ráðstafanir til þess að huga að fyrri plönum, sem þurfa

endurskoðunar við. Auðvitað sker svo Alþ. úr um það með fjárlagaafgreiðslu þegar þar að kemur, hvenær hafist verði handa um byggingar við Kennaraháskóla Íslands og hversu hratt þá verði hægt að þoka þeim málum áfram.

Í frv. er svo nokkuð breytt þeim ákvæðum sem gilt hafa um námsefni, og þar er í raun og veru fyrst og fremst um að ræða samræmingu við reynslu s. l. 10 ára. Sama gildir raunar um þá tilrauna- og æfingakennslu sem ævinlega er tengd menntun kennaraefna.

Sama má raunar einnig segja um þær breyt. sem gerðar eru á öðrum ákvæðum laganna um Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Þar er fyrst og fremst um að ræða að aðhæfa starfsemi að nýjum viðhorfum og að vissu marki samræmingu við hliðstæð ákvæði í öðrum lögum.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um einstakar breyt. Ég held að þessi atriði öll liggi nokkuð ljóst fyrir, bæði í frv. sjálfu og svo í þeim aths. sem frv. fylgja, í umsögnum mþn. sem þar eru prentaðar og svo beint frá rn. Ég tel að það væri æskilegt og í sjálfu sér eðlilegt að þessi tvö frv., um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands og heimilisfræðaskóla, sem einnig er hér á dagskrá, gætu fylgst að í afgreiðslu þingsins. En ég vil þó segja að ég tel enn brýnna að hraða afgreiðslu frv. um heimilisfræðaskólana sem ég væntanlega mun gera grein fyrir hér á eftir.

Herra forseti. Ég vil svo leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Heimilisfræðaskólar, frv. (þskj. 420). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um heimilisfræðaskóla, en það er raunar nýtt nafn á þeim skólum sem áður hafa verið nefndir húsmæðraskólar. Það er langt síðan tók að gæta hér á landi nokkurra sveiflubreytinga í aðsókn að húsmæðraskólunum. Aðsóknin dvínaði um hríð öðru hvoru, t. d. um 1950, en svo jókst hún aftur. En um nokkurt árabil hefur stöðugt dregið úr aðsókn að þessum skólum. Síðustu árin hafa aðeins tveir 8—9 mánaða skólar, en það er hinn fasti námstími, verið fullsetnir, og í allmörgum skólum hafa fastir nemendur, og þá á ég við þær stúlkur sem hafa numið vetrarlangt, verið engar ellegar þá mjög fáar. Þetta segir hins vegar ekki alla sögu um nýtingu á þessu skólahúsnæði, því þó að hún sé ekki góð víða og langt frá því, þá hafa verið haldin námskeið í breytilegu formi við þessa skóla víðast hvar, og allvíða að því marki að það má segja að nýting húsnæðis og annarrar aðstöðu þar hafi verið þó nokkur.

Með vísun til þessarar þróunar allrar telur menntmrn. skynsamlegt að breyta löggjöfinni í þá stefnu sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Meginbreytingar frv. felast í eftirgreindum atriðum:

Eg nefni þar fyrst, að eins árs nám í heimilisfræðaskóla skal nú veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs náms í almennum framhaldsskóla að afloknu skyldunámsstigi. Námsefni skólanna er nokkuð breytt í samræmi við þetta markmið. Þetta er ákaflega mikilsverð breyt., því að áður var það svo með tilliti til framhaldsnáms í skólakerfinu, að það mátti segja að nám við húsmæðraskóla endaði í blindgötu, nemendur voru engu nær um að komast áleiðis í skólakerfinu.

Heiti laganna er breytt í samræmi við breytingu almennra viðhorfa, og nú er gert ráð fyrir að bæði stúlkur og piltar skuli eiga aðgang að þessum skólum.

Hinn almenni starfstími heimilisfræðaskólanna skal vera hinn sami og húsmæðraskólanna nú, en nú er heimilt að víkja frá honum, og er í frv. gert ráð fyrir því að heimilt verði að setja hverjum skóla sérstaka reglugerð og ákveða þannig mismunandi verkefni fyrir þá, t. d. einungis í formi námskeiða með lausráðnu starfsliði við suma, og svo í annan stað að skólarnir taki að sér heimilisfræðakennslu sem fram á að fara í grunnskólum og önnur slík verkefni eftir því sem henta þykir.

Þá er hér sú breyt. gerð að heimilisfræðaskólar skuli vera ríkisskólar og kostaðir af ríkissjóði að fullu. Um gildistöku þessa ákvæðis segir í 19. gr. frv. þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að því er varðar þá húsmæðraskóla, sem nú eru starfandi, jafnóðum og samið hefur verið um yfirtöku ríkissjóðs á skuldum þeirra og eignum, ef forráðamenn þeirra æskja að skólarnir komi undir ákvæði laga þessara. Þangað til skulu um þá gilda áfram lög nr. 49/1946, um húsmæðrafræðslu, og lög nr. 49/1967 um skólakostnað. Yfirtöku ríkissjóðs á eignum og skuldum skólanna fylgir ekki kvöð um að þeir verði reknir áfram í sama formi, þ. e. a. s. sem húsmæðra- eða heimilisfræðaskólar, nema umsóknir um skólavist fullnægi því lágmarki sem nauðsynlegt telst á hverjum tíma til þess að slíkur skóli verði rekinn."

Ég vil láta koma hér fram, að þess hefur mjög gætt og í vaxandi mæli að sveitarfélögin vilja losna við rekstur þessara skóla. Til þess liggur m. a. sú ástæða sem hefur verið viðvarandi frá byrjun, að það eru engin lögákveðin skólahéruð utan um þetta samstarf. Það er því tilviljunum háð, hvaða sýslur eða sveitarfélög standa að rekstri húsmæðraskóla yfirleitt og hverjar alls ekki og skólarnir hafa verið sóttir alveg jafnt eða sóttir ekki hvaðanæva, hvort sem viðkomandi sýslu- eða bæjarfélag var aðili að nokkrum slíkum rekstri eða ekki.

Þess skal svo getið að árið 1973 greiddu sveitarfélögin 1/7 af rekstrarkostnaði húsmæðraskólanna eða 6.2 millj. kr. af 42.9 millj. kr. sem heildarkostnaðurinn nam. Þegar þess er enn fremur gætt að með yfirtöku ríkissjóðs ætti að opnast leið til aukinnar hagkvæmni í nýtingu skólanna frá því sem nú á sér stað og það væntanlega í æðiríkum mæli, þá sýnist mér að hér sé naumast um teljandi útgjaldaauka að ræða fyrir ríkissjóð eins og þetta mál allt stendur í dag.

Með frv. þessu, ef að lögum yrði, væri stigið fyrsta skrefið til aukinnar hagkvæmni í rekstri

húsmæðraskólanna gömlu og þá um leið að sjálfsögðu fyrsta skrefið út úr því millibilsástandi sem ríkt hefur í málum þessara skóla nú allmörg missiri og ég tel satt að segja orðið mjög brýnt að breyta. Ég tel að í raun og veru hefði þurft að vera fyrir allnokkru búið að gera gangskör að því að koma slíkum breyt. á. Ég vil þess vegna leyfa mér að fara þess á leit við hv. þn. sem fær þetta mál til meðferðar, að hún athugi gaumgæfilega alla möguleika á því að þetta mál verði afgr. á því þingi sem nú situr.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til hv. menntmn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Það voru síðustu orð hæstv. menntmrh. að beina þeim tilmælum til hv. menntmn., að hún flýtti fyrir afgreiðslu þessa máls, um leið og hann lagði til að málinu yrði vísað til þeirrar n. Ég er ekki í vafa um að menntmn. tekur þeim tilmælum vel.

Ég stend ekki upp til þess að ræða hér fyrst og fremst um efni frv., heldur að ræða um samskipti menntmrn. og þessarar þd. og vil þá minna á að þetta mál var hér á ferðinni fyrir einu ári. Það kom þá mjög seint fram og þótti mörgum einkennilegt hvað það var seint þá á ferðinni. Menntmn. Ed. tók sig til og afgr. málið eins hratt og mögulegt var og síðan fór það gegnum d. og á því voru gerðar allmargar breytingar. Ég get upplýst að þær voru samtals 9 talsins. Síðan fór málið til Nd. En vegna þess að þingrof bar að með nokkuð skjótum hætti eins og margir minnast, þá dagaði málið uppi í Nd. Nú hefði maður búist við því þegar frv. kæmi á nýjan leik fyrir þingið, að gerðar hefðu verið á því eða skoðaðar þær breytingar sem n. og þessi d. gerður á frv. í fyrravetur. En svo er ekki. Það munu að vísu hafa verið gerðar breytingar á frv. fyrst og fremst milli áranna 1973 og 1974. Mér er ekki alveg ljóst, hvort einhverjar breytingar hafa verið gerðar frá árinu 1974, en í öllu falli engin af þeim sem þessi d. gerði á s. l. vetri. Frv. kemur sem sagt nákvæmlega eins, a. m. k. hvað snertir þau atriði sem d. breytti í fyrra, eins og síðast. Og það sem verra er, frv. kemur einkennilega seint. Það eru aðeins eftir fáar vikur af þingi og því satt að segja býsna þröngt um vik að afgr. frv. úr báðum d. þings á þessum stutta tíma, þó að það sé síður en svo útilokað. Þetta sem sagt finnst mér mjög einkennilegt og ég vek á þessu athygli, ekki vegna þess að þetta sé einsdæmi, heldur virðist þetta vera meginregla.

Ég bendi á frv., sem hér var til umr. næst á undan, það gegnir alveg nákvæmlega sama máli um það. Það kom fram í fyrra, var fjallað um það á mörgum fundum menntmn. Ed. og því síðan breytt og þær breyt. samþykktar hér í d. og það sent til Nd. En það dagaði uppi. Þegar svo frv. kemur hér aftur, þá virðist menntmrn. ekki taka tillit til neins af því sem hafði þó verið fjallað um í fyrra og frv. kemur algjörlega óbreytt hvað þau atriði snertir. Þetta finnst mér óskynsamleg vinnubrögð og ég held að þetta auðveldi ekki afgreiðslu málanna í þinginu, að menntmrn. skuli ekki reyna að kynna sér hvaða breyt. voru gerðar á frv. við meðferð þess hér í d. og hvort rn. geti ekki þá fallist á þær breytingar að einhverju leyti eða kannske að öllu leyti og þá sér frv. lagt fram í þeim búningi. Þá tæki afgreiðsla þess hér í d. miklu skemmri tíma. En þegar fyrir liggur að rn. hefur ekki viljað fallast á þær breyt. sem gerðar voru í fyrra, þá er líklegt að n. þurfi að skoða þær allar að nýju og þetta tæki allt miklu lengri tíma en ella væri.

Ég vek á því athygli að þetta gildir um frv. um heimilisfræðaskóla sem reyndar hét frv. til laga um húsmæðrakennaraskóla, eftir að það fór frá þessari hv. d. í fyrra, og þetta gildir um mörg önnur mál sem koma frá menntmrn. þessa dagana og þessar vikurnar. Ég nefni enn eitt dæmið, þ. e. a. s. frv. um viðskiptamenntun sem við fjölluðum um á fjöldamörgum fundum í menntmn. Ed. í fyrra og breyttum talsvert og síðan voru þær breytingar samþykktar hér í hv. Ed. og frv. sent til Nd., en þar dagaði málið uppi. Á þessum vetri kemur frv. aftur fram og þá algerlega óbreytt frá því sem áður var, í öllum þeim atriðum sem þessi d. hafði breytt. En til þess að flækja málið enn frekar er nú málið flutt í annarri d., þ. e. a. s. í Nd., sem gerir það að verkum að það má búast við að gangur þess í gegnum þingið verði enn torveldari en ella.

Ég gæti nefnt mörg önnur dæmi sem mér finnst að séu einkennileg í vinnubrögðum menntmrn. og ekki til þess fallin að auðvelda málum að komast í gegnum þingið. Þau eru býsna mörg málin sem hafa verið lögð fram af hálfu menntmrn. á seinustu árum sem hafa dagað uppi í d. og í báðum d. Alþ., reyndar áberandi mörg, og ég held að sökin hljóti að vera að einhverju leyti af því að rn. hefur kannske ekki hagað málum á sem skynsamlegastan hátt og lítið tillit viljað taka til þeirrar meðferðar sem mál hafa fengið hér í þinginu.

Mig langar til að nefna enn eitt dæmi, — ég er þegar búinn að nefna 3 eða 4, — en mig langar til að nefna enn eitt dæmi. Það er þjóðleikhúsmálið, sem kom hér fyrir Alþ. 1972 og var hér fjallað um lengi vel í menntmn. Ed. og síðan tekið til afgreiðslu í þessari d. og því breytt í allmörgum atriðum. Þetta mál dagaði uppi á þinginu 1972, og áttu menn þá von á því að málið hlyti að koma fram á næsta þingi á eftir, þannig að það væri hægt að afgr. það. Það lá á að koma þeim málum betur á hreint. En það hafa liðið núna 3 ár án þess að nokkuð bólaði á þessu frv., og hefur í raun og veru enginn getað skilið hver væri skýringin á þeim langa drætti. En svo loksins þegar þetta frv. birtist hér nú fyrir skömmu, að vísu í annarri d., þ. e. a. s. í Nd., þá sýnist manni fljótt á litið að ekkert tillit — nákvæmlega ekkert tillit hafi verið tekið til þeirra umr., sem fram fóru um málið á Alþ. á sínum tíma, ellegar þeirra breyt. sem þessi d. þá gerði á frv. Ég er ekki að segja að þeim, sem leggja málin fram af hálfu menntmrn. eða undirbúa þau af hálfu rn., beri nein skylda í sjálfu sér til þess að taka til greina þær breyt. sem gerðar eru á frv. sem síðan ná ekki fram að ganga. Ég er ekki að segja að það sé nein skylda af þeirra hálfu. Ég er ekki að segja að þeir séu ekki í fyllsta rétti til að haga

málum með þessum hætti. En ég held að þessi vinnubrögð séu hins vegar óskynsamleg og þau séu ekki til þess fallin að auðvelda málum framgang í gegnum Alþ. Ég er að sjálfsögðu síður en svo að áfellast hæstv. núv. menntmrh. í þessum efnum vegna þess að það, sem ég hef hér tekið til umr., er að sjálfsögðu ekki nema að takmörkuðu leyti á hans ábyrgð. En ég er fyrst og fremst að vekja athygli hans á því, hver gangur þessara mála hefur verið á undanförnum árum og er nú, að það er sem sagt að birtast hér hvert frv. á fætur öðru um menntamál, allt saman mál sem hafa verið til umr. hér á þinginu á undanförnum árum, án þess að í þessum frv. sé nokkurt tillit tekið til þeirra umr. og þeirra brtt. sem beinlínis hafa verið samþ. í annarri hvorri deildinni.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að taka upp neina þrætu við hv. 5. þm. Norðurl. v., m. a. af þeim ástæðum að ég er honum sammála um að það sé næsta nauðsynlegt að gott samstarf sé með rn. og Alþ. Það er tvennt sem hann gagnrýndi í sinni ræðu, fannst mér, efnislega séð. Annars vegar það, hversu frv. eru seint lögð fram á Alþ., jafnvel þó að mönnum virðist ærinn möguleiki til þess að þau komi snemma fram. Ég er honum sammála um að þetta er afleitur siður og ég hef hugsað mér að gera það sem í mínu valdi stendur, á meðan ég vinn í menntmrn., til þess að breyta þessum sið, þannig að þau frv., sem fram koma frá þessu rn. og ekki eru þá alveg ný af nálinni og koma úr vinnslu eftir að langt er liðið á þing, verði lögð snemma fyrir Alþ. Það hafa auðvitað á öllum tímum ýmsar ástæður orðið þess valdandi að svona hefur þetta gengið til. Það getur varla annað verið, annars væri það ekki einleikið, hvernig þessi saga endurtekur sig ár eftir ár, ekki einasta frá þessu rn., heldur frá ýmsum fleirum.

Ég get einnig tekið undir það, að það er mjög æskilegt að nýta eftir því sem hægt er þá vinnu, sem unnin er á Alþ. hverju sinni við meðferð þeirra frv. sem ekki ná afgreiðslu á þessu eða hinu þinginu, að nýta hana við undirbúning mála áður en þau eru lögð fram á næsta Alþ. Stundum eru svo kannske vissar ástæður fyrir því að flytjendur frv. og þá t. d. viðkomandi rn. telja rétt að sýna þau aftur í sömu mynd, þrátt fyrir ágreining sem orðið hefur á Alþ. og þrátt fyrir till. einnar þd. um að breyta þeim. Mér dettur t. d. í hug frv. um viðskiptamenntun. Það hafði hlotið meðferð hér í þessari hv. d. og verið gerðar á því nokkrar breyt. Þetta var rætt í menntmrn. varðandi þetta frv. En mönnum þótti samt sem áður og m. a. með tilliti til breyttrar skipunar þingsins rétt að sýna það frv. eins og það var fram lagt í fyrstu og láta skoða það aftur og það því fremur sem það auðnaðist nú þó að leggja það fram nokkuð snemma á þinginu. Og svo er þetta líka stundum þannig, að rn. getur ekki fallist á allar till. þingsins og vill reyna til þrautar þá tilhögun sem það telur eðlilega. Mér dettur í hug eitt atriði úr þjóðleikhúslögunum þar að lútandi. Það er sú skipan, sem þar er lagt til að verði gerð á þjóðleikhúsráði. Það er hugsað sem nokkuð fjölmennt ráð er komi saman tvisvar á ári, minnir mig, launalaust og ræði útlínur í starfsemi leikhússins. Í frv. núna er þessu haldið í aðalatriðum, þrátt fyrir það að þingið hefði í meðferð sinni komist að annarri niðurstöðu. En hins vegar er þó ein veigamikil breyt. á þessu ákvæði — án þess að ég muni nú eftir umr. um þetta á sínum tíma — sem ég gæti trúað að hafi ráðið nokkuð miklu um það að þingið snerist öndvert gegn þessari tilhögun, og það er kosningatilhögunin sjálf. Það er óvenjulegt, eins og þá var stungið upp á, að flokkarnir tilnefndu beint í svona n., heldur að fram fari hlutfallskosning. Það er miklu venjulegra og er lagt til núna að það sé gert og haldið hinu, að hafa ráðið fjölmennt og svo aftur fámenna framkvæmdastjórn.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að taka upp karp við hv. þm., því að ég er honum fyllilega sammála um að það er höfuðnauðsyn að á milli rn. og þingsins ríki gott samstarf og að sú vinna sem unnin er á hvorum staðnum fyrir sig nýtist sem best við undirbúning þingmálanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 64. fundur.

Miðvikudaginn 9. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Orka og orkusala á Austurlandi, þáltill. (þskj. 347). — Frh. einnar umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Það er að vísu alllangt liðið síðan fyrsti hluti þessarar umr. fór fram, en ég féllst fyrir mitt leyti á að umr. yrði þá frestað og því frestað að vísa málinu til n., vegna þess að í umr. höfðu komið fram ýmsar fsp., sem þá var beint sérstaklega til hæstv. iðnrh., en hann bundinn við umr. í hv. Ed. Nú sé ég að sama er upp á teningnum, að hann er fjarstaddur. Fsp. voru ekki að vísu frá mér komnar, heldur frá öðrum hv. þm., en þar sem ég tel að mikil nauðsyn sé á að þetta mál fái að ganga til n., vænti ég þess að það mætti fresta umr. og láta málið ganga til n., en hæstv. iðnrh. yrði þá væntanlega við framhaldsumr. sem fram færu um málið þegar það kæmi úr n. En ég á sérstakt erindi hingað vegna þessarar till.

Í umr., sem fram fóru, kom það fram hjá hv. 4. þm. Austurl. að hann gat ekki fellt sig við gerð till., eins og hún er, að því leyti að hann var ekki reiðubúinn til að fallast á það efni hennar sem fjallar um að leitað verði eftir kaupanda raforku með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum.

Ég vil nú til samkomulags fallast á og beini því til þeirrar hv. n., sem fær þetta til meðferðar,

að þessi hluti þáltill, verði dreginn til baka þannig að hún fjalli einvörðungu um að ríkisstj. verði falið að hlutast til um að lokið verði hið fyrsta rannsóknum á byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Þá vænti ég þess að ef till. verður breytt með þessum hætti verði menn sammála um að mál þetta nái fram að ganga.

Það ber mjög brýna nauðsyn til þess, eins og orkumál eru á Austurlandi nú, að hraðað verði rannsóknum á frekari virkjunarmöguleikum. Ég vil minna á það, að fyrir áramótin voru samþ. heimildarlög til virkjunar Bessastaðaár svokallaðrar. Eins og frumrannsóknir virtust benda til er þar vissulega um álitlegan kost að tefla, en nýjar upplýsingar og frekari rannsóknir virðast þó benda til að mjög geti brugðið til beggja vona um þá virkjun. Eins hafa verið uppi fréttir um að horfið sé frá þeirri ætlan, að heimila 150 millj. kr. lántöku til rannsókna á þessari virkjun, því að það hefur spurst að sá liður sé nú orðinn breyttur í nýjum áætlunum, þannig að í stað 150 millj. til lántöku til Bessastaðaárvirkjunar og rannsókna á henni heiti þessi liður nú 100 millj. til virkjanarannsókna á Norðurlandi vestra og Austurlandi. Hefur þá þessi liður tekið allveigamiklum breyt., svo að ekki sé meira sagt, frá því sem ráð var fyrir gert við afgreiðslu fjárl.

Ég vænti þess sem sagt að við þessa breyt., sem ég hér legg til að gerð verði á þáltill., þar sem ég fellst á að draga til baka allt úr henni sem lýtur að stóriðjuhugmyndum og að kaupandi verði fundinn að raforku með stóriðju fyrir augum, náist samstaða um þessa tillögugerð, og beini því til hv. iðnn., sem ég legg til að fái þetta mál til meðferðar, að hraða afgreiðslu till.

Tómas Árnason: Hv. forseti. Ég vil fagna því, að hv. 3. þm. Austurl. fellst á að gera breyt. á till. þeirri til þál. um beislun orku og orkusölu á Austurl., sem hann er flm. að, á þá leið að málið beinist inn á þær brautir að fyrst og fremst verði lögð áhersla á rannsóknir á Fljótsdalsvirkjun eystra og niðurstaðan af þessum rannsóknum verði síðan undirstaða þess, sem síðar kann að verða, og menn taki ekki ákvarðanir fyrr en niðurstöður rannsókna liggja fyrir.

Það hefði verið æskilegt að hæstv. iðnrh. hefði verið við þessar umr. vegna þess að ég beindi til hans nokkrum spurningum, að vísu almennum, í umr. um þetta mál á dögunum, sem voru sérstaklega varðandi skipulag raforkumálanna í heild. En ég vonast til þess að síðar meir fáist tækifæri til að ræða þau atriði nánar.

Eins og hér hefur komið fram áður er þetta rannsóknamál á Fljótsdalsvirkjuninni æðimikið mál. Það er reiknað með að það muni kosta 200—300 millj. kr. að gera fullnægjandi rannsóknir á þessum virkjunarstað og að slík rannsókn muni taka a. m. k. 3 ár þannig að niðurstöður slíkra rannsókna mundu þá ekki liggja fyrir fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1978 eða jafnvel 1979. Ég hef kvartað yfir því hér í umr. um raforkumálin hve rannsóknum á hinum ýmsu virkjunarstöðum virðist vera áfátt, og menn virðast standa frammi fyrir því, þegar um er að ræða stærri virkjanir, að það sé aðeins einn möguleiki til staðar, fullnaðarrannsóknir vanti til þess að menn geti valið á milli kosta.

Raforkumálin eru eflaust ein allra þýðingarmestu framkvæmdarmál sem þarf að sinna um þessar mundir og framkvæmdirnar eru geysilega fjárfrekar. Mistök í þessum efnum geta því verið þjóðinni dýr þegar þarf að nýta hverja krónu eins og framast er unnt á sem skynsamlegastan hátt. Það hlýtur að vera markmiðið og sú spurning raunar, sem menn spyrja um í sambandi við virkjunarstaði og virkjunarmöguleika, hvar sé hægt að framleiða ódýrasta raforku, hvað hún kosti minnst fyrir þjóðina. En slíkri spurningu geta menn auðvitað ekki svarað nema fyrir liggi nægilegar rannsóknir á nokkrum virkjunarstöðum.

Ég er ekki dómbær á slíka hluti, en ég hef áður látið þá skoðun í ljósi að þeir möguleikar, sem eru til framleiðslu ódýrrar raforku í Fljótsdal eystra, eða Fljótsdalsvirkjunin, kunni e. t. v. að vera þeir allra hagkvæmustu sem fyrirfinnast á öllu landinu. Ég veit það ekki, og það veit sjálfsagt enginn. En það er tvennt, sem þarna er um að tefla sem er ákaflega verðmætt. Það er annars vegar að þarna eru miklir vatnsmiðlunarmöguleikar og svo hitt, þarna er um að ræða óvenjulega mikið fall, 500—600 m fallhæð. Ég harma það að við skulum ekki vera komnir lengra í rannsóknum á þessu sviði en raun ber vitni og þess vegna ekki betur í stakk búnir til að velja þá möguleika, þegar um stærri virkjanir er að ræða, sem kosta minnst fjármagn. Þess vegna held ég að það sé ákaflega þýðingarmikið að við leggjum áherslu á rannsóknamál á sviði orkumálanna og verjum meira fé til rannsókna en gert hefur verið hingað til.

Ef við víkjum að Austurl. sérstaklega, þá er ástandið í orkumálunum þar, þrátt fyrir það að Lagarfossvirkjun er nú fullgerð, þó að þar sé að vísu eftir að setja upp lokur fyrir meiri vatnsmiðlun en nú er, í stuttu máli þannig að heildarvatnsaflsorka eða vatnsafl á Austurl. er um 12.5 mw. Það eru 5 vatnsaflsvirkjanir, þ. e. Lagarfljót eða Lagarfoss, Grímsárvirkjun, Smyrlabjargaárvirkjun og síðan tvær litlar virkjanir, báðar gamlar raunar, önnur á Seyðisfirði og gömul virkjun á Reyðarfirði. Samtals er hér um að ræða afl 12.5 mw., þegar þessar virkjanir eru allar í toppafköstum. Nú er vitað mál að á þeim tímum, þegar þörfin er hvað mest, munu áreiðanlega hvorki Lagarfossvirkjun né Grímsárvirkjun geta framleitt nándar nærri toppafköst. En á sama tíma og toppafköstin eru 12.5 mw. er þörfin á þessu ári 14.5 mw., þ. e. a. s. 2 mw. meira en hægt er að fullnægja nú, og þessi þörf fer vaxandi á næstu árum. Ástandið í þessum efnum eystra er því hvergi nærri gott, og ég vonast til að það verði ekkert slakað á þeim áformum sem uppi eru í sambandi við virkjunarmál á Austurlandi. Það verður í fyrsta lagi að ganga sem allra fyrst fullkomlega úr skugga um það, hvort Bessastaðaárvirkjunin er raunhæf vegna þess að sú virkjun hentar í raun og veru mjög vel því sem við blasir í raforkumálum Austurlands. Hér er um að ræða virkjunarmöguleika upp á 25—32 mw. og hugsanlegt að slík virkjun

geti komist í notkun kringum 1980, e. t. v. á árinu 1979.

Síðan eru aðrir möguleikar ef svo færi, sem hugsanlegt er, en ég vil ekkert fullyrða um á þessu stigi málsins, að lokaniðurstöður rannsókna við Bessastaðaárvirkjun leiddu í ljós að ekki væri unnt að ráðast í virkjunina. Þá er ástandið í þessum málum eystra mjög alvarlegt. Þess vegna þyrftu raunverulega að fara fram rannsóknir á virkjunarmöguleikum á ýmsum stöðum fyrir minni virkjanir, ef skynsamlegt þætti að ráðast í þær í næstu lotu ef Bessastaðaárvirkjun yrði ekki byggð. Ég vil nefna í þessu sambandi rannsókn á Fjarðará á Fjarðarheiði í Seyðisfirði, Hvammsá í Vopnafirði og Fossá í Berufirði. Það hefur komið í ljós nú alveg nýlega að virkjunarmöguleikar í Fossá í Berufirði eru miklu meiri en menn áður hafa álitið. Þar er nýr hönnunarmöguleiki sem er fólginn í því að grafa jarðgöng í gegnum fjall niður í Berufjörð og fá þannig geysilega mikið fall og byggja þar virkjun sem hugsanlega gæti verið svipuð að orkuframleiðslu til og Kröfluvirkjun eða 55—60 mw. Það kunna að leynast ýmsir fleiri möguleikar, ekki aðeins á Austurlandi, heldur víðar, sem koma í ljós þegar rannsóknum miðar meira áfram en nú er.

Síðan þarf að byggja lokur í Lagarfoss sem hefur verið áætlað að kosti um 170 millj. kr. Það verk þarf að vinnast hvað sem öðru líður. Þeir, sem fjalla aðallega um þessi málefni eystra, eru þeirrar skoðunar að það væri nauðsynlegt að gera 10 ára orkuáætlun fyrir landshlutann.

Þá kemur einnig til greina í þessu sambandi og er raunar sjálfsagt framtíðarmál að tengja Kröfluvirkjun við Austurland. Það er sérstakt mál sem þarf að vinna að, hvað sem öðru líður. En þrátt fyrir það verður grunnaflsvirkjun alla vega að vera til á Austurlandi. Það er auðvitað visst öryggisleysi að verða að treysta alfarið á línu frá Kröfluvirkjun. Þess vegna verða grunnaflsvirkjanir að vera til. Þeir möguleikar, sem ég hef verið að rekja, eru þeir helstu, sem menn hafa komið auga á. En ég vil fagna því að hv. 3. þm. Austurl. vill reyna að ná samstöðu um till., sem er fólgin í rannsóknaráætlun um Fljótsdalsvirkjun, og ég vonast til að það mál fái góðar undirtektir.

ATKVGR.

Till. vísað til iðnn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 351, n. 379, 422). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. Félmn. fjallaði um þetta frv. á fundi sínum og varð sammála um að leggja til að frv. yrði samþ. í því formi, sem það er í nú, en fjarstaddir voru þeir Eðvarð Sigurðsson og Jóhann Hafstein. Nm. hafa þó áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma, og mun þegar komin fram ein brtt.

Við 1. umr. í d. var málið töluvert rætt og kom í ljós að ekki er samstaða um frv. Ég hygg að flest sjónarmið hafi þar komið fram með og móti frv., enda hefur það áður verið flutt hér á hv. Alþ. Andstæðingar frv. leggja á það áherslu að landshlutasamtökin, þ. e. samtök sveitarfélaganna, verði áfram frjáls félagasamtök, en tilvera þeirra ekki bundin í lögum né starfseminni markaður ákveðinn rammi. Þetta er að mínu mati það grundvallaratriði, sem um er deilt, en auk þess er deilt um form þeirra og uppbyggingu, ef þeim verður markaður ákveðinn lagalegur sess.

Þegar þm. móta afstöðu sína til þessa frv. er nauðsynlegt að þeir geri sér ljósa grein fyrir þeim þjóðfélagslegu forsendum, sem voru undirrót að stofnun landshlutasamtakanna í núverandi mynd. Á árunum á milli 1940 og 1950 voru stofnuð fjórðungssamtök eða fjórðungsþing á Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum, og þessi fjórðungsþing voru að formi til samtök sýslu- og bæjarfélaganna í viðkomandi landshluta. Þau voru á vissan hátt stækkuð mynd hinna svokölluðu þing- og héraðsmálafunda sem haldnir voru a. m. k. í sumum sýslum landsins. Á þessum fundum mættu yfirleitt þm. viðkomandi sýslu sem í þann tíð var sjálfstætt kjördæmi. Þar var ályktað bæði um þjóðmál og héraðsbundin málefni. Fjórðungsþingin munu hafa verið í svipuðu formi. Að þinghaldi loknu fóru fulltrúarnir heim með ályktanir sínar og e. t. v. bjartar vonir um framgang mála. Alþm. höfðu fengið sitt veganesti á löggjafarsamkomuna.

Eitt skorti þó á til þess að störf fjórðungsþinganna bæru tilætlaðan árangur. Milli þinganna var enginn starfandi framkvæmdaraðili sem fylgdi málum eftir og tæki við nýjum vandamálum og viðfangsefnum til úrlausnar. Nú kann einhver að segja að þar hafi sýslufundir verið hinn rétti aðili. Því er ekki að leyna að staða sýslunefnda hefur mjög breyst á liðnum áratugum. Mikilvæg verkefni, sem almenningur í landinu fylgdist með af áhuga, hafa verið af þeim tekin og eru nú á vegum ríkisins eða sveitarfélaganna beint og ný viðfangsefni líðandi stundar hafa ekki komið til úrlausnar sýslunefnda, enda hefur bæði skort fjármagn og ekki síður aðstöðu til þess. Enda þótt sýslunefndir fari með yfirstjórn sveitarstjórnarmálefna í héraði hafa ekki verið bein tengsl milli sveitarstjórna og sýslunefnda og þær því hverju sinni ekki haft möguleika til að skáka málum sínum til sýslunefnda til virkrar daglegrar úrlausnar. Að sjálfsögðu hafa hreppsnefndir haft möguleika á að senda erindi sín til hinna árlegu funda sýslunefnda og falið fulltrúum viðkomandi hreppsfélags að fylgja málum eftir. Hins vegar eiga bæjarfélögin enga aðild að sýslufélögunum né hafa þar möguleika til áhrifa.

Ég vænti þess, að enda þótt ég hafi drepið á áðurnefndar staðreyndir taki það enginn svo að ég sé að veitast að sýslunefndum almennt eða því starfi sem unnið hefur verið á vegum þeirra á liðnum árum og áratugum. Mér er fullljóst að þær hafa mörgu merkilegu máli komið í höfn og sameinað í reynd fleiri eða færri sveitarfélög til ýmissa félagslegra átaka, og sumir oddvitar sýslunefnda hafa auk þess reynst dugandi og áhugasamir sveitarstjórnarmenn, enda þótt þeir

hafi hlotið stöðu sína sem stjórnskipaðir embættismenn og haldið henni til frambúðar án tillits til dugnaðar þeirra eða áhuga á sveitarstjórnarmálum.

Það var þess vegna ekki fálm eitt þegar fjórðungssamböndunum var breytt í núverandi form og ný samtök sveitarfélaga mynduð í öðrum landshlutum, þar sem fjórðungssamtökin gömlu voru ekki fyrir. Hér var verið að svara knýjandi þörf sem skapast hafði í síbreytilegu þjóðfélagi. Hér kom til sögunnar nýr aðili sem var í senn virkur þjónustuaðili sveitarfélaganna, sem og samnefnari þeirra út á við, einkum í byggðarlegu tilliti. Enginn dregur í efa að þau hafa nú þegar gegnt mikilvægu hlutverki en nú er tekist á um það hver eigi að vera staða samtakanna í stjórnsýslukerfinu. Það eru til fordæmi fyrir því að jafnvel mörg sýslufélög hafi staðið saman að félagslegu átaki, svo sem með því að reisa og reka héraðsskóla eða alþýðuskóla. Eftir að skóli hafði verið reistur og meðan rekstur þeirra var kostaður af sýslu- eða sveitarfélögum var það svo að sumar sýslurnar sögðu sig úr lögum við þessar stofnanir og rekstur þeirra féll eingöngu á herðar þess sýslufélags þar sem skólinn var staðsettur. Engar lögbundnar kvaðir hvíldu á viðkomandi sýslufélögum. Ég tek þetta sem dæmi, því að löggjafinn hefur falið landshlutasamtökum sveitarfélaga að fara með ákveðin framkvæmdaatriði í grunnskólalögunum, svo að dæmi sé tekið. Og til að geta gegnt þeim skyldum hljóta landshlutasamtökin að leita eftir lögfestingu samtakanna svo að ekki sé hætta á því að einstök sveitarfélög hlaupist undan merkjum og samtökin verði á þann hátt óstarfhæf eða jafnvel að þeim verði slitið.

Þetta eru ein af þeim rökum sem Samband ísl. sveitarfélaga og forsvarsmenn landshlutasamtakanna hafa fært fram fyrir því að frv. það, sem hér liggur fyrir, verði að lögum.

Meðal þeirra raka, sem teflt hefur verið fram gegn frv. þessu, er að hér sé verið að lögfesta tvöfalt kerfi, þ. e. a. s. sýslufélög annars vegar og landshlutasamtök sveitarfélaga hins vegar. Ég hlýt að viðurkenna að slíkt tvöfalt kerfi er óæskilegt til frambúðar. Endurskoðun sveitarstjórnarlaganna hefur verið á dagskrá þótt ekki sé hægt að segja að þar sjáist dagsbrún enn. Það er aðkallandi verkefni, sem hlýtur að koma til vandlegrar athugunar og úrlausnar á næstu árum. En hvort þau samtök, sem þá taka við, verða endurskipulagðar sýslunefndir, fjórðungssambönd eða fylki, læt ég mér raunar í léttu rúmi liggja. Nafnið skiptir ekki máli, en hitt er aðalatriðið, að hér verði um að ræða raunveruleg samtök sveitarstjórnarmanna eða sveitarstjórnanna, þjónustuaðili þeirra og svæðisbundinn málsvari, auk þess að fara með ýmis málefni af hálfu ríkisvaldsins eftir því sem það felur þeim hverju sinni.

Ég sé ekki ástæðu, hæstv. forseti, til að hafa um þetta fleiri orð á þessu stigi, en ég vil endurtaka það, að nm. eru óbundnir af því að fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Það hefur þegar ein brtt. verið lögð fram og ég vil láta í ljós að ég hygg að nm. muni ekki bregða fæti fyrir samþykkt þeirrar brtt.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Eins og hér hefur verið vikið að, er nokkur ágreiningur um það hvort rétt sé að lögfesta á þann hátt, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, ákvæði varðandi landshlutasamtök sveitarfélaga. Það hefur komið fram í umr. á hv. Alþ. að um þetta eru skiptar skoðanir, og það er alkunna að einnig eru verulega skiptar skoðanir um þetta atriði meðal sveitarstjórnarmanna. Um það vitna margar greinar af þeirra hálfu, þar sem þessi mál hafa verið rædd opinberlega. Maður skyldi því halda að það væru einhver skýr og glögg rök fyrir því að leggja til lögfestingu varðandi þessi samtök á meðan skoðanir eru þetta skiptar.

Ég verð að segja það að ég hef ekki heyrt færð hér fram á hv. Alþ. nein sannfærandi rök fyrir því hvers vegna nú eigi að fara að lögfesta þá skipan sem gert er ráð fyrir í þessu frv. varðandi þessi samtök. Ég tók eftir því að hv. síðasti ræðumaður, sem hér talaði um málið, sagði að nú væri tekist á um það hver ætti að vera staða þessara samtaka í stjórnsýslukerfinu. En ég spyr þá: Hvað ákveður þetta frv., ef að l. yrði, varðandi þetta atriði? Þetta frv. felur í sér tiltölulega mjög litlar beinar ákvarðanir. Það felur í sér þá ákvörðun að skylda öll sveitarfélög í landinu til þess að skipa sér í þessi sveitarstjórnarsamtök. Nú munu nær öll sveitarfélög í landinu þegar hafa skipað sér í samtökin. Aðeins örfá minni sveitarfélög munu standa utan við, svo að varðandi þetta atriði yrði væntanlega um litla breyt. að ræða — mjög litla.

Þá er í þessu frv. ákveðið hvernig kjósa skuli fulltrúa af hálfu sveitarfélaganna til samtakanna, en þó er það svo ákveðið að þar verður að taka fram að þó megi samtökin hafa þetta á annan veg. Það er gefin í þessu lagafrv. ákveðin uppskrift af því hvernig skuli kjósa fulltrúa til samtakanna af hálfu sveitarfélaga, en þó viðurkennt að um þetta megi hafa annan hátt ef samtökin komi sér saman um það. Þetta breytir því ekki ýkjamiklu í sjálfu sér og auðvitað ekki á neinn hátt neinu um stöðu þessara samtaka eða möguleika þeirra til þess að geta gegnt sínu hlutverki.

Ég tók eftir því að hv. frsm. félmn., sem talaði næst á undan mér, komst svo að orði að það þyrfti í rauninni að girða fyrir það, að einstök sveitarfélög í landinu gætu hlaupist undan merkjum í sambandi við þau störf sem þessi heildarsamtök eiga að hafa með höndum. En á meðan samtökin eru á frjálsum grundvelli eru sveitarfélögin ekki skyld til þátttöku og þau gætu gengið úr þessum samtökum ef þau óska eftir.

Þá er komið að því atriði að það sé nauðsynlegt að setja lög um samtökin til þess að knýja sveitarfélögin nauðug, viljug til þess að vera í samtökunum. Og vegna hvers á að lögfesta þetta? Til hvers? Hver er meiningin með þessu, að svipta sveitarfélögin nú því frjálsræði og sjálfstæði sem þau hafa, og skylda þau til þátttöku í þessum samtökum með lögum? Hver er meiningin með því? Hvaða marki á að ná? Vitanlega er hægt af hálfu ríkisvaldsins að fela þessum samtökum margvísleg verkefni, eins og þegar hefur verið gert, án þess að um samtökin séu sett sérstök lög. Það eru til margar stofnanir í

okkar þjóðfélagi sem starfað hafa um áratuga skeið og haft með höndum fyrir hið opinbera margvíslega stjórnsýslu, án þess að um þau samtök gildi sérstök lög. Þau samtök hafa verið byggð upp á frjálsum félagsgrundvelli, eru til staðar, ríkisvaldið felur þeim verkefni, en þau eru frjáls og sjálfstæð og hafa sinnt þýðingarmiklum verkefnum, mörg þeirra, án þess að um þau væru sett sérstök lög og þau væru skuldbundin á einn eða annan hátt með ákvæðum laga. Það er því vitanlega ekkert, sem hefur komið enn fram í þessum umr., sem sannfærir um að það sé nauðsynlegt að skylda sveitarfélögin til þátttöku í þessum samtökum svo að hægt sé að fela samtökunum síðan framkvæmd á ýmsu því sem ríkið vill fela þeim að vinna að.

En í þessu sambandi koma upp býsna stórar spurningar, sem rétt er að menn velti fyrir sér, og ég hefði gjarnan viljað að hv. frsm. n. væri hér í salnum á meðan málið er rætt.

Þá kemur sú spurning: Er kannske meiningin að túlka þessa lagasetningu þannig að þessi samtök eigi að vera yfirsamtök yfir sveitarstj. og geti skuldbundið sveitarstjórnirnar fjárhagslega? Er ætlunin að túlka þessa lagasetningu á þá lund að samþykktir, sem samtökin gera varðandi fjárhagslegar skuldbindingar, eigi að gilda umfram það sem sveitarstj. sjálfar vilja fallast á?

Ég tek aðeins upp eitt mikilvægt atriði úr mínum landshluta, þar sem þessi samtök hafa starfað um alllangan tíma og gert ýmislegt gott. Þar hefur komið til mála hvort sveitarfélögin á Austurlandi ættu að mynda með sér samtök um að yfirtaka framleiðslu á raforku í sínu umdæmi og rekstur raforkuvera á því svæði. Allar hugleiðingar í þessa átt hafa hins vegar stöðvast á því að menn hafa séð fljótlega, við nánari athugun málsins, að hér var um mikið fjárhagslegt fyrirtæki að ræða, mikla fjárhagslega áhættu.

Telur t. d. hv. frsm. félmn. að það mætti túlka þessi lög á þann hátt, ef frv. yrði samþ., að samþykktir á vegum sveitarstjórnarsamtaka gætu skuldbundið fjárhagslega sveitarfélög um ómældar fjárhæðir til ábyrgðar á rekstri sem þessi samtök tækju að sér? Ég hef enga trú á því reyndar að það fengist nokkur lögfræðingur til að skýra þessa lagasetningu þannig að hægt væri að teygja hana út í það að halda því fram að hún veitti samtökunum þenann rétt yfir málefnum hinna almennu sveitarfélaga. En það er vitanlega mjög mikilvægt, um leið og sveitarfélögin á að skylda með lögum til að verða þátttakendur í tilteknum samtökum, að það liggi skýrt fyrir hvaða vald þessi samtök fá yfir málefnum sveitarfélaganna, að hvaða leyti á að skerða sjálfsforræði sveitarfélaga frá því sem nú er um leið og þau eru lagalega bundin af því að vera þátttakendur í þessum samtökum. Ég held að ef hér ætti að vera um það að ræða að þessi samtök sveitarfélaganna í hverju umdæmi fyrir sig ættu að verða raunveruleg yfirsamtök yfir sveitarfélögunum og fengju vald yfir þeim, t. d. í fjárhagslegum efnum, yrði að ganga allt öðruvísi frá lagasetningunni en gert er hér. En það að skylda sveitarfélögin einfaldlega til þátttöku í samtökum, sem þau eru yfirleitt aðilar að nú á frjálsum grundvelli, hefur sáralitla þýðingu nema því fylgi einhver skilgreining um það hvaða skyldur fylgi þátttökunni.

Ég held að sveitarstjórnasamtökin, sem þegar hafa verið mynduð, hafi komið að miklu gagni. Þau hafa orðið nýr vettvangur sveitarstjórnarmanna til þess að reyna að ná samstöðu sín í milli varðandi margvísleg verkefni og stór verkefni. Þetta hefur gefist vel. Það hefur ekki komið að sök, svo að mér sé kunnugt, í einu einasta tilfelli að það vanti lög. Ég vildi að það yrði hér fært fram hvenær á það hefur reynt að það hafi vantað lög til þess að kúska sveitarfélögin til að fara eftir settum reglum í þessum samtökum, hvenær hafi raunverulega reynt á það.

Hér hefur verið í það vitnað að í nýlega settri löggjöf um fræðslumál sé gert ráð fyrir því að þessi samtök gegni ákveðnu hlutverki. Í fyrsta lagi er þessi löggjöf öll svo í mótun, að það veit svo til enginn hvað þetta á að þýða, enda bögglast þetta fyrir mönnum í framkvæmdinni, þetta ákvæði allt, en ekki vegna þess að það vanti lög um samtökin, síður en svo. Það er af öðrum ástæðum. Það eru önnur atriði sem voru ekki gerð nægilega ljós á sínum tíma og verður að víkja að seinna. Ég sé ekki að út af fyrir sig sé því neitt til fyrirstöðu að gert sé ráð fyrir því í almennri skólalöggjöf að fela tilteknum samtökum, sem eru starfandi, ákveðin verkefni, að sjálfsögðu undir yfirstjórn þeirra opinberu aðila í landinu, sem lögum samkv. hafa með þessi mál að gera, án þess að um samtökin séu sett sérstök lög. Það er eins og ég hef sagt hér áður, að það er auðvelt að nefna mörg samtök, margra ára gömul samtök í okkar þjóðfélagi sem hafa tekið að sér og taka að sér á hverju ári margvísleg störf skv. lögum, og skv. ákvörðunum ríkisvaldsins án þess að löggjöf sé sett um þau samtök.

Ég er á þeirri skoðun að það eigi enn um skeið að halda því fyrirkomulagi, sem verið hefur, varðandi þessi sveitarstjórnasamtök, þau eigi að vera á frjálsum grundvelli, þeir, sem þar eiga hlut að máli, eigi að fá að ráða skipun þessara samtaka og störfum þeirra og það eigi ekki á neinn hátt að skerða sjálfsforræði sveitarfélaganna sjálfra. Ég spái því að það verði margvíslegar breyt. þar á eftir að koma varðandi fjárhagsmál sveitarfélaga í landinu, ef lög verða sett um einhver yfirsamtök yfir þeim sem geta svipt þau fjárræði að meira eða minna leyti. Ég er hræddur um að þá fari margt úr böndunum á eftir. Nú er það þannig að sveitarstjórnirnar í landinu, sem starfa skv. ákveðnum l., hafa fjárforræði. Sveitarfélögin hafa þar með ábyrgð og skyldur, og þau verða að sjá um það og reyna að standa við þær ábyrgðir og skyldur. Það er því mjög hættulegt að fara að lítið athuguðu máli að ákveða einhverjum yfirsamtökum rétt til þess að blanda sér í þessa aðstöðu sveitarfélaga sem snertir fjárhagsmálefni.

Ég býst við því, enda eru dæmi þegar um það, að þessi frjálst uppbyggðu samtök sveitarstjórna í landinu muni finna sér leiðir til þess, eftir samkomulagsleiðum, að takast á hendur margvísleg verkefni, og það þarf ekki að knýja öll sveitarfélög í viðkomandi samtökum til að verða þátttakendur í öllu því starfi sem þar kann að verða fitjað upp á. Það er sjálfsagt að gefa ein-

stökum sveitarfélögum réttindi til að standa fyrir utan, ef þau hafa eðli málsins skv. sáralítið með þau mál að gera eða geta varla tekið þátt í þeim.

Það hefur verið reynt nokkrum sinnum áður að setja lög varðandi málefni af þessu tagi og leggja meira að segja með lögum skyldur á hendur sveitarfélaga, þar sem skyldurnar hafa verið lagðar þeim á herðar án þess að það væri raunverulegur grundvöllur fyrir því að binda sveitarfélögin til slíkra starfa, og það hefur alltaf farið út um þúfur. Það eru t. d. til gildandi lög hjá okkur nú um að það skuli jafnan vera einn iðnskóli starfandi í hverju stóru umdæmi fyrir sig, aðeins undantekningar frá því, og síðan er ákveðið að öll sveitarfélög í viðkomandi umdæmi eigi að standa að byggingu slíkra iðnskóla og rekstri þeirra að nokkru leyti. Í mínu umdæmi, á Austurlandi, er þetta t. d. þannig að það er ákveðið skv. stjórnskipun að þessi iðnskóli skuli vera í Neskaupstað. En með þessu er verið að skylda bæði Vopnafjörð og Skeggjastaðahrepp og Jökuldal til þess að taka þátt í byggingarkostnaði iðnskóla í Neskaupstað. Auðvitað heppnast þetta aldrei. Annað af tvennu gerist að skólinn verður aldrei byggður eða þá að þeir borga aldrei sinn hlut. Þetta er út í bláinn, fær ekki staðist og hefur ekki heppnast. Eins er það, að það er að mínum dómi algjör markleysa að ætla að reyna að fara að binda það í l., að öll sveitarfélög í ákveðnu stóru umdæmi, sem vilja vera og geta verið eðlilegir samstarfsaðilar í sveitastjórnasamtökum svæðisins, séu skuldbundnir fjárhagslega til þátttöku í öllu því sem samtökin kunna að vilja ráðast í eða vilja starfa að.

Ég get sem sagt ekki séð af því sem hér hefur fram komið, að það hafi verið færð nein frambærileg rök fyrir því að þessi lögfesting sé nauðsynleg nú. Samtökin starfa og starfa vel og eru á frjálsum grundvelli, eru að finna sér form. Meira að segja í heilum landshlutum hafa menn ekki alveg orðið á það sáttir enn hvort þeir eigi að starfa þar í tvennum heildarsamtökum eða einum. Þetta er hin eðlilega þróun og á ekki að fyrirskipa eitt eða neitt í því á þessu stigi málsins. Allt slíkt er óhyggilegt. Eg get ekki séð að þessi samtök geti ekki unnið að öllum þeim verkefnum, sem til greina hafa komið, í því formi sem þau eru uppbyggð nú og að ríkisvaldið geti ekki snúið sér til þeirra eins og margra annarra félagssamtaka í landinu og falið þeim verkefni eða samið við þau um verkefni, þó að ekki séu sett sérstök lög um samtökin.

Það er vitanlega, eins og ég sagði hér áðan, alveg tómt mál að tala um að með þessu frv. sé verið að skera úr um einhverja deilu sem standi um það hver eigi að vera staða þessara samtaka í stjórnsýslukerfinu. Hvernig breytist staða þessara samtaka í stjórnsýslukerfinu ef frv. yrði að lögum? Það er í rauninni ekkert ákveðið til breyt. frá því sem nú er, annað en að það á að skylda sveitarfélögin að vera þátttakendur og það er skrifuð upp formúla um það hvernig þau ættu að kjósa fulltrúa á sameiginlegan fund, en megi þó víkja frá því ef þeim sýnist annað betra.

Menn hafa gjarnan í sambandi við þetta mál verið að blanda saman tvennu sem í eðli sínu er alveg óskylt og sundurgreint. Menn eru jöfnum höndum að ræða um eðlileg samtök sveitarstjórnanna í landinu og sveitarstjórnarmanna, þar sem þessir aðilar eru að fjalla um sín hagsmunamál og um þarfir sínar og verða að vera frjálsir til þess í sínum samtökum, óþvingaðir og óháðir af löggjafanum eða ríkisvaldinu, þar sem þeir eru að ræða sín hagsmunamál, og svo hinu, að menn vilja koma upp sérstökum samtökum eða stofnunum sem eigi að vera hluti af framkvæmdavaldinu í ríkiskerfinu, — á ákveðnum stofnunum sem eru meira eða minna á vegum ríkisins, sem lög eiga að gilda um og ríkið getur gripið inn í á hverjum tíma og ríkið getur gert að hálfgerðum útibúum í sambandi við margmargvíslega stjórnsýslu. Í eðli sínu er þarna um tvennt ólíkt að ræða og á ekki að blanda þessu saman. En eins og ég hef sagt áður, ríkið getur að sjálfsögðu falið frjálsum samtökum sveitastjórnarmanna í landinu hvers konar verkefni til framkvæmda og fyrirgreiðslu, eins og það felur nú mörgum öðrum félögum og í miklu ríkara mæli en talað hefur verið um í sambandi við þessi samtök, þá felur ríkið nú ýmiss konar félagasamtökum í landinu þann trúnað að fara með þýðingarmikil stjórnsýslumál og greiðir þessum samtökum stórfé, mörgum hverjum, án þess að um þau gildi sérstök lagasetning, þau séu sem sagt byggð upp á frjálsum grundvelli sinna meðlima.

Ég er á þeirri skoðun að það færi best á því að fresta þessu máli enn, vera ekki að knýja það gegnum Alþ., þar sem eru verulega skiptar skoðanir um málið, vera ekki að þvinga fram lagasetningu varðandi þetta atriði sem sveitarstjórnarmenn greinir mjög á um. Við skulum líka athuga það að ef á að fara að gefa svona samtökum verulegt vald, einnig t. d. í fjárhagslegum málefnum, þá er auðvitað komið að því viðkvæma atriði, hvernig samtökin eru kosningalega byggð upp. Það ættu allir að vita að málin eru þannig, eins og þessi samtök starfa nú, að ef við tökum það stjórnmálalega vald, sem gerir vart við sig í sveitarfélögum, sem þau eru flest að meira eða minna leyti bundin við, þá kemur í ljós að mikill meiri hl. þeirra, sem að samtökunum standa, þ. e. fólksins, getur stutt einn flokk eða einhverja tvo flokka, mikill meiri hl. þeirra, sem eru raunverulegir aðilar að landssamtökum, þó að samkv. þeim reglum, sem nú gilda hjá samtökunum, og samkv. þeim reglum, sem hér er stungið upp á, færi allt annar flokkur og allt aðrir aðilar með greinilegt meirihlutavald á fundum þessara samtaka. Það mundi heldur aldrei standast í reynd að sveitarstjórnarmenn úr allt öðrum byggðarlögum, sem m. a. hafa skipað sér í allt aðrar pólitískar fylkingar, gætu skuldbundið enn aðra með því valdi sem þeim væri gefið í þessum samtökum. Og eins og ég hef drepið á áður, þá held ég að þó að þetta frv. yrði gert að lögum fengist enginn dómari til þess að túlka þau lög á þá lund að samtökin fengju þetta vald yfir fjárhagsstöðu annarra sveitarfélaga.

Þá hefur einnig verið minnst á það, og hv. frsm. félmn. kom að því, að auðvitað er það mesti óskapnaður að búa við þá löggjöf sem við

búum við í dag varðandi sýslunefndirnar og þau störf sem þær hafa með að gera og svo koma inn á sama vettvang þessi samtök. Þarna verður vitanlega að skilja á milli. Ef þetta eiga að vera samtök, sem eiga að vera hluti af stjórnsýslukerfinu, þá verður að skilja þarna á milli. Þetta rekst hvað á annað.

Og að lokum þetta: Það kemur hér fram í grg. þessa frv. að það standi nú yfir almenn endurskoðun á sveitarstjórnarlögunum, hún standi yfir og menn vilji gjarnan vinna að því að henni ljúki sem fyrst. Hvað er það sem knýr svona óskaplega á með þetta? Það er verið að endurskoða þessi lög og þar vinna menn að samræmingu reglna varðandi þessi atriði öll. Ég á mjög erfitt með að skilja að það sé einhver þörf á því að samþykkja frv. eins og þetta við allar þær aðstæður sem hér hefur verið minnst á.

Að lokum vildi ég svo segja það, að ég vil að það komi skýrt fram að ég hef átt nokkurn þátt í störfum þessara samtaka í mínu umdæmi. Ég tel að þessi samtök séu mjög gagnleg samtök, þau hafi komið mörgu góðu til leiðar, það eigi að styrkja samtökin og stuðla að því að þau geti starfað. Mínar aths. við þetta frv. byggjast ekki á neinn hátt á því að ég vilji draga úr störfum þessara samtaka eða gera þeim erfiðara fyrir, síður en svo. En mér sýnist að það sé jafnvel verið að vinna hér óþurftarverk með því að blanda sér í þær deilur, sem þarna liggja fyrir, með því að fara að samþykkja frv. eins og þetta, sem er í rauninni hvorki fugl né fiskur. Það er ómögulegt að víkjast undan því, það getur hver maður séð, sem les frv., að það segir í rauninni hreint ekki neitt.

Ég legg því eindregið til fyrir mitt leyti að frv. verði látið bíða. Þetta er eiginlega alveg týpiskt frv. að mínum dómi, sem uppfyllir öll þau skilyrði sem til þess eru að það megi flytja, en eigi síðan að liggja í rólegheitum í nefnd.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Á þskj. 422 hef ég leyft mér ásamt fjórum öðrum þm. af Norðurlandi að flytja brtt. við frv., sem hér liggur fyrir. Þessi brtt. er við 1. gr. frv., að við 110. gr. sveitarstjórnarl. bætist svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú óskar meiri hl. sveitarstjórna í Norðurl. v. eða e. að stofna sérstök landshlutasamtök og skal þá ráðh. heimilt að staðfesta reglugerð slíkra samtaka þrátt fyrir önnur ákvæði þessarar gr.“

Það er hv. þdm. kunnugt að þetta frv. er ekki neitt nýmæli hér á hv. Alþ. Það hefur verið flutt a. m. k. tvisvar sinnum áður og dagað uppi í bæði skiptin. Á síðasta Alþ. fluttum við nokkrir þm. af Norðurlandi brtt., sem var shlj. þeirri sem ég hef hér flutt og lesið upp, og er till. nú endurflutt vegna þess að uppi hefur verið nokkur skoðanamunur á því meðal sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi hvort þar skuli starfa ein eða tvenn landshlutasamtök. Með þeirri brtt., sem hér er flutt, er opnað fyrir þá möguleika að kljúfa Fjórðungssamband Norðlendinga í tvenn landshlutasamtök ef meiri hl. sveitarstjórnarmanna í öðru hvoru Norðurlandskjördæmanna óskar eftir að svo verði. Ég vil aðeins segja það, að ég tel að þessi till. og þeir möguleikar á stofnun slíkra sérsamtaka eftir kjördæmum á Norðurlandi, sem hún býður upp á, sé sjálfsögð, vegna þess að það á að mínum dómi að fylgja vilja sveitarstjórnarmanna í uppbyggingu þessara samtaka og að starfssvæði þeirra fari eftir því sem þeir sjálfir vilja. Þess vegna tel ég að þessi till. sé sjálfsögð og ég tel að hún sé fullnægjandi til þess að hægt verði að hafa það form á í þessum landshluta sem sveitarstjórnarmennirnir sjálfir kjósa.

Það kom fram í máli síðasta ræðumanns, hv. 2. þm. Austf., að nokkur ágreiningur er uppi um þetta frv., hvort þörf sé á að lögfesta það og hvort það sé rétt að lögfesta það. Út í þetta efni skal ég ekki fara mörgum orðum. Ég vil aðeins segja það sem mína skoðun að með tilliti til þess að þessi samtök hafa starfað um nokkurra ára skeið, til þeirra er vitnað í lögum, sem afgreidd hafa verið hér á Alþ. og í lögum eru þeim falin tiltekin verkefni, þá tel ég eðlilegt að landshlutasamtökin fái lögformlega stöðu. Ég tel að með þessu frv. sé í raun og veru verið að lögfesta ríkjandi ástand í þessum efnum. Að vísu má segja að það sé rétt, sem hv. 2. þm. Austf. sagði, að með þessu frv., ef að lögum verður, sé öllum sveitarfélögum gert skylt að skipa sér í raðir landshlutasamtakanna. Það er í raun og veru hin eina breyting, sem þetta frv. felur í sér, miðað við það skipulag sem víða gildir. Hins vegar eru, að ég hygg, það fáar undantekinngar frá því að sveitarfélög starfi innan landshlutasamtakanna, að ég held að mjög sé hverfandi sú breyting sem þarna yrði á. Ég vitna til þess að Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtökin og þar með oddamenn sveitarstjórnarmanna um land allt hafa lagt á það áherslu að frv. þetta verði afgr. og ég kem ekki auga á þá hættu, sem því væri samfara.

Það virtist svo sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson teldi að þarna væri hætta á ferðinni, að frv. væri hættulegt, en þó sagði hann: Það segir hreint ekki neitt og er hvorki fugl né fiskur. — Ég get tekið undir það síðara að vissu marki, það eru ekki mikil nýmæli í þessu frv. umfram það sem gildir hjá hinum frjálsu samtökum. Og ég tel að það sé vel af stað farið að það séu ekki færð í lög ákvæði sem fyrirskipa sveitarstjórnarmönnum og samtökum sveitarfélaga starfsháttu á annan veg en þeir sjálfir hafa samþykkt. Ég lít svo á að það sé grundvallaratriði í uppbyggingu þessara samtaka að það sé ekki farið með valdboði ofan að, heldur séu starfshættir og skipulag mótað af sveitarstjórnarmönnum sjálfum. Og ég tel að það sé eðlilegt að veita slíkri uppbyggingu lagalega stoð, ekki síst þegar þess er gætt að þessum samtökum hafa verið fengin í hendur ákveðin verkefni með öðrum lögum.

Um skoðun mína á því, hvert ég tel að eigi að vera hlutverk þessara samtaka í framtíðinni, þá vil ég aðeins segja það í almennum og fáum orðum að ég tel að þessi samtök eigi ekki að verða valdstofnanir í þjóðfélaginu þau eigi fremur að verða þjónustustofnanir. Ég tel að valdið eigi áfram að vera í höndum Alþ. og sveitarstjórnanna sjálfra, og ég lít svo á að það eigi að færa aukin völd til sveitarstjórnanna frá því sem nú er. Hins vegar tel ég að lands-

hlutasamtökin séu heppilegur vettvangur til þess að samræma skoðanir sveitarstjórnarmanna í tilteknum landshlutum, mynda sterkara afl til þess að hafa áhrif á gang mála og vera þannig samræmingaraðili í ýmiss konar málefnabaráttu, auk þess sem landshlutasamtökin ættu að taka að sér þá þjónustu við sveitarfélögin sem sveitarfélögin sjálf vilja fela þeim. Þetta tel ég að eigi að vera höfuðviðfangsefni landshlutasamtakanna, og það er ærið að starfa á þessum vettvangi eins og reynslan sýnir. Ég held að það felist ekki í því nein hætta að samþykkja þetta frv. og ég held að með því að samþykkja það séum við í höfuðdráttum að fara að vilja sveitarstjórnarmanna um land allt. Ég skal ekki ræða um það frekar. En út af því sem hér hefur verið sagt um hlutverk sýslufélaga, þá tel ég að þau eigi eftir sem áður nægu hlutverki að gegna sem samstarfsvettvangur sveitarfélaga í hverju byggðarlagi, í hverju héraði, og að það megi gjarnan auka áhrif þeirra í stjórnskipaninni við þá endurskoðun sveitarstjórnarlaga sem nú fer fram. Mjög mörg verkefni á vegum sveitarfélaga eru með þeim hætti í dag og verða í vaxandi mæli með þeim hætti, ef sveitarfélögunum verður fengið aukið vald í hendur, að hin fámennu sveitarfélög ráða ekki við að framkvæma þau á eigin spýtur. Þess vegna þarf að koma til samstarf þeirra í mörgum tilvikum. Þetta samstarf hefur víða tekist vel, t. d. í sambandi við skólamál, í sambandi við gatnagerðarmál og í sambandi við fjölmörg önnur viðfangsefni á vegum sveitarfélaga. Ég tel, að þegar horfið verður að því að auka vald sveitarfélaganna og einhverra samtaka þeirra í milli þá væru það ásamt sveitarfélögunum sýslunefndirnar, sem ættu að taka það hlutverk að sér vegna þess að þær starfa innan landfræðilegra marka sem veita í flestum tilvikum hæfilegan ramma um slíkt samstarf. Þess vegna vil ég láta það koma fram sem mína skoðun að sýslunefndirnar hafa þýðingarmiklu hlutverki að gegna enn í dag og framvegis þrátt fyrir það að landshlutasamtökin spanni yfir mun stærra svæði og séu einnig nauðsynlegur vettvangur til annarra hluta.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að ég sé að fara um þetta fleiri orðum. Ég vil einungis vonast til þess að frv. nái fram að ganga. Ég held að það sé búið að velkjast það fyrir hv. Alþ. að það sé ástæða til þess að afgreiða það, — ef það verður ekki afgreitt með jákvæðum hætti sé hreinlegra að fella það. Verði frv. samþykkt vil ég vænta þess að hv. þdm. sjái sér fært að samþykkja þá brtt. sem ég hef hér lýst.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Austf. gaf mér tilefni til þess að standa hér upp og segja nokkur orð. Að vísu held ég að ég megi segja, að flest þau atriði, sem hann nefndi í sinni ræðu, hafi komið til umr. hér áður, þegar þetta frv. hefur verið til meðferðar, en hann virðist ekki hafa hlustað þá. Þess vegna vil ég gera nokkrar aths. við það sem hann sagði hér.

Það kom fram í ræðu hans að það virtist nauðsynlegt að setja þessi lög til þess að knýja sveitarfélögin til aðildar að landshlutasamtökunum. Þetta er rangt. Það er ekki verið að setja þessi lög í þeim tilgangi að knýja sveitarfélögin til aðildar. Hins vegar er skylduaðild sveitarfélaganna nauðsynleg að landshlutasamtökunum ef þau eiga að rækja þau hlutverk sem Alþ. hefur falið þeim. Þar með má telja verkefni sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur sjálfur tekið þátt í að fela landshlutasamtökunum og ég nefni hér enn grunnskólalögin.

Hv. þm. spurði hvort ætti að túlka lagasetninguna þannig að landshlutasamtökin gætu skuldbundið hinar einstöku sveitarstjórnir fjárhagslega. Ég get ekki séð nokkurt ákvæði í þessu frv. sem bendir til þess að landshlutasamtökin geti skuldbundið einstakar sveitarstjórnir fjárhagslega umfram það sem varðar ráðstöfun á tekjum landshlutasamtakanna. Og eins og menn vita, þá eru tekjur landshlutasamtakanna þær, að annars vegar er það framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hins vegar eru það farmlög, sem hinar einstöku sveitarstjórnir láta af hendi eftir ákveðnum reglum. Og landshlutasamtökin hafa ekki yfir öðru fé að ráða og geta þess vegna að mínu mati alls ekki með samþykkt skuldbundið einstakar sveitarstjórnir umfram það.

Hann spurði einnig, hv. þm., að hvaða leyti ætti að skerða forræði sveitarfélaganna. Það á alls ekkert að skerða forræði sveitarfélaganna með samþykkt þessa frv. Ég get ekki séð neitt ákvæði í því sem skerðir forræði þeirra.

Einnig talaði hann um að ef landshlutasamtökin eigi að fá fjárhagslegt vald þá þurfi að standa öðruvísi að verki, eins og ég held að hann hafi orðað það. Ég er honum algerlega sammála um það og hef áður lýst þeirri skoðun minni að ef ætti að gera landshlutasamtökin að einhverri sérstakri valdastofnun í þjóðfélaginu, þá ætti að standa öðruvísi að. Ég er þm. sammála um þetta, og ég held að við þurfum ekkert að ræða það frekar.

Þá taldi hv. þm. ekkert athugavert við það að frjálsum samtökum sem þessum, eins og þau eru í dag, væru falin einstök verkefni. Það er alveg rétt að það er ekkert athugavert við það að fela frjálsum samtökum ákveðin verkefni af hálfu ríkisins meðan einstakir þátttakendur í slíkum samtökum skorast ekki undan að vinna slík verk.

Hann taldi að það hefði ekki komið að sök í einu einasta tilviki að lög skorti um þetta efni. Þetta er ekki rétt. Ég hef dæmi um að það hefur einmitt komið að sök að lög skorti um landshlutasamtökin. Ég nefni þar enn einu sinni ákvæði grunnskólalaganna um fræðsluráðin. Það hefur ekki tekist að koma þeim á eins og lög gera ráð fyrir einmitt vegna þess að einstakar sveitarstjórnir hafa skorast undan og þær hafa getað það. Meðan svo er verður a. m. k. þessu ákvæði grunnskólalaganna ekki fullnægt. Þar höfum við ljóst dæmi um að það, að lög skortir, kemur í veg fyrir að verkefni, sem sjálft Alþ. hefur falið þessum landshlutasamtökum að rækja, hefur ekki verið hægt að koma í framkvæmd.

Hér er svo sífellt verið að tala um einhver yfirsamtök. Þetta er rangt. Það er ekki verið að setja hér neitt yfirvald yfir sveitarfélögin í landinu. Það er ekkert ákvæði í þessu frv. sem bendir til þess. Þarna er hreinlega um rangtúlkun að ræða sem ég held að menn ættu að hætta.

Hv. þm. nefndi dæmi máli sínu til stuðnings um það hvernig löggjöf væri dæmd til að mistakast ef andstaða væri af hálfu sveitarfélaganna, og hann nefndi þar iðnskólana. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. að sú löggjöf er mistök og mun aldrei takast að koma henni á. En ég held að orsökin sé fyrst og fremst sú, að það er rangt að láta sveitarfélögin greiða nokkurn hlut í rekstrar- eða stofnkostnaði iðnskóla. Því er sú löggjöf dæmd til að mistakast.

Þá talaði hv. þm. um það að það ætti ekki að fyrirskipa sveitarfélögunum eitt eða neitt af hálfu Alþ., t. d. það hvort ættu að vera ein eða tvenn samtök í einstökum landshlutum. En eins og allir vita nær Fjórðungssamband norðlendinga yfir tvö kjördæmi, Norðurl. e. og Norðurl. v. Ég er þm. alveg sammála um að það á ekki að fyrirskipa eitt eða neitt þarna og þess vegna styð ég þá brtt. sem hv. þm. Pálmi Jónsson mælti hér fyrir áðan, þess efnis að ef sveitarstjórnir í Norðurlandskjördæmunum óska eftir því að samtökin verði tvenn, þá verði þeim það heimilt. Ég er algerlega sammála þessu. Það á ekki að fyrirskipa að þessu leyti eitt eða neitt. Hins vegar legg ég áherslu á að það verði ekki farið að kveða á um einhver önnur mörk þessara samtaka heldur en kjördæmismörkin, og það segi ég einfaldelga vegna þess að það er nægur ruglingur fyrir í allri umdæmaskiptingu landsins. Það má nefna þar fjölmörg dæmi sem ég hirði ekki um núna, en það er ekki ástæða til að bæta við þann rugling sem þar er.

Þá er verið að tala um það sífellt að verið sé að blanda hér saman samtökum sveitarstjórna annars vegar og hins vegar stofnun sem eigi að vera hluti af framkvæmdavaldinu. Þetta er líka rangt. Það er ekkert verið að blanda þessu saman. Þetta eru hrein samtök sveitarstjórna og ekkert annað. Ef við værum hér að koma upp einhverju sérstöku framkvæmdavaldi og valdi, sem hefði yfir sveitarstjórnunum að segja, þá er ég, eins og ég sagði áðan, sammála hv. þm. Lúðvík Jósepssyni um að það á að standa öðruvísi að verki, það á að standa öðruvísi að kosningum t. d. til þessara samtaka en hér er gert ráð fyrir. Kosningin, eins og hún er sett fram í þessu frv., er eðlileg einmitt vegna þess að þetta eru samtök sveitarstjórna og ekkert annað. Þess vegna er ekki verið að blanda hér þessum tveimur þáttum saman eins og hv. þm. sagði.

Þá gerði hann að umtalsefni, að í grg. kæmi fram að almenn endurskoðun stæði yfir á sveitarstjórnarlögunum og spurði hvað það væri sem knýr á um að þetta frv. yrði að lögum. Það er að nokkru leyti rétt að endurskoðun stendur yfir. Þó vil ég heldur segja að hún hefur staðið yfir. Það var starfandi n. á síðustu árum sem var falið það hlutverk að endurskoða sveitarstjórnarlögin. Ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi, að sú n. telur að hún hafi lokið sínu hlutverki sem er þó ekki nema einn þáttur af því verki sem henni var falið. Og það er sá þáttur, sem varðar fylkjaskipan, og þar er einmitt komið inn á þetta svið, en með allt öðrum hætti en hér er verið að gera. Þar er ekki lagt til að starfandi verði í landinu slík samtök sveitarstjórna sem hér er verið að tala um, þ. e. samtök eins og þau sem hafa starfað í landinu, heldur verði komið á fylkjum sem verði kosið til með sérstökum hætti og í beinum kosningum. Að öðru leyti hefur sú n., sem starfað hefur, ekki endurskoðað sveitarstjórnarlögin.

Ég vil að lokum segja það að ég tel þessa lagasetningu nauðsynlega, einkum til þess að þessi mál hætti að þróast fyrir algera tilviljun, en það hafa þau gert og það tel ég hættulegt. Með því að samþykkja þetta frv. verður öllum ljóst hver staða landshlutasamtakanna er í stjórnkerfinu og hver hún verður þar til Alþ. kann að kveða á um aðra skipan. Það hafa komið fram ítrekaðar óskir af hálfu sveitarstjórnarmanna um að þetta frv. verði samþ. Þetta hefur margsinnis verið til meðferðar á landsþingum Sambands ísl. sveitarfélaga, á fulltrúaráðsfundum þess og á fundum landshlutasamtakanna. Ég veit ekki betur en allir þessir aðilar hafi margítrekað óskað eftir því að þetta frv. verði að lögum.

Ég vil svo taka undir orð hv. þm. Pálma Jónssonar að landshlutasamtökin eiga ekki að verða valdastofnanir, ekki í þessu formi, sem við erum að óska eftir hér að þau verði lögfest í, heldur verði þetta þjónustustofnanir, þau sinni verkefnum í umboði viðkomandi sveitarstjórna, verkefnum sem sveitarfélögin valda ekki hvert og eitt eða þá verkefnum sem þau telja af öðrum ástæðum heppilegt að vinna að sameinuð fremur en sundruð.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er ekki á hverjum degi sem hægt er að vera sammála hv. 2. þm. Austf. í öllum meginatriðum. Ég hlustaði á hann með athygli og þótti hann hafa all mikil rök fram að færa sem ég ætla ekki að fara að hafa hér yfir eftir honum, en skírskota til ræðu minnar sem ég flutti við 1. umr. málsins. En í lok ræðu sinnar benti hann á það, sem við vitum allir eða eigum að vita, að öll þessi mál eru í endurskoðun og ég sé ekki að það megi ekki a. m. k. hinkra eitthvað við eftir þeirri endurskoðun.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. talaði nokkur orð fyrir brtt. sem í sjálfu sér er mjög eðlileg og hafði ég ekkert út á þau rök hans að setja. En hann sagði þessi athyglisverðu orð, ef ég hef þau rétt eftir honum, að þessi samtök, landshlutasamtök sveitarfélaga, eiga ekki að vera valdstofnanir, heldur þjónustustofnanir. Þau eiga að vera það áfram eins og þau hafa verið. Þarna held ég að hann og fleiri, t. d. hv. þm., sem var hér að ljúka ræðu sinni, ættu að athuga málið örlítið betur. Með því að lögfesta þetta frv. er einmitt verið að gera þessi samtök að valdstofnunum þó að það sé e. t. v. ekki í mjög stórum stíl fyrst í stað, en það er engin hætta á öðru en þau færi sig upp á skaftið áður en langir tímar líða.

Hv. 5. þm. Reykn., sem hér lauk máli sínu, er vorkunn þótt hann tali fyrir þessu máli í þeim anda sem hann gerði. Hann hefur manna mest og best unnið í þessum samtökum á undanförnum árum og hefur á þeim málum mikinn áhuga. Ég get þó ekki verið sammála öllu því, sem hann sagði, m. a. að þessi mál megi ekki halda áfram að þróast, eins og hann nefndi það, fyrir algera tilviljun. Ég tel að þessi mál og þessi samtök geti mjög auðveldlega haldið áfram að þróast

eðlilega þótt ekki verði gripið inn í gang mála núna með lagasetningu.

Eins og ég sagði ætla ég ekki að hafa um þetta mörg orð, en vitna til fyrri ræðu minnar, tek aðeins fram að lokum að ég ann þessum samtökum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, alls góðs. Þau hafa margt gott gert á liðnum árum, ég get fyllilega tekið undir það. Ég get jafnvel skilið áhuga forráðamanna þeirra að vilja komast í íslenska lagasafnið, því hefur verið haldið fram að þetta frv. sé flutt að eindregnum tilmælum Sambands ísl. sveitarfélaga og það er sennilega alveg rétt. En ef grg. er lesin kemur berlega í ljós, að landssamtökin sjálf hafa ýtt mjög á stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga að koma þessu máli áfram.

Ég læt þessi fáu orð nægja, en segi að lokum að ég styð þessi samtök sem áhugamannasamtök, viðurkenni það, sem þau hafa gert vel, og mun styðja þau áfram til ýmissa góðra verka þótt ég sé ekki reiðubúinn til að samþykkja þetta frv.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég þarf víst ekki miklu við þetta að bæta þar sem hv. þm. Ólafur G. Einarsson tók að sér að finkemba ræðu hv. 2. þm. Austf. og svara flestum þeim mótbárum sem þar komu fram gegn þessu frv. Ég vil þó aðeins svara atriði, sem hv. 2. þm. Austf. beinlínis spurði mig um. Það var varðandi það, hvort ætti að skilja það svo að samtökin sjálf gætu lagt fjárhagsskuldbindingar á einstök sveitarfélög.

Ef við lítum á hlutverk landshlutasamtakanna eins og þau eru talin upp í frv., þá svarar sú grein, raunverulega þessari spurningu. Þar er gert ráð fyrir að þau vinni að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga og héraða í umdæmi sínu og landshlutanum öllum, að þau vinni að áætlunargerð varðandi landshlutana í samráði við Framkvæmdastofnun ríkisins, vinni að öðrum verkefnum, sem þeim eru falin að lögum og að framkvæmdum og samþykktum aðalfundar samtakanna og annist almennt ráðgjafarstarf í þeirra þágu. Og hvað skyldi þetta nú tákna, hvaða fjárhagsskuldbindingar skyldi vera hægt að leggja á einstök sveitarfélög í þessu sambandi?

Það er vitanlega ekki hægt að leggja á einstök sveitarfélög aðrar fjárhagsskuldbindingar en þær sem sveitarfélögin sjálf samþykkja að taka á sig. Og þarna erum við komnir að meginatriðinu í sambandi við þetta frv., að hér er um samtök sveitarstjórnanna sjálfra að ræða sem ákveða sjálfar hvaða verkefni þau takast á við. Og ég er sannfærður um að í framkvæmd verður þessu svo háttað að landshlutasamtökin sjálf koma ekki til með að leggja fjárhagsskuldbindingar eða áhættufé á herðar einstakra sveitarfélaga umfram þá þjónustu sem viðkomandi sveitarfélag á að fá. Við getum tekið t. d. dæmi þar sem landshlutasamtök eða fjórðungssamtök hafa staðið fyrir gatnagerð. Þeim dettur ekki í hug að leita fjárhagsskuldbindinga út fyrir þau sveitarfélög sem eiga beina aðild að þeim framkvæmdum. Þau geta þannig innan vébanda sinna virkjað saman einstök sveitarfélög, færri eða fleiri, til átaks, en ekki lagt kvaðir á aðra. Þarna komum við að þeim meginmun sem felst í því hvernig samtökin eru byggð upp, hvort þetta eru bein samtök sveitarstjórnarmanna sjálfra og sveitarstjórnanna eða hvort kosið verður til þessara samtaka í almennum kosningum og þess vegna rofin þau tengsl sem þarna eru á milli.

Hv. 2. þm. Austf. undraðist líka að hér væri verið að tala um að marka landshlutasamtökum stöðu í stjórnsýslukerfinu. Það kann að vera að þau hafi ekki stöðu í stjórnsýslukerfinu í dag, en ég hef nú litið svo á að í sveitarstjórnarlögum sé mörkuð staða sýslufélaganna í stjórnsýslukerfinu, þar sé mörkuð staða sveitarstjórnanna sjálfra, minni eða stærri, í stjórnsýslukerfinu, og ef þetta frv. verður að lögum, þá sé mörkuð ákveðin staða landshlutasamtakanna í stjórnsýslukerfinu, vegna þess að þetta er borið fram sem frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum.

Það er talað um að sveitarstjórnarlögin séu í endurskoðun. N. sú, sem starfar að endurskoðun sveitarstjórnarlaganna varðandi fylkjaskipulag náði ekki samstöðu um það mál, og ég hef raunar ekki séð þá sameiginlegu niðurstöðu þessarar n. varðandi hugmyndina um fylkjaskipulagið og hvernig því yrði fyrir komið.

Það hefur verið talað um að sveitarstjórnarmenn greini mjög á um hvort eigi að lögfesta þetta frv. eða ekki. Hver skyldi nú þessi ágreiningur vera? í fáum tilvikum hygg ég að það sé hægt að ná samstöðu svo stórs hóps sem sveitarstjórnarmenn á Íslandi eru. En ef við lítum á, hver hefur verið ósk þeirra, hver hefur verið ósk fulltrúa sveitarstjórnanna á þingum landshlutasamtakanna, hver hefur verið sú ósk sem stjórnir landshlutasamtakanna í umboði þeirra hafa þess vegna borið fram, þá held ég að það sé óvíða jafnmikla samstöðu að finna og einmitt í þessu máli. Og það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að landshlutasamtökin sjálf hafa knúið á um að fá þessa ákveðnu stöðu. Það er rétt.

Ég get tekið undir flest sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði í sinni ræðu áðan. Og ég vil vekja athygli á því, sem ég sagði í minni framsöguræðu, að ég tel að þegar þetta kemur til heildarendurskoðunar, — en ég tel að við sjáum ekki fyrir endann á því og við getum ekki spáð hversu langan tíma sé að bíða þar, — þá tel ég að það sé spurning um það hvaða kerfi verði valið. Ég sagði að mér væri ekkert aðalatriði hvort þar kæmu upp endurskipulagðar sýslunefndir, fjórðungssambönd eða fylki. Og ég geri mér grein fyrir því að fjórðungssamböndin í núv. formi óbreyttu geta ekki tekið við því hlutverki sem sýslunefndirnar hafa í dag. Landshlutasamtökin eða fjórðungssamtökin, sem taka yfir heil kjördæmi, eiga erfiðara með að sinna ýmsum sveðisbundnum verkefnum, og þess vegna hefur sú hugmynd komið fram að ef fjórðungssamböndin í einhverju svipuðu formi og því, sem þau starfa í núna, yrðu framtíðarlausnin, þá yrðu starfandi innan þeirra sérstakar héraðsnefndir eða einingar sem tækju að sér málefni einstakra þrengri byggðarlaga. En hins vegar ef sýslunefndarform yrði í framtíðinni, þá þyrfti að útvíkka það til miklu breiðari starfsemi eða eitthvað á svipaðan hátt og nú er hjá fjórðungssamböndunum. Varðandi fylkjafyrirkomulagið sjálft vil ég ekki ræða mikið að svo komnu máli. Það er raunar allt önnur hugmynd sem þar kemur fram, allt

önnur hugmynd um samsetningu fylkjanna, þar sem kosið væri til þeirra eftir hreinum pólitískum leiðum, en þó með mismunandi kjörgengi, — þó með því kjörgengi að þar eru í sumum sveitarfélögum aðeins sveitarstjórnarfulltrúar kjörgengir, en í öðrum sveitarfélögum allir íbúar sem hafa náð kosningaaldri og kjörgengi.

Ég vil taka undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar um það að ruglingur í umdæmaskipun landsins er slíkur að ég sé ekki annað en það sé *knýjandi þörf að endurskipuleggja umdæmaskipunina* ef svo má segja. Við höfum þar fyrir augum að það eru til sýslufélög sem eru ekki megnug að gegna þeim skyldum sem þeim í raun og veru eru lagðar á herðar.

Ég held svo, herra forseti, að ég að þessu sinni segi ekki meira um þetta mál.

Lúðvík Jósepsson: Herra forseti. Ég verð að segja eins og áður að ég hef nú ekki fundið enn þá, þó að ég hafi hlýtt á þessar umr., rökin fyrir því að það sé þörf á að samþ. frv. sem hér liggur fyrir.

Ég tók eftir því að hv. 5. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, sagði að hann teldi nauðsynlegt að setja lög um þessi efni til þess að koma í veg fyrir að þessi samtök héldu áfram að þróast af algerri tilviljun. (Gripið fram í.) Hvað var það þá sem ekki átti að þróast. (**Gripið fram í:** Stjórnkerfið.) Stjórnkerfi ríkisins eða hvað? Já, þessi lög breyta engu um þróun stjórnkerfis ríkisins í landinu. Ég held að það detti engum manni í hug að þótt það yrði samþ. þá hreyfði þetta neitt við því. Ég held að ég hafi skilið þetta alveg rétt, að hv. þm. var að tala um að hann teldi að það ætti að reyna að koma í veg fyrir að þessi samtök, sem þarna hafa verið að koma upp, héldu áfram að þróast af algerri tilviljun, því að hitt getur ekki átt við, eins og ég segi, að þetta frv. breyti neinu um þróunina í stjórnkerfi ríkisins í heild.

Það er rétt, að það *má segja* að með þessu frv., ef að lögum yrði, sé því slegið föstu, til bráðabirgða a. m. k., að þessi samtök skuli miðast yfirleitt við kjördæmin í landinu. Það er sem sagt verið eins og að undirstrika það frá löggjafans hálfu að samtökin skuli miðast við kjördæmi eða hafa sömu starfsmörk og þau hafa nú, en reyna að koma þá í veg fyrir að þau tækju upp á því að finna einhver ný mörk. Nú bannar þetta frv. það auðvitað ekki. Ef menn vildu finna upp á því að mynda frjáls samtök með einhverri annarri markaskipun, þá gætu menn víst gert það eins og þetta eru frjáls samtök nú í dag. Mér sýnist þetta vera afskaplega léttvæg rök, vegna þess að þessi samtök hafa þróast einmitt á þennan hátt sem reynslan sýnir í dag, þau hafa verið að byggja sig upp á þann hátt sem menn vilja nú slá föstu með lögum að skuli haldast. Mér sýnist þetta því vera afar léttvæg rök fyrir að það sé nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. Og ég spyr því í rauninni enn eins og áður: Hvaða marki á að ná með því að lögbinda þetta? Hvaða marki á að ná? Ég get ekki séð að annað komi út úr því á þessu stigi en þetta: Það á að ná því marki að skylda öll sveitarfélög til þátttöku í þessum samtökum. Og nú munu vera einhver örfá sem standa fyrir utan, mjög lítil. Það á í rauninni að ná því marki að ákveða, þó að það sé gert á mjög ákveðinn hátt, hvernig á að velja fulltrúa til þessara samtaka. Það er sett hér upp ákveðin formúla um hvernig þau skuli kjósa fulltrúa, en þó sagt, af því að menn vita að þetta fellur ekki vel hjá öllum, að samtökin megi hafa þetta á annan veg. Ég get ekki séð að eins og frv. liggur fyrir bindi það miklu meira en þetta. Af þeim ástæðum get ég ekki séð að það sé neitt sem knýr á um þessa lagasetningu.

Ég hef áður bent á að það eru engin rök í þessu máli að halda því fram að það þurfi að setja lög um samtökin vegna þess að ríkið sé farið að fela þeim viss verkefni. Það er staðreynd, sem liggur fyrir og allir hv. alþm. eiga að vita, að það eru til mörg samtök í landinu, margvísleg félagssamtök í landinu, sem eru falin stórkostleg verkefni af hálfu ríkisins og meira að segja mikil fjárráð í vissum tilfellum, án þess að lög gildi um þau samtök af því að þau eru byggð upp á frjálsum grundvelli. Það er því vel *hægt að fela þessum samtökum, sem byggð* eru upp á frjálsum grundvelli þau verkefni sem minnst hefur verið á, alveg eins og öðrum. Það er því ekki nein þörf á lagasetningu af þeim ástæðum.

Frá því hefur svo verið skýrt í þessum umr. að yfir standi almenn endurskoðun á sveitarstjórnarlögunum og það sé reyndar búið að móta till. af hálfu þeirrar n., sem vann að endurskoðuninni, og hún muni hallast að því að leggja til að koma á fylkjafyrirkomulagi. Þá ættum við sem sagt að hafa sýslunefndarskipunina, hafa sveitarstjórnarsamtökin og hafa fylki, allt saman meira og minna varðandi sömu verkefni. Þetta sjá auðvitað allir að fær ekki staðist. Það er miklu eðlilegra að taka á þessum verkefnum sem heild í sambandi við endurskoðun sveitarstjórnarlöggjafarinnar og ákveða þá hvaða skipan verður tekin upp í þessu, að því leyti til sem menn vilja lögbinda hana.

Sveitarstjórnarsamtökin hafa verið byggð upp á frjálsum grundvelli þeirra sem hafa fundið að þeir eiga ýmislegt sameiginlegt sem þeir vilja vinna að á frjálsræðisgrundvelli. En fyrir mér er það enn óljóst hvort þeir, sem að þessu frv. standa, meina raunverulega það með frv. að þeir ætlist til þess með lögfestingunni á samtökunum að þessi samtök fái eitthvert vald yfir sveitarstjórnunum. Það er ekki ljóst. Ég beindi þeirri spurningu til hv. frsm. félmn. hvort hann teldi að með þessari lögfestingu fengju samtökin þetta yfirvald, m. a. í fjárhagslegum efnum. Svar hans var vægast sagt loðið um hans skoðun. Hann svaraði þessu á þá lund að um fjárhagsskuldbindingar gæti ekki verið að ræða nema að því leyti sem til kæmi greiðsla fyrir ákveðna þjónustu. Það virðist samkv. þessu orðalagi hans vera skoðun hans að það, sem samþykkt er á aðalfundi þessara landshlutasamtaka, samþ. þar með meiri hl. atkv., gæti lagt *fjárhagslegar* skuldbindingar á sveitarfélög, sem ekki vilja út af fyrir sig taka við því, ef aðeins er hægt að segja: Þið fáið ákveðna þjónustu á móti þessu. — Eins og hann hagaði sínu svari var greinilegt að það er a. m. k. enn að þvælast fyrir honum að

samtökin fái þetta vald þó að einstök sveitarfélög kæri sig ekki um það.

Hann vitnaði einnig hér í að það mætti í raun inni svara þessu með því að líta á þá grein í frv., sem fjallar um verkefni landshlutasamtakanna, og vitnaði þá sérstaklega í það ákvæði sem þar er nefnt, að samtökin eiga að vinna að framkvæmd á samþykktum aðalfundur samtakanna og annast almennt ráðgjafarstarf í þeirra þágu. Þetta vitanlega svarað þessu máli ekki á neinn hátt. Samtökin geta samþykkt með meiri hl. atkv. ákveðnar aðgerðir eða ákveðnar framkvæmdir sem kosta ákveðið fé og lagt á sveitarfélögin tiltekinn skatt eða fjárhagslegar kvaðir, ef ber að skilja löggjöfina þannig. Spurningin er: Fá þessi samtök þetta yfirvald yfir sveitarfélögunum, og að hvaða marki?

Hv. frsm. félmn., hv. 4. þm. Vestf., nefndi hér sem dæmi í þessum efnum að þessi samtök hefðu t. d. staðið sameiginlega að framkvæmdum í gatnagerðarmálum. Það var einmitt ágætt að þetta var nefnt. Er það skoðun þessa hv. þm. að einföld meirihlutasamþykkt á aðalfundi þessara samtaka geti skuldbundið ákveðin sveitarfélög í samtökunum til meiri eða minni þátttöku í slíkum framkvæmdum eins og gatnagerðarmálum, án þess að viðkomandi sveitarfélög kærðu sig um að standa að því? Ég sé að hv. 5. þm. Reykn. hristir höfuðið þegar hann heyrir þetta. Ég veit að hann er á móti þessu. En frjálsu samtökin hafa einmitt haft á þessu alveg ákveðið lag. Frjálsu samtökin, sem hafa starfað til þessa, hafa unnið á frjálsum grundvelli að þessum málum. Og hvernig þá? Hver einstök sveitarstjórn varð að taka ákvörðun að sínum hluta hvað hún vildi taka á sig af fjárhagslegum skuldbindingum og að hvaða marki hún vildi vera með í þessum samtökum til þessara framkvæmda, en heildarsamtökin höfðu ekkert vald til að fyrirskipa mönnum eitt eða neitt í þessum efnum. Þarna skilur á milli. Reynslan hefur sýnt að frjálsu samtökin geta leyst þetta á eðlilegan nátt án þess að skerða sjálfsforræði sveitarfélaganna. En mér er spurn: Hvernig ætlast menn til að þetta verði eftir að búið er að setja lög um samtökin? Á þetta þá að breytast þannig að meirihlutasamþykkt á fundum samtakanna breyti einhverju í þessum efnum? Hitt væri auðvitað miklu hreinlegra, að segja þá, eins og mér skildist nánast að væri skoðun hv. 5. þm. Reykn., — segja þá bara hreinlega að þrátt fyrir samþykkt þessa frv. geti þessi samtök ekki skuldbundið einstök sveitarfélög til eins eða neins sem varðar fjárhagsmálefni. Sem sagt, þessi hugsaða löggjöf breytir ekki neinu í þessum efnum. En þá á það líka að koma alveg skýrt fram því að það er mjög mikilvægt atriði.

Þegar er verið að tala um að það þurfi að marka stöðu þessara samtaka í stjórnsýslukerfinu þá verður auðvitað slík staða ekki mörkuð nema það sé skilgreint hvert á að vera vald þessara samtaka og hvað sé verkefni þeirra. Verkefni, sem talið er upp að þessi samtök eigi að hafa, eru þau verkefni sem þessi samtök hafa nú á frjálsum grundvelli. En hver á breytingin að verða með lagasetningunni? Eiga þá samtökin í krafti laga að fá þarna yfirvald umfram það sem þau hafa nú til þess að skuldbinda sveitarfélögin að meira eða minna leyti? Um það er spurningin.

Þá er það atriði um vilja sveitarstjórnarmanna til þess að fá þetta frv. lögfest. Ég vil benda á að sveitarstjórnarmenn í landinu hafa aldrei verið spurðir um það hvort þeir vilji fá þetta samþykkt eða ekki. Flestir hinna fjölmörgu sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnirnar í landinu, hafa ekki gert samþykktir um þetta. Þær munu vera fáar sem það hafa gert. En það er rétt, það hefur komið upp áhugi, talsvert mikill áhugi, hjá vissum forustumönnum í landssamtökunum og einkum og sérstaklega hjá þeim framkvæmdastjórum sem hafa verið ráðnir fyrir samtökin. Þeir hafa mjög viljað láta löggilda sig í nafni ríkisins. Það er rétt, ýmsir ágætir forustumenn í þessum landssamtökum hafa haft áhuga á þessu. En hitt er rétt, að ekki einu sinni öll fjórðungssamböndin hafa óskað eftir þessu, því að þar er uppi mikill ágreiningur. Ég veit t. d. að sambandið á Austurlandi og enn síður þeir aðilar, sem þetta mál vitanlega varðar mest, sveitarstjórnirnar í landinu sjálfar, hafa ekki verið spurðir. Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austfjörðum, — stjórnin, sem þar situr, ræður ekki fyrir sveitarstjórnarmennina á Austurlandi. Hún getur auðvitað haft sitt álit, en sá framkvæmdastjóri, sem hefur verið ráðinn fyrir sambandið, getur ekki skuldbundið sveitarstjórnarmennina á Austurlandi, og sama er auðvitað að segja í öðrum landshlutum. Ég vek athygli á því að þeir aðilar, sem koma hér mest við sögu, sveitarstjórnirnar í landinu sjálfar, hafa ekki verið spurðir. Þær hafa ekki gert kröfu um að þetta verði lögfest, svo að ég legg nú ekki mjög mikið upp úr því þó að forustumenn bæði í landssamtökunum og ýmsir forustumenn í þessum samtökum hafi kvakað eftir þessu. Aðrir hafa hins vegar opinberlega skrifað á móti lagasetningu eins og þessari.

Hér hefur það verið sagt mjög fallega, af hv. þm. Pálma Jónssyni, að það væri hans skoðun að þessi sveitarstjórnarsamtök ættu ekki að verða valdstofnanir, valdið ætti að vera hjá sveitarstjórnunum sjálfum og hjá Alþ., heldur ættu þetta að verða þjónustustofnanir. Undir þetta hefur verið tekið, og undir þetta get ég tekið. Ég er á þessari skoðun. En ég verð hins vegar að segja það, að ég lít mjög svipað á þetta atriði og hv. 4. þm. Vesturl., Friðjón Þórðarson. Ég lít þannig á að lögfesting, samþykkt þessa frv. sé og verði notuð sem fyrsta skrefið í þá átt að gera þetta að valdstofnunum, eins og hann sagði. Það er skrefið í þá átt að gera þetta að valdstofnun, sem menn eru þó að afneita að þeir vilji hafa þetta.

Það er sannarlega þess virði að menn hugleiði það, að það hefur verið á því mikill munur í okkar stjórnkerfi öllu á þeim frjálsu samtökum, sem menn hafa leyfi til að mynda eftir frjálsum reglum til starfa í þjóðfélaginu og ríkisvaldið er þá ekki að blanda sér í eða skerast í á einn eða annan hátt, og hinum samtökunum, sem eru meira og minna stofnuð eða sett á fót fyrir frumkvæði löggjafans, fyrir áhrif hins opinbera kerfis eða eru orðin viðurkennd af löggjafanum með lagasetningu. Þá telur líka hið opinbera vald sig hafa aðstöðu til að hlutast til um slík samtök.

Þarna skilur á milli. Ég held því að það sé alveg rétt, sem hv. 4. þm. Vesturl., Friðjón Þórðarson, sagði hér að lögfesting einmitt á þessum samtökum, samþykkt þessa frv. mundi verða fyrsta skrefið í þá átt að gera þessi samtök að valdstofnun sem menn óska ekki eftir. Meira að segja þeir, sem hér tala fyrir þessu frv., segjast ekki óska eftir því.

Ég skal svo ekki lengja umr. frekar um málið, þær eru þegar orðnar nokkuð miklar. Ég held að þau sjónarmið, sem uppi eru, hafi raunverulega komið fram. Ég dreg þá ályktun af þessum umr. að þeir, sem hafa talað fyrir frv., vilja styðja frv., þeir hafi bundið sig á það að vilja þetta án þess að þeir geti, að mínum dómi a. m. k., fært fram fyrir því svo sterk rök að það sé hægt að segja að það sé einhver nauðsyn að gera þetta, að það skipti einhverju verulegu máli, ef samtökin eiga að starfa á þeim grundvelli sem þeir hafa verið að lýsa. En auðvitað hefur það þýðingu að setja lög um samtökin ef menn eru að ganga inn á þá braut að gera þau að opinberri stofnun stjórnsýslukerfisins, eiginlega hluta af framkvæmdavaldi ríkisins. Ég er því þeirrar skoðunar að við eigum að leyfa þessum samtökum að starfa á þann hátt sem þau hafa gert, og við getum falið þeim margvísleg verkefni, aukin verkefni frá því sem nú er eftir þeim reglum sem menn vilja láta þar fylgja með hverju sinni. Það á að nota samtökin og þau eiga fyrst og fremst að verða þjónustustofnanir fyrir sína umboðsaðila, en við eigum ekki að gera þessar stofnanir eða þessi samtök að hluta af ríkiskerfinu sjálfu. Það held ég að verði sveitarfélögunum ekki til gagns heldur jafnvel alveg þveröfugt.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 61. fundur.

Fimmtudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára, frá 1. jan. 1975 til 31. des. 1976, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. gr. l. nr. 48 1960, um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1971, um Búnaðarbanka Íslands.

Fram kom einn listi, sem á voru tvö nöfn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Einar Gestsson bóndi,
Guðmundur Tryggvason fyrrv. bóndi.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1975 til jafnlengdar 1977, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram kom einn listi, sem á voru tvö nöfn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ragnar Jónsson skrifstofustjóri,
Jón Helgason ritstjóri.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1975 til jafnlengdar 1977, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. l. nr. 12 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Fram kom einn listi, sem á voru tvö nöfn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingi R. Jóhannsson löggiltur endurskoðandi,
Jón Kjartansson forstjóri.

Kosning 8 manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til 6 ára, frá 18. mars 1975 til jafnlengdar 1981, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. l. nr. 3 1963, um landsdóm.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Helga Magnúsdóttir, Blikastöðum (A),
Björn Fr. Björnsson sýslumaður (A),
Reynir Zoëga vélstjóri (A),
Jóhannes Stefánsson framkvæmdastjóri (B),
Jón Á. Jóhannsson fyrrv. skattstjóri (A),
Andrés Ólafsson prófastur (A),
Sigmundur Sigurðsson, Syðra-Langholti (A),
Sveinbjörn Sigurjónsson fyrrv. skólastjóri (C).

Varamenn:
Þorgeir Jósefsson framkvæmdastjóri (A),
Eggert Ólafsson, Þorvaldseyri (A),
Jónas H. Traustason forstjóri (A),
Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður (B),
Þórarinn Kristjánsson, Holti (A),
Halldór Jónsson, Leysingjastöðum (A),
Kristján Aðalsteinsson fyrrv. skipstjóri (A),
Pálmi Jósefsson fyrrv. skólastjóri (C).

Kosning þriggja fulltrúa ríkisins og jafnmargra varamanna í stjórn Kísiliðjunnar h. f. til fjögurra ára frá 20. apríl 1975 til jafnlengdar 1979 að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 80 15. ágúst 1966, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru aðalmenn: Magnús Jónsson, Einar Njálsson, Pétur Pétursson, varamenn: Ingvar Þórarinsson, Tryggvi Finnsson, Guðmundur Hákonarson, á B-lista var aðalmaður: Stefán Jónsson alþm., varamaður: Sigurður Rúnar Ragnarsson. — A-listi hlaut 43 atkv., B-listi 13 atkv. Samkvæmt þessum úrslitum lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Aðalmenn:
Magnús Jónsson bankastjóri,
Einar Njálsson útibússtjóri,
Pétur Pétursson framkvæmdastjóri.

Varamenn:
Ingvar Þórarinsson bóksali,
Tryggvi Finnsson forstjóri,
Guðmundur Hákonarson framkvæmdastjóri.

Kosning 5 manna í stjórn stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 20 5. apríl 1971, um aðstoð Íslands við þróunarlöndin, allra til fjögurra ára, frá 29. apríl 1975 til jafnlengdar 1979.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Ólafur Björnsson, dr. Jón Kjartansson, Gunnar G. Schram, Pétur Einarsson. Á B-lista Ólafur Einarsson; á C-lista Örlygur Geirsson.

A-listi fékk 40 atkv., B-listi 13 atkv. og C-listi 5 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ólafur Björnsson prófessor,
Jón Kjartansson forstjóri,
Gunnar G. Schram prófessor,
Ólafur Einarsson kennari,
Pétur Einarsson, Kópavogi.

Kosning sjö manna og jafnmargra til vara í stjórn Viðlagasjóðs, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt 5. gr. l. nr. 4 7. febr. 1973, um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey, allra til eins árs frá 21. febr. 1975 að telja til jafnlengdar 1976.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Guðlaugur Stefánsson framkvæmdastjóri (A),
Helgi Bergs bankastjóri (A),
Gísli Gíslason forstjóri (A),
Garðar Sigurðsson alþm. (B),
Vilhjálmur Jónsson forstjóri (A),
Reynir Zoëga vélstjóri (A),
Tómas Þorvaldsson framkvæmdastjóri (C).

Varamenn:
Jóhann Friðfinnsson kaupmaður (A),
Sigurður Markússon framkvæmdastjóri (A),
Björn Guðmundsson útgerðarmaður (A),
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri (B),
Bogi Hallgrímsson kennari (A),
Jón Guðmundsson framkvæmdastjóri (A),
Helgi Þórðarson verkfræðingur (C).

Áburðarverksmiðja, þáltill. (þskj. 60, n. 281). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 60 um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins er hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar gera könnun á því hvort ekki sé tímabært að hefjast þegar handa um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi, þannig að hún geti sem allra fyrst fullnægt þörf landsmanna fyrir framleiðsluvörur verksmiðjunnar. Enn fremur verði gerð könnun á því hvort ekki komi til greina stækkun verksmiðjunnar með útflutning áburðar fyrir augum. Ef könnun þessi leiðir það í ljós að stækkun verksmiðjunnar sé þjóðhagslega hagkvæm, felur Alþ. ríkisstj. að láta semja og leggja fram á Alþ. frv. um stækkun verksmiðjunnar. Könnun þessari verði hraðað svo sem frekast er kostur, þannig að niðurstöður hennar liggi fyrir áður en þeirri raforku, sem tiltæk verður í landinu í nánustu framtíð, er ráðstafað til annarra greina orkufreks iðnaðar."

N. hefur lagt fram nál. á þskj. 281. Það er þannig:

„N. hefur athugað till. á fundum sínum og höfðu umsagnir um málið borist frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Báðir aðilar mæla með samþykkt till. N. mælir með því, að till. verði samþ. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson."

Undir þetta skrifuðu 10. febr. Páll Pétursson form. og frsm., Jón G. Sólnes fundarskr., Steingrímur Hermannsson, Guðmundur H. Garðarsson og Gils Guðmundsson.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þann vanda sem steðjar að þjóðfélaginu og þó sérstaklega bændum vegna hinnar geigvænlegu hækkunar sem verður á áburðarverði í vor. Þess má geta að í verðlagsgrundvellinum frá 1. sept. 1973 var áætlað að vísitölubúið notaði áburð fyrir 150 þús. Í grundvellinum í fyrrahaust var reiknað af Hagstofunni 44.5% hækkun á áburðarliðnum, þannig að hann var 216 þús. í fyrrasumar. Ef ofan á þetta hefði bæst 153% hækkun á áburði nú í vor mundi það hafa gert næstum hálft sjötta hundrað þús. á meðalbú. Heildarhækkunin milli áranna 1974 og 1975 lætur nærri að sé 1½ milljarður, þannig að heildarverðið í ár er 2½ milljarður í stað tæplega 1 milljarðs árið í fyrra.

Ríkisstj. hefur góðu heilli, svo sem kunnugt er, ákveðið að greiða niður helming þessarar hækkunar og er þar komið til móts við till. áburðarnefndar þeirrar, sem hæstv. landbrh. skipaði á síðasta hausti. Hefði ríkisstj. ekki tekið þessa ákvörðun og hækkun áburðar allri verið hleypt út í verðlagið hefði búvöruverð hækkað um 13.1%. Nú hefur ákvörðun ríkisstj. haft það í för með sér að búvöruverðið hækkar einungis um 6½%. Þessari hækkun mun verða skipt á 1. júní og 1. sept. og hefur Stéttarsamband bænda fallist á þá tilhögun, en hún er bundin því skilyrði að rekstrarlán til landbúnaðar verði hækkuð verulega, en þau eru engan veginn fullnægjandi miðað við núv. ástand, hvað þá þegar bændur þurfa að fara að leysa út áburðinn. Þrátt fyrir nýákveðna niðurgreiðslu þarf grundvallarbúið að svara út 165 þús. kr. hækkun vegna áburðar á þessu ári, og verður þessi eini rekstrarliður á meðalbúi 381 þús. kr. Rekstrarfjárstöðu fjölmargra bænda og verslunarfyrirtækja þeirra er þannig háttað að þetta veldur geigvænlegum vanda, — vanda sem verður að leysa með verulega auknum rekstrarlánum. Ég vænti þess mjög eindregið að hæstv. ríkisstj. beiti alvarlega áhrifum sínum við Seðlabankann þannig að hann hækki rekstrarlánin á viðunandi hátt.

Verðhækkunin í ár stafar að langmestu leyti af hækkun þess áburðar sem Áburðarverksmiðjan þarf að kaupa frá útlöndum. Það er um ⅓ af því magni sem við íslendingar notum árlega. Sem dæmi um þennan verðmun vil ég rifja það upp að ammoniak framleitt í Gufunesi kostaði

á síðasta hausti 177 dollara tonnið, en innflutta ammoníakið 450 dollara. Hið lága verð hér byggist þó að nokkru leyti á því að verksmiðjan er ekki þung í afskriftum og býr við mjög lágt orkuverð.

Ég vil nú með leyfi hæstv. forseta, vitna í ræðu sem Runólfur Þórðarson, tæknilegur framkvæmdastjóri Áburðarverksmiðjunnar, flutti á síðasta Búnaðarþingi. Fjallaði hún um möguleika á aukningu áburðarframleiðslu á Íslandi. Þar skýrir Runólfur í stuttu, en ljósu máli frá nokkrum atriðum er varða þetta mál sem hér er til afgreiðslu, og vík ég þá að ræðu Runólfs:

„Segja má að fyrsta skrefið til aukinnar áburðarframleiðslu hérlendis hafi verið stigið 1972 þegar hin nýja verksmiðja fyrir blandaðan áburð var tekin í notkun í Gufunesi. Hún er þannig hönnuð að hún á að geta annað eftirspurn eftir áburði um allmörg ókomin ár. En eins og er fæst ekki fullnýting hennar, fyrst og fremst vegna skorts á saltpéturssýru, en til saltpéturssýruframleiðslunnar þarf ammoníak. Það væri hægt að fá á tvo vegu, annað hvort með innflutningi þess í þar til gerðum tankskipum eða aukinni framleiðslu innanlands.

Næsta eðlilega skrefið í aukningu innlendrar áburðarframleiðslu væri bygging nýrrar saltpéturssýruverksmiðju í Gufunesi og byggja þá framleiðsluna á innfluttu ammoníaki. Slíkt væri að vísu ekki aukning á innlendri framleiðslu köfnunarefnis, en með því ynnist tvennt. Í fyrsta lagi væri köfnunarefni þá flutt til landsins í hagkvæmasta formi sem hægt er að fá það, þ. e. sem ammoníak. Á það er þó rétt að benda í þessu sambandi að verð á ammoníaki hefur verið mjög hátt undanfarin ár og í raun ekki í takt við verð áburðar almennt. Ýmislegt bendir hins vegar til þess að verð þess muni lækka eitthvað á næstunni og verða meira í samræmi við raunverulegt framleiðsluverð vegna minnkandi áhrifa olíukreppunnar og aukinnar framleiðslugetu í heiminum. Í öðru lagi ynnist það með byggingu nýrrar sýruverksmiðju að nýting verksmiðjunnar fyrir blandaðan áburð yrði betri, sem leiddi til þess að meira yrði framleitt af áburði í landinu, sem stuðlaði að lægri framleiðslukostnaði að öðru jöfnu. Áætlað er að ný sýruverksmiðja af hæfilegri stærð mundi kosta 770 millj. kr. með núv. gengi.“

Þá segir Runólfur nokkru síðar: „Ef byggð yrði lítil ammoníaksverksmiðja í Gufunesi þyrfti hún að geta framleitt um 60 tonn á dag af ammoníaki til viðbótar við núv. framleiðslu sem er um 27 tonn á dag. Ljóst er að varla tæki því að fara af stað með minni aukningu með tilliti til núv. innanlandsnotkunar, en framangreind aukning ætti að duga til þess að fullnægja innanlandsþörfinni um allmörg ókomin ár. Til viðbótar við framangreinda sýruverksmiðju þyrfti þá að reisa eftirtaldar verksmiðjur í Gufunesi: Vatnsefnisverksmiðju sem byggðist á rafgreiningu vatns, köfnunarefnisverksmiðju er ynni úr fljótandi andrúmslofti og ammoníaksverksmiðju. Þá þyrfti einnig tilheyrandi viðbót við raf- og vatnskerfi verksmiðjunnar. Aflþörf slíkrar viðbótar yrði um 35 mw., þannig að heildarafl notað í Gufunesi yrði þá um 35 mw.“

Nokkru seinna segir Runólfur: „Ekki liggja fyrir nýlegar tölur um stofnkostnað verksmiðju eins og þeirrar sem hér um ræðir og erfitt er að gera nákvæmar kostnaðarspár á þeim óvissu tímum sem nú eru í heiminum. Það er hins vegar ekki ólíklegt að ammoníaksverksmiðja ásamt tilheyrandi vatnsefnis- og köfnunarefnisverksmiðjum og öðrum búnaði mundi kosta 2—2½ milljarð til viðbótar við þann kostnað sem leiddi af aukinni sýruframleiðslu og greint er frá hér að framan. Framleiðslukostnað ammoníaks úr þessari verksmiðju er ekki hægt að áætla enn sem komið er, til þess þarf m. a. nákvæmar stofnkostnaðaráætlanir og áætlað verð á raforku.“

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessum kostnaðartölum. Verðhækkunin í ár er 1½ milljarður, en þessi 1½ milljarður hefði gert betur en greiða hálfa ammoníaksverksmiðju, e. t. v. nægt til þess að greiða langdrægt helming af öllum þeim verksmiðjukosti sem við þurfum að eignast til þess að verða sjálfum okkur nógir um köfnunarefnisáburð.

Runólfur ræðir síðar í erindi sínu um hugsanlega byggingu ammoníaksverksmiðju sem framleiddi ammoníak til útflutnings. Þar telur hann ekki staðarvalið sjálft gefið í Gufunesi. Sú verksmiðja yrði mjög fjárfrek framkvæmd og nefnir Runólfur þar kostnað upp á 15 milljarða og framleiddi þá verksmiðjan 800 tonn á dag, en það er talin lágmarksstærð hagkvæmra verksmiðja í útlöndum. Þetta yrði mjög raforkufrek verksmiðja og þyrfti a. m. k. 400 mw. við verksmiðjuvegg, þannig að Búrfellsvirkjun, sem er 240 mw. og Sigalda, sem verður 150 mw., mundu ekki nægja henni samtengdar.

Ég mun ekki fjölyrða öllu meira um þetta mál að sinni, en vil vísa til framsöguræðu minnar um þetta mál þegar þessi þáltill. var til umr. í haust. Ég vil geta þess að Búnaðarþing gerði ályktun um þetta mál og beindi því til landbrn. að það hefji nú þegar undirbúning að stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins svo fljótt sem auðið er þannig að verksmiðjan verði fær um að framleiða allan þann áburð er landbúnaðurinn óskar eftir að kaupa. Þar sem svo vill til að auk þess að vera frsm. atvmn. er ég flm. þessarar þáltill., vil ég nota þetta tækifæri til að þakka ýmsum hv. þm. fyrir góðar undirtektir við till. og lýsi yfir þeirri von minni að samþykkt hennar leiði það í ljós að aukning áburðarframleiðslu á Íslandi verði möguleg hið fyrsta þannig að við verðum a. m. k. sjálfbjarga í þessu efni í framtíðinni.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í sambandi við afgreiðslu þáltill. á þskj. 60 um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins, sem er til umr., vil ég segja nokkur orð þar sem ég var ekki viðstaddur þegar till. var tekin til fyrri hl. umr.

Eins og kunnugt er hafa þessi mál mjög verið til umr. á þessum vetri vegna þeirrar gífurlegu áburðarhækkunar sem varð og verður á þessu ári og hefur verið mikið vandamál. Á s. l. ári kom upp umr. um að nauðsyn bæri til að fara að athuga um frekari stækkun á Áburðarverksmiðju ríkisins, en eins og áður er fram tekið kom stækkun sú, sem áður var lokið, til framkvæmda á árinu 1972.

Ég hafði hugsað mér í samráði við forstöðumenn Áburðarverksmiðju ríkisins að skipa sérstaka menn til að athuga þetta mál og hafði þá einnig í huga að það yrði gert með þeim hætti að athuga hvort ekki gæti einnig komið til greina að byggja aðra áburðarverksmiðju sem ekki yrði í tengslum við þessa ef það reyndist hagkvæmt að flytja út áburð sem er ekki með öllu talið óhugsandi. Að athuguðu máli og eftir að hv. flm. hafði rætt þetta mál við mig fannst mér rétt að láta málið fara inn á Alþ. til þess að hafa stuðning Alþ. fyrir þeirri ákvörðun að taka þetta mál til sérstakrar athugunar og hugsanlegrar framkvæmdar eða framkvæmdar að því leyti sem varðar undirbúning málsins. Ég taldi mikið öryggi í því, ekki síst þegar jafnhliða var verið með erfiðan hnút í þessu máli þar sem er áburðarverðið á þessu ári, 1975. Þess vegna er það mér ánægja að hv. n., atvmn. Alþ., sem hefur fengið þetta mál til meðferðar, stendur öll að því að gera till. um að það verði samþ. og Búnaðarþing hefur einnig fjallað um það. Ég tel að fram sé komin sú viljayfirlýsing sem mér fannst að athuguðu máli nauðsynleg til að taka ákvörðun um undirbúning þessa máls.

Ég mun því í framhaldi af afgreiðslu þessarar till. hér á hv. Alþ. skipa n. til að athuga þetta mál og mun þá jafnframt fela henni að gera athugun á málinu á víðara sviði, hvort til greina komi að við byggjum aðra verksmiðju og þá um staðsetningu hennar. Ég vil reyna að hraða þessu máli, nú þegar Alþ. hefur afgr. það og einnig hefur sá þáttur í áburðarmálinu, sem mikil vinna hefur farið í á þessum vetri verið afgr. Ég veit að hér er um mikið mál að ræða, og þess vegna tel ég að það sé mikils virði að hafa þingvilja á bak við þá ákvörðun að láta taka málið til athugunar og hugsanlegrar framkvæmdar. Ég get því sagt við þetta tækifæri, um leið og ég þakka hv. flm. og hv. n. hvernig á þessu máli hefur verið tekið, að ég mun hraða framkvæmd á því þegar ályktunin hefur verið gerð.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fagna þessari till. og fagna þeirri athugun sem er fram undan á stækkun Áburðarverksmiðjunnar. Ég skal forðast að endurtaka það, sem hv. frsm. hefur sagt, en mun fjalla um þá staðreynd að það er satt að segja nokkuð undarlegt að hv. Alþ. skuli þurfa að samþ. að athugun sé gerð á stækkun Áburðarverksmiðjunnar. Hvernig stendur á því að sá neisti, sem á að vera til í einu fyrirtæki, hefur ekki logað þarna, hann hefur kulnað? Hvernig stendur á því að Áburðarverksmiðjan sjálf hefur ekki getað sinnt þessu sjálfsagða verkefni eins fyrirtækis og ekki síst svo mikilvægs fyrirtækis í okkar þjóðarbúskap?

Ég þekki Áburðarverksmiðjuna vel, starfaði sem verkfræðingur við byggingu hennar og var við hana riðinn nokkuð lengi og er það raunar smávegis enn. Það var mjög ánægjulegt að fylgjast með þeirri uppbyggingu. Það voru stórhuga menn, sem að þessu stóðu, ekki síst menn eins og Vilhjálmur heitinn Þór, sem gerði sér vonir um að þarna skapaðist eins konar íslenskt Norsk Hydro, b. e. a. s. kjarni að íslensku alhliða efnafyrirtæki, sá þáttur í íslenskum þjóðarbúskap sem bæri uppi þann orkufreka efnaiðnað sem menn hafa talið eðlilegt að hér þróaðist. Þannig var hugsunin þá. En því miður hefur þetta ekki orðið.

Áburðarverksmiðjan hóf rekstur 1954. Kostnaður varð, ef ég man rétt, í kringum 8 millj. dollara, á gengi nú um 1200 millj. ísl. kr., en þá 10. hluti af þessari upphæð. Það var samt sem áður mjög stórt átak í þá tíð. Áburðarverksmiðjan notar um 140 gwst., og toppálag er um 18—19 mw. Það var einnig mjög mikið átak miðað við okkar virkjanir í þá tíð, og þetta var sannarlega stóriðjuátak. Áburðarverksmiðjan fékk orku á mjög hagkvæmu verði, allt niður í ½ þúsundasta úr Bandaríkjadollar, en því hefur að vísu verið breytt í dag og nú fær Áburðarverksmiðjan orku á sama verði og Álbræðslan. En hins vegar er samningi þannig háttað að af þessu afli má segja að um 6 500 mw. séu fast afl, en það sem eftir er um ⅔, er eins konar afgangsafl og má skerða það hjá Áburðarverksmiðjunni áður en skert er hjá öðrum kaupendum Landsvirkjunar. En hins vegar greiðir Áburðarverksmiðjan aðeins um 30 aura fyrir kwst. og það er mikil spurning hvort það verð er ekki allt of lágt, eins og ég hygg að flestir séu sammála um að sé hjá Álverinu í Straumsvík.

Hv. frsm. hefur getið um framleiðslugetu verksmiðjunnar og hve skammt hún nær nú að fullnægja þörf landsmanna, og ætla ég ekki að fara fleiri orðum um það, en vil hins vegar vekja athygli á því að frá 1954 hefur varla nokkur viðbót átt sér stað hjá Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi. Það má raunar segja að Áburðarverksmiðjan í Gufunesi hefur varla átt bót fyrir rassinn.

Í sambandi við Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi var ákaflega mikið kvartað undan kornastærð, eins og menn þekkja, og bændur töldu sumir áburðinn ónothæfan af þeirri ástæðu. Þar var reynd nokkuð ný aðferð sem reyndist ekki eins góð og menn hafa gert sér vonir um. Þó var það ekki fyrr en 1972, nálægt 20 árum eftir að Áburðarverksmiðjan hóf starfsemi, að unnt reyndist að endurbæta þetta með byggingu nýrrar kornunarverksmiðju, og er þar raunar gert ráð fyrir því að sú verksmiðja geti annað um það bil tvöfaldri framleiðslugetu annarra þátta Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi, þannig að það má segja að þar sé nokkur stækkun. En þó hygg ég að þessi framkvæmd hafi fyrst og fremst orðið vegna þess að bændur vildu ekki lengur una þeirri kornastærð sem fékkst frá gömlu verksmiðjunni. Þetta átak kostaði nálægt því 500 millj. kr. eða um það bil 6 millj. dollara á gengi þá. Þá voru uppi ráðagerðir um að tvöfalda sýruverksmiðjuna sem er sá þáttur sem er nauðsynlegur á milli ammoníaks og endanlegs áburðar. Það varð ekki, ekki fékkst fjármagn í það. Sá þáttur var strikaður út á þeim tíma.

Til þess að stækka Áburðarverksmiðjuna, eins og hér hefur komið fram, þarf í fyrsta lagi að stækka fyrsta þátt hennar, vetnisframleiðsluna, síðan þarf að stækka köfnunarefnisframleiðsluna, sem er annar þátturinn. Þessi tvö efni, köfnunarefni og vatnsefni, eru sameinuð í

ammoníak í þriðja framleiðsluþætti verksmiðjunnar. Síðan er úr því framleidd saltpéturssýra í fjórða þættinum, sýruverksmiðjunni. Þessa fjóra þætti þarf að stækka og hv. frsm. hefur réttilega getið þess að það er sýruverksmiðjan sem er brýnust nú og var orðin brýn þegar 1972 því að auðveldara er að flytja inn ammoníak til sýruverksmiðjunnar en hálfunna áburðarframleiðslu eða áburð sem er lengra á veg kominn í vinnslunni. Og hann hefur getið um stofnkostnað þessara þátta sem ég ætla ekki að endurtaka hér.

Ég vil hins vegar varpa fram þeirri spurningu, hvernig stendur á því að Áburðarverksmiðjan hefur ekki sjálf getað annast slíka rannsókn til hlítar og farið út í stækkun. Það er vegna þess að Áburðarverksmiðjan hefur lent í hinum dauðu greipum verðbólgu og vísitölu og aldrei fengið þann arð sem einu fyrirtæki er nauðsynlegur til þess að það fái að þróast. Ég er út af fyrir sig ekki að áfellast stjórnvöld fyrir að halda áburðarverði niðri. Hins vegar, þegar áburðarverði er haldið niðri, þá verður eftir öðrum leiðum að tryggja slíku fyrirtæki viðunandi rekstrarfé. Og í raun og veru er ég þeirrar skoðunar að niðurgreiðsla á landbúnaðarafurðum á frumstigi, eins og hér er um að ræða, sé að mörgu leyti æskilegri en á lokastigi. Ég get því fylgt þeirri leið að greiða niður áburðarverð. Hins vegar er algjörlega útilokað að greiða niður áburðarverð með því að láta Áburðarverksmiðjuna safna skuldum. Það hefur verið gert árum saman. Hún hefur beinlínis safnað skuldum. Og hún hefur verið í stöðugum fjárhagsörðugleikum. Bankar hafa nálægt því lokað fyrir Áburðarverksmiðjuna. Það hefur ekki verið fyrr en eftir mikla eftirgangsmuni opinberra aðila, ráðh. og fleiri, að fengist hefur viðbótarlán til að standa undir afborganabyrði Áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi. Þetta er að mínu viti ófært og þarf sannarlega að breytast.

Í framtíðinni verður vonandi rætt um saltverksmiðju hér á landi, saltverksmiðju sem kemur til með að kosta í kringum 3 000 millj. ísl. kr. Mjög væri eðlilegt að Áburðarverksmiðjan byggði slíka saltverksmiðju. Frá þessari saltverksmiðju fæst t. d. kalí sem Áburðarverksmiðjan flytur nú inn. Áburðarverksmiðjan gæti þegar í dag nýtt um fjórða partinn af því kalíi, sem þarna er framleitt, og fljótlega, hygg ég, nálægt því helming. Áburðarverksmiðjan hefur ekkert bolmagn til að taka þátt í byggingu saltverksmiðjunnar. Saltverksmiðjan er hins vegar athyglisverður grundvöllur frekari efnaiðnaðar. Þar fást hráefni sem nauðsynleg eru í ýmiss konar efnaiðnaði.

Þannig er nú ástatt með Áburðarverksmiðjuna. Þessu vildi ég koma á framfæri og leggja ríka áherslu á, ekki síst við hæstv. ráðh., að sú stefna, sem ríkt hefur öll árin gagnvart Áburðarverksmiðjunni, verði endurskoðuð þótt seint sé.

Um hagkvæmni stækkunar skal ég ekki fara mörgum orðum. Það er, eins og hv. frsm. sagði, það þarf að skoðast. Ég er nokkuð sannfærður um að það er hagkvæmt að stækka Áburðarverksmiðjuna, tvöfalda hana eða þrefalda, þannig að hún fullnægi vel innlendri framleiðslu. Það stafar m. a. af því að verulegur hluti verksmiðjunnar er þegar afskrifaður og við njótum þess. Hitt er hins vegar alveg ljóst að raforkuverð hlýtur að hækka mjög til seinni þátta verksmiðjunnar. Sömuleiðis er ammoníaksverð á heimsmarkaði nokkuð óljóst þannig að þetta þarf að skoða vel. Ég held að þeir, sem starfa við Áburðarverksmiðjuna, séu langfærastir um að skoða þennan þátt. Þeir eru í stöðugu sambandi við framleiðendur ammoníaks, kaupa inn mikið ammoníak og þekkja alla þessa þætti mjög ítarlega. Ég held að sérstaklega eigi að hraða athugun á þessum þætti.

Jafnframt er rætt um stóra verksmiðju til útflutnings. Ég verð að viðurkenna að ég er mjög efins um hagkvæmni slíkrar verksmiðju, tel þó sjálfsagt að það sé athugað. Ég er ekki að draga úr því. En lágmarksstærð slíkrar verksmiðju til útflutnings yrði einhvers staðar í kringum 800—1200 lestir á dag og það er u. þ. b. 20-föld framleiðsla stækkaðrar áburðarverksmiðju í Gufunesi, þannig að þarna yrði fullnægt þörfum okkar íslendinga á tiltölulega fáum dögum. Þetta yrði ammoníak til útflutnings. Ammoníak í heiminum er framleitt á tvennan máta. Það var á árum áður framleitt með rafgreiningu á vatni. Þannig fæst vetni, sem ég ræddi um áðan, og síðan er það sameinað köfnunarefni. Norsk Hydro er langsamlega stærsti framleiðandi ammoníaks eftir þessari leiðinni og er raunar, hygg ég, í dag e. t. v. sá eini sem það gerir í heiminum fyrir utan okkar litlu verksmiðju hér.

Ammoníak er jafnframt framleitt úr olíu og nú í vaxandi mæli úr jarðgasi. Fyrir nokkrum árum reyndist framleiðsla úr olíu stórum hagkvæmari en með raforku þannig að Norsk Hydro hóf fyrir nokkrum árum að leggja niður sínar rafgreiningarverksmiðjur. Þess má geta að tæki, sem sett voru upp hér í Áburðarverksmiðjunni fyrir örfáum árum til að endurnýja gömlu tækin, sem þar voru orðin léleg til rafgreiningar, eru keypt frá Norsk Hydro. Það eru gömul, notuð tæki sem Norsk Hydro hafði gert upp. Þetta reyndist hagkvæmt þá vegna þess að raforkuverðið til Áburðarverksmiðjunnar er ákaflega lágt.

Nú hafa menn að sjálfsögðu staldrað við þá staðreynd að olíuverð hefur hækkað mjög og ammoníaksverð ákaflega mikið í framhaldi af því. Ég átti nýlega viðræður við einn af ráðamönnum Norsk Hydro, mann sem hingað hefur oft komið, mann sem fyrst og fremst starfar að áformum Norsk Hydro um stækkanir og nýja framleiðslu. Hann tjáði mér, að skv. nýlegum athugunum Norsk Hydro væri enn tvöfalt dýrara að framleiða ammoníak með rafmagni heldur en með olíu, og hann benti á að í staðinn fyrir að framleiða ammoníak beint úr olíu færi í vaxandi mæli framleiðslan fram úr jarðgasi sem erfitt er að nýta nema til upphitunar. Mestu er brennt í reykháfum eða útblástursrörum hinna stóru olíuhreinsunarstöðva. Erfitt er að flytja það langar leiðir. Norsk Hydro er að byggja í dag, ef ekki búið að byggja ammoníaksverksmiðju í Skotlandi sem framleiðir um 700 þús. lestir af ammoníaki og það er tvöfalt meira en við erum að tala um í sambandi við stóra ammoníaksverksmiðju hér á landi. Hann sagði að Norsk Hydro óttaðist að vissu leyti hið gífurlega magn af jarðgasi, sem nú brennur í útblást-

ursrörum olíuhreinsunarstöðvanna í Arabíu og þar um slóðir, yrði fljótlega notað til ammoníaksframleiðslu og þær hugmyndir hefðu komið fram hjá arabaþjóðunum að nota þetta sem aðstoð við vanþróuðu löndin sem verða nú að greiða hátt verð bæði fyrir olíu og áburð. Hann taldi því alla framleiðslu ammoníaks mjög óvissa í dag.

Ég vil leggja á það áherslu að vissulega ber að athuga þetta þó að ég sé efins um að slíkt reynist hagkvæmt. Slík verksmiðja eins og við tölum hér um, með 350 þús. lesta framleiðslu, mundi nota, eins og frsm. sagði, um 400—500 mw. eða Dettifoss + Blöndu + Kröflu, allt saman og dálítið til viðbótar. Gaman væri að vita hvort einhver hv. þm., sem er ekki hrifinn af erlendri fjárfestingu í okkar landi, ætlar okkur að gera þetta einum og ég lít sérstaklega á þann, sem situr hér beint fyrir framan mig, af því að hann hefur flutt þáltill. um þetta mál. Ég held að hér væri um ákaflega áhættusamt fyrirtæki að ræða, — fyrirtæki sem stendur og fellur með því hvernig arabaþjóðirnar verðleggja sitt ammoníak. Ég vil lýsa þeirri efasemd minni að í slíkt fyrirtæki yrði ráðist með eigin fjármagni okkar. Þetta segi ég til þess að þessar upplýsingar, sem ég tel að séu réttar og hef reyndar fengið staðfestar hjá starfsmönnum Áburðarverksmiðjunnar, komi hér fram, en ekki til að draga úr athugun á þessu sviði.

Um þetta skal ég ekki hafa fleiri orð, en vil ljúka mínum orðum með því að lýsa ánægju minni með þessa þáltill., en jafnframt enn einu sinni undirstrika þau varnaðarorð mín að horfið verði frá þeirri braut, sem fylgt hefur verið, og Áburðarverksmiðjunni heimilað að safna nokkru eiginfjármagni. Það er nauðsynlegt ef fyrirtækið á að þróast, og munu allir sannfærast um það sem skoða Áburðarverksmiðjuna og kynnast þörfum hennar fyrir endurbætur og nauðsynlegar stækkanir.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 2. þm. Vestf. vil ég gefa nokkrar upplýsingar svo að það liggi ljóst fyrir að ef um sök er að ræða í þessu sambandi, þá skal ég játa hana á mig. En það er miklu auðveldara um að tala heldur en í að komast að vera sýknt og heilagt að leysa úr fjárhagsvandamálum fyrirtækjanna. Það er miklu auðveldara að óska eftir framkvæmdum í þeim heldur en að leysa úr aðsteðjandi fjárhagsmálum eins og þau falla til á hverjum tíma.

Þegar ég tók við sæti landbrh. var verið að stækka þessa verksmiðju. Það fór með þessa framkvæmd eins og aðrar framkvæmdir hér á landi að verðbólgan gerði fjárþörfina miklu meiri en gert var ráð fyrir. Þess vegna hafa fjárhagsmál Áburðarverksmiðjunnar verið verulega mikið mál öll þessi á. Mér þykja það harðir kostir að því sé haldið fram að þeim málum hafi ekki verið sinnt. Þess vegna taldi ég að það væri réttmætt að athuga þann þátt málsins áður en lengra væri haldið, og það hefði sannarlega verið gert ef þessi nýi þáttur, áburðarverðshækkunin, hefði ekki komið til úrlausnar á s. l. ári og á þessu ári, sem hefur verið til meðferðar allt síðan um mitt s. l. ár. Ég held að það sé því réttmætt að taka það með að úr þeim daglegu þörfum þurfti í raun og veru að leysa, því að það var mikið átak fyrir okkur að byggja Áburðarverksmiðjuna, ekki síst þegar verðlagsþróunin varð okkur jafnóhagstæð og raun varð á þegar því verki var lokið, því að það hefur hún sannarlega verið. Áburðarverðshækkunin hefur verið gífurleg á þessum árum síðan stækkun verksmiðjunnar var lokið og hefur mikil vinna verið lögð í að leysa þann þátt.

Ég veit að stjórnarnefndarmenn Áburðarverksmiðjunnar gerðu ályktun um það á s. l. hausti eða yfirstandandi vetri að stækka verksmiðjuna, og mér var fullkomlega ljóst að það yrði að halda áfram við það verk. Hitt var mér líka ljóst, að það varð, áður en lengra var haldið, að leysa úr þeim nærtækustu fjárhagsvandamálum sem verksmiðjan hafði við að búa.

Út af því sem hv. 2. þm. Vestf. sagði um niðurgreiðslu á frumstigi, þá hefur það mál verið athugað og var m. a. athugað í sambandi við ákvörðun á áburðarverði á vorinu 1974. Eins og honum og öðrum hv. þm. er kunnugt um hafa allar okkar niðurgreiðslur verið miðaðar við áhrif á visitöluna. Það þýðir ekkert að vera að blekkja sig og einn eða annan, þær hafa allar verið metnar út frá því. Og það var nálægt því vorið 1974 að það væri hagkvæmara að greiða áburðinn niður heldur en að greiða niður landbúnaðarafurðirnar eftir að þær hefðu verið framleiddar, miðað við það áburðarverð sem ákveðið var. Það reyndist að athuguðu máli heldur hagkvæmara þá, en að þessu sinni hefði það alls ekki reynst. Nú var það alveg ljóst að það var óhugsandi að hleypa þessu inn í verðlagið. Það hefði tvöfaldast á stuttum tíma og þrefaldast á rösku ári. Það kom fram í grg. þeirri sem n. sú, sem skipuð var til að skoða það áfall sem áburðarverðshækkunin var, samdi.

Út af því, sem hv. þm. sagði um þetta mál frekar, þá er ég honum ekki sammála um að það eigi að fela starfsmönnum Áburðarverksmiðjunnar þetta mál til rannsóknar. Ef það á að gera er því líka slegið föstu að það eigi ekkert að athuga nema stækkun Áburðarverksmiðju í Gufunesi. Eins og kom fram hjá hv. flm. og hafði komið fram í ræðu sem Runólfur Þórðarson, tæknilegur verksmiðjustjóri, hafði flutt á Búnaðarþingi, þá var það hans mat að ef ætti að fara fram mikil stækkun væri staðarvalið ekki einsýnt í Gufunesi. Ég er sammála um að það sé ekki. Hitt getur vel verið, að það reynist svo að það sé ekki hagkvæmt að byggja hér áburðarverksmiðju til útflutnings. Það má vel vera að sú verði raunin. Því kann ég ekki skil á og skal ekki fullyrða og veit að hv. 2. þm. Vestf. er betur að sér en ég í þeim efnum. Hins vegar hef ég heyrt menn, sem um slík mál hafa fjallað, halda því fram að það væri á athugunarstigi hvort það gæti verið hagkvæmt, og þess vegna finnst mér að nauðsyn beri til að þetta hvort tveggja sé athugað, hvaða viðbótarframkvæmdir eigi að vera í Gufunesi til að gera þá verksmiðju hagkvæmari en hún er og svo hvort hagkvæmt sé að byggja hér aðra verksmiðju og miða þá við útflutning. Þetta verður það verkefni sem sú n. fær til meðferðar sem verður sett á lagg-

irnar, og að mínu mati er það svo að það er hagkvæmara, það er betra fyrir ráðh. að hafa á bak við sig yfirlýsingu Alþ. fyrir því, að slík endurskoðun sé gerð sem hér á að gera, heldur en þó að hann hefði tekið þetta upp hjá sér, sem hefði gert verðið ef áburðarverðsmálið hefði ekki truflað, því að það hefur verið erfitt mál viðfangs á þessum vetri og hefur tekið nokkurn tíma og úrræði. Mér er það fullkomlega ljóst að Áburðarverksmiðjan hefði ekki getað náð því eigin fjármagni sem þarf til þessara framkvæmda þó að framleiðsla hennar hefði verið verðlögð eins og stjórnin hefur óskað, og ég tel að fyrir því hafi verið séð þegar öllu er á botninn hvolft að svo hafi verið gert og muni ekki mikið á halla. En það hefði ekki nægt til neinna stórra framkvæmda því að svo stutt er liðið síðan hún gerði þá fjárfreku framkvæmd sem stækkunin var.

Þetta vil ég láta koma fram þannig að það sé ljóst að það er ekki hægt að ásaka stjórnendur Áburðarverksmiðjunnar í sambandi við þetta mál. Ef einhvern á að ásaka, þá tek ég það á mig. Ég hef talið að athuguðu máli að það væri gott að fá ályktun Alþ. í sambandi við þetta mál.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað mér að taka til máls við umr. um þessa þáltill. þar eð ég hafði fyrir skemmstu flutt í Ed. þáltill. um áburðarverksmiðju á Norðausturlandi. Þar sem nú hv. þm. Steingrímur Hermannsson beindi til mín í senn haukfránum sjónum og vingjarnlegum orðum er hann ræddi um stóra ammoníaksverksmiðju, er þyrfti orku Dettifoss, Blöndu og Kröflu, og sagði að ég hefði flutt nýlega þáltill., þar um, þá finn ég mig nú til knúinn að leiðrétta þetta.

Þáltill., sem ég flutti í Ed. um áburðarverksmiðju á Norðausturlandi, gerði ráð fyrir verksmiðju þar á stærð við Gufunesverksmiðjuna, þ. e. a. s. verksmiðju sem nægði til að fullnægja innanlandsþörf fyrir áburð næsta áratug eða svo, og var þá jafnframt reiknað með því að fullnægt yrði þörf fyrir áburð, sem nú er ekki fullnægt, til notkunar á beitilandi. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að kasta hnútum að hv. þm. fyrir það þó að honum væri ekki ljóst að þáltill. mín miðaði að gerð slíkrar verksmiðju, en ekki að gerð verksmiðju sem ætluð væri til framleiðslu á ammoníaki til útflutnings.

Ég vil ekki fara út í samanburð að þessu sinni á hagkvæmni þess að nota raforkuna okkar til framleiðslu á áburði eða á ferrosilikoni. Það gladdi mig að heyra það að hv. þm. Steingrímur Hermannsson leggur annað mat á hagkvæmnishlið framleiðslu á áburði til innanlandsnotkunar og til útflutnings. Sjálfur gerði ég grein fyrir því við flutning fyrrnefndrar þáltill. í Ed. að okkur bæri að leggja svipaðan mælikvarða á hagkvæmnishlið áburðarframleiðslu til innanlandsnotkunar og við leggjum á framleiðslu landbúnaðarafurðanna sjálfra. Okkur væri nauðsynlegt að vera sjálfum okkur nógir um framleiðslu á tilbúnum áburði og búa það vel að framleiðslunni að við værum ekki í þrotum með þessa vöru, og til þess liggja augljósar ástæður.

Ég vil sem sagt ítreka þetta, af því að málið bar hér á góma, að þáltill. mín flutt í Ed. miðar að því að komið verði upp á Norðausturlandi áburðarverksmiðju með ámóta afköst og áburðarverksmiðjan í Gufunesi. Miðað yrði við innlenda þörf og með þessu yrði stefnt að því að við framleiddum áburð, sem við ætluðum að selja ódýrt á innlendum markaði, að við gætum séð bændum fyrir þeim áburði framleiddum með innlendri orku sem þeir þyrftu, ekki aðeins til að viðhalda óbreyttri framleiðslu á landbúnaðarafurðum, heldur miða við að auka framleiðslu landbúnaðarafurða. Og svo rétt í lokin leyfi ég mér að bera fram hér þá órökstuddu fullyrðingu að dýr megi tilbúinn áburður verða í framleiðslu hér á landi svo að hann verði ekki hagkvæmari en framleiðsla á ferrosilikoni.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að svara hæstv. landbrh. Ég óska eftir því að hann verði sóttur, honum verði tjáð að ég sé kominn í ræðustólinn.

Ég get á meðan aðeins rætt við hv. síðasta ræðumann. Ég þakka honum upplýsingarnar. Við höfum ekki horfst nógu djúpt í augu í Ed. til að skilja hvor annan, en það var kannske vegna þess að ég var fjarverandi þegar þáltill. hans var rædd þar. En mér datt satt að segja aldrei í hug að nokkrum manni hugkvæmdist að skipta þessari litlu áburðarframleiðslu okkar. Ég held að stækkun Áburðarverksmiðjunnar hér byggist algerlega á því að við eigum þarna mikilvægan kjarna, en þarna er þá um sem sagt annað mál að ræða og skal ég ekki fjalla meira um það.

En eins og ég sagði áðan, ég ætlaði fyrst og fremst í örfáum orðum að leiðrétta misskilning sem mér finnst koma fram hjá hæstv. landbrh. og mun gera hlé á máli mínu þar til hann er kominn í salinn.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég vil nú þrátt fyrir það að þeir hafa ekki lokið orðaskiptum sínum, hæstv. landbrh. og hv. 2. þm. Vestf., þakka þeim báðum tveim fyrir vinsamlegar móttökur á þessari till. þó að þær hafi verið ofurlítið hvor á sinn hátt.

Það er alveg rétt hjá Steingrími Hermannssyni að uppbygging þessa fyrirtækis hefur gengið of hægt, og ég held að við gætum verið sammála um að við værum ansi miklu betur settir núna ef stækkun hefði verið framkvæmd einhvern tíma í fortíðinni eða jafnvel ekki fyrr en á allra síðustu árum, þá þyrftum við ekki að vera að takast á við þennan vanda sem nú er við að glíma. En þegar litið er til fjármögnunar verksmiðjunnar og fjárhagsstöðu hennar, þá eru sjálfsagt eðlilegar skýringar fyrir því að uppbyggingarhraðinn hefur ekki verið meiri. Það er alveg rétt að þessi verksmiðja hefur átt við mjög mikil framleiðsluvandamál að stríða. Upphafleg kornastærð Kjarnans var með þeim hætti að menn voru óánægðir með að nota hann. Það fór í það bæði mikið fé og fyrirhöfn að kippa því í lag. Sem betur fer hefur það tekist og framleiðsla verksmiðjunnar hefur gjörbreyst til batnaðar á síðustu árum. En bændur hafa alltaf

átt fullt í fangi með að kaupa þennan áburð. Þeir hafa alltaf átt fullt í fangi með að standa í skilum við sín verslunarfyrirtæki og við verksmiðjuna. Neytendum hefur líka þótt verð landbúnaðarafurða nógu hátt. Það hefði því þurft að leita annarra leiða til þess að uppbyggingin hefði getað verið möguleg.

Ég vil ekki á þessu stigi málsins vera að fullyrða neitt um það hvaða stækkun eða hvernig stækkun þessari verksmiðju væri hentugust. Það getur vel verið að við sleppum með að byggja bara sýruverksmiðju og getum svo keypt ódýrt ammoníak frá Norsk Hydro eða ódýrt ammoníak frá olíusjeikunum þarna suður frá. En ég held að sé tryggast að búa að sínu. Ég læt það í ljós sem mína sérstöku skoðun.

Að hér eigi að ráða landshlutasjónarmið varðandi áburðarverksmiðjubyggingar er auðvitað hugsanlegt. Áburðarframleiðsla á Norðausturlandi er náttúrlega hugsanleg, þ. e. a. s. áburðarframleiðsla er auðvitað flókin og í mörgum stigum og vel getur verið að hagkvæmt væri að framleiða eitthvað af áburðinum annars staðar en í Gufunesi — þá væntanlega með byggðarsjónarmið í huga — og flytja til lokaframleiðslu í Gufunesi. En svo vill til að þar er búið að byggja yfir lokaframleiðsluna — það er eiginlega með nokkrum hætti byrjað á öfugum enda. Lokaframleiðsluna er hægt að vinna í Gufunesi í þessari nýlegu NPK-verksmiðju sem nú er ekki rekin nema með ⅔ afköstum. Það yrði þá líklega að flytja ammoníak sem framleitt væri annars staðar, til Gufuness til að nota sér þá verksmiðju sem þar er fyrir. Hagnýting Gufunesmannvirkjanna verður, held ég, best tryggð með stækkun þar.

Hvað varðar útflutningsverksmiðjuathugunina, þá vil ég leggja á það ríka áherslu, mjög ríka áherslu, að hún má ekki verða til þess að seinka eða fresta stækkun Gufunesverksmiðjunnar. Ég el þá von í brjósti að þessari athugun verði hraðað svo sem frekast er kostur. Þó að fjárhagsvandinn sé auðvitað augljós og hæstv. ráðh. þurfi að greiða úr honum, þá þarf einnig að hafa uppbyggingarsjónarmiðið að leiðarljósi, ef unnt væri að spara eitthvað eða jafnvel að bægja frá verulegum hluta vandans með því.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þá er alveg ljóst að við erum sammála. Þó hefur slæðst inn hugsanlegur misskilningur. Það er alls ekki skoðun mín, að það eigi að láta nægja að stækka sýruverksmiðjuna. Ég álít það eðlilegt fyrsta skref í stækkun Áburðarverksmiðjunnar, eins og reyndar kom fram í hans framsöguræðu. Ég álít að það eigi að stefna alveg markvisst að því að framleiða þann áburð, sem við þurfum hér heima, eða ammoníakáburð allan. Við þurfum engu að síður að flytja inn talsvert magn af áburði. Við mundum flytja inn, miðað við aðstæður í dag, 6 000 tonn af kalíi og 14—15 þús. tonn af fosfór, en við eigum að stefna að því að framleiða ammoníakið allt heima. Og ég vil einnig undirstrika það, sem hann sagði, það er einnig skoðun mín að athugun á stærri verksmiðju eigi ekki að verða til þess að seinka athugun á stækkun Áburðarverksmiðjunnar.

En ég bað um orðið áðan fyrst og fremst til að leiðrétta ýmislegt sem mér fannst koma fram hjá hæstv. landbrh. Annaðhvort hefur hann mjög svo misskilið mín ummæli eða er að óþörfu hörundssár í þessu sambandi. Ég held ég hafi ekkert sagt sem væri sérstök ádeila á hann. Ég gat þess alveg sérstaklega að þessi stefna, sem ég er að gagnrýna, hefur ríkt allt frá því að Áburðarverksmiðjan hóf starfsemi sína.

Ég lýsti alls engri andstöðu við þessa ályktun, langt frá því, en svo fannst mér að skilja mætti ummæli hæstv. ráðh. Ég lýsti sérstökum stuðningi við hana, hef gert það í n. og geri það enn. Ég held að það hljóti að vera einhver misskilningur.

Ég sagði heldur aldrei að það ætti bara að fela starfsmönnum Áburðarverksmiðjunnar athugun á stækkun. Ég lýsti því yfir í sambandi við stækkun Áburðarverksmiðjunnar sjálfrar að til þeirra athugana væru starfsmenn verksmiðjunnar langsamlega færastir og raunar, hygg ég, þeir einu sem eru færir um að athuga þann þáttinn. Ég held að þeir verði að bera uppi hita og þunga þeirrar athugunar. Ég hef ekkert á móti því að fleiri komi þarna að og sérstaklega í sambandi við nýja stóra verksmiðju. Þar er um töluvert annað að ræða og raunar að ýmsu leyti mál sem byggja verður á öðrum grundvelli en til er í Gufunesi.

Ég lýsti heldur aldrei andstöðu við niðurgreiðslur á frumstigi, en svo mátti skilja orð hæstv. ráðh. Þvert á móti sagðist ég vera í grundvallaratriðum fylgjandi niðurgreiðslu á frumstigi. Það eina, sem ég sagði um það og vil endurtaka, er að ég álít að Áburðarverksmiðjan hf. eigi ekki né geti borið slíka niðurgreiðslu. Ég er þeirrar skoðunar að slíkt fyrirtæki eigi að hafa viðunandi rekstraraðstöðu og fá viðunandi tekjur, þannig að það þurfi ekki að leita nálægt því daglega á náðir hæstv. ráðh. til þess að fá viðbótarlán til rekstrar. Þetta álít ég skakkt. Ég lýsti hins vegar þeim skilningi mínum að áburðarverði yrði að halda niðri. Það er bundið ýmsum öðrum þáttum í okkar efnahagslífi. Ég tel því að viðleitni hæstv. ráðh. og ríkisstj. til útvegunar fjármagns í þessu sambandi eigi að beinast að því að greiða niður áburðinn sem slíkan, en jafnframt að tryggja fyrirtækinu viðunandi rekstrarfjárstöðu.

Það var aldrei hugmynd mín, en þannig mátti einnig skilja hæstv. ráðh., að fyrirtækið ætti t. d. að kosta að öllu af eigin fjármagni þá viðbót sem lokið var 1972. Ég held að það sé ekkert fyrirtæki sem það mundi gera. Hins vegar er ákaflega æskilegt að stórt og gott fyrirtæki geti staðið undir nýjum lánum til nýrra framkvæmda og lagt fram viðunandi eigið fjármagn. Talið er mjög eðlilegt að eigið fjármagn í svona fyrirtækjum sé — ja, við skulum segja í kringum 25—30 af hundraði. Ég held að þetta sé nokkuð viðtekin krafa fjármálaaðila og sérstaklega fjármögnunarstofnana eins og banka. Áburðarverksmiðjan hefur ekki neitt slíkt. Áburðarverksmiðjan hefur ekki einu sinni fjármagn til að kosta

athugun eins og hér er um að ræða svo að það má segja að það sé kannske tómt mál að fela henni þetta.

Ég veit að ákaflega mikill tími ráðh., eins og kom fram, hefur farið í að leysa úr rekstrarfjárþörfum Áburðarverksmiðjunnar, og það er ekki eingöngu núv. hæstv. landbrh. heldur allir landbrh. sem ég þekki til. Ég sat um tíma í stjórn Áburðarverksmiðjunnar og þekkti mætavel það ástand sem ríkti og var það fyrir landbrh.-tíð hæstv. núv. landbrh. Það er þetta sem ég er að andmæla. Ég get tekið fram að hæstv. núv. landbrh. hefur sannarlega ekki staðið sig lakar í að útvega rekstrarfé en hinir fyrri, langt frá því. Hann hefur gert það með ágætum þó að stundum hafi þetta verið komið í mestu erfiðleika. Ég ætla ekki að þylja upp tölur um þá skuldasöfnun sem átt hefur sér stað á rekstrarárum Áburðarverksmiðjunnar.

Þetta vil ég að komi fram. Þetta er engin gagnrýni á núv. hæstv. landbrh. sérstaklega, en ég vona að hann hafi skilið orðin sem harða gagnrýni almennt á þá afstöðu sem ríkt hefur frá upphafi til þessa fyrirtækis. Ef við reisum fyrirtæki verður það að fá aðstöðu til að safna viðunandi rekstrarfé og a. m. k. að fá einhvern kjarna í þær nauðsynlegu stækkanir og endurbætur sem hvert einasta fyrirtæki hlýtur að stefna að og þarf. Það er þetta sem ég er að leggja áherslu á. Ég vara við þeirri þróun sem hefur orðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstöfun fjár vegna óinnleystra orlofsmerkja, þáltill. (þskj. 356). — Ein umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar gildandi lög um orlofsmerki voru sett árið 1943 var að sjálfsögðu tilgangur þeirra að það fé, sem atvinnurekendur greiða í orlofssjóð, skyldi notað til að auðvelda launþegum að njóta orlofs. Þessi löggjöf var mjög gagnleg á sínum tíma og hefur reynslan af henni verið mjög góð. Hún hefur stuðlað á mjög heilbrigðan hátt að því að auka skilyrði launþega til þess að njóta heilbrigðs orlofs.

Í lögunum var ákvæði um að ef orlofsbók fyrir næsta ár á undan væri ekki lögð fram í póststöð til innlausnar fyrir 15. sept. félli andvirði orlofsmerkjanna til ríkissjóðs. Það mun ekki hafa verið gert ráð fyrir því á sínum tíma, þegar lögin voru sett, að mikið mundi kveða að þessu. En áratugareynsla hefur sýnt að mun meira hefur kveðið að því en menn í upphafi ætluðu og mun meira en að sjálfsögðu er æskilegt. M. ö. o.: orlofsfé hefur ekki nýst orlofsþegum í fullum mæli.

Við athugun sem gerð var um síðustu áramót, kom í ljós að í ríkissjóði standa nú um 20 millj. kr. vegna þess að orlofsbækur hafa ekki verið afhentar. Að vísu eru allir frestir til að fá orlofsfé greitt runnir út skv. gildandi lögum, gerðu það 1. maí 1974. Engu að síður er haldið áfram að greiða þau orlofsmerki, sem sýnd eru. Væri þá sannarlega eðlilegt að auglýsa um þau einhvern ákveðinn lokafrest til þess að endir sé bundinn á þetta mál. Mun það raunar standa til því að orlofslögin munu vera í nauðsynlegri endurskoðun, svo gömul sem þau eru orðin.

Staðreyndin er engu að síður sú að nú standa inni í ríkissjóði og eru í vörslu Pósts og síma rúmar 20 millj. kr. sem atvinnurekendur hafa greitt í þágu launþega sem þeim var ætlað að nota til að taka sér orlof, en hafa ekki notað í því skyni. Póstur og sími hafa auðvitað haft af því verulegan vaxtahagnað að varðveita svo mikið fé árum saman. Þess er hins vegar að geta að auðvitað hafa Póstur og sími haft vissan kostnað af varðveislu fjárins og því starfi sem innt hefur verið að hendi í því sambandi, og er sjálfsagt að tekið verði tillit til þess. En ég held að það hljóti að teljast sanngirnismál, sem allir ættu að vera sammála um, að þetta fé á ekki að renna endanlega í ríkissjóð. Það verður með einhverjum hætti að tryggja að það komi launþegum að gagni.

Nú hefur það gerst á undanförnum árum að launþegasamtökin hafa með aðstoð ríkisvaldsins, sem vissulega ber að þakka og meta að verðleikum, komið á fót orlofsheimilum, en enn er um að ræða fjárskort til þess að byggja nægilega mörg orlofsheimili, því að sannleikurinn er sá að heilbrigðasta orlof, sem launþegar verja orlofsfé sínu til, er vissulega orlofsferðir hér innanlands og þá einkum og sér í lagi dvöl í eigin orlofsheimilum alþýðusamtakanna. Þess vegna er lagt til í þessari till. að þetta fé, þessar rúmar 20 millj. kr., að viðbættum þeim vaxtatekjum, sem Póstur og sími hafa haft af vörslu þessa fjár, að frádregnum kostnaði, sem Póstur og sími kunna að hafa haft í þessu sambandi, renni til verkalýðssamtakanna í því ákveðna skyni að því verði varið til þess að byggja ný orlofsheimili.

Það getur varla verið um það ágreiningur að launþegar eiga þetta fé. Það hefur verið greitt þeim. Launþegar í heild eiga þetta fé þó að þeir einstaklingar, sem það eiga, hafi ekki hirt um að nota það. Og ég hygg að varla geti verið um það ágreiningur, að varla sé hægt að ráðstafa þessu fé betur í þágu launþega sem heildar en að styrkja eða stuðla að byggingu nýrra orlofsheimila. Þess vegna er það efni till. að skora á ríkisstj. að gera hið fyrsta með lagaheimildum, ef nauðsynlegt er, ráðstafanir til þess að verkalýðssamtökunum verði afhent þetta fé, þessar rúmu 20 millj. kr., með þessu skilyrði. Ég tel eðlilegt að það yrði beint skilyrði að því yrði varið til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna.

Ég vona að hv. Alþ. geti orðið sammála um að hér sé réttlætismál á ferðinni og till. hljóti vinsamlega afgreiðslu hins háa Alþ. áður en því lýkur.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þáltill. þessi er að mínu áliti góðra gjalda verð og það er vissulega rétt, sem hv. frsm. og 1. flm. tók hér fram áðan, að auðvitað er miklu nær að þeir fjármunir, sem þarna er um að ræða, renni til verkalýðshreyfingarinnar en að þeir fari í ríkis-

sjóð. Ég hygg að a. m. k. allir verkalýðssinnaðir menn geti verið sammála um það. En ef ég skil þetta rétt fjallar þessi till. einvörðungu um það fjármagn, sem ekki er leyst út vegna orlofsbóka eða orlofslaga frá þeim árum þar til breyt. var gerð með lögum 1972 eða 1973, ég man nú ekki hvort heldur var. En mér er a. m. k. tjáð að það hafi komið í ljós síðan núv. löggjöf var upp tekin að þar verði líka um allmikla fjármuni að ræða, sem ekki verði leystir út af viðkomandi einstaklingum, sem fá það greitt í orlofi, þannig að ég hygg að það verði um miklum mun meiri fjárhæð að ræða sem kemur til með að renna til ríkissjóðs en þessar 20 millj. sem eru vegna fyrri löggjafar. Það er alltaf meira og minna um það að viðkomandi launþegar, sem fá orlofsgreiðslur, innleysi þær ekki og þá kemur þetta sjálfsagt til með að renna í ríkissjóð. Ég held að það þyrfti að taka það með líka inn í dæmið.

Ég held að það fari ekki hjá því að við umr. sem þessa hljóti að verða að vekja athygli á því að sú löggjöf, sem nú er í gildi og varðar orlofið, og þá kannske fyrst og fremst það kerfi, sem er í gildi varðandi greiðslur, er að mínu áliti mjög gallað. Ég hygg að a. m. k. stór hópur launþega geti verið mér sammála um það að það eru stórgallar í framkvæmd á því kerfi sem nú er í gildi. Það er mikill misbrestur á því að orlof sé greitt inn til Pósts og síma, og ég hygg að það sé líka æðimikill misbrestur á því að því sé fylgt eftir af þeirri stofnun að orlof sé greitt inn sem búið er að taka af launþegum, þannig að ég held að kannske ekki síst verkalýðshreyfingin ætti að taka upp baráttu fyrir breyt. á þessu, a. m. k. að kerfið verði lagfært þannig að orlofsgreiðslur, sem búið er að taka af launþegum hjá viðkomandi vinnuveitanda, komist til skila til Pósts og síma. Það munu dæmi þess, að það líði fleiri mánuðir frá því að viðkomandi vinnuveitandi er búinn að taka af launþega orlof og þangað til því er skilað til Pósts og síma. Ég tel því þetta kerfi meingallað og hefði verið miklum mun æskilegra eftir þá reynslu, sem fengin er af þessu kerfi, að breyta því á þann veg að gera þetta að smærri einingum þar sem þetta er borgað inn. Að það séu viðkomandi verkalýðsfélög sem geti betur fylgst með því hvernig greiðslum á því orlofi, sem tekið er af launþegum, er skilað til þeirrar stofnunar þar sem þær eiga að fara í. Þá kemur mér fyrst og fremst í hug að það væri ekki óeðlilegt, svona við fljóta yfirsýn, að ætla að viðkomandi peningastofnanir á staðnum geti haft þetta verkefni með höndum gegn ákveðnum reglum.

Ég skal ekki fara um þetta mörgum orðum. Ég persónulega er hlynntur þessari till. og styð hana, en ég vil beina því til þeirrar n., sem þetta mál fær til meðferðar, að hún a. m. k. hugleiði og kanni hvort ekki sé ástæða til að breyta þessu í það horf að það nái einnig til þess fjár sem er eftir hjá Pósti og síma og ekki hefur verið greitt út til viðkomandi launþega skv. nýja kerfinu, því að ég óttast að þar sé um talsvert stórar fjárhæðir að ræða. Auðvitað ætti að stefna að því, og það væri æskilegast, að það væri ekki um slíkt fjármagn að ræða, en sjálfsagt verður ekki hjá því komist að alltaf verður eitthvað um slíkt og þá er því að mínu áliti a. m. k. betur varið til byggingar orlofsheimila verkalýðshreyfingarinnar en að það fari í ríkissjóð. Um það er ég sammála flm. En ég vil sem sagt vekja athygli á því að ég hygg að það þyrfti að skoða frekar hvort ekki er ástæða til þess að breyta þessu í það horf, meðan þetta kerfi er í gildi, að það fé, sem inni stendur eftir lagabreyt., komi líka til með að renna til þessara stofnana, ekki einungis það sem var inni vegna fyrri löggjafar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lögfræðiþjónusta fyrir efnalítið fólk, þáltill. (þskj. 390). — Ein umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 5. þm. Norðurl. v., Ragnari Arnalds, leyft mér að flytja þáltill. þá, sem birt er á þskj. 390 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela dómsmrh. að sjá til þess að komið verði á fót lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk, óháðri gjaldskrá Lögmannafélags Íslands."

Í augum okkar flm. er hér um að ræða jafnréttismál. Það er grundvallarregla íslensks réttarfars að allir séu jafnir fyrir lögunum. En slík regla er aðeins orðin tóm meðan til er fólk sem veigrar sér við að leita lögfræðilegrar aðstoðar sakir efnaleysis. Það er því brýnt að komið sé á fót hið allra fyrsta réttaraðstoð af því tagi sem hér er lagt til. Hér á landi eru að vísu til reglur um gjafsókn og gjafvörn, en þótt þær séu góðra gjalda verðar leysa þær ekki nema lítinn hluta þess vanda sem eiginlegri réttaraðstoð er ætlað að gera. Reglur um gjafsókn og gjafvörn gilda aðeins ef til málshöfðunar kemur. Í fjölmörgum málum, sem upp rísa, þarfnast fólk fyrst og fremst lögfræðilegra leiðbeininga, upplýsinga um rétt sinn og aðstoð við löggjörninga.

Þeir, sem starfa að verkalýðsmálum eða í stéttasamtökum yfirleitt og ýmsum félagssamtökum, vita manna best að þörfin fyrir slíka aðstoð er mjög brýn. Þangað leitar fólk með ýmiss konar vandamál persónulegs eðlis og þó að þessir aðilar reyni auðvitað að gera sitt besta til að sinna hverjum og einum, þá liggur í augum uppi að þar er ekki aðstaða til að fylgja málum eftir, svo sem unnt væri, og oft ekki lögfræðingur eða lögfræðileg ráðgjöf fyrir hendi.

Með stofnun sérstakrar skrifstofu eða þjónustu, hvernig svo sem fyrirkomulagið yrði, mundi verða unnt að leysa þennan vanda fólks. Ef það ætti þess kost að leita slíkrar aðstoðar og fá hana sér að kostnaðarlitlu eða kostnaðarlausu meðan mál eru á frumstigi eru meiri líkindi til að mál leysist farsællega án þess að til málshöfðunar þurfi að koma. Ég vil því leggja áherslu á að hér er líka um varnaðarstarf að ræða og með nauðsynlegri aðstoð þegar á frumstigi er unnt að koma í veg fyrir árekstra sem mundu leiða til málshöfðunar síðar meir.

Réttaraðstoð af því tagi, sem við leggjum til að komið verði á fót, á sér langa sögu annars staðar á Norðurlöndum. Í Danmörku hófst hún þegar fyrir síðustu aldamót, en starfsemin í Noregi, Danmörku og Svíþjóð hefur verið í endurskoðun á allra síðustu árum og t. d. sviar búa

nú við nýja löggjöf í þessum efnum eða frá árinu 1973. Upplýsingar um fyrirkomulag réttaraðstoðar í þessum löndum má lesa í grein eftir Gunnar Eydal í Tímariti lögfræðinga, 4. hefti 1973, en hann hefur sérstaklega kynnt sér þessi mál.

Ég vil aðeins fara lauslega yfir fyrirkomulag réttaraðstoðar í þessum þremur löndum sem ég nefndi.

Í Danmörk er starfandi sjálfseignarstofnun sem veitir réttarhjálp. Réttarhjálpin þar grundvallast á ólaunaðri þátttöku u. þ. b. 65 lögmanna, en aðeins forstöðumenn og skrifstofufólk taka laun fyrir störf sín. Réttarhjálpin fær fjárstyrk frá einkaaðilum, sveitarfélögum og ríki. Réttur manna til aðstoðar endurgjaldslaust er miðaður við ákveðið mark í tekjum og eignum, en hér munu þó aðeins vera um vissar viðmiðunarreglur að ræða þar sem einstök tilfelli eru metin sérstaklega.

Í Noregi er þessi starfsemi nú á vegum Ósló-borgar og önnur sveitarfélög hafa fylgt á eftir. Starfsemin þar í landi er fjármögnuð bæði af ríki og sveitarfélögum. Allar lögfræðilegar upplýsingar, þ. e. a. s. almennar upplýsingar um hina lögfræðilegu hlið mála áður en til málsóknar kemur, eru veittar ókeypis, og eins og í Danmörku njóta þeir einir aðstoðar skrifstofunnar endurgjaldslaust sem eru fyrir neðan ákveðið tekju- og eignamark.

Í Svíþjóð er skv. hinum nýju lögum gert ráð fyrir að 30 ríkisreknar lögfræðiskrifstofur starfi víðs vegar um landið og er hlutverk þeirra að sinna þeirri lögfræðiaðstoð sem lögin gera ráð fyrir. Lögfræðiskrifstofur í einkaeign geta einnig veitt lögfræðiaðstoð í samræmi við hin nýju lög, en þeim er það hins vegar í sjálfsvald sett. Lögfræðiaðstoðin í Svíþjóð er greind í þrjá þætti: 1. Lögfræðilegar upplýsingar. 2. Almenn lögfræðiaðstoð. 3. Lögfræðiaðstoð í sakamálum. Með lögfræðilegum upplýsingum er átt við að allir, einstaklingar og fyrirtæki, eigi rétt á almennum lögfræðilegum leiðbeiningum innan vissra marka á lögfræðiskrifstofum gegn greiðslu 50 kr. sænskra. Ég tek fram að þessar 50 kr. eru miðaðar við árið 1973. Þar er um að ræða viðtal við lögmann í 20—25 mín., þar sem veittar eru lögfræðilegar ráðleggingar, álit um lögfræðilega stöðu viðkomandi og minni háttar lögfræðileg aðstoð, svo sem við útgáfu skuldabréfa, gerð erfðaskráa og kaupmála o. s. frv. Í vissum tilfellum er framangreind aðstoð veitt án endurgjalds, svo sem til lífeyrisþega og annarra sem búa við þröngan efnahag. Verði málið hins vegar ekki leyst á framangreindan hátt kemur til almenn lögfræðileg aðstoð. Slíkt nær einungis til einstaklinga og fer það þá eftir tekjum viðkomandi hvort og hversu mikið þarf að greiða fyrir slíka aðstoð.

Með tilliti til þess, að réttaraðstoð hefur starfað svo lengi annars staðar á Norðurlöndum, má það raunar heitar undarlegt að ekki skyldi hafa verið gert átak fyrr til að koma þessum málum áleiðis hér á Íslandi. Í till. okkar höfum við ekki gert ráð fyrir hvernig framkvæmd þessara mála yrði háttað. Við höfum farið þá leið að fela dómsmrh. að sjá til þess að koma þessari starfsemi á fót í trausti þess að hann muni í samráði við þá aðila, sem láta sig þessi mál skipta og eru þeim kunnugir, athuga þær leiðir sem hentugastar þykja hér á landi. Að vísu hlýtur þó að þurfa að hafa hliðsjón af reynslu Norðurlandaþjóða í þessum efnum. Ég á persónulega erfitt með að hugsa mér að þetta verði gert án tilstyrks hins opinbera, einkum og sér í lagi með tilliti til þess að þá ætti að vera tryggt að þjónustu af þessu tagi yrði komið upp í öllum landshlutum og að enginn ætti því að þurfa að fara varhluta af þessari þjónustu, hvar á landinu sem hann býr.

Ég vil að lokum, herra forseti, geta þess að á síðasta reglulega Alþ. var lagt fyrir Nd. frv. til l. um málflytjendur. Þá flutti ég ásamt þremur þm. öðrum, en aðeins einn þeirra á sæti á Alþ. nú, hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, brtt. við frv. um till. til l. um málflytjendur og fjallaði sú brtt. um að komið skyldi á fót lögfræðiskrifstofu er veitti efnalitlu fólki almenna málflutningsþjónustu sem óháð væri gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Um þessa till. spunnust þá allmiklar umr. Þm. sýndu málinu áhuga og veittu því stuðning, en sýndist sitt hvað um framkvæmdina. Niðurstaðan af umr. varð því sú að samkomulag náðist innan allshn. allrar um till. nær samhljóða þeirri, sem hér er flutt, á þeim forsendum að ekkert yrði fram tekið um framkvæmd málsins. Það er m. a. á þessum forsendum sem við höfum tekið þann kost að orða till. okkar á þessa leið. Till. var þá samþ. í hv. Nd. Frv. til laga um málflytjendur hlaut þó ekki fullnaðarafgreiðslu á því þingi og var þá einnig úr sögunni samþykkt um réttaraðstoð til efnalítils fólks.

Ég rek þessa forsögu málsins í þeirri von að það Alþ., sem nú situr, muni veita málinu sama brautargengi og þing það er sat í fyrra. Hæstv. dómsmrh. tók þessu máli þá mjög vel og sagði í ræðu að sér þætti eðlilegt að athugun færi á fyrsta stigi a. m. k. fram á vegum dómsmrn., sem mundi þá sjálfsagt leita til þeirra manna sem þessum málum eru kunnugastir og hefðu kynnt sér þau sérstaklega. En nú er áliðið þings og með hliðsjón af þessum ummælum hæstv. dómsmrh. og samþykkt málsins í hv. Nd. í fyrra vil ég beina þeim tilmælum til n., sem fær mál þetta til athugunar, að hún reyni að hraða afgreiðslu þess þannig að unnt yrði að afgr. það áður en þessu þingi lýkur.

Herra forseti. Ég legg til að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnþróunaráætlun, þáltill. (þskj. 412). — Ein umr.

Flm. (Kristján Friðriksson): Herra forseti. Virðulega Alþ. Mér þykja að vísu fáir hér staddir, en mun þó flytja erindi mitt um þá till., sem hér liggur fyrir á þskj. 412 og Þórarinn Sigurjónsson, þm. Sunnl., er meðflm. að.

Þessi till., sem hér er flutt, er áskorun til iðnrh. um að hraðað verði gerð heildariðnþróunaráætlunar fyrir íslendinga, en hér er að sjálfsögðu um að ræða áskorun til yðar allra og þjóðarinnar í heild um að fara að huga nánar að uppbygg-

ingu iðnaðar á Íslandi og því hvernig staðið skuli að þeirri uppbyggingu.

Flestir, sem um þessi mál ræða, viðurkenna að vaxtarbroddur íslensks efnahagslífs hlýtur að verða í iðnaðinum. En skoðanamyndun um þetta málefni virðist mér að hjá flestum nái ekki miklu lengra.

Ég mun ekki ræða stafliði till. í röð hvern fyrir sig, heldur allt í samhengi. Komið verður inn á hvað þegar hefur verið gert í því að vinna að iðnþróunaráætlun, einnig hvaða tegundir iðnaðar mér virðist að helst kæmu til greina fyrir íslendinga, og hef ég lauslegar till. um svo sem 40 tilgreind iðnfyrirtæki víðs vegar um landið, en tel reyndar að stefna þyrfti að myndun allmiklu fleiri slíkra. En svo verð ég að verja nokkurri stund í það að sýna fram á hin beinu og óbeinu tengsl iðnaðaruppbyggingar við hagnýtingu auðlinda hafsins, því að uppbyggingu efnahagslífs á Íslandi þarf að skoða sem eina heild fremur en aðgreinda málaflokka. Hlýt ég því að koma talsvert inn á uppbyggingu í sjávarútveginum vegna þessara tengsla.

Ég mun leitast við að sýna fram á, hvernig afglöp, sem ég tel að gerð hafi verið í uppbyggingu sjávarútvegsins, hafa hreint og beint hindrað skynsamlega uppbyggingu iðnaðar og munu halda áfram að hindra iðnaðaruppbyggingu og þar með uppbyggingu farsældarríkis á Íslandi nema róttæk og markviss stefnubreyting komi til. Þetta samhengi verður ekki skilgreint nema með því að gera sér grein fyrir afglöpunum í uppbyggingu sjávarútvegsins.

Ég segi afglöp — og þykist ekki taka of sterkt til orða, því að ég lít svo á að það þurfi að fara langt til baka í Íslandssögunni til að finna afglöp í efnahagsmálaforustu sem séu á borð við þau, sem á síðustu missirum hafa verið gerð í sjávarútveginum, að í sögunni þurfi jafnvel að fara aftur á 15. öld til að finna hliðstæðu, alveg aftur á daga Diðriks nokkurs Pinings, sem var hirðstjóri hér á landi seint á 15. öld, en undir hans forsæti voru þau lög sett af skammsýnum stjórnmálamönnum íslenskum og dönskum sem hindruðu að íslendingar fengju hagnýtt fiskimið sín. Þetta voru lög um vistráðningarskylduna sem hindruðu myndun þorpa og bæja við Íslandsstrendur, en við það lenti nytjun fiskimiðanna í höndum útlendinga um aldabil, eins og kunnugt er.

En það er af Diðriki þessum Pining að segja að hann var síðan hengdur eða krossfestur fyrir einkaframtak á sviði sjórána, og fer ekki hjá því að manni verði á hugrenningatengsl milli atferlis hans og örlaga við þau sjórán, sem síðustu missiri hafa átt sér stað í smáfiskidrápi fyrir Norður- og Austurlandi, og kem ég að því síðar.

Óþarft er að fara mörgum orðum um ástandið í efnahagsmálum íslendinga eins og það blasir við í dag. Þingi og þjóð er það kunnugt þótt ég raunar efist um að mönnum sé almennt ljóst hversu afar alvarlegt það er. Svo til allir sjóðir eru tómir. Viðskiptahalli við útlönd fer verulega fram úr arðvænlegri uppbyggingu og kröfur á ríkissjóðinn koma úr öllum áttum, þannig að hann á mjög í vök að verjast og sjálft peningakerfi landsmanna er í hættu.

Hvernig má þetta vera hjá þjóð sem býr við auðugustu fiskimið í heimi, er nýbúin að vinna stórsigra í útfærslu landhelginnar og þið, heiðraðir alþm., eigið mikinn heiður skilið fyrir frammistöðu ykkar á því sviði? Já, hvernig stendur á því að í hreint óefni stefnir þrátt fyrir allt þetta og þrátt fyrir mikinn auð í orkulindum og þrátt fyrir að hér býr dugmikil og gáfuð þjóð?

Ég get vel skotið því hér inn í, að ég tel að íslendingar eigi þrjár aðalauðlindir því að það skýrir að nokkru málflutning minn. Þriðju mestu auðlindina tel ég vera hin gjöfulu fiskimið, þá næstmestu tel ég fólgna í varmaorku og fallvötnum, en þá landsamlega dýrmætustu tel ég fólgna í listrænni snilli þjóðarinnar og sérhæfni hennar til að fást við vandasama iðnaðarframleiðslu, vegna hugvitssemi þjóðarinnar og verksnilli, enda eiga íslendingar næstflesta hugvitsmenn allra þjóða miðað við fólksfjölda.

En þessir eiginleikar hafa ekki fengið notið sín sakir slakrar stjórnmálaforustu á löngum tímabilum, og er mál að úr verði bætt og að því m. a. lýtur sá tillöguflutningur sem hér er hafður í frammi.

En nú mun ég snúa mér að því að gera nokkra grein fyrir þeim efnahagsmálaafglöpum, sem ég gat um áður og gera hvort tveggja í senn eða öllu heldur allt í senn: að valda tómahljóði í öllum sjóðum, stefna efnahagnum í voða, jafnvel svo að jaðrar við þjóðargjaldþrot, og hindra þá iðnaðaruppbyggingu sem er þjóðarnauðsyn, já, lífshagsmunamál, svo að notað sé tungutamt orð úr landhelgisbaráttunni.

Meginafglöpin eru fólgin í því að við höfum og erum að byggja upp allt of stóran fiskiflota. Þar munar ekki neinu smáræði. Nú skal leitast við að færa rök fyrir þessu.

Ég hef rætt við marga fiskifræðinga, raunar bæði erlenda og innlenda, og ég hef líka gert mína eigin útreikninga, auðvitað byggða á upplýsingum frá fræðimönnum og á sögulegum athugunum varðandi það sérstaka grundvallaratriði hvað sé óhætt að veiða mikið magn af bolfiski svonefndum árlega næstu árin hér við landið. Niðurstaðan er 500—550 þús. tonn miðað við þyngd upp úr sjó. Þetta gildir fyrir árin 1975, 1976 og jafnvel 1977 þótt það sé óvissara. Nú tel ég það eðlilegt raunsæi að gera ráð fyrir að um 20% af þessum afla kæmu í hlut útlendinga allra næstu árin. Okkur mun naumast takast að bægja þeim alveg frá strax, naumast fyrr en eftir 2 eða jafnvel 3 ár. Þá verða eftir svo sem 400—440 þús. tonn handa okkur. Meira má ekki taka án þess að ganga á stofninn og eyðileggja eða spilla framtíð fiskveiðanna um lengri eða skemmri tíma.

Veiðifloti okkar nú er um 100 þús. brúttólestir. Þetta þýðir að til jafnaðar koma 4—4.4 lestir fisks á hverja veiðilest í skipi. Ef hver lest fisks er á að giska til jafnaðar svo sem 30 þús. kr. virði, þá er hér um að ræða verðmæti upp úr sjó fyrir svo sem 12—15 milljarða, en útgerð þessa mikla flota mun aftur á móti kosta um 22 milljarða. Fyrir þessu hef ég góðar heimildir. Þarna skeikar því um eina 7—10 milljarða, en hver talan sem er dugar til að sýna að hér liggur skekkjan.

Nú mun margur segja sem svo: Var ekki óhætt að stækka flotann þar sem við vorum að vinna landhelgisstríð, færa landhelgina út, hvorki meira né minna en úr 12 mílum út í 200 mílur, og losna við meginsóknarþunga útlendinganna á fiskimiðum okkar? Í þessu sambandi er og hefur verið ein *meginvilla* — kórvilla, eins og stundum er sagt. Þetta stendur í sambandi við það að sú minnkun erlendrar sóknar, sem fæst við útfærsluna, samsvarar sem næst þeirri ofveiði sem hefur átt sér stað. Líka veldur hugmyndaruglingi hjá sumum að útfærsla úr 12 í 50 mílur og svo í 200 mílur breytir fyrst um sinn miklu minna um aflamagn en tölurnar gætu gefið óljósa hugmynd um. Aðalsigurinn vannst auðvitað með 50 mílunum. En við þurfum að endurnýja flotann, munu margir segja. Jú, mikið rétt. En fyrr má nú rota en dauðrota. Endurnýjun þarf að vera gerð með hagkvæmustu nýtingu fiskimiðanna í huga.

Nú vil ég biðja menn að renna huganum aftur til ársins 1962. Raunar vel ég það ár af handahófi, því að sama á við um langt veiðitímabil eða langt árabil. Þá var veiðifloti íslendinga rúmlega 70 þús. veiðilestir. Hver veiðilest eða rúmlest í þessum flota var í reynd minni en í okkar 100 þús. lesta flota nú vegna breyttra mælingahátta, en einnig varð hann afkastaminni í sóknargetu miðað við lest þannig að á því munar miklu meiru. Að leiðréttum samanburði hefur flotinn 1962 naumast verið afkastameiri og alls ekki afkastameiri en hverjar 60 þús. lestir í okkar núv. flota, þ. e. a. s. hann hefur samsvarað 3/5 af okkar núverandi flota. Þetta ár veiddi þessi floti þó yfir 340 þús. lestir fisks. Og takið nú vel eftir: Þessi floti náði þessum afla í harðri samkeppni við útlendinga, í samkeppni um fiskinn við erlendan flota sem var miklu stærri en okkar floti. Af þessu má ljóst vera að 60—70 þús. lesta floti íslenskur nú gæti fullnýtt miðin og það miklu auðveldlegar en 70 þús. lesta flotinn frá 1962 gat gert í hinni hörðu samkeppni við útlendingana.

Nú getur hver sem er reiknað það út á hnénu á sér hvað það kostar að gera út hverja veiðilest til jafnaðar. Ef við segjum, að það kosti svo sem 200—220 þús., og förum vægt í sakirnar, þá gerir útgerðarkostnaður á 30—40 þús. veiðilestum, sem eru umfram þarfirnar, 6—8 milljarða í rekstrarkostnaði. Það eru þessir milljarðar sem vantar í kassann hjá okkur og valda því að allir sjóðir eru tómir.

Til frekari áréttingar þeim útreikningum, sem hér voru fram settir, ætla ég að taka eitt dæmi. Togari einn, sem keyptur hefur verið til landsins og er milli 900 og 1000 lestir, kostar nú um 370 millj. kr. Vexti er lágmark að reikna 10% eða 37 millj., raunfyrningu tel ég verði að reikna 8%, sem er miklu lægri en leyft er, en mun vera nálægt eðlilegu marki 30 millj. olíukostnaður nálægt raunverði — ekki niðurgreitt — 30 millj., erlendur hluti trygginga 6 millj., viðhald — þessi skip eru að smábila — 7 millj., veiðarfæri, mest útlend, 20 millj. Þetta er allt frekar vægt reiknað. Þetta er samtals 130 millj. Segjum að þessi togari veiði 4000 lestir á 30 þús. hverja lest, þá gerir það 120 millj. Laun og tryggingar áhafnar dragast frá því, 54 millj., eftir verða 66 millj. Drögum svo tekjur frá gjöldum og sést þá að þessi togari aflar einskis gjaldeyris nettó, heldur eyðir gjaldeyri sem nemur 50—70 millj. af okkar digra gjaldeyrissjóði. Er von að vel fari?

Kröfur þjóðarinnar um kjarabætur, sem raunar er að mörgu leyti vonlegt að séu fram settar, eru alveg tilgangslausar meðan svona er farið með fjármuni. Meðaltal af neikvæðri gjaldeyrisöflun minni togaranna er eitthvað um 30 millj. á skip ef fyrningar, 8% af núvirði eru teknar með í reikninginn. Þetta er misjafnt fyrir skipin, en ég á hér við mikinn fjölda þeirra og það á við um hann. Þetta er mjög misjafnt en í heildinni mun það vera nálægt þessu. Svo taka þessir togarar besta fólkið frá bátaflotanum, taka líka frá honum fiskinn, þannig að þeirra útgerð, þ. e. bátanna, verður vonlaust líka. Og nú heyrist því fleygt að nú eigi að fara í feluleik með afglöpin með því að ráðstafa gengishagnaði hér á Alþ. frá bátum yfir til togara. Svei!

En sagan er ekki öll hér með sögð. Nú kemur rúsínan. Til er maður á Englandi sem mikið hefur stundað veiðar við Ísland. Hann hefur fengið viðurnefni og er kenndur við „Codling". Hann er víst kallaður Kóða-Ted. Hann er frægur fyrir það ekki aðeins að koma með *smáfisk af* Íslandsmiðum, heldur það sem breskir kalla codling — eða kóð, sem er smærra en smáfiskur. Sagan segir að Kóða-Ted hafi jafnvel komist upp í það að hafa 70—80% codling miðað við þyngd af heildaraflanum.

En það sorglega er að nú er margur Kóða-Teddinn á *Íslandsmiðum*. En sá er munur að nú er Kóða-Teddinn íslenskur, veiðir í dragnót eða á nýtísku skuttogara fyrir Norður- og Austurlandi.

Auðvitað veit ég það að íslenskir fiskimenn gera það ekki ánægðir að drepa smáfisk og hleypa oft vænum slatta af dauðum kóðum út um *lensportin*. En þetta er leyft. Og ef fram heldur sem horfir verða fiskimiðin fyrir Norður- og Austurlandi eyðilögð á stuttum tíma. Og ekki aðeins það, smáfiskadrápið og kóðadrápið fyrir norðan og austan mundi þýða, ef því yrði haldið áfram, að aldrei framar kæmi góð vertíð fyrir sunnan land og vestan því að þau kóð, sem hleypt er út um lensportin norðanlands dauðum, koma hvorki á línu sem vænn fiskur hjá Raufarhafnarbátum né heldur sem góður netafiskur til vestmanneyinga. Friðun smáfisksins fyrir trolli og dragnót fyrir norðan og austan er því ekki aðeins lífshagsmunamál þorpa og bæja fyrir austan og norðan, heldur engu síður þorpa og bæja fyrir sunnan og vestan. Hagsmunir þessara byggða fara þarna saman, og það eru þessi tengsl sem tengja svo þessar byggðir saman í sambandi við iðnþróunina.

Það, sem gera þarf í þessu máli, og það er í rauninni fyrsti meginþáttur iðnþróunaráætlunarinnar, þótt sumum kunni að koma það kynlega fyrir sjónir, er að banna allar togveiðar að rækjunót undanskilinni á svæði, sem markast af línu sem dregin er réttvísandi í norður frá Kögri, sem er austasti hluti Vestfjarðakjálkans, og hins vegar beint á haf út frá Eystrahorni. Ég lengi ekki mál mitt við að skýra þetta nánar. Ef menn halda að smáfiska- og seiðadrápið með dragnót og vörpu fyrir norðan og austan sé

eitthvert rugl, þá skora ég á menn að rannsaka málið. Ég hef fjölda vitnisburða um þetta, meira að segja skriflega vitnisburði upp á vasann þar sem ég nú stend hér.

Og nú kem ég að iðnþróuninni. Ég minnist þess, að fyrir einum 20—25 árum tók við embætti nýr iðnrh. Ég man að ég gerði fsp. til hans á iðnrekendafundi uppi í Þjóðleikhúskjallara um það hvaða framtíðarstefnu hann hygðist beita í iðnaðaruppbyggingunni. Ég var í rauninni að spyrja um iðnþróunaráætlun fyrir íslendinga. Það var því líkast sem ég hefði spurt um landslag á Júpíter. Þannig voru viðbrögðin. Um mörg ár var iðnaði í engu sinnt. T. d. var ómögulegt að fá lóð fyrir iðnaðarhús í Reykjavíkurborg. Ég hef eigin reynslu hér við að styðjast. Þetta gekk svo í mörg ár, að mig minnir 16 ár. Ég vissi til að sumir leituðu eftir lóðum hér í 16 ár án þess að fá þær.

Yfirleitt hefur aðbúnaður að iðnaði um áratugi verið hrein svívirðing, á sama tíma og aðrar þjóðir hafa byggt upp iðnað sinn með góðum stuðningi ríkisstjórna sinna og bankavalds. Svo vorum við narraðir inn í EFTA án þess að vera færir um samkeppnina. Loforð voru gefin um stórfellda uppbyggingu iðnaðar á þeim tíma sem nefndur var aðlögunartími. Þau loforð voru flest svikin. Öll fjármagnsgetan hefur farið í að byggja upp fiskiflota og eyðileggja möguleika hans sjálfs með því að gera hann allt of stóran. Menn hafa getað keypt heila togara fyrir sáralitið eigið framlag. En iðnaðurinn, nei, hann hefur ekki einu sinni fengið sómasamleg rekstrarlán. Ef litið er yfir hvernig lánsfé er skipt kemur í ljós að langsamlega minnst lánsfé, bæði stofnfé og rekstrarlán, fer til iðnaðar og er hann þó langfjölmennasta atvinnugreinin þrátt fyrir meðferðina sem hann hefur orðið fyrir á undanförnum áratugum. Þó hafa lög verið sett um rekstrarlán til iðnaðar hér á Alþ. En þá kemur upp úr dúrnum að kerfið kann ekki að lána út á neitt annað en fisk. Dæmi voru til að það tók hálft ár að ganga í gegnum svipugöng serimonia til að lokka út úr kerfinu fáeinar milljónir í rekstrarlán, jafnvel þótt fasteignaveð væru í boði.

Það er vonlaust að rekja þessa sögu sorgar og niðurlægingar varðandi afstöðu valdamanna til iðnaðar.

En hvað svo um áætlanir og aðgerðir síðustu ára? Hefur ekkert verið gert? Er von að menn spyrji? Jú, í rauninni hefur dálitið verið gert. En heildarstefnumörkun hefur alveg vantað.

Í grg. með þessari þáltill. er frá því greint að útvegaðar voru 37 millj. frá Sameinuðu þjóðunum og víðar var fjár aflað í því skyni að athuga um uppbyggingu iðnaðar. Og þarna var að vissu leyti rétt að farið því að það er ekki fyrir einstaklinga að finna út hvaða iðnað er hagkvæmast að velja. Það þarf einmitt að beita alþjóðlegri kunnáttu í þessu eða kunnáttu sem sérhæfðir menn einir ráða yfir, a. m. k. að hlúa til.

Í hinu þriggja binda verki Olle Rimers er ýmislegt að finna sem til gagns má verða ef það verður gert mönnum aðgengilegt. Sama er að segja um verk Berggrens og Delens. Þeir sömdu verk upp á 200 blaðsíður. Ég vanmet þetta ekki út af fyrir sig. Ég vanmet ekki heldur baráttu Jóhanns Hafsteins og fleiri fyrir álverinu þótt sitthvað megi finna að samningunum um álverið. Stóriðju tel ég að við eigum að notfæra okkur, en mjög í hófi.

Ég er ekki beint hrifinn af málmblendinu, en met þó djarflega og dugandi framgöngu Magnúsar Kjartanssonar, Steingríms Hermannssonar og Gunnars Thoroddsens að því að vinna hiklaust að þessu máli. Það sýnir þó dug og kjark út af fyrir sig, því að ég álít að þetta hvort tveggja, ál og málmblendi, séu steinar í byggingunа, þ. e. iðnþróunarbygginguna.

Svo að ég víki aftur að iðnbyltingarmanninum, velvirtum fyrrverandi iðnrh., Magnúsi Kjartanssyni, þá fór hann þá leið að stofna sérstaka starfsdeild til að vinna að iðnaðarathugunum og klauf þannig þá starfskrafta frá því liði sem fyrir var. Hvaða ástæður til þessa hafa legið veit ég ekki, en hitt tel ég ánægjulegt að til forustu í þessari nýju deild held ég að Magnúsi hafi tekist að fá góðan mann þar sem er Vilhjálmur Lúðvíksson prófessor, en reyndar hefur lítið heyrst frá þeim góða manni enn þá.

Sölustofnun lagmetis var sett á stofn og það var virðingarvert — og svo er það Útflutningsmiðstöð iðnaðarins sem er líklega sá hlekkur í keðjunni sem er næst því að vera rétt skapaður, einn hlekkur kominn í langa keðju.

En stefnumörkun fyrir iðnþróun tel ég að vanti enn, eins og ég hef áður sagt. En þetta þarf allt að taka upp hið skjótasta. Alþ. og almenningur þarf að fá að vita hvar við stöndum í þessu efni, og ekki þýðir annað en ganga til verks þótt ekki sé hægt að tala um að taka til óspilltra málanna þar sem búið er að sóa í afglöp því fé og lánamöguleikum sem hefðu átt að fara til iðnaðaruppbyggingar.

Oft er það svo að þegar talið berst að iðnaðaruppbyggingu, þá er spurt: Hvað eigum við svo sem að framleiða? Þessa spurningu er ég búinn að fá í mörg ár. Auðvitað er aðalsvarið: Við getum framleitt nærri því að segja hvað sem okkur kynni að detta í hug að einbeita okkur að, því að þjóðin er dugleg og gáfuð. Hana vantar ekkert nema stjórnmálaforustu til að vaxa upp í velmegandi iðnaðarþjóð með traustan efnahag. Þetta liggur í augum uppi.

Þó að ég hafi aldrei verið til þess kjörinn að leita uppi iðngreinar sem hentuðu íslendingum, þá skal ég nú freista þess að telja upp nokkrar sem ég tel að kæmu til greina. Þessi upptalning er gerð til að skapa umræður og umhugsunargrundvöll. En ég er ekki með því að gefa í skyn að ég telji mig færan um að hrista út úr erminni heila iðnþróunaráætlun, aðeins geri ég það til að skapa umræðugrundvöll.

Ég er ekki aðeins að slá hér fram nokkrum hugmyndum um verkefni, heldur fyrst og fremst að leggja áherslu á samhengissjónarmiðið, það samhengi sem ég legg svo mikla áherslu á að þurfi að vera á milli iðnþróunaráætlunarinnar og þjóðhagslegrar hagnýtingar fiskimiðanna. Einmitt fyrstu átökin í framkvæmd áætlunarinnar þurfa að vera gerð með hliðsjón af því að skynsamleg nýting miðanna byggist á því að við skiljum að líf fiskstofnanna er ein samhangandi

heild, ein líffræðileg heild allt umhverfis landið. Verkefnavalið þarf að gera með það fyrir augum að starfsstöðvarnar geti dreifst um landið. Bráðasta nauðsynin er því að finna iðnverkefni fyrir þau svæði fyrir norðan og austan þar sem aðaluppeldisstöðvar fisksins eru svo að fólkið þar fái verkefni við sitt hæfi, en verði ekki þröngvað út í — í sinni hörðu lífsbaráttu — að ofveiða uppeldisfiskinn til tjóns bæði fyrir framtíð sjálfs sín og þó einkum framtíð fiskveiða við Suðurland og Suðvesturland.

Þau verkefni, sem ég hér nefni, eru miðuð við að þau verði framkvæmd á svo sem næstu 1—8 árum eða 10 árum, 10 ára tímabili, og þá verði verkefnin norðan og austan látin hafa vissan forgang í tímaröðinni vegna hagsmuna sunnlendinga, — menn kunna að hnjóta um þetta: „vegna hagsmuna sunnlendinga", — vegna hagsmuna fiskveiðanna ekki síst, en auðvitað alls landsins því að vertíðaraflinn við Suður- og Vesturland hefur alltaf reynst drýgsti gjaldeyrisgjafinn og byggist á því að fiskurinn sé ekki veiddur á uppeldisstöðvunum um of.

Nú kemur upptalning verkefna. Númeraröðin er ekki miðuð við tímaröð sem verkefnin ættu að framkvæmast í.

1. Fyrst tel ég að ætti að koma á með tímanum einu stóriðjuveri fyrir aflfrekan iðnað á Norðurlandi til þess að tryggja raforku fyrir smærri iðnað þar í leiðinni.

2. Stóriðjuver á Austurlandi í tengslum við stórvirkjun þar. Og svo læt ég mér detta í hug að við þyrftum ekki að gera ráð fyrir fleiri stóriðjuverum því að eftir það ætlast ég til að við verðum búnir að ná svo góðum tökum á þróun smærri iðnaðar að frekari stóriðju verði alls ekki þörf.

3. Þrjár skipasmíðastöðvar fyrir stærri skip, raðsmíði, miðað við viðhald eigin flota eftir að við höfum fært núverandi flota niður í rétta stærð, m. a. með sölu talsverðs hluta núv. flota út úr landinu, bæði til að losna við árlegt rekstrartap á honum og til að bæta gjaldeyrisstöðuna, sbr. fyrri röksemdir, og til að afstýra hættu á ofveiði. Þessar skipasmíðastöðvar, sem ég nefndi áðan og mættu bætast við þær sem fyrir eru, yrðu norðan- og austanlands og þjónuðu auðvitað sem viðhaldsstöðvar jafnframt nýsmíði sem hefur reynst hagkvæm.

4. Framleiðsla á skurðgröfum eða vegheflum, eitt fyrirtæki, staðsett norðan- eða austanlands. Hér vitna ég til reynslu norðmanna á þessu sviði. Aðrar tegundir véla gætu að sjálfsögðu komið til greina, og bendi ég hér á til stuðnings þessu máli á þá miklu áherslu, sem Olle Rimer með sín þrjú bindi leggur á málmiðnaðinn.

5. Eitt fyrirtæki sem sérhæfði sig í yfirbyggingu strætisvagna og áætlunarbifreiða, helst staðsett nyrðra, gæti þó orðið hagkvæmara að hafa hér sunnanlands, en það er athugunarefni.

6. Járnbræðsla úr brotajárni sem framleiddi steypustyrktarjárn.

7. Fyrirtæki sem framleiddi olíuspil til notkunar í skipum og fleira. Þetta kemur til viðbótar einu sams konar fyrirtæki sem nú starfar í landinu og hefur gengið vel en þarf að efla. Nýja fyrirtækið sérgreindi sig í annarri gerð olíuspila eða rafknúinna spila. Ég ræddi um skeið mikið við bretann Geoffrey Roberts um verkefnaval á iðnaðarsviði fyrir íslendinga, en hann hefur um mörg ár verið ráðgjafi bresku stjórnarinnar, bæði stjórnar Wilsons og Heaths, um verkefnaval á sviði iðnaðar fyrir afskekkt héruð á Bretlandi. Roberts taldi að við ættum að leggja mikla áherslu á að velja okkur verkefni í iðnaði, einkum málmiðnaði, sem væru tengd sjávarútvegi, t. d. sérgreindum búnaði skipa sem væri þess eðlis að hann yrði ekki framleiddur í fjöldaframleiðslu af stórfyrirtækjum. Þar eru einmitt þau svið sem svona lítil þjóð hefur til að velja sér verkefni á, þar sem er hægt að koma við hagsýni og vélum og kunnáttu, en ekki er hægt að koma fjöldaframleiðslu við.

8. Eitt fyrirtæki sem framleiddi rafmótora, gæti verið staðsett hvar sem væri. Varmadæluframleiðsla kæmi e. t. v. til greina í því samhengi.

9. Eitt eða tvö fyrirtæki sem legðu stund á ýmiss konar búnað úr léttmálmum, t. d. áli. Hér er átt við t. d. netakúlur, handfæraveiðitæki og margt fleira. Yfirleitt legg ég áherslu á það að fyrirtæki þessi, sem ég tel hér upp, eru ákaflega misstór, þau eru eiginlega af öllum mögulegum stærðum, og mín aðalhugmynd er sú að það þyrftu að koma a. m. k. tvö fyrirtæki á alla firði og þorp umhverfis allt landið. Það er stefna mín.

10. Eitt fyrirtæki sem framleiddi vindrafstöðvar. Véltækniþróun hefur orðið í framleiðslu slíkra tækja á síðustu árum, geysilega mikil, en vindorka er hér meiri en víðast hvar. Þessi orkulind gæti komið að ómetanlegum notum hér á landi og tækjaframleiðslan auk þess hæglega orðið útflutningsiðnaður, einmitt af þessari gerð sem ég nefndi áðan.

11. Eitt fyrirtæki sem framleiddi fiskkassa.

12. Eitt fyrirtæki til framleiðslu sérgreinds rafbúnaðar. Hér er átt við stærri rafbúnaðartegundir og fer ég ekki út í að skýra það.

13. Eitt lítið fyrirtæki til framleiðslu rafbúnaðarfittings og smærri rafbúnaðar.

14. Framleiðsla á snjósleðum til innanlandsnota og útflutnings, kjörið fyrirtæki.

15. Rafkaplaframleiðsla, úr áli aðallega. Þyrfti að semja við álverið um tækniaðstoð og sérstakt verð á hráefninu. Hér er ég með í huga danska fyrirmynd.

16. Lítið valsverk miðað við ál sem hráefni. Er þó líklega nokkuð langt í þetta verkefni, en þetta er vafalaust framtíðarverkefni.

17. Mælaborðaframleiðsla. Eitt slíkt fyrirtæki hefur raunar þegar hafið göngu sína, reyndar fyrir örfáum missirum, og gengur svo vel að nú ætlar það að þrefalda framleiðslu sína og taka á leigu 700 fermetra húsrými, byrjaði með 2 menn, en verður innan skamms með um 30 menn. Eftirtektarvert er að maðurinn, sem leggur til sérþekkinguna í þessu fyrirtæki, lærði hana ekki í íslenska skólakerfinu né í dýrri námsdvöl með styrkjum erlendis, hann lærði þetta í erlendum bréfaskóla. Gott dæmi um snilli íslendinga á iðnaðarsviðinu. En lánsútvegun þessa

fyrirtækis hefur gengið dálítið erfiðlega því að skuttogararnir verða að ganga fyrir.

18. Tvö innréttingarfyrirtæki þar sem beitt yrði nýrri tækni sem ég fer ekki nánar út í.

19. Eitt fyrirtæki til framleiðslu á litsjónvarpstækjum þegar sú framleiðsla yrði tímabær, sem e. t. v. yrði eftir svo sem fáein ár.

20. Fyrirtæki til framleiðslu á sérgreindum elektróniskum tækjum sem ekki verða framleidd í fjöldaframleiðslu.

21. Ein glerverksmiðja kæmi til greina þótt fyrsta tilraun okkar á því sviði mistækist. Markaður fyrir gler hlýtur að stóraukast hér vegna aukinnar ylræktunar í náinni framtíð.

22. Tvö fyrirtæki ætti að setja upp, sitt í hvorum landshluta, og beita þar tækni sem þróast hefur á sviði þansteypu, sbr. einnig tilboð svía um að veita tæknilega aðstoð við húshlutaframleiðslu í verksmiðjum til stórfelldrar lækkunar á byggingarkostnaði.

23. Ein verksmiðja til framleiðslu á plötum fyrir byggingariðnaðinn, sbr. þó einnig það sem nú er unnið að í vöruþróun úr perlusteini hér suðvestanlands.

24. Postulínsverksmiðja. Hönnunarsnilli og listfengi þjóðarinnar gæti hér fengið góð verkefni. Það er með sérstöku tilliti til sérgáfu íslendinga í hönnun og listfengi þjóðarinnar sem ég tel að við ættum að hafa eina litla svona verksmiðju hér í landinu.

25. Listmunagerð úr dýrum málmum í tengslum við hagnýtingu íslenskra eðalsteina. Hér er ég með Austurland í huga.

26. Verksmiðja til framleiðslu á gólfteppaundirlagi. Innlendi markaðurinn veitir nú þegar nægilegt verkefni fyrir eina slíka verksmiðju. Ég reyndi að vísu að hefja sjálfur tilraun til að koma henni á fót og veit nákvæmlega hvað ég er að tala um. Þetta kostar ekki mikið og veitir að vísu ekki mikla atvinnu, en er mjög auðvelt. En það þarf náttúrlega að fá ofurlítið lánsfé í það til að koma því á fót.

27. Eitt fyrirtæki fyrir framleiðslu á mjólkurvöruumbúðum. Er hér miðað við nokkra breytingu á neysluvenjum sem auðvelt væri að koma á og hefði þó nokkra gjaldeyrisspörun í för með sér og minnkun á sorpi.

28. Úrvinnslufyrirtæki úr fiskinnyflum, m. a. til framleiðslu lyfja. 1—2 fyrirtæki til matvælaframleiðslu úr fiskinnyflum kæmu líka til greina og eru eiginlega alveg sjálfsögð. En hér er þörf rannsókna og vöruþróunar, nokkuð mikið verk sem liggur þarna fyrir höndum. Vel að merkja, æðimikið hefur verið gert, það vantar bara svo sem eins og ¼ úr skuttogaraverði að láni til þess að sé hægt að gera þetta og fá þarna inn milljónir.

29. Fyrirtæki sem legði áherslu á ylrækt til framleiðslu sveppa og til framleiðslu gróðurs til lyfjaframleiðslu, sbr. reynslu dana á þessu sviði. Þeir gera þetta með mjög dýrri olíu, en við hefðum jarðhitann svo að við höfum mikla möguleika fram yfir þá.

30. Textilverksmiðja, þ. e. aðallega spuna- og fágunarverksmiðja, sem ætti að vera í Hveragerði eða á Selfossi.

31. Tvær litlar vefnaðarverksmiðjur, t. d. á Eyrarbakka og Stokkseyri, sem störfuðu í nánum tengslum við spuna- og fágunarverksmiðjuna í Hveragerði. Það þurfa að vera náin tengsl milli þessara verksmiðja.

32. Ein dúkaprentunarverksmiðja sem gæfi sérstök tækifæri til listrænnar hönnunar, miðað við útflutning aðallega, og þá er ég með í huga þessa sérstöku hæfileika þjóðarinnar.

33. Nokkrar saumastofur sem störfuðu í tengslum við vefnaðarverksmiðju og útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Þetta er reyndar þegar í gangi að nokkru leyti, en má auka auðveldlega.

34. Tvær saumastofur sem framleiddu skjólflíkur fyrir heimamarkað og til útflutnings úr sútuðum gærum. Þetta er aðeins spursmál um markaðsútvegun og hönnunaratriði.

Ég gæti haldið áfram að telja, en ég læt staðar numið hérna því að hvert þessara verkefna er raunverulega efni í heila grg., eins og gefur að skilja, svo að ég held þessu ekki lengur áfram.

En mig langar til þess að minnast þó á eitt fyrirbrigði til viðbótar. Það er ekki beint iðnfyrirtæki, en er þó skylt því og gæti orðið það að nokkru leyti.

Allir vita nú orðið um það fyrirbrigði að aðeins sumir árgangar bolfiskanna komast upp, eins og kallað er. Þannig eru dæmi um að einn árgangur hefur orðið 30 sinnum sterkari en annar nú á síðustu áratugum, eftir að til varð tækni til að mæla þetta, fylgjast með þessu. Og í raun inni er hugmyndafræðilegur grundvöllur til að leysa það vandamál að jafna stærð árganganna með sleppiseiðarækt. Reynsla erlendra þjóða í þá átt að leysa þennan vanda er síður en svo uppörvandi. En hver getur fullyrt að okkur kunni ekki að heppnast að gera það sem öðrum hefur mistekist úr því að hin hugmyndafræðilega undirstaða er fyrir hendi. Ég álít að stöð af þessu tagi ætti að koma á fót í Vestmannaeyjum. Gæti hún haft fleiri verkefni og jafnframt orðið eins konar fiski- og haffræðaskóli fyrir dálítinn hóp af ungu fólki í Vestmannaeyjum. Skjótra lausna verkefna má ekki vænta, en ef lausnin fyndist í aðalverkefninu mundi það hafa feikilega þýðingu fyrir þjóðarbúskap íslendinga. Mér sýnist að staðháttaaðstaða í Vestmannaeyjum fyrir slíka starfstöð sé alveg einstaklega góð, ekki síst eftir staðháttabreytingar sem urðu í höfninni við gosið.

Fjármögnun iðnaðaruppbyggingarinnar, — nú fer ég að tala um iðnþróunina almennt aftur og fer að stytta mál mitt, — fjármögnun iðnþróunaruppbyggingarinnar gæti að hluta til orðið með þeim hætti að gróðan af fiskimiðunum, þ. e. auðlindaskattinn, mætti nota til að byggja upp iðnaðinn, og árleg rekstrartöp togara mundum við losna við með minnkun flotans. Þá gjörbreytist öll efnahagsaðstaða þjóðarinnar.

Það mundi borga sig vel fyrir sunnlendinga að stuðla að iðnaði í þorpum norðan- og austanlands til að þorpin þar neyðist ekki út í ofveiði, en hagnýti hóflega fiskimið sín og kóðadrápi yrði hætt þar alveg. Svo gætu þorpin og bæirnir á Suður- og Vesturlandi byggt upp sinn iðnað með auðlindaskatti, þ. e. veiðigjaldi í einhverri mynd. Þetta veiðigjald væri notað til þess að tempra stærð flotans, — með einhverjum hætti verður að tempra hann og þá auðveldast að

gera það með skatti, — tempra stærð flotans við hæfilega sókn og fullnýtingu fiskimiða og fullnýtingu skipa og starfskrafta. Aftur á móti stefnir þjóðin í hreinan voða efnahagslega, inn í langvarandi fátækt, ef haldið verður áfram að láta allt of stóran flota slást um að smala sækindum af hinum gjöfulu fiskimiðum með hóflausum tilkostnaði.

Ef sóknin á miðin er tempruð með auðlindaskatti, þá væri auðvelt að fá með því móti nægilegt fé til góðrar uppbyggingar iðnaðar. Ég endurtek þetta, því að það er reynsla mín að menn þurfa helst að kunna utan að efnisatriði í máli sem þeir þurfa að komast inn í, þurfa að geta hugsað um. Ef flotinn væri mátulega stór, þá gætu útgerðarfyrirtækin hæglega borgað auðlindaskatt. Sem dæmi má nefna að rækjumiðin í Ísafjarðardjúpi gætu 20 bátar í stað 50 nú fullnýtt og væru þá þessir bátar, þessir 20, við veiðar mestallt árið og gætu auðvitað greitt gjald fyrir sem nota mætti til að byggja upp iðnað, t. d. á Ísafirði. Aldrei færi það svo að það kæmi þá ekki eitthvað út úr því ef þeir hafa litla trú á iðnaði, það kæmust þarna 60 menn til viðbótar til að framleiða iðnaðarvörur á Ísafirði, en sama fengist fyrir aflann. Miðin yrðu jafnvel nýtt og auk þess er náttúrlega kostnaðurinn við útgerð bátanna, 30 báta, ekkert smáatriði. Sama gildir um miðin almennt og landið í heild og gætu þá útgerðarfyrirtækin verið rík, eins og þau þurfa að vera, borgað fólki sínu vel og verið alltaf með góð skip og tæki.

Að síðustu skal svo reynt að taka saman yfirlit um meginefni þessa mikla máls, þ. e. iðnþróunaruppbygginguna, í þremur liðum:

1. Fiskiskipaflotinn þarf að minnka um 2/5 og spara þannig stórfellda gjaldeyrissóun. Fiskiflotinn sjálfur á að geta verið gjaldeyrisaflandi í stað þess að gleypa verulegan hluta af gjaldeyrisöflun sjávarvöruiðnaðarins.
2. Seiða- og smáfiskadráp í uppeldisstöðvum verður að hætta og tryggja norður- og austurbyggðum iðnverkefni sem fyrsta þátt iðnaðaruppbyggingarinnar til að firra þessar byggðir því að neyðast út í það örþrifaráð að stunda smáfiskadráp. Þessi þáttur heildarþróunar þarf því að hafa forgang, ekki aðeins vegna þessara byggða sjálfra, heldur vegna alþjóðar hagsmuna.
3. Skilmerkileg iðnþróunaráætlun á og þarf að geta valdið andlegri endurfæðingu eða hugmyndafræðilegri byltingu meðal þjóðarinnar.

Herra forseti. Fáar setningar almenns eðlis um stöðuna eins og hún er. Örfáar setningar bara: Hjá íslensku þjóðinni ríkir nú í raun og veru góðæri. Efnahagsmálum hennar tel ég að mætti koma í gott horf á svo sem tveimur og hálfu ári, en „dómar verða að fara út", eins og það hét á fornu máli. Hér á ég við að Alþingi og ríkisstjórn verða að stjórna málefnunum eins og þjóðin hefur falið þessum aðilum. Þjóðin verður að fá þá stjórnun sem hún á rétt á og greiðir fyrir. Ég álít að málefnum þjóðarinnar sé ekki verr komið enn þá en svo að hægt sé að taka á málum af þeirri mýkt að allir megi vel við una. Ég tel mig hafa bent á efnahagsmálaskekkju sem nemur 6—8 milljörðum, óbeina skekkjan tengd þessu sama er þó nokkuð til viðbótar en þetta er langstærsta skekkjan í efnahagslífinu.

Nú er talað um niðurskurð á framkvæmdum sem þurfi að nema 3½ milljarði. Þessi niðurskurður þyrfti ekki að vera svona stórfelldur ef nokkrar skekkjur aðrar í efnahagslífinu yrðu leiðréttar er samanlagt nema e. t. v. um 2 milljörðum og eru svipaðs eðlis og þessi 6—8 milljarða skekkja sem ég var að nefna. En hér gefst ekki tækifæri til að ræða það frekar.

Svo legg ég til að till. þessari til þál. verði vísað til atvmn. sem svo kæmi málinu áleiðis til iðnrh. og iðnrn. eftir því sem þingsköp segja fyrir um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kaupþing, þáltill. (þskj. 400). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Þegar lögin um Seðlabanka Íslands voru sett á árinu 1961 var bankanum veitt heimild til að reka kaupþing, en í 15. gr. l. segir, með leyfi forseta:

„Seðlabankinn má kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur tryggð verðbréf og skal hann vinna að því að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er honum í því skyni heimilt að stofna til og reka kaupþing þar sem verslað yrði með vaxtabréf og hlutabréf skv. reglum sem bankastjórnin setur og ráðherra staðfestir."

Þrátt fyrir heimild þessa hefur bankinn enn ekki sett á stofn kaupþing, þótt nokkuð hafi á vegum bankans verið unnið að undirbúningi þess. Meginástæðan til þess, að ekki hefur orðið af framkvæmdum, mun vera sú að stjórn Seðlabankans hafi naumast talið grundvöll fyrir rekstri kaupþings því að lítið væri um verðbréf sem hentuðu til viðskipta á kaupþingi. Raunar hafa hér á landi tvisvar verið gerðar tilraunir til rekstrar kaupþings, annars vegar við lok fyrri heimsstyrjaldarinnar og síðan árið 1942. En í bæði skiptin mistókst þessi starfræksla og hefur það sjálfsagt átt sinn þátt í því að menn hafa síðan skotið sér undan því að koma kaupþingi á fót.

Við, sem mál þetta flytjum, teljum að nú sé tímabært að hefjast handa um rekstur kaupþings. Að vísu er okkur ljóst að ekki eru hér á markaði hlutabréf í mörgum félögum sem henta til viðskipta á kaupþingi, þó að gera verði ráð fyrir því að nokkur hlutafélög muni fljótlega leitast við að fá bréf sín þar skráð. Hins vegar er nú þegar í umferð talsvert mikið af ríkisskuldabréfum, bæði hin svokölluðu spariskírteini og eins happdrættisskuldabréf og áform uppi um frekari útgáfu slíkra bréfa. Bréf þessi henta mjög vel til viðskipta á kaupþingi og ættu viðskipti með þau að nægja fyrst í stað, enda ekki gert ráð fyrir að kaupþingið verði viðamikil stofnun né heldur að Seðlabankinn þurfi að hafa útgjöld af rekstrinum því að gert er ráð fyrir að kaupþingið taki þóknun fyrir þau viðskipti sem það annast.

Þegar ríkisvaldið gefur út skuldabréf í allstórum stíl er eðlilegt að það geri ráðstafanir til að auðvelda borgurunum viðskipti með þessi verðmæti. Menn eru að sjálfsögðu fúsari til að kaupa skuldabréf ef þeir vita að þeir geti losnað við þau er þeir þurfa á fé sínu að halda til annarra

þarfa. Rekstur kaupþings veldur því þess vegna að ríkið getur aflað sér lánsfjár með hagstæðari kjörum en ella væri.

Enda þótt flestir hallist nú að því að eðlilegt sé að ríki afli sér lánsfjár innanlands í talsverðum mæli til að rísa undir hinum ýmsu framkvæmdum hefur nokkuð verið deilt um kjör þau sem verið hafa á hinum svonefndu spariskírteinum, og er raunar líklegt að þau kjör hafi upphaflega verið óþarflega góð fyrir kaupendurna og séu jafnvel enn. En á kaupþingi mundi myndast það verð sem rétt yrði að telja, og þar fengist eðlileg viðmiðun bæði fyrir ríkið og eins þau sveitarfélög, sem kynnu að vilja afla sér fjár með skuldabréfaútgáfu — og raunar líka meiri háttar einkafyrirtæki, sem kynnu að vilja bjóða út skuldabréfalán með tryggingum í eignum sínum.

En vonandi er að sú starfsemi, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, yrði aðeins upphaf annars meira. Megintilgangur kaupþings á að vera að auðvelda alþýðu aðild að atvinnurekstri og auðvelda fyrirtækjum að afla sér áhættufjár frá fólkinu í landinu.

Ekki er því að leyna að hérlendis hefur gengið erfiðlega að koma á fót og reka almenningshlutafélög þótt því fari hins vegar fjarri að það sé hér óþekkt fyrirbæri. Þvert á móti má halda því fram að hvergi hafi stærra átak verið gert í þessu efni en einmitt hér á landi. Er þá átt við Eimskipafélag Íslands sem stofnað var fyrir sex áratugum og svo sannarlega var almenningshlutafélag í upphafi. Hlutafé í Eimskipafélagi Íslands hf. nam hvorki meira né minna en 1 687 750 kr. Einhvern tíma var að vísu sagt: Hvað er ein milljón? Og kannske er von að menn segi það nú. En tæplega 1.7 millj. kr. voru vissulega mikið fé þegar Eimskipafélagið var stofnað. En hve mikið fé var það miðað við nútíma verðlag? Því er kannske ekki hægt að svara nákvæmlega, en þó má hugsa sér að bera þessa upphæð saman við fjárlaga upphæðir eða þá inn- og útflutning sem líklega er fullt eins góð viðmiðun vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á þjóðfélagsháttum, og stórfelldra útgjalda á fjárl. til tryggingamála t. d. og ýmiss konar þarfa sem ríkisvaldið sinnti ekki áður fyrr um.

Innflutningur íslendinga nam árið 1913 16.7 millj. kr., árið 1914 18.1 millj. og árið 1915 26.3 millj. kr. Útflutningurinn var hins vegar 1913 19.1 millj., 1914 20.8 millj. og 1915 39.6 millj. kr. Hlutafjársöfnun til Eimskipafélagsins nam nákvæmlega 1/10 hluta alls innflutnings árið 1913, en náði tæplega 10% útflutningsteknanna það ár og einnig tæplega tíunda hluta bæði innflutnings og útflutnings árið 1914. Sambærilegar tölur fyrir árið 1974 eru hins vegar: Innflutningur 47.6 milljarðar og útflutningur 32.9 milljarðar. Er því ekki fjarri lagi að tölurnar hafi á þessu 60 ára tímabili tvöþúsundfaldast og nærni þá hlutafjársöfnun, sem sambærileg væri við hlutaféð í Eimskipafélaginu, hvorki meira né minna en nálægt 3.5 milljörðum kr. nú. Sjá allir hvað unnt væri að gera í atvinnumálum með slíkri upphæð sem aflað væri sem áhættufjármagns og stæði undir eðlilegum lántökum til atvinnurekstrar.

Menn hafa að vonum velt því nokkuð fyrir sér hvernig á því stóð að hlutabréf Eimskipafélagsins urðu aldrei almenn verslunarvara. Dr. Valtýr Guðmundsson telur sig þegar árið 1918 hafa fengið svar við þeirri spurningu. Hann gagnrýnir mjög harðlega þau ákvæði í samþykktum félagsins, að stjórnin verði að samþykkja hlutabréfasölu, og segir m. a., með leyfi forseta: „Það er eins og sérdrægni og eigingirni ætli að verða flestum hlutafélögum vorum að fótakefli eða þá fáfræði og naglaskapur.“

Í fyrstu samþykktum Eimskipafélags Íslands var tekið fram að eitt atkvæði væri fyrir hverjar 25 kr. sem hluthafi ætti í félaginu, en þó gæti enginn hluthafi átt fleiri atkv. en 500 alls fyrir sjálfan sig og aðra. Þannig var atkvæðamagn hvers einstaklings takmarkað svo mjög að það nam nokkuð innan við 1% heildarhlutafjárins. Þetta ákvæði var mjög í þeim anda sem vera ber í eiginlegum almennings hlutafélögum, og raunar má segja að samþykktir félagsins í heild hafi verið furðulega frjálslegar og vel úr garði gerðar, að undanskildu því ákvæði sem dr. Valtýr fjallaði um. En það ákvæði var réttlætt með því að hætta gæti verið á að útlendingar reyndu að seilast til áhrifa í félaginu, sem sjálfsagt hefur þó verið ástæðulaus ótti. Vafalaust er það rétt skoðun að þetta ákvæði hafi að verulegu leyti valdið því að ekki hófust frjáls viðskipti með hlutabréfin, en þá hefðu þau hækkað í verði. Um það segir dr. Valtýr þrem árum eftir stofnun félagsins, með leyfi forseta: „Annars hefðu hlutabréf Eimskipafélagsins getað margfaldast í verði, 5—6—7 eða máske 8 sinnum, svo að hlufhafar hefðu grætt hlutafé sitt 5—8 sinnum og því verið færir um að leggja fram nægilegt fé til að auka skipastól félagsins að mun og sjálfsagt gert það með ánægju.“

Ef þessi ummæli eru rétt hefði hlutafjáreign í Eimskipafélaginu ekki einungis valdið því að menn hefðu verið reiðubúnir að auka fjárframlög sín til þess félags, heldur er mjög líklegt að þeir hefðu verið viljugir að taka þátt í stofnun annarra atvinnufyrirtækja og þá hefði þróunin orðið öll önnur en raun hefur á orðið. Ég hygg þó að skýringar dr. Valtýs séu langt frá því að vera einhlítar. Svo þverstæðukennt sem það kann að virðast, þá hygg ég þó að sú mikla alda þjóðrækni, sem reis, hafi valdið því að fjárfesting í hlutabréfum þessa ágæta félags varð ekki eins arðvænleg og ella. Menn gerðu ekki kröfur til mikils arðs. Þeir vildu að félaginu yxi fiskur um hrygg. Síðar voru lögleidd skattfríðindi fyrir félagið, en áskilið að það mætti ekki greiða nema takmarkaðan arð. Er tímar liðu varð þetta til þess að menn sinntu ekki svo mjög um þessa eign sína og þess vegna varð brýn þörf á þeirri fjárhagslegu endurskipulagningu sem stjórn félagsins hóf fyrir nokkrum árum og vonandi verður haldið áfram samhliða eðlilegum arðgreiðslum.

Því hefur talsvert verið haldið á loft að hlutafélagalöggjöfin gamla frá 1921 stæði í vegi fyrir stofnun heilbrigðra almenningshlutafélaga. Þetta er að miklu leyti á misskilningi byggt. Þessi gamla löggjöf er svo rúm að innan hennar er hægt að byggja upp heilbrigð opin hlutafélög eins og Eimskipafélagið líka var í öllum megin-

efnum. Hitt er aftur á móti rétt, að í samþykktir félaganna sjálfra verður að setja ýmis ákvæði sem tryggja hag hluthafanna, og vissulega væri ákjósanlegt að unnt reyndist að hraða endurskoðun hlutafélagalaganna — og er það raunar svo á Norðurlöndunum öllum, en samstarfsnefnd hefur reynt að samræma löggjöfina nú um all margra ára bil, en sóst verkið seint.

Frv. að nýjum hlutafélagalögum mun nú hafa verið samið og æskilegt væri að það kæmi fyrir þetta þing, þótt sjálfsagt sé tíminn nú orðinn of stuttur til að afgreiða málið. En það væri þá til skoðunar í sumar og unnt að afgreiða það á næsta þingi.

Þegar gömlu hlutafélagalögin voru samþ. í upphafi þriðja áratugsins var einnig fjallað um samvinnufélögin, og vissulega er fyllsta ástæða til þess að nú verði fjallað um atvinnureksturinn í heild og félagslega uppbyggingu því að mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan samvinnufélögin voru að festa rætur og uppbygging hlutafélaga að hefjast hér á landi. Á það hefur raunar verið bent að ekki sé við núverandi aðstæður unnt að stofna ný samvinnufélög sem tekist gætu á við meiri háttar verkefni á atvinnusviðinu, einfaldlega vegna þess að ekki mundi með núverandi skipulagi unnt að afla þess áhættufjár frá almenningi sem þörf væri á.

Ég hygg að forustumenn samvinnuhreyfingarinnar geri sér grein fyrir þessum staðreyndum, enda hefur Erlendur Einarsson, forstjóri Sambandsins, talsvert fjallað um nýjar leiðir í fjármögnun samvinnufélaga og bent á nauðsyn endurskipulagningar. Hann hefur m. a. talað um að eðlilegt væri að samvinnufélögin gæfu út svonefnd stofnbréf sem í eðli sínu eru svipuð hlutabréfum í almenningshlutafélögum en þó leggur hann áherslu á að hver einstaklingur fari einungis með eitt atkv. í samvinnufélögunum þótt hann eigi mörg stofnbréf. En í almenningshlutafélögunum má raunar líka takmarka atkvæðamagnið eins og gert var upphaflega hjá Eimskipafélaginu, svo að dæmi sé nefnt. Raunar skiptir ekki máli hvort slík félög væru nefnd almenningshlutafélög, samvinnufélög eða eitthvað allt annað. Meginatriðið er að unnt reynist að stofna heilbrigð opin félög með þátttöku almennings. Um þá stefnu ætti að geta tekist all almenn samstaða. Fólkið hefur sýnt það víða um byggðir landsins að það er reiðubúið að láta nokkurt fé af hendi rakna til atvinnumála. Ljóst er raunar að svonefnd stofnbréf, sem forstjóri SÍS fjallar um, mundu henta vel til sölu á kaupþingi, alveg eins og hlutabréf í almenningshlutafélögum. Opnun kaupþingsins gæti þess vegna orðið fyrsta skrefið í nýrri framfarasókn í atvinnumálum og félagslegri uppbyggingu í þjóðfélaginu.

Ljóst er að alþýða fæst ekki til að leggja fram fé til hlutabréfakaupa eða kaupa svonefndra stofnbréfa í ríkum mæli nema líkur séu til þess að menn fái eðlilegan arð af framlagi sínu. Víða um lönd leitast ríkisvaldið við að örva alþýðu tilþátttöku í atvinnurekstri, t. d. í Vestur-Þýskalandi, Bandaríkjunum og víðar, m. a. með skattaívilnunum, og ljóst er að hér þarf að gera breytingar á skattalögum ef heilbrigður atvinnurekstur á að þróast með almennri þátttöku landsmanna.

En hér er ég kominn út í aðra sálma, og þótt þessi málefni séu að vísu hin þýðingarmestu skal ég láta staðar numið, en aðeins lýsa yfir þeirri von minni að opnun kaupþings leiði til þess að athafnamenn og stjórnmálamenn sameinist um að hefja nýja sókn í atvinnumálum. Merk félög, sem til eru í landinu, verði endurskipulögð, bæði hlutafélög og samvinnufélög, samhliða því sem ný verði stofnuð.

Ég legg svo til að málinu verði vísað til hv. allshn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka undir með hv. 4. þm. Norðurl. v. Ég álít að hann fari hér með gott mál og mikilvægt, og ég skora á hann og hv. alþm. alla að hrinda þessu máli í framkvæmd sem allra fyrst. Ef einhver fyrirstaða er enn þá í stjórn Seðlabankans, þá sé ég ekki ástæðu til að bíða eftir að hún verði þessu máli sérstaklega samþykk, heldur taki Alþ. ákvörðun um málið og hrindi því í framkvæmd.

Ég tel alveg sjálfsagt að hvaða fyrirtæki sem er geti aflað sér fjárfestingar- og rekstrarfjár á sama hátt og ríkið gerir nú, eins og hv. flm. kom að í sinni ágætu ræðu og vitnaði þar í þau skuldabréf sem seld hafa verið á innanlandsmarkaði og ég er afskaplega mikið á móti og eru allt annars eðlis en hér um ræðir.

Eftirspurn eftir bréfum, sem boðin eru fram til sölu, hlýtur að ráða verði slíkra bréfa. Trú fólksins á fyrirtækjunum, meðan á uppbyggingu þeirra stendur, hlýtur að ráða verði á þeim bréfum sem verða til sölu og verða hlutabréf í fyrirtækjunum, en ekki skuldabréf eins og hingað til hafa verið gefin út af ríkinu, — trú fólksins á að það sé að fjárfesta í arðbærum atvinnurekstri sem er einhver von um að gefi meira af sér en t. d. bankavextir, eðlilegir innlánsvextir, eða jafnvel önnur bréf sem ríkið nú gefur út og þá kannske líka væntanleg atvinnuvon fyrir niðja o. fl.

Við erum hér í fjötrum á margan hátt. En fólk á að fá frelsi til að ávaxta fé sitt með fleira móti en almennt er hægt að gera hér núna. Ég er alveg viss um að ef þessi verðbréfamarkaður eða kaupþing væri sett á laggirnar mundi það hjálpa sveitarfélögum t. d. mjög mikið. Ég er ekki í nokkrum vafa um að fólkið á Suðurnesjum hefði keypt bréf í t. d. hitaveitufélagi eða fólk, sem skólp er enn þá opið í jörðu úti á landi, mundi fjárfesta í bréfum sem flýttu fyrir framförum í heimabyggð þess. Rafmagnsveita Reykjavíkur er nú í stórmiklum vandræðum eða Reykjavíkurborg almennt. Ég er alveg viss um að reykvíkingar mundu kaupa bréf í sínum þarfafyrirtækjum ef þeir fengju að gera það, frekar en að vera kannske án þægindanna. Það er ekki nokkur vafi. Ég held að kaupþing, bæði þess opinbera og hinna frjálsu atvinnurekenda, sé brýn nauðsyn.

Flm. fór, eins og hann sagði sjálfur, dálítið út fyrir það mál sem hann er að flytja. Ég fagna því að till. hans er um aukið frelsi í athöfnum og notkun einstaklingsins á eigin fjármunum.

Ég hef búið erlendis lengi þar sem fólk getur á frjálsan hátt gengið inn í banka með peninga

sína og keypt fyrir þá erlendan gjaldeyri sem menn liggja með á kontó á sama hátt og við liggjum hér með sparifé í okkar bönkum. Við gætum þá kannske hugsanlega ráðið því, þegar við leggjum inn okkar peninga í banka hér sem sparifé, í hvaða mynt við eigum þá. Við gætum á þann hátt forðað gengistapi á sparifé. Það er ýmislegt sem kemur til greina þegar peningamarkaðir eru opnaðir. Ég vil aðeins ljúka þessum orðum með því að það var tilgangur minn með að koma hér upp í ræðustól að taka undir málflutning frsm. og heita honum fullum stuðningi mínum, að svo miklu leyti sem hann getur orðið að gagni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 62. fundur.

Mánudaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hafa borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 11. apríl 1975.

Lúðvík Jósepsson, 2. þm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja hafréttarráðstefnuna í Genf og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sigurður Blöndal, skógarvörður, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Kjörbréf Sigurðar Blöndals liggur hér fyrir.

Þá hefur borist annað bréf:

„Reykjavík, 11. apríl 1975.

Halldór E. Sigurðsson, f. h. þingflokks framsóknarmanna, hefur í dag ritað mér á þessa leið.

„Mér hefur tjáð Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Sunnl., að hann geti ekki vegna persónulegra ástæðna sótt þingfundi á næstunni. Því er þess óskað með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að 1. varam. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Guðmundur G. Þórarinsson verkfræðingur, taki sæti Þórarins á Alþ. meðan hann er fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Kjörbréf Guðmundar G. Þórarinssonar liggur hér fyrir.

Vil ég leyfa mér að biðja kjörbréfanefnd að taka bæði þessi kjörbréf til rannsóknar og verður veitt rúmlega 10 mín. fundarhlé á meðan, þannig að fundi verður frestað þar til klukkan er 20 mín. gengin í þrjú. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf þeirra Guðmundar G. Þórarinssonar verkfræðings, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, og kjörbréf Sigurðar Blöndals, Hallormsstað, sem er 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi.

Kjörbréfanefnd hefur ekki séð neina meinbugi á þessum tveim kjörbréfum og leggur einróma til að þau verði samþ. og kosning þeirra Guðmundar G. Þórarinssonar og Sigurðar Blöndals tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Alþt. 1974. B. (96. löggjafarþing).

Drengskaparheit unnið.

Guðmundur G. Þórarinsson, sem hafði ekki setið áður á Alþingi, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Efri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 14. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Samræmd vinnsla sjávarafla frv. (þskj. 371, n. 426). — 2. umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar sem háðar eru sérstökum leyfum, er stjfrv. og var flutt snemma á þessu þingi. Urðu um málið allmiklar umr. í hv. Nd.

Um alllangan tíma hefur það verið svo að veiðar á ýmsum tegundum sjávarafla hafa verið háðar sérstökum leyfum sjútvrn. Þessar takmarkanir hafa verið taldar óhjákvæmilegar til þess að koma í veg fyrir að einstakar tegundir sjávarafla yrðu ofveiddar þannig að hætta stafaði af því að vissar tegundir yrðu rányrktar og stofninn gengi til þurrðar. Þær tegundir sjávarafla, sem þessum leyfum hafa verið háðar, eru rækja, humar, skelfiskur og enn fremur síldin sem nú um árabil hefur að öllu leyti verið bönnuð veiði á í hringnót.

Þær eru nýjastar fréttir frá norðmönnum varðandi takmarkanir á veiði vissra fiskstofna að svo sé komið hvað þorskinn snertir að fiskibátar, sem veiðar stunda með botnvörpu, megi koma með takmarkað magn af þorski að landi úr hverri veiðiför. Því miður virðist þróunin vera sú að hætta sé á að einstakir fiskstofnar séu ofveiddir og ef ekki komi til sérstakra ráðstafana til verndar geti svo farið að vissir fiskstofnar gangi til þurrðar.

Það frv., sem hér um ræðir, snertir að vísu ekki þennan þátt hvað veiðiheimildum viðkemur. Þar er ekki um nein nýmæli að ræða frá því sem er í gildandi lögum. Hér er um það að ræða að samræma vinnsluna í landi þeim veiðiheimildum og takmörkunum sem fyrir hendi eru varðandi þann sjávarafla sem frv. nær til, eða nánar til tekið rækju og skelfisk. Því er ekki að leyna að sumir nm. eru með vissar efasemdir í sambandi við framkvæmd laganna, ef frv. verður samþ., og telja jafnframt að skýrari ákvæði hefðu þurft að vera um það sem kallað er „fyrirsjáanleg aflaaukning" eða „samdráttur í starfi annarra vinnslustöðva á svæðinu". Hver það er, sem hér á að skera úr um, segir hvergi í frv. Það er hins vegar eðlilegt að álykta að varðandi spána um aflaaukninguna sé það Hafrannsóknastofnunin sem ætti að vera dómbær um málið. Varðandi hitt ákvæðið virðist eðlilegast að vottorð lægi fyrir frá viðkomandi áður starfandi fyrirtækjum eða þá sveitarstjórnaryfirvöldum. Um hvorugt þetta eru skýr ákvæði í þessu frv. Sjútvn. er hins vegar þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að hér verði komið á nokkurri samræm-

ingu á milli þess takmarkaða veiðimagns, sem sýnilegt er að fyrir hendi verður, og þess tilkostnaðar sem lagt verður í við vinnslu aflans. Með tilliti til þess að verulega er liðið á þingtímann og n. telur að hér sé ekki um þann vanda að ræða, sem afgerandi þurfi að vera fyrir málið í næstu framtíð, leggur hún til að frv. verði samþ. óbreytt. Það skal þó tekið fram, eins og fram kemur í nál. á þskj. 426, að einn nm., Jón Árm. Héðinsson, skrifar undir nál. með fyrirvara og mun hann þá gera nánari grein fyrir afstöðu sinni.

Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að leggja til að frv. verði samþ. óbreytt og því að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hef á undanförnum þremur þingum flutt frv. til l. um heimild til að setja á fót vinnslustöðvar á sviði sjávarútvegsins sem er að efni til svipað því frv. sem hér er nú til umr. Ég tel að vísu að í það frv., sem nú er til umr., mætti bæta nokkrum þáttum til frekari útfyllingar. Ég tel að slíkar heimildir eigi að ná til fleiri veiða en rækju- og skelfiskveiða, t. d. til humarveiða og raunar til allra þeirra veiða sem háðar eru aflatakmörkunum. Mér sýnist að það sama gildi þarna í mörgum atriðum.

Í öðru lagi lagði ég til í frv. mínu að þriggja manna n. fjallaði um leyfisveitingar. Það kom inn í þetta frv. við flutning þess í annað sinn á síðasta þingi og var skv. ábendingu frá sjútvrn. sem hafði fengið það til umsagnar við fyrsta flutning. Ég féllst á það sjónarmið að þarna þarf að gæta að ýmsu öðru en eingöngu aflatakmörkunum, eins og t. d. byggðasjónarmiðum og raunar mjög nauðsynlegt að til byggðasjónarmiða sé litið þegar slíkt sem þetta er ákveðið. Því lagði ég til að fulltrúi Framkvæmdastofnunar ríkisins, Fiskveiðasjóðs auk fulltrúa frá sjútvrh. sætu í þessari n. sem slíkt ákvæður.

Og í þriðja lagi er í því frv. tekið fram að leitað skuli umsagnar Hafrannsóknastofnunar um leyfisumsóknir, og kem ég þá að því sem hv. frsm. gat um. Þetta er að sjálfsögðu nauðsynlegt, en vitanlega er sjútvrn. það opið þótt ekki sé það fram tekið í frv.

Þrátt fyrir þessi atriði hef ég ákveðið að styðja það frv. sem hér er til umr. og mun ekki þrýsta á að frv. það, sem ég hef flutt, komi hér til afgreiðslu. Það er nú hjá hv. sjútvn. og mun þá sitja þar áfram. Ég geri þetta vegna þess að mér er ljóst að hér er um mikið ágreiningsmál að ræða og um það mjög skiptar skoðanir. Ég geri mér jafnframt ljóst að það er orðið ákaflega aðkallandi að fá heimild til að takmarka fjölda vinnslustöðva, einkum á sviði rækjuveiða. Þetta er ljóst þessa dagana og raunar komið á elleftu stundu að fá slíkt frv. sem þetta og slíka heimild sem þessa samþ. Ég vil því ekki verða til þess að tefja framgang þessa máls með því að flytja brtt. til samræmingar við það frv. sem ég hef flutt. Ég vil hins vegar taka það fram að ég tel mér að sjálfsögðu frjálst að beita mér fyrir breyt. á þeim lögum sem samþ. kunna að verða á grundvelli þessa frv.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. fyrir nál. voru vangaveltur um orðalag og vissa túlkun í þessu frv., sem eðlilegt er. Það er einmitt það sem ég er ekki alveg ánægður með, og vil ég þá aðeins fara um það nokkrum orðum og byrja á 1. gr. Þar segir seinast í málsgr.: „M. a. með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta.“ Sumum kann að finnast að þetta sé nauðsynlegt þegar á að hafa stjórn á hlutunum. En með því móti að þrengja þetta mjög mikið og fara að úthluta á stöð vissum bátum tel ég að ríkisvaldið, þó að ég sé hlynntur ákveðinni skipulagningu, sé búið að taka á sig greiðsluábyrgð. Um leið og ríkisvaldið segir við mann: Þú leggur upp hjá þessum manni — og geti fyrirtækið ekki staðið í skilum með aflann ber ríkisvaldinu skilyrðislaust að tryggja greiðslur fyrir aflann að mínu mati. Ef þessu er ekki mótmælt hér í sölum nú tel ég að ef á þetta reyni í framtíðinni sé ríkisvaldið ábyrgt og sjútvrh., sem beitir þessu ákvæði. Þess vegna vil ég hafa það á hreinu.

Að öðru leyti tel ég eðlilegt að leita eftir þeirri heimild að geta haft stjórn á þessum hlutum, almenna reglu eins og við höfum þegar í lögum. En ef manni er beint á ákveðna stöð, sem síðan stendur ekki í skilum og hann á sannanlegan rétt á því að geta selt á annan stað undir heildareftirliti á veiðimagn, tel ég að ríkisvaldið hafi svipt hann eðlilegu sjálfsforræði og sé þá ábyrgt um greiðslur ef illa tekst til. Þarna er ágreiningur hjá mér við efni frv. eins og það stendur í dag.

Síðan er 2. gr. og einnig seinast þar: „ef ekki er fyrirsjáanleg aflaaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu“. Þetta er svo óljóst orðalag eða svo ónákvæmt og svo erfitt að fóta sig á því að fiskifræðingar sjálfir hafa lýst því yfir að þeir telji sér ekki fært að standa að ráðgjöf með svona orðalagi. Þá kemur fram, eins og frsm. var með vangaveltur um, hver á að segja til um þessi mál. Ég held að við ættum að gefa okkur aðeins meira svigrúm til að orða þetta svolítið skár og hafa löggjöfina svolítið fastmótaðri því að efnislega er ég með þeirri hugsun sem ég tel vera bak við það sem 2. gr. beinist að. En ég tel þetta orðalag svo klaufalegt, vægast sagt, að ég get ekki fellt mig við það eins og það stendur í frv.: „ekki fyrirsjáanleg varanleg aflaaukning“. Á hvaða sviði getum við séð það á Íslandi, miðað við allar okkar breytilegu sveiflur, miklu sveiflur og breytilegt tíðarfar eins og er hér á Íslandi frá ári til árs og tíma til tímabils? Þetta verður að orða með einhverjum öðrum hætti til þess að ná þessu betur fram og við fáum vísindamennina, sem við þurfum að leita til, til þess að fallast á orðalagið í frv., en þeir hafa þegar lýst yfir því að þeir sætti sig ekki við þetta. Ég held að við tefjum ekki fyrir málinu á einn eða annan veg og það er nógur tími til þess að orða þetta betur og tryggja þessari löggjöf eðlilegan farveg. Þá stæði ég að því ef við gæfum okkur tíma til að velta vöngum yfir betra orðalagi en þarna er.

Síðan drap frsm. aðeins á önnur atriði. Ég ætla þá aðeins að gera það í leiðinni ef hæstv.

ráðh. hefði tækifæri til að koma hér upp á eftir og svara, hvort hann vill endilega hafa þetta óbreytt eða gefa okkur tækifæri til að ræða þetta aðeins nánar án þess að skapa þó frv. hættu. En þegar er verið að skipuleggja leyfi á annað borð, — hvað um flottrollið, ef meginhluti íslenska togaraflotans fer á flottroll? Það er bannað að veiða stórfisk í nót, en það er staðreynd að flottrollið drepur verulega mikið af smáfiski. Má ekki aðeins hugleiða þetta dæmi í leiðinni, að hafa heimild fyrir ráðh. að skipuleggja hlutina þó að heildarlöggjöfin um togveiðar sé í endurskoðun eins og öllum er kunnugt um hér í hv. d. En þá er það bara orðið of seint ef tugir fiskiskipa kaupa sérútbúnað fyrir margar millj. hvert til þess að komast á flottroll og svo er það skyndilega bannað. Þetta þarf að athuga í tæka tíð og þess vegna er vald til handa sjútvrh. eðlilegt. En það þarf að orða það mjög ákveðið og hafa á hreinu hvernig með það skuli fara og hver sé ábyrgur þegar því er beitt, ef illa tekst til gagnvart þriðja aðila sem er vísað til vissra manna til að kaupa eða ráðstafa afurðunum. Þetta orðalag er ekki svo ákveðið sem skyldi að mínu mati, og ég treysti mér ekki til að fylgja þessu frv. ef ekki fæst betra orðalag þó að ég sé efnislega á því sem það er að boða, að hafa hér hemil á og skipulag, því að því miður hefur margt gengið úrskeiðis í þeim mikla ákafa sem menn hafa sýnt í að ná í afla, hvort sem um er að ræða skelfisk eða annan afla. En það þarf að gefa sér þá nægilegt svigrúm til að orða lögin það vel að ekki verði óframkvæmanlegt að láta þau ná tilgangi sínum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í sambandi við þau orð, sem hv. 1. landsk. þm. lét falla um þetta frv. áðan, vil ég benda á að þetta frv. hefur ekki siglt hraðbyri gegnum Alþ. því að þetta er 33. málið, var flutt litlu eftir að þing kom saman á s. l. hausti. Það er búið að vera alllangan tíma fyrir sjútvn. þessarar hv. d. þó að tíminn sé ólíkt lengri sem það var í fyrri d. og fyrri n., en fyrri n. skilaði frv. frá sér í des. eða skömmu áður en Alþ. fór í jólafrí. Þar var það samþ. með yfirgnæfandi meiri hl. atkvæða, að mig minnir 29 og 27 atkv., eins og það liggur hér fyrir. 6 nm. í þessari hv. d. leggja til að frv. verði samþ. óbreytt. Síðasti ræðumaður leggur til, að umr. verði frestað, og vill nú blanda inn í þetta öðru máli sem ég tel að sé þessu algerlega óskylt.

Ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til að tefja afgreiðslu þessa frv. til þess að taka ákvæði inn í það um hvort banna skuli flotvörpu togaranna eða ekki. Það er n., sem starfar að því máli, og fyrir hana hefur verið lagt að skila áliti fyrir næsta Alþ. Það er ætlun mín um þessa n. sem starfar að heildarendurskoðun fiskveiðilöggjafarinnar og er skipuð þannig að form. hennar er fiskimálastjóri og enn fremur eiga þar sæti menn frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, annar frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, einn frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og einn frá Sjómannasambandi Íslands. Þegar þessi n. hefur rætt þessi mál um allt land og komið saman til þess að samræma, eftir því sem tök eru á, hin ólíku sjónarmið sem þarna eru uppi, er ætlun mín að óska eftir því að þingflokkarnir skipi fulltrúa í þessa n. til viðbótar til þess að vinna að undirbúningi málsins, þannig að frv. geti verið tilbúið þegar þing kemur saman að hausti og þá verði það frv. sem borið verður fram samræmt af fulltrúum sjávarútvegsins og jafnframt af fulltrúum hvers þingflokks fyrir sig og að því stefnt að frv. verði orðið að lögum áður en Alþ. fer í jólafrí. Ég tel að það sé útilokað og komi ekki til greina að tefja framgang þessa frv. af þessari ástæðu.

Ég vil láta það koma fram að það hafa verið í gildi og eru í gildi lög varðandi svokallaða loðnunefnd, sem hefur skipulag með loðnuveiðum, og þar tilnefna ákveðnir aðilar og ríkisvaldið fulltrúa til að skipuleggja þessar veiðar, þar með löndun á loðnu. Þessi n. tilkynnir skipum hvar löndunarpláss er og skip verða að fara og landa þar. En það hefur ekki verið gerð krafa um að ríkissjóður ábyrgist ef viðkomandi verksmiðjur standi ekki í skilum, þá beri ríkissjóði að greiða andvirði loðnuaflans. Það hef ég hvergi heyrt eða séð koma fram.

Með því að taka upp skipulag, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er verið að samræma veiðarnar og vinnsluna. Þá er átt við að fjölga ekki vinnslustöðvum. Eftir því sem vinnslustöðvarnar eru færri, því traustari eru þær fjárhagslega, og það er um leið verið í raun og veru að hækka verð til sjómanna og útgerðar eftir því sem vinnslustöðvarnar eru færri sem vinna þennan takmarkaða afla. Það er vegna þess að aflinn er takmarkaður og eins og segir í 2. grein: „Rn. getur synjað um slík leyfi, ef ekki er fyrirsjáanleg aflaaukning á viðkomandi svæði né samdráttur í starfsemi annarra vinnslustöðva á svæðinu.“ Þetta er mjög auðvelt að skilja. Það, sem hér er átt við, er það að fyrir fram er ákveðið aflamagn sem má veiða á hverju svæði fyrir sig. Það ákveður rn. að fengnum till. Hafrannsóknastofnunarinnar, og þegar Hafrannsóknastofnunin hefur lagt fram sína till., að þetta mörg tonn megi veiða á þessari vertíð, hefur sú regla viðgengist að sjútvrh., hver sem hann hefur verið, hefur staðfest þessa reglu eða staðfest þetta magn. Þess vegna er engin hætta á því að hér verði um neitt handahóf að ræða að öðru leyti en því að það gæti komið fyrir að afli brygðist og næði alls ekki því magni sem Hafrannsóknastofnunin hefði lagt til að sé veitt á viðkomandi vertíð. Það er það eina sem getur breytt þessari ákvörðun.

Með því að sett eru ákvæði um hámarksafla á hverju svæði, eins og gert hefur verið, er með þessu frv. verið að skipuleggja það að verksmiðjurnar, sem vinna úr þessum hámarksafla, séu ekki of margar á hverju svæði. Það þýðir það að eftir því sem verksmiðjurnar verða fleiri, því hærri verður fastakostaðurinn við vinnslu á þessum afla, því lægra verð fæst fyrir hráefnið sem sjómenn og útgerðarmenn eru að sækjast eftir og fiska. Þess vegna held ég að það sé ekkert áhorfsmál að það sé mikið atriði að koma á slíku skipulagi hvað snertir vinnsluna, vegna þess að við erum háðir ströngum reglum hvað veiðar snertir.

Við skulum svo bara líta á með örfáum orðum hvað hefur gerst í þessum efnum á undanförnum árum. Það hefur orðið verulegur samdráttur á

veiðum á þeim svæðum sem rækjuveiðarnar hafa lengst verið stundaðar á, og það er sannarlega kominn tími til að takmarka eins og hægt er þessar veiðar, fækka bátunum, en ekki fjölga þeim sem þessar veiðar fá að stunda, og koma í veg fyrir að verksmiðjum fjölgi á þessum stöðum.

Nú eru ný rækjusvæði að finnast. Rækja hefur fundist í nánd við Grímsey og það er kominn mikill lyftingur í marga frá Siglufirði til Húsavíkur, að Eyjafirði meðtöldum, að reisa rækjuverksmiðjur. Ég skal ekki segja hversu margar beiðnir koma, en þær verða æðimargar, þó að ekkert liggi fyrir um hvað þessi mið þola og hvað hóflegt sé að veiða á þessum miðum við Grímsey. Það má bæta því við, sem er líka ánægjulegt, að nú fyrir nokkrum dögum fundust rækjumið á Axarfirði. Það er eins með þau, þau eru nýfundin, ekkert hægt að segja um hvað sá stofn eða þessi mið þola mikla ásókn. Þetta verður að fara varlega í, en ekki að hleypa ótakmörkuðum fjölda báta á þessi svæði og eyðileggja þau strax.

Við verðum að byggja á vísindalegum grunni hvað snertir veiðar. Ég get skilið að Hafrannsóknastofnunin hvorki eigi né vilji hafa nokkur áhrif á það hversu margar verksmiðjur eru byggðar til þess að vinna rækju á þessum ákveðnu svæðum. Hennar hlutverk er að skipuleggja veiðarnar, eingöngu veiðar og ekkert annað. Þess vegna verða stjórnvöld að koma á samræmi á milli þess skipulags, sem Hafrannsóknastofnunin leggur til varðandi veiðarnar, og þess skipulags sem nauðsynlegt er að viðhafa hvað snertir vinnslu.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil að síðustu segja að ég legg mikla áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga og það sem allra fyrst. Það eru þegar komnar allmargar umsóknir, bæði formlegar og óformlegar, svo að ég hygg að það sé kominn tími til og þó að fyrr hefði verið að slíkt skipulag væri fyrir hendi. Þess vegna legg ég áherslu á að þetta frv. verði lögfest nú þegar.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það hefur gætt misskilnings hjá hæstv. ráðh. þegar ég nefndi flottrollið varðandi skuttogarana. Ég drap á það vegna þess, að frsm. fór svo lítið út fyrir efni frv., og ég taldi að mér mundi aðeins leyfast að víkja að því vegna þess að það er mikið vandamál. En ég vil ekki fara að blanda því inn í þetta frv. Eins og hæstv. ráðh. drap á, er hin löggjöfin í endurskoðun og kemur fram á sínum tíma. Ég vildi aðeins vekja athygli á því að það væri nauðsynlegt að íhuga það vandamál sem fylgdi flottrollinu og þeirri fjárfestingu sem leiddi af því ef allir færu í flottrollið og síðan yrði það skyndilega bannað og þá yrði búið að eyða jafnvel svo að skipti hundruðum millj. í útbúnað um borð í skipunum, og síðan allt stöðvað. Það er ekkert lítið í húfi þar fremur en í skelfiskinum.

Síðan vildi hæstv. ráðh. svara mér varðandi 1. gr., en þar segir orðrétt í frv.: „m. a. með skiptingu afla milli vinnslustöðva og/eða þeirra báta, sem veiðileyfi hljóta“ — og minnti á skip er lægju við loðnulöndun. En þarna er mikill eðlismunur á. Loðnunefnd hefur starfað þannig að hún segir almennt: Hér er löndunarpláss, þar og þar. — En hún segir ekki við neinn bát: Farðu beint á þessa verstöð og landaðu þar og hvergi annars staðar, þó að pláss sé til. — Þar er reginmunur á. En mér skilst að eftir þessari gr., ef hún fer beint fram eins og ég skil hana, þá geti ráðh. sagt við bát: Þú landar hjá þessari stöð og hvergi annars staðar. — Hér er reginmunur á. Ef við höfum eitthvert svæði með 3 stöðvar og Hafrannsóknastofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að það megi fiska um 1 000 tonn og það eru 5 bátar, þá vil ég hafa það þannig að þeir séu frjálsir að því að selja á þrjá staði eftir atvikum eins og þeir fá að gera við loðnuna, en það sé ekki sagt við báta A, B og C: Þið landið í stöðvum S, T og U og hvergi annars staðar o. s. frv. Þetta er eðlismunurinn. Sé úrskurður rn. sá að segja um ákveðinn bát: Þú landar þarna og hvergi annars staðar — þá tel ég rn. ábyrgt. Hér liggur ágreiningurinn. Ég tel að semjum við þannig frv. að þetta verði svo í framkvæmd, þá sé rn. orðið ábyrgt og það er allt annað en á sér stað í loðnulöndunarkerfinu, allt annað. Þrátt fyrir það frelsi, sem þar ríkir, hafa komið upp núna allharðar raddir meðal útvegsmanna um að þessi ábending um, að þarna sé pláss og þarna og þarna og ekki á öðrum stöðum, hafi þær skyldur í för með sér að einhver verði að tryggja greiðslur á loðnuafurðunum. En nú keyrir alveg um þverbak hjá loðnuverksmiðjunum í uppgjöri hjá sumum hverjum. Á útvegsmönnum er kvöð að gera upp við skipshafnir sínar, en þeir fá bara ekki peningana. Og hver er ábyrgur? Enginn nema vitlaus stjórnandi í landi og skipstjórinn. En það eru tugir milljóna sem ekki er skilað til loðnubátanna núna.

Síðan hafa fiskifræðingarnir sjálfir sagt að þetta orðalag í 2. gr. væri þess eðlis og þannig orðað að þeir gætu aldrei starfað samkvæmt því. Hver sér „fyrirsjáanlega varanlega aflaaukningu“? Ekki nokkur einasti maður. Það er ekki hægt. Ef sá maður væri til hér, slíkur spekingur, þá ætti hann að gefa sig fram. Menn geta gert aflaspá, en hún er byggð að meira og minna leyti á lítils háttar rannsóknum, því miður. En þetta orðalag er þannig örugglega og þeir hafa sagt það alveg hreint út, fiskifræðingarnir, að þeir geti ekki starfað eins og það er beint sett fram. Við teljum okkur skilja hvað hér er leitast við að setja fram eða ná, og menn vilja hafa vissan fyrirvara á því að gera sér vonir um aflaaukningu og byggja á þeirri von að veiðileyfi sé veitt til fleiri báta og jafnvel að nýjar stöðvar séu reistar.

Ég tel að þegar við erum efnislega sammála um þessa löggjöf að ýmsu leyti, þrátt fyrir að hún hafi verið að velkjast hér lengi í þinginu eða frv. að henni, þá eigum við að gefa okkur það mikinn tíma að við orðum þetta af raunsæi og skynsemi. Það verð ég að segja. Það hlýtur öllum að vera til bóta þegar framkvæma á lögin og sennilega stendur þetta frv. allmörg ár. Einn af baráttumönnum þessa máls lýsti því yfir að hann áskildi sér rétt, þó að hann styddi það

núna — hann hafði á tilfinningunni að þetta væri ekki alveg eins gott og æskilegt væri — hann áskildi sér rétt innan skamms að koma með brtt. við lögin, jafnvel þó að það séu bara fjórar greinar, vegna þess að hann finnur með sjálfum sér að hér er ekki eins heppilegt orðalag á og æskilegt væri. Ef það er óhjákvæmileg nauðsyn að samþ. frv. í dag eða í vikunni, þá verður það að gerast. En þá mun ég ekki geta staðið að þessu orðalagi þó að ég sé að mörgu leyti efnislega með því sem frv. er að boða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Samræmd vinnsla sjávarafla, frv. (þskj. 371). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 452).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 8, n. 424). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um breyt. á l. um almannatryggingar. Frv. er flutt af þeim alþm. Helga F. Seljan og Stefáni Jónssyni og efni þess er að finna í 1. gr. frv. er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sjúklingur þarf að leita til sérfræðings að læknisráði um lengri vegu skal greiða honum hluta af ferðakostnaði skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Þurfi sjúklingur að leita sérfræðiþjónustu á reglubundinn hátt, árlega eða oftar, skal greiða honum ferðakostnaðinn að fullu. Greiðsla ferðakostnaðar miðist við vottorð viðkomandi læknis og sérfræðings.“

Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. á nokkrum fundum og leitað um það umsagnar, og með leyfi forseta vil ég gjarnan lesa hér umsögn er kom frá Tryggingastofnun ríkisins og hljóðar svo:

„Hv. þn. hefur sent til umsagnar frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 1971, um almannatryggingar. Það verður að telja rétt, sem fram kemur í frv. og grg. með því, að full ástæða sé til einhverrar þátttöku í nauðsynlegum ferðalögum sjúklinga til sérfræðinga þegar um löng og dýr ferðalög er að ræða. Það kemur fram í grg. frv. að flm. gera sér fyllilega ljóst að það er nokkurt vandaverk að semja réttlátar og haldgóðar reglur til að ná því markmiði sem að er stefnt, enda hafi endurskoðunarnefnd tryggingalaganna hikað við að leggja fram till. af þeirri ástæðu. Það er hins vegar álitamál, hvort stefna beri að því að leysa þann vanda með reglugerð eða undirbúa nánari lagasetningu. Tryggingaráð telur eðlilegra að undirbúin verði nánari lagasetning.“

Þar sem nú stendur þannig á að heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar fer fram um þessar mundir leggur n. til, þrátt fyrir það að hún viðurkenni nauðsyn þess að setja reglur um greiðslur til þeirra sjúklinga er oft þurfa að leita um langa vegu til læknis, að málinu verði vísað til ríkisstj. Einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja brtt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég undirritaði þetta nál. með fyrirvara. Það er auðskilið mál, ég er annar flm. þessa lagafrv. og auðvitað mundum við flm. helst kjósa að fá frv. samþ., sér í lagi vegna þess að að nokkru er þetta frv. í heimildarformi. Ég vil hins vegar þakka heilbr.- og trn. og öðrum fulltrúum þar fyrir mjög jákvætt nál., þar er tekin mjög jákvæð afstaða til þessa máls í heild, og einnig ítreka ég það, að mér þótti vænt um að sjá hina jákvæðu afstöðu forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, Sigurðar Ingimundarsonar, til þessa máls einnig. Það er rétt sem hv. frsm. n. sagði hér áðan að enn eru almannatryggingalögin í endurskoðun — nú í heildarendurskoðun. Það er að vísu einn sérfræðingur sem þar er til kvaddur því að endurskoðunarnefnd sú, sem allir flokkar áttu aðild að, hefur verið lögð niður, að því er ég best veit, og endurskoðunin falin einum sérfræðingi sem ég vanmet á engan hátt en játa þó að ekki hef ég meiri trú á því að komi jákvætt álit frá honum en þeirri n. sem vann að þessu mjög ítarlega og samviskusamlega áður og í áttu sæti fulltrúar allra flokka.

Ég get hins vegar ekki staðið á móti því með tilliti til frv., sem áður hafa hér komið fram og ég hef staðið að að yrði vísað til ríkisstj. í krafti heildarendurskoðunar, að svo yrði um þetta frv. og hef því undirritað nál. með fyrirvara. Ég játa að ég reyndi að koma þessu að áður við enduskoðunarnefnd tryggingalaganna og við stjórn, sem ég studdi og kom þessu máli ekki fram, en ég kom því ekki fram. Þar var það þessi misnotkunarhætta sem kom í veg fyrir það aðallega eins og bent er á reyndar í áliti forstjóra Tryggingastofnunarinnar. Sú misnotkunarhætta sem kom í veg fyrir þetta, ég er hræddur um að hún komi enn í veg fyrir að þetta komist í framkvæmd fyrst um sinn. En ég vil benda á það mjög skýrt, eins og ég gerði hér í framsögu fyrir frv. okkar hv. þm. Stefáns Jónssonar, að þarna er misnotkunarhætta síst meiri — hún er síst meiri sú hætta en víða annars staðar í okkar tryggingalöggjöf. Ég veit að það hafa verið gerðar margar brýnar breyt. á tryggingalöggjöf okkar að undanförnu og þær breyt. margar hverjar hafa e. t. v. verið brýnni. Ég er þó á því að það sé fyllilega komið að þessum þætti sérstaklega. Þörfin er svo ótvíræð og svo knýjandi að ég held að við séum, eins og reyndar kemur fram í nál., allir sammála um að að þessu sé hreinlega komið. Hins vegar get ég vitanlega ekki treyst hæstv. núv. ríkisstj. út af fyrir sig betur til þessarar málsmeðferðar en þeirri ríkisstj., sem ég hafði reynt áður að

koma þessu máli fram við, en kom ekki, og mun því sitja hjá við atkvgr. um að vísa þessu máli til ríkisstj. Ég virði þó þá jákvæðu afstöðu sem þarna er tekin, en vissulega boða ég það að komi ekkert út úr þessari endurskoðun til hagsbóta fyrir þann mikla fjölda sjúklinga úti á landsbyggðinni sem þarna á hlut að máli, þá munum við flm. að sjálfsögðu endurflytja þetta frv. á næsta þingi.

ATKVGR.

Till. á þskj. 424 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 33, n. 425). — 2. umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands, sem hér er til umr., felur það í sér að sjóðnum er veitt heimild til lánveitinga vegna kaupa á eldri fiskibátum. Á síðasta þingi var samhljóða frv. flutt, en náði þá eigi fullnaðarafgreiðslu.

Enda þótt Fiskveiðasjóður Íslands sé einn öflugasti af stofnlánasjóðum atvinnuveganna, þá hefur hann svo miklu hlutverki að gegna að jafnan vantar fjármagn til lánveitinga. Uppbygging sjávarútvegsins er stöðug og krefst mikils fjármagns. Það er með tilliti til þessa sem því miður hefur verið haldið fram að slík lagabreyting sem hér um ræðir sé ekki tímabær nema þá að jafnhliða sé séð fyrir auknu fjármagni sjóðnum til handa. Að vissu leyti á þessi gagnrýni rétt á sér. Sjútvn. er hins vegar þeirrar skoðunar að í vissum tilfellum muni þessi breyt., ef að lögum verður, leiða til þess að sá skipakostur, sem fyrir hendi er, nýtist betur en ella því að segja má að með þeim lánakjörum, sem í gildi hafa verið, hafi verið auðveldara að eignast nýjan bát en eldri bát í góðu standi þar sem um hefur verið að ræða verulega útborgun og lítil áhvílandi lán.

Segja má að þessi lánafyrirgreiðsla, sem hér um ræðir, sé í samræmi við það sem nú á sér stað hjá húsnæðismálastjórn, þar sem um er að ræða lán út á eldri íbúðir. Hefur sú framkvæmd verið í gildi um nokkurt árabil. Í dag hygg ég að flestir séu sammála um að stigið var spor í rétta átt þegar ákveðið var að stofna þann lánaflokk í húsnæðislánakerfinu.

Eins og fram kemur á þskj. 425 leggur n. til að lánsupphæðin megi nema allt að ¼ af kostnaðar- eða matsverði í stað helmings eins og er í frv. og er það að sjálfsögðu að frádregnum þeim lánum sem á bátunum kunna að hvíla í Fiskveiðasjóði þegar kaupin fara fram.

Segja má að hér sé hóflega af stað farið og ætti ekki að þyngja sjóðnum að neinu verulegu marki. Breytingu á þessu ákvæði mætti síðan gera eftir því sem ástæða verður og talin æskileg reynsla að framkvæmdinni fenginni.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Sjútvn. leggur einróma til að frv. verði, þannig breytt, samþ. og vísað til 3. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. sjútvn. fyrir þá jákvæðu afgreiðslu og afstöðu til þessa máls, sem hér er til umr., að leggja til að frv. verði samþ. Það er svo að þegar þetta mál hefur verið rætt hér í hv. d., — og þetta er í annað sinn sem frv. þetta er borið fram, — þá hafa menn, ég hygg allir sem hafa tekið til máls, verið jákvæðir til þessa frv. Hins vegar er því ekki að leyna að maður hefur orðið var við að það er ekki svo um alla þá aðila sem þetta mál skiptir þó að furðulegt megi heita. Mér virðist vera svo sterk rök fyrir því að frv. þetta verði samþ. að það sé naumast hægt á málefnalegum grundvelli að standa gegn því.

Ég ætla ekki að fara að lengja umr. með því að endurtaka það sem ég hef sagt áður um mikilvægi þess að Fiskveiðasjóður Íslands hafi möguleika til þess að veita lán út á eldri fiskiskip. Við erum sammála um það. En eins og hv. frsm. sjútvn. tók fram hefur verið hreyft þeim athugasemdum í þessu máli að það kynni að íþyngja Fiskveiðasjóði ef frv. yrði samþ. og honum ætlað að lána til eldri fiskiskipa. Ég hef aldrei neitað því að svo kynni að vera. En ég hef jafnan bent á að það þyrfti ekki að vera. Ástandið er þannig þegar litið er til lengri tíma, að þá má halda því fram, að ég tel með fullum rökum, að frv. þetta, ef að lögum verður, muni síður en svo þyngja á Fiskveiðasjóði. Og það er einfaldlega vegna þess að með því að greiða fyrir eðlilegum eignaskiptum á þessum þýðingarmiklu framleiðslutækjum sem fiskiskipin eru, þá eru meiri möguleikar til þess að hagnýta fiskiskipastólinn betur en nú er gert. Ég held því hiklaust fram að hann sé ekki hagnýttur eins vel og skyldi m. a. vegna þess að það er auðveldast fyrir menn, sem þurfa á fiskiskipi að halda, að láta byggja eða kaupa nýtt skip. Þá hafa þeir fyrirgreiðslu skv. gildandi reglum Fiskveiðasjóðs. En ef þeir ætla að kaupa skip sem eru jafnhagkvæm, jafngóð, kannske hagkvæmari og kannske betri, en eru nokkurra ára gömul þá veigra þeir sér við því og hverfa frá slíkri hugsun í mörgum, kannske flestum tilfellum, vegna þess að þeir fá enga opinbera lánafyrirgreiðslu til að kaupa slík skip.

Það er líka rétt að vekja á því athygli, að það er talið að um þessar mundir sé ástandið þannig að við höfum nægileg fiskiskip og það sé ekki hagkvæmt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að leggja mikla áherslu á byggingu nýrra skipa. Þetta er augljóst ef við höfum í huga yfirlit og athuganir sem Fiskifélag Íslands hefur gert um meðalársafla á Íslandsmiðum á árunum 1958—1973. Á þessum árum var ársmeðaltal þorskaflans á Íslandsmiðum talið 728 þús. lestir og hæst komst aflinn 1970 í 820 þús. lestir. En við íslendingar veiddum ekki af þessum afla nema 52% eða um 380 þús. lestir á ári. Viðfangsefnið nú á næstu árum er að auka hlut okkar íslendinga í aflanum við Íslandsstrendur. Allir eru sammála um að við verðum að sitja einir að þeim afla sem mögulegur er innan 50 mílna fiskveiðimarkanna, og við erum nú í þann mund að færa út í 200 mílur. Það mætti því ætla að nú þyrftum við að leggja áherslu á aukningu fiskiskipaflotans til þess að

mæta þessum þörfum. En samkv. athugunum, sem Fiskifélag Íslands hefur gert, er augljóst að það er ekki sérstakt viðfangsefni í dag að auka nýsmíðar og auka fiskiskipaflotann, vegna þess að með þeim flota, sem við eigum nú, getum við auðveldlega, ef almennar aðstæður leyfa, hagnýtt fiskimið okkar þannig að við getum borið að landi ekki einungis okkar hluta sem verið hefur á Íslandsmiðum, heldur það sem framundan er í aukningu. Fyrir þessu liggja tölulegar upplýsingar.

En auðvitað þýðir þetta ekki að við stöðvum nýsmíði. Við verðum að fylgjast með tækniframförum og það verður að vera eðlilegt viðhald á flotanum. En við þurfum núna eins og er einmitt að leggja áherslu á að hagnýta sem best þann flota sem við eigum. Það er einmitt þetta frv. sem miðar að því að skapa frekari skilyrði til þess að svo megi verða.

Ég held að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða að það hefði verið eðlilegt að samþ. frv. óbreytt, þ. e. a. s. að til eldri fiskiskipa megi lán nema helmingi kaupverðs eða matsverðs, eins og frv. gerir ráð fyrir, en ekki 25% eins og brtt. sjútvrn. gerir ráð fyrir. Hins vegar, eins og ég sagði í upphafi máls míns er ég ánægður með þá afstöðu sjútvn., að hún skuli leggja til að frv. verði samþ. Það er stór sigur í þessu máli þó að það verði samþ. með þeirri breyt. sem n. flytur.

Ég tel að það sé höfuðatriði nú á þessu stigi að fá frv. samþ. Það er auðvitað rétt, sem hv. frsm. sjútvn. sagði, að ef hér reynist ekki nægilega að gert, sem till. sjútvn. gerir ráð fyrir, þá er hægt að betrumbæta í þessu efni þegar reynsla liggur fyrir um framkvæmd ef frv. verður að lögum.

Ég mun því ekki mæla gegn brtt. hv. sjútvn., en ég mun ekki heldur ljá henni stuðning minn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 425 (ný 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 14. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Verðlagsmál, frv. (þskj. 300). — 1. umr.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Virðulegi forseti. Ég hef ásamt hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepssyni, leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 frá 14. júní 1960, um verðlagsmál.

Allar þær breyt., sem við leggjum til, stefna að því að lögin megi verða almenningi meiri stoð en þau eru nú. Sjaldan eða aldrei hefur slík holskefla dýrtíðar skollið yfir landsmenn á jafnskömmum tíma og það sem af er valdatíð þessarar ríkisstj. Tvennar gengisfellingar hefur hún afrekað og á sama tíma og kaupgjald er bundið leyfir hún nær hömlulaust verðhækkanir á innlendri vöru og þjónustu. Tal manna um gjaldþrot heimilanna er sannarlega ekki út í bláinn, og víst er að fólk með lágar eða miðlungstekjur verður að velta fyrir sér hverjum eyri áður en hann er af hendi látinn. Við þessu á ríkisstj. ekki önnur ráð til handa þessu fólki en að það skuli nú herða sultarólina. Þennan boðskap flytur ríkisstj. og málgögn hennar ýmist í værukærum, róandi ábúðartón eða með beinum ógnunum eins og í foustugrein Morgunblaðsins 8. apríl s. l. þar sem verkafólki er ráðlagt að stilla kröfum sínum í hóf ella hafi það alvarlegar afleiðingar fyrir framtíð íslensku þjóðarinnar, hvorki meira né minna.

En svo mikið er víst að alþýða þessa lands lifir ekki á sultarboðskap einum saman. Það er vissulega lágmarkskrafa að þær breyt. verði gerðar á lögum um verðlagsmál að þau verndi almenning gegn dýrtíðinni svo fremi sem kostur er, og það er meira en lágmarkskrafa að lög um verðlagsmál hindri að ein stétt í þjóðfélaginu, kaupmannastéttin, hagnist verulega, t. d. þegar hækkanir erlendis valda stórfelldum hækkunum innanlands á nauðsynjavöru og þjóðarbúið í heild verður þannig fyrir stórfelldum áföllum. Einmitt um þetta atriði og atriði því skyld fjallar 1. gr. frv. Sú sjálfsagða regla gildir nú í störfum verðlagsnefndar að þegar gengi krónunnar er breytt er hámarksverð vörunnar tekið til endurskoðunar og álagningu breytt á þá lund að hún er aðeins látin ná til 30% af hækkuninni sem af breytingunni stafar.

Við leggjum til að lögfest verði ákvæði sem gengur í sömu átt, en heldur lengra þó. Við leggjum til að verðlagsnefnd geti hvenær sem er tekið ákvörðun um hámarksverð til endurskoðunar, en að henni sé skylt að gera það ef gengisfelling, gengissig eða erlendar verðhækkanir valda verulegri hækkun á verði og álagningu innfluttrar vöru. Það skal tekið fram til að forðast misskilning að þegar talað er um hámarksverð í frv., þá er vitaskuld þar innifalin hámarksálagning og hverjir þeir kostnaðarliðir aðrir sem heyra undir valdsvið verðlagsnefndar, eins og þeir eru skilgreindir í 3. gr. gildandi laga. Vil ég því beina því til n. sem fær frv. þetta til athugunar, ef henni finnst ekki nógu skýrt kveðið að orði, að hún lagi þetta atriði.

Í sambandi við 1. gr. frv. beinist athyglin fyrst og fremst að þeirri staðreynd að hlutfallsreglan um álagningu verslunar veldur stórfelldum og óeðlilegum hagnaði verslunarinnar þegar erlend verðhækkun hækkar verð innfluttrar vöru verulega. Nærtækasta dæmið um slíkt er sykurverðið sem hefur hækkað verulega erlendis á allra síðustu tímum svo sem kunnugt er. Sé miðað við verðlag á sykri eins og það var um síðustu áramót hefur sykurverð sexfaldast síðan 1972. Ársforði íslendinga af sykri kostaði, sé miðað við útsöluverð, um 300 millj. kr. árið 1972. Sama magn af sykri kostaði um síðustu áramót um 1 600— 1 800 millj. kr. Árið 1972 nam álagning verslunarinnar 80 millj. kr., en 600 millj. miðað við sykurverð um síðustu áramót. Á þessu tímabili, sem hér um ræðir, hefur því það fé, sem kaupmenn fengu í sinn hlut fyrir að selja sama magn af sykri, hækkað úr 80 millj. kr. í 600 millj. kr.

En með þessu er ekki öll sagan sögð því að

síðan um áramót hefur sykurverð enn verið að hækka. Fyrir örfáum dögum eða 7. apríl athugaði ég verð á strásykurskílói í nokkrum verslunum í Reykjavík og grennd. Strásykurskílóið kostaði hvergi það sama en út frá því verði, sem fékkst úr þessari athugun, lætur nærri að meðaltalsverð á kílói af strásykri sé 400 kr. Samkvæmt því kostar ársneyslan út úr búð 3.9 milljarða.

Nú er athyglisvert að sjá hvað hver fær í sinn hlut af þessum 3.9 milljörðum. Hlutur ríkisins í formi söluskatts er 780 millj. eða 1/5 hluti, en hlutur verslunarinnar a. m. k. einn milljarður eða 25—26% sé miðað við útsöluverð, en þriðjungur sé miðað við smásöluverð. Innkaupsverð á sykrinum ætti samkvæmt þessu að vera á að giska 2.1 milljarður, en það fé, sem kaupmenn fá fyrir að selja sama magn af sykri, hefur frá því um áramót hækkað úr 600 millj. kr. í einn milljarð miðað við daginn í dag.

En við skulum líta á þetta dæmi frá sjónarhóli hafnarverkamannsins sem skipar sykrinum upp. Hann skipar upp sykri sem kostar komið á hafnarbakkann u. þ. b. 230 kr. kílóið, en þegar hann kaupir þetta sama kíló af sykri hjá kaupmanninum á því verði sem nú er, þá greiðir hann kaupmanninum eða versluninni 111 kr. af hverju kílói fyrir að rétta sér það yfir búðarborðið. Ég hef í þessu dæmi áætlað að kostnaður við innflutning sé u. þ. b. 20 kr., en það er raunar eini liðurinn í öllum ferli vöru frá hafnarbakka á búðarborðið sem ekki lýtur hlutfallsreglum. En sú óhugnanlega staðreynd blasir við augum að hafnarverkamaðurinn greiðir kaupmanninum 40% af tímakaupi sínu fyrir það eitt að rétta sér eitt kíló af sykri. Miðað við útsöluverð er hafnarverkamaðurinn hálfan annan klukkutíma að vinna sér inn fyrir einu kílói af sykri. Ranglætið og misskipting auðsins er hér svo hrópandi að telja má algert siðleysi ef ekki er við spornað.

Í 2. gr. frv. er lagt til að í 5. gr. gildandi laga bætist ákvæði er veiti verðlagsyfirvöldum rýmri heimild til rannsókna og eftirlits. Í 5. gr. er kveðið á um að bannað sé að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verslunarhagnað af þeim síðar. Við leggjum til að verðlagsstjóra sé heimilt að láta fara fram vöruskoðun hjá hverjum þeim sem grunaður er um slíkt. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt ljóslega að full þörf er á að herða á eftirliti í þessum efnum. Samkv. 10. gr. gildandi laga getur verðlagsstjóri að vísu krafið hvern sem er um upplýsingar, skýrslur og önnur gögn sem telja má nauðsynleg í starfi hans. Hins vegar er ekki óeðlilegt, þegar um er að ræða brot sem felst í því að halda vörum úr umferð í hagnaðarskyni, að verðlagsyfirvöldum sé veitt rýmri heimild til rannsókna.

Breyt., sem felast í 3. og 4. gr. frv., hafa báðar þann megintilgang að auðvelda fólki að átta sig á verðlagi, að átta sig á hagstæðasta verði á vöru og þjónustu á hverjum tíma og hvar þá vöru eða þjónustu sé að finna. Það er öllum ljóst að verð vöru getur verið ákaflega mismunandi í hinum ýmsu verslunum, og þegar þar við bætast sultarráðstafanir ríkisstj. sem hafa í för með sér verðhækkanir á verðhækkanir ofan, er ógerningur fyrir fólk að fylgjast með réttu verðlagi eða tryggja á nokkurn hátt að það sé að verja peningum sínum á sem hagkvæmastan hátt. Margir muna efalaust eftir sjónvarpsþætti skömmu fyrir síðustu jól þar sem fólk var tekið tali og spurt um verð á helstu nauðsynjavörum — vörum sem notaðar eru daglega á heimilum. Þessi þáttur varð einna líkastur getraunaþætti. Fáir, ef nokkur, vissi með nokkurri vissu hvað smjör, franskbrauð eða kaffi kostaði, enda varla von. Verðið, sem gilti í dag, er orðið gamalt á morgun. Verð á sykri eða einu stykki af handsápu, svo að dæmi sé tekið, er eitt í þessari búðinni og annað í hinni, og ef fólk gerist svo djarft að spyrja kaupmanninn hvað valdi verðhækkun eða verðmismun fær það yfirleitt sama svarið: Þetta er ný sending. — Þetta svar er orðið nokkurs konar töfraþula kaupmanna sem almenningur stendur varnarlaus gegn.

Þegar ég var að semja þessar línur gerði ég sjálf athugun í 7 verslunum sem ég valdi af handahófi og kynnti mér verð á stykki af handsápu. Tegundin var hin sama, stærðin hin sama og athugunin var gerð á einum og sama klukkutímanum. Út úr þessari athugun kom verð á fimm vegu. Eitt stykki af handsápu kostaði 43 kr. þar sem það var lægst, en 57 kr. þar sem það var hæst. Í þeim verslunum, þar sem sápustykkið kostaði 57 kr., var mér tjáð að þetta væri alveg ný sending, en í verslun, sem seldi sápuna á 54 kr. stykkið eða 3 kr. lægra, var mér einnig tjáð sem skýring á verðinu að þetta væri alveg ný sending. Hvað veldur? Er ekki von að almenningur spyrji: Hvað er eiginlega þessi nýja sending? Eru það ný trúarbrögð eða er það náttúrulögmál? — Það mætti vitaskuld taka mýmörg dæmi um mismunandi verð á nauðsynjavöru í hinum ýmsu verslunum. Ég minntist fyrr í ræðu minni á að í þeim verslunum, þar sem ég kynnti mér verð á strásykri, hafði sykurkílóið hvergi kostað það sama. Sú athugun var líka gerð sama daginn og á sama klukkutímanum. Lægst var verðið 310 kr. kg, hæst 415 kr. kg.

Flm. þessa frv. eru þeirrar skoðunar að til að leiðbeina almenningi í þessu völundarhúsi verðlagsmála verði að koma annarri skipan á en nú er gert ráð fyrir í 7. gr. laganna. Þar er m. a. svo mælt fyrir að verðlagsstjóri skuli mánaðarlega birta skýrslu er sýni hæsta og lægsta verð á helstu nauðsynjavörum sem framfærsluvísitala byggist á. En slíkt kemur varla að hagkvæmum notum fyrir kaupendur í daglegum innkaupum. Í stað þess fyrirkomulags leggjum við til að verðlagsstjóri skuli mánaðarlega láta gera úrtakskönnun á hæsta og lægsta verði á þjónustu og helstu nauðsynjavörum, sem framfærsluvísitala byggist á, og birta í dagblöðum skýrslu um niðurstöður þeirra kannana og nafngreina þar seljendur hæsta og lægsta verðs. Með þessari skipan mundi almenningur fá upplýsingar um hvar vöruna er að finna á hagkvæmustu verði og þetta yrði því ómetanleg leiðbeining fyrir fólk. Okkur er ljóst að slík úrtakskönnun sannar ekkert um heiðarleik eða óheiðarleik kaupmannsins enda er í gildandi lögum og reglugerð ákvæði um eftirlit og brot á verðlagslöggjöfinni. En þetta mundi hvetja fólkið sjálft til að vera frekar á verði en því er unnt nú, auk þess sem það ætti að vera kaupmönnum hvati að halda verðlagi innan réttra

marka og auglýsa vöruverð sjálfir, en á það skortir mjög eins og allir vita. Að mínum dómi er það algert siðleysi að auglýsa og bjóða vöru fala án þess að taka fram verð vörunnar. Þetta á áreiðanlega stóran þátt í því að slæva verðskyn almennings og er til þess fallið að innræta fólki að verð vöru skipti sáralitlu máli eða engu.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að þetta atriði, upplýsingar um verð, skiptir íbúa úti á landi ákaflega miklu. Ýmiss konar vörur verður fólk úti á landi að fá héðan úr Reykjavík, og það vantar ekki að verslanir skírskota til þessa fólks með því að taka fram að þær póstsendi. En í þessar auglýsingar vantar oftar en ekki upplýsingar um verð þótt ágæti vörunnar sé að öðru leyti tíundað. Þetta kostar fólk sérstakt langlínusamtal eingöngu til að spyrja um verðið og er þá varan orðin dýrari sem því nemur.

Ákvæði um verðmerkingar og upplýsingar um verð í gildandi lögum eru ekki strangari en svo að verðlagsstjóri getur fyrirskipað að verðmerkja vörur, festa upp verðskrár í verslunum og verkstæðum og annað slíkt sem hann telur auðvelda viðskipti og eftirlit með verðlagi. Til að herða á þessu ákvæði og gera það þar með virkara leggjum við til í 4. gr. frv. að skylt verði að verðmerkja allar söluvörur hvar sem þær eru boðnar eða auglýstar, hvort heldur er á sölustað í sýnigluggum eða í almennum auglýsingum og þá auðvitað í útvarpi, sjónvarpi sem dagblöðum. Einstaka kaupmenn og verslanir hafa sannað að þetta er hægt og við teljum ekki nema eðlilegt að gera öllum þetta að skyldu almenningi til hagsbóta.

6. gr. frv. þarfnast varla skýringa á þessum verðbólgutímum, en þar leggjum við til að dagsektir þær, sem um ræðir í 20. gr. laganna, verði hækkaðar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt þótt það komi fram óskir eða till. um endurskoðun á lögum um verðlagsmál. Þau hafa verið að kalla má óbreytt nokkuð lengi og það er ekki nema eðlilegt að það geti komið fram ástæður sem kalla á breyt. á þeim og geri eðlilegt að þau séu tekin til endurskoðunar.

Ég vil í tilefni af því frv., sem hér er fram komið, minna á að í málefnasamningi núv. ríkisstj. er einmitt ákvæði um að ný löggjöf skuli sett um verðlagsmál, um viðskiptahætti, verðgæslu og verðmyndun, eins og þar segir. Í því felst auðvitað að sú löggjöf, sem nú er fyrir hendi, verður þar með tekin til endurskoðunar og breytinga. Er að sjálfsögðu eðlilegt að í sambandi við þá endurskoðun verði teknar til athugunar þær ábendingar sem í frv. þessu felast.

Það er annars svo að verðlagslögin veita í mörgum tilfellum allrúmar heimildir og er þess vegna að talsverðu leyti undir framkvæmdinni komið hvernig þeim er beitt. Ég get fallist á að það hafi að undanförnu og miklu lengur en í tíð núv. stjórnar ekki verið nægilega skilvirkt eftirlit með verðlaginu. Teknar hafa verið ákvarðanir bæði um álagningu og staðfestir reikningar og um hámarksverð og annað því um líkt, en sjálft eftirlitið hefur tæpast verið nægilega skipulega unnið. — Nú hafa komið ungir menn til starfa í forstöðu verðlagseftirlitsins, þrír ungir menn, og er ætlunin að einn þeirra veiti sérstaka forstöðu þessu eftirliti. Ég vona að það geti leitt til þess að það komist í skipulegra horf en áður.

Ég skal ekki fara langt út í þær greinar sem hér liggja fyrir, því að eins og ég sagði tel ég eðlilegt að þær séu teknar til athugunar í sambandi við þá endurskoðun sem fram fer á þessari löggjöf. Ég tel að sumar þeirra geti verið til bóta, eins og t. d. að herða á ákvæðum um verðmerkingu á vörum. Það tel ég sjálfsagt.

Hv. flm. gaf skýringu á 1. gr. og ég skal þess vegna ekki fara að elta ólar við hana, en eins og hún er orðuð mundi hún helst gefa bendingu um að það væri ætlast til þess að verðlagsnefnd tæki alltaf til endurskoðunar hámarksverð það sem hún hefur sett þegar gengisbreyting hefur orðið. Það hefur ekki þurft til þessa að hvetja aðila, sem hér eiga hlut að máli, til þess að koma á framfæri óskum sínum um endurskoðun, og gefur auga leið að allar þess háttar óskir, sem fram koma eftir gengislækkun, eru til hækkunar. En ég tek þó góða og gilda skýringu hv. flm. á því að það er að sjálfsögðu ekki þetta sem fyrir honum hefur vakað, heldur hitt, að það er miklu fremur átt við álagningu. Þar hefur nú gilt sú regla í sambandi við gengislækkanir sem oftast nær hefur verið fylgt, þ. á m. bæði í tíð núv. og fyrrv. stjórnar, hin svokallaða 30% regla sem hér er vikið að. Ég held að sú regla sé engin heilög kýr, en ég vil leyfa mér að efast um að ef farið er að eiga við hana leiði það til lækkunar. Miklu fremur mætti segja mér að það leiddi til hækkunar. Eitt er víst, að innflytjendur hafa kvartað geysilega yfir þessari reglu og telja hana ákaflega rangláta. Hún er ekki fundin af mér, heldur er hún miklu eldri en svo. Hún er fundin upp af öðrum mönnum. En eins og ég sagði áðan, þá álít ég hana ekkert heilaga og hana megi skoða, og það hefur einmitt verið gerð samþykkt um það í verðlagsnefnd að fela Þjóðhagsstofnunni að taka þessa reglu til endurskoðunar upp á framtíðina, ekki af því að við séum að gera því skóna að komi til neinnar gengisbreytingar á næstunni, heldur hinu, að það er eðlilegt að þetta mál sé kannað.

Varðandi það, sem hv. flm. sagði um álagningu, þá er auðvitað rétt að eftir því sem innflutningsverð vöru hækkar gefur það hærri krónutölu. Hins vegar held ég að álagning yfirleitt sé nú í því lágmarki sem hægt er að gera ráð fyrir vegna þess að t. d. við tvennar gengisfellingar með stuttu millibili hefur álagning verið mjög verulega lækkuð einmitt vegna þessarar 30% reglu. Það stendur vitaskuld ekki á umkvörtunum af hálfu verslunarinnar yfir því að þessi álagning sé lág. Og ég verð að segja það sem mína persónulegu skoðun, að ég held að hún sé í sumum tilfellum komin niður fyrir það sem nokkur sanngirni er í og verði þess vegna ekki komist hjá því að taka hana til endurskoðunar eins og margt annað.

Ég held, eins og nú háttar og verðlagsþróunin er, að óhjákvæmilegt sé að halda uppi verðlagseftirliti. Hins vegar verða alltaf skoðanir skiptar um hversu árangursríkt það sé. Og það er alveg

víst að þó að það séu ágætir menn sem sitja í verðlagsnefnd og starfa á verðlagsskrifstofu, þá verður erfitt fyrir þá að fylgjast með þessum efnum og gæta þess að hvergi sé pottur brotinn ef verðskyn almennings er ekki vakandi. Það er einmitt það sem er eitt höfuðatriðið ef hægt væri að virkja neytendur meir til eftirlits í þessum efnum en verið hefur og að þeir, ef þeir telja að um rangt verð sé að ræða, sendi kærur og kvartanir til verðlagsskrifstofunnar. Ég hef lagt drög að því að þeim kvörtunum, sem þannig berast, verði tafarlaust sinnt og þær athugaðar. Það er þetta sem þarf að gerast að almenningur reyni að átta sig á þessu og fylgjast með.

Það getur, eins og hv. flm. drap á, átt sér alveg eðlilegar skýringar að verðlag sé mismunandi á sama tíma í ýmsum búðum, t. d. á sykri. Það er ekki hægt að komast hjá því af því að innkaupin eru misjöfn. Sum þau stóru fyrirtæki, sem fást við innflutning á sykri, kaupa inn miklar birgðir í einu, hafa kannske verið svo óheppin þá að lenda á háu verði. Svo getur aftur heildsali sem kannske flytur inn tiltölulega lítið magn af þessum vörum, einhvern slatta, hitt á að fá eftir tiltölulega skamman tíma hagstæðara verð, sem þá á auðvitað að koma hér fram og kemur fram sjálfsagt hjá þeim sem hafa verið svo heppnir að ná í hluta af þeirri sendingu. Þetta getur verið eðlilegt að því leyti til að þarna þarf ekki að vera um nein brot að ræða. En hitt skiptir, eins og ég sagði, höfuðmáli, að neytendur fylgist þá vel með og athugi verðið og fari eftir fordæmi hv. flm. og gangi á milli fleiri búða og geri ekki innkaupin fyrr en þeir eru búnir að finna lægsta verðið. Ef neytendur fylgdu þeirri reglu í talsvert ríkum mæli þá er ég ekki í vafa um að það mundi verða hvatning fyrir þá, sem geta gert hin bestu innkaup og boðið vöru á sem hagstæðustu verði, að kappkosta að gera það.

Ég legg því enn og aftur áherslu á að það er eitt allra nauðsynlegasta í þessu efni að fá neytendur til að vinna með í þessum efnum. Ég held að við verðum því miður að játa að við höfum ekki sinnt málefnum neytenda eins og skyldi. Það eru hér neytendasamtök, en þeim hefur tæpast verið veittur sá stuðningur og þau hafa tæpast mætt þeim skilningi sem verðugt væri. Ég held að í þessu efni þyrfti að verða á breyting og það gæti e. t. v. ýmsu góðu komið til leiðar.

Annars vil ég segja það, án þess að ég ætli að fara að elta ólar við það sem í grg. segir og eins það sem flaut hjá hv. flm. í garð ríkisstj., að það er ekki beint trúlegt að halda því fram að ríkisstj. hafi óskaplega mikinn áhuga á því eins og hann vildi vera láta, að allar vörur hækkuðu og þær yrðu sem dýrastar. Ég held að það verði að segjast eins og er og vita hvort menn trúa því eða trúa ekki.

En það er nú svo að það er ekki aðeins ríkisstj. sem hér er til eftirlits. Sú breyt. var gerð á lögunum um verðlagsnefnd, — hvort sem það var til góðs eða ills, ég læt það liggja á milli hluta, — fyrir nokkrum árum að nú er hún skipuð fulltrúum vissra samtaka og þar eiga t. d. sæti fulltrúi Alþýðusambands og fulltrúi BSRB svo að einhverjir séu nefndir. Hún er sem sagt skipuð nýjum mönnum, 4 sem eiga að koma frá — við getum sagt neytenda- eða launþegahópi, og 4 sem eiga að koma frá versluninni, atvinnurekendahópi, og svo oddamanni sem er frá viðskrn. Þessi skipan hefur staðið um nokkurt skeið, a. m. k. í tíð þriggja viðskrh. ef ég tel sjálfan mig með, án þess að gerð hafi verið nokkur tilraun til að breyta þessari skipan. Ef ég man nú rétt, þá held ég að hún hafi komist á í sambandi við kjarasamninga á sínum tíma og að launþegar hafi talið sér búbót að fá aðild að verðlagsn., og sjálfsagt hafa þeir sýnt aðgát í þessu efni. Það er því ekki um neina einhliða hagsmuni beint að ræða að baki þeirra ákvarðana sem teknar eru í verðlagsn., heldur eru málin rædd þar af þessum aðilum. Stundum verða þeir ekki sammála, stundum skiptast þeir kannske í þessar blokkir og þá verður sá oddamaður, sem á að vera hlutlaus, sem tilnefndur er af viðskrh. að skera úr. En oft, mjög oft, jafnvel þótt um hækkanir sé að tefla, eru allir þessir fulltrúar, sem í verðlagsn. sitja, sammála.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram og þá fyrst og fremst að þessi lög verða skoðuð og þá er sjálfsagt að líta á þær bendingar sem í þessu frv. felast. Ég álít að það sé þörf á því að reyna að koma reglum um það efni í skynsamlegasta horf sem hægt er og á þann veg að þær þjóni þeim tilgangi sem ætlað er, að þess sé gætt að vöruverð sé svo lágt sem kostur er en jafnframt sé hins gætt, sem verður að líta á með fullri sanngirni, að þeir, sem við þessa atvinnu fást, vörudreifinguna, verða auðvitað að bera úr býtum sanngjarna þóknun fyrir sína þjónustu. Og þá verður líka að taka tillit til þess að það eru framfarir í versluninni, umgengninni, umbúnaði, sem neytendur óska eftir og vilja gjarnan fá. Auðvitað kostar þetta eitthvað. Menn verða líka að vera reiðubúnir að borga fyrir það. Sumt af því getur reyndar verið þannig að það horfi til hagræðingar og geti kannske stuðlað að lækkuðu vöruverði.

En ég held að þær — ég vil ekki segja getsakir, en þau ómildu orð, sem hv. flm. lét falla í garð verslunarinnar, séu ekki makleg. Við höfum hér bæði kaupmannaverslun og samvinnuverslun, samvinnuhreyfingu sem er sterk, og verðsamanburður hjá þessum aðilum getur auðvitað sagt nokkuð til um það hvort um óeðlilegt verðlag er að ræða. Hitt er eðlilegt, að menn séu mjög vakandi og viðkvæmir fyrir þessu á þeim tímum þar sem er ómótmælanleg staðreynd að verð á innfluttri vöru hefur hækkað með eindæmum að undanförnu. Það er ekki hér á landi aðeins, heldur er það alls staðar, þessi hækkunaralda gengur yfir. Þetta veldur okkur auðvitað mjög miklum erfiðleikum og á drýgsta þáttinn í þeirri öru verðbólgu sem hér hefur verið að undanförnu. Þó að olía hafi þar metið eru margar aðrar nauðsynjavörur sem hafa hækkað alveg óskaplega, eins og timbur, járn, sykur o. fl., o. fl. sem lengi mætti telja. Það hefur verið von manna að náð væri hámarki í þessum hækkunum og eitthvað færi e. t. v. að lækka, en hvort svo verður er eftir að sjá.

Ég tel sjálfsagt að þetta frv. fari til n. og fái þar athugun, en vænti þess að n. hafi það í huga sem ég hef hér sagt, að þessi mál eru í allsherjarathugun.

Umr. frestað um stund.

Leiklistarskóli Íslands, frv. (þskj. 416). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Leiklistarskóla Íslands. Ákvæði um leiklistarskóla voru á sínum tíma tekin inn í frv. til þjóðleikhúslaga, en við athugun þótti réttara að hafa ákvæði um leiklistarskóla Íslands í sérstökum lögum enda kemur hann vissulega til með að starfa fyrir fleiri aðila en Þjóðleikhúsið eitt.

Mergur þessa máls er sá að ekki er unnt að halda uppi eðlilegri leiklistarstarfsemi í þessu landi nema ungt fólk eigi kost á að mennta sig innanlands. Þetta gildir auðvitað alveg jafnt um atvinnuleikhús, sem þarf á æfðum starfskröftum að halda, og áhugaleikhús, sem þurfa þjálfara og leiðbeinendur með leiklistarmenntun.

Að undanförnu hafa starfað tveir leiklistarskólar og notið nokkurs stuðnings frá ríkinu. Það eru veittar í þessu skyni 2.3 millj. kr. í fjárlögum ársins 1975. Þessi fjárveiting mun þó vart nægja skólunum til framdráttar, þ. e. ásamt skólagjöldum og öðrum tekjum þeirra, nema rétt út þennan vetur. Það mun viðurkennt af öllum að óheppilegt sé og óeðlilegt og raunar ofrausn af þjóðfélaginu að styðja — já, og e. t. v. allt að því halda úti tveimur leiklistarskólum samtímis. Aðstandendur hinna tveggja skóla, sem starfað hafa að undanförnu, hafa rætt þessi mál sín á milli og þeir eru í öllum meginatriðum sammála þessari afstöðu sem ég áðan lýsti.

Í þessu frv. er ráð fyrir því gert að samstarf verði milli Leiklistarskólans, Þjóðleikhússins og annarra leikhúsa í landinu og svo Ríkisútvarpsins, bæði hljóðvarps og sjónvarps, að svo miklu leyti sem þessar stofnanir geta stutt hver aðra á þessu sviði. Ekki er gert ráð fyrir því að Leiklistarskóli Íslands verði fjölmenn stofnun. Skólastjórinn einn yrði t. d. fastur starfsmaður, en að öðru leyti mundu stundakennarar sjá um kennsluna. Það er ekki hægt fyrir fram að fullyrða eða segja nákvæmlega til um nemendafjölda, en talið er ekki fráleitt að gera ráð fyrir 8—10 nemendum á ári og þá 26—30 nemendum samtals ef skólinn væri fullsetinn. Í Leiklistarskóla leikhúsanna eru í vetur 12 nemendur og í Leiklistarskóla Samtaka áhugamanna um leiklist eru 43 nemendur.

Þetta frv. ætti ekki að hafa í för með sér nein teljandi útgjöld fyrir ríkissjóð í fyrstu þótt samþykkt verði. Ég held að það detti engum í hug að það sé unnt að leggja niður kennslu í leiklist né heldur að hætt yrði við að styðja hana þó að hún færi fram á vegum einstaklinga eða félagasamtaka. Með frv., ef að lögum verður, yrði tvímælalaust komið heillegri skipan á leiklistarkennsluna en nú á sér stað án þess þó að kosta til verulega hærri fjárhæð en ætla mætti að fram yrði lögð af hálfu hins opinbera við þá skipan sem nú ríkir, og ég leyfi mér að efast um að hún yrði nokkuð hærri.

Þetta frv. er það einfalt í sniðum og málið er svo eðlilegt í sjálfu sér að dómi menntmrh. og ég vil segja aðkallandi vegna þess skipulagsleysis, sem ég var að lýsa og nú ríkir, að ég vil leyfa mér að vænta þess að hv. d. athugi í vinsemd alla möguleika á því að greiða fyrir þessu máli þannig að það geti hlotið fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi ef ekki koma fram einhverjir sérstakir meinbugir sem ég á ekki von á.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. menntmn. að 1. umr. lokinni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég vil þegar við 1. umr. þessa frv. láta í ljós eindreginn stuðning við efni þess og læt í ljós þá eindregnu ósk og von að frv. nái afgreiðslu á þessu þingi. Jafnframt get ég ekki látið hjá líða að átelja þann drátt, þann vítaverða og varhugaverða drátt sem orðið hefur á því að koma leiklistarmálum þjóðarinnar í viðunandi horf, en eins og segir í grg. þessa frv. fer leiklistarkennsla nú eingöngu fram í einkaskólum sem hljóta nokkurn opinberan styrk. Slíkt getur auðvitað ekki talist viðunandi lausn til nokkurrar frambúðar.

Á síðasta ári sem ég gegndi starfi menntmrh. lagði ég fyrir hönd ríkisstj. fyrir þessa hv. d. frv. um Þjóðleikhús sem var endurskoðun á þjóðleikhúslögunum, — endurskoðun sem hafði verið undirbúin með starfi n. í alllangan tíma, — n. sem hafði unnið ítarlegt og mjög vandað starf. Í þessu frv., sem ég flutti fyrir hönd þáv. ríkisstj. á þingi 1970—1971, var gert ráð fyrir stofnun ríkisleiklistarskóla, þ. e. a. s. sameiningu þess skóla, sem Þjóðleikhúsið rak þá, og þess skóla, sem Leikfélag Reykjavíkur rak þá. Í 20. gr. þess frv. var gert ráð fyrir því að komið yrði á fót sérstökum ríkisleikskóla. Þetta frv. hlaut ekki afgreiðslu á fyrsta þingi. Er í sjálfu sér ekki óeðlilegt um jafnviðamikið frv. og þar var um að ræða að fleiri en eitt þing þurfi til að það sé afgr. En það var flutt aftur á næsta þingi og hlaut þá ekki heldur afgreiðslu og hefur síðan legið í algjöru þagnargildi þangað til nú að það sér ljós dagsins einu sinni enn eftir að það er orðið um 4 ára gamalt. Vegna þessa að Þjóðleikhúslagafrv. hefur ekki hlotið afgreiðslu þó að það sé orðið 4 ára gamalt og ákvæði í því voru um stofnun ríkisleiklistarskóla, þá hefur ekkert orðið úr framkvæmdum í leiklistarskólamálum af hálfu ríkisins, nema hvað um hefur verið að ræða fjárveitingar á fjárlögum til styrktar einkaskólum.

Mér var á sínum tíma algjörlega ljóst að það sem hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni áðan, að það er ekki frambúðarskipan að hafa ákveðinn leiklistarskóla í þjóðleikhúslögunum. Það er eðlilegt að sérstök lög séu sett um starfrækslu leiklistarskóla ríkisins, opinbers leiklistarskóla. Þess vegna hafði ég á sínum tíma, líka fyrir 5 árum, falið n. að semja frv. um sérstakan ríkisleiklistarskóla sem var nokkru síðbúnari en frv. um Þjóðleikhús og var svo síðbúið að ekki þótti fært að flytja það á síðasta þingi kjörtímabilsins, þinginu 1970—1971. En það var tilbúið þegar fyrrv. ríkisstj. tók við völdum og var sýnt hér á hinu háa Alþ. án þess að það fengi afgreiðslu, þannig að þessum málum hefur engan veginn verið sinnt á undanförnum árum í þeim mæli sem æskilegt hefði verið.

Nú er að vissu leyti farið inn á nýja braut með flutningi þessa frv., enda allar aðstæður ger-

breyttar frá því sem þær voru fyrir 4—5 árum. En það er ekki seinna vænna. Lengur má ekki dragast að koma leiklistarskóla eða leiklistarkennslunni í viðunandi horf. Það tel ég vera gert með því frv. sem hér er flutt og mæli því eindregið með því að n. taki það til alvarlegrar og velviljaðrar meðferðar og mæli með samþykkt frv. þegar á þessu þingi.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki fara neitt efnislega að ræða þetta frv. sem hér er til umr. En ég vil aðeins vegna þeirra orða, sem hér hafa fallið, frá hæstv. ráðh. um eindregna áskorun á hv. d., að hraða meðferð frv., og þess, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði hér áðan þar sem hann tók undir nauðsyn þess að hraða málinu, þá vil ég sem form. menntmn. d. lýsa yfir því að ég mun fyrir mitt leyti beita mér fyrir að þetta mál verði ekki lengi í n., ef svo sýnist, að þetta frv. sé það vel undirbúið að það þurfi ekki verulegrar frekari skoðunar við eða mikilla breytinga. Ég held að það muni ekki standa á menntmrh. að reyna að hraða þessu máli gegnum þd. og geri ráð fyrir að svipaðan stuðning megi finna hjá öðrum hv. þdm.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð við 1. umr. þessa máls. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að þetta mál skuli nú vera komið fyrir þingið og vænti þess að það fái afgreiðslu á þessu þingi þó að kannske væru nokkur atriði sem ástæða væri til að ræða um. En það er þó eitt atriði sem ég tel allmikilvægt og ég tel að þurfi að fá upplýsingar um og beini því til hæstv. ráðh. og þeirrar n. sem málið fær til meðferðar. Mér finnst ekki vera nógu ljóst hvernig farið verður með þá nemendur sem stundað hafa nám í þeim tveim leiklistarskólum sem starfað hafa, þ. e. a. s. hvort það nám, sem þeir hafa þar lokið, verði skoðað sem áfangi sem tekinn verði til greina fari þessir nemendur í þennan leiklistarskóla ríkisins. Mér finnst það lágmarkskrafa að þeir nemendur, sem stundað hafa nám í þessum tveim skólum, eigi þess kost að halda áfram námi í þessum skóla og að það nám, sem þeir hafa stundað verði tekið sem fullgilt nám án þess að þeir þurfi að ganga undir eitt eða neitt sérstakt hæfnispróf til þess að geta komist inn í skólann. Mér finnst þetta talsvert mikilvæg spurning, hvernig verður með þetta mál farið, og ég vil beina því til þeirrar hv. n. sem málið fær til meðferðar að þessi þáttur verði skoðaður. Ég legg á það ríka áherslu að þessir nemendur eða það nám, sem þeir hafa lokið verði metið fullgilt, þeir þurfi ekki að fara að læra upp aftur til þess að geta hagnýtt sér þennan væntanlega skóla. Ég vil eindregið hvetja til þess að þetta verði skoðað. Það hefur komið um þetta sérstök ábending frá öðrum þeim skóla sem starfandi er í landinu, þ. e. leiklistarskóla SÁL, og ég þykist vita að nemendur, sem stundað hafa nám í báðum þessum skólum, leggi ríka áherslu á að þeir verði ekki sviptir neinum réttindum við að hafa stundað nám í þessum skólum áður, þannig að það nám verði metið sem fullgilt.

Svava Jakobsdóttir: Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n. sem fær frv. til meðferðar mun ég ekki gerast margorð um frv. við þessa 1. umr. Ég vil aðeins lýsa því yfir vegna þeirra tilmæla hæstv. ráðh., að n. hraði störfum við afgreiðslu frv. að það mun ekki standa á mér að vinna að því að unnt verði að afgreiða það á þessu þingi því að við vitum að leikhúsfólk og leiklistarnemendur hafa beðið með óþreyju eftir að löggjöf verði sett um ríkisleiklistarskóla.

Aðalerindi mitt í ræðustól var að taka undir orð hv. síðasta ræðumanns. Það virðist ljóst að þeir nemendur eða þeir aðilar, sem hafa lagt það á sig á undanförnum árum að reka leiklistarskóla meðan ríkið sjálft vanrækti það hlutverk sitt, hafa ekki næga tryggingu fyrir áframhaldi á sínu námi. Í aths. við lagafrv. er talað um að gert sé ráð fyrir, — það er að vísu ekki nákvæm athugun, en það er gert ráð fyrir að þeir nemendur, sem stundað geti skólann samtals ef hann verður fullsetinn, verði 24—36. Hins vegar kemur fram að nemendur í þessum tveim einkaskólum, sem nú starfa, eru samtals 55. Það er því afar eðlilegt að einkaskólarnir, sem nú starfa, séu nokkuð uggandi um framtíð sína þegar það er komið inn í ákvæði til bráðabirgða, að þeir skuli ekki eiga kost á inngöngu í Leiklistarskóla Íslands nema að undangenginni hæfnikönnun. Ég er sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að þetta tel ég fráleita takmörkun með tilliti til þess starfs sem þetta fólk hefur þegar innt af hendi. Við eigum áreiðanlega eftir að njóta ávaxtanna af starfi þessa fólks og væri illa gert að stöðva það á þessu stigi og láta það gjalda þess, að frv. til laga um Leiklistarskóla Íslands hefur ekki komið fram fyrr en nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Verðlagsmál, frv. (þskj. 399). — Frh. 1. umr.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér þótti vænt um að heyra þau orð af vörum hæstv. viðskrh. að málefnum neytenda væri og hefði verið of lítið sinnt hér á landi. Undir þetta vil ég taka. Það er fullkomlega rétt að neytendamálum, neytendavernd hefur verið sinnt minna hér á Íslandi heldur en í nálægum löndum og er það mjög miður.

Síðasta árið sem ég gegndi starfi viðskrh. lét viðskrn. semja vandaða löggjöf um neytendavernd sem fyrst og fremst var sniðin eftir slíkri löggjöf á Norðurlöndum. Frv. var svo seint tilbúið á vetrinum 1970—1971, þ. e. a. s. síðasta starfstíma eða starfsþingi kjörtímabilsins, að ríkisstj. taldi ekki fært að leggja frv. fram fyrir þetta síðasta þing fyrir kosningar, enda er hér um viðamikið mál að ræða þar sem vissulega getur ýmislegt orkað tvímælis þó að enginn vafi sé á heildarnauðsyn á því að almenn löggjöf um vernd neytenda sé sett. Á síðasta kjörtímabili innti ég fyrrv. hæstv. viðskrh. nokkrum sinnum eftir því hvort hann vildi ekki flytja þetta frv. eða hvers vegna hann flytti það ekki. Svör urðu aldrei önnur en þau að málið væri í at-

hugun, en kjörtímabilinu lauk þannig að frv. var ekki flutt af hálfu þáv. ríkisstj.

Þegar ég heyri nú hæstv. núv. viðskrh. tala vinsamlega um nauðsyn þess að sinna málefnum neytenda meir en gert hefur verið, og ég gleðst yfir þeim orðum ráðh., þá vil ég nota tækifærið til þess að minna á að í viðskrn. er til fullbúið frv., mjög vandað og ítarlegt frv., um neytendavernd. Ég vil mjög mælast til þess við hæstv. ráðh. að hann kynni sér og kynni ríkisstj. þetta frv. og láti Alþ. síðan fjalla um það.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð út af þessu frv. um verðlagsmál. Ég fagna því að fram koma aths. og till. úr þessari átt um verðlagsmál. Ég held að það sé staðfesting á því að núv. kerfi sé gallað og þurfi mikillar endurskoðunar við. Hæstv. viðskrh. hefur upplýst að nú sé hafin endurskoðun á núgildandi löggjöf í verðlagsmálum undir forustu nýskipaðra manna og það er öllum þeim, sem um þessi mál hafa hugsað, mikið fagnaðarefni. Ég held að þeir, sem standa nærri kaupsýslu og viðskiptum, vilji mjög breyta um á þessu sviði, enda þótt þær breytingar séu e.t.v. ekki að öllu leyti eins og um ræðir í þessu frv. Kaupsýslumenn og viðskiptastéttin hefur ekki beðið um núgildandi löggjöf og hún liggur oft undir ásökunum fyrir ósanngirni og jafnvel svik og það er, held ég, í hennar þágu jafnt sem neytenda og þjóðfélagsins í heild að þessu sé breytt á þann veg, að þeir njóti fullrar sanngirni og liggi ekki stöðugt undir ósanngjörnum og röngum ásökunum.

Um einstaka liði þessa frv. skal ég ekki vera margorður. Sum þessara ákvæða eru í eðli sínu sjálfsögð og þess vegna kannske líka óþörf, eins og t.d. ákvæði um að bannað sé að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verslunarhagnað af þeim síðar, einfaldlega vegna þess að ef slíkt á sér stað, þá er það brotlegt og refsivert og þarf varla að taka fram með því að samþykkja nýtt frv. Núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir að slíkt háttalag sé refsivert. Eins er eðlilegt og sjálfsagt að breyta refsifjárhæðum. Þær upphæðir í núgildandi löggjöf eru löngu orðnar úreltar og þurfa hækkunar við.

Annað í þessu frv. er byggt á misskilningi sem ég skal ekki fara að rekja hér í hverju er fólginn að miklu leyti. Ég vil hins vegar aðeins gera að umtalsefni 1. gr. frv. þar sem segir: „Verðlagsnefnd getur hvenær sem er tekið ákvörðun sína um hámarksverð vöru til endurskoðunar og skal henni skylt að gera það ef gengisbreyting íslenskrar krónu eða erlendar verðhækkanir valda verulegri hækkun á verði og álagningu innfluttrar vöru.“

Andi þessarar mgr., svo og að mér finnst andi grg. og frv. í heild, er sá, að meinsemdin liggi í álagningunni og með því að færa álagningu niður á við sé ráðin bót á verðlagsmálum. Þetta er mikill misskilningur. Verðhækkanir eru auðvitað af mjög mörgum ástæðum, sem álagning getur engu um breytt, og líka er hitt, að álagning er ekki hagnaður eða gróði kaupsýslumanna, eins og því miður allt of oft er gefið í skyn og talað um. Eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. áðan, er álagningin þóknun til kaupsýslunnar, hún er til þess að standa undir ýmiss konar rekstri og þjónustu, sem viðskiptafyrirtæki veita, og hún er til að standa undir launum verslunarmanna og þess starfsfólks sem stendur í verslun. Það er því langt frá því að álagningin renni óskipt í vasa kaupsýslumannsins sem beinn hagnaður.

En hvað sem um álagningu má segja, hvort sem hún er of há eða lág, þá er það nokkuð ljóst að staða verslunarinnar er ákaflega slæm í augnablikinu. Verslunin verður fyrir barðinu á verðbólgu og gengisfellingum eins og aðrir atvinnuvegir í þessu landi og það verður að sinna þörfum og hagsmunum þessarar atvinnugreinar jafnt sem annarra og verður auðvitað að koma í veg fyrir að hún hreinlega gefist upp eða sé rekin með svo miklu tapi að við það sé ekki lengur unað.

Ég get ímyndað mér að flm. þessa frv. séu sammála mér um að þetta frv. leysir ekki neinn heildarvanda í verðlagsmálum. Enda þótt frv. væri samþ. óbreytt, þá er ég sannfærður um að flm. eru sömu skoðunar og ég að ekki sé þar með allt komið í gott lag sem snertir verðlagsmál. Þess vegna held ég að það sé rétt og sjálfsagt að láta þetta frv. bíða eftir heildarendurskoðuninni og taka það til athugunar í því sambandi. Ég vil líka bæta því við að verðlagsmál verða ekki leyst með því að setja auknar skyldur á herðar verðlagsstjóra. Ég er þeirrar skoðunar, eins og flestum er kunnugt um hér vegna minna fyrri till. í þessum málum, að verðlagsmálin verði best leyst með því að auka frjálsræði í álagningu og í verðlagi. Ég held að það sé alls ekki slæmt þó að hægt sé að finna mismunandi verð á svipuðum vörutegundum í ýmsum verslunum borgarinnar, en með því að auka frjálsræði í verðlagningu og álagningu sé stuðla að hagkvæmari innkaupum og skapaður grundvöllur fyrir því að hægt sé að taka upp aukið aðhald frá verðlagsstjóra eða verðlagsyfirvöldum og neytendasamtökum frá því sem nú er.

Það kerfi, sem fyrir hendi er í dag, stuðlar ekki að hagkvæmum innkaupum á vörum. Ég held, að gott dæmi um það sé einmitt tilvitnunin í grg. um innkaupin á sykri og álagningu í því sambandi. Þar er sagt frá því að vegna hækkunar á verði á sykri í innkaupum hafi álagningin hækkað og þar af leiðandi krónunum, sem til verslunarinnar hafi gengið, fjölgað svo og svo mikið. Það má auðvitað deila lengi um hvers virði krónan er og hvers virði hún var. En ég held að þetta dæmi sýni fyrst og fremst hversu þetta er fráleitt kerfi, að geta ekki stuðlað að því og gert þær kröfur til verslunarinnar að hún geti gert hagkvæmari innkaup en núgildandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir. Innflytjendur, sykurkaupendur í þessu tilfelli, hafa enga sérstaka hagsmuni af því fyrir sjálfa sig og ekki heldur fyrir viðskiptavini sína að vera að leita eftir miklu betri innkaupum vegna þess að álagningarprósentan er alltaf sú sama hvort sem varan er slæm eða góð eða hvort hún er ódýr í innkaupum eða dýr. Með því að breyta þessu væri hægt að stuðla að því að menn leituðu frekar að hagkvæmara og lægra vöruverði. Ég held líka að með núv. fyrirkomulagi sé útilokað að krefjast þess og — jafnvel þótt þess sé krafist — útilokað að fram-

kvæma það að verðlagsstjóri eða verðlagsyfirvöld geti fylgst svo nákvæmlega með því að alltaf sé um rétt vöruverð að ræða eða jafnt vöruverð. Það þarf mikla skriffinnsku og marga starfsmenn til þess að leita uppi verð á hverri einustu vöru í öllum verslunum landsins. Eins og ég sagði áðan, þá held ég að það sé ekkert óeðlilegt við það þótt mismunandi verð finnist í verslunum. En þegar um það er að ræða, þá er ég aftur sammála flm. þessa frv. um, að þá sé komið að því að hægt sé að auglýsa verðlista og skapa þannig aðhald, bæði frá verðlagsyfirvöldum og ekki síst frá neytendasamtökum, neytendunum sjálfum. Ég er sannfærður um að samtök verslunarinnar sjálfrar mundu vilja taka þátt í að skapa slíkt aðhald.

Þetta vildi ég láta koma fram í sambandi við flutning þessa frv. Niðurstaða mín af því — ég ætla að draga það saman aftur — er sú að það sannar að allir, hvort sem þeir vilja aukið frjálsræði eða ekki, eru sammála um það, hversu gallar núverandi löggjafar eru augljósir, og ættum við þá að geta sameinast í því að leita eftir lausnum á þessu til bóta frá því sem nú er, þannig að neytendur og verslunin njóti góðs af.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Vegna orða, sem féllu hjá hv. flm. í sambandi við það frv., sem hér er til umr., vil ég segja nokkur orð.

Það var rétt hjá hæstv. viðskrh. þegar hann sagði, að flm. hefði farið ómaklega ómildum orðum í garð verslunarinnar, hann hefði tekið nokkuð mikið upp í sig þegar hann lýsti verslunarstéttinni og því hvernig hún starfaði. Ég vil taka undir þessi ummæli ráðh. um að það, sem flm. sagði hér um verslunarstéttina, var mjög ómaklegt. En það virðist því miður vera ær og kýr sumra Alþb.-manna að ráðast jafnan að verslueninni með dylgjum og ýmsum vafasömum fullyrðingum. En þetta á ekki aðeins við um afstöðu þessara hv. þm., Alþb.-mannanna, til fólksins í þessari atvinnugrein, heldur á þetta einnig við um þegar þeir tala um að taka afstöðu til athafna fólks úti í atvinnulífinu almennt, og er það miður. Ég þarf ekki að rifja upp þann söng hér. Það nægir að vísa í ræður ýmissa hv. Alþb.-þm. í Alþt. En það er orðið tímabært að þessu sé mætt af fólki sem hefur starfað í þessari atvinnugrein og unnið þar með heiðarlegum hætti eins og fólk gerir yfirleitt úti í atvinnulífinu.

Það hefði fyrir löngu átt að mæta þessum árásum á verslunarstéttina og þeim rógi, sem er hafður um hana með þeim hætti að það væri kveðið niður í eitt skipti fyrir öll að þessi stétt inni störf sín í þágu þjóðarinnar af hendi með ósæmilegum eða óheiðarlegum hætti. Það sæmir ekki Alþ. íslendinga að hér sé verið að fullyrða að ákveðnir hópar eða ákveðinn hópur manna hagnist á erfiðleikum annarra eins og nú hefur átt sér stað, — þegar þjóðin býr við erfið og kröpp kjör, þá skuli hér vera sagt á Alþ. að ákveðnir menn hagnist á því ástandi.

Staðreyndin er — og það þekkjum við sem höfum starfað í verslun og við verslunarstörf — að íslenska verslunarstéttin hefur ekki borið meira úr býtum í góðærum síðstu áratuga heldur en þjóðin almennt. En íslendingar gera stöðugt meiri kröfur til aukinnar þjónustu á öllum sviðum. Á það jafnt við um verslun sem önnur þjónustusvið. Til þess að mæta þessum kröfum þarf í fyrsta lagi mikið vöruúrval, í öðru lagi miklar vörubirgðir, í þriðja lagi gott starfsfólk, í fjórða lagi rúmgóðar og nýtískulegar verslanir, í fimmta lagi fullkomin tæki og í sjötta lagi góð vinnuskilyrði. Verslunin hefur reynt að byggja sig upp með framangreindum hætti og tekist það vel þrátt fyrir skilningsleysi áhrifamikilla aðila.

Verðbólga, þröngar álagningarreglur í sumum þýðingarmiklum verslunargreinum og skilningsleysi yfirvalda á þýðingu t. d. birgðamyndunar í verslun hefur þrengt mjög kosti íslenskrar verslunar og alveg sérstaklega síðustu 3—4 árin.

Varðandi varðlagskerfið vil ég segja þetta: Í stað þess að vera að tala um hvernig hægt sé að keyra verslunina í viðjar og kerfi væri nær að við ræddum um það, hvernig hægt væri að efla samtök neytenda, þannig að neytendur gætu sjálfir skapað æskilegt aðhald í verðmynduninni, í frjálsri verðmyndun, en ekki verðmyndun sem ákveðin er ofan frá með valdboði.

Þá ber að skapa versluninni betri samkeppnisskilyrði með heiðarlegri afstöðu valdamanna til heilbrigðs rekstrargrundvallar fyrir þessa atvinnugrein eins og aðrar atvinnugreinar. Það er ekki sök verslunarinnar að álögur hafa verið þyngdar á landsmönnum undanfarin ár. Hvað segir hv. flm. um hinar auknu og þungu álögur sem hafa verið lagðar á þjóðina vegna ríkisgeirans, sem tekur nú um 35—40% af þjóðartekjunum, í stað þess að á tímum viðreisnarinnar frá 1960 tók ríkisgeirinn til sín um 25%. Min skoðun er sú að þær álögur, sem þjóðin stynur hvað mest undan í dag, séu hugsanlega þær álögur sem felast í því, hvað ríkisgeirinn, ríki og sveitarfélög, er orðinn fyrirferðarmikill og þurftarfrekur á þjóðartekjurnar. Það er ekki verslunin. Verslunin hefur búið við þröngan kost lengi, það er sífellt gengið á álagningarreglur verslunarinnar og það er sífellt gengið á birgðamyndun hjá versluninni. Þetta er staðreynd sem við þekkjum sem störfum í þessari atvinnugrein. Ég vil svo að lokum vekja athygli á því þegar verið er að tala um verslun og viðskipti á Íslandi að í verslun eru fleiri starfandi en kaupmenn og kaupsýslumenn. Í verslun eru þúsundir starfsmanna og þá alveg sérstaklega konur. Ég get nefnt það sem dæmi að hér í Reykjavík munu um 60—70% af öllum starfandi verslunarmönnum í verslun vera konur. Um 60% af rekstrarútgjöldum verslunarfyrirtækja eru launakostnaður. Ég segi þess vegna, vegna þessa fólks sem þarf að lifa við þessa atvinnugrein og starfa og geta lifað mannsæmandi lífi: Ég krefst þess að sú atvinnugrein, sem það starfar í, fái eðlilegan og heilbrigðan rekstrargrundvöll, og ég krefst þess einnig að hætt sé að líta á þessa atvinnugrein sem einhverja hornreku og einnig að hér sé verið með vafasamar og hæpnar fullyrðingar um að þessi atvinnugrein og það fólk, sem þar starfar, vinni ekki með heiðarlegum hætti. Það starfar í þágu þjóðarinnar, starfar af bestu samvisku og samkv. þeim lögum og reglum sem þjóðin hefur sett varðandi verslun og viðskipti á hverjum tíma.

Flm. (Svava Jakobsdóttir): Virðulegi forseti. Aðalástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs á ný var sú að þakka hæstv. viðskrh. fyrir góðar undirtektir. Ég sé að hann er horfinn úr salnum og veit ekki hvort hann er í húsinu, en ég verð þá að vænta þess að sunnanvindurinn beri honum kveðju mína og þakklæti. Ég fagna því, sem kom fram í ræðu hans, að hann muni við undirbúning nýrrar löggjafar um verðlagsmál leggja sérstaka áherslu á aukið eftirlit og auknar verðmerkingar og þær breytingar, sem hann mundi leggja áherslu á að þar kæmu fram, yrðu neytendum til hagsbóta. Ég fagna því sérstaklega að hann lýsti yfir að þetta frv., sem hér er til umr., yrði haft til hliðsjónar við gerð nýrrar löggjafar. Þá er tilgangi okkar flm. náð.

Tveir síðustu ræðumenn, hv. þm. Sjálfstfl., töluðu nokkuð í öðrum dúr og sá síðari af óskiljanlegum hugsjónahita og gerði mér upp ýmiss konar orð og fullyrðingar sem ég kannast ekki við að hafa sagt. Um málflutning hv. ræðumanns vil ég aðeins segja þetta, að ef hann telur það láglaunafólki til hagsbóta að það skuli greiða allt að því helming tímakaups eingöngu til kaupmannsins vegna álagningarinnar, þá er varla ástæða fyrir okkur að vera yfirleitt að ræða saman, því að þar eru skoðanir mjög skiptar og svo skiptar um það, hvað láglaunafólki kemur að gagni, að á þeim grundvelli er varla unnt að ræða. Hann var einnig að leggja áherslu á að það ætti að efla samtök neytenda, en manni virtist að kaupmenn og atvinnurekendur við verslun væru svo saklausir að það væri í rauninni hvergi hægt að hrófla við neinu þar. Ég vil minna hv. þm. á það, að hann tók þátt í því ásamt öðrum stjórnarliðum við afgreiðslu fjárl. að veita Kaupmannasamtökunum 3 millj. kr. fjárstyrk. Neytendasamtökin fengu ekki nema 250 þús. í sinn hlut. Hér verða menn að sýna nokkra samkvæmni í málflutningi og gerðum.

Ég vil þá aðeins víkja örfáum orðum að málflutningi hv. 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram. Þar kom að vísu ýmislegt það sama fram og hjá hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, þó að þar væri mildara orðalag. Ég ætla ekki að elta ólar við sumt af því sem þessi hv. þm. sagði, því að þar gætti svo mikils misskilnings að það var engu líkara en hann hefði ekki hlustað á framsöguræðu mína. En hann var þó uppi með sama söng um nauðsyn frjálsrar álagningar. Þetta sýnir vitaskuld það eitt að milli stjórnarflokkanna tveggja er mikið bil. Skoðanir þeirra fara engan veginn saman um hvernig halda skuli á verðlagsmálum. Ég vona bara að hæstv. viðskrh. beri gæfu til að láta ekki undan þeim þrýstingi sem hann verður auðsjáanlega fyrir af hálfu hv. þm. Sjálfstfl.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 383). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 383 frv. til l. um breyt. á almannatryggingalöggjöf þeirri, sem nú er í gildi. Frv. þetta gerir ráð fyrir breytingu á 19. gr. gildandi laga um almannatryggingar sem fjallar fyrst og fremst um það að elli- og örorkulífeyrisþegar geta haft nokkrar tekjur umfram bætur almannatrygginga án þess að hin svokallaða tekjutrygging þeirra sé skert.

Meðal þeirra breyt., sem gerðar voru á l. um almannatryggingar á síðasta Alþ., var einmitt sú breyt. sem nú er í 19. gr. þeirra l. að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi mátti hafa tekjur sem námu þá 37 500 kr. án þess að tekjutrygging væri skert. Nú er það svo í okkar þjóðfélagi að tiltölulega stór hópur einstaklinga sem njóta almannatryggingabóta, stundar jafnframt einhverja vinnu á hinum almenna vinnumarkaði, að vísu mismunandi mikla, en auk þess er nokkur hópur sem fengið hefur og fær tiltölulega smávægilegar greiðslur úr hinum almennu lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna, sem eru tiltölulega nýjar stofnanir. En þegar þetta hámark á þeim tekjum, sem þessir einstaklingar máttu innvinna sér án þess að þessi skerðing kæmi til, var sett, þá var allt annað viðhorf ríkjandi í launamálum og efnahagsmálum en nú er. Það lágmark, sem þarna var ákveðið, 37 500 kr., er nú komið í 41 300 kr. og er öllum ljóst að það er allt of lágt miðað við þá verðbólguþróun sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu síðan þetta var ákvarðað.

Sú breyting, sem ég vil á þessu gera, er þess efnis að þetta hámark, sem nú er 41 300 kr., verði 96 þús. kr., þ. e. a. s. sem svarar um 8000 kr. á mánuði, sem viðkomandi einstaklingar mega þá hafa í tekjur án þess að til skerðingar komi á tekjutryggingu úr almannatryggingakerfinu. Þar sem ég þekki til er það ótrúlega stór hópur launþega sem vinnur mismunandi langan tíma, t. d. í fiskiðnaði í frystihúsunum, en hefur þó bætur almannatrygginga eigi að síður eða er komið á þann aldur. Ég tel að það sé nauðsyn að stjórnvöld hagi þessum málum með þeim hætti að þetta fólk, sem innir af höndum störf í þágu þjóðarinnar allrar, sjái sér ekki hag í því að hætta þessari þjónustu, heldur verði svo um hnúta búið, að það geti haldið áfram þessari þjónustu, en þó verði ekki skert sú tekjutrygging sem það á kost á að fá úr almannatryggingakerfinu. Hér er sem sagt um þá einu breytingu að ræða að hækka þetta tekjumark frá því að vera 41 300 upp í 96 þús. kr. og viðkomandi einstaklingar njóti áfram tekjutryggingar ef þeir ekki hafa tekjur umfram það mark.

Ég þarf ekki, held ég, öllu fleiri orð um þetta að hafa. Hér er svo einföld og skýr breyt. sem lagt er til að gerð verði og að mínu áliti svo sjálfsögð allra hluta vegna, að ég vænti þess að hv. Alþ. sjái sér fært að verða við að samþykkja þessa breytingu. Ég vænti þess, þó að nokkuð sé áliðið þings, að sú n., sem þetta mál fær til meðferðar, flýti störfum þannig að þessi breyting geti verið lögfest á yfirstandandi þingi. Ég á ekki von á því að þetta mæti andstöðu þm. eða stjórnvalda. Það var fyrir ári viss viðurkenning sem veitt var þessu fólki með því að heimila því að hafa tekjur að ákveðnu tekjumarki, en sú upphæð, eins og ég áður sagði, er orðin allt of lág og því ber brýna nauðsyn að mínu áliti til að hækka hana. Ég sem sagt vona og beini því til þeirrar hv. n., sem málið fær

til meðferðar, að hún hraði störfum þannig að málið geti komið hér til umr. og afgreiðslu áður en yfirstandandi þing lýkur störfum.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 414). — 1. umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er mjög stutt og mjög einfalt. Þess vegna mun ég ekki þurfa að flytja langa framsöguræðu. Þetta mál er flutt til þess að leysa vandamál sem lengi hefur verið á döfinni, og ég veit ekki betur en flestir ef ekki allir séu sammála um að þennan vanda þurfi að leysa.

Þannig er mál með vexti að um tveggja áratuga skeið hefur viss hópur launakvenna í landinu notið fæðingarorlofs á fullum launum lögum samkv. Það eru þær konur sem vinna í opinberri þjónustu. Með lögum frá 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var þessum konum tryggt fæðingarorlof, og reglugerð frá sama ári kvað nánar á um að þetta orlof skyldi greitt í 90 daga samtals. Eftir þessari reglu hefur líka verið farið í öllum þeim sveitarfélögum sem ég þekki til, og ýmsir atvinnurekendur, sem bolmagn hafa til þess haft, hafa einnig framkvæmt þessa reglu. Þetta hefur mönnum þótt heilbrigð og sjálfsögð regla til verndar hinum nýfæddu borgurum og mæðrum þeirra. Það þarf ekki að leiða nein sérstök rök að því, að það er náttúrlega mjög erfitt fyrir konu, sem nýbúin er að fæða barn, að standa kannske eftir tvær vikur við afgreiðslu allan daginn eða þá við færiband í frystihúsi, en þannig er ástatt um konur sem stunda t. d. þessi störf. M. ö. o.: konum annars staðar í atvinnulífinu hafa ekki verið tryggð réttindi til fæðingarorlofs í svona langan tíma. Konur í verkalýðsfélögunum hafa ekki lengra fæðingarorlof en 3 vikur samkv. kjarasamningum. Í kjarasamningum sumra félaga er einungis um 12 virka daga að ræða, en í fyrra náðu verkamannafélögin samningum sem fólu það í sér, að fæðingarorlof varð 3 vikur. En það vantar samt mikið á að þessar konur hafi sömu réttindi og þær sem í opinberri þjónustu vinna og hafa 3 mánuði. Það segir sig sjálft að jafnvel þótt þessi árangur hafi náðst í kjarasamningum að þessu leyti, þá eru þessar konur mjög illa settar og ekki síður nýfædd börn þeirra. Nú þessa dagana og vikurnar er mest talað um réttindi kvenna, en við skulum ekki gleyma því að það er stór hópur manna sem á sér líka töluverðan rétt og er þannig settur að hann getur ekki barist fyrir rétti sínum sjálfur. Þetta eru börnin. Og ef nýfætt barn á nokkurn rétt til nokkurs annars en þess sem við getum kallað almenna umhyggju, þá er það umhyggja móður þess. Menn hafa líka lengi verið sammála um að það sé nauðsynlegt bæði fyrir líkamlega og andlega heilsu barns, að móðir þess geti haft það á brjósti fyrstu vikur af ævi þess. Það liggur í augum uppi að þær konur, sem eru háðar tekjum af atvinnu sinni og verða að vera mættar til þeirra starfa fjarri barni sínu um — við skulum segja hálfum mánuði eftir fæðingu, þær geta ekki haft barn sitt á brjósti. Þær geta aðeins annast þetta nýfædda barn einhvern tíma þegar þær koma heim þreyttar og varla búnar að ná sér eftir fæðingu síðla dags og að nóttu til.

Það liggur í augum uppi að á þessum velferðardögum okkar er ekki hægt að kalla þetta ástand til sóma. Ég held að við séum öll sammála um að á þessu þurfi að ráða bót. Menn hafa lengi haft uppi kröfur um það að það sé nauðsynlegt að greiða öllum konum, hvar í stétt sem þær standa, fæðingarorlof á fullum launum til þess að þær þurfi ekki að yfirgefa nýfædd börn sín fyrstu vikur ævi þeirra. Hins vegar hefur það vafist fyrir mönnum hvernig ætti að fjármagna þessar launagreiðslur. Það er ósköp einfalt mál að segja: Vitanlega á atvinnurekandinn að greiða þetta kaup beint til launþegans. — En á það er líka að líta að margur smáatvinnurekandi hefur ekki bolmagn til þess að greiða tvöfalt kaup í nokkra mánuði og mundi þá tvímælalaust fremur ráða sér annan vinnukraft en konu sem er líkleg til þess að fæða barn. Það er líka sú hætta á ferðinni, ef það væri í lög leitt, að allir atvinnurekendur ættu að greiða 3 mánaða fæðingarorlof beint til launþegans, að e. t. v. yrði erfiðara uppdráttar fyrir konurnar að berjast fyrir kjörum sínum að öðru leyti þegar svo væri. Þess vegna held ég að eina raunhæfa leiðin til lausnar þessum vanda sé að launagreiðslur þessar séu fjármagnaðar af sjóði sem allir atvinnurekendur eru skyldugir til að borga í, eins og er um Atvinnuleysistryggingasjóð. Atvinnuleysistryggingasjóður er fjármagnaður að ¼ algjörlega af atvinnurekendum sjálfum, að ¼ af sveitarfélögum og að helmingi til af ríkinu. Í framlagi sveitarfélaga og ríkis er vitanlega líka skattframlag atvinnurekenda og launþega til viðbótar því sem atvinnurekendur eru skyldugir til að leggja fram sérstaklega. Þess vegna má segja að það sé ákaflega eðlilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður standi undir þessum greiðslum. Þarna er að sönnu um atvinnuleysi með vissum hætti að ræða, en atvinnuleysi þó, sem orsakast í þessum tilvikum af eðlilegum og gleðilegum orsökum. Ekki síður veldur þó þetta atvinnuleysi þennan tíma tekjumissi ef ekki koma til sérstakar ráðstafanir. Ég tel tvímælalaust að það sé nauðsynlegt að leggja kapp á að konur í verkalýðsfélögunum fái greitt fæðingarorlof ekki síður en aðrar konur sem vinna fyrir launum í landinu.

Það hafa verið uppi hugmyndir um það að öðrum stofnunum eða öðrum sjóðum bæri að greiða slíkt fæðingarorlof, og þá hafa menn aðallega staðnæmst við Tryggingastofnun ríkisins. En á það ber að líta að Tryggingastofnunin og hennar sjóðir nema slysatryggingasjóðir, eru hér um bil að öllu leyti fjármagnaðir af ríkinu og að nokkru leyti af sveitarfélögunum. Ég get ekki séð að það liggi beint við að ríkissjóður standi undir greiðslu á fæðingarorlofi til kvenna sem vinna hjá ýmsum öðrum aðilum en ríkinu sjálfu. Það er sjálfsagður hlutur að ríkið greiði

fæðingarorlofið til kvenna sem hjá því vinna, en mun eðlilegra er að atvinnurekendur sjálfir — ég er sammála því, — greiði fæðingarorlof til þeirra kvenna sem hjá þeim vinna. En eina framkvæmanlega leiðin til þess að svo megi verða er að það komi úr sameiginlegum sjóði sem þeir greiða í, og þess vegna er það sem hugur okkar, sem þetta frv. flytjum, hefur staðnæmst við Atvinnuleysistryggingasjóð. Á það er líka að líta að Atvinnuleysistryggingasjóður er öflugur sjóður og menn hafa hneigst til þess á undanförnum árum að bæta á hann ýmsum böggum. Mér er ljóst að hann hefur viðamikil verkefni, en það breytir ekki því að við teljum að það verkefni sem við leggjum til að sjóðurinn taki að sér samkv. þessu frv., ef það verður samþ., sé í fyllsta máta eðlilegt.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn. og leyfi mér jafnframt að vænta þess að það fái fljótan og greiðan framgang, þannig að þetta mál nái samþykki nú á þessu þingi, því að ég hygg að það megi ekki öllu lengur dragast, ef við eigum að geta borið höfuðið hátt, að sá vandi, sem um er fjallað í þessu máli, verði leystur.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 14. apríl.

Hafnabótasjóður.

Skriflegt svar samgönguráðherra við fyrirspurn Péturs Sigurðssonar um Hafnabótasjóð, á þskj. 388.

Lánveitingar úr Hafnabótasjóði, skipt á kjördæmi 1972—1974. (Í millj. kr.)

I. Lán til framkvæmda.

	1972	1973	1974
Reykjavík	0.0	0.0	0.0
Vesturland	1.5	5.5	14.0
Vestfirðir	8.4	8.0	33.0
Norðurland v.	0.0	0.0	17.5
Norðurland e.	8.8	15.2	35.0
Austurland	11.4	8.0	26.0
Suðurland	4.0	2.5	8.0
Reykjanes	7.5	14.8	16.5
Samtals	41.6	54.0	150.0

II. Lán til uppgjörs á vanskilum.

	Ekkert veitt		
	1972	1973	1974
Reykjavík	—	0.0	0.0
Vesturland	—	3.0	0.0
Vestfirðir	—	12.5	5.0
Norðurland v.	—	2.5	0.2
Norðurland e.	—	6.5	12.3
Austurland	—	4.0	10.8
Suðurland	—	2.5	0.0
Reykjanes	—	1.5	0.0.
Samtals		32.5	28.3

I. + II. alls.

	1972	1973	1974
Reykjavík	0.0	0.0	0.0
Vesturland	1.5	8.5	14.0
Vestfirðir	8.4	20.5	38.0
Norðurland v.	0.0	2.5	17.7

	1972	1973	1974
Norðurland e.	8.8	21.7	47.3
Austurland	11.4	12.0	36.8
Suðurland	4.0	5.0	8.0
Reykjanes	7.5	16.3	16.5
Samtals	41.6	86.5	178.3

Sameinað þing, 63. fundur.

Þriðjudaginn 15. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fjarskipti við Siglufjörð, fsp. (þskj. 389). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég ber hér fram fyrirspurn í tveim liðum til hæstv. samgrh. Fjallar fyrri liðurinn um fjarskipti við Siglufjörð og er svo hljóðandi:

„Hvenær má vænta þess að metrabylgjustöð (VHF tíðnisvið) verði sett upp við loftskeytastöðina í Siglufirði?“

Á undanförnum árum hefur verið komið fyrir svonefndum VHF fjarskiptastöðvum við ýmsar loftskeytastöðvar á landinu. Nefna sjómenn stöðvar þessar örbylgjustöðvar, en réttnefni mun vera metrabylgjustöð. Stöðvar þessar munu nú vera 7 talsins og eru þær í öllum landshlutum nema á Norðurlandi, en sá landshluti hefur verið algjörlega afskiptur í þessu efni. Um nokkurt skeið hefur verið um það rætt að koma upp metrabylgjustöð í Siglufirði, en af framkvæmdum hefur enn ekki orðið. Beinist fsp. að því að fá vitneskju um það hvenær vænta megi framkvæmda, en hér er um að ræða mjög þýðingarmikla þjónustu við skipaflotann.

Síðari hl. fsp. er svo hljóðandi:

„Hvenær má vænta úrbóta á talsambandinu milli Reykjavíkur og Norðurlands?“

Álag á símalínur milli Norðurlands og annarra landshluta er nú orðið mjög mikið og oft svo að ógerlegt reynist að ná símasambandi. Í rauninni má segja að ekki sé um neitt sjálfvirkt símasamband að ræða langtímum saman suma daga því að ekki reynist unnt að komast inn á neina línu. Hefur ástandið farið stöðugt versnandi undanfarin ár vegna aukins álags, enda hefur símanotendum stöðugt farið fjölgandi. Eins og eðlilegt er una menn þessu ástandi illa og þess vegna er brýn þörf úrbóta eins fljótt og við verður komið. Því hafa menn hug á að fá vitneskju um það hvenær úrbóta megi vænta.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég verð að biðja hv. fyrirspyrjanda afsökunar á því að ég hef ekki tilbúið svar við þessari fyrirspurn núna. Það var búið að gera ráð fyrir því að það yrði komið í mínar hendur. Ég hafði reiknað með því alveg stöðugt og varaði mig ekki á því að þetta væri fyrsta málið á dagskrá og var því ekki búinn að tala við forseta. En ég vonast til að það komi fljótlega og skal ýta á það. Ég verð að biðja hæstv. forseta um að fresta fsp. svo að ég geti gefið þær upplýsingar sem um er beðið.

Umr. frestað.

Rækjumið við Grímsey, fsp. (þskj. 423). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina hér tveimur fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„1. Hvað líður rannsókn rækjumiða við Grímsey?

2. Er vitað um stærð rækjustofnsins þar og veiðiþol?“

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Rækjumiðin við Grímsey fundust í des. 1969 af skipi Hafrannsóknastofnunarinnar. — Ári síðar voru miðin aftur könnuð af Hafrannsóknastofnuninni og síðan hafa rannsóknaskip komið þarna af og til. Miðvikudaginn 9. þ. m. hóf rannsóknaskipið Dröfn að kanna þessi rækjumið og jafnframt að leita að öðrum líklegum rækjumiðum fyrir Norðurlandi. Niðurstöður þessa leiðangurs munu ekki liggja fyrir fyrr en í lok þessa mánaðar, en þó er vitað að rækja hefur fundist í einhverju magni í Axarfirði. Rannsóknaskipið Dröfn mun ljúka leiðangri sínum 20. þ. m., en 25. maí mun rannsóknaskipið Hafþór halda áfram þessum rækjuathugunum og vera við þær í 3 vikur.

Síðari spurningunni verður að svara neitandi, en vonandi verða menn nær um þetta að loknum þeim rannsóknaleiðöngrum sem áður eru nefndir. Annars er erfitt að gera sér grein fyrir veiðiþoli ákveðinna veiðisvæða áður en farið er að stunda þar veiðar að nokkru ráði.

Síðan rækjumiðin við Grímsey fundust hafa ýmsir rækjubátar reynt þarna fyrir sér tíma og tíma án þess að hægt sé að segja að um nokkurn árangur hafi verið að ræða hjá þeim. Má væntanlega kenna því um að útbúnaður þessara báta hafi ekki verið nægilega góður. Nú um nokkurt skeið hefur einn bátur stundað þessi mið eftir því sem gæftir hafa leyft og hefur árangur hans verið það góður að margir hafa nú tekið að sýna þessum miðum áhuga. Hafa nú fleiri tekið að stunda veiðar á þessum miðum og hefur árangur þeirra einnig verið dágóður. Eins og fyrr segir hafa þó hvorki veiðarnar né rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar enn náð því marki að hægt sé að segja til um stærð og veiðiþol þessa rækjustofns, en líklegt er að þekking okkar á þessu muni aukast mjög á næstunni.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann veitti. Það er augljóst að mikið skortir á að búið sé að rannsaka miðin við Grímsey og á því sviði en það er gott að vita það að nú er ráðgert að Hafþór stundi þessar rannsóknir í sumar.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, aðeins láta í ljós enn einu sinni ánægju mína yfir því að hafa fengið þessi svör og að vita að nú á að fara að vinna að þessu. Ég vil þó segja það, að mér þykir rétt, sem varla er þó kannske þörf á að nefna, að þarna verði að fara með verulegri gát um veiðar á meðan fullnaðarrannsókn hefur ekki farið fram. Eins vil ég að það komi fram að ákvörðun um framtíðarnýtingu þessara rækjumiða verði gerð að vel athuguðu máli og í samráði við þá aðila sem næst búa þessum miðum og hafa því sérstaka hagsmuni af því hvernig þau verða nýtt. Þessu atriði vil ég gjarnan koma á framfæri hér í sambandi við þessa fsp., en endurtek þakkir mínar fyrir þær upplýsingar sem fram komu í svari hæstv. ráðh.

Olíustyrkir, fsp. (þskj. 407). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Fyrirspurn mín til hæstv. viðskrh. er svo hljóðandi:

„Hve há upphæð er enn ógreidd af söluskattsstigi því, sem verja skyldi til niðurgreiðslu á olíu vegna hitunar íbúðarhúsnæðis fyrir tímabilið 1. mars 1974 til 28. febr. 1975 samkv. lögum nr. 5 28. febr. 1974 og lögum nr. 47 frá 14. maí 1974?“

Og í öðru lagi:

„Hvernig verður eftirstöðvunum skipt milli aðila, sem notuðu olíu til hitunar íbúða sinna, og rafveitna, sem notuðu olíu til framleiðslu á raforku til húshitunar?“

Við fsp. þarf harla fáum orðum að bæta. Hún skýrir sig sjálf. Fsp. er fram komin vegna þess að fólk, sem hitar híbýli sín með olíu, á í vaxandi erfiðleikum sökum kostnaðar, ekki síst nú þegar fullur þungi olíuhækkanana er fram kominn. Horfa ýmsir fram á það að verða annað tveggja að hírast í hálfköldum húsakynnum eða stofna til skulda ef það er þó mögulegt, en mér er raunar kunnugt um að útsöluaðilar olíu

hafa veigrað sér við að loka reikningum þar sem svo er í pottinn búið. Þetta kemur sérstaklega þungt niður á þeim sem búa í gömlu húsnæði og við kaldara loftslag. Á vegum Fjórðungssambands vestfirðinga var gerð á þessu könnun fyrir árið 1973 og þá kom í ljós, svo að dæmi sé nefnt, að þessi liður var 18% hærri í Vestfjarðakjördæmi en landsmeðaltalið segir til um. Fólk, sem býr við þessar aðstæður, og forsvarsmenn þess spyrja því hvort öllum tekjum af söluskattsstiginu, sbr. áðurnefnd lög, hafi verið varið til þessara hluta. Í reglugerð nr. 174 frá 30. maí 1974 er sagt að upphæð styrksins til einstaklinga og rafveitna skuli ákveðinn fyrir hvert tímabil miðað við stöðu Olíusjóðs þá og þá og fjölda þeirra sem styrks njóta. Styrkurinn var fyrir fyrsta tímabilið ákveðinn 1800 kr. fyrir einstakling og breyttist ekki út árið. Hins vegar er vitað að tekjur af hverju söluskattsstigi urðu mun meiri en áætlað var í upphafi liðins árs.

Nú ætti að liggja fyrir hve miklar tekjur söluskattsstigið hefur gefið og hver staða Olíusjóðsins er. Í framsöguræðu hv. 4. þm. Reykn., Ólafs G. Einarssonar, er hann mælti fyrir nál. 28. febr. s. l. varðandi lög um sama efni, kom fram að líkur eru til að eftirstöðvar verði 80 millj. Ég hef hins vegar heyrt að ástæða væri til að ætla að þær muni nema nokkru hærri upphæð og þess vegna þætti mér vænt um að hæstv. viðskrh. upplýsti þessi atriði.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Svar við fyrri spurningunni er svo hljóðandi:

271.5 millj. kr., og eru þá allar tekjur fyrir tímabilið mars 1974 til febr. 1975 komnar inn og búið að inna af höndum greiðslur olíustyrks til loka nóvembermánaðar 1974.

Svar við annarri spurningunni er svo hljóðandi:

Þessa dagana er unnið að greiðslu olíustyrks til einstaklinga til sveitarfélaganna. Styrkurinn fyrir des. 1974 til febr. 1975 hefur verið hækkaður í 2 400 kr. á einstakling úr 1 800 kr. og nemur þá alls í mars 1974 til febr. 1975 7 800 kr. Áætlað er, en um það er ekki alveg hægt að vita með vissu nú, að olíustyrkur til einstaklinga nemi samtals 230 millj. og 400 þús. kr. fyrir des. 1974 til febr. 1975. Verða þá eftir 41 millj. 100 þús. kr. og verður hluta af þeirri fjárhæð varið til að greiða rafveitum, sem notuðu olíu til framleiðslu á raforku til húshitunar, væntanlega allverulegum hluta þessarar fjárhæðar. En ekki er enn vitað hve mikil notkun rafveitnanna á olíu hefur verið í þessu skyni í des. 1974 til febr. 1975. Í marsmánuði til nóv. 1974 hafa þeim verið greiddar kr. 5.33 á lítra olíu og heildargreiðsla á því tímabili nam því 31 millj. 300 þús. kr.

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. viðskrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið okkur. Ég veit að fólk hnaut um þau ummæli í framsöguræðu hv. 4. þm. Reykn., sem ég vitnaði til hér áðan, þar sem talið var eðlilegt að eftirstöðvar olíustyrksins rynnu í Orkusjóð. Nú hefur hins vegar upplýst að þessi upphæð er miklum mun lægri en spáð var þar og ég raunar hafði líka heyrt. Þess vegna vil ég sérstaklega þakka fyrir þetta svar og að fólk getur nú gert sér grein fyrir hvernig staðan er.

Erlend sendiráð á Íslandi, fsp. (þskj. 423). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina til utanrrh. fyrirspurn í 6 liðum þannig:

„1. Hve mörg eru ríkin, sem íslendingar hafa stjórnmálasamband við?

2. Hvaða erlend sendiráð starfa í Reykjavík?

3. Hve fjölmennt er allt starfslið hvers sendiráðs um sig, og hver eru stöðuheiti starfsmanna þeirra?

4. Hverjar eru skráðar eignir erlendra sendiráða og sendiráðsfólks hér á landi:

a) fasteignir,

b) bifreiðar?

5. Hversu mikið fjölskyldulið fylgir erlendum sendiráðsstarfsmönnum hér?

6. Hvaða ríkisstjórnir erlendar eða aðrir erlendir aðilar starfrækja hér á landi fasta upplýsingastarfsemi og fréttamiðlun, og hve margt fólk vinnur að slíkum störfum á vegum hvers um sig?“

Ég beini þessum fyrirspurnum til hæstv. utanrrh.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Fyrirspurnum hv. 1. þm. Norðurl. e., Ingvars Gíslasonar, svarar utanrrn. á þessa leið:

1. Hve mörg eru ríkin, sem íslendingar hafa stjórnmálasamband við?

Svar: Ísland hefur formlegt stjórnmálasamband við 54 ríki.

2. Hvaða erlend sendiráð starfa í Reykjavík?

Svar: 12 ríki hafa sendiráð í Reykjavík: Bandaríkin, Bretland, Danmörk, Frakkland, Kína, Noregur, Pólland, Þýska alþýðulýðveldið, Þýska sambandslýðveldið, Sovétríkin, Sviþjóð og Tékkóslóvakía.

3. Hve fjölmennt er allt starfslið hvers sendiráðs um sig, og hver eru stöðuheiti starfsmanna þeirra?

Svar: Fjöldi starfsmanna sendiráðanna í Reykjavík er sem hér segir og starfsheitaflokkun er samkvæmt Vínarsamningnum frá 1961 um stjórnmálasamband:

1) Sendiráð Bandaríkjanna. Stjórnarstarfsmenn 8, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 26, þar af 14 íslendingar. Samtals 34.
2) Sendiráð Bretlands. Stjórnarstarfsmenn 5, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 4, þar af 2 íslendingar, einkaþjónustustarfsmenn 1 íslendingur. Samtals 10.
3) Sendiráð Danmerkur. Stjórnarsendimenn 2, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 4, þar af 2 íslendingar, einkaþjónustustarfsmenn 1 og þjónustustarfsmenn 1 og það er íslendingur. Samtals 8 manns.
4) Sendiráð Frakklands. Stjórnarsendimenn 6, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 5, þar af 2 íslenskir, einkaþjónustustarfsmenn 1. Samtals 12.

5) Sendiráð Noregs. Stjórnarsendimenn 2, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 1, þjónustustarfsmenn 1. Samtals 4.
6) Sendiráð Póllands. Stjórnarstarsendimenn 1, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 2, þjónustustarfsmenn 1. Samtals 4.
7) Sendiráð Sovétríkjanna. Stjórnarsendimenn 14, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 9, þjónustustarfsmenn 9. Samtals 32.
8) Sendiráð Svíþjóðar. Stjórnarsendimenn 2, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 1, það er íslendingur, þjónustustarfsmenn 1. Samtals 4.
9) Sendiráð Tékkóslóvakíu. Stjórnarsendimenn 1, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 4. Samtals 5.
10) Sendiráð Þýska sambandslýðveldisins. Stjórnarsendimenn 4, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 4, þjónustustarfsmenn 2 íslendingar, einkaþjónustustarfsmenn 1 íslendingur. Samtals 11.
11) Sendiráð Þýska alþýðulýðveldisins. Stjórnarsendimenn 2, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 1. Samtals 3.
12) Sendiráð Kína. Stjórnarsendimenn 4, skrifstofu- og tæknistarfsmenn 10. Samtals 14.

4. Hverjar eru skráðar eignir erlendra sendiráða og sendiráðsfólks hér á landi:
a) fasteignir,
b) bifreiðar?

Svar: a) Fasteignir erlendra ríkja í Reykjavík vegna sendiráða eru sem hér segir:
1) Bandaríki Norður-Ameríku. 1 fasteign, Laufásvegur 21—23, 3 923 m³.
2) Bretland. 1 fasteign, Laufásvegur 33, 1 595 m³.
3) Danmörk. 1 fasteign, Hverfisgata 29, 3 065 m³.
4) Frakkland. 2 fasteignir, Túngata 22, 1 124 m³, Skálholtsstígur, 1 630 m³. Samtals 2 754 m³.
5) Kína. 1 fasteign, Víðimelur 29, 2 190 m³.
6) Noregur. 2 fasteignir, Hverfisgata 45, 1 344 m³, Fjólugata 15, 1 380 m³. Samtals 2 724 m³.
7) Pólland. Engin fasteign.
8) Sovétríkin. 4 fasteignir, Garðastræti 33, 2 122 m³, Garðastræti 35, 1 269 m³, Túngata 9, 2 058 m³, Túngata 24, 1 812 m³. Samtals 7 621 m³.
9) Svíþjóð. 1 fasteign, Fjólugata 9, 1 816 m³.
10) Tékkóslóvakía. Smáragata 16, 1 555 m³.
11) Þýska alþýðulýðveldið. 1 fasteign, Ægissíða 78, 1 060 m³.
12) Sambandslýðveldið Þýskaland. 2 fasteignir, Túngata 18, 2 514 m³, Laufásvegur 70, 1 198 m³. Samtals 3 712 m³.

Fasteignir erlendra ríkja vegna sendiráða í Reykjavík eru því samtals 31 655 m³.

Þá kemur svar við b-liðnum. Það er um bifreiðaeign sendiráðanna. Bifreiðaeign sendiráða og sendiráðsfólks er eftirfarandi: 1) Bandaríkjanna. 17 bifreiðar. 2) Danmerkur. 2 bifreiðar. 3) Bretlands. 8 bifreiðar. 4) Frakklands. 8 bifreiðar. 5) Noregs. 4 bifreiðar. 6) Póllands. 2 bifreiðar. 7) Sovétríkjanna. 22 bifreiðar. 8) Svíþjóðar. 4 bifreiðar. 9) Tékkóslóvakíu. 3 bifreiðar. 10) Vestur-Þýskalands. 10 bifreiðar. 11) Austur-Þýskalands. 2 bifreiðar. 12) Kína. 4 bifreiðar.

5. Hversu mikið fjölskyldulið fylgir erlendum sendiráðsstarfsmönnum hér?

Svar: Samtals 105 manns teljast til fjölskyldna sendiráðsstarfsmanna og skiptast þannig á milli sendiráða:

1) Bandaríkin 18. 2) Bretland 11. 3) Danmörk 2. 4) Frakkland 10. 5) Noregur 2. 6) Pólland 4. 7) Sovétríkin 39. 8) Svíþjóð 4. 9) Tékkóslóvakía 3. 10) Vestur-Þýskaland 9. 11) Austur-Þýskaland 2. 12) Kína 1.

6. Spurning og síðasta: Hvaða ríkisstjórnir erlendar eða aðrir erlendir aðilar starfrækja hér á landi fasta upplýsingastarfsemi og fréttamiðlun, og hve margt fólk vinnur að slíkum störfum á vegum hvers um sig?

Svar: Bandaríkin og Sovétríkin reka upplýsinga- og fréttastofnanir á Íslandi, þ. e. a. s. Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna og Sovésku fréttaþjónustuna Novosti. Starfsmenn Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna eru taldir með sendiráðsmönnum hér að framan. Hjá Novosti starfa 2 sovéskir ríkisborgarar sem ekki eru taldir með sendiráðsstarfsmönnum hér á undan.

Allar ofangreindaar tölur miðast við árslok 1974.

Þetta er svar utanrrn. við fyrirspurn hv. 1. þm. Norðurl. e.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir að hafa lagt það á sig að tína þetta allt saman á eitt blað. Ég mun að sjálfsögðu alls ekki fara út í neinar umr. um þær upplýsingar sem hér komu fram, enda lít ég eingöngu á þetta sem almennar upplýsingar og ég tel að þær hafi sitt frétta- og upplýsingagildi og að það sé frá almennu sjónarmiði gagnlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir. Hins vegar mun ég ekki á nokkurn hátt gera tilraun til að fara að leggja út af þessum upplýsingum sem hafa komið fram, enda sé ég ekki að til þess sé nein ástæða, og síst af öllu vil ég að þessar upplýsingar verði til þess að menn fari að gera einhverjar — hvað ég vil segja? — hvatvíslegar ályktanir um starfsemi erlendra sendiráða hér á landi, heldur megi þetta einmitt verða til þess að upplýsa menn nánar um hvað hér er um að ræða. Ég held líka að þetta geti haft gildi fyrir okkur og vakið upp skynsamlegar hugsanir hjá okkur sjálfum um það hvar við stöndum í alþjóðasamstarfi og þá ekki síður það kannske hversu utanríkismál eru stór þáttur í þjóðmálum íslendinga og þáttur sem menn verða að gefa gaum að og rækja ekki síður en önnur mál. En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi svör og endurtek það, að ég álít að þessar upplýsingar hafi almennt upplýsinga- og fréttagildi. Þannig met ég þetta mál.

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 15. apríl, að loknum 63. fundi.

Alþingismenn gegni ekki fastlaunuðum störfum, þáltill. (þskj. 442). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Áburðarverksmiðja, þáltill. (þskj. 60, n. 281). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 479).

Ráðstöfun fjár vegna óinnleystra orlofsmerkja, þáltill. (þskj. 356). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lögfræðiþjónusta fyrir efnalítið fólk, þáltill. (þskj. 390). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kauphing, þáltill. (þskj. 400). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðnþróunaráætlun, þáltill. (þskj. 412). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnám flýtifyrningar og skattur á verðbólgugróða, þáltill. (þskj. 310). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 310 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. þess efnis að ríkisstj. verði falið að láta undirbúa frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt með það fyrir augum að koma í veg fyrir að arðvænleg fyrirtæki geti skotið sér undan að greiða tekjuskatt með ýmiss konar bókhaldsaðferðum. Stefnt skal að því að ákvæði um svonefnda flýtifyrningu verði afnumin.

Það var upphaf þessarar tillögugerðar að í haust fékk ég í hendur skattskrá fyrir Reykjavík 1974. Ég tók mér dálítinn tíma til að fletta upp í kaflanum um félög og fór að reyna að áætla hver veltan hefði verið hjá ýmsum stórfyrirtækjum borgarinnar á s. l. ári. Ég fletti upp á fimm skipafélögum, Fragtskipi hf., Hafskip hf., Jöklum hf., Víkingi hf. og Eimskipafélagi Íslands hf., en þessi fimm skipafélög höfðu um 2920 millj. kr. veltu á s. l. ári. En þegar athugað var hvað þessi skipafélög greiddu mikinn tekjuskatt til ríkisins kom í ljós að þau borguðu ekki eina einustu krónu, sluppu öll við tekjuskatt. Nú kynnu menn að halda að skipafélög hefðu einhverja sérstöðu hvað rekstur snerti. En ef litið er á verslunarfyrirtæki reynist útkoman vera mjög svipuð. Ef litið er á fyrirtækin Garðar Gíslason hf., H. Benediktsson hf., Íslenska verðlistann hf., Silla og Valda sf., Sláturfélag Suðurlands sf., Velti hf., Verslanasambandið hf. og Þórð Sveinsson & Co. hf., en samanlagt munu þessi fyrirtæki hafa velt um 3225 millj. kr. á árinu 1974, þá kemur það nákvæmlega sama í ljós. Öll þessi fyrirtæki borguðu ekki eina einustu kr. í tekjuskatt. Sama reynist vera um fjögur tryggingafélög, sem hafa tæplega 1000 millj. kr. veltu, eða hótelin sem kenna sig við Esju, Borg og Sögu og hafa samanlagða veltu um 350 millj. kr. Ekkert af þessum fyrirtækjum greiðir neinn tekjuskatt.

Ég hafði satt að segja heyrt þessa getið á liðnum árum að mörg fyrirtæki slyppu vel frá tekjuskattsálagningu en ég verð að játa að þegar ég fór að athuga þetta mál gaumgæfilega kom niðurstaðan mér mjög á óvart. Ég get upplýst það hér, sem áður hefur komið fram, að skv. þessari lauslegu athugun, sem ég gerði, kom í ljós að félög, sem engan tekjuskatt greiða í Reykjavík á liðnu ári, voru um 240 talsins og þá eru að sjálfsögðu ekki talin með fyrirtæki sem eru rekin í nafni einstaklinga og ekki smáfélög með minna en 1 millj. kr. ársveltu. Mér taldist til lauslega áætlað að ársvelta þessara fyrirtækja væri ekki undir 10 000 millj. kr.

Hver er nú skýringin á þessum staðreyndum? Hvernig stóð á á skattárinu 1973? Var það virkilega svona erfitt ár fyrir atvinnurekstur inn í landinu að hann hefði ekki efni á að borga neinn tekjuskatt? Nei, staðreyndin er að sjálfsögðu sú, eins og mörgum mun kunnugt, að á þessu ári var mikið góðæri ríkjandi í landinu. Aðeins einn atvinnuvegur í landinu stóð raunverulega illa á því ári og það var útflutningsiðnaðurinn. Aðrar atvinnugreinar stóðu vel.

Ég vil leyfa mér að fletta hér upp í grg. hagrannsóknadeildar Framkvæmdastofnunarinnar um þjóðarbúskapinn á árinu 1973. Þar segir á bls. 22, með leyfi forseta:

„Lauslegar áætlanir fyrir árið 1973, sem byggðar eru á athugun á heildarverslunarveltu skv. söluskattsframtölum, virðast benda til þess að umsvif í heildverslun gætu aukist um 7—8% að magni og smásala gæti aukist um 6—7% að magni á þessu ári. Einnig virðist vera um magnaukningu að ræða í olíu-, byggingarvöru- og bílaverslun. Niðurstöður athuganana sýna að í heildverslun hafi hreinn hagnaður félaga og eigendatekjur í einstaklingsfyrirtækjum sem hlutfall af vergum sölutekjum og tekjuvirði orðið um 3.7% á árinu 1971 og um 3.3% á árinu 1972. Niðurstöður athugana á afkomu smásöluverslunarinnar sýna svipaðar breytingar. Lauslegur framreikningur rekstraryfirlita heildverslunar og smásöluverslunar fyrir árið 1973 bendir til þess að afkoma veslunar í heild á þessu ári verði svipuð og á árinu 1972."

Staðreyndin er sem sagt sú, t. d. hvað verslunina snertir, að hún kom mjög vel út á þessu ári og svo var um margar aðrar atvinnugreinar

í landinu. Ég nefni hér aðeins það sem nefnt var í þessari skýrslu um sjávarútveginn, en á bls. 75 í þessari skýrslu var komist svo að orði:

„Á hvaða kvarða sem mælt er virðist hagur sjávarútvegs á árinu 1973 með því besta sem gerst hefur.“

Að sjálfsögðu segir það sig sjálft að góður hagur sjávarútvegsins á árinu 1973 hefur haft víðtæk áhrif í öðrum atvinnugreinum vegna þess að sjávarútvegurinn er undirstaðan, og sé velgengni í þeim atvinnuvegi, þá er venjulega allgóð velta í flestum öðrum atvinnuvegum eins og ég sagði áðan, að undanskildum útflutningsiðnaðinum sem hefur að sjálfsögðu nokkra sérstöðu.

Nei, ég held að á því geti ekki verið neinn vafi að flest þessara 240 fyrirtækja, sem ég nefndi áðan, hafa haft dágóðan hagnað á árinu 1974.

Við getum að sjálfsögðu verið viss um það að þegar svo mörg stærri fyrirtæki í Reykjavík eru tekjuskattslaus, — ég get látið þess getið að yfir 100 þessara fyrirtækja mæla veltu sína í tugum millj. — þá eru að sjálfsögðu hundruð fyrirtækja um land allt með tekjuskattsgreiðslur sem eru ekki í neinu samræmi við hagnað þeirra.

Ef við veltum fyrir okkur hvaða aðferðir kunni að vera fyrir hendi til að komast undan því að greiða tekjuskatt þarf ekki að segja neinum það að ólöglegar aðferðir eru býsna margar til. Hér verður þó alls ekki fjallað um ólöglegu aðferðirnar, heldur einungis um þær löglegu.

Áður en vikið er að aðalaðferðunum er rétt að gera grein fyrir örfáum aðferðum sem hafa kannske nokkra sérstöðu. Það má nefna sem dæmi að mörg fyrirtæki hafa í hendi sér að meta vörubirgðir á lágu verði og með þessu geta þau velt á undan sér mjög miklum tekjum, en það er að sjálfsögðu mjög hagkvæmt gagnvart skattayfirvöldum á slíkum verðbólgutímum eins og við lifum nú. Skyld aðferð, sem tryggingafélög nota meira eða minna eftirlitslaust, er heimild þeirra skv. 17. gr. skattalaganna til þess að leggja til hliðar vegna ógreiddra tjóna eða bótagreiðslna. Þannig er vitað að tryggingafélög geta skotið undan miklum tekjum sem oft eru ekki skattlagðar fyrr en löngu síðar. Þær eru að sjálfsögðu skattlagðar fyrr eða síðar, en verði um langan tíma að ræða sem líður frá því að tekjurnar verða til og þar til skatturinn er á lagður, þá er um mikinn hagnað að ræða vegna þess að krónurnar verða verðminni.

En við skulum sleppa þessum sérstöku aðferðum sem í raun og veru eiga aðeins við í afmörkuðum tilvikum þótt að vísu eigi þær vafalaust við býsna mörg fyrirtæki og þá sérstaklega sú aðferð að meta vörubirgðir lágt. Aðalaðferðirnar til þess að sleppa undan að greiða tekjuskatt byggjast á heimildum skattalaganna sjálfra og þar ber einkum að nefna fjórar leiðir.

Í fyrsta lagi má nefna heimild í 17. gr. skattal. sem fyrirtæki hafa til að leggja í varasjóð ¼ af hreinum tekjum félaganna áður en tekjuskattur frá árinu áður hefur verið frádreginn. Þessi fjórðungur tekna er sem sagt skattfrjáls með öllu. Í svari hæstv. fjmrh. við fsp. hv. þm. Geirs Gunnarssonar nú fyrir nokkrum dögum kom fram að árið 1974 hefðu félög, — þá er sem sagt átt við bæði hlutafélög og aðrar félagseiningar sem með rekstur hafa að gera, — þessi fyrirtæki höfðu dregið frá hreinum tekjum sínum, áður en skattur var á lagður, 511 millj. kr. á þessu eina ári. Nú er skattgjaldsstofn félaga 53% og má því ætla að ríkissjóður hafi með þessu heimildarákvæði einu látið af hendi 271 millj. kr. til félaga á þessu eina ári eða 781 millj. kr. á fjórum árum, á árabilinu 1971—1974.

Í öðru lagi ber að nefna almennar fyrningarreglur. Hámark fyrningar er 15% á ýmsum tegundum lausafjár, þ. á m. vinnuvélum og flutningatækjum, svo sem skipum og vöruflutningabifreiðum, 12.5% á öðru lausafé, en á fasteignum frá 2 og upp í 8% eftir gerð byggingarefnis fasteignanna og tegundum þeirra. Þannig eru lægstar fyrningar á steinsteyptum verslunar- og skrifstofuhúsum, hæstar á verksmiðjum og verkstæðum eða vörugeymslum sem byggðar eru úr lítt varanlegu efni eins og tré eða málmum.

Ef við á annað borð viðurkennum þá hugsun sem liggur að baki almennum afskriftareglum, að eigendur eigi að geta lagt til hliðar á hverju ári nokkra upphæð sem ekki sé skattlögð og þannig safnist í sjóð jafnvirði eignarinnar á sama tíma og hún gengur úr sér eða verður ónýt, þá verð ég að játa að mér sýnist að þessar almennu fyrningarreglur séu í grófum dráttum ekki óhæfilegar, þ. e. a. s. 12—15% fyrir eignir, sem ekki hafa áætlaðan endingartíma nema kannske 6—8 ár, en miklu lægri fyrir varanlegri eignir. En þó virðist mér augljóst að hæpnastar séu þessar almennu fyrningarreglur varðandi skip, sem má fyrna allt að 90% á fimm árum, að vísu ekki nema 60% skv. almennu reglunni. Skip endast, eins og kunnugt er, að öllu jöfnu í 15—20 ár og eru lengi í háu verði, eru yfirleitt í miklu hærra verði þegar þau eru seld eftir fjögur ár heldur en þegar þau voru keypt og kemur þar að sjálfsögðu fyrst og fremst til verðbólguhækkun. Atvinnurekendur hafa löngum kvartað yfir því. Mér hafa borist tilmæli frá forseta um að gera hlé á ræðu minni vegna þess að Sjálfstfl. óski eftir að halda þingflokksfund. Ég verð að vísu að játa að mér finnast þessi tilmæli nokkuð einkennileg því að þessi tími, sem nú er, er ekki venjulegur þingflokksfundartími og hefði mér fundist að ósekju að sá fundur hefði kannske mátt vera svolítið síðar á þessum degi. En ég hlýt samt að verða við tilmælum forseta og mun því halda áfram ræðu minni þegar færi gefst síðar.

— [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég var beðinn að gera hlé á ræðu minni fyrr í dag hafði ég aðeins náð því að gera grein fyrir nokkrum atriðum þessa máls. Ég hafði bent á að fjöldamörg fyrirtæki sluppu við að greiða tekjuskatt á árinu 1974 og var að gera grein fyrir því hvaða ástæður mundu hafa legið til þess að fyrirtækin sluppu svo vel frá skattgreiðslum. Ég nefndi það að ýmsar sérstakar aðferðir væru notaðar til þess að komast hjá að greiða tekjuskatt, en þar nefndi ég sem dæmi að vörubirgðir væru metnar í lágu virði og tekjum, sem í þeim fælust, væri síðan velt áfram, en með því fengist allverulegur verð-

bólguhagnaður. Einnig nefndi ég þær aðferðir, sem tryggingafélögin nota, en þau hafa heimild til að leggja til hliðar vegna ógreiddra tjónaeða bótagreiðslna og geta þannig skotið undan miklum tekjum, sem ekki eru skattlagðar fyrr en löngu eftir að þær verða til. Síðan sneri ég mér að 4 meginaðferðum sem notaðar eru til að sleppa undan greiðslu tekjuskatts og nefndi þar fyrst heimildina, sem er í 17. gr. skattal. um heimild til félaga til að leggja í varasjóð 1/4 af beinum tekjum félaga, og benti á að samkv. svari hæstv. fjmrh. við fsp. hv. þm. Geirs Gunnarssonar hefðu félög á árinu 1974 getað dregið frá beinum tekjum sínum alls 511 millj. kr. En með þessum hætti hefði ríkissjóður látið af hendi 271 millj. kr. til félaga á þessu eina ári.

Í öðru lagi nefndi ég hinar almennu fyrningarreglur og rakti hverjar þær eru, en þær eru á lausafé 12.5—15% og á fasteignum frá 2—8%. Ég var síðan kominn að því atriði að atvinnurekendur hafa löngum kvartað yfir því að vegna verðbólgunnar væri endurnýjunarverðmæti eignanna langtum hærra þegar framleiðslutækið væri endurnýjað en numið hefði upphaflegu kaupverði og fyrningarverði á notkunartímanum og þar af leiddi að þeir bæru skarðan hlut frá borði. Ég vil hins vegar leyfa mér að halda því fram að þessi umkvörtun atvinnurekenda sé ekki að öllu leyti rökrétt. Flest atvinnufyrirtæki eru keypt fyrir lánsfé, a. m. k. að hálfu leyti og oft að 70—90%. Það er að sjálfsögðu ekki rökrétt að fyrirtæki fái aðstoð úr ríkissjóði til þess að fyrna þann hluta af eignum sínum, sem eru keyptar fyrir lánsfé, enda má að sjálfsögðu ætla að þegar atvinnurekandi kaupir næst atvinnutæki fái hann hlutfallslega ekki minna lánsfé en hann fékk í hið fyrra sinn og hann þurfi því raunverulega aðeins að fyrna eignarhluta sinn í atvinnutækinu, eða þannig fyndist manni að löggjafinn ætti að líta á málið. En svo er ekki. Í þessu efni eru lögin ákaflega hagstæð atvinnurekendum og því að sjálfsögðu ljóst, að þeir hafa ekki yfir neinu að kvarta í þessum efnum.

Er ég þá kominn að þriðju stóru skattaívilnunarreglunni í skattal., en það er reglan í 15. gr. skattal., 6. mgr., um svonefndan verðhækkunarstuðul sem svari til hinna almennu verðbreytinga er átt hafa sér stað á skattárinu. Í 15. gr., 6. mgr., segir:

„Verði almennar verðbreytingar til hækkunar á eignum þeim, sem taldar eru í 1. og 2. tölul. a-liðar 1. mgr. hér að framan," — en það eru sem sagt eignirnar sem fyrnanlegar eru, — „er skattþegni heimilt að fyrna slíkar eignir sérstakri óbeinni fyrningu sem reiknuð skal af krónutölu þeirra fyrninga sem hann notar á árinu með heimild í 1.—3. tölul. C-liðar þessarar gr. Skulu þær ákveðnar eftir verðhækkunarstuðli sem svarar til hinna almennu verðbreytinga sem átt hafa sér stað á skattárinu. Við ákvörðun verðhækkunarstuðuls fyrir húseignir skal hafa til hliðsjónar breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar. Verðhækkunarstuðul fyrir fyrnanlegar eignir í atvinnurekstri skal einkum miða við verðbreytingar á þeim eignum sem fluttar eru til landsins."

Samkv. þessu ákvæði hefur hæstv. fjmrh. ákveðið með auglýsingu nr. 381 1974 að verðhækkunarstuðull fasteigna á árinu 1974 skuli teljast hvorki meira né minna en 60% af fasteignum og af lausafé 70%. Eru þetta víst langsamlega hæstu tölur sem notaðar hafa verið við ákvörðun þessa verðhækkunarstuðuls því að hann mun hafa verið á árinu 1973 aðeins um 10%. En þetta táknar sem sagt að fyrning á lausafé, sem ég hef hér gert grein fyrir að er samkv. lögum að hámarki 15% á ári, hækkar um 70% til viðbótar og fyrning af vinnuvélum, flutningatækjum og skipum er því í reynd á árinu 1974 25.5% og af öðru lausafé rúm 21%. Ég vek á því athygli, að þessi stórfelldu hlunnindi, sem fela í sér afsal ríkissjóðs á hundruðum millj. kr. á ári, koma atvinnurekstrinum til góða til viðbótar varasjóðsheimildinni, almennu fyrningunni og flýtifyrningunni sem ég hef enn ekki vikið að. En það er fjórða verulega skattaívilnunarreglan í þágu atvinnurekstrarins og hún er í skattalögum í D-lið 15. gr. og kveður svo á um að til viðbótar fyrrnefndum fyrningarreglum sé heimilt að fyrna eignir um 30% af heildarfyrningarverði þeirra á 5 árum um 6% á ári. Eins og ég sagði áðan er þetta hin svokallaða flýtifyrning og hún kom inn í löggjöfina árið 1971. Þetta var eitt af seinustu verkum Viðreisnarstjórnarinnar sálugu. Hún var þá ótakmörkuð og gat orðið 30% á einu ári, en sú lagfæring fékkst fram í tíð vinstri stjórnarinnar að flýtifyrningin var bundin að hámarki við 6% á hverju ári.

Eins og ég hef þegar tekið fram bætist þessi fyrningarheimild við þær afskriftaheimildir, sem áður eru nefndar, og eins og sjá má af þeim tölum, sem ég hef dregið hér fram, geta fyrningar ýmissa eigna, þ. á m. vinnuvéla, bifreiða, krana, skipa, bæði fiskiskipa og flutningaskipa, numið tæplega 32% á einu einasta ári þegar allar þessar heimildir koma saman. Nú er það svo að eignir má fyrna allt að 90% samtals, þegar allt er talið ár eftir ár. Samkv. þessum heimildum er því hugsanlegt að eign sé fyrnd að fullu samkv. heimildum laga á aðeins þremur árum. Það mundi að sjálfsögðu heyra til undantekninga að eign væri að fullu fyrnd á þremur árum. Til þess þyrfti verðbólguþróunin að vera býsna ör. Hitt er sjálfsagt mjög algengt og næstum að segja regla, að eignir séu fyrndar á nokkru lengri tíma, enda ekki víst að þörf sé á því að nýta fyrningarheimildir til fulls á hverju ári til þess að fyrirtæki geti losnað við skatta. Það mun því vera mjög algengt að lausafé sé að fullu fyrnt á 4—6 árum.

Nú kynni einhver að segja sem svo að þegar 4—6 ár eru liðin, þá sé atvinnurekandinn í raun og veru búinn að eyða öllum þessum fyrningarheimildum, fá út á þær tekjuskattslækkanir miklar og nú sé hann í raun og veru búinn að eyða öllum forðanum og verði að sæta því að fá engar afskriftir á eignir sínar á árunum sem þar fylgja í kjölfarið. Hann þurfi því að borga mikla skatta og standi sem sagt algerlega berskjaldaður gagnvart tekjuskattsálagningunni svo fremi að hann hafi ekki verið að bæta raunverulega við sig nýjum eignum. En þeir, sem þetta halda, hafa ekki áttað sig á heildarsamhengi þessa máls. Ef eignin er þess eðlis að auðvelt er að selja hana, þá

á atvinnurekandinn enn einn leik á borði. Hann sem sagt selur eignina og kaupir sér aðra eign jafnverðmæta eða dýrari. Hvort sem þessi eign, sem hann kaupir í staðinn, er notuð eða ný, þá heimilast honum að byrja afskriftirnar á nýjan leik af fullum krafti eins og ekkert hafi gerst.

Ég hef nýlega gert þá fsp. hjá skattayfirvöldum hvort það sé hugsanlegt að tveir útgerðarmenn, sem báðir hafa eignast fiskiskip fyrir t. d. 150 millj. kr. hvor um sig og báðir hafa afskrifað skip sín á 4—5 árum að 90% og hafa þannig sloppið hugsanlega við að greiða tekjuskatt sem nemur 135 millj. kr. hagnaði hvor um sig, geti raunverulega séð sér leik á borði að hafa skipti á skipum í þeim tilgangi að geta byrjað að afskrifa hvor um sig á nýjan leik. Ég fékk þau svör að þetta væri vel hugsanlegt og í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu, sbr. E-lið 7. gr. skattal. um skattskyldan ágóða af sölu fyrnanlegs lausafjár sem bindur skattskylduna við 4 ár. Sá, sem þetta ætlar að gera, verður að bíða í 4 ár með að selja skipið og skipta á því við einhvern annan. En eftir 4 ár er hann kannske búinn að fyrna fyrra skipið um 90% og þá getur hann skipt og byrjað svo af fullum krafti á nýju skipi, sem væntanlega er allmiklu dýrara en það fyrra.

Eins og ég hef hér nefnt þarf seljandi skipsins ekkert að greiða í skatt af söluhagnaði eftir fjögurra ára eignarhald. En það skal að vísu tekið fram, til þess að öllu sé til skila haldið, að lögum samkv. á hann að greiða skatt af flýtifyrningunni sem er 30% af þessum 90% sem ég nefndi áðan. Hann á að skila til baka þeim skattaívilnunum, sem liggja í því að hann hefur notað flýtifyrninguna til að sleppa við skattgreiðslu. En af því að það má heita öruggt mál að útgerðarmaðurinn er ekki sérlega hrifinn af því að þurfa að standa skil á þessu fjármagni, þá hefur verið séð fyrir enn einni smugu í skattal. til að koma í veg fyrir að hann þurfi nokkurn tíma að standa skil á skatti af þessum 30%. Ef hann sem sagt kaupir annað skip, sem væntanlega er í verðbólguþjóðfélagi miklu, miklu dýrara en skipið sem hann var að fyrna, þá heimilast honum að láta þær afskriftir, sem hann átti að greiða skattinn af, ganga upp í nýjar fyrningar sem geta numið, eins og hér hefur verið sagt, allt að 31.5% á árinu 1975, þannig að það má heita harla ólíklegt að hann borgi nokkurn tíma nokkurn skatt, ekki heldur af flýtifyrningunni.

Þessi furðulegu fyrningarákvæði verða að sjálfsögðu enn fáranlegri í ljósi þess að lánafyrirgreiðsla til skipakaupa er 85—90% og lánin eru veitt til allt að 18 ára. Eftir 4 ár, þegar skip er að fullu fyrnt, hefur eigandinn sjálfur aðeins greitt 30—34% af andvirði skipsins, en þá selur hann mjög oft skipið og afgangurinn af verði skipsins er raunverulega í eigu opinberra sjóða, en hann hefur sjálfur fengið að njóta þess hagnaðar sem fólginn er í afskriftum af þeim hluta skipsverðsins einnig. Við þennan þátt málsins er alkunn staðreynd í þjóðfélagi okkar að skip eru seld eftir 4—5 ár, og má heita frekar regla að svo sé, og þarf því enginn að vera neitt undrandi á því af hverju það stafar.

Ef við gerum tilraun til þess að meta þann heildarhagnað, sem fyrirtæki hafa árlega af fyrningarreglum, þá verðum við að líta á opinberar tölur um brúttóhagnað fyrirtækja áður en greiddur er skattur og áður en afskriftir eru reiknaðar. Samkv. upplýsingum hagrannsóknadeildar þeirrar stofnunar, sem nú mun heita Þjóðhagsstofnun, var brúttóhagnaður allra fyrirtækja í landinu á árinu 1973 um 5 100 millj. kr. Þar af var hagnaður í iðnaði, að undanskildum sements-, áburðar- og áliðnaði, 1 506 millj. í fiskiðnaði 2 117, í smásöluverslun 567, í heildsöluverslun 571 og í sjávarútvegi eða útgerð 361. Samtals gera þetta 5 122 millj. kr. Ef skattar væru greiddir af hagnaðinum, eins og hann kemur fyrir þá hefðu tekjuskattar átt að vera á árinu 1974 2 700 millj. kr. En samkv. upplýsingum sömu stofnunar er talið að tekjuskattar félaga hafi numið rúmum 700 millj. kr. á árinu 1974, sem sagt munurinn er hvorki meira né minna en 2 000 millj. kr. Að sjálfsögðu er munurinn fólginn í þeim fyrningar- og ívilnunarreglum, sem ég hef hér rakið, og mönnum til fróðleiks er rétt að skýra hér frá því hvernig hlutföllin eru í grófum dráttum. Eins og ég hef áður tekið fram námu varasjóðsheimildirnar á árinu 1973 511 millj. kr., en afskriftir 2 550 millj. Þó að manni finnist að vísu að skatturinn ætti að gefa eilítið meira, því að mismunurinn á brúttóhagnaði, afskriftum og varasjóðsheimildum er rúmlega 2000 millj., skatturinn ætti þá að vera liðlega 1000 millj., þá virðist vera að samkv. áætlunum um innheimtan skatt nemi hann ekki nema liðlega 700 millj. kr. og kann ég ekki að gera grein fyrir því í hverju þessi munur kann að vera fólginn. En mér dettur í hug í fljótu bragði að hann liggi í því að skatturinn er að sjálfsögðu ekki lagður á skatta fyrra árs og má vera að þeir séu í þessari tölu. En það er eitthvað sem veldur þessum 300 millj. kr. mun. Upp úr stendur að ef lagður væri 53% tekjuskattur á brúttóhagnað fyrirtækja í landinu, þá ætti sá skattur að nema 2 700 millj. fyrir skattárið 1973, en hann nam aðeins rúmum 700 millj. kr.

Ég held að menn þurfi ekkert að efast um það að fyrirtæki á Íslandi bera óeðlilega litinn hluta af skattabyrðinni. Ég vil í því sambandi aðeins benda á það að ef teknir eru þrír stærstu gjaldþróstarnir, sem lagðir eru á hinn almenna skattgreiðanda í landinu, þá eru það að sjálfsögðu tekjuskatturinn með tæpa 6 milljarða á árinu 1975, tollar með rúma 12 milljarða og söluskattur með tæpa 18 milljarða eða samtals 36 milljarðar kr. En tekjuskattur á félög í landinu nemur aðeins 1 milljarði á árinu 1975 samkv. áætlun fjárl. og sjá allir að munurinn er þarna orðinn gífurlegur, enda mun staðreyndin vera sú að hlutfall gjalda atvinnurekstrarins af heildartekjum ríkissjóðs hefur farið mjög minnkandi á síðari árum.

Eins og ég sagði er tekjuskattur félaga á árinu 1975 áætlaður 1 milljarður í fjárl., en ég vil leyfa mér að fullyrða að ef engar ráðstafanir verða nú gerðar til að breyta þeim fyrningarreglum og afskriftarheimildum, sem fyrir eru í lögum þá muni heimtur ríkisins af tekjuskatti félaga verða langtum minni en áætlað er í fjárl. Að vísu er það svo að kannske verður enginn til frásagnar um það hvað tekjuskattur félaga raunverulega er á árinu 1975 frekar en endranær, því

að svo einkennilega vill til að í ríkisreikningi er þessi tala ekki sundurliðuð, þ. e. a. s. tekjuskatturinn almennt, og því ekki hægt að átta sig á því hvað er tekjuskattur félaga og hvað er tekjuskattur einstaklinga. Ég hef því ekki getað fengið um það upplýsingar hver var raunveruleg tekjuskattsgreiðsla félaga á árinu 1974, heldur hef orðið að styðjast eingöngu við áætlunartölur.

Ég lít svo á að brýn þörf sé á því að fram fari sérstök rannsókn á bókhaldi, birgðasöfnun og eignaaukningu fyrirtækja á Íslandi í dag. Þess vegna er það annar þátturinn í þeirri till. til þál., sem ég hef leyft mér að flytja, að fram fari sérstök rannsókn á bókhaldi, birgðasöfnun og eignaaukningu þeirra hundraða fyrirtækja sem höfðu meira en 5 millj. kr. í ársveltu á árinu 1973, eins og segir í till., en fengu þó engan tekjuskatt samkv. skattskrá ársins 1974. Ég er sannfærður um að margt muni koma í ljós við þessa rannsókn, sem mönnum var ekki áður ljóst, og ég lít svo á að nauðsynlegt sé að gera slíka rannsókn til þess að átta sig á því hvernig fyrningarreglum verður hagað í framtíðinni. En eins og ég hef áður tekið fram, þá er það skýrt tekið fram í till. að flýtifyrningin verði þegar í stað afnumin og er þá rannsóknin fyrst og fremst auðvitað við það miðuð að fyrningarreglurnar verði að öðru leyti teknar til athugunar og þeim skipað á nýjan veg þegar þeirri rannsókn er lokið. Ég er sannfærður um að rannsókn af þessu tagi mundi leiða margt athyglisvert í ljós, fleira en það hvernig fyrirtæki hafa hagnast á afskriftareglum. Eitt af því, sem vinnst við slíka rannsókn, er það að fá mætti hugmynd um þann mikla verðbólgugróða sem íslensk fyrirtæki taka til sín í skjóli verðbólgunnar. Óþarfi ætti að vera að gera hér grein fyrir því hvers eðlis sá gróði er sem kenna má við verðbólgu. Verðbólgugróði verður til þegar eign, sem keypt er með lánafyrirgreiðslum, hækkar hlutfallslega miklu örar í verði en áhvílandi lán, þegar höfð er hliðsjón af vaxtagreiðslum og hugsanlegu vísitöluálagi eða gengishækkun lána. Verðbólgugróðinn er sem sagt ævinlega tengdur lánum eða skuldum í beinu eða óbeinu formi.

Alltaf öðru hverju verð ég var við það að til eru þeir sem ekki skilja í hverju verðbólgugróði er fólginn. Þeir ímynda sér að þegar rætt er um verðbólgugróða sé einfaldlega átt við almennar verðhækkanir á eignum af völdum verðbólgunnar. Þannig var t. d. langur pistill í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum sem einmitt fjallaði um þessa till., en hinn ágæti höfundur greinarinnar virtist hreinlega ekki skilja hvað átt væri við með hugtakinu verðbólgugróði, virtist sem sagt ímynda sér að menn ættu bara við það að eignir hækka af völdum verðbólgu. En það segir sig sjálft að sá, sem á skuldlausa eign, hagnast ekkert á því einu að eign hækki í verði, ef verðhækkunin er fólgin í því einu að peningarnir hafa rýrnað í gildi. Því aðeins að skuldir hvíli á eigninni er að sjálfsögðu um verðbólgugróða að ræða.

Samkv. lauslegri áætlun, sem ég hef reynt að gera um lán, óverðtryggð og án gengistryggingar, úr bönkum og lánasjóðum, virðist mér að þau hafi numið milli 20 og 22 milljörðum kr. á árinu 1974, milli 20 og 22 þús. millj. kr. á árinu 1974. Því miður hef ég ekki nákvæmar upplýsingar um heildarupphæð útistandandi lána úr bönkum eða öðrum innlánsstofnunum eða úr fjárfestingarlánasjóðum eða lífeyrissjóðum. En af fyrirliggjandi opinberum upplýsingum virðist mega ætla að upphæðin sé einhvers staðar milli 80 og 90 þús. millj. kr. Á árinu 1974 hækkaði verðlag á fasteignum og lausafé um 50—70%. Það ætti því ekki neinn að þurfa að fara í grafgötur um það að verðbólgugróði á þessu eina ári, á árinu 1974, hefur verið gífurlegur. Í þessu sambandi er ekki úr vegi að rifja upp orð sem Bjarni heitinn Benediktsson, fyrrv. forsrh., lét falla á Alþ. í umr. um verðstöðvunarfrv. sem þá var á ferðinni, en þessar umr. fóru fram 12. des. 1966. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Það væri auðvitað alveg fásinna ef ég ætlaði að segja að aldrei kæmi til mála að fella gengi á Íslandi. Hitt segi ég, og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislækkun framar nema því aðeins að ráðstafanir verði gerðar til þess að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni sjálfir, fái að borga sinn brúsa fyllilega."

Bjarni heitinn Benediktsson var sem sagt ekki í neinum vafa um að til væri nokkuð sem héti verðbólgugróði og þeir væru margir sem högnuðust með óeðlilegum hætti á verðbólgunni. En ég vil aðeins bæta því við, að ef nokkurn tíma hefur í Íslandssögunni verið tímabært að lagður sé verðbólguskattur á þá, sem hafa grætt á verðbólgunni, þannig að þeir fái að borga brúsann, eins og Bjarni heitinn Benediktsson komst svo ágætlega að orði, þá er það nú. Af þessari ástæðu er lagt til í þessari till., sem ég hef hér lagt fram, að á grundvelli þeirrar rannsóknar, sem fram fari, verði undirbúin löggjöf um almennan skatt á verðbólgugróða fyrirtækja.

Ég vil að lokum segja það eitt að með afnámi flýtifyrningar, með endurskoðun fyrningarreglnanna og sérstaklega með afnámi verðhækkunarstuðulsins, sem ég hef hér gert að umræðuefni, og þar að auki með því að skattleggja nokkurn hluta af þeim mikla verðbólgugróða, sem nú myndast á ári hverju, oftast með tilstyrk ríkisbanka og opinberra fjárfestingarlánasjóða, mætti alveg vafalaust draga verulega úr skattaálögum á alþýðu manna. Vil ég í því sambandi segja, að ég tel að sérstaklega komi til álita að fella niður söluskatt á ýmsum nauðsynjavörum og draga þannig úr verðbólgu, eins og við Alþb.-menn höfum gert till. um hér á hv. Alþ.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til, að þessari till. verði vísað til hv. fjvn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hér er hreyft allumfangsmiklu máli sem ég mun ekki gera tilraun til að gera full skil, en mun þó aðeins vilja koma inn á.

Það má segja að saga skattamála á Íslandi sé að mestu leyti hálfgerð sorgarsaga. Breytingar á skattalögum hafa aðallega orðið á þann veg á undanförnum árum að þær hafa gerst með stuttum fyrirvara, í flestum tilfellum stuttu áður en álagning á að fara fram, og það í mörgum tilfellum vegna þess að beinir samningar við aðila

vinnumarkaðarins hafa komið þar til. Það er í sjálfu sér ekki von til þess, þegar þannig er staðið að málum, að vel takist til.

1970 kom fram hér á Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem náði aldrei fram að ganga, og við ríkisstjórnarskiptin á árinu 1971 urðu allmiklar breytingar þar á, en þó í reynd mjög litlar. Þar komu inn í lögin ýmis ákvæði sem menn hefðu mátt huga betur að, og ég undrast það mjög hvernig á því stóð að það frv. fór svo gagnrýnislaust í gegnum Alþ. sem raun ber vitni.

Hv. flm. þessarar till. hefur komið inn á ýmsa hluti sem hann hefur nefnt aðferðir til þess að skjóta tekjum undan skatti. Ég er honum alveg sammála um að það eru ýmsar reglur í skattalögum sem eru algerlega fráleitar. En ég tel að hann komi ekki að kjarna málsins. Kjarni málsins er ekki sá að afnema fyrningar, og ég undrast dálítið þann skilning, sem mér hefur fundist koma hér fram í umr. á Alþ., að fyrningar séu algerlega óþarfar. Skilgreining á fyrningum er ekkert annað en það að þar er um kostnað að ræða. Þar er um það að ræða að dreifa fjárfestingarkostnaði yfir ákveðinn tíma. Sá fjárfestingarkostnaður leggst á mörg ár og kemur fram í úreldingu og sliti á viðkomandi eign, þannig að þetta mál verður ekki leyst með því að afnema fyrningar. Hins vegar má í mörgum tilfellum draga úr þeim fyrningum sem nú eru leyfðar. Kjarni málsins er meðferð á söluhagnaði.

Samkv. núgildandi skattal. er heimilt að fyrna eignir. Lausafé verður skattfrjálst að 4 árum liðnum, en fastafjármunir, húseignir, verða skattfrjálsar að 6 árum liðnum án tillits til söluverðs. Það er afskaplega erfitt að koma því við að láta menn greiða skatt af þeim hagnaði sem þá myndast nema menn kaupi þá ekkert í staðinn. Við getum hugsað okkur að þeir aðilar, sem hafa nú keypt togara til landsins, fyrni sín skip, sem hafa jafnvel kostað 200 millj., niður í 20 millj. og hagnist á þeim, sem sagt söluhagnaður verði — við skulum segja 100 millj. kr. Ef þessir sömu menn kaupa annað skip í staðinn, þá er ekki um það að ræða að hægt sé að ná af þeim skatti af 100 millj., eða um 40—50 millj. kr. Hins vegar á þessi söluhagnaður að skerða þann fyrningarstofn, sem myndast á kaupum nýja tækisins. Ég er þeirrar skoðunar að það megi ýmislegt laga í sambandi við fyrningarnar. En aðalmálið er að breyta meðferð söluhagnaðar. Ef menn fjárfesta áfram í atvinnutækjum og atvinnulífi þjóðarinnar, þá hafa þeir ekki aflögu til þess að greiða þar af skatt. Hins vegar ef þessir menn hætta að fjárfesta í atvinnulífi þjóðarinnar, þá eru þeir ekkert of góðir til þess að greiða af því skatt. En það er í sjálfu sér einfalt að segja sem svo að það verði að greiða af þessu skatt, en í flestum tilfellum er það það sama og segja að það verði ekki keypt nýtt atvinnutæki í staðinn nema þá að komi til veruleg lánafyrirgreiðsla á móti. Þetta er meginkjarni málsins, að breyta meðferð söluhagnaðar.

Þá eru nefndar hér ýmsar aðferðir til þess að komast hjá skattgreiðslu og í fyrsta lagi nefnt ákvæðið um varasjóð. Við verðum einnig að gera okkur grein fyrir því að félög greiða heldur hærri tekjuskatt en einstaklingar, eða 53.5%, en einstaklingar 50%. Varasjóðsheimildin er í sjálfu sér ekkert annað en lækkun á tekjuskatti félaga. Raunskattur félaga verður með því móti um 40%. Hins vegar eru ýmis góð ákvæði varðandi varasjóðinn, t. d. það ákvæði, að ef varasjóðurinn er á einhvern hátt skertur, t. d. notaður til að lána hluthöfum, þá verður hann skattskyldur með 20% álagi. Þetta gerir það að verkum að fé er bundið meira í fyrirtækjum en ella hefði orðið, þannig að ég er ekki sammála því að það beri að leggja varasjóðinn niður. Hins vegar hef ég talið að það mætti breyta honum, t. d. í fjárfestingarlánasjóð, sem ég ætla ekki að rekja frekar hér. En varasjóðsákvæðin hafa stuðlað að því — það er enginn vafi á því — að fé hefur verið bundið meira í atvinnulífinu í staðinn fyrir að taka það út úr fyrirtækjunum í t. d. einkaeyðslu.

Ákvæðin um svokallaða verðstuðulsfyrningu voru tekin í lög 1971, og nú hefur komið í ljós að þessi verðstuðulsfyrning verður 70% á lausafé, en var 10% árið áður. Ég er því alveg sammála að þessi fyrning er óraunhæf og allt of há. Ég vil hins vegar leiðrétta það, að það er ekki fjmrh., sem ákveður þessa fyrningu. Þessi fyrning er ákveðin í lögum og stuðullinn er reiknaður út af ríkisskattstjóra í samræmi við þau ákvæði sem eru í lögum. Það varð gífurleg verðbólga á síðasta ári og nú kemur í ljós að verðstuðulsfyrningin verður í takt við hana.

Ég vil aðeins koma að því að lokum, sem hér var nefnt, að það væri rétt að skattleggja verðbólgugróða. Við komum þarna að mjög miklu vandamáli. Það er alveg ljóst að menn hagnast á því í verðbólgu að skulda. Það eru til ýmsar leiðir til þess að ná þessum hagnaði, ef menn vilja orða það svo. Það má vísitölubinda lánin m. a. eða þá það má skattleggja hækkunina. Það er alveg ljóst, að það má segja að ungt fólk, sem fer út í íbúðabyggingar og leggur í miklar skuldir hagnist á því að skulda háar upphæðir, alveg á sama hátt og fyrirtækin hagnast á því að skulda háar upphæðir. Hins vegar verður slíkur verðbólguhagnaður ekki skattlagður, svo að gagni komi, nema við sölu eða upplausn þessa hagnaðar. Og ég vil að menn gái að því, áður en farið er að leggja á slíkan verðbólguskatt, að það er ekki hægt að reikna með því að hægt sé að greiða slíkan skatt nema eignin sé leyst upp.

Ég vil að lokum segja það, að ég vil biðja hv. alþm. að athuga það í umr. um afskriftir og fyrningar að hér er oft og tíðum um kostnað að ræða. Hv. flm. talaði um að það bæri að reikna skatta af brúttóhagnaði. Mér leyfist að spyrja: Hvað er þessi brúttóhagnaður? Er það hagnaður fyrir allar afskriftir? Og telur hann að það sé réttlátt að leggja skatta á fyrirtæki þannig að það séu engar afskriftir, engar fyrningar reiknaðar? Það er alveg rétt að það er ýmislegt sem má lagfæra og betrumbæta, en við megum líka gæta þess að ganga ekki of langt. Aðalatriðið í þessu máli, — ég vil endurtaka það — er að það ber að breyta ákvæðunum um meðferð söluhagnaðar.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka 5. þm. Austf., Halldóri Ásgrímssyni, fyrir að hann tók að nokkru leyti undir nauðsyn þess að þessi mál yrðu tekin til endurskoðunar, enda

þótt mér fyndist undirtektir hans ekki eins jákvæðar og æskilegt hefði verið. Hann kom að því oftar en einu sinni í sinni stuttu ræðu að fyrningar væru óhjákvæmilegar og ég hefði lagt hér til að fyrningar yrðu með öllu afnumdar, en það væri mjög óskynsamlegt. Þetta er ekki alveg rétt túlkun á minni ræðu. Ég sagði það einmitt, þegar ég fjallaði um almennu fyrningarreglurnar, að mér virtist að þær væru í grófum dráttum eðlilegar og sanngjarnar, ef á annað borð fyrningarreglur væru viðhafðar, því að þær miðuðust í grófum dráttum við endingartíma hinna fyrnanlegu eigna. En lét þess þó getið að bersýnilegt væri að fyrningarreglur varðandi skip væru úr hófi fram.

Ég vil alls ekki halda því fram að fyrningar skuli með öllu afnumdar, en tel að þær verði að vera í hófi og þær verði að vera í einhverju raunverulegu samræmi við endingartíma viðkomandi eigna. En þegar svo er komið að eign, sem kannske getur enst í 10—15 ár, er fyrnanleg á 3—4 árum, þá erum við að sjálfsögðu komnir út í tóma endileysu. Og ég vek á því athygli að í till., sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur sent frá sér í tengslum við það efnahagsmálafrv., sem hér er til umr. í þinginu, en þær till. eru að sjálfsögðu gerðar í samráði við þingflokk Alþb., einungis gert ráð fyrir því að flýtifyrningin sé afnumin og verðhækkunarstuðullinn, en það þýðir að sjálfsögðu að hinum almennu fyrningum verði haldið áfram. En það að ég nefndi annars vegar töluna og svo hins vegar þá tölu sem út fæst þegar allar fyrningarreglurnar eru notaðar og bar þetta tvennt saman, — ástæðan til þess að ég notaði þessar tvær tölur var að sjálfsögðu sú að aðrar tölur voru ekki tiltækar. Það liggur sem sagt ekkert fyrir um það hvernig skattar kæmu út ef einungis hefði verið um hinar almennu fyrningarreglur að ræða. En sennilega má ætla að viðbótarfyrningarreglurnar vegi í heild töluvert þyngra en almennu fyrningarreglurnar, án þess að ég fari nánar út í að rökstyðja það.

Hv. þm. tók svo til orða oftar en einu sinni að kjarni málsins væri skattskylda söluhagnaðar og átti þar við það ákvæði skattalaga sem fjallar um það að skattskylda söluhagnaðar fellur að nokkru leyti niður eftir 2 ár og að öllu leyti niður eftir 4 ár. Þetta er laukrétt. En það vill bara svo ósköp einfaldlega til að þetta eru tvær hliðar á sama málinu og ég ræddi að sjálfsögðu þessa hliðina einnig. Þetta eru bara tvær hliðar, sem ekki verða aðgreindar. Þetta verður að sjálfsögðu að skoða í samhengi því að annað hefur áhrif á hitt. En þá er bara spurningin þessi: Er lausnin ósköp einfaldlega fólgin í því að breyta þessu ákvæði um skattskyldu söluhagnaðar án þess að hreyfa nokkuð við fyrningarreglunum? Ef það var hugsun hv. þm., þá er ég honum mjög ósammála. Ég held að kjarni málsins sé sá að það þurfi að breyta hvoru tveggja og það sem mest á bjátar í sambandi við skattalöggjöfina og fyrningarreglur hennar sé að árleg fyrning er ekki í neinu samræmi við endingartíma viðkomandi hluta. Því þarf að breyta.

Hv. þm. nefndi það að ef maður hefði notið afskriftarreglna um nokkurra ára skeið og seldi síðan, en keypti annað í staðinn, þá væri að sjálfsögðu ekki um neinn hagnað að ræða, sem hægt væri að taka, og það er nokkuð til í þessu. Ef viðkomandi er búinn að njóta skattfrelsisins, sem fólgið er í fyrningarreglunum, og sá hagnaður er kominn á sinn stað og venjulega búið að fjárfesta hann, þá er afskaplega ólíklegt að þegar síðan kemur að því að maðurinn selur viðkomandi eign, þá sé hann í nokkru standi til að fara að standa skil á öllum mismuninum sem kemur upp þegar salan fer fram. Það er alveg rétt að það munu menn ekki eiga auðvelt með. En ég held að lausnin sé einmitt þess vegna sú, að það verður að gæta að því hvernig þetta kemur út á hverju einstöku ári. Ríkissjóður verður að sjálfsögðu að gæta þess að fyrningarreglur séu ekki svo hagfelldar að um verði að ræða stórkostlegan hagnað af beitingu þeirra á hverju einstöku ári, því að hætt er við að síðar meir, kannske löngu síðar, verði aldrei mögulegt fyrir ríkissjóð að ná skatti af þessum tekjum.

Að lokum minntist hv. þm. á till. mína um álagningu verðbólguskatts. Það er að sjálfsögðu miklu flóknara mál sem þarfnast nánari skoðunar. Þess vegna hef ég ekki talið ástæðu til þess að leggja fram í minni till. nákvæma lýsingu á því hvernig skatturinn verði á lagður. Ég tel að sjálfsagt sé að þessi rannsókn fari fram, sem í till. greinir, og á grundvelli hennar verði síðan mótaðar þær álagningarreglur varðandi verðbólguskattinn sem álitlegastar þykja. En ég er ekki sammála því sjónarmiði, sem fram kom hjá hv. þm., að útilokað sé að hugsa til skattlagningar af því tagi nema eignin sé raunverulega leyst upp. Ég held að þetta atriði sé dálítið keimlíkt og með fyrningarreglurnar, að ef einungis er hugsað til þess að skattleggja verðbólgugróðann, þegar eignin er seld, sem oft kann að vera mörgum, mörgum árum eftir að þessi verðbólgugróði varð til, þá muni ákaflega lítið koma til skila af skattlagningu á þess háttar verðbólgugróða. Ég er sannfærður um að till. af þessu tagi hefði ekki mikið gildi í framkvæmd öðruvísi en um yrði að ræða árlegan skatt. Þá gæti ég helst hugsað mér að um yrði að ræða skatt sem miðaður væri við þá verðhækkun sem orðið hefði á viðkomandi eign þegar tekið er tillit til þess hve mikil lán, sem tekin hafa verið til öflunar þessarar eignar, hvíla enn á viðkomandi eign, verðbólguskatturinn sé sem sagt fyrst og fremst miðaður við lánin sem á eigninni hvíla, en ef þeir, sem fengju slíkan skatt að gjalda, stæðu þá skil á honum á ári hverju.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins árétta það, að það er rétt skilið hjá hv. þm. að ég er mótfallinn því að þær hugmyndir, sem eru á bak við flýtifyrninguna, verði afnumdar. Við skulum aðeins líta á þessar fyrningar, annars vegar almenna fyrningu og hins vegar flýtifyrninguna. Almenn fyrning gerir það að verkum að ef eign er seld innan fjögurra eða sex ára þá skapar hún enga skattskyldu, þ. e. a. s. jafnvel þó að fyrningin hafi ekki verið raunhæf, þá skapar hún enga skattskyldu. Hins vegar er það svo með flýtifyrninguna, að flýtifyrningin er aðeins frestun á skattgreiðslu. Ef eignin er seld, þá skapar þessi sama flýtifyrning

í öllum tilfellum skattskyldu, en aðeins ef önnur eign er keypt í staðinn er heimilt að fyrna þá eign um sömu upphæð, þannig að flýtifyrningin er í öllum tilfellum frestun á skattskyldu. (**RA**: Hún gengur upp í síðari fyrningu hugsanlega.)

Aftur á móti er svo ekki um almennu fyrninguna. Almenna fyrningin á að vera fyrning sem miðast við verðmætarýrnun og slit viðkomandi eignar. Hins vegar er það svo að þegar ákveðin eign er keypt, þá er greiðslubyrðin ávallt langmest fyrstu árin. Til þess að létta þessi kaup, hvort sem það eru fyrirtæki í rekstri samvinnufélaga eða hlutafélaga, þá er þessi flýtifyrning tekin upp og þá finnst mér vera aðalmálið að flýtifyrningin og aðrar fyrningar eigi sem sagt alltaf einhvern tíma að koma til skattgreiðslu ef eignin er leyst upp.

Ég verð að játa það að ég skil ekki alveg hv. þm., þegar hann talar um verðbólgugróða og skatt á verðbólgugróða. En eins og ég skil hans mál, þá er hann að tala um vísitölubindingu á lánum fyrst og fremst, þ. e. a. s. að skatturinn verði greiddur með tilliti til skuldanna. Það hlýtur að vera miklu einfaldara, ef hann vill fara þá leið, að vísitölutryggja lán, ef ég skil orð hans rétt, þá er það það, sem hann er að ræða um, en ekki skatt á verðbólgugróða.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er alveg rétt til getið hjá hv. þm. að þessi mál eru að sjálfsögðu nátengd, það er náið samhengi á milli annars vegar vísitölubindingar lána og svo hins vegar þess að verðbólguskattur sé á lagður sem sé miðaður við skuldir og lán. En á þessu er samt sem áður talsverður munur. Ég er sannfærður um að hv. þm. gerir sér grein fyrir því að þó að um yrði að ræða vísitölubindingu fjárskuldbindinga í miklu ríkari mæli en nú er, þá yrði samt mjög erfitt ef ekki ógerlegt, að taka upp slíka vísitölubindingu á skammtímalánum og yfirleitt á bankalánum vegna framkvæmdarörðugleika.

Ég býst því við að þó að menn tali nú um eitt og annað í þessu sambandi, þá muni enginn ímynda sér að hægt verði að vísitölutryggja lán alveg 100%. Ætli það verði ekki býsna langt frá að vera 100%? Ætli það séu nema svona 20—30% af lánum sem í framkvæmd er raunverulega mögulegt að vísitölutryggja? En svo er aftur annað mál með vísitölutrygginguna. Það er mál sem við höfum rætt í öðru samhengi og ég sé ekki ástæðu til þess að fara að taka hana til meðferðar hér. En ég er persónulega í grundvallaratriðum ósammála því að lán verði almennt vísitölutryggð að fullu. Ég tel að frá efnahagslegu sjónarmiði væri það óðs manns æði, fyrst og fremst vegna þess að þá yrði um að ræða svo háa raunvexti á lánum að það gæti ekki haft annað í för með sér en miklu gífurlegri óðaverðbólgu en við höfum nokkru sinni áður kynnst. Hitt er annað mál að vísitölutrygging getur átt rétt á sér annaðhvort með vöxtum, sem eru nærri núllinu, eða vísitölutrygging að hluta, t. d. að ⅓ hluta eða að hálfu leyti, sem er að sjálfsögðu allt annað mál því að þá er bara um það að ræða að verið er að hafa gjald af lánsfé í einhverju samræmi við verðbólguna í þjóðfélaginu. Það á að sjálfsögðu fyllsta rétt á sér. En það er hins vegar rétt að það er náskylt því máli sem hér er verið að tala um, þ. e. a. s. verðbólguskatti. Ég tel hins vegar að þeir, sem tapa á verðbólgunni, séu býsna margir, en þó er þar fyrst og fremst um að ræða opinbera lánasjóði og opinbert bankakerfi. Það eru fyrst og fremst þessir aðilar sem eru að tapa, fyrir utan sparifjáreigendur. Ég tel að verðbólguskattur eigi því fyllsta rétt á sér til þess að reyna að vinna upp það tap, sem þarna er um að ræða, með skatti á þá sem mest græða á verðbólgunni.

Að lokum vil ég aðeins segja — vegna þess að hv. þm. vildi ekki við það kannast sem ég sagði hér áðan — að menn gætu raunverulega losnað við flýtifyrninguna, að heimildin, sem er til þess, er í 15. gr. skattalaga, nánar tiltekið í lokamgr. Þar segir: „Á sama ári er heimilt að fyrna þessar eignir með sérstakri fyrningu, er nemi sömu fjárhæð og talin var til tekna vegna þessa, þó eigi meira en nemur ófyrndum eftirstöðvum heildarfyrningarverðs eignanna.“ Þetta er að vísu það flókið að miklu lengra mál þyrfti til að gera grein fyrir því, en ég læt nægja að vísa í þetta lagaákvæði sem raunverulega felur það í sér að þegar maður selur eign, sem hefur verið fyrnd með t. d. 30% flýtifyrningu og kaupir aðra eign í staðinn, þá kemur ekki flýtifyrningin til skatts vegna þess að hann getur látið hana ganga upp í nýjar fyrningar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Breyting fjárlagaárs, þáltill. (þskj. 128). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur H. Garðarsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um breyt. á tímasetningu fjárlagaárs. Ályktunin felur í sér að ríkisstj. athugi hvort ekki sé unnt að breyta hinu almenna uppgjöri ríkisreikninga, opinberra fyrirtækja, ríkisbanka og stofnana, þannig að reikningsárið hefjist 1. júlí ár hvert í stað 1. jan. og ljúki 30. júní í stað 31. des., fjárlög miðist við sama tíma.

Ástæðurnar fyrir því, að þessi þáltill. er flutt, eru margþættar. En meginástæðan er sú að fjárlög og umsvif hins opinbera eru orðin svo mikil og hafa svo víðtæk áhrif á flestöll svið þjóðlífsins að óhjákvæmilegt er að staldrað sé við og athugað gaumgæfilega hvort opinberi geirinn, ríki, sveitarfélög, opinber fyrirtæki og stofnanir, tefli ekki framtíðarþróun atvinnulífsins, sem allt þetta bákn hvílir á, í hættu og þar með verði grundvellinum kippt undan ríkjandi þjóðskipulagi.

Augljóst er að það getur ekki verið vilji Alþ. að haga þannig störfum sínum í þágu þjóðarheildarinnar að niðurstöður þess starfs og ákvörðunartöku, sem á sér stað á þingi, valdi landsmönnum tjóni. En því miður getur sú þróun átt sér stað, sé ekki full aðgát höfð, að meiri hluti Alþingis vanmeti svo raunverulega stöðu og getu þeirra gjaldstofna sem opinbera kerfið byggir á að afturkippur verði í atvinnustarfsemi þjóðarinnar með þar af leiðandi samdrætti í

þjóðarframleiðslunni og almennri rýrnun lífskjara alls almennings.

Ýmislegt bendir til þess að ef á Íslandi á að þróast blómlegt atvinnulíf frjálsra manna í framtíðinni verði að endurskoða afstöðu löggjafar- og framkvæmdavaldsins varðandi umsvif og stærð hins opinbera með tilliti til greiðsluþols og getu fyrirtækja hins frjálsa atvinnulífs og hinna almennu skattborgara. Ef of langt er gengið í því að auka stöðugt hlutdeild hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, í þjóðartekjunum, eins og átt hefur sér stað á síðustu árum, getur svo farið að raunverulega megi segja, að meginhluti þjóðarteknanna hafi verið þjóðnýttur í bókstaflegri merkingu þess orðs. Í því felst að svo hafi verið gengið á tekjur einstaklinga og fyrirtækja vegna opinberra álaga og opinberrar tilfærslu að nettóráðstöfunartekjur dugi rétt fyrir brýnustu nauðsynjum frá degi til dags. Þar með væri svigrúm þessara aðila til sjálfstæðrar ákvörðunartöku um neyslu og framkvæmdir frá þeim tekið og þeir orðnir háðir ríkiskerfinu í öllum meiri háttar athöfnum.

Hér áður fyrr var það draumur sósíalista að stefna að þjóðnýtingu framleiðslutækjanna. Í flestum lýðræðisríkjum hefur þeim ekkert orðið ágengt í þessum efnum. Í seinni tíð hafa hugmyndafræðingar róttækra vinstri manna tekið upp ný vinnubrögð og boðað að heppilegri leið að settu þjóðnýtingartakmarki sé fólgin í því að þjóðnýta sem mest af tekjum manna og stýra þannig eftirspurninni eftir hinum ýmsu gæðum og ákveða þar með *ofan frá forgangsröð lífsgæðanna*. Eftir því sem hlutdeild hins opinbera í þjóðartekjunum eða þjóðarframleiðslunni eykst vex sú hætta að þessi áform takist og að frjálsum markaðsbúskap verði komið fyrir kattarnef, en á því kerfi byggist aflgjafi frelsis og framfara í lýðfrjálsum löndum. Svíar, sem hafa gengið hvað lengst vestrænna ríkja í uppbyggingu svokallaðs velferðarþjóðfélags, eru farnir að óttast þessa þróun þar í landi. Í Svíþjóð fór árið 1971 um 51% þjóðartekna eða þjóðarframleiðslu í og um opinbera geira. Skiptist það þannig að opinber neysla eða útgjöld og opinberar framkvæmdir voru um 30% miðað við þjóðarframleiðslu, tekjutilfærsla um 18% og opinber sparnaður 2—5%. Þrátt fyrir það að svíar hafa búið við efnahagslegt öryggi og jafnan og árvissan hagvöxt í áratugi og þrátt fyrir það að þjóðarauður svía er mikill hafa ráðamenn þar í landi, sem vilja viðhalda frelsi og lýðræði, miklar áhyggjur af hinni miklu hlutdeild hins opinbera í ráðstöfun og skiptingu þjóðarteknanna. Óttast er, að svigrúm skattborgaranna, fyrirtækja og neytenda, til frjálsrar ráðstöfunar tekna sé að verða of þröngt. Verði lengra gengið í þessum efnum í þessu auðuga þjóðfélagi er hætta á að valfrelsið víki, að valfrelsið verði frá fólkinu tekið, athafnahvötin brotin á bak aftur og þjóðin þar með hneppt í fjötra ofskipulags og ófrelsis á öllum sviðum. *Fleiri þjóðir í Vestur-Evrópu standa frammi fyrir sömu hættu.* Veldur það frjálshuga og lýðræðissinnuðum mönnum áhyggjum vegna þeirrar frelsisskerðingar og lífskjararýrnunar sem *óhjákvæmilega fylgir í kjölfar ríkissósíalisma.*

Þótt framangreind kerfisbreyting til hins verra ætti sér ekki stað í jafnríkum mæli og átt hefur sér t. d. stað í Svíþjóð verkar stöðugt aukin hlutdeild og afskipti hins opinbera lamandi á alla atvinnustarfsemi auk þess sem hún hefur mjög verðbólguhvetjandi áhrif í för með sér, jafnvel þótt nokkurt atvinnuleysi sé, svo sem þróun í Bretlandi síðustu árin sannar. Takmörk eru fyrir því hversu nærri skattborgurunum er hægt að ganga með opinberum álögum, skattlagningu og þess háttar, hversu þarflegar sem hinar opinberu framkvæmdir eða útgjöld kunna að vera. Opinberar álögur, er fara fram úr ákveðnu hámarki, rýra lífskjörin stórlega. Erfitt er að segja til um hversu stór hinn opinberi geiri megi vera án þess að hið þunga álag fari að skaða þjóðarheildina. Fer það að sjálfsögðu eftir þjóðfélagsaðstæðum, þjóðarauði, þjóðartekjum o. s. frv. En vert er að taka tillit til þess að þegar komið er í 50% eins og í Svíþjóð fara hættumerkin að koma í ljós.

Í vestrænum ríkjum, sem byggja á frjálsum markaðsbúskap, er víða álitið að hlutdeild hins opinbera í þjóðarframleiðslunni megi ekki fara fram úr 25—30% ef vel á að vera, algert hámark sé um ⅓ þjóðarframleiðslunnar. Í Bretlandi er opinberi geirinn farinn að nálgast 50%. Sjást afleiðingar þessa þegar í efnahags- og atvinnulífi þessarar þjóðar sem hefur hnignað mikið á síðustu áratugum. Augljóst er að þegar hið opinbera er farið að ráðstafa eða stýra 40—50% af þjóðartekjunum, þá eru þessir aðilar orðnir afgerandi í allri þróun fjár- og peningamála. Það, hvernig haldið er á þessum málum, ræður þróun *hagvaxtar, verðbólgu, launa- og kjaramálum* o. s. frv. í viðkomandi þjóðfélagi. Eftir því sem þjóðarbúskapurinn er minni og einfaldari í sniðum og tekjumöguleikar eru takmarkaðri er of mikil hlutdeild ríkisgeirans í þjóðartekjunum hættulegri frá sjónarmiði þeirra sem aðhyllast frjálsan markaðsbúskap. Fyrir þá, sem aðhyllast sósíalisma, þar sem almætti ópersónulegrar ríkisforsjár skipar fyrirrúmið, er það æskileg þróun að stöðugt sé tekinn meiri og meiri hluti tekna einstaklinga og fyrirtækja í þágu hins opinbera. Niðurstaða slíkrar þróunar getur ekki verið nema á einn veg. Fólkið, almenningur, á ekki annars kost en að snúa sér til ríkisins, opinberra aðila, með flest sín mál. Í stuttu máli sagt, ríkið, valdamenn og kerfið ákveða stöðu manna og örlög svo sem tíðkast í einræðisríkjum. Sá eða þeir, sem ekki hlýða eða lúta kerfinu, eru settir til hliðar með ýmsum hætti. Það, hvort þessi þróun á sér stað í skjóli vopnavalds eða vegna hægfara þróunar svo sem að framan hefur verið lýst, skiptir í sjálfu sér ekki aðalmáli, heldur hitt, að það skuli vera hugsanlegur möguleiki að hún geti átt sér stað án þess að alþýða manna fái rönd við reist.

Það ber að forða íslensku þjóðinni frá þessari hættu. Það má ekki hlekkja þessa sjálfstæðu og frelsisunnandi þjóð í kerfi hægfara ríkissósíalisma. Þess vegna er orðið tímabært að hv. alþm. *staldri ögn við og spyrji sjálfa sig* hvar þeir og íslenska þjóðin séu nú á vegi stödd í þessum efnum. Hversu stór hluti þjóðarframleiðslunnar fer til hins opinbera? Hvernig hafa fjárlög *þróast samanborið við þjóðarframleiðslu?* Hafa umsvif hins opinbera aukist of mikið á síðustu árum? Getur þjóðin risið undir þeim

miklu skuldbindingum sem hið opinbera leggur henni á herðar? Eru þessar skuldbindingar í samræmi við eðlilegar þarfir fólksins og geta atvinnuvegirnir staðið undir þeim? Hafa fjárlög þróast ár frá ári á grundvelli skemmri tíma sjónarmiða eða á grundvelli lengri tíma stefnumörkunar? Ræður Alþ. eða hv. alþm. raunverulega þróun þessara mála? Hver er hlutur hins svo kallaða kerfis, áhrif embættismanna, hagsmunahópa o. s. frv. í þessum efnum?

Þannig mætti lengi spyrja. Vafalaust er erfitt að gefa viðhlítandi svör við öllum þessum spurningum og ótal fleiri tengdum þessu efni. En einföld staðreynd virðist blasa við öllum. Þegar erfiðleikar steðja að í þjóðarbúskap íslendinga virðist algerlega skorta sveigjanleika í fjármálaaðgerðum hins opinbera. Útilokað virðist að færa ríkisútgjöld og ríkisframkvæmdir til samræmis við minnkandi þjóðarframleiðslu. Á sama tíma sem áætlað er að þjóðarframleiðslan dragist saman og einkaneyslan minnki um 9—10% milli áranna 1974 og 1975 er áætlað að samneyslan aukist um 2—3%. Opinberi geirinn stækkar jafnt og þétt, bæði beint og óbeint, og þá ýmist fyrir aðgerðir Alþ. og ríkisstj. eða vegna aðgerðarleysis þessara aðila um hag þeirra sem eru utan kerfisins, þ. e. a. s. þess hluta þjóðarinnar, sem enn er í meiri hluta, er starfar úti í hinu frjálsa atvinnulífi við margvísleg og þjóðnýt störf. Margt er hægt að telja er undirstrikar þessa neikvæðu og óæskilegu þróun sem hv. Alþ. hlýtur að verða að taka afstöðu til með öðrum og þjóðfélagslega æskilegri hætti en gert hefur verið undanfarin ár.

Alþ. er skylt að taka upp ný og virkari vinnubrögð gagnvart ofvexti ríkisgeirans til þess að tryggja og vernda hagsmuni alls almennings í landinu. Aðilar atvinnulífsins eiga ekki og mega ekki verða hornrekur þjóðarinnar sem stöðugt er gengið á, en hinir, þ. e. a. s. þeir sem eru á vegum hins opinbera, hvort sem er í starfi eða við nám, einhvers konar yfirstétt sem tekur sitt á þurru og lætur lönd og leið hvernig það er að búa við erfiði og áhættu íslenskra atvinnuhátta, hvort sem er til sjós eða lands. Ég er ekki þar með að segja að sá kjarni opinberra embættismanna, sem þjóðinni hlýtur að vera nauðsynlegur, þessi kjarni eða þetta fólk búi við of góð kjör eða skili ekki sínum störfum vel.

Það, sem nauðsynlegt er að fjalla um og taka til meðferðar, er m. a.:

1. Stærð ríkisgeirans sem greinilega er orðinn of stór.

2. Sveigjanleiki í fjármálastefnu hins opinbera, en þar virðist skorta eðlilegan sveigjanleika. En slíkt fær ekki staðist til frambúðar við verðbólguaðstæður og óvissu í efnahags- og atvinnumálum.

3. Hvert er raunverulegt vald Alþingis yfir mótun og gerð fjárlaga. Það virðist á skorta að það sé sem skyldi. Neikvæð þróun í þessum málum, sem felur í sér minnkandi völd og dvínandi áhrif Alþ. í stefnumótun og ákvarðanatöku í peningamálum og fjármálum þjóðarinnar, getur orðið þingræðinu hættuleg. Takist ekki að minnka hlutdeild opinbera geirans í þjóðartekjunum, m. a. með raunhæfri stefnumörkun í fjárl. og samdrætti í ríkisgeiranum, mun það hafa þjóðhagslega óæskileg og skaðleg áhrif þegar til lengdar lætur.

Er þessi ótti ekki ástæðulaus? Hví skyldi vera meiri hætta í þessum efnum nú en oft áður? Er hlutdeild hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, í þjóðarframleiðslunni óæskilega mikil? Við íslendingar erum enn frekar skammt á veg komnir í söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um þjóðarbúið í heild. Stafar það fyrst og fremst af því, að söfnun frumupplýsinga hefur oft á tíðum verið ábótavant af ýmsum ástæðum. Á síðustu áratugum hefur þó orðið á þessu breyting til hins betra, og rétt er og skylt að geta þess að Hagstofa Íslands hefur í ára raðir safnað saman miklum og góðum upplýsingum um landshagi almennt auk nokkurra sérstofnana sjávarútvegs og landbúnaðar. En hvað sem því líður hefur lengi vantað á að unnt væri að setja upp ábyggilega þjóðhagsreikninga er sýndu árlega þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur með tilheyrandi sundurliðun. Á síðustu árum hefur nokkur bót orðið á þessu vegna starfsemi Efnahagsstofnunarinnar á sínum tíma og nú síðast vegna starfa Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands. Mikið skortir þó enn á í opinberri skýrslugerð varðandi undirliði helstu þátta í yfirlitum þessara stofnana um þjóðarframleiðsluna, því að ekki er að vita hversu traustar þær upplýsingar eru sem stuðst er við við samningu umræddra skýrslna. En við annað er ekki að styðjast þegar reynt er að gera sér grein fyrir stærð og hlutdeild hins opinbera á grundvelli fjárl., ríkistekna og útgjalda sveitarfélaga samanborið við verga þjóðarframleiðslu.

Það hefur að því er virðist verið almenn regla á Alþ. í ára raðir við gerð fjárlaga að ganga fyrst frá og ákveða í samráði við embættismenn og opinberar stofnanir ríkisframkvæmdir og upphæð ríkisútgjalda, án þess tillits til breytinga á þjóðartekjum, hvort tekjur hafi raunverulega minnkað eða aukist. Eðlilegra virðist vera að ákveða fyrst hæð fjárlaga og opinberra framkvæmda og setja þeim ákveðið þak og ákveða síðan skiptingu innan fjárlaga eða þess ramma sem settur er á hverjum tíma á grundvelli raunverulegra þjóðartekna og þjóðarframleiðslu. Þessi háttur hefur greinilega ekki verið á hafður, enda ekki gert ráð fyrir því í afgreiðslu fjárl., sem hefur árlega tekið rúmlega tvo mánuði og fjárlög yfirleitt verið samþ. 10—15 dögum áður en þau eiga að koma til framkvæmda. Slíkt er algert einsdæmi í lýðræðisríkjum, að því er ég best veit, og stenst ekki miðað við þýðingu fjárl. fyrir þjóðarbúið, bæði með tilliti til þess mikla valds sem hið opinbera hefur á Íslandi, og einnig með tilliti til áhrifa fjárl. á alla atvinnustarfsemi í landinu.

Að mínu mati ber þróun fjárl. síðustu árin öll einkenni þess að réttir valdhafar í þessum efnum, þjóðkjörnir alþm., hafi ekki fjallað um þau sem skyldi. Þar af leiðir að þeir hafa oft á tíðum ekki getað staðið við loforð sín í veigamiklum málum sem fjármálastefna ríkisins getur ráðið um, auk þess sem stefnufestu með lengri tíma sjónarmið í huga hefur skort. Afleiðingar þessa eru m. a. þær að íslendingar eru komnir með umsvifamikinn ríkisgeira sem mun að mínu mati

sliga þjóðarbúskapinn ef efnahagsástand og viðskiptakjör batna ekki á næstu árum. Þótt margt af því, sem ríkið gerir með þjónustu sinni og tekjutilfærslu, sé nauðsynlegt og æskilegt má ekki ganga svo langt í álögum á aðila atvinnulífsins að þeir sligist undir byrðunum, athafnahvötin hverfi og fólkið flýi frá framleiðsluatvinnuvegunum. Fari svo hrynur öll spilaborgin og um leið verða pólitískir spilagosar afhjúpaðir, þ. e. a. s. þeir sem hafa hrópað hæst um aukna samneyslu án þess að vilja gera sér og öðrum grein fyrir að greiðsluþoli fámennrar þjóðar eru ákveðin takmörk sett í þessum efnum.

Ef litið er á hækkun fjárl. annars vegar og aukningu þjóðarframleiðslunnar hins vegar síðustu árin kemur í ljós að fjárlög hafa hækkað hlutfallslega mun meira en þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla. Er greinilegt að fjárl. hafa hækkað óeðlilega, og að því er virðist óskipulega, miðað við þróun annarra þátta þjóðarbúsins. Sem dæmi má nefna að tímabilið 1970—1975 hækkuðu fjárlög árlega sem hér segir: Árið 1970 18.3%, árið 1971 37.4%, árið 1972 46.5%, árið 1973 30%, árið 1974 33.9% og árið 1975 61.9%. Á þessum árum var uppgangur í atvinnulífi þjóðarinnar. Framleiðsla var mikil til lands og sjávar, viðskiptajöfnuður mjög hagstæður og atvinnustarfsemi mikil. Hefði því átt að afgreiða fjárlög með samdráttaráhrif í huga til þess að vinna gegn verðbólguhvetjandi áhrifum, hins mikla góðæris úti í atvinnulífinu. Illu heilli fyrir íslensku þjóðina var fjármálastefna hins opinbera mjög verðbólguaukandi samtímis því sem hið opinbera stórjók hlutdeild sína í þjóðarkökunni, eins og best sést á því að frá árunum 1970—1974 hækkaði hlutdeild ríkistekna miðað við verga þjóðarframleiðslu úr 20.4% árið 1970 í 25.7% árið 1974. Kæmi mér ekki á óvart þó að þessi hlutdeild væri komin í eða yfir 30% í ár. Ef hlutdeild sveitarfélaga er bætt við er ekki ósennilegt, að hlutdeild þessara tveggja aðila, ríkis og sveitarfélaga, í þjóðarframleiðslunni sé komin í 33—35% árið 1974 og hærri verður hún væntanlega árið 1975. Ef lífeyrisgreiðslur til annarra en þeirra, sem eru í opinbera geiranum, eru teknar með er ekki óvarlegt að áætla að yfir 40% af þjóðarframleiðslunni hafi farið í hinn svo kallaða „socialsector" eða félagsgeira árið 1974. Er það mjög hátt hlutfall fyrir smáþjóð sem býr við tiltölulega óstöðuga atvinnuvegi og er mjög háð utanríkisviðskiptum og þeim sveiflum sem slíkum viðskiptum fylgja.

Nýverið sagði einn merkasti hagfræðingur þjóðarinnar á fundi sem ég var staddur á, að sér reiknaðist til að 35—40% af þjóðartekjunum færu til ríkis og sveitarfélaga. Fer það saman við það sem ég sagði hér áðan. Þessi hagfræðingur var þó ekki með lífeyrisgreiðslur einkaaðila í þeim tölum, en með þeim yrði félagsgeirinn eða ríkisgeirinn um það bil 40—45%, sem er gífurlega hátt og nálgast það hlutfall sem talið er hættulegt í Svíþjóð, Bretlandi og Danmörku. Vert er að vekja athygli á að jafnvel þessar tiltölulega auðugu þjóðir stynja undan þessu þunga ríkis- og tilfærslukerfi. Hvað má þá segja um þjóð í harðbýlu landi sem á allt sitt undir 20—30 þús. manna framleiðslustétt í sjávarútvegi, fiskiðnaði, landbúnaði, iðnaði og verslun? Á viðreisnarárunum svokölluðu, tímabilinu 1960—1971, var hlutdeild hins opinbera í þjóðartekjunum um 30% og fannst mörgum nóg um. Þetta tímabil einkenndist af nokkuð jöfnum árlegum hagvexti með ákveðnum og alvarlegum afturkipp, tímabilið 1967—1969, sem þjóðin komst yfir vegna öruggrar forustu þáv. ríkisstj. Því miður verður að segja eins og er að með þeirri stefnumörkun í fjármálum hins opinbera sem ákveðin var síðla árs 1970, hófst sú þróun, sem stöðugt hefur haldið áfram síðan, að ríkiskerfið hrifsar sífellt stærri hluta af þjóðarframleiðslunni til sinna þarfa eða vegna tilfærslu gegnum ríkiskerfið innan þjóðarbúsins. Mest verður þó stökkið milli áranna 1971 og 1972, en þá eru ríkistekjurnar 25.6% miðað við þjóðarframleiðslu.

Oft gerir almenningur sér ekki grein fyrir því hvernig að honum er þrengt. Þróun hins opinbera á Íslandi er skýrt dæmi um það hvernig unnt er að þrengja smátt og smátt að einkaneyslu í skjóli oft á tíðum góðra mála, eins og t. d. trygginga- og heilbrigðismála, skólamála o. s. frv. En fólk áttar sig oft ekki á að jafnframt eru lagðar á álögur vegna annarra ríkisútgjalda og framkvæmda sem betur væri að aðrir önnuðust.

Annað dæmi um óæskilega þenslu ríkisins má nefna aukningu starfsmanna hjá opinbera geiranum. Frá 1963 til 1972 fjölgaði opinberum starfsmönnum um 75%. Á sama tíma jókst vinnuafl framleiðsluatvinnuveganna um 30%. Sú aukning varð einkum í iðnaði og verslun. Landbúnaður og fiskiðnaður stóðu í stað í þessu atriði.

Þá má nefna að á síðari árum hefur þjóðarframleiðslan aukist um rúm 5% að meðaltali á ári, þ. e. a. s. fram til ársins 1974. Á sama tímabili hafa fjárlög ríkisins aukist 4—5 sinnum meira á hverju ári. Misræmið milli aukningar framleiðslunnar og ríkisútgjalda er ein af ástæðum hinnar miklu verðbólgu á Íslandi í dag. Fleiri dæmi mætti nefna en þetta skal látið nægja að svo stöddu þótt full ástæða hefði verið til að fjalla hér nokkuð um áhrif þeirrar stefnu sem rekin hefur verið í peningamálum þjóðarinnar, sérstaklega í gegnum opinbera sjóði, ríkisbanka o. s. frv. Mun væntanlega gefast tækifæri til þess síðar.

Í ljósi þeirrar þróunar, sem hér hefur verið lýst, stöðugum vexti ríkisgeirans á kostnað atvinnuveganna og alls almennings, er óumflýjanlegt þegar til lengdar lætur að hv. Alþ. taki upp ný og betri vinnubrögð við gerð fjárl. ef tryggja á og viðhalda þingræði og lýðræði í landinu. Hv. Alþ. verður að nálgast þetta veigamikla tæki í efnahagsmálum, sem fjárl. eru, með öðrum hætti en gert hefur verið á undangengnum árum. Meðal þess, er ég álít að helst þurfi að færa til betri vegar í þessum málum til þess að styrkja trú fólksins í landinu á valdið og þýðingu Alþ., er:

1. Alþingi þarf að verða virkara í mótun og gerð fjárl. en verið hefur.
2. Með tilliti til þess þarf undirbúningur og ákvörðun um fjárlög að taka lengri tíma.
3. Setja þarf fjárlögum ákveðið þak með tilliti til lengri og skemmri tíma markmiða í efnahagsmálum er grundvallast á spám um afkomu atvinnuveganna.

4. Stefnumótun í gerð fjárl. þarf að gera ráð fyrir meiri sveigjanleika í framkvæmd þeirra en nú er.

5. Fjalla þarf af meiri nákvæmni um einstaka liði fjárl.

6. Endurskoða verður oftar lög sem fela í sér bindandi skuldbindingar af hálfu ríkisins hvað útgjöld áhrærir og þurfa slík lög raunverulega að vera í stöðugri endurskoðun.

7. Til greina kæmi að hafa opnar umr. um einstaka þætti fjárl. þar sem forsvarsmenn hins opinbera gerðu þingnefndum og almenningi grein fyrir störfum viðkomandi stofnana og öðru er lýtur að framkvæmd fjárl. og þróun þeirra.

Eigi skal farið frekar út í einstök atriði sem bent hefur verið á sem leiðir til úrbóta við gerð fjárl., þannig að Alþ. hafi meira vald yfir þróun þessara mála og tryggi betur en nú er að fjárl., ríkisútgjöld og opinberar framkvæmdir verði ekki myllusteinn á hálsi þjóðarinnar. Athygli skal vakin á því að í flestum lýðræðisríkjum eiga árleg fjárlög sér lengri aðdraganda og eru lengur í meðförum hjá viðkomandi þjóðþingum en hér tíðkast. Sem dæmi má nefna að í Frakklandi er byrjað að vinna að undirbúningi fjárl. í jan. ári áður en fjárl. eiga að koma til framkvæmda. Áætlunardeild fjmrn. franska undirbýr þá fyrsta uppkast að útgjaldaáætlun fyrir n.k. ár, þ.e.a.s. fjárlagaár, og einnig útbýr þessi deild spár fyrir næstu 2 ár þar á eftir, þannig að hér er raunverulega verið að fjalla um þriggja ára tímabil. Í febrúar eru einstök rn. beðin um að skila sundurgreindum beiðnum um fjárþarfir viðkomandi rn. Eftir nákvæma meðferð, þar sem forsrh. hefur mikið vald til að samræma óskir viðkomandi aðila við þá möguleika, sem stefnan í skattamálum gefur, er uppkast að fjárl. ásamt fyrrnefndum tveggja ára spám lagðar fyrir ríkisstj. og franska þjóðaþingið, fyrst fyrir ríkisstj. um miðjan sept. Síðan er fjárlagafrv. lagt fyrir franska þingið fyrsta þriðjudag í okt. og afgreitt sem lög rétt fyrir jól ár hvert.

Kostirnir við franska fyrirkomulagið við gerð og mótun fjárl. eru:

1. Undirbúningur hefst heilu ári áður en fjárl. eiga að koma til framkvæmda.

2. Unnið er að fjárlagagerðinni allt árið.

3. Meðfylgjandi áætlanir um fjárlög næstu tveggja ára eftir þau fjárlög sem verið er að ákveða eða fjalla um eru einnig til meðferðar og gefur það aðilum vinnumarkaðarins og skattborgurum vísbendingu um við hverju sé að búast af hálfu ríkisvaldsins með tilliti til skattálagningar og ríkisútgjalda nokkur ár fram í tímann. Hlýtur það að skapa mikið aðhald.

Í Þýskalandi kynnir ríkisstj. fjárhagsáætlanir sínar fyrir næsta fjárlagaár venjulegast um mitt sumar í júlí. Uppkast að fjárl. er síðan lagt fyrir sambandsþingið í sept. og þá fer fram 1. umr. Síðan er það til meðferðar í fjvn. sambandsþingsins í nokkra mánuði. 2. og 3. umr. fóru t.d. fram á þessu ári 19. og 21. mars s. l. En samkv. lögum vestur-þýska sambandsþingsins skulu þessar umr. fara fram með þriggja daga millibili. Í þessum ríkjum eru fjárlög sveigjanlegri en við eigum að venjast.

Í þáltill. þeirri, er hér liggur fyrir, er gerð till. um að fjárlagaárinu verði breytt þannig að reikningsárið hefjist 1. júlí ár hvert og gildi til sama tíma að ári. Segja má að það skipti ekki höfuðmáli hvort reikningsárið hefjist 1. júlí ár hvert eða t.d. 1. apríl. Aðalatriðið er að afgreiðsla fjárl. íslenska ríkisins sé tekin úr þeirri spennitreyju sem afgreiðsla þeirra nú er í frá því um miðjan okt. og fram í miðjan des. ár hvert, jafnframt því sem hv. alþm. gefist betri tími til að fjalla um einstaka liði fjárl., m.a. með tilliti til nauðsynlegra lagabreytinga á gildandi útgjöldum, sem hafa mikil áhrif á niðurstöður fjárl. í núv. mynd. Síðast, en ekki síst hlýtur breytt tímasetning eins og hér um ræðir að gefa löggjafanum betra svigrúm til að hafa fjárl. með tilliti til afkomu þeirra atvinnugreina sem ráða úrslitum um endanleg lífskjör þjóðarinnar á hverjum tíma, sem eru sjávarútvegur og fiskiðnaður. Þarf ekki að hafa mörg orð um það að útkoma vetrarvertíðar á hverju ári ræður miklu um afkomu þjóðarinnar og greiðslugetu fólksins vegna sameiginlegra þarfa í gegnum hið opinbera.

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að vekja máls á þessum þýðingarmikla þætti í störfum Alþ. sem fjárl. eru. Fjárlög hafa þróast með mjög hefðbundnum hætti á Alþ. með árunum. Breyttar þjóðfélagsaðstæður og ný lífsviðhorf kalla á nýjar vinnuaðferðir á mörgum sviðum. Vænti ég þess að þessi þáltill. geti eitthvað hreyft við breytingum í þessum efnum til betri vegar og þar með aukið á virðingu Alþ. í augum þjóðarinnar.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framkvæmd laga um grunnskóla, þáltill. (þskj. 413). — Ein umr.

Flm. (Kristján Friðriksson): Herra forseti. Virðulegt sameinað Alþingi íslendinga.

Hér skal gerð grein fyrir till. til þál., 219. mál, nr. 413. Till. er þess efnis að vissar greinar grunnskólalaga verði framkvæmdar með ákveðnum hætti. Í grg. með till. er skilgreint í aðalatriðum hvernig sú tilhögun er hugsuð sem þar er stungið upp á. Þess vegna mun ég nú láta nægja að fara nokkrum orðum um málið almennt.

Með grunnskólafrv. tel ég að hafi verið kveðinn upp einhver þyngsti refsidómur sem nokkru sinni hefur verið kveðinn upp hér á landi, einkum vegna þess hvað hann snertir margt fólk og hvað hann gildir fyrir langt tímaskeið úr ævi þess.

Stóridómur hinn forni, sem svo var nefndur og var lög þótt hann væri nefndur dómur, tók gildi seint á 16. öld og var illræmdur mjög. Hann var dæmi um gerræði valdhafa gegn varnarlausum almenningi á sama hátt og Stóridómur hinn nýi. Stóridómur hinn nýi, en svo nefni ég grunnskólalögin, dæmir hvorki meira né minna en alla æsku landsins til að sitja kyrra á skólabekkjum í 9 mánuði í 9 ár eða blómann úr æsku sinni. Skólastjórar og kennarar reyna að vísu að milda dóminn eftir því sem þeir sjá sér fært og hafa aðstöðu til með föndri, leikfimi og með vinnu í kennslustundum o. s. frv. En líklega um 70/100 af þessum umrædda tíma fara í að sitja

á skólabekkjum og hlusta og horfa á kennarann eða skrifa það sem hann segir.

Og nú vil ég biðja ykkur, vel virta alþm., að reyna að setja ykkur í spor þessa æskufólks. Þetta ætti að vera auðvelt einmitt fyrir ykkur. Hugsið ykkur að þið yrðuð að sitja kyrrir í sætum ykkar undir öllum ræðum hér í þinginu. Þetta ættuð þið auðvitað að gera, en þið gerið það ekki. Þið laumist út þegar ræðuhöld hefjast. Hér er algengast að sjá næstum auða bekki meðan ræðuhöld fara fram. Má þykja gott ef svo sem 10—15 þm. sitja kyrrir og hlusta. Þó eru þingfundir yfirleitt tæplega jafnlangir og hálfur skóladagur og þingtíminn er næstum aldrei 9 mánuðir á ári, og svo eruð þið búnir, hv. alþm., að stytta vikuna þannig að þið mætið næstum aldrei á föstudögum. Ég varð satt að segja hissa, þegar ég uppgötvaði að það var búið að fella niður föstudaginn. En áfram með samanburðinn við Stóradóm.

Ykkur er að vísu vorkunn þótt þið sitjið ekki kyrrir því að flestar ræður hér eru heldur bragðdaufar og leiðinlegar. En margar þeirra eru meira og minna skynsamlegar, sbr. þá ræðu sem flutt var hér síðast, og þess vegna margar þess virði að hlustað sé á þær af þeim mönnum sem eiga að taka ákvarðanir um málið. Já ykkur finnst víst ræður hér leiðinlegar eða svo er að sjá af stærð áheyrendahópsins sem oftast er hér. En þó skal ég fullvissa ykkur um að það er fullt af kennurum sem eru miklu leiðinlegri en þið. Og enn eitt, ýmsir þeirra, sem hér sitja, búa einmitt yfir nokkrum leikarahæfileikum bæði kómiskum og dramatískum, og ekki trútt um að þeir hæfileikar hafi einmitt greitt götu ýmissa að sætum hér, jafnvel engu síður en raunverulegur málefnaáhugi eða hæfileikar til yfirsýnar um efnahagsmál og þjóðmál almennt. Ég held, að þið séuð því yfirleitt frekar skemmtilegri en kennarar ganga og gerast.

En vesalings börnin og unglingarnir verða að hlusta á sama mann oft klukkustund eftir klukkustund, dag eftir dag, viku eftir viku, jafnvel ár eftir ár. Hér er þó alltaf verið að skipta um persónur á sviðinu. Hvernig þætti ykkur ef þið yrðuð að sitja kauplaust, skulum við segja, sitja kyrrir í sætum ykkar, í 5 klst. á dag 5 eða 6 daga í viku 9 mánuði í 9 ár og hafa lengst af sama mann í pontu og eiga þá eftir að sitja 8 eða 9 mánuði í 5 ár til viðbótar ef þið ætluðuð að komast í stúdentspróf og eiga þá eftir mörg ár í einhverjum framhaldsskóla, líka þá meira og minna sitjandi við skólapúlt? Það þarf sterka menn til að vera ekki orðnir að aumingjum eftir slíka meðferð, enda útkoman ekki góð. E. t. v. er ástandið í ýmsum þjóðmálum hér á landi eins og það er meðfram af því, að hér í þessari gömlu virðulegu stofnun er orðið of margt af langskólabandingjum, hverra hæfni til framtaks, dómgreindar og hugljómunar hefur beðið hnekki við langvarandi innilokun í skólastofum. Þó hefur enginn þeirra manna, sem hér sitja nú, orðið að þola þá meðferð sem þið nú hafið dæmt æsku landsins til að þola að þessu leyti.

Ég læt þess getið hér án þess að tefja með útskýringum að ég tel að af hinni löngu skólasetu séu 3 af 6 meginþáttum manngildisins settir í mikla hættu með langskólasetunni og vísa ég til þess sem ég hef um það ritað og hverjum manni er aðgengilegt, sem vill verja stund til að kynna sér það.

Með þeirri till., sem hér er flutt, er í rauninni ekki farið fram á mikið. Það er farið fram á það að skólasetan verði stytt til reynslu fyrir nemendur í nokkrum skólahverfum þar sem hentugt væri að koma því við. Stytt úr 9 mánuðum í 5½ eða 6 mánuði eftir atvikum, en ungmennunum lofað að starfa með fullorðna fólkinu helming ársins. Það er verið að fara fram á örlitla mildun Stóradóms til reynslu. Og nú vísa ég í þær lagagreinar, sem tillögugerðin styðst við. Í 3. mgr. 2. gr. grunnskólalaganna stendur, með leyfi forseta:

„Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð og stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra."

Sem sagt, það á ekki alltaf að teyma eins og gert er inni í skólanum. Með tillöguflutningnum vakir alveg sérstaklega fyrir, að þeir þættir námsins, sem hér um getur, verði ræktir í vinnunáminu utan skólans á hverri árshelft sem nemandinn er ekki innan veggja skólans.

Í V. kafla laganna, 41. gr., stendur:

„Æski skólanefnd, að hluti námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti."

Í 42. gr. segir:

„Í samræmi við markmið grunnskóla skal að því stefnt að nám í öllum bekkjum skólans tengist sem best raunhæfum athugunum og þroskandi störfum utan skólaveggjanna." Sbr. enn fremur 65. gr. l., sem áréttar þetta enn betur ef menn gefa sér tóm til að líta á hana.

Þessar tilvitnanir sýna að það er síður en svo að verið sé að brjóta grunnskólalögin þótt farið verði inn á þá braut að framkvæma þau samkv. tvenndarskólaskipulaginu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka alþm. fyrir að hafa opnað þessar smugur í grunnskólal., opnað möguleika til að milda Stóradóm, já í rauninni að opna leið til að fella hann að verulegu leyti niður því að ekki er hér verið að amast við skólahaldi, það er nauðsynlegt. Það er verið að amast við of löngu skólahaldi, mannskemmandi skólahaldi. En rétt tel ég að vekja athygli á að þær gr. l., sem ég hef hér tilnefnt, sýna að í grunnskólal. berjast í rauninni tvær stefnur. Önnur er sú sem ríkt hefur um mikinn hluta Vesturlanda nú um langt árabil og er fólgin í því að halda nemendum sem lengst innan skóla. Sú stefna hefur nú í reynd gengið sér til húðar, sbr. þær fréttir sem berast alls staðar frá úr heiminum, einmitt þegar verið er að innleiða hana hér með meginefni grunnskólal. En hin nýrri stefna, sem hefur fylgi meðal þeirra sem hafa gert sér grein fyrir hættum langskólasetunnar, hefur einnig sett mark sitt á grunnskólal. og þökk sé ykkur fyrir það, vel virtir alþm.

Nú vill svo til að þótt góðæri ríki í landi hér,

þá er nokkurt tómahljóð í ríkiskassa og talað um niðurskurð áður gerðra fjárl. Ég hef reynt að fara yfir fjárl. og leita að liðum sem mætti lækka án þess að tjón hlytist af. Ég hef að vísu fundið nokkra, en sýnist að verkefnið — niðurskurðurinn — sé ekki vandalaust. En nú get ég þó bent á leiðir þar sem ekki aðeins má spara, heldur mætti spara til mikilla hagsbóta. Með því að taka upp tvenndarskólafyrirkomulag mætti auðveldlega fresta byggingu skólahúsa hér og hvar um landið því að á langflestum stöðum er nægilegt húsrými til fyrir nemendurna ef aðeins helmingur hópsins er innan veggja skólans í senn eins og tvenndarskólafyrirkomulagið gerir ráð fyrir. En skólabyggingarnar mundu nýtast allt árið. Og ekki er minnsti vafi á nægum verkefnum fyrir þá nemendur sem yrðu utan veggja skólans hverju sinni, sbr. þá reynslu að 70—80% fá nú sumarvinnu með núverandi fyrirkomulagi, þó að öllum sé dengt út í atvinnulífið samtímis. Við þetta vil ég svo bæta eftirfarandi: Sama fyrirkomulag, þ. e. tvenndarskólaskipan, mætti og ætti að taka upp í mörgum öðrum skólum — og er reyndar gert í sumum skólum, t. d. stúdentaskólum og ýmsum sérskólum og jafnvel í ýmsum deildum háskólans. Kæmi þá til greina önnur spörun, ekki minni en sú fyrrnefnda. Með því að breyta námsönnum háskólans nokkuð gætu nemendur verið aðeins 6 mánuði hver í háskólanum árlega, en tekið þátt í daglegum framleiðslustörfum þjóðar sinnar hálft árið, en byggingar háskólans, kennaralið og annað starfslið mundi nýtast allt árið því að frí þeirra mætti skipuleggja með nýjum hætti. Mætti þá fella niður að mestu leyti hið hvimleiða námslánafargan sem komið er út í hreint óefni og spillingu. Lán til fólks erlendis yrðu að vísu að haldast og að litlu leyti einnig hér heima þetta ár a. m. k. því að ekki er hægt að snögghætta þess háttar fóðrun. En hálfan milljarð mætti auðveldlega spara til mikilla hagsbóta fyrir nemendur og hollustu fyrir þjóðina í heild.

Að síðustu skal leitast við að vekja athygli á einni hættu sem nú vofir yfir skólakerfinu og þjóðinni. Og það er alveg á sínum stað að vekja athygli á þeirri hættu í tengslum við tillögugerð um tvenndarskólann því að einn af mörgum kostum við tvenndarskólann er sá að hann dregur úr þeirri hættu sem ég nú ætla að greina frá að vofir yfir.

Vegna þess að augljóst er og komið er í ljós að 9 sinnum 9 mánaða skólabekkjasetan er óþolandi fyrir alla, þá er nú komin af stað talsvert öflug hreyfing fyrir því að reyna að draga úr þjáningum nemenda við langskólasetuna með því að reyna að fara með atvinnulífið inn í skólana. Þetta hefur alveg gegndarlausan kostnað í för með sér og verður sjaldnast annað en gervimennskukák. Hættan er sú að reynt verði að fara með einhvers konar gerviiðnað, gervilandbúnað, jafnvel gerviútgerð inn í skólastofurnar. Ómögulegt er að sjá fyrir hvað þetta gervikapphlaup getur gengið langt. En það mun reyna mjög á gjaldþol ríkissjóðs, ef farið verður út í það. Ég skal fullvissa ykkur um það. Þetta á allt að gera undir því yfirskini eða skulum við segja í þeim tilgangi að auka verklegt nám í skólunum. Aukið verklegt nám er að vísu góðra gjalda vert, en vel að merkja því aðeins að verkefnin séu þess eðlis að þau henti til kennslu innan veggja skóla. Því aðeins má fara með það inn í skólann, annars er það kák og spilling. Svo er um sum verkefni. En það er ákaflega takmarkað hvað hægt er og skynsamlegt að gera í þessu efni. Hin stefnan er tvenndarskólastefnan að fara með nemendur út í atvinnulífið í stað þess að gera oftast vonlausa tilraun til að fara með atvinnulífið inn í skólana.

Nú er á döfinni hér á Alþ. svonefnt fóstureyðingafrv. Ég verð að játa að ég hef mikla tilhneigingu til að standa með þeim sem minnstur er máttar í þeirri deilu sem nú stendur hér yfir um þetta mál, en það er stúfur litli eða litla budda í móðurkviði. Mér er hjarta næst að standa helst með þeim sem er minnstur máttar eins og mörgum íslendingum er tamt, því að það er *eitt af einkennum okkar göfugu þjóðar*. Sannleikurinn er hins vegar sá að hinar efnaðri og úrræðameiri konur ráða nú á tímum oftast sjálfar framvindu mála í þessu efni. Það eru þá þær úrræðaminni og fátækari sem valdið kynni að verða tekið af. Er öruggt, spyr ég, að þjóðfélagið búi svo að þeim verr settu að rétlátt sé að láta þær sæta einhverri nauðung í þessu efni? Ég spyr í þessu efni, en fullyrði ekkert. En þess vegna blanda ég umr. um þetta mál inn í skólamálaumr. að mér hrýs hugur, að því er snertir þessi börn jafnt og önnur við þeim örlögum sem þeim eru búin með því að tjóðra þau við skólapúlt blómann úr ævi þeirra, gera þau að fóðri fyrir hina viðbjóðslegu langskólasetumaskínu, en leyfa þeim ekki að taka þátt í hinu skemmtilega, fjölbreytilega lífi á eðlilegan hátt í starfi með samtíðarfólki sínu á mismunandi aldri. Þess vegna höfða ég til mannúðar ykkar, góðir alþm., og bið ykkur að opna leið til mildunar Stóradóms, til reynslu til að byrja með. Ég sem gamall skólamaður, sem hef hugleitt skólanám meira og minna í 40 ár, er þess fullviss að aðeins ef brautin er rudd með þeim tilraunum sem gert er ráð fyrir í þeirri till. sem hér um ræðir, þá muni það greiða leiðir til betra og hollara lífs fyrir æ stærri og stærri hluta íslensks æskufólks.

Svo legg ég til að málinu verði vísað til allshn.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 10. þm. Reykv., Kristján Friðriksson sagði í sambandi við störf Alþ. og alþm., vil ég taka það fram, af því að ég geri ráð fyrir að hann sé ekki nógu kunnugur störfum þm. eftir þann stutta tíma sem hann hefur setið hér á Alþ., að alþm. þurfa víðar að starfa heldur en í þingsölunum og verða fleira að gera en að halda ræður. Og það *er alls ekki rétt með farið að starfstími alþm.* sé stuttur því að þm. eru altaf starfandi, hvort heldur þeir eru í Alþ. sjálfu eða í kjördæmum sínum, enda ber þeim að gera slíkt. Og þótt venja sé að halda ekki þingfundi á föstudögum, þá veitir alþm. ekkert af þeim dögum til að sinna ýmsum málefnum í bænum, á opinberum skrifstofum og bönkum, sem þeir hafa ekki tíma til aðra daga vikunnar.

Þetta vildi ég upplýsa hv. þm. um um leið og hann er að kveðja Alþ. Ég geri ráð fyrir því að hann fengi aðra mynd af störfum Alþ. og alþm. ef hans gifta yrði fólgin í því að vera hér lengur í sölum Alþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 450). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 26, n. 433). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, og fengið skriflegar og munnlegar umsagnir um málið. N. hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., en gerir þó svolitla brtt. við frv., sem er á þskj. 433. Efnislega er sú breyt., sem þarna er lagt til að gerð verði, á þá lund að í stað þess að gert er ráð fyrir að jafnan sé bókað í þingbækur um þinghald sé heimilt að veita leyfi til þess að það sé ekki gert, þ. e. a. s. að hljóðupptakan ein nægi sem bókun, en þannig hafa þessi mál verið í framkvæmd hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík a. m. k. að undanförnu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 433 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 28, n. 434). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, og leggur einróma til að frv. verði samþ. óbreytt. Það hefur verið leitað skriflegra og munnlegra umsagna um málið, en að öðru leyti vísast til þeirra skýringa sem gefnar voru á þessu máli við framsögu hér fyrr á Alþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Vátryggingarsamningar, frv. (þskj. 56, n. 435). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 8. mars 1954, um vátryggingarsamninga, er í beinu samhengi við það frv. sem afgr. var til 3. umr. nú fyrir skemmstu. Allshn. hefur orðið sammála um að mæla með frv. þessu óbreyttu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj.

Trúfélög, frv. (þskj. 327, n. 432). — 2. umr.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Það hefur orðið eins með þetta frv. og þau, sem lýst hefur verið hér á undan, að allshn. hefur athugað frv. á nokkrum fundum og kynnt sér umsagnir sem um það hafa borist. Nefndin leggur að þessari athugun lokinni einróma til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 184, n. 448). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. 125. mál fjallar um breyt. á l. um almannatryggingar. Breyt. koma fram í 1. og 2. gr. frv. 1. gr. hljóðar svo:

„Nú dvelst sá, sem dagpeninga nýtur, í sjúkrahúsi eða á hæli á kostnað samlags síns og skal hann þá halda dagpeningum óskertum. Hið sama gildir um sjúkradagpeninga vegna barna sjúklings.“

Og 2. gr.:

„Elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi heldur óskertum lífeyrisgreiðslum, þótt til komi vistun á stofnun þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann, nema um sé að ræða samfellda vistun á slíkum stofnunum umfram 24 mánuði.“

Nál. heilbr.- og trn. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„N. hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið umsagnir um það. Ljóst er að skerðing sjúkradagpeninga við dvöl á sjúkrahúsi veldur mörgum heimilum örðugleikum, en nauðsynlegt er að afla frekari upplýsinga og gagna um þann aukna kostnað, er mundi leiða af afnámi skerðingarákvæðanna, áður en ákvörðun verði tekin. Varðandi 2. gr. frv. er í gildandi l. heimild til þeirra lífeyrisgreiðslna, sem þar er rætt um, og þar sem heimildarendurskoðun almannatryggingalaga fer nú fram og í trausti þess, að við þá endurskoðun verði umrædd atriði athuguð nánar, leggur n. til að frv. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 448 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 66. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl, kl. 2 miðdegis.

Þjónusta hjá héraðsdómstólum við neytendur, þáltill. (þskj. 446). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aukin notkun tölvutækni, þáltill. (þskj. 447). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 233, n. 428 og 430, 429, 431). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Frv. þetta um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir fjallar um efni sem eðli málsins samkvæmt er mikið tilfinningamál og mannréttindamál og varðar því miklu að um þau gildi skynsamleg lög er hafi stuðning í almenningsálitinu.

Gerð slíkra laga hlýtur að verulegu leyti að markast af þjóðfélagsástæðum á hverjum stað. Offjölgunarvandamál sumra þjóða knýr valdhafa til að lögleiða frjálsar fóstureyðingar. Alrátt ríkisvald tekur fyrst og fremst mið af stjórnarstefnunni, t. d. ef fjölga þarf í herjum viðkomandi lands, við gerð slíkra laga.

Við íslendingar erum ekki neyddir til slíks. Mannfjöldinn hér mætti gjarnan vera meiri. Það mundi bæta lífskjörin. Og við höfum engan her sem betur fer. Sjónarmið okkar, sem að lagasetningu um þessi efni vinnum, hljóta því að mótast af þörfinni fyrir mannúðleg og skynsamleg lög í þessum efnum. Við erum vel vitandi að hér erum við að fjalla um rétt einstaklingsins til lífsins, en hann er undirstaða allra mannréttinda. Við setningu slíkra laga getum við gjarnan litið til reynslu þeirra þjóða sem næstar eru okkur og skyldastar.

Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur undanfarna mánuði haft frv. þetta til athugunar og meðferðar og hefur niðurstaðan orðið sú, að n. hefur klofnað í afstöðu til frv. Meiri hl., sem skipaður er 5 nm., leggur til að frv. verði samþ. með nokkrum breyt. sem við flytjum á sérstöku þskj., en minni hl., hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, skilar séráliti sem hann gerir grein fyrir hér á eftir

Áður en ég geri frekari grein fyrir frv. og þeim brtt. sem n. flytjur, þykir mér hlýða að skýra í stuttu máli gildandi lög um þessi efni og skýra í nokkrum atriðum frá framkvæmd þeirra.

Lög nr. 38 frá 1935 fjalla um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar. Lög nr. 16 frá 1938 heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki er komi í veg fyrir að það auki kyn sitt. Lögin frá 1935 fjalla um:

1. Varnir gegn því að verða barnshafandi.
2. Um vananir.
3. Um fóstureyðingar.

Lög þessi eru nú úrelt á margan hátt sem eðlilegt er og í þau vantar ítarleg ákvæði um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir. Fóstureyðing skv. þeim er því aðeins heimil að lífi konu sé hætta búin af því að ganga með og ala barn. Sé fóstur eldra en 8 vikna þurfa knýjandi ástæður að vera fyrir hendi til þess að fóstureyðing sé heimil. Félagslegar ástæður einar heimila ekki fóstureyðingu skv. þessum lögum. Aðgerð skal fara fram á viðurkenndu sjúkrahúsi og vera rökstudd með grg. tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar og sé annar þeirra yfirlæknir viðkomandi sjúkrahúss.

Lögin frá 1938 fjalla um:

1. Afkynjanir.
2. Vananir.
3. Fóstureyðingar.

Samkv. þessum l. er fóstureyðing leyfð ef ástæða er til að ætla að afkvæmi fæðist vanskapað eða fáviti eða þess háttar eða ef konu hefur verið nauðgað, enda hafi hún þá kært ofbeldisverkið. Í l. er gengið út frá því að 3 manna nefnd sérfróðra manna ásamt landlækni úrskurði beiðnir um fóstureyðingar, afkynjanir og vananir.

Á tímabilinu frá 1950—1970 urðu fóstureyðingar skv. þessum lögum fæstar 45 á ári, en flestar 107. Á árabilinu 1950—1960 voru þær að meðaltali 57 á ári, en árin 1961—1970 83 að meðaltali á ári. En ef við tökum tímabilið frá 1964—1974, þá urðu þær að meðaltali 123 á ári. Árið 1971 urðu fóstureyðingar 143, 1972 152, 1973 223 og 1974 hef ég upplýsingar um að þær muni hafa verið eitthvað í kringum 220.

Samkvæmt upplýsingum frá breskum heilbrigðisyfirvöldum voru auk þess framkvæmdar í Bretlandi á árunum 1971—1974 115 fóstureyðingar á íslenskum konum eða að meðaltali 23 á ári. En síðasta árið, árið 1974, urðu þær þó aðeins 16. Langflestar fóstureyðingar hér á landi hafa verið framkvæmdar á Fæðingardeild Landspítalans, en nokkrar á sjúkrahúsum á Akureyri, Ísafirði, Akranesi, Neskaupstað og nokkrum stöðum til viðbótar.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um synjanir á umsóknum um fóstureyðingar skv. l. frá 1935, en skv. töflu nr. 10 á bls. 46 í riti heilbr.- og trmrn., nr. 4 frá 1973, um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, hafa á árabilinu frá 1964—1970 borist 259 umsóknir um vananir og fóstureyðingar á grundvelli laganna frá 1938, og upplýsingar er að finna um það að á þessum tíma hafi 22 af þessum beiðnum um fóstureyðingar verið synjað.

Af framangreindum upplýsingum svo og öðrum, sem í riti þessu má finna, er ljóst að fóstureyðingum hefur fjölgað ár frá ári hin síðari árin þrátt fyrir nokkuð þröngan lagagrundvöll. Ræður þar sennilega mestu um sú staðreynd að læknar virðast í vaxandi mæli taka tillit til félagslegra aðstæðna þeirra kvenna, er sækja um fóstureyðingu.

Þrátt fyrir talsvert frjálslyndi í framkvæmd þessara laga fer ekki á milli mála þörfin á nýrri lagasetningu um þessi efni, ekki síst fyrir þá sök að nærri öll ákvæði um ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir vantar í þessi lög og er ástand þessara mála hér á landi í hinum mesta

ólestri. Að koma í veg fyrir óvelkomna þungun er að sjálfsögðu miklu æskilegra fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið heldur en eyðing fósturs sem flestir telja algert neyðarúrræði. Nm. eru allir algerlega sammála um þetta og um þörfina á nýjum lögum er bæti m. a. úr þessari vöntun.

Hinn 19. nóv. 1973 fylgdi þáv. heilbr.- og trmrh. Magnús Kjartansson úr hlaði frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Frv. þetta var samið af n., sem upphaflega var skipuð 5. mars 1970 af þáverandi heilbr.- og trmrh. Eggert G. Þorsteinssyni. Ekki skal starfsemi n. þessarar tíunduð hér, heldur vísast til rits heilbr.- og trmrn., nr. 4 frá 1973, um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þar er að finna álit n., grg. og frv. það er að ofan greinir frá. Að lokinni 1. umr. um frv. þetta var því vísað til heilbr.- og trn. Frv. þetta olli miklum deilum, jafnt utan þings sem innan. Einkum var deilt um 9. gr. frv., en þar var lagt til að fóstureyðing yrði heimiluð að ósk konu væri hún búsett hérlendis eða ætti hún íslenskt ríkisfang, væri aðgerðin framkvæmd fyrir 12. viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæltu gegn slíkri aðgerð. Var hér lagt til að svokallaðar frjálsar fóstureyðingar yrðu leiddar í lög. Margar skriflegar athugasemdir bárust til heilbr.- og trmrn. og til Alþ. Voru þær langflestar á þá leið að óvarlegt væri að heimila algerlega frjálsar fóstureyðingar hér á landi. Að öðru leyti voru athugasemdir lítt færðar fram og yfirleitt var lýst yfir stuðningi við aðrar gr. frv. og þær taldar til mikilla bóta. Afdrif þessa frv. urðu þau að það kom aldrei til 2. umr. hér á hv. Alþ. og nál. frá heilbr.- og trn. sá aldrei dagsins ljós

Hinn 1. nóv. 1974 skipaði heilbr.- og trmrh. Matthías Bjarnason n. til að undirbúa endurframlagningu þessa frv. N. var ætlað að kanna athugasemdir þær, sem fram hefðu komið við upphaflega gerð frv., og gera till. til rn. um hvort og að hve miklu leyti taka skyldi tillit til einstakra athugasemda. N. skipuðu Ingimar Sigurðsson fulltrúi í heilbr.- og trmrn., Ellert B. Schram alþm. og Halldór Ásgrímsson alþm. N. hélt 8 fundi, viðaði að sér öllum skriflegum athugasemdum sem borist höfðu rn. og Alþ., haldnir voru fundir með landlækni og fengin voru gögn og upplýsingar frá embætti hans. Einnig hélt n. fundi með stjórn Læknafélags Íslands. Till. n. hafa mótast af því, að nauðsyn nýrrar löggjafar sé knýjandi, og með hliðsjón af því þurfi að vera einhverjir möguleikar á því að frv. geti orðið að lögum.

Því frv., sem ég er hér að mæla fyrir, endurskoðaða frv., var vísað til heilbr.- og trn. 29. jan. s. l. og hefur það verið til meðferðar og athugunar í n. í rúma tvo mánuði. Frv. var að þessu sinni ekki sent út til umsagnar þar sem fyrir lágu umsagnir 11 aðila frá því í fyrra um frv. sama efnis. Aðilar þessir eru: Læknafélag Íslands, Hjúkrunarfélag Íslands, Félag ísl. kvensjúkdómalækna, Félag heimilislækna, Kvenfélagasamband Íslands, Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar, Ljósmæðrafélag Íslands, Prestafélag Íslands, Samtök heilbrigðisstétta, Geðlæknafélag Íslands og Rauðsokkahreyfingin. Í öllum þessum umsögnum er um ótvíræðan stuðning við 9. gr. 1 í frv. frá í fyrra, þ. e. um stuðning við heimild til fóstureyðinga að ósk konu, aðeins að finna í tveim þessara umsagna. Allar hinar umsagnirnar lýsa andstöðu við það ákvæði eða vilja veigamiklar breytingar á því eins og það var í frv.

Þrátt fyrir það að heilbr.- og trn. sendi þetta frv. ekki út bárust henni fjöldi erinda, bréfa og undirskriftalista, sem nm. hafa kynnt sér. Í einu erindi, frá Kvenréttindafélagi Íslands, er lýst fylgi við fóstureyðingar að ósk konu. Þá hefur borist fjöldi bréfa frá einstaklingum og félagasamtökum til n. og þó miklu fremur til nm. sem slíkra, þar sem kemur fram bæði andstaða og stuðningur við fóstureyðingar að ósk konu.

Ég vil þá þessu næst víkja að efni fyrirliggjandi frv. og þeim breyt. sem í því er að finna frá fyrra frv., svo og brtt. þeim sem heilbr.- og trn. gerir við frv. og liggja hér frammi á þskj. 431.

I. kafli frv. fjallar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Sú breyt. er gerð í þessu frv. frá því sem var í fyrra, að lagt er til að landlæknir hafi með að gera yfirumsjón með framkvæmd slíkrar ráðgjafar og fræðslu. Er það eðlilegt þar sem hann er æðsti yfirmaður, næst heilbrrh., heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa þar sem ráðgjafarþjónusta á að fara fram skv. 3. gr. frv. Ráðgjafarþjónustan skv. þessari gr. á m. a. að veita fræðslu um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra, ráðgjöf fyrir fólk sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerðir, upplýsingar um kynlífs- og sambúðarráðgjöf, fjölskylduvernd og fræðslu um kynlíf, líffræðilega og siðferðilega fræðslu og fræðslu um ábyrgð foreldrahlutverks. Að mínu viti ætti á þessum stöðum einnig að hafa getnaðarvarnameðul til sölu á vægu verði, eins og dæmi eru um annars staðar frá.

Við eftirrannsókn 76 kvenna á Fæðingardeild Landsspítalans, sem fóstri var eytt hjá árið 1966 og 1967, kom í ljós að þær höfðu ekki notað getnaðarvarnarmeðul í 82.9% tilfella og í 17.1% tilfella höfðu þessi getnaðarvarnarmeðul brugðist að sögn umræddra kvenna. Það kom líka í ljós við þessa rannsókn að 35% þessara kvenna, sem fengu fóstureyðingu framkvæmda, notuðu engar getnaðarvarnir áfram, en 43% þeirra höfðu tekið upp notkun getnaðarvarnarmeðala. Ég tel að þessar upplýsingar segi nokkra sögu.

Heilbr.- og trn. leggur til að bætt verði nýjum staflið við 2. gr. frv. er verði tölul. 4 í 2. gr., svo hljóðandi:

„Ráðgjöf og fræðslu varðandi þá aðstoð sem konunni stendur til boða í sambandi við meðgöngu og barnsburð“

Það er eðlilegt að konur, sem vilja ganga með og ala sín börn, eigi kost þessarar fræðslu og ráðgjafar ekkert síður en hinar, sem æskja fóstureyðingar.

Þá leggur heilbr.- og trn. enn fremur til, að orðalagi 7. gr. verði breytt og hún orðist þannig:

„Fræðsluyfirvöld skulu í samráði við skólayfirlækni veita fræðslu um kynlíf og siðfræði kynlífsins á skyldunámsstigi í skólum landsins. Einnig skal veita þessa fræðslu á öðrum námsstigum.“

Nm. telja eðlilegt að fræðsluyfirvöld beri alfarið ábyrgð á þessari fræðslu í skólum landsins

og að þessi fræðsla fari fram í sambandi við annað almennt námsefni bæði á skyldunámsstigi og á öðrum námsstigum. Mætti fella þessa kennslu inn í t. d. heilsufræðinám, náttúrufræðinám og jafnvel nám í félagsfræðum, sem eðlilegan hluta af þessu námsefni. Enginn vafi er á því að ástand þessara mála í skólum landsins er víðast hvar mjög bágborið og þar sem kennsla kann að vera í sæmilegu lagi sé það að þakka fremur framtakssemi og skilningi einstakra kennara sem leggja sig fram í þessum efnum umfram laga- og kennsluskyldu.

Ég lít svo á að ákvæði frv. í I. kafla þess séu e. t. v. þau mikilvægustu sem í þessu frv. felast yfirleitt og takist framkvæmd þeirra vel eða jafnvel þótt það yrði ekki nema sæmilega, þá hygg ég að margt gott mundi af því leiða að lögfesta þessi ákvæði. M. a. yrði þá væntanlega færra um fóstureyðingar en ella. En eins og ég hef áður getið um, þá erum við í n. allir sammála um að fóstureyðingar séu hreint neyðarbrauð.

Eg kem þá að II. kafla frv., um fóstureyðingar, en einmitt um hann og þá fyrst og fremst um ákvæði 9. gr. 1 ríkir ágreiningur í n. 8. gr. frv. eins og það er nú skilgreinir við hvað sé átt með fóstureyðingu. Við hana hefur verið bætt frá því, sem var í fyrra frv., orðunum: „áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska". 9. gr. 1 í frv. hljóðar nú þannig:

„Fóstureyðing er heimil:

1. Félagslegar ástæður:

Þegar ætla má, að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Við slíkar aðstæður skal tekið tillit til eftirfarandi:

a) Hafi kona alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
b) Eigi konan við að búa bágar heimilisaðstæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
c) Þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.
d) Annarra ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar ástæður."

Í frv. í þeirri mynd, sem það var í fyrra, hljóðaði tilsvarandi gr., 9. gr. l., þannig:

„Fóstureyðing er heimil að ósk konu, sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt, ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngutímans og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla á móti aðgerð. Skilyrði er að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð."

Mér finnst það nokkuð athyglisvert að í frv. frá í fyrra fæ ég a. m. k. ekki séð í frvgr. eða í grg. þessar læknisfræðilegu ástæður skilgreindar nánar, svo sem ég tel þó að nauðsynlegt hefði verið að gera. Verður að ætla að höfundar frv. hafi haft í huga fyrst og fremst bráða, tímabundna sjúkdóma, t. d. eins og lungnabólgu, eða smitsjúkdóma sem hár hiti fylgir og þegar fóstureyðingu gæti verið hættulegt að framkvæma.

Breyting á 9. gr. 1, frá því sem hún var í fyrra og til þess sem hún er nú, er í því fólgin að í stað þess að heimila fóstureyðingu að ósk konu að uppfylltum vissum skilyrðum, þ. e. um lengd meðgöngutíma, um að engar læknisfræðilegar ástæður mæli gegn aðgerð, að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og um hvaða félagsleg aðstoð standi henni til boða vilji hún fæða barnið, er í þessu frv. lagt til að heimila fóstureyðingu af félagslegum ástæðum þegar ætla má að þungun og tilkoma barns verði konunni eða hennar nánustu mjög erfið vegna félagslegra aðstæðna og eru taldar upp í stafaliðum a—d nokkrar slíkar ástæður, þó hvergi tæmandi, sbr. d-lið, er segir: „Annarra ástæðna séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar ástæður."

Við 9. gr. 1 í frv. hefur heilbr.- og trn. gert tvær minni háttar brtt. á þskj. 431. Sú fyrri er að í stað orðsins „óbærileg" í upphafi komi: of erfið — og að orðið „fátæktar" í b-lið falli brott. Er hér um minni háttar breytingar að ræða, sem enginn styr stendur um í n. að því er ég tel, heldur er deiluefnið sjálft efni 9. gr. 1.

Ég hef áður vikið að því að flestar þær umsagnir, sem heilbr.- og trn. bárust í fyrra, voru andvígar heimild til fóstureyðinga að ósk konu. Ég hef vikið að því, að ég telji mikilvægt að löggjöf um jafnviðkvæmt efni og fóstureyðingar eru byggi á traustum grunni og fylgd meiri hl. þeirra þjóðfélagsþegna sem við þau ákvæði eiga að búa. Þótt erfitt sé að sanna hver meirihlutavilji frjálsra borgara sé í máli sem þessu, þá gefa þó umsagnir þessar nokkra vísbendingu í þeim efnum, og persónlega er ég alveg sammála þeirri skoðun sem fram kemur í grg. frá stjórn Læknafélags Íslands, þar sem segir að frv. í sinni núverandi mynd sé skynsamlegur meðalvegur og gengið sé í því eins langt og hugsanlegt sé við ríkjandi aðstæður til móts við óskir konunnar um sjálfsákvörðunarrétt í þessum efnum. Ég vil rökstyðja þessa skoðun mína. Aðrir nm. er skipa meiri hl. munu setja fram rök sín fyrir afstöðu sinni í þessum efnum ef þeim svo sýnist.

Í fyrsta lagi er ég fylgjandi frjálslyndri fóstureyðingarlöggjöf, en á móti frjálsum fóstureyðingum, eins og það er kallað. Ég hygg, að sú meginstefna eigi miklu fylgi að fagna í réttarvitund almennings á Íslandi í góðum takt við þróun þjóðfélagsmála og framfara í læknavísindum. Ekki verður með rökum deilt um að með ákvæðunum um að félagslegar ástæður einar sér nægi til þess að fá fóstureyðingu gerða er löggjöfin verulega rýmkuð frá því sem er og framkvæmd öll gerð auðveldari og samræmdari um allt land og skriffinnskuminni en verið hefur til þessa.

Í stað þess að endanleg ákvörðunartaka um fóstureyðingu var skv. l. frá 1935 að langmestu leyti í höndum yfirlækna á Fæðingardeild Landspítalans í Reykjavík og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og skv. l. frá 1938 í höndum læknisnefndarinnar svokölluðu, þá munu eftir lögfestingu þessa frv. kvensjúkdómalæknar eða skurðlæknar á 12—13 sjúkrahúsum utan Reykjavíkur og nokkrum sjúkrahúsum í Reykjavík, að því er ég best veit 3—4, hafa þetta úrskurðarvald í fullri samvinnu við þá konu, sem fóstureyðingar æskir, sem getur rökstutt óskir sínar með skýrum ákvæðum í lögum. Ef þetta fyrirkomulag verður sjálfsákvörðunarrétti konunnar veru-

legur fjötur um fót í framkvæmd, þá verð ég a. m. k. hissa. En tveggja lækna vottorð er að mínu viti nauðsynlegt frá samfélagslegu sjónarmiði, m. a. vegna þess að sjúkrahúsakerfi landsins og starfslið sjúkrahúsanna er ekki undir það búið að mæta stórauknum kröfum um fóstureyðingar án þess að það komi niður á þjónustu við konur, sem geta verið haldnar alvarlegum sjúkdómum. Ég óttast nefnilega að frjálsar fóstureyðingar leiði til meira skeytingarleysis um notkun getnaðarvarna og að á fóstureyðinguna verði nánast litið sem getnaðarvörn í sjálfu sér, og ég óttast mikla fjölgun fóstureyðinga sem afleiðingu þess að lögtaka frjálsar fóstureyðingar. Þetta er ekki út í bláinn sagt því að erlend reynsla, þar sem löggjöf hefur verið breytt í þessa áttina, leyfir mér að álykta á þennan veg. Vil ég fara inn á nokkur dæmi þessu **til sönnunar.**

Í 41. og 42. tbl. sænska læknablaðsins frá 1973 eru greinar eftir kvensjúkdómalækninn Elisabet Sjövall sem athugað hefur áhrif frjálsra fóstureyðinga á notkun getnaðarvarna í Gautaborg. Kemst hún að þeirri niðurstöðu að skeytingarleysi um notkun þeirra hafi verulega aukist þar. Af konum, segir hún, á aldrinum 16—19 ára, sem fengu fóstureyðingu 1971, fengu 24.5% fóstureyðingu aftur innan 1½ árs frá því að fóstureyðing var gerð. Þrátt fyrir hátíðlegar yfirlýsingar um að slíkt gerðist aldrei á Íslandi er fróðlegt að hugleiða afleiðingarnar ef svo yrði. Á Íslandi eru nú um 42 000 konur á aldrinum 15—44 ára. Skv. upplýsingum, sem fengist hafa við rannsóknir á krabbameinsstöðinni hér í Reykjavík, notuðu um 40% þeirra pilluna og um 15% þeirra lykkju eða samtals 55%, þ. e. 23 þús. konur með öruggar getnaðarvarnir. Ef frjálsar fóstureyðingar mundu leiða til 1% minnkaðrar notkunar getnaðarvarna getum við af þeim sökum fengið 230 óvelkomnar þunganir á einu ári. Og hugsuðum við okkur 5% minnkun í notkun getnaðarvarna væri möguleiki á 1 150 óvelkomnum þungunum á einu ári. Þannig gæti löggjöf sem ætlað væri að leysa vanda fyrir fámennan hóp kvenna orðið til að skapa sama vanda fyrir mörgum sinnum stærri hóp kvenna. Kæruleysið í þessum efnum er vitanlega ekki sök konunnar einnar, heldur ekkert síður karlmannsins.

Fjölgun fóstureyðinga í mörgum löndum hefur verið mjög mikil þar sem fóstureyðingar í reynd hafa verið gefnar frjálsar. Sem dæmi um þetta vil ég geta þessara dæma:

Árið 1969 voru fóstureyðingar í Danmörku 7 474, en 1973, eftir að löggjöf hafði verið færð mjög í frjálslyndisátt, 18 750. Í Finnlandi voru fóstureyðingar 1969 8 175, en 1973 23 200, í Noregi 6 270 árið 1969, en 14 000 árið 1973, og í Svíþjóð voru þær 1969 13 735, en 26 000 árið 1973. Af upplýsingum, sem má finna í heilbrigðisskýrslum sem Sameinuðu þjóðirnar gefa út, má sjá, að í New York-ríki í Bandaríkjunum var árið 1970 löggjöf um fóstureyðingar breytt í þá áttina, að frjálsar fóstureyðingar voru uppteknar. 1971 voru skráðar fóstureyðingar í New Yorkríki 173 900. Árið 1972 urðu þær 228 100. Í Japan voru lög um fóstureyðingar færð í það horf að þar voru heimilaðar fóstureyðingar að ósk konu árið 1949. Á árunum 1949—1972 voru skráðar leyfðar fóstureyðingar í Japan um 20 millj., og við rannsókn, sem gerð var í höfuðborg Japans, Tokíó, á 1 284 konum, sem fengið höfðu fóstureyðingu gerða á árunum 1967—1972, kom í ljós að 60% þeirra höfðu fengið fóstureyðingu einu sinni áður og 31% þeirra höfðu fengið fóstureyðingu tvívegis eða oftar áður. Í upplýsingum í þessu riti er talið að fóstureyðingar í Japan svari til um 30% eða nálægt 1/3 af fæðingartakmörkunum þar í landi.

Ég hef eins og aðrir nm. fengið fjölda bréfa frá einstaklingum þar sem skorað er á mig að tryggja fullan sjálfsákvörðunarrétt konunnar um það hvort hún ali barn það, sem hún elur undir belti, eða ekki. Af því, sem ég hef áður sagt, er ljóst að frv. þetta er mjög frjálslegt í þessum efnum, og reynslan af framkvæmd hinna eldri laga bendir einnig til mikils frjálslyndis, sbr. fjölgun fóstureyðinga í landinu sem ég hef vikið að. Landlæknir upplýsir að aðeins um 2% þeirra kvenna, er sótt hafa um fóstureyðingu s. l. tvö ár skv. l. 1938, hafi gengið bónleiðar til búðar.

Takmarkanir á sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðinga skv. þessu frv. eru að mínu mati ekki miklar, en eru nauðsynlegar vegna þjóðfélagshagsmuna. Dæmi slíkra takmarkana á sjálfsákvörðunarrétti einstaklinganna, bæði meðal okkar þjóðar og í öðrum siðmenntuðum löndum, eru mörg og sér þess vott í löggjöf þeirra. Það leiðir af þeirri einföldu staðreynd að einstaklingurinn verður í athöfnum sínum að taka tillit til annarra einstaklinga og þess þjóðfélags, sem hann lifir og hrærist í, og ýmissa annarra atriða, sem viðurkennt er að ríkisvaldið verði að skipa um sambúðarháttu manna á meðal með löggjöf sem í mörgum tilfellum takmarkar sjálfsákvörðunarrétt þeirra sem við lög þurfa að búa. Ég fæ ekki betur séð en að kona, sem eftir að við höfum samþ. þetta frv. æskir fóstureyðingar á grundvelli þess, eigi skýran, lögvarinn rétt til þess að fá hana framkvæmda, ekki einasta af læknisfræðilegum ástæðum, heldur og af mjög mörgum félagslegum ástæðum. Konan þekkir þennan rétt sinn og hún getur rökstutt kröfur sínar með því að vitna til þessara laga. Hún hefur það tryggt á marga vegu skv. frv. að læknar geti ekki tekið þennan rétt af henni á ólögmætan hátt. Það er konan sem eftir samþykkt frv. tekur ákvörðunina um að leita læknis til þess að fá fóstureyðingu. Hún hefur að mínu viti nánast sjálfdæmi um þá ákvörðun ef hún vill. Það er mat konunnar á eigin aðstæðum sem lagt yrði til grundvallar þegar um er að ræða mat á félagslegum ástæðum. Mér finnst að við karlmenn mættum öllu frekar örvænta um rétt barnsföðurins í þessum efnum, og hefði kannske verið ástæða fyrir okkur til þess að gera einhverjar breytingar á frv. þó að við höfum látið vera að gera það enn sem komið er a. m. k. Og ég hef þá skoðun að fóstrið eigi líka vissulega nokkurn rétt í þessu efni.

Í öðru lagi er fóstureyðing ekki hættulaus aðgerð og hefur áhrif á heilsu konu, líkamlega og sálarlega. Afstaða lækna og hjúkrunarkvenna, sem gerst þekkja til fóstureyðinga, hefur haft mikil áhrif á skoðanir mínar um þetta deiluefni

í frv. Óhætt er að fullyrða að stærstur hluti þessara heilbrigðisstétta sé andvígur frjálsum fóstureyðingum. Aðalfundur læknafélags Íslands s. l. haust lýsti einróma andstöðu við frjálsar fóstureyðingar. Félagsfundur sérfræðinga í kvennasjúkdómum, haldinn 10. jan. 1974, lýsti einróma andstöðu við frjálsar fóstureyðingar. Fjöldi starfandi hjúkrunarkvenna hefur einnig lýst andstöðu við frjálsar fóstureyðingar. Og hingað til Alþ. hafa fyrir nokkrum dögum borist undirskriftir 190 hjúkrunarkvenna í Reykjavík og nágrenni þar sem þær mótmæla eindregið ákvæðum um rétt til fóstureyðinga að ósk konu. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa örstuttan kafla úr inngangsorðum að þessum undirskriftarlista, en þar segir svo:

„Skyldustörf hjúkrunarkvenna við fóstureyðingu fela í sér eyðingu á lífi. Því teljum við að fyrir fóstureyðingu þurfi að liggja gildar heilsufars- og félagslegar ástæður. Að öðrum kosti teljum við að vinna við þessi störf sé brot á þeim siðareglum sem okkur ber að virða. Í alþjóðasiðareglum hjúkrunarkvenna segir: „Hjúkrunarkona skal nota þekkingu sína og þjálfun til þess að vernda líf, lina þjáningar og efla heilbrigði og einnig að taka ábyrgan þátt í störfum annarra þjóðfélagsþegna til eflingar heilbrigðismála og annarra velferðarmála.“ Verði frv. samþ. í sinni upprunalegu mynd munum við mælast til þess að inn í frv. verði felld ákvæði um að hjúkrunarkonan þurfi ekki að vinna við framkvæmd umræddra aðgerða.“

Læknar og hjúkrunarkonur eru í reynd beinir aðilar að fóstureyðingum því að þessar heilbrigðisstéttir eiga að framkvæma þá aðgerð. Á rök þeirra tel ég því skylt að hlýða og leggja nokkuð upp úr.

Í þriðja lagi tel ég frv., eins og það er nú, hæfilegan áfanga í þróun fóstureyðingarlöggjafar hér á landi. Þegar ég segi: hæfilegur áfangi, tek ég mið af þróun þessara mála meðal þjóða sem okkur eru skyldastar og þjóðfélagshættir líkastir, þ. e. á Norðurlöndum. Því marki, að fóstureyðing að ósk konu sé heimil skv. l., er þar nýlega náð, og sums staðar eru þessar heimildir ekki ennþá í l., eins og t. d. í Noregi. Ég tel eðlilegt að bíða frekari reynslu þaðan áður en við stígum skrefið á enda, m. a. fyrir þá sök að við höfum fréttir af því að sumar þjóðir, eins og pólverjar, rúmenar og búlgarar, sem lögleitt höfðu frjálsar fóstureyðingar, séu nú horfnar frá þeirri leið. Sé maður í vafa um ágæti einhvers er góð regla að hafa skrefið styttra en lengra.

Í apríl á síðasta ári lagði norska ríkisstj. fram í Stórþinginu frv. um fjölskyldumál og fleira, þar sem ráð var gert fyrir því að konan gæti sjálf ákveðið fóstureyðingu á fyrstu 12 vikum meðgöngutímans, en það frv. náði ekki fram að ganga. Nú er unnið þar í landi að því að rýmka gildandi lög um fóstureyðingar og gera þannig úr garði, að viðurkenndar verði félagslegar ástæður sem grundvöllur fóstureyðinga og að samþykki eins læknis dugi til að fá fóstureyðingu gerða á 12 fyrstu vikum meðgöngutímans. Í Finnlandi eru félagslegar ástæður grundvöllur fóstureyðinga að ósk konu. Sé konan eldri en 40 ára eða yngri en 17 ára eða hafi hún alið 4 börn nægir samþykki eins læknis til að fá fóstureyðingu á sjúkrahúsi. Annars þarf samþykki tveggja lækna eða heilbrigðisyfirvalda. Þetta gildir til 16. viku meðgöngutímans. Þessar reglur eru í lög teknar í Finnlandi árið 1970. Í Svíþjóð hefur konan ákvörðunarrétt til þess að láta eyða fóstri á 12 fyrstu vikum meðgöngutímans eftir að hafa haft samráð við lækna og fram að 18. viku meðgöngutímans eftir að hafa haft samráð við félagsráðgjafa og lækni. Þessar reglur eru skv. nýjum l. og gilda aðeins frá byrjun þessa árs, 1975. Í Danmörku hefur konan fullan ákvörðunarrétt til þess að láta eyða fóstri á 12 fyrstu vikum meðgöngutímans. Þær reglur gilda frá 1. okt. 1973. Það er því rangt, sem við höfum heyrt iðulega í umr. um þessi fóstureyðingamál hér á landi, að á Norðurlöndum sé það viðtekin regla að fóstureyðingar að ósk konu séu heimilar. Þessar upplýsingar, sem ég flyt þingheimi um efni gildandi laga í þessum löndum skera þar alveg ótvírætt úr.

Deilan um ákvæði 9. gr. í frv., eins og það er nú og eins og það var í fyrra, er e. t. v. í reynd meiri í orði en á borði. Úr því mun reynslan skera. Deilan stendur um það hvort aðgerðarlæknir eigi að hafa rétt til þess að neita um fóstureyðingu sjái hann enga frambærilega ástæðu fyrir nauðsyn aðgerðar. Ég held og trúi, að enginn ábyrgur læknir taki slíka ákvörðun nema að vel athuguðu máli, og hlýtur afstaða hans að mótast af áhættunni, sem aðgerð er samfara, og hins vegar því hvaða vanda fóstureyðingin eigi að leysa. Telji kona úrskurð læknis rangan getur hún áfrýjað honum til n. þriggja manna, skv. 28. gr. frv., er úrskurðar ágreiningsefnið innan viku. Ég tel þetta ákvæði eðlilegt, um sinn a. m. k., af ástæðum sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Heilbr.- og trn. flytur brtt. við 11. gr. frv. til þess að gera ákvæði hennar skýrari. Brtt. er þannig:

„Við 11. gr. 1. málsgr. orðist þannig:

Áður en fóstureyðing má fara fram verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd grg. tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa sé eingöngu um félagslegar ástæður að ræða, enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðaðgerðum við það sjúkrahús þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir eð félagsráðgjafi sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.“

Skv. þessu þarf skrifleg grg. tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa, sé hann starfandi í því heilsugæsluumdæmi sem aðgerð fer fram í, að liggja fyrir áður en fóstureyðing er framkvæmd. Skv. því yrði annar aðilinn að grg. að vera starfandi sérfræðingur í almennum skurðlækningum eða kvensjúkdómum við þá stofnun, sem aðgerðin er fyrirhuguð á. Það er öryggi að mínu viti í því að tveir aðilar fjalli um umsóknina og ætti að tryggja réttlátara mat á aðstæðum. Fáir aðilar hafa eins góða innsýn í heimilishagi fólks og héraðs- og heimilislæknar sem oftast eru tíðir gestir á mörgum heimilum við fjölbreyttar aðstæður og kynnast persónulegum vandamálum fjölskyldumeðlima.

5. brtt. heilbr.- og trn. er við 12. gr. Hún er aðeins til leiðréttingar á prentvillu, sem þar var að finna. Brtt. er um það, að í stað orðsins „óhlutlægan“ í niðurlagi gr. komi: óhlutdrægan.

6. brtt. n. lýtur að breyt. á 13. gr. Leggur n. til að 5. tölul. 2. málsgr. orðist þannig:

„Hætti konan við aðgerð ber henni að staðfesta þann vilja sinn skriflega. Sé konu synjað um aðgerð á sjúkrahúsi skal henni og þeim, er undir grg. rita, tilkynnt það strax skriflega. Getur konan þá tafarlaust leitað þeirra úrræða sem kveðið er á um í 28. gr., og er þeim, sem undir grg. hefur ritað, skylt að aðstoða hana í þeim efnum.“

Niðurlagsgr. sem er í frv. er þannig: „Hafi konu verði synjað um aðgerð í einu sjúkrahúsi er ekki heimilt að framkvæma aðgerðina á öðru sjúkrahúsi nema leyfi n. komi til“ — fellur skv. þessari breytingu niður.

7. brtt. n. er við 15. gr. frv., en n. leggur til að hún orðist þannig:

„*Einungis læknar mega framkvæma fóstureyðingu.* Fóstureyðingu má aðeins framkvæma í sjúkrahúsum, þar sem sérfræðingar á sviði kvenlækninga eða sérfræðingur í almennum skurðlækningum starfar og ráðh. hefur viðurkennt í þessu skyni.“

Ég hef þá gert grein fyrir þeim brtt. sem n. flytur við ákvæði í II. kafla þessa frv. um fóstureyðingar.

III. kafli frv. fjallar um ófrjósemisaðgerðir. Aðalbreytingin í þessum kafla frá fyrra frv. er sú að *ófrjósemisaðgerð er heimil* að ósk viðkomandi hafi hann náð 25 ára aldri, enda mæli engar læknisfræðilegar ástæður gegn slíku. Sé viðkomandi yngri en 25 ára þarf að fylgja beiðni rökstudd, skrifleg grg. tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa. Annar þessara lækna, sá sem aðgerðina framkvæmir, skal vera sérfræðingur í kvensjúkdómum, þvagfæraskurðlækningum eða almennum skurðlækningum. Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita skv. 2. málsgr. 23. gr. frv.

8. brtt., *sem n. flytur, er til samræmis við* 19. gr. og hljóðar þannig, að á eftir orðunum „ástæður fyrir aðgerð“ í 2. málsgr. bætist: enda sé hann starfandi í viðkomandi heilsugæsluumdæmi.

IV. kafli frv. fjallar um almenn ákvæði. Litlar breytingar eru gerðar í honum frá því sem frv. í sinni fyrri mynd hafði að geyma. Þó er breyt. gerð á 28. gr., þar sem fjallað er um að ef ágreiningur rísi um hvort framkvæma eigi fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, þá skuli málinu vísað *til landlæknis, — í stað þess að í fyrra frv.* stóð „heilbrigðisyfirvalda“ stendur nú: landlæknis.

Heilbr.- og trn. flytur svo brtt. við 26. gr. frv. er hljóðar þannig:

„Heilbrigðisyfirvöldum ber að hafa eftirlit með framkvæmd l. og sjá um að á sjúkrahúsum ríkissins sé hægt að framkvæma þær aðgerðir sem l. gera ráð fyrir, sbr. þó 15. gr. Stuðla ber að samræmi í framkvæmd þeirra í öllum landshlutum. Þeim, er starfa að framkvæmd laganna, skal því veitt fræðsla og leiðbeiningar í þessu skyni.“

Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú að nm. vilja tryggja það með að taka beint upp í l. að aðstaða, tækjabúnaður og annað, sé fyrir hendi í þeim sjúkrahúsum sem viðurkenningu hljóta af hálfu heilbrigðisyfirvalda til þess að framkvæma þessar aðgerðir.

Síðasta brtt. n. er svo við 28. gr. frv. Það eru tvær smávægilegar breyt. sem n. gerir við 28. gr. Í fyrsta lagi, að í stað orðanna „skal hann þá“ — þ. e. a. s. landlæknir þegar honum berst kæra — í 1. málsgr. komi: skal hann tafarlaust. Og í öðru lagi að á eftir orðinu „þrír menn“ — um skipun úrskurðarnefndar skv. 28. gr. — bætist: og jafnmargir varamenn. Þessar brtt. eru fluttar til þess að tryggja sem mestan hraða í afgreiðslu slíkra kærumála út af neitun fóstureyðinga og til að tryggja að kæru eða beiðni, sem berst til landlæknis, sé skilað strax til n. og n. geti verið starfhæf þó að einn eða fleiri af aðalmönnum falli frá, með því að skipa jafnframt varamenn til þess að taka sæti í forföllum aðal*manna í nefndinni.*

Ég hef þá lokið að mæla fyrir áliti meiri hl. heilbr.- og trn. sem leggur, sem fyrr segir, til að frv. verði samþ. með þeim breyt. sem ég hef lýst. Ég vil að lokum draga saman í nokkrum meginatriðum ástæðurnar fyrir afstöðu minni til frv. Ég hef gert grein fyrir afstöðu n., en vildi leyfa mér til viðbótar því að taka þetta fram um afstöðu mína í þessum efnum:

1) Ég er fylgjandi frjálslyndri fóstureyðingarlöggjöf, en andvígur frjálsum fóstureyðingum.

2) *Ég er fylgjandi tveggja lækna vottorði* sem skilyrði fóstureyðinga. Ég lít á það sem skyldu læknis að vernda sjúkling gagnvart utanaðkomandi hættu, hvort sem hún stafar frá umhverfinu eða sjúklingnum sjálfum. Það verður að reikna með þeim möguleika að undir vissum kringumstæðum — ég endurtek það — undir vissum kringumstæðum viti læknir betur en jafnvel konan, hvað henni er fyrir bestu.

3) Verði kunngert fyrir fram, að konur geti á fyrstu 12 vikum meðgöngutíma fengið fóstureyðingu án þess að *færa fram nokkur frambærilegar* ástæður fyrir slíkri ósk, eru miklar líkur að mínu viti að það leiði til misnotkunar.

4) Slíkt fyrirkomulag frjálsra fóstureyðinga gæti mjög auðveldlega leitt til mikillar fjölgunar þeirra og það mundi að mínu viti draga úr þörfinni og viðleitninni til fræðslu um þessi mál, eins og reynt er að bjóða af hálfu þjóðfélagsins með ákvæðum í I. kafla frv. Undir mikla fjölgun fóstureyðinga er hvorki að mínu viti sjúkrahúsakerfi landsins né starfslið þess *undirbúið án þess að það kæmi niður á einhverju öðru.*

Að síðustu vil ég lýsa þeirri skoðun minni að fóstrið sem slíkt eigi nokkurn rétt til vaxtar og til þess að verða að sjálfstæðum einstaklingi, og ég tel að sá réttur væri fyrir borð borinn með frjálsum fóstureyðingum, eins og ég hef raunar áður vikið að. Ég tel afar mikinn misskilning þegar það er talið vantraust á konum og skerðing á sjálfsákvörðunarrétti þeirra ef sjálfdæmi þeirra um líf fóstursins er ekki virt. *Þá er ekki litið á fóstur sem sjálfstætt líf, heldur aðeins sem hluta af lífi og líkama móðurinnar.*

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Eins og ég læt getið í nál. minu, þá er ég þeirrar skoðunar að merkasti kafli þessa frv. sé I. kafli þess sem fjallar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Ég tel að þessi kafli sé mikilvægastur vegna þess að hann snertir alla íslendinga, hvern einasta mann. Þarna er tekið á ákaflega mikilvægum sviðum mannlegs lífs og gerð grein fyrir því hvernig um þau skuli fjallað bæði í skyldunámsstigi í skólakerfinu og eins vegna heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa og annarra hliðstæðra stofnana. Þetta er þáttur sem hefur verið vanræktur mjög herfilega hér á Íslandi til skamms tíma, og það hefur leitt til þess að fáfræði á þessum sviðum hefur verið ákaflega algeng hér á Íslandi og að ég hygg nú um skeið algengari en í mörgum öðrum löndum.

Ég er í sjálfu sér mjög ánægður yfir því að svo virðist sem alþm. allir séu sammála því að þessi I. kafli nái fram að ganga og verði að lögum. Þetta sýnir mjög verulega hugarfarsbreytingu sem orðið hefur hér á Íslandi á tiltölulega stuttum tíma. Ég er sannfærður um að fyrir ekki ýkjamörgum árum hefði till. um það, að tekin væri upp fræðsla um kynlíf og siðfræði kynlífs á skyldunámsskeiði í skólum landsins, mætt harðri andstöðu bæði hér á Alþingi og á meðal almennings. Menn hefðu haldið því fram að þar væru skólarnir að fjalla um mál sem alls ekki ætti að fjalla um á þeim vettvangi. Þarna væri verið að halda að börnum fræðslu sem væri ekki aðeins óþörf, heldur ósæmileg. Þannig voru viðhorfin hér á Íslandi fyrir tiltölulega fáum árum og þess vegna eru það að mínu mati allmikil tíðindi að allir virðast nú vera sammála um að á þessum þætti verði að taka á eðlilegan hátt bæði í skólakerfinu og annars staðar í þjóðfélagskerfi okkar. Ég held að þetta skipti ákaflega miklu máli, vegna þess að traust þekking á kynlífi og siðgæði kynlífs er að mínu mati ein af forsendum þess að fólk geti lifað heilbrigðu og eðlilegu lífi, og það eiga ákvæði þessa kafla fyrst og fremst að tryggja. Þess vegna er þetta aðalatriði frv. og það skiptir ákaflega miklu máli að framkvæmd þessa kafla verði bæði flýtt og unnið að honum af myndarskap.

Við endurskoðun frv. kom til það annarlega ákvæði að skólayfirlæknir ætti að sjá um framkvæmd og uppbyggingu fræðslustarfs um kynlíf og siðfræði kynlífs, líkt og kynlíf sé einhver sjúkdómur, líkt og kynlíf heyri undir lækna, en ekki eðlilegt mannlegt líf. N. hefur sem betur fer fallist á að fella þetta fráleita ákvæði niður. Fræðsluyfirvöldum er falið að gegna þessu verkefni, en í samráði við skólayfirlækni. Við það er ekkert að athuga. En þetta á að vera eðlileg kennsla sem falli á eðlilegan hátt að öðru kennsluefni og verði á engan hátt flokkuð til neinna feimnismála.

Þetta er mjög stórt mál, eins og ég gat um áðan. Þetta kemur til með að verða æðikostnaðarsamt, og ég vænti þess að hæstv. ríkisstj., sem stendur að flutningi þessa frv., ætli næga fjármuni til að framkvæma það eins fljótt og unnt er þrátt fyrir niðurskurðarhótanir sínar.

En sem sagt um þessi atriði hefur sama og ekkert verið deilt. Það eina, sem deilt hefur verið um í raun og veru, er ákvæði sem var í frv. eins og það var flutt upphaflega meðan ég gegndi störfum heilbr.- og trmrh. Það var ákvæði 9. gr. um heimild til fóstureyðingar að ósk konu. Ég vil minna menn á hvað stóð í þessari gr., í fyrri hluta hennar. Hún var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fóstureyðing er heimil að ósk konu sem búsett er hér á landi eða hefur íslenskan ríkisborgararétt ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12. viku meðgöngutímans og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla á móti aðgerð. Skilyrði er að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaða konu og við barnsburð."

Því hefur verið haldið fram, m. a. af hv. þm. Jóni Skaftasyni, að þarna sé um að ræða till. um frjálsar fóstureyðingar og þetta orðalag er jafnan notað í umræðum fjölmiðla. Þetta er fjarri sanni, eins og hver maður sér sem les greinina. Þarna er ekki um neinar frjálsar fóstureyðingar að ræða. Það eru sett mjög skýr skilyrði: Í fyrsta lagi að lengd meðgöngutímans verði að vera innan við 12 vikur, í öðru lagi að engar læknisfræðilegar ástæður mæli gegn aðgerð og í þriðja lagi að konan fái fræðslu um það, hvaða félagsleg aðstoð standi henni til boða í þjóðfélaginu og hvaða áhættur eru samfara aðgerð. Þetta eru þau mörk sem þarna eru sett, og við skulum gera okkur ljóst að þetta eru mjög skýr mörk. Hver einasta kona, sem lendir í slíkum vanda, yrði að ganga í gegnum það að láta lækni athuga sig, ræða við sig, ráðgast við sig, leggja á ráðin með sér, enn fremur að ræða við félagsráðgjafa og ræða málin þar, taka við sjónarmiðum annarra, vega þau og meta. Þetta eru ekki frjálsar fóstureyðingar. En endanlega valdið, ákvörðunarvaldið, sem einhvers staðar verður að vera, það er gert ráð fyrir að það verði að lokum í höndum konunnar þegar búið er að standa að málinu eins og gert er ráð fyrir í þessum kafla.

Um þetta atriði hefur mikið verið rætt og ritað á Íslandi um langt skeið. Ég hef heyrt margar ákaflega fallegar ræður og ég hef lesið mjög vel skrifaðar greinar um það, hver undur og stórmerki það eru þegar nýtt barn fæðist í heiminn. Ég held að allir heilbrigðir menn hljóti að taka undir það að fæðing barns er eitt af undrum veraldar og ætti helst enginn einstaklingur að missa af því að eiga aðild að slíku undri. En hvers vegna er verið að skrifa greinar og halda ræður um jafnsjálfsögð mannleg viðbrögð eins og þetta. Með þessu er verið að dylgja um það að á Íslandi sé hópur einstaklinga sem sé andstæður þessum mannlegu viðhorfum, sem vilji fóstureyðingu fóstureyðingarinnar vegna. Því er hreinlega haldið fram að hópur íslenskra kvenna hiði eftir því fullur löngunar og eftirvæntingar að fá framkvæmda fóstureyðingu og muni jafnvel standa í biðröð til þess að ná þessu eftirsóknarverða marki. Ég mótmæli þessum ósæmilega málflutningi. Ég staðhæfi — og það hlýtur hver einasti maður að gera — að það er hvorki til á Íslandi né í nokkru öðru landi á heimsbyggðinni ein einasta kona sem óskar eftir því

að þurfa að lenda í þeirri þungbæru raun að láta eyða fóstri sínu. Staðhæfingar um hið gagnstæða eru óheiðarlegar og ósæmilegar og stangast svo á við heilbrigða skynsemi að naumast ætti að þurfa að eyða orðum að þeim. Engu að síður hefur þetta fráleita viðhorf verið uppistaðan í flestum þeim greinum og ræðum sem ég hef séð og lýsa andstöðu við ákvörðunarvald konu. Og þegar öðrum eru þannig gerðar upp fráleitar skoðanir og tilfinningar, þá er auðvelt að skreyta fordæminguna með hvers konar stóryrðum eins og margir hafa því miður gert.

Enda þótt viðhorf allra til fæðingar barns sé á eina og sömu lund, þá er það staðreynd, sem engir vefengja nema þá einhverjir örfáir ofstækismenn, að upp geta komið aðstæður sem gera barnsburð mjög erfiðan eða óbærilegan jafnt af læknisfræðilegum og sálrænum ástæðum. Við ættum ekki að þurfa að deila nú um þessa staðreynd. Hún var viðurkennd með löggjöf hérlendis fyrir 40 árum. Hér liggur ekki fyrir nein till. um að afnema þau lög, sem sett voru 1935, eða lögin frá 1938, heldur telja stuðningsmenn þessa frv., sem hér liggur fyrir, að það sé verið að gera þessa gömlu löggjöf rýmri, mannlegri og í meira samræmi við siðgæðisviðhorf okkar tíma. Ég sé því ekki ástæðu til þess að rökræða það hér hvort fóstureyðingar geti verið réttlætanlegar sem neyðarúrræði. Um það virðast mér allir alþm., sem betur fer, vera sammála og vafalaust þjóðin öll. Spurningin er hins vegar sú og sú ein, hver á að taka ákvörðun, konan sjálf eða einhverjir sérfræðingar á sviði læknisfræði, lögfræði og félagsmála. Ég lít svo á að engir sérfræðingar séu bærir um að taka slíka ákvörðun fyrir aðra. Þeir geta vissulega gefið góð ráð og þess ber að gæta að það sé tryggt að þau ráð verði tiltæk. En ákvörðun af þessu tagi er svo persónubundin, svo nátengd skaphöfn og tilfinningum einstaklingsins að enginn getur tekið hana nema einstaklingurinn sjálfur. Þannig er um ákaflega margar ákvarðanir í mannlegu lífi. Hver einstaklingur verður að gera upp persónubundin vandamál við samvisku sína og enginn annar er til þess fær. Þetta er dæmigert vandamál af þessu tagi.

Hv. þm. Jón Skaftason vék í ræðu sinni áðan að ýmsum atriðum og mér þótti röksemdarfærsla hans ganga æðimikið á skjön í ýmsum atriðum. Hann hélt því m. a. fram að fóstureyðingum mundi fjölga mjög ef ákvæðinu væri breytt í það horf sem ég lagði upphaflega til hér á þingi, og hann las í því sambandi upp tölur frá Norðurlöndum um fjölgun sem orðið hafi á fóstureyðingum á síðustu árum og voru þær tölur miðaðar við árið 1973. Hann las fyrir okkur um Finnland, Noreg, Svíþjóð og Danmörku. Það var ekki búið að breyta neinum lögum um fóstureyðingar á Norðurlöndum 1973. Þessar breytingar eru ekki til komnar af því. Það er ekki búið að breyta neinum lögum í Noregi um þetta efni. Lagabreyting var felld í Noregi. (Gripið fram í.) Já, en þessar tölur eru þá ekki til marks um neitt slíkt sem þessi hv. þm. var að halda fram. Þessar tölur eru til marks um allt annað. Þær eru til marks um það að á Norðurlöndum hefur verið að gerast nákvæmlega það sama og hér á Íslandi. Hér á Íslandi hafa fóstureyðingar samkv. lögum frá 1935 og 1938 meira en tvöfaldast á örfáum árum, enda þótt lögin séu óbreytt og enda þótt reglugerðirnar séu óbreyttar. Þeim hefur fjölgað vegna þess að viðhorf sérfræðinga, embættismanna, fulltrúa kerfisins hafa breyst á þessum árum, en ekki löggjöfin. Þær tölur, sem hv. þm. nefndi um þetta, eru því ekki réttar.

Raunar voru ýmsar aðrar reikningskúnstir hans ákaflega einkennilegar, eins og þegar hann vildi halda því fram að ákvörðunarvald konu um fóstureyðingu innan þeirra marka, sem ég gat um áðan, gæti leitt til þess að konur hættu að nota getnaðarvarnir. Ég er ákaflega vantrúaður á speki af þessu tagi af þeim ástæðum sem ég gat um áðan. En í reikningskúnstum sínum varð niðurstaða þessa hv. þm. sú að ef um 5% kvenna hættu að nota getnaðarvarnir af þeim sem notuðu þær núna, þá mundu svo og svo mörg börn fæðast á Íslandi næsta árið þar á eftir. Þessar tölur voru við það miðaðar að allar þessar konur, hættu að nota getnaðarvarnir, mundu eignast barn. Hvers konar þekking er þetta eiginlega á líffræði. Heldur hv. þm. að konur eigi barn á hverju einasta ári þó að þær noti ekki getnaðarvarnir? Ég hygg að samkv. þeim tölum, sem fyrir liggja, láti nærri að þarna geti verið um fjórðung kvenna að ræða, en ekki allan þann fjölda sem hv. þm. var að tilgreina.

Svo var það ákaflega einkennilegt í máli þessa hv. þm. að hann sagði í öðru orðinu að frv. í þeirri mynd, sem ég flutti það, kynni að leiða til þess að fóstureyðingum fjölgaði stórlega á Íslandi, en hann sagði í hinu orðinu að hann teldi að það yrði ekki ýkjamikill munur á þeirri framkvæmd sem yrði samkv. þessum afar frjálslyndu lögum, sem hann var að mæla fyrir, og þeirri gerð sem ég lagði til. Hann sagði það hvort tveggja í senn, þessi hv. þm. Ef það er rétt að á framkvæmdinni verði lítill munur, ef það verða ámóta margar fóstureyðingar eftir hvorri gerðinni sem er, þá fellur þessi röksemdafærsla þm. gjörsamlega um sjálfa sig.

Það var nú sitthvað fleira, sem hv. þm. minntist á, sem ástæða væri til að gera athugasemdir við. T. d. lagði hann ákaflega þunga áherslu á það hvað læknar væru andvígir þeirri tilhögun sem ég gerði till. um í hinni fyrri gerð frv. Mér er kunnugt um það að forráðamenn læknasamtakanna eru andvígir þeirri tilhögun. En þetta hefur aldrei verið borið undir lækna almennt á neinn viðhlítandi hátt. Um þetta hefur verið fjallað á fulltrúafundi, þröngum fulltrúafundi innan læknasamtakanna. Það voru greidd atkv. um þetta á almennum læknafundi hér í Reykjavík þegar komið var fram yfir miðnætti og samþ. till. með 26 atkv. gegn 10. Við höfum hins vegar samþykktir frá geðlæknum, frá læknanemum sem ganga í þveröfuga átt. En hvatir þessara lækna, sem eru forustumenn læknasamtakanna, hafa komið ákaflega einkennilega fram í sumu af því sem þeir hafa sagt. Þeir hafa ekki verið með sjónarmið siðgæðis eða mannúðar. Þeir hafa verið að kvarta undan því að það væri verið að draga frá þeim vald, — vald til að taka ákvarðanir um örlög annars fólks. Ég er þeirrar skoðunar að ekkert slíkt vald eigi læknar að hafa eða neinir aðrir sérfræðingar þegar um er að ræða þesónubundin vandamál af þessu tagi.

Við ræðum stundum hér á Íslandi um rétt einstaklingsins, og einn tiltekinn stjórnmálaflokkur telur sig vera sérstakan málsvara einstaklingsréttarins. Hann hefur það orð ákaflega mikið uppi. En þegar maður fer að kanna nánar hvenær þetta ágæta orð er notað, þá kemur í ljós að það er fyrst og fremst notað í sambandi við efnahagsmál, að einstaklingar eigi að fá tækifæri og frelsi til þess að hagnast á kostnað annarra. Þegar um er að ræða annars konar frelsi, það frelsi sem ég tel skipta mestu máli, það frelsi að einstaklingurinn geti notið hámarksfrelsis í frjálsu þjóðfélagi, þá stendur á þessum hv. flokki að hafa áhuga á frelsi einstaklingsins. Ég hef tekið eftir því að a. m. k. allverulegur hluti af forustumönnum Sjálfstfl. virðist vera algjörlega andvígur því að frjáls ákvörðunarréttur komi til mála á þessu persónubundna sviði.

Það hefur mikið verið rætt um siðgæði í sambandi við þetta mál, og ég gerði grein fyrir því áðan að viðhorf mín mótast af því siðgæðismati, að ég tel að þetta vandamál verði einstaklinguriinn að gera upp við sig sjálfur. Siðgæði okkar er ofið af ákaflega mörgum þáttum, eins og við vitum. Biskupinn yfir Íslandi hefur t. d. sent okkur bréf og vitnað til hins kristilega siðgæðis sem er ákaflega ríkur þáttur í viðhorfum okkar allra, hvort sem við gerum okkur grein fyrir því eða ekki. En siðgæði eins og kristin kirkja hefur reynt að innræta þjóðinni nú í næstum því 10 aldir, það er eigind sem á að koma fram í lífi og viðhorfum einstaklinganna sjálfra. Því aðeins hefur siðgæðiskenning náð markmiði sínu að hún gagnsýri þegnana, að þeir breyti í samræmi við hana. Ef slík siðgæðisvitund væri uppi hjá íslendingum hvað þetta atriði varðar, þá þyrfti að sjálfsögðu ekki að setja neinar slíkar reglur. En biskupinn yfir Íslandi tekur málið ekki frá þessum forsendum. Hann telur að honum hafi ekki tekist að koma inn þeim siðgæðisviðhorfum sem hann aðhyllist, og þá vill hann fá að stjórna siðgæðisviðhorfum almennings með eins konar páfabréfi sem hann gefur út í skrifstofu sinni. Ég er algerlega andvígur því að nokkur maður, hvort sem hann er biskup eða annað, hafi neina slíka heimild til þess að kveða á um viðkvæmustu siðgæðisviðhorf almennings.

Hv. þm. Jón Skaftason sagði áðan að ef konur fengju það ákvörðunarvald sem rætt var um að veita þeim, þá kynni það að koma fyrir að konur tækju óviturlegar ákvarðanir. Ekki dreg ég það í efa. Það kemur vafalaust fyrir. En það kemur ekki síður fyrir um þær ákvarðanir sem sérfræðingarnir taka, hinir lærðu menn á sviði læknisfræði, lögfræði og félagsmála. Þeir geta líka tekið rangar ákvarðanir eins og hægt er að rekja mörg dæmi um. Þess vegna er ekki verið að skera neitt úr um það hvort teknar verði almennt séð réttar eða rangar ákvarðanir með þessum ákvæðum í væntanlegum lögum. Það er aðeins verið að skera úr um það að ákvörðunin verði ekki skilin frá þeirri persónu sem í vandanum stendur, hún verði að gera vandamálið upp við sig sjálf. Það er meginatriði að þessi ákvörðun verði persónubundin og að kona, sem tekur slíka ákvörðun, geti engum um kennt nema þá sjálfri sér ef hún sér ástæðu til að harma það sem hún hefur gert.

Ég tel það ekki vera neitt keppikefli að fóstureyðingum fjölgi, miklu heldur hið gagnstæða. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að kappkosta að efla sem mest þá félagslegu þætti þjóðfélagsins sem valda því að konur lendi ekki í neinum efnahagslegum eða félagslegum vanda í sambandi við barneignir. Við eigum að gera allt sem við getum til þess og einnig til þess að auka þekkingu eins og um er fjallað í I. kafla frv. Það er ekki fyrr en að neyðarúrræðinu kemur sem spurningin kemur upp: Hver á að ákveða?

Á það hefur verið bent réttilega að í löndum, þar sem ákvörðunarréttur konu hefur verið lögfestur, — ég á þá ekki við þær tölur sem hv. þm. Jón Skaftason var með sem ekki stóðust, heldur raunverulegar tölur um þróunina, — hafi fóstureyðingum fjölgað, og það er alveg rétt. En í þessum löndum hefur verið svo ástatt að þar hefur verið ákaflega mikið um ólöglegar fóstureyðingar. Ég hygg að þeir, sem eitthvað þekkja til í grannlöndunum, viti að ólöglegar fóstureyðingar voru og hafa verið um langt skeið smánarblettur á þessum þjóðfélögum. Þær voru það í ákaflega ríkum mæli á kreppuárunum fyrir stríð þegar harðast svarf að fólki, en hafa haldið áfram alla tíð síðan. Sú fjölgun, sem nú kemur fram í dagsljósið, stafar ekki síst af því að konur, sem áður leituðu til kuklara, eiga þess nú kost að fá þessa aðgerð framkvæmda við tryggilegar aðstæður.

Ég hygg að ólöglegar fóstureyðingar hafi verið færri á Íslandi en í öðrum löndum. Að vísu hef ég enga örugga vitneskju um það og enginn sá sem ég hef um það spurt. Það er hægt að sanna dæmi um slíkar ólöglegar fóstureyðingar og raunar einnig sem læknar hafa staðið að, en engu að síður hygg ég að þetta hafi verið sjaldgæft hér á Íslandi. Því þurfum við ekki að óttast að af þessum ástæðum komi fram í dagsljósið hlutir sem hingað til hafa verið duldir.

Hv. þm. Jón Skaftason sagði áðan í ræðu sinni að hann teldi mikla hættu á því að konur færu að taka upp fóstureyðingar í stað getnaðarvarna. Ég hef minnst á þetta áður en ég vil minnast á það enn einu sinni, því að mér finnst þessi kenning vera svo fráleit að ég undrast að nokkur maður með fulla dómgreind skuli taka hana sér í munn. Fóstureyðing er það alvarlegt mál að það gerir enginn maður sér leik að því að þurfa að lenda í þeim vanda. Það gerir það enginn maður að leik sínum eða vitandi vits. Og ég tel það vera móðgun við dómgreind íslenskra kvenna að vera með málflutning af þessu tagi.

Það er margt fleira sem ástæða væri til að minnast á í þessu sambandi. Ég hef svo oft talað hér um þetta mál að mér finnst ég alltaf vera að endurtaka sömu röksemdirnar, og maður verður nú leiður á því sjálfur. En vil minnast á eitt atriði enn þá sem skiptir ákaflega miklu máli í þessu sambandi, og það er um viðhorf íslendinga til barneigna. Hér á Íslandi þykir það — sem betur fer — alla vega ekki mikill ljóður á stúlku sem ekki er gift þó að hún eignist barn. Þannig hefur það verið á Íslandi um mjög langt skeið og þannig er það enn sem betur fer, segi ég. Í ýmsum nágrannalöndum okkar hefur ástandið verið þannig að ungar stúlkur, sem lent hafa

í slíkum vanda, hafa kramist undir siðferðilegu fargi foreldra sinna og aðstandenda og umhverfisins, og það hefur hrakið ýmsar slíkar stúlkur til þess að grípa til hvers kyns örþrifaráða. Við þurfum sem betur fer ekki að óttast slík viðhorf hér á Íslandi í sama mæli og annars staðar, og það er í mínum huga enn ein röksemd fyrir því að við þurfum ekki að gera ráð fyrir, þó að tekin væri upp ákvörðun um rétt konu innan þeirra marka sem ég gat um áðan, að fóstureyðingum mundi fjölga óeðlilega. Það mundu að vísu vafalaust flytjast inn í landið þær fóstureyðingar á íslenskum konum sem sannað hefur verið að framkvæmdar hafa verið í Bretlandi, en þær voru 115 á síðustu 5 árum. Það hafa verið forréttindi kvenna sem hafa haft fjármuni, sem hafa haft þekkingu, sem hafa haft aðstöðu, að fara til annarra landa og láta framkvæma fóstureyðingu þar, þar sem löggjöf hefur verið frjálslegri en hér. En þetta hefur ekki verið réttur þeirra kvenna sem hefur skort fé eða þekkingu eða sambönd — þeirra kvenna sem samt hafa vafalaust lent í miklu meiri vanda en hinar.

Ég er þeirrar skoðunar að við getum ekki til frambúðar haft hér á Íslandi kerfi sem sé á aðra lund en tíðkast í nágrannalöndum okkar. Þá erum við aðeins að ýta undir þetta tvöfalda siðgæði, að þeir sem eiga fjármuni, þeir sem hafa þekkingu og sambönd, þeir geti fengið sinn vanda leystan á allt annan hátt en annað fólk.

Ég hef tekið þátt í því ásamt nefndinni að standa að þeim brtt. sem hv. þm. Jón Skaftason gerði hér grein fyrir. Ég tel að þær séu til bóta í sjálfu sér og ég mun greiða þeim atkv. ef þær brtt., sem ég flyt, verða ekki samþ. Þó er ein till. sem ég vil gera aths. við. Í upptalningunni um félagslegar ástæður, sem heimiluðu fóstureyðingu, var fellt niður orðið „fátækt“, og rökin voru þau að í þessu ágæta velferðarþjóðfélagi, sem við búum í, sé í sjálfu sér ósæmilegt að nefna orðið „fátækt“. Ekki er ég nú öldungis viss um að þetta sé rétt. Hitt er rétt að orðið „fátækt“ hefur skipt mjög um merkingu. Það hefur allt aðra merkingu nú en það hafði fyrir aðeins örfáum áratugum. Það er að sjálfsögðu afstætt og önnur slík hugtök. En ég held að það sé ekki tímabært að uppræta orðið „fátækt“ úr málinu. Ég held að við ættum ekki að gera það og ég held að þessi till. hafi verið vottur um fullmikla viðkvæmni hjá mínum ágætu meðnefndarmönnum.

Að lokum vil ég segja þetta: Ég flyt á þskj. 429 brtt. sem eru á þá leið að ákvæði 9. gr. verði eins og þau voru í hinu upphaflega frv. og 11. gr. og 13. gr. breytist í samræmi við það, þannig að þarna verði um að ræða ákvörðunarvald konu innan vissra takmarka eins og ég gat um áðan.

Ég vil leggja áherslu að lokum á það meginatriði að við, sem teljum að konan eigi að hafa ákvörðunarrétt innan skýrra marka, erum ekki að hvetja til kæruleysis og lausungar, heldur erum við að gera hið gagnstæða. Við erum að leggja ábyrgðina á þann sem á að bera ábyrgðina sjálfur, þ. e. a. s. konuna. Við erum að auka vanda hennar. Við erum að gera henni alveg ljóst að hún ber ein afleiðingar gerða sinni. Hún getur ekki skotið sér á bak við neina sérfræðinga og kennt þeim um ef hún iðrast þeirrar ákvörðunar sem tekin hefur verið. Hún verður að horfast í augu við sjálfa sig. Ég verð að segja það eins og er að ég undrast hroka þeirra sérfræðinga sem telja sig til þess bæra að taka slíkar persónubundnar og örlagaríkar ákvarðanir fyrir aðra. En sá hroki hefur því miður komið fram hjá litlum hópi lækna, þótt sérfræði á þröngu sviði læknavísinda þurfi síður en svo að gera nokkurn mann hæfan til þess að skilja eða meta aðstöðu konu sem horfist í augu við þann vanda hvort hún eigi að láta eyða þunga eða ekki. Það eitt er í samræmi við hugmyndir mínar um frelsi og ábyrgð einstaklingsins að hann taki slíkar ákvarðanir sjálfur eftir það hugarstríð og þá sjálfskönnun sem slíkri ákvörðun hlýtur að fylgja. Ég vil ekki að einstaklingar séu á þessu sviði frekar en öðrum hluti af einhverju ómennsku kerfi sem segi fyrir um það hvað einstaklingur má eða má ekki á sviði persónubundinna ákvarðana.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mitt aðalerindi í ræðustól er að gera með örfáum orðum grein fyrir afstöðu minni til þess máls sem hér er nú til umræðu.

Það mun ekki of sterkt til orða tekið þó að sagt sé að hér er á dagskrá mjög viðkvæmt og vandmeðfarið mál í þess orðs fyllstu merkingu. Frv. þetta, sem almennt gengur undir nafninu frv. um fóstureyðingar, var lagt fram á Alþ. árið 1973, og þó að ekki yrðu miklar umr. um það á hv. Alþ. kom þó berlega í ljós að um það voru mjög skiptar skoðanir, ekki aðeins meðal alþm., heldur og ekki síður meðal almennings í landinu sem hefur allt frá því að málið kom fram mjög rætt það og skipst á skoðunum þar um. Þá, eins og mér hefur virst nú, voru fyrst og fremst skiptar skoðanir um þau ákvæði sem 9. gr. þess frv. þá fól í sér, þ. e. um hvort leyfa ætti fóstureyðingu að ósk konu. Um þetta ákvæði voru, eins og ég sagði áðan, mjög deildar meiningar. Umsagnir, blaðaskrif og umræður um þetta mál hafa leitt í ljós að meðal almennings í landinu eru skiptar skoðanir um það hversu langt eigi að ganga í frjálsræðisátt að því er varðar fóstureyðingar.

Það frv., sem nú liggur hér fyrir til umr., er að því leyti breytt frá hinu fyrra að þetta mjög svo umdeilda mál, sem þá var, er fellt út, þ. e. a. s. að ósk konu geti ráðið ákvörðun um fóstureyðingu. Eigi að síður er ég þeirrar skoðunar að 9. gr., eins og hún nú er í frv., og er hér til umr., gangi of langt í frjálsræðisátt að því er þetta varðar. Mun ég koma að því frekar síðar.

Margt í þessu frv., sem hér er nú verið að ræða, er eigi að síður eins og í hinu fyrra mjög til bóta og jákvætt og þá fyrst og fremst, að ég tel, þau ákvæði frv. sem fjalla um ráðgjöf og fræðslu að því er varðar kynlíf og barneignir. Ég er sömu skoðunar og margir aðrir hv. alþm. hafa tekið fram að um allt of langt árabil hafi verið vanrækt að upplýsa almenning í þessum efnum, sem eru í sjálfu sér ekkert annað en

einn angi og ekki hvað minnst um verður af mannlegu lífi og samskiptum kynja í þessum efnum.

Þær umr., sem átt hafa sér stað um þetta nú eins og áður, hafa kannske — ég segi kannske — eðlilega snúist fyrst og fremst um sjálfsákvörðun konu til þess að láta framkvæma fóstureyðingu. Umr. þessar hafa að mínu áliti verið um margt athyglisverðar, margt fram komið í þeim sem er athyglisvert. En þessar umr. hafa í engu breytt skoðun minni í þeim efnum, að ég tel að hér sé um að ræða, þegar talað er um fóstureyðingu, eyðingu lífs að mínu áliti. Hér er ekki verið að ræða einvörðungu um sjálfsákvörðunarrétt konunnar eða móðurinnar. Ég tel að líka eigi að taka inn í þessar umr. ákvörðunarrétt föðurins og kannske ekki síst þess lífs sem kviknað er, þ. e. fóstursins, og verði að gæta þess að það eigi málsvara fyrir þeim rétti sem því ber skilyrðislaust eftir að líf hefur kviknað.

Ég vil ekki gera lítið úr því að sjálfsákvörðunarréttur konu í þessum efnum sé allmikilvægur. En ég vil ekki undir neinum kringumstæðum ganga fram hjá hinum tveimur einstaklingunum sem þarna eiga hlut að máli.

Í mínum huga, þegar þessi mál eru á dagskrá, er það fyrst og fremst spurningin um viðhorf til lífsins. Ég er ekki í neinum vafa um það og það er mín persónulega sannfæring að fóstureyðingu má undir vissum tilvikum telja nauðsynlega aðgerð, en hún á að mínum skilningi og minni sannfæringu að vera aðeins læknisfræðileg. Ég tel að í nútímaþjóðfélagi, siðmenntuðu menningarþjóðfélagi eins og við Íslendingar viljum telja okkur til, eigi ekki að vera fyrir hendi einar né neinar félagslegar aðstæður sem geta leitt til ákvörðunar um það að lífi sé eytt. Það er skylda þjóðfélagsins að mínu áliti — ótvíræð skylda — að haga svo málum að engar slíkar félagslegar aðstæður geti verið fyrir hendi í þjóðfélaginu að þær geti verið grundvöllur að slíkri framkvæmd.

Ég vil taka það sérstaklega fram að ég tala hér fyrir mig persónulega. Ég á ekki von á því að einn eða neinn stjórnmálaflokkur geri slíkt mál að flokksmáli. Hér verður að ráða persónuleg afstaða hvers og eins einstaklings til þessa máls.

Það er vissulega rétt, sem bæði hér hefur komið fram og annars staðar, að þær skyldur, sem ég tel að hvíli á þjóðfélaginu um að skapa lífsskilyrði hverjum og einum einstaklingi á þann veg að engar félagslegar aðstæður eigi að geta verið orsök að slíkri framkvæmd, þær hafa vissulega verið vanræktar. Ég fagna því sérstaklega og tek undir það með bæði hv. síðasta ræðumanni og öðrum þeim, sem látið hafa það í ljós, að ég tel að því er þennan kafla frv. varðar að hann sé kannske hvað merkilegastur í frv. En ég tel þó galla bæði í þessu frv. svo og hinu fyrra að stjórnvöld skuli ekki hafa látið fylgja a. m. k. lauslegar athuganir um það hversu miklum fjármunum þyrfti að verja af hálfu ríkissjóðs, ríkisvaldsins, til þess að geta komið þessum málum í þann farveg og á það stig sem frv. bæði gera ráð fyrir. Ég treysti því að núv. hæstv. ríkisstj. — og hef reyndar enga ástæðu til að ætla annað en hún sjái svo um að verði þetta frv. að lögum, þá muni ekki skorta fjármagn til þess að þessi þáttur og aðrir þættir þessa máls nái fram að ganga.

Það er að sjálfsögðu rétt að sú löggjöf, sem gildir um þessi mál í okkar landi og var á sínum tíma mjög frjálsleg talin, er á margan hátt vafalaust orðin úrelt þar sem svo langur tími er liðinn síðan hún var sett. Ég hygg því að það sé tímabært að breyta þeirri löggjöf á þann veg að leggja þá skyldu á herðar samfélaginu að allir eigi kost á ráðgjöf og fræðslu um kynlíf og barneignir og ábyrgð foreldrahlutverksins. Einnig virðist mér sjálfsagt að setja lagaákvæði um að veita öllum fræðslu og ráðgjöf um notkun getnaðarvarna og útvegun þeirra og leggja þjóðfélaginu, samfélaginu, á herðar ríkar skyldur um félagslega aðstoð í sambandi við þungun og barnsburð. Í raun og veru virðist auðsætt, að ef svo er ástatt að verðandi móðir sjái fram á neyð af félagslegum orsökum, þá beri samfélaginu að koma í veg fyrir hina félagslegu neyð svo að bæði verði lífi barns og móður borgið. Það er, eins og ég sagði áðan, mitt grundvallarsjónarmið og mín grundvallarskoðun til þessara mála, þ. e. að fóstureyðing, eyðing lífs eigi þá og þá einvörðungu rétt á sér ef lífi móður eða barns er stefnt í hættu nema slík aðgerð sé framkvæmd.

Eins og fram kemur í nál. því sem hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. gerði grein fyrir, þá hef ég skrifað undir það nál., þó með þeim fyrirvara að vera ekki bundinn af samþykkt við 9. gr. 1, sem ég hef vikið hér að áður. Það eru hinar félagslegu aðstæður sem sá fyrirvari gildir um. Mér er nær að halda að það komi til með að reynast rétt, það sem hv. frsm. meiri hl. gat um áðan og hv. síðasti ræðumaður taldi vera þversögn að sumu leyti í ræðu hv. þm., að það verði kannske í meginatriðum rétt að þessi löggjöf eða þetta frv. þegar það verður samþ. eins og það nú liggur fyrir með öllum heimildum varðandi félagslegar aðstæður, þá verði það ekki langt frá því að verða í framkvæmd eins og hið fyrra frv., hefði það náð fram að ganga. Ég er þeirrar skoðunar að það megi jafnvel ótrúlegustu hluti flokka undir félagslegar aðstæður. Eins og ég hef áður vikið að byggist minn fyrirvari varðandi fylgi við gr. 9. 1 fyrst og fremst á þessu.

Ég vona a. m. k. að allflestir, ef ekki allir hv. alþm., og sem flestir Íslendingar hafi horft á mynd í sjónvarpinu fyrir nokkru sem var sýnd að gefnu tilefni þegar þetta mál var á dagskrá þá. Ég horfði á hana og ég fyrir mitt leyti sannfærðist enn frekar um það eftir að hafa horft á þá mynd að hér er full og brýn nauðsyn á að fara með gát. Ég held líka að reynsla þeirra þjóða, sem hvað lengst hafa gengið í frjálsræði í þessum efnum, sýni það og eigi að vera okkur til varnaðar í þessum efnum. Það verður erfiðara að mínu áliti að stíga skrefið til baka eftir að það er búið að taka það of langt.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa um þetta frekari orð. Ég hygg að öllum sé ljós afstaða mín til þessa máls. Ég hef ekki farið og fer ekki í neinar grafgötur með hana. Þetta er mín sannfæring, mitt persónulega grundvallarviðhorf til lífsins, eins og ég hef orðað það. Eins og ég sagði áðan, ég tel að siðmenntað nútíma vel-

megunarþjóðfélag, eins og við íslendingar teljum okkur til og vissulega erum, eigi að búa þannig að hverjum einasta einstaklingi í landinu að engar félagslegar aðstæður geti orðið orsök eða grundvöllur að aðgerð eins og hér er talað um. Og ég vil að síðustu segja það að það er mín skoðun að þjóðfélagið eigi að láta hvern og einn einstakling hafa það á tilfinningunni að hann sé ábyrgur gerða sinna í þessu sem öðru. Það er grundvallaratriði að hver og einn einasti þjóðfélagsþegn hafi það á tilfinningunni að hann eigi að vera ábyrgur sinna gerða og kannske ekki síst í þessum efnum.

Af framansögðu hygg ég að það sé öllum ljóst, en ég vil þó ítreka það, að við atkvgr. þessa máls mun ég greiða atkv. gegn gr. 9. 1 eins og hún nú er.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti: Ég á sæti í heilbr.- og trn. þessarar d. og stend því að till. meiri hl. n. ásamt þeim tveimur meðnm. mínum sem hér hafa talað svo og öðrum nm. Ég vek athygli á því að n. í heild stendur að þessum brtt. sem prentaðar eru á þskj. 431.

Það hefur verið nokkuð um það talað að aðallega karlmenn hafi fjallað um þetta mál á undirbúningsstigum þess og þar sem segja má að ég hafi nokkra sérstöðu í þessari þn. vegna þess að ég er sú eina af nm. sem hef staðið í því sjálf að ganga með og fæða börn þá sé ég ástæðu til þess að greina nokkru nánar frá mínum viðhorfum til þessara mála en beinlínis kemur fram í nál. okkar.

Ég vil þá fyrst nefna það, að ég tel að það málefni, sem frv. um fóstureyðingar fjallar um, sé ekki sérmál kvenna. Við erum að fjalla um málefni barna, málefni foreldra, málefni sem varðar allt þjóðfélagið. Það hafa miklar umr., sem hafa verið mjög tilfinningabundnar, farið fram í landi okkar og raunar fleiri löndum mánuðum saman og árum saman um þetta mál. Ég tel að um þetta mál hafi verið fjallað á þann hátt að mönnum hafi hætt til að segja mörg ótímabær orð og mörg vanhugsuð orð.

Í fyrsta lagi tel ég að það sé grundvallarmisskilningur að við séum að fjalla um kvenréttindamál. Ég tel mig vera kvenréttindakonu í þess orðs fyllstu merkingu og þá á ég við að ég vil reyna að vinna að því að jafnrétti karla og kvenna sé sem mest í þjóðfélaginu. Ég held að þegar því er haldið fram að það sé sjálfsagður réttur konu að mega eyða því lífi sem hún ber undir belti eða eins og það er orðað stundum: ráða því sjálf hvort hún gengur með, fæðir og elur upp það barn sem hún á von á, þá séum við að tala um kvenréttindamál á villigötum. Mér er ómögulegt að líta á það sem sjálfsagðan rétt einnar manneskju að eyða lífi og allra síst þegar um það líf er að ræða sem á fyrir höndum að verða að manneskju, líf sem er algerlega komið undir því að það fái næringu úr líkama þeirrar móður sem tekur þessa ákvörðun. Ég held því að hin mjög svo útbreiddi talsmáti, sjálfsákvörðunarréttur konu til fóstureyðingar, feli í sér margar mótsagnir. Í fyrsta lagi er hægt að tala þarna um ákvörðunarrétt, ef menn líta svo á að um eitthvert réttindamál sé að ræða, en ekki sjálfsákvörðunarrétt. Það er eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, ekki konan ein sem á í hlut. Hún á ekki ein hlut að máli, það er faðir barnsins eða þungans skulum við segja og það er það líf sem kviknað er innra með henni og hún verður að taka ákvörðun um ef hún á að ráða því sjálf og ein hvort það fær að þróast áfram eða ekki. Mér finnst því rangt að tala um í þessu sambandi sjálfsákvörðun konunnar. Hins vegar finnst mér rétt að tala um sjálfsákvörðun konunnar á fyrra stigi. Það varð sannarlega gjörbreyting á sjálfsákvörðunarrétti kvenna þegar sú merka læknisfræðilega uppgötvun var gerð sem leiddi til þess að notkun pillunnar svonefndu varð útbreidd. Nú á dögum eiga konur að hafa sjálfsákvörðunarrétt um það hvort barn er getið eða ekki, og það er það sem skiptir máli. Og það er ekki aðeins það að konur eigi að hafa sjálfsákvörðunarrétt um það hvort barn er getið, það er sjálfsagt, — karlmaðurinn þarf líka að virða þennan rétt hennar og barna liggur hætta í því að tala um að það sé réttindamál fyrir konu að fóstureyðingar verði lögleiddar frjálsar. Ég leyfi mér að nota orðalagið frjálsar því að ég lít svo á að það sé raunverulega það sem yrði staðreynd ef að lögum yrði sú hugmynd sem hv. þm. Magnús Kjartansson talaði um áðan og var í fyrra stjórnarfrumvarpi um þetta mál, 9. gr. þess.

Í því sambandi tala menn — og m. a. sá hv. þm. — af mikilli vandlætingu um það viðhorf sem felst í ótta manna um það að frjáls fóstureyðing eða réttur til frjálsrar fóstureyðingar gæti leitt til þess að menn notuðu síður getnaðarvarnir, eða öllu heldur eins og hv. þm. sagði, að konur hættu að nota getnaðarvarnir. Þetta hafa menn bæði hér á þingi og utan þess túlkað fyrst og fremst sem vantraust á konum. Ég spyr: En karlmönnum? Er það aðeins konan ein sem á að sjá um getnaðarvarnir? Gera menn sér ljóst að það er margt fólk sem er svo ástatt um að það nýtur aldrei þeirrar hamingju að lifa kynlífi annaðhvort í varanlegu ástarsambandi eða hjónabandi? Það er á þessu sviði lífsins háð ýmiss konar skyndikynnum.

Ég veit ekki hvort menn gera sér ljóst, hversu umkomulaus kona getur verið undir svona kringumstæðum. Ég veit ekki heldur hvort menn gera sér ljóst eða hafa hugsað út í að ef í lögum landsins væri heimilt án nokkurra vafninga — eða ég get ekki kallað það neina vafninga — að fá fóstri eytt þrátt fyrir fortölur og leiðbeiningar annarra, að einungis slík löggjöf mundi svipta konu vissri réttarvernd sem hún hefur í dag og ég tel að löggjöfin eigi að veita henni. Það er ekki aðeins á þessu augnabliki — nú er ég að tala um það augnablik sem máli skiptir og sjaldan er kannske talað um í þessum umr., þ. e. a. s. þegar barnið er getið — það er líka síðar. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa lifað þá aðstöðu að sitja andspænis þungaðri konu sem útlistar fyrir manni að hún hafi tilkynnt barnsföður sínum að hún væri þunguð. Henni bregður að vísu í fyrstu, hún reynir að átta sig á staðreyndum málsins og ákveður að það sé ekkert víst að hún hafi síðar í lífinu möguleika á að eignast barn. Hún tekur þá ákvörðun að hún skuli ganga með þetta barn og fæða það, fer og segir

barnsföður sínum hvernig ástatt er, og maðurinn segir við hana: Nú, ef þú ert ófrísk, þá skal ég kosta fyrir þig ferð til útlanda og þú lætur eyða þessu fóstri og minnist ekki á þetta við nokkurn mann. Ef þú gerir það ekki þá skaltu fá að standa í því að fara í mál til að feðra barn þitt, því að ég neita að gangast við þessum þunga og þú hefur engar sannanir. — Ég leyfi mér að nefna dæmi af þessu tagi vegna þess að sjálf hef ég verið í þeirri aðstöðu að tala við konur sem svona er ástatt um þó nokkrum sinnum. Ég starfaði nefnilega um 8 ára skeið við stofnun sem hafði mikið með málefni mæðra í vanda — skulum við segja — eða væntanlegra mæðra að gera, og ég verð að játa að af kynnum mínum af þeim vandamálum, sem ég varð vör við þá, hefur afstaða mín í dag mjög mótast.

Nú kann að vera að einhverjum konum, sem eru bæði svo vel að sér og á allan hátt viljasterkar, segi sem svo: Ja, við erum alveg færar um að ákveða sjálfar hvort við látum eyða því fóstri sem við göngum með eða ekki, — að þeim finnist þessi afstaða móðgandi. En ég leyfi mér að segja að þær, sem svo stendur á um, ættu síst að þurfa á vernd þessarar löggjafar að halda. Ég lít svo á að þessi löggjöf eigi að vernda lítilmagnann. Og það er alveg sama hvað við vefjum þetta mál í miklar silkiumbúðir, við komumst ekki hjá því að viðurkenna að það er fjöldi kvenna sem ekki bara núna, heldur áratugum saman og væntanlega öldum saman hafa átt í vanda af þeim sökum — kannske m. a. og ekki síst vegna þess að karlmaðurinn hefur ekki virt sjálfsákvörðunarrétt konunnar. Halda menn að það muni fremur verða til þess að karlmaður virði sjálfsákvörðunarrétt konu að svipta hana þeirri réttarvernd sem felst í því að löggjöfin segi tvímælalaust að fóstureyðing sé ekki heimil hvenær sem er, jafnvel ekki hvenær sem er á fyrstu 12 vikum meðgöngutímans.

Þessi sjónarmið vil ég hér láta koma fram til að leggja áherslu á það að hér er ekki um kvenréttindamál að ræða. Það er ekki réttarbót fyrir konu að lögleiða það að hún geti gengið hvenær sem er — ja, við skulum ekki gleyma því að nefna alltaf þessar fyrstu 12 vikur meðgöngutímans — fengið fóstureyðingu þrátt fyrir leiðbeiningar sem henni standa til boða eða væntanlega standa til boða af þjóðfélagsins hálfu.

Með þessu er ég ekki að segja að konur mundu að sjálfsögðu fara og biðja um fóstureyðingu. Ég legg enn áherslu á að það er ótrúleg sálarangist sem konur geta staðið í í aðstöðu eins og ég nefndi hér áðan. Ef kona veit að löggjöfin heimilar henni að láta að þessari kröfu barnsföður, eins og ég lýsti hér áðan, sem sagði: „Láttu eyða þínu fóstri, annars skalt þú þurfa að fara í hart til þess að feðra barnið, — þá kann vel að vera að þessi kona lendi í þeirri aðstöðu að geta ekki dregið þau rök sem mundu vera nægjanleg fyrir dómi til að feðra þetta barn. Slík hótun er eitt það alvarlegasta sem barnshafandi kona getur staðið andspænis ef um er að ræða einstæða móður sem gerir sér ljóst að fæðing barnsins og uppeldi þess kemur til með að hvíla á hennar herðum og hún vill svo sannarlega fá að stuðla að því að barn hennar fái að njóta þess sjálfsagða réttar sem er að eiga föður.

Nú vil ég víkja að öðru atriði sem oft er nefnt þegar menn færa rök fyrir því að fóstureyðing eigi að vera frjáls. Fjöldinn allur — ég segi fjöldinn allur miðað við það hve mörg bréf hafa borist okkur þm. í seinni tíð sem mæla með því að fóstureyðing verði gefin frjáls — fjöldinn allur af a. m. k. þessum bréfriturum heldur því fram að hér sé um mál að ræða sem konan ein beri alla ábyrgð á. Konan, segja margir, á að hafa rétt til þess að ákveða að láta eyða þessu fóstri vegna þess að það er hvort sem er hún ein sem ber alla ábyrgð á þunganum, fæðingu barnsins, uppeldi þess og umönnun. Ég spyr: Hvar hefur þetta fólk verið á undanförnum mörgum áratugum? Ég veit ekki betur, hvort sem við köllum okkur kvenréttindakonur eða jafnréttindafólk eða hvað við eigum að kalla það, en við viljum þó öll væntanlega viðurkenna að það er ekki bara konan sem ber ábyrgð á uppeldi barnsins. Það kann að vera að einhverjir barnsfeður, sem ekki vilja gangast við börnum sínum, vilji líta svo á og yrðu þeirri stundu fegnastir að það yrði kveðið á um það í löggjöf með einhverjum hætti að konan ein beri ábyrgð á þessu. Barátta okkar í áratugi og margar, margar réttarbætur í löggjöfinni hafa byggst á því að það eru báðir foreldrar, sem bera ábyrgð á uppeldi barnsins. Því miður höfum við ekki náð nægilega langt á þessu sviði. Hvað t. d. um meðlagsskyldu feðra? Er það ekki viðurkenning löggjafarinnar á því að þeir eigi að bera ábyrgð á uppeldi barnsins? Mér er mætavel ljóst að það ákvæði nær allt of skammt. En við erum ekki aðeins að tala um börn utan hjónabands. Hvað um öll hjónabandsbörnin eða öll börnin sem fæðast í sambúð foreldra sinna og alast upp hjá báðum foreldrum. Ég veit ekki betur en bæði karlmaðurinn og konan beri ábyrgð á uppeldi þessara barna. Mér finnst það uppgjöf að segja árið 1975: Konan ein ber ábyrgð á uppeldi barns. Mér finnst það fráleitt.

Hv. þm. Magnús Kjartansson átti varla nógu sterk orð til að lýsa því hve undarlega og hrokafull siðgæðisviðhorf fælust í afstöðu þess fólks sem óttaðist að fóstureyðingarlöggjöf drægi úr getnaðarvörnum. Síðar í ræðu sinni sagði hv. sami þm. um lækna — þá var hann að tala um lækna sem höfðu önnur sjónarmið en hann sjálfur, hv. þm.: Ekki mótast sjónarmið þeirra af siðgæði og mannúð, læknanna, heldur óska þeir eftir valdi yfir öðru fólki o. s. frv. — Ég leyfi mér að mótmæla þessum ummælum algerlega. Vitanlega eru sjónarmið lækna mismunandi eins og annars fólks. Við höfum ekki vald til þess, hvorki biskup, eins og hv. þm. sagði, að ákveða um viðhorf annars fólks né heldur hv. þm. Magnús Kjartansson að kveða á um það af hvaða siðgæðisrótum viðhorf manna eru runnin.

Ég geri mér vel ljóst að hin mismunandi sjónarmið í þessu máli — þau a. m. k. sem ég veit um — miðast við að ná sem mestum framförum á þessu sviði. Mér dettur ekki í hug annað en að trúa því að þeim, sem óska eftir því að löggjöfin gefi fóstureyðingar frjálsar, gangi gott eitt til. Það fólk trúir því einfaldlega að í þessu felist engin hætta og það er alltaf látið fylgja

með: Fóstureyðing er náttúrlega neyðarúrræði. Það er rétt og þess vegna skulum við hafa löggjöfina þannig að það sjáist á löggjöfinni að hún sé neyðarúrræði.

Þetta fólk segir líka: Að sjálfsögðu er það skilyrði fyrir því að frjálsar fóstureyðingar séu í lög leiddar að mönnum standi til boða mjög góð og mikil upplýsingaþjónusta um ýmiss konar aðstoð, félagslega og annars konar, auk almennrar aukinnar kynlífsfræðslu. Í landinu eru starfandi, ég held 13 eða 14 félagsráðgjafar. Þetta upplýsingastarf um félagslega aðstoð á að mestu að vera í þeirra höndum, og löggjöfin gerir ráð fyrir að ef frjáls fóstureyðing yrði lögleidd yrði að koma á mjög miklu fræðslukerfi. Það upplýsingakerfi væri að mínu viti mjög til bóta hvort sem við lögleiðum frjálsa fóstureyðingu eða ekki. En við skulum bara horfast í augu við þá staðreynd að þetta kerfi kemst ekki upp á næstu árum. Við höfum einfaldlega ekki fólk til að sinna því, og þegar af þeirri ástæðu kemur ekki til greina að hafa heimildina jafnopna og gert var ráð fyrir í fyrra stjórnarfrv. og alltaf var sagt að byggðist á þeirri forsendu að þessi upplýsingaþjónusta væri fyrir hendi. Það er því ljóst að af praktískum ástæðum væri ekki hægt að lögleiða það fyrirkomulag.

Hv. þm. Magnús Kjartansson lagði mikla áherslu á það viðhorf sitt að með því að lögleiða frjálsar fóstureyðingar væri verið að viðurkenna að konan yrði að standa ein að þessari ákvörðun, það yrði að gera henni ljóst að hún bæri ein afleiðingarnar, hún hefði við engan að sakast ef fóstri hennar væri eytt gæti engum um kennt nema sjálfri sér, eins og hv. þm. sagði. Ég verð að segja að þetta finnst mér harkalegt viðhorf. Ég skil rök hv. þm. fyrir þessu viðhorfi og fljótt á litið gæti þetta virst rökrétt. En sé nú svo sem hv. þm. segir og ég hef ekki ástæðu til að bera brigður á að hann líti svo á að kona sem æskir fóstureyðingar sé í algerri neyð, annaðhvort andlega eða af öðrum ástæðum, þá er henni þörf á því að hafa einhvern til að taka þessa ákvörðun með sér. (**Gripið fram í:** það er líka gert ráð fyrir því.) Það er gert ráð fyrir því í frv. sem við erum með. Í till. hv. þm. er gert ráð fyrir því að hún geti rætt um þessi mál, þ. e. a. s. að hún eigi kost á leiðbeiningum og upplýsingum úr þessu upplýsingakerfi sem við höfum ekki möguleika á að koma á á næstunni. — Læknir getur beitt fortölum eða félagsráðgjafi eða þeir sem við segjum að hún geti fengið viðtöl hjá. Viðkomandi embættismaður veit að hvað sem hann segir, þá hefði konan samkv. till. hv. þm. nákvæmlega sömu heimild til að ganga inn á spítala og biðja um að fóstrinu væri eytt, og ég sé ekki annað en það geti verið viðhorf sem a. m. k. orkar mjög tvímælis um hvort sé mannúðlegt.

Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því að kona — eða konur skulum við segja sem eru barnshafandi, þær eru ákaflega misjafnar eins og annað fólk og það er afskaplega einstaklingsbundið hvaða áhrif vitneskjan um þungun hefur á konuna. Margar konur — það kannast vafalaust flestir þingmenn við — þær einfaldlega eru þannig gerðar að þær eru ekki í sínu eðlilega formi, ef svo má segja, þegar þær vita að þær eru þungaðar. Fyrir margar kostar þetta alveg nýtt mat á ýmsum viðhorfum til daglegs lífs. Þetta getur verið geysilega mikil breyting á lífi einnar konu og haft í för með sér mörg ný viðhorf sem koma í einni bendu inn í líf konunnar af þessu tilefni. Við það bætist að margar konur eru meira og minna lasburða fyrstu vikur meðgöngutímans og niðurdregnar af þeim sökum. Hlutur, sem manni finnst ósköp auðvelt að framkvæma þegar maður ekki á von á neinu barni, getur orðið að feikilegum erfiðleika á fyrstu vikum meðgöngutímans. Þetta kannast afskaplega margar konur við þó að margar séu svo heppnar að losna við þessa erfiðleika. En þetta er atriði sem gerir það að verkum að það getur valdið verulegri hættu á því að kona gefist upp fyrir þeim erfiðleikum sem það getur haft í för með sér að ganga með, fæða barn og ala það upp. En hún fer þá líka á mis við þá hamingju sem þessu fylgir. — Ég held að þessi atriði, sem ég hef talið upp hér, sýni mönnum fram á að það er ekki rétt að tala um það að löggjöf um frjálsa fóstureyðingu feli í sér réttarbót fyrir konur.

Ég hafði, herra forseti, hugsað mér satt að segja að ræða miklu fleiri atriði, en mér er ljóst að tímans vegna verður að gera hlé á fundinum og ég áskil mér þá rétt til að taka til máls síðar í umr. En áður en ég lýk máli mínu um þetta eina atriði, sem ég hef fjallað um, vil ég leggja á það áherslu að frv., sem hér er til umr., með þeim brtt. sem meiri hl. n. hefur lagt til, ef þær verða samþ., mun fela í sér verulega rýmkun frá núgildandi löggjöf. Það má raunar segja að frv. feli í sér bókstaflega alla þá rýmkun á löggjöfinni sem hægt er að hugsa sér án þess þó að gefa heimild til fóstureyðingar algerlega frjálsa. Ég held að við höfum gengið eins langt í frjálsræðisátt og fært er miðað við ríkjandi aðstæður. Ég held líka að við séum með frv. og okkar brtt. að lögfesta þá framkvæmd sem nú er á þessum málum hér á landi, — þá framkvæmd sem nú tíðkast á eldri löggjöfinni. En eldri löggjöfin er þannig að hún hefur fólgna í sér vissa hættu á mistökum í framkvæmdinni, og við gerum nokkrar brtt. sem ég tel mjög veigamiklar í þá átt að forðast mistök.

Ég vil aðeins að lokum vekja athygli á einmitt þessum brtt. sem ég held að verði til þess annars vegar að ganga enn lengra í þá átt að auka ákvörðunarvald konunnar og líka lengra í þá átt að flýta möguleikanum á framkvæmd og í þriðja lagi — og það er mikilvægast að mínu mati — að við reynum í löggjöfinni að slá varnagla við því að það verði neitað að framkvæma fóstureyðingu sem konan hefur heimild til að fá. Við gerum till. um það að heilbrigðisstjórnin sjái til þess að á sjúkrahúsum ríkisins verði hægt að framkvæma þessa aðgerð. Við viljum forða því að fyrir geti komið þau hryllilegu mistök að kona, sem e. t. v. er komin á skurðarborð, sé send heim aftur, hafi hún í höndunum fyllilega löglega heimild til fóstureyðingar. Komi það fyrir að sjúkrahús neiti konum um aðgerð, þá gerum við till. sem eykur rétt konunnar frá því sem er í frv. sem var lagt fram í vetur til þess að hraða framkvæmdum. Hún getur sjálf og umsvifalaust snúið sér beint til nefndar sem leggur úrskurð á málið innan einnar viku. Við gerum einnig frekari brtt. að því er varðar þetta atriði

til að tryggja að ýmiss konar atvik verði ekki til þess að tefja þetta mál. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hv. þm. að hann hefur að sjálfsögðu kost á því að halda ræðu sinni áfram þegar málið verður aftur tekið á dagskrá, en nú ber nauðsyn til að fundi ljúki.)

Herra forseti. Ég er kannske sjálf í þessum stól ekki allt of umburðarlynd við ræðumenn stundum, en mig langar til þess — með leyfi hæstv. forseta — að fá að lesa aðeins eitt bréf sem varðar þetta mál. Þá langar mig að koma aftur að því sem skýrði þann ótta, sem ég og fleiri bera í brjósti, við að gefa heimild til fóstureyðingar algerlega frjálsa sem ég tel að sé samkv. till. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar t. d. Það, sem bæði ég og fleiri hafa fært fram gegn því, var, eins og ég sagði áðan, viss ótti við að notkun getnaðarvarna minnkaði. Menn telja þetta hneykslanlegt viðhorf og segja að þarna sé ekkert samband á milli. En til að sýna fram á, að þessi ótti hefur við rök að styðjast, vil ég leyfa mér að lesa upp bréf sem sent var til þm. frá þeirri virðulegu stofnun Stúdentaráði Háskóla Íslands. Það hljóðar svo:

„Níundi fundur Stúdentaráðs Háskóla Íslands, haldinn þann 23. febr. 1975, lýsir yfir andstöðu sinni við þær breyt. sem orðið hafa á frv. til laga um kynferðisfræðslu og fóstureyðingar.“ — Svo segir, með leyfi hæstv. forseta: „Það er skýlaus réttur hverrar konu að eiga kost á fóstureyðingu meðan ekki er völ á ókeypis fullkomnum getnaðarvörnum sem eru án aukaverkana.“

Herra forseti. Ég þarf ekki að lesa lengra í þessu bréfi. Aðeins þessi orð sýna það viðhorf karlmanna sem ég óttast að geti orðið of ríkjandi hjá sumum hverjum a. m. k. ef við lögleiðum frjálsar fóstureyðingar.

Umr. frestað.

Neðri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 16. apríl, kl. 9 síðdegis.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 233, n. 428, 430, 429, 431). — Frh. 2. umr.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Svo sem frægt er orðið skipaði hæstv. heilbrmrh. n. þriggja karlmanna til þess að endurskoða frv. það sem hér er til umræðu áður en það yrði lagt fyrir Alþ. að nýju. Skömmu eftir að n. þessi hafði skilað af sér verki, hlustaði ég á útvarpsviðtal við einn nm., hv. 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram. Hann tók fram í þessu viðtali að þau vinnubrögð að fela þm. að endurskoða frv. væru til fyrirmyndar því að það væri allt of algengt að litið væri á Alþ. sem afgreiðslustofnun og hið raunverulega vald þannig falið embættismönnum sem semdu frv. Réttur þm. til sjálfsagðra áhrifa og ákvörðunar væri með því móti skertur á ósæmilegan hátt. Þm. vill að sjálfsögðu ekki una því að þurfa að bera ábyrgð á málum sem eru raunverulega ákveðin af embættismannavaldinu.

Við þessar aðstæður og með þetta í huga lét þessi þm. sér sæma að fella burt ákvæðið um ákvörðunarrétt kvenna í máli þar sem ábyrgðin hvílir endanlega á henni sjálfri og lagði þannig þennan rétt hennar í hendur embættismannavaldsins. Í grg. frá stjórn Læknafélags Íslands, sem öllum alþm. hefur borist og birt hefur verið í öllum fjölmiðlum, er að finna svofellda niðurlagsklausu, með leyfi hæstv. forseta:

„Breyti Alþingi frv. og samþykki að heimila fóstureyðingar að ósk konu, sbr. gr. 9.1 í upphaflega frv., leggur stjórn L. Í. til að inn í frv. verði fellt ákvæði þess efnis að læknum og öðrum heilbrigðisstéttum verði heimilt að taka við stöðum á sjúkrahúsum með þeim fyrirvara að þurfa ekki að framkvæma eða vinna við framkvæmd fóstureyðingar.“

Svipuð krafa hefur komið frá nokkrum hjúkrunarkonum.

Í þessari grg. er stjórn Læknafélagsins að fara fram á að sjálfsákvörðunarréttur læknа og hjúkrunarfólks verði virtur, í grg. sem er samin í því skyni að reyna að aftra því að konur fái sjálfsákvörðunarrétt í mjög viðkvæmu og persónubundnu máli eða eins og stendur orðrétt í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn L. Í. telur að það sé hvorki mögulegt né réttmætt af konunni að krefjast slíks réttar.“

Í báðum þessum dæmum, sem ég hef hér tekið, er krafan um sjálfsákvörðunarrétt byggð á siðferðilegum forsendum. Alþm. byggir ekki kröfu sína um sjálfsákvörðunarrétt á þeirri forsendu að hann búi yfir meiri sérþekkingu en embættismaðurinn. Læknirinn reisir ekki kröfu sína um sjálfsákvörðunarrétt á því að hann skorti þekkingu til að framkvæma fóstureyðingu. M. ö. o.: krafa þessara aðila er reist á nákvæmlega sömu forsendum og krafa þeirra sem berjast fyrir sjálfsákvörðunarrétti kvenna og rétti til sjálfræðis og ábyrgðar á eigin gerðum. Í framhaldi af þessu væri eðlilegt að spyrja: Er þá siðferðilegur réttur þm. til ákvörðunartektar æðri en siðferðilegur réttur konu til hins sama? Er siðferðilegur réttur læknis háleitari en siðferðilegur réttur konu?

Nú kynnu andstæðingar mínir í þessu máli að segja að þetta væri ekki sambærilegt því að sjálfsákvörðunarréttur konu í þessu máli væri svo nátengdur rétti fósturs til lífs að ég hefði í þessu dæmi minu gleymt sjálfu lífinu. Krafa hinna væri æðri því að þeir bæru lotningu fyrir lífinu. Þessi málflutningur, sem við höfum heyrt æðimikið af að undanförnu og ekki síst af hálfu forsvarsmanna kirkjunnar, felur það raunar í sér að endanlegur ákvörðunarréttur konu í þessu máli hljóti óhjákvæmilega að vera tengdur dauðanum eða eyðingu lífs eins og það er kallað. Hér erum við að minu áliti komin að kjarna málsins.

Ég tók það fram í ræðu í fyrra þegar frv. um fóstureyðingar var þá lagt fram að mér væri óskiljanlegt hvers vegna frv. gæfi sumu fólki tilefni til rökræðna og bollalegginga einmitt nú um það hvenær líf kviknar og hvers vegna það legðist gegn 1. tölul. 9. gr. frv. á þeim forsend-

um að það væri á móti eyðingu lífs. Ef við værum að setja löggjöf í fyrsta sinn um fóstureyðingar hefði mér fundist þetta skiljanlegt, en við höfum í 40 ár búið við fóstureyðingarlöggjöf sem heimilar fóstureyðingar við vissar aðstæður, og öllum hefur fundist þetta sjálfsagt.

Í þessu nýja frv., sem hér liggur fyrir, er lagt til að fóstureyðing verði heimiluð af félagslegum ástæðum einum saman og er það nýmæli frá gildandi löggjöf. Ekki hafa mótbárur heyrst varðandi þetta nýmæli nema þá fyrst í dag í máli eins þm. Það er ekki fyrr en kemur að ákvörðunarréttinum sem deilurnar rísa. Þegar krafist er sjálfsákvörðunarréttar vanfærrar konu, þá er hrópað hátt um líf og synd og glæp. En þegar ákvörðunarrétturinn er færður í hendur embættismanna þagna þessar raddir. Þá er ekki lengur talað um synd og glæp. Þá hefur verknaðurinn hlotið opinbera blessun, og embættismannavaldið er hinn syndlausi endurlausnari. Hvað veldur þessu? Hvað veldur því að fólk sem veit betur, sem veit að við höfum leyft fóstureyðingar í 40 ár við viss skilyrði, fólk sem er reiðubúið að fallast á enn rýmri löggjöf en þá sem nú er í gildi, fellur í slíka gryfju rökleysis og mótsagna sem umsagnir biskups, nefnda og stjórnar Læknafélags Íslands eru gleggst dæmi um, þegar það eitt bætist við að endanlegt úrslitavald skuli vera í höndum konunnar sjálfrar? Í ljósi þeirra umr., sem orðið hafa af hálfu þessara manna, er nauðsynlegt að reyna að brjóta þetta mál til mergjar, líka vegna þess að meiri hl. heilbr.- og trn. hefur tekið tillit til þessara radda. Ef ekki er unnt að finna svar á grundvelli skynseminnar einnar saman verður að leita á önnur mið.

Það hefur verið sagt að hér sé um tilfinningamál að ræða og vissulega er það satt. En tilfinningar eiga sér forsendur og fordómar eiga sér rætur. Og nú geri ég ágreining við hv. síðasta ræðumann, Ragnhildi Helgadóttur, sem sagði að þetta mál væri ekki kvenréttindamál. Dæmið, sem hún tók um barnsföðurinn sem væri í þeirri aðstöðu að geta hafnað barnsmóður sinni og væntanlegu barni, sýndi best í hve mismunandi aðstæðum móðir og faðir eru. Ég lít á þetta sem kvenfrelsismál og mun ég reyna að rökstyðja það.

Sé litið í menningarsögulegar heimildir kemur í ljós að frá upphafi hafa kenningar manna um líf verið svo samofnar neikvæðu viðhorfi til kvenna að þar verður ekki greint á milli. Hér verð ég auðvitað að stikla á stóru. Tveir menningarstraumar hafa gegnsýrt norræna menningu: hinn gyðinglegi og hinn grískí. Enn í dag byrjar trúaður gyðingur af karlkyni dag hvern með eftirfarandi bæn, með leyfi hæstv. forseta:

„Lofaður sé drottinn fyrir það að hann skapaði mig ekki konu.“

Og hann hafði vissulega ástæðu til að lofa guð fyrir það þegar litið er á hlutskipti konunnar í hinu trúarlega samfélagi gyðinga. Hlutskipti hennar þar eins og líka hjá grikkjum var fyrst og fremst að ala börn til viðhalds ættstofni mannsins. Manngildi hennar sem einstaklings var ekkert. Hún var óhrein, mátti ekki koma nálægt trúariðkunum og jafnvel barnsburðurinn sjálfur réttlætti ekki tilveru hennar að öllu leyti því að hún bar í sér erfðasyndir. Eftir að hafa fætt sveinbarn var hún talin óhrein í viku á eftir. Hefði dóttir fæðst var hún talin óhrein í helmingi lengri tíma. Samkv. Móselögum átti eiginmaðurinn rétt til að afneita konu sinni ef hún ól honum engin börn og sænga þá hjá ambáttinni. Þyki einhverjum heldur langt seilst aftur í tímann, skal bent á að Marteinn Lúther tók þessa sömu kenningu upp mörgum öldum síðar og kenndi áhangendum sínum að væri eiginkonan þeim ekki nægilega auðsveip ættu þeir fyllsta rétt á að leita til þjónustustúlkunnar. Því miður hefur mér ekki tekist að hafa upp á því hvort hann átti nokkrar ráðleggingar til handa þjónustustúlkunni ef hún yrði með barni því að þessu atriði eða þessari kenningu Lúthers er ekki mjög á lofti haldið í kirkjum landsins.

Hjá grikkjum og rómverjum síðar voru konur algerlega réttlausar sem félagsverur og voru settar á bekk með þrælum. Réttur þeirra til almennra lífsréttinda, sjálfræðis, bjargforræðis o. s. frv. var skertur á þeim forsendum að þær skorti vissa mannlega eiginleika. Bæn Platons var ekki ósvipuð bæn gyðingsins. Platon þakkaði guðunum fyrir tvennt: Í fyrsta lagi fyrir að hann hefði fæðst frjáls maður, en ekki þræll, í öðru lagi fyrir að hann hefði fæðst karlmaður, en ekki kona.

Hér eru komnir tveir meginþræðir í viðhorfi til kvenna sem ég vil vekja sérstaka athygli á: Annars vegar sú hugmynd að konan sé óhrein, guði vanþóknanleg og ill í eðli sínu. Hins vegar sú hugmynd að konuna skorti frá fæðingu vitsmuni og hæfileika sem karlmenn væru í eðli sínu gæddir. Ég bendi á þessar staðreyndir vegna þess að kirkjan tók nefnilega báðar þessar kenningar upp á arma sína og lét það ekki aftra sér þótt þær gengju í berhöggi við skýlausar manngildishugsjónir Krists sem að þessu leyti gerði ekki greinarmun á karli og konu. En vegna þessara hugmynda kirkjunnar um konuna komst kirkjan í hinar mestu ógöngur þegar hún glímdi við tvö vandamál sem hún var upptekin af nær allar miðaldir: Spurninguna um upphaf lífs og sál mannsins. Gat það virkilega verið að guð hefði gætt konuna sál, þessa ófullkomnu mannveru. Þetta atriði var oftast ákveðið með handaupprettingu á kirkjuþingum þar sem karlmenn sátu einir. Það er nánast hliðstæða við það sem hér á eftir að gerast, líklega á morgun.

Kirkjuþing í Frakklandi á miðöldum gæddi konuna sál með eins atkv. mun. Á ráðstefnunni í Wittenberg gerðu mótmælendur heiðarlega tilraun til að sanna að konur væru ekki mannlegar verur. Það var kirkjan sem kom fyrst fram með þá kenningu að fóstur væri gætt sál. En jafnvel hér markaði viðhorfið til kvenna sín spor. Tómas frá Aquino, einn mesti lærifaðir kirkjunnar, kenndi að karlkynsfóstur öðlaðist sál eftir um það bil 40 daga í móðurkviði, en kvenkynsfóstur ekki fyrr en eftir 80 daga. Um leið og kirkjan var búin að ákveða það að fóstrið hefði sál, var fóstureyðing þar með orðin synd og glæpur og þaðan var skammt í ríkisforsjá og refsirétt. Að vísu var refsingin mismunandi ströng. Jafnvel heilagur Ágústínus kenndi að glæpur fátækrar konu, sem deyddi barn sitt vegna

þess að hún gæti ekki séð því farborða, væri minni en glæpur þeirrar konu sem eyddi fóstri eingöngu til þess að dylja syndugt líferni.

Hér virðist mér komin hliðstæða við þær umr. sem átt hafa sér stað á Íslandi á allra síðustu tímum. Menn geta fallist á fóstureyðingu vegna t. d. fátæktar eða annars álíka undir forsjá ríkis og lærðra manna. En menn óttast að sé endanlegt ákvörðunarvald fært konunni sjálfri í hendur, þá muni gerast annað hvort: Að hið synduga eðli hennar nái yfirhöndinni, konur muni sækjast eftir fóstureyðingu af léttúð, hætta að nota getnaðarvarnir og lausung eflast í landinu — og ef ekki þetta, þá af hvötum sem stafa af hinni kenningunni um konuna, að hana skorti þroska, þrek, dómgreind og siðgæðisvitund og því sé þessi örlagaríka ákvörðun best komin í höndum karlmanna. Ég segi: karlmanna, því að þeir þrír karlmenn, sem voru í endurskoðunarnefndinni frægu, virðast ekki hafa gert ráð fyrir öðru. Í hið breytta frv. vantar nefnilega alveg ákvæði um hvernig með skuli fara ef kona, sem er læknir eða félagsráðgjafi, óskar eftir fóstureyðingu. Er hún talin fær um að dæma í eigin máli í krafti sérþekkingar sinnar eða koðnar lærdómur hennar og dómgreind niður í ekki neitt þegar hún er orðin vanfær kona?

Ég held að ekki fari milli mála að það, sem ég hef rakið, skýri hvers vegna öll skynsemi fer lönd og leið þegar á að ganga út frá því sem gefnu að kona hafi til að bera siðgæðisþroska og ábyrgðarkennd og hvers vegna einmitt henni virðist allra manna síst treystandi til að bera fyrir brjósti hagsmuni þess lífs, sem hún ber undir belti, eða taka ákvörðun sem hún telur að sé því fyrir bestu eða öðrum þeim mannslífum sem hún ber ábyrgð á. Enda hefur þessara tvenns konar viðhorfa til kvenna gætt hvenær sem þær hafa krafist réttar síns í mannlegu samfélagi, svo sem réttar til makavals, sjálfræðis, fjárforræðis, menntunar, kosningarréttar og kjörgengis. Að vísu hafa menn á allra síðustu öld eða svo sveipað þessa fordóma sína hulu mannúðar sem hefur komið fram í umhyggjutali um konuna sjálfa. Menn hafa þóst vilja veita henni vernd og reynt að telja henni trú um að henni sjálfri væri fyrir bestu að hún hefði engin þessi réttindi, og stundum hafa menn náð allgóðum árangri með slíkum áróðri. Dæmi af þessu tagi sjáum við einmitt í máli kirkjuvalds og ýmissa biskupsnefnda. Þeir telja miskunnarlaust og ómannúðlegt að kona beri ein ábyrgð á gerðum sínum ef hún sér ekki önnur úrræði en að æskja fóstureyðingar og leggja áherslu á að líf kvikni þegar við frjóvgun, en virðast gleyma því að líf er meira en fósturskeiðið. Lífið er lífshlaupið allt, og hér er ég að taka mér í munn ummæli dansks prests sem taldi ósiðlegt að meina konu endanlegs ákvörðunarvalds í fóstureyðingarmálum þegar það mál var til umr. þar í landi.

En hvernig er þessu þá háttað um þá margumtöluðu ábyrgð? Embættismenn, sem taka ákvörðun fyrir konu í þessu máli, bera ekki ábyrgð, en þeir hafa vald. Siðferðilega séð getur enginn öðlast ábyrgð með þeim hætti einum saman að meina öðrum ábyrgðar. Þjóðfélag getur ekki talist fyllilega ábyrgt nema allir þegnar þess séu ábyrgir. En þjóðfélagið getur líka varpað af sér ábyrgð þegar því býður svo við að horfa. Nýlegur hæstaréttardómur sannar, að embættismenn í lykilstöðum líta svo á að ábyrgðin sé hvergi endanleg nema hjá móður og foreldrum. Þetta hefur kirkjan líka kennt og innrætt fólki. Ekki er kirkjan sem stofnun eða stjórn Læknafélags Íslands í fararbroddi þeirra sem berjast fyrir fleiri dagheimilum. Kirkjan hefur ætíð litið svo á að dagheimili væru neyðarúrræði, en varpað ábyrgðinni fyrst og fremst á herðar móður og heimilis. Í áratugi hafa láglaunakonur í mörgum atvinnugreinum barist fyrir fæðingarorlofi til þess að þær gætu alið börn sín við mannsæmandi aðstæður og jafnframt búið við atvinnuöryggi. Ég hef ekki heyrt eitt orð frá kirkjunni til stuðnings þessari kröfu. Allt frumkvæði um félagslegar úrbætur vegna ógiftrar móður og barns hennar hefur komið frá konunum sjálfum, ekki öðrum. Þegar kirkjan sýnir ábyrgð sína í verki í jafnríkum mæli og konur hafa gert, þá er hugsanlegt að ég geti farið að trúa því að hver einstakur þeirra, sem hér á hlut að máli og hæst hafa talað, hafi til að bera jafnríka ábyrgðarkennd og hver einstök kona.

Það eru allir sammála um að fóstureyðing sé neyðarúrræði. Það, sem menn greinir á um, er endanlegt ákvörðunarvald. Ég er í hópi þeirra sem telja að konan sjálf sé öðrum færari að taka endanlega ákvörðun í svo persónubundnu og viðkvæmu máli að þeim skilyrðum settum sem fram kom í brtt. hv. 3. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar. Ég mun því greiða þeirri till. atkv. mitt. Ég trúi því að kona, sem æskir fóstureyðingar, geri það ekki af léttúð, heldur út úr neyð, og ég trúi því að hún æski þess með það í huga að taka fulla ábyrgð á þeirri ákvörðun sinni og gerðum sínum.

Hæstv. forseti. Ég hef kosið að leggja áherslu á eitt atriði í þessu máli mínu. Ég hlýt þó að taka fram að ég tel frv. í heild til bóta frá því sem nú er kveðið á um í lögum. Verði brtt. hv. 3. þm. Reykv. felld, mun ég greiða atkv. með frv.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Virðulegi forseti. Það líður nú senn að því að fátt verði ósagt um þetta mál, svo lengi sem það er búið að vera á döfinni. Það hefur, að því er sumir segja, farið í heilann á fólki, og maður hefur heyrt hér á Alþ. einstaka þm. tala um frv., sem þeim eru ekki geðfelld, að það beri að eyða þeim í staðinn fyrir að fella þau hvort sem það eru áhrif frá þessu frv. Því var líka hvíslað í eyrað á mér hér einn daginn af einum ágætum landsbyggðarþm. að við skyldum bara láta þetta fóstureyðingarfrv. gilda í Reykjavík, þá úti á landsbyggðinni vantaði fleira fólk. En fjarri sé það mér að hafa þetta mál í flimtingum og gera það að gamanmáli. Þetta er, viðurkennum við öll, vandasamt, viðkvæmt og mannlegt vandamál sem við hljótum öll að taka afstöðu til samkv. vandlegri íhugun og bestu samvisku.

Það er enn sem fyrr viss gr. frv., sú 9., sem er aðalágreiningsefnið, og ég verð að segja það

að ég hef fellt mig illa við það að heyra sífellt talað um að „fóstureyðingu að ósk konu hafi nú verið hafnað“. Að sjálfsögðu vita allir þeir sem nokkuð hafa kynnt sér þetta mál að sú staðhæfing er í sjálfu sér alröng þó að það ákvæði, sem hefst á þessum orðum, hafi verið fellt burt með niðurfellingu 1. hluta 9. gr. Það, sem gerst hefur við endurskoðun fyrra frv., er hins vegar það að ósk konu um fóstureyðingu ein saman án nokkurra læknisfræðilegra eða félagslegra ástæðna er í þessari gerð frv. ekki talin fullnægjandi til að fóstureyðing sé heimil. Þetta orðalag — „að ósk konu hafi nú verið hafnað“ — er því í senn neikvætt og villandi. Að sjálfsögðu er það enn sem fyrr ósk konunnar sjálfrar sem fyrst og fremst ræður því hvort fóstureyðing er framkvæmd eða ekki. Það, sem deilt er um, er það hvort sjálfsákvörðunarréttur konunnar skuli þýða alræðisvald hennar eða hvort hann skuli háður einhverjum skilyrðum og takmörkunum.

Ég tel það alrangt og mistúlkun á frv., eins og það liggur fyrir nú, það sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði rétt áðan, að samkv. því væri konan allra manna síst talin til þess fallin að taka ákvörðun. Ég hef fyrir mitt leyti frá upphafi verið þeirrar skoðunar að fyrir konu, sem stendur frammi fyrir svo alvarlegri ákvörðun sem fóstureyðing er, sé visst aðhald í lögum í margfalt fleiri tilvikum mikilvægur og kærkominn stuðningur fremur en skerðing á framtíðarmöguleikum hennar og lífshamingju. Ég get í því tilliti tekið undir það sem kom fram í umræðunum hér fyrr í dag, m. a. í máli Ragnhildar Helgadóttur, að í því aðhaldi, sem felst í þessu frv., sé fólginn viss réttarvernd konunni til handa. Og ég sé ekki enn hvernig fóstureyðing, án þess að fyrir liggi nein af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í 9. gr. í þremur liðum, geti samrýmst því margyfirlýsta einróma viðhorfi til þessa máls að fóstureyðing sé alltaf neyðarúrræði.

Í 9. gr. frv., eins og það liggur fyrir nú, eru hinar félagslegu aðstæður skilgreindar mun skýrar en í fyrra frv. og ætti það að tryggja að sama skapi betur rétt konunnar til að slíkar ástæður séu teknar til greina. Ég verð um leið að játa að mér finnst síðasti stafliðurinn, þ. e. d-liðurinn í 1. hluta gr., sem tekur til „annarra ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður“ — og þá er átt við allar hinar félagslegu ástæður — mér finnst þetta ákvæði svo teygjanlegt og óljóst að erfitt verði í mörgum tilvikum að meta hvort aðstæðurnar eru sambærilegar eða ekki. Ég tel að þetta ákvæði geti haft í för með sér á viðkvæmu stigi málsins þref og þras sem geti haft óæskileg og tefjandi og um leið afdrifarík áhrif fyrir afgreiðslu málsins. Ég tel að hver lög þurfi að vera eins skýr og ótvíræð og kostur er og því betri eru þau því færri krókar og smugur sem eru í þeim til þess að torvelda framkvæmd þeirra. En það er í sjálfu sér augljóst að þetta ákvæði er þó greinilegt rýmkunarákvæði, en að mínu mati er það í sjálfu sér ónauðsynlegt og mér væri ósárt um þótt það félli út úr frv.

Segja má að ákvæði 11. gr. — þar sem til kemur álit tveggja lækna eða læknis og félagsráðgjafa — þrengi eða geti verkað nokkuð hamlandi á framkvæmd 9. gr. En með tilliti til yfirlýsingar íslenskra lækna um stuðning við frv. eins og það liggur fyrir nú, þ. á m. að sjálfsögðu 9. gr., þá virðist mér ekki ástæða til tortryggni um að ekki verði framfylgt í reynd þeim sjónarmiðum sem þar koma fram. Í því sambandi má einnig vitna til þeirra upplýsinga frá landlækni nýverið að á undanförnum tveimur árum hafi verið synjað aðeins 2% þeirra umsókna um fóstureyðingu sem á þessum tíma bárust nefnd þeirri sem fjallar um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir samkv. núgildandi lögum, sem koma til með að rýmkast stórkostlega með umræddu frv. ef það verður að lögum. Þessi staðreynd virðist mér benda ótvírætt til þess að hafi viðhorf lækna áður verið fullþröngsýn til þessara mála, þá hefur þetta breyst mjög mikið og það áður en gengin er í gildi rýmri löggjöf um fóstureyðingar. Það liggur auk þess fyrir að þessi synjuðu 2%, sem um er að ræða, voru að miklum meiri hluta til komin vegna þess að meðganga fósturs var komin of langt á leið.

Um hinn margumtalaða sjálfsákvörðunarrétt og ábyrgð konunnar, sem verið hefur þungamiðjan í umr. um þessi mál hér sem annars staðar, vil ég segja þetta: Að sjálfsögðu vega þessi atriði þungt á metunum. En það hefur að mínu mati verið furðuhljótt um þá spurningu hvort þessi sami sjálfsákvörðunarréttur og ábyrgð konu komi alls ekki til fyrr en svo langt er komið að hún þarf á fóstureyðingu að halda, hvort hún þyrfti ekki og ætti ekki á fyrra stigi málsins að ráða yfir sínum „eigin kroppi“, eins og það hefur oft verið orðað í umr. um þessi mál, hvort hún hefði ekki fyrr þurft að vera sér meðvitandi um ábyrgð kynlífsins, afleiðingar þess og ávöxt. Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á hlut karlmannsins, sem hingað til hefur sloppið vægast sagt „billega“ hvað ábyrgðina snertir, og um leið dóm almenningsálitsins. Væri sannarlega til athugunar hvort ekki væri hægt með löggjöf að tryggja betur hlut konunnar gegn ábyrgðarleysi mótaðilans í þessum efnum. Ég vil þó jafnframt benda á að hlutur karlmannsins mætti vera meiri en frv. gerir ráð fyrir í þeirri gerð sem við höfum það fyrir okkur nú hvað snertir ákvörðun hans um fóstureyðingu þar sem afkvæmi hans á í hlut.

Það þýðir ekki að flýja undan ábyrgðinni, sagði hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, er hann við 1. umr. þessa frv. af karlmannlegu göfuglyndi talaði fyrir auknu frelsi og ábyrgð konunnar. Sjálfsagt hefur Magnús viljað tala þetta af heilum hug og þeir aðrir með honum sem fylgjandi eru takmarkalausu og skilyrðislausu frelsi til fóstureyðingar og saka hina, sem ekki eru alveg á sömu skoðun, um þröngsýni og tvískinnung. En mér er spurn: Gætir ekki allverulegs tvískinnungs í þeirri afstöðu að eðlilegt sé og réttlætanlegt að láta ábyrgðina lönd og leið þegar stofnað er til fósturlífs, en höfða síðan til hinnar sömu ábyrgðar sem heilagrar skyldu og kröfu konunnar þegar hún á ein að bera ábyrgðina á því að eyða því sama lífi?

Af því að ég er nú að tala um hv. 3. þm. Reykv., þá vil ég um leið minnast á staðhæfingu hans um að fyrri gerð 9. gr. — þar sem var kaflinn sem hófst á orðunum „að ósk konu“ — sá kafli og ákvæðin eins og þau voru samkv. fyrra frv. væru ákaflega langt frá því að vera frjáls, að veita rétt til frjálsra fóstureyðinga, og hann tíndi til einar 3—4 ástæður, m. a. 12 vikna meðgöngutíma og álit og ráðgjöf læknis og sálfræðings með meiru. Mig langar í því sambandi að benda hv. þm. á að nefnd sú, sem undirbjó gamla frv. og samdi með því mjög vel unna og ítarlega grg. upp á 250 síður, sú n. segir í grg. sinni orðrétt, með leyfi forseta:

„Með umræddu ákvæði — að ósk konu — er gengið það lengst sem hægt er við rýmkun löggjafar um fóstureyðingu.“

Þessi nefnd, sem hv. þm. Magnús Kjartansson og fleiri hafa lofsungið mjög og að verðleikum, því að sú nefnd vann starf sitt mjög vel, er greinilega ekki á sama máli og hv. þm. Magnús Kjartansson, og mér verður að spyrja: Hvað meinar hv. þm. með að fyrra frv. hafi verið mjög langt frá því að veita algert frjálsræði? Hvað vill hann meira frjálsræði en þar er gert ráð fyrir? (**MK**: Ég var ekki að segja að ég vildi það.) Í bókinni um frelsið spyr breski höfundurinn og hugsuðurinn John Stuart Mill: Hvar á að setja mörkin? Hver eru réttu hlutföllin milli einstaklingsfrelsins og félagslegs aðhalds? Hvaða reglur eiga að gilda? Mesta spurning mannlífsins er hverjar þessar reglur skuli vera. Það kann sumum að verða að orði að Mill sálugi sé úreltur og gamaldags. Ég hygg þó að þetta sé spurning sem bæði John Stuart Mill og fjöldamargir aðrir hafa fyrr og síðar lagt fram og fæst sennilega aldrei neitt algilt og endanlegt svar við. En öll munum við þó vera sammála um að í siðmenntuðu þjóðfélagi hlýtur einstaklingsfrelsið jafnan og óhjákvæmilega að verða margvíslegri skerðingu og takmörkunum háð. Frjálsar fóstureyðingar og frjálst kynlíf eru þar engar undantekningar.

Löggjafinn hlýtur þó hverju sinni að taka mið af aðstæðum og aldaranda samfélagsins og gæta raunsæis og hófs í kröfuhörku. Þannig væri það vafalaust hvorki gáfulegt né vænlegt til árangurs að sett væru lög um það hvenær unglingar mega byrja að sofa saman í von um að færri barnungar stúlkur þyrftu á fóstureyðingu að halda. Sjálfsagt verður það pillan og aðrar getnaðarvarnir sem við verðum að treysta á í þessum efnum fremur en sterkt og heilbrigt almenningsálit á meðan hinir fullorðnu, foreldrar og leiðbeinendur barna og unglinga, með brosi út í annað munnvikið virðast líta á það sem nokkuð sjálfsagðan hlut og jafnréttismál að börn byrji að lifa kynlífi um fermingaraldur. En hér erum við raunar komin að stórri spurningu uppeldislegs eðlis sem ég ætla mér ekki að fara nánar út í hér, en væri þó vel þess virði að athuguð væri og rædd.

Hvaða áhrif hefur fóstureyðing á konu eftir á, er önnur spurning sem mér finnst að hafi verið minni gaumur gefinn en mátt hefði ætla í umr. um þessi mál. Sýnt hefur verið fram á það með læknisfræðilegum rökum og tölum að líkamleg áhætta við fóstureyðingu sé alfarið minni en við meðgöngu og fæðingu og á sú áhætta vafalaust eftir að minnka með vaxandi tækni læknisfræðinnar og reynslu. Um hina hlið málsins, hina sálrænu og tilfinningalegu, liggja fyrir færri tölur og upplýsingar. Í hinni ítarlegu grg., sem ég talaði um áðan, sem fylgdi fyrri gerð frv., er þó getið um eftirrannsókn sem gerð var árið 1971 á 76 íslenskum konum sem fengið höfðu fóstureyðingu hérlendis á árunum 1966 og 1967. Þar kom fram að 72.4% af þeim hópi fundu ekki til neinnar eftirsjár, 18.4% fundu nokkra og 9.2% liðu á eftir mikla hugarkvöl. Í öllum tilvikum þessara 76 fóstureyðinga lá að baki ótvíræð og knýjandi nauðsyn til fóstureyðingar svo að ákaflega hæpið virðist að taka þessa könnun til almennrar viðmiðunar við gerð nýrra og frjálslegri laga, eða eins og segir í grg. um eina þeirra kvenna sem ekki fundu fyrir neinni eftirsjá: „Til þess voru erfiðleikarnir á heimilinu allt of miklir.“ — Um þetta segir enn fremur orðrétt í grg., með leyfi forseta: „Ein af þessum 76 konum varð tvisvar ófrísk eftir fóstureyðingu, lét eyða í annað skiptið og fór fram á að hún yrði gerð ófrjó, en fékk því ekki framgegnt. Þessi kona hafði 14 sinnum orðið ófrísk og fætt 10 börn. Hún hafði alls ekki getað annast þessi börn. Þrjú hafði hún gefið, en önnur höfðu verið undir eftirliti barnaverndarnefndar. Þrjú af börnum hennar eru í dag hálfgerðir aumingjar vegna drykkjuskapar og lögbrota. Að sögn barnaverndarnefndar hafa alltaf verið vandræði á heimilinu.“

En þannig og kannske enn þá meiri — sumar kannske minni — þannig voru ástæðurnar alfarið fyrir fóstureyðingu þessara 76 kvenna sem eftirrannsókn var gerð á.

Ég minnist þess er ég á sínum tíma las hina umtöluðu bók Gift, æviminningar dönsku skáldkonunnar Tove Ditlevsen, þá vakti sérstaka athygli mína hvernig hún lýsti sínum innri viðbrögðum er hún stóð frammi fyrir fóstureyðingu í annað sinn. Henni hafði ekki tekist að losna við áleitni eftirþanka sinnar fyrri reynslu. Henni fannst barnið hennar, sem ekki fékk að lifa, fylgja sér eftir sem skuggi og hana hryllti við samfylgd tveggja slíkra skugga. Tove lýsir hugarástandi sínu á hispurslausan hátt eins og henni er lagið, laus við tilfinningasemi og væmni.

En þessi hlið málsins, sú eftirsjá og hugarkvöl sem ég hygg að hljóti að verða því meiri fyrir konuna, því minni og léttvægari sem ástæðan var til þess að fóstureyðing var framkvæmd, þessi hlið málsins er að mínu mati ein hin alvarlegasta og örlagaríkasta fyrir jafnvægi konunnar og lífshamingju eftir á. Veit ég vel að almenningsálitið, viðhorf manna til þessara mála, hefur breyst meira en lítið á síðustu árum frjálsum fóstureyðingum í vil. Já, sumir, einkum ungar upplýstar konur, vilja jafnvel meina að móðurtilfinning og móðurást sé ekki annað en gamaldags kredda sem óþarfi sé lengur að taka mark á og orðið fórnfýsi virðist hreint eitur í þeirra beinum.

Í samtalsþætti í útvarpinu fyrir skömmu um fóstureyðingar og frv. það, sem liggur fyrir, kom það fram sem raunar kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., Jóns Skaftasonar, í dag — það sakar ekki þótt ég endurtaki það hér því að

mér finnst upplýsingarnar dálítið sláandi — en þar kom fram að sænskar skýrslur frá Gautaborg sýna að árið 1971 voru í 16—19 ára aldursflokki stúlkna sem fengu þar fóstureyðingu á því ári, þá voru 24% endurteknar fóstureyðingar innan 1½ árs. (**Gripið fram í:** 24.5) 24.5 ég þakka fyrir leiðréttinguna, hálfu prósenti meira. Að sama brunni bera upplýsingar sem ég hef góðar heimildir fyrir frá íslenskum lækni í Svíþjóð um 14 ára stúlku sem kom þrisvar sama árið til að fá fóstri eytt.

Það ætti ekki að dyljast neinum að slíkt hömluleysi í þessum málum hlýtur með svo háskalegum hætti að slæva heilbrigða siðgæðiskennd og tilfinningalíf þeirra kvenna sem þar eiga hlut að máli að þær bíði þess margar aldrei bætur. Sérstakt áhyggjuefni í þessu tilliti hljóta að vera hinar barnungu stúlkur sem eiga allt lífið fram undan. En þarna á aukin fræðsla og leiðbeiningar að koma til samkv. frv., og síst vil ég gera lítið úr þeim þætti, verði honum framfylgt eins og til er ætlast. Ég er heils hugar sammála hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni um að þarna er einn allra mikilvægasti þáttur frv. og varðar öllu að það, sem þar stendur, verði ekki aðeins orðin tóm. En við vitum öll mætavel að öll fræðsla um þessi mál hefur verið í molum hjá okkur og er enn þótt unnið sé að því nú í menntmrn. að fella kynlífisfræðslu bæði á félagslegum og líffræðilegum grundvelli inn í námsstig grunnskólans. Ég vil, úr því að ég er komin út í það, greina frá upplýsingum um það efni sem ég fékk frá starfsmanni skólarannsókna.

Fræðsla um kynlífið í skólakerfinu er þannig á vegi stödd í dag hjá okkur að næstkomandi haust verður farið af stað með tilraunakennslu í 1. bekk í barnaskóla í sambandi við fræðslu um fjölskylduna og heimilið. Hinn félagsfræðilegi þáttur fræðslunnar heldur svo áfram í 3., 4., 7. og 8. bekk barnaskólans. Hinn líffræðilegi þáttur kemur svo inn í eldri bekkjum á 4., 5. og 8. ári. Ekki voru svör á reiðum höndum um það hvenær kennslan gæti hafist almennt eftir þessu fyrirhugaða skipulagi. Það er unnið að þessum málum í rn., en ég hygg því miður að full framkvæmd fyrirhugaðrar fræðslu eigi alllangt í land.

Það hefur líka verið talað um félagsráðgjöf sem mikilvægan þátt í leiðbeiningum til konu sem sótt hefur um fóstureyðingu. Ég get ekki að því gert, fyrst þegar ég las yfir hið fyrra frv. og grg. með því, að mér fannst kenna nokkurrar léttúðar í setningu eins og þeirri að félagsráðgjöf skyldi fara fram þar sem henni verður við komið. Mér verður nú hugsað til landsbyggðarinnar okkar í þessu sambandi. Þó að ég út af fyrir sig hafi enga oftrú á félagsráðgjöfum, þá veit ég að þeir eiga og geta gegnt þarna mjög mikilvægu hlutverki séu þeir starfi sínu vaxnir. En mér vitanlega er enginn einasti lærður félagsráðgjafi í starfi utan Stór-Reykjavíkursvæðisins. (**Gripið fram í:** Einn á Akureyri.), Einn á Akureyri, þá hefur það gerst nýlega og ég fagna því. Þeir mættu vera fleiri úr því að samin er heil löggjöf sem byggir svo mjög á starfi þeirra.

Þetta með fræðsluna kemur vonandi allt með tímanum. En ég held að varlega megum við gera ráð fyrir að þessum þætti frv. verði framfylgt í náinni framtíð og því ærin ástæða til að flýta sér ekki of mikið. Reynsla frændþjóða okkar, sem hafa þó margfalt meira gert en við á þessu sviði fræðslu og upplýsinga varðandi þessi mál, reynsla þeirra ætti að mínu mati að vera okkur alvarleg viðvörun fremur en hvatning til að lögleiða hér algert frjálsræði í fóstureyðingum. Enn vil ég vitna í grg. eldra frv., en þar segir um þetta atriði orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er reynsla annarra þjóða nú, t. d. frændþjóða okkar, að einmitt varnaðarstarfið hafi verið stórlega vanrækt. Þess er getið að auðveldara sé orðið að fá framkvæmda fóstureyðingu þar sem löggjöf hefur verið rýmkuð en að fá leiðbeiningar um getnaðarvarnir."

Það mun staðreynd í þeim löndum, þar sem fóstureyðingar hafa verið gefnar algerlega frjálsar, að mönnum ofbýður hin óhugnanlega þróun, sem málið hefur tekið, og íhuga jafnvel nauðsyn þess nú að þrengja aftur lögin til að hamla á móti. Þar á ég ekki einungis við þau þrjú Austur-Evrópulönd sem talað hefur verið um og ég get vel ímyndað mér að hvatinn þar að baki sé hagstjórnarlegs eðlis. Þjóð eins og bretar sem hafa m. a. framkvæmt um 200 fóstureyðingar á íslenskum konum, í því landi heyrast nú raddir um að nauðsyn beri til þess að þrengja löggjöfina.

Ég fæ ekki séð að hægt sé af nokkru raunsæi að ætla að þróunin yrði ekki sú sama hér og annars staðar. Íslenskar konur eru í þessu tilliti sjálfsagt hvorki betri né verri en sænskar, danskar eða breskar kynsystur þeirra. Ég tel því að með almenn mannúðar- og siðgæðissjónarmið fyrir augum komi ekki til mála að ljá frekar máls á rýmkun fóstureyðingalaga en gert er í frv. því sem hér liggur fyrir. Það eru að vísu nokkur rök sem ég hef alltaf hlustað á að það er óheppilegt að löggjöf í þessum efnum sé þrengri hjá okkur en í nágrannalöndum okkar þannig að efnahagur og aðstaða konu geti ráðið því hvort hún fær framkvæmda fóstureyðingu eða ekki. En þau rök eru þó ekki haldbær, einfaldlega vegna þess að við sem velmegandi, félagslega háþróuð og kristin menningarþjóð hljótum að leita annarra leiða til að ráða bót á þjóðfélagslegu misrétti heldur en þá að ráðast gegn óbornu lífi í móðurkviði. Að hafna allri rýmkun á núgildandi fóstureyðingalöggjöf væri á hinn bóginn að mínu mati fullkomlega óraunsætt og yrði til þess eins að ólöglegar fóstureyðingar yrðu framkvæmdar í stórum stíl með öllum þeim hörmungum og spillingu sem því fylgir. Við hljótum því, eins og ég hef áður drepið á, að taka mið af viðhorfum samtíðarinnar án þess þó að láta berast gagnrýnislaust og án andspyrnu með straumum erlendra áhrifa og láta undan óbilgjörnum og siðlausum kröfum háværra minnihlutahópa sem lengst vilja ganga í þessum efnum.

Ég vil nú aðeins víkja að læknunum, af því að hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, veittist í dag að þeirri stétt með ósæmilegum

hætti að ég fæ ekki orða bundist. Er ég þó enginn sérstakur talsmaður lækna og ég hef oft látið mig hafa það að taka undir gagnrýni í þá átt að læknishugsjónin sé í samtíð okkar að víkja fyrir þeirri líknarhugsjón sem hún upphaflega markaðist af. En hv. þm. Magnús Kjartansson lét þau orð falla að nú væri ekki kvartað af læknum í nafni siðgæðis og mannúðar, heldur vegna þess að tekið væri frá þeim vald. Þetta er það alvarleg og ósiðleg árás á eina stétt að mér finnst að ekki verði við því þagað. Og úr því að ég fór nú út í þá sálma, þá langar mig læknum til málsbóta að lesa upp úr leiðara Læknablaðsins frá því í fyrrasumar nokkur orð, sem falla í ákaflega góðan jarðveg hjá mér, og færi betur að sá maður, sem skrifar þetta, mælti fyrir munn allrar læknastéttarinnar og læknisnám og læknisstarf væri framkvæmt í þeim anda. En hann segir um stúdenta í læknadeild og inntöku stúdenta í læknadeild, með leyfi forseta:

„Í læknadeildirnar verða að veljast menn með háar siðgæðishugmyndir og sálarstyrk til að starfa í anda þeirra siðgæðishugmynda. Núverandi aðferðir við val læknanema eru því úreltar, þurfa að endurskoðast og endurbætast."

Þetta vil ég heils hugar taka undir.

Í sama leiðara er komið inn á einn viðkvæmasta þáttinn í þessu máli sem er spurningin um það hvenær fóstur verður að manni. Þar segir — og þá eru þeir að tala um Genfarsamþykkt lækna sem er upphaflegi Hippokratesareiðurinn margendurnýjaður og endurbættur — þar segir í þessum siðareglum lækna sem nú er almennt talið að þeir eigi að vinna eftir:

„Í Genfarheiti lækna," segir með leyfi forseta, „er skýrt ákvæði um að lækni beri að virða mannslíf öllu fremur frá getnaði þess, enda láti hann ekki kúgast til að beita læknisþekkingu gegn hugsjón mannúðar og mannhelgi" — eins og það er orðað.

Í framangreindu orðalagi felst sú skilgreining að líta beri á frjóvgaða eggfrumu sem mannslíf. Um þetta atriði eru skiptar skoðanir. Ekki er ágreiningur um að virða beri mannslíf, heldur hitt, hvenær, á hvaða stigi beri að líta á fóstur sem mannslíf. Varðandi afstöðu til fóstureyðinga er þetta frá siðfræðilegu sjónarmiði grundvallarspurning. Með tilliti til þess að kannske er læknum almennt kunnugt um það sem hér segir, þá er óþarfi að undrast yfir afstöðu þeirra gagnvart frjálsum fóstureyðingum.

Út af því sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði um yfirlýsingu Læknafélags Íslands um að yrði algert frjálsræði leyft í fóstureyðingum, þá mundu þeir hafa fyrirvara um ráðningu á þau sjúkrahús þar sem þessar aðgerðir yrðu framkvæmdar, þá má geta þess að í nýlegum frönskum lögum um þetta efni — þau voru staðfest nú um áramótin — eru mjög skýr ákvæði þar sem tekið er fram í þremur aðskildum greinum að hvorki læknar, ljósmæður, hjúkrunarkonur né heldur neins konar aðstoðarmaður á sjúkrahúsi geti orðið skyldaður til þess að vinna að fóstureyðingum ef það sé á móti þeirra ósk og siðgæðishugmyndum.

Ég vil, virðulegi forseti, ljúka máli mínu, en láta í ljós þá von mína að þetta frv. komist nú senn heilt í höfn hér á hv. Alþ. og að framkvæmd þess, ef að lögum verður, megi markast af þeirri festu, skilningi og mannúð sem hæfir þessu máli.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. nú, fjallar um breytingar á 40 ára gamalli lagasetningu um leiðbeiningar um getnaðarvarnir og um fóstureyðingar. Sú lagasetning var mjög merkileg á sínum tíma og talsvert langt á undan sinni samtíð. Þá voru m. a. fóstureyðingar heimilaðar og eftir því sem mér er best kunnugt var þar um að ræða fyrstu löggjöf sem sett hefur verið þar sem heimilt er að taka tillit til félagslegra ástæðna í sambandi við fóstureyðingar. Það er raunar merkilegt út af fyrir sig að eins og viðhorfin voru hér á Íslandi árið 1935 þá skyldi slík löggjöf fást sett. Hitt er hins vegar ekki merkilegt þótt nú, 40 árum síðar, sé talin nauðsyn á að taka þau lög til endurskoðunar í ljósi reynslunnar sem af þeim hefur orðið, — m. a. í ljósi þess að hve miklu leyti þau hafa náð þeim tilgangi sem vakti fyrir höfundum þessarar löggjafar og vegna breyttra viðhorfa.

Meginefni l. frá 1935 er tvíþætt: annars vegar um fræðslu varðandi getnaðarvarnir, hins vegar um fóstureyðingar. Í því sambandi tel ég rétt að koma með innskot til að leiðrétta misskilning sem mér virðist vera ríkjandi í sambandi við frv. það, sem lagt var fram í fyrra, að með því sé verið að lögleiða fóstureyðingar á Íslandi. Þetta er alger misskilningur og megnasta vanþekking. Fóstureyðingar hafa verið löglegar á Íslandi í 40 ár. Þær voru lögleiddar með samþykkt l. nr. 38 frá 1935. Deilan nú stendur því ekki um hvort leyfa eigi fóstureyðingar á Íslandi, heldur um það eitt hversu mikið eigi að meta vilja þeirrar konu sem ber fóstrið undir belti, hvort ástæða sé til þess að ætla að kona, sem orðið hefur ófrísk, sé dómbær um aðstöðu sína til að eiga barn og ala það upp eða hvort opinbert og þá væntanlega óþungað vottorðavald þurfi og eigi að hafa vit fyrir henni. Almenna reglan í okkar þjóðfélagi er sú að hver heilbrigður og sjálfum sér ráðandi einstaklingur eigi að hafa vit fyrir sér sjálfur. Spurningin er hvort þungun sé sjúkdómur eða áfall af því tagi sem skerði hæfi konu til þess arna í þeim mæli að opinbert vottorðavald þurfi að svipta hana sjálfræði um hvort hún telji sér unnt að ala barn, framfleyta því og ala það upp. Hinni siðferðilegu spurningu um hvort leyfa eigi eyðingu fósturs eða ekki hefur þegar verið svarað. Henni var svarað fyrir 40 árum, og hvorug sú till., sem hér liggur fyrir til umr., gerir ráð fyrir því að þeirri niðurstöðu verði breytt.

En víkjum aftur að löggjöfinni frá 1935 sem, eins og ég sagði áðan, skiptist í tvo meginkafla: um fræðslu um getnaðarvarnir og um heimildir til fóstureyðinga. Í fyrsta lagi er rétt að kanna, og það hefur ekki komið fram í þessum umr. áður, a. m. k. ekki svo að ég hafi heyrt, hvað raunverulega vakti fyrir þeim, sem þessa löggjöf sömdu, og í öðru lagi hvernig og hvort hún hafi þjónað þeim tilgangi sínum. Þá er einnig einkar lærdómsríkt að kynna sér þær umr. sem fram

fóru á Alþ. um þessa löggjöf. Staðreyndin er nefnilega sú, að deilurnar um það fyrir 40 árum voru með svipuðum hætti og nú gerist um sama mál. Meginkjarni þeirrar deilu var þá alveg eins og nú um að hve miklu leyti þjóðfélagið vildi viðurkenna rétt konunnar til þess í fyrsta lagi að njóta fræðslu og leiðbeininga um kynferðismál og getnaðarvarnir og í öðru lagi að hve miklu leyti þjóðfélagið vildi viðurkenna hæfni konunnar til þess að meta og vega sínar eigin aðstæður. Það er einkar athyglisvert í þessu sambandi að fyrir 40 árum voru deilurnar fyrst og fremst um það að hve miklu leyti konunni væri treystandi til þess að móttaka fræðslu um getnað og barneignir, og þær röksemdir, sem færðar voru gegn því fyrir 40 árum að konan væri andlega fær til þess að meta það sjálf hvort hún hefði þörf fyrir slíka fræðslu, þær hinar sömu röksemdir eru nú notaðar fyrir því að kona sé ekki andlega hæf til þess að dæma um það sjálf hvort aðstæðurnar leyfi henni að eignast barn og ala það upp. Röksemdirnar eru hinar sömu nú og þá, nema hvað þar sem rætt var um getnaðarvarnir á árunum 1934 og 1935 er nú rætt um fóstureyðingar.

Meginþráðurinn í l. frá 1935, þeim l. sem enn gilda lítið breytt í þessu efni, er að konan fái að ráða því sem mest sjálf hvort hún eignast barn. Haraldur Guðmundsson atvmrh., sem mælti fyrir þessu frv. á þingi, lýsti því þannig í ræðu á fundi Ed. Alþ. hinn 14. nóv. 1934 að með frv. væri verið að viðurkenna þann tvímælalausa rétt konunnar að ráða því sjálf hvort hún yrði barnshafandi eða ekki. Þessi réttur er konunni fenginn í þessu frv. — núgildandi l. — með tvennum hætti: í fyrsta lagi með því að gera læknum skylt, ég legg áherslu á: skylt, ekki heimilt, að veita konum fræðslu um getnaðarvarnir æski þær þess sjálfar. Það er meginkjarni laganna frá 1935 með nákvæmlega sama hætti og I. kafli þess frv., sem hér er til umr., er meginatriði þess.

Í öðru lagi er í gildandi l., frv. frá 1935, undantekningarákvæði frá þeirri meginreglu að kona, sem ekki vill eða telur sig ekki geta eignast og alið upp barn, skuli gera það með vörn gegn getnaði og eigi kost á að fá fræðslu þar um. Í l. frá 1935 eru þessi undantekningarákvæði fólgin í því að heimila fóstureyðingu undir ákveðnum kringumstæðum þar sem m. a. er tekið tillit til félagslegra aðstæðna. Í grg. með frv. frá 1934 er vakin sérstök athygli á því að félagslegar ástæður varði ekki síður heilsufarslega hæfni konu til þess að eignast og ala upp börn en líkamlegir ágallar einir saman. Þar er sagt berum orðum að félagslegar ástæður séu í raun ekkert síður heilsufarslegt atriði en líkamsstyrkur eða andleg heill konunnar. Þar er sagt að mjög erfitt sé að skilja þar á milli þannig að fóstureyðing vegna félagslegra ástæðna sé í raun fóstureyðing vegna heilsufarslegra ástæðna.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði fyrr í dag að hann væri alfarið á móti því að taka mætti tillit til félagslegra ástæðna móður í sambandi við veitingu heimildar til fóstureyðinga. Hann telur sem sé ekki ástæðu til þess að taka tillit í því sambandi til atriða svo sem eins og ómegðar, drykkjuskapar, eiturlyfjaneyslu, fátæktar og annars slíks þótt ljóst sé og mönnum hafi verið ljóst fyrir 40 árum að slíkt valdi ekki síður vanheili heimilisins sem uppeldisstofnunar en líkamlegur sjúkleiki móður. Með þessari afstöðu vill hv. þm. Karvel Pálmason hverfa meira en 40 ár aftur í tímann. Og það er mér alger ráðgáta hvað veldur því að þessi hv. þm. telur nú brýna nauðsyn bera til þess að hverfa aftur til þess tíma sem var áður en hann komst til vits og ára.

Það er ljóst að meginkjarni gildandi l. er sá að viðurkenna í reynd sjálfsákvörðunarrétt konunnar til barneigna með því í fyrsta lagi að veita fræðslu til að fyrirbyggja getnað, í öðru lagi veita heimildir til fóstureyðinga ef af getnaði hefur orðið. En hver er reynslan af þessari lagasetningu? Hafa núgildandi lög getað þjónað þeim tilgangi sem ég áðan lýsti að hefði verið markmið þeirra manna sem að þessari lagasetningu stóðu? Í fyrsta lagi held ég að það vefjist ekki fyrir neinum að sú fræðsla um kynferðismál, sem gert er ráð fyrir í l. að veitt sé, hefur verið og er allsendis ófullnægjandi. Þróunin er sú að sífellt yngri konur verða mæður og flestar þeirra hafa litla sem enga fræðslu fengið um getnaðarvarnir og kynlíf nema þá frá félögum sínum með óeðlilegum og pukursfullum hætti. Það meginatriði l. frá 1935 að kona, sem ekki vill eignast barn, geti fyrirbyggt það með getnaðarvörnum að fengnum upplýsingum og fræðslu um kynlíf og barneignir hefur því ekki náð tilgangi sínum. Fræðsluna hefur skort, þekkingunni hefur verið ábótavant. Í ljósi reynslunnar er því eðlilegt að meginatriði þess máls að konur ráði sjálfar um barneign sína sé nú endurskoðað eins og verið er að gera með I. kafla þess frv. sem hér er til umr. Ég legg áherslu á það eins og aðrir hv. þm. að góður vilji enga gerir stoð, góð lagasetning nær ákaflega skammt ef ekki fylgir góðum vilja Alþ. góður vilji framkvæmdavalds og fjárveitingavalds.

Reynslan af þessum þætti hinnar 40 ára gömlu löggjafar ásamt þeim nýju aðstæðum, sem orðið hafa, hafa því gert það nauðsynlegt að meginþáttur þessara laga um þungunarvarnir sé endurskoðaður. Um það er enginn ágreiningur hjá hv. þm. Spurningin er því einfaldlega sú hvort reynslan og nýjar aðstæður hafi ekki einnig gert tímabært að endurskoða undantekningarákvæði sömu l., ákvæðin um fóstureyðingar. Ég tel að svo sé. Ég tel reynsluna hafa leitt í ljós í fyrsta lagi að gildandi lög hafa ekki getað komið í veg fyrir þann óeðlilega og óæskilega hátt sem hafður hefur verið á þeim málum og þau áttu að útrýma. Í annan stað sýnir reynslan okkur að löggjöfin er yfirleitt túlkuð mjög þröngt þannig að jafnvel konum, sem af heilsufarsástæðum sjálfra sín eða líklegu heilsufarsástandi fóstursins hafa óskað fóstureyðingar, hefur verið neitað, og má í því sambandi nefna nýlegt og mjög átakanlegt dæmi sem ég hygg að sé á vitorði flestra hv. þm. Þar sem l. eru túlkuð svo þröngt varðandi hreinar heilsufarsástæður má nærri geta hvernig litið hefur verið á félagslegar aðstæður, enda mörg dæmi um hvernig þar hefur verið gengið á snið við hinn raunverulega vilja þeirra sem stóðu að setningu gildandi l. eins og hann kom m. a. fram í umr. um málið á Alþ. fyrir 40 árum. Í þriðja lagi eru svo nýjar aðstæður komnar sem m. a. gera konum fært að leita slíkrar aðgerðar

í nálægum löndum hafi neitun komið héðan. Þessar nýju aðstæður gera það að verkum að það getur farið eftir fjárhagsástæðum konunnar hvort eigið mat hennar á aðstöðu sinni til að eiga barn og ala það upp er látið gilda eða mat hins íslenska vottorðavalds.

Hinn 6. mars árið 1933 ritaði þáv. landlæknir yfir Íslandi, Vilmundur Jónsson, sem einnig var höfundur frv. um þungunarvarnir og fóstureyðingar sem lögfest var 1935, Læknafélagi Íslands bréf þar sem hann ræddi m. a. um hvers vegna nauðsynlegt væri að setja löggjöf sem heimilaði fóstureyðingar. Ástandinu, sem Vilmundur Jónsson telur brýna þörf á að bæta úr með slíkri löggjöf, lýsir hann svo í þessu bréfi, með leyfi hæstv. forseta. Hann segir svo:

„Vek ég athygli Læknafélagsins á eftirfarandi atriðum, þ. e. a. s. atriðum, sem gera það knýjandi nauðsyn að setja lög, sem heimili fóstureyðingar:

1. Einn læknirinn neitar að vinna það læknisverk og telur til glæpaverka, sem annar framkvæmir viðstöðulaust.

2. Aðgerðirnar fara a. m. k. stundum fram í pukri eins og óbótaverk, og ef þar bætast við blygðunarlausar kröfur um gjald fyrir má fara nærri um hvert álit stéttin skapar sér með slíku framferði.

3. Heilsu og jafnvel lífi þeirra kvenna, er þessara aðgerða leita, er a. m. k. stundum stefnt í voða.

4. Ósanngjarn og þjóðfélaginu skaðlegur aðstöðumunur fátækra og ríkra, sem þessarar hjálpar leita."

Það eru þessi fjögur atriði sem þáv. landlæknir notar sem rökstuðning fyrir því fyrir 40 árum að brýna nauðsyn beri til að setja löggjöf er heimili fóstureyðingar. En ég spyr: Er þetta ástand ekki lengur fyrir hendi? Er hér verið að lýsa ástandi sem íslendingar þekkja ekki lengur, kannast ekki lengur við? Hafa lögin, sem sett voru fyrir 40 árum, megnað að bæta það, og hafa nýjar aðstæður, sem skapast hafa í þjóðfélaginu, ekki stuðlað að því að það héldist í raun óbreytt?

Við skulum víkja aftur að hverjum lið fyrir sig. Ég ætla ekki að fella sleggjudóma. Ég ætla að spyrja og biðja þm. að svara sjálfa í hugskoti sínu. Er þetta röng lýsing á ástandinu í dag:

Einn læknirinn neitar að vinna það læknisverk og telur til glæpaverka sem annar læknir framkvæmir viðstöðulaust? Er þetta 40 ára gömul lýsing sem ekki heyrir nútímanum lengur til?

Aðgerðirnar fara a. m. k. stundum fram í pukri eins og óbótaverk, og ef þar við bætast blygðunarlausar kröfur um gjald fyrir, má fara nærri um, hvert álit stéttin skapar sér með slíku framferði. Á þessi lýsing ekki heldur lengur við?

Heilsu og jafnvel lífi þeirra kvenna, er þessara aðgerða leita, er a. m. k. stundum stefnt í voða. Á þessi lýsing ekki heldur við nútímann sem við lifum í?

Ósanngjarn og þjóðfélaginu skaðlegur aðstöðumunur fátækra og ríkra, sem þessarar hjálpar leita. Er ekki staðreyndin sú að við stöndum nú m. a. vegna breyttra aðstæðna í sömu sporum að miklu leyti eins og menn stóðu í fyrir setningu l. frá 1935?

Ef nauðsyn hefur verið að bæta úr þessu ástandi m. a. með þeim leiðum sem lagt er til að gert verði í þessu frv., er ekki sama nauðsynin fyrir hendi nú í dag þegar aðstæðurnar eru svipaðar og jafnvel um sumt enn þá verri? Vilmundi Jónssyni, höfundi þess frv., sem hér um ræðir, gildandi laga, sem áttu að ráða bót á því ástandi sem svona var lýst, var það einnig ljóst þegar hann samdi þetta frv. fyrir röskum 40 árum að svo kynni að vera að það yrði þess ekki umkomið að ráða bót á þessu ástandi sem hér er lýst. Þess vegna segir hann svo orðrétt í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú vil ég taka fram til að koma í veg fyrir misskilning að persónulega lít ég mjög frjálslega á þetta mál. Mundi ég fyrir mitt leyti jafnvel geta fallist á þá löggjöf um fóstureyðingar, er þeir heimta, sem lengst vilja ganga og láta konur með öllu sjálfráðar um, hvort þær vilja verða mæður eða ekki, enda yrðu þá settar hagkvæmar reglur þar að lútandi til tryggingar sómasamlegri framkvæmd þeirrar löggjafar."

Þetta sagði landlæknirinn yfir Íslandi fyrir 40 árum. Hann er höfundur núgildandi l. um þungunarvarnir og fóstureyðingar, og honum var það ljóst þegar er hann samdi þessi lög að m. a. vegna nýrra aðstæðna, sem áður hefur verið lýst, og vegna þeirrar framkvæmdar, sem uppi hefur verið höfð, kynni svo að fara að lög þessi gætu ekki bætt úr því ástandi sem hann taldi nauðsynlegt að bæta úr og því lýsti hann því yfir sem sinni skoðun í grg. með frv. að hann væri í rauninni fús til þess að fallast á sömu lausn og minni hl. heilbr.- og trn. nú leggur til að farin verði, sem sé að láta konur með öllu sjálfráðar um hvort þær vilji verða mæður eða ekki, enda verði settar hagkvæmar reglur þar að lútandi til tryggingar sómasamlegri framkvæmd slíkra laga.

Þótt deila megi um einstök orð eða framsetningarmáta í umræddri brtt. hv. minni hl. heilbr.- og trn., hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, þá tel ég að reynslan hafi kennt okkur og nýjar aðstæður hafi gert það að verkum að við hljótum að verða að fallast á þá niðurstöðu að í þeim undantekningartilvikum, þegar kona hefur orðið þunguð gegn vilja sínum, þá ráði hennar eigið mat á högum sínum og aðstæðum úrslitum um hvort hún elur barnið, en opinbert vottorðavald eigi ekki að hafa síðasta orðið um þau mál, — vottorðavald sem engum skyldum hefur síðan að gegna, hvorki móðurina né barnið. Því fráleitara er þetta þegar tekið er tillit til þess að hafi konan yfir nægu fé að ráða getur hún sniðgengið þetta vottorðavald og þar með íslensk lög, þar sem hins vegar kona, sem ekki nýtur slíkra forréttinda, verður að sætta sig við úrskurði um eigin hagi þvert gegn sannfæringu sinni og gegn því sem hún sjálf veit sannast og réttast. Að sjálfsögðu verður að setja hagkvæmar reglur þar að lútandi til tryggingar sómasamlegri framkvæmd slíkra laga, eins og Vilmundur Jónsson komst að orði, en það tel ég að gert sé í brtt. minni hl. heilbr.- og trn.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar að það hefði vakið athygli mína við lestur umr. frá 1934 og 1935 hversu þær röksemdir, sem þá voru færðar gegn því að konum væri veitt fræðsla um kynlíf, barneignir og getnaðarvarnir, væru einkar áþekkar

þeim sem nú eru notaðar gegn því að konum sjálfum sé treystandi til þess að meta hvort þær séu þess umkomnar að ala börn. Þær röksemdir, sem fram voru færðar gegn því að konur yrðu aðnjótandi fræðslu um getnaðarvarnir árið 1935, þykir okkur nú við lestur þeirra umr. fráleitar og jafnvel hlægilega fjarstæðukenndar. Þó er það staðreynd að þessar sömu röksemdir eru nú notaðar óbreyttar að öllu öðru leyti en því að þar sem rætt var um fræðslu um getnaðarvarnir árið 1935 og getnaðarvarnirnar sjálfar er nú talað um fóstureyðingar.

Árið 1935 var mikið rætt um siðfræði þess að konur fengju ekki aðeins að ráða því sjálfar hvort þær vildu verða þungaðar heldur var einnig deilt hart um hvort það væri siðlegt að konur fengju eitthvað að vita frá ábyrgum aðilum um hvernig getnaður ætti sér stað og hvernig mætti koma í veg fyrir hann. Og þá skorti ekki heldur frekar en nú ábendingar frá ýmsum aðilum í þjóðfélaginu, svo sem Læknafélagi Íslands, um hvaða ógn það mundi hafa í för með sér ef vottorðavaldið ætti ekki að hafa síðasta orðið um hvort kona væri fær um að meðtaka fræðslu um getnaðarvarnir eða ekki. Ég kem að því síðar í máli mínu.

Í umr. fyrir 40 árum var mikið um það fjasað í sölum Alþ. hvílík ósköp mundu dynja yfir þessa þjóð ef konur öðluðust rétt til þess að fá leiðbeiningar um hvernig mætti koma í veg fyrir barnsgetnað. Lýsingarnar á því hvernig þá yrði umhorfs í landinu minna helst á lýsingarnar á mannlífinu í Sódómu og Gómorru og beinlínis gefið í skyn að ef konum yrði veittur sá réttur að geta leitað til læknis um fræðslu um getnaðarvarnir mundi syndaflóðið færa allt Ísland í kaf, ef mannauðn vegna stöðvunar barnsfæðinga yrði þá ekki fyrri til. Lausung, spilling og hvers kyns siðferðileg upplausn mundi tröllríða þjóðinni vegna þess að konum væri ekki treystandi til þess að umgangast þennan sinn nýja rétt, að fá að vita hvernig börn yrðu til og hvernig mætti koma í veg fyrir það að börn yrðu til, nema ósköp yfir dyndu. Við skulum bera niður í nokkrum ummælum hv. þm. frá þessum árum og hafa það þá um leið hugfast að þar eru þeir að ræða um atriði núgildandi laga, sem heimilar konum að leita sér fræðslu um getnaðarvarnir hjá lækni sínum. En við skulum líka bera það í minni að þessi ummæli gætu allt eins verið tekin úr ræðum þeirra sem nú hafa hvað hæst um að konum sé ekki treystandi til þess að kunna sjálfar að meta aðstæður sínar varðandi barneignir.

Hinn 20. okt. 1934 sagði Magnús Torfason alþm. svo um rétt konunnar til að hljóta fræðslu um getnaðarvarnir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel ekki rétt að skylda lækna til þess að gefa slíkar leiðbeiningar og þykir jafnvel vafasamt að það sé unnt. Ég vil ekki láta lögleiða slíka leiðbeiningaskyldu hér, síst þar sem grg. frv. bendir til þess að slík skylda tíðkist hvergi í Guðs kristni. Ég er ekki í neinum vafa um, að lögleiðing slíks ákvæðis sem þessa mundi leiða til stórkostlega mikilla skemmda á þeim hluta mannkynsins, sem hér á hlut að máli, og jafnvel hinum líka“, — þ. e. a. s. bæði karlþjóð og kvenþeningi. „Ég er í engum vafa um, að kynsjúkdómar mundu aukast stórkostlega, ef þetta væri í lög leitt, og ég vil sérstaklega benda á það, að sveitirnar eru algerlega varnarlausar gegn þeim vágesti.“

En nú leyfi ég mér að spyrja: Kannast einhver við áþekkar röksemdir og þessar úr þeim umr. sem fram hafa farið bæði hér á Alþ. og úti meðal þjóðarinnar um þau mál sem hér liggja fyrir?

Við skulum halda eilítið áfram. Í ræðu í Ed. Alþ. hinn 14. nóv. 1934 sagði Guðrún Lárusdóttir, einn helsti andstæðingur þess að konum væri skýrt frá því hvernig börn yrðu til, m. a. á þessa lund um að konum væri veitt fræðsla um notkun getnaðarvarna, — tilvitnunin er svo, með leyfi forseta:

„Ég vil víkja nokkrum orðum að þeirri hættu sem í þessu ákvæði felst. Hugsum okkur að í Reykjavík yrði sett upp leiðbeiningastöð um þessi efni sem gæfi konum og þá væntanlega körlum líka upplýsingar um hvernig ætti að beita getnaðarvörnum.“ — Hugsið ykkur annað eins! — „Ég vil þá spyrja hv. þm. í fyllstu alvöru, hvort þeir séu ekki smeykir við að lausung og sjúkdómahætta aukist af þessum ósköpum.“

Það var sem sé hámark alls hins versta sem yfir þjóð vora og fósturland gat dunið ef sá voðalegi atburður gerðist að leiðbeiningastöð um kynlíf, barneignir og notkun getnaðarvarna yrði sett upp í Reykjavík. Nú veit ég ekki betur en slík stöð sé starfandi í höfuðborginni og hafi starfað þar um nokkurt árabil og ekki er syndaflóðið komið enn.

Síðar í sömu ræðu segir svo um þann rétt konu að geta aflað sér þekkingar á getnaðarvörnum og notað þær — og hlustið þið nú. Tilvitnunin hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Oftast mun það vera svo, að á bak við þá konu, sem fer til læknis í þessum erindagerðum,“ og ég vil enn rifja upp að hér er ekki verið að tala um fóstureyðingar, heldur þær erindagerðir að fara til læknis til þess að fá upplýsingar um hvernig megi koma í veg fyrir barnsgetnað, — „oftast mun það vera svo, að á bak við hverja þá konu, sem fer til læknis í þessum erindagerðum stendur einhver karlmaðurinn, sem ýtir henni áfram, eða þá hún fer til þess að þurfa ekki að óttast afleiðingar þess spillingarlífernis, sem hún ætlar sér að lifa.“ Þarna liggur hættan falin. Af þessu má sjá að hér er um býsna alvarlegt atriði að ræða.

Það má vera að mönnum komi bros á vör þegar þeir lesa slíkar 40 ára gamlar röksemdir gegn því að veita konum fræðslu um getnaðarvarnir. En ég spyr: Eru þetta ekki því nær nákvæmlega sömu röksemdirnar og nú eru notaðar gegn því að veita konum rétt til þess að ákveða sjálfar hvort þær vilji ala börn? Og ég spyr: Skyldi ekki verða brosað að þeim eftir 40 ár með sama hætti og nú er brosað að þessum?

Ég drap á það hér áðan að árið 1934 hafi ekki skort umsagnir hinna svonefndu ábyrgu aðila þar sem þess var farið á leit að menn gaumgæfðu mjög vanhæfi kvenna til þess að meta það sjálfar — ekki hvort þær vildu láta framkvæma fóstureyðingu, heldur hvort þær teldu sig þess umkomnar að veita viðtöku fræðslu um takmörkun barneigna. Bandalag kvenna hafði sitt til málanna að leggja, Ljósmæðrafélag Íslands ekki síður og þá ekki hvað síst Læknafélag Íslands sem mér skilst

að muni hafa skoðanir á þeim málum sem nú er deilt um.

En hvað hafði Læknafélag Íslands að segja um málin árið 1934? Þá gerði Læknafélagið mjög alvarlega aths. við 1. gr. þess frv. sem þá var verið að ræða um. Sú gr. fjallar um það að ef kona vegna sjúkleika eða af öðrum orsökum leitaði til læknis til fræðslu um getnaðarvarnir væri viðkomandi lækni skylt að veita þá fræðslu. Þetta gat Læknafélagið ekki sætt sig við. Það sendi frá sér umsögn þar sem eindregið er mælst til þess að skyldukvöðin yrði felld niður úr frv. Ég spyr: Hefur ekki þetta sama félag verið að ræða eitthvað um skyldukvöð nú? Þess í stað yrði læknum heimilað að veita konum slíka fræðslu að eigin mati. M. ö. o.: Læknafélag Íslands krafðist þess 1934 eins og það krefst þess 1974 að vottorðavaldið fengi að ráða því hvort kona, sem leitaði læknis til þess að fá upplýsingar um getnaðarvarnir, fengi undirtektir við ósk sína eða yrði rekin á dyr. Hún átti ekki að fá að ráða því sjálf hvort hún fengi þessar upplýsingar eða ekki. Vottorðavaldið skyldi hafa æðsta vald. Læknirinn skyldi meta hvort konan væri fær um að veita slíkum upplýsingum og slíkri fræðslu viðtöku eða ekki. M. ö. o.: að áliti Læknafélagsins frá árinu 1935 var konunni ekki frekar treystandi til þess að meta þörf sína á þessari þekkingu þá en henni á að vera treystandi til þess nú að meta það sjálf án yfirdóms vottorðavaldsins hvort hún sér sér fært að ala barn og veita því sómasamlegt uppeldi. Þessi afskipti vottorðavaldsins fyrir 40 árum urðu til þess ásamt öðrum slíkum umsögnum frá svonefndum ábyrgum aðilum að sú furðulega brtt. fæddist við 1. gr. og var borin fram á þskj. 217 að ef kona, sem ósjúk væri, leitaði til læknisins um leiðbeiningar um þungunarvarnir, þá skyldi lækninum skylt að gefa ekki konunni, heldur eiginmanni hennar og barnsföður leiðbeiningar gegn barnsgetnaði. Það er víst þetta sem menn eiga við þegar rætt er um að skipa nefnd til þess að samræma hin ólíku sjónarmið, eins og hefur m. a. verið gert í sambandi við það mál sem hér er til umr. Afkvæmi slíkrar samræmingar að fengnum till. hinna ábyrgu aðila verður sem sé gjarnan eins og þessi makalausa málamiðlunartill. milli ákvæða frv. frá árinu 1935 um leiðbeiningar um þungunarvarnir og álits þeirra sem taldir voru geta gefið orðum sínum vigt í krafti sinnar sérþekkingar. Þannig má með samræmingunni ná fram niðurstöðum eins og þeirri sem að framan var lýst og svo geta menn deilt um það hvorir hafi náð merkilegri árangri, samræmingarnefndarmenn á því herrans ári 1975 eða samræmingarpostular þeir sem ætluðu hér að leysa úr deilunum árið 1935 um hvort kona ætti að fá aðgang að upplýsingum um getnaðarvarnir með því móti að lögleiða að ef kona óskaði slíkra upplýsinga hjá lækni sínum skyldi læknirinn senda hana heim, en kveðja til sín eiginmann hennar eða barnsföður blásaklausan og leiða hann svo í réttan sannleika sem konunni væri fyrirmunað að fá vitneskju um nema þá út frá því væri gengið að eiginmanninum væri laus tungan.

Mér hefur gerst nokkuð tíðrætt um lög um varnir gegn barneignum og um fóstureyðingar frá 1935 svo og þær umr. sem fram fóru um málið á Alþ. fyrir tæpum 40 árum. Ástæðan er tvíþætt: Í fyrsta lagi vildi ég vekja athygli á því hvað fyrir lagasmiðunum vakti með setningu þessarar löggjafar, benda á að bæði reynslan af framkvæmd hennar svo og nýjar aðstæður í þjóðfélaginu hefðu orðið þess valdandi, að lögin náðu ekki tilgangi sínum, og rökstyðja þannig nauðsyn þess að taka nú til endurskoðunar ekki aðeins þann kafla þeirra sem fjallar um fræðslu um barneignir, heldur einnig þau undantekningarákvæði laganna sem lúta að fóstureyðingum og ófrjósemisaðgerðum.

Í annan stað vildi ég með því að vitna í umr. þær, sem fram fóru um málið fyrir 40 árum, vekja athygli hv. þm. á því hversu áþekkar þær umr. eru þeim sem nú fara fram um skyld mál. Ég vildi einkum og sér í lagi benda á þá staðreynd að þau rök, sem árið 1935 voru færð gegn því að konan öðlist rétt til þess að leita sér sjálf fræðslu um kynlíf og barneignir, eru nú færð fram að mestu eða öllu óbreytt gegn því að konan öðlist sjálf rétt til þess að meta aðstæður sínar til þess að eiga og ala upp barn sem getið hefur verið gegn vilja hennar. Meiri hl. Alþ. tók ekki þessar röksemdir gildar árið 1935 og þótt þeim sé nú beitt varðandi annað atriði í sjálfsákvörðunarrétti konunnar til þess að fæða börn, þá tel ég það eitt út af fyrir sig ekki breyta því að þær röksemdir eru a. m. k. í mínum huga jafnléttvægar og þær voru í vitund þeirra sem lög settu um varnir gegn barneignum og fóstureyðingum á því herrans ári 1935.

Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr. að óþörfu með því að endurtaka þær röksemdir sem færðar hafa verið fram með og móti till. um sjálfsákvörðunarrétt kvenna um fóstureyðingar, innan vissra takmarka þó því að vissulega er sá réttur töluvert takmarkaður eins og flm. till., hv. þm. Magnús Kjartansson, hefur lýst hér. Ég þarf ekki að taka það fram að ég styð þá till. Ef ég færi að rekja röksemdir frekar yrðu umr. að mestu endurtekningar á röksemdum sem allar eru þegar komnar fram. Þó get ég ekki látið hjá líða að minnast á örfá atriði, sum smávægileg, en önnur stærri.

Ég hef lýst því áður að ég styð till. heilbr.- og trn. um orðun I. kafla frv. um fræðslu um kynferðismál o. fl., sem ég tel meginefni þessa frv., svo og síðari kafla þess. Einnig þykir mér flest það, sem n. hefur gert brtt. um við II. kafla, um fóstureyðingar, til bóta og mun greiða þeim till. atkv. verði þær till. minni hl. þessarar n., sem eru mér meira að skapi, felldar. Þrátt fyrir þetta vil ég þó aðeins nefna tvö atriði, annað í brtt. n. og hitt í frv. sjálfu, sem koma mér einkar spánskt fyrir sjónir.

Fyrra atriðið er varðandi 9. gr. frv. og hefur raunar áður verið á það bent hér. Þar gerir n. till. um að fella niður úr 9. gr., b-lið, orðið „fátæktar“ þannig að setningin orðist svo: „Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.“ Þarna er verið að tala um eina af félagslegum ástæðum þess að fóstureyðing verði heimiluð. Eftir því sem mér skilst mun ástæðan fyrir þessari niðurfellingu ekki vera sú að þeir nm. séu þeirrar skoðunar að fátækt eigi ekki að vera jafngild ástæða til að heimila fóstureyð-

ingar og þær aðrar sem upp eru taldar í b-lið 9. gr., heldur fremur hitt að þeir veigri sér við að nefna þetta orð, „fátækt“, í íslenskri löggjöf, væntanlega vegna þess að þeir efast um það sjálfir að fátækt sé hér lengur til. Ég vil nú leyfa mér að draga það mjög í efa að þótt þjóðin hafi vissulega komist úr örbyrgð til bjargálna á fáum áratugum þá þekkist fátækt ekki lengur í landi voru. A. m. k. verður henni ekki útrýmt með því að gera heiti hennar að feimnisorði, og vekur það raunar furðu mína að það eina orð, sem virðist særa blygðunarsemi hv. nm. í öllum þessum lagabálki, sé orðið „fátækt“. Ég mundi telja miklu æskilegra að það orð særði frekar réttlætiskennd þessara ágætu heiðursmanna með þeim afleiðingum að þeir sneru sér frekar að því að ryðja félagslegum forsendum þeirrar nafngiftar úr vegi en að meðhöndla orðið sjálft með svipuðum hætti og menn hafa nú meðhöndlað z-una sællar minningar.

Í annan stað virðast mér ákvæði 6. gr., 3. tölul., stangast talsvert á við efni og anda frv. eins og það kemur frá hendi n. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Ráðgjöf fyrir fólk, sem íhugar fóstureyðingu eða ófrjósemisaðgerð, tekur til þess, sem hér segir.“ Síðan er talið upp: „3. Ráðgjafar- og stuðningsviðtöl“ — stuðningsviðtöl til þeirra sem íhuga fóstureyðingu.

Ég leyfi mér að spyrja hvernig það geti samrýmst skoðunum hv. nm. á efni þess máls, sem hér er um fjallað, að breyta í einni andránni ákvæðum frv. í þá veru að leiða vottorðavaldið aftur til hásætis til þess að ríkja yfir kvenþjóðinni, en leggja í næstu andrá til að þetta sama vald eða a. m. k. angi þess eigi stuðningsviðræður við þá konu sem afráðið hefur að óska eftir fóstureyðingu. Þarna virðist mér sem sé að tölu vert stór dólpungur hafi sloppið í gegnum net n. En e. t. v. á hún einhverja þá skýringu á þessu sem ekki liggur í augum uppi því að vart held ég að það geti dulist neinum að það er ekki algerlega í anda frv. eins og það kemur frá n., að rætt sé um í öðru orðinu að vottorðavaldið skuli ríkja, og í hinu orðinu, að angi þessa sama valds skuli hefja stuðningsviðræður við konu þá sem óskar eftir fóstureyðingaraðgerð.

Þá vil ég að síðustu víkja með örfáum orðum að nokkrum þeim röksemdum gegn rýmkun á sjálfsákvörðunarrétti kvenna varðandi barneignir sem komið hafa fram hér og annars staðar.

Í fyrsta lagi virtist mér koma fram í ræðu hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur áðan að látið sé að því liggja að ef frv. yrði samþ. í upphaflegri gerð þess, þ. e. a. s. í þá veru sem minni hl. heilbr.- og trn. flytur till. um, þá sé verið að skylda lækna og aðrar heilbrigðisstéttir til þess að framkvæma fóstureyðingar, þ. á m. þá lækna sem teldu slíka aðgerð stríða á móti siðferðiskennd sinni og siðareglum. Þetta er algerlega rangt. Eftir núgildandi lögum getur læknir neitað að vinna slíkt verk þótt heimild hafi fengist. Fyrir því eru dæmi. Í frv. því, sem nú liggur fyrir frá meiri hl. n., gildir hið sama og sama máli gegnir þótt frv. yrði samþ. með þeim breytingum minni hl. heilbr.- og trn. sem ég styð. Það er rangt að í samþykkt þeirra till. felist sú kvöð að læknar verði að framkvæma fóstureyðingar sem heimilaðar hafa verið, hvort heldur þeir vilji eða ekki. Sá læknir, sem ekki vill vinna slíkt verk, getur skotið sér undan því eftir sem áður með nákvæmlega sama hætti og hann getur gert slíkt nú. Samþykkt á frv. í upphaflegri gerð þess breytir þess vegna engu að þessu leytinu til.

Í öðru lagi er sagt að opinberar skýrslur, sem gerðar hafa verið í nágrannalöndunum um fóstureyðingar eftir að ákvæði þeirra laga hafi verið rýmkuð, leiði í ljós að fóstureyðingum hafi fjölgað mjög eftir að hin rýmkuðu fóstureyðingarákvæði hafi tekið gildi. Rýmkun fóstureyðingarlöggjafarinnar leiði því óhjákvæmilega til fjölgunar fóstureyðinga og gjalda beri varhug við þeirri þróun.

Hv. þm. Magnús Kjartansson hefur þegar bent á að þessar fjölganir fóstureyðinga samkv. opinberum skýrslum erlendis frá geti einfaldlega átt sér þá skýringu að nú fyrst eftir rýmkun löggjafarinnar séu tiltækar opinberlegar skýrslur um raunverulegar fóstureyðingar í viðkomandi löndum. Áður fyrr hafi þær margar farið fram í laumi og því eðlilega ekki náð að komast á blað hjá opinberum skýrslugerðarmönnum. Sjálfsagt er þessi skýring mjög svo rétt þótt svo vera kunni að sjálfum fóstureyðingunum kunni eitthvað að hafa fjölgað við rýmkun heimildarákvæðanna. Við skulum a. m. k. láta svo vera. En ég hlýt að vekja athygli á því að þeir, sem nota þessa fjölgun fóstureyðinga í opinberum skýrslum í kjölfar rýmkaðra ákvæða um heimildir til fóstureyðinga sem röksemd gegn því að slík ákvæði séu verulega rýmkuð hér á landi, nota nákvæmlega sömu niðurstöðu, þ. e. a. s. fjölgun fóstureyðinga samkv. opinberum skýrslum hér á landi að undanförnu, sem rökstuðning fyrir því að ekki þurfi að rýmka þessa löggjöf hér ýkjamikið þar sem túlkun hennar og framkvæmd sé hvort sem er að þróast í frjálslyndari og þá væntanlega réttari átt.

Ég verð nú að segja eins og er að ég á ekki ýkjaauðvelt með að skilja samhengið í þessari röksemdafærslu. Þær tilvísanir til erlendra heimilda um fjölgun fóstureyðinga, sem notaðar eru sem rökstuðningur gegn því að við íslendingar fylgjum hinu erlenda fordæmi um rýmkun heimilda til fóstureyðingar og þær eru harðlega fordæmdar af viðkomandi aðilum, eru þegar litið er á innlendar skýrslur notaðar af sömu aðilum til þess að fullvissa menn um að þrátt fyrir þær hömlur, sem hér ríkja í þessu sambandi, fari þó frjálslyndið ört vaxandi, öllu miði nú í rétta átt, þannig að þar fyrir sé engin ástæða til lagabreytinga svo að neinu nemi. Hérna sýnist mér að eitt reki sig talsvert illilega á annars horn í rökstuðningi. Væru menn sjálfum sér samkvæmir ættu þeir frekar að hafa af því þungar áhyggjur, hve fóstureyðingum fjölgar hér á landi og í beinu framhaldi af því að fara þess eindregið á leit að heimildarákvæði í þeim efnum yrðu stórlega þrengd frá því sem nú er.

Þá ættu menn einnig að gera sér grein fyrir ástæðum þess að löglegum fóstureyðingum hefur farið fjölgandi í landinu undanfarin ár. Ekki er það vegna þess að lögum hafi verið breytt. Þau hafa verið óbreytt í 40 ár. Væntanlega heldur enginn því fram að ástæðan sé sú að neyð í landinu, líkamlegt heilsufar kvenna og félagsleg aðbúð þeirra hafi farið hriðversnandi á þess-

um árum. En hver er þá skýringin? Hver er þá skýringin á því að þrátt fyrir óbreytta löggjöf og þrátt fyrir það að við vitum að hagur kvenna í landinu hefur ekki farið versnandi á þessum 40 árum, heldur síður en svo, — hver er þá skýringin á því að samt skuli fóstureyðingum hafa farið fjölgandi á þessu tímabili? Líklegasta skýringin er að sjálfsögðu sú að um talsverða hugarfarsbreytingu hafi orðið að ræða, ekki hjá konunum, heldur hjá vottorðavaldinu, m. ö. o. að vottorðavaldið sýni nú meiri tilhneigingu til þess að taka mark á mati kvennanna sjálfra á eigin högum en það gerði fyrir fáum árum. Á framkvæmd á atriði eins og þessu að ráðast af því hvernig þetta vottorðavald er skapi farið hverju sinni, hvort það hefur vinsamlegri afstöðu í dag til hæfni kvenmanns, sem til þess leitar í neyð sinni, að dæma í sinni eigin sök heldur en það hafði í gær? Á framkvæmdin sem sagt að ráðast af kerfisduttlungunum hverju sinni? Og þeir sem í öðru orðinu láta í ljós ánægju sína með þessa jákvæðu þróun, þennan stöðugt vaxandi skilning vottorðavaldsins, hvernig geta þeir í hinu orðinu fordæmt það að skilningurinn verði látinn vera sem skarpastur, matið sem óvilhallast? Ef þróunin stefnir að áliti þessa fólks í rétta átt með því að vottorðavaldið sé nú skilningsríkara á ástæður þeirra, sem undir það þurfa að sækja, en áður var, hvernig geta þá þessir hinir sömu menn andmælt því að eilítið lengra sé gengið í þá sömu og að þeirra eigin áliti réttu átt?

Deilurnar snúast ekki um það hvort eigi að leyfa fóstureyðingar. Þær eru leyfðar. Deilurnar snúast ekki heldur um það hvaða ástæður geti orðið til þess að slíkar heimildir séu veittar. Deilurnar snúast aðeins um það hvort skylt sé að taka tillit til vilja konunnar, hvort skylt sé að gera ráð fyrir því að hún sé sjálf þess umkomin að meta aðstæður sínar öðrum betur eða hvort það sé aðeins heimilt.

Á leiðinni heim í kvöldmatinn í kvöld heyrði ég útvarpsauglýsingu frá samvinnunefnd gegn reykingum, þar sem kvenfólk var hvatt til þess að hætta að reykja. Auglýsingin hófst með orðunum: „Konur, sýnið nú skynsemi á kvennaárinu.“ Undirtónninn var sem sé sá að ekki mætti ætlast til að konur gætu sýnt skynsemi nema við sérstaklega hátíðleg tækifæri. Það er einmitt sama afstaðan til skynsemi konunnar sem ræður ferðinni hjá þeim sem telja að vottorðavald, sem enga ábyrgð hefur, hvorki gagnvart konu né væntanlegu barni hennar, muni hæfara til þess að taka ákvörðun um hagi konunnar en konan sjálf.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að vitna enn í þann mann sem ég hef vitnað hér í oft áður, Vilmund heitinn Jónsson landlækni. Í grg. með frv. frá 1935 sagði hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimurinn er enn ekki svo eftirsóknarverð vistarvera, að minna megi krefjast til handa hverju barni, sem fæðist, en að það sé a. m. k. aufúsugestur móður sinnar, hvað sem föðurnum líður.“

Skyldu þessi orð Vilmundar heitins Jónssonar ekki hafa staðist tímans tönn eins og ýmislegt fleira sem frá þeim ágæta manni hefur komið?

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Tveir hv. þm. hafa á þessum kvöldfundi leitað allmjög aftur í söguna til að rifja upp hvernig staða konunnar var metin á fyrri tíð. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem var að ljúka máli sínu, komst í þessu efni aftur á daga Nóa heitins, til syndaflóðsins sem drekkti Sódómu og Gómorru. Og hv. þm. Svava Jakobsdóttir leitaði til Móse, til Marteins heitins Lúthers og til forn-grikkja máli sínu til stuðnings um það hvernig konur hefðu verið forsmáðar fyrr á tíð og væru væntanlega enn.

Ég ætla í þeim fáu orðum, sem ég mæli hér, að halda mig við nútímann. Ég hygg að það sé okkur þarfara og hollara að líta á mál þetta frá sjónarmiði dagsins í dag og frá nútímasjónarmiði varðandi stöðu konunnar og samfélagsins í heild en snúa höfðinu til baka og fara svo langt aftur sem sögur framast herma.

Það hefur verið sagt hér og ég get endurtekið það, að mál þetta er harla viðkvæmt og það er mjög svo vandasamt. Afstaða til þessa máls getur trauðla ráðist af flokkslegum eða pólitískum sjónarmiðum. Hún verður að ráðast af líffræðilegum, siðgæðislegum sjónarmiðum, auk viðhorfs hvers og eins til almennra mannréttinda, hvað þau eigi að ná langt og hvað þau eigi að vera víðtæk. Út frá þessum sjónarmiðum hygg ég að hver og einn verði að taka afstöðu til þessa máls og gera upp við eigin samvisku.

Allt frá því að þetta frv. var fyrst lagt fram á síðasta Alþ. hafa staðið um það allmiklar deilur. Þessar deilur, bæði á síðasta ári og nú síðan það var lagt fram að nýju, hafa einkum snúist um það hvort fóstureyðingu skuli framkvæma að ósk konu án íhlutunar annarra eða ekki. Deilurnar hafa og sumpart staðið um það hvað víðtækur réttur konunnar eigi að vera til þess að öðlast fóstureyðingu.

Ég vil aðeins segja það sem mína skoðun um hinn svokallaða sjálfsákvörðunarrétt kvenna, að ég get lýst því yfir að ég styð mjög heils hugar sjálfræði kvenna í sem flestum málum, að konan hafi tækifæri og rétt til þess að taka ákvarðanir varðandi eigin mál og í sem flestum efnum gagnvart stöðu sinni í samfélaginu a. m. k. til jafns við karla. En þegar rætt er um að það sé sjálfsákvörðunarréttur konu að taka ákvörðun um að láta eyða fóstri, þá get ég ekki viðurkennt að svo sé, vegna þess að þar er hún að taka ákvörðun sem snertir fleiri en hana sjálfa. Þessi ákvörðun snertir a. m. k. það fóstur sem hún ber í móðurkviði, og sú ákvörðun snertir einnig, a. m. k. að nokkru þann föður sem átt hefur hlut að því að kveikja þetta líf innra með henni. Þess vegna er hér ekki eingöngu um sjálfsákvörðunarrétt að ræða í þessu tilliti, eins og rækilega hefur verið tekið fram og rökstutt af hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, heldur um ákvörðunarrétt af hennar hálfu til þess að ráða lífi og framtíð þess fósturs sem hún gengur með.

Um þetta atriði vil ég svo aðeins segja það, að ég er andvígur því að konan fái þennan rétt alfarið án íhlutunar annarra. Sú skoðun mín styðst við það að ég hef í samtölum við fjölda fólks, þ. á m. lækna, sem á þessum fundi hafa af sumum hverjum ekki verið taldir veigamiklar

persónur, heyrt að það muni vera mjög títt, og ég hygg að það þekki allir hv. alþm., að það koma þær stundir í lífi konu, sem er þunguð, e. t. v. við óæskilegar aðstæður að hennar mati, að hún óskar þess að láta eyða fóstrinu sem hún gengur með. En það mun einnig vera jafntítt að e. t. v. fáum dögum eða fáum vikum síðar óskar hún einskis frekar en að fæða af sér og ala önn fyrir því fóstri sem hún gengur með. Þetta á sér auðvitað þær rætur að kona, sem er þunguð, verður á stundum í nokkuð svo annarlegu ástandi og það annarlega ástand verður til þess að hún getur tekið hvatskeytlegar ákvarðanir, — ákvarðanir sem hún e. t. v. fáum dögum síðar óskar eftir að aldrei hefðu verið teknar. Ég held að það séu a. m. k. full rök fyrir því frá minu sjónarmiði að það séu aðrir aðilar og þá fyrst og fremst læknar sem komi þarna til skjala og hafi hönd í bagga og taki þessa ákvörðun í samráði við konuna.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta, en einmitt þetta atriði hefur verið langsamlega mest rætt í þessum umr. í kvöld og þetta atriði hefur verið langsamlega mest rætt í þeim deilum sem staðið hafa um þetta frv. á opinberum vettvangi og manna á meðal síðan það fyrst var lagt fram. En af þessu leiðir það af sjálfu sér að ég mun greiða atkv. gegn þeim till. sem fram hafa komið frá minni hl. hv. heilbr.- og trn. og hv. þm. Magnús Kjartansson hefur mælt fyrir.

Allir eða a. m. k. flestir viðurkenna að fóstureyðingar séu réttlætanlegar ef um læknisfræðilegar ástæður er að tefla. Ég er einnig þeirrar skoðunar. En ég viðurkenni einnig að fóstureyðing getur verið réttlætanleg af tilteknum félagslegum ástæðum, þó því aðeins að þessar félagslegu ástæður séu skilgreindar ákaflega þröngt. Það kom fram í máli einhvers hv. ræðumanns um þetta frv. að stundum væri það svo að erfitt væri að greina á milli læknisfræðilegra ástæðna og hinna félagslegu, og ég hygg að það sé nokkuð til í þessu. Ef hinar félagslegu ástæður eru með þeim hætti að hætta er á því að þungun og barnsburður og umönnun barns gæti haft skaðlegar og háskalegar afleiðingar í för með sér fyrir heilsu konunnar, þótt ekki væri í fyrstu andránni, þá tel ég að hinar svokölluðu félagslegu ástæður geti verið réttlætanlegar.

Afstaðan til þeirrar gr. frv., sem um þetta fjallar, þ. e. a. s. 9. gr. 1. tl., mótast þess vegna, a. m. k. frá minni hálfu, af því hvaða skilningur er lagður í þessa gr. og hvaða túlkun er sett fram í sambandi við það orðalag sem þarna er á ferðinni. Ef litið er á inngang þessarar gr., sem væntanlega er ætlað að marka henni farveg, þá hljóðar hann svo, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar ætla má að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna.“ Þetta er sem sagt heimild ef þessi skilyrði eru fyrir hendi. Síðar segir að við slíkar aðstæður skuli tekið tillit til eftirfarandi og þetta skilgreint nokkru nánar. Þarna er sagt að þegar ætla má að þungun og fæðing barns í heiminn verði konunni og hennar nánustu óbærileg, þá skuli fóstureyðing heimil. Ég legg þann skilning í orðið óbærileg að þarna sé um ástæður að ræða sem konan fái ekki undir risið. Því, sem er óbærilegt, verður ekki undir risið. Og ef þessi skilgreining er höfð í huga, þá væri túlkun þssarar gr. að minu mati mjög svo þröng, svo þröng að ég gæti samþ. hana.

Nú hefur meiri hl. hv. n. lagt fram brtt. við þetta orðalag á þá lund að í stað orðsins óbærileg komi: of erfið. Ég verð þegar í stað að lýsa andstöðu minni við þessa brtt. Þótt þessi brtt. sé ekki stórvægileg og einhver hv. þm., sem talaði fyrir hönd n., teldi að hún skipti í rauninni engu máli, þá er þetta orð þó stefnumarkandi fyrir gr., og „of erfitt“ er miklum mun linara orðalag en „óbærileg“ og gefur því víðtækari heimildir í þessari gr. Ég skal taka undir það með hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur, að d-liður þessarar gr. um aðrar ástæður, séu þær fyllilega sambærilegar við það sem áður er talið í framangreindum stafliðum, er til þess að víkka þessa gr. mjög og fer það ekki síst eftir því hvernig aðfaraorð gr. eru túlkuð og hvernig þau eru orðuð.

Í sambandi við þessa gr. virðist t. d. Læknafélag Íslands líta á hana með nokkuð öðrum og víðari hætti en ég hef tilhneigingu til og les eftir þessu orðalagi eða svo sem hér skal greina, en í áliti þeirra segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Af orðalagi 1. tölul. 9. gr. er ljóst að miða ber fyrst og fremst við mat konunnar á eigin aðstæðum.“ Sem sé, Læknafélag Íslands og þar með e. t. v. læknarnir, sem eiga að taka ákvörðun með konunni sjálfri, álíta að það eigi fyrst og fremst að taka afstöðu og ákvörðun miðað við mat konunnar sjálfrar. Er þá skammt í það að við séum að samþykkja þær brtt. sem hv. minni hl. n. hefur lagt fram. Enn fremur segir: „Með d-lið þessarar gr. er opnuð leið til þess að meta gildar aðrar sambærilegar ástæður. Þessi gr. mun í framkvæmd hafa í för með sér mikla rýmkun á heimild til fóstureyðinga.“ Enn segir: „Félagslegar og læknisfræðilegar ástæður eru samkv. núv. till. metnar jafngildar. Þannig er gert ráð fyrir að fóstureyðing verði heimil vegna félagslegra ástæðna ekki aðeins til loka 12. viku, heldur einnig frá 12.—16. viku.“

Ég verð að segja það, að ég hafði ekki lagt skilning í 9. gr. 1. tl. með þessum hætti eins og kemur fram í áliti Læknafélags Íslands. Ég hafði skilið gr. þröngt í samræmi við aðfaraorð hennar, eins og þau hljóða, og ekki skilið það svo, eins og þeir segja að miða beri ákvörðun fyrst og fremst við mat konunnar sjálfrar á eigin aðstæðum, heldur þyrfti að koma til einnig mat lækna og a. m. k. í vissum tilvikum félagsráðgjafa eins og þó frv. gerir ráð fyrir.

Hv. þm. Jón Skaftason mælti hér fyrir áliti meiri hl. heilbr.- og trn. Ég verð að játa það að í sumum atriðum af ræðu hans gekk mér nokkuð erfiðlega að átta mig á hvað hann væri að fara. Hv. frsm. sagði t. d. að frv. þetta væri hæfilegur áfangi í þróun löggjafar um þetta efni hér á landi. Hæfilegur áfangi í þróun, — hvert er þá stefnt? Næsti áfangi væri væntanlega frjálsar fóstureyðingar. Í sömu andránni eða svo sagði hv. frsm. frá því að í þeim nágrannalöndum okkar sumum hverjum, þar sem frjálsar fóstureyðingar hefðu verið lögleiddar, væru nú uppi raddir um að snúa við frá þeirri braut og til þrengri ákvæða. Það virtist hann

einnig telja nokkuð svo eðlilegt og taka það sem rökstuðning fyrir því að fara ekki lengra. Samt er frv. að hans dómi hæfilegur áfangi á þeirri braut sem fara á í löggjöf íslendinga um þetta efni.

Hv. þm. komst svo að orði, eftir að hann hafði lýst andstöðu sinni og meiri hl. n. við afstöðu minni hl., að fóstureyðing væri hreint neyðarbrauð. Hann hafði áður sagt að flestir teldu hana neyðarúrræði, en sagði svo jafnframt að í samræmi við 9. gr. 1. tl. ætti kona skýlausan rétt til fóstureyðingar eftir mörgum félagslegum leiðum og læknar gætu ekki skotið sér undan því að framkvæma fóstureyðingu að ósk konu í slíkum tilvikum, enn fremur að þarna væri í raun og veru um sjálfdæmi konunnar að ræða. Ég verð að játa það að þessi túlkun hv. frsm. meiri hl. n. kom mér gersamlega á óvart, að hér væri í raun og veru um sjálfdæmi konunnar að tefla gagnvart hinum félagslegu aðstæðum. Ef svo er, þá dreg ég í efa hvort nokkru skemmra sé gengið með þessu frv., eins og það nú liggur fyrir með þeim brtt. sem hv. n. hefur flutt við það, en gert var ráð fyrir í frv. eins og það upphaflega var flutt. Ég dreg í efa að þarna sé mikill munur á. Ég verð að beina því til hv. frsm. n. og annarra úr meiri hl. þessarar hv. n. hvort þetta sé í raun og veru skilningur n. eða ekki. Og ég beini því til hæstv. heilbr.- og trmrh., hvort þetta sé hans skilningur á því frv. sem hér liggur fyrir.

Það er alkunna að ef upp koma deilumál um framkvæmdaatriði ýmiss konar, deilumál, þar sem leitað er til löggjafar til úrskurðar og löggjafaratriði eru óviss, þá er ekki einasta skoðað nál. þess meiri hl. eða þeirrar n., sem mælti með samþykkt frv. á Alþ., heldur einnig farið í framsöguræðu frsm. n. til þess að athuga hvaða skilning n. sem slík hefur lagt í tiltekið orðalag sem oft og tíðum er nokkuð óvisst í lagasetningu. Slík túlkun getur a. m. k. ráðið úrslitum um hvernig um mál fer. Þess vegna tel ég algerlega nauðsynlegt að það liggi fyrir fyrir lok þessarar umr. hvort þetta sé skilningur meiri hl. n. á ákvörðunaratriðum í sambandi við félagslegar aðstæður eða hvort svo sé ekki. Ég get lýst því yfir nú þegar, að sé þetta skilningur n. á 9. gr. 1. tl., þá mun ég greiða atkv. gegn þeirri gr.

Flestir eða allir ræðumenn, sem tekið hafa til máls um þetta mál við þessa umr., hafa lýst því með mismunandi miklum alvöruþunga að fóstureyðing væri ævinlega neyðarúrræði. Fóstureyðing er neyðarúrræði í mínum huga, og um það hygg ég að þeir, sem hér eru staddir í kvöld, þurfi ekki að efast miðað við þau orð sem ég hef hér látið falla. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir tók það fram mjög svo skýrt að fóstureyðing væri ævinlega neyðarúrræði og þess þyrfti að sjá stað í lagasetningu að hún væri neyðarúrræði, löggjöfin þyrfti að bera það með sér að um neyðarúrræði væri að tefla. Ég hefði óskað þess að meiri hl. hv. n. hefði í brtt. sínum við frv. látið þetta koma nokkru skýrar í ljós en raun ber vitni, því að m. a. hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sjálf lýsti því yfir að í till. n. fælist nokkur rýmkun á því, að konur gætu fengið fóstureyðingu, frá því sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, og það hef ég þegar tekið fram í sambandi við það að skipta á orðinu óbærileg í of erfið sem er miklu veikara orðalag. Nú efast ég ekkert um, að meining hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur er ótvíræð þessi og væntanlega allra sem hafa tekið sér þessi orð í munn, að fóstureyðing sé ævinlega neyðarúrræði og henni eigi einungis að beita sem slíkri. En þá vil ég skjóta því til þessara ágætu þm., sem hafa tekið sér þetta orð í munn, að þá væri réttara og meira sannfærandi að ganga þannig frá þessum till., sem hér liggja fyrir við frv., að þetta kæmi skýrt fram í löggjöfinni, en væru ekki einungis orð sem hér væru mælt — kannske af alvöru en kannske ekki.

Ég held að það sé ekki sérstök ástæða fyrir mig að orðlengja þetta. Ég ítreka það að ég vil fá staðfestingu á því hvort skilningur sá, er hv. frsm. meiri hl. n. lýsti hér, sé hinn rétti skilningur n. á ákvæðum 9. gr. 1. tl., og enn fremur vil ég fá staðfestingu hæstv. ráðh., á hvort þetta sé hans skilningur eða hvort svo sé ekki. Sé n. annarrar skoðunar en e. t. v. hefur komið fram í ónákvæmu orðalagi frsm. þá endurskoða ég afstöðu mína í sambandi við það hvort ég treysti mér til að greiða þessari gr. atkv. Ég held að gagnvart hinum félagslegu ástæðum sé það keppikefli okkar allra, a. m. k. á það að vera það, að búa svo um hnúta í okkar þjóðfélagi að neyðarástand af völdum félagslegra ástæðna þurfi ekki að verða þess valdandi að konur þurfi að grípa til fóstureyðinga. Ég tek það fram, að ég met ekki sem gildar félagslegar aðstæður t. d. hafi stúlka orðið ófrísk, að stúlkan sé á æskuskeiði og treysti sér illa til að annast barn sitt. Ég met það ekki sem gildar ástæður. Æsku í þessu tilfelli met ég einungis gilda ástæðu til fóstureyðingar ef læknisfræðilegar aðstæður gefa tilefni til að búast megi við því að stúlkan bíði hnekki á heilsu sinni. Þess vegna vil ég ítreka það, að það ætti að vera keppikefli okkar þm. að bæta um það sem vel hefur verið gert á undanförnum árum, að bæta svo stöðu konunnar í okkar þjóðfélagi að félagslegar aðstæður hamli því ekki að hún geti með eðlilegum hætti fætt af sér það barn, sem hún gengur með hverju sinni, og hlotið þá miklu dásemd sem náttúran hefur búið henni, að fæða þetta nýja líf í heiminn, — nýja líf sem kviknaði við frjóvgun eggsins.

Ég tek það fram út af því, sem komið hefur fram hjá einum ræðumanni, að hann var að bollaleggja um það hvenær fóstrið væri orðið að nýju lífi, að í 8. gr. frv. er komist svo að orði, með leyfi forseta: „Fóstureyðing samkv. 1. þessum er læknisaðgerð, sem kona gengst undir í því skyni að binda enda á þungun, áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska.“ Ef eftir mínum skilningi ætti að skilja þessa gr. bókstaflega, þá yrði aldrei um neina fóstureyðingu að ræða. Ég lít svo á að í öllum venjulegum aðstæðum, eftir að egg konunnar hefur verið frjóvgað, sé þar kviknað líf sem getur átt sér langa framtíð ef ekki er gripið inn í með óeðlilegum aðgerðum. Þess vegna á hvert það frjóvgað egg í móðurkviði, sem er með eðlilegum hætti, líf fyrir höndum, það á sér þroskamöguleika og getur orðið að manni eða konu, — maður er auðvitað kona, kona er auðvitað maður, — ef ekki er gripið

inn í þessa venjulegu rás. Þess vegna finnst mér grein af þessu tagi vera næsta hjákátleg í þessu frv.

Ég skal svo ekki lengja þetta mál. Ég lít svo á eins og ýmsir aðrir, að I. kafli þessa frv., um ráðgjöf og fræðslu í sambandi við kynferðismál eða kynlíf og getnaðarvarnir, sé mikilvægasti kafli þess og framvinda þessara mála ráðist kannske ekki hvað síst af því hvernig til tekst um framkvæmd hans. Það er rétt að framkvæmdir í þessum efnum hafa verið handahófskenndar og oft og tíðum mjög farið á svig við jafnvel þau ákvæði sem gilt hafa um þetta efni, þau vanrækt meira en góðu hófi gegnir. En með nýjum og betri ákvæðum verður framkvæmdin líka vonandi betri og þá öllum til heilla, ekki síst konunni, en þó um leið öllu samfélagi manna hér á landi. Ég tek það fram alveg sérstaklega, að þessi kafli frv. er mikilvægur og að þessum þætti þarf að gefa góðan gaum, ekki einungis í lagasetningu einni, heldur einnig hvernig um framkvæmdina tekst til.

Ég ætla svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég mun greiða frv. sem heild atkv., en ég áskil mér rétt til þess að greiða atkv. gegn 9. gr. 1. tl. Ég mun endurskoða þá afstöðu ef fram kemur af hálfu hv. n. annar skilningur en sá er hv. frsm. túlkaði í umr. í dag.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er nú langt liðið á kvöld og ég skal ekki lengja þessar umr. úr hófi fram. En ég vil hefja þau fáu orð, sem ég hyggst segja um frv. sem er til umr., með því að vekja athygli á ályktun fundar kvenna sem haldinn var á Akureyri skömmu fyrir síðustu helgi. Á fundinn komu um 100 konur og létu þær fara frá sér ályktun um meginefni þess frv. sem hér er til umr. og mestum deilum hefur valdið. Á 2—3 dögum undirrituðu 500 konur á Akureyri að auki ályktun þessa fundar þannig að á ótrúlega skömmum tíma hlaut sú skoðun, sem í henni felst, fylgi 600 kvenna. Þetta hygg ég að sé vottur þess hversu almenn sú skoðun er meðal kvenna, sem fram kemur í ályktuninni, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við undirritaðar fögnum þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á fóstureyðingafrv. svonefnda, er fellt var niður ákvæðið um frjálsar fóstureyðingar að ósk konu, og treystum við því eindregið að hv. alþm. geri ekkert í þá átt að rýmka frv. að nýju. Hins vegar álítum við þörf á, að skýrar verði kveðið á um, hverjir og hvernig skuli leggja mat á félagslegar aðstæður þegar þær liggja að baki beiðni um fóstureyðingu."

Ég tek undir þessa ályktun þessara 600 kvenna og tel að hún eigi miklu fylgi að fagna meðal íslenskra kvenna. (Gripið fram í.) Ályktunin liggur fyrir á lestrarsal ef hv. þm. vill kynna sér nöfnin, og athygli hv. heilbr.- og trn. beggja d. hefur verið vakin á þessari ályktun.

Efni þessa frv. greinist í marga þætti. Fram hefur komið í þessum umr. að menn eru yfirleitt sammála um að allir kaflar frv., þegar frá er talinn kaflinn um fóstureyðingar, séu til verulegra bóta frá núgildandi lögum. Hér er um mjög veigamikið mál að ræða, svo sem kaflann um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, og tek ég undir ummæli margra hv. þm. um hversu mikilvægir þessir kaflar frv. eru. Fyrir flestum eru þó, að ég hygg, örlagaríkust ákvæði þess kafla frv. sem fjallar um fóstureyðingar. Í honum felast, ef að lögum verður, ákvæði sjálfs löggjafans um eyðingu fósturs úr móðurkviði, hvenær slík aðgerð sé rétt og lögmæt. Einsýnt er að fóstureyðing er örþrifaráð sem grípa verður til, þegar líf móður er hætt vegna þungunar og barnsburðar eða þegar fóstri er hætt og líkur á að það verði verulega vanheilt sem barn og fullorðinn einstaklingur. Um þetta hygg ég að sé ekki um teljandi ágreining að ræða, hvorki hér á hv. Alþ. né meðal almennings. Í því sambandi verður þó að undirstrika að hér er skýlaust um að ræða örþrifaráð, eins konar neyðarrétt.

Öðru máli gegnir um fóstureyðingar sem ekki styðjast við þennan neyðarrétt. Í því sambandi vakna eðli málsins samkv. djúpstæðar siðferðilegar spurningar um rétt þess einstaklings, sem sannanlega verður að lifandi manni ef aðgerðin er ekki gerð, og að nokkru rétt barnsföðurins sem mér virðist að gefinn hafi verið minni gaumur en skyldi í þeim umr. sem fram hafa farið um þetta mál. Mín skoðun er sú að það þurfi að liggja til mjög afdráttarlaus og óyggjandi rök, sem líkja má við algera neyð, ef til svo alvarlegrar aðgerðar sem fóstureyðingar á að grípa í öðrum tilvikum en þegar heilsu móður er stefnt í tvísýnu eða hætta er á að barn verði vanheilt. M. ö. o.: ég tel að fóstureyðing vegna félagslegra ástæðna geti því aðeins átt rétt á sér að hún styðjist við eins konar neyðarrétt.

Löggjafinn getur að sjálfsögðu ekki synjað algerlega fyrir að þungun og tilkoma barns geti orðið konunni og hennar nánustu óbærileg vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna, eins og að orði er komist í frv. sem hér er til umr. Af þeim ástæðum og þeirri staðreynd að séu slíkar óbærilegar aðstæður fyrir hendi, þá hlýtur að vera mikil freisting fyrir lækna að taka þá ákvörðun að framkvæma slíka aðgerð, þótt heimild skorti í raun til þess í lögum, get ég eftir umhugsun út af fyrir sig samþykkt þetta ákvæði eins og það er í frv. nú.

Ég tel á hinn bóginn að brtt. hv. heilbr.- og trn. í þessu tilviki sé nokkuð hæpin og get tekið undir orð hv. þm. Pálma Jónssonar í því efni. N. leggur til að í stað þess orðalags að fóstureyðing sé heimil vegna félagslegra ástæðna, þegar þungun og tilkoma barns sé konu og hennar nánustu óbærileg, komi orðin „of erfið". Þetta orðalag tel ég of loðið og óákveðið þegar um svo alvarlegt siðferðilegt mat er að ræða sem fóstureyðing er og í því tilviki þegar ótvíræðar læknisfræðilegar ástæður liggja ekki til að gripið sé til þessarar alvarlegu aðgerðar. Því hefði ég helst kosið að frv. hefði verið að þessu leyti óbreytt.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Af þeim umr. sem orðið hafa um frv. til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir á þskj. 233, umr. jafnt utan þings sem innan, þá sýnist mér og væntanlega öllum nokkuð ljóst að sá eini

ágreiningur, sem máli skiptir, er um II. kafla þessa frv., sem fjallar um fóstureyðingu, og þá um 9. gr. frv.

Áður en ég vík að þessu ágreiningsatriði vil ég láta í ljós ánægju mína með þetta frv. sem heild. Ég mun styðja þetta frv. eins og það liggur fyrir á þskj. 233, þótt sitthvað megi finna að einstökum atriðum þess. Ég hef ekki hugsað mér að bera fram neinar brtt., en ég vildi í máli mínu hér á eftir víkja nokkrum ábendingum að hv. heilbrn. þessarar hv. d. og vænti þess að hún sjái sér fært að athuga þær á milli 2. og 3. umr. málsins.

I. kafli frv. fjallar um ráðgjöf og fræðslu. Ég tek undir það, sem fram hefur komið hjá ýmsum hv. þm., að þetta tel ég vera langmerkasta kafla þessa frv. Hér á að sjálfsögðu ekki að vera um nein feimnismál að ræða og fræðsla og ráðgjöf er ekki aðeins sjálfsögð, heldur nauðsynleg. Hins vegar er alveg ástæðulaust að feimni taki á sig öfug formerki, eins og mér virðist stundum vera nokkur tilhneiging til, og ég lít svo á að fræðsla og ráðgjöf eigi ekki að vera of, fremur en hún hefur hingað til verið van. En það er í þessu efni vandrataður hinn gullni meðalvegur, og kannske ekki hvað síst hér, því að í þessu efni er fjallað um einn af eðlislægustu þáttum lífsins.

Ég er einnig sammála því, sem kveðið er á um í I. kafla þessa frv., hvernig þessari ráðgjöf skuli fyrir komið. Ég vil sérstaklega taka það fram að ég er því alveg sammála að fræðsla í þessum málum á skyldunámsstigi sé í höndum fræðsluyfirvalda og falli inn í skipulagningu námsefnis í hverjum skóla fyrir sig án þess að þar þurfi að kalla til einhverja svonefnda sérfróða aðila. Orðin eru til alls fyrst og lagasetningin auðvitað nauðsynleg, en það mikilvægasta er auðvitað að vel takist til um framkvæmd þessa frv. ef að lögum verður, auðvitað í heild, en ekki hvað síst þennan kafla frv. og jafnframt að á framkvæmdinni verði engin töf.

Um III. kafla frv. hef ég ákaflega litlar athugasemdir fram að færa og ég hef ekki orðið var við mikinn ágreining um hann. Ég lít á að hér sé um ákaflega mikil persónuleg atriði að ræða og hér ætti að viðhafa skriffinnsku í lágmarki. Ég tel að nefndarafskipti hér séu með öllu óþörf, nema þá því aðeins að synjað sé um ófrjósemisaðgerð, sem manni sýnist nú að jafnan mundi enginn grundvöllur eiga að vera fyrir eftir að sá eða sú, sem óskar slíkrar aðgerðar, hefur verið frædd eða fræddur um eðli aðgerðarinnar og hvað af henni leiði og jafnframt hafi verið gengið úr skugga um að þetta sé raunverulegur vilji þess eða þeirrar sem aðgerðarinnar óskar.

II. kafli frv. fjallar um fóstureyðingar. Í þeim kafla er að finna margnefnda 9. gr., en það er einmitt um hana sem heita má að allur ágreiningurinn hafi orðið. Þessi grein fjallar um heimildir til fóstureyðingar og orðan þessarar gr. er að finna annars vegar á þskj. 233 og sú orðan er studd af meiri hl. hv. heilbrn. d., en svo er till. um annað orðalag þessarar gr. að finna á þskj. 428, þ. e. frá minni hl. hv. heilbrn., lagt fram af hv. 3. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni.

Um þessa tittnefndu 9. gr. hafa orðið miklar deilur bæði innan þings og utan og er kannske vert að hyggja að því fyrst um hvað hefur verið deilt.

Því hefur verið haldið fram að 9. gr., eins og hún var í hinni upprunalegu mynd þessa frv. og eins og hún nú liggur fyrir á þskj. 428, hafi jafngilt frjálsum fóstureyðingum og með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á upprunalega frv. og þá eins og það nú liggur fyrir á þskj.233, hafi þessar frjálsu fóstureyðingar verið afnumdar. Þetta er ekki rétt. Frjálsar fóstureyðingar eru ekki á dagskrá, hv. þm. Magnús Kjartansson hefur tekið rækilega fram í áliti sínu og ræðu sinni hér í hv. d., að hér sé ekki um frjálsar fóstureyðingar að ræða, og telur, að slíkt felist ekki í till. hans.

Þá kemur næst að því hvort verið sé að deila um sjálfsákvörðunarrétt konunnar. Þessu er mjög haldið á lofti. En mín skoðun er sú að svo sé raunverulega ekki. Mér finnst miklu fremur að hér sé settur á svið svolítill orðaleikur, en raunveruleikinn sé allur annar. Það er konan sem hefur tekið, tekur og mun taka ein endanlega ákvörðun um fóstureyðingu. Hún hefur tekið, tekur og mun taka ein eftirköstum og afleiðingum slíkrar aðgerðar, líkamlega og andlega, til góðs eða ills.

Ég tel að hástemmdur tilfinningalegur orðaleikur ætti ekki heima í þessu sambandi. Það er enginn, sem tekur þessa ákvörðun fyrir konuna, og það er enginn, sem ber raunverulega ábyrgðina og tekur afleiðingunum, nema hún. Hins vegar hefur það verið svo og er enn þá gert ráð fyrir því að fóstureyðing sé ekki framkvæmd nema frambærilegar ástæður séu fyrir hendi. Og það er alveg sama hvort frv. yrði samþ. í sinni upprunalegu mynd eða í sinni núverandi mynd, að frambærilegar ástæður þyrftu að vera fyrir hendi. Það er ekki um neinar frjálsar fóstueyðingar að ræða hvoru frv. við veittum heldur brautargengi. Ég skal viðurkenna að frv. í sinni upprunalegu mynd er rýmra í þessu efni en það lítur nú út á þskj. 233. En það breytir engu um það að þegar litið er á allar þær félagslegu og læknisfræðilegu ástæður sem nú eru nægjanlegar til heimildar fyrir fóstureyðingu, þá er hér á ferðinni mjög rýmilegt frv. Raunar er þetta svo rýmilegt að sé fóstureyðing ekki möguleg innan þess ramma sem þar er upp settur, þá er ekki lengur um neyðarúrræði að ræða, og það eru þó að mér virðist, allir sammála um, að það hljóti fóstureyðing að vera, síðasta úrræði og neyðarúrræði. Þetta er mergurinn málsins. Það er hvorki um það að ræða að taka upp frjálsar fóstureyðingar né hafa af konunni sjálfsákvörðunarrétt. Þetta er eingöngu orðaleikur, sem hér er hafður frammi, og það er þar af leiðandi engin ástæða til allra þeirra deilna, sem hafa orðið um þessa gr., og engin ástæða, finnst mér, til þeirra mörgu og stóru orða sem hafa verið látin falla. En þetta fyrirgefst vegna þess að þetta mál er tilfinningamál. Þetta er tilfinningamál og tilfinningar geta vel yfirbugað skynsemina. En menn verða að halda sig við jörðina til að geta séð málið eins og það raunverulega er og hvernig það hlýtur að verða í framkvæmd. Það er alveg sama hvaða orð

standa á pappír, og það er eiginlega alveg sama hversu lög mæla fyrir, það er framkvæmdin á þeim sem skiptir mestu máli. Og kostir þessa frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 233, eru þeir að það er mjög rúmt — og svo að ég endurtaki það, sem ég hef áður sagt, það er svo rúmt að ástæður til að leyfa fóstureyðingu, sem ekki kæmust fyrir í þessum ramma, gera það að verkum að maður getur ekki lengur talað um nein neyðarúrræði. Kostur við frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 233, er einnig sá að þar er að finna ákvæði sem tryggja skjóta og örugga framkvæmd fóstureyðinga og það tel ég varða mjög miklu.

Ég vil segja að það góða við umr. um þetta mál hafi kannske fyrst og fremst verið það, að komið hefur vel fram í dagsljósið það sem úrskeiðis hefur farið í sambandi við framkvæmd fóstureyðinga skv. eldri lögum og reyndar enn gildandi lögum. Ég hygg að þetta muni eiga sinn þátt í því að þeir, sem eiga að sjá um framkvæmd laganna, muni verða vel á verði og gera sitt besta til þess að framkvæmdin geti gengið vel og greiðlega.

Mig langar nú til að víkja að þessu svolítið nánar. Nú verður kona vanfær, og slíkt gerist ekki alltaf eftir fyrirframgerðri áætlun og virðist oft skapa óyfirstíganleg vandamál. En nú fullnægir konan einhverju þeirra skilyrða sem sett eru um heimild fyrir fóstureyðingu og þá hefur hún leið út úr sínum vanda ef hún svo sjálf ákveður. En þetta er erfið ákvörðun og konan ráðfærir sig við þá sem hún treystir. Hún ráðfærir sig við vini og vandamenn ef ég má svo að orði komast. Hún leitar liðsinnis hjá þeim, hún leitar hjá þeim halds og trausts. Stundum leysist málið á þeim vettvangi án þess að til nokkurrar fóstureyðingar komi. Það er ekkert óeðlilegt við það að hún leiti síðan til félagsráðgjafa til að fá allar upplýsingar um það hvernig hún standi í þjóðfélaginu, hvernig hún stendur á þessari stundu og á þeim tíma sem í hönd fer og eftir að hún elur sitt barn, ef það er hennar raunverulega ósk, — sem ég hygg að sé alltaf hennar ósk hvað sem síðar ræðst og hún ákveður. Hún leitar einnig til læknis, og það er mjög eðlilegt. Hvað gerir læknirinn? Það er reynt að setja þetta mál þannig á svið að hér sé um að ræða stríð milli lækna og kvenna. Þetta er alger misskilningur. Læknirinn getur ekkert annað gert en að leggja ákveðnar upplýsingar fyrir konuna. Hann hlýtur að greina henni frá því hver áhættan er við að gangast undir fóstureyðingu. Hann verður að meta með henni þá áhættu annars vegar og hins vegar þá áhættu sem er í því fólgin að halda áfram að ganga með barn sitt og ala það. Sú áhætta er að sjálfsögðu vaxandi eftir því sem heilsufarsástand konunnar er verra. Það er ekkert athugavert við það þó að læknirinn taki þátt í því að meta heilsufarsástand konunnar, hina líkamlegu heilsu konunnar og eftir atvikum hina andlegu heilsu hennar einnig. Læknirinn getur ekkert annað en lagt þessar niðurstöður á borðið. Konan hefur þær niðurstöður ásamt mörgum öðrum til þess að taka sína ákvörðun enda eigi hún stoð í lögunum fyrir því að geta tekið slíka ákvörðun. Læknirinn verður aldrei annað en staðfestingaraðili í þessum efnum. Ég legg til við hv. heilbrn. að hún íhugi hvort ekki megi gera vottorðin einfaldari en gert er ráð fyrir í frv. Læknirinn þarf ekki annað en að staðfesta umsögn konunnar. Í sumum tilfellum verður læknirinn ekki aðeins staðfestingaraðili, hann verður einnig beinlínis ráðleggjandi aðili þannig að hann mælir með því að konan láti framkvæma fóstureyðingu. Þetta mundi læknirinn gera ef konan væri augljóslega haldin einhverjum slíkum sjúkdómum að líklegt væri að það að ganga með barn og ala barn gæti valdið henni alvarlegu og varanlegu heilsutjóni.

Ég hef persónulega staðið frammi fyrir slíkum ráðleggingum oftar en einu sinni og síðast fyrir hálfum mánuði. Hins vegar er það konan sem ræður hvaða ákvörðun hún tekur, en ekki ég. Það er hennar mál. Hún á sitt líf. Ég get sagt við hv. alþm.: Við höldum að það sé óhollt að reykja, við höldum að það sé óhollt að vera allt of feitur, við höldum að það sé óhollt að hafa of litla hreyfingu, og jafnslæmt og þetta allt til samans er að vera haldinn streitu. Við getum aðeins bent fólki á þessa hluti, en það ræður alveg sjálft hvernig það hagar sér. Það á sitt líf. Það er ekki um neitt stríð að ræða milli lækna og kvenna. Læknirinn getur aðeins staðfest eða beinlínis ráðlagt að til fóstureyðingar komi. Hann getur ekki stöðvað konuna og hann hefur enga löngun til þess. Auðvitað eru menn í öllum stéttum sem kannske þykjast alltaf vera þess umkomnir að segja öðrum fyrir verkum. Þeir eru vafalaust einnig í minni stétt. En ég hygg að það þurfi ekkert að fara út fyrir veggi þessa húss til að finna slíka menn.

Ég vil vekja athygli á því að bæði hjúkrunarkonur og læknar hafa lýst því yfir að þau vilji gera ákveðinn fyrirvara um aðild sína að fóstureyðingum ef samþykktar verða frjálsar fóstureyðingar. Þetta með frjálsar fóstureyðingar er að sjálfsögðu byggt á þeim misskilningi að frv. í sinni upprunalegu mynd hafi þýtt frjálsar fóstureyðingar. Ég vil hins vegar beina því til hæstv. heilbr.- og trn. að hún athugi hvort ekki megi koma inn í síðari gr., þ. e. ekki 9. gr., það væri möguleiki 14.—16. gr., 14. eða 15. sennilega, viðbótarákvæði þar sem segði eitthvað á þá leið að læknar og hjúkrunarfólk sé skuldbundið til þess að taka þátt í fóstureyðingum enda kveði ráðningarsamningar þeirra svo á um. Hjúkrunarkonur og læknar hafa ekki sett sig upp á móti frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 233, og ég hygg þar af leiðandi að það verði vandalaust að setja þetta inn í samninga þessa fólks. En þetta tryggir það að framkvæmd fóstureyðingar stöðvist ekki á sjúkrahúsi vegna þess að þeir, sem þar starfa, líti svo á að þeim beri engin skylda til að framkvæma hana. Þetta tel ég nauðsynlegt konunnar vegna til að útiloka enn einn möguleikann á því að framkvæmdin fari í handaskolum. Ég bið hv. n. að taka þetta til vinsamlegrar athugunar.

Hvað við kemur frv. í sinni upprunalegu mynd og eins og það liggur fyrir, þ. e. a. s. sem brtt. á þskj. 428, þá er um þá mynd frv. að segja að hún felur ekki í sér frjálsar fóstureyðingar. Hún tryggir engan umtalsverðan rétt konunnar um-

fram það sem er í frv. á þskj. 233. Loks er ljóst að framkvæmd fóstureyðingar skv. þeirri mynd frv. gæti orðið ótrygg. Það sýnist því þjóna litlum tilgangi að reyna að fá frv. í þeirri mynd í gegnum þingið.

Ég tek alveg undir það, sem komið hefur fram hjá nokkrum hv. alþm., að við skulum vona að til þess komi að það verði einvörðungu læknisfræðilegar ástæður er leiði til þess að fóstureyðingar verði heimilaðar. En við verðum hins vegar að horfast í augu við staðreyndir það eru félagslegir erfiðleikar og félagsleg vandamál í þjóðfélaginu. Við skulum setja okkur það mark að reyna að uppræta þessa erfiðleika. En meðan þeir eru verðum við að taka tillit til þeirra. Við verðum að taka tillit til þeirra og telja félagslegu ástæðurnar gildar sem heimild til fóstureyðingar, svo lengi sem við erum sammála um það meginsjónarmið að fóstureyðing sé heimil yfirleitt, og við sýnumst allir vera sammála um að það sé neyðarúrræði og skuli eingöngu beitt sem slíku.

Ég ætla nú ekki að elta ólar við sum stór orð sem hér hafa verið látin falla í garð lækna. Við erum orðnir þessu svo vanir. Það er nú svo að það er ekki mikið deilt um nauðsyn okkar. Það er ekki heldur deilt um nauðsyn sérfræðinganna og það eru raunar alltaf þeir sem eru dregnir fram mönnum til halds og trausts er mikið liggur við. En svo lenda menn stundum í svolitlu tilfinningalegu feni og þá leita þeir sér halds og trausts á öðrum miðum. Þetta er mál hvers og eins og ég orðlengi ekki frekar um það.

En ég vil vara menn við því að gera lítið úr þeirri siðfræði lækna og hjúkrunarfólks að hlutverk okkar sé að lækna og líkna og lina þjáningar. Ég verð auðvitað að segja það, að það verður að vera á valdi hvers og eins hversu mikinn sóma hann telur sér að því að vanvirða þetta markmið í starfi þessara stétta. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að við stöndum á hverjum degi frammi fyrir því að viðhalda lífi og á hverjum einasta degi gæta oft sýnst miklu eðlilegra — svo að ég nefni nú ekki hvað það væri miklu auðveldara — að eyða þessu hinu sama lífi. Það er aðeins ein vörn og aðeins ein stoð sem maður hefur, og hún er að vera trúr því markmiði sem maður hefur unnið eið að, því að láti maður undan einu sinni, þá veit enginn hvenær og hvar það gerist næst og hvar það að lokum endar. Þetta er staðreynd og þeim, sem vilja fara léttúðlegum orðum um þessa siðfærði og telja hana kannske innantóma, þeim verð ég bara að fyrirgefa vegna algers skilningsleysis.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þar sem ég talaði alllangt mál í þessum umr. hér í dag mun ég ekki við það miklu bæta. Ég tel mér aðeins skylt að svara spurningu, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. beindi til mín um afstöðu mína til brtt. okkar í meiri hl. heilbr.- og trn. til eins orðs. En við gerum till. um að í stað orðsins „óbærileg“ í 9. gr. frv. komi orðin „of erfið“. Hv. þm. taldi að þessi till. breytti innihaldi frv. mjög ef samþ. yrði. Ég skýri þá afstöðu mína að ég lít á það sem algert smekksatriði hvort maður lætur standa orðið „óbærilegt“ eða orðin „of erfið“, því að mitt sjónarmið er það að ef meðganga barns er manni of erfið þá er hún óbærileg. Ég legg nokkurn veginn að líku hvort orðalagið er notað. Hitt kann svo að vera að aðrir menn hafi þar á önnur sjónarmið og greiða vitanlega atkv. í samræmi við það.

Annað atriði nefndi hv. þm. í sinni ræðu og vitnaði til ræðu minnar í því sambandi. Það var um þau ummæli mín í ræðu minni í dag að mér fyndist augljóst og nauðsynlegt, miðað við þá skoðun sem allir hér virðast vera samdóma um, að fóstureyðing sé alltaf neyðarúrræði, að þá yrði það að koma fram í lögunum sjálfum að um neyðarúrræði væri að ræða.

Í máli hv. síðasta ræðumanns kom það mjög skýrt fram hvernig einmitt þetta frv. hefur þetta í sér fólgið því að eins og hann orðaði það mjög réttilega, ef ástæður konu til fóstureyðingar rúmast ekki innan þess ramma, sem í þessu frv. er fólginn, þá er ekki um neyðarúrræði að ræða. Mér sýnist það koma nægilega fram af innihaldi frv. án þess að vera orðað sérstaklega.

Enn vil ég taka fram, og einnig vegna þess sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. þar sem hann, og raunar fleiri þm. hér í dag, hv. 5. þm. Vestf. t. d., nefndi að ef til vill væri ástæðulaust að lögleiða sérstaklega að fóstureyðing yrði heimil af félagslegum ástæðum einum saman, að það er rétt að strangt tekið, eftir orðanna hljóðan í væntanlegum lögum, þá er þetta mikil rýmkun. En að mínum skilningi er afskaplega mjótt á munum hvort um er að ræða læknisfræðilega ástæðu eða félagslega ástæðu. Ég held raunar að félagslegar ástæður, sem heimila fóstureyðingu, séu svo nátengdar því sem telja má læknisfræðilegar ástæður að þar verður oft varla greint á milli. Þessi breyting, sem í frv. felst, er í raun og veru sú að það er kveðið skýrt á um að félagslegar ástæður sérstaklega geti leitt til þessarar framkvæmdar, þó að margir séu aftur þeirrar skoðunar að allar þær ástæður mundu rúmast innan hugtaksins „læknisfræðilegar ástæður“ því að læknisfræðilegar ástæður eru langtum fleira en bara það hvort maður er t. d. með sótthita eða ekki. Félagslegar ástæður hljóta auðvitað að verka á allt andlegt og kannske líka líkamlegt heilsufar viðkomandi persónu. Þetta var aðeins til að skýra enn nánar afstöðu mína til þeirra till., sem hér liggja fyrir, og ég mun ekki fara út í að ræða frv. nánar því að ég ræddi grundvallarsjónarmið meira í dag og tel að við ættum að standa saman um að samþ. frv.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. spyr úr sæti sínu um sjónarmið mitt til túlkunar frsm. á orðalagi 9. gr. Nú man ég ekki nákvæmlega hvernig orð frsm. féllu, en ég hef ekki orðið vör við annað í n., sem um málið hefur fjallað, en að okkar sjónarmið til þessa féllu alveg saman. Ég lít ekki svo á að 9. gr. frv. veiti þeirri konu, sem óskar fóstureyðingar, hvernig sem á stendur heimild til fóstureyðingar. Hún verður að uppfylla þau skilyrði sem upp eru talin í greininni. Get ég ekki séð annað en það liggi nokkurn veginn í augum uppi. Ég held að ég hafi skýrt mitt sjónarmið til þess í dag að ég teldi að við ættum ekki að hafa ákvæðið rýmra en það yrði

með samþykkt þeirra brtt. við frv. sem við höfum lagt fram.

Ég vona að hv. 2. þm. Norðurl. v. þyki þetta nægileg skýring á afstöðu minni.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Eins og flestir hv. þm., sem tjáð hafa álit sitt í þessum umr., mun ég einkum gera að umtalsefni 9. gr. frv. og brtt. við hana, en ég hyggst aðallega ræða um 3. lið þessarar gr. og skýra afstöðu mína til málsins út frá honum. Ég man ekki eftir að þessi 3. liður hafi fyrr verið nefndur í þessum umr. Hann ber enga yfirskrift í frv. 1. liður nefnist „Félagslegar ástæður", 2. liður „Læknisfræðilegar ástæður", og þessa tvo liði hefur hér mjög borið á góma, en 3. liður gæti að mínum dómi með réttu borið yfirskriftina „Siðferðilegar ástæður". Þessi 3. liður er á þessa leið: „Ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli" — sem sagt þá skal fóstureyðing vera heimil.

Þarna er ekki um að ræða félagslegar ástæður né læknisfræðilegar, heldur siðferðilegar, hvernig sá þungi er til kominn sem konan ber undir belti. Þarna er skýrt kveðið á um ein tilvik, ef nauðgun hefur átt sér stað, en svo kemur öllu óskýrara orðalag „ef þungun hefur orðið sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli". Því vil ég leggja áherslu á þennan lið og á það, sem í þessum orðum felst, að ég tel brýnt að þegar sett eru lög um það efni, sem hér er um fjallað, geri menn sér fulla og ljósa grein fyrir því að ástæður til þess að kona geti ekki sætt sig við að þroska og ala þann þunga, sem henni hefur verið gerður, geta verið fleiri en þær sem kallast félagslegar og læknisfræðilegar. Þær geta einnig verið siðferðilegar eins og viðurkennt er í þessum 3. lið. En þar geta atvik verið svo margvísleg og mat verið svo persónubundið að ég tel það borna von að nokkur nema konan sjálf, sem í hlut á og reynt hefur þau atvik sem valda því að hún telur óbærilegt að ala til fulls þroska það fóstur sem með henni er kviknað, geti tekið rökstudda og endanlega ákvörðun í málinu. Þegar svona er í pottinn búið fæ ég ekki séð að ákvörðunarvald geti með skynsamlegum hætti orðið lagt í hendur sérfræðinga, hvorki lækna né félagsráðgjafa né hvern sérfræðititil sem þeir hafa.

Okkur þm. hafa á undanförnum vikum borist fjöldamörg bréf um það mál sem við erum nú að ræða. Ég vil leyfa mér að vitna hér í stuttan kafla úr nýjasta bréfinu, sem mér hefur borist og lá hér á borði í dag, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Að lokum vil ég minna á eitt atriði sem ég tel mjög alvarlegt. Áratugum saman hafa konur haft möguleika á að eyða fóstri, ýmist hér heima eða erlendis, hvað svo sem allri löggjöf hefur liðið. Svo mun einnig verða áfram meðal þeirra, sem á kerfið kunna, eiga peninga og e. t. v. vini á réttum stöðum. Þetta er staðreynd sem verður að horfast í augu við. Ég óska þess að vita þær konur, sem telja sig verða að grípa til þess óyndisúrræðis að láta eyða fóstri sínu, eiga þess kost að gangast undir þá aðgerð hér heima við löglegar kringumstæður og á löglegan hátt."

Ég vil taka mjög sterklega undir það sjónarmið, sem hér er sett fram, og ég vil tengja það því atriði sem ég benti á í upphafi máls míns. Það er staðreynd að konur, sem telja sér orðna þungun óbærilega, hafa, ef þær uppfylla viss skilyrði til efnahags og til aðstöðu getað fengið vilja sínum framgengt og geta það. Aftur á móti þær, sem ekki eru í slíkri aðstöðu, hafa leiðst og leiðast enn til margs konar örþrifaráða, og ég fæ ekki séð að þetta frv., eins og það er úr garði gert á þskj. 233, girði fyrir þvílíkt, nema því sé breytt eins og lagt er til í brtt. á þskj. 429. Því mun ég fylgja þeim brtt., en nái þær ekki fram að ganga engu að síður greiða frv. atkv.

Ég vil aðeins bæta við nokkrum orðum um það hver áhrif það hefur haft að ákvörðunarvald um fóstureyðingar hefur verið í höndum sérfræðinga eftir þeim lögum, sem nú gilda, og verður það eins áfram ef 9. gr. verður samþ. eins og hún er í frv. á þskj. 233. Þess eru dæmi, og ég býst við að mörg okkar sem þing skipum kannist við þau, að konur, sem ekki hafa fengið teknar til greina óskir sínar um að endir verði bundinn á þunga þeirra, hafa reynt að svifta sig lífi eða þær hafa leitað til skottulækna með þeim afleiðingum að þær bíða þess seint eða jafnvel alls ekki bætur. Eina ráðið til þess að koma í veg fyrir slíkar harmsögur, sem geta átt sér orsakir sem engin leið er að aðrir geri sér fullnægjandi grein fyrir en einstaklingurinn sem í hlut á, er að mínum dómi að setja lagaákvæði um þau efni sem fjallað er um í 9. gr. eins og lagt er til í brtt. á þskj. 429.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég gerði ekki ráð fyrir því að taka hér aftur til máls enda gerði ég, að ég tel, rækilega grein fyrir skoðun minni á þessu máli fyrr í dag. En vegna þess, sem fram kom í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v., sem var í fsp.-formi, til þeirra sem skipa meiri hl. heilbr.- og trn. og ég tel mig til, a. m. k. að verulegu leyti, vil ég aðeins fara nokkrum orðum þar um og þá hvernig þetta horfir við mér.

Ég held ég hafi getið þess í dag að skoðun mín væri sú að ekki yrði um að ræða í reynd neina verulega breyt. á framkvæmdinni annars vegar eins og hún kemur til með að verða, eins og 9. gr. 1 er í þessu frv. og eins og hún hefði komið til með að verða skv. gamla frv. Ég er þeirrar skoðunar og það er mín túlkun á 9. gr. 1 í því frv. sem við erum nú að ræða að hún komi til með að verða í reynd mjög nálægt því í framkvæmd eins og fyrra frv. gerði ráð fyrir. Þetta kemur, að ég held, rækilega fram, og undirstrikar mína túlkun í þessu máli, í álitsgerð Læknafélags Íslands eins og hv. 2. þm. Norðurl. v. vitnaði hér til, þ. e. a. s. hjá þeim aðilum sem fyrst og fremst koma til með að hafa þessa framkvæmd í sínum höndum. Og ég heyrði ekki betur en að hv. þm. Sverrir Bergmann undirstrikaði þetta í ræðu sinni áðan að það skipti í reynd engu máli, framkvæmdin yrði mjög svipuð á 9. gr. 1 skv. því frv., sem við erum nú að ræða, eins og hinu gamla — að ósk konu, eins og þar var tiltekið.

Í umsögn Læknafélagsins segir orðrétt:

„Af orðalagi 1. málsgr. 9. gr. 1 er ljóst að miða

ber fyrst og fremst við mat konunnar á eigin aðstæðum.“

Það er ljóst skv. túlkun þessara aðila sem fyrst og fremst koma til með að fjalla um þessi mál að hér verður um að ræða í reynd ákvörðunartöku fyrst og fremst að mati konunnar sjálfrar á félagslegum ástæðum. Ég held að það þurfi ekkert að fara í grafgötur með þetta. Þetta hygg ég að sé ljóst og undirstrikað af allmörgum ræðumönnum. Og ég man ekki betur en hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, kæmi einnig inn á þetta í ræðu sinni í dag að það mundi ekki verða ýkjamikill munur á framkvæmdinni skv. þessum tveimur frv. Ég tel því að hér sé verið að innleiða mjög frjálslega framkvæmd á fóstureyðingum, — framkvæmd sem ég fyrir mitt leyti get ekki léð máls á.

Það segir í áframhaldandi áliti Læknafélagsins:

„Félagslegar ástæður eru teygjanlegt hugtak og því þýðingarmikið að tilgreint sé sérstaklega það sem leggja ber áherslu á. Hins vegar er með d-lið þessarar gr. opnuð leið til þess að meta gildar aðrar sambærilegar ástæður. Þessi gr. mun í framkvæmd hafa í för með sér mikla rýmkun á heimild til fóstureyðinga.“

Ég held að enginn hv. þm. þurfi að fara í grafgötur um það að þetta er álit og túlkun þeirra aðila sem koma til með að hafa þessi mál fyrst og fremst í sínum höndum. Og það hefur verið undirstrikað hér, m. a. af einum úr þeirra hópi, hv. þm. Sverri Bergmann.

Ég tel einnig að í framsöguræðu hv. frsm. meiri hl. hafi þetta komið allrækilega í ljós, að túlkun hans á þessari gr. frv. er það rúm, eftir því sem hann lét orð falla, að ég tel að það sé fyllilega sambærilegt við það sem gert var ráð fyrir í fyrra frv.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. vék hér einnig að 8. gr. þessa frv., sem við erum hér að ræða, sem hljóðar svo:

„Fóstureyðing skv. 1. þessum er læknisaðgerð sem kona gengst undir í því skyni að binda endi á þungun áður en fóstrið hefur náð lífvænlegum þroska.“

Ef þessa gr. ætti að framkvæma er það álit mitt að aldrei kæmi til fóstureyðingar því að ég er þeirrar skoðunar og hef ekki sannfærst um annað en að um leið og egg frjóvgast sé kviknað líf sem hér er um að ræða að eyða. Það er kannske djúpt tekið í árinni að spyrja þá, sem fyrst og fremst mæla með miklu frjálsræði í þessum efnum hversu langir tímar muni líða ef slíkt skref sem hér er lagt til að stiga í frjálsræðisátt er stigið, — hversu langir tímar muni líða til þess að byrjað verði á hinum endanum, að eyða því lífi sem á einhvern hátt eða einhverjir telja að sé orðið byrði á sér í þjóðfélaginu.

Ég hef ekki á neinn hátt breytt afstöðu minni til þessa máls undir þeim umr. sem hér hafa farið fram. Ég er sannfærður um að ef lögleidd verður þessi 9. gr. 1 verður hér um stórkostlega rýmkun á framkvæmd fóstureyðinga að ræða, — rýmkun sem ég get ekki sætt mig við og ég tel að eigi ekki rétt á sér í því þjóðfélagi sem við viljum telja okkur til.

Ég kæri mig kollóttan um það sem fram hefur komið hjá sérstaklega einum hv. þm. um að ég vilji hverfa 40 ár aftur í tímann. Ég hygg að margir séu mér sammála um að viðhorf til lífsins í þeirri merkingu, sem ég legg í það orð, það viðhorf sé hið sama og var fyrir 40 árum. Mér finnst menn margir hverjir, og það á einnig við suma hv. þm., tala í of miklu kæruleysi um svo viðkvæmt og mikið stórmál eins og hér er um að ræða, þannig að ég ætla ekki að fara að neinu leyti út í að svara slíkum ummælum. Ég kæri mig kollóttan um þau ummæli í minn garð. En ég ítreka það vegna óskar hv. 2. þm. Norðurl. v. að skilningur minn er sá að hér sé kannske í reynd verið að innleiða það frjálsræði sem 9. gr. gerði ráð fyrir í fyrra frv.

Frsm. meiri hl. (Jón Skaftason): Virðulegi forseti. Ég hef nú hlustað á þær umr., sem orðið hafa um frv. þetta við 2. umr. í dag og um margt hafa verið athyglisverðar, og þó fyrst og fremst hafa þær verið málefnalegar af allra hálfu, en bæði vegna þess að nú er orðið nokkuð áliðið nætur og margir farnir af fundi hafði ég ekki ætlað að kveðja mér aftur hljóðs við þessa 2. umr. En hv. 2. þm. Norðurl. v. bar fram fsp. sem hann óskaði eftir skýrum svörum frá mér við, um hvern skilning ég legði í ákveðnar gr. frv. Þótt að ég telji að það, sem ég sagði um þetta í framsögu fyrir áliti meiri hl. n. gæfi afar lítið tilefni til þess að bera fram þessar fsp. af hálfu hv. þm., þá skal ég þó reyna í örfáum orðum að verða við því að svara þessum spurningum hans.

Ég tók það fram þegar ég talaði fyrir nál., að þá vildi ég skýra þau sjónarmið sem lægju að baki þeirrar ákvörðunar minnar að standa að því að frv. þetta yrði samþ. með þeim breyt. sem n. flytur við það á sérstöku þskj., og jafnframt að aðrir nm., sem að meiri hl. stæðu, mundu gera grein fyrir sínum sérstöku sjónarmiðum þar um.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. fannst að á stundum hefði verið óljóst hvaða skilning ég legði í þetta. Hann sagði að ég hefði talið að lögfesting þessa frv. væri hæfilegur áfangi í þróun þessara mála hér á löggjafarþingi þjóðarinnar og spurði hvert stefndi ef þetta væri áfangi í þróun. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. veit það að á Norðurlöndum, sem við gjarnan berum okkur saman við í sambandi við löggjöf um málefni eins og þetta og raunar mörg önnur af eðlilegum ástæðum, hafa í öllum löndunum nema Noregi á s. l. fimm árum verið gerðar nokkrar breytingar á löggjöf um fóstureyðingarmálefni og þessar breyt. hafa allar undantekningarlaust í öllum löndunum gengið út á það að gera löggjöfina frjálslyndari en verið hefur. Það er í mínum huga enginn efi um að frv., eins og það liggur fyrir núna, er miklu frjálslyndara en lögin sem gilda um þessi efni frá 1935 og 1938, þannig að ég tel að það sé eðlileg þróun sem verði í þessum málum hjá okkur með því að lögfesta þetta frv. sem gengur lengra í frjálslyndisátt en gildandi lög. Það var þetta sem ég átti við þegar ég talaði um hæfilegan áfanga í þróun. Hvort þróunin hér hjá okkur gengur svo lengra, hvort hún gengur alveg að því marki að við lögleiðum frjálsar fóstureyðingar er svo allt annað mál sem ég skal ekkert um segja á þessari stundu. Hv. þm. sagði lítið samræmi í að ég styddi að frjálslyndari fóstur-

eyðingalöggjöf, því að ég hafi sagt að sumar þjóðir, sem búnar voru að taka upp frjálsar fóstureyðingar, væru nú að snúa við, og það er rétt. En við höfum ekki enn leitt í lög að heimila frjálsar fóstureyðingar og frv. eins og það er gerir ekki ráð fyrir frjálsum fóstureyðingum.

Þá var það annað atriði sem hv. þm. spurði um. Hann sagði efnislega, eða ég tók svo eftir, að skv. frv. ætti konan sjálfdæmi um mat á félagslegum ástæðum sem væru grundvöllur fóstureyðingar. Það, sem ég sagði um þetta, var svona orðrétt:

„Það er mat konunnar á eigin aðstæðum sem lagt er til grundvallar þegar um er að ræða mat á félagslegum aðstæðum."

Þetta get ég endurtekið. Það er mín skoðun. Það er engin spurning um það að til grundvallar mati læknis í þessu tilfelli yrði mat konunnar á eigin aðstæðum. En það er jafnljóst að læknirinn þarf ekki að fallast á það mat konunnar og hann gæti neitað konu um fóstureyðingu þó að hann legði til grundvallar mat hennar sjálfrar á eigin aðstæðum. Þessi skoðun kemur vel í ljós líka í áliti eða grg. frá stjórn Læknafélags Íslands sem hv. þm. Karvel Pálmason vék að áðan, en álitsgerð stjórnar Læknafélagsins birtist í blöðunum fyrir nokkrum dögum. Þar segir m. a.:

„Af orðalagi 1. málsgr. 9. gr. 1 er ljóst að miða ber fyrst og fremst við mat konunnar á eigin aðstæðum."

Þannig er að mínu viti alveg ljóst, að það, sem ég sagði um þetta, og sá skilningur, sem ég lagði í þetta ákvæði, fer saman við þann skilning sem stjórn Læknafélags Íslands hefur haft uppi og birt almenningi um þetta ákvæði.

Hv. þm. Karvel Pálmason sagði að í reynd mundi enginn munur verða á 9. gr. 1 eins og hún er skv. þessu frv. og frv. eins og það var áður. Um það skal ég ekki segja annað en það á þessari stundu að skv. frv. eins og það er nú er það tvímælalaust réttur læknis, sem ekki fellst á mat konu á eigin félagslegum aðstæðum, að neita að skrifa undir grg. eða framkvæma aðgerð, þetta eitt út af fyrir sig gerir nokkurn mun, a. m. k. í teóríunni, ef svo má segja, á þessum frv. tveim.

Ég hefði viljað víkja að nokkrum atriðum sem fram komu í ræðu hv. 3. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, um þetta frv. og aths. hans um þá framsögu sem ég hafði fyrir meirihlutaálitinu. En hvort tveggja er að hann er farinn af fundi og eins og ég sagði áðan er nokkuð áliðið nætur þannig að ég skal sleppa því að sinni. Þó langar mig aðeins að víkja að tveimur atriðum þar sem hv. þm. var greinilega með tilburði til þess að snúa út úr upplýsingum sem ég gaf í ræðu minni. Ég hafði m. a. lesið upp upplýsingar um fjölgun fóstureyðinga á Norðurlöndum á árinu 1969 og árinu 1973 hins vegar. Hv. þm. sagði að þetta sannaði ekki neitt því að það hefði ekki verið búið að breyta lögum á Norðurlöndum í það frjálslyndisform, sem þau eru nú, árið 1973. Þetta er ekki rétt hjá honum nema að óverulegu leyti. Árið 1970, eins og raunar kom fram í ræðu minni, voru lög sett í það form, sem þau eru í í dag, í Finnlandi, og bæði í Danmörku og í Svíþjóð voru gerðar verulegar breyt. á gildandi lögum árið 1970 í frjálslyndisátt í báðum löndunum, og sú var reynslan að fjölgun fóstureyðinga varð mikil við þessar lagabreyt. Mér er fyllilega ljóst að við getum ekki í þessu landi okkar haft gjörólík lög um þessi efni frá því sem þau eru í næstu nágrannalöndum okkar. Sannleikurinn er sá að með lögfestingu frv. eins og það er nú erum við með svipaða löggjöf og sum Norðurlandanna hafa í dag a. m. k. Þau eru frjálslyndari en gildandi lög eru enn í Noregi. Þau eru ekki mjög frábrugðin lögunum í Finnlandi, þannig að ég tel að þetta sé nokkuð hæfilegur áfangi, eins og ég hef áður sagt, í þróun fóstureyðingalöggjafar á Alþingi Íslendinga.

Hitt atriðið, sem hv. 3. þm. Reykv. kom að, laut að því að ég nefndi í ræðu minni upplýsingar um að 23 000 íslenskar konur á aldrinum 15—44 ára hefðu notað öruggar getnaðarvarnir. Ég taldi, að frjálsar fóstureyðingar væru til þess fallnar að draga úr notkun getnaðarvarna, og tíndi til erlenda reynslu í þeim efnum. Út úr þessu vildi hv. þm. reyna að snúa og sagði að það mundi aldrei geta gerst að allar þessar konur, sem hættu að nota getnaðarvarnir, yrðu ófrískar. Vissulega er það rétt hjá honum. En ég sagði ekki heldur það um þetta atriði. Ég sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef frjálsar fóstureyðingar mundu leiða til 1% minnkaðrar notkunar getnaðarvarna gætum við af þeim sökum fengið 230 óvelkomnar þunganir á einu ári, og hugsuðum við okkur 5% minnkun á notkun getnaðarvarna væri möguleiki á 1150 óvelkomnum þungunum á einu ári."

Ég hygg að flestir, sem heyra þetta, sjái að þarna er nokkuð mikill munur á því, sem ég sagði, og því sem hv. 3. þm. Reykv. er að leggja mér í munn.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að víkja að þessu fleiri orðum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja mikið þessar umr. enda hef ég litlu við það að bæta sem ég sagði þegar ég fylgdi frv. úr hlaði.

Ég fagna því að heilbr.- og félmn. skuli hafa afgr. þetta frv., því aðeins og ég lagði áherslu á, þegar ég fylgdi því úr hlaði við 1. umr., þá var ætlun mín að fylgja því eftir að frv. yrði að lögum. Það var flutt snemma á síðasta þingi og fór til n. N. skilaði aldrei áliti, en við 1. umr. málsins urðu allharðar deilur í þessari hv. þd. Það var mikið rætt um þetta mál víðs vegar um land í mörgum félögum og í blöðum og öðrum fjölmiðlum í fyrra og sömuleiðis nú svo að það er tími til kominn að afgreiða þetta mál þannig að menn geti sæst á breytingar þær sem hér eru lagðar til.

Þegar ég tók við embætti heilbr.- og trmrh. taldi ég eðlilegt að láta fara yfir þær umr. og aths., sem komu fram við frv. á s. l. ári, og ræða við þá helstu aðila sem höfðu látið til sín heyra. Ég skipaði, eins og fram hefur komið í þessum umr., 3 manna nefnd. Ég heyrði á einum hv. þm. að það vakti furðu hans, sagði hann, að það hefðu verið skipaðir þrír karlar í þessa nefnd. Ég verð nú að segja það alveg eins og er að ég hafði ekkert ofarlega í huga af hvoru kyninu nm. væru sem í þessa nefnd voru skipaðir. Ég tel að það hafi ekki nokkurn skapaðan hlut að

segja, enda var starf þessarar nefndar ekkert annað en að fara yfir allar þær aths. sem fram hefðu komið. Einn nm. var starfsmaður í heilbr.- og trmrn. og var hann form. nefndarinnar. Það gerði ég í því augnamiði að ná einhverri skynsamlegri millileið frá frv. eins og það var í upprunalegri mynd með það fyrir augum að það ætti öruggan meiri hl. hér á hv. Alþ. Ég held að það sé ekki neitt vafamál að þetta frv. eins og það var flutt og með þeim breyt. sem meiri hl. nefndarinnar leggur til að gerðar séu á því, og ég tel að margar þær breyt. séu til bóta, þá tel ég að þetta frv. eigi öruggt brautargengi og því geti það orðið að lögum.

Það er eins með þetta mál og mörg önnur að það er ekki deilt um höfuðatriði frv., sem allir eru sammála um að er höfuðatriði þess, en það er ráðgjöf og fræðsla varðandi kynlíf og barneignir, I. kafli frv. Um það eru allir sammála og það er tiltölulega minnst rætt um I. kaflann sem er höfuðatriði þessarar löggjafar, en meira hangið í öðrum atriðum sem eru að mínum dómi miklu minna virði eða skipta minna máli. 9. gr., sem hefur verið hér rætt um og á fjöldamörgum fundum, er gerð í þessu frv. á þann veg að ég tel að flestir megi við una. Við höfum lýst því margir hverjir yfir að við teljum að það eigi að breyta þeirri löggjöf sem nú er og hefur verið í gildi frá 1935 og 1938, í frjálsræðisátt.

Út af því sem hv. 2. þm. Norðurl. v. innti mig eftir, hvernig ég liti á þessa breyt. og liti á 9. gr., þá vil ég svara því til að ég tel að 9. gr. skýri sig sjálf. Ég lít á hana, ef hún verður samþ. eins og hún liggur hér fyrir með þessum tveimur breyt. frá meiri hl. nefndarinnar, þá lít ég á að sú gr. standi þangað til Alþ. hefur aftur breytt þessari löggjöf. Það er ekki um frekari túlkanir að ræða frá minni hendi í þeim efnum.

Eins og ég sagði áðan ætlaði ég ekki að fara út í efnislegar umræður um þetta frv. eða svara því sem fram hefur komið. Ég tel að yfirgnæfandi meiri hl. þdm. séu með þessu frv. eins og það liggur núna fyrir. Og það er mikils virði, tel ég, fyrir alla að það komi ný og fullkomnari löggjöf í stað 40 ára gamallar löggjafar.

Ég vil svo að síðustu þakka nefndinni fyrir það starf sem hún hefur lagt í að fara yfir þetta frv. og hafa samband við marga aðila sem hafa látið til sín heyra í þessu máli. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að flestar till. frá nefndinni séu til bóta og get fyrir mitt leyti greitt þeim atkv.

Pálmi Jónsson: Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Út af þeirri fsp., sem ég beindi til fulltrúa úr heilbr.- og trn. og hæstv. ráðh., þá hafa a. m. k. tveir nm. svarað þessari fsp. minni. Hv. frsm. n., Jón Skaftason, ítrekaði að það væri ljóst, eins og segir í grg. Læknafélags Íslands, að framkvæmd yrði að miða fyrst og fremst við mat konunnar á eigin aðstæðum. Það með ítrekaði hann nokkurn veginn fyrri afstöðu sína gagnvart skilningi á 9. gr. 1. Hv. 5. þm. Vestf., Karvel Pálmason, lýsti því yfir að hann teldi að á framkvæmd 9. gr. samkv. fyrirliggjandi frv. yrði harla lítill munur og á framkvæmd þess frv. sem upphaflega var lagt fram. Hv. frsm. heilbr.- og trn. sagði að vísu að læknir gæti neitað um aðgerð skv. 9. gr. 1 þegar kona óskar fóstureyðingar vegna félagslegra aðstæðna. En þetta er út af fyrir sig ekki mikil breyt. frá því frv. sem lagt var fram á síðasta Alþ. vegna þess að þar er einnig ákvæði um það gagnvart fóstureyðingu að ósk konu, að fyrirvari er um að engar læknisfræðilegar aðstæður mæli á móti aðgerð.

Við þetta hef ég svo ekki öðru að bæta en því að svo virðist sem það sé a. m. k. skoðun sumra nm. og e. t. v. flestra alþm. að sú túlkun, sem fram kemur í grg. Læknafélags Íslands, sé rétt og að mjög óverulegur munur yrði á framkvæmd 9. gr. 1 um fóstureyðingu af félagslegum ástæðum og framkvæmd ákvæðanna í frv. er lagt var fram á síðasta Alþ. um fóstureyðingu að ósk konu. Hv. þm. Sverrir Bergmann, sem einnig er læknir, sagði hér áðan, ef ég man rétt, að framkvæmd eftir þessum tveimur lagagr. yrði nálega eins í framkvæmd. Það er því harla ómerkileg öll sú deila sem staðið hefur um það hvort þetta frv. í núverandi mynd skuli lögfest eða hið upphaflega frv. sem lagt var fram á Alþ. í fyrra ef framkvæmdin yrði nálega eins, eftir því sem manni skilst að sé skilningur fjölmargra aðila.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en mér sýnist að þar hafi verið deilt um keisarans skegg og e. t. v. væri hreinlegra að afgr. frv. með þeim hætti sem fyrr var lagt fram ef þetta er rétt.

Ég lít svo á að þau svör, sem ég hef fengið við þessari fsp. minni, hafi ekki styrkt mig í því að greiða atkv. með 9. gr. 1 eins og hún liggur fyrir.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Ég skal lofa því að vera ekki mjög langorður um þetta mál nú, enda hefur verið rætt um það á milli þm. að næturfundur væri nauðsynlegur til þess að koma málinu fram í þingi okkar. Það væri vissulega full ástæða til þess að ræða frekar þau atriði sem komu inn í þessar umr., um það hvernig landsbyggðarsjónarmið svokölluð geti fallið undir fóstureyðingafrv. eða hvort það eigi að loka fyrir reykvíska þm., en hinir eigi að fara og uppfylla og fjölga íbúum jarðar.

Í sjálfu sér segi ég ekki þessi orð vegna þess að ég telji neitt aðhlátursefni í sambandi við þetta frv. því að sjálfur er ég búinn að vera lengi að taka ákvörðun um á hvorn veg ég eigi að snúast, hvort ég eigi að fylgja hinni fyrri útgáfu af 9. gr. eða núverandi. — Ég virðulegi forseti, er að segja þessi orð nú til þess að firra forseta þeim vandræðum að hlusta á munnlega grg. þegar greidd verða atkv. eftir 2. umr. málsins.

Persónulega finnst mér koma fram tvö sjónarmið í sambandi við 9. gr. sem ég hef verið að reyna að gera upp minn huga um. Annað er það, sem réttilega var tekið fram af hv. 9. landsk. þm., Sigurlaugu Bjarnadóttur, í ræðu hér í kvöld, hvenær líf verði til. Ég er sammála henni um það að þegar frjóvgun verður þá verði líka líf til. Ég er þeirrar skoðunar. Um leið er min skoðun að sjálfsögðu sú að þegar þessu sama lífi er eytt, þá er verið að deyða líf. Þetta er önnur röksemd mín fyrir afstöðu minni til þessa frv. Hin er sú að það er auðvitað ekki nóg að spyrja bara konuna í þessu tilfelli um hvað gera eigi. Það getur

líka verið sársaukafullt fyrir karldýrið í þessu tilfelli — sem oftast er þannig túlkað í umr. kvenna um þessi mál — það getur líka verið sársaukafullt fyrir það þegar þarf að eyða fóstri eða lífi sem er að verða til. Því segi ég það, að það er ekki alveg nóg að segja að konan eigi að hafa alfarið þennan rétt.

Ég hef því gert upp minn hug í sambandi við þetta frv. og ég mun fylgja því eins og það kemur frá hv. nefnd ásamt þeim brtt. sem meiri hl. nefndarinnar hefur lagt til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 65. fundur.

Fimmtudaginn 17. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 17. apríl 1975.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varam. minn, Jóhannes Árnason sýslumaður, taki á meðan sæti mitt á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed.“

Kjörbréf Jóhannesar Árnasonar liggur hér fyrir. Ég leyfi mér að biðja kjörbréfanefnd að skjóta á fundi og rannsaka kjörbréf Jóhannesar Árnasonar. Verður fundi frestað í 10 mín. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Jóhannesar Árnasonar, Aðalstræti 55, Patreksfirði, sem 2. varaþm. D-listans í Vestfjarðakjördæmi. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neina meinbugi á kjörbréfinu, en þarf að gefa samt örlitla skýringu. Það hefur verið gefið út kjörbréf, þar sem Jóhannes Árnason er talinn vera 2. varaþm. D-listans í Vestfjarðakjördæmi, en vegna þess að Sigurlaug Bjarnadóttir hlaut landskjör og er landsk. þm. hefur Jóhannes Árnason þar með orðið 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, en kjörbréfið mun hafa verið gefið út áður en landskjör þm. var ákveðið endanlega. Með hliðsjón af þessari skýringu og þar sem kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið leggur hún einróma til, að það verði samþ. og kosning Jóhannesar Árnasonar tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Jóhannes Árnason hefur ekki áður setið á Alþ. og ber því að undirrita eiðstaf.

[Hinn nýi þingmaður, Jóhannes Árnason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

Jóhannes Árnason hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþ.

Fundi slitið.

Efri deild, 68. fundur.

Fimmtudaginn 17. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 463). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 28). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vátryggingarsamningar, frv. (þskj. 56). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13. shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Trúfélög, frv. (þskj. 327). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 472).

Lax- og silungsveiði, frv. (þskj. 438). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Laxveiðilöggjöf okkar íslendinga er að því leyti nokkuð sérstæð að við leyfum almennt ekki laxveiði í sjó. Ég held að megi örugglega rekja til þessarar staðreyndar að laxgengd í íslenskar ár hefur a. m. k. haldist og jafnvel aukist á sama tíma og yfirleitt hefur orðið verulega minni laxgengd í ár nágrannaþjóða okkar. Við íslendingar höfum einnig verið mjög framarlega í flokki þeirra, ef ekki fremstir, sem á opinberum vettvangi hafa beitt sér mjög fyrir því að laxveiði væri bönnuð í sjó eða mjög

takmörkuð. Á þessu hefur þó verið sá ljóður á ráði, að í laxveiðilöggjöf okkar eru undantekningar í 14. gr. laxveiðilöggjafarinnar. Þar er 3. liður, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því er öðlast gildi árið 1932 eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati og er þá sú veiði leyfileg.“

Með frv. til l. á þskj. 438, sem við flytjum fjórir þm., er gert ráð fyrir því að fella brott þetta ákvæði í 14. gr. og sömuleiðis 5. lið þessarar gr. sem leiðir af því fyrra. Hér er ekki um víðtækan atvinnuveg að ræða. Þetta er á tiltölulega fáum stöðum við landið og eftir því sem við komumst næst mun hér varla vera um nema fárra millj. kr. virði, þannig að ekki þarf þessu að fylgja mikill kostnaður. Hins vegar hafa þessari undanþágu fylgt ýmiss konar vandræði, kærur og deilur manna á meðal. Auk þess, eins og ég sagði áðan, má færa fyrir því rök að þetta sé veikleiki á okkar að öðru leyti góðum málflutningi á þessu sviði.

Þetta er meginefni þessa frv., að þetta ákvæði verði niður fellt.

Í 2. gr. frv. eru gerðar smávegis breytingar á 94. gr. laganna, 2. málsgr. Fyrst og fremst eru breytingarnar fólgnar í því, að kveðið er á um það að þeir menn, sem héraðsdómari dómkveður, ef um mat er að ræða, skuli eins og fyrr vera tveir, en annar þeirra skuli vera vatnalíffræðingur. Einnig er tekið inn í gr.: „Matsmenn skulu rökstyðja niðurstöður sínar.“

Ég vil geta þess, að þetta frv. er nú flutt í þriðja sinn, — það var flutt á 93. og 94. löggjafarþingi, — hefur því þegar verið í meðferð n. Það er von okkar flm. að frv. geti nú fengið skjóta afgreiðslu með tilliti til fyrri athugunar.

Ég vil einnig geta þess, að borist hefur áskorun frá Landssambandi ísl. stangveiðimanna þar sem eindregið er mælst til þess að frv. þetta yrði endurflutt og samþ.

Með þessum orðum vil ég lýsa þessu frv. og óska þess að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 68. fundur.

Fimmtudaginn 17. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 233, n. 428 og 430, 429, 431). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 431,1 samþ. með 39 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Brtt. 431,2 (ný 7. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 429,1 felld með 27:9 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGÞ, EðS, GS, KGS, SBl, MK, MÓ, SighB, SvJ.

nei: SvH, TÁ, VH, SvB, BrS, EBS, EKJ, GuðlG, GHG, GF, GÞG, HES, IngJ, IG, JóhH, JSk, JónasÁ, KP, LárJ, MB, MÁM, ÓlJ, PP, PJ, PS, SigurlB, RH.

ÓE greiddi ekki atkv.

3 þm. (FÞ, GTh, SV) fjarstaddir.

Brtt. 429,3.a samþ. með 17:8 atkv.

— 429,3.b samþ. með 17:4 atkv.

9. gr. 1. tölul., svo breyttur samþ. með 30:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB, BrS, EðS, EBS, EKJ, GS, KGS, GHG, GÞG, HES, IG, JóhH, JSk, JónasÁ, SBl, MK, MÓ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, SighB, SigurlB, SvJ, RH.

nei: FÞ, GF, IngJ, KP, LárJ, PJ, PS.

GuðlG greiddi ekki atkv.

2 þm. (GTh, SV) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Tómas Árnason: Hæstv. forseti. Með hliðsjón af því, að frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. gat þess í framsöguræðu að þegar félagslegar ástæður skv. 9. gr. frv. væru metnar yrði mikið tillit tekið til óska konunnar sjálfrar, segi ég já.

Gunnlaugur Finnsson: Hæstv. forseti. Ég tók ekki þátt í þessum umr. í gær. Þar sem mér þykir með þeirri brtt. sem var samþ. áðan og þar sem auk þess d-liður í þessum málslið er þess eðlis, að mér sýnist sjálfum heimildin opnuð upp á gátt og vera nálægt hinni fyrri útgáfu frv., sé ég mér ekki annað fært en að segja nei.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Eins og ég gerði grein fyrir í umr. hér í gær er minn skilningur sá um 9. gr. 1, eins og hún er nú, að í framkvæmd verði um mjög sambærilegt að ræða við 9. gr. 1 í fyrra frv. Þetta virðist einnig vera skilningur þeirra aðila, sem koma til með að hafa mikil áhrif á framkvæmd löggjafarinnar, eins og stjórnar Læknafélags Íslands. Sami skilningur kom fram í ræðum nokkurra hv. þm. í gær. Þar sem ég er andvígur svo miklu frjálsræði í löggjöf um fóstureyðingar segi ég nei.

Pálmi Jónsson: Hæstv. forseti. Þar eð svo virðist sem það sé ríkjandi skilningur heilbr.- og trn. og ýmissa annarra aðila, að hverfandi munur yrði á framkvæmd fóstureyðingalöggjafar skv. till. minni hl. n., Magnúsar Kjartanssonar, um fóstureyðingu að ósk konu og þeirrar till., sem hér liggur fyrir um fóstureyðingu vegna félagslegra ástæðna, treysti ég mér ekki til þess að greiða því atkvæði og segi nei.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Virðulegi forseti. Ég gerði grein fyrir því í gær við umr., er þá fóru fram um þetta frv., að ég teldi d-lið 9. gr. 1 gera greinina alla óljósari, teygjanlegri og erfiðari í framkvæmd og opna frv. óþarflega mikið. Ég flyt ekki brtt., en vænti þess að þessi staflið verði tekinn til nánari athugunar við frekari meðferð málsins. Ég segi já.

9. gr. 2.—3. tölul. samþ. með 34 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 429,2 kom ekki til atkv.
— 431,4 samþ. með 36 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 431,5 samþ. með 32:1 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 429,3 kom ekki til atkv.
— 431,6 samþ. með 35 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 431,7 (ný 15. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
16.—18. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 431,8 samþ. með 33 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
20.—25. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 431,9 (ný 26. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 431,10 samþ. með 31 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
29.—33. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1972, frv. (þskj. 458). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1972 liggur hér fyrir á þskj. 458. Einnig hefur verið lagt fram frv. til fjáraukalaga vegna sama árs og verður gerð sérstök grein fyrir því.

Aðalyfirlit A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1972 var afhent þm. vorið 1973 og reikningurinn í heild með sundurliðunaryfirlitum A-hlutans og öllum yfirlitum B-hlutans frágenginn af hálfu ríkisbókhaldsins til meðferðar hjá yfirskoðunarmönnum Alþ. afhentur þm. í okt. 1973.

Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1974 var gerð ítarleg grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1972 skv. ríkisreikningi og jafnframt lögð fram grg. ríkisbókhaldsins þar um. Með fyrrnefndu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1972 mun ég gera stutta grein fyrir helstu frávikum ríkisreiknings og fjárlaga 1972. Því tel ég ekki ástæðu til þess nú að rekja efni þessa frv. að öðru leyti en því að geta niðurstöðutalna A-hluta ríkisreikningsins. Áður en ég get þeirra vil ég minna á tvær meginreglur við uppgjör A-hluta ríkisreiknings skv. núgildandi lögum, nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Önnur er sú, að álagðar tekjur og áfallin gjöld eru lögð til grundvallar við uppgjör rekstrarreiknings, en ekki greiðsluhreyfing þessara liða, þ. e. innheimta tekna og útgreiðsla gjalda. Af því leiðir að í efnisyfirliti eru óinnheimtar tekjur meðal eignaliða og ógreiddar gjaldskuldbindingar meðal skuldaliða. Hin meginreglan er sú, að fjárfestingarútgjöld A-hlutans eru talin með gjöldum þess árs þegar til þeirra er stofnað, en þeim ekki dreift með afskriftum á þann árafjölda sem gert er ráð fyrir að fjárfestingin endist.

Gjöld rekstrarreiknings A-hlutans námu 18 milljörðum 395 millj. 421 þús. kr. Tekjur námu 18 milljörðum 530 millj. 347 þús. kr., eða 134 millj. 926 þús. kr. umfram gjöld. Endurmatsjöfnuður var neikvæður um 61 millj. 536 þús. kr., einkum vegna gengismunar á skráningu skulda í erlendri mynt. Samtals jafnaðar rekstrar- og endurmatsreikninga var hagstæð um 73 millj. 390 þús. kr. og samsvarar aukningu eignaliða umfram aukningu skuldaliða í efnahagsreikningi. Sú breyt. kom fram í bættri stöðu sjóðs og óbundinna bankareikninga um 120 millj. 534 þús. kr., þegar undan er skilin bætt staða á bankareikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum um 1 milljarð vegna sérstakrar lántöku í bankanum til 4 ára. Bætt staða annarra greiðslujafnaðarliða nam nettó 569 millj. 88 þús. kr. Í þeirri fjárhæð kemur fram aukning óinnheimtra tekju- og eignarskatta um 710 millj. 314 þús. kr., einkum vegna skattalagabreyt. til hækkunar á tekjuskatti að frádregnum breytingum ógreiddra gjalda og ýmissa skammtíma kröfu- og skuldaliða um 141 millj. 226 þús. kr. Á móti þessum greiðslujafnaðarliðum kemur lánajöfnuður. Hann fól í sér hækkun hlutabréfaeigna og stofnfjárframlag um 79 millj. 434 þús. kr. og skuldaaukningu vegna nýrra lántaka umfram afborganir og hreyfingu veittra lána um 695 millj. 666 þús. kr. ef áður greind 1000 millj. kr. lántaka í Seðlabankanum er talin með bankareikningi. Nýjar lántökur voru einkum vegna vegagerðar.

Ef litið er lítið eitt nánar á gjöld ríkisreiknings kemur í ljós, að um helming þeirra má rekja til þriggja þátta. Í fyrsta lagi eru framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs að fjárhæð 5 milljarðar 608 millj. 748 þús. kr. Í öðru lagi niðurgreiðslur á vöruverði 1 milljarður 681 millj. 52 þús. kr., auk uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 310 millj. 909 þús. kr., eða samtals 1 milljarður 991 millj. 961 þús. kr. Í þriðja lagi gjöld vegna vegamála 1 milljarður 610 millj. 52 þús. kr. Þessir þrír þættir námu samtals 9 milljörðum 282 millj. 761 þús. kr., eða 50,5% af gjöldum A-hlutans. Gjöld skóla- og fræðslumála, er falla undir menntmrn., auk bændaskólanna námu 2 milljörðum 791 millj. 666 þús. kr., eða um 15% heildarútgjalda. Þessir fjórir þættir námu því ⅔ hlutum gjalda A-hluta ríkisreikningsins fyrir árið 1972.

Með hliðstæðum hætti má draga fram stærstu liði tekna á árinu 1972. Þrír stærstu liðirnir voru almenn aðflutningsgjöld 4 milljarðar 502 millj. 843 þús. kr. Söluskattur 4 milljarðar 300 millj. kr. og tekjuskattur 4 milljarðar 20 millj. 101 þús. kr., eða samtals 12 milljarðar 823 millj. 72 þús. kr., sem svarar til um 69% heildartekna A-hluta ríkisreikningsins 1972.

Á árinu 1972 tók ríkissjóður á sig ýmsa gjaldaflokka sveitarfélaga og átti tekjuskattsbreyt. að vega þar á móti.

Ég mun ekki gera nánari grein fyrir niðurstöðutölum ríkisreikningsins 1972. Um frávik reikningsins og fjárl. mun ég fjalla, eins og áður sagði, í framsögu um frv. til fjáraukalaga fyrir sama ár.

Að lokum vil ég vekja athygli á því, að í ríkisreikningi er að finna eins og áður aths. yfirskoðunarmanna Alþ. við ríkisreikninginn, svör við þeim aths. og till. yfirskoðunarmanna á grundvelli þeirra, þar sem þeir gera m. a. grein fyrir því hvað athuga þurfi framvegis af ýmsum málum í starfsemi ríkisins. Er þess að vænta að svo verði gert.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv., en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 414). — Frh. 1. umr.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Mál það, sem hér er til umr. nú, er ákaflega mikilvægt mál, nauðsynjamál og réttlætismál. Það er varðandi fæðingarorlof barnshafandi kvenna. Ég ætla ekki að ræða það efnislega. Ég geng út frá því, að þm. séu yfirleitt sammála um nauðsyn þess að reyna að leysa þessi mál.

Það er tvímælalaust að konur eiga að hafa rýmri rétt en nú er almennt á vinnumarkaðnum í þessu efni og það verður að vera meira réttlæti í þessum málum eins og mörgum öðrum en nú er, þar sem annars vegar eru þær konur, sem starfandi eru hjá ríkinu, sem hafa 90 daga fæðingarorlof, og svo hins vegar flestar þær konur, sem eru á hinum almenna vinnumarkaði, sem hafa miklu skemmra fæðingarorlof, ef það á annað borð er fyrir hendi. Í samningum verkalýðsfélaganna fyrir ári tókst aðeins að bæta hér um. Þar er ekki nema um tiltölulega fáa daga að ræða, hálfan mánuð til þriggja vikna, en auk þess hafa sjúkrasjóðir verkalýðsfélaga nokkuð hlaupið hér undir bagga.

Í samningum verkalýðsfélaga fyrir rösku ári, í febr. 1974, voru þessi mál ákaflega mikið til umr. og voru krufin allverulega, en tókst ekki að finna lausn á þeim í það sinn. Hins vegar held ég að það hafi færst að því leyti nær, að málin komu þá mjög mikið á dagskrá í verkalýðshreyfingunni og ekki síður hjá atvinnurekendum, sem að venju báru við fyrst og fremst því, að þeir hefðu ekki fjármagn til þess að standa undir svo löngu orlofi þegar þannig stæði á fyrir konum. Það kom berlega fram einnig þá, það sem getið er um í grg. þessa frv., að það mundi verða til þess að atvinnurekendur reyndu að sniðganga þessar konur og öryggi þeirra í atvinnu yrði ekki hið sama og annarra. En sem sagt, þessum samningum tókst ekki að finna flöt á málinu, sem báðir aðilar gætu sætt sig við.

Það var ekki það mál út af fyrir sig að konur öðlist 90 daga fæðingarorlof sem ég ætlaði að fara að gera að umtalsefni í þessu frv., heldur hitt, hvernig lagt er til í því frv., sem hér er nú til umr., að fjármagna fæðingarorlofið. Það er sem sagt lagt til að það sé gert á tiltölulega mjög einfaldan hátt, þ. e. Atvinnuleysistryggingasjóður taki á sig að greiða konum 90 daga laun fyrir og eftir barnsburð. Menn sjálfsagt halda, að Atvinnuleysistryggingasjóður geti auðveldlega staðið undir svona útgjöldum. Það er eins með Atvinnuleysistryggingasjóð eins og oft hefur verið sagt um hafið, að lengi taki hafið við, en menn eru nú jafnvel komnir að raun um að takmörk eru þar einnig. Á sama hátt er með Atvinnuleysistryggingasjóð. Það eru takmörk áreiðanlega fyrir því hvað hægt er að leggja á hann af greiðslum. Það hefur verið gert býsna mikið að því á undanförnum árum.

Ég get sagt strax að ég tel að Atvinnuleysistryggingasjóður geti ekki leyst þetta mál að öðru óbreyttu. Til þess að hann gæti staðið undir þessu þyrfti að breyta lögum sjóðsins og alla vega að breyta starfsvenjum hans. Það er gert ráð fyrir því, að iðgjöld atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1975 verði 170 millj. kr. Hvort þetta stenst, um það ætla ég ekki að fullyrða. En til þess að það standist þarf atvinnuástand að vera ekki lakara en það var á s. l. ári. Iðgjöld miðast við unnar stundir. Þessu til viðbótar kemur svo framlag sveitarfélaga sem er jafnt iðgjöldum atvinnurekenda og síðan framlag ríkissjóðs, sem er jafnt framlagi atvinnurekenda og sveitarfélaga eða réttara sagt helmingur þeirra iðgjalda sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur. Þannig er reiknað með að iðgjöld á árinu 1975 verði 680 millj. kr. Auk þess eru vaxtatekjur, sem áætlaðar eru um 190 millj. kr.

Það sýnist náttúrlega að hér sé um æðimiklar tekjur að ræða eða um 870 millj. kr., iðgjöld og vaxtatekjur. En það ber að líta á hvernig er varið tekjum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þær eru orðnar býsna mikið lögboðnar. Þar er í fyrsta lagi, að Atvinnuleysistryggingasjóði er gert með lögum að kaupa bréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir helming iðgjaldaupphæðarinnar árlega, þ. e. a. s. upphæð, sem er jöfn framlagi ríkissjóðs á hverju ári. Það þýðir að á árinu 1975 yrðu þessi bréf keypt fyrir 340 millj. Þá er einnig með lögum ákveðið, að Atvinnuleysistryggingasjóður standi undir ¾ af lífeyrisgreiðslum til aldraðra í stéttarfélögunum. Þegar þessi lög voru sett árið 1970 tók ríkissjóður á sig að greiða þessar lífeyrisgreiðslur, sem samið var raunar um þegar almennu verkalýðsfélögin sömdu um sína lífeyrissjóði 1969. Hins vegar var síðan flutt frv. um og var bundið í lögum að Atvinnuleysistryggingasjóður skyldi greiða ¾ af þessum lífeyrisgreiðslum og þær eru áætlaðar á þessu ári 113 millj. kr., sem ég hygg nú að ef eitthvað verður muni vera heldur lág upphæð heldur en hitt, en mun þó vera nálægt sanni. Þá er eftir að nefna það sem er aðalhlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs, og það er að sjá fyrir bótagreiðslum ef um atvinnuleysi er að ræða og að tryggja sem stöðugasta atvinnu í landinu. Þetta hefur verið og er frá upphafi aðalhlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í fjárl. er ætlað að bótagreiðslur á þessu ári, árinu 1975, muni nema um 100 millj. kr. Hér er náttúrlega um algerlega

áætlaða upphæð að ræða. Stjórn sjóðsins hefur hins vegar talið að í þennan gjaldalið, þ. e. a. s. greiddar atvinnuleysisbætur, væri réttara að áætla 180 millj., en ekki 100 millj. á þessu ári. Það fer að sjálfsögðu eftir atvinnuástandinu hvernig þetta reynist. Á s. l. ári voru greiddar bætur 55 millj. kr. og var þá talið að ekkert atvinnuleysi væri. Það er rétt að taka fram, að atvinnuleysisbætur hafa hækkað verulega og má reikna með að hverjir 10 þús. atvinnuleysisdagar kosti Atvinnuleysistryggingasjóð í lágmarki 18—20 millj. kr. Ef mönnum finnst eitthvað voðalegt við að heyra nefnda 10 þús. atvinnuleysisdaga, þá get ég getið þess að í febr. voru skráðir atvinnuleysisdagar hér á landi rétt um 12 þús. og í marsmánuði voru þeir rösklega 8 þús., þannig að meðaltal þessara tveggja mánaða er a. m. k. þessi upphæð sem ég var nú að nefna. Hvernig þetta verður áfram á árinu, það fer að sjálfsögðu eftir atvinnuástandinu. En ég held, að á þessu sjáist að sú áætlun, sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur talið eðlilegt að ganga út frá, sé ekki neitt alvarlega utan við það sem telja verði raunhæfa í þessu efni.

Ef aðeins þessir þrír liðir eru teknir saman er komin upphæð sem er rösklega 630 millj. kr. útgjöld á þessu ári, á móti iðgjalda- og vaxtatekjum sem væru um 870 millj. kr. Þá er eftir að geta þess, sem hefur verið eitt aðalhlutverk sjóðsins, og það er að lána bæði sveitarfélögum, ríki og einstaklingum til margs konar framkvæmda til þess að tryggja atvinnu í hinum ýmsu byggðarlögum landsins. Fyrir stuttu var útbýtt hér til hv. þm. skýrslu um hvernig þessi útlán hafa skipst s. l. 3 ár, á árunum 1972, 1973 og 1974. Ég ætla ekki að fara að rifja það upp. Ég vil aðeins geta þess að á árinu 1974 voru almenn útlán rösklega 120 millj. kr. En þess ber að geta að það ár voru greiddar til Viðlagasjóðs 80 millj. kr., helmingur þess sem Atvinnuleysistryggingasjóði var gert að leggja Viðlagasjóði til, ekki með lánum, heldur styrkjum, þegar eldarnir í Vestmannaeyjum komu upp. Auk þess voru svo kaup á skuldabréfum Byggingarsjóðs. Fram yfir það, sem nam helmingi iðgjaldanna, voru þau keypt fyrir 100 millj. kr. á s. l. ári. Það hefur nefnilega gjarnan verið þannig, að ríkissjóður hefur seilst lengra til Atvinnuleysistryggingasjóðs en lögin sjálf gefa fyrirmæli um að hann skuli gera varðandi kaup á skuldabréfum og öðru. Þessar 100 millj. voru kaup á skuldabréfum og var þar jafnað skuld, sem ríkissjóður var í við Atvinnuleysistryggingasjóð frá fyrri árum, þar sem ekki höfðu verið greidd framlög ríkissjóðs á réttum tíma.

Með þessu yfirliti um hvernig Atvinnuleysistryggingasjóði er háttað og hans fjárráðum, útlánum og öðru slíku, þykist ég hafa sýnt fram á að það verði ekki að óbreyttu staðið undir því hlutverki, sem Atvinnuleysistryggingasjóði er ætlað með frv. sem er til umr. nú.

Þá er kannske rétt líka að líta aðeins á hvaða fjármuni, hvaða peningaupphæðir er hér um að ræða. Frv. ber það ekki með sér eða grg. þess, heldur kom það ekki fram í framsöguræðu hv. 1. flm. frv. Hins vegar heyrði ég að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir viðhafði í útvarpinu, held ég það hafi verið frekar en í sjónvarpi, í viðtali, ágiskun um 100 millj. kr. á ári. Nú ætla ég ekki að fullyrða um hvað hér muni vera um að ræða miklar upphæðir, en ég held alla vega að þessi upphæð sé of lág og allt of lág. Þegar við vorum í samningunum í fyrravetur með þessi mál á borðinu var skv. upplýsingum Tryggingastofnunarinnar og ýmissa fleiri aðila áætlað, að 90 daga fæðingarorlof til allra vinnandi kvenna að vísu, það var ekki sundurliðað á ríki og einstaklinga, þá var talað um upphæð sem nam 450 millj. kr. Hvernig hún síðan sundurliðast á annars vegar þær konur, sem starfandi eru hjá ríkinu, og hins vegar þær, sem starfandi eru við annan atvinnurekstur í landinu, það skal ég ekki fullyrða um og lágu ekki fyrir upplýsingar um, en sem sagt ég er þeirrar trúar, að talan 100 millj. kr. muni vera of lág í þessu efni.

Þá vil ég aðeins geta þess, að í grg. frv. hefur slæðst inn villa, sem orsakast af prentvillu sem varð í lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Það segir hér í grg.: „Í lögum um atvinnuleysistryggingar segir í 18. gr. að atvinnuleysisbætur miðist við dagvinnulaun samkv. 2. taxta Dagsbrúnar og skuli vera 70—80% af áður greiddum launum," stendur hér. Það er eðlilegt ef orðalag laganna hefur verið til hliðsjónar. En hér átti að standa í lögunum „áður greindum", en ekki „greiddum" og það er æðimikill munur og efnismunur vegna þessarar einu prentvillu. Það verður þess vegna alveg ljóst, að þó að farið yrði eftir þessu frv. vantar býsna mikið á að konur héldu óskertum launum í 90 daga orlofi sínu. Ef það ætti að vera grundvöllurinn að ekki yrði um rýrnun á launum að ræða, þá yrði að sjálfsögðu enn að koma fé annars staðar frá til þess að bæta það.

Eins og ég sagði, þá eru víst allir hv. þm. — eða ég vona það — einkar sammála um að hér sé á ferðinni mikið nauðsynjamál sem beri að reyna að finna úrlausn á. En að mínu viti gerist það ekki þó að þetta frv. væri samþ. Ég veit ekki hvað t. d. hv. félmrh., sem á að sjá um fjármögnun íbúðabygginga eða Byggingarsjóðs, kynni að segja ef t. d. helmingur af framlagi ríkissjóðs yrði látinn ganga í þetta, en ekki kaup á skuldabréfum Byggingarsjóðs. Það væri þá alveg nýtt, sem frá hálfu ríkisins sneri að okkur, sem höfum komið nálægt þessum sjóði frá byrjun, því að það er alveg það gagnstæða. Það hefur oft verið gengið miklu nær sjóðnum af hálfu ríkisstj. en lög hafa gert ráð fyrir, og er engin sérstök ríkisstj. þar undanþegin, það hefur verið tilhneigingin hjá þeim öllum. Ef leggja ætti þessar kvaðir á Atvinnuleysistryggingasjóð, þá er að mínu viti alveg óhjákvæmilegt að útvega þeim sjóði fjármuni til þess að annast verkefni, sem hann hefur annast og gerðar eru kröfur til að hann annist. Ef það gengi ekki í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð lengur, þá ber að afla þeirra fjármuna til þeirra þarfa beint eða aðrir sjóðir eða aðrir aðilar ættu síðan að annast útdeilingu fjárins. Þetta finnst mér blasa við að verði að gera.

Auk þess verð ég að segja að mér finnst dálítið úrskeiðis og ekkert lítið úrskeiðis að ætla Atvinnuleysistryggingasjóði þetta hlutverk. Ég held að það fari ekki á milli mála að ef almannasjóðir eiga að standa undir þessu verkefni, þá

séu það almannatryggingarnar sem eigi að gera það, en ekki Atvinnuleysistryggingasjóður. Það er einnig þannig, að í þessari hv. d. var fyrr á þessu þingi flutt þáltill. um fæðingarorlof og fæðingarstyrk af Bjarnfríði Leósdóttur. Þessi þáltill. liggur nú hjá heilbr.- og trn. þessarar d. Og mér hefði satt að segja fundist eðlilegt, að a. m. k. hv. 1. flm. þessa frv., sem á sæti í þessari n., hefði þá flutt þetta frv. sem brtt. við þáltill. eða beinlínis lagt til, að sú till. yrði afgr. með þessum hætti. Það er venjulegri aðferð við mál þegar þau eru komin fram áður í þinginu.

Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta frv. Ég vil biðja hv. n., sem fær það til meðferðar, að athuga einkar vel það, sem ég hef hér sagt um hvað Atvinnuleysistryggingasjóður geti gert. Ég álít að þetta mál leysist ekki með því að fara þessa leið og við ættum að reyna að sameinast um að finna þessu eðlilegan farveg. Og ég verð að segja það, að almannatryggingarnar eru að mínu viti miklu eðlilegri farvegur til þess að standa undir þessum greiðslum, og eins og ég sagði nú reyndar kannske meira í gríni við hv. flm. frv., að það væri í rauninni nær að þetta heyrði undir slysatryggingasjóð, en ekki Atvinnuleysistryggingasjóð. Það má kannske nokkuð til sanns vegar færa, því að skilyrði þess, að menn fái greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði, er að menn séu vinnufærir — skilyrði til þess, að menn fái greitt úr slysatryggingum, er að menn séu ekki vinnufærir. Mér sýnist vera mjög mikið haft á orði af flm. að hér þurfi að koma til sjóður sem atvinnurekendur greiða til, og skal ég sannarlega ekki draga úr því og mér finnst það á allan hátt eðlilegast, en þeir greiða einmitt til almannatrygginganna, þ. e. a. s. slysatrygginganna nær eingöngu, og einnig til annarra þátta almannatrygginga greiða þeir, þannig að ég held að það sé ekkert vafamál að þá leiðina á þetta að fara. Vil ég nú biðja þá hv. n., sem málið fær, að reyna að brjóta málið svo til mergjar að fæðingarorlof kvenna verði afgr. á þessu þingi, 90 daga fæðingarorlof til allra kvenna sem í störfum eru, en hins vegar verði sneitt hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í þeim efnum.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi lýsa yfir stuðningi við þá skoðun að allar konur, sem ala barn, eigi að fá fæðingarorlof. Ég tel að þjóðin eigi að viðurkenna þennan rétt. En hins vegar stóð ég nú aðallega upp til þess að taka undir það sem síðasti ræðumaður flutti hér áðan, að mér virðist miklu eðlilegra að það mál fengi farveg í gegnum almannatryggingarnar heldur en atvinnuleysistryggingar. Að sumu leyti virðist mér líka, alveg eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, að hæpið sé að þetta sé tekið í gegnum atvinnuleysistryggingar. Ég hygg að það sé rétt, sem hann sagði áðan, að þá þyrfti a. m. k. að breyta lögunum að nokkru og afla Atvinnuleysistryggingasjóði aukinna tekna. Veit ég og að slíks þarf líka með almannatryggingarnar, en þetta streymir nú út og inn gegnum ríkiskassann, eins og allir vita.

En það, sem ég ætlaði að minnast á hér líka, er annað í sambandi við þetta. Eins og við vitum fá konur, sem vinna hjá opinberum aðilum, eins og ríki og bæjarfélögum, þetta orlof, en aðrar að nokkru leyti og sumar alls ekki, þannig að það er mikið misrétti sem konur verða þarna fyrir. En jafnvel þó að þetta yrði samþ. eins og hér er gert ráð fyrir og sumar konur fengju fæðingarorlof gegnum ríki og bæ eða samninga sína þar, aðrar gegnum samninga við stéttarfélög að hluta og að hluta gegnum atvinnuleysistryggingar, þá finnst mér eiginlega fyrirkomulagið á þessu öllu ekki nógu skemmtilegt og tek því aftur undir það, að mér fyndist að þetta ætti að fá farveg gegnum almannatryggingar. Ég starfa við þannig stofnun þar sem einmitt konur vinna mikið, og ég hef þóst verða þess var að það ber nokkuð á einu, sem er konunum erfitt til þess að fá atvinnu, að menn eru að reyna að forðast að taka kannske í vinnu konur sem þeir eiga von á að muni ala barn innan tíðar eða á næstu tímum. En ef þetta væri allt saman fært í eina löggjöf gegnum eina stofnun og þjóðfélagið viðurkenndi í eitt skipti fyrir öll að hver kona, sem elur barn, eigi rétt á fæðingarorlofi, þá hygg ég að þessi vandi konunnar mundi hverfa, hvaða atvinnugrein sem væri, og það væri mikilsvert að mínum dómi.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Hv. 7. þm. Reykv. drap raunar á flest þau atriði sem ég hafði hugsað mér að minnast á svo að ég þarf ekki að lengja þessar umr.

Ég vil fyrst lýsa því yfir að það er sannarlega ánægjulegt að sjá þann áhuga sem þessu nauðsynjamáli er sýndur af Alþ. í vetur. Hins vegar endurspeglast hér í þingsölum sá vandi sem hefur valdið því hversu seint hefur gengið að þetta mál um fæðingarorlof allra vinnandi kvenna næði fram að ganga. Það er ágreiningur um fjármögnun, ekki ágreiningur um nauðsyn málsins.

Till. Bjarnfríðar Leósdóttur um fæðingarorlof kvenna kom fram mjög snemma á þessu þingi. Það er 143. mál þingsins, og þar er gert ráð fyrir að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að gera breytingar á lögum um almannatryggingar til þess að tryggja konum 3 mánaða fæðingarorlof. Ég tek undir orð hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, að mér hefði fundist það eðlilegt og þinglegri vinnubrögð að n., sem fékk þetta til meðferðar, hefði verið búin að afgr. þessa till. Nægur hefur verið tíminn til þess, og þá hefði verið hægt að kanna viðhorf alþm. til þeirrar fjármögnunar sem þar er lagt til.

Það er alkunna og kom fram einnig í ræðu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, að ástæðan til þess hversu treglega hefur gengið að fá fæðingarorlofið fram er sú að staðið hefur á atvinnurekendum fyrst og fremst. Þeir hafa verið tregir til að samþ. þessa kröfu kvenna. Þess vegna hefur málið dregist á langinn, enda þótt vitað sé að þessi afstaða þeirra bitnar á konum og verður því verra sem lengur dregst að leysa þetta mál. Ég er þeirrar skoðunar, að eðlilegra sé og eðlilegt sé, að almannatryggingum sé falið

að sjá um þessar greiðslur. Ég held að reynsla undanfarinna ára og barátta verkalýðskvenna sýni að það er eina leiðin ef á að leysa þetta mál. Má færa fyrir því siðferðileg rök að rétt sé að konur fái greitt úr almannatryggingum, jafnvel þó að þær séu ekki ríkisstarfsmenn. Almannatryggingar eru fjármagnaðar af ríkisjóði, og ef við trúum því að við fæðingu barns eigi að vera trygging fyrir sómasamlegri afkomu þess án þess að atvinnuöryggi móður sé skert, þá hlýtur þetta að vera á ábyrgð þjóðfélagsins alls. Fjármögnun almannatrygginga mundi líka tryggja konum óskert full laun, sem frv., sem hér er til umr., mundi tæpast gera.

Það má auðvitað hlægja að því að benda á slysatryggingarnar. En fyrir þá, sem ekki vilja fallast á að þetta verði fjármagnað úr ríkissjóði án nokkurra annarra skilyrða, þá eru það einu tryggingarnar innan almannatrygginganna sem fæðingarorlofið gæti fallið undir. Iðgjöld eru borin uppi af atvinnurekendum og markmiðið er að tryggja afkomu og atvinnuöryggi þess fólks, sem atvinnurekendur hafa í þjónustu sinni, ef eitthvað það ber að höndum að það geti ekki stundað vinnu sína.

Í mínum huga er aðalatriðið að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi, og ég held að umr. um fóstureyðingar, sem hér hafa átt sér stað, ættu að vera okkur hvatning til að reyna að komast að samkomulagi um það og láta ekki ágreining um fjármögnun tefja afgreiðslu þess.

Ég vil því leyfa mér að beina því til hv. 1. flm. að einmitt í þessum tilgangi beiti hún fyrst og fremst áhrifum sínum til þess að þáltil. Bjarnfríðar Leósdóttur verði afgr. úr n. og það verði þá kannað eftir þeim leiðum, hvort almannatryggingar geti ekki valdið þessu verkefni. Ef það kemur í ljós að það þyki algjörlega ófært af einhverjum ástæðum, sem ég hef ekki trú á, þá verður að leita annarra leiða. En til lausnar þessa máls held ég að þetta sé eina rétta leiðin og treysti hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur til að beita áhrifum sínum í þessa átt.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Mér virðast umr. um þetta mál einkennast mjög af því, sem vekur athygli nýrra manna á þingi, að kerfið sé óbreytanlegt. Því, sem einu sinni hefur verið komið á, má ekki breyta, hvað sem því líður að allir geti verið sammála um nauðsyn þess máls sem um kann að vera að ræða í það og það skiptið. Hér er mjög gott dæmi um það, að flestallir þm. geta verið sammála um, að fæðingarorlof til kvenna, 3 mánaða fæðingarorlof til allra kvenna, hvort sem þær vinna hjá hinu opinbera eða úti í atvinnulífinu, sé mikilvægt mál, nauðsynjamál og réttlætismál, eins og hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, hóf mál sitt á að segja áðan.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að í samningaviðræðum 1974 voru þessi mál mjög til umr., og þá voru einnig fleiri mál til umr., svo sem kauptryggingarmál o. s. frv. Ég minnist þess að upp úr þeim samningum kom sú niðurstaða m. a. að Atvinnuleysistryggingasjóður tók á sig ákveðnar skuldbindingar í þeim efnum og er það vel. En síðan sagði hv. þm. að það væru takmörk fyrir því hvað Atvinnuleysistryggingasjóður gæti á sig lagt í sambandi við skuldbindingar, og mun tilefni þessara ummæla hafa verið það, að við leggjum hér til að Atvinnuleysistryggingasjóður verði notaður með þeim hætti sem frv. lýsir, þ. e. að tryggja konum úti í atvinnulífinu 3 mánaða fæðingarorlof. Hann sagði, að til þess að það væri unnt, — hann tók ekki fyrir að það væri hægt, — en þm. sagði að til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður geti innt þetta af hendi þurfi að leysa hann undan öðrum skuldbindingum, þ. e. a. s. þá þurfi að breyta starfsvenjum Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég er þessu sjónarmiði fullkomlega sammála, að að öllu óbreyttu geti Atvinnuleysistryggingasjóður ekki tekið þetta á sig nema að vissu marki. Ég er honum fullkomlega sammála um það, að með tilliti til þessa þurfi að breyta um starfsvenjur hjá sjóðnum til þess að ná þessu markmiði. Hann rakti í mjög ítarlegu máli, hvernig staða sjóðsins væri með tilliti til iðgjaldatekna, vaxtatekna og framlaga árið 1975, og komst að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða 870 millj. kr. heildartekjur, en áætlaði síðan skuldbindingar, eftir því sem ég best náði, upp á 553 millj. sem væru bundnar. Hann vakti einnig athygli á því, að margar af skuldbindingum Atvinnuleysistryggingasjóðs væru lögboðnar. Nefndi hann sem dæmi að sjóðnum væri fyrirskipað að kaupa veðskuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins. Hv. þm. nefndi einnig að sjóðurinn yrði að standa undir lífeyrisgreiðslum vegna aldraðra að ¾ hlutum samkv. lögum frá 1970, og svo að sjálfsögðu þyrfti sjóðurinn jafnan að áætla ákveðna upphæð vegna hugsanlegs atvinnuleysis. Þá minntist hann á að sjóðurinn lánaði verulega til sveitarfélaga, ríkisins og einstaklinga.

Ég ætla ekki að gera lítið úr því hvað Atvinnuleysistryggingasjóður hefur gegnt mikilvægu hlutverki í sambandi við þessi atriði sem rakin voru hér áðan. En ólíkt finnst mér það skyldara hlutverki Atvinnuleysistryggingasjóðs að tryggja þeim konum, sem greitt er af verulegar fjárupphæðir í Atvinnuleysistryggingasjóð — ólíkt finnst mér það skyldara að greiða til þeirra 3 mánaða fæðingarorlof heldur en t. d. að lána til sveitarfélaga og ríkis á svo lágum vöxtum sem raun ber vitni. Um það atriði, að Atvinnuleysistryggingasjóður lánar til Byggingarsjóðs ríkisins, vil ég einnig segja það, að mér finnst það tengdara hlutverki sjóðsins að greiða fæðingarorlof til kvenna, sem greitt er af inn í sjóðinn, heldur en að lána til Byggingarsjóðs. Legg ég að jöfnu að fara þessa leið, sem við bendum á, eins og þegar samið var um að sjóðurinn tæki á sig kauptryggingarskuldbindingarnar samkv. samningunum í ársbyrjun 1974.

Um það, hvað hér geti verið um mikla upphæð að ræða, er erfitt að segja að svo stöddu. Nákvæm athugun hefur ekki farið fram á því um hversu margar konur er hér að ræða, en get ímyndað mér að þær fjárhagsskuldbindingar vegna kvenna úti í atvinnulífinu, sem aðeins hafa 12—18 daga orlofsfrí vegna fæðinga, geti verið yfir 200 millj. kr. á ári miðað við núgildandi verðlag og kauplag.

Varðandi það, hvað hæstv. félmrh. segði við því ef helmingurinn af tekjum Byggingarsjóðs

færi í þessar þarfir, þá vil ég segja það fyrir mitt leyti að það er hans mál hvernig hann svarar fyrir sig, en ég endurtek að mér finnst ólíkt mikilvægara að konur úti í atvinnulífinu fái greitt fæðingarorlof úr Atvinnuleysistryggingasjóði en þessum peningum sé varið til þess sem ég vil kalla óskyldar þarfir. Hér er um geysilega mikið réttlætismál að ræða. Við erum öll sammála um það, að því réttlæti verði að fullnægja. En við erum e. t. v. ekki enn þá fullkomlega sammála um leiðirnar. Þetta réttlætismál varðar þúsundir kvenna í atvinnulífinu. Þessar konur búa við mjög ófullnægjandi kjör hvað fæðingarorlof áhrærir, og eins og ég sagði áðan er um að ræða í mesta lagi 2—3 vikur. Ég get nefnt það sem dæmi að í þeirri stétt, sem ég er í forsvari fyrir, eru þúsunir kvenna sem aðeins njóta 12 daga fæðingarorlofs. En við samningana í fyrra samdi Verkamannasamband Íslands, ef ég man rétt, um 3 vikna fæðingarorlof fyrir þær konur sem eru í því sambandi. Þetta er algjörlega óviðunandi. Það er algjörlega óviðunandi að konur búi við svo skert og slæm kjör í þessum efnum, ekki hvað síst þegar það er haft í huga að konur, sem vinna hjá hinu opinbera, hafa notið þessa réttar í tæplega tvo áratugi, þ. e. a. s. 3 mánaða fæðingarorlofs, enda er það talinn lágmarkstími fyrir bæði móður og barn að konur njóti samtals 3 mánaða hvíldar frá vinnu bæði fyrir og eftir fæðingu. Þetta hefur lengi verið baráttumál þeirra stéttarfélaga, sem hafa konur innan sinna vébanda. Árangur þessarar baráttu hefur því miður verið mjög takmarkaður og eru þar mörg ljón í veginum, m. a. andstaða atvinnurekenda og sérstaklega þeirra sem eru með lítil fyrirtæki. Þar hefur ríkt mikið skilningsleysi á þessu máli, enda geri ég ráð fyrir því að í mörgum tilfellum geti verið illframkvæmanlegt að veita þriggja mánaða orlof þar sem fáar konur starfa í litlum fyrirtækjum.

Ef ég man rétt var lögð fram þáltill. á vinstristjórnarárunum af Alþb.-konu, Bjarnfríði Leósdóttur, þar sem hún beindi því til þáv. ríkisstj. að það yrði athugað hvort konur úti í atvinnulífinu gætu ekki fengið þriggja mánaða fæðingarorlof. Sú ágæta kona, sem sat hér á þingi s. l. haust sem varaþm., kom með sams konar þáltill. einnig í vetur. Það, að þessi þáltill., bæði í tíð vinstri stjórnar og nú í tíð núv. stjórnar, — að vísu má segja að þessi till. sé enn í n. og hafi ekki hlotið endanlega afgreiðslu, — en það að þessi till. fékk ekki afgreiðslu í tíð vinstri stjórnarinnar ber þess nokkurn vott að ekki hafi verið mikill vilji hjá hv. Alþ. að afgreiða þetta mál á þann hátt sem hv. 5. landsk. þm., Svava Jakobsdóttir benti á áðan, þ. e. a. s. að koma þessu máli í höfn í gegnum tryggingakerfið. Það hefur greinilega ekki hlotið nægilegan hljómgrunn hér á Alþ. til þess að það verði lengur treyst á þá leið eina.

Þess vegna höfum við leyft okkur, flm. þessa frv., að brydda hér upp á nýrri leið, sem við teljum vænlegri til þess að koma þessu máli í höfn, þ. e. a. s. að koma þessu réttlætismáli, eins og mörgum öðrum réttlætismálum, svo sem kauptryggingarmálinu s. l. ár, í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Eðli málsins samkv. er það mjög skylt raunverulegu hlutverki og tilgangi Atvinnuleysistryggingasjóðs, vegna þess að hér er um tryggingu að ræða, fæðingarorlof, fyrir konu. Þessi framkvæmd er hreintryggingalegs eðlis og jafnframt er hún atvinnulegs eðlis. Atvinnuleysistryggingasjóður er myndaður með framlögum frá hinu opinbera og atvinnurekendum, og í sjóðinn hafa verið greiddar hundruð millj. kr. vegna þúsunda kvenna sem hafa unnið hin fjölbreytilegustu störf úti í atvinnulífinu í þágu þjóðarheildarinnar og sjálfs sín. Ég minni hv. þm. á þær þúsundir kvenna, sem hafa unnið í fiskiðnaði, í verslun, við þjónustu, samgöngur, í iðnaði. Af öllum þessum konum hefur verið greitt í Atvinnuleysistryggingasjóð árlega í tæpa tvo áratugi og skipta þær upphæðir hundruðum millj. sem komnar eru í sjóðinn vegna þeirra. Við skulum svo líta á þá hlið, hvað þessar konur hafa lagt miklar kvaðir á Atvinnuleysistryggingasjóð. Hvað hefur verið greitt mikið vegna þessara kvenna vegna atvinnuleysis? Það liggja ekki fyrir óyggjandi tölur um það, en ég þori að fullyrða og miða það nokkuð við þá reynslu, sem ég hef úr minni stétt, og þess, sem ég þekki t. d. úr verksmiðjuiðnaði, að það hefur ekki verið greitt til þessara kvenna í atvinnuleysisbótum nema lítið brot af þeim miklu upphæðum, sem hafa farið í sjóðinn vegna þeirra og þeirra starfa úti í atvinnulífinu. Þess vegna er raunverulega ekki verið að gera neitt annað en að það er verið að endurgreiða hluta af þessum upphæðum til kynsystra þeirra með því að gera það í formi fæðingarorlofs.

Höfuðstóll Atvinnuleysistryggingasjóðs mun vera kominn yfir 3 milljarða. Um það vita þeir gerst sem sitja í sjóðsstjórn og þ. á m. er hv. 7. þm. Reykv. Fjármagn sjóðsins hefur, eins og nefnt hefur verið af fyrri ræðumönnum og mér, verið notað til margra og ég vil segja þarflegra framkvæmda. En ég endurtek að það er eðlilegra og það er tengdara tilgangi og hlutverki sjóðsins að nú verði tekið inn í verkefni þessa sjóðs að greiða þriggja mánaða fæðingarorlof með þeim takmörkunum sem reglur Atvinnuleysistryggingasjóðs segja að öðru leyti til varðandi atvinnuleysisbætur.

Það kann að vera að þessi leið, sem við bendum á, falli ekki í nægilega góðan jarðveg hjá sumum hv. þm. Þó held ég, að ef þeir hugsa og athuga málið betur, þá muni þeir komast að þeirri niðurstöðu að þetta er vænleg og góð leið til að tryggja þessu máli framgang og koma því í höfn sem fyrst og þar með tryggja það réttlæti, að öllum vinnandi konum utan heimila sé tryggður sami réttur og viðunandi fæðingarorlof. Með framangreint í huga vænti ég þess og við flm. að þetta frv. megi verða til þess að tryggja framgang þessa jafnréttis- og réttlætismáls, þannig að Alþ. og við öll höfum sæmd af.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Fyrir þá, sem fylgjast með störfum Alþ., virðist það nokkuð kaldhæðnislegt, að við séum á löngum kvöld- og næturfundum þennan daginn að ræða um fóstureyðingar og meira frelsi í þeim efnum, en svo séum við daginn eftir að ræða um það hvernig við megum frekar hjálpa til að þeim

konum, sem að framleiðslustörfum vinna í okkar þjóðfélagi, geti liðið betur og það séu meiri möguleikar fyrir ekki aðeins þær, heldur og sérstaklega fyrir þeirra fóstur, sem væntanlega komast á legg.

Ég gerðist meðflm. að þessu frv. fyrst og fremst fremst vegna þess að ég tel að hér sé um svo mikilsvert mál að ræða, ekki aðeins fyrir kvenþjóðina, heldur fyrir íslensku þjóðina í heild, að okkur beri að gera hvað við getum og reyna að finna hinar heppilegustu leiðir til þess að finna lausn á þessu vandamáli, hafandi í huga að það er stór hluti íslensku kvenþjóðarinnar, sem hefur búið við þessa tryggingu nú um langt árabil, og á ég þá að sjálfsögðu við þær sem opinberum störfum gegna. Ég heyri á ræðum manna að menn greinir ekki á um að þetta sé það sem stefna eigi að. Hins vegar greinir menn á um hvort eigi að fara þá leið, sem lögð er til í þessu frv. sem við ræðum hér, eða hvort eigi að setja þetta undir Tryggingastofnun ríkisins, hvort þetta eigi að verða hluti slíkra trygginga. Auðvitað getur okkur greint á um þetta. En það hefur líka komið fram hjá ræðumönnum að stóra spurningin er auðvitað hvaðan og hvernig við eigum að fjármagna þetta þýðingarmikla mál. Nú er ég þeirrar skoðunar, þótt ég taki nær í einu og öllu undir það sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði, sem er með mér í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, — ég taki í einu og öllu undir það sem hann sagði um skuldbindingar Atvinnuleysistryggingasjóðs og þess, sem af honum væri vænst, nema þá að einhver frestur væri gefinn á að slíkt frv. tæki gildi. En þó er því ekki að leyna að ég hef lengi haft þá trú að ákveðinn hluti af því fé, sem ráðstafað er frá Atvinnuleysistryggingasjóði, mætti fara til þarfari hluta en raun ber vitni um, og þar á ég að sjálfsögðu við ¼ hluta vaxtagjafanna, sem ég kalla, til hinna og þessara staða víðs vegar í kringum land. Ég tel, að það sé fé, sem væri þarfara komið í slíku verkefni. Ég tel líka, að þótt ég vilji ekki og hafi ekki viljað minnkað mikið þann hlut sem hafi farið til einstakra fyrirtækja til sveitarfélaga frá því sem verið hefur, hefði ég frekar viljað ganga á það fé sem hið opinbera hefur eiginlega krafist að það fengi til sinnar ráðstöfunar, það væri hægt að minnka það fé nokkuð til þess að koma á móti í slíku máli. Við verðum hins vegar að gera það upp við okkur, hvar við eigum að skerða ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjós. Eigum við að taka af því fé sem fer til íbúðabygginga? Eigum við að taka af því fé sem fer til hafnalána og er líka fast og bundið? Eigum við að taka af því fé sem fer til vatnsveitna og stórauknum hluta sem stjórnin áætlaði til hitaveitna? Hvar eigum við að skera niður? Við höfum líka allar lánað ákveðið fjármagn til fiskvinnslufyrirtækja, til félagsheimila og fleiri slíkra hluta. Þetta verður auðvitað að gerast upp. Hvar eigum við að skera niður? Persónulega segi ég: Við skulum fyrst og fremst skera niður þær fjárgjafir sem hafa verið frá sjóðnum, sem ég tel hafa verið jafnvel allt upp í mörg ár, getum við sagt, án vaxta eða afborgana hjá sjóðnum.

Um leið og við ræðum um þetta, hvort við eigum að taka af þessu ráðstöfunarfé sjóðsins í þetta mjög nauðsynlega mál að mínu mati, þá þurfum við líka, eins og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson, 7. þm. Reykv., benti á, að ræða um hvort möguleiki sé á því að auka fé sjóðsins. Við erum nú með svo og svo mörg hundruð milj. kr. í launaskatt sem rennur nær allur til húsbygginga. Ef hægt verður að verðtryggja lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna, sem eru nú að nálgast marga milljarða að verðmæti, — ef það verður hægt og ef húsnæðismálastjórn getur í framtíðinni byggt upp sitt lánakerfi m. a. með enn stærri hlut lífeyrissjóðanna en hefur verið hingað til, er ekki hugsanlegt að Atvinnuleysistryggingasjóður fengi þá kannske einhvern hlut af þeim launaskatti sem nú er greiddur til húsnæðismálanna til þess að standa undir þessu máli?

Ég er persónulega sannfærður um að þetta sé rétta leiðin til að tryggja þær konur, sem koma úr verkalýðshreyfingunni, sem á þennan sjóð koma þaðan og þurfa að fara frá þennan nauðsynlegasta tíma til þess að koma börnum sínum ég legg fyrstu daga lífs þeirra. Ég held, að leiðin sé ekki óeðlileg. Þær verða að fara frá sinni vinnu til að standa í barneign, og ég tel eðlilegt að þessi sjóður standi undir því. Hitt er annað mál, að við getum auðvitað þráttað um það okkar á milli hvort við eigum að borga þetta úr hinum almenna tryggingasjóði landsmanna eða úr þessum sjóði. Ég held hins vegar að ef við viljum koma málinu áfram og ef við viljum gera það að raunveruleika, helst nú í ár eða frá næstu áramótum, þá beri okkur að fara þessa leið.

Ég sá strax þegar 1. flm. talaði við mig um að gerast meðflm. að málinu þá miklu vankanta sem við mundum rekast á í sjóðsstjórninni, eins og hv. þm. Eðvarð Sigurðsson tók fram, vegna þeirra skuldbindinga sem við höfum þegar tekið á okkur og eru lagðar á sjóðsstjórnina af stjórnvöldum án þess að sjóðsstjórn sé látin vita af nema með litlum fyrirvara. Stundum er þetta í sjálfu sér ekki hægt, sbr. Vestmannaeyjagosið eða hamfarirnar á Norðfirði, í Neskaupstað, þannig að það er auðvitað ekki hægt að segja fyrir fram um hvers sjóðurinn sé megnugur þó að við séum að gera áætlanir. Ég held samt sem áður að þarna sé leið sem við eigum að reyna að fara, ekki til þess að brúa bil, heldur koma á móti sjálfsagðri kröfu sem ég held að sé ekki síður viðurkennd af karlmönnum en af þeim, sem bera hana fram, sem hafa fyrst og fremst verið konur, ekki aðeins hér á Alþ., heldur og utan þings og á öðrum þingum og þó kannske fyrst og fremst innan launþegasamtakanna, sem hafa byggt þennan sjóð upp, því að sjóðurinn er að sjálfsögðu byggður upp af hluta þess samnings sem á sínum tíma var gerður í sambandi við laun og kjör. En ég held að það megi hiklaust fara fram á það við þá n., sem málið fær til meðferðar, að hún kanni þennan möguleika. Að sjálfsögðu mun stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs fá málið til umsagnar og þá mun n. verða svarað um það hvernig fjárhagsmöguleikar eru. En ég tel sem sagt, og þess vegna er ég meðflm. að frv., að það sé möguleiki til þess að koma mjög verulega á móti þessari sjálfsögðu ósk íslenskra kvenna.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka þann áhuga á þessu máli sem fram hefur komið í ræðum hv. þm. Það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér hvernig eigi að fjármagna mál eins og það sem við erum hér að ræða um, og ég vona að hugmyndir manna um það mótist fyrst og fremst af því að við sjáum mögulega lausn. Áður en ég vík að umr. um fjármögnun okkar till. vil ég víkja að því sem fram kom í ræðum tveggja hv. þm. um aðferðina við framlagningu þessa máls.

Á það var drepið að eðlilegra hefði þeim hv. þm. þótt að þetta mál hefði verið flutt sem brtt. við þáltill. um fæðingarorlof og fæðingarstyrk, sem var lögð fram fyrr í vetur, og jafnvel hefði það flýtt málinu að snúa sér að því að afgreiða það mál. Þetta gefur mér tilefni til þess að vekja athygli á því, sem ég tel illa farið og er of algengt utan þings, sem ég hélt að kæmi síður fyrir innan þings, að menn rugluðu saman næstum því þáltill. og lagafrv. Það er mikill munur á því, hvort maður leggur til að skora á ríkisstj. að undirbúa og leggja fram á síðara þingi lagafrv., sem síðan er ekki tilgreint nánar hvernig skuli vera, og svo hinu, að leggja fram skýrt og greinilegt frv. til ákveðinnar breytingar á lögum. Það liggur í augum uppi, að það er fljótlegri og einfaldari leið að leggja lagafrv. fyrir þingið til samþykktar eða synjunar. Það er tæpast um það að ræða í raun og veru, að þessir tveir hv. þm. rugli saman þáltill. og lagafrv., heldur vil ég vekja athygli á því að hér er komið nálægt atriði sem mér finnst verða frumkvæðisrétt þm. til vinnu á Alþ. Við megum ekki venja okkur á það, ef ég má orða það svo, ef við ætlum okkur að koma fram máli, að setja þá einfaldlega fram till. um að ríkisstj. skuli semja frv. Ef við erum ákveðin í því hvernig við óskum eftir að hafa hlutinn, þá eigum við að semja frv. sjálf og leggja það fram. Ríkisstj. hefur nóg að gera, eins og við vitum öll, og er fjarri því að hún hafi tök á því að leysa öll mál á skömmum tíma sem leysa þarf, þó að við förum ekki að velta þeim verkefnum yfir á hana að semja fyrir okkur lagafrv. sem hægt er að leggja fram í einföldu formi. Þar við bætist að það er alkunna að mál tefjist ár frá ári, þegar lagðar eru fram þáltill. þar sem mjög er óákveðið tilgreint hvað gert skuli. Þetta er vinsælt form til þess að minna á mál, að það þurfi að gera einhverjar breytingar og bragarbætur á ýmsum sviðum, enda er þáltill. sú, sem hér var nefnd og vissulega fjallaði um athyglisvert mál, ekki aðeins um þetta atriði, fæðingarorlof, heldur líka um allt annað atriði, fæðingarstyrk svokallaðan, sem á að greiða við allar fæðingar og gengur nú til að kosta sængurlegu kvenna. Það er allt annað mál og ætti alls ekki nauðsynlega heima í sama frv. og þetta.

Þetta var aðeins um aðferðina við framlagningu málsins og lítillega um vinnubrögð þm. Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að leggja áherslu á að mér finnst að við ættum ef við getum að beita okkur fremur fyrir frv. en þáltill. sem við vísum til embættismanna úti í bæ, þó að ég viti að sjálfsögðu að þeir vinni störf sín vel og séu vissulega til þess færir að undirbúa lagafrv. En þeir hafa ærin verkefni fyrir og okkur er ætlað að gera þetta.

Þá vil ég víkja að nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðu hv. 7. þm. Reykv. Ég vil fyrst nefna eina tölu sem ég tel að byggist á alröngum forsendum, og hann nefndi í ræðu sinni sem röksemd gegn okkur frv. Hv. þm. nefndi að rætt hefði verið um kostnaðartöluna 450 millj. í fyrra, ef greiða ætti fæðingarorlof eins og hér um ræðir. Ef við reiknum með að sú tala hafi gilt í fyrra eða við skulum segja fyrir meira en ári, þá virðist svo sem þar hafi verið reiknað með þessari lágmarksupphæð fæðingarorlofs til allra kvenna sem fæða börn alls staðar á landinu. Ég vek athygli á því að þetta frv. nær aðeins til kvenna í verkalýðsfélögunum. (Gripið fram í.) Já, nú er það svo að fæðingar á öllu landinu í fyrra og í ár eru hvort ár um sig 4 400—4 500 samkv. upplýsingum sem ég hef úr Tryggingastofnun ríkisins. Nú getum við giskað á það, og ég játa, að það eru algerar ágiskanir sem ég verð að fara með, því að ég hef því miður ekki getað fengið nákvæmar upplýsingar, hvernig sængurkonur hafa skipst í launastéttir, en við getum gert ráð fyrir því t. d. að helmingur þessara kvenna hafi unnið utan heimilis eða verið í fastlaunaðri vinnu, skulum við segja. Við vitum að fjöldinn allur af konum á þessum aldri vinnur hjá hinu opinbera. Það getur vel verið að þessi tala sé of rúm, að helmingur þessara kvenna á þessum aldri vinni utan heimilis. Það er trúlegt, að þær séu færri. Ef við gerum ráð fyrir, að helmingur af þessum hópi komi úr verkalýðsfélögunum, þá gæti látið nærri sú tala sem ég nefndi í viðtali í þingsjártíma útvarpsins um daginn, að það gæti verið um að ræða 100 millj. kr. En það er líklegt að þessi áætlun mín sé líka of rúm því að í þeim störfum, sem hér um ræðir, eru svo margar konur sem eru komnar yfir barneignaaldur. Trúlegt er því að þarna sé um töluvert lægri upphæð að ræða. Ég mun vinna að því á meðan frv. er í n. að reyna að fá sem allra gleggstar upplýsingar um þetta atriði, en hingað til hefur mér ekki tekist að fá þær nákvæmar. Á það er einnig að líta, að það yrði að skapast nokkuð fastar reglur fyrir því hvernig slíkar greiðslur færu fram úr Atvinnuleysistryggingasjóði, ef þetta frv. yrði að lögum. Það er ekki ólíklegt að til þess kæmi að það yrði að miða við fastráðningar, þannig að þegar allt kemur til alls, þá er ekki þarna um risavaxnar upphæðir að ræða.

Þær upplýsingar, sem fram komu í ræðu hv. 7. þm. Reykv. um fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs og hans fjölbreytilegu verkefni, voru sannarlega umhugsunarverðar. Ég hafði vissulega hugleitt þessa hluti áður en til flutnings þessa frv. kom, og mér er ljóst, að það eru hinir ólíkustu baggar sem bæst hafa á herðar Atvinnuleysistryggingasjóðs á undanförnum árum, vegna þess eins að voldugir aðilar hafa talið að þarna væri um sterkan sjóð að ræða sem gæti borið sitt af hverju sem gera þarf í okkar fjárvana þjóðfélagi.

Eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði, þá hefur verið tilhneiging til þess að þær skuldbindingar, sem ríkið leggur sjóðnum á herðar, hafi verið fremur um of heldur en van og þær hafi jafnan farið fram yfir það sem búist hafði verið við eða rætt hafði verið um. Ég sé ekki betur en að ríkið

yrði einfaldlega að hlíta því að lög sjóðsins kvæðu á um að ekki væri um að ræða umframfé ríkinu til ráðstöfunar úr sjóðnum vegna þess að sjóðnum væri skylt að standa undir fæðingarorlofi kvenna úr verkalýðsfélögunum.

Það eru nokkrar skyldur ekki ekki alveg ólíkar þessu sem sjóðnum hafa verið lagðar á herðar, svo sem t. d. námskeið til starfsþjálfunar eða endurhæfingar. Það má segja, að fæðing barns og sá tími, sem fer í að jafna sig eftir barnsburð, er að sönnu ekkert námskeið. Nokkurs konar endurhæfing er þó sá tími sem fer í að jafna sig eftir barnsburð. Ef kona á að vinna með fullum afköstum, þá þýðir ekki annað en að taka þann tíma, sem nauðsynlegur er, til þess að jafna sig eftir barnsburð. Þar við bætist, að í þessu fælist almenn viðurkenning þjóðfélagsins á þeim frumrétti nýfæddra barna að njóta umhyggju móður sinnar fyrstu vikurnar sem þau eru til. Ég held sem sagt að þarna sé um að ræða verkefni, sem engan veginn er óeðlilegt að ætla Atvinnuleysistryggingasjóði sem tekur að sér auk þeirra verkefna, sem ég nefndi hér áðan, t. d. að kosta slíka endurhæfingu um tíma eða starfsþjálfun. Sjóðurinn tekur að sér líka ýmiss konar fjárfestingarlán og framlög til framkvæmda í sambandi við endurhæfingu að ógleymdu því sem lagt er til húsnæðislánakerfisins. Allt eru þetta vitanlega þörf verkefni. En fyrst og fremst verður sjóðurinn að nota tekjur sínar til hagsbóta fólkinu sem er í verkalýðsfélögunum. Það efast enginn um það, að ríkinu er fjár vant til ýmiss konar fjárfestingar, og það eru ýmiss konar fjárfestingarsjóðir í landinu. Það, að ríkið skorti fé til ýmiss konar fjárfestingar, má ekki bitna á þeim hópi kvenna, sem er svona settur, að hann er í verkalýðsfélögum og hefur ekki getað fengið forsvarsmenn sína til þess að koma því til leiðar, að þær nytu fæðingarorlofs eins og aðrar launakonur í þjóðfélaginu.

Ég freistast til þess í þessu sambandi að vekja athygli á því að konur mega sín lítils í íslensku verkalýðshreyfingunni. Það hefur verulega merkilegt starf verið unnið í nokkrum verkalýðsfélögum, og fyrir dugnað forustukvenna í verkakvennafélögum fékkst í fyrra þriggja vikna fæðingarorlof. Það er þó allt og sumt. Ef nú forustumenn í verkalýðsfélögum vilja bera hag þessara kvenna fyrir brjósti, þá beini ég því til þeirra að sinna nú því máli sem liggur fyrir Alþ. og er að mínu viti fyrsta raunhæfa till. til þess að koma þessu máli í höfn. Menn geta velt því endalaust fyrir sér, hvort það sé eðlilegra að fjármögnun þessa máls eigi heima í Tryggingastofnun ríkisins eða Atvinnuleysistryggingasjóði, á sama tíma og við vitum að tekjutrygging aldraðra er allt of lág, ýmiss konar lífeyrisbætur Tryggingastofnunar ríkisins þyrftu að vera miklu hærri og á ári hverju bera þm. fram fjöldann allan af frv. sem eru þannig úr garði gerð að það er engu líkara en að menn haldi að í Tryggingastofnun ríkisins sé endalaus uppspretta fjár. Þessa fjáruppsprettu er ekki að finna nema í fjárl. hvers árs.

Hv. 5. landsk. þm. sagði í ræðu sinni að fjármögnun fæðingarorlofs hjá Tryggingastofnun ríkisins mundi tryggja það að konur nytu fullra launa í 3 mánuði á meðan þær væru frá vinnu vegna barnsburðar. Ég spyr: Hvernig þá? Það er ekki hægt að tryggja það nema sýna fram á hvaða fé á að nota til þess. Það er rétt, eins og kom fram í máli hennar, að flestir þeir sjóðir Tryggingastofnunarinnar, sem þarna koma til greina og eru samsvarandi þeim sjóðum sem í öðrum löndum eru látnir standa undir fæðingarorlofi, t. d. sjóður sjúkratrygginga, — þessir sjóðir eru hér á landi fjármagnaðir næstum að öllu leyti af ríkinu. Eini sjóðurinn sem til greina kæmi, vegna þess hvernig hann er fjármagnaður, er slysatryggingasjóður Tryggingastofnunar ríkisins. Hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til þess að mega njóta bóta úr slysatryggingasjóði Tryggingastofnunar ríkisins? Það er ekki aðeins þannig, eins og hv. 5. landsk. þm. sagði, að hann sé fjármagnaður til þess að tryggja atvinnuöryggi launþeganna almennt við vissar aðstæður. Þessar aðstæður eru aðeins slys sem verða á vinnustað eða á leið til eða frá vinnustað. Ég verð að segja eins og er, að ég kann ekki við að flytja till. um að fæðingarorlof sé greitt úr þeim sjóði. (Gripið fram í.) Það gilda mjög strangar reglur um slysatryggingasjóð, það þekki ég vel. Og það er ekki aðeins vegna þess að ég sé með nokkrum hætti svipað sett gagnvart Tryggingastofnun ríkisins og hv. 7. þm. Reykv. er gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég á sem sé sæti í stjórn Tryggingastofnunar ríkisins, en hv. 7. þm. Reykv. í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Því fremur er mér um þetta kunnugt sem þetta mál hefur oft verið rætt í tryggingaráði. Og það er engan flöt hægt að finna á því að greiða fæðingarorlof með þessum hætti úr almannatryggingum, til vissra stétta kvenna, nema það væri að vísu hægt að ákveða svo einfaldlega með lögum. En á meðan okkur vantar fé til þess að greiða nauðsynlegar bætur til þeirra bótaþega, sem þegar eiga bótarétt, þá sýnist mér ekki þarna vera um eðlilegt né framkvæmanlegt verkefni að ræða, því að þessar konur eru ekki starfandi hjá ríkinu, heldur hjá öðrum aðilum. Mér sýnist fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs vera miklu eðlilegri sem grundvöllur fyrir því að greiða mætti úr honum bætur til þessa verkefnis.

Annars finnst mér það alveg rétt, sem fram hefur komið í máli þm., bæði hv. 7. þm. Reykv., 5. landsk. og annarra þm. sem hér hafa talað, að við ættum ekki að láta deilur um það úr hvaða sjóðnum eigi að greiða fæðingarorlof, tefja þetta mál. Við skulum heldur horfast í augu við það, að nú höfum við fyrir augum framkvæmanlega leið til að koma þessu máli í höfn. Það hefur ekki tekist í gegnum kjarasamninga, það er búið að reyna það árum og áratugum saman. Svo vel trúi ég því, að forustumenn verkalýðsfélaga hljóti að hafa barist fyrir þessu máli, að ég er farin að álíta, að með þeirri aðferð sé málið allt að því vonlaust. Ég held, að eina framkvæmanlega leiðin sé að ákveða þetta með lögum. Í því sambandi vil ég benda á, að Ísland er eina landið á Norðurlöndum sem ekki tryggir með löggjöf öllum launakonum fæðingarorlof. Ekkert Norðurlandanna greiðir fæðingarorlof samkv. eða hefur í löggjöfinni sinni gert ráð fyrir fæðingarorlofi með launum í skemmri

tíma en frv. það, sem hér er lagt fram. Ég vek athygli á því að það er enginn sómi, heldur blettur á okkar reglum að þessu leyti, að við tryggjum þessum konum í þessum stéttum ekki þennan rétt.

Enn vil ég bæta við að árið 1967 var gerð hjá Sameinuðu þjóðunum alþjóðleg samþykkt um afnám misréttis gagnvart konum. Hér á landi fullnægir okkar löggjöf, sem betur fer, ég má segja að öllu leyti þessari samþykkt, nema þessu. Þess vegna vil ég enda þessi orð mín með því að minna á að það að velta þessu máli fram og aftur fyrir sér eitt árið enn gerir það ekki líklegra til þess að verða framkvæmt nokkuð í náinni framtíð. Verði þetta frv. hins vegar samþ. er enginn sem segir að það fyrirkomulag þurfi endilega að standa um aldur og ævi. En það er þó búið að ákveða og viðurkenna að konum ber þessi réttur og að sjóður, sem fjármagnaður er af atvinnurekendum beint að 1/4 og óbeint í gegnum opinbera skatta og skyldur til sveitarfélaga og ríkis, verður skyldugur að taka þetta verkefni að sér, þó svo að það bitni á vissum fjárfestingarframkvæmdum í landinu sem verða einhvern veginn að fá fé og eiga aðgang að ýmsum öðrum sjóðum.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Ég vildi mjög giarnan hefja mál mitt á því að taka undir þau orð, sem hv. síðasti ræðumaður viðhafði hér, að við værum ekki of mikið að metast um það hver ætti að borga, heldur hitt, að þetta ágæta mál hefði framgang, og það held ég að við séum út af fyrir sig öll sammála um. Það, sem ég gerði í minni ræðu, var að vekja athygli á því að ég teldi ekki að málið væri leyst með því fyrirkomulagi sem lagt væri til að haft yrði á fjármögnun þessa fæðingarorlofs skv. frv. Það var aðeins það, sem ég vildi vekja athygli á, og er sannfærður um að við getum það ekki, nema því aðeins þá að öðru verði breytt um leið.

Hér talaði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson um það, og raunar fleiri létu að því liggia, að það væri nær að greiðslur til kvenna í fæðingarorlofi færu fram á vegum Atvinnuleysistryggingasjóðs en að fé væri lánað til Byggingarsjóðs ríkisins eða annars slíks. Til þess að skipta á þessu tvennu þarf að breyta lögum — raunar ekki atvinnuleysistryggingasjóðs, það er í öðrum lögum að sjóðurinn er skyldugur til að kaupa þessi bréf. Það var það, sem ég var að benda á. Hér er ekki um val að ræða, heldur lagaskyldu. Og á sama hátt eru honum bundnir ýmsir aðrir verulega stórir baggar, því vildi ég vekja athygli á.

En ég vil engan veginn fara í neinar deilur um málið sjálft, því að ég vona að við séum öll hiartanlega sammála um að reyna að koma því áleiðis. Ég ætla ekki heldur að fara að deila um það hvaða upphæðir gæti verið hér um að ræða. Mér sýnist fljótt á litið að það, sem ég sagði áðan, muni nú standa, miðað við allar fæðingar. Ég ætla ekki að fara að eyða tímanum í að reikna í ræðustóli, það borgar sig ekki, en ég er þeirrar trúar að það eigi eftir að koma á daginn að hér sé um verulega miklar upphæðir að ræða. En sem sagt, það sem mér finnst vera aðalatriðið er að málið er ekki leyst með þessari till. þessa frv. Það verður, ef hún er samþ., að afla fjár til Atvinnuleysistryggingasjóðs eða til framkvæmda sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur fjármagnað fram að þessu. Þetta held ég að liggi alveg fyrir, hvort sem það eru framkvæmdir einstaklinga, og á ég þar sérstaklega við það sem hv. þm. Pétur Sigurðsson hafði orð á, þetta hálfgerða gjafafé, sem farið hefur út úr sjóðnum í æðirikum mæli til ýmissa staða á landinu, það eru svokölluð áhættulán, en sjóðurinn hefur heimild til eða er nú raunar gerð krafa um að hann láni, sem nemur 1/4 af vöxtum árlega. Úr slíkum lánum, sem eru miklu frekar styrkir en lán, mætti gjarnan draga, og þar erum við hjartanlega sammála. En hér er einnig um ákveðin lög að ræða, og við erum skyldugir skv. lögum að gera þetta. En það er atriði sem ég vildi mjög gjarnan að væri endurskoðað

Þá vil ég aðeins nefna það, gerði raunar áðan, að sjóðurinn lánar verulega til sveitarfélaganna, og ef kippt er að sér hendi á því sviði ætla ég að fullyrða að ein af fjórum stoðum, sem iðgjöldin byggjast á, er fallin. Það innheimtast ekki gjöld hjá sveitarfélögunum ef það yrði ákveðið að sjóðurinn lánaði sveitarfélögunum ekki neitt. Þá verður að endurskoða alla uppbyggingu iðgjalda sjóðsins. Ég hygg að nokkurn veginn það sama snúi að ríkissjóði, væri þó ánægður ef menn kæmu með sannanir fyrir öðru. (**Gripið fram í:** Nefndi ekki hv. ræðumaður að ríkissjóður hefði farið 100 millj. fram yfir?) Ja, það var aðeins í eitt sinn, en æðimiklu meira en þessar 100 millj. í þetta sinn, og eru þar ráðherrar bæði í vinstri og hægri stjórnum sekir um, eins og ég tók raunar fram áðan.

Að endingu vil ég aðeins segja það, að sjóðsstj. hefur lengst af litið svo á, stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, að henni bæri öðrum þræði ekki aðeins að sjá um að sjóðurinn væri fær um að greiða atvinnuleysisbætur, heldur að styrkja ýmiss konar atvinnuframkvæmdir sem mættu verða til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Þetta hefur verið helsta leiðarljós stjórna Atvinnuleysistryggingasjóðs frá upphafi, og af þessum sökum hafa sjóðsstjórnir kannske gengið of langt, þ. e. a. s. að sjálft handbært fé sjóðsins hefur ævinlega verið ákaflega takmarkað, og það er t. d. núna ekki nema röskar 300 millj. kr., þannig að ef til verulegs vanda kæmi á atvinnusviðinu og atvinnuleysi yrði verulegt hér á landi, þá stendur sjóðurinn ákaflega illa að vígi. Þess vegna hefur það einmitt verið ákvörðun stjórnarinnar núna að það væri ekki frambærilegt neitt annað en að á þessu ári yrði handbært fé sjóðsins aukið verulega og mætti ekkert hindra það og gæti ekkert hindrað það, annað þá en verulegt atvinnuleysi og miklar bótagreiðslur.

En sem sagt, ég ætla aðeins að endingu að taka undir það, sem hér var sagt áðan og ég sagði raunar í minni fyrri ræðu, að við ættum að reyna að taka saman höndum um að finna leiðir til þess að það mál, sem hér er um rætt, fæðingarorlof, verði að veruleika nú á þessu þingi.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður, en ég vildi að það kæmi skýrt fram, að í mínum huga er þetta mjög gott mál. En ég sé líka, að það verða margar konur skildar eftir. Þetta er aðeins hugsað fyrir þær konur, sem vinna í verkalýðsfélögum og taka laun þar í gegn, og fyrr en allar konur, sem ala barn, fá fæðingarorlof tel ég ekki málinu komið í höfn. Hvers á bóndakonan að gjalda, ef hún fær þetta ekki, heldur aðeins kona sem vinnur hjá opinberum aðila eða kona sem vinnur í verkalýðsfélagi. Eða hvers á húsmóðirin að gjalda, sem sér um börn sín heima fyrir og vinnur ekki úti? Það er þetta, sem ég vildi, að kæmi hér skýrt fram, að að mínu mati eiga allar konur, sem ala börn, að fá fæðingarorlof, og ég kem ekki auga á að þetta geti náðst nema í gegnum almannatryggingar. Að þessu verður að stefna. Þar fyrir dettur mér ekki í hug annað en að segja að þetta er gott mál, að því sem það nær, og ég mun hiklaust fylgja því út af fyrir sig.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Örstutt. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því hversu jákvæðar undirtektir eru hjá öllum hv. þm. við þetta frv. okkar. Það er greinilegt, að það er fullur vilji fyrir því að það nái fram að ganga og að konur, allar konur úti í atvinnulífinu, fái þriggja mánaða fæðingarorlof. En ég vil til þess að fyrirbyggja allan misskilning varðandi ummæli mín um fjármögnun byggingarsjóðs ríkisins annars vegar og fæðingarorlofs hins vegar í fyrri ræðu minni taka það fram og benda á varðandi fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins, að það er vitað að lífeyrissjóðirnir munu fjármagna íbúðarbyggingar í stórauknum mæli í framtíðinni. Það er því svo til öruggt mál að það, sem Atvinnuleysistryggingasjóður hugsanlega þyrfti að inna af hendi vegna þess máls sem hér um ræðir, mun fullkomlega og miklu meira en það verða bætt upp með auknu fjármagni úr lífeyrissjóðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

auðvitað hversu við verjum þeirri orku, sem Sigölduvirkjun mun færa okkur, best þjóðarheildinni til hagsbóta. Að því eru færð rök í fskj. frv. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga að þetta fyrirtæki sé á ýmsan hátt arðvænlegt og því sé álitlegt fyrir íslenska ríkið að ráðast í stofnun þess ásamt Union Carbide. Án þess að þeir útreikningar séu í sjálfu sér í efa dregnir, og þó að ég hafi reynt að sýna fram á það með tilvitnun í hafnargerðina að reikningana mætti setja upp á annan hátt en gert er í fskj., þá er það álit mitt að orkunni frá Sigöldu væri enn betur varið til að leysa úr orkuskortinum sem ríkir í þrem landsfjórðungum, eins og ég nefndi í upphafi.

Víst og satt er að ýmislegt er ógert áður en unnt er að veita þessari orku til þeirra viðtakenda sem mesta þörf hafa fyrir hana. En það er enginn kominn til að segja að ekki mætti gera meira en gert er í þeim efnum og ég tel reyndar einsýnt að þar hafi ýmislegt verið látið ógert sem þegar mætti vera komið á skrið eða jafnvel lokið. Þar er fyrst og fremst um að ræða að hraða framkvæmdum við lögn byggðalínunnar frá Suðurlandi til Norðurlands, síðan hefja af fullum krafti undirbúning að línulögnum út frá henni til þeirra svæða sem verst eru sett, Austurlands og Vestfjarða, síðan að gera áætlanir um það hversu unnt sé að styrkja raforkudreifikerfið um landið allt, svo að það geti annað orkuflutningi til húshitunar sem brýn þörf er á hvarvetna um byggðir landsins þar sem ekki er fyrirsjáanlegt að jarðvarmi geti bætt úr húshitunarþörfinni.

Það er að mínum dómi að bjóða heim mjög hættulegu ástandi í landinu að ætla sér að vinna næstum einhliða að því að koma upp orkufrekum iðnaði sem síðan hafi máske í för með sér og hefur í för með sér að ýmissa dómi, að því komið hefur fram, að næsta stórvirkjun í landinu þurfi óhjákvæmilega að rísa á sama svæði og þær sem fyrir eru, þar hljóti Hrauneyjarfossvirkjun að vera efst á blaði. Það er að mínum dómi mjög háskalegt að halda svo á málum að landsfólkið þurfi á stórum svæðum að búa við orkuskort, sem ekki sér á nokkurn hátt fram á hvenær úr verður bætt, jafnframt því sem reistur er með miklum kostnaði orkufrekur iðnaður hér suðvestanlands. Ef vel á að fara þarf það að haldast í hendur að við gerum þær ráðstafanir, sem okkur þykja hagkvæmar, til að nýta orku sem við þurfum ekki sjálfir á að halda til eigin þarfa, til þess að koma upp nýjum atvinnugreinum og að bætt sé á þeim skemmsta tíma, sem unnt er, úr orkuskortinum á landsbyggðinni. Ella er verið að magna andstæðurnar milli þéttbýlissvæðisins annars vegar og strjálbýlisins hins vegar.

Hvaða útreikningar sem sýndir eru um arðsemi fyrirtækis eins og járnblendiverksmiðju á Grundartanga, jafnframt því að fólk í þrem landsfjórðungum býr við orkuskort og hátt orkuverð án þess að sjá fram á úrbætur í þeim efnum, verða aðeins til þess að þessu fólki þykir enn frekar gengið á sinn hlut en áður, að það skuli búa við annan og lakari hlut en aðrir landsmenn hvað snertir að uppfyllt sé þörfin á nægri orku við lægsta verði sem aðstæður leyfa.

Það bætir svo ekki úr skák að ljóst er að tilhneiging ríkir til að gera nýtingu Sigölduorkunnar til Grundartangaverksmiðju að meginröksemd fyrir því að Hrauneyjarfossvirkjun hljóti að verða næsta stórvirkjun sem við tekur. Með þessu er þannig í pottinn búið að strjálbýlisfjórðungunum þrem hlýtur að finnast að þeir séu gerðir æ afskiptari. Af þessari ástæðu, fyrst og fremst vegna áhrifa þessara fyrirhuguðu framkvæmda á byggðaþróun og byggðajafnvægi í landinu eins og nú standa sakir, getum við samtakamenn ekki léð þessu máli fylgi þótt, eins og ég hef áður tekið fram, megi viðurkenna það að ýmis þjóðhagsleg rök geti mælt með slíkum framkvæmdum við réttar aðstæður.

Það væri að mínum dómi illa farið ef ráðist yrði í þetta fyrirtæki við þær aðstæður að miklum hluta þjóðarinnar þætti það gert og til þess stofnað á sinn kostnað. Nóg var að gert þegar álverksmiðjan var stofnuð, þar sem nú er af öllum viðurkennt að orkuverðið var ákveðið of lágt og þar sem undanþága var veitt frá íslenskri lögsögu. Ég teldi mjög illa farið ef vegið væri í sama knérunn með stofnun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Sverrir Bergmann: Virðulegi forseti. Ég vildi eiginlega eingöngu fjalla um þann þátt þessa máls er viðkemur mengun og mengunarvörnum, en þessi atriði hafa verið mjög í brennidepli og margt verið um þau fullyrt, sem ekki fær tvímælalaust staðist og ekki alltaf verið sett fram að gaumgæfilega athuguðu máli.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að af þessum fyrirhugaða verksmiðjurekstri verður einhver mengun, fram hjá því verður ekki komist. Spurningin er fremur sú, hvers eðlis þessi mengun sé, hversu mikil hún kunni að verða en þó kannske umfram allt er spurningin um það hvort við getum eitthvað gert til þess að draga úr henni og þá með hverjum hætti og að hve miklu leyti. Að mínu áliti er það algert grundvallarskilyrði fyrir verksmiðju og verksmiðjurekstri af þessu tagi að mengun megi halda innan þess ramma að hún sé ekki skaðleg mönnum og umhverfi í ljósi þeirrar þekkingar sem fyrir liggur. Og raunar tel ég að þótt allir þættir þessa máls séu mikilvægir, þá tel ég alla aðra þætti þess vera þess eðlis að þeir væru ekki leyfilegir til framkvæmda ef við værum að taka þekkta, óhæfilega áhættu hvað viðkemur mengun. En af þeim upplýsingum, sem liggja fyrir um mengunaráhrif, þá virðist mér að þessi áhætta sé í lágmarki, vel að merkja ef allar mengunarvarnir eru í heiðri hafðar. Og það er algerlega í trausti þess að svo verði gert að ég mun greiða þessu frv. atkv. Og það er í trausti þess sama að ég hef skrifað undir og er einn þeirra, sem mynda meiri hl. hv. iðnn. Nd. í þessu máli. Ég er enginn sérstakur talsmaður stóriðju á Íslandi og síst af öllu stóriðju með þátttöku erlendra aðila. En ég skal viðurkenna það að til grundvallar þeirri afstöðu liggja tilfinningalegar ástæður, og ég hef gert mér það ljóst í þessu efni eins og öðrum að nauðsynlegt er að taka tillit til skynseminnar og reyna að leita sátta tilfinningalegra og skynsamlegra sjónarmiða.

að fyrirtæki og framleiðslugreinar séu þannig valin að markaður sé sem öruggastur og áhættan, sem fylgir meirihlutaeign slíkra fyrirtækja, sem minnst.

Það er skjótt frá að segja að ekki er nema í tvö hús að venda í stórum dráttum um félagsskap við erlenda aðila. Þar er annars vegar um að ræða stór fyrirtæki hins vestræna heims, þau sem kölluð eru ýmist auðhringar eða fjölþjóðafyrirtæki. Þetta er annar aðilinn í heiminum sem ræður yfir fullkomnustu tækni í orkufrekum iðnaði. Hinn aðilinn eru ríkissamsteypur sósíalistísku landanna sem einnig hafa slíka tækni á valdi sínu og hafa nokkuð gert að því að leita félagsskapar við ríki utan þeirrar ríkjablakkar sem þau hafa myndað.

Hvað það snertir hvor hópurinn er vænlegri til samvinnu við smáþjóð eins og okkur íslendinga til slíkrar framleiðslusamvinnu, þá tel ég að munurinn geti orðið harla lítill. Hvorir tveggja þessir aðilar hafa sýnt það bæði fyrr og síðar að þeir eiga til að vera harðir í viðskiptum, og mikil þörf er fyrir smáar þjóðir, sem ganga til félagsskapar við þá, að gæta vel hagsmuna sinna í öllum skiptum við slíka risa. En þó er í þeim efnum ætíð traustasta vörnin sú, að ekki sé gengið til neinnar sameiginlegrar stofnunar fyrirtækja nema það sé þegar tryggt fyrir fram, ekki aðeins að íslendingar hafi meirihlutaeign og meirihlutavald yfir fyrirtækjunum, heldur einnig að hinir erlendu aðilar, sem til samvinnunnar ganga, fallist skýlaust á það að um allt, sem á kann að greina, skuli íslensk lögsaga gilda. En það er einnig afar þýðingarmikið að orkuverðið sé þannig ákveðið að það styrki íslenska orkuvinnslu, ekki aðeins til frekari stórfyrirtækja sem til greina kynnu að koma, heldur einnig þá orkuvinnslu og orkudreifingu sem gerð er til íslenskra þarfa eingöngu.

Það skiptir mjög miklu máli að áhrifin af slíkum atvinnurekstri og slíkum orkufrekum iðnaði verði þau að halda niðri innlendu orkuverði. Og arðurinn, sem í hlut íslendinga kemur, kann auðvitað ýmist að koma í mynd orkuverðs eða í vörusölu. Vörusöluarðinum þarf að deila með erlendum aðilum sem eru sameignaraðilar. Þetta sjónarmið gerir enn brýnna að tryggilega sé frá því gengið að orkuverðið sé reiknað fyllilega á því raunverulega verðgildi sem það hefur miðað við orkuverð á heimsmarkaði til svipaðs atvinnurekstrar.

Nú hafa mál þróast svo að aldrei hefur verið meiri þörf á því en nú að huga sérstaklega að orkuþörf okkar sjálfra fyrir þann atvinnurekstur, sem fyrir er í landinu, og til margvíslegra heimilisþarfa. Aðkeypt orka hefur stigið óstjórnlega í verði en jafnframt ríkir það ástand í raforkumálum landsins að ég tel réttmætt að kveða svo að orði að orkusvelti ríki í þrem landsfjórðungum. Það fylgir einnig þeirri mynd sem ég tel að líta verði á að þær stóru virkjanir, sem gerðar hafa verið, hafa risið svo til á sama stað, á Suðvesturlandi, en aðrir fjórðungar eru afskiptir enn sem komið er.

Þá hlýtur einnig að þurfa að taka mið af framkvæmdagetu landsmanna. Sá mannafli, sem íslendingar leggja af mörkum við smíði slíkra fyrirtækja og rekstur þeirra, má ekki vera svo mikill að hann raski heilbrigðri þróun annars atvinnulífs sem fyrir er í landinu. Þá hlýtur einnig að verða að líta til þess hver áhrif fjármagnsútvegun erlendis til orkufreks iðnaðar, til fyrirtækja, sem stofnuð eru í félagsskap við útlendinga, hefur á aðra fjármagnsútvegun ríkisins í eigin þágu eða í þágu atvinnuveganna. Nú hagar svo til að hér á landi hefur skapast efnahagsástand sem að dómi hæstv. ríkisstj. hefur leitt til þess að óhjákvæmilegt sé að skera niður verulega þjóðþrifaframkvæmdir sem þegar hafa verið ákveðnar á fjárl. yfirstandandi árs, m. a. með þeim rökum að erlendar skuldir þjóðarinnar séu orðnar hættulega miklar. Þá hlýtur það að koma mönnum spánskt fyrir sjónir að jafnframt sé stofnað til atvinnurekstrar í stórum stíl ásamt erlendum meðeignaraðila, og sá rekstur sé af íslendinga hálfu hafinn algerlega í skuld.

Hv. 1. þm. Suðurl., frsm. meiri hl. iðnn., lýsti því í alllöngu máli í framsöguræðu sinni að hafnargerð á Grundartanga vegna fyrirhugaðrar járnblendiverksmiðju mundi á engan hátt bitna á öðrum hafnarframkvæmdum úti á landsbyggðinni. Hann skýrir frá því að þessi höfn skyldi gerð samkv. hafnalögum þar sem ríkið leggur til ¾ af 500 millj. stofnkostnaði og greindi frá því að það fjármagn yrði tekið að láni. Það er hægt að segja það á þessari stundu að slík hafnargerð og slík lántaka muni engin áhrif hafa á hafnarframkvæmdir að öðru leyti á komandi árum. En ég tel útilokað að reynslan verði sú. Það hlýtur að hafa áhrif á getu ríkissjóðs til fjárframlaga í þágu hafna um landið allt að þurfa að standa undir 375 millj. kr. láni til hafnar á Grundartanga og það því fremur sem ekki liggja fyrir neinar líkur, hvað þá vissa um að þessi höfn fái í fyrirsjáanlegri framtíð nein önnur verkefni en að annast flutninga til og frá fyrirhugaðri járnblendiverksmiðju. Eins og hv. 1. þm. Sunnl. lýsti hrökkva þær tekjur ekki einu sinni til að standa að fullu undir útgjöldum þeirrar hafnar sem þarna á að gera.

Nú kann að vera að það væri hægt að gera þessa höfn arðbæra, t. a. m. með því að fá henni stórt verkefni sem sinna þarf áður en langt um líður, og þá á ég við hvar valinn verður staður fyrir þá olíuhöfn sem tvímælalaust þarf að rísa á næstunni hér suðvestanlands. En ég hygg að það sé fullur vilji forráðamanna Reykjavíkurhafnar að sitja að þeim tekjustofni sem meginolíuflutningar til landsins eru og muni því stjórnendur Grundartangahafnar eiga mjög undir högg að sækja ef þeir reyna að bæta hag sinnar hafnar með því að róa á þessi mið.

Ég hef tekið þetta hafnarmál sem dæmi um það hversu vafasamt er að reikna með því að framkvæmdir á Grundartanga við járnblendiverksmiðju verði, þegar allt sem á heima í dæminu er talið þar með, jafnarðbærar og látið er í veðri vaka. Ég tel að það hefði verið hið eina rétta að reikna þennan hafnarkostnað með í stofnkostnaði þessa fyrirtækis því að ég hef ekki enn séð nein rök fyrir því að þessi höfn fái eða eigi von á nokkrum öðrum sjáanlegum verkefnum en að þjóna fyrirhugaðri járnblendiverksmiðju. En það eru auðvitað önnur sjónarmið sem enn meira máli skipta, þegar þetta mál er skoðað í heild, heldur en hafnargerðin ein. Mestu máli skiptir

og að umhverfisverndar sé gætt í hvívetna. Einnig vænti ég þess að þeir gerkynni sér allar þær aths. sem fluttar hafa verið fram með og móti máli þessu og gæti þess eins vel og þeir kunna að standa í ístaðinu fyrir okkar hönd. Nefni ég þar orkuverðið, tæknikunnáttukaupin, söluþóknunina, markaðsmálin og hafnargerðina að Grundartanga.

Páll Pétursson: Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. að marki. En vegna sérstakra ástæðna get ég ekki verið viðstaddur lokaafgreiðslu þessa máls á föstudaginn — og því miður mun ekki verða atkvgr. um málið í kvöld — þá vil ég taka það fram að ég er enn sömu skoðunar og ég var þegar ég gerði grein fyrir afstöðu minni við 1. umr. þessa máls og sagðist vera á móti þessu máli og ætla að segja nei þegar það kæmi til atkvgr. Enda hefur málið ekki skipt neitt um svip að marki jafnvel þó að forustumaður Heilbrigðiseftirlitsins hafi upplýst okkur opinberlega að Fróðárundrin hafi verið taugaveikifaraldur!

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að spyrja flokksmenn hæstv. fjmrh. — ég sé að hann er ekki hér í salnum — hvað vextir og afborganir af erlendum lánum muni nema mörgum prósentum af þjóðartekjum á þessu ári þegar allar samþykktar lántökuheimildir hafa verið notaðar og hvað þær muni verða þegar lántökur vegna járnversins hafa hlaðist ofan á. Núna í morgun vorum við að samþykkja hér í hv. d. 3½ milljarðs niðurskurð á fjárl. Ég vil láta þess getið að hönd mín verður treg til að rétta hana upp til þess að samþykkja niðurskurð á lífsnauðsynlegum framkvæmdum á Norðurl. v., ekki síst þar sem nú virðist vera fyrir hendi, að dómi hæstv. fjmrh., fjármagn eða lántökumöguleikar til þess að ráðast í framkvæmd eins og þessa.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Það má segja að einkum sé tvenns konar meginefni í umr. manna um það mál sem hér liggur fyrir. Öðrum þræði hafa umr. um það snúist hvort orkufrekur iðnaður í einhvers konar félagi við þau erlend fyrirtæki sem ráða yfir þeirri tækni sem slíkum iðnaði er eiginleg, sé heppilegur og réttlætanlegur hér á landi. Hins vegar hafa umr. einnig snúist um það hvort það fyrirtæki og sá atvinnurekstur, sem um ræðir í frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sé tímabær og heppilegur. Sýnist þar nokkuð sitt hverjum, þeim sem telja að orkufrekur iðnaður í félagsskap við erlenda aðila geti í sjálfu sér vel komið til greina eða verið sjálfsagður.

Þegar að því er hugað hvers konar orkufrekur iðnaður sé einkum álitlegur til þess að nýta íslenskar orkulindir, þá má skipta þeim iðnaði, sem til greina kemur, í stórum dráttum í tvo flokka: Annars vegar er þar um að ræða málmiðnað og hins vegar efnaiðnað. Fyrir mitt leyti tel ég að það sé einsýnt að ef við Íslendingar ætlum að hagnýta til nokkurrar hlítar þann orkuauð sem landið hefur að bjóða, bæði í fallvötnum og jarðvarma, þá þarf að einhverjum hluta að veita þeirri orku til iðnaðar sem orkufrekur er talinn, og það því fremur sem orka sú, sem við ráðum yfir og getum ráðið yfir í vaxandi mæli eftir því sem tímar líða og virkjunum miðar áfram, verður æ ábatavænlegri eftir því sem orkugjafar af kolefnisætt, bæði kol og olía, verða torgætari og dýrari. Þetta kemur ekki aðeins til af því að það geti verið ábatavænlegt fyrir okkur sjálfa að verja einhverju af orkuforða okkar til slíks atvinnurekstrar heldur helgast það einnig af því að mínum dómi, að það hlýtur að vera keppikefli okkar að hagnýta þær náttúruauðlindir, sem við höfum umráð yfir, ekki aðeins til ábata fyrir okkur, heldur einnig til að uppfylla þarfir sem tvímælalaust er um að ræða í nágrannalöndunum og í heiminum yfirleitt. Ég held að við munum þegar til lengdar lætur komast að raun um það að ríkur skerfur okkar smáu þjóðar til framleiðslu- og atvinnukerfis heimsins mun verða sá að hagnýta orkulindir landsins til ýmissa þarfa sem þær eru til fallnar og verða í vaxandi mæli til fallnar eftir því sem aðrar orkulindir gerast dýrari. En okkur hlýtur einnig að vera það mikið keppikefli að við getum losnað í sem mestum mæli við hvimleiða fylgifiska iðnvæðingar og stóriðju, það sem einu nafni er nefnt mengun og er undið af mörgum þáttum sem ekki er ástæða til að rekja hér. Með tilliti til þess tel ég einsýnt að einkum komi til greina af okkar hálfu að sækjast frekar eftir málmiðnaði þeim, sem orkufrekur er talinn, en efnaiðnaði. Reynslan er sú að efnaiðnaðurinn veldur miklu meiri mengun og sú mengun, sem hann gefur frá sér, er erfiðari við að eiga heldur en sú sem málmiðnaðinum fylgir, og skal ég þó ekki gera lítið úr þeim vandamálum sem upp geta komið við að halda mengun af slíkum iðnaði í lágmarki.

Það er einn ríkasti þáttur þeirra bollalegginga og deilna sem farið hafa fram um orkufrekan iðnað í landinu hversu háttað skuli vera eignarhaldi á slíkum fyrirtækjum sem talið er rétt af öðrum ástæðum að rísi í landinu. Þar halda menn ýmist fram þeirri skoðun að best sé og affarasælast að útlendir aðilar eigi slík fyrirtæki að fullu og öllu og taki af þeim ábata og áhættu, en þáttur okkar sé sá einn að selja orkuna sem þarf til að knýja þær verksmiðjur sem um er að ræða. Þetta er að minni hyggju röng stefna og stórhættuleg ef henni væri fylgt fram í miklum mæli. Þá yrði niðurstaðan sú að verulegur hluti af atvinnulífi landsins væri í eigu erlendra aðila og þar á ofan væri okkar þáttur í þessum atvinnurekstri að leggja fram vinnuafl og orku. En við hlytum að eiga allmjög undir högg að sækja með verðlagningu á þessum framleiðsluþáttum þegar framleiðslutækin sjálf væru algerlega undir yfirráðum erlendra aðila. Því er ég eindregið fylgjandi þeirri reglu að þegar þykir koma til greina að koma upp orkufrekum iðnaði í landinu sem þarf að hafa tiltæka tækni sem ekki fæst nema í félagi við þá erlendu aðila sem hana hafa þróað á löngum tíma með miklum kostnaði og yfir henni ráða. Þá eigi það að vera reglan að Íslendingar eigi frá öndverðu meiri hl. í slíkum fyrirtækjum og hafi þar með meirihlutaáhrif á stefnu þeirra og hirði meiri hluta ábatans en taki auðvitað líka meiri hluta áhættunnar að sama skapi. En einmitt þess vegna veltur á miklu

okkur til mikilla útgjalda. Verkfræðingar Landsvirkjunar og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens benda hins vegar á að bein rafhitun húsa sé dýr upphitun og geri mestar orkukröfur í vetrarkuldum þegar vatnsaflið og þá raforkan er í lágmarki. Hún krefjist öryggis í orkuframleiðslu og traustra dreifilína og að raforkudreifikerfi okkar sé alls ekki undir stóraukið álag vegna húsahitunar búið svo að þar þurfi að kosta miklum úrbótum til sem bæði heimta tíma og fé. Við séum m. ö. o. ekki undir það búin nú þegar að hefja mikla orkusölu til húsahitunar. Þeir benda og á að hagsemi nývirkjunar byggist verulega á því að geta þegar í rekstrarbyrjun selt einhverju verði svonefnda afgangsorku hennar, þ. e. orku sem hinn venjulegi neyslumarkaður nýtir ekki. Slíka orku geti orkufrekur iðnaður miklu meir nýtt en húsahitunin sem að meginmagni krefjist forgangsorku. Ég tel ekki hægt að hafa þessi rök verkfræðinganna að engu, enda þótt segja megi að þeir horfi of mjög á beina rafhitun húsa, en hugsa mætti sér í þéttbýli upphitun miðstöðvarvatns í stórum vatnsgeymum með afgangsorku að hluta, en olíuhitun að hluta. Og að sjálfsögðu hlýtur að vera hægt án verulegra línuendurbóta að rafhita sveitabæi í mjög auknum mæli, en sá markaður gefur hins vegar mjög lítinn arð, m. a. sökum smæðar sinnar.

Það, sem hins vegar veldur mestu um hug minn í þessu máli, er að mér finnst sjálfsagt að jarðhiti verði notaður hvar sem unnt er til húsahitunar. Tækni við borun eftir jarðhita hefur fleygt mjög fram. Með hverju ári sem líður verða þeir æ fleiri þéttbýlisstaðirnir þar sem sjálfsagt þykir að ráðast í jarðhitaveitu, en þetta þrengir þá jafnframt að rafhitunarmarkaði. Þannig er t. d. komið með Akureyri sem á tímabili var litið á sem einn stærsta og hagkvæmasta rafhitunarmarkaðinn að nú snýst öll umhugsunin um jarðhitaveitu til bæjarins, ekki rafhitun. Þess vegna hygg ég skynsamlegt að flýta sér hægt með kostnaðarsamar framkvæmdir varðandi rafhitun alls staðar þar sem nokkur von er með hitaveitu frá jarðvarma.

Þá er það mengunarmótbáran og óttinn við skaðleg áhrif járnblendiverksmiðjunnar á lífríki umhverfis síns. Mér finnst eðlilegt að þessi mótrök komi fram og sjálfsagt að þeim sé haldið á loft til varygðar svo að full gát verði höfð á. Hitt er skoðun mín, að við þurfum líka að varast ofstæki í mengunar- og lífríkismálum sem ég tel nokkuð bera á meðal manna. Að minni skoðun hefur Heilbrigðiseftirlit ríkisins og alveg sérstaklega Náttúruverndarráð tekið þannig á málum þessum að sterk rök hafa verið leidd að því að hér sé ekki um að óttast ef vel er á varúðarmálum haldið sem ég að sjálfsögðu vænti fastlega að gert verði. Í stuttu máli er það niðurstaða Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs að könnun á reynslu nágrannaþjóða okkar, t. d. norðmanna, bendi ekki til þess að rekstur járnblendiverksmiðju líkrar og hér er fyrirhuguð sé hættulegur skaðvaldur umhverfi sínu né starfsliði. Að sjálfsögðu getum við ekki fullyrt að reynsla annnarra sé í þessu tilviki einhlít fyrir okkur, en allsterkar mega líkurnar teljast og sjálfsögð er sú varúðarkrafa Náttúruverndarráðs að lífríki Hvalfjarðar í umhverfi Grundartanga verði rannsakað áður en verksmiðjurekstur hefst svo að hægt verði að fylgjast með hugsanlegum áhrifum þegar stundir líða.

Loks er sú mótbáran eða staðhæfingin að með Grundartangaverksmiðjunni sé verið að ákveða að næsta stórvirkjun skuli vera á Suðurlandi, en jafnframt þá tefja fyrir eða skjóta á frest stórvirkjun eða stórvirkjunum í öðrum landshlutum. Mín skoðun er að þetta sé hvort eð er nær ákveðið. Hrauneyjarfossvirkjun er þegar fullhönnuð, segir sagan, ein af öllum virkjunarframkvæmdum. Sterkasti og ákveðnasti virkjunaraðilinn í landinu er Landsvirkjun og henni hefur alltaf verið Suðurlandið hugstæðast, hefur mér sýnst. Og þótt ég sé norðlendingur og vilji að sjálfsögðu hag Norðurlands sem mestan, er mér engin launung á að ég vil miklu fremur nýja stórvirkjun á Suðurlandi og nýja stóriðju heldur en enga — eða 3—5 árum fyrr þar en 3—5 árum síðar norðan-, austan- eða vestanlands. En burtséð frá þessu vil ég ekki heldur trúa því að Blönduvirkjun t. d., ef að henni yrði snúist af Landsvirkjunarröggsemi, geti ekki komið fyrirhugaðri Grundartangaverksmiðju að jafngóðu gagni og Hrauneyjarfossvirkjun, og alveg sérstaklega tel ég skynsamlegt að flýta Blönduvirkjun þar sem aðrar stærri virkjanir okkar eru á virku jarðeldabelti, en slíkt skapar alþjóð vissa áhættu svo sem allir mega sjá.

Þótt það hafi fallið niður við prentun nál. meiri hl. iðnn., skrifaði ég undir það með fyrirvara, þ. e. áskildi mér rétt til að fylgja eða flytja brtt. Hef ég á þskj. 466 flutt tvær. Er sú fyrri við 2. gr. frv. þess efnis að Alþ. kjósi fulltrúa íslenska ríkisins í stjórn verksmiðjunnar, en þeir séu ekki tilnefndir af ráðh. eins og frv. gerir ráð fyrir. Liggur að baki brtt. minni sú skoðun að Alþ. beri að vera fastheldið á völd sín, nóg sé á þau gengið samt.

Síðari brtt. mín er við 3. gr. frv. og felur í sér að þannig verði að samningum staðið að væntanlegt hlutafélag um Grundartangaverksmiðju kosti alla vegalögn og hafnargerð varðandi verksmiðjuna, en henni ekki sleppt við það eins og frv. gerir ráð fyrir. Ég óttast að hafnargerðin a. m. k. verði nálægum hreppum og ríkinu of þung í skauti nema þessi háttur verði hafður á og bendi á að álverið kostaði Straumsvíkurhöfn — hví þá ekki Grundartangaverksmiðjan Grundartangahöfn sem fyrst og fremst hlýtur að verða fyrir verksmiðjuna?

Ég vil drepa hér á að þessi till. mín gengur nokkuð í líka átt og till. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, en þó að því leyti skemur að ég geri ekki till. um að Grundartangaverksmiðjan kaupi landið undir verksmiðjuna. Ég tel, að ríkið eigi að eiga landið. Ég geri ekki heldur till. um að Grundartangaverksmiðjan verði látin kosta aðveitulögnina að verksmiðjunni.

Ég vil svo að lokum endurtaka að ég lít svo á að þótt umrætt frv. verði samþ. megi og eigi samningsaðilar okkar við Union Carbide að auka inn í endanlegan samning ýmsum nánari atriðum til glöggvunar og öryggis um byggingu og rekstur verksmiðjunnar, þar eð hér sé aðeins um rammalöggjöf að ræða. Ég legg ríka áherslu á að samningsaðilar okkar tryggi fyllstu mengunarvarnir, að bestu hollustuhátta starfsfólks sé gætt

og af hvaða ástæðum fylgd mín við það er sérstaklega mótuð.

Nefni ég þá fyrst þá skoðun mína að þjóðinni sé afar mikilsvert að atvinnulífið verði fjölbreyttara en nú er og þar muni hagsamur iðnaður vísast geta best og fljótast bætt úr, sá iðnaður megi þó ekki vera kröfumikill um mannafla enn um sinn vegna fámennis þjóðarinnar og vinnuaflsþarfar undirstöðuatvinnuvegar okkar nú, sjávarútvegsins, en æskilegt er að nýiðnaðurinn kalli á verulega rafmagnsnotkun svo að hann knýi á og auðveldi okkur meiri og örari virkjanir fallvatna okkar, þessara dýrmætu auðlinda okkar, sem nú streyma nær ónýttar. Þannig er ég eindregið þeirrar skoðunar að það hafi verið rétt ráðið að reisa áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, sementsverksmiðjuna á Akranesi, álverksmiðjuna í Straumsvík, kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn og ég vona þörungaverksmiðjuna á Reykjanesi, en því tek ég svo til orða að þar þekki ég minnst til og reynslan af henni engin enn. Hitt veit ég, að allar hinar verksmiðjurnar hafa reynst umhverfi sínu og þjóðinni allri verulega lyftistöng.

Eins og ég gat fyrr, er mér ríkt í huga að þjóðinni sé mikil nauðsyn á að virkja með sæmilegum hraða hina óbeislaðu en verðmætu orku fallvatna sinna. Það telja verkvísir menn að best vinnist á þann veg að tengja orkufrekan iðnað stærri virkjunarátökum svo að svonefnd afgangsorka nýtist við nokkru verði og auki arðsemi nývirkjunar hraðar en ella sem svo auðveldi enn nýja virkjun og þannig koll af kolli. Þá vil ég nefna að þvílíkir framkvæmdahættir ættu að auðvelda okkur að koma betra jafnvægi á byggðina í landinu ef við þá í raun og sannleika ætlum okkur það sem mér hefur raunar oft sýnst lítil alvara í eða a. m. k. alls konar togstreitu milli héraða, landshluta og kaupstaða ganga furðuvel að setja fætur fyrir. Enn erum við á algeru byrjunarskeiði með að koma okkur upp orkufrekum iðnaði, hvernig við eigum að fjármagna hann og hvaða eignarform við eigum að búa honum. Öll vitum við að þetta gerist ekki með neinum hraða nema við fáum erlent fjármagn til, annaðhvort sem beint lánsfé og þá nær undantekningarlaust um hendur ríkisins eða framlag erlends aðila við eignaraðild. Við höfum gert tilraun með ríkiseign og ríkisfjármögnun þar sem sementsverksmiðja ríkisins er. Við höfum gert tilraun með hlutafélag innlendra aðila þar sem ríkið er stærsti hluthafinn og meginhluti fjármagnsuppbyggingar er fengið að láni erlendis, en þó ekki allt. Hér er átt við áburðarverksmiðjuna í Gufunesi. Báðar verksmiðjurnar, sementsverksmiðja ríkisins og áburðarverksmiðjan, framleiða einvörðungu fyrir innlendan markað. Við höfum gert tilraun með byggingu og rekstur verksmiðju sem hlutafélagssameign erlendra að stærri hluta og innlendra að minni hl., hér er átt við kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn. Og við höfum reynt þann háttinn að erlendur aðili eigi og reki verksmiðju í landinu þar sem álverið er, en hagsemd okkar komi í gegnum skatta og orkusölu, selda vinnu o. s. frv. Nú er ætlunin að reyna þriðja formið, sameign okkar að stærri hluta — með erlendu lánsfé þó — og erlends aðila að minni hl.

Alþfl.-menn eru yfirleitt þeirrar skoðunar að vísast sé skynsamlegast að virkja erlent fjármagn til stóriðjuuppbyggingar í landinu í líku formi og í álverinu, enda sé vandlega frá orkusölu gengið. Þessi skoðun tekur að sjálfsögðu mið af því að við erum ekki efnalega gróin þjóð og erlendar lántökur þjóðarinnar ber að hafa innan hófsamlegra marka. Hins vegar telur Alþfl. réttlætanlegt á því uppbyggingarstigi sem við stöndum og reynsluleitarstigi að þess eignarforms sé freistað sem hér er lagt til þegar þá arðsemi verksmiðjuframleiðslunnar virðist eftir öllum fengnum upplýsingum munu verða umtalsverð. Okkur skilst líka að undangegnum samningaumleitunum um þetta mál allt sé þann veg komið að óvíst sé með öllu nema miklar eignaraðildabreytingar frá þeim gerðu drögum gætu siglt málinu í strand, hvað við teldum illa farið.

Að öllu þessu athuguðu höfum við gert upp þann hug okkar að fylgja þessu máli fram. Jafnframt viljum við leggja áherslu á að við lítum á það frv., sem hér liggur fyrir, sem frv. að rammalöggjöf sem væntanlegur samningur við Union Carbide verði felldur í og í samningnum megi og eigi að kveða nánar á um ýmsa hluti varðandi byggingu og rekstur verksmiðju á Grundartanga, svo sem mengunarvarnir, hollustuhætti starfsliðs, umhverfisvernd o. s. frv. Leggjum við ríka áherslu á að þeir, sem leggja síðustu hönd á verksmiðjusamning þennan fyrir hönd okkar Íslendinga, gerkynni sér allar þær aths. sem fluttar hafa verið fram með og móti máli þessu og gæti þess að standa eins vel í ístaðinu fyrir okkar hönd og þeir framast kunna. Nefni ég þar orkuverðið, tækniþekkingarkaupin, söluþóknunina, markaðsmálin og hafnarbygginguna að Grundartanga, en hafnarbyggingin sýnist mér einn veikasti punkturinn í þessu máli öllu og nauðsyn á að þar verði svo um hnúta búið að sú hafnargerð dragi ekki framkvæmdafé frá öðrum hafnargerðum í landinu svo víða sem þar kreppir skór að.

Þar sem hér er um veigamikla ákvörðunartöku að ræða, samning við erlendan aðila um verksmiðjubyggingu og rekstur iðnaðar sem er þjóðinni nýr og framandi nema af afspurn, eru að sjálfsögðu deildar skoðanir um hvort rétt sé að stíga þetta skref. Um fjárhagslegan vinning deila menn þó lítið sem ekki, hann sýnist nokkuð traustlega rökstuddur, heldur virðast mér meginmótrökin þessi:

1. Við eigum að láta húsahitun með rafmagni ganga fyrir sölu rafmagns til nýrrar stóriðju og spara okkur þannig mikil og tilfinnanleg olíukaup.

2. Járnblendiverksmiðja gæti orðið hættulegur mengunarvaldur og lífríki umhverfisins skaðleg.

3. Með verksmiðjubyggingu að Grundartanga í Hvalfirði er jafnframt verið að ákveða næstu stórvirkjun á Suðurlandi, en tefja þá jafnframt stórvirkjun eða stórvirkjanir í öðrum landshlutum.

Allt eru þetta vissulega álitsverð mótrök. Lítum fyrst á forgang húsahitunar. Það er að sjálfsögðu rétt að þjóðinni er mikils vert að búa sem mest að innlendri orku svo að hún sé sem minnst háð orkuinnflutningi. Þurfum við ekki nema minnast hafíshættu og styrjaldarhættu til að skilja þetta sem og stórhækkaðs verðs á olíu

drögum, og þarna tel ég að hæstv. ráðh. hafi haft ákaflega sterk vopn á hendi — vopn sem hann hagnýtti sér ekki. En því miður kemur það fram í þessu eins og löngum áður í sambandi við Sjálfstfl. að hann er undarlega ósjálfstæður í samskiptum við erlenda aðila. Hann á ákaflega erfitt með að standa á sínu ef um erlenda aðila er að ræða hvort sem um er að ræða auðhring eða erlent stórveldi. Það kemur ákaflega glöggt fram t. d. í þessum umr. og sérstaklega í máli Ingólfs Jónssonar áðan að hann á ákaflega erfitt með að hugsa eins og íslendingur um að þetta er íslenskt fyrirtæki sem þarna er verið að fjalla um. Við erum ekki að selja útlendingum neina raforku, við erum að reyna að stofna íslenskt fyrirtæki. Þess vegna tel ég að það væri eðlilegt að Alþ. tæki sér ráðrúm til þess að fjalla dálítið betur um þetta mál og flýtti sér ekki við ákvörðun sína um það. Mér er kunnugt um að Union Carbide telur að það þurfi að flýta sér vegna markaðsaðstæðna, vegna þess að það kunni að eiga í höggi við erlenda keppinauta o. s. frv. og vafalaust eru þessi rök haldgóð á sinn hátt. En að sjálfsögðu eigum við að meta þessi vandamál einvörðungu frá íslenskum sjónarhóli. Möguleikarnir á nýtingu orku hlaupa sannarlega ekki frá okkur. Og ég held að hv. þm. Ingólfur Jónsson ætti að minnast þess þegar hann stóð í þessum ræðustól fyrir svo sem 10 árum og hélt því fram að það væru allra síðustu forvöð að koma orku íslendinga í verð, hún væri að verða algerlega verðlaus á alþjóðlegum markaði, kjarnorkan gerði hana algerlega verðlausa, við yrðum að flýta okkur til að fá eitthvað fyrir hana, eitthvert smáræði, hversu lítið sem það væri, því að annars hlypi tíminn frá okkur. Þetta var sá boðskapur sem Sjálfstfl. boðaði hér fyrir 10 árum og hefur væntanlega trúað. En staðreyndirnar segja sannarlega aðra sögu. Þessar auðlindir hlaupa ekkert frá okkur, við þurfum ekki að ana að neinu, við getum haft þá röð á okkar verkefnum sem okkur hentar sjálfum.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson var áðan að tala um álsamninginn og hann nefndi það enn sem fyrr að hann hefði verið hagkvæmur fyrir þjóðina. Ég er nú orðinn dálítið leiður á því að deila við hv. þm. um þetta. Ég er dálítið undrandi á því að hann skuli halda áfram að berja höfðinu við steininn hvað þetta atriði varðar. Ég tók eftir því að nýlega var þessum hv. þm. falið það ábyrgðarmikla verk að taka þátt í viðræðum við Alusuisse um endurskoðun á þessum raforkusamningi vegna þess að Landsvirkjun og allir eru komnir að þeirri niðurstöðu að þessi raforkusölusamningur hafi verið smánarlega lélegur og við höldum áfram að tapa meira og meira á honum og það séu fyllstu almenn rök fyrir því að endurskoða hann. Þessi hv. þm., Ingólfur Jónsson, var settur í þessa viðræðunefnd, en á sama tíma stendur hann í þessum ræðustól og segir: Þetta orkuverð er alveg ágætt, við getum verið alveg fullkomlega ánægðir. — Hvaða samningsaðstöðu hefur þessi maður? Viðmælendur hans þurfa ekki annað að gera en vitna í hans eigin orð, enda skilst mér að það sé ekki um annað rætt í þessum viðræðum en það að skipta á orkuverðinu og framleiðslugjaldinu, að lækka framleiðslugjaldið svo að hægt sé að hækka orkuverðið. Við eigum sem sé að færa úr hægri vasa okkar yfir í þann vinstri. Þetta á nú að verða allur árangurinn, þetta er nú reisnin, þetta er að nota þá aðstöðu sem við höfum á sviði orkumála. Við höfum ákaflega sterka samningsaðstöðu á þessu sviði og við eigum ekki að misnota hana með svona lágkúrulegum sjónarmiðum.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði, eins og ákaflega margir menn höfðu tönnlast á, að ég hafi skipt um skoðun, eins og það sé eitthvað meiri háttar afbrot að skipta um skoðun. Var ekki einhver sem sagði að sumir menn gengju með steinbarn í hjartanu og þeir gætu aldrei upp úr því vaxið? Það eru aðstæðurnar sem hafa breyst. Það eru allt aðrar aðstæður núna en voríð 1974. Þær aðstæður eru komnar upp að það er markaður fyrir alla orku Sigölduvirkjunar, tiltækur markaður, markaður sem hrópar á eftir okkur og þá eigum við að ráðstafa orku fyrst til hans, það liggur í hlutarins eðli. Ég hef hins vegar ekki skipt neitt um skoðun á þeim pólitísku grundvallaratriðum sem ég mótaði meðan ég gegndi starfi iðnrh., þ. e. a. s. að þegar við förum að nýta orku til framleiðslu, til vörufframleiðslu, þá verður að vera um að ræða íslensk fyrirtæki með meirihlutaeign ríkisins, fyrirtæki sem lúti í einu og öllu íslenskum lögum. Þetta er algert grundvallaratriði í mínum huga og atriði sem getur ráðið úrslitum um alla þróun þessa þjóðfélags. Þess vegna tel ég skipta ákaflega miklu máli að við fáum yfirlýsingar frá öllum stjórnmálaflokkunum um það hvernig þeir hugsi sér að staðið verði að þessu grundvallaratriði.

Hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir í sjónvarpi frammi fyrir alþjóð að hann sé orðinn þeirrar skoðunar að íslendingar eigi að eiga meiri hl. í öllum slíkum fyrirtækjum. Hv. þm. Ingólfur Jónsson lýsti hér áðan gagnstæðri skoðun. Hann sagðist telja að það kæmi til greina að hleypa hér inn fleiri og fleiri erlendum fyrirtækjum. Ég er þeirrar skoðunar að við höldum ekki efnahagslegu fullveldi okkar, efnahagslegu sjálfstæði okkar, ef við látum yfirráð yfir atvinnutækjum okkar í hendur útlendinga í þeim mæli sem hv. þm. Ingólfur Jónsson talar um. Þá erum við að flytja efnahagslegt vald út úr landinu til annarra aðila sem t. d. Alþ. íslendinga ræður ekki yfir.

Þetta er svo örlagarík mál að mér finnst það vera skylda allra stjórnmálaflokkanna að gera grein fyrir afstöðu sinni til þess einmitt í sambandi við afgreiðslu þessa máls og um þetta eiga menn að fjalla á þann hátt að sökkva sér ekki niður í neitt lágkúrulegt þex, ekki reyna að koma persónulegu höggi hver á annan, heldur verður þjóðin að fá að vita um afstöðu allra stjórnmálaflokkanna um þetta meginatriði. Um þetta mega ekki koma nein hálf svör, heldur skýr stefnumörkun, og eftir það geta menn svo haldið áfram að þexa.

Bragi Sigurjónsson: Virðulegi forseti. Enda þótt hv. 2. landsk., Benedikt Gröndal, formaður Alþfl., hafi við 1. umr. þessa máls hér í d. gert í megindráttum grein fyrir afstöðu Alþfl. til þess og þm. flokksins í Ed. greitt því atkv., þykir mér við hæfi að ég sem einn af iðnn.-mönnum geri grein fyrir persónulegri afstöðu minni til þessa máls

að það megi ekki gera síðar breytingar sem hafa áhrif á stöðu þessa fyrirtækis? Hér er um að ræða íslenskt fyrirtæki. Það lýtur íslenskum lögum í einu og öllu. Auðvitað er það Alþingis að ákveða hvernig háttað er skattamálum þess, ekki aðeins nú heldur einnig síðar. Við getum ekki bundið hendur næsta þings, ætli það að taka einhverjar aðrar ákvarðanir. Lagasetning af þessu tagi er hrein endileysa. Hún stenst ekki einu sinni. Ég geri ráð fyrir að bak við þetta standi það að tryggja eigi hagsmuni samstarfsaðila okkar á einn eða annan hátt í þessu skyni. En auðvitað verður að gera það með samningum. Það verður að ganga frá þessu með samningum við þennan aðila, en ekki með því að setja lög af þessu tagi þar sem mælt er fyrir um að lög, sem síðar verði sett, megi ekki hafa áhrif á þetta. Þetta er ekki hægt, þetta stenst ekki stjórnlagalega einu sinni. Og sama máli gegnir um hliðstætt ákvæði í 8. gr., að þar segir: „Í samræmi við framanritað skulu eftirfarandi reglur gilda gagnvart þessum aðilum án tillits til breytinga á íslenskum skattalögum.“ — Það er ekki hægt að samþykkja svona ákvæði, enda standast þau ekki. Næsta þing hefði möguleika á að breyta þeim aftur. Við getum ekki sett nein lög hér sem bindi Alþ. ótiltekinn tíma í framtíðinni, það er alger fjarstæða. En viðhorfið er greinilega það að hv. þm. Ingólfur Jónsson og hæstv. ríkisstj. virðast halda að við séum að ganga frá einhverri hliðstæðu við álbræðslusamninginn um árið. Þar var um það að ræða að samningur, sem gerður var við erlenda aðila, fékk lagagildi á Íslandi. Hér er ekki um neitt slíkt að ræða. Hér er um það að ræða að stofna íslenskt fyrirtæki. Þetta íslenska fyrirtæki gerir svo samning við erlenda aðila um minnihlutaþátttöku. Ef þarf að tryggja hagsmuni þessa erlenda aðila á einhvern hátt, þá verður að gera það með samningum, en ekki með svona almennum ákvæðum í lögum. Þetta er hrein fjarstæða eins og allir þm. hljóta að sjá. En kannske má ekki einu sinni breyta þessu.

Ég á eftir að gera grein fyrir einni ákaflega mikilvægri brtt. Það er till. um samninga þá sem hæstv. ríkisstj. er heimilað að gera samkv. 6. gr. Ég legg þar til að við fyrri mgr. bætist: „Þó skal greiðsla fyrir tækniþjónustu Union Carbide í formi hlutabréfa ekki vera hærri en 2.3 milljónir dollara, meðalsölulaun ekki hærri en 3% og meðalraforkuverð fyrstu 8 árin ekki lægra en 8 mill kwh.“ — Þetta eru ákaflega veigamikil atriði sem ég tel að Alþ. íslendinga þurfi að taka afstöðu til. Það er alkunna að áformin um byggingu þessarar verksmiðju hafa breyst ákaflega mikið síðan frá þeim var gengið á sínum tíma. Stofnkostnaður verksmiðjunnar hefur tvöfaldast, byggingarkostnaður hennar hækkað um 150% og það stendur raunar ekki steinn yfir steini af þeim fyrri tölum sem reiknað var með í þessum áætlunum. Þess vegna þarf að meta þetta allt saman upp á nýtt og þá með hliðsjón af því mati sérfræðinga að arðsemin hafi því sem næst tvöfaldast, þ. e. a. s. hækkað úr 10.2% í líðlega 20% að því er varðar fjárfestingu fyrir skatta.

Ég gagnrýndi áðan að það væri á þessum forsendum algerlega röng stefna að heimila Union Carbide að auka eignarhlutföllin úr 35% í 45%. En þetta er gert á ákaflega ódýran hátt fyrir auðhringinn — ákaflega ódýran hátt. Tækniþjónustan, tækniþekkingin, einkaleyfin eru bara reiknuð upp um 900 þús. dollara, bara hækkuð í verði með einu pennastriki. Það eru engin rök fyrir þeirri breytingu. Það er bara verið að færa Union Carbide á silfurbakka þessa upphæð sem þeir geta svo notað til þess að auka hlutafé sitt í verksmiðjunni. Þetta er atriði sem hv. þm. Jón G. Sólnes ræddi sérstaklega í Ed. Alþ. og lýsti sérstakri undrun sinni yfir og á þessu hafa ekki fengist neinar viðhlítandi skýringar.

Sama máli gegnir um hækkunina á söluþóknun. Það var búið að fallast á það af hálfu Union Carbide að söluþóknunin yrði 3% og þessi 3% höfðu nú aldeilis hækkað í verði á milli þessara tveggja áætlana vegna þess hve varan sjálf hafði hækkað. 3% þýddu, miklu, miklu fleiri dollara en áður hafði verið reiknað með vegna þess að kísiljárnið hafði hækkað í verði um hvorki meira né minna en 150%. Engu að síður er á það fallist að þessi sölulaun hækki úr 3% í 3.9%. Þessi hækkun frá fyrri drögum jafngildir upphæð sem er hvorki meira né minna en 783 þús. dollarar á einu ári. Árlegur arður Union Carbide vegna aukinnar arðsemi og vegna þessarar auknu hlutafjáreignar verður í samanburði við fyrri drög 2 millj. 102 þús. dollarar. Aukin arðsemi Union Carbide af þessari samvinnu, þessir 4 þættir sem ég hef nefnt: tækniþekking, söluþóknun, tækniþjónusta og arður, hafa hækkað um 4 millj. 306 þús. dollara miðað við eitt ár. Þetta fær Union Carbide í sinn hlut. Það borgar ekkert fyrir þennan eignarhluta sinn. Það getur tekið sinn hluta af auknum arði sínum þegar á fyrsta ári. Þetta finnst mér algerlega hraklegir samningar og hafa ekki verið færð nein rök fyrir þeim breytingum sem hér hafa verið gerðar og allar eru íslendingum mjög í óhag. Einu rökin, sem þar hafa verið nefnd, eru þau að verð á raforku hafi þó verið hækkað um 35% ef miðað er við fyrstu 8 árin. Hv. þm. Ingólfur Jónsson vildi telja að það væri raunar 42% og ég skal ekki deila við hann um það atriði. En hitt er alveg ljóst, að hvor talan sem notuð er hækkar orkuverðið miklu minna en allir aðrir þættir í þessu dæmi. Ég rakti áðan að stofnkostnaðurinn hefur hækkað um 100%, byggingarkostnaður um 150% o. s. frv., en orkugreiðslan á aðeins að hækka um 35—42% eftir því hvernig þetta er reiknað. Nú er það staðreynd að einmitt á þessu tímabili hefur ekkert hækkað eins mikið í heiminum og orkan og ef þessi áætlun hefði verið endurskoðuð út frá breyttum forsendum, út frá staðreyndunum eins og þær blöstu við, þá átti orkuþátturinn auðvitað að hækka meira en annað. Það liggur í hlutarins eðli, enda sérstaklega á þetta bent í álitsgerð Þjóðhagsstofnunar eins og ég var að gera grein fyrir áðan.

Ég tel að hæstv. iðnrh. hafi haft ákaflega góð tök á því að standa á kröfum um verulega hækkun á þessu raforkuverði einmitt vegna þessarar auknu arðsemi sem við höfum verið að tala um hér. Það er mjög auðvelt að reikna það dæmi út, að ef miðað hefði verið við þá arðsemi sem Union Carbide var áður búið að fallast á, þá hefði verið hægt að greiða fyrir raforkuna 10.4 mill að meðaltali á fyrstu 8 árunum, helmingi meira en nú á að semja um. Með þessu héldist sama arðsemi og búið var að reikna með í fyrri

un telur sér sem sagt ekki kleift að leggja neitt mat á þessa mikilvægu þætti í þessu dæmi. Hún treystir sér ekki til þess að leggja neitt mat á þetta.

Svo eru síðustu orðin í þessari álitsgerð Þjóðhagsstofnunar: „Hin eiginlega áhætta Íslendinga er þannig fyrst og fremst í því fólgin hvort ferrosilikonframleiðslan stenst til frambúðar samjöfnuð við annan orkufrekan iðnað eða aðra orkunotkun á næstu árum og áratugum.“ — Þjóðhagsstofnun telur sem sé að þarna þurfi að bera saman hvernig á að nýta orkuna. Hún hefur ekki forsendur til þess að kveða neina dóma um þetta sjálf, en hún segir að þetta sé forsenda þess að hægt sé að taka slíkar ákvarðanir.

Á þskj. 453 hef ég flutt nokkrar brtt. við frv. eins og það liggur nú fyrir. Ég er áður búinn að fjalla um 1. brtt. sem snertir mengun og vistfræði og nauðsynlegar öryggisráðstafanir í því sambandi sem ég tel að verði að hlíta.

2. till. mín er um að Íslendingar haldi þeirri stefnu sem mörkuð var í fyrri samningum, að eiga 65% þessa fyrirtækis. Á það hafði verið fallist og ég tel þetta ákaflega veigamikið atriði. Ég dreg enga dul á það, að ég tel að við séum þarna að leggja út á braut þar sem allrar gætni er þörf. Við erum þarna í samstarfi við auðhring sem að sjálfsögðu reynir að tryggja hagsmuni sína til hins ítrasta, og það verður mikill vandi fyrir okkur, ef við förum í slíka samvinnu, að treysta hag okkar eins og þarf að treysta hann. Ég er þeirrar skoðunar að það sé hluti af því öryggiskerfi að meiri hl. okkar þarna sé a. m. k. 65%. Við erum að veikja aðstöðu okkar til mikilla muna með því að draga úr þessum eignarhlut okkar og við erum að styrkja viðsemjendur okkar að sama skapi, auðhringinn Union Carbide. Ég er á móti því að þessi breyting sé gerð og flyt því till. um að ef í þetta verði ráðist, ef Alþ. ákveði það, þá verði eignarhlutur Íslendinga 65%. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á það, að því er haldið fram af sérfræðingum að arðsemi fyrirtækisins hafi því nær tvöfaldast frá því að rætt var um það í upphafi, og ég á dálítið erfitt með að sjá hvers vegna þá á að minnka eignarhlut Íslendinga ef arðsemin er orðin svona feiknalega miklu meiri.

Ég vitnaði áðan í álit Þjóðhagsstofnunar um höfn og vegalagningu. Um það er fjallað í 3. gr. frv. í 2.—5. lið. Þar er heimildin til að kaupa jarðnæði, til að að láta byggja og reka höfn, til að sjá um að leggja veg og að leggja raflínu í 5. lið. Ég legg til að við þetta bætist nýr tölul. sem verði 6. liður: „Að gera samning við verksmiðjuna sem tryggi að hún greiði allan kostnað við framkvæmdir þær sem um getur í 2.—5. lið.“

Hv. þm. Ingólfur Jónsson vék dálítið að höfninni og vandamálum hennar í ræðu sinni áðan og hann greindi réttilega frá því að við fengum samgrh. og ráðuneytisstjóra í samgrn. til þess að ræða við okkur um þetta vandamál. Við óskuðum þess í iðnn. að fá rekstraráætlun fyrir höfnina endurskoðaða miðað við kostnaðarliði nú og því var lofað. Við þetta loforð hefur ekki verið staðið. Við höfum ekki fengið neina slíka rekstraráætlun. Við fengum hins vegar lauslegar tölur frá hv. þm. Ingólfi Jónssyni áðan, afar lauslegar tölur, en þær sýndu að það yrði verulegur halli á rekstri hafnarinnar næstu árin a. m. k. Og mér er spurn, hver á að standa undir þessum halla? Eiga sveitarfélögin, sem verða formlegur eigandi hafnarinnar, að standa undir hallarekstri á þessari höfn um fyrirsjáanlegan tíma? Það er alveg rétt, sem þm. sagði, að hæstv. samgrh. var með allmiklar bollaleggingar um að þarna gæti orðið innflutningshöfn og mætti búast við því að þessi höfn tæki verkefni frá Reykjavík í verulegum mæli og frá öðrum höfnum. Ef svo er, ef þetta er áætlunin, þá hugsa ég að menn þurfi að hugsa sig um dálítið líka. Ég veit ekki betur en Reykjavíkurhöfn sé nú þegar í æðimiklum vanda vegna þess að aðstaða hennar er ekki nýtt á skynsamlegan hátt og eins og þarf að gera til þess að standa undir hagkvæmum rekstri. Ef á að koma upp annarri höfn tiltölulega skammt frá Reykjavík til þess að taka við verkefnum sem Reykjavíkurhöfn hefur nú, hvaða vit er í því frá þjóðhagslegu sjónarmiði? Hvaða vit er í því frá þjóðhagslegu sjónarmiði að nýta ekki þá aðstöðu sem komið hefur verið upp í Reykjavík með ærnum tilkostnaði, ætla að koma upp höfn sem á að eiga framtíð sína undir því að taka til sín verkefni frá Reykjavík? Mér finnst þetta vera hrein fjarstæða. En þetta sagði hæstv. samgrh. vegna þess að hann fann ekki neitt annað til þess að rökstyðja það að hægt væri að reka þessa höfn með hagnaði. Auðvitað er eina rökrétta leiðin sú að það yrði gerður samningur við verksmiðjuna að not hennar af höfninni standi undir rekstrarkostnaði. Ég held að við í n. höfum allir verið sammála um þetta nema þá hv. þm. Ingólfur Jónsson. Ég heyrði þessi viðhorf hjá öllum öðrum nm., enda hefur hv. þm. Bragi Sigurjónsson borið fram formlega till. sem gengur í sömu átt og till. mín. Þetta viðhorf kom einnig fram hjá flokksbróður hv. þm. Ingólfs Jónssonar, Lárusi Jónssyni. Hann hafði áhyggjur af þessu máli. Ég er alveg sannfærður um að það var mikill meiri hl. í n. fyrir að hafa þennan hátt á. En það kom upp það viðhorf hjá hv. þm. Ingólfi Jónssyni að það mætti ekki breyta einu eða neinu, hvað svo sem það væri.

Ég hef borið fram till. um að stjórnendur fyrirtækisins yrðu kosnir í Sþ. eins og tíðkast um öll hliðstæð fyrirtæki á Íslandi. Það er til fyrirtæki sem íslenska ríkið á að meiri hl. til, en erlendur aðili á minni hl. Stjórnendur þess eru kosnir hér á þingi. Það er Kísiliðjan við Mývatn. Ég sé ekki nokkur rök gegn því að sami háttur sé hafður á um þetta atriði, að Alþ. kjósi þessa stjórnarnefnd. Mér finnst það vera sjálfsagt mál. Sama viðhorf hefur hv. þm. Bragi Sigurjónsson og ég gat ekki heyrt annað á nm. en þeim þætti þetta ákaflega eðlileg skipan. En það kom bara upp að það virðist svo sem hv. þm. Ingólfur Jónsson hafi haft um það fyrirmæli frá einhverjum aðila að ekki mætti breyta einum einasta stafkrók.

Svo eru í frv. ákaflega óeðlileg ákvæði í 7. og 8. gr. Þar stendur: „Eftirfarandi reglur skulu gilda gagnvart hlutafélaginu að því er varðar skatta á nettótekjur og aðra skatta, sem að neðan greinir, án tillits til breytinga sem verða kunna á almennum lögum um þá skatta.“ — Hvernig er hægt að setja svona ákvæði í lög? Hvernig er hægt að ákveða það með lögum núna

held að þessi vinnubrögð séu algerlega sjálfsögð. Maður dregur að sjálfsögðu ekki í efa að þeir, sem að slíkum undirbúningsstörfum vinna, geri það af fyllstu samviskusemi. En það er ákaflega mikilvægt að fá gagnrýni frá sérfróðum aðilum sem óháðir eru.

Ég hef alltaf hugsað mér að áformin um kísiljárnverksmiðju yrðu afgreidd á hliðstæðan hátt og frá því skýrði ég formanni viðræðunefndar um orkufrekan iðnað margsinnis. En þetta hefur ekki verið gert. Verkfræðiþátturinn í sambandi við þetta mál hefur ekkert verið skoðaður. Þjóðhagsstofnun fékk hins vegar 10. jan. á þessu ári fsp. um tvö tiltekin atriði sem hv. þm. Ingólfur Jónsson gerði grein fyrir áðan sem er aðeins lítill hluti af því verkefni sem hér er um að ræða, enda kemur það í ljós í skýrslu Þjóðhagsstofnunar að það er ákaflega margt sem hún telur sig ekki geta lagt mat á.

Um stofnkostnaðaráætlun segir Þjóðhagsstofnun m. a.: „Hins vegar er ljóst að þau gögn, sem Þjóðhagsstofnun hefur haft undir höndum um stofnkostnaðaráætlun fyrirtækisins, veita ekki möguleika á mati eða endurskoðun þessara áætlana."

Um hráefnisliðinn segir: „Ekki hefur verið unnt að kanna þennan lið nánar."

Um orkukostnaðinn, á hann er lagt mat og Þjóðhagsstofnun segir: „Ljóst er að orkukostnaður verksmiðjunnar virðist tiltölulega lágur í samanburði við heildarframleiðsluverð eða um 18,5% á hvert tonn framleiðslunnar."

Um söluverðið segir Þjóðhagsstofnun: „Af þeim markaðsupplýsingum, sem hér hafa verið nefndar, verður ekki mikið ráðið um framtíðarþróun kísiljárnverðs, en verðið hefur hækkað afar mikið undangengin missiri og er varla ástæða til að búast við framhaldi slíkrar þróunar, heldur hinu gagnstæða. Eins virðist eðlilegt að gera ráð fyrir að kísiljárnsmarkaður sé háður sveiflum í járn- og stálframleiðslu eins og bent er á í skýrslu viðræðunefndar um orkufrekan iðnað frá því í nóvember, en um þetta hafa ekki fengist miklar upplýsingar."

Um markaðsforsendur segir í þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar: „Í söluáætlun er hins vegar gert ráð fyrir útflutningi helmings stálframleiðslu verksmiðjunnar til Bretlands og helmings til meginlands Evrópu." — Og enn fremur segja þeir að áætlunin um útflutning til Bretlands byggist annars vegar á því, að vegna nýrra innflutningstolla gagnvart löndunum utan Efnahagsbandalagsins muni Union Carbide hætta að flytja ferrosilikon til Bretlands frá verksmiðju í Kanada til sölu til breska járnsteypuiðnaðarins, en selja þangað ferrosilikon frá Íslandi í staðinn, og hins vegar á áætlun um sölu til breska stáliðnaðarins, einkum til ríkisfyrirtækisins British Steel Corporation. Samkv. eigin upplýsingum hefur Union Carbide Corporation ekki komið að ráði við sögu á meginlandsmarkaðnum fyrir ferrosilikon og ekki að sjá að fyrirtækið hafi þar neina hlutdeild í markaði, en á það er bent að vegna stærðar þessa markaðar hlytu að vera verulegir sölumöguleikar á meginlandinu. Enn fremur segir um þetta atriði, um markaðsforsendur og markaðsmöguleika hinnar íslensku framleiðslu: „Styrkur þeirra virðist annars vegar vera fólginn í ríkri markaðshlutdeild og reynslu Union Carbide Corporation á Bretlandsmarkaði og hins vegar stærð meginlandsmarkaðsins. Veikleiki þeirra kann að vera annars vegar hve áætluð sala er háð Bretlandsmarkaði, að verulegu leyti einu fyrirtæki, því langstærsta þar í landi."

Og svo segir Þjóðhagsstofnunin í lokin: „Ástæða gæti verið til þess að spyrja, hvort ekki gæti reynst nauðsynlegt að tryggja fasta sölusamninga til langs tíma, t. d. við British Steel Corporation, þegar fjárútvegun til framkvæmda hefst fyrir alvöru." — Þetta er atriði, sem mér finnst að þyrfti að huga að áður en ákvarðanir eru teknar í þessu efni. Þetta breska stórfyrirtæki, sem á að kaupa verulegan hluta af framleiðslunni, er ríkisfyrirtæki og ég fæ ekki betur séð en það hefði átt að vera mjög nærtækt fyrir íslenska ríkið að taka upp beina samninga við ríkisfyrirtæki í Bretlandi og tryggja þannig með samningum sölu á verulegu magni. Ég sé ekki betur en með þessu móti hefði verið unnt að komast hjá því að stórhækka söluumboðið til Union Carbide, eins og gert hefur verið, með því að íslenska ríkið semdi beint við bresk ríkisfyrirtæki. Mér finnst þessi ábending Þjóðhagsstofnunar vera ákaflega mikilvæg og ég er dálítið undrandi á því að henni skuli ekki vera veitt meiri athygli.

Um arðsemina, þá gagnrýnir Þjóðhagsstofnun það mjög harðlega að áformin um höfn skuli ekki vera tekin inn í dæmið. Þjóðhagsstofnun segir orðrétt: „Hér ber þó að athuga að ekki hefur verið tekið tillit til fjárfestingar í höfn og vegi og hlýtur það að orka nokkurs tvímælis. Ljóst er að hafnargerðin er alger forsenda fyrirtækisins. Hins vegar er alls óvíst hver önnur not verða af höfninni og má telja líklegt að hún muni þjóna málmblendiverksmiðjunni því nær eingöngu. Nálægð annarra hafna í Reykjavík og Akranesi skiptir hér meginmáli fyrir þörf og hugsanleg not annarra fyrirtækja af höfninni. Eðlilegt virðist einnig að líta svipuðum augum á kostnað við vegalagningu." En hér mun um að ræða endurbætur vegar upp af þjóðveginum til verksmiðjulóðarinnar. Sem sé, Þjóðhagsstofnun telur eðlilegt að þessir verkþættir séu reiknaðir með og gagnrýnir þannig þennan þátt í áætluninni. Í lok þessa kafla í áliti Þjóðhagsstofnunar segir að enda þótt deila megi um að hve miklu leyti eigi að skrifa hafna- og vegareikning þennan á kostnað málmblendiverksmiðjunnar einnar fæst naumast rétt mynd af arðgjöf fyrirtækisins nema að teknu einhverju tilliti til þessa kostnaðar.

Það er margt fleira í þessari álitsgerð sem fróðlegt hefði verið að rekja, en ég skal ekki gera nema að litlu leyti frekar. M. a. segir í lok þessarar skýrslu: „Rekstrarskilyrði fyrirtækisins ráðast að sjálfsögðu að verulegu leyti af orkuverðinu, en um það liggja fyrir drög að orkusölusamningi, og af ákvæðum samninga um tækniþjónustuþóknun og sölulaun til Union Carbide Corporation auk skattákvæðadraga að aðalsamningi. Um þessa þætti rekstrargrundvallar fyrirtækisins verður ekki fjallað hér sérstaklega, enda munu þessi atriði verða tekin sérstaklega til athugunar af öðrum. Hér er og víðast um hrein samningsatriði að ræða." — Þjóðhagsstofn-

ráð sendi iðnrn. 9. apríl s. l., vekur það sérstaka athygli á einni ábendingu í heildarskýrslu sinni og sú ábending er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með pokasíum hefur tekist að taka fyrir sýnilegan rykútblástur frá bræðsluofnunum. En þá kemur upp sá vandi að losna á viðunandi hátt við rykið sem þannig safnast fyrir. Ráðið hefur um það upplýsingar tæknimanna í Noregi að endurnýting sé miklum vandkvæðum háð og hafi afköst stofnana og þar með orkunýting lækkað um 8—10% þegar það hefur verið reynt og jafnframt safnaðist fyrir úrgangsefni í því ryki sem fer í endurnýjunarhringrás. Virðist raunar auðséð að fullkomin endurnýting sé tæknilega og fræðilega óhugsandi og spurningin aðallega, hversu mikið sé hægt að endurnýta og hversu mikið verði að losna við á annan hátt og þá hvernig. Um þetta atriði sýnist Náttúruverndarráði ekki hafa borist nægilega skýrar upplýsingar að því er fyrirhugaða verksmiðju í Hvalfirði varðar."

Náttúruverndarráð sendi heilbrrn. annað bréf af þessu sama tilefni og óskar þar eftir því að Náttúruverndarráð *fái að hafa nána samvinnu* við rn. og Heilbrigðiseftirlitið um það hvaða skilyrði verði sett fyrir veitingu starfsleyfis samkv. reglugerð nr. 164 1972. Þeir fulltrúar Náttúruverndarráðs, sem mættu á fundi í iðnn., m. a. formaður Náttúruverndarráðs, Eysteinn Jónsson, hafa lýst yfir þeirri afstöðu sinni að það sé ekki tímabært, ekki hægt að veita starfsleyfi fyrir þessari verksmiðju fyrr en búið er að ganga augljóslega úr skugga um hvernig þessu ryki verður ráðstafað. Þetta ryk er alveg óhemjulegt magn. Þarna er um að ræða 20—25 þús. tonn ári, 20—25 þús. rúmmetra á ári. Hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði réttilega að fulltrúar frá Union Carbide telji að hægt sé að endurnýta allverulegan hluta af þessu ryki. En þeir byggja þetta á tilraunum sem þeir hafa verið að gera núna undanfarna tvo mánuði og Náttúruverndarráð og Heilbrigðiseftirlitið hafa engar sjálfstæðar heimildir um þetta mál.

Það er ekki hægt að meta vandamál af þessu tagi nema á sjálfstæðum forsendum, ekki með því að taka einhvern aðila trúanlegan. Þeir vísindamenn okkar, sem um þetta fjalla, verða að hafa aðstöðu til þess að vega það og meta á sjálfstæðan hátt.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði einnig að í Noregi hefði tekist að nýta hluta af þessu ryki í sambandi við sementsframleiðslu og þetta kynni að vera hægt hér líka. Það er rétt, þetta kann að vera hægt en um það liggja engin gögn fyrir. Samsetning okkar sements er önnur en sements sem framleitt er í grannlöndum okkar. Það er ekki hægt að ganga úr skugga um þetta nema með tilraunum. Sementsverksmiðjan hefur hug á því að vinna að slíkum tilraunum, en það er ekki búið að gera það, og meðan það hefur ekki verið gert er þessi vitneskja ekki tiltæk. Það *eru uppi bollaleggingar* um að það kunni að vera hægt og við það hef ég ekkert að athuga. En það er engin vitneskja um þetta og starfsleyfi fyrir slíka verksmiðju verður að byggjast á vitneskju og engu öðru en vitneskju.

Það tókst að fá Heilbrigðiseftirlitið til þess að hverfa frá því sjónarmiði sínu að leita ekki til neinna annarra aðila í þjóðfélaginu sem fjalla um þessi mál, enda þótt það eigi að gera það samkv. eðli málsins og samkv. reglugerðinni. Það tókst einnig að tryggja það að hingað var fenginn sérfræðingur frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni til þess að gefa okkur góð ráð í þessu sambandi. Hann kom hingað, hann fjallaði um þessi mál. En það er engin skýrsla komin frá honum. Ef við köllum til erlendan sérfræðing og ætlumst til þess að hann gefi okkur góð ráð, þá verðum við að gera svo vel að taka tillit til þess sem hann kann að segja. Annað er ekkert annað en sýndarmennska. Þessi skýrsla er ekki komin.

Ég hef fjölyrt um þetta atriði vegna þess að þetta hefur verið verulegt deilumál hér á Íslandi. Ég tel algerlega nauðsynlegt að frá þessu máli verði þannig gengið að það verði í einu og öllu hlítt þeim reglum sem við höfðum um þetta sett. Þess vegna hef ég í brtt., sem ég flyt og koma til atkv. ef ekki verður fallist á hina rökstuddu dagskrá mína, lagt til að við 1. gr. frv., þar sem kveðið er á um að kísiljárnverksmiðjan *skuli reist og rekin* á Grundartanga í Hvalfirði, bætist: „Staðarval skal þó háð því að uppfyllt séu ákvæði 29. gr. l. um náttúruvernd og ákvæði 4., 9. og 10. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna nr. 164/1972." Þar með væri Alþ. að lýsa yfir því að þessi verksmiðja yrði að lúta sömu reglum og aðrar verksmiðjur, að það mætti ekki ganga endanlega frá staðsetningu, hvað þá öðrum hlutum, fyrr en þessar heimildir, sem unnar yrðu af okkar hæfustu sérfræðingum með þeirri aðstoð sem þeir kynnu að *þurfa á að halda, liggi fyrir.* Og ég vil vænta þess að hv. alþm. fallist á það með mér að þannig verði haldið á þessu máli. Slíkir staðlar verða að sjálfsögðu að vera unnir á sjálfstæðan hátt út frá íslenskum forsendum og þeir verða að taka mið af því sérstæða lífríki sem er á þessari eyju okkar hér við norðurskaut, við Ísshaf. Það þýðir ekkert að apa eftir einhverja erlenda stuðla. Við verðum að taka tillit til lífríkisins eins og það er í okkar eigin landi.

Hv. þm. Ingólfur Jónsson vitnaði áðan í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun um þessa verksmiðju. Það er nú svo um þessa verksmiðju að ég hafði hugsað mér að um hana yrði höfð sams konar vinnubrögð og ég hafði áður beitt í sambandi við þörungavinnslu og í sambandi við hugsanlega sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi. Þau vinnubrögð voru þau að þegar þeir íslensku sérfræðingar, sem að þeim störfum höfðu unnið, höfðu skilað álitum sínum, þá sendi ég þær skýrslur í umsögn til óháðra aðila, bæði verkfræðilegra aðila og til Þjóðhagsstofnunar. Þetta var gert í sambandi við þörungavinnsluna. Sú skýrsla, sem Rannsóknaráð skilaði, var send íslenskri verkfræðiskrifstofu og Þjóðhagsstofnun og þær skiluðu báðar álitsgerðum um efnið áður en nokkur ákvörðun var tekin. Slíkt hið sama var gert í sambandi við sjóefnavinnsluna. Einnig hún var send Þjóðhagsstofnun annars vegar og hins vegar Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens sem fékk sér til ráðuneytis bandarískt verkfræðifyrirtæki og þessir aðilar fjölluðu á gagnrýninn hátt um niðurstöður Rannsóknaráðs ríkisins. Ég

skal Heilbrigðiseftirlitið senda heilbrrh. sem skal endanlega úrskurða málið."

Þetta á allt að gerast áður en starfsleyfi er gefið út. Rökstudd grg. um starfsemi verksmiðju eins og þessarar og alla staðla, sem setja þarf í því sambandi, þetta er óhemjulega mikið verk ef þar er um að ræða vinnu sem einhver maður á að taka mark á. Og þetta starfsleyfi á samkv. reglugerðinni að gefa út áður en verksmiðjunni er valinn staður. Þetta verk hefur alls ekki verið unnið, því fer ákaflega fjarri. Þvert á móti virðist Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafa haft þá afstöðu að vilja helst ekki láta vinna þetta verk. Ég hef hér í höndunum bréf sem Heilbrigðiseftirlitið sendi heilbr.- og trmrh., hæstv. ráðh. Matthíasi Bjarnasyni, og dagsett er 18. febr. 1975. Það er annað bréf en það sem hv. þm. Ingólfur Jónsson vitnaði í áðan. Þetta bréf er eldra. Þar er sagt í fyrsta lagi að það hafi komið fram till. um að fá umsögn svokallaðra hlutlausra aðila og þá væntanlega Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um mengunarhlið málsins. Heilbrigðiseftirlit ríkisins leggst gegn því að þetta verði gert. Heilbrigðiseftirlitið segir enn fremur í þessu bréfi að það sjái ekki ástæðu til þess að leita eftir sjónarmiðum aðila utan Heilbrigðiseftirlits ríkisins, svo sem Náttúruverndarráðs, Eiturefnanefndar, Hafrannsóknastofnunar og fleiri. Það segist ekki sjá ástæðu til þess að leita til þessara aðila. Og það fer út í lagaskýringar í þessu sambandi. Það segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, um ákvæði náttúruverndarlaga að leita skuli álits Náttúruverndarráðs: „Það má segja að þetta ákvæði náttúruverndarlaga stangist nokkuð á við 9. gr. reglugerðar nr. 164 1972, um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna, og ef þar verða árekstrar kann svo að fara að dómstólar verði að skera þar úr, því að samkv. 9. gr. reglugerðar um varnir gegn mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna er Náttúruverndarráði aðeins ætlað að gefa umsögn ef ástæða þykir til." Heilbrigðiseftirlit ríkisins er að færa rök að því að það sé ekki ástæða til þess að leita til Náttúruverndarráðs. Hugsið þið ykkur viðhorfið hjá þessari stofnun sem á að tryggja það að þarna sé gætt ítrustu kröfugerðar um hollustuhætti og heilbrigði. Það er að færa rök að því að það megi ekki kalla til þá sérfræðinga, sem við eigum hæfasta, og þær stofnanir, sem um þetta eiga að fjalla. Og svo er rökstuðningurinn svo frumlegur að það er talað um að það rekist á lög og reglugerð og telur reglugerðirnar þá æðri.

Þetta bréf var skrifað heilbr.- og trmrh. Matthíasi Bjarnasyni 18. febr. Svo er að sjá að hæstv. ráðh. hafi ekki litist allt of vel á þetta því að daginn eftir, 19. febr., gerast þau tíðindi að þessir aðilar, sem forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins taldi að ekki væri ástæða til að leita til, fá allt í einu bréf og eru beðnir að lýsa áliti sínu á málinu. Og nú eiga að vera snör handtök, þeir eiga að skila áliti eftir viku.

Ég hef hér í höndum bréf frá öryggismálastjóra, þar sem hann svarar þessu bréfi og segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Með fskj. þeim, sem mér hafa nú borist, tel ég ekki vera fyrir hendi upplýsingar sem byggt verði á til umsagnar um framanskráð enda mun naumast ætlast til þess að umsögn Öryggiseftirlitsins um þessi mál yrði afgreidd á einni viku, jafnvel þótt fullnægjandi upplýsingar lægju fyrir."

En í bréfinu er farið þess á leit að umsögnin verði send til iðnn. Alþ. ekki síðar en 27. febr. n. k. Bréfið var skrifað 19. febr.

Ég hef hér í höndum mínum annað bréf, frá siglingamálastjóra, sem einnig á að kalla til samkv. reglugerðinni. Hann segir að hann hafi fengið bréf dags. 19. febr. og segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar eð ekki fylgdu bréfi Heilbrigðiseftirlitsins nánari upplýsingar eða grundvallargögn um málmblendiverksmiðjuna, þá er útilokað að gefa umsögn um verksmiðjuna, enda mundi auk þess slík umsögn krefjast meiri tíma en fjögurra vinnudaga, jafnvel þótt fullkomin gögn lægju fyrir. Siglingamálastofnun ríkisins sér því enga möguleika á að verða við þessari ósk um umsögn nema það fengi send fullkomin gögn um framleiðsluhætti, staðsetningu, afköst og fyrirkomulag verksmiðjunnar og alls ekki nema hafa rýmilegan tíma til þess að fara yfir slík gögn. Til þess mundu 4 dagar alls ekki nægja."

Ég hef hér í höndum bréf frá þriðja aðilanum, Eiturefnanefnd, sem fékk sömu óskina um að afgreiða málið innan einnar viku. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eiturefnanefnd er þess vanbúin að gefa umsögn um fyrsta málsskjalið að framan þar eð n. hefur ekki fengið upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að slík umsögn verði einhvers virði, sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 164/1972." Og enn segir n.: „Frestur sá, sem gefinn er samkv. 4. málsskjali að framan, er óhæfilega skammur. Hefur Eiturefnanefnd áður tekið eftir því að Heilbrigðiseftirlit ríkisins ætlar n. mjög skamman tíma til þess að meta viðamikið mál. Fer n. þess á leit að Heilbrigðiseftirlitið taki tillit til þess að vikutími er mjög skammur tími til athugunar á málum þar sem allrar gerhygli er þörf."

Þetta segja þessir aðilar sem Heilbrigðiseftirlitið átti að leita til samkv. reglugerðinni, en þrjóskaðist við í lengstu lög, virtist svo fara eftir fyrirskipun frá hæstv. heilbrrh., en gaf þá vikufrest.

Náttúruverndarráð fékk enn eitt bréfið af þessu tagi en Náttúruverndarráð brást nú þannig við því að það hafði að engu þessi fyrirmæli um að vinna verkið innan viku. Það hélt áfram að starfa að verkinu af sinni hálfu og gerði það af miklum myndarskap að minni hyggju. Þær umr., sem við áttum í n. við menn úr Náttúruverndarráði, voru til fyrirmyndar hvað þetta snertir. Þar voru menn sem ekki höfðu tekið afstöðu fyrir fram. Þar voru menn sem lögðu fram ýmsar hliðar þessa máls, bentu á það sem rökstuddi það að ekki væri veruleg hætta af slíkri verksmiðjustarfsemi, en bentu einnig á annað sem ekki væri búið að leysa enn þá og þyrfti að leysa áður en starfsleyfi yrði gefið út.

Náttúruverndarráð hefur unnið myndarlega eins og ég sagði áðan. Heildarálit Náttúruverndarráðs hefur verið birt í fjölmiðlum og ég sé því ekki ástæðu til þess að lesa það upp hér. En það er einn þáttur í því sem er ákaflega mikilvægur og ekki hefur fengist nein viðhlítandi skýring á enn þá. Í bréfi, sem Náttúruverndar-

yfir því í tíma og ótíma og síðast í gær með miklum áhersluþunga að takmark hennar sé að draga úr framkvæmdum á Íslandi. Þetta fer sannarlega ekki heim og saman.

Það getur ekki verið neitt deilumál að hér erum við að velja og hafna. Við erum að ákveða að nýta orkuna annaðhvort til rafhitunar og annarra almennra nota eða til verksmiðjuframleiðslu. Við erum að velja og hafna. Þeir menn, sem það viðurkenna ekki eru að blekkja sjálfa sig. Ég er þeirrar skoðunar að *hinn almenni markaður eigi* að ganga fyrir af öllum ástæðum. Þar er bæði um að ræða stórfellt fjárhagsmál fyrir þjóðarheildina, mjög mikinn gjaldeyrissparnað, og einnig að við megum ekki vera of háðir öðrum aðilum *um orku okkar* því að það getur teflt sjálfstæði okkar og öryggi í hættu. Þarna er einnig um að ræða það að landsmenn allir þurfa að geta setið við sama borð á þessu sviði, að það verði tryggt jafnrétti þegnanna á þessu mjög svo mikilvæga sviði. Þess vegna er *megintill. mín* að það frv., sem hér liggur fyrir, verði afgreitt með rökstuddri dagskrá sem svo hljóðar:

„Þar sem Íslendingar þurfa á næstu árum að hagnýta alla tiltæka orku, fjármagn og vinnuafl til þess að *nýta innlenda orkugjafa* í stað olíu, m. a. með rafhitun húsa, telur d. allar forsendur skorta til þess að koma upp orkufrekum iðnaði meðan svo er ástatt og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vil enn leggja á það þunga áherslu að þarna eru þm. að velja og hafna, þarna eru þm. á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum að taka ákvarðanir um vandamál sem snerta fólkið í þeirra byggðarlögum.

Það er oft minnst á þá röksemd í þessu sambandi að við þurfum að stuðla að iðnþróun á Íslandi. Ég er vissulega þeirrar skoðunar að það verðum við að gera. Við verðum að finna leiðir til þess að nýta orkulindir okkar einnig til framleiðslu, þegar við erum búnir að uppfylla þær frumþarfir sem ég hef verið að ræða um hér. En það eru sem betur fer margar leiðir opnar til þess að stuðla að iðnþróun þótt þessu stóra verkefni sé ekki sinnt núna. Ég vil minna á það að í iðnn. liggur fullfrágengin áætlun um tilraunaverksmiðju á Reykjanesi til að undirbúa að þar verði komið upp sjóefnavinnslu. Það var búið að ganga frá öllum könnunum um þetta efni. Það var búið að fara í gegnum hreinsunareld hjá öðrum sérfræðingum en þeim, sem unnið höfðu rannsóknirnar. Og það var ætlun mín að slíkri tilraunaverksmiðju, sem ekki kostar neitt mikla fjármuni, yrði komið upp á þessu ári. Ég held að það hefði verið viðráðanlegt fyrir okkur, bæði á forsendum vinnuafls og fjármagns, að ráðast í þessa framkvæmd. Hún var alveg viðráðanleg og hún er mjög mikilvæg fyrir allar iðnþróunarhugmyndir okkar. Það kemst ekkert að hjá honum annað en kísiljárnverksmiðja. Hann lítur ekki á aðra kosti. Hann fæst ekki til þess að líta á málin á raunsæjan hátt.

Í ræðu sinni áðan vék hv. þm. Ingólfur Jónsson nokkuð að þeim miklu umr., sem orðið hafa hérlendis að því er varðar mengun og náttúruvernd. Það er sannarlega engin furða þótt um þau mál sé mikið rætt hér því að við höfum af því mjög slæma reynslu hvernig að þeim málum hefur verði staðið í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna, þar sem við hegðum okkur alveg eins og börn, í sambandi við álbræðsluna, þar sem það var knúið fram þrátt fyrir aðvaranir að verksmiðjan fengi að starfa án nokkurs hreinsibúnaðar. Ég verð því miður að segja það, að mér virðist að viðbrögð Heilbrigðiseftirlits ríkisins hafi ekki verið til þess fallin að vekja traust manna eftir að hafist var handa um könnun á þessu máli af núv. ríkisstj. Ég þekki forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins, hef unnið með honum. Ég veit að það er duglegur og kappsfullur maður. En því miður hefur þessi kappsemi í þessu máli virst fá á sig pólitískan blæ. Þessi ágæti embættismaður hefur komið *fram eins og* hann væri áróðursaðili fyrir hæstv. iðnrh. Hann hefur mætt með honum á áróðursfundum, hann hefur skrifað áróðursgreinar í blöð og menn hafa heyrt í honum áróðurstóninn í útvarpi. Þetta eru vinnubrögð, *sem* því miður eru ekki til fyrirmyndar og vekja ekki tiltrú.

Í þessu sambandi vil ég minna á það, að meðan ég gegndi störfum heilbrrh. beitt ég mér fyrir því að sett yrði reglugerð um varnir gegn mengun *af völdum eiturefna og hættulegra efna, mjög* ströng reglugerð, sem gefur Heilbrigðiseftirlitinu úrslitavald. Í þessari reglugerð segir svo í 4. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef reisa á verksmiðju eða iðjuver, sem ætla má að falli undir ákvæði 1. gr., — þ. e. a. s. um verksmiðjur sem geti mengað umhverfi sitt, — má eigi ákveða staðsetningu hennar, gerð né búnað fyrr en að fengnu leyfi heilbrrh."

Það má ekki ákveða að velja verksmiðjunni stað fyrr en Heilbrigðiseftirlitið er búið að samþykkja. Hér liggur fyrir frv. um að staðarval verði lögfest áður en þetta starfsleyfi er fengið. Ég tel mjög alvarlegt mál ef Alþ. ætlar sér að brjóta reglugerð sem við eigum mikið undir að haldi gildi sínu sem allra best. Við ætlumst til þess að einkaaðilar virði þessa reglugerð í hvívetna og þá á Alþ. ekki að ganga á undan með því að brjóta hana. Að sjálfsögðu getur Alþ. brotið reglugerðina, lög eru æðri en reglugerð. En það er gert ráð fyrir því að Heilbrigðiseftirlitið kanni þessa þætti ákaflega nákvæmlega.

Í 9. gr. segir svo: „Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal senda Eiturefnanefnd, Náttúruverndarráði, Siglingamálastofnun ríkisins og Öryggiseftirliti ríkisins umsóknir um starfsleyfi til umsagnar ef ástæða telst til."

Og enn segir svo í 10. gr.: „Þegar Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur fengið þau gögn um starfsleyfisumsókn, er það telur þurfa, og kannað þau skal það gera till. sínar um afgreiðslu hvers máls. Skal þess sérstaklega gætt að eiturefni og hættuleg efni frá verksmiðjum og iðjuverum valdi ekki tjóni á mönnum, dýrum eða plöntum né mengi loft, láð eða lög. Leggja má til að ákveðin starfræksla verði alls ekki leyfð eða einungis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, svo sem um hreinsunar- eða varnarbúnað eða sérmenntun tæknilegra stjórnenda. Í till. skal greina hæfilega fresti til úrbóta og fyrirmæli um á hvern hátt úrbætur skulu gerðar. Till. skulu rækilega rökstuddar og fram tekin mengunarmörk. Till. sínar

Lögunin á landinu veldur því að miðlun nær mun minna vatni en reiknað var með og virkjunin verður því ekki eins hagkvæm og reiknað hafði verið með. Einnig er ljóst að þessa virkjun verður að tengja við framtíðaráform um virkjanatilhögun á þessu svæði og slík áætlun er ekki heldur tiltæk. Við sáum það í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum, ef ég man rétt, hvernig sérfræðingar Orkustofnunar, Sigurjón Rist, og félagi hans, fóru að leita að Bessastaðaá. Þeir grófu sig niður eina 10—15 metra gegnum snjóinn og fundu ekki deigan dropa, enda er alkunna að í henni er ekki vatn nema 3—4 mánuði á ári. Þessi virkjunarhugmynd byggðist einvörðungu á miðluninni og miðlunin er háð landslaginu, og það er rangt, sem sagt hefur verið stundum, að þessi miðlun komi Lagarfossvirkjun að einhverju gagni sem heitir. Hún gerir það ekki. Það er fallhæðin sem þarna skiptir máli í sambandi við Bessastaðaárvirkjun, ekki vatnsmagnið, þannig að ábatinn fyrir Lagarfossvirkjun er afar takmarkaður. En í þessu dæmi kom fram alkunn sýndarmennska þessa hæstv. ráðh. Ef hægt væri að virkja hana, þá væri kannske hægt að halda einni pólitískri ljósaperu glóandi svolítinn tíma.

Sá ágreiningur, sem ég hef lagt áherslu á í sambandi við þetta mál, er að við verðum að gera upp við okkur hvernig við ætlum að nýta orku okkar, fjármagn og vinnuafl á næstu árum. Eigum við að einbeita okkur að því að fullnægja þörfum hins almenna markaðar sem hefur gerbreyst eftir að olían margfaldaðist í verði? Eigum við að keppa að því að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu eða eigum við að láta verksmiðjurekstur hafa forgang að því er varðar orku, fjármagn og vinnuafl? Sú kenning hefur komið upp og verið boðuð sérstaklega af hv. þm. Steingrími Hermannssyni, og kom raunar upp einnig í ræðu hv. þm. Ingólfs Jónssonar, að það sé hægt að gera hvort tveggja í senn. Um þetta hefur iðnn. fengið gögn frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Þar er gerð grein fyrir orku og afli á árunum 1977—1980, og hagnýtingu þess til almennra þarfa til húshitunar og til orkufreks iðnaðar. Þessar tölur eru þó því miður einvörðungu skrifborðsvinna. Þær eru ekki miðaðar við neina eðlilega verkáfanga að því er varðar húshitun vegna þess að þær áætlanir eru ekki til. Ef miðað er við sveiflur og öryggisstuðla í því sambandi, þá kemur í ljós að þegar á árinu 1978 gæti þurft að nýta varmaafl, á árinu 1979 eru líkurnar á því mun meiri og árið 1980 skortir bæði orku og afl til þess að fullnægja þessum markaði. Skýrslan segir þar berum orðum: Árið 1980 skortir bæði afl og orku til þess að fullnægja þessum markaði.

Í þessu dæmi eru vissulega nokkur óvissuatriði að því er varðar fyrirkomulag á húshitun sums staðar, t. d. á Akureyri. En það breytir ekki þeirri augljósu niðurstöðu að árið 1980 yrði ný meiri háttar virkjun að vera komin í gagnið, ekki aðeins ákveðin, heldur taka þá til starfa. Og þarna er ekki um að ræða neina virkjun nema Hrauneyjarfossvirkjun. Hún ein er tilbúin til útboðs þannig að hægt væri að ráðast í hana beint í kjölfar Sigölduvirkjunar, svo að við bættist enn ein stórvirkjun á litlum bletti hér á Suðvesturlandi.

Vissulega má færa veigamikil rök fyrir því að næst skuli ráðist í Hrauneyjarfossvirkjun. Það eru einnig til veigamikil rök gegn því, bæði frá byggðasjónarmiði og frá því sjónarmiði að því fylgi nokkur fræðileg hætta að hafa allar helstu stórvirkjanir okkar á sama svæði, við hina virku gossprungu. Ég ætla ekki að ræða rök og gagnrök í þessu máli, en ég vil aðeins að hver einasti þm. geri sér það ljóst að með því að samþykkja að ráðist verði í kísiljárnverksmiðju eru menn einnig að samþykkja að Hrauneyjarfoss verði næsta meiri háttar virkjun á Íslandi, nema þeir vilji dæma orkuskort og sívaxandi aðstöðumun yfir verulegan hluta landsbyggðarinnar. Þetta verða allir þm. að gera upp við sjálfa sig og ekki síst fulltrúar Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða. Menn mega ekki blekkja sig á þessu, þessi dæmi eru í samhengi.

Enda þótt þannig væri hægt, með því að ráðast í Hrauneyjarfossvirkjun um leið og Sigölduvirkjun er lokið, fræðilega að tryggja næga orku til þess að framkvæma hvort tveggja í senn, verksmiðjuáformin og húshitun, þá kemur miklu fleira til. Þar koma til fjármunir og þar kemur til vinnuafl. Ég held að hver einasti maður hljóti að gera sér grein fyrir því að við höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að leggja um 7 milljarða kr. í kísiljárnverksmiðju, fjármagna á sama tíma stofnlínuframkvæmdir og dreifikerfi og fjármagna þar að auki nýja stórvirkjun. Við getum ekki ráðist í þetta allt í senn. Ég held að hver raunsær maður hljóti að gera sér grein fyrir þeirri staðreynd.

Þegar hv. þm. Ingólfur Jónsson var áðan að bollaleggja um kísiljárnverksmiðjuna og fjármögnun til hennar, þá hélt hann því fram að hún mundi ekki takmarka lántökumöguleika okkar á öðrum sviðum, við yrðum eiginlega bara að leggja fram okkar hluta af hlutafénu en síðan fjármagnaði verksmiðjan sig sjálf með erlendum lánum. Hv. þm. sagði: Það verður ekki farið fram á neina ríkisábyrgð. — Er hv. þm. ekki ljóst að þarna er verið að ræða um ríkisverksmiðju, um verksmiðju sem íslenska ríkið á að eiga meiri hl. í? Af því leiðir af sjálfu sér að ríkið ber ábyrgð á verksmiðjunni. Það er ekki að óska neinnar ábyrgðar. Ríkið ber ábyrgð á verksmiðju sem það á. Ég veit ekki hvaða hugtakarugl þetta er í hv. þm. að flytja svona fjarstæðufullar kenningar hér. Auðvitað takmarka lántökur til þess arar verksmiðju, sem íslenska ríkið á að eiga meiri hl. í, möguleika okkar til að taka lán á öðrum sviðum. Þetta liggur í hlutarins eðli. Það verður hver maður að viðurkenna. Ég er algerlega sannfærður um að þess er enginn kostur að afla þeirra fjármuna sem þyrfti til þess að ráðast í öll þessi stórvirki á sama tíma. Og allra síst er þetta kleift þegar núv. ríkisstj. hefur tekist að sólunda allri gjaldeyriseign landsmanna þannig að við lifum nú á neyslulánum. Gjaldeyrisskuld Seðlabankans er nú um 2 milljarðar kr. Menn skulu ekki halda að lánastofnanir standi galopnar fyrir óskum viðskiptavina sem þannig er ástatt um. Við skulum einnig muna eftir því að það er takmarkaður mannafli á Íslandi og það er ekki síst takmarkaður sérhæfður mannafli sem gæti starfað að verkefnum eins og þessum. Og allra síst er þetta allt saman kleift þegar ríkisstj. lýsir

Þar hefur ekki heldur verið gert neitt af hálfu hæstv. iðnrh. Það þarf að velja línustæði og framkvæma vissar athuganir. Um þessa línulögn er vissulega meira vitað heldur en um línulögn til Vestfjarða vegna fyrri áforma um að tengja Austfirði við Laxárvirkjun. En Krafla á að komast í gagnið 1976, eftir því sem Kröflunefnd segir okkur, og vonandi stenst það. Ef eitthvert vit hefði verið í vinnubrögðum, þá hefði línan til Austfjarða átt að vera tiltæk um sömu mundir svo að hægt væri að flytja orku til Austfjarða þar sem einnig er mjög alvarlegur orkuskortur, jafnvel þó að Lagarfossfossvirkjun sé tekin til starfa. Það er einnig borin von að þessi lína verði tiltæk um leið og virkjunin tekur til starfa. En þeim mun meiri ástæða er til að krefjast þess að nú þegar verði hafist handa um það að tryggja austfirðingum næga orku frá Kröfluvirkjun eins fljótt og nokkur kostur er.

Ég vil minna á það, í þessu sambandi, að það verður að halda áfram samtengingu. Það þarf að tengja Hornafjörð við Austfjarðasvæðið að öðru leyti og síðan er sjálfsagt að komi hringtenging, þ. e. a. s. tenging frá Hornafirði og til okkar hér á Suðurlandi sunnan jökla. Og á sínum tíma mun að sjálfsögðu koma stofnlína norður hálendið, en undirbúningsrannsóknir í því efni voru hafnar í tíð fyrrv. stjórnar og standa enn yfir, m. a. með mannaðri eftirlitsstöð. Það er brýn nauðsyn að það verði gerðar heildaráætlanir um þessar framkvæmdir allar, en að þeim hefur, eins og ég sagði áðan, ekkert verið unnið í tíð núv. ríkisstj.

Þetta er forsenda þess, að hægt sé að ráðast í rafhitun húsa. En hliðstæðu máli gegnir um dreifikerfin. Það þarf að styrkja þau til muna um land allt ef rafhitun á að koma til. Ég veit ekki til þess að hæstv. iðnrh. hafi falið Rafmagnsveitum ríkisins eða öðrum rafveitum að gera eitt eða neitt í þessu sambandi. Hann hefur greinilega engan áhuga á því að tryggja jafnrétti landsmanna á þessu sviði, hann hefur engan áhuga á nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu á þeim svæðum þar sem rafhitun þarf að koma til og raunar er það staðreynd að hæstv. núv. ríkisstj. hefur einnig tafið hitaveituframkvæmdir til mikilla muna umfram það sem áætlað var. M. a. er nú talað um að Hitaveita Suðurnesja eigi ekki að vera fullgerð fyrr en 1978, en var áætlað áður að hún yrði fullgerð árið 1976. Og þar virðist raunar vera komið að æðimiklum erfiðleikum vegna þess að skammsýnir alþm. hafa staðið gegn því að hér yrði samþ. það frv. sem legið hefur fyrir mörgum þingum um háhitasvæði og eignarrétt yfir þeim. Eru allar horfur á því að skammsýni þessara hv. þm., og þar á ég ekki síst við hv. þm. Ingólf Jónsson, komi til með að tefja og torvelda þessa framkvæmd til mikilla muna.

Þegar við ræðum um rafhitun húsa eru að sjálfsögðu ekki aðeins línulagnir mikilvægar, stofnlínur og dreifilínur, heldur eru virkjanir mjög mikilvægur þáttur í þessu máli. Ég hef margsinnis áður gert grein fyrir því að Sigölduvirkjun og Kröfluvirkjun geri ekki meira en rétt rúmlega að fullnægja rafhitunarmarkaðnum. Rafhitunarmarkaðurinn er 800 gwst. Framleiðsla Sigölduvirkjunar er 700 gwst. miðað við almenna notkun og húshitun og Kröfluvirkjunar milli 200 og 300 gwst. ef hún verður 70 mw. En hæstv. ráðh. hefur auglýst stefnuleysi sitt á þessu sviði á alveg furðulegan hátt frammi fyrir alþjóð. Ég heyrði viðtal sem átt var í sjónvarpi við hæstv. iðnrh. fyrir skömmu. Hann lýsti því yfir í upphafi viðtalsins að næsta virkjun, sem tæki til starfa á Íslandi, yrði á Norðurl. v., væntanlega Blönduvirkjun, þetta yrði næsta meiri háttar virkjun sem tæki til starfa á Íslandi. Í miðju viðtalinu talaði hæstv. ráðh. um að næsta meiri háttar virkjun yrði trúlega Hrauneyjarfossvirkjun, en í lok viðtalsins sagði hæstv. ráðh. að það væri vel hægt að reisa bæði Hrauneyjarfossvirkjun og Blönduvirkjun í einu og láta þær taka til starfa á sama tíma. Þessi ummæli hafa vakið furðu alþjóðar og bera því glöggt vitni að af hálfu ráðh. er ekki um að ræða neina stefnu og ekki neitt raunsæi á þessu sviði.

Í sambandi við Blöndu er rétt að geta þess að Orkustofnun telur að þar séu eftir tveggja ára rannsóknir og þær muni kosta 80 millj. kr. Á fjárl. þessa árs, eins og m. a. var frá þeim gengið af hæstv. iðnrh., var gert ráð fyrir því að varið yrði til þessara rannsókna 6—7 millj. kr. Sérfræðingarnir töldu að þessi upphæð væri svo lítil að það borgaði sig ekki að flytja bor á staðinn til þess að kanna málið. Ég vona að með þeim lögum, sem samþ. voru hér í gær, og lögum, sem áður hafa verið samþ., sé tryggt fjármagn til þessara framkvæmda á annan hátt en þann sem gert var í fjárl. En ef rannsóknir ganga vel getur hönnun hafist 1978 og með fyllsta hraða gæti Blönduvirkjun komið í gagnið 1982—1983.

Í sambandi við umtal um virkjanir fyrir norðan er rétt að menn átti sig á því að sú virkjun, sem langmest hefur verið rannsökuð, er Dettifossvirkjun. Lokarannsóknarskýrsla um það er væntanleg alveg á næstunni, þannig að það væri hægt að taka ákvarðanir um hana með fullnægjandi þekkingu ef menn hafa áhuga á þeirri leið.

En ofan á þetta allt saman bætist það að ég þykist hafa orðið var við að það séu uppi deilur milli hæstv. iðnrh. og hæstv. viðskrh. um það hvort ráðast eigi í Blönduvirkjun eða í Jökulsárnar í Skagafirði og ef stjórnarflokkarnir deila um þetta atriði ofan á allt annað, þá flýtir það naumast fyrir ákvörðunum um þetta efni.

Í þessum málum öllum hefur það því miður komið í ljós að hæstv. iðnrh. er meira gefinn fyrir auglýsingamennsku á þessu sviði en alvarleg orð. Við höfum kynnst þessu áður á þessu þingi. Í vetur samþykktum við hér á þingi heimild til virkjunar Bessastaðaár. Hæstv. iðnrh. lagði á það óhemjulega áherslu að iðnn. flýtti störfum sínum, og var ekki talið að það mætti bíða eftir nauðsynlegum gögnum um það hversu skynsamleg þessi virkjun væri. Það var sagt að það þyrfti að samþykkja hér á þinginu þessa heimild til virkjunar til þess að friða austfirðinga í orkuskortinum í fyrravetur. Þessi hugmynd um virkjun Bessastaðaár var byggð á prófritgerð eftir ungan mann sem vafalaust hefur verið vel unnin miðað við þær aðstæður sem honum voru þá kunnar. En forsendurnar skorti. Þau yfirlitskort, sem nú hafa verið teiknuð, sýna að landslagið er allt annað en reiknað hafði verið með.

Þessari fsp. var dreift hér í Nd. Alþ. 28. febr. og það er ekki komið neitt svar við henni enn. Það eru liðnir tveir mánuðir síðan ég lagði þessa fsp. fram, einfalda fsp. um hvernig ríkisstj. sjálf hugsaði sér að standa að þessum verkefnum og hæstv. iðnrh. hefur ekki fengist til þess að svara. Ég spurði hæstv. iðnrh. um það fyrir páska hvort ekki mætti vænta þess að skýrsla hans um þessi efni færi að berast. Hann kvað svo vera, það væri að þessu unnið, en skýrslan er ókomin enn. Ætlun mín var sú að þessi skýrsla væri tiltæk alþm. til þess að hægt væri að nota hana til hliðsjónar í umr. um það, hvernig ætti að verja raforku okkar, og til samanburðar við frv. um hugsanlega byggingu kísiljárnverksmiðju. En þessi gögn eru ekki tiltæk, þau liggja ekki fyrir, við vitum ekkert um stefnu hæstv. ríkisstj. Raunar er þessi þögn hæstv. iðnrh. ákaflega glöggt dæmi um það að hann hefur enga áætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Það er ósköp auðvelt að standa hér, eins og hv. þm. Ingólfur Jónsson áðan, og fara um það almennum orðum að allir hefðu áhuga á þessu verkefni, allir vildu þetta o. s. frv., o. s. frv. En svona orð segja ekki nokkurn skapaðan hlut. Það þarf að marka tiltekna stefnu. Hæstv. iðnrh. hefur ekki markað neina slíka stefnu og ekki heldur hv. þm. Ingólfur Jónsson. Þeir hafa aðeins ákveðið það að óathuguðu máli, án þess að hafa kannað þau gögn sem ég hef verið að lýsa eftir hér, að kísiljárnverksmiðja skuli hafa forgang, án þess að líta á nokkur rök, án þess að meta hvað hagkvæmast er og skynsamlegt frá efnahagslegu og félagslegu sjónarmiði fyrir þjóðarheildina miðað við þær aðstæður sem nú blasa við okkur.

Ég vakti máls á þessu hér á þingi fyrir ári og flutti þá ályktunartill. um að slík áætlun yrði gerð. Því miður varð sú till. ekki afgreidd vegna þeirrar pólitísku ringulreiðar sem þá var hér á Alþ. En umskiptin urðu algerlega ljós um leið og núv. ríkisstj. tók við. Hæstv. iðnrh. lét hætta við þá áætlunargerð sem hafði verið hafist handa um meðan ég gegndi störfum iðnrh. Það var gerð grein fyrir þessari áætlun, fyrstu drögum hennar, í ítarlegri skýrslu sem ég lagði fyrir þing fyrir ári og allir þm. þekkja, afar fróðlegri skýrslu, og ætlast til þess að áfram yrði unnið að þessu verkefni. Þessu verkefni var hætt um leið og núv. ríkisstj. tók við.

Einn þáttur þess að hægt sé að koma á rafhitun húsa er að sjálfsögðu samtenging orkuveitusvæða. Í tíð fyrrv. ríkisstj. var tekin um það ákvörðun að leggja stofnlínu milli Suðurlands og Norðurlands. Ég hafði tryggt efni í þessa línu fyrri hluta ársins í fyrra og var ákveðið að hefjast handa um þessa framkvæmd í sept. í fyrra. Það var hætt við það að hefja framkvæmdir þá, um leið og núv. ríkisstj. tók við. Það er ekki fyrr en nú í vor sem þetta verk er hafið. Þau mál standa nú þannig að það er loksins núna verið að reisa þá tréstaura sem ég lét panta 1974 og átti að byrja að reisa þá um haustið. Ef haldið hefði verið þeim framkvæmdahraða sem ég hafði gert áætlanir um, þá hefði verið unnt að koma raforku allt að 10 mw. norður fyrir veturinn 1975—1976, þ. e. a. s. fyrir þann vetur sem nú er fram undan. Það hefði verið hægt að tryggja norðlendingum þessa orku fyrir næsta vetur og bæta þannig úr mjög háskalegum orkuskorti á næsta vetri og spara rándýra olíukyndingu. Ég vil einnig í því sambandi minna á ummæli Laxárvirkjunarstjórnar, sem birt var í fjölmiðlum í gær og í dag, um það hvernig ástandið er þar nyrðra vegna þess að þetta tækifæri var ekki notað. Það var vel hægt að koma raforkunni norður á þessum tíma, en hæstv. ráðh. hafði ekki áhuga á því, og nú er borin von, því miður, að þetta verði hægt. Línan kemur ekki í gagnið fyrr en haustið 1976. En þá er það hins vegar lágmarksskylda að línan verði lögð af fullum styrkleika, þannig að hún geti flutt fullt orkumagn eða 70—80 mw. eins og reiknað er með að hún geti flutt. Ef á að ganga frá línunni þannig, þá vantar fjármagn. Það verður að taka slíkar ákvarðanir núna, en till. um það að afla fjármagns var felld hér á Alþ. í gær.

Samhliða þessari línulögn, sem ég hef hér verið að tala um, þarf þegar í stað að undirbúa línulögn til Vestfjarða. Sérfræðingar telja að sú lína ætti að liggja frá Hrútafirði vestur í Dali, e. t. v. í Búðardal, þar sem spennt yrði af línunni fyrir Dali og fyrir Snæfellsnes. Síðan ætti línan að liggja í Króksfjarðarnes og vestur Reykhólasveitina og síðan kemur til greina að leggja hana norður Þorkafjarðarheiði, með tilliti til virkjana við Djúpið, eða leggja hana meðfram þjóðveginum um Vattarnes að Mjólká og þaðan til Ísafjarðar.

En þetta eru því miður meira og minna almennar hugleiðingar. Hæstv. iðnrh. hefur ekki haft neinn áhuga á því að mæla fyrir um skipulega könnun og tryggja fé til hennar. Einu rannsóknirnar í sambandi við þetta línustæði hjá landshluta, sem býr við mikla erfiðleika í orkumálum, er að komið hefur verið upp einum tilraunaspenni milli Mjóafjarðar og Ísafjarðar, en slíkum könnunarstöðvum þarf að sjálfsögðu að koma upp víðar. Það er algerlega óhjákvæmileg nauðsyn að stofnlína til Vestfjarða verði komin ekki seinna en árið 1978, en þá þarf strax að hefjast handa um ákvarðanir á línustæði, um hönnun og annan undirbúning og pantanir á efni. En á þessum sviðum hefur ekkert verið gert og ég endurtek enn: Till. um fjárveitingu var felld hér á Alþ. í gær.

Þessi línulögn er óhjákvæmileg vegna þess að orkumál á Vestfjörðum standa þannig að segja má að vísu að hægt væri að ráðast í Dynjandisvirkjun með tiltölulega stuttum fyrirvara. Þar hafa verið gerðar verulegar rannsóknir. En ég er hræddur um að sú virkjunarhugmynd rekist æðiharkalega á sjónarmið náttúruverndarmanna og umhverfisverndarmanna. En ef ráðist yrði í slíka virkjun, þá gæti hún hugsanlega verið komin í gagnið árið 1980, ekki fyrr. Þess vegna verður stofnlínan að koma í seinasta lagi árið 1978.

Virkjunarstaðirnir við innanvert Djúp eru miklu skemmra á veg komnir. Það þarf að mæla og fá kort frá öllu svæðinu suður af Drangajökli. En jafnvel þó að allt reynist þar mjög álitlegt, þá yrði virkjun á þeim stað naumast komin í gagnið fyrr en 1983—1984, og því endurtek ég enn: stofnlína til Vestfjarða er brennandi nauðsyn.

Fyrst ég er farinn að tala um stofnlínur er rétt að minnast á línu til Austfjarða frá Kröflu.

jarðhitann. Ég er því meðmæltur, sem Magnús Kjartansson hefur haldið fram, að það eigi að gera það sem unnt er til þess að koma í veg fyrir olíunotkun til húshitunar. Raforkan hefur verið dýr til húshitunar fram að þessu, en nú er að koma upp ný tækni sem mun gera raforkuna ódýrari en verið hefur í þessu skyni. Það eru hinar svokölluðu varmadælur sem farið er að nota erlendis. Varmadælur vinna öfugt við kælivélar eða frystivélar. Varmadælur leiða hitann inn í húsin, öfugt við það sem frystivélarnar gera, að leiða kuldann inn í húsin. Og með því að nota varmadælur til upphitunar í sambandi við raforku eða jarðvarma er talið að ekki þurfi meira en helming af rafmagnsnotkun og jafnvel ekki nema 1/4 við það sem áður var. Það er talið líklegt að með varmadælunum geti rafmagnið keppt við hitaveiturnar. Verkfræðingur hjá Landsvirkjun er að vinna að þessu og er kominn vel á veg með að sanna nytsemi varmadælunnar. Líklegt er að það verði til þess að hægara verði að nýta raforkuna til húshitunar en annars hefði verið, einnig til þess að vatn, sem áður var ekki talið hafa nægan hita til upphitunar húsa, getur með aðstoð varmadælunnar gefið fullnægjandi hita í húsin. T. d. gæti 35—40 stiga heitt vatn með aðstoð varmadælunnar verið fullnægjandi til upphitunar húsa. Sem betur fer fleygir tækninni stöðugt fram og það er nauðsynlegt að nýta hana í sem ríkustum mæli.

Herra forseti. Ég ætla þá að láta máli mínu lokið og vænti þess að umr. geti haldið áfram hér í dag og í kvöld ef þörf krefur.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Í síðustu viku samþykkti Sþ. einróma ályktunartill. frá hv. þm. Páli Péturssyni. Þessi till. fjallaði um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins. Um hana hafði verið fjallað af atvmn. Sþ. N. mælti með því einróma að till. yrði samþ. og undir nál. skrifuðu hv. þm. Páll Pétursson, Jón G. Sólnes, Steingrímur Hermannsson, Guðmundur H. Garðarsson og Gils Guðmundsson. Þessi till. var einróma samþ., eins og ég sagði áðan, hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar gera könnun á því hvort ekki sé tímabært að hefjast þegar handa um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins í Gufunesi þannig að hún geti sem allra fyrst fullnægt þörfum landsmanna fyrir framleiðsluvörur verksmiðjunnar. Enn fremur verði gerð könnun á því hvort ekki komi til greina stækkun verksmiðjunnar með útflutning áburðar fyrir augum. Ef könnun þessi leiðir það í ljós, að stækkun verksmiðjunnar sé þjóðhagslega hagkvæm, felur Alþ. ríkisstj. að láta semja og leggja fram á Alþ. frv. um stækkun verksmiðjunnar. Könnun þessari verði hraðað svo sem frekast er kostur, þannig að niðurstöður hennar liggi fyrir áður en þeirri raforku, sem tiltæk verður í landinu í nánustu framtíð, er ráðstafað til annarra greina orkufreks iðnaðar."

Það var samþ. hér á hinu háa Alþ. í síðustu viku að ekki mætti ráðstafa raforku til annarra greina orkufreks iðnaðar fyrr en þessi könnun hefði farið fram. Mér er spurn: Tekur Alþ. sig ekki alvarlega? Ég fæ ekki betur séð en þessi samþykkt Alþ. sé hreinlega frávísunartill. á því frv. sem hér liggur fyrir. Alþ. hefur samþ. einróma að það megi ekki ráðstafa orku til annars orkufreks iðnaðar fyrr en þessi könnun hefur farið fram.

Ég kynnti mér það þegar þessi till. kom fram hvaða gögn lægju fyrir um stækkun áburðarverksmiðjunnar jafnvel í því skyni að hefja útflutning, og það reyndist svo að stjórn Áburðarverksmiðjunnar hafði ekkert að þessu verki unnið. Það liggja ekki fyrir nein slík gögn, þannig að það er augljóst mál að ef á að taka Alþ. alvarlega hvað þessa ákvörðun Alþ. snertir þá tekur það æðilangan tíma að þessari könnun verði lokið. En á meðan má ekki ráðstafa orku til annars orkufreks iðnaðar að því er Alþ. sjálft hefur samþ. einróma. Ef það er gerður orkusölusamningur einhvern tíma á næstunni við hugsanlega kísiljárnverksmiðju, þá er að sjálfsögðu verið að ráðstafa raforku, jafnvel þótt hún verði ekki afhent fyrr en árið 1977, en samkv. þessari ákvörðun Alþ. er þetta óheimilt með öllu. Ég ætlast til þess að Alþ. hafi eitthvert samhengi í störfum sínum, að það geri ekki ráðstafanir eina vikuna sem ganga þvert á það sem Alþ. hefur samþ. vikuna á undan. Ég veit ekki af hverju þetta stafar. Ég veit ekki hvort hv. þm. Ingólfur Jónsson t. d. hefur ekki lesið þá þál., sem hann var sjálfur að samþykkja í síðustu viku, en ég get ekki betur séð en hér sé um hreina frávísunartill. að ræða. Þarna kemur fram hugmynd um það hvernig við eigum að nýta orku á Íslandi.

Ég hef hins vegar gert grein fyrir öðrum orkumarkaði sem ég tel vera enn þá brýnni, enn þá mikilvægari, hrópa enn meir á okkur, og það er að nýta raforku til húshitunar, til þess að láta innlenda orkugjafa koma í stað innfluttrar olíu sem er orðin ákaflega stórfelld efnahagsleg nauðsyn eftir að olía margfaldaðist í verði eins og menn vita. Ég hef flutt á þessu þingi fjölmargar till. um þetta efni, bæði sjálfstæðar till. og brtt. Ein slík till. var felld hér á þingi í gær. Ég lagði til að aflað yrði upphæðar, sem næmi einum milljarði í viðbót, til þess að flýta gerð stofnlína bæði milli Suðurlands og Norðurlands og enn fremur til Vestfjarða og til Austfjarða. Stjórnarliðið hefur ekki fengist til þess að fjalla um þessar till. mínar í neinni alvöru. Þær hafa ýmist verið felldar umræðulaust eða þær hafa verið svæfðar í n. Þess vegna bar ég fram fsp. til hæstv. iðnrh. til þess að fá vitneskju um hver væri stefna ríkisstj. sjálfrar á þessu sviði. Fyrst hún vildi ekki taka neitt tillit til till. okkar stjórnarandstæðinga að því er þetta atriði varðar, hvernig eigi að ráðstafa raforkunni, þá vildi ég fá vitneskju um hvernig ríkisstj. sjálf hugsaði sér að standa að þessu verkefni. Þessi fsp. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvernig eru áætlanir ríkisstj. um hitaveituframkvæmdir um allt land, hverjir verða árlegir áfangar, hver verður árlegur kostnaður og hvernig verður hann fjármagnaður?

2. Hverjar eru áætlanir ríkisstj. um rafhitun húsa um land allt þar sem jarðvarmi er ekki tiltækur, hverjir verða árlegir áfangar, hver verður árlegur kostnaður og hvernig verður hann fjármagnaður?"

fjarðarsvæðisins áður en rekstur verksmiðjunnar hefst, t. d. á vegum líffræðistofnunar Háskóla Íslands til þess að unnt verði að fylgjast með hugsanlegum breytingum. Hæstv. iðnrh. hefur falið líffræðistofnun Háskóla Íslands að gera þessar líffræðiathuganir. Hér ber sérstaklega að hafa í huga að líklegt er að rætt verði um frekari útþenslu iðnaðar á svæðinu í framtíðinni. Til greina kemur að heilbrigðisyfirvöld leiti til erlendra stofnana um aðstoð við skipulagningu alls eftirlits varðandi fyrirhugaða verksmiðju. Ljóst er af framangreindu að Heilbrigðiseftirlit ríkisins mælir á þessu stigi málsins ekki gegn því að fyrirhugaðri verksmiðju verði veitt starfsleyfi með venjulegum skilyrðum."

Venjuleg skilyrði og umsögn frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins með hliðsjón af umsögnum annarra aðila má sjá á dæmigerðri afgreiðslu slíks verksmiðjumáls frá hendi heilbr.- og trmrn. sem er hér fest við, og það er lengra mál en er í samræmi við það sem hér hefur verið sagt.

Það liggur ljóst fyrir að Heilbrigðiseftirlitið mun ekki mæla gegn því að starfsleyfi verði veitt ef menn fylgjast rækilega með því að fyllstu varúðar verði gætt í öllum öryggismálum varðandi verksmiðjuna.

Rykið og úrgangur verksmiðjunnar hefur verið talið vandamál, og þeir Vilhjálmur og Hjörleifur, sem fóru til Noregs eins og áður var um getið, kynntu sér hvernig þetta er í Noregi. Norðmenn telja að það borgi sig ekki að endurvinna rykið, eins og það er kallað, vegna þess að það dragi úr afköstum verksmiðjunnar. En úrgangur verður allmikill og er þess vegna nauðsynlegt að eitthvað sé hægt að nýta hann. Norðmenn eru byrjaðir á að nota þennan úrgang í sement, og telja að það geti verið mjög hentugt og heppilegt. Einnig eru þeir byrjaðir á að nota þetta efni til húðunar á áburði. Það er ekki langt síðan þeir gerðu þetta, en það virðist ætla að gefa góða raun að nota úrganginn til sementsgerðar að talsverðu magni og eins til húðunar á áburði.

Fyrir stuttu komu 4 menn, sérfræðingar, frá Union Carbide til viðræðna við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð um mengunarvarnir, m. a. um hvernig mætti nýta rykið. Í skýrslu, sem ég hef hér í höndum og mér barst eftir að þeir höfðu verið hér, segir um endurnýtingu ryksins:

„Fram kom að með endurnýtingu alls ryksins aukist natríum- og kalíuminnihald þess að því marki að rykið verður límkennt og klessist í pokasíunum. Af þessum sökum þarf að fjarlægja einhvern hluta þess og voru 10—20% talin sennilegt hlutfall. Þetta ryk, sem þannig verður ekki endurnýtt í verksmiðjunni sjálfri, er að magni til 2000—4000 tonn á ári og er líklegt að sementsverksmiðjan geti nýtt sér það, en talið er að hún geti notað 7—8 þús. tonn á ári. Hugsanlegt er að áburðarverksmiðjan geti hagnýtt sér rykið til húðunar á áburði, svo sem gert er í Noregi, en um það hefur ekki verið rætt við áburðarverksmiðjuna."

Það hefur ekki verið rætt við áburðarverksmiðjuna um þetta, en ég er ekki trúaður á að áburðarverksmiðjan geti ekki notað verulegt magn af þessu ryki, kannske 1—2 þús. tonn. Það hefur verið rætt við sementsverksmiðjuna um málið og mun verða reynt hvort þetta er heppilegt. Það er talið líklegt að það gæti hentað hér ekki síður en í Noregi, en það yrði aldrei nema 7—8 þús. tonn á ári, en alls er rykið 22 þús. tonn. Ef losna þyrfti við rykið, sem enginn gæti tekið við, yrði það gert með því að blanda það sementi og vatni og fleygja því í gryfjur sem mokað yrði yfir. Þannig er þetta gert í Bandaríkjunum og eflaust víðar þar sem endurnýting er dýrari en kvartsið þar sem það er í ríkum mæli á lágu verði. Hingað komið er kvartsið hins vegar dýrara en kvarnað ryk. Ekki er vitað til þess að rykið valdi tjóni. Bent var á að norðmenn telja endurnýtingu ryksins rýra nýtni verksmiðjunnar. Union Carbide telur sig ekki hafa þá reynslu.

Inn í umr. um nýtingu ryksins spunnust umr. um mælingar á því. Fram kom að þessar mælingar eru afar vandasamar og krefjast dýrra tækja. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar eða hvernig þessar mælingar verði framkvæmdar né heldur hver annist þær, en sá aðili mundi þurfa að viðhalda þjálfun sinni í ákaflega ríkum mæli. Til þess að ganga úr skugga um áhrif verksmiðjunnar á rykmagn í umhverfi hennar er nauðsynlegt að rykmælingar hefjist áður en verksmiðjan tekur til starfa, svo að fram komi hvert sé magn náttúrulegs ryks á þessum slóðum. Union Carbide telur sig geta endurnýtt 80—90% af rykinu með því að láta það fara aftur inn í verksmiðjuna og það borgi sig að gera það hér vegna þess að kvartsið, efnainnihald ryksins, er miklu dýrara hér en t. d. í Noregi og Bandaríkjunum. Þeir hafa reynt þetta í verksmiðjum sínum fyrir vestan og verða ekki þess varir, sem norðmenn álíta, að afköst verksmiðjunnar minnki nokkuð við það þótt rykið sé endurnýtt. Það virðist því sem sá vandi, sem menn héldu að mundi skapast vegna ryksins, sé hverfandi, og sérfræðingar fullyrða að þeir muni geta endurnýtt 80—90%, og það er einnig í athugun hvort sementsverksmiðjan geti tekið nokkurn hluta til vinnslu og áburðarverksmiðjan. Það liggur í hlutarins eðli að það verður allt gert til þess að koma í veg fyrir mengun og hættu af rekstri þessarar verksmiðju.

Ástæðan til þess að mælt er með því að ráðast í þetta fyrirtæki er sú að fyrirtækið virðist vera arðbært. Þetta er orkufrekur iðnaður sem kaupir orku frá Landsvirkjun og borgar vel fyrir orkuna. Verksmiðjan gefur arð í þjóðarbúið og veitir atvinnu, vel borgaða, eins og t. d. nú er gert í álverksmiðjunni. Það liggur fyrir að mati sérfróðra manna, að þótt þessi verksmiðja fái rafmagn eins og ætlast er til, þá verður ekki orkuskortur hér á landi, hvorki fyrir sunnan né norðan eða annars staðar, af völdum þessarar verksmiðju þegar miðað er við árin 1980—1981. Og það liggur í augum uppi að ef Kröfluvirkjun verður tilbúin 1976 eða í síðasta lagi 1977 og Sigölduvirkjun á árinu 1977 þá verður ekki látið staðar numið að virkja. Ný virkjun verður komin í gagnið 1980 til þess að veita orku inn á kerfið.

Þess vegna er það rangt, sem hv. þm. Magnús Kjartansson segir í sínu nál., að þeir, sem greiði atkv. með þessari verksmiðju, séu að kalla orkuskort yfir þjóðina. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að halda áfram að virkja bæði fallvötnin og

aðrar atvinnugreinar, en eigi að síður hefur Þjóðhagsstofnunin gert það sem í hennar valdi stendur við að gera nákvæman samanburð sem óhætt er að fullyrða að er mjög nærri sanni.

Umsögn Þjóðhagsstofnunarinnar er mjög mikilvæg að því leyti að hún rennir stoðum undir þær áætlanir og þær niðurstöður sem fengist hafa í viðræðunefndinni og eru forsendur fyrir því að ráðist er í byggingu verksmiðjunnar.

Margir þeir, sem hafa snúist gegn þessari verksmiðju, viðurkenna að hún geti verið arðbær og haft þjóðhagslegt gildi sem arðgefandi fyrirtæki í okkar þjóðfélagi. En þeir segja: „Samt sem áður hljótum við að vera á móti þessari verksmiðju vegna þess að af henni stafar mikil mengun og hætta af þeirri mengun". Ef það væri rétt að það stafaði mikil hætta af þessari verksmiðju á lífi manna, sem í verksmiðjunni vinna, og annarra sem búa í nálægð verksmiðjunnar, ef af verksmiðjunni stafaði mikil hætta á lífríki, bæði á landi og í vatni þá væri eðlilegt að menn hugsuðu sig um, einmitt vegna þess að enginn vill hafa mengun, allir hv. þm. og allir landsmenn vilja viðhalda hreinu og heilnæmu lofti hér á landi. Þótt ráðist sé í stórframkvæmdir og stóriðju, þá vilja menn útiloka mengun. Og til þess eru rannsóknastofnanir, til þess er tæknin að koma í veg fyrir mengun.

Iðnn. Nd. kallaði fyrir sig forstöðumann Heilbrigðiseftirlits ríkisins og aðstoðarmann hans, Eyjólf Sæmundsson. Einnig komu til viðræðu í n. landlæknir og náttúruverndarmenn. Allir voru þessir menn spurðir um það hvort hætta stafaði af verksmiðjunni. Allir gáfu þessir menn skýr svör og nm. og gestir n. áttu allir sameiginlegt að vilja fá hrein og skýr svör við því hvort það væri virkilega hættulegt að byggja og reka þessa verksmiðju. Náttúruverndarráð hefur verið haft með í ráðum. Tveir menn frá Náttúruverndarráði, Vilhjálmur Lúðvíksson og Hjörleifur Guttormsson, fóru til Noregs til þess m. a. að kynna sér rekstur járnblendiverksmiðja í Noregi. Í Noregi hafa verið reknar járnblendiverksmiðjur í meira en 50 ár. Norðmenn hafa þess vegna fengið reynslu af rekstri verksmiðja af þessu tagi. Þeir Vilhjálmur og Hjörleifur kynntu sér þetta í sinni ferð og eftir heimkomuna skrifuðu þeir iðnrh., Heilbrigðiseftirliti ríkisins og iðnn. og gerðu grein fyrir för sinni. Þeir spurðu norðmenn um mengun frá verksmiðjunum, og þær verksmiðjur, sem hafa verið reknar í Noregi í meira en 50 ár, eru af annarri gerð en sú verksmiðja sem á að reisa í Hvalfirði. Í Hvalfirði verður byggð nýtískuverksmiðja með eins fullkomnum hreinsunartækjum og þekkt eru. Í Noregi hafa verksmiðjurnar starfað án hreinsitækja og án þeirra mengunarvarna sem nú eru þekktar. Í verksmiðjunum í Noregi hefur reykurinn frá verksmiðjunum farið út um andrúmsloftið og varnir innan húss og utan hafa ekki verið neitt í líkingu við það sem verður í nýju verksmiðjunni á Grundartanga. Þeir Vilhjálmur og Hjörleifur spurðust fyrir um það hvort atvinnusjúkdómar hafi komið upp hjá þeim mönnum sem unnið hafa í verksmiðjunum. Svar við því var greinilegt. Það var ekki hægt að rekja sjúkdóma til þess að þeir væru af völdum verksmiðjunnar eða óhollustu þar fremur en öðrum iðnaði. Þeir spurðu um hvernig það væri með lífríkið í fjörðunum, sem verksmiðjurnar standa við og með grasið og blöðin á trjánum í nágrenni verksmiðjanna. Það hafði ekki borið á eitrun eða mengun í nágrenni verksmiðjanna en hér er um gamlar verksmiðjur að ræða sem ekki hafa hreinsiútbúnað, sem ekki hafa mengunarvarnir í líkingu við það sem á að verða í Hvalfirði. Þessar upplýsingar, sem norðmenn hafa gefið um mengunarhættu og eitrunarhættu af svona verksmiðjum, eru vitanlega ákaflega mikils virði.

Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins og aðstoðarmaður hans fóru til Bandaríkjanna til þess að skoða verksmiðjur af þessari gerð, ekki helst gamlar og úreltar verksmiðjur eins og norsku verksmiðjurnar verða nú að teljast, heldur nýjar verksmiðjur með hreinsitækjum og fullkomnum mengunarvörnum. Heilbrigðiseftirlitið hefur gefið skýrslu og telur að það sé unnt að koma í veg fyrir mengun. En til þess að koma í veg fyrir mengun — og það telja þeir líka Vilhjálmur og Hjörleifur — þarf að hafa ítrustu gætni og nota öll tiltæk ráð sem menn nú þekkja og allir a. m. k. hér á Íslandi eru sammála um að beri að nota.

Með tilliti til þess sem hér hefur verið sagt og vitnað í upplýsingar sem fyrir liggja virðist ekki vera mikil hætta á mengun. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. ræðumann hvort hann telur að nú henti að hann geri hlé á máli sínu svo að fyrirhugað hlé á fundinum eigi sér stað nú?) Það má gjarnan vera. Ég býst ekki við að ég eigi mjög langt mál eftir, en ég get hætt núna og byrjað aftur þegar fundi verður haldið áfram, hvort sem ég tala þá stutt eða lengra. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég get nú farið að stytta mál mitt. Ég var þar kominn ræðu minni að ég hafði lokið að mestu við að tala um mengunarmálin en mér þykir rétt að það verði lokaorð í mengunarmálinu að lesa hér upp það sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur að segja um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta, — Heilbrigðiseftirlitið segir:

„Helstu niðurstöður eru sem hér segir:

Telja verður að mengun frá fyrirhugaðri verksmiðju verði ekki í þeim mæli að lífríki umhverfis hennar stafi teljandi hætta af.

Staðreynd er að heilsu starfsfólks í slíkum iðnaði var nokkur hætta búin og að ekki er útilokað að kísilveikitilfelli hafi komið upp. Með hliðsjón af þeim öryggis- og eftirlitsaðgerðum, sem fyrirhugaðar eru, er þó ljóst að heilsu starfsfólks verði ekki stefnt í voða umfram það sem almennt gerist í iðnaði hérlendis. Gert er ráð fyrir að fyrirhuguð verksmiðja verði í meginatriðum eins vel úr garði gerð til verndunar umhverfis og heilsu starfsfólks og tæknilega er mögulegt. Bent hefur þó verið á nokkur atriði sem betur mættu fara, t. d. uppskipun hráefnis og gerð útblástursútbúnaðar. Munu heilbrigðisyfirvöld beita sér fyrir því að þau verði færð í betra horf þegar formleg umsókn um byggingar- og rekstrarleyfi hefur borist frá þeim aðila sem ábyrgur verður fyrir byggingu og rekstri fyrirtækisins. Hafa þarf náið eftirlit með heilsu starfsfólks og byggingu og rekstri verksmiðjunnar ef framkvæmd verður. Einnig er nauðsynlegt, að gerð verði könnun á lífríki Hval-

skjótlega með samkomulagi er hvorum aðila um sig heimilt að vísa málinu til ríkisstj. og Union Carbide til lausnar á því með samkomulagi milli ríkisstj. og Union Carbide. Jafnframt þessu er ríkisstj. og Union Carbide heimilt að krefjast þess að sérhverjum slíkum ágreiningi og kröfumáli verði vísað af aðilum málsins til ríkisstj. og Union Carbide með samkomulagi þeirra á milli. Ef ríkisstj. tekst ekki ásamt Union Carbide að leysa með samkomulagi einhvern ágreining eða kröfumál sem um getur skal málinu vísað til dómstóla sem mælt er um hér á eftir. „Ríkisstj. og Union Carbide samþykkja hér með", segir í samningnum, „að bæjarþing Reykjavíkur skuli eiga endanlega lögsögu" varðandi ágreining eða kröfur samkv. 1. mgr. þessarar gr. að áskildu málskoti til Hæstaréttar eftir því sem heimilt er að lögum. Járnblendifélagið og dótturfélög Union Carbide fallast á þessa lögsögu á sama hátt með samþykki sínu á samningi þessum. Union Carbide og dótturfélög Union Carbide skulu hvert um sig tilnefna skriflega forsvarsmann búsettan á Íslandi sem hafi fullt umboð til að taka við stefnu fyrir þeirra hönd fyrir dómstólum á Íslandi í hverju því máli sem skotið er til þeirra dómstóla í samræmi við 4. mgr. þessarar gr. og sérhver slík stefna skal talin nægilega til lykta leidd ef hún hefur verið birt þessum forsvarsmanni á þeim fresti er lög mæla fyrir um. Hvers konar mót af hálfu Union Carbide eða dótturfélagi Union Carbide fyrir íslenskum dómstólum skal vera og teljast sérstakt mót í þeim tilgangi sem þar er um að ræða og skal ekki valda því að Union Carbide eða dótturfélag Union Carbide verði annars háð íslenskri lögsögu.

Hér hefur verið vitnað í sérstakan kafla í samningnum sem gert er ráð fyrir að lögfesta varðandi deilumál sem upp kynnu að koma um tækniaðstoðina, um tækniafsalið og um umboðssölusamning. Og með tilliti til þess að í stjórn hlutafélagsins er meiri hl. íslendingar og málið verður rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sýnist ekki vera vafi á því að íslendingar geti náð rétti sínum ef Union Carbide eða dótturfélög þess, sem annast eiga sölu á framleiðslu verksmiðjunnar í Hvalfirði, sýna vanefndir á einhvern hátt.

Þá er það rekstur og hagnaður verksmiðjunnar, sem skiptir vitanlega miklu máli, afskriftir og skattar. Á bls. 16 í frv. má sjá hvernig gert er ráð fyrir að útkoman verði á verksmiðjunni á árunum 1978—1982, 1983—1987 og 1988—1993. Samkv. þessum útreikningum er hagnaður mikill og afskriftir miklar. Hreinn hagnaður 1978—1982 eru 3 milljarðar 34 millj. til jafnaðar á ári, á árunum 1983—1987 er hreinn hagnaður 4 milljarðar 639 millj. til jafnaðar á ári og á árunum 1988—1993 6 milljarðar 401 millj. til jafnaðar á ári. Af þessu má sjá að hlutur Íslands, 55%, er allmikill og gjaldeyrishagnaður af rekstri þessarar verksmiðju getur orðið yfir 2 milljarðar á ári til jafnaðar á samningstímanum með því gengi sem nú er um að ræða. Meðalarðsemi verksmiðjunnar er mikil eins og sjá má í frv. Það er gert ráð fyrir meðalarðsemi fjárfestingar fyrir skatta 17.4%, en þá er ekki tekið tillit til áhrifa sjóðsmyndunar og vaxtatekna á arðsemina. Áætlað er að sjóðseign fyrirtækisins verði rúmlega 47 millj. dala í árslok 1993. Sjóðsmyndunin byggist annars vegar á myndun varasjóðs samkv. hlutafjárlögum, en jafnframt er ógreiddur tekjuskattur og arður frá síðasta ári. Vaxtatekjur af sjóði eru áætlaðar 1080 þús. dalir á ári að meðaltali. Sambærileg meðalarðsemi var 10.3% í áætlun þeirri sem lá til grundvallar skýrslu n. í febr. s. l., þannig að hér er um verulega hækkun á meðalarðsemi að ræða sem liggur aðallega í því að söluverð framleiðslunnar hefur hækkað mikið frá því sem gert var ráð fyrir á s. l. vori.

Þjóðhagsstofnunin hefur látið frá sér fara umsögn um þessa verksmiðju og þjóðhagsstjóri, Jón Sigurðsson, kom á fund iðnn. Nd. og svaraði fsp. nm. Ég tel ástæðu til að fara hér nokkrum orðum um það sem helst kemur fram í umsögn Þjóðhagsstofnunarinnar.

Þjóðhagsstofnun fékk frv. til umsagnar og var beðin um að meta forsendur þeirra rekstraráætlana sem gerðar hafa verið fyrir járnblendiverksmiðjuna af starfsmönnum n. í samráði við Union Carbide. Þeir voru einnig beðnir um að meta þjóðhagsleg áhrif af rekstri fyrirtækisins umfram það sem þegar hefur komið fram í grg. viðræðunefndar um orkufrekan iðnað. Þannig er skýrt komið fram hverja þjóðhagslega þýðingu fyrirhugað fyrirtæki hefur. Þjóðhagsstofnun var send öll tiltæk gögn til þess að hún gæti gert ítarlega athugun á málinu. Þjóðhagsstofnun hefur fjallað um rekstrartekjur og sérstaklega söluverð það sem reiknað er með. Þjóðhagsstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að verksmiðjan sé arðberandi og hefur litið við þær áætlanir að athuga sem gerðar hafa verið og hún hefur fengið til umsagnar. Þjóðhagsstofnunin fjallaði einnig um markaðshorfur og getið er um að meginmarkaðssvæðið sé Evrópa, sérstaklega Bretland. Þar hafi fyrirtækið Union Carbide Corporation mikil ítök eða töluverða sölu og selji um 20% af því sem selt er á þeim markaði, einkum til British Steel Corporation. Einnig er um það getið að það fyrirtæki hafi tjáð sig hafa áhuga á því að gera fastan samning um kaup héðan og er getið um það hér að ekki sé ólíklegt að til greina gæti komið að gera fastan samning við það fyrirtæki til langs tíma. Þjóðhagsstofnunin gerði einnig samanburð á þjóðhagsstærðum eða þjóðhagsgildi þessa iðnaðar sem getur orðið mjög mikið.

Þjóðhagsstofnunin gerði samanburð á vinnsluvirði þessarar verksmiðju, álbræðslunnar og sjávarútvegs. Hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu yrði í þessari verksmiðju um 1.1%, álbræðslunni 2.1%, en sjávarútvegi um 12.3%. En sjávarútvegur er stærsti aðilinn í okkar atvinnumálum. Vinnsluvirði sem hlutfall af heildartekjum er 54% hjá járnblendiverksmiðjunni, 38% hjá álverksmiðjunni, en um 60—65% hjá sjávarútvegi. Vinnsluvirði á mannár er um 12.4 millj. kr. í þessari verksmiðju, 4.5 millj. í álverksmiðjunni en 1.4 millj. í sjávarútvegi, þannig að vinnsluvirði í járnblendiverksmiðjunni á mann er ákaflega mikið fyrir hverja stund sem unnin er vegna tækni og sjálfvirkni í þessari verksmiðju umfram það sem er yfirleitt í öðrum verksmiðjum. Þjóðhagsstofnunin lætur þess getið að erfitt sé að gera nákvæman samanburð á áætlun þeirri, sem fyrir liggur um járnblendiverksmiðjuna, við

eru sveiflum, hefur verð á ferrosilikoni einnig verið breytilegt. Síðan 1970 hefur verðið þó verið á uppleið og árið 1973 og það sem af er árinu 1974 hefur verðið hækkað mikið, enda hefur verið skortur á ferrosilikoni í heiminum, en þó alveg sérstaklega á Vesturlöndum. Verð það, sem miðað er við í arðútreikningum verksmiðjunnar, er um 500 dollarar á tonn. Þetta verð er allmiklu hærra en það hefur áður verið en talið er að það muni ekki lækka aftur þar sem framleiðslukostnaður er orðinn svo háður orkuverði, en auk hans munu miklar mengunarvarnir stórhækka allan kostnað í eldri verksmiðjum. Union Carbide hefur verið brautryðjandi í því að gera markaðinn stöðugri og öruggari með því að veita meiri tækni og þjónustu í sölukerfi en aðrir framleiðendur. Það er enginn vafi á því að ekkert fyrirtæki í heiminum er jafnsterkt á öllum sviðum járnblendiframleiðslu og sölu á því. Þess vegna er samvinna við fyrirtækið mikilvæg trygging fyrir því að öruggur markaður fáist fyrir það ferrósilikon sem hér er framleitt.

Í frv. um sölusamning er gert ráð fyrir því að dótturfyrirtæki Union Carbide í Evrópu taki að sér einkaumboð á sölu á framleiðslu verksmiðjunnar gegn stighækkandi sölulaunum svo sem hér segir: Fyrstu 10 þús. tonn framleiðslunnar 3% sölulaun, næstu 10 þús. tonn 3.5% sölulaun, næstu 10 þús. tonn 4% sölulaun, og það sem er umfram 30 þús. tonn 5% sölulaun. Þetta gerir 3.9% söluþóknun til jafnaðar ef öll ársframleiðslan, 47—50 þús. tonn, er seld. En afkoma verksmiðjunnar er vitanlega undir því komin að öll framleiðslan seljist. Söluþóknun miðast við fob.-verð í íslenskri höfn að undanskilinni sölu á kurluðum salla sem engin umboðslaun eru greidd af, en það eru u. þ. b. 4000 tonn á ári. Að sjálfsögðu lækkar það söluþóknunina til jafnaðar á allri framleiðslunni á ári ef þessi 4 þús. tonn væru tekin með í reikninginn. Í samningsdrögunum frá s. l. vori var gert ráð fyrir að söluþóknun væri 3%, en fallist var á þessa hækkun nú með tilliti til þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á kostnaði erlendis, og með tilliti til þess að Union Carbide hefur yfirleitt 5% sölulaun frá öðrum verksmiðjum með sams konar framleiðslu. Það, sem ætlað er að greiða í söluþóknun af framleiðslu verksmiðjunnar, er þess vegna langt fyrir neðan það sem gerist erlendis. Það er mikils virði að Union Carbide hefur á undanförnum 20 árum byggt upp mjög öflugt sölukerfi sem einkum byggist á því að veita viðskiptavinum sem mesta þjónustu bæði í gæðum og tæknilegri þjónustu. Þetta sérhæfða sölukerfi tryggir mjög öruggan markað og að jafnaði hærra verð en fæst á hinum almenna markaði. Afkoma verksmiðjunnar byggist á því að öll framleiðsla verksmiðjunnar seljist á háu verði, og Union Carbide hefur heitið því að gera allt sem í þess valdi stendur til þess að uppfylla kröfur verksmiðjunnar að þessu leyti og sjá hag hennar borgið. Þar sem eignahluti Union Carbide er u. þ. b. helmingur í verksmiðjunni ætti það að vera söluaðilanum, Union Carbide, hvatning til að láta vel takast með sölu á allri framleiðslu verksmiðjunnar í Hvalfirði og tryggja afkomu hennar sem best.

Með tilliti til þess hagræðis sem fengist hefur á öðrum liðum samninganna er vel afsakanlegt þótt þessi söluþóknun hafi hækkað frá því sem var gert ráð fyrir áður, t. d. á meðan rafmagnsverðið var eins lágt og gert var ráð fyrir. Mætti jafnvel segja að annað gæti verið hættulegt fyrir þessa verksmiðju ef sölutregða yrði á framleiðslunni. Þegar allar aðrar verksmiðjur með þessa framleiðslu borga 5% gæti verið að það yrði selt í seinna lagi frá þeirri verksmiðju sem lægst sölulaun borgar.

Þá er það tækniafsalið og tækniþjónustan og er rétt að fara nokkrum orðum um það. Það hefur einnig verið á það minnst og allmikið um það rætt að gert er ráð fyrir að borga nokkru meira fyrir tækniafsalið nú heldur en gert var ráð fyrir á s. l. ári. Verksmiðjan fær afsal á tæknikunnáttu frá Union Carbide og greiðir 3.2 millj. dollara í formi hlutabréfa í eitt skipti fyrir öll fyrir tæknikunnáttuna. Með þeim samningi á að vera þannig um hnútana búið að verksmiðjan verði eins vel úr garði gerð og unnt er og jafnframt að allar nýjungar og endurbætur í þessum iðnaði komi verksmiðjunni strax til góða. Með tilliti til stöðu Union Carbide má ætla að verksmiðjan muni ætíð búa við þá bestu tækni sem völ er á í heiminum.

Union Carbide rekur umfangsmikla rannsóknastofu og er stöðugt að gera tækninýjungar og breytingar til batnaðar á rekstri þess konar verksmiðju. Sama máli gegnir um mengunarvarnir og aukna sjálfvirkni í rekstrinum. Gert er ráð fyrir að fyrir tækniafsalið sé nú greitt í eitt skipti fyrir öll 900 þús. dollurum hærri upphæð heldur en gert var ráð fyrir á s. l. vori. Menn geta spurt hvers vegna það sé gert. Meginástæður fyrir því eru þær að sú tækni, sem nú er boðin, er miklu meira virði heldur en sú tækniþekking sem boðin var fyrri hluta árs 1974. Í frv. því, sem áður hefur verið minnst á, var tækniþekkingin metin á 8.3% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar. Samkv. því frv., sem nú liggur fyrir, og samningi um afsal tæknistofnunar er tækniþekkingin aðeins 3% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar. Með samningi við verksmiðjuna er gert ráð fyrir því að hún hafi aðgang að þeirri þekkingu sem Union Carbide hefur aflað sér og mun afla sér á rannsóknastofum fyrirtækisins, þar sem stöðugt er unnið að tækninýjungum og framförum. Það er þess vegna ekki verið að kaupa þá þekkingu, sem nú er fyrir hendi, heldur einnig þá þekkingu sem Union Carbide aflar sér í þessari framleiðslugrein í framtíðinni.

Gert er ráð fyrir því að upp kunni að rísa deilumál á milli eignaraðilanna út af tækniaðstoðarsamningi við Union Carbide, t. d. vegna tæknikunnáttuafsalsins og einnig vegna umboðssölusamningsins á meðan þau eru í gildi og ágreiningur um kröfumál gæti risið af einhverjum ástæðum í sambandi við þessa samninga. Ef til þess kemur er gert ráð fyrir því að viðkomandi aðilar í þessum samningum, sem ágreiningur eða kröfur hafa risið út af, freisti þess að leysa málið án tafar með samkomulagi sín á milli. Ef aðilum að ágreiningi eða kröfumáli, sem um getur samkv. því sem hér er sagt, mistekst af einhverjum ástæðum að leysa málið

samningur orðið til þess að hækka orkuverð til almennings. Ég aðeins vek athygli á þessu. En það er áreiðanlegt að þeir, sem fjölluðu um þessi mál á s. l. vetri eða vori, ætluðu sér ekki að ganga þannig frá samningnum að þeir mundu íþyngja Landsvirkjun eins og við sjáum nú að hefði orðið ef frv. hefði verið samþ. í þeirri mynd sem það þá var.

Ég sé ástæðu til að minna hér á nokkrar fullyrðingar hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar sem koma fram í nál. hans á þskj. 449. Hv. þm. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæða er til þess að vekja athygli á því að þeir, sem greiða atkv. með frv. um kísiljárnverksmiðju, eru ekki að fjalla um einangruð vandamál, heldur eru þeir jafnframt að taka ákvarðanir um önnur stórmál. Þeir eru að dæma orkuskort yfir stóra landshluta um alllangt árabil. Þeir eru að dæma óþörf olíukaup yfir þjóðarheildina og þungbæran hitunarkostnað yfir hluta þjóðarinnar. Þeir eru að ákveða að mesta meiri háttar vatnsaflsvirkjun á Íslandi verði við Hrauneyjarfoss í Tungnaá, en ekki í öðrum landshlutum."

Ég verð nú að segja að það er leiðinlegt að þurfa að lesa þetta upp eftir mætan hv. þm., og ég held að það sé best að afsaka þm. með því að hann hafi skrifað þessar setningar í hita dagsins. Allir hv. þm. vita að þótt orka verði seld til járnblendiverksmiðjunnar frá Sigöldu, þá er ekki verið að dæma orkuskort yfir þjóðina með því. Allir hv. þm. vita og hv. þm. Magnús Kjartansson einnig að þótt þetta frv. verði samþ., þá er ekki verið að stuðla að því að viðhalda miklum olíuinnflutningi umfram það sem annars þyrfti þótt þetta frv. væri ekki samþ. Við höfum fengið upplýsingar bæði í iðnn. Nd. og á öðrum vettvangi um það hvernig okkar orkumálum verður háttað næstu árin. Það verður lokið við Sigöldu á árinu 1976, í síðasta lagi 1977. Undirbúningur að Kröfluvirkjun er vel á veg kominn og vonir standa til að þeirri virkjun verði lokið 1976. Við höfum orð orkumálastjóra fyrir því, bæði í iðnn. og í útvarpi og á öðrum vettvangi, að þótt járnblendiverksmiðjan fái rafmagn eins og áætlað er verði nægileg orka til ársins 1980 a. m. k. þótt ekkert væri virkjað á þeim tíma annað en Sigölduvirkjun og Krafla. Nú segir hv. þm. Magnús Kjartansson: Ef járnblendiverksmiðjan fær rafmagn, þá höfum við ekki nægilegt til húshitunar. Við þurfum að gera allt sem við getum til þess að nota innlenda orkugjafa til húshitunar. Þar erum við sammála, ég og hv. þm. Magnús Kjartansson. Við erum sammála um að gera allt sem unnt er til þess að flýta því að húsin verði hituð upp með jarðvarma eða raforku og að olíukyndingu verði hætt eins fljótt og kostur er. Um þetta er engin deila okkar í milli. En Magnús Kjartansson hv. þm. heldur því fram að með því að láta járnblendiverksmiðjuna fá rafmagn, þá muni ekki verða til rafmagn til húshitunar eins og hægt væri að nota á þessum tíma. Við fengum til viðræðna í iðnn. verkfræðinga frá Landsvirkjun og frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Í nefndinni var lögð fram skýrsla og útreikningar bæði frá Landsvirkjun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, sem sýndu það að þótt allt væri gert sem í mannlegu valdi stendur, fjármagn væri fyrir hendi og nægur vilji, þá yrði samt nægileg orka til 1980 til húshitunar og til allra almenningsnota þótt járnblendiverksmiðjan fái orku. Það er þess vegna rangt sem hv. þm. segir í nál. að þeir, sem samþykkja þetta frv., séu að kalla orkuskort yfir þjóðina. Það er leiðinlegt að þessi hv. þm. skuli viðhafa þessi orð á þskj. hér í hv. Alþ. Ég tel að hv. þm. sýni Alþ. og alþm. óvirðingu með því að koma með slíkar fullyrðingar á þskj. sem stangast algerlega á við allar þær skýrslur sem sérfræðingar okkar hafa lagt fram um þetta mál. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. En ef það á að verða orkuskortur 1980 eftir að unnið hefur verið að því að kynda húsin með raforku og jarðvarma og eftir að járnblendiverksmiðjan hefur fengið þá orku sem ætlast er til þá gæti það ekki orðið nema með því móti að við hættum að virkja, að við hættum að hafast nokkuð að, fullgera Kröfluvirkjun og Sigöldu og halda svo að sér höndum. Er það þetta sem hv. þm. vill? Það verður ekki orkuskortur 1981 eða eftir 1980 nema við hættum að virkja.

Það gæti að vísu komið sú ríkisstj. í landinu, úrræðalaus og þröngsýn, sem leiddi orkuskort yfir þjóðina ef hún hættir að virkja. En nú er unnið að virkjunarmálum og það er áreiðanlega ekki stefna núv. hæstv. ríkisstj. að hætta að virkja þegar Kröfluvirkjun og Sigölduvirkjun er lokið. Það er áreiðanlega meining núv. hæstv. ríkisstj. að halda áfram að beisla orku, bæði jarðvarmann og fallvötnin, að halda áfram að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og setja á stofn fyrirtæki sem gefa arð í þjóðarbúið og tryggja atvinnu fyrir alla. Ég hafði haldið að hv. þm. Magnús Kjartansson væri mér sammála um þetta. Þess vegna geri ég mér vonir um að hann afturkalli það, sem stendur í þskj., að verið sé að kalla orkuskort yfir þjóðina með því að láta járnblendiverksmiðjuna fá nokkuð af orkunni frá Sigöldu.

Ég hef hér með mér skrifaðar skýrslur frá Landsvirkjun og frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um rafmagnsmálin, en ég ætla að sleppa því að þessu sinni að lesa þær upp, sérstaklega vegna þess að hv. alþm. hafa heyrt svo margt um þetta, bæði beint og óbeint, og síðast en ekki síst ótvíræð ummæli orkumálastjóra í útvarpinu um að það yrði ekki orkuskortur 1980 nema ekkert væri unnið að virkjunarmálum umfram það sem nú er að komast í gagnið.

Eitt er það sem hefur verið gagnrýnt af hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, það er sölusamningurinn sem liggur fyrir og lýst hefur verið. Sölulaun til Union Carbide hafa verið hækkuð samkv. þeim samningsdrögum, sem nú liggja fyrir, frá því sem gert var ráð fyrir á s. l. vori. Það er rétt að gera nokkra grein fyrir því hvers vegna þetta hefur hækkað. Það liggja ekki tölur fyrir um það hversu mikið er framleitt af ferrósílíkoni og selt í heiminum en talið er að 1972 hafi það verið um 3 millj. tonna og nokkuð hafi það aukist síðan. Gert er ráð fyrir að markaður í Vestur-Evrópu, sem einkum er ráðgert að selja til, verði um 540 þús. tonn árið 1977 sem gæti orðið fyrsta starfsár verksmiðjunnar í Hvalfirði. Í samræmi við aðra hráefnismarkaði, sem háðir

minna á að rafmagnsverð til verksmiðjunnar hefur hækkað mjög mikið frá því sem gert var ráð fyrir í fyrra frv. Tel ég ástæðu til að rifja það nokkuð upp. Eins og þetta er nú í frv. er gert ráð fyrir að á 1. og 2. ári verði forgangsorkan 9.5 mill og afgangsorkan 0.5 mill, á 3. og 4. starfsári bræðslunnar verður forgangsorkan 10 mill, en afgangsorkan 1.4 mill, meðalverð 5.7 mill, á 5. og 6. starfsári bræðslunnar 10 mill fyrir forgangsorku, afgangsorka 1.9 mill, meðalverð 5.9 mill, á 7. og 8. starfsári bræðslunnar 10 mill forgangsorkan, 2.4 mill afgangsorkan, meðalverð 6.2 mill. Þegar talað er um verð á orkunni ber að hafa í huga ákvæði í samningnum um endurskoðun orkuverðs eftir tilsettan tíma ef breyting verður á verðlagi.

Það verð, sem hér hefur verið nefnt, er verulega hærra, eins og áðan sagði, heldur en talað var um á s. l. vori og talið fullnægjandi þá. Ein helsta ástæða þess að verð á raforku til málmblendiverksmiðjunnar verður að vera hærra nú en gert var ráð fyrir á s. l. vori er sú, að nú liggur fyrir að verksmiðjan muni taka til starfa hálfu öðru ári seinna en gert var ráð fyrir, eða í lok árs 1977 í stað miðs árs 1976 eins og áður var fyrirhugað. Þetta veldur hálfs annars árs sölutapi til verksmiðjunnar. Þá er þess einnig að geta að byggingarkostnaður Sigöldu ásamt háspennulínubyggingum er áætlaður hærri nú en áður. Og síðast, en ekki síst, er nú reiknað með hærri vöxtum á lánum en áður. Þetta orkuverð er þó hlutfallslega miklu hærra en það sem áður var samið um, ekki síst þegar haft er í huga að byggingarkostnaður Sigölduvirkjunar og vaxtagreiðslur hefðu orðið eins og nú er gert ráð fyrir þótt rafmagnsverðið hefði verið eins og ráðgert var á s. l. vori. Við hefðum setið uppi með lágt raforkuverð en hækkaðan byggingarkostnað eins og raun ber vitni ef frv. hefði verið lögfest á s. l. vori eins og það lá fyrir þá og eins og talið var þá viðunanlegt. Einnig kemur til að nú hefur hlutfallinu milli afgangsorku og forgangsorku verið breytt til hagræðis fyrir Landsvirkjun.

Verkfræðideild Landsvirkjunar hefur gert ýmsa útreikninga á því hvernig útkoma fyrirtækisins verður miðað við það orkuverð sem sett er fram, og eru niðurstöður þeirra greindar hér á eftir. Hægt er að skilgreina lágmarksverð, sem krafist er í lögum um Landsvirkjun, þannig að það sé verð sem setja verður á orku til ákveðins notanda til þess að orkusala til hans borgi einungis kostnaðinn við fjárfestingarfyrninguna við orkukerfi Landsvirkjunar, sem orsakast af þeim aukna markaði sem notandinn skapar. Ef samið væri um slíkt orkuverð mundi Landsvirkjun hvorki tapa né græða á orkusölunni: En þá væri ekkert svigrúm til að mæta hugsanlegum neikvæðum áhrifum á breytingum á grunnforsendum sem inn í dæmið ganga. Verkfræðideild hefur reiknað lágmarksverð til málmblendiverksmiðjunnar út á þann hátt með þeim áætlunum um stofnkostnað virkjana við Sigöldu og Hrauneyjarfoss ásamt tilheyrandi háspennuvirkjum sem nú liggja fyrir. Lágmarksverðið er langt fyrir neðan það verð sem gert er ráð fyrir í samningum þeim sem hér eru til umr. um orkuverð, og er því hagnaður af sölunni mjög mikill þegar að því er gætt. Þá hefur verkfræðideild reiknað út svokallað kostnaðarverð á raforku frá Sigöldu og Hrauneyjarfossi. Kostnaðarverð er 4.95 mills kwst., meðalverð, og er gert ráð fyrir að kostnaðarverð afgangsorkunnar sé 0.5 mill kwst. Ef þetta verð er borið saman við það verð, sem lýst var hér áður, kemur í ljós að söluverðið samkv. samningnum er miklu hærra en það sem sýnir raunverulegan kostnað.

Þegar rætt er um orkuverðshækkunina frá fyrri samningsdrögum er oft talað um 35% hækkun, úr 4.2 mill frá s. l. vori í 5.7 mill kwst., meðalverð fyrstu 8 áranna. En þetta er ekki réttur samanburður. Það er nauðsynlegt að geta þess að í samningum þeim, sem nú er um að ræða hefur magn forgangsorku verið minnkað úr 264 gwst. í 244 gwst. á ári en afgangsorkan aukin. Er þetta því orka sem Landsvirkjun hefur til ráðstöfunar á hverju ári, 20 gwst., þegar Sigalda er fullnýtt. Verði hún fullnýtt á þremur árum er þessi orka seljanleg í 17 ár af samningstímanum og sé reiknað með einingarverði 10 mill kwst., eins og er gert í samningi þeim um orkusölu sem um er að ræða, gefur þessi orkusala Landsvirkjun 170 þús. dali á ári til jafnaðar. Samkv. samningum, sem fyrir lágu á s. l. vori, hefði Landsvirkjun fengið fyrir orkusölu 1 970 448 dali á ári. Samkv. nýrri drögunum verða það 2 911 650 dalir. Sé við þetta bætt 170 þús. dölum fær Landsvirkjun 3 081 650 dali á ári fyrir sama forgangsorkumagn og áður eða 56.3% meira en gert var ráð fyrir í samningsdrögunum frá s. l. vori. Sé hins vegar reiknað með sama heildarorkumagni í báðum tilvikum verður hækkunin 42.7%. Það er mikill tekjuauki fyrir Landsvirkjun að afgangsorkan hefur verið aukin, og hækka tekjur Landsvirkjunar mikið við það að hafa til ráðstöfunar 20 gwst. á ári sem járnblendiverksmiðjan hefði fengið samkv. fyrri samningsdrögum með óbreyttum hlutföllum á milli forgangsorku og afgangsorku. Miðað við þá samninga, sem hér er um að ræða, er reiknað með að orkuverð til almennings fyrstu árin verði 15% lægra sökum þess að Landsvirkjun selur raforku til járnblendiverksmiðjunnar og er þó reiknað með virkjunarframkvæmdum sem verður að gera ráð fyrir vegna þeirrar sölu sem fer til járnblendiverksmiðjunnar. Samkv. þeim samningum, sem gerðir voru í tíð hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, hefði verð til almennings ekki lækkað við sölu til járnblendiverksmiðjunnar eins og nú er gert ráð fyrir þar sem áður var miðað við einungis kostnaðarverð og hlutfall á milli forgangsorku og afgangsorku var óhagstætt. Og enn ber að vekja athygli á því að byggingarkostnaður Sigölduvirkjunar og vaxtakostnaður hefði ekki verið lægri en nú er gert ráð fyrir og raun ber vitni þótt frv. hefði verið lögfest á s. l. vori með rafmagnsverði sem var að meðaltali 4.2 mill. Ef frv. hefði verið lögfest á s. l. vori með þessu rafmagnsverði, en Landsvirkjun hefði eigi að síður orðið að taka á sig allar hækkanir á byggingarkostnaði og vaxtahækkanir, þá hefði útkoman vitanlega orðið mjög slæm fyrir Landsvirkjun og þá hefði þessi samningur ekki orðið til þess að lækka orkuverð til almennings eins og nú er gert ráð fyrir um 15%, heldur hefði sá

sagði, talaði af misskilningi því að íslendingar leggja ekki fram nema þessar 1 980 millj. kr. Það eru 55% af hlutafénu. Þessa fjár verður að afla og er gert ráð fyrir að á árinu 1975 þurfi 297 millj. kr., 1976 990 millj. kr., 1977 653 millj. kr. og 1978 40 millj. kr. Þetta fjármagn verður tekið að láni. Það er þó vitanlega undir Alþ. komið hvort það vill leggja eitthvað fram sérstaklega á fjárl., en það hefur ekki verið rætt. Verði ekki lagt fram á fjárl. fjármagn til þessa máls verður að taka það að láni. En það er gert ráð fyrir að hlutafélagið afli þessa fjár án ríkisábyrgðar og einnig rekstrarfjárins og þess fjámagns sem þarf í stofnkostnaðinn að auki. Það er ekki gert ráð fyrir því að ríkið þurfi að ganga í ábyrgð fyrir þessa verksmiðju. Og það er gert ráð fyrir því að hagnaður verksmiðjunnar verði a. m. k. það mikill að hún geti staðið undir vöxtum og afborgunum og reyndar gert ráð fyrir meiru samkv. útreikningnum um rekstrarafkomu verksmiðjunnar. Ég tel rétt að taka þetta fram vegna þess að við 1. umr. hér í hv. d. mátti skilja a. m. k. einn ræðumanninn þannig að það væri nú verið að ráðast í svo fjárfrekt fyrirtæki að líklegt væri að það gæti spillt fyrir fjárútvegun til annarra og nauðsynlegri hluta en þessarar verksmiðju. Ég hygg að þegar menn gera sér grein fyrir því að verksmiðjan tekur fjármagnið að láni án ríkisábyrgðar og að ekki er gert ráð fyrir að leggja fram strax nema part hlutafjárins, nokkur hundruð millj., þá sjái menn að hér hefur verið dregin grýla upp á vegginn hvað það snertir að fjármögnun til annarra hluta spillist við þetta.

Samkv. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að kaupa land á Grundartanga og hefur það verið gert, 80 hektarar lands, og kaupsamningur hefur verið um það gerður. Þá hefur einnig verið gert ráð fyrir að gera höfn við Grundartanga og er sá undirbúningur langt kominn. Gert er ráð fyrir að höfnin verði byggð samkv. hafnal. þannig að heimamenn eigi 25%, en ríkissjóður kosti 75% af hafnargerðinni. Hafnarframkvæmdin er tiltölulega ódýr vegna þess að hafnaraðstaða á Grundartanga er sérstaklega góð. Sveitarfélögin í nágrenni við höfnina munu sameinast um eignarhlutann, 25% af höfninni.

Því hefur stundum verið haldið fram að höfnin geti orðið þungur baggi á ríkissjóði og að þessi hafnarframkvæmd geti orðið til þess að draga verði úr hafnarframkvæmdum annars staðar á landinu. Iðnn. Nd. ræddi þetta mál við hæstv. samgrh. og ráðuneytisstjórann í samgrn. og lofaði hæstv. ráðh. að gefa yfirlýsingu um að kostnaður við þessa höfn yrði ekki til þess að draga úr framkvæmdum annars staðar á landinu. Ég hef hér í höndum lauslegt yfirlit yfir væntanlegar tekjur og gjöld Grundartangahafnar. Það er gert ráð fyrir að tekjurnar geti orðið 19.1 millj. kr. á ári þegar verksmiðjan er komin í gang. Það er gert ráð fyrir að hráefni til verksmiðjunnar verði um 150 þús. tonn á ári og framleiðslan frá verksmiðjunni um 50 þús. tonn, 200 þús. tonn fari um höfnina árlega í sambandi við verksmiðjureksturinn, og sé reiknað með hafnargjöldum eins og hér í Reykjavík gefur það 19.1 millj. í tekjur á ári. Nú er gert ráð fyrir því (**Gripið fram í:** 19 milljarðar.) 19 milljarðar? Nei, nei 19.1 millj. kr., tekjur hafnarinnar, vitanlega bruttótekjur. Það er hins vegar gert ráð fyrir því að höfnin geti fengið tekjur annars staðar frá þannig að það verði aðrir aðilar, sem nota höfnina, heldur en verksmiðjan. En um það er ekki tímabært að fullyrða, að ég tel, þótt samgrh. hafi haldið því fram að borgfirðingar muni strax á fyrstu árum nota þessa höfn og vörur, sem fara til Borgarnes, muni fara um þessa höfn frekar en skipin sigli upp Borgarfjörð til Borgarness. Hæstv. ráðh. er kunnugri þessu en ég, en hann hélt því fram að höfnin á Grundartanga mundi fljótt fá öruggar tekjur frá borgfirðingum til viðbótar því sem verksmiðjan gefur. En gjöld hafnarinnar eru lauslega áætluð. Stofnkostnaðurinn er áætlaður um 500 millj. kr. miðað við verðlag eins og það er nú. Af þeirri fjárhæð er, eins og áður sagði, 75% óafturkræft ríkisframlag, en 25% eða 125 millj. kr. framlag heimaaðila. Gert er ráð fyrir að allt framkvæmdafé verði í formi erlends lánsfjár. Miðað við 15 ára endurgreiðslutíma þess og þrjá möguleika í vaxtagreiðslum, 8, 9, eða 10% vexti, yrði ársgreiðsla, annuitet, af framlagi heimaaðila þessi: Miðað við 8% vexti 14 millj. 604 þús. kr., miðað við 9% vexti 15 millj. 507 þús. kr., miðað við 10% vexti 16 millj. 434 þús. kr. Ef tekjur eru áætlaðar 19.1 millj. kr., eins og áður greinir, yrði tekjuafgangur til almenns rekstrar hafnarinnar á bilinu 2.7—4.5 millj. kr. Ógerlegt er talið að áætla með nokkurri nákvæmni hve önnur rekstrargjöld hafnarinnar yrðu mikil, en benda má á eftirtalda kostnaðarliði: laun hafnarstjóra eða bryggjuvarðar, rafmagn, tryggingar, húsaleiga og hitun vegna aðaðstöðu fyrir starfsmann og svo síðast en ekki síst nauðsynlegt viðhald hafnarmannvirkja. Samkv. ofangreindu verður að teljast mjög líklegt að höfnin yrði rekin með einhverjum halla fyrst í stað, þótt sleppt sé að reikna verði af ríkisframlaginu.

Þá er einnig samkv. 3. gr. frv. gert ráð fyrir því að leggja verði veg að hafnarstæðinu og raflínu til fyrirhugaðrar verksmiðju. Það kostar vitanlega eitthvert fjármagn, en ekki neitt í líkingu við það sem höfnin kostar.

Þá er gert ráð fyrir því að það verði 7 manna stjórn í verksmiðjunni, 4 fyrir Ísland og 3 fyrir Union Carbide, og gert er ráð fyrir að stjórnin verði kosin á aðalfundi félagsins. Ég sé að hv. þm. Bragi Sigurjónsson hefur flutt brtt. þar sem gert er ráð fyrir að stjórnin verði kosin af Alþ. Það er vitanlega matsatriði hvor kosturinn er valinn en hv. Ed. afgreiddi frv. frá sér með þeim hætti að gera ráð fyrir stjórnarkjörinu á aðalfundi og tel ég eðlilegt að halda sig við frv. eins og það er. Hins vegar er alltaf hægt að breyta þessu hvenær sem Alþ. vill. Vitanlega er meðeignaraðilanum sama hvort fulltrúar Íslands eru kosnir af Alþ. eða með öðrum hætti. En ég tel heppilegast að halda sig við frv. eins og það er, en menn ættu þá hægara með að sætta sig við það þegar möguleiki er fyrir hendi að breyta þessu ef menn vilja að fenginni reynslu.

Frv. þetta, eins og það nú er, er á margan hátt aðgengilegra en það frv. sem varð til í febr. 1974 og nokkuð var rætt um í mars og aprílmánuði, bæði hér innan þingveggja, en þó sérstaklega utan þeirra. Sérstaklega er ástæða til að

nú er gert. Það hefur verið talað um að stækka þá verksmiðju og tel ég að það geti vel komið til greina og geti verið hagstætt að gera það. Það hefur einnig verið talað um að byggja nýja áburðarverksmiðju og framleiða áburð til útflutnings og virkja jafnvel beinlínis til þess. En þá verður ekki hjá því komist að vekja athygli á að hér á landi er ekkert efni til eða lítið til áburðarframleiðslu annað en það sem unnið er úr loftinu, þ. e. köfnunarefni. Til þess að framleiða ammoníak hér þarf ódýra orku og áburðarverksmiðjan í Gufunesi fær orkuna með sama verði og álverksmiðjan í Straumsvík. En sá er munur á að álverksmiðjan í Straumsvík greiðir framleiðslugjald sem er meira árlega heldur en orkuverðinu nemur, en áburðarverksmiðjan greiðir að sjálfsögðu ekkert framleiðslugjald og býr þess vegna við langtum betri kjör en nokkur annar orkukaupandi í landinu. Nú er svo komið að norðmenn, sem framleitt hafa mikið af ammoníaki, telja að rafmagnið sé of dýrt til þeirrar framleiðslu. Þess vegna hugsa þeir sér að framleiða eftirleiðis ammoníak með jarðgasi sem er 2/3 eða a. m. k. helmingi ódýrara en rafmagn. Af því leiðir að við mundum ekki geta keppt á heimsmarkaði með ammoníakframleiðslu eða köfnunarefnisáburð með því að nota rafmagn frá íslenskum virkjunum þótt hagstæðar séu. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á þessu vegna þess að það hefur jafnvel verið gefið í skyn að við gætum byggt áburðarverksmiðju í stað annarrar framleiðslu, svo sem járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Ég tel sjálfsagt að haldið verði áfram að virkja, að nýta innlenda orkugjafa, bæði jarðvarmann og fallvötnin, ekki aðeins til þess að koma upp stóriðju í landinu, heldur einnig og ekki síður að efla annan iðnað og til þess að nota innlenda orkugjafa til húsahitunar og reyna með því að spara olíu sem nú er mjög dýr og tekur mikið af okkar verðmæta gjaldeyri. Við gætum vitanlega sagt að áður en þessar verksmiðjur, sem ég áðan taldi upp, komu til hafi hér í landi verið stóriðja. Það má segja að fiskveiðar með afkastamiklum fiskiskipum séu stóriðja, og það má einnig segja að fiskiðjuverin í landi flokkist undir þetta. Vissulega ber að halda áfram að efla sjávarútveginn, landbúnaðinn og smærri iðnað. En við getum ekki komist hjá því að breikka grundvöllinn undir atvinulífinu og fjölga þeim stoðum sem standa undir þjóðfélagsbyggingunni. Það gerum við einnig með því að efla stóriðju og koma upp ýmiss konar verksmiðjum sem kaupa orku sem við beislum og gefa arð í þjóðarbúið.

Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði mun verða ein af þessum stoðum og gefa í erlendum gjaldeyri allt að 2 milljörðum á ári í okkar hlut.

Frv. það, sem hér er um að ræða, er að mörgu leyti líkt frv. sem til var á s. l. ári í febrúarmánuði og nokkuð var rætt hér í þingsölunum þótt það hafi ekki þá verið lagt fram. Fyrrv. iðnrh., Magnús Kjartansson, lýsti því í umr. þá að hann teldi að það frv. væri hagstætt og ég skildi ekki betur en svo að hann væri því fylgjandi að lögfesta það frv. Á meðan hann var iðnrh. var að því unnið að gera samkomulag við Union Carbide, fyrirtæki í Bandaríkjunum sem er mjög sterkt fjárhagslega og rekur verksmiðjur í mörgum löndum. En það var í byrjun árs 1971 sem viðræðunefnd um orkufrekan iðnað fór að leita eftir samkomulagi og samningum við stóriðjufyrirtæki sem gæti tekið upp samvinnu við okkur Íslendinga þar sem þá var ekki síður en nú áhugi fyrir því að beisla fallvötnin og nýta þá orku sem lengst af er óbeisluð hér í landinu.

Fyrrv. iðnrh., Magnús Kjartansson, lagði áherslu á það að við Íslendingar ættum meiri hl. í þessu fyrirtæki og hefur margsinnis lýst því yfir að hann vildi ekki taka upp samninga um stóriðju við erlend fyrirtæki nema Íslendingar ættu meiri hl. Ég tel að það sé sjálfsagt að hafa í huga hverju sinni hvað heppilegast er í þessu efni. En ég tel að það þurfi alls ekki að vera algild regla að við Íslendingar eigum meiri hl. í fyrirtækjum eins og þessu. Það er allt undir því komið hvernig samningar takast. Ég tel sjálfsagt að Íslendingar eigi virkjanirnar, en ég get vel hugsað mér að það verði samið eftirleiðis eftir kringumstæðum um að erlent fyrirtæki fái leyfi til þess að setja hér upp framleiðsluverksmiðju sem kaupi orku úr íslensku orkuveri. Það er vel hægt að hugsa sér það, en Íslendingar gætu hins vegar smátt og smátt orðið eigendur að slíkum iðjuverum með því að láta hluta af sköttum og gjöldum, sem þessar verksmiðjur greiða, renna til þess að auka eignarhluta okkar í verksmiðjunni og að tilskildum tíma liðnum gætum við þá orðið eigendur að öllu fyrirtækinu. Það er þess vegna alls ekki víst að það sé best fyrir Íslendinga að eiga frá byrjun meiri hl. í slíkri verksmiðju. Það er mín sannfæring að það sé unnt að gera samninga á þeim grundvelli að það geti verið hagstætt fyrir Íslendinga að selja orkuna og eignast e. t. v., ef ástæða þykir til, verksmiðjuna á vissum áratíma með því að láta skatta og gjöld frá verksmiðjunni renna til þess. En það eru skiptar skoðanir um þetta eins og svo margt annað og við því er ekkert að segja. Ganga verður út frá því að markmiðið sé það sama, að allir vilji gera það besta, sem hagkvæmast kann að verða fyrir þjóðarheildina.

Samkv. þessu er gert ráð fyrir því að stofna hlutafélag, sem reisi og reki verksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði, ferrosilikon 75%. Gert er ráð fyrir því, ef þetta frv. verður að lögum, að félagið verði stofnað sem fyrst til þess að unnt verði að fara að vinna að framkvæmdum. Ef félagið yrði stofnað nú á þessu vori og hægt væri að fara að undirbúa framkvæmdir gæti verksmiðjan byrjað framleiðslu fyrri hluta árs 1977 eða um það leyti sem Sigölduvirkjun er tilbúin. Dráttur á því að þessi verksmiðja komist í gagnið veldur vitanlega tjóni fyrir Landsvirkjun ef enginn orkufrekur kaupandi er til að kaupa orkuna þegar virkjunin er tilbúin.

Gert er ráð fyrir því að Íslendingar eigi 55% í verksmiðjunni, en Union Carbide 45%. Hlutur Íslendinga í verksmiðjunni verður 13.2 millj. dollara eða 1 980 millj. kr. með því gengi sem nú er. Þá er eðlilegt að spurt sé hvernig verksmiðjan verði fjármögnuð. Það er eðlilegt að það sé athugað. Við 1. umr. málsins hér í hv. d. var um það rætt að Íslendingar þyrftu að leggja fram 10 milljarða kr. í þessa verksmiðju. Sá, sem það

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þar sem í núv. mynd frv. stendur: „þegar ætla má, að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna", þá tel ég að alveg sé rækilega til tekið, að þarna er um að ræða atriði, sem getur ekki átt að túlka öðruvísi en þröngt. Breyt. á orðalagi í þá átt, að í stað „of erfið" stæði „ofraun" get ég ekki séð að hafi nokkra þýðingu og segi þess vegna nei.

Brtt. 491,1.b felld með 26:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, GF, IngJ, JóhH, KP, PJ, SigurlB.

nei: EBS, GS, GilsG, GÞG, HES, JSk, JónasÁ, SBl, MK, MÓ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PS, SighB, SV, SvJ, SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB, BrS, RH.

3 þm. (IG, LárJ, EðS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Með því að ég vil í senn treysta íslenskum konum og eins þeim aðilum hins vegar, sem munu sjá um framkvæmd þessara laga, segi ég nei.

Brtt. 491,2 felld með 22:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, GF, IngJ, JóhH, JónasÁ, KP, MÁM, ÓlJ, PJ, SigurlB, RH.

nei: BrS, EBS, GS, GilsG, GÞG, HES, JSk, SBl, MK, MÓ, MB, ÓE, PP, PS, SighB, SV, SvJ, SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB.

3 þm. (EðS, IG, LárJ) fjarstaddir.

Brtt. 491,3 felld með 20:10 atkv.

Frv. samþ. með 31:4 atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 493, 494, 495, 498). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. á þskj. 498,1 felld með 26:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GS, GilsG, GÞG, JónasÁ, KP, SBl, MK, MÓ, SighB, SvJ, BrS.

nei: EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, GF, HES, IngJ, JóhH, JSk, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB, RH.

3 þm. (EðS, IG, LárJ) fjarstaddir.

Brtt. 494,1—2 samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 498,2 felld með 24:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SBl, MK, MÓ, SighB, SvJ, BrS, GS, GilsG, GÞG, JónasÁ, KP.

nei: MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, HES, IngJ, JóhH, RH.

GF, JSk greiddu ekki atkv.

3 þm. (EðS, IG, LárJ) fjarstaddir.

Brtt. 494,3—4 samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 495 samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:6 atkv. og afgr. til Ed.

Dýralæknar, frv. (þskj. 98). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 392, n. 440 og 449, 453, 466). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er stjfrv. og hefur eins og kunnugt er fengið afgreiðslu í hv. Ed. Frv. hefur verið nokkuð lengi til meðferðar í báðum d. og fengið ítarlega athugun. Iðnn. þessarar d. hefur haldið marga fundi um málið, kallað fyrir sig ýmsa aðila til þess að fá upplýsingar um ýmis veigamikil atriði þessa máls, en n. gat ekki orðið sammála. Hv. þm. Magnús Kjartansson hefur skilað minnihlutaáliti og hv. þm. Ingvar Gíslason tjáði sig ekki tilbúinn til þess að taka afstöðu til málsins.

Nál. meiri hl. er á þskj. 440 og tel ég ekki ástæðu til þess að fara að lesa nokkur atriði úr því þar sem hv. þm. hafa það þskj. á borðinu fyrir framan sig.

Það frv., sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir því að reist verði járnblendiverksmiðja á Grundartanga í Hvalfirði. Við íslendingar eigum ekki langa sögu í stóriðjumálum, en við höfum þó byrjað á þeirri braut og stærst þeirra verksmiðja, sem hér er um að ræða, er álverksmiðjan í Straumsvík.

Þegar frv. til l. um álverksmiðjuna í Straumsvík var til umr. í hv. Alþ. höfðu menn skiptar skoðanir um hvort rétt væri að ráðast í þann verksmiðjurekstur. Ætla ég ekki að rifja það upp, en ég hygg að flestir séu nú sammála um að stigið hafi verið rétt og heillavænlegt spor þegar samningurinn við Alusuisse var gerður og álverksmiðjan í Straumsvík var reist. Þjóðarbúið hefur haft allgóðar tekjur af þessari verksmiðju og nú er svo komið að um þrír milljarðar kr. koma í árlegar tekjur í erlendum gjaldeyri í þjóðarbúið vegna þess að verksmiðjan er til og er rekin. Það munar mikið um það í þjóðarbúið þótt milljarðarnir séu margir sem við eyðum og þurfum að afla. Auk þess var viðurkennt að rafmagn til almenningsnota á svæði Landsvirkjunar er miklu ódýrara fyrir það að unnt var að ráðast í stóra virkjun við Búrfell og orkufrekur kaupandi var til þess að nýta þá orku.

Kísiljárnverksmiðjan við Mývatn telst einnig til stóriðju þótt minni sé en álverksmiðjan. Hún gefur þjóðarbúinu nokkur hundruð millj. kr. á ári í erlendum gjaldeyri. Ég held að það deili engir um það nú að það hafi verið rétt spor að reisa þá verksmiðju.

Við höfum sementsverksmiðju á Akranesi og má segja að hún sé gjaldeyrissparandi því að ef hún væri ekki til yrði að flytja inn allt það sement sem notað er.

Við höfum áburðarverksmiðjuna í Gufunesi. Það má einnig segja það sama um hana að hún er gjaldeyrissparandi. Ef hún væri ekki starfandi yrði að flytja inn meira af tilbúnum áburði en

visu eru í 3. gr. frv. aftur á móti viðtækar heimildir fyrir ráðh. til að veita undanþágu frá þessum einkarétti, ekki aðeins til smíða og viðgerða á fjarskiptatækjum, heldur í raun og veru á flestum sviðum fjarskiptastarfseminnar. Heimild til undanþágu hefur þó verið heldur lítið notuð þrátt fyrir það að komið hefur fram skilningur hjá ríkisvaldinu á því að tímabært sé og jafnvel nauðsynlegt að rýmka þar um á ýmsum sviðum. Sérstaklega er að mínu mati mjög mikil þörf á því að losa um þennan einkarétt í sambandi við viðgerðir og viðhald á fjarskiptatækjum.

Fjölmargir aðilar í atvinnulífi og einkaaðilar eiga eða reka fjarskiptavirki, t. d. talstöðvar, sérstaklega í öllum bátum og er þess raunar krafist af öryggisástæðum að fjarskiptatæki séu á bátaflotanum.

Viðhald þessara tækja er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt ef þau eiga að koma að fullum notum. Staðreyndin er hins vegar sú að viðhaldsþjónustunni hefur verið mjög ábótavant víða á landsbyggðinni og er það svo að víða í útgerðarstöðum eru bátar í raun og veru án þessa mikilvæga öryggistækis í lengri eða skemmri tíma vegna skorts á viðhalds- og viðgerðarþjónustu. Þar sem slík þjónusta er ekki til staðar, og það mun vera á fæstum stöðum, er annaðhvort nauðsynlegt að senda tækin til viðgerðar til Reykjavíkur eða bíða eftir viðgerðarmanni frá Landssímanum til staðarins. Það getur að sjálfsögðu oft verið mjög háð veðrum og sömuleiðis hvort slíkir menn eru á lausu þegar þeirra er þörf.

Ég sé enga ástæðu til þess að viðgerðarþjónusta sé í höndum hins opinbera einhliða. Ég tel ástæðu til að losa þar um. Slík heimild fyrir iðnaðarmenn á þessum sviðum til að gera við fjarskiptavirki gæti leitt til þess að þeir setjist að á ýmsum stöðum um landið og veiti þannig á staðnum mjög mikilvæga þjónustu. Í þessu frv. er því lagt til að 3. gr. laganna verði breytt svo, að þrátt fyrir ákvæði um einkarétt ríkisins á öllum sviðum fjarskiptatækni verði þó iðnaðarmönnum, sem löggildingu hafa hlotið á þessu sviði, heimilt að smíða og gera við fjarskiptavirki.

Ekki tel ég eðlilegt að nema úr lögum einkarétt hins opinbera því að nauðsynlegt getur verið eftir sem áður að hið opinbera hafi eftirlit með slíkri viðhaldsþjónustu og geti gert til slíkra einstaklinga einhverjar þær kröfur sem nauðsynlegar kunna að teljast, t. d. um löggildingu og e. t. v. kröfur um skýrslur til hins opinbera um starfsemi þeirra. Það er ekki heldur óeðlilegt að þeir, sem þurfa að leita til slíkra manna um viðgerðir á tækjum sínum, vilji teljast tryggir um að það sé ekki um lélega vinnu að ræða. Mætti gera það með að krefja þessa menn um samþykki Landssímans og jafnvel að gera ráð fyrir því að þeir hafi slík vottorð undir höndum.

Með þessu móti tel ég að nauðsynlegum ákvæðum þess einkaleyfis, sem nú er í gildi, sé fullnægt, þ. e. a. s. hið opinbera eða Landssíminn, sem fer með umboð ráðh. í þessu sambandi, geti haft allt nauðsynlegt eftirlit og tryggt að þjónustan sé með góðum hætti, en jafnframt losað svo um hnútana að þessi mjög mikilvæga þjónusta sé til staðar svo víða um landið sem frekast er kleift.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Frv. fylgir nokkur grg. í svipuðum dúr og ég hef nú mælt og geta menn kynnt sér hana. Ég vil hins vegar leyfa mér að vona að þetta nauðsynjamál fái fljóta afgreiðslu í nefnd. Að þessu mæltu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 72. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Dýralæknar, frv. (þskj. 248, n. 445). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 445 (ný gr. verður 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 421). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fósturey ðingar, frv. (þskj. 471, 491). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 491,1a felld með 19:17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BrS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, GF, IngJ, JóhH, JónasÁ, KP, MB, MÁM, ÓlJ, PJ, SigurlB, SvH.

nei: GGÞ, EBS, GS, GilsG, GÞG, HES, JSk, SBl, MK, MÓ, ÓE, PP, PS, SighB, SV, SvJ, TÁ, VH, RH.

4 þm. (SvB, EðS, IG, LárJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ellert B. Schram: Hæstv. forseti. Nefnd sú, sem undirbjó þetta frv. á vegum rn. og ég átti sæti í, hafði það orðalag á í þessari gr., að talað var um „óbærilegt“. Hv. heilbr.- og trn. breytti þessu orðalagi í „of erfitt“. Ég skildi þá breyt. ekki á þann veg, að n. vildi rýmka frv. eða lögin, heldur væri hér meira um smekksatriði og lagfæringu á orðavali að ræða. Ef ég greiddi atkv. með þessari till. mætti túlka það svo að ég liti svo á, að frv. væri of rúmt. Það er ekki mín skoðun. Ég skil frv. eins og það er nú svo, að túlkunin eigi að vera þröng, og þess vegna segi ég nei.

veitt á síðari árum, svo sem lækkun kosningaaldurs og ýmislegt sem af þeirri ákvörðun leiðir, en lög þessi, sem ég er hér að mæla fyrir breytingu á, eru nú, eins og ég áðan sagði, orðin 22 ára gömul.

Norðurlandabúar, a. m. k. danir, hafa farið þessa leið fyrir nokkrum árum og ég held að okkur sé alveg óhætt að fylgja fordæmi þeirra í þessu efni. Ef það unga fólk, sem í hlut á, þykir að mati dómsmrh. af einhverjum ástæðum ekki fært til ættleiðingarinnar er í lófa lagið að synja um hana, en heimildin mundi leysa vanda margra heimila, það er ég sannfærður um.

Ég vona því að hv. þm. taki þessu litla frv. vel og ljái því greiðan gang gegnum þingið þannig að það gæti orðið að lögum áður en þingi lýkur í vor.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jóhannes Árnason: Herra forseti. Frv. á þskj. 468 um breyt. á l. nr. 19 frá 11. febr. 1953, um ættleiðingu, sem hér er til 1. umr. og flm., hv. 10. þm. Reykv., hefur nú mælt fyrir, fjallar um breyt. á 1. gr. laganna frá 1953 og miðar að því að veita dómsmrh. í umboði forseta Íslands heimild til undanþágu frá því aldursmarki sem er samkv. gildandi lögum skilyrði fyrir því að aðili geti tekið að sér kjörbarn, en það er 25 ára aldur. Þó er samkv. gildandi lögum nægilegt að annað hjóna sé orðið 25 ára þegar hjón ættleiða barn. En það mun í reynd vera algengara að hjón ættleiði barn en einstaklingur, enda þótt sá möguleiki sé vissulega einnig opinn skv. gildandi lögum. Með þessu frv. er lagt til að þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi megi veita leyfi til ættleiðingar þegar annað hjóna hefur náð 20 ára aldri.

Gildandi lög um ættleiðingu, nr. 19 frá 1953, þykja vera vönduð og meðal merkari laga á sviði sifjaréttar hér á landi, enda er nauðsynlegt að vandað sé sérstaklega til lagasetningar á svo mikilvægu sviði sem þessu. Ekki er annað vitað en að lögin hafi reynst vel í framkvæmd á 22 ára gildistíma sínum og á þeim hefur aðeins verið gerð ein breyting. Það er á 6. gr. laganna þess efnis að samþykki foreldra þyrfti til að ættleiða barn þeirra yngra en 20 ára í stað 21 árs áður, sbr. um þetta lög frá 1969.

Við ættleiðingu eru bundin ýmis mikilvæg réttindi, bæði fyrir kjörbarn og kjörforeldri, svo sem foreldravald, erfðaréttindi o. fl., en hvað erfðaréttinn snertir er um að ræða gagnkvæm erfðaréttindi milli kjörbarns og kjörforeldra þess, þ. á m. kjörniðja annars vegar og kjörforeldra og ættingja þeirra skv. 2.—4. gr. erfðalaga hins vegar. Ættleiðing leggur einnig ríkar skyldur á herðar kjörforeldra og því er það að lögin gera strangar kröfur til þeirra er hyggjast taka að sér kjörbarn, og sérstaklega er vandað til undirbúnings áður en ættleiðingarleyfi er veitt, sbr. um þetta 8. gr. ættleiðingarlaganna frá 1953. Ræður þá eðlilega mestu það sjónarmið, sem ríkjandi er í norrænni löggjöf um réttarstöðu barna og foreldravald, að ráðstöfun skuli miðuð við það sem barninu er talið vera fyrir bestu.

Í fljótu bragði virðist aldurstakmarkið 25 ár fyrir þann, sem ættleiða vill barn, vera nokkuð eðlilegt sem meginregla og fyrir því eru ákveðin rök að aldursmarkið sé þetta hátt, enda er ekki gert ráð fyrir að breyta þessari meginreglu. En með breytingu þeirri, sem frv. gerir ráð fyrir að gerð verði á lögunum, kæmi til heimildarákvæði fyrir rn. til að gera undantekningar og veita ættleiðingarleyfi þegar hjón eiga í hlut og sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Hv. flm. gerði í ræðu sinni áðan grein fyrir nokkrum tilvikum og nefndi dæmi, sem vissulega er athyglisvert og kæmi örugglega til skoðunar fyrir rn. að veita slíkar undanþágur verði frv. þetta að lögum. Í þessu tilviki er nægilegt að annað hjóna hafi náð 20 ára aldri, þ. e. aldursmarkið er í þessu tilviki fært niður um 5 ár. Það yrði því matsatriði rn. í hverju einstöku tilviki hvort undanþágu skuli veita, en að öllu öðru leyti gilda ákvæði laganna að því er varðar veitingu ættleiðingarleyfis og undirbúning að slíkri veitingu. Ber því rn. eftir sem áður að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi væntanlegra kjörforeldra og kjörbarna áður en tekin er ákvörðun um veitingu ættleiðingarleyfis. Einnig ber að leita umsagnar sóknarprests og barnaverndarnefndar. Ég vil leggja á það áherslu að á þessu sviði ber að huga sérstaklega vel að öllum breytingum áður en í þær er ráðist. Ég vil því leyfa mér að beina því til þeirrar þn. sem fær frv. þetta til meðferðar að lokinni þessari umr., væntanlega hv. allshn., að aflað verði gagna um veitingu ættleiðingarleyfa á undanförnum árum með sérstöku tilliti til aldurs þeirra er óska eftir að taka að sér kjörbörn og sömuleiðis í þessu sambandi að fá upplýsingar um niðurfellingu ættleiðingarleyfa bæði af hálfu rn. og dómstóla. Liggur væntanlega beinast við að aflað verði skýrslu dómsmrn. um þessi atriði áður en málið kemur til 2. umr. hér í hv. deild.

Ég vænti þess að slík vinnubrögð að fá þessa umsögn ættu ekki að verða til að tefja framgang málsins, enda þótt orðið sé áliðið þingtímans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Fjarskipti, frv. (þskj. 473). — 1. umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í lögum um fjarskipti frá 1941 eru ströng ákvæði um einkarétt ríkisins á öllum sviðum fjarskipta. Þá var þessi einkaréttur mjög eðlilegur. Þarna varð að hafa strangt eftirlit, ekki síst á ófriðartímum, og raunar er enn þá eðlilegt að hið opinbera hafi slíkan viðtækan einkarétt, jafnvel á friðartímum. Hins vegar hafa ýmsar aðstæður breyst mjög frá þessum tíma og tel ég því að tími sé kominn til að rýmka nokkuð um þennan einkarétt. Sá er megintilgangurinn með flutningi frv. til l. á þskj. 473 um breytingar á lögum um fjarskipti.

M. a. er í fjarskiptalögunum frá 1941 svo kveðið á að hið opinbera hafi einkarétt til allra viðgerða, viðhalds og allrar smíði á fjarskiptatækjum. Að

málin fara eða af hálfu menntmrn. Ég held því að það sé hæpið að vera að blanda því máli inn í afgreiðslu þessa frv. Ég hef átt tal við formann Tónskáldafélagsins einmitt um þetta atriði, og hann var mér sammála um að mestu máli skipti að þetta frv. næði fram að ganga og það væri ekki rétt að eiga á hættu með verulegri grundvallarbreytingu á frv., sem gengi í aðra átt en samkomulag hafði áður tekist um, að frv. dagaði uppi hér í þinginu á seinustu vikum þingsins, tónskáldin vildu ekki taka á sig ábyrgðina á því með því að fara að reyna að blanda hagsmunum sínum inn í þetta frv.

Þess vegna er það afstaða mín að till. Jóns Árm. Héðinssonar, jafnágæt og hún er, sé ekki tímabær á þessu stigi málsins og yrði frekar að reikna með því að ráðrúm gæfist til þess í sumar, eftir að frv. hefði verið samþ., að undirbúa það mál betur þannig að hægt væri á næsta vetri að gera viðeigandi breytingu á frv. Ég sem sagt óttast að ef till. yrði samþ. og væri búið að gera talsvert veigamikla breytingu á frv. með þeim hætti gæti ferð frv. í gegnum báðar d. Alþ. verið í nokkurri hættu, einkum með tilliti til þess hve lítill tími virðist vera til stefnu. Þess vegna mun ég greiða atkv. á móti till. Jóns Árm. Héðinssonar þó að ég sé hins vegar því algerlega samþykkur að þessi hlið málsins verði athuguð þótt síðar verði.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það var í tilefni af orðum síðasta ræðumanns. Það er rétt að ég hef heyrt þetta sagt frá sennilega sama manni og hann vitnaði í að þeir vildu ekki, tónskáld, verða til þess að hefta framgang kjarabóta til rithöfunda. En auðvitað tók hann fram, að hann fagnaði hverju skrefi, — eða gerði það við mig, — sem Alþ. sýndi þeim þann heiður að fælist í kjarabót til þeirra. En við þá er sagt að það sé erfiðara í framkvæmd, sem ég reyndar skil nú ekki, að fá einhverja viðmiðunartölu handa þeim eins og fundið hefur verið gagnvart rithöfundum. Ég skil ekki hvernig það er erfiðara í framkvæmd undir söluskattskerfinu. En það er rétt að frv. byggist á ákveðinni athugun, á ákveðnu samkomulagi sem gert var á sínum tíma fyrir atbeina og forgang rithöfunda. En ég ætla og miða við það, sem ég hef heyrt af tónskáldum, að þá séu þau raunverulega bara hógværari en rithöfundarnir. Það er æðioft með ýmsar stéttir að þær hafa mismunandi harða kjarabaráttumenn, og sumir hafa e. t. v. verið fullrólegir eða réttara sagt kurteisir í því efni. En auðvitað yrðu tónskáld þakklát að fá viðurkenningu ekkert síður en rithöfundar. Hér er, eins og ræðumaður reyndar viðurkenndi og tók undir, um viðurkenningu á hugverkum að ræða og eðlileg rök fyrir því að hjálpa þessum mönnum ekkert síður, ef við tökum þá ákvörðun að greiða áfram úr ríkissjóði fyrir slík störf. Þetta frv. staðfestir það sem þegar hefur verið ályktað á Alþ. og þegar verið gert í fjárl. en er ekkert bundið við að halda óbreytt áfram. Það er ekkert sem segir það, alls ekki neitt.

Ég get vel látið mér detta í hug að taka þessa till. aftur nú við 2. umr. og láta hana bíða 3. umr. og n. gæfist kostur á að koma einu sinni saman. Ef það er talið til hindrunar að reyna að hjálpa tónskáldum jafnframt því að við viðurkennum þetta til rithöfunda, þá verður svo að vera, en ég sé ekki nein sérstök rök í þá átt. Á sama hátt og við finnum hvað söluskatturinn er af bókum, þá finnum við út hvað söluskattur er af nótum og öðrum höfundaverkum tónskálda ekkert síður. Það gerir málið ekkert flóknara. Frv. sjálft, eins og það kemur fram í grg., er byggt á ákveðnu samkomulagi sem gert hefur verið við rithöfunda. En ég held að það sé ekki æskilegt hjá okkur að auka sífellt á misrétti í þessu þjóðfélagi, nóg er af því samt. Ef við viljum viðurkenna hugverk manna, þá eigum við að gera það til allra samtímis eins og hægt er, og tónskáld standa í þessu tilliti alveg jafnfætis rithöfundum að mínu mati.

Alþt. 1974. B. (96. löggjafarþing).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ættleiðing, frv. (þskj. 468). — 1. umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram hér örlítið frv. um breyt. á l. nr. 19 frá 11. febr. 1953, um ættleiðingu. Frv. er svona:

„1. gr. l. orðist svo:

Með leyfi forseta Íslands, sem dómsmrh. veitir í umboði hans, getur sá, sem orðinn er 25 ára, tekið að sér kjörbarn.

Nú ættleiða hjón barn og nægir þá að annað þeirra sé orðið 25 ára. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó veita leyfi til ættleiðingar þegar annað hjóna hefur náð 20 ára aldri.“

Og svo er 2. gr. þessi venjulega:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Með frv. fylgir þessi grg.:

„Lög um ættleiðingu eru orðin 22 ára gömul. Síðan hafa ungu fólki verið veitt aukin réttindi á ýmsum sviðum og þykir flm. rétt að svo sé einnig gert í þessu tilviki.

Nýmæli frv. er það, að dómsmrh. er samkv. umboði forseta Íslands veitt leyfi til þess að veita leyfi til ættleiðingar, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, þegar annað hjóna er orðið 20 ára að aldri. Frv. er sniðið að danskri fyrirmynd.“

Við þessa stuttu grg. skal ég bæta því einu að mér eru persónulega kunn tilvik þar sem hin afdráttarlausu lög um 25 ára skilyrðið hafa valdið einstaklingum erfiðleikum. Ég þekki t. d. ung hjón sem þannig er ástatt um að konan átti barn fyrir giftingu, en nú hafa þessi hjón alið barnið upp saman í nærri 4 ár og óska þess mjög eindregið að maðurinn fái að ættleiða barnið áður en skólaganga þess hefst á næsta hausti til að firra ýmsum leiðindum sem kynnu að koma upp í því sambandi. Innilegra samband milli barns og föður hygg ég vandfundið og mér finnst ósanngjarnt að dómsmrn. geti ekki veitt undanþágu í tilviki sem þessu.

Það er óþarfi að rekja fyrir hv. alþm. hversu mörg þau réttindi eru sem ungu fólki hafa verið

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þegar við 1. umr. komu fram vangaveltur um þetta frv. og fannst mér að menn væru heldur á því að styðja það, og efnislega er ég á því, þó að við teldum þá að væru erfiðar aðstæður. En ég gat þess um leið að fyrst væri verið að viðurkenna hugverk hér í framkvæmd með því að veita úr ríkissjóði ákveðna greiðslu fyrir slíka vinnu, þá teldi ég að tónskáld ættu að fylgja með, sem væri þá efling fyrir tónlistina í landinu að mínu mati. Ég drap á þetta á nefndarfundi, en það var ekki útrætt. Svo urðu þau mistök að þegar málið var endanlega afgr. í menntmn., þá fékk ég tilkynningu um skakkan fundartíma og kom því nokkuð of seint, eftir að fundi var lokið, og því stend ég einn að brtt. á þskj. 459 um að við bætum tónskáldunum hér við og að mynda skuli sjóð til þess að styrkja rithöfunda og tónskáld, þ. e. a. s. þá menn er leggja vinnu í að semja hugverk, og vil ég ekki gera greinarmun á í þessu sambandi. Hitt er staðreynd, að tónskáld hafa ekki verið eins aðgangshörð í sínum kröfum og rithöfundar og haft sig minna í frammi. En ég tel að fyrst þjóðin er hér að greiða fyrir huglæg verk, þá muni hún ekki síður njóta verka tónskálda frá morgni til kvölds við dagleg störf og annars staðar en talaðs orðs. Og þó að einhver kunni að segja að þetta séu óskyld mál og tónskáld hafi ekki enn tekið endanlega afstöðu hvað þau vilji í þessu efni, þá liggja fyrir bréf frá fyrri tíma hér á hv. Alþ. þar sem þau óska eftir því að eftir þeim sé munað. Ég trúi því varla að hv. d. vilji afgreiða svona mál öðruvísi en athuga það gaumgæfilega að tónskáld fylgi hér með. Ef mönnum sýnist að upphæðin verði þá of lág, ef þeir koma inn, þá er hægur vandi að hækka þá tölu um 2 eða 3 millj. Það er hægur vandi.

Það segir í 3. gr. að heimilt sé að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku. Ég verð að segja það að ef á að beita þessari heimild þá tel ég í hæsta máta ósanngjarnt að viðurkenna ekki eðlilega launagreiðslu til tónskálda, heldur fara að greiða mönnum áður fyrir þýðingar, þótt á góðum skáldverkum séu eftir erlenda rithöfunda. Ég vil leggja starfsemi þessara ágætu manna, sem fást við huglæg verk, að jöfnu vegna þess að þjóðin nýtur tónskáldanna og túlkenda þeirra verka ekkert síður en rithöfundanna. Þess vegna hef ég leyft mér að koma með þessa brtt. sem er á þskj. 459. Hún gerir ráð fyrir því eins og sjá má, hún er skýr og lítil, að inn í þetta komi einnig tónskáld og liggur því ljóst fyrir að þá yrði þetta kallað „um launasjóð rithöfunda og tónskálda". Ég vænti þess að hv. þdm., ef þeir á annað borð vilja veita frv. framgang, hafni ekki því að tónskáldin fylgi hér með nú.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Við 1 umr. þessa máls lýsti ég andstöðu minni við þá hugmynd sem felst í þessu frv., og byggði ég þá skoðun mína á því að mér fyndist ekki ára þannig í íslensku efnahagslífi að það væri beinlínis besti tími valinn nú til ýmiss konar sjóðastofnana. Síðan þetta frv. var hér til 1. umr. í hv. þd. finnst mér málin hafa þróast í þá átt að ekki sé uppörvandi að afgreiða lagafrv. sem fela í sér ákvæði um nýja sjóðmyndun sem fela í sér milljóna útgjöld fyrir ríkissjóð.

Ég er ekkert dómbær um það og ætla að sjálfsagt sé að styrkja listir, vísindi og þess háttar starfsemi með þjóðinni. En ég get ekki varist þeirri hugsun og það hefur oft hvarflað að mér hvort við séum ekki farnir að sýna nokkra ofrausn í þessum málum. Við höfum verið að basla hér með stórar opinberar stofnanir sem eiga ákaflega erfitt um öll sín fjárhagslegu málefni að því er snertir rekstur. Má t. d. nefna Þjóðleikhúsið og rekstur sjónvarps og útvarps, en stofnanir sem þessar virðast hafa gnægð fjár til að stofna einlæga sjóði til eflingar hinni og þessari tegund lista og geta ausið fé úr slíkum sjóðum á báða bóga. Óneitanlega virðist hér skjóta nokkuð skökku við. Ég fyrir mitt leyti tel það vera ákaflega mikið tískufyrirbrigði hér hjá okkur, þessari menningarfúsu þjóð, þá miklu almennu þátttöku í listum, bókmenntum og almennri listsköpun. Ég verð nú að biðja forláts á því að það hefur hvarflað að mér hvort þessi gróskumikla starfsemi sé ekki á góðri leið með að verka á huga almennings í þessu landi á sama hátt og hefur verið talað um að skólakerfið sé orðið svo yfirgripsmikið og margþætt að það er farið að tala um námsleiða hjá unga fólkinu. Er ekki verið að skapa listleiða hjá þjóðinni með öllu þessu tali og þessum mikla fjáraustri í þessa umfangsmiklu listastarfsemi. Ég er þeirrar skoðunar að það mundi enginn héraðsbrestur verða í þessu þjóðfélagi þó að framkvæmd eins og felst í ákvæðum þessa frv. yrði frestað um eitthvert tímabil, a. m. k. meðan við værum að ná betri festu og meira jafnvægi í okkar fjárhagsmálum. Ég segi fyrir mitt leyti, ég er hlynntur því að afgreiðslu þessa máls verði frestað.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil minna á að með afgreiðslu þessa frv. á Alþ. er ekki verið að taka ákvörðun um úthlutun þess fjár sem frv. fjallar um. Ákvörðun hefur þegar verið tekin og nægir að vísa til endurtekinna samþykkta sem gerðar hafa verið á hv. Alþ., bæði við afgreiðslu fjárl. og einnig með þál. frá 18. maí 1972. Hér er hins vegar verið að ákveða framkvæmdahlið málsins, og þar er um að ræða atriði sem samkomulag hefur tekist um og ber að sjálfsögðu brýna nauðsyn til að Alþ. samþykki nú á þessum vetri og kannske væri rétt að segja staðfesti það samkomulag sem tekist hefur um fyrirkomulag þessara mála.

Í tilefni af till. Jóns Árm. Héðinssonar sé ég mig til neyddan að fara nokkrum orðum um hugsanlega aðild tónskálda að þessum sjóði. Ég vil taka það skýrt fram að ég er algerlega sammála Jóni Árm. Héðinssyni um að vel gæti komið til athugunar að tónskáld ættu beina aðild að þessum sjóði og væntanlega yrði fjáröflun til sjóðsins með hliðstæðum hætti og er í sambandi við bækur, þannig að söluskattur af t. d. hljómplötum rynni til þessa sjóðs eða sem sagt jafnvirði þeirrar upphæðar. En um þetta hefur ekki verið fjallað á undirbúningsskeiði þess frv. og málið hefur verið undirbúið, hvorki af hálfu tónskáldanna né af hálfu þeirra sem með fjár-

„Með vísun til yfirlýsingar ríkisstj. um skattamál, sem hér fylgir með í ljósriti og út var gefin í sambandi við samninga verkalýðsfélaga og samtaka atvinnurekenda, leyfir samninganefnd ASÍ sér að vekja athygli hv. fjh.- og viðskn. á nauðsyn þess að breytt verði nokkrum ákvæðum frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum ef fullnægja á því hvoru tveggja að verja án fyrirvara 2 000 millj. kr. í skattalækkanir og að sú lækkun gagnist þeim fyrst og fremst sem lakast eru settir efnalega.“

Þarna er vitnað orðrétt til þeirrar yfirlýsingar sem hæstv. ríkisstj. gaf út og hér er verið að tala um, þannig að það er undirstrikað af hálfu þeirra samninganefndarmanna ASÍ að enginn fyrirvari var á þessu frá hæstv. ríkisstj. Hér er því farið rangt með þegar því er haldið fram að samninganefndarmönnum ASÍ hafi verið kunnugt um fyrirvara af hálfu ríkisstj. að því er þetta varðar.

Þá sagði hæstv. forsrh. að enginn ágreiningur væri um það hvar niðurskurður ætti að koma niður, hvort það væri í strjálbýli eða þéttbýli. Hann sem sagt undirstrikar að það sé alveg eindregin ákvörðun, fastmælum bundið af hálfu hæstv. ríkisstj. að notfæra sér þá heimild sem þetta frv., sem nú er hér til umræðu, gerir ráð fyrir, þ. e. a. s. að skera niður útgjaldaliði um 3 500 millj. kr. Þetta stangast á við það sem hv. 4. þm. Austf., fulltrúi hins stjórnarflokksins, sem talað hefur í þessum umr., hélt fram áðan. Sennilega hefur það farið fram hjá hæstv. forsrh. að hann lét að því liggja og beinlínis í það skína, margundirstrikaði það að hér væri aðeins um heimildarákvæði að ræða sem hann vildi ekkert um spá hvort notað yrði eða ekki. Um talsverðan meiningarmun milli hæstv. forsrh. og hv. 4. þm. Austf. er því greinilega að ræða að því er þetta atriði frv. varðar sem er annað af meginatriðum frv.

Þá sagði hæstv. forsrh. að sá niðurskurður, sem hér er verið að ræða um, mundi ekki bara bitna á framkvæmdaliðum, heldur líka á rekstrarútgjöldum. Ég vil af því tilefni spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé þá rangt sem aðalmálgagn ríkisstj., Morgunblaðið, greinir frá á s. l. sunnudag og ég vitnaði til orðrétt áðan, að annað meginatriði þessa frv. sé niðurskurður á opinberum framkvæmdum — á opinberum framkvæmdum, ekki rekstrarútgjöldum, heldur niðurskurður á opinberum framkvæmdum um 3 500 millj. kr. Er þetta rangt hjá þessu aðalmálgagni hæstv. forsrh.? Það væri gott að fá um það vitneskju.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en ég vildi að þetta kæmi hér fram og þá fyrst og fremst að ég tel að með því bréfi sem samninganefnd ASÍ sendi fjh.- og viðskn. sé rækilega undirstrikað að *margívitnuð yfirlýsing* hafi verið án allra fyrirvara.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í bréfi ASÍ, sem hv. 5. þm. Vestf. vitnaði til, þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Ef fullnægja á því hvoru tveggja að verja — án fyrirvara — 2 000 millj. kr. í skattalækkanir og að sú lækkun gagnist þeim fyrst og fremst sem lakast eru settir efnalega,“ þá er þetta innskot „án fyrirvara“ bersýnilega tilheyrandi upphæðinni sjálfri, á við upphæðina 2 000 millj. kr. í skattalækkanir og ekki við neitt annað. Og það er ekki ágreiningur um það að sú yfirlýsing ríkisstj. var gerð án fyrirvara. En þegar kemur að því hvaða aðferð skuli beitt við skattalækkunina, þannig að skattalækkunin komi þeim fyrst og fremst, sem lakast eru settir efnalega, að haldi, þá var ASÍ ljóst að ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar áskildu sér rétt um val á þessum tveim mismunandi leiðum sem um hefur verið rætt, lækkun beinna skatta eða óbeinna skatta. Hér er um fullkomnar efndir að ræða á yfirlýsingu ríkisstj. með þessu frv.

Þegar hv. 5. þm. Vestf. er að reyna að koma upp ágreiningi milli okkar, mín og hv. 4. þm. Austf., vegna þess að hann hafi lagt áherslu á að frv. hefði aðeins inni að halda heimild til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, þá vil ég taka það fram að auðvitað er það rétt að hér er aðeins um heimild að ræða. Mín skoðun og túlkun á þessu lagafrv. er sú, að þessi heimild verði notuð að því marki sem nauðsynlegt er til þess að jöfnuður verði í ríkisbúskapnum vegna þess að það er lífsnauðsyn. Hvort þetta markmið gerir það nauðsynlegt að nýta heimildina alla að 3 500 millj. kr. markinu eða ekki skal ég ekki fullyrða á þessu stigi málsins. Það er eitt með öðru sem bæði ríkisstj. og fjvn. verða að glöggva sig á í þeirri vinnu sem fyrir hendi er og unnin hefur verið að nokkru.

Þá spurði hv. þm. mig hvort Morgunblaðið hefði rétt eða rangt fyrir sér og sagt sannleikann um efni þessa frv. Ég get vitnað með Morgunblaðinu og sagt: Auðvitað er það alveg rétt hjá Morgunblaðinu að þarna er um það að ræða að draga úr útgjöldum ríkisins til framkvæmda. En þar með er ekki allur sannleikurinn sagður. Hafi Morgunblaðið ekki getið um að gert væri ráð fyrir því að útgjöld til rekstrar væru einnig lækkuð, þá er það skortur á því að segja alla málavöxtu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Launasjóður rithöfunda, frv. (þskj. 251, n. 436, 459). — 2. umr.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Menntmn. Ed. hefur athugað frv. til laga um Launasjóð rithöfunda, og eins og fram kemur í nál. hefur n. orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, en nm. jafnframt áskilið sér rétt til að fylgja brtt.

mál hér á Alþ., fyrst og fremst vegna þess að menn horfast ekki í augu við það að stofnlánasjóðirnir eru látnir taka að láni fjármagn ýmist með gengisáhættu eða verðtryggingu sem þeir svo ávaxta í útlánum með lakari kjörum. Það er ljóst að ef fjárhagsgrundvöllur fjárfestingarlánasjóðanna á að vera traustur, þá þarf að komast samræmi á milli þeirra kjara, sem sjóðirnir verða að sæta í fjáröflun sinni, og útlánakjara þeirra. Mun ríkisstj. vinna að þeirri samræmingu og væntanlega gera ráðstafanir til þess að Alþ. fjalli nánar um það mál.

Ég vil þá aðeins víkja að þeirri till. sem lýtur að breytingu á fyrningarreglum og fram hefur komið í brtt. á þskj. 495. Þm. hafa rætt um það að meiri hl. fjh.- og viðskn. hafi lagt fram till. í þessu skyni sem lengra hafi gengið að draga úr fyrningarheimild. Ég vil í því sambandi taka fram að engin slík till. hefur formlega verið lögð fram hér á þingi og þótt till. hafi verið orðaðar eða ræddar í n. þingsins, þá er það ekki um formlega tillögugerð að ræða og ber því ekki að vitna til slíkrar tillögugerðar með þeim hætti í umr. í d. Ef störf í n. geta ekki farið fram þannig að nm. varpi fram ýmsum hugmyndum og till. í umr. um mál í n. áður en þeir gera upp hug sinn endanlega um tillöguflutning á sjálfu Alþingi, þá ná nefndarstörfin ekki tilgangi sínum til frjálsra skoðanaskipta og könnunar á því máli sem á dagskrá er hverju sinni. Það er fyrst þegar lokaafgreiðsla frá n. fer fram að afstaða n. og nm. kemur fram. — Hér er um það að ræða að gera breytingu á fyrningarreglum yfirstandandi árs vegna þess að á yfirstandandi ári er óvenjulega hár verðhækkunarstuðull, þ. e. a. s. 70%, en var á síðasta ári 10%. Því var það álit meiri hl. fjh.- og viðskn. að rétt væri að þessi hækkun til fyrningarafskrifta væri nokkuð takmörkuð og takmörkuð þá við 50% þegar um lausafé er að ræða eða nánar tiltekið 49%.

Það má segja að það hafi e. t. v. orkað tvímælis yfir höfuð að breyta fyrningarreglum, vegna þess að aðrar skattalagabreytingar samkv. frv. snerta eingöngu einstaklinga og vegna þess að ætlunin er í endurskoðun skattalaganna, sem áfram heldur, að taka skattareglur varðandi atvinnurekstur sérstaklega til meðferðar og þá ekki síst meðferð fyrningarreglna í skattalögunum og skattalega meðferð á sölu fyrnanlegra eigna, og verður það gert.

Ég skal ekki svara sérstaklega þeim þm. sem hafa gefið í skyn að ágreiningur væri milli stjórnarflokkanna, t. d. um það hvar niðurskurður ætti fram að koma í útgjöldum ríkisins, hvort heldur hann ætti að koma niður í strjálbýli eða þéttbýli. Ég held og get fullvissað hv. þm. um það að meðal stjórnarflokkanna er ekki um neinn ágreining að ræða. Stjórnarflokkarnir munu ganga að því starfi í fjvn. og ríkisstj. á þann veg að meginstefnu fjárlaga verði haldið og það verði gert allt sem unnt er til þess að mikilvægustu framkvæmdir og útgjöld ríkisins fái að standa, enn fremur hugað að frestun þeirra framkvæmda sem ekki eru fullkomlega hannaðar eða undirbúnar. Þarf það ekki að merkja neina seinkun á því að þau mannvirki geti komið að notum. Ég vil líka enn á ný ítreka að sparnaður eða niðurskurður á ekki að eiga sér stað fyrst og fremst eða eingöngu á framkvæmdaliðum, heldur og á rekstrarliðum.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur hér gert grein fyrir fyrirætlunum ríkisstj. um breytingar á tryggingum, tryggingabótum til lífeyrisþega, og skal ég ekki fjölyrða nánar um það. Þær till. koma fram þegar frv. til staðfestingar á brbl. um launajöfnunarbætur o. fl. verður tekið til 2. umr. í Ed.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en vil leggja áherslu á það að lokum að hv. þm. stjórnarandstöðunnar verða að gera sér ljóst að til þess að við getum veitt fé úr ríkissjóði til nytsamlegra framkvæmda og þjónustu, hvort heldur er í strjálbýli eða þéttbýli, til þess að við getum veitt lán úr fjárfestingarlánasjóðum, hvort heldur er í strjálbýli eða þéttbýli, og til þess að við getum aflað fjár til opinberra framkvæmda og veitt fé til þeirra víða úti um landið, þá þarf efnahagur ríkisins sjálfs og þjóðarinnar í heild að vera traustur. Það er ekki hægt að ganga áfram á þeirri braut að stefna í halla ríkissjóðs sem var rekinn með yfir 3 000 millj. kr. halla á síðasta ári. Við getum ekki bætt við þann halla á þessu ári, það er útilokað. Við verðum að greiða upp eldri skuldir. Við hljótum einnig að horfast í augu við það að lánsfjármarkaðir erlendis þrengjast og skuldabyrði okkar hvað snertir afborganir og vexti af erlendum lánum þyngist sífellt og verður á þessu ári e. t. v. 15% af gjaldeyristekjum landsmanna og vex upp í 20% ef áfram heldur næstu árin. Þessu getum við ekki haldið áfram. Við verðum að takmarka okkur við það sem skynsamlegt er á hverjum tíma og við það sem unnt er að afla lánsfjár til. Það er þess vegna um það að ræða að horfast í augu við að fjármunir þeir, sem ríkið sjálft og sjóðir þess ráða yfir eru takmarkaðir engu síður en fjármunir þeir sem einstaklingarnir í þjóðfélaginu ráða yfir. Þetta verðum við að horfast í augu við og sætta okkur við og segja landsmönnum skýrt og skilmerkilega. Það er ekki hægt að slá sér á brjóst og segja að það sé unnt að gera allt fyrir alla án þess að það kosti menn nokkuð.

Ég vil láta það koma hér fram sem mér finnst hv. stjórnarandstæðingar hafa talað hér sem lýðskrumarar öðrum þræði, því miður, gerandi sér ekki grein fyrir að aðstæður þjóðarbúsins eru allt aðrar en svo að unnt sé að telja fólki trú um að við getum enn aukið eyðsluna í þjóðfélaginu, þegar við einmitt verðum að leggja áherslu á og efla skilning landsmanna á því að nú um stund þurfum við að hægja á ferðinni, draga saman seglin til þess að ná jafnvæginu svo að við í þeirri jafnvægisstöðu getum hafið nýja framfarasókn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af ummælum hæstv. forsrh. áðan þess efnis að fulltrúum ASÍ hafi verið kunnugt um þann fyrirvara ríkisstj. á skiptingu þeirra 2 000 millj. sem gert er ráð fyrir að lækka skatta um, þá sé ég ástæðu til þess að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, upphaf bréfs sem þeir aðilar ASÍ, þ. e. a. s. samninganefndin, sendu fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. meðan hún hafði þessi mál til umr., en þar segir svo, með leyfi forseta:

það af sjálfu sér að þetta fjárframlag til Byggðasjóðs kemur einnig til með að lækka frá því sem gert var ráð fyrir.

Ég held að það fari enginn í grafgötur um það að stefna núv. hæstv. ríkisstj. er því miður á þann veg að stíga til baka frá þeirri uppbyggingar- og landsbyggðarstefnu sem fylgt var í tíð fyrrv. ríkisstj., enda er komið í ljós að sú er staðreyndin. Það er að koma upp sama viðhorf og var í tíð viðreisnarstjórnarinnar, þ. e. a. s. að allar líkur eru á því að fólksflótti frá landsbyggðinni hefjist aftur hingað á þéttbýlissvæðið, en því var búið að snúa við í tíð fyrrv. ríkisstj. Það ber því allt að sama brunni. Efnahagsstefnan verður þess valdandi að þeir landshlutar, sem svo sannarlega hefðu þurft á því að halda að haldið hefði verið áfram uppbyggingu atvinnulífs á þeim stöðum, eru nú uggandi um að stórt skref verði stigið til baka frá því sem verið hefur undanfarin 3 ár, enda held ég að það sé svo í raunveruleikanum að þeir séu tiltölulega fáir, þeir hv. þm., a. m. k. Framsfl., sem innst inni eru um það sannfærðir að uppi sé haldið undir merkjum núv. hæstv. ríkisstj. sömu byggðastefnu og var í tíð fyrrv. ríkisstj. Ég efast um að þeir finnist öllu fleiri í þingliði Framsfl., sem telja sér trú um slíkt, en hv. 4. þm. Austf., ef hann gerir það þá.

Ég skal ekki orðlengja þetta öllu frekar. Ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, taka það fram að við munum að sjálfsögðu fylgja þeim brtt. sem fram eru bornar af hálfu minni hl. fjh.- og viðskn., þeirra hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar. Ég tel ekki ástæðu til að fara um þær neinum orðum hér. Það hefur verið gert, þær hafa verið skýrðar, en ég vil taka það fram að við munum að sjálfsögðu greiða þeim atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að lengja umr. um þetta mál, en ég vil þó drepa á örfá atriði.

Fyrst vil ég taka það fram að við fyrirheit ríkisstj. gagnvart aðilum vinnumarkaðarins er fullkomlega staðið. Aðilar vinnumarkaðarins vissu það vel að í yfirlýsingu ríkisstj. fólst fyrirvari um það að hve miklu leyti skattalækkanirnar mundu felast í beinum sköttum og að hve miklu leyti í óbeinum. Það kemur þeim því ekki á óvart, hvernig frv. er úr garði gert.

Ég benti á það í umr. hér í gær að ágreiningslaust er hvernig að skuli farið um nær 1 500 millj. kr. skattalækkun. Ágreiningurinn er þá um rúmar 500 millj. kr. af þeirri 2 000 millj. kr. skattalækkun sem fyrirhuguð er, þ. e. a. s. ágreiningurinn er um ¼ hluta upphæðarinnar. Þegar meta skal hagkvæmni hvorrar aðferðarinnar fyrir sig launþegum til hagsbóta er mjög mikið álitamál hvor leiðin er þeim betri. Þess vegna er það ekki einhlítt að fara hefði átt algerlega aðra hvora leiðina, eins og hér hefur verið gefið í skyn. Ástæður, sem stjórnarflokkarnir hafa til þess að velja blandaða leið, eru þær að fyrirhuguð er frekari endurskoðun á tekjuskattskerfinu og það mundi torvelda frekari endurskoðun ef lengra yrði gengið í lækkun beinna skatta nú. Á ég þá einkum við það að enn eitt skref verður stigið til þess að samræma og sameina tryggingakerfið og skattakerfið í framhaldandi endurskoðun skattalaganna svo og að sérsköttun hjóna er markmið beggja stjórnarflokkanna.

Ég vil svara þeim spurningum, sem til mín hefur verið beint varðandi stofnlánasjóðina og opinberar framkvæmdir, með þeim hætti að eins og fram kemur í frv. sjálfu er gert ráð fyrir því varðandi opinberar framkvæmdir, að lánsfé til ráðstöfunar verði samtals 5 000 millj. kr., og gerð grein fyrir því í aths. við VIII. kafla hvernig þess lánsfjár er aflað. Í 31. gr. frv. sjálfs er síðan tekið fram í hvaða höfuðmálaflokka þessi fjárhæð skiptist og eru orkumálin þar langstærsti útgjaldaliðurinn, þ. e. a. s. 3 500 millj. kr. af áðurgreindum 5 000 millj. kr. Sundurliðun er þar nokkur gerð, en ekki tilgreint hve há upphæð hverjum undirlið er ætluð. Þetta stafar af því að endanlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir eru ekki fullgerðar og því ekki unnt að sundurliða þetta nánar. En í heild sinni hefur upphæðin 3 520 millj. kr. verið við það miðuð að unnt væri að vinna að sem flestum mikilvægum framkvæmdum orkumála. Nefndar eru framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins og rafvæðing sveitanna og er þar átt við þá áætlun á þessu sviði sem ekki er enn lokið og lýtur að því að ljúka henni.

Í sambandi við b-liðinn, orkumál Norðurlands, er gert ráð fyrir því að unnið verði bæði að byggðalínunni og virkjun Kröflu.

Kaup á jarðborum tekur til kaupa á stóra jarðbornum sem miklar vonir eru tengdar við.

Í d-lið er getið um virkjunarrannsóknir en eins og kunnugt er eru þær nauðsynlegur undanfari allrar ákvörðunartöku um val milli kosta í orkuöflun hér á landi. Þær hafa verið vanræktar, en nú er ætlunin að reyna að hefja vandaðar virkjunarrannsóknir á þeim helstu virkjunarstöðum sem til mála hafa komið og á góma hefur borið í umræðum um orkumál.

Í e-lið er svo rætt um orkuveitur sveitarfélaga og er þar ekki síst rætt um hitaveitur þeirra. En hve miklu fé verður til þeirra varið og til hverra fer eftir því hve fljótt er búið að ganga frá framkvæmdaáætlunum og hönnun þessara orkuveitna og hverjar þeirra sýnast að lokinni endanlegri rannsókn vera hagkvæmastar, svo og er þarna ekki unnt að ákveða endanlega fjárupphæð fyrr en ljóst er hvaða möguleikar eru til fjáröflunar frá ýmsum öðrum sjóðum, eins og t. d. Lánasjóði sveitarfélaga svo að dæmi sé nefnt.

Varðandi stofnlánasjóðina, þ. e. a. s. fjárfestingarlánasjóðina, bæði atvinnuvegasjóðina og Byggingarsjóð, þá er búið að gera grein fyrir brtt. sem lýtur að því að 30. gr. frv. verði breytt með þeim hætti að heimild til erlendrar lántöku verði aukin frá 3 000 millj. kr. í heild í 3 800 millj. kr. og er ætlast til að af þeirri fjárhæð sé heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 2 000 millj. í staðinn fyrir 1 200 millj. kr. Hér er verið að fullnægja eins og kostur er útlánaþörf þessara sjóða og standa vonir til þess að unnt verði með skaplegum hætti að halda hinum nauðsynlegustu framkvæmdum atvinnuveganna og Byggingarsjóðs gangandi á árinu. Við skulum hins vegar ekki draga dul á það að fjáröflun fjárfestingarlánasjóðanna er viðvarandi vanda-

Af því að ég er kominn hér upp get ég ekki stillt mig um að fara örfáum orðum um sérstaklega eitt eða ef til vill tvö atriði sem fram komu í ræðu hv. 4. þm. Austf., Tómasar Árnasonar. Hann gerði hér, að því er mér virtist, allsherjarúttekt á umræðum um efnahagsmál, kom víða við. En það sem mér fannst hvað athyglisverðast, sem ég þó raunar taldi mig vita að nokkru fyrir, það var hversu lítið þessi hv. þm. Framsfl. vildi gera úr þeirri heimild sem um er rætt í 1. gr. þessa frv., þ. e. a. s. heimild til niðurskurðar á fjárlögum allt að 3 500 millj. kr. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja að um þetta er allmikill ágreiningur meðal stjórnarflokkanna. Hv. þm. Framsfl. halda því fram, eins og hv. 4. þm. Austf. gerði hér áðan, að hér sé aðeins um heimild að ræða sem þeir vilji a. m. k. ekkert um segja hvort notuð verði eða ekki. Mér skildist á ræðu hv. 4. þm. Austf. að hann og sjálfsagt fleiri þm. Framsfl. væru a. m k. uppi með hugmyndir um að koma því í framkvæmd að þessi niðurskurður yrði ekki gerður.

Allt annað blasir við þegar litið er til hins stjórnarflokksins, þ. e. a. s. þess flokks sem hefur fyrst og fremst forustuna í ríkisstj., þ. e. Sjálfstfl. Það er augljóst mál að sá flokkur, fulltrúar hans bæði hér á Alþ. og í aðalmálgögnum flokksins, telja að annað af höfuðatriðum þess frv., sem hér er nú verið að ræða, sé niðurskurður á opinberum framkvæmdum um allt að 3 500 millj. kr. Nægir þar að vitna til aðalmálgagns hæstv. forsrh., þ. e. Morgunblaðsins, frá s. l. sunnudegi, en þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú eftir helgina verður tekið til óspilltra málanna að ræða frv." — þ. e. a. s. frv. um efnahagsmál sem hér er til umr. — „og fá það lögfest, en meginatriði þess er, eins og kunnugt er, að lækka skatta um 2 milljarða, ýmist beina skatta eða óbeina, og hins vegar" — og þessu ætti hv. 4. þm. Austf. að taka eftir — „og hins vegar að skera niður opinberar framkvæmdir um allt að 3.5 milljarða kr."

Hér er ekkert farið í grafgötur um það að þetta er eitt eða réttara sagt annað af höfuðatriðum þess frv. sem hér er nú verið að ræða. Annað höfuðatriði er niðurskurður á opinberum framkvæmdum um 3 500 millj. kr. sem forustuflokkurinn í ríkisstj. heldur fast við en hinn stjórnarflokkurinn í ríkisstj. vill á hinn bóginn gera sem minnst úr á öllum sviðum og reyndar gefur í skyn að það komi til einskis niðurskurðar að þessu leyti.

Hv. 4. þm. Austf. sagði áðan að a. m. k. alþb.-menn gerðu mikið úr þessu niðurskurðartali, bæði hér á hv. Alþ. og eins í skrifum þar um. Ekki bæri ég svo mikinn kvíðboða fyrir því ef hér væri einungis um það að ræða að talsmenn Alþb. hér á Alþ. væru einir um að gera mikið úr þessari gr. frv. En því miður er málinu ekki svo háttað. Það eru ekki bara talsmenn Alþb. sem gera mikið úr þessu atriði, það eru einnig stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj., a. m. k. Framsfl., sem hrýs hugur við þeirri stjórnarstefnu sem mörkuð hefur verið. Í því sambandi vil ég, með leyfi forseta, lesa úr forustugrein í Degi á Akureyri sem er málgagn Framsfl. þar. Yfirskrift þessarar forustugreinar er „Byggðastefnan í hættu". Það væri vissulega ástæða til þess fyrir bæði hv. 4. þm. Austf. svo og aðra þá framsóknarmenn sem kynnu að vaða í þeirri villu að halda að það sé haldið uppi óbreyttri og jafnvel meiri byggðastefnu heldur en var í tíð fyrrv. ríkisstj., — það væri fróðlegt fyrir þessa hv. þm. að kynna sér þær skoðanir sem koma fram í umræddri forustugrein, en ég vil, með leyfi forseta, lesa hér eftirfarandi:

„Eitt veigamesta stefnuatriði núv. ríkisstj. er að halda uppi öflugri byggðastefnu, jafnvel meiri en á vinstristjórnarárunum. Margt er hægt að fyrirgefa mistækri stjórn sem gengur fram undir merki byggðastefnunnar í verki, jafnvel ný fjárlög með hverju nýju tungli. En stundum villast menn eða hrekjast af leið, jafnvel þótt hún hafi verið skýrt mörkuð, og nú sýnast stjórnvöld hafa tapað byggðastefnunni. Ný stóriðja á Suðvesturlandi og ný stórvirkjun hennar vegna einnig á Suðvesturlandi og niðurskurður verklegra framkvæmda, sem auðvitað kæmi fyrst og fremst niður á landsbyggðinni, er stórkostleg stefnubreyting eða alger villa því að þessar ráðstafanir ganga þvert gegn byggðastefnu." Og áfram heldur: „En hvernig stendur á áttavillu stjórnar og þings? Hafa þm. og þjóðin beygt sig fyrir lævísum áróðri um að þeim beri að byggja upp og treysta atvinnulífið á einum stað landsins en öðrum landshlutum verði aðeins að sinna í neyð? Á þessu tvennu er sá reginmunur að fulltrúar á löggjafarþingi og stjórnsýslunarmenn hefðu átt að halda vöku sinni. Þessi meginmunur kemur m. a. fram í stórvirkjunum hverri af annarri á Suðvesturlandi, stóriðju, vegagerð, hafnarbótum o. fl., á meðan sú deyfð ríkir á Norðurlandi sem orkumálin þar eru glöggt dæmi um."

Ég held að ekkert fari milli mála hver er skoðun þess eða þeirra framsóknarmanna á Akureyri sem standa að forustugrein sem þessari. Það er því alveg ljóst að almenningur úti á landsbyggðinni er mjög uggandi um sinn hag verði fram haldið óbreyttri þeirri stefnu sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp í efnahagsmálum. Það er stefna sem er fjandsamleg þeirri byggðastefnu sem uppi var höfð í tíð fyrrv. ríkisstj.

Þá vék hv. 4. þm. Austf. að fjárlögunum og því stóraukna fjármagni sem hann taldi að gert væri ráð fyrir til eflingar Byggðasjóði. Að vísu er rétt, að það er gert ráð fyrir því að töluvert aukið fjármagn renni til Byggðasjóðs. En það hefur sýnt sig að núv. hæstv. ríkisstj. hefur hagað málum þann veg að með því að auka þetta framlag til Byggðasjóðs hefur hún samhliða fært af fjárlögum ýmsa pósta sem þar hafa áður verið sem útgjaldaliðir, en fært þá yfir á Byggðasjóð. Það má því segja að a. m. k. verulegur hluti af þessu aukna fjármagni sé tekinn til Byggðasjóðs með þeim hætti að það eru teknir útgjaldaliðir sem áður hafa verið á fjárlögum. Þetta er auðvitað ekkert nema tilfærsla sem hér er um að ræða, — tilfærsla sem kemur ekkert betur að notum landsbyggðinni heldur en ef það hefði verið áfram eins og verið hefur, sem útgjaldaliður á fjárlögum eða bein fjárveiting. Einnig er ljóst að verði það úr að um niðurskurð á fjárlögum verði að ræða, þá leiðir

sem er fyrsta till. af slíku tagi, um gagngera kerfisbreyt. skatta, sem stjórnmálafl. hefur lagt fram á Alþ. — yrði tekin til gaumgæfilegrar og góðrar endurskoðunar og velviljaðrar í sambandi við þá heildarendurskoðun á skattkerfinu sem fara ætti í gang. Þeirri endurskoðun er enn ekki lokið og enginn veit hvenær sér fyrir endann á henni. En ég vil leggja áherslu á það að slíkri heildarendurskoðun á skattkerfi verði lokið sem allra fyrst og sem allra best, þannig að Alþ. þurfi ekki að standa í því einu sinni og tvisvar á ári að gera nýjar og nýjar breyt. á þessu kerfi sem gerir það flóknara og flóknara, fjarlægara og fjarlægara sínu markmiði og sínum tilgangi og gersamlega óskiljanlegt fyrir alla almenna skattþegna í þessu landi.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð vegna þess að hv. frsm. meiri hl. n. gat mín og orðaskipta þeirra, sem við áttum í gærkvöldi, í ræðu sinni áðan. Það var drengilega gert af honum að taka fram nú að hann rengdi ekki þær tölur sem ég fór með í gær. En þetta þýðir þá að niðurstöður mínar voru réttar, þ. e. a. s. það er rétt að einstæðir foreldrar beri þyngri skatta en hjón þrátt fyrir sömu atvinnutekjur og sama barnafjölda. Þetta þýðir í raun að einstætt foreldri missir þá fyrr barnabæturnar en hjón, og það mál lít ég alvarlegum augum og átel harðlega þá ábyrgðarlausu afstöðu sem ríkisstj. og stjórnarsinnar tóku í þessu máli í dag.

Hv. frsm. meiri hl. n. taldi sínar reikningsforsendur réttari. Það, sem okkur greinir þá raunverulega á um, er hvernig litið skuli á tryggingargreiðslur, hvort líta skuli á þær sem bætur eftir vinnandi mann, t. d. húsmóður sem hverfur af sjónarsviðinu, svo að við höldum okkur við dæmið sem við ræddum um í gærkvöld, eða hvort litið skuli á þessar bætur sem sældartekjur sem ekkjumaður hafi umfram hinn kvænta mann. Það er þessi síðari skilningur sem ræður gerðum hæstv. ríkisstj. í þessu frv. Þessi skilningur kemur ákaflega vel fram í plaggi sem ríkisskattstjóri hefur útbúið og ég hef hér undir höndum, þar sem bornir eru saman þessir tveir hópar. Rökstuðningur fyrir því að hjón skuli bera léttari skatta en einstætt foreldri þrátt fyrir sömu atvinnutekjur og sama barnafjölda stendur þar skýrum stöfum og er á þessa leið: Hjón, einum fleiri í heimili til framfærslu. — Ég mótmæli því að litið sé á húsmóður sem hún sé á framfæri, en ekki að hún sé vinnukraftur sem vinni heimili sínu gagn.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Það er nú kannske að bera í bakkafullan lækinn að fara hér mörgum orðum um það mál sem hér er til umræðu, enda skal ég ekki vera langorður að þessu sinni. Ég vil þó víkja hér að örfáum atriðum sem fram hafa komið bæði nú í kvöld og fyrr við þessar umr.

Það er auðvitað öllum orðið ljóst, öllum almenningi í landinu, fyrir löngu, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur engin tök á því að leysa þann efnahagsvanda sem hún sjálf telur vera að glíma við. Margt kemur sjálfsagt til í þessum efnum, kannske þó fyrst og fremst það ósamlyndi sem virðist ríkja á stjórnarheimilinu, ekki aðeins milli stjórnarflokkanna tveggja, heldur og innbyrðis hjá hvorum þeirra um sig. Þetta hefur komið fram í mörgum tilvikum. Hefur verið bent á með mörgum dæmum og væri hægt að auka þar við.

En það er ekki aðeins á sviði þessara mála sem fram hefur komið getuleysi og stjórnleysi núv. hæstv. ríkisstj. Það er ekki bara varðandi landsmálin, efnahagsmálin eða landsmálin í heild. Við höfum orðið þess varir hér á hv. Alþ., kannske fyrst og fremst hina síðustu daga, hvert stjórnleysi ríkir hér í þingsölum þegar það getur verið svo að önnur hv. d., þ. e. a. s. hv. Nd., er á fundum dag eftir dag, kvöld eftir kvöld, án þess að hin d. hafi eitt einasta mál til að ræða um. Og það gengur svo langt að þrátt fyrir þessa staðreynd er enn haldið áfram að leggja fram frv. í þessari hv. d. á sama tíma og hin situr aðgerðalaus dag eftir dag. Þetta er aðeins eitt dæmið um hið algera stjórnleysi sem nú virðist ríkja hjá núv. hæstv. ríkisstj.

Eitt af því, sem hvað mest hefur verið um rætt varðandi það mál sem hér er nú til umr., hefur verið í sambandi við skattalækkun og þá kannske fyrst og fremst þær yfirlýsingar sem hæstv. ríkisstj. gaf í tilefni af samningsgerð fyrir nokkru og efndum á þeirri yfirlýsingu og óskum samninganefndar Alþýðusambands Íslands þar um. Það er nú ljóst að það á ekki að fullu að standa við þær yfirlýsingar sem þá voru gefnar, a. m. k. ekki á þann veg sem miðstjórn og samninganefnd Alþýðusambands Íslands tóku þá yfirlýsingu. Þetta er ljóst af úrslitum mála og atkvgr. hér í dag, þannig að það liggur nú fyrir að það á ekki að taka tillit til þeirra eindregnu óska samninganefndar og miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um þá skattalækkun sem gefið var fyrirheit um, þ. e. a. s. í því formi sem óskað var eftir að hún yrði. Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum þar um, þetta hefur komið ljóst fram í umræðum hér, bæði í dag og nú, og skal ég ekki lengja mál mitt frekar þar um. En þetta verður þó aldrei nógsamlega undirstrikað, að hér er að hluta hlaupið frá fyrir fram gefnum yfirlýsingum að því er þetta atriði áhrærir. Það virðist því vera ljóst að það er meira tillit tekið til óska ýmissa annarra stétta eða hópa, sem þarna eiga hlut að máli, heldur en miðstjórnar og samninganefndar Alþýðusambands Íslands. Nægir þar að benda á þá brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. við sína eigin brtt., sem fyrr var komin fram, í sambandi við það að leyfa ekki nema að 50% flýtifyrningarákvæði sem reist voru á tilkynningu sem út var gefin af fjmrn. í desember s. l.

Það, sem kom mér fyrst og fremst til að kveðja mér hér hljóðs að þessu sinni, er í sambandi við þá gr. frv. sem gerir ráð fyrir lántökuheimildum til handa fjmrh. til ýmissa framkvæmdaliða. Mín ósk að þessu leyti til er fyrst og fremst um það að hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. gæti gefið yfirlit eða frekari sundurliðun á því hvernig ætlað er að verja því fjármagni sem gert er ráð fyrir að fjmrh. hafi heimild til að taka að láni. Mér finnst það skipta nokkuð miklu máli, a. m. k. í mínum augum, með hverjum hætti þessum fjármunum verður varið.

tekur afstöðu gegn eindregnum tilmælum samninganefndar Alþýðusambands Íslands, ekki um hver upphæð þessarar skattalækkunar skuli vera, heldur hvernig eigi að haga þeirri skattalækkun sem verið er að fjalla um. Það var nákvæmlega sama upphæð sem gert var ráð fyrir að lækka skatta um hvor leiðin sem farin hefði verið, hvort það var sú leið, sem stjórnarmeirihl. hefur ákveðið að fara, eða sú leið, sem samninganefnd Alþýðusambands Íslands eindregið óskaði eftir að farin yrði og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason flutti till. um. ASÍ óskaði ekki eftir meiri skattalækkun en samkomulag hafði náðst um við ríkisstj. Alþýðusambandið óskaði aðeins eftir því að ákveðin leið yrði farin til lækkunar á þessum sköttum. Það skiptir ríkissjóð engu máli hvor leiðin yrði farin, hvort farin yrði sú leið, sem stjórnarmeirihl. hefur knúið í gegnum þessa d. eða er að gera nú, eða hvort farin hefði verið sú leið sem samninganefnd Alþýðusambands Íslands eindregið óskaði eftir. Það skiptir ríkissjóð engu máli hvor leiðin yrði farin. Og ég fæ ekki séð að það hafi skipt ríkisstj. eða hv. stjórnarsinna nokkru máli heldur, a. m. k. hafa engin rök um það komið fram hér í þessum umr., þó að menn geti leitt getum að því hvað vaki raunverulega fyrir ríkisstj. með þessari afstöðu sinni. Hins vegar skiptir það launþega miklu máli hvor leiðin er farin þótt það skipti ríkissjóð engu máli. Leið sú, sem stjórnarmeirihl. hefur valið, hefur knúið í gegn, er launþegum óhagstæðari en sú leið sem Alþýðusamband Íslands eindregið óskaði eftir. Og mér er það gersamlega óskiljanlegt hvers vegna ríkisstj. og þingmeirihl. hennar grípur til þess ráðs að neita eindregnum óskum samninganefndar Alþýðusambands Íslands um einber framkvæmdaratriði í þessu máli. Mér er það gersamlega óskiljanlegt hvers vegna stjórnarmeirihl. vill ekki leyfa launþegum að njóta mests góðs af þessum ráðstöfunum sem gera á fyrst og fremst með þeirra hag fyrir augum. Skal ég ekki svo fara fleiri orðum um þetta þar sem þetta hefur komið rækilega fram í máli manna hér áður.

En ég vil vekja athygli manna á öðru. Sú skattalagabreyting, sem nú er verið að gera, er ein af mörgum er hafa verið gerðar á mjög skömmum tíma. Þessar breytingar eru töluvert flóknar, eru töluvert óljósar, þær eru töluvert óskýrar og þær eru það ekki aðeins gagnvart almenningi og óbreyttum þm., heldur ekki síður fyrir þá n. sem um málið fjallaði og hefur fjallað í töluvert langa hríð. Nú við 3. umr. málsins í þessari hv. d. taldi fjh.- og viðskn. sig knúða til þess að leiðrétta sjálfa sig með þeim till., sem hún lagði fram í dag, til þess að eitthvert vit og eitthvert samræmi væri í því sem hún er að láta þingheim gera.

En málið lá ekki aðeins óljóst fyrir n., málið liggur einnig og hefur legið óljóst fyrir ýmsum þeim sérfræðingum sem á fund n. hafa verið kallaðir. Mér hefur verið tjáð að a. m. k. á fyrsta fundi, sem n. hélt með sérfræðingum í skattamálum, hafi verið töluverður ágreiningur á milli þessara sérfræðinga um hvernig bæri að skilja einstök atriði brtt. og hvaða áhrif þau mundu hafa. Þetta er ekki einasta breyt., sem gerð hefur verið á skattalöggjöf og skattkerfi þjóðarinnar að undanförnu. Það hafa verið gerðar ein til tvær slíkar breyt. á svo til hverju ári sem liðið hefur að undanförnu. Flestar þessar breyt. hafa orðið til þess að gera kerfið flóknara og torskildara. Aðstæðurnar eru nú þannig að það er gersamlega ómögulegt fyrir almennan skattborgara eftir að hafa gert sitt skattaframtal að gera sér í hugarlund hvað hann muni koma til með að bera í skatta. Til þess þyrfti hann að fletta ekki aðeins lagasafni fram og aftur, heldur einnig að verða sér úti um breyt. hér og breyt. þar sem gerðar hafa verið svo til á hverju ári frá því að gengið var frá lagasafni til prentunar. Raunar má segja að það sé aðeins á færi sérfræðinga að rata í þeim myrkviði sem íslenska skattakerfið er nú orðið, og eiga þeir þó fullt í fangi með það sumir hverjir. Það er auðvitað kostur á lögum um skattamál eins og öðrum lögum að þau séu augljós og auðskilin.

Það er ókostur á slíkum lögum eins og öllum öðrum lögum að þau séu myrkvuð, flókin og flækt. En er það eini ókosturinn við gildandi skattalöggjöf á Íslandi að hún sé torskilin venjulegum skattborgurum? Hafa þessar breyt., sem gerðar hafa verið ein og tvær á hverju ári að undanförnu, leitt til þess að gera kerfið betra og réttlátara en það var og hefur verið? Ég vil leyfa mér að efast um það. Hafa þessar breyt. orðið til þess að misrétti og ójafnaði í skattamálum hafi verið útrýmt? Ég leyfi mér að fullyrða að svo sé ekki. Hafa þessar breyt. stuðlað að aukinni heilbrigði í skattamálum á Íslandi? Það eru vart margir sem eru þeirrar skoðunar. Þó hafa þessar breyt. á íslensku skattalöggjöfinni verið ræddar mikið, lengi og oft. Engu að síður hygg ég að það verðist fyrir flestum hv. alþm. ef þeir ættu að útskýra þetta kerfi fyrir hv. kjósendum sínum. Ætli lýsingin yrði ekki eitthvað svipuð og hjá karlinum fyrrum sem ætlaði sér að gefa heimilisfólki sínu lýsingu á vindmyllu er hann hafði séð á ferðum sínum, og lýsti henni með þessum orðum: Fyrst er spýta og svo er spýta og svo er spýta í kross, svo er spýta og svo er spýta og svo er spýta þvers, og svo er spýta og svo er spýta og svo er spýta langs, og svo er spýta og svo er spýta og svo fer allt í gang, — nema ég efast stórlega um að sú kerfisómynd, sem við búum nú við í íslenskum skattamálum, fari svo greitt í gang, og jafnvel þó að hún færi í gang þá yrði ganguriinn skrykkjóttur.

Ég held að tími sé til þess kominn að við hættum að plástra, hættum að græða kvistótta afleggjara við skattatimbrið, hættum að lappa upp á kerfi sem fyrir löngu er orðið úrelt og úr sér gengið og þjónar ekki lengur þeim tilgangi sem því var gert að þjóna í upphafi. Ég held að það sé kominn tími til þess að þeirri endurskoðun, heildarendurskoðun á skattamálum íslenskum, sem okkur hefur verið sagt að hafi staðið í mörg ár, fari nú að ljúka senn hvað líður, svo að hægt verði að setja skynsamleg lög um skattamál sem sérhverjum íslenskum þjóðfélagsþegn væru auðskilin og raunar auðlærð einnig. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli manna á því að fyrir ekki alllöngu flutti þingflokkur Alþfl. till. hér á Alþ. um gagngera kerfisbreyt. skatta. Þá var sagt að sú till. þingfl. Alþfl. —

það hefur verið talað um miklar framkvæmdir á Miðnesheiði, Keflavíkurflugvelli (Gripið fram í.) Jú, en ég vil minna hv. 3. þm. Reykv. á að framkvæmdirnar í Þorlákshöfn voru ákveðnar í tíð vinstri stjórnarinnar, framkvæmdirnar í Grindavík voru sömuleiðis ákveðnar í tíð vinstri stjórnarinnar. Og þá er ég kominn að járnblendiverksmiðjunni. Mér liggur við að segja: Í upphafi skapaði guð himin og jörð og Magnús Kjartansson málmblendiverksmiðjuna. Ég lít svo á að hann sé raunverulega faðir málmblendiverksmiðjunnar. Hann stóð fyrir samningum við Union Carbide í marga mánuði, — ég veit ekki hvort það voru mörg ár, en a. m. k. í marga mánuði, — og hann mun hafa lýst því yfir í sérstöku bréfi sem skrifað var á sínum tíma til Union Carbide að hann og ríkisstj. hefðu áhuga á að koma þessu máli í höfn. Það má sjálfsagt deila um samningana sem slíka, en ég hygg að það sé óhrekjanleg söguleg staðreynd að hv. 3. þm. Reykv. hafði forustu í þessu máli frá byrjun.

Um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli er það að segja að ég er ekkert viss um að framkvæmdir verði þar meiri á þessu ári en þær voru á sumum árum vinstri stjórnarinnar. Það voru geysilegar framkvæmdir til dæmis þegar verið var að lengja flugbrautina á Keflavíkurflugvelli sem var mjög mikil framkvæmd. Ég hef að vísu engar tölur til þess að bera þetta saman, en ég er ekki viss um að á þessu ári verði meiri framkvæmdir þarna suður frá en voru stundum á árum áður.

Ég hef nú drepið á víð og dreif á ýmislegt sem borið hefur á góma í þessum umr. Ég vil að lokum leyfa mér að vísa hér til kafla úr stjórnmálaályktun aðalfundar miðstjórnar Framsfl. sem var samþ. á aðalfundinum núna um helgina og var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það olli vonbrigðum að vinstri stjórnin varð að hverfa frá áður en hún hafði lokið verkefnum sínum. Fundurinn vonar að núv. ríkisstj. takist að leysa þann efnahagsvanda sem við er að fást. Ríkisstj. hefur síðan hún var mynduð unnið að því að tryggja afkomugrundvöll atvinnuveganna og atvinnuöryggi í landinu. Í því skyni var gengisbreytingin í september framkvæmd og þær ráðstafanir sem henni fylgdu. En sökum síversnandi viðskiptakjara reyndust þær ráðstafanir ónógar og ný gengisbreyting í febr. varð óhjákvæmileg. Í kjölfar hennar fylgja ýmsar ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Aðalfundur miðstjórnar Framsfl. 1975 lýsir stuðningi sínum við ráðstafanir ríkisstj. sem miða að því að dreifa þeim byrðum, sem bera þarf, sem réttlátast á þegna þjóðfélagsins og vinna sem fyrst bug á þeim erfiðleikum sem við er að fást.

Fundurinn telur þau viðbrögð réttust og stórmannlegust að sá samdráttur, sem nú um hríð er óumflýjanlegur eftir mikið þenslutímabil, komi að verulegu leyti fram í minnkandi einkaneyslu frekar en minni atvinnuuppbyggingu og opinberum þjónustuframkvæmdum.

Sem félagshyggjuflokkur hlýtur Framsfl. að vara við því, að tekjur ríkisins séu rýrðar með því að lengra sé gengið í lækkun skatta. Af því hlyti að leiða minni félagslegar framkvæmdir.

Fundurinn vill þó vekja athygli á því að enn er þörf frekari aðgerða á ýmsum sviðum ef tryggja á jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Fundurinn bendir á þann mikla vanda, sem leysa þarf áður en lög um launajöfnunarbætur falla úr gildi 1. júní n. k. Nauðsynlegt er að endurskoða tilhögun vísitölubóta á kaupgjald.

Fundurinn telur sjálfsagt að launþegar njóti verðtryggingar kaupgjalds, en það verður að gerast með þeim hætti að komist verði sem mest hjá skaðlegum áhrifum á verðlagsþróunina og það torveldi ekki almenna stjórn efnahags- og fjármála. Fundurinn telur ótækt að skattheimta til sameiginlegra þarfa þegnanna, sem ákveðin er af lýðræðislega kjörnum fulltrúum þjóðarinnar, hafi gegnum vísitölukerfið áhrif til almennar kauphækkunar."

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Það fór þá ekki svo að þeir hv. framsóknarmenn hefðu ekki eitthvað að segja. Ég ætla nú ekki að fara að flytja hér almenna eldhúsdagsræðu um efnahagsmál eins og síðasti hv. ræðumaður. Ég vil aðeins vekja athygli á því að framan af sinni ítarlegu ræðu gaf hann ófagrar lýsingar á efnahagsástandinu í landinu, gaf hann ófagrar lýsingar á skuldasöfnun þjóðarinnar erlendis, gaf hann ófagrar lýsingar á þeirri gjaldeyrisþurrð sem verið hefur og skapast hefur, gaf hann ófagra lýsingu á ástandinu eftir að flokkur hans, Framsfl., hafði farið með forustu í ríkisstj. í þrjú ár og með yfirstjórn gjaldeyrismála og viðskiptamála þjóðarinnar í 8 mánuði. Þessi lýsing, sem hv. síðasti ræðumaður dró upp hér í nokkuð löngu máli, var sem sé lýsingin á árangrinum af stjórnarforustu Framsfl. og lýsingin á árangrinum af stjórn Framsfl. á gjaldeyris- og viðskiptamálum þjóðarinnar í átta mánuði. Ég vil einnig vekja athygli á því að hv. þm. tók þráfaldlega fram í ræðu sinni að það hefði ekki verið breytt um stefnu þó að ný ríkisstj. væri komin til valda. Það er þarflegt og gott að við stjórnarandstæðingar, a. m. k. við Alþfl.-menn, minnum þá ágætu sjálfstæðismenn á það að enn hafi ekki verið breytt um þá stefnu sem hafði það í för með sér sem var lýst í máli þess sem talaði hér á undan mér. En það er enn þá betra ef samstarfsmenn sjálfstæðismanna í ríkisstj., framsóknarmenn, taka í árina með okkur og minna sjálfstæðismenn á það, að stefnunni hefur ekki verið breytt.

Ég sagði það áðan að ég ætlaði ekki að setja á langa tölu. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að fara nokkrum orðum um það mál sem mest hefur verið rætt hér í dag og mestum deilum valdið, en það eru skattalagabreytingar sem frv. gerir ráð fyrir og er nú verið að afgreiða í þessari hv. d. Afgreiðsla málsins hjá meiri hl. n. þeirrar, sem um málið fjallaði, fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., svo og atkvgr. í dag, leiða berlega í ljós að stjórnarmeirihl. á þingi

Auðvitað eru engin algild Móselög í þessu sambandi, en eitt er víst, og það er að hér hefur verið teflt á tæpasta vað eins og þróunin hefur orðið.

Sumar þjóðir nota ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í miklu ríkari mæli til þess að byggja upp atvinnulífið í landinu heldur en við gerum, eins og t. d. svíar sem ráðstafa líklega um 30—35% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna til uppbyggingar í atvinnulífinu. Við erum með sáralítinn hluta í þessu efni, og ég held að það sé verðugt verkefni að vinna að því að hægt verði að beina miklu meira af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í landinu til atvinnuuppbyggingar heldur en verið hefur. Það væri ekkert óeðlilegt þó að á þessu ári væri lánað úr lífeyrissjóðakerfinu í þessu skyni allt að 2 milljörðum kr. eða um 30% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Ég er þeirrar skoðunar að með þeim heimildum og þeirri stefnu, sem ríkisstj. er nú að marka í þessum efnum og verður gengið frá fljótlega, sé tryggð fjáröflun til uppbyggingar í atvinnulífinu í svipuðum mæli og verið hefur undanfarin ár. Það mun því verða haldið áfram með uppbyggingu vinnslustöðva sjávarútvegsins og einnig í vaxandi mæli með vinnslustöðvar í landbúnaði.

Hv. 3. þm. Reykv. vitnaði hér bæði í gær og einnig í dag til ræðu sem Ólafur Jóhannesson, formaður Framsfl., hélt á aðalfundi miðstjórnar flokksins nú um helgina þar sem hann sagði að Framsfl. ætti að gæta þess að ekki kæmi til niðurskurðar opinberra framkvæmda á landsbyggðinni. Hv. 3. þm. Reykv. taldi þetta til tíðinda og bera vott um að nú væru mikil átök í stjórnarflokkunum. Ég verð að segja það, að mér finnst það ekki mikil tíðindi þó að form. Framsfl. lýsi yfir að það sé stefna flokksins að stuðla að mikilli uppbyggingu úti um landsbyggðina vegna þess að byggðastefna hefur verið — ég vil segja einn sterkasti þátturinn í stefnu Framsfl. frá öndverðu. Í fyrsta tölublaði Tímans, sem Jónas Jónsson skrifaði 1917, var kjörorðið: „Framför alls landsins, allrar þjóðarinnar", ef ég man rétt. Svo fróður maður í stjórnmálum sem hv. 3. þm. Reykv. er, þá undrar mig dálítið að hann skuli vera hissa á þessari yfirlýsingu. Hann getur verið alveg viss um að Framsfl. mun halda áfram að leggja áherslu á uppbyggingu úti um landsbyggðina og öfluga byggðastefnu. En það þarf ekki að bera vott um átök í stjórnarliðinu, þó að þessi sannindi um stefnu Framsfl. séu áréttuð.

Hv. 3. þm. Reykv. ræddi nokkuð um niðurskurð ríkisútgjalda og gagnrýndi það að til stæði að skera niður framkvæmdir. Ég vil minna hann á að í vetur, þegar við vorum að ræða hér á hv. Alþ. um frv. til l. um ráðstafanir til fjáröflunar til Viðlagasjóðs, flutti hv. 2. þm. Austurl., Lúðvík Jósepsson, till. um það hvernig hann vildi haga fjáröflun í því skyni. Hann vildi haga fjáröflun þannig, að það væri ekki lagt á söluskattsstig til viðbótar til þess að afla fjár, heldur væru teknar úr ríkissjóði 400 millj. kr. til þess á þessu ári. Hv. 2. þm. Austurl. gerði aldrei grein fyrir því hvað ætti að skerða við þessa ráðstöfun því að ekki er hægt að taka 400 millj. kr. úr ríkissjóði án þess að það komi einhvers staðar niður. Hér er því um að ræða nokkra mótsögn í málflutningi þeirra félaga að minni hyggju. Þarna var um að ræða till. um raunverulegan niðurskurð, ekki heimild. Þess ber þó að geta að hv. Alþb.-menn greiddu að vísu flestir atkv. um söluskattsstigshækkun þegar til úrslita dró.

Það er gert ráð fyrir því á þskj. 441, brtt. frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, að ríkisstj. sé heimilt að lækka almenn rekstrarútgjöld fjárl. ársins 1975 um allt að 1 500 millj. kr., enda sé þess gætt að slík lækkun útgjalda hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né heldur á framlög til félagsmála. Það vantar nú heldur betur útskýringar á þessu atriði. Hv. 2. þm. Austurl. og hv. 3. þm. Reykv. hafa nýlega látið af ráðherrastörfum. Þeir hafa verið í ríkisstj. í landinu í þrjú ár, og nú gera þeir kröfur til þess að hægt sé að lækka rekstrarútgjöld ríkisins um 1 500 millj. kr., þegar þeir nýlega hafa látið af störfum sem ráðherrar. Ég tek ekki alvarlega svona till. nema hún sé rökstudd, nema sé gerð grein fyrir því hvernig þetta megi verða og hvað það er sem þarna sé um að ræða, hvernig mögulegt sé að koma þessu við, nema slíkri till. fylgi rökstudd grg. Því álít ég að ekki sé hægt að taka svona till. alvarlega.

Ég minntist á það áður að fjárl. marka að minni hyggju ákveðna byggðastefnu, bæði að því er snertir opinberar framkvæmdir almennt svo og framlög til Byggðasjóðs. Það er gert ráð fyrir því í fjárl. að leggja til Byggðasjóðs sem nemur 2% af útgjöldum á fjárlfrv. Þessi upphæð er á fjárl. 877 millj. og er veruleg. Ef þessi stefna ræður ríkjum, t. d. næstu 10 árin, þá er þarna um að ræða upphæð sem svarar til um 9 milljarða kr. í Byggðasjóð til þess að standa undir uppbyggingu atvinnulífs og félagslegum framförum úti um landsbyggðina. Ég álít að þetta sé gagnmerk stefna sem þarna hefur verið mörkuð, vegna þess að áður var það svo að það var aðeins ákveðin upphæð á fjárl. sem ætluð var til Byggðasjóðs, 100 millj. kr. á ári, sem var góðra gjalda verð í byrjun. En með þessu ákvæði eða með þessum samningi milli núv. stjórnarflokka hefur tvennt verið gert. Í fyrsta lagi hafa verið stóraukin framlög til Byggðasjóðs, og í öðru lagi má segja að þessi framlög hafi verið verðtryggð, vegna þess að hér er miðað við 2% af útgjöldum fjárl.

Ég vil undirstrika það að ég álít að í þessu felist mjög öflug byggðastefna. Það kann vel að vera að skilyrði til þess að halda uppi miklum verklegum framkvæmdum úti um landsbyggðina séu misjafnlega hagstæð, það viðurkenna allir. En ég held að það fari ekki á milli mála að fjárl. og þetta ákvæði, sem ég hef nú verið að gera grein fyrir, ásamt fyrirætlunum um uppbyggingu atvinnulífsins, beri vott um öfluga byggðastefnu.

Það hefur nokkuð borið á því í málflutningi þeirra Alþb.-manna og skrifum að með tiltekinni fjárfestingu eða framkvæmdum hér á Suðvesturlandi sé verið að hverfa frá byggðastefnu. Það hefur verið talað um ýmislegt í því sambandi. Það hefur verið talað um miklar framkvæmdir í Þorlákshöfn. Það hefur verið talað um miklar framkvæmdir í Grindavík. Það hefur verið talað um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Og

voru allir stjórnmálaflokkar, að ég hygg, sammála um að ekki yrði komist hjá gengislækkun. Ég held ég fari rétt með það að hv. 2. þm. Austurl. hafi sagt opinberlega að Alþb. hefði fyrir sitt leyti getað fallist á 15% gengislækkun ef orðið hefði af stjórnarmyndun með þátttöku þess. Síðan þetta var hefur þróunin í gjaldeyrismálum og viðskiptakjörum farið versnandi, eins og kunnugt er, og versnað um a. m. k. 10%. Þannig er það í raun og veru framhald af því sem áður var, að núv. ríkisstj. hefur gripið til gengislækkunar fyrir skömmu. Um það má sjálfsagt deila hve mikil gengislækkun hefði þurft að koma til, en það virðist rökrétt að álíta að allir stjórnmálaflokkar hefðu gripið til gengislækkunar nú í febrúarmánuði ef þeir hefðu verið við völd og jafnvel Alþb. einnig, ef þessi mál eru rakin og skoðuð nánar.

Ríkisstj. hefur með þessum ráðstöfunum unnið að því að tryggja grundvöll atvinnuveganna og atvinnuöryggi í landinu, og það sem hefur kannske áunnist mest er að mínum dómi að það hefur tekist að halda uppi fullri atvinnu í landinu. Atvinnuleysi er nánast ekkert hér eða svipað því sem var á síðasta ári, og þetta hefur tekist þrátt fyrir mikla erfiðleika í efnahagsmálum. Þetta er auðvitað ákaflega þýðingarmikið atriði.

Þegar þróun efnahagsmála verður á þann veg sem ég hef verið að lýsa, til hins verra, vaknar spurningin: Hvernig á að bregðast við, hvað skal gera? Ein af þeim leiðum, sem til greina koma, er að minnka einkaneyslu í landinu. Önnur leið er að minnka samneyslu. Þessi tvö atriði eru mjög þýðingarmikil þegar menn velja milli leiða. Það er ómótmælanlegt að einkaneysla hér í landinu var á árinu 1974 geysilega mikil. Það nægir t. d. að minna á það að fyrstu 8 mánuði ársins 1974 voru, að ég hygg, fluttir inn 8000 bílar, — ég held að ég fari rétt með það, — 1000 bílar á mánuði, 35 bílar á dag ef menn hafa flutt inn bíla á sunnudögum einnig. Einkaneyslan í landinu var það mikil á síðasta ári að það er ekkert óeðlilegt, miðað við það hvernig þróunin hefur verið í efnahagsmálum, þó að dregið sé úr henni. Það kann að vera ágreiningur um hvort á að draga úr einkaneyslu eða hvort á að minnka samneysluna þegar þarf að draga saman almennt séð. Við í Framsfl. höfum lagt á það áherslu að reyna að halda uppi mikilli samneyslu og teljum að það sé eðlilegt eins og nú háttar að draga úr einkaneyslunni.

Ef litið er á fjárlögin frá því í vetur, þá bera þau þess vott að það hefur í raun og veru ekki verið breytt um stefnu í þessum efnum. Eins og hæstv. forsrh. tók fram í ræðu sinni í gærkvöld mun vera svipað hlutfall á milli þess fjár sem ráðstafað er til samneyslu nú eins og var á seinasta ári, miðað við tekjuöflun landsmanna.

Þá er ég kominn að því atriði, sem hér hefur verið mikið rætt um, þ. e. a. s. 1. gr. þessa frv. sem felur í sér heimild til lækkunar á útgjöldum ríkisins. Það er ástæða til þess að benda á að hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða. Það er ekki verið að lögfesta niðurskurð. Hér er um að ræða heimildarákvæði. Og það er meira að segja þannig, að það er ekki á færi ríkisstj, samkv. 1. gr. frv., að skera niður ríkisútgjöld, heldur verður að samþykkja það af fjvn. (Gripið fram í: Er ekki meiningin að nota heimildina?) Þannig vil ég undirstrika það að á þessu stigi málsins er hér um að ræða heimild, en ekki lögfestingu. Ég skal engu spá um það hvort heimildin verður notuð eða ekki, en á þessu stigi málsins standa mál á þann veg að hér er um heimildarákvæði að ræða.

Þá er mjög þýðingarmikið að halda áfram uppbyggingu atvinnulífsins. Ríkisstj. hefur unnið að því á undanförnum vikum að afla fjár til þess að hægt sé að halda áfram öflugri uppbyggingu í atvinnulífinu. Í seinustu till. stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir að auka heimildir Framkvæmdasjóðs til lántöku úr 1 200 millj. upp í 2 000 millj., einmitt í því skyni að beina þessu fjármagni áram til fjárfestingarlánasjóðanna og til uppbyggingar í atvinnulífinu. Það er yfirlýst stefna stjórnarflokkanna að leggja áherslu á uppbyggingu vinnslustöðva bæði í sjávarútvegi og einnig í landbúnaði, halda áfram með framkvæmd hraðfrystihúsaáætlunarinnar og leggja áherslu á uppbyggingu vinnslustöðva í landbúnaði: mjólkurstöðva, sláturhúsa og fleiri vinnslustöðva.

Það er ekkert nýtt vandamál í sjálfu sér þó að erfitt sé að afla nægilegs fjár til atvinnulífsuppbyggingar. Það er ekki nýtt vandamál. A hitt ber að líta, að möguleikar til þess að afla fjár til atvinnulífsuppbyggingar hafa óneitanlega þrengst frá því sem var t. d. á seinasta ári, að ég tali nú ekki um árið 1973. Þess ber að gæta að fjárfestingarlánasjóðirnir hafa ekki ýkja mikið eigið fé sem þeir geta lánað til uppbyggingar í atvinnulífinu, og þess vegna er það að afla verður þeim lánsfjár.

Framkvæmdasjóður hefur verið miðsjóður í þessu kerfi og til hans hefur verið aflað fjár til að endurlána til fjárfestingarlánasjóðanna. Það er gert aðallega með fernum hætti: Í fyrsta lagi með eigin fé Framkvæmdasjóðs sem er ákaflega lítið, ekki nema um 140 millj. kr. á þessu ári. Síðan hefur í öðru lagi verið sá háttur á í mörg ár að Framkvæmdasjóður hefur tekið að láni frá viðskiptabönkunum upphæð sem svarar til 10% af innlánsaukningunni. Það lætur nærri að á þessu ári geti hér verið um að ræða upphæð einhvers staðar á milli 700 og 800 millj. kr. Í þriðja lagi hefur svo Framkvæmdasjóður farið inn á þann markað, lánamarkað, að afla fjár með lántökum úr lífeyrissjóðum landsmanna. Á seinasta ári voru aðeins 250 millj. kr. sem Framkvæmdasjóður aflaði með þessum hætti. Það væri að mínum dómi ákaflega þýðingarmikið að hægt væri að útvíkka þetta kerfi verulega frá því sem þá var. Að lokum eru svo erlendar lántökur.

Þetta eru í raun og veru þeir möguleikar sem um er að ræða til þess að afla fjár til uppbyggingar í atvinnulífinu, og það gefur auga leið þegar höfð er í huga hin óhagstæða þróun í efnahagsmálum að verulega hefur minnkað svigrúm til þess að afla fjár erlendis frá. Eins og ég sagði áðan eru horfur á því að greiðslubyrðin verði allt að 20% á árinu 1979 ef miðað er við þær skuldbindingar sem þegar hafa verið gerðar. Það hefur verið talið hámark í þessum efnum að greiðslubyrðin liggi einhvers staðar um 15%.

(**Gripið fram í**: Framsfl. hafði náttúrlega enga stefnu um þetta efni.) Framsfl. á sinn þátt í því að hér er verið að breyta til, og þessar staðreyndir, sem ég hef hér minnt á, haggast ekki þótt hv. 3. þm. Reykv. leggi nú til að miða við 50% heimild, því að það er óhagganleg staðreynd að þegar Alþb. var í ríkisstj. voru lögin á þann veg að þessi heimild var miðuð við 100%, en nú er lagt til að hún verði miðuð við 70%. Á þetta vil ég nú minna í fullri vinsemd.

Það eru nokkur nýmæli í þessum till. sem hér liggja fyrir, þ. á m. nýmæli um skyldusparnað. Um þetta atriði segir svo í grg. um frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Með skyldusparnaði þeim, sem hér er lagt til að upp verði tekinn, er stefnt að því að jafna sem sanngjarnast þeim byrðum sem þjóðin í heild hlýtur nú að taka á sig um leið og aflað er innlends fjármagns til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum ríkisins. Líklegt er að mestum hluta þessa fjár mundi ella varið til einkaneyslu eða til fjárfestingar, en hjá ríkissjóði kemur fé þetta í stað erlends lánsfjár. Þetta er í fyrsta sinn sem almennum skyldusparnaði er beitt hér á landi.“

Það er að vísu rétt að hér er ekki um ýkjastórt mál að ræða í sjálfu sér. En hér er um stefnumarkandi mál að ræða. Hér er verið að taka í lög skyldusparnað sem ekki hefur áður verið festur í lög hér á landi. Hér er að vísu, eins og kunnugt er, og hefur verið um alllangan tíma skyldusparnaður ungmenna, en almennur skyldusparnaður hefur ekki áður verið færður hér í lög. Ég tel þetta merkt nýmæli og raunar hefði e. t. v. verið ástæða til þess að íhuga hvort ekki hefði komið til greina að lögfesta ákvæði sem hvetja menn til frjáls skyldusparnaðar. Þetta hafa sumar aðrar þjóðir gert, eins og t. d. vesturþjóðverjar og að ég hygg norðmenn. Vesturþjóðverjar a. m. k. hafa þau ákvæði í lögum að ef menn leggja inn vissa fjárhæð á banka og festa hana þar í tiltekinn tíma, þá fái þeir frádrátt frá skatti. Þetta er gert til að hvetja menn til sparnaðar. Og mér er sagt, að vestur-þjóðverjar hafi byggt upp byggingarsjóð sinn í húsnæðismálum að verulegu leyti með þessari aðferð. Ég álít að það kæmi vel til greina að lögfesta ákvæði sem hvetja menn til frjáls sparnaðar.

Það er erfitt að ræða um efnahags- og atvinnumál án þess að gera sér grein fyrir þróun mála undanfarin missiri. Það hefur komið fram áður í umr. hvað einkennt hefur þessa þróun. Það er aðallega þrennt sem hefur einkennt hana: Í fyrsta lagi alveg óvenjuleg hagsveifla í efnahagslífi þjóðarinnar, einstæð hagsveifla, sem er þannig vaxin að útflutningsafurðir hafa farið lækkandi, en á sama tíma hafa nauðsynjar, sem íslendingar þurfa að kaupa inn til landsins frá öðrum þjóðum, stórhækkað í verði. Þessi hagsveifla er talin hafa numið á árinu 1974 30% verri viðskiptakjörum í árslok heldur en þau voru í ársbyrjun. Þetta er býsna óhagstæð þróun og eðlilegt að hún komi erfiðlega niður og þurfi að gera ráðstafanir í efnahagsmálum til þess að hamla gegn slíkri þróun.

Þá er ástæða til þess í öðru lagi að geta þess að á árunum 1973, 1974 og 1975 mun verða varið rúmlega 4 milljörðum kr. til þess að greiða bætur vegna náttúruhamfara í Vestmannaeyjum og í Neskaupstað. Á árinu 1974 nam þessi upphæð 2 milljörðum 200 millj. kr. í árslok og á árinu 1975 mun hún að líkindum nema um 1 920 millj. eða samtals 4.1 milljarði.

Í þriðja lagi er ástæða til að minna á kjarasamningana sem gerðir voru í febr. 1974. Þessir kjarasamningar hafa aukið stórkostlega á erfiðleikana í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það var viðurkennt af báðum aðilum þegar lokið var gerð kjarasamninganna að þeir væru verðbólgusamningar. Það þarf ekki að beita öðru en heilbrigðri skynsemi til þess að gera sér grein fyrir því að 40—50% kauphækkun á einu ári er ofviða efnahagskerfinu, raunar hvaða efnahagskerfi sem er. Og þetta hefur mjög aukið á verðbólguna og valdið vaxandi erfiðleikum varðandi þróunina í efnahagsmálum.

Öll hefur þessi þróun haft slæm áhrif á gjaldeyrisstöðuna, eins og kunnugt er. Nú er staðan þannig í gjaldeyrismálum. Viðskiptahallinn á árinu 1974 varð neikvæður um 15 milljarða og 500 millj. kr. Þessi þróun varð mjög ör og miklu örari á síðari hluta ársins heldur en menn áttu von á á miðju ári. Menn spáðu því að viðskiptahallinn mundi verða um 12.4 milljarðar, en hann var 3.1 milljarði óhagstæðari þegar upp var staðið. Hér er um að ræða mjög alvarlegt ástand eins og öllum er kunnugt. Erlendar skuldir til eins árs og lengri tíma námu í árslok um 40 milljörðum og greiðslubyrðin, þ. e. a. s. hlutfallið á milli greiðslu, afborgana og vaxta af lengri lánum en til eins árs til útlanda og tekna vegna sölu vara og þjónustu til útlanda, nam á árinu 1974 um 11.3%. Á árinu 1973 var greiðslubyrðin 9%, á árinu 1975 verður hún að líkindum 15% og fer svo hækkandi og nær a. m. k. 20% um árið 1979 að því er spáð er. Þessi háa greiðslubyrði hlýtur óhjákvæmilega að draga úr möguleikunum til öflunar fjármagns til nýrrar fjárfestingar á komandi árum og gætir þess raunar þegar. Gjaldeyrisstaðan er um þessar mundir neikvæð um líklega 1 900—2 000 millj. kr. og í kassanum, ef svo má að orði komast, mun vera um 2½ milljarður til ráðstöfunar. Þannig er auðvitað mjög þröngt í búi í þessum efnum á allar hliðar eins og sjá má. Þessar staðreyndir sýna ljóslega hve svigrúm til efnahagsaðgerða hefur þrengst til mikilla muna á seinustu mánuðum að ég tali nú ekki um missiri

Stjórnarskiptin urðu 28. ágúst 1974. Sú þróun, sem viðgekkst þegar fyrrv. ríkisstj. var við völd, hélt auðvitað eitthvað áfram. Lífið stöðvast ekki, þó að ráðherraskipti verði og þess vegna verða fráfarandi ráðh. að gæta að því að þeir bera að hluta pólitíska ábyrgð á þróun mála næstu vikur og mánuði eftir að þeir yfirgefa ráðherrastólana. Þetta er augljóst mál. Þessi ríkisstj. hefur setið síðan, eins og kunnugt er, og gert ýmsar efnahagsráðstafanir. Það hefur verið gagnrýnt að hún hefur gripið til gengislækkana í sambandi við efnahagsráðstafanir. Gengislækkanir eru ekki nýtt fyrirbrigði, nema síður sé. Á fyrri hluta árs 1974 varð raunveruleg gengislækkun um 15%. Gengið var látið síga sem nam um 15%. Í viðræðunum í sumar, þegar stjórnmálaflokkarnir ræddu saman um möguleika á stjórnarmyndun,

þm. Magnúsi Kjartanssyni, hvað hefði ráðið afstöðu hans til þessa máls á s. l. sumri. Það getur vel verið að þessir tveir menn tali lítið saman í seinni tíð. En það væri nauðsynlegt fyrir þá að rifja svolítið upp hvað gerðist þá og hvað er nú verið að leggja til.

Þessi till. er auðvitað ekkert annað en sýndartill. og það veit þessi ágæti þm. og greindi maður. Hann veit að hún er sýndartill. sem hefur aldrei verið farið eftir hvorki af vinstri stjórn né hægri stjórn eða nokkurri ríkisstj. á Íslandi. Þessar bætur hafa hækkað hlutfallslega og annað ekki.

Sami þm. flutti hér langt mál í gær sem væri full ástæða til að fara ítarlega út í. Þar gerði hann grein fyrir afkomu atvinnuveganna og reyndi að gylla eins og hægt var hvernig ástandið hafi verið þegar hann fór úr ráðherrastól. Það er vitað mál og liggur fyrir að í júlí í sumar var halli í sjávarútvegi samkv. spám Þjóðhagsstofnunarinnar, sem hann vitnaði mjög mikið til í gær, um 1 380 millj. hvað veiðar snerti. En í sambandi við rekstur fiskvinnslustöðva var halli á sama tíma hvað frystiiðnaðinn snerti um 900 millj. kr., en hagnaður á söltun og herslu um 380 millj. kr. Þegar við tökum saman veiðar og vinnslu var ástandið þannig við júlí — skilyrði að það var 740 millj. kr. halli á sjávarútveginum, bæði á veiðum og vinnslu. Þetta ástand hefur farið versnandi. Við höfum orðið fyrir margvíslegum áföllum síðan og erum að verða fyrir áföllum enn. Ef það væri sérstakt hvað okkur Íslendinga varðar, þá má kannske ræða hér af hverju það stafi. En nú vitum við vel og höfum fregnir af því á hverjum degi hvernig ástandið er í velflestum nágrannalöndum okkar á þessum sviðum. Þau hafa orðið fyrir þungum áföllum í iðnaði. Eitt höfuðvandamál allra þessara ríkja er olíuvandamálið sem hefur kostað þjóðir heims, sérstaklega iðnaðarþjóðir, stórfé og versnandi afkomu. En sá er munur á okkur og velflestum þessara þjóða að þær verða nú að berjast við sífellt vaxandi atvinnuleysi, en með skynsamlegri stefnu og varkárni hjá þeirri ríkisstj., sem nú situr að völdum, hefur verið komist hjá því að atvinnuleysi yrði í þessu landi.

Við verðum að haga gerðum okkar á þann veg að gæta hófsemi og við verðum líka að játa þá staðreynd að það er ekki hægt að gera alla hluti í einu og það er heldur ekki hægt að láta eins og ekkert hafi skeð, eins og við engum erfiðleikum hafi verið tekið og að engir erfiðleikar hafi átt sér stað hér heima fyrir og engir erfiðleikar hafi komið annars staðar frá sem við ráðum ekki við. Við verðum að játa að þetta liggur fyrir. Við verðum að komast út úr þessum erfiðleikum og við verðum líka, hvað sem talað er um að menn séu með barlóm eða svartsýni, að viðurkenna að velflestar útflutningsafurðir okkar hafa lækkað í verði, en ekki hækkað, að saltfiski einum undanskildum. En þegar menn eins og Magnús Kjartansson gera samanburð á hvað útflutningur hefur hækkað í krónutölu, þá verður líka að taka tillit til tveggja gengisbreytinga sem hafa átt sér stað og útflutningur hefur hækkað af þeirra völdum. En í sambandi við gengisbreytingar verðum við líka að taka með í reikninginn, og það veit þessi hv. þm. mætavel, þær gífurlegu hækkanir sem verða einnig af völdum gengisbreytingarinnar og hækka framleiðslukostnaðinn hjá okkur. Það er ekki hægt að taka aðeins aðra hliðina eins og hann gerði í sinni ræðu í gær.

Ég ætla ekki að fara að flytja lengri ræðu að þessu sinni. Það gefast tækifæri til þess síðar og ég get þá beðið alveg eins í nokkra daga með það, en ég vildi aðeins að þetta kæmi hér fram í sambandi við bætur lífeyrisþega, að það er ætlun ríkisstj. og stjórnarflokkanna að þessar bætur verði afgreiddar með því frv. sem ég gat um í upphafi ræðu minnar.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég á sæti í fjh.- og viðskn. og stend því að áliti og brtt. meiri hl. n. Við höfum ekki, þm. Framsfl., tekið þátt í umr. við 2. eða 3. umr., en vegna þess að það hafa komið fram nokkur atriði í *málflutningi sumra* hv. þm. sem hefur verið beint sérstaklega til okkar, þá vil ég leyfa mér að taka til máls og minnast auk þess á nokkur önnur atriði sem varða afgreiðslu þessa máls.

Það hefur verið gagnrýnt nokkuð að seinlæti hafi verið á meðferð þessa máls í þinginu. Þess ber þó að gæta að hér er um að ræða breyt. á skattalögum, talsverðar breyt. á tekju- og eignarskattslögum, breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, breyt. á lögum um almannatryggingar o. fl. Það er nokkurn veginn árlegur viðburður hjá okkur íslendingum. Alþ. tekur til meðferðar svo að segja á hverju þingi, verulegar breyt. á skattalögum. Þegar ýmsar aðrar þjóðir fjalla um skattalög á sínum þjóðþingum þá tekur það mjög langan tíma. Mér er sagt að endurskoðun skattalaga, t. d. í Noregi, hafi tekið mörg ár. Það er því í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þó að nokkurn tíma taki í þinginu að fara með slík mál eins og það frv. sem hér liggur fyrir þar sem um er að ræða talsverðar breytingar á skattareglum. Ég álít að það sé ekki beint ástæða til þess að gagnrýna meðferð málsins að þessu leyti til.

Í frv. og brtt. eru ýmis ákvæði sem í raun og veru enginn pólitískur ágreiningur er um. Svo eru önnur atriði sem um er talsverður ágreiningur. Ég vil aðeins minnast nokkrum orðum á brtt. frá meiri hl. fjh.- og viðskn. um ákvæði til bráðabirgða, þar sem heimild er til sérstakrar óbeinnar fyrningar vegna verðhækkunar á fjármunum, og víkja örlítið að málflutningi hv. 3. þm. Reykv. í því sambandi.

Það er rétt hjá honum að hér er lagt til, að heldur minna verði skertar í lögum heimildir til sérstakrar óbeinnar fyrningar heldur en gert var ráð fyrir í upphafi. En hins vegar er þess að gæta að hér er um að ræða till. um að skerða ákvæði laga um heimildir til óbeinnar fyrningar frá því sem áður gilti í lögum. Það hefur gerst tvennt. Annars vegar það, að Alþb. var í ríkisstj., og hins vegar það, að nú er Sjálfstfl. kominn í ríkisstj. Þegar Alþb. var í ríkisstj. voru skerðingar heimilar allt að 100%, en nú er verið að leggja til að þau verði lækkuð í 70%. (**Gripið fram í:** Hver eru áhrif Sjálfstfl?) Ja, þetta tvennt hefur skeð og menn verða svo að draga ályktanir af því hvers vegna. En það er nú svo undarlegt að meðan Alþb. var í ríkisstj. voru þau ákvæði í lögum sem nú er verið að gera till. um að breyta.

stofnunarinnar ykjust of mikið en of lítið, a. m. k. voru þær aðgerðir flokkaðar undir veisluhöld í Morgunblaðinu þegar byrjað var að rétta hlut aldraðs fólks og öryrkja.

En þær greiðslur, sem nú er um að ræða, eru allt annars eðlis en þær greiðslur sem verið hafa að undanförnu. Að undanförnu hefur verið greitt í samræmi við vísitölu. Nú er ekki um neitt slíkt að ræða. Nú er verið að greiða fasta krónutölu sem er langt undir því sem vísitalan hefði reiknað út. Það er verið að greiða fasta krónutölu sem á að koma til allra og lýst er yfir að eigi að nýtast best þeim sem hafa lægstar tekjur. Það fólk, sem hefur lægstar tekjur í þjóðfélaginu, er aldrað fólk og öryrkjar sem ekki hafa neitt sér til framfæris annað en greiðslurnar frá almannatryggingum, og það er ósæmilegt með öllu að þetta fólk fái ekki þessa lágmarksupphæð.

Í þessu sambandi vil ég minna á að það eru ekki nema rúmlega 2 000 hjón sem bæði njóta greiðslu frá almannatryggingum, en yfir 10 000 einstaklingar. Að því er öryrkja varðar er það að sjálfsögðu alger undantekning að bæði hjón séu öryrkjar. Ég held að dæmin um það séu rúmlega 100. Þarna er því verið að mismuna á herfilegasta hátt og þessi regla fær ekki staðist út frá neinu sjónarmiði. Ef þessi regla hefði átt að vera í gildi í sambandi við greiðslu á þessari jafnlaunaupphæð hefði átt að hafa greiðsluna mismunandi eftir því hvort menn væru giftir eða ógiftir. Það hefði engum dottið í hug. Hvers vegna dettur mönnum þá í hug að gera það þegar aldrað fólk og öryrkjar eiga í hlut, það fólk sem er varnarlausast í þjóðfélaginu? Ég tel að þessi afstaða sé ósæmileg með öllu. Okkur hefur verið tjáð að hæstv. ríkisstj. muni leggja fram sérstakt frv. um það hvernig hún heldur á þessum málum gagnvart viðskiptavinum almannatrygginga.

Ég vil biðja hæstv. forsrh. að hugleiða mjög gaumgæfilega hvort ekki sé ástæða til að breyta þeirri afstöðu, sem hann lýsti hér í gær, og tryggja að aldrað fólk og öryrkjar sitji þarna við alveg sama borð og aðrir.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 494 og 495, sem voru of seint fram komnar, og um skrifl. brtt. (sjá þskj. 498) samþ. með 25 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Reykv., gerði nokkuð að umræðuefni láglaunabæturnar og kjör aldraðs fólks og öryrkja. Hann fylgdi þessu eftir í gær með langri ræðu og tillögugerð sem var felld við atkvgr. við 2. umr. þessa frv. sem hér liggur nú fyrir til 3. umr., um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum. Ég vil taka það fram, sem hæstv. forsrh. raunar gerði í gær, að það er ekki ætlunin að afgreiða bætur til lífeyrisþega í sambandi við afgreiðslu á þessu frv., heldur er það ætlun ríkisstj. að þær bætur komi inn í frv. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál, sem liggur fyrir Alþ. Það frv. verður væntanlega afgr. á næstu dögum. Hitt er athyglisvert, að sú till., sem lá hér fyrir og felld var í dag, gerir ráð fyrir mjög veigamiklum hækkunum og það er ólíkt stærri skammtur, sem flm. þeirrar till. ætlar núv. ríkisstj. en hann ætlaði þeirri fyrri og þá alveg sérstaklega þeim manni sem þá fór með starf heilbr.- og trmrh. Þá var meira skorið við nögl en í þeim till. sem hann sjálfur flutti hér í gær og komu til afgreiðslu í dag.

Það er talið að fjöldi lífeyrisþega hafi verið 1. des. 1973 10 792 einstaklingar og 2 639 hjón. Fjöldi örorkulífeyrisþega var 1. des. 1973 3 496 einstaklingar og 197 hjón. Reikna má með að 4.6% fjölgun ellilífeyrisþega verði á tímabilinu 1973—1975, en hins vegar er talið að aldurshópárnir frá 1907—1908 séu óvenju fámennir svo að um örari fjölgun verður að ræða á næstu árum. Í almannatryggingalögum er lífeyrir til hjóna 90% af lífeyri tveggja einstaklinga, eins og öllum er kunnugt. En í brtt., sem hv. 3. þm. Reykv. flutti í gær, er gert ráð fyrir hækkun lífeyris um 4 900 kr. á mánuði. skv. sömu reglum og frá var gengið í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda 26. mars s. l. Þar sem það mundi valda miklu ósamræmi í lögum um almannatryggingar að skjóta þar inn reglum frábrugðnum því kerfi, sem l. eru byggð á, og gera má ráð fyrir að þær reglur standi aðeins mjög takmarkaðan tíma. Í kostnaðaráætlun, sem er byggð á núv. kerfi og reiknað með 4 900 kr. hækkun á mánuði fyrir einstaklinga og 8 820 kr. fyrir hjón, er talið að á 10 mánuðum þessa árs mundi ellilífeyrir hafa hækkað skv. þessari till. um 796.5 millj. kr., örorkulífeyrir um 198.4 millj. kr. og aðrir liðir lífeyristryggginganna að frátalinni 19. gr. um 344 millj. kr., en fjárhæðir skv. 19. gr. er áætlað að hefðu hækkað um 263 millj. kr. og sjúkradagpeningar um 105 millj. kr., svo að ef till. frá því í gær hefði verið samþ. hefði orðið hækkun á þessum bótum um 1 milljarð 707 millj. kr. Áætlað er að fæðingarorlof í 3 mánuði muni kosta um 479 millj. kr. fyrir tímabilið mars—des. 1975, miðað við núv. kaupgjald. Þá er um bráttóupphæð að ræða, en ekki hægt að segja til um hve mikið er greitt af atvinnurekendum hvað þetta varðar. Það er tala sem hvorki ég né aðrir geta fullyrt um á þessu stigi, en það er auðvitað um verulega upphæð að ræða til lækkunar frá þessari tölu.

Berum nú þessar till. saman við það sem gerðist í tíð fyrrv. ríkisstj. Þegar launahækkanir áttu sér stað hækkuðu bætur almannatrygginga að jafnaði hlutfallslega mánuði síðar. Þegar engin launahækkun varð 1. júní 1974 á s. l. ári var bótum almannatrygginga einnig haldið óbreyttum þrátt fyrir hækkun framfærsluvísitölu úr 242 í 289 stig á tímabilinu frá febr.—maí 1974. Hvernig stóð á því að bótum almannatrygginga var þá haldið óbreyttum? Hvernig stóð á því að við gerð kjarasamninga í ársbyrjun 1974 kom ekki fram þessi stórkostlega till. hv. 3. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar? Hefur hann aldrei, Magnús Kjartansson, 3. þm. Reykv., reynt að tala við fyrrv. heilbrrh., Magnús Kjartansson, og spyrja hann hvernig á því stóð að fyrrv. heilbrrh., þegar engin launahækkun varð 1. júní 1974, lét þá bætur almannatrygginga haldast óbreyttar þrátt fyrir að framfærsluvísitala hafði hækkað á tímabilinu febr.—maí úr 242 stigum í 289 stig? Það væri fróðlegt að heyra hverju heilbrrh. fyrrv. svaraði

af þjóðartekjunum, og hann fór að hafa uppi hugleiðingar um að þetta væru dálitið einkennilegar kenningar hjá mér því að ég teldi mig aðhyllast samneyslu, en hann einkaneyslu, og hann skildi ekki almennilega hvers vegna ég væri að ræða um þetta. Ég var bara að ræða um þetta til að bera saman þessar tvær tölur, þ. e. í fyrra tilfellinu eru skattar hækkaðir um 21—22 milljarða og um það er ekkert sagt í stjórnarblöðunum, ekki vitundarögn, en svo þegar smávægileg lækkun kemur á móti, lækkun sem nemur svona 5% eða eitthvað svoleiðis, er það stóratburður. Þetta er yfirdrepskapur og hræsni í málflutningi. Þarna er ekki verið að lýsa hlutunum eins og þeir eru.

Það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. segir, að ég aðhyllist það að eftir því sem þjóðartekjur okkar aukast, þá eigi samneyslan að aukast ekki síður. Ég er þeirrar skoðunar að samneyslan sé ákaflega mikilvægur þáttur í lífskjörum okkar og sá þáttur sem leiðir til mests jafnaðar í þjóðfélaginu. Það er samneyslan sem stendur undir tryggingakerfi okkar, undir sjúkrahúskerfinu, undir ýmsum opinberum framkvæmdum, vegagerð og öðru slíku, og ég tel að þessi samneysla þurfi að aukast eftir því sem þjóðartekjurnar aukast.

En hæstv. forsrh. er þarna á annarri skoðun eins og allir vita. Flokkur hans telur að almannavaldið, ríkið, þ. e. sameiginlegt átak okkar allra, geri of mikið, það eigi að taka þetta af ríkinu og afhenda það einkaaðilum svo að þeir geti hagnast á því. Það eru til ríki, þar sem hagnast er á öllum hugsanlegum hlutum, þ. á m. á tryggingum og heilbrigðisþjónustu, og ég veit að það eru til menn innan Sjálfstfl. sem telja að sá háttur ætti að vera á Íslandi einnig. Og ég óttast það mjög að sú niðurskurðarstefna, sem nú er uppi, hafi einmitt þann tilgang að stuðla að slíkri þróun.

Hæstv. forsrh. svaraði fsp. sem ég bar fram í sambandi við yfirlýsingu þá sem ríkisstj. gaf út 26. mars í sambandi við samninga verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni í gær að ég teldi að ríkisstj. hefði verið svo nákominn aðili þessum samningum að henni bæri siðferðileg skylda til að framkvæma skattabreyt. á þann hátt sem Alþýðusamband Íslands óskaði eftir. Þessi skoðun mín er á engan hátt breytt. Ég sagði í gær að ég væri ekki þeirrar skoðunar, að sú skipan, sem þar er gerð till. um, ætti að vera til frambúðar í þjóðfélagi okkar, og gerði grein fyrir því í gær hvers vegna — ég fer ekki að endurtaka það. En verkalýðshreyfingin taldi að við þau erfiðu skilyrði, sem hún hefur nú í þjóðfélaginu, hafi þetta verið sú leið sem henni gagnaðist mest, og þess vegna bar ríkisstj. að mínu mati skylda að standa svo að þessari framkvæmd.

Um þetta er alveg það sama að segja og sjálfar jafnlaunabæturnar sem samið var um við atvinnurekendur. Það var samið um 4 900 kr. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé upphæð sem sé allt of lág, hún sé ekki í neinu samræmi við getu þjóðarbúsins. Ég er þeirrar skoðunar að þessi upphæð hefði þurft að vera miklu hærri. En að sjálfsögðu tel ég að atvinnurekendur verði að standa við þessa samninga, þó að ég sé ekki ánægður með þá, þó að ég vilji hafa þá á annan veg. Á sama hátt tel ég að ríkisstj. hefði átt að standa við fyrirheit sín í skattamálunum með því að framkvæma þau á þann hátt sem verkalýðshreyfingin óskaði.

Í gær greindi hv. þm. Ólafur G. Einarsson frá því að verkalýðshreyfingin hefði borið fram um það formlega till. við n. að V. kafli frv., þ. e. a. s. kafli sá sem heimilar ríkisstj. að lækka tolla og söluskatt yrði felldur niður. Það er alveg rétt. Það komu á fund n. tveir menn frá Alþýðusambandinu, Björn Þórhallsson og Ásmundur Stefánsson, og voru með slíkar till. formlega á blaði. En ég hef kannað það að þessi till. var hvorki borin undir 9 manna n. né stjórn Alþýðusambandsins, þannig að hún er ekki borin fram á ábyrgð Alþýðusambandsins sem slíks. Ég vil að þetta komi fram, vegna þess að á þetta var minnst í ræðu Ólafs G. Einarssonar í gær sem tillögu Alþýðusambandsins. Það er það ekki. Það er ekki till. Alþýðusambandsins.

Hæstv. forsrh. sagði að það yrði þannig staðið að lækkun söluskattsins að sú upphæð, sem þar væri um að ræða, þ. e. a. s. 540 millj., yrði öll komin til framkvæmda þannig að hún borgaðist út eða kæmi til lækkunar fram að áramótum. Ég hygg að þær tölur, sem þar liggja til grundvallar, hafi ekki legið fyrir n. Eins og nú er liðið á árið þýðir það að þessi lækkun verður að nema hærri upphæð á ársgrundvelli ef þessi upphæð á að nást út úr því sem eftir er af árinu. Kannske getur hæstv. forsrh. gert nánari grein fyrir því hvernig að þessu verður staðið.

Hæstv. ráðh. kvað ekki þurfa að setja nein lög til að framkvæma fyrirheit ríkisstj. um það hvernig hagað yrði frádrætti til skatts sem lofað var. En ég lýsi nú eftir því að hæstv. ríkisstj. fari að birta reglur um þetta atriði. Ég held að launamenn óski mjög eftir því að þessar reglur verði birtar sem allra fyrst. Ég hygg að það séu þó nokkur dæmi þess að teknar séu af launamönnum upphæðir nú þegar umfram þá hlutfallstölu sem gerð er grein fyrir í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., þannig að ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þessar reglur sjái dagsins ljós hið allra fyrsta.

Hæstv. forsrh. gerði einnig aths. við þá till. mína að aldrað fólk og öryrkjar fengju sömu upphæð í krónutölu og samið hefur verið um við launamenn upp að vissu tekjumarki. Hann sagði að þarna yrði aðeins reiknað út sama hlutfallið sem þýðir miklu lægri upphæð í krónutölu. Þetta gerðist í haust. Þá fengu launamenn 3 500 kr., en aldrað fólk og öryrkjar með tekjutryggingu fékk aðeins innan við 1 900 kr. Ég tel að þetta megi ekki endurtaka sig. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðh. sagði, að þarna hefur verið viss venja sem fylgt hefur verið um það að hjón, sem bæði hafa ellilífeyri eða örorkulífeyri, geti fengið svipaða upphæð og tiðkast á lægsta verkamannakaupi. Þetta er alveg rétt. Þessi regla hefur verið í gildi afar lengi, og hæstv. ráðh. minnti á að hún hefði einnig verið í gildi þann tíma sem ég var ráðh. Ef hæstv. ráðh. hefur verið að beina því til mín sem ámælis að ég hafi ekki breytt þessari reglu, þá vil ég minna á það að mér hefur virst að Sjálfstfl. teldi að ég hafi frekar stuðlað að því að útgjöld Trygginga-

laginu og hvernig mönnum er gert kleift að fela ákaflega stórfelldan hagnað með þessum fyrningarreglum, ákaflega stórfelldan hagnað, þannig að þótt menn hafi raunverulega mikinn hagnað af atvinnurekstri kemur það ekki fram sem neinn hagnaður í bókhaldi fyrirtækjanna.

Við greiddum atkv. í dag um till. þess efnis að þessar reglur um verðhækkunarstuðul og flýtifyrningu yrðu ekki látnar gilda á þessu ári, til þess að tryggt væri að atvinnureksturinn tæki á sig hluta af vandamálunum. Þessi till. var felld í dag. Þess vegna freistum við þess, sem skipum minni hl. n., að kanna hvort stjórnarliðið sé ekki þrátt fyrir allt reiðubúið til þess að standa við hina upphaflegu till. sína. Við leggjum til að í stað 70%, sem stendur í till. á þskj. 495, komi 50%. Þetta er aðeins till. um að stjórnarliðið standi við eigin till., þá till. sem það kynnti sjálft í fjh.- og viðskn. Það er ekki till. um neitt annað en að stjórnarliðið sýni nú í verki að það treysti sér til þess að standa agnarlítið upp í hárinu á Verslunarráðinu.

Þessar till. okkar hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar eru skriflegar og of seint fram komnar og ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir þeim síðar. En ég vil bæta hér við nokkrum orðum í tilefni af umr. sem urðu í gær.

Við höfum í þessum umr. verið blessunarlega lausir við þann bölmóðsáróður sem stjórnarfl. hafa stundað að undanförnu, þar sem birtar hafa verið hinar hrikalegustu lýsingar á öllu ástandi efnahagsmála og atvinnumála. Það hefur ekki farið mikið fyrir þessu í sambandi við 2. umr. málsins. Þó var ein ræða þess efnis. Það var ræða sem hv. þm. Lárus Jónsson flutti í gær þar sem hann var að reyna að bregða upp slíkum myndum, og í reikningskúnstum sínum komst hann einna lengst sem ég hef séð í tilburðum af þessu tagi. Hann lýsti m. a. á mjög áhrifamikinn hátt hvernig einhver tiltekinn útflutningsvara okkar Íslendinga hefði lækkað um hvorki meira né minna en 300% í verði. Hingað til hef ég lært að ef eitthvað minnki um 100%, þá sé það búið, þannig að þessi útreikningur hlýtur að þýða það að við höfum orðið að borga með útflutningsvörunni tvöfalt meira en við fengum fyrir hana áður. Þetta er vissulega til marks um þær lýsingar sem stjórnarliðið er alltaf að bregða upp af ástandinu í efnahagsmálum og atvinnumálum. Þær eru búnar til svona. Það eru reikningskúnstir á öllum mögulegum sviðum, og eins og ég rakti í gær er þetta fjarri öllum veruleika.

Þessi hv. þm., Lárus Jónsson, taldi einnig að við Alþb-menn gerðum okkur seka um ábyrgðarleysi með tillöguflutningi okkar í sambandi við þetta frv., við létum ekki standast á tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Nú veit ég ekki fullkomlega hvernig þau met kynnu að koma út. Ég vil minna á það að við vorum með till. um það, — þær voru felldar í dag — að ríkisútgjöldin yrðu lækkuð um hálfan annan milljarð, en að sú lækkun bitnaði einvörðungu á rekstrarútgjöldum ríkisins sem hafa hækkað meira en allt annað og eiga skv. þessu frv. að hækka um rúmlega 1000 millj. í viðbót. Við lögðum þarna til sparnað sem næmi hálfum öðrum milljarði. Við flytjum einnig um það till. að menn sem hafa mjög viðunanlegar tekjur í þjóðfélaginu og það af betri tekjur, greiði hærri tekjuskatta en þeir hafa gert til þessa, og einnig það færir ríkissjóði þó nokkrar tekjur. Og við lögðum í þriðja lagi til að fyrningarreglunum yrði breytt, eins og ég var að lýsa áðan, en í þeirri till. tel ég felast mjög verulegar upphæðir. Ég hygg að þessir endar nái býsna vel saman ef að er gáð. Í sambandi við það vil ég benda á það einnig að ein af till. þeim, sem við gerðum grein fyrir í dag og atkv. voru greidd um í dag, er till. um að almannatryggingar taki að sér að tryggja fæðingarorlof kvenna. Þeirri till. fylgdi fjáröflun því að atvinnurekendur áttu að standa undir þeim kostnaði, þannig að áburði um ábyrgðarleysi vísa ég til föðurhúsanna. Sá áburður er ekki réttur.

Hæstv. forsrh. var í ræðu, sem hann flutti í gær, dálítið viðkvæmur út af tilvitnunum sem ég flutti úr ræðu sem hæstv. viðskrh. flutti á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. Það var yfirlýsing form. Framsfl. um að þeir framsóknarmenn mundu tryggja að niðurskurðurinn á fjárl. bitnaði ekki á hinum dreifðu byggðum landsins. Ég sagði að þetta væri til marks um að það væri logandi ágreiningur milli stjórnarfl. um þetta atriði, um þennan niðurskurð, og ég held að viðkvæmni hæstv. forsrh. hafi sannað þetta enn betur. Hæstv. forsrh. var svo viðkvæmur fyrir þessu einmitt vegna þess að þetta er staðreynd sem allir þekkja, um þetta er logandi ágreiningur. Og það þýðir í sjálfu sér ekkert fyrir hæstv. forsrh. að koma hér í ræðustól og vera að gefa okkur lýsingar á þessu ástandi. Við þm. ræðumst við. Við vitum ákaflega vel hvernig mönnum úr báðum stjórnarfl. er innanbrjósts í sambandi við þessar niðurskurðartill. Það, sem þeir segja núna seinustu dagana, þessir hv. þm. sem eru á móti því að það verði nokkuð úr þeim niðurskurði, er að hann sé orðinn óframkvæmanlegur vegna þess að það sé liðið svo langt á árið, það sé búið að gera ráðstafanir sem ekki sé hægt að rifta án þess að ríkið verði skaðabótaskylt, það verði ekki hægt að skera þetta niður. Þetta er það sem þeir segja manni, þessir hv. þm. úr stjórnarfl. báðum, þ. e. að þessi till. sé ekkert annað en sýndarmennska, hún komi ekki til framkvæmda, það sé ekki hægt að framkvæma hana, þetta sé bara til þess að geta sagt frá því í blöðum að ríkisstj. hafi framkvæmt tiltekinn sparnað, en þetta sé sem betur fer ekki framkvæmanlegt. Þetta er það sem hv. þm. segja og þetta vitum við ákaflega vel svo að hæstv. forsrh. getur alveg sparað sér að lýsa því hér úr ræðustól hvernig ástandið sé innan stjórnarfl. að því er þessar till. varðar.

Það var svo að heyra sem hæstv. forsrh. hefði misskilið eitthvað þegar ég var að bera saman annars vegar hina auknu skattheimtu, sem til kom með hinum nýju fjárl. og með þeirri útsvarsálagningu, sem verður á þessu ári annars vegar, og svo hins vegar þær lækkanir sem nú koma til framkvæmda. Ég benti á þá staðreynd að skattar til ríkisins og útsvör hækka á þessu ári um 21—22 milljarða í samanburði við fjárl. árið á undan, en sú lækkun, sem nú er verið að fjalla um, er ekki nema 1 300 millj. umfram það sem búið var að ákveða í fjárl. Hæstv. ráðh. taldi að ég væri með þessu að lýsa því yfir, að ég teldi að ríkið tæki í sinn hlut of hátt hlutfall

7/1972, skal við álagningu fyrir skattárið 1974 takmörkuð við 70% af þeirri hækkun sem ákveðin var með verðhækkunarstuðlum þeim sem fjmrn. auglýsti 23. des. 1974.“ Þetta þýðir í raun það að verðhækkunarstuðullinn fyrir þetta ár verður þá 49% í stað 70% sem var í auglýsingu fjmrn. Ég vek athygli á því að með þessari breytingu er í raun og veru ekki verið að taka neitt frá neinum. Ég bendi á það að verðhækkunarstuðullinn á síðasta ári var 10%, en verður nú 49%. Þetta kemur að sjálfsögðu aðeins þeim til góða sem hafa tekjuafgang, vegna þess að það er ekki hægt að mynda tap með því að nota þennan stuðul. En raunverulega kemur hann þeim best sem hafa nýlega lagt í mikla fjárfestingu, t. d. í vélum, og má deila um hvort það sé hin réttlátasta regla. Hins vegar held ég að menn séu almennt sammála um að fyrningarreglur þurfi að endurskoða með það fyrir augum að þær komi réttlátar niður en þær nú gera.

Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Ég vil aðeins láta þess getið vegna þeirra orðaskipta sem fram fóru hér í gærkvöld milli mín og hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, að í sjálfu sér rengi ég ekki þær tölur sem þm. nefndi í þeim samanburði, þ. e. á skattgreiðslum einstæðra foreldra og hjóna, en ég held að við höfum einfaldlega ekki verið að tala um nákvæmlega sama hlutinn. Ég ítreka það að sá samanburður, sem mér sýnist að þarna sé réttur, sé sá að það þarf að bera saman rauntekjurnar. Það verður að horfa til þess hver runveruleg greiðslustaða heimilanna er. En ég benti á það að í dæminu, sem fylgdi bréfi Félags einstæðra foreldra, væri svo ekki gert. Og ég komst í mínum samanburði að þeirri niðurstöðu að greiðslustaða einstæðra foreldra væri betri en hjóna og næmi það liðlega 102 þús. kr. Ég hef látið endurreikna þetta dæmi miðað við þá breytingu, sem nú hefur verið samþ., þess efnis að meðlag, sem einstætt foreldri tekur við, sé ekki skattskylt, og þá kemur út úr þessu dæmi 141 800 kr. betri staða hjá einstæðu foreldri. En eins og hv. þm. Svava Jakobsdóttir nefndi var þar miðað við skattlagningu á nákvæmlega sömu tölu og þá kemur að sjálfsögðu annað út.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson gat um hélt fjh.- og viðskn. stuttan fund í dag að lokinni 2. umr., þar sem gerð var grein fyrir þeim till., sem hv. þm. var að lýsa hér áðan. N. er sammála um þær till. sem eru á þskj.. 494, en í sambandi við það vil ég geta þess að 4. till. gerir ráð fyrir því að lántökuheimildir ríkisstj. verði auknar um 800 millj. kr. Því fer mjög fjarri að þar sé um fullnægjandi till. að ræða. Það er ætlast til þess að þessi upphæð verði notuð til þess að styrkja stöðu fjárfestingarsjóða atvinnuveganna, en eins og ég gerði grein fyrir í gær er vandi þeirra ákaflega mikill, og við Alþb.-menn og við í minni hl. teljum að þarna vanti upp á upphæð sem nemi um 2 milljörðum kr., þannig að þessar 800 millj. munu því miður ekki hrökkva til þess að sjóðirnir geti staðið undir þeim skuldbindingum, sem þeir hafa tekið á sig nú þegar, hvað þá að þeir geti bætt á sig nýjum verkefnum. Þessi upphæð gengur á engan hátt til þess verkefnis, sem ég gerði till. um í gær, að það yrði aflað sérstakrar fjárhæðar til þess að flýta framkvæmdum að því er varðar stofnlínulagnir á milli orkusvæða á Íslandi. Þetta er aðeins til þess að bæta úr vanda stofnlánasjóða atvinnuveganna og hrekkur engan veginn til, þó að við séum að sjálfsögðu meðmæltir því að þessi upphæð verði aukin frá því sem ráð var fyrir gert í frv.

En á þessum fundi gerðum við, sem skipum minni hl. fjh.- og viðskn., ég og hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, grein fyrir brtt. af okkar hálfu. Við lögðum þar til að í 1. gr. frv., þar sem kveðið er á um niðurskurð sem nemi 3½ milljarði kr. og einnig á að ná til fjárveitinga sem ákveðnar eru með lögum, að þar bætist við orðin: þó að undanteknum lögum um almannatryggingar. — Við lögðum til að þessi niðurskurður næði ekki til þeirra fjárveitinga sem gert er ráð fyrir í lögum um almannatryggingar. Og við reyndum að ná samstöðu um þetta í n. En svo undarlega brá við að þm. stjórnarfl. í n. vildu ekki fallast á þessa till. Nú geta menn að sjálfsögðu leitt getum að því hvað muni búa á bak við þá afstöðu. En mér finnst að ástæða sé til að óttast að það kunni að vera uppi einhverjar hugmyndir um að skerða framlög til almannatrygginga sem væri ákaflega hættulegt mál að mati okkar sem skipum minni hl. Það er nú kannske þeim mun meiri ástæða til að óttast þetta sem sá atburður gerðist hér í dag að það var felld, beinlínis felld, af stjórnarliðinu till. um að aldrað fólk og öryrkjar fengju sams konar kauphækkun í krónum og búið er að semja um að launamenn fái upp að vissu tekjumarki. Stjórnarliðið gat ekki á það fallist að þannig yrði að þessu máli staðið og þetta tel ég ákaflega alvarleg viðhorf.

Við hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason gerðum grein fyrir annarri till. og hún á sér dálitla sögu. Á þskj. 495 er brtt. um fyrirkomulag á fyrningum eins og hv. þm. Ólafur G. Einarsson var að gera grein fyrir áðan. Þessi till. var lögð fyrir fjh.- og viðskn. af stjórnarliðinu fyrir þó nokkru, en var þá í þeirri mynd að heimildin til fyrninga skyldi takmörkuð við 50% af þeirri hækkun sem ákveðin var með verðhækkunarstuðli þeim sem fjmrn. auglýsti 23. des. 1974. Fulltrúar stjórnarfl. í n. gerðu grein fyrir því, að það væri sameiginleg afstaða þeirra að það ætti ekki að heimila nema 50%, helminginn af þessari hækkun. Svo gerðist það að á fund n. koma fulltrúar úr Verslunarráðinu og hafa uppi alls konar mótbárur gegn þessari till., og í lok þessa sama fundar skýrir form. n. frá því að stjórnarliðið sé fallið frá að flytja þessa till. við 2. umr. Þannig þurfti ekki annað til en að nokkrir fulltrúar frá Verslunarráðinu kæmu á fund n. til þess að þessi sameiginlega afstaða þeirra að það ætti ekki að heimila nema 50%, helminginn af þessari hækkun. Svo gerðist það að á fund n. koma fulltrúar úr Verslunarráðinu og hafa uppi alls konar mótbárur gegn þessari till., og í lok þessa sama fundar skýrir form. n. frá því að stjórnarliðið sé fallið frá að flytja þessa till. við 2. umr. Þannig þurfti ekki annað til en að nokkrir fulltrúar frá Verslunarráðinu kæmu á fund n. til þess að þessi sameiginlega afstaða stjórnarfl., sem búið var að gera grein fyrir í n., breyttist á svipstundu. Þarna hefur það svo náð fram að ganga að þessi niðurskurður er ekki um helming, heldur aðeins um 30%. Það verður heimilað að fyrna um 70% af verðhækkunarstuðlinum í staðinn fyrir 50% eins og áður var talað um. Ég gerði grein fyrir því í gær hvað þessar fyrningareglur eru fáránlegar í því verðbólguástandi sem nú er í þjóðfé-

fyrir mínum viðhorfum til þessa máls, en ég vil þó aðeins taka undir það að við fjórmenningarnir, sem að þessari till. stöndum, sem nú er til umr., lítum svo á að hér séum við að reyna að gera síðustu tilraun til þess, a. m. k. að minnka það skref sem allar líkur eru á að stiga eigi í frjálsræðisátt að því er þessi mál varðar.

Það kom hér fram í umr. við. 2. umr. málsins að allmargir líta svo á að ekki verði um að ræða ýkjamikinn mun á framkvæmd frv., eins og það nú liggur fyrir, miðað við fyrri gerð þess, og er þá átt við 9. gr. Ég veit ekki hvort þm. almennt hafa lesið yfir 9. gr. eins og hún var í frv. þegar það upphaflega var lagt fram, þ. e. a. s. um fóstureyðingu að ósk konu. Í þeirri upphaflegu mynd frv. var þó á það drepið að engar læknisfræðilegar ástæður kæmu í veg fyrir að fóstri yrði eytt. Í þessari gr. núverandi er ekki orði á það minnst að læknisfræðilegar aðstæður skuli teknar með í reikninginn. Ég lít því svo á og ég hygg að allmargir aðrir hv. þm., sem gæfu sér tóm til þess að skoða og bera saman 9. gr. eins og hún var í upphaflegu frv. og eins og hún er nú, kæmust að þeirri niðurstöðu að það er síður en svo að 9. gr. 1 nú sé þrengri, gefi minna svigrúm til eyðingar lífs en hin upphaflega 9. gr. 1 var.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að ég er nærri viss um að hefðu fleiri hv. þm. hlýtt á umr. til loka, síðast þegar þetta mál var rætt hér í hv. deild og gæfu hv. þdm. sér tíma til að hlíða enn á umr. þessa máls, ekki kannske síst á mál hv. þm. Sverris Bergmanns og hv. 6. landsk. þm., sem hér var að ljúka máli sínu rétt áðan, þá hygg ég að menn mundu skoða hug sinn um það hvort þeir vilja að því standa að rýmka svo löggjöf um fóstureyðingar eins og allt útlit er nú fyrir að eigi að gera. Ég held að hv. 6. landsk. þm., sem talaði hér áðan, hafi ekki fyllilega gert sér grein fyrir því, þegar hann sagði að gæfa Alþ. væri í því fólgin að breyta þessari umdeildu gr. í það horf sem hún nú er, að hér er í raun engu verið að breyta til þrengingar. Það er hér verið í reynd að staðfesta upphaflega mynd frv., og á ég þar við 9. gr. 1.

Ég vænti þess að eftir umhugsun um þessi mál, frá því að þau voru hér til umr. síðast, þá verði þeir hv. þdm. fleiri sem komist á sömu skoðun og við sem stöndum að þeirri brtt. sem nú er flutt, þó að ég fyrir mitt leyti vilji taka fram að ég tel að þrátt fyrir það að þær brtt., sem hér eru til umr., yrðu samþ., þá er það enn, að mínu viti of rúm löggjöf sem við yrðum að búa við að því er varðar löggjöf um fóstureyðingar. En ég vænti þess að hv. þdm. íhugi þetta þar til málið kemur til lokaafgreiðslu og ég vænti þess að það verði fleiri sem verða okkur sammála undir lokin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 493). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. kom saman til fundar í dag og ræddi þetta mál frekar á fundi sínum. N. flytur sameiginlega nokkrar brtt. sem eru á þskj. 494 og mun ég greina frá þeim hér á eftir. Auk þess flytur meiri hl. fjh.- og viðskn. brtt. sem er á þskj. 495.

1. brtt. er við 7. gr. frv. Ég gat um það við 2. umr. málsins, að vænta mætti brtt. sem varðaði 14. gr. skattalaganna vegna lausnar sjómannaverkfallsins og þessi brtt. er við 2. málsgr. 14. gr. tekjuskattslaganna, er breytist þannig, að í stað „6 mánuði" komi: 4 mánuði. Ef ég les 2. málsgr. þá er hún svo hljóðandi: „Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur fyrir hvern mánuð reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenskum skipum ekki skemur en 4 mánuði á skattárinu." Þannig er brtt. Í 5. málsgr. sömu gr. breytist 8% í 10%. Gr. hljóðar þá svona: „Auk frádráttar skv. 1.—4. málsgr. þessarar gr. skal frá beinum tekjum sjómanna á fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum draga 10% teknanna áður en skattur er á þær lagður" o. s. frv.

2. brtt. er í þremur liðum og þar er bæði um að ræða leiðréttingu og það sem fallið hefur niður annars vegar í prentun og hins vegar af vangá. Það þarf að breyta í 9. gr. orðunum „útsvarsskyldar tekjur", í stað þess komi: vergar tekjur til skatts. Er það í samræmi við breytingar sem gerðar hafa verið á öðrum gr. frv. Þetta er a-liðuirnn í 2. brtt. — B-liðurinn er um tilfærslu á tilteknum orðum sem lentu á röngum stað í brtt. meiri hl. við 2. umr., og færast þessi orð, „eða skv. 16. gr. laganna", úr 2. málslið í 3. málslið 5. málsgr. B-liðar og komi fyrir aftan orðið „staflið". Ég vona að þetta sé ljóst. — Þá er c-liður þessarar brtt. Þar þarf að fella niður orðin „stafliðum a. og b. í" vegna þess að þessir stafliðir hafa þegar verið felldir niður.

3. brtt. á þskj. 494 er svo við 28. gr., sem nú er orðin, en var 26. gr. í frv. Það er við b-lið 1. málsgr. Á eftir orðunum „samsköttuð hjón" bætist við: og fólk í óvígðri sambúð sem telur fram saman, sbr. 5. málsgr. B-liðar 25. gr. l. nr. 68/1971 með síðari breytingum. — Þetta er líka í samræmi við breytingar sem samþ. voru við 2. umr. B-liðurinn er svo af sömu rót runninn, sú brtt., og a-liður 2. brtt., þ. e. að orðin „útsvarsskyldar tekjur" breytist í „vergar tekjur til skatts".

Þá er 4. brtt. Hún er við 32. gr., sem var 30. gr. í frv., og er þess efnis að í stað 3 000 millj. komi 3 800 millj., þ. e. a. s. að fjmrh. er heimilt f. h. ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 3 800 millj. kr. í stað 3 000, sem er í frv. Og 2. málsliður breytist svo, að af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 2 000 millj. í stað 1 200 millj.

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. muni gera frekari grein fyrir þessum lið hér á eftir.

Þetta eru þær till. sem fjh.- og viðskn. stendur að sameiginlega. Þá flytur meiri hl. fjh.- og viðskn. till á þskj. 495 og er hún við ákvæði til bráðabirgða á eftir 12. gr. Þar bætist við nýr liður sem verði c-liður svo hljóðandi: „Heimild til sérstakrar, óbeinnar fyrningar vegna verðhækkunar á fjármunum, sem notaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri skv. 6. málsgr. C-liðar 15. gr. l. nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr.

ekki að öllu leyti í takt við þær frjálsræðishugmyndir sem eigi að ríkja um þessi efni nú á dögum. Um það verða aðrir að dæma. En ég fullyrði hiklaust að við íslendingar verðum að standa dyggilega á verði gagnvart þeim mörgu loftbólum sem blásnar eru út fyrir augum okkar og eiga að tákna framfarahug og vera opinberun fyrir nýju og glæstu lífi. Það hefur ekki getað farið fram hjá neinum hversu snöggir við oft á tíðum erum að gleypa hugmyndir frá öðrum löndum sem virðast hagkvæmar, en standast svo ekki tímans tönn. Í slíkum efnum tökum við tíðum stökk í stað skrefa.

Það geymir ekki ávallt farsæld sem hæst er hrópað húrra fyrir í útlandinu, þótt margt sé auðvitað gott þaðan komið, og höfum við þaðan mörg dæmin, bæði á sviði mannlegra samskipta almennt, í fræðslumálum og nú síðast í því málefni sem við erum nú að fjalla um. Og það skyldu menn hafa hugfast, að þjóðir, sem leitt hafa í lög svokallaðar frjálsar fóstureyðingar, eru nú sagðar draga saman seglin og óska þrengri ákvæða á ný. Hvers vegna skyldum við íslendingar þá vera að stökkva í sömu gryfju? Hví ekki að meta lífið svo mikils að búa því þær aðstæður sem því eru nauðsynlegar til lífs og þroska? Hvers vegna ekki að virða höfund lífsins svo mikils að láta vera að grípa fram fyrir hendur hans í því máli sem beinlínis snertir mannlega sköpun?

Það er gæfa Alþ. að frv. skuli hafa verið breytt svo sem raun ber vitni hvað varðar 9. gr. En ákvæðið um félagslegar ástæður virðist *mér vera mjög vafasamt eins og ég hef áður* getið, nema til komi mjög ábyrgir embættismenn sem fjalla skulu um þessi mál, og aldrei er hægt að vænta þess að svo verði ávallt.

Niðurstaða þessara orða minna er því sú að ég tel fóstureyðingu engan veginn réttlætanlega nema af heilsufarslegum ástæðum móður eða fósturs og í vissum afmörkuðum tilvikum sem rekja mætti til félagslegra ástæðna sem væru allt að því óbærilegar.

Ég ætla ekki að fjalla um fleiri atriði frv. að sinni sem þó eru mörg hin merkustu og þess virði að þau nái fram að ganga hér á Alþ. En lokaorð mín hér skulu verða þau nú að ég tel að konunni sé þá mestur greiði gerður er leitast er við að vernda það líf sem hún er sköpuð til að fæða í þennan heim, enda veit ég að flestar mæður hugsa þannig. En þeim konum, sem sætta sig ekki við hindranir í þessum efnum og vilja að konan sjálf og ein hafi hér úrskurðarvald, vil ég benda á að lífið var ekki hugsað þannig af höfundi þess að maðurinn hefði vald á lífinu fremur en dauðanum og því órökrétt að óska eftir valdi sem manninum hefur í raun aldrei verið gefið. Það er auðvitað satt og rétt að maðurinn hefur oft tekið sér slíkt vald í óþökk skapara síns, en allt um það er það ekki ætlun lífsins og allra síst er það stórmannlegt að níðast á lífi sem getur enga björg sér veitt. Til hvers hefur nútíminn yfir að ráða pillum og alls konar getnaðarvörnum ef ekki á að nota þau meðul til að koma í veg fyrir ótímabæran getnað? Sú vörn er ein sæmandi í þessum efnum. Að öðrum kosti verður einstaklingurinn að taka afleiðingum gerða sinna, svo þungar og erfiðar sem þær eru. Nútímakonan þarf ekki að horfa ofan í Drekkingarhyl í sömu aðstöðu og kynsystur hennar forðum því að velferðarþjóðfélag nútímans getur vel tekið á móti þeim einstaklingum sem í heiminn fæðast og ekki síst hin fámenna íslenska þjóð. Konuna, sem er í vanda stödd með ófætt barn sitt, ber að aðstoða og vernda sé hún ekki í þeirri aðstöðu að geta búið barni sínu farsælt heimili og sómasamleg lífsskilyrði.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki bæta mörgum orðum við þessar umr. Ég lít svo á að þær till., sem við fjórmenningar höfum flutt, séu síðasta tilraun til að bæta úr verstu ágöllunum sem á þessu frv. eru að okkar dómi hér í þessari hv. deild. Ég lít svo á að verði þær samþ. sé gengið nokkuð til móts við þá sem vilja þrengja ákvæði fóstureyðingarlöggjafar frá því frv., sem lagt var fram á Alþ. í fyrra, og frá því frv., sem lagt var fram nú á yfirstandandi Alþ. Ég dreg enga dul á það að ýmsir okkar hefðu viljað ganga lengra í að þrengja ákvæði þessa frv. Ég tel t. d. að ástæða hefði verið til þess að þess sæjust merki í löggjöf af þessu tagi að fóstureyðing væri neyðarúrræði. *Nálega* hver einasti ræðumaður sem tekið hefur til máls um þetta efni í umr. hér í hv. d., hefur lýst því að sín skoðun væri að fóstureyðing væri ævinlega neyðarúrræði. Hvers vegna má þessi skoðun ekki koma fram í löggjöf? Hvers vegna má þessi skoðun, sem lýst hefur verið af nm. í hv. heilbr.- og trn., ekki sjást í þeirri gerð frv., sem hv. n. skilar af sér að lokinni margra vikna athugun? Ég hefði t. d. kosið að 9. gr. hæfist á málsgr. er hljóðaði eitthvað á þessa leið: Fóstureyðingu ber ævinlega að líta á sem neyðarúrræði. Hún er þó heimil o. s. frv.

Þó að ýmis þannig atriði í þessu máli séu með þeim hætti að við, sem stöndum að flutningi brtt. á þskj. 491, hefðum viljað ganga nokkru lengra, þá eru þessar till. þó við það miðaðar að freista þess að þær nái samþykki meiri hl. þessarar d. Þær eru miðaðar við það, að með þeim sé gengið hið skemmsta í þá átt að þrengja ákvæði þessa frv. sem við, sem að þeim stöndum, getum sætt okkur við. Þess vegna er þetta lokatilraun okkar til að bæta úr því alvarlega slysi, þeim alvarlegu mistökum að okkar áliti, sem því fylgdu ef frv. þetta yrði afgr. í þeirri mynd sem það nú er.

Ég hefði kosið að fleiri hv. þm. hefðu séð sér fært að vera viðstaddir þá umr. sem fór hér fram fyrir nokkum dögum, og ég hefði enn fremur kosið að fleiri hv. þm. í þessari d. hefðu hlýtt á þá ágætu ræðu sem var flutt áðan af hv. þm. Ingiberg J. Hannessyni. En ég skal ekki orða þetta meir. Ég álít þó að það hefði getað haft nokkur áhrif á þingheim, ef hann hefði fylgst með því í heild hvernig frv.-gerðin, eins og hún nú hljóðar, er túlkuð bæði af þeim sem skipa hv. heilbr.- og trn., og öðrum sem um þetta mál hafa talað. Sú túlkun er ekki síst orsök þess að við freistum þess nú að fá fram hér örfáar breytingar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, að öllum líkindum á úrslitastundu þessa máls hér í hv. d. Ég hef áður gert grein

lífsmynd sem hann hefur gert sér um farsælt og hamingjuríkt mannlíf.

Það er augljóst mál að ýmsir kaflar þessa frv. eru hinir þýðingarmestu og til þess fallnir að auka þekkingu manna á þeim þáttum mannlífsins sem standa undir lífshamingju þeirra og tilveru.

1. gr. frv. fjallar um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir. Segja má að þessi upphafsgrein sé í rauninni þýðingarmesti hluti frv. þar sem gert er ráð fyrir fræðslu í þeim efnum sem hingað til hafa verið talin allt að því feimnismál manna á meðal. Vissulega er fengur að slíkri fræðslu fyrir hvern þann sem vill lifa við farsæld í ástríku samlífi karls og konu, og vel er ef unnt reynist að koma slíkri fræðslu á skipulegan og heilbrigðan grundvöll. Lagt er til að landlæknir hafi með höndum yfirumsjón slíkrar fræðslu og er það og vel ráðið að um þá stefnumótun fjalli það fólk er best þekkir til líkamsstarfsemi mannsins og þeirra þátta er samlífið snertir. Hitt er augljóst, að þessu fólki er mikill vandi á herðar lagður með því að ætla því slíka fræðslu því að vandi er að fjalla svo um þessi mál að vel sé. En aðrir munu vart til þess hæfari. Hitt virðist mér ekki eins einsýnt, að hægt muni að fela almennum kennurum þessa fræðslu í skólum landsins, eins og 7. gr. frv. gerir ráð fyrir, þar sem vafasamt er að kennara almennt fýsi að vera skikkaðir til slíkrar fræðslu. Er mér raunar kunnugt um af viðtölum við marga kennara um þessi efni að ærinn vandi muni þeim verða á herðar lagður með þessu ákvæði — vandi sem þeim er ekki öllum ljúft að leysa.

Við verðum að hafa það hugfast, eins og ég sagði áðan, að hér er um vafasamt mál að ræða og mál sem jafnvel foreldrar margir kinoka sér við að ræða um við börn sín, þó að ekki virðist ástæða til viðkvæmni í þessum sökum ef grannt er skoðað þar sem þetta er einn þýðingarmesti þáttur mannlífsins og hluti af mannlegri sköpun. En hér eimir eftir af skoðunum gamla tímans þar sem um þessi mál mátti ekki fjalla nema í hálfkæringi og píkskri bak við tjöldin. Því hlýtur það að vera augljós staðreynd sem ekki verður á móti mælt að þessi mál verða ekki auðveld í meðförum margra kennara sem beinlínis væru e. t. v. skyldaðir til að taka að sér þessa fræðslu. En þarna verður framtíðin að skera úr um hversu til tekst ef að lögum verður, og auðvitað er mér ljóst að mörgum kennurum getur farið þetta vel úr hendi svo sem önnur kennsla. En hér veldur hver á heldur og röng kennsla í þessum efnum getur verið verri en engin. Því er uppbygging og mótun slíkrar kennslu vandaverk sem verður að undirbúa vandlega og byggja á traustum grunni.

Þá kem ég að þeim þætti frv. sem valdið hefur hvað mestum deilum manna á meðal, en það er 9. gr., um fóstureyðingar. Það fer ekki á milli mála að fóstureyðing yfirleitt er algert neyðarúrræði sem ekki má grípa til fyrr en í síðustu lög. Það hlýtur að vera skoðun hvers kristins manns að líf, sem orðið er til í móðurlífi, eigi tilverurétt sem ekki sé á valdi nokkurs manns að deyða. Þetta er grundvallarskoðun sem á rætur í siðferðiskennd hvers heilbrigðs manns og byggir auk þess á því siðgæðismati sem kristin trú hefur lagt þeim í brjóst sem trúa á tilvist guðlegrar forsjónar í hverfulum heimi. Það hlýtur að vera skýlaus réttur ófæddu lífi til handa að sköpun guðs fái að þróast á eðlilegan hátt, en sé ekki tortímt af mannlegu valdi sem tekur sér í hendur guðlegt hlutverk og vill ráðskast með líf sem getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér, því að auðvitað er fóstureyðing ekkert annað en það að eyða því lífi sem kviknað hefur. Ég held að flestir hljóti að vera sammála um það. Hins vegar er einnig ljóst að sé annað líf einnig í hættu, þá ber auðvitað að meta það hverju sinni hvort lífið er dýrmætara. Á ég hér auðvitað við líf móðurinnar, og því tel ég þau ákvæði í frv., sem skírskota til læknisfræðilegra ástæðna vera óhjákvæmileg og nauðsynleg þar sem virða **verður meir líf móður en ófædds barns.**

Á hinn bóginn er í frv. talað um aðrar ástæður sem liggja til grundvallar því að fóstureyðing skuli leyfð, þ. e. a. s. þær sem nefndar eru félagslegar ástæður. Hér virðast vera á ferðinni ýmsar smugur sem hægt muni að komast í gegnum ef þörf er á. Að vísu er hér um að ræða hindranir í augum þeirra sem aðhyllst hafa hinar frjálsu fóstureyðingar að ósk konu, eins og fyrri gerð frv. gerði ráð fyrir. En þó eru þessi ákvæði um félagslegar ástæður það rúm að íhuga ber vandlega hvort skynsamlegt sé að þau séu lögleidd á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. Það er auðvitað augljóst mál að ástæður verðandi mæðra geta verið með ýmsu móti og oft erfiðar og andstæðar, og vitað er það einnig að þjóðfélagið býður ekki ávallt fram þá vernd konunni til handa sem hún vissulega getur þarfnast í slíkum tilvikum. Hér kemur mart til og þarfara væri að reyna að bæta úr ýmissi þjóðfélagslegri aðstöðu slíkum konum til handa fremur en leggja til svo afgerandi lausn sem að sálga því fóstri sem konan gengur með þar sem erfitt virðist að búa því þau lífsskilyrði fæddu sem yrðu því til nauðsynlegs þroska.

Vafalaust á því löggjafinn hér ýmis verk ónunnin sem snúa beri höndum að. Hitt má líka minna á, að mörg eru þau börn í landi voru sem virtust mundu verða óvelkomin meðan móðir þeirra bar þau undir belti, en urðu síðar sólargeislar og nýtir þegnar er tímar liðu. Ávallt er það svo að úr rætist þegar á hólminn er komið. Enn fremur mætti líka benda á þá staðreynd, sem óvíða hefur komið fram í umr. um þetta mál á opinberum vettvangi, að mörg eru þau hjón í landi voru er ekki hafa getað eignast börn og mundu glöð taka við þeim óvelkomnu einstaklingum sem móðirin af einhverjum ástæðum gat ekki hugsað sér að fæða eða eiga. En allt um þetta eru hér ýmis vandamál á ferð sem leysa verður. En þá má ekki gleyma því að þær ástæður, sem leyfa slíkar aðgerðir sem fóstureyðing vissulega er, verða að vera svo alvarlegs eðlis að vart verði fram hjá slíkri aðgerð gengið.

Það hefur einkennt flestar umr. um þetta mál að væntanlegra feðra er að litlu getið, enda er það svo að í tilfellum þar sem um er að ræða að óskað sé eftir fóstureyðingum hvílir auðvitað aðalvandinn oftast nær á móðurinni.

Það kann að virðast svo sem þær skoðanir, sem ég hef sett fram hér í þessum efnum, séu

uni ég því harla vel. En þá er ástæða til að leiða hugann að því hvert verði þá lífsviðhorf þjóðarinnar og hver verði menning hennar. Gerum ráð fyrir að hugsunarháttur og viðhorf breytist á sama hátt og jafnmikið og breytingin hefur orðið síðan 1935. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé kunnugt um það hvernig lögin frá 1935 og 1938 eru framkvæmd í dag. Gerum ráð fyrir að þau lög, sem nú verða sett, verði túlkuð og framkvæmd á jafnfrjálslegan hátt og nú er gert vardandi eldri lögin og þá verði sett ný lög til þess að aðlagast tíðarandanum, hvernig mundu þau verða efnislega? Er órökrétt að álykta að með þeirri lagasetningu höfum við fetað okkur aftur í gegnum aldirnar eða runnið hringferilinn, sem ég minntist á áðan, í punkt undir heiðnum dómi á fyrstu öldum Íslandsbyggðar? Þá braut það ekki í bága við siðgæðisvitund þjóðarinnar að bera út börn. Þau yrðu að sjálfsögðu ekki látin væla á holtum úti. Þá var minnst í einni ræðu hér við 2. umr. á Stóradóm. Þá yrði Drekkingarhylur Stóradóms ekki í Öxará, heldur í glerkerum, og þá yrði vökvinn ekki vatn, heldur formalín.

Ég veit að þetta eru út af fyrir sig stór orð og ég hef vísvitandi dregið upp dökka mynd og afskræmda mynd sem ég út af fyrir sig trúi ekki að verði að raunveruleika. En það hefur verið gefið tilefni til þess að huga að þróuninni með léttúðugu tali um alvarleg mál við 2. umr. hér.

Ég ætla þá að snúa mér að einstökum brtt. sem fluttar eru af okkur fjórmenningum á þskj. 491.

Í fyrsta lagi leggjum við til að orðalag í 9. gr. 1. málsl. verði breytt. Það má að sjálfsögðu alltaf togast á um túlkun á einstökum orðum. Það er hægt að leggja mismunandi mat á þau. En að okkar dómi verður orðalagið „ofraun“ túlkað ákveðnara og þrengra en orðalagið „of erfitt“. Og við teljum að fella beri niður d-lið töluliðar 1 í 9. gr. Ég lít svo á að ef þessi tölul. er inni og ef aðeins verður veikt orðalag og talað um „of erfitt“ í upphafi gr., þá hljóti það í ljósi þeirra umr., sem hér hafa áður farið fram, að verða túlkað svo að svo lengi sem við finnum tvo lækna — eða lækna og félagsráðgjafa, sem hafa það að lífsskoðun að fóstureyðingar séu sjálfsagður hlutur, þá megi flest tilvik flokka undir það orðalag.

Í öðru lagi: Ég gat þess lítillega áðan að frv. í sinni núverandi mynd gengi á vissan hátt lengra en það frv. sem lagt var fram af fyrrv. heilbr.- og trmrh. Þar eru dregin skýr mörk við 12. viku. Í þessu frv. er að vísu kveðið svo á að það skuli helst gera fyrir lok 12. viku, en hin skýru mörk eru hér dregin við 16. viku, og sérstakar undantekningar af læknisfræðilegum ástæðum eða vegna hættu á vansköpun koma ekki til greina fyrr en eftir 16. viku. Við teljum nauðsynlegt að færa þetta til þess forms sem var ákveðið í hinu fyrra frv. og það sé alfarið miðað við 12. viku sem höfuðviðmiðunartíma.

Í þriðja lagi er í 26. gr. frv. kveðið á um að heilbrigðisyfirvöld skuli hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Það væri út af fyrir sig ef hér væri settur punktur. Hins vegar er eðlilegt að áframhaldið verði að það skuli líta eftir því að það sé sama aðstaða um allt land og að það sé gert á sama hátt að framkvæma lögin um allt land.

Það er síðar í frv. gert ráð fyrir ákvæðum, refsiákvæðum, ef út af er brugðið. Það hlýtur að leiða hugann að því hver eigi að líta eftir að ekki sé út af brugðið og hvort hin venjulega löggæsla hafi aðstöðu til þess. Þess vegna finnst okkur eðlilegt að bæta við þessa gr. nýrri málsgr. sem taki af tvímæli um þetta þannig að heilbrigðisyfirvöldin skuli hafa eftirlit með því að ákvæðum II. og III. kafla sé stranglega fylgt. Það er sérstök ástæða til að líta eftir ákvæðum þessara kafla tveggja og gera dómstólum viðvart ef grunur leikur á að út af sé brugðið.

Því hefur verið haldið fram að við þyrftum að aðlaga okkar löggjöf lögum annarra þjóða og þó einkum nágrannaþjóða okkar. Enda þótt brtt. okkar yrðu allar samþ. mun löggjöf okkar samt vera mun rýmri en löggjöf norðmanna. Þeir hafa áunnið sér virðingu annarra þjóða fyrir sjálfstæða stefnumörkun í ýmsum málum.

Flm. brtt. telja að frv., ef það verður að lögum óbreytt, svo sem ég hef áður tekið fram, muni gefa þeim, sem eiga að framkvæma það, mjög frjálsar hendur um túlkun, ekki síst, eins og ég sagði áðan, með tilliti til þeirra umr. sem fram fóru í þessari hv. deild við 2. umr. Við viljum því freista þess að ná samstöðu með öllum þeim sem telja eðlilegt að veita nokkurt aðhald í þessum efnum nú við 3. umr.

Ég tel mig hafa fyrir því nokkra vissu að ýmsir, sem féllust á og fylgdu brtt. meiri hl. heilbr.- og trn., gætu mjög fellt sig við að herða þessi ákvæði ofurlítið frá því sem var. Ég tel að enda þótt þessar till. yrðu samþ., þá yrði mikil breyting frá því sem var frá eldri lögum. Og ég vil segja það að lokum að afstaða mín til þess, hvernig ég greiði atkv. við lokaafgreiðslu frv. í þessari d., mun mótast af því hvort hv. þdm. sjái sér fært að koma að einhverju eða öllu leyti á móts við þessar till. Þá hlýt ég að gera það upp með sjálfum mér hvort ég met kosti þá, sem eru í frv. í heild, meiri en þá ókosti sem ég tel vera á 9. gr. frv., fyrst og fremst eins og það er núna.

Ingiberg J. Hannesson: Herra forseti. Allmiklar umr. hafa nú farið fram um frv. það til laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, sem hér liggur fyrir Alþ. Úr því að svo vill til að ég er lentur hér í þingsölum Alþ. þykir mér rétt að fara um frv. nokkrum orðum, þó að ég hafi ekki átt þess kost að fylgjast með umr. um málið hér í þinginu nema að því leyti sem fjölmiðlar hafa rakið þær að undanförnu. Vil ég þá aðeins nefna nokkra þætti sem hér virðast þýðingarmiklir í þessu sambandi.

Það er raunar eðlilegt að um slíkt mál sé fjallað á breiðum grundvelli þar sem það snertir svo mjög mannlega tilveru í hinum ýmsu myndum. Lögmál lífsins eru margslungin og lífsmáti mannanna er með ýmsu móti. Viðhorf þeirra til lífsins og verðmæta þess eru og á ýmsan veg. Allt skapar þetta mismunandi skoðanir á hinum ýmsu þáttum mannlífsins og heldur hver og einn því fram sem best er í samræmi við þá

Dýralæknar, frv. (þskj. 248, n. 445). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Það er einnig svo um þetta frv. að það var sent til yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands til umsagnar og mæltu báðir aðilar með samþykkt þess. Þetta frv. felur í sér að skipta Austurlandsumdæmi sem er, eins og segir í grg. viðáttumikið dýralæknisumdæmi, og það felur í sér að skipta því í tvennt og enn fremur breytingu á svæðaskipuninni, þ. e. a. s. að Austur-Skaftafellssýsla, það umdæmi, breytist einnig. Það hefur verið upplýst að ákveðið sé að ráða aðstoðardýralækni á Egilsstöðum, en við gildistöku þessa frv. mundi það falla niður. Landbn. hefur samþ. að mæla með samþykkt frv. með brtt. sem er í nál. á þskj. 445, að aftan við frv. bætist ný gr. sem yrði þá 2. gr. og orðaðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1976.“

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 421). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fósturеyðingar, frv. (þskj. 471, 491). — 3. umr.

Gunnlaugur Finnsson: Virðulegi forseti. Við umr. og við atkvgr., sem fram fóru hér í þessari hv. þd. þegar fram fór 2. umr. um frv. það sem hér liggur fyrir, kom í ljós að þm. skiptust í þrjá hópa. Í einum hópnum voru þeir sem vildu lögleiða það sem almennt er kallað frjálsar fósturеyðingar. Í öðrum hópi voru svo þeir sem vildu að breytingar eða rýmkunartill. meiri hl. heilbr.- og trn. yrðu samþ. Og loks þeir sem vildu gjarnan gjalda varhug við þeim rýmkunarákvæðum sem frv. hefur fengið í meðförum þingsins frá því það var lagt fram á þessu þingi og til þessa. Ég fyllti þann hóp, hinn síðasta. Ég hef verið því fylgjandi að ný löggjöf yrði sett um þessi efni og er efnislega samþykkur I. og III. kafla frv.

Ég hef jafnan viljað reisa nokkrar skorður við *frelsi til fósturеyðinga. Varla fer það á milli* mála að frv. það, sem hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, lagði fram meðan hann var heilbr.- og trmrh., átti hvorki þá né nú fylgi meiri hl. þm. Ég geri þó fyrir mitt leyti ekki mikinn mun á hinu upprunalega frv. Magnúsar Kjartanssonar og þeirri mynd frv. sem nú liggur fyrir eftir að það hefur verið teygt og togað í orðalagi og túlkun. Ég vil auk þess benda á að frv. gengur nú á vissan hátt lengra í frjálsræðisátt en fyrsta frv. og kem ég að því síðar.

Mér er til efs að þm. hafi leitt að þessu hugann sem skyldi. Við 2. umr. þessa máls fór sem oft fyrr að harla fáir þm. fylgdust með umr. umfram þá sem til máls tóku. Hér hvíldi þó alveg sérstök skylda á þm. Hér var sjálf löggjafarsamkoma þjóðarinnar að tefla um líf og dauða fjölmargra óborinna þegna þessarar fámennu þjóðar, þegna sem e. t. v. yrðu afreks- og forustumenn á ýmsum sviðum þjóðmálanna ef löggjafinn opnar ekki allar gáttir til að koma í veg fyrir að lífi þeirra verði eytt og komið í veg fyrir þroska þeirra.

Þær eru út af fyrir sig margar, konurnar á Íslandi, sem glaðar vilja hætta heilsu sinni og jafnvel lífi til að öðlast þá gleði sem fylgir því að geta af sér nýtt líf. Þess vegna er það dapurleg staðreynd að þær eru og margar konurnar sem vilja láta eyða því lífi, sem með þeim hrærist, vegna tímabundinna erfiðleika, enda þótt þær hafi til þess heilsu. Ég segi þetta ekki konum til hnjóðs. Ég tel hugarstyrk þeirra almennt í engu standa að baki hugarstyrk karlmanna. Mér kemur í hug ein saga eftir Einar H. Kvaran þar sem hann hefur í því snilldarverki sínu leitt okkur fyrir sjónir hvernig tímabundnir erfiðleikar eyðast oft skjótt eins og sorg barnsins eyðist sem dögg fyrir sólu. Þar lætur hann konu skýra það fyrir fóstursyni sínum fullorðnum að það, sem hann á þeirri stundu mat sem óyfirstíganlega eða óbærilega örðugleika, mundi síðar reynast hégómi, rétt eins og tregi hans í ákveðnu tilviki sem barns. Við erum stundum glámskyggn á erfiðleika okkar og á það *jafnt við um bæði kynin.* Örlagarík ákvarðanir skyldi enginn taka óheilum huga. En því dreg ég þetta fram hér að ég vil undirstrika og taka undir ummæli hv. 2. þm. Norðurl. v. við 2. umr. þar sem hann varaði við opnum heimildum sem leiða e. t. v. til fljótfærnislegra ákvarðana. Mér þótti sumir ræðumanna, sem mæltu fyrir mestu frjálsræði, seilast nokkuð langt í rökum sínum og málflutningi sem óneitanlega bar þann keim að verið væri að verja slæman málstað.

Úr því að ég er kominn í þennan ræðustól og enda þótt hér séu harla fáir sem hlýða á mál mitt get ég ekki látið hjá líða að harma það að einn hv. þm., sem til máls tók, misvirti minningu ágætrar merkiskonu og mannvinar, frú Guðrúnar Lárusdóttur, með því að gera tilraun til að láta þingheim og gesti þingsins hlæja að varnaðarorðum hennar fyrir 40 árum. Ég tel að rök og viðvörunarorð, sem þá voru sett fram gegn einhverri frjálslyndustu löggjöf sem þá þekktist, séu ekki rök fyrir hömlulitlu frelsi í dag.

Hv. ræðumaður taldi að siðferði þjóðarinnar hefði ekki hnignað á þessu tímabili. Ég læt hverjum og einum eftir að dæma um það. Ég vil taka það fram að ég tel breytta siðgæðisvitund ekki endilega vera afleiðingu þessa frv. eða þeirra laga. Ég hef aldrei tekið undir hið ævagamla slagorð um versnandi heim. En það skyldi þó ekki vera að þróun siðgæðisvitundar fari ekki eftir beinu striki fremur en saga mannkynsins, heldur feti hringferil eða fyrirhitti sjálfa sig í ævagömlum punkti? Siðferði og siðgæðisvitund er mál út af fyrir sig, en þó tengt þessu máli. Umræða um þau hugtök er engin tískuumr., síst ef hún er tengd trúarlegum viðhorfum þeirra trúarbragða sem eru lögvernduð í stjórnarskrá Íslands og Alþ. ber að sjálfsögðu skylda að standa vörð um.

Hv. ræðumaður taldi að þeir, sem ég vil segja hafa það lífsviðhorf að vilja stemma stigu við of opinni heimild til deyðingar óborinna einstaklinga, væru slík nátttröll að að þeim yrði hlegið að 40 árum liðnum eins og hann lét hlæja að andstæðingum frv. árið 1935. Ef sú spá rætist

Brtt. 483,1 felld með 26:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, KP, SBl, MK, MÓ, SighB, SvJ, BrS, EðS, GilsG.
nei: GTh, GF, HES, IngJ, JóhH, JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, RH.
GS greiddi ekki atkv.
3 þm. (IG, JónasÁ, PS) fjarstaddir.
Brtt. 478,3 samþ. með 29 shlj. atkv.
10. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 478,4 (ný 11. gr., verður 10. gr.) samþ. með 28:3 atkv.
Brtt. 478,5 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 441,4 felld með 25:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: GÞG, KP, SBl, MK, MÓ, SighB, SvJ, BrS, EðS, GS, GilsG.
nei: HES, IngJ, JóhH, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, GÞG, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, GF, RH.
JSk greiddi ekki atkv.
3 þm. (IG, JónasÁ, PS) fjarstaddir.
Brtt. 483,2 felld með 25:6 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða (í II. kafla) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 478,6 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 478,7 (ný gr., verður 14. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
13. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 475,4 felld með 26:10 atkv.
— 478,8 (ný 14. gr., verður 16. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 478,9 samþ. með 33 shlj. atkv.
15. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 478,10 (ný 16. gr., verður 18. gr.) samþ. með 27:5 atkv.
Brtt. 478,11 (nýtt ákv. til brb. í III. kafla) samþ. með 26:3 atkv.
Brtt. 481,1.a felld með 26:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÞG, JónasÁ, KP, SBl, MK, MÓ, SighB, SvJ, BrS, EðS, GS, GilsG.
nei: HES, IngJ, JóhH, JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, GF, RH.
2 þm. (IG, PS) fjarstaddir.
Brtt. 481,1.b-d felld með 25:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GS, GilsG, GÞG, JónasÁ, KP, SBl, MK, MÓ, SighB, SvJ, BrS, EðS.
nei: EBS, EKJ, FÞ, IH, GTh, GF, HES, IngJ, JóhH, JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB, RH.
3 þm. (GuðlG, IG, PS) fjarstaddir.
17. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 478,12 (ný 18. gr., verður 20. gr) samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 441,5 felld með 26:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SBl, MK, MÓ, SighB, SvJ, BrS, EðS, GS, GilsG, GÞG, JónasÁ, KP.
nei: LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, GF, HES, IngJ, JóhH, JSk, RH.
2 þm. (PS, IG) fjarstaddir.
19. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 478,13 (ný 20. gr., verður 22. gr.) samþ. með 29:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvH, TÁ, VH, GGÞ, EBS, EKJ, FÞ, GS, GilsG, GuðlG, IH, GTh, GF, HES, IngJ, JóhH, JSk, JónasÁ, LárJ, SBl, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PP, PJ, SigurlB, SV, RH.
nei: BrS, GÞG, MÓ, SigB.
SvJ, SvB, EðS, KP, MK greiddu ekki atkv.
2 þm. (IG, PS) fjarstaddir.
Brtt. 478,14 (ný 21. gr., verður 23. gr.) samþ. með 24:3 atkv.
Brtt. 478,15 samþ. með 24 shlj. atkv.
22. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 478,16 samþ. með 25 shlj. atkv.
23. gr. (verður 25. gr.), svo breytt samþ. með 24 shlj. atkv.
24.—25. gr. (verða 26.—27. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 478,17 samþ. með 29 shlj. atkv.
26. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
27.—29. gr. (verða 29.—31. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 481,2 felld með 20:7 atkv.
30. gr. (verður 32. gr) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 481,3 felld með 25:11 atkv.
— 441,6 felld með 24:7 atkv.
31. gr. (verður 33. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 478,18 (32. gr. falli brott) samþ. með 32 shlj. atkv.
— 441,7 kom ekki til atkv.
33. gr. (verður 34. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 478,19 (ný gr., verður 35. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 478,20 (ný 34. gr., verður 36. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 71. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, að loknum 70. fundi.

Dýralæknar, frv. (þskj. 98, n. 444). — 2. *umr.*

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Landbn. Nd. hefur fjallað um þetta frv. og sent það til umsagnar bæði til Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis og mæla báðir aðilar með samþykkt þess. Þetta er aðeins breyting á svæðaskiptingu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

á þessu ári að setja upp eina stöð sem afgreidd yrði frá loftskeytastöðinni í Siglufirði. Til þess að þjónustusvæði stöðvarinnar verði sem stærst er ráðgert að hún verði staðsett í Grímsey og tengd Siglufirði með línu á radíófjölsímasambandi.

Á árunum 1973 og 1974 voru reistar örbylgjustöðvar milli Blönduóss og Akureyrar og hafa sambönd við þessar stöðvar verið í prófun að undanförnu og reyndar í notkun að takmörkuðu leyti. Jafnframt hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að hægt væri að tengja 30—60 línur áfram frá Blönduósi til Reykjavíkur um strengi og radíósambönd. Línur þessar verða að líkindum teknar í notkun á næstunni. Nú stendur einnig yfir bygging stöðvar í örbylgjukerfi milli Blönduóss og Reykjavíkur, og þegar þeim framkvæmdum verður lokið í byrjun næsta árs verður hægt að fjölga enn línum og þar að auki leggja niður helstu samböndin milli Reykjavíkur og Akureyrar. Er þess að vænta að bilanir og truflanir verði minni á hinum nýju samböndum."

Þetta er svar við fsp. þessari og sé ég ekki ástæðu til þess að bæta neinu við.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. samgrh. fyrir svar við þessari fsp. Ég er ánægður með það, að mér skilst, að metrabylgjustöð fyrir Norðurland muni verða sett upp í ár og að unnið er að því að virkja talsímasamband á milli Norðurlands og Suðurlands. Ég vona að ekki verði dráttur á þessum framkvæmdum, þrátt fyrir að við lifum nú á erfiðum tímum og þurfum víða að skera niður, þá verði a. m. k. þessar framkvæmdir ekki meðal þess sem þarf að fresta.

Sameinað þing, 68. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, að loknum 67. fundi.

Heimild til færeyinga til fiskveiða við Ísland, þáltill. (þskj. 454). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnotaréttur þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum þáltill. (þskj. 457). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnotagjald sjónvarpstækja, þáltill. (þskj. 462). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Viðurkenning á bráðabirgðabyltingarstjórn í Suður-Vietnam, þáltill. (þskj. 465). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 474). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnám flýtifyrningar og skattur á verðbólgugróða, þáltill. (þskj. 310). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Breyting fjárlagaárs, þáltill. (þskj. 128). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framkvæmd laga um grunnskóla, þáltill. (þskj. 413). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 70. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, að loknum fundum í sameinuðu þingi.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 396, n. 476, 477 og 482, 441, 475, 478, 481, 483, 485.) — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 441,1 felld með 26:8 atkv.

1. gr. samþ. með 27:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, PJ, SighB, SigurlB, SV, SvH, TÁ, GGÞ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, GF, GÞG, HES, IngJ, JóhH, JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓLJ, RH.

nei: SvJ, BrS, EðS, GS, GilsG, KP, SBl, MK, MÓ, 4 þm. (PS, VH, IG, JónasÁ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bragi Sigurjónsson: Virðulegi forseti. Þar sem ekkert liggur fyrir um hvað það er sem á að skera niður treysti ég mér ekki til þess að greiða þessu atkv. og segi nei.

Brtt. 441,2 felld með 23:9 atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 475,1 felld með 23:9 atkv.

3—5 gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 478,1 (6. gr. falli niður) samþ. með 33 shlj. atkv.

7.—8. gr. (verða 6.—7. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 475,2 tekin aftur.

Brtt. 478,2 samþ. með 34 shlj. atkv. (ný 9. gr. verður 8. gr.)

Brtt. 441,3 felld með 23:10 atkv.

— 475,3 felld með 24:9 atkv.

— 483,1 felld með 26:10 atkv.

Í orðum þeim, sem 3. liður hefur inni að halda, felst tvennt. Í fyrsta lagi að tekjutryggingarmark almannatrygginga hækki í sama hlutfalli og lægstu kauptaxtar í samningum Alþýðusambandsins og vinnuveitenda, þ. e. a. s. um 12—13%. Að því hefur verið fundið að hér sé hlutfallstala notuð, en ekki ákveðin krónutala. Þetta er samkv. venju, — í raun og veru venja sem hv. þm. Magnús Kjartansson notaði og átti þátt í að skapa. Ég hygg að hann hafi haft þennan hátt á um hlutfallslega hækkun, t. d. eftir kjarasamningana í febr. 1974, og því sé í raun og veru ekkert við þessa aðferð að athuga, sérstaklega þegar á það er að líta að tekjutryggingarmark hjóna með lágmarkstekjutryggingu fer álíka hátt í krónutölu og lægstu kauptaxtar Dagsbrúnar sem hækkuðu um 12—13%. Á hinn bóginn verður það að segjast að einhleypingur, sem nýtur elli- og örorkulífeyris samkv. tekjutryggingarmarki, er auðvitað mun lægri í tekjum en Dagsbrúnartaxti segir til um. Er þar um sérstakt vandamál að ræða sem e. t. v. verður ekki leyst í einu skrefi.

Hinn efnisliður 3. liðar yfirlýsingarinnar er að hækkun almenns lífeyris verði ákveðin í samræmi við niðurstöður almennra kjarasamninga og verði við þá ákvörðun m. a. tekið mið af öðrum tekjum þeirra sem lífeyris njóta. Hér gæti verið um það að ræða að beita meðaltalshækkun, sem bráðabirgðasamkomulagið er talið hafa haft í för með sér, til allra elli- og örorkulífeyrisþega. En þó er sá fyrirvari tekinn í þessari yfirlýsingu að m. a. verði tekið mið af öðrum tekjum þeirra sem lífeyris njóta og þá kynni að vera beitt þeirri reglu sem bráðabirgðasamkomulagið hefur inni að halda, þ. e. a. s. að einhver minni eða engin hækkun elli- og örorkulífeyris ætti sér stað til þeirra sem hefðu hærri tekjur en þetta þak segir til um í bráðabirgðasamkomulaginu, þ. e. a. s. um 69—74 þús. kr. Hér er verið að skoða mismunandi leiðir til efnda á þessari yfirlýsingu. Það þótti rétt að fella lagaheimild, að svo miklu leyti sem hennar er þörf, annaðhvort inn í meðferð brbl. sem eru í Ed. um launajöfnunarbætur eða láta þessa till. koma fram í sérstöku frv. í stað þess að fella það inn í frv., sem hér er til umr. En við þennan lið yfirlýsingarinnar verður staðið eins og aðra.

Það er að vísu hæpið hvort ríkisstj. eigi í hvert skipti sem deilt er um kaup og kjör að breyta skattal. til þess að greiða fyrir samkomulagi aðila vinnumarkaðarins. Ég tel það ekki rétt til frambúðar. En miðað við þau vandamál, sem við er að etja á vinnumarkaðinum og varðandi kaup og kjör launþega, og þar sem ríkisstj. hafði á stefnuskrá sinni endurbætur á skattal. og í huga þær breytingar, sem hér um ræðir, þá er það ánægjuefni að þessar fyrirhuguðu breytingar, sem ríkisstj. hafði frumkvæði að, hafa orðið til þess að einhverju leyti að greiða fyrir samningum um kaup og kjör milli samtaka launfólks og vinnuveitenda og að því leyti tryggt vinnufriðinn svo langt sem bráðabirgðasamkomulagið nær.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um frv. á þessu stigi málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 22. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Gils Guðmundsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 21. apríl 1975.

Guðmundur H. Garðarsson, 6. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Ingiberg J. Hannesson sóknarprestur, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Ég vil mælast til þess við hv. kjörbréfanefnd, að hún taki kjörbréf Ingibergs J. Hannessonar til athugunar. Verður nú gefið 7 mínútna fundarhlé eða til kl. 2.15, meðan rannsókn kjörbréfsins fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Ingibergs J. Hannessonar sóknarprests á Hvoli í Saurbæ í Dalasýslu, sem nú kemur til Alþ. í stað Guðmundar H. Garðarssonar, 6. landsk. þm., sem fengið hefur fjarvistarleyfi. Séra Ingiberg er 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl. Kjörbréf hans er útgefið af landskjörsstjórn í Reykjavík 10. júlí 1974. N. leggur einróma til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

[Hinn nýi þm., Ingiberg J. Hannesson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

Fjarskipti við Siglufjörð, fsp. (þskj. 389). — Frh. einnar umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Þegar hv. fyrirspyrjandi gerði hér grein fyrir fsp. sinni í Sþ. hafði mér ekki borist svar frá póst- og símamálastjórninni við fsp., en hafði ekki reiknað með að hún kæmist að vegna þess að niður yrðu felldar þær fsp. sem á undan voru. Þá gerði frsm. grein fyrir fsp. sinni Svar póst- og símamálastjórnarinnar, sem mér hefur borist, er á þessa leið:

„Á fjárfestingaráætlun Pósts og síma fyrir árið 1975 er gert ráð fyrir byggingu 5 metrabylgjustöðva á Vestur- og Norðurlandi. Niðurskurður á fjárveitingu framkvæmda gæti haft áhrif á það hvort af þessari framkvæmd yrði. Hins vegar áætlar tæknideild Pósts og síma að hægt verði

stökum skattgreiðanda með jafnskýrum hætti og lækkun söluskatts gerir eða jafnfljótvirkum hætti.

Það, sem auðvitað ræður úrslitum, er tölfræðilegur samanburður, og nokkuð hefur verið vitnað til slíks samanburðar sem Þjóðhagsstofnunin hefur gert. Þar hefur verið vitnað til þess að það muni um 0.3, 0.2, 0.1 prósentu í kjarabót af brúttótekjum hvor leiðin er farin og þá í vil lækkunar beinna skatta. En sá fyrirvari er gerður, eins og Þjóðhagsstofnunin segir, að þar sem forsendur um mat viðbótarlækkunar með lækkun óbeinna skatta af matvælum eru talsvert ágiskunarkenndar, gefa ofangreindar tölur um kjarabót ekki tilefni til þess að álíta að um neinn raunhæfan mun sé að ræða milli þessara tveggja kosta. Og á það er bent að hér sé miðað við matvælaútgjöld vísitölu framfærslukostnaðar, en um útgjaldadreifingu eftir tekjuhæð er stuðst við danska athugun, en slík athugun mun ekki vera hér á landi til staðar svo að hana megi leggja til grundvallar.

Þegar við lítum á hve munurinn er lítill, og hann er að áliti Þjóðhagsstofnunarinnar tæpast marktækur, þá getur þessi tölfræðilegi samanburður ekki ráðið úrslitum. Ástæðan til þess að ríkisstj. hefur ekki að öllu leyti viljað fara þá leið að lækka eingöngu beina skatta er sú að ríkisstj. hefur í huga enn frekari breytingar á tekjuskattskerfinu. Hér hefur verið stigið töluvert spor og heilladrjúgt, er ég viss um, sem felur í sér samræmingu og sameiningu á tekjuskatti og fjölskyldubótum, en í stefnuskrá ríkisstj. er rætt um að leitast verði við að sameina tekjuskattskerfið og tryggingakerfið í allsherjar tekjujöfnunarkerfi og að þessari endurskoðun verður áfram unnið. Það er ekki rétt að taka stærra skref í einu að mati ríkisstj., a. m. k. ekki öllu stærra skref í einu. Ber þar og til að í framhaldandi endurskoðun skattkerfisins verður lögð áhersla á að koma á sérsköttun hjóna. Ég vil líka láta það koma fram að það, sem hefur haft töluverð áhrif á afstöðu mína, er að endurgreiðsla persónuafsláttar eins og nauðsynleg væri til þess að till. Alþýðusambands Íslands kæmu að fullum notum er vafasöm í ýmsum tilvikum. Þótt við játum að ábending hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar um að t. d. einhleypingar, sem þyrftu sjálfir um sig að hugsa og greiða sitt fæði, jafnvel í veitingahúsum, bæru e. t. v. skarðan hlut frá borði í sambandi við lækkun söluskatts í stað lækkunar beinna skatta, þá er á hinn bóginn rétt að það komi fram, að sá hópur, sem e. t. v. hefur hlutfallslega hvað mesta kaupgetu hér á landi, ýmsir einhleypingar á unga aldri, sem ekki hafa framfærslubyrði og búa e. t. v. ódýrt í foreldrahúsum, eru e. t. v. bestu viðskiptavinir skemmti- og tískuiðnaðarins, og felst ekki í þeim orðum mínum nein gagnrýni á það að unga fólkið geti klætt sig vel eða skemmt sér, en þessi hópur einhleypinga mundi fá fremur hagsbót af því að lækkun beinna skatta yrði slík að um nokkrar verulegar endurgreiðslur yrði að ræða þeim til handa. Og vil ég minna á að um þetta vitnaði hv. form. fjh.- og viðskn., Ólafur G. Einarsson, í tölur sem staðfestu þessa skoðun, að skattalækkun með þessum hætti kemur ekki þeim mest þurfandi til nota. Auðvitað er það svo þegar um slíkar almennar reglur er að ræða eins og skattalækkanir, hvort heldur þær eru fólgnar í lækkun óbeinna skatta eins og söluskatts eða lækkun beinna skatta, geta þær auðvitað komið ýmsum óverðugum til nota. Það er ekki unnt að beina þeim eingöngu þangað sem þörfin er mest, en þó ber okkur skylda til að leitast við að svo verði í framkvæmd.

Ég vil svo aðeins varðandi þennan 1. lið í yfirlýsingu ríkisstj. segja það að ríkisstj. mun beita þeim heimildum, sem Alþ. veitir henni, á þann veg að að svo miklu leyti sem ekki verður náð 2000 millj. kr. skattalækkun með lækkun beinna skatta eða afnámi tolla, þá munu heimildir um lækkun söluskatts vera nýttar þannig að öruggt sé að 2000 millj. kr. skattalækkun í raun verði á þessu ári, þ. e. a. s. að þótt 1/3 hluti ársins sé liðinn, þá mun lækkun óbeinna skatta vera þeim mun meiri svo að þessari tölu verði að fullu náð fyrir árslok.

Varðandi 1. lið yfirlýsingar ríkisstj. vil ég þessu til viðbótar láta það koma fram að hv. þm. Magnús Kjartansson taldi það siðferðilega skyldu ríkisstj. að fara eftir till. Alþýðusambands Íslands. Ég hef skýrt það að sú skoðun hefur ekki við rök að styðjast og er raunar ekki í samræmi við það sem á eftir fór í málflutningi hv. þm., því að hann taldi það ekki heillavænlega þróun ef menn fengju í raun og veru útborgaða peninga, ef ég hef skilið hann rétt, af hálfu ríkisins sem atvinnurekandinn ætti í raun og veru að greiða í hærri launum. Og hann gat ekki heldur skilið að hátekjumaðurinn borðaði langtum meira af algengustu matvörum en lágtekjumaðurinn. Báðar þessar röksemdir hv. þm. eiga að leiða til þess að hann a. m. k. vilji fara blandaða leið og lækka söluskatt að einhverju leyti ásamt lækkun beinna skatta.

Þá hefur komið fram að ríkisstj. hafi ekki lagt fram frv. til l. um breytingar á innheimtu skatta til efnda á 2. lið í yfirlýsingu ríkisstj. sem fjallar um það að dreifa innheimtu opinberra gjalda ársins 1975 yfir lengri tíma en ella hjá þeim launþegum, sem í ár hafa sömu eða lægri peningatekjur en í fyrra, svo að að því verði stefnt að afdráttur opinberra gjalda frá launagreiðslum hvers launþega fari ekki fram úr 40% af tekjum hans í heild á hverjum tíma, enda sé hann ekki í vanskilum með opinber gjöld frá fyrri árum. Efni þessarar yfirlýsingar var til athugunar hjá innheimtumönnum hins opinbera, og það var álit og mat embættismanna að til efnda á þessari grein yfirlýsingarinnar þyrfti ekki lagabreytingu, og vonast ég til að það standist. Ríkisstj. mun að öllu leyti standa við það sem hér hefur verið sagt.

Um 3. lið í yfirlýsingu ríkisstj., þar sem talað er um að hún muni beita sér fyrir því að tekjutryggingarmark almannatrygginga hækki í sama hlutfalli og lægstu kauptaxtar í samningum Alþýðusambandsins og vinnuveitenda og hækkun almenns lífeyris verði einnig ákveðin í samræmi við niðurstöður almennra kjarasamninga og verði við þá ákvörðun m. a. tekið mið af öðrum tekjum þeirra, sem lífeyris njóta, þá er það að segja að við munum bera fram ákveðnar till. í þeim efnum, að svo miklu leyti sem heimildir í núgildandi lögum veita ríkisstj. ekki möguleika til þess að breyta þessu með stjórnvaldsákvörðun.

áherslu á að draga úr hlutfalli því sem fjárl. eru af heildarþjóðartekjum, þá hefði ég haldið að hv. þm. Magnús Kjartansson vildi ekki aðeins halda því sama hlutfalli og verið hefði að þessu leyti milli skatta og þjóðartekna, heldur jafnvel auka samneysluna frá því sem verið hefði. Þess vegna er í hækkun fjárlaga ekki fólgin raunveruleg aukin skattheimta. Það er aðeins verið að taka sama hlutfall af tekjum manna til hins opinbera og áður var. Í raun og veru er hægt að sýna fram á að hlutfall það, sem hið opinbera tekur í sinn hlut á þessu ári miðað við á síðasta ári, hefur heldur minnkað svo að að því leyti til er spor stigið í rétta átt að mínu viti, þótt ég hefði ekki haldið að Magnús Kjartansson gagnrýndi það að samneyslunni væri haldið í sama hlutfalli og verið hefði.

Í frv. er, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir því að opinber útgjaldaáform verði lækkuð um 3 500 millj. kr. Hv. þm. Magnús Kjartansson vildi svo vera láta að öll þessi lækkun ætti að koma fram á verklegum framkvæmdum. Þetta er engan veginn tilgangurinn. Þvert á móti er áhersla á það lögð að þessi sparnaður eigi sér stað ekki síður á rekstrarútgjöldum en öðrum útgjöldum hins opinbera. Hann spurði hvernig það mætti vera að form. Framsfl. hefði látið þau orð sér um munn fara á nýafstöðnum miðstjórnarfundi Framsfl. að „við framsóknarmenn verðum að vera á verði að þessi útgjaldasamdráttur komi ekki niður á hinum dreifðu byggðum landsins“, ef ég hef orð form. Framsfl. rétt eftir fyrir milligöngu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar. Hann túlkaði þetta sem skoðanaágreining milli stjórnarflokkanna. Ég tel það nú ekki leyfilega ályktun og síst af öllu þegar hann að þeirri ályktun tekinni hóf að fullvissa sína eigin umbjóðendur um að það yrði að standa á verði, að þessi sparnaður kæmi ekki niður á þéttbýlinu, og vék þar sérstaklega orðum sínum að mér sem þm. Reykv. Mitt svar er þetta:

Í þessum orðum Framsfl. felst ekki vitnisburður um neinn ágreining milli stjórnarflokkanna. Að því er snertir hvar þessi sparnaður eigi niður að koma, þá á hann ekki að breyta höfuðstefnumörkun fjárl. um skiptingu útgjalda milli hinna dreifðu byggða og þéttbýlisins, ef um það er að ræða, heldur er treyst á tillögugerð, samráð og samþykki milli ríkisstj. og fjvn., að þarna sé á þann veg á málum haldið að þetta komi sem minnst við gagnlegar og nytsamar og lífsnauðsynlegar framkvæmdir, þótt menn geri sér um leið grein fyrir því að þegar heildartekjur þjóðarbúsins fara minnkandi, þá verður hið opinbera jafnt og einstaklingar að draga saman seglin.

Hér í umr. hefur nokkuð verið drepið á þá yfirlýsingu er ríkisstj. gaf til þess að greiða fyrir samningum um kaup og kjör milli samtaka launafólks og vinnuveitenda í trausti þess að vinnufriður haldist. Mér er það bæði ljúft og skylt að skýra þessa yfirlýsingu nánar og þær efndir þeirrar yfirlýsingar, sem felast í þessu frv.

Í 1. lið þessarar yfirlýsingar er, eins og hér hefur komið fram, lýst yfir að ríkisstj. muni á Alþ. beita sér fyrir skattalækkun að því marki að hún nemi í heild allt að 2000 millj. kr., með það fyrir augum, að þessi skattalækkun gagnist sem best þeim sem við erfið kjör búa. Það er dregið í efa, að þetta frv. sé fullar efndir á þessari yfirlýsingu. Ég vil segja það skýrt og skorinort að þetta frv. felur í sér fullar efndir á þessari yfirlýsingu. Aðilar vinnumarkaðarins, sem fylgdust með og tóku þátt í viðræðum við fulltrúa ríkisstj. að þessu leyti, gerðu sér grein fyrir því að ríkisstj. vildi ekki binda sig við í hvaða formi þessi skattalækkun ætti sér stað, hvort rétt væri að leggja meiri áherslu á lækkun beinna skatta eða þá óbeinna eða hvort og að hve miklu leyti hvort tveggja skyldi koma til greina. Ríkisstj. áskildi sér og Alþ. endanlegt mat um það hvernig þessi skattalækkun kæmi til framkvæmda. Þegar þessi yfirlýsing var gefin var frv. það, sem hér er til umr., komið fram. En áður en það kom fram höfðu átt sér stað ítarlegar viðræður við aðila vinnumarkaðarins, og frv. var í upphaflegri gerð sinni sniðið að höfðu samráði við fulltrúa launþega. Í því hafði verið tekið tillit til sjónarmiða sem birst höfðu í viðræðum milli fulltrúa ríkisstj. og fulltrúa launþega. Með þessu er ég ekki að segja að frv. hafi á því stigi málsins tekið allar óskir launþega til greina. En þegar í upphafi hafði verið sveigt í þá átt að reyna að sætta þau sjónarmið sem fram komu hjá aðilum vinnumarkaðarins og meðal fulltrúa ríkisstj. Í þeirri upprunalegu gerð var gert ráð fyrir því að lækkanir beinna skatta mundu nema samtals um 1 240 millj. kr. eða milli 1 160 og 1 240 millj. kr. Nú hefur verið leitt í ljós að frv., eins og það er nú, hefur í för með sér lækkun beinna skatta sem nemur um 1 380—1 390 millj. kr., þannig að það, sem við erum í raun og veru hér að tala um, er hvort eigi að hækka þessa tölu, lækkun beinna skatta, úr 1 390 millj. og í 2000 millj. kr. eða um rúmar 600 millj. kr. í stað 800 millj. kr. áður, sem rætt var um að mismunurinn væri. Ef við gerum sömuleiðis ráð fyrir því að við séum öll sammála um afnám tolla af ávöxtum, eins og frv. í núv. mynd gerir ráð fyrir, þá er þessi mismunur orðinn enn minni eða rúmar 500 millj. kr. eða 1/4 af þeirri lækkun skatta sem fyrirheit hefur verið gefið um og ráð er fyrir gert. Ég held, að þessi mismunur sé ekki efni til stórátaka hér á Alþ. né heldur til misskilnings eða neins eftirleiks af hálfu aðila vinnumarkaðarins eða launþegasamtakanna.

Það má vel segja sem svo að það væri í framkvæmd æskilegra að fara aðra hvora leiðina, að lækka annaðhvort eingöngu beina skatta eða eingöngu óbeina skatta, eins og að afnema söluskatt á tilteknum vörutegundum. En á hinn bóginn má líka halda því fram að það sé ákveðinn ávinningur að láta hvort tveggja koma fram í reynd og reynsluna skera úr um áhrif þessa hvors fyrir sig.

Það má einnig á það benda að áhersla er eðlilega lögð á að þessar skattalækkanir komi fram með skýru og einföldu móti gagnvart almenningi í landinu og þessar skattalækkanir komi strax í gagnið eins og þær gera með lækkun söluskatts.

Þótt lækkun beinna skatta sé engu síður mikilvæg, og að vissu leyti hef ég persónulega tilhneigingu til þess að leggja meiri áherslu á þá leið, þá kemur sú leið ekki fram gagnvart ein-

ynni að heimilisstörfum eingöngu. Á þann veg yrðu heimilisstörfin á óbeinan hátt metin sem teknaframlag til heimilisins. Vinni hins vegar bæði hjónin utan heimilis eða vinni önnur störf en heimilisstörf á heimilinu yrði að veita sérstakan frádrátt vegna þess, með hliðsjón af því að hjónin, annað hvort eða bæði, sinna þá ekki að fullu heimilisstörfum og verða óhjákvæmilega fyrir auknum kostnaði, beint eða óbeint vegna heimilishalds, og sá kostnaður yrði meiri væri um börn að ræða á heimilinu. Með þessu yrði litið til heimilisins sem heildar en jafnframt yrðu afnumin gildandi skattfríðindi sem eru einungis veitt á grundvelli teknaöflunar eiginkonunnar. Hvort heldur annað hjónanna eða bæði færa heim peningatekjur til heimilisins, þá afla þau lífsgæða sér til handa, beint eða óbeint, í sameiningu og fyllilega að jöfnu og í flestum tilfellum njóta þau þeirra að jöfnu sem tveir einstaklingar. Sama má segja um eignir hjóna. Hér er um sameign að ræða sem bæði hjónin hafa tekið þátt í að mynda í flestum tilvikum og er eign hvors um sig að hálfu. Þessi helmingaskipting á tekjum og eignum hjóna er því réttlætismál á þeim grundvelli að tveir afla teknanna og eiga eignirnar, beint eða óbeint, og tveir njóta hvors tveggja, tekna og eigna. Það er því orðið tímabært að viðurkenna hlutverk eiginkonunnar í teknaöflun heimilisins og þá ekki síður ráðdeildarsemi hennar við eignamyndun hjónanna.

Að öðru leyti vil ég fara hér örfáum orðum um nokkrar af brtt. hv. þm. Svövu Jakobsdóttur, 2. liðurinn í brtt. þm. er í till. meiri hl., eins og hér hefur komið fram. Það er eðlilegra á þessum stað en öðrum í frv. að miðað sé við börn innan 17 ára aldurs, þar sem meðlagsskylda er að þeim aldursmörkum, enda fjallar þessi gr., 9. gr., um meðlagsgreiðslur. Um 17. árið á öðrum stöðum í brtt., þ. e. í 1. og 2.—4. lið, skattkerfi og almannatryggingakerfi, ber ekki saman um meðferð skattþegna. Í skattkerfinu er framtalsskylda frá og með 16 ára aldri og þá vafasamt í hæsta máta hvort greiða eigi fullar barnabætur og vera með frádrætti eða viðbætur vegna tekna barns á framtali föður eða móður eftir að barnið er orðið sjálfstæður skattþegn. (Gripið fram í.) Í þessu tilfelli er eðlilegra að gera annað af tvennu að breyta skattal. á þann veg að framtalsskylda byrjaði ekki fyrr en við 17 ára aldur eða að greiða framfæranda barnabætur að 16. ári barns, en barninu sjálfu þá barnabætur á sjálfu 16. árinu, en síðan hættu þær þar. Ef ekki væru gerðar fleiri breytingar á skattal. en þm. leggur til væri t. d. verið að greiða barnabætur með sjálfstæðum skattþegn til annars aðila, en fyrrnefndi aðilinn gæti jafnframt fengið námsfrádrátt o. fl.

Um útborgun 20 þús. kr. með skattvísitölu vil ég aðeins segja þetta, að till. virðist fela það í sér að ríkissjóður greiði 20 þús. kr. með hverju barni sem eru þá fjölskyldubætur á þessu ári miðað við greiðslur nú. Afgangur barnabóta má síðar mæta skattgreiðslum. Það virðist ekki mega innheimta þessa fjárhæð á móti þeim. Þetta kemur sér vel fyrir þá sem skulda hinu opinbera. Þeir, sem standa í skilum, fá fullar barnabætur útgreiddar samkv. frv., en vanskil ættu yfirleitt ekki að koma til nema vinnuveitandi viðkomandi hafi ekki staðið í skilum. Væri þessi till. samþ. er tilganginum með sameiningu fjölskyldubóta almannatryggingakerfis og skattkerfis ekki náð.

Þá ræddi þm. um að það væri einkenni á frv. að skattbyrði væri þyngri á einstæðum foreldrum en hjónum. Ég held að ég verði að álykta sem svo að hv. þm. hafi ekki hlustað á ræðu mína í dag, og það er út af fyrir sig ekkert við því að segja. En ég þóttist í máli mínu einmitt gera grein fyrir því að einstæð foreldri væru betur sett að því er varðar skattalega meðferð en hjón. Hins vegar minnkar þessi munur frá því sem var, það tók ég líka fram í ræðu minni í dag.

Ég legg áherslu á það, eins og ég hef áður sagt, að þegar þessar skattgreiðslur eru bornar saman, þá verður að horfa til þess hver raunverulég greiðslustaða þessara aðila er, og það er ekki gert í dæminu sem fylgdi erindi frá Félagi einstæðra foreldra. Það er ekki tekið tillit til þess hver hin raunverulega greiðslustaða er. Þetta nefndi ég í dag, en ég nefndi engar tölur. Ég skal gera það nú. Ef við tökum tillit til þessa og notum sama dæmi, þá kemur það svo út að skattgreiðslur einstæðra foreldra eru hærri um 117 þús. kr. rúmar, þegar rétt er reiknað, það hefur verið leiðrétt dæmið þá, en brúttótekjur eru hærri um 220 þús. kr. rúmar. Þess vegna er greiðslustaða einstæðs foreldris betri en hjóna um upphæð sem nemur liðlega 102 þús. kr. og þá er miðað við mótteknar greiðslur 1974. Ef miðað er við upplýsingar um meðlagsgreiðslur 1975 verður þessi greiðslustaða betri um upphæð sem nemur 122 þús. kr., þótt hjá hjónum séu þá 4 í heimili en 3 hjá einstæðum foreldrum. Um þetta þarf ég ekki að hafa fleiri orð og vísa að öðru leyti til þess, sem ég sagði hér í dag um þessi efni.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka fjh.- og viðskn. þessarar d. fyrir vel unnin störf og ítarlega meðferð þessa frv. sem það hefur hlotið hjá n. og raunar n. beggja d. Umr. þessar gefa ekki tilefni til þess að fjölyrða um málið að þessu sinni. Ég vil þó ekki láta hjá líða að svara fsp. sem til mín hefur verið beint.

Áður en til þess kemur drep ég á einstök atriði, sem fram hafa komið, og vek athygli á því að báðir hv. þm., Magnús Kjartansson og Gylfi Þ. Gíslason, gagnrýndu það að fjárl. væru afgreidd í des., en tekin til endurmats og endurskoðunar nú í mars og aprílmánuði. Ég vil minna á það að frá því að fjárl. voru afgreidd hafa átt sér stað mjög mikilvægar breytingar á viðskiptakjörum Íslendinga. Þau hafa versnað um 8—10% og sú staðreynd ein út af fyrir sig er nægileg ástæða til þess að endurmeta fjárl. í heild.

Hv. þm. Magnús Kjartansson talaði um að fjárl. hefðu haft í för með sér aukna skattheimtu um 20—21 milljarð kr. milli fjárlagaáranna 1974 og 1975. Um leið gagnrýnir hann að fjárl. hafi hækkað um yfir 50%. Þessu er til að svara að tekjur manna jukust um yfir 50% á milli þessara ára. Þótt ég sé þeirrar skoðunar að leggja beri

munum greiða atkv. brtt. á þskj. 483 frá 2. minni hl. og fjh.- og viðskn.

Þótt brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. séu mikið plagg og komi víða við í frv. er ekki að heyra á hv. frsm. að enn sé lokið því reiki og reki sem stjórnarliðið reynist vera á í þessu máli, því að enn boðar hann brtt. við 3. umr. Síðan vantar gersamlega í þetta frv. efndir á tveim af þeim loforðum sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið í sambandi við nýafstaðna kjarasamninga. Þar örlar hvergi á efndum á því loforði að lífeyrisþegar skuli hljóta auknar bætur, og því teljum við samtakamenn sjálfsagt að greiða atkv. brtt. um það efni á þskj. 483 frá fyrra minni hl. fjh.- og viðskn. Sömuleiðis skortir algerlega að nokkur ávæningur hafi verið gefinn um það hvernig framkvæma á annað fyrirheit, fyrirheitið um að dreifa greiðslum opinberra gjalda á lengri tíma en tíðkast hefur hjá þeim, sem lækka í tekjum frá undanfarandi ári, og þar skuli afdráttur ekki fara yfir 40%. Þetta er að flestra hyggju ekki auðvelt í framkvæmd, en því meiri ástæða er til að lýsa eftir vitneskju um hvernig hæstv. fjmrh. ætlar sér að koma því í kring.

Það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert að bæta að einhverju leyti hag einstæðra foreldra gagnvart skattheimtu og jafna skattstöðu fólks í óvígðri sambúð við það sem er í formlega frágengnu hjónabandi. En slík atriði sem vissulega fyrirfinnast í þessu frv. eru smámunir hjá því að með þessum málatilbúnaði er að minni hyggju verið að festa í sessi skaðlegustu veilur skattkerfisins og sömuleiðis að þau fyrirheit, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið og skipta verulegu máli fyrir afkomu þeirra sem við lökust kjör búa í landinu, virðast ætla að rætast bæði seint og illa.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég sé ástæðu til að fara hér um nokkrum orðum, — atriði sem komið hafa fram í máli manna í þessum umr.

Ég ræddi í dag nokkuð um tekjutrygginguna og svo gerði einnig hv. þm. Magnús Kjartansson. Ég ítreka það, sem ég sagði þá, að með þeirri 13% hækkun, sem verður a. m. k. vegna láglaunabóta, og 18%, sem áætlað er vegna útborgunar í skattkerfinu, þá hækkar tekjutryggingin um 33% ársgrunni, en í reynd um 54% á helmingi ársins, þar sem þá yrðu þessi 18% greidd fyri heilt ár. Ég er þess fullviss að hv. þm. Magnús Kjartansson hlýtur að fagna hækkun sem þessari.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason kom víða við í sinni ræðu. Hann talaði hér mikið um skattlækkunarleiðina annars vegar og söluskattsleiðina hins vegar á grundvelli töflu sem Þjóðhagsstofnunin hefur reiknað og ég vísaði einnig til í minni ræðu. Ég sagði í dag að þarna væri vart um að ræða marktækan mun og vísaði einmitt í því sambandi til þessarar töflu, sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason vísaði einnig til, og hann nefndi þar tölur sem eru þetta frá 1500 kr. og upp í 2 400 eftir tekjuhæð. Tölur Þjóðhagsstofnunarinnar eiga við almennari lækkun söluskatts en haft er í huga í því sem ég nefndi í minni ræðu. Þar eru einmitt valdar vörur, sem koma launafólki til hvað mestra hagsbóta, og þar með vörur sem aukast ekki í neyslu með hærri tekjum svo að orð a. m. k. sé á gerandi. En forstjóri Þjóðhagsstofnunarinnar lét þess getið á fundi n. að þessar tölur væru ekki vel grundaðar um neysluvenjur fólks eftir tekjuhæð. Og ég bendi líka á það að frumþarfir fara ekki heldur eftir tekjum. Þm. gerði nokkurt mál úr því að það hefði verið á fundi n. af hálfu fulltrúa Alþýðusambandsins lýst eftir gagnrökum í n. eða lýst eftir rökum frá meiri hl. hennar hvers vegna væri ekki orðið við till. þeirra að fullu og öllu. Ég svaraði því í n. að þau rök mundu koma fram við 2. umr. málsins, og ég hygg að ég hafi fært fram í máli mínu í dag rök fyrir því hvers vegna frv. er einmitt svona, en ekki öðruvísi.

Ég nefndi það líka í dag að útborgunin, ef sú leið yrði farin, kæmi aðeins til þeirra tekjulægstu sem ekki eru á vinnumarkaðnum nema hluta úr árinu og því ekki aðilum Alþýðusambands Íslands til góða. Þetta þykist ég hafa rökstutt í máli mínu í dag. Þess vegna virðist svo sem hér komi meira til góðvild Alþýðusambandsins í garð annarra en sinna meðlima og er í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja. En ég spurði líka í dag hvort væri haldandi uppi viðamiklu kerfi fyrir þessar fjárhæðir.

Ég held að það hafi komið fram í umr. í dag og í grg. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar, að þeir eru hér ekki sammála ASÍ, hann og hv. þm. Magnús Kjartansson. Þeir eru ekki sammála þessari leið sem Alþýðusambandið og að því er mér skilst Alþfl. vilja fara. Þessir menn hafa þó hingað til talið sig vera málsvara verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Einmitt á þessum neðstu bilum segja tölur Þjóðhagsstofnunar að nánast enginn munur sé á hagsbót af niðurfellingu söluskatts og lækkun beinna skatta.

Ég ítreka enn að það er misskilningur að útborgun sé ekki í þessu frv., því að allt barnafólk á kost á útborganlegum barnabótum og lífeyrisþegar munu fá hækkaða tekjutryggingu eins og ég hef áður sagt.

Þá kom hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason inn á till. sína í ákvæði til bráðabirgða um sérsköttun hjóna og minnti á þá till. Alþfl. sem hann hefur áður flutt. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni í dag að frv. um þetta efni yrði væntanlega lagt fyrir þingið á næsta hausti. Mér sýnist að þessar till. hv. þm. megi líkja við till. sem hann flutti við 1. umr. þessa máls, að nú væri brýn nauðsyn að fella niður söluskatt á olíu til húsahitunar, og undir þessa till. tók hv. þm. Karvel Pálmason heils hugar. Þeim var svo bent á það síðar í umr. að söluskattur hefði verið felldur niður þegar 1971 á olíu til húsahitunar. Mér sýnist að það sé eitthvað svipað um þessa till.

Að gefnu þessu tilefni um sérsköttun hjóna og einnig því, sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir ræddi um það mál, þá skal ég aðeins fara nokkrum orðum um hvernig ég tel að að þeim málum yrði staðið.

Í uppbyggingu persónufrádráttar eða persónuafsláttar og jafnframt skattstiga hjóna í samanburði við einhleypinga yrði væntanlega við það miðað að annað hvort hjónanna væri tekjuaflandi aðilinn utan heimilisins, en hitt hjónanna

Meginkafli þessa frv. fjallar um skattamál. Það eru tvennar veilur, sem einkum eru afdrifaríkar og raunar öllum augljósar, í íslenskum skattamálum. Annars vegar eru ákvæði, sem eru orðin úrelt eða hafa breytt stórlega um áhrif á skattkerfið vegna breyttra tíma. Þetta eru þeir hlutir sem hæstv. viðskrh. nefndi smugur eða gloppur í skattal. í viðtali í sjónvarpsfréttum í kvöld.

Hin veilan er beinn undandráttur, skattsvik, sem ekki hefur tekist að stemma stigu við. Það væri fagnaðarefni ef hér lægi fyrir frv. þar sem tekið væri einarðlega á þessum tveim miklu vandamálum, en því er nú síður en svo að heilsa. Þvert á móti fæ ég ekki betur séð en báðar þessar örlagaríku veilur í skattakerfinu séu a. m. k. festar, ef ekki auknar, eins og málið er í pottinn búið. Það fer ekki á milli mála að með málatilbúnaði sem þessum, um verulega breytingu ýmissa atriða í skattlagningu, þegar skattframtöl liggja þegar fyrir og úrvinnsla þeirra hjá skattstofunum ætti fyrir löngu að standa sem hæst, er verið að torvelda mjög allt starf þeirra embættismanna sem um það fjalla að leggja á skattana og hafa eftirlit með því að skattframtölin séu svo úr garði gerð sem þau eiga að vera. Þegar þessar breytingar koma svona seint fram og eru þar á ofan eins lengi í meðförum í n. í fyrri d. og þessar hafa verið, hvorki meira né minna en mánuð, þá getur ekki hjá því farið að skattstofurnar verði fyrir gífurlegum töfum í álagningarstarfinu og þessar tafir verða til þess að starfskrafta og tíma skortir til að framkvæma það eftirlitsstarf, sem verður að vinna í skattstofunum, ef starf skattrannsóknadeildar og skatteftirlit á landsmælikvarða á að bera viðhlítandi árangur. Starf skattstofumannanna verður í rauninni það að endurreikna framtöl allra framteljenda, sem hafa gengið frá framtölum sínum samkv. allt öðrum lagaákvæðum en gilda við álagninguna, í stað þess að þeir ættu, ef vel væri, að geta varið miklu af starfskröftum sínum til þess að fara ofan í framtölin og líta eftir því að þau séu rétt úr garði gerð. Ég vil halda því fram að með slíkri málsmeðferð sé í raun og veru verið að friða skattsvikara og það því fremur sem þetta lappari á skattal. verður óhjákvæmilega til þess að veigameiri endurbætur dragast úr hömlu.

Af hinum atriðunum, þeim sem hæstv. viðskrh. nefndi gloppur í skattal., er sú áreiðanlega fyrirferðarmest sem varðar það, sem nefnt er sérstök óbein fyrning eða flýtifyrning, og þann verðhækkunarstuðul, sem henni fylgir. Eins og þessi verðhækkunarstuðull var ákveðinn síðla s. l. árs, þá held ég að það sé dómur fróðra manna um skattframkvæmd að verði eftir honum farið þá sé í raun og veru verið að losa með öllu við tekjuskatt flest fyrirtæki í landinu og þá einstaklinga sem eiga verulega hluti í fyrirtækjum, með þessu sé í raun og veru búið svo um hnútana að gróðamyndun, hversu mikil sem hún er, sé skattfrjáls. Og menn geta gert sér í hugarlund hver áhrif það hefur á hinn óbreytta skattgreiðanda, sem aðeins hefur launatekjur fram að telja og greiðir af þeim sín gjöld að fullu, að vita að þeir aðilar, sem hafa margir hverjir stórgróða, sleppa með öllu við tekjuskattsgreiðslur. Það hefur komið fram áður að það er álit okkar í Samtökunum að eitthvert brýnasta verkefnið í skattamálum sé að reisa skorður við því að þetta ástand fái að vara lengur, og við munum greiða atkv. brtt. sem um það efni fjallar á þskj. 441.

Eitt sinn taldi annar núverandi stjórnarflokka það mikið stolt ríkisstj., sem sat næst á undan þessari, að hún hefði komið fyrir kattarnef æðimörgum hvimleiðum nefsköttum, sem lögðust á fólk án þess að nokkurt tillit væri til þess tekið hvert gjaldþol þess var, og þessum álögum var breytt í tekjuskatt sem lagðist á eftir efnum og ástæðum. En ég sé ekki betur en í VI. kafla þessa frv., sem hér liggur fyrir, sé verið að leggja á nefskatt, sem að vísu fellur ekki á hvert mannsbarn í landinu sem orðið er fullveðja, heldur á alla þá sem þurfa að ferðast með flugvélum. Þar eru drög að því lögð að lagt verði á flugvallagjald og vitnað í því sambandi til flugvallagjalds í öðrum löndum. En ég tel þann samjöfnuð algerlega tilefnislausan. Það flugvallagjald, sem hér er um að ræða, er svo margfalt hærra en nokkurt slíkt þjónustugjald sem mér er kunnugt um, að hér er í rauninni um að ræða ferðaskatt og hann lagður á sem nefskattur, hann skulu allir þurfa að greiða í hvaða erindum sem þeir ferðast, hversu nauðsynlegar og óhjákvæmilegar sem ferðir þeirra eru og hversu svo sem þeir eru fjáðir að reiða af hendi farareyri. Ég tel þetta flugvallagjald óhóflegt og þar að auki er það þannig úr garði gert að það hlýtur að raska öllu skipulegu starfi í ferðamálum. Það mætti færa að því rök að hóflegt gjald, sem ætti að standa til frambúðar, væri á lagt og þá með hæfilegum og eðlilegum fyrirvara, en ætla að leggja á þennan sérstaka ferðaskatt svona háan um takmarkaðan tíma tel ég algert óráð.

Þetta frv. og margt, sem því er samfara, sýnir að mínum dómi mjög skýrt hversu ráð hæstv. ríkisstj. er að mörgu leyti á reki og reiki. Ég minni t. d. á það svona rétt í framhjáhlaupi að ég benti á það í útvarpsumr. skömmu eftir að frv. kom fram að í 18. gr. væri heldur sérkennileg upptalning á varningi, feitmeti ýmiss konar, sem ætti að gefa heimild til að fella niður af tolla. Nú er lagt til í till. meiri hl. fjh.- og viðskn. að þessi heimild sé niður felld og er vitnað í því sambandi til aths. og mótmæla heilbrigðiseftirlitsins. Væri nú fróðlegt að vita hvernig þessi till. hefur orðið til að ýta við heilbrigðiseftirlitinu. Annað atriði og margfalt afdrifameira er að óbreytt er það ákvæði samkv. brtt. meiri hl. að ekki er á nokkurn hátt kveðið á um hvernig nota skuli og hvernig notuð verði heimild til þess að slaka á söluskattsheimtu af einhverjum ótiltekn-um vörutegundum. Ég hygg að þessi málatilbúnaður, að hafa þarna allt loðið og óákveðið og eiginlega eintóm eftirkaup, eigi sinn þátt í því að 9 manna nefnd Alþýðusambandsins vill hafna þessari leið með öllu og einvörðungu fá þá skatteftirgjöf, sem um er rætt, með afslætti af tekjuskatti. Eina framlag hv. 5. þm. Reykn. til þessa máls, sem ætla hefði mátt að mundi greina nánar frá því á hvaða vörum og hversu mjög ætti að lækka söluskattinn, var að hann taldi margvísleg tormerki á því að hægt væri að koma þar að lækkun á söluskatti af kjötvörum. Ég vil því lýsa því yfir fyrir okkar hönd, samtakamanna, að við

um jöfnunarbætur, og kemur því úr hörðustu átt þegar á að fara að þyngja skatta á þessum hópi í frv. sem hefur verið talað um að fæli í sér skattalækkun.

Þetta misræmi í sköttun milli heimila einstæðra foreldra og hjóna þrátt fyrir sömu tekjur og sama barnafjölda verður enn alvarlegra þegar litið er til barnabótanna. Í reynd þýðir þetta lægri eftirstöðvar til barna einstæðra foreldra en þeirra barna sem njóta beggja foreldranna. Þetta kemur þannig út að barnabætur jafnast upp, eru búnar hjá einstæðum foreldrum við rúmlega 800 þús. kr. tekjumark brúttó en hjá hjónum ekki fyrr en við rúmlega 900 þús. kr. markið, og hef ég þá miðað við að í þessum dæmum væru tvö börn á heimili.

Samkv. till. minni mundu því einstæðir foreldrar byrja að njóta góðs af hjónaskattstiganum í útborgun barnabóta við 800 þús. kr. brúttótekjur. Ég held að enginn geti talið 800 þús. kr. neinar hátekjur fyrir einstætt foreldri með tvö börn á framfæri. Þrátt fyrir btt. mína nýtur einstætt foreldri ekki jafnræðis við hjón þegar tekjur fara hækkandi. Einstætt foreldri mun enn standa verr að vígi sakir þess að hjónum nýtist betur ýmiss konar skattafrádráttur, t. d. 50% frádráttur eiginkonu, svo að eitthvað sé nefnt, og vík ég þessu að þeim sem telja að einstæðir foreldrar hafi það raunar of gott nú, eins og mátti skilja á hv. frsm.

Í 3. brtt. minni, c-lið, legg ég til að breytt verði forgangsröð varðandi útborgun barnabóta, þ. e. a. s. í stað þess að greiðsla opinberra gjalda hafi algeran forgang og eftirstöðvar greiddar framfæranda skuli fyrstu 20 þús. kr. með hverju barni renna til framfæranda. Hér er eingöngu verið að breyta forgangsröð en að sjálfsögðu gert ráð fyrir að eftirstöðvar, ef einhverjar verða, verði síðan greiddar framfæranda eins og frv. gerir ráð fyrir.

Útborgun fjölskyldubóta hefur verið mörgu barnmörgu heimili mikil stoð. Það hefur verið litið svo á víða, mjög víða, að fjölskyldubæturnar væru ráðstöfunarfé húsmóðurinnar. Hún hefur getað gengið að reiðufé í þessu formi og haft tök á að vita nákvæmlega hversu háa upphæð hún fær í hendur. Þetta er fyrst og fremst hagsmunamál fyrir börnin. Það er lítil huggun í því að vita það, að heimili sé orðið skuldlaust við hið opinbera, en skorti reiðufé til að kaupa klæði og fæði handa börnunum. Fjölskyldubæturnar hafa verið fyrst og fremst slík trygging og öryggi. Auk þess geta tekjur og skattar verið mismunandi hjá fólki frá ári til árs og eftirstöðvar því óvissar. Í útreikningum hæstv. ríkisstj. er miðað við eitt ár, en þar sem sveiflur eru miklar í atvinnulífi og tekjur manna mismunandi frá ári til árs, eins og t. d. hjá sjómönnum, rennur fólk blint í sjóinn með það hverjar eftirstöðvar verða vegna barnanna á hverju ári fyrir sig.

Það má einnig benda á að líkur eru til, að meginþorri barnafólks með miðlungstekjur greiði meiri skatt en barnabótunum nemur. Útborgaðar barnabætur samkv. frv. eru jafnar eða hærri en núverandi fjölskyldubætur, ef brúttótekjur eru lægri en 850 þús. kr. hjá hjónum með 2 börn og 750 þús. hjá einstæðum foreldrum með 2 börn. Um leið og brúttótekjur fara yfir þetta mark eru barnabæturnar orðnar minni en núverandi fjölskyldubætur. Hér sjáum við raunar enn mismuninn í útborgun barnabóta eftir því hvort um er að ræða hjón eða einstætt foreldri. En þó að við lítum fram hjá því í þessu dæmi, þá eru 750—850 þús. kr. lágtekjur ef heimili hefur tvö börn á framfæri, og það er að mínu viti afar varhugavert að minnka útborgun barnabóta til þessa fólks.

Útborgun fjölskyldubóta hefur stundum verið mótmælt á þeim forsendum að fólk fengi greiddar fjölskyldubætur sem það hefur ekki þurft á að halda. En ég bendi á að í frv. er ekkert sem kemur í veg fyrir að barnmargur hátekjumaður, sem hefur lag á því að vera tekjuskattslaus, fái allar sínar barnabætur greiddar, meðan barnafólk með miðlungstekjur fengi lítið sem ekkert. Ég hef einnig gert ráð fyrir því að sá, sem vill heldur að barnabætur renni fyrst og fremst til greiðslu opinberra gjalda, geti þá afsalað sér þessari 20 þús. kr. greiðslu með hverju barni og búið við það fyrirkomulag sem frv. gerir ráð fyrir. En óskin verður að koma frá honum sjálfum. Ég hef enn fremur gert ráð fyrir því að upphæðin breytist í samræmi við skattvísitölu.

Meginefni 4. brtt. minnar á þskj. 475 er á þá leið að hækka skuli frádrátt til útsvars fyrir hvert barn. Frádrátturinn í gildandi lögum er 1000 kr. fyrir hvert barn og 2000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú. Til þess að halda hlutfalli sínu miðað við skattvísitölu þurfa þessar tölur að hækka enn meir en gert er ráð fyrir í frv. og því hef ég lagt til að ístað 1 500 kr. fyrir hvert barn, sem gjaldandi hafi á framfæri, skuli koma 2 700 kr. og fyrir hvert barn umfram þrjú skuli frádrátturinn vera 5 400 í stað 3 000 eins og frv. gerir ráð fyrir.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Á það hefur rækilega verið bent í þessum umr. að frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum, sem verið er að ræða, er í raun og veru stórkostleg umturnun á þeim fjárl. sem sett voru fyrr á þessu þingi. En ég tel að því hafi ekki verið veitt nógsamleg athygli að það eru að því er mér virðist lögð drög að því strax í 1. gr. frv. að þessi umturnun verði ekki hin síðasta. Í 1. gr. er kveðið á um heimild fyrir ríkisstj. til að lækka fjárveitingar á fjárl. um allt að 3½ milljarð kr. Ég tel öll rök hníga að því að það, sem þarna er sett fram og talsmenn ríkisstj. virðast telja örugga stærð, sé í rauninni ekki nema fróm ósk. Ég tel að það muni sýna sig, þegar að því kemur að framkvæma þennan niðurskurð, að hann er ógerlegur ef ekki á að valda stórfelldu tjóni, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Það væri annað mál ef hér væri verið að leggja til að kveðið yrði á um það í eitt skipti fyrir öll að lækka tiltekna fjárlagaliði um ákveðnar upphæðir. Þá væri um að ræða fastan grundvöll fyrir því sem verið er að gera. En ég leyfi mér að bera brigður á að þessi upphæð standist, og ég held því eindregið fram að ef í það yrði farið að framkvæma slíkan niðurskurð af fullri hörku hlyti hann að bitna á ýmsum þeim hlutum, sérstaklega framkvæmdum, sem eru líftaugar í lífi landsbyggðarinnar.

fyrr en við 850 þús. kr. Samkv. frv. á þá einstætt foreldri, sem hefur fyrir börnum að sjá, að greiða 40% af þessum 250 þús. kr. mismun, sem er 100 þús. kr. Samkv. till. minni mundi þessi upphæð minnka um helming eða um 50 þús. og yrði þá hin sama og hjá hjónum.

Það er raunar einkenni á þessu frv. að skattar eru miklum mun þyngri hjá einstæðum foreldrum með börn á framfæri en hjá hjónum þótt barnafjöldinn sé hinn sami og tekjur heimilisins nákvæmlega hinar sömu. Þessi munur haggast ekki verulega þótt ríkisstj. hafi nú dregið í land með upphaflegar hugmyndir sínar um að skattskylda meðlagsgreiðslur. Hinn sérstaki frádráttur, sem áður gilti fyrir einstætt foreldri með börn á framfæri, hefur nú verið felldur niður en hann kemur ekki heldur að því gagni sem þyrfti að vera og hugmynd mín um hjónaskattstigann mundi gera.

Þessi mismunur á einstæðum foreldrum með börn og hjónum kemur ljóslega fram í því dæmi, sem hv. frsm. meiri hl. n. nefndi í ræðu sinni í dag, — dæmi sem Félag einstæðra foreldra hefur sent öllum alþm. Þar kemur fram að hjón með tvö börn, sem hafa atvinnutekjur 1 200 þús., tekjur til útsvars 1 150 þús. og hreinar tekjur til skatts 960 þús. kr., greiða í tekjuskatt og útsvar alls 110 289 kr. Ef eiginmaðurinn í þessu dæmi missir konu sína og heldur einn heimili fyrir börn sín hækkar tekjuskattur hans og útsvar — og er þá miðað við sömu atvinnutekjur og áður — upp í 233 890 kr., þ. e. a. s. upphæðin rúmlega tvöfaldast. Enda þótt brtt. meiri hl. n. um skattskyldu meðlags yrði samþ. jafnast þessi mismunur samt ekki. Eftir sem áður ber hið einstæða foreldri samt 90 þús. kr. hærri skatt en hjónin. Hreint reikningslega séð skýrist þetta að mestu af því, að í stað konu sinnar hefur ekkjumaðurinn fengið fjárhagslegar bætur fyrir þá vinnu sem hún innti af hendi. Tryggingarnar viðurkenna réttilega að heimilið hafi einhvers í misst við missi móður og húsmóður. En samkv. þessu frv. lítur skattalöggjafinn svo á að missir húsmóðurinnar sé hreinn gróði, en ekki tap. Það er litið svo á að tryggingabætur ekkjumannsins séu auknar ráðstöfunartekjur sem hann hafi umfram kvænta manninn. Þessi skilningur kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. í dag þegar hann sagði á þá leið, að væru allar greiðslur tíundaðar væru einstæðir foreldrar betur settir. Í þessu dæmi ríkisstj. og hv. frsm. er húsmóðirin sama sem núll. Hún er í besta falli matvinnungur ef ekki hreinn ómagi á manni sínum. Vinnan, sem húsmóðir innir af hendi meðan hún er á lífi, er skattfrjáls. Samkv. frv. snýst dæmið við. Þegar hún andast eru bæturnar eftir hana skattlagðar sem aukið ráðstöfunarfé heimilisins í formi feðralauna og tekjumark 20% álagningar þar með lækkað um 250 þús. kr.

Það er fróðlegt að íhuga þessar staðreyndir í ljósi þeirra orða, sem hæstv. fjmrh. hefur viðhaft bæði hér á þingi og utan þess, er hann boðaði nýtt frv. á næsta þingi um sérsköttun hjóna, þar sem fyrirhugað er að tekjum heimilisins verði skipt jafnt á milli hjónanna, þau séu greiðsluskyld fyrir sitt hvorum helmingnum og þar með fáist viðurkenning á störfum húsmóður á heimili. Ég ætla ekki að fara nú inn á allar þær röksemdir sem sýna hina dæmalausu hugsunarvillu í þessari fullyrðingu. Ég hef raunar gert það áður og fæ kannske tækifæri til þess að endurtaka það síðar en sú rökvilla, sem liggur að baki þessari hugmynd hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl., dygðu þeim til þess að verða að athlægi um alla heimsbyggðina ef hún fréttist svo langt. Það er ekkert annað.

Kona getur orðið sjálfstæður skattþegn án þess að slíkt þrugl þurfi að fylgja. Sjálf hef ég flutt till. um að gift kona verði sjálfstæður skattþegn. Krafan um það að gift kona verði sjálfstæður skattþegn er byggð á þeirri kröfu að hún fái óskorað fjárforræði, að það sé litið á hana sem ábyrga og hæfa til að gera sjálf grein fyrir fjárhag sínum, hvort sem hún vinnur fyrir skattskyldum tekjum eða ekki, á sama hátt og reiknað er með að unglingur eða ógift kona geti gert slíkt. Heimilisstörf eru skattfrjáls, enda mun samkv. hugmyndum Sjálfstfl. ekki ætlunin að breyta því. Meginhugsun þeirra mun eingöngu vera sú að heimavinnandi húsmóðir „fái“ að telja fram helminginn af tekjum mannsins, þ. e. a. s. tekjum fyrir vinnu sem hann innir af hendi. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason virðist vera á sömu braut. Slík tilhögun sem Sjálfstfl. leggur hér til mundi auk alls annars, sem ég mun geyma mér, hafa í för með sér svo verulega þyngingu á skatti eftirlifandi aðila, þegar hinn félli frá, að óþolandi yrði.

Aukin skattheimta er ekki viðurkenning á vinnu. Varla hefði ASÍ eða aðrir aðilar krafist skattalækkunar ef svo væri. Viðurkenning á vinnu húsmóður kemur í öðru formi, t. d. með tryggingabótum. En við höfum nú séð dæmi þess hvernig hæstv. ríkisstj. lítur á slíka viðurkenningu sem hreinan ágóða fyrir heimilið ef húsmóðurin fellur frá. Þannig er nú hugurinn til heimavinnandi húsmæðra þegar allt kemur til alls, að maður tali nú ekki um þann skýrleika í hugsun sem hæstv. ríkisstj. sýnir. En hæstv. ríkisstj. hefur nú tækifæri til að sýna viðurkenningu á störfum húsmóður með því að fallast á till. mín um að tekjuskattur einstæðra foreldra skuli reiknast eftir sama skattstiga og hjá hjónum. Í þessu frv. er þetta sjónarmið raunar viðurkennt í 9. gr. B-lið, tölul. 3. Þar er viðurkennt að heimilishald hjá einstæðu foreldri, sem heldur heimili fyrir börn sín, sé hið sama og hjá hjónum.

Vitaskuld aukast bein útgjöld þegar annað foreldri hverfur af sjónarsviðinu. Þar nægir að minna á útgjöld vegna dagvistunar, útgjöld vegna aukins kostnaðar við vinnu og þjónustu. Annar kostnaður stendur í stað en minnkar ekki eins og hæstv. ríkisstj. virðist gera ráð fyrir. Mikilvægir útgjaldaliðir heimilis ráðast af barnafjölda, ekki því hvort hjón standa fyrir heimili eða einungis annað foreldrið. Svo er t. d. um húsnæðiskostnað, hita, rafmagn, svo að eitthvað sé nefnt. Það er því hróplegt ranglæti þegar ríkisstj. ætlar nú að breyta skattal. í þá átt að ætla einstæðum foreldrum með börn á framfæri að bera þyngri skatta en hjónum með sömu tekjur. Það er jafnvel gengið enn lengra, því að skattar beinlínis þyngjast frá því sem nú er hjá einstæðum foreldrum við um það bil 850 þús. kr. tekjumarkið. Þessi hópur er raunar innan þess ramma eða við jaðarinn sem ASÍ hefur gert kröfu til

kjarasamningana í janúar 1974 er alveg jafnóraunhæf og því sé haldið fram að engu máli skipti hvernig framleiðsla þjóðarbúsins gangi og hvaða verð fáist fyrir hana, þetta hafi engin áhrif á laun eða getu atvinnuveganna til þess að standa undir launakostnaði.

Gleggsta dæmið um þær miklu búsifjar, sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir vegna hækkunar á innfluttum nauðsynjum, er að sjálfsögðu olíuhækkunin. Eftirtaldar tölur um innflutning okkar á bensíni og olíum frá Sovétríkjunum tala skýru máli í þessum efnum. 1972 fluttum við inn 380 þús. tonn af bensíni og olíum og það kostaði 935 millj. kr., meðalverð var 2.2 millj. kr. á þús. tonn. 1973 fluttum við inn 490 þús. tonn og það kostaði 1 635 millj. kr. eða 3.3 millj. kr. meðalverð á þús. tonn. 1974 480 þús. tonn og það kostaði 4.433 millj. kr., meðalverð 9.3 millj. kr. á þús. tonn. 1975 er áætlað að við flytjum 500 þús. tonn inn af bensíni og olíu frá Sovétríkjunum og er áætlað að það kosti 7 300 millj. kr. eða 14.6 millj. kr. meðalverð á þús. tonn. Þetta sýnir að heildarbyrði olíuverðhækkana mun enn vaxa á árinu 1975, þótt verðlag á olíu haldist óbreytt út árið, vegna þess að fyrri hluta ársins 1974 var flutt inn olía og bensín á tiltölulega lágu verði miðað við verðlag í dag.

Á sama tíma lækkaði fiskur í verði sem við seldum sovétmönnum. Mér reiknast til að fyrir framangreindan innflutning af olíu og bensíni höfum við þurft að greiða í þorskflökum sem hér segir: 1972 1706 tonn af frystum þorskflökum, 1973 2666 tonn af frystum þorskflökum, 1974 4061 tonn og 1975 hvorki meira né minna en 7 000 tonn. Olíuverðhækkunin frá árinu 1973 til og með yfirstandandi árs jafngildir því blóðtöku sem nemur um 4 000 tonnum af frystum þorskflökum. Þau verðmæti koma ekki lengur til skipta milli íslenskra heimila þótt hliðstæð verðmæti hafi gert það á árinu 1973 sem var viðmiðun kjarasamninga í jan. 1974.

Af framansögðu er óhætt að fullyrða að fáar ríkisstj. á Íslandi hafa tekið við hrikalegri efnahagsvanda en ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar á s. l. hausti — vanda sem stafaði bæði af innlendum og erlendum orsökum. Úttekt sýndi að gengi íslensku krónunnar var fallið. Síðar kom í ljós að það var í raun fallið meira en gengisskráningunni var breytt. Meginástæður fyrir verðfalli gjaldmiðilsins voru innlend óðaverðbólga og stórversnandi viðskiptakjör, sem útflutningsatvinnuvegirnir fengu með engu móti undir risið. Samtímis þessu var gripið til ýmissa aðhaldsaðgerða sökum hækkunar söluskatts og framlengingar laga sem fyrrv. ríkisstj. setti um afnám vísitölu. Síðar komu í kjörfarið láglaunabætur í stað vísitöluuppbóta á laun. Þessi úrræði og aðrar aðhaldsaðgerðir reyndust þó því miður alls ónóg, sumpart vegna vanmats á þeim vanda sem við var að glíma við stjórnarskiptin, eins og áður segir, en að verulegu leyti vegna 8—10% áframhaldandi verðfalls á sjávarafurðum eftir áramót. Því varð að grípa til annarrar gengisbreytingar í febr. s. l. og síðan hafa verið í undirbúningi víðtækar efnahagsráðstafanir sem þetta frv. er hluti af, sem allar hafa það markmið að koma þjóðarbúskapnum á réttan kjöl eftir áföllin, tryggja fulla atvinnu og jafna byrðum viðskiptakjaraskerðingarinnar réttlátlega á þjóðfélagsþegnana.

Allar þessar viðkvæmu og erfiðu aðgerðir þurfti að gera á sama tíma sem velflest launþegasamtök í landinu voru með lausa samninga og gátu gripið til vinnustöðvana með fárra daga fyrirvara. Ríkisstj. lýsti yfir því frá upphafi að hún mundi hafa náin samráð við launþegasamtökin í þessum efnum. Það hefur eðlilega tekið sinn tíma, en borið þann árangur að bráðabirgðasamkomulag hefur náðst um almennan vinnufrið sem m. a. á að hagnýta til þess að aðilum vinnumarkaðarins gefist tóm til að ræðast við um skynsamlegra vísitölukerfi en hér hefur tíðkast og um uppstokkun á flóknu sjóðakerfi sjávarútvegsins og hlutaskiptareglum. Engum blöðum er því um það að fletta að þær vinnuaðferðir sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur beitt við það vandasama verkefni að ná tökum á þeim hrikalega efnahagsvanda sem fyrrv. ríkisstj. skildi eftir sig og orsakaðist einnig af hinni geigvænlegu viðskiptakjaraskerðingu, hafa borið árangur og reynst réttar á þeim viðkvæmu tímum, sem jafnan eru, þegar miklar og almennar kjaradeilur standa yfir í landinu. Fyrir þetta tel ég að ríkisstj. og þá einkum núv. hæstv. forsrh. eigi miklar þakkir skildar.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Þær brtt., sem ég flyt við frv. það, sem hér er til umr., eru á þskj. 475.

Brtt. mínar nr. 1, nr. 3, stafl. b og d, og brtt. nr. 4 á þskj. 475 og raunar brtt. á þskj. 485, sem er nýkomin úr prentun, eiga það sameiginlegt að ég geri þar till. um að viðurkennt verði til fulls að barn sé á framfæri til fullra 17 ára aldurs og reglum um barnabætur og útsvarsfrádrátt breytt samkv. því. Í ársbyrjun 1972 kom til framkvæmda sú breyting, að barnalífeyrir og meðlög skyldu greidd með börnum til 17 ára aldurs í stað 16 ára áður. Sú sjálfsagða breyting var rökstudd með því að það væri engu ódýrara að framfæra ungling á þessum aldri, einmitt kannske á því skeiði er hann væri að hefja framhaldsnám af einhverju tagi, og fylgdi því jafnvel meiri kostnaður en áður. Um þessa breytingu, sem á sínum tíma var gerð á almannatryggingal., var á sínum tíma enginn ágreiningur. Breytingar þær, sem ég legg til að gerðar verði, eru því eingöngu eðlileg samræming á sjónarmiði sem þegar hefur hlotið viðurkenningu. Ég tel eðlilegt að barnabætur og frádráttur til útsvars hlíti að þessu leyti sömu reglum og greiðsla barnalífeyris og meðlags.

2. brtt. mín á þskj. 475 er eins orðuð, en reist á öðrum forsendum. Þar er fjallað um hina skattalegu meðferð á meðlagi vegna barns á 17. ári, að hún verði hin sama og gildir um yngri börn, en raunar hefur meiri hl. fjh.- og viðskn. gert sams konar till. og þarf ég því ekki að fara fleiri orðum um hana sérstaklega.

3. brtt. mín á þskj. 475 gerir ráð fyrir því að skattstiginn verði hinn sami hjá einstæðum foreldrum, sem halda heimili og framfæra þar börn sín, og hjá hjónum. Í frv., eins og það er nú, er gert ráð fyrir að einstaklingur fari upp í 40% skattgreiðslu við 600 þús. kr. markið, en hjón sem samsköttuð eru, fari ekki upp í 40% markið

ég biðja hv. þm. að hafa ekki samtöl á meðan á ræðutíma stendur?) — miðað við það ástand sem er hjá atvinnuvegunum nú.

Þetta frv. ber að sjálfsögðu að ræða í samhengi þeirrar þróunar sem orðið hefur undanfarna mánuði og ár í innlendum og erlendum stjórnmálum og efnahagsmálum. Í því sambandi er auðvitað mikilvægt að hafa í huga þá stórfelldu alþjóðlegu verðbólgu, sem skollið hefur yfir vestrænar þjóðir að undanförnu, olíukreppuna svonefndu, verðfall á íslenskum sjávarafurðum svo og það almenna upplausnarástand sem ríkti í íslenskum efnahagsmálum í tíð fyrrv. ríkisstj., og er þó sérstaklega að minnast þróunarinnar þá 8 mánuði sem hún sat að völdum á s. l. ári. Staðreyndin er sú, sem flestir viðurkenna, m. a. fyrrv. hæstv. ríkisstj. með því að lögfesta að taka kaupgjaldsvísitöluna úr sambandi á s. l. sumri, að kjarasamningarnir, sem gerðir voru í jan. 1974, voru slíkir að einsýnt var að þjóðarbúið og atvinnuvegirnir fengju ekki undir þeim risið, auk þess sem þeir voru afar óréttlátir gagnvart láglaunafólki. Þótt hið háa verð á sjávarafurðum, sem samningarnir voru miðaðir við, hefði haldist út árið 1974 var samt sem áður engin von til þess að atvinnuvegirnir þyldu kauphækkanir samkv. þessum samningum hvað þá þegar verðfall sjávarafurða kom til eins og raun varð á. Við þetta bættust stórfelldar erlendar hækkanir á nauðsynjum almennings og atvinnuveganna, ofþensla á vinnumarkaði og óðaverðbólga sem nam 50% á árinu. Allir undirstöðuatvinnuvegirnir voru reknir með stórtapi og flest atvinnufyrirtæki sveitarfélaga og opinberar þjónustustofnanir m. a. t. d. Landssíminn og Ríkisútvarpið, reknar frá degi til dags með feiknalegri yfirdráttarskuldasöfnun hjá bankakerfinu. Um þetta ástand í efnahagslífi þjóðarinnar eru handbærar tölur, sem ég hirði ekki að rekja hér. Þótt þær séu hrikalegar kom síðar í ljós að þessar skýrslur Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar, sem gerðar voru við stjórnarskiptin, fólu í sér verulegt vanmat á þeim efnahagsvanda sem blasti við þegar í haust. Þetta kom fram í svari eins af traustustu efnahagssérfræðingum þjóðarinnar á fundi fjh.- og viðskn., en hann sagði þar að ⅓ hluti þess vanda, sem við var að glíma eftir áramótin og tekið var á að hluta með gengisbreytingu í febr., mætti rekja til þess að úttektin, sem gerð var í íslensku efnahagslífi s. l. haust, við stjórnarskiptin, hafi ekki leitt í ljós allan vandann sem þá var orðinn. Hann taldi á að giska ⅓ þeirrar gengisbreyt., sem gripið var til í febr., nauðsynlegan vegna þessa vanmats, en ⅔ vegna áframhaldandi verðfalls sjávarafurða eftir áramótin með tilheyrandi sölutregðu.

Í þessu sambandi er ekki úr vegi að fara nokkrum orðum um kaupmátt launa og þá kjaraskerðingu sem menn telja sig hafa orðið fyrir frá janúarsamningunum 1974, eins og mörgum hefur orðið tíðrætt um. Rétt er að minna á að á árinu 1973 höfðu orðið ævintýralegar hækkanir á íslenskum sjávarafurðum. Þær hækkuðu um 51% í kr., en 40% í erlendri mynt. Þetta var meginástæðan fyrir því að á árinu óx kaupmáttur útflutningstekna okkar yfir 20%, þ. e. a. s. stórfelldur bati varð á viðskiptakjörum þjóðarinnar gagnvart útlöndum. Þessi mikla og óvænta hækkun sjávarafurða fleytti útflutningsatvinnuvegunum áfram þrátt fyrir gífurlega innlenda verðbólgu og þensluástand. Þótt nokkrar blikur væru á lofti í ársbyrjun 1974, t. d. var farið að bóla þá á olíuhækkunum, ríkti nokkur bjartsýni um að útflutningsverðlag á afurðum okkar mundi enn fara hækkandi. Í samningunum í jan. var gengið út frá þjóðhagsspá, sem miðaðist við eftirgreint verð á helstu sjávarafurðum okkar og raunar einnig við fiskverðsákvörðun: Fiskimjöl, verð á próteineiningu 12 dollarar og 20 cent. Þetta verð er nú 3 dollarar og 50 cent. Loðnumjöl: þar var gengið út frá 9 dollurum og 50 centum á próteineiningu. Þetta verð er nú álitið vera 3 dollarar og 25 cent. Hvorar tveggja þessar afurðir hafa sem sagt lækkað í verði um nærri 300%. (MK: Hvernig er hægt að lækka um 300%?) Loðnulýsi var áætlað á tonn 427 dollarar, en er nú álitið seljast á 360 dollara. Saltfiskur hefur hækkað, eina afurðin sem hefur hækkað, úr 1700 dollurum á tonn í 1850 dollara á tonn. Þorskflök: það var miðað við 92 cent á pund í samningunum 1974, en nú er verðið á þessari afurð 84 cent. Þorskblokk: 84 cent var verðið miðað við í samningunum 1974, er nú 58 cent.

Þannig hefur orðið stórfelld lækkun á útflutningsverðlagi sjávarafurða frá því verði sem gengið var út frá í kjarasamningunum 1974. Ef framleiðsla ársins 1974 af ofangreindum sjávarafurðum hefði verið seld á því verðlagi, sem nú er í dag, fengjum við fyrir hana um 47 millj. dollara minna en ef hún hefði öll selst á því verði sem var grundvöllur kjarasamninganna í jan. 1974. Í þessu dæmi er að sjálfsögðu reiknað með verðhækkun á saltfiski. Þetta merkir 7 000 millj. kr. tekjutap fyrir þjóðarbúið í erlendum gjaldeyri miðað við núv. gengi. Þótt tekjutapið hafi í raun orðið nokkru minna en þetta, vegna þess að hluti framleiðslunnar seldist á hærra verði en gildir í dag, sést um hvaða þróun er að tefla. Þetta sýna tölur Þjóðhagsstofnunar svart á hvítu ef þær eru ekki valdar með tilliti til blekkinga eins og hefur verið gert í þessum umr.

Með verðfallinu á fiski er þó ekki nema hálf saga sögð eða tæplega það. Verðlag á innflutningi í erlendum gjaldeyri hækkaði hvorki meira né minna en um 35% á árinu 1974, sem er miklu meiri hækkun en nokkurn óraði fyrir í ársbyrjun þegar kjarasamningarnir voru gerðir. Innflutningur nam á árinu 1973 22 200 millj. kr. Sama magn kostaði þjóðarbúið ári síðar 7 700 millj. kr. meira í erlendri mynt, á sama gengi reiknað. Þetta er tekjutap fyrir þjóðarbúið, kjaraskerðing fyrir þjóðarbúið, og það má kannske til glöggvunar greina frá því að þarna er um upphæð að ræða sem jafnast á við það sem öll málmblendiverksmiðjan í Hvalfirði er talin kosta, það sem íslenska þjóðin þurfti að greiða fyrir sínar erlendu nauðsynjar á árinu 1974 fram yfir það sem hún þurfti fyrir sama magn á árinu 1973. M. ö. o.: kaupmáttur útflutningstekna þjóðarbúsins raskaðist, rýrnaði um þriðjung á árinu, og má líkja því við heimili þar sem heimilið varð að kaupa nauðsynjar á 35% hærra verði á sama tíma og tekjur þess lækkuðu.

Það er ljóst af þessu, sem ég hef hér rakið, að öll viðmiðun við kaupmátt launa eftir

beinlínis að beiðni samninganefndar Alþýðusambandsins, að hún hljóti góðar undirtektir hér í hv. deild.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., felur í sér þátt í heildarstefnu núv. hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Það mótast af iskyggilegri og þröngri stöðu þjóðarbúsins, sem stafar af efnahagslegri óstjórn fyrri ára og mestu viðskiptakjaraskerðingu gagnvart útlöndum sem íslensk hagsaga síðustu áratuga greinir frá að skollið hafi yfir á einu ári. Viðskiptakjararýrnunin hefur skert kjör þjóðarheildarinnar svo mjög af algerlega utanaðkomandi og óviðráðanlegum orsökum að láta mun nærri að íslendingar geti nú sem þjóð keypt ríflega þriðjungi minna magn af innfluttum nauðsynjum fyrir hvert tonn af almennum útfluttum sjávarafurðum en unnt var í byrjun ársins 1974 eða fyrir rúmu ári. Þetta stafar af gífurlegri hækkun á innfluttum vörum og þjónustu í erlendri mynt á sama tíma og tilfinnanlegt verðfall hefur orðið á sjávarafurðum á heimsmarkaði. Þessi staðreynd er byggð á opinberum tölum Þjóðhagsstofnunarinnar sem segja allan sannleikann um það hve viðskiptakjarasveiflan hefur orðið okkur óhagstæð á undanförnu ári. Þessar tölur segja ekki bara hálfan og skrumskældan sannleikann, eins og tölur sem komu fram í máli hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, og hann las upp eftir þingbróður sinn og félaga, Lúðvík Jósepsson, sem skrifaði meiri hlutann af nál. minni hl. fjh.- og viðskn., en það mun sennilega vera nokkurt einsdæmi í þingsögunni, að einn þm. skrifar formála og eftirmála að nál., en annar meginefni nál.

Kjarni þessa frv. er sá að skapa svigrúm til almennrar skattalækkunar og aukinna orkuframkvæmda. Þetta svigrúm er óumflýjanlegt að mynda með því að lækka heildarútgjöld fjárl. um allt að 3 500 millj. kr. og setja fjárfestingarlánasjóðnum almennan útlánaramma, svo sem gert er í frv. Í frv. eru ákvæði sem kveða á um að heimila lækkun beinna og óbeinna skatta sem svarar yfir 2 000 millj. kr. á þessu ári, miðað við þá skattbyrði, sem fólk fengi að óbreyttum lögum. Auk þess er í frv. ákvæði sem heimila ríkisstj. að taka aukin lán til orkuframkvæmda og nemur aukningin tæplega 1 300 millj. kr. frá heimildum fjárl. Þá felur frv. í sér mikilvæga skattkerfisbreyt. sem er mjög hagstæð láglaunafólki, og í því er stigið fyrsta skrefið í samræmingu almannatryggingakerfis og skattkerfis, þannig að tekjujöfnunaraðgerðir ríkisvaldsins verða við lögfestingu frv. einfaldari og auðveldari í framkvæmd.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að víkja að því sem kom fram í máli hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasonar í dag. Hann taldi sig finna út úr till. meiri hl. fjh.- og viðskn. að það væri stefnt að því með þeim að svíkja loforð forsrh., sem gefið var verkalýðshreyfingunni, um að heildarskattbyrði á almenningi yrði minnkuð um allt að 2 000 millj. kr. Ég vil benda á í þessu sambandi að í frv. eru bein ákvæði og heimildarákvæði um skattalækkanir sem gætu numið verulega meiri upphæð en hér er um að ræða, þannig að það er á valdi ríkisstj. samkv. till. fjh.- og viðskn. að framkvæma þetta mál.

Sú meginstefna, sem hér er lýst að felist í þessu frv., þ. e. a. s. að skapa svigrúm til þess að hraða nýtingu innlendra orkugjafa og létta skattbyrði alls almennings, er í senn rökrétt og réttlát þegar svo kreppir að kjörum þjóðarinnar sem raun ber vitni og erlend orka hefur hækkað jafngífurlega í verði og reynslan sýnir. Þetta er ekki síst rökrétt og rétt stefna við núv. aðstæður þegar það er haft í huga að skattbyrði þeirra, sem minnst mega sín, léttist mest samkv. ákvæðum þessa frv. Framangreinda stefnu þessa frv. er útilokað að framkvæma, ef til þess er ekki jafnframt svigrúm hjá ríkissjóði. Til þess verður að lækka ríkisútgjöldin og vega þannig upp á móti skattalækkuninni. Það gefur auga leið að ríkissjóður notar ekki það fé til útgjalda eða framkvæmda sem hann hefur gefið almenningi eftir í sköttum.

Ef einhverjir halda því fram að lækkun ríkisútgjalda sé óþörf, því að óhætt sé að reka ríkisbúskapinn með halla og skuldasöfnun við Seðlabankann þegar samdráttur er í efnahagslífinu og slaknað hefur á spennu á vinnumarkaðnum, þá er við þá röksemd að athuga að nú höfum við ekki úr neinni gjaldeyriseign að spila. Sannleikurinn er sá að segja má að gjaldeyrisstaða þjóðarbúsins sé nú svo tæp að fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar sé hætt ef ekki tekst á næstunni að bæta þar um og helst verulega. Hallarekstur ríkissjóðs, sem hlytist af nauðsynlegri skattalækkun án þess að útgjöld ríkissjóðs yrðu lækkuð á móti, kæmi vitanlega fram í aukinni gjaldeyriseyðslu og veikti því þá veiku gjaldeyrisstöðu sem nú er við að glíma. Af þessu leiðir að lækkun útgjalda ríkissjóðs, aðhald og sparnaður í ríkisrekstrinum eru nauðsynlegar forsendur fyrir því að létta skattbyrðina á almenningi og draga þannig úr kjaraskerðingunni vegna efnahagsáfallanna. Sömu forsendur eru fyrir því að auka orkuframkvæmdir frá því sem stefnt var að við gerð fjárlaga.

Þeir hv. þm., m. a. þeir félagar hv. þm. Magnús Kjartansson og Lúðvík Jósepsson, sem segjast vera á móti niðurskurði á útgjöldum fjárlaga á þeim forsendum að þær aðgerðir komi um of niður á verklegum framkvæmdum, en eru fylgjandi meiri skattalækkun en ríkisstj. stefnir að og meiri aukningu orkuframkvæmda, gera sig því seka um gagnsæjan pólitískan loddarahátt og algert ábyrgðarleysi í þeirri alvarlegu efnahagsstöðu sem nú er við að glíma (**MK:** Við erum með till. um hækkun á sköttum.) Hv. þm. er með till. um verulegar lækkanir á sköttum. (**MK:** Hækkun á sköttum.) Verulegar lækkanir á sköttum. Hv. þm. ætti að kynna sér hvað felst í hans eigin till. Till. hans eru í því fólgnar að lækka verulega skatta með því að lögfesta að söluskattur skuli lækkaður á ákveðnum vörutegundum sem nemur miklu meiri fjárhæð en skattahækkunartill. hans sem eru rétt um 120—130 millj. kr. (**MK:** Eru þá fyrirtækin reiknuð með?) Fyrirtækin, já, það er dæmi sem hv. þm. þyrfti að sýna mér fram á að kæmi út með verulegar skattahækkanir — (Gripið fram í.) (**Forseti:** Má

hæstv. ríkisstj. er í raun og veru valfrelsi neytandans skert. Hvað um þá fjölmörgu sem kaupa matvörur á veitingahúsum, t. d. einhleypinga sem borða og verða e. t. v. að borða atvinnu sinnar vegna á matsölustöðum? Þó að söluskattur lækkaði á einhverjum matvörum mun söluskattur ekki lækka á seldum mat í veitingahúsum. M. ö. o.: einhleypingur, sem auðvitað á rétt á þeirri skattívilnun sem hér er verið að ræða um, mundi ekki njóta hennar. Það er verulegur hluti fólks sem kaupir ekki mat til neyslu á heimili, heldur kaupir mat á matsölustöðum eða með öðrum hætti. Það er augljóst mál að söluskattslækkunarleiðin er mismunun. Hún er ekki aðeins skerðing á valfrelsi og rýrir verðgildi ívilnunarinnar, heldur mismunar hún einnig milli einstakra launþega.

Auðvitað geta menn deilt um tölur, auðvitað eru það þessar niðurstöður Þjóðhagsstofnunarinnar, útreikningar og áætlanir, sem menn geta leyft sér að vefengja, þó að þær séu allar saman á eina lund. En það er að mínu viti ekki mergurinn málsins hvort þarna muni 0.2%, 0.1% eða 0.3% í tekjubótinni eða hvort sú viðbótarskattalækkun, sem maður fær, er 1 000 kr., 1 500 kr. eða 2 000 kr. Hitt er í mínum augum mergurinn málsins, að þeir aðilar, sem eiga að njóta viðbótarívilnunar upp á sem metið er 800 millj. kr., hafa þegar lýst því yfir með hvaða hætti þeir telji sér verða mest gagn og mest hagsbót að þessum 800 millj. kr. Þeir hafa einróma og án nokkurs tillits til stjórnmálasjónarmiða lýst því yfir að þeir óski eftir því að fá þessar 800 millj. kr. í formi viðbótarlækkunar á tekjuskatti og útsvari eða auknum útborganlegum skattfrádrætti. Þetta er einróma skoðun þeirra sem ívilnunina eiga að fá og ívilnunin var ætluð, og þá hlýtur að gefa auga leið að vægast sagt mjög óhyggilegt er að ganga gegn mati þeirra manna á gildi ívilnunar sem hennar eiga að njóta. Það er óhyggilegt af hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar, og ég spái því að þetta fyrirhyggjuleysi, þetta gáleysi eigi eftir að hefna sín.

Þá er rétt að vekja athygli á því að í brtt. meiri hl. n. er ekki að finna neinar till. varðandi 2. og 3. lið yfirlýsingar forsrh. frá 26. mars, þ. e. a. s. að innheimtu opinberra gjalda verði á árinu 1975 dreift á lengri tíma en ella hjá þeim launþegum, sem í ár hafa sömu eða lægri peningatekjur en í fyrra, né heldur um hækkun tekjutryggingarmarks og almenns lífeyris. Í n. var að vísu frá því skýrt að við þessi fyrirheit yrði staðið, um hið fyrra þyrfti ekki lagasetningu, en vegna síðara atriðisins yrði öðrum lögum breytt. En langeðlilegast hefði þó verið að skýr ákvæði hefðu verið sett um öll atriði yfirlýsingar forsrh. í þessi lög.

Þá vil ég taka fram að þingflokkur Alþfl. er andvígur ákvæðum frv. um flugvallagjald. Í fyrsta lagi telur hann varhugavert að leggja slíkt gjald á með þeim stutta fyrirvara sem hér er ráðgerður. Í öðru lagi telur hann tekjur af þessu gjaldi ekki réttlæta þann skriffinnskukostnað sem það hefði í för með sér, enda er hliðstætt gjald ekki innheimt í nálægum löndum. En mikilvægast er þó í augum okkar að gjaldið mun skipta verulegu máli í augum efnalítils fólks og torvelda því að njóta orlofs erlendis, en skiptir hins vegar litlu eða engu máli fyrir hina tekjuháu og þá sem fá ferðakostnað sinn greiddan af fyrirtækjum eða af opinberum aðilum.

Þá er síðast þess að geta að það er skoðun okkar í þingflokki Alþfl. að fyrst með þessu frv. séu á annað borð gerðar enn veigamiklar breytingar á skattkerfinu, þá sé rétt að minna á og vekja upp aftur till. sem þingflokkur Alþfl. hefur áður flutt um sérsköttun hjóna. Þegar núgildandi skattalög voru sett vorið 1972, var af hálfu þingflokks Alþfl. flutt till. um að kona skuli vera sjálfstæður skattþegn hvort sem hún væri gift eða ekki og hvort sem hún ynni utan heimilis eða á heimili. Hugmyndinni var vel tekið af þáv. hæstv. fjmrh., Halldóri E. Sigurðssyni, og núv. hæstv. fjmrh., Matthíasi Á. Mathiesen, hefur einnig lýst yfir skilningi á nauðsyn þess að gerðar verði breyt. á núgildandi skipan. En ekkert hefur enn gerst í málinu. Þess vegna er nú enn á ný vakin athygli á nauðsyn breytinga. Kjarni þessa máls er sá, að það á auðvitað engin áhrif að hafa á skattgreiðslu konu, hvort hún hefur gifst eða ekki. Það er kunnara en frá þurfi að segja að lengst af galt konan þess herfilega ef hún var gift og aflaði sér sjálfstæðra tekna, þar eð tekjur hennar voru lagðar við tekjur eiginmannsins og þannig greiddar af þeim hlutfallslega miklu hærri skattar en af hliðstæðum tekjum ógiftrar konu. Þetta hefur eflaust átt sinn þátt í því að karl og kona hafa oft valið þann kost að búa saman án hjónabands ef það varð til þess að létta skattbyrði. Nokkrar ráðstafanir hafa að vísu verið gerðar á undanförnum árum til þess að bæta úr þessu, en eina fullnægjandi ráðstöfunin er þó sú að telja konu jafnan sjálfstæðan skattþegn án tillits til stöðu hennar í þjóðfélaginu, innan hjónabands eða utan, enda er það í sannleika sagt eitt í samræmi við nútímasjónarmið varðandi mannréttindi. Til þess að þetta geti orðið verður, auk þess sem konan greiðir að sjálfsögðu alltaf skatt af þeim tekjum sem hún sjálf aflar, að ætla konu, sem vinnur á heimili, nokkurn hluta af tekjum eiginmannsins sem laun hennar fyrir vinnu á heimilinu og af þeim tekjum á hún að sjálfsögðu að greiða opinber gjöld, en skattar eiginmanns minnka þá hins vegar á móti. Sú hugmynd að skipta tekjum hjóna til helminga, sem rætt hefur verið um, mundi verða tekjuháu fólki óeðlilega hagstæð og ekki vera í samræmi við þau sjónarmið um réttmæta stighækkun tekjuskatts og útsvars sem núgildandi skattkerfi grundvallast á.

Megintill. þær, sem ég flyt, eru sem sagt annars vegar að þær 700—800 millj., sem ríkisstj. hefur heitið launþegasamtökunum í ívilnun til viðbótar því sem segir í frv., skuli fást með viðbótarlækkun á tekjuskatti og útsvari, þ. e. auknum skattfrádrætti sem skuli vera útborganlegur. Er þessi tillöguflutningur að fullu og öllu í samræmi við einróma óskir samninganefndar Alþýðusambands Íslands. Hin megintill. er um að ríkisstj. skuli fyrir næsta þing undirbúa ákvæði um sérsköttun hjóna með þeim hætti að kona skuli jafnan talin sjálfstæður skattþegn.

Þetta eru megintill. og vildi ég mega vænta þess, ekki hvað síst um þá till. sem flutt er

hver áhrif það hafi á kjör hjóna með tvö börn á framfæri ef 800 millj. kr. skattalækkun sé framkvæmd annars vegar með frekari lækkun beinna skatta og hins vegar með lækkun óbeinna skatta af matvælum. Niðurstaðan er sú að tekjuskattslækkunarleiðin færði slíkri fjölskyldu með 800 þús. kr. tekjur 8.7% kjarabót, en söluskattslækkunarleiðin 8.4% kjarabót eða 0.3% minna. Miðað við 900 þús. kr. tekjur yrðu tölurnar 8.0% og 7.8%. Munar enn 0.2% hvað tekjuskattslækkunarleiðin er hagstæðari launþegum með 900 þús. kr. tekjur heldur en söluskattslækkunarleiðin. Og ef um 1 millj. kr. tekjur er að ræða gæfi tekjuskattslækkunarleiðin 8% kjarabót, en söluskattslækkunarleiðin 7.8% kjarabót. Ef tekjurnar væru 1 100 þús. kr., gæfi tekjuskattslækkunarleiðin 7.8%, en söluskattslækkunarleiðin 7.6%. Svo að ég taki síðasta dæmið, ef tekjurnar væru 1.2 millj. gæfi tekjuskattslækkunarleiðin 6%, en söluskattslækkunarleiðin 5.9%. Þetta eru ekki tölur sem nefnd Alþýðusambandsins hefur reiknað út, heldur Þjóðhagsstofnunin. Er það á þessum tölum sem þau rök samninganefndar Alþýðusambandsins eru reist að það mundi gagna hinum tekjulágu betur að fá viðbótarfjárhæðina í formi aukins skattfrádráttar en í formi lækkaðs söluskatts, því að við öll þau tekjumörk sem ég nefndi yrði kjarabótin meiri ef tekjuskattslækkunarleiðin yrði farin heldur en farin væri leið lækkunar óbeinna skatta.

Þjóðhagsstofnunin hefur einnig gert útreikninga sem sýna hver niðurstaðan verður í krónum talið hjá hjónum með tvö börn á þeim tekjustigum sem ég var að nefna áðan. Ef miðað er við 800 þús. kr. tekjur mundu hjón með tvö börn fá í viðbótarlækkun opinberra gjalda 12 900 kr. samkv. tekjuskattslækkunarleiðinni, en ekki nema 10 500 kr. eftir söluskattslækkunarleiðinni. Ef tekjurnar væru 900 þús. kr. væri munurinn 2 700 kr., þ. e. a. s. tekjuskattslækkunarleiðin gefum 2 700 kr. meiri skattalækkun heldur en söluskattslækkunarleiðin. Miðað við 1 millj. kr. tekjur yrði mismunurinn 2 100 kr., við 1 100 þús. kr. tekjur yrði mismunurinn 1 800 og við 1.2 millj. kr. tekjur yrði hann 1 500 kr., þ. e. a. s. hann fer lækkandi. En á öllum þessum tekjustigum fengi launþeginn meiri skattalækkun eftir tekjuskattslækkunarleiðinni heldur en eftir söluskattslækkunarleiðinni. Það er á þessum ótvíræðu niðurstöðum Þjóðhagsstofnunarinnar sem samninganefnd og stjórn Alþýðusambandsins hefur byggt þá till. sína til ríkisstj. að tekjuskattslækkunarleiðin verði farin, en þeim tilmælum hefur ríkisstj. nú augljóslega hafnað.

Í fjh.- og viðskn. var lýst eftir rökstuðningi fyrir því að lækkun óbeinna skatta kæmi launþegum betur, m. ö. o. lýst eftir gagnrökum við þau rök sem málsvarar Alþýðusambandsins fluttu gagnvart fjh.- og viðskn. En enginn slíkur rökstuðningur var fram borinn. Þeirri staðreynd er því enn algerlega ómótmælt að tekjuskattslækkunarleiðin, eins og Alþýðusambandið hefur stungið upp á, gagnist best þeim sem við erfið kjör búa, eins og segir í yfirlýsingu hæstv. forsrh.

Í samræmi við þessi sjónarmið flyt ég á sérstöku þskj. till. um að hver einstaklingur fái viðbótarívilnun, þ. e. a. s. lækkun tekjuskatts og útsvars eða greiðslu sem svarar 4 300 kr. á einstakling, 8 600 kr. á hjón og 2 150 kr. á hvert barn. Er það í samræmi við till. sem fulltrúar Alþýðusambandsins gerðu í fjh.- og viðskn. á föstudaginn var. M. ö. o.: þessi viðbótarlækkun á skatti einstaklings, hjóna og vegna hvers barns svarar til þeirrar óskar sem fram var sett í því bréfi Alþýðusambandsins sem ég las áðan.

Mér voru það að sjálfsögðu mikil vonbrigði að fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. skyldi ekki vilja gerast meðflm. minn að þessum till. sem bornar voru fram af hálfu Alþb. og gerð var ítarleg grein fyrir af hálfu málsvara þess gagnvart fjh.- og viðskn. En hann var ekki reiðubúinn, fulltrúi Alþb., Magnús Kjartansson, til að gerast flm. hér á hinu háa Alþ. að till. sem væri í einu og öllu í samræmi við óskir samninganefndar Alþýðusambands Íslands.

Í raun og veru má um það deila hvort í yfirlýsingu hæstv. forsrh. 26. mars hafi ekki falist það að viðbótarskattalækkun skuli nema 800 millj. kr. þar eð þá lá fyrir frv. þar sem talið var að mundi gefa í skattalækkun 1 240 millj., en lofað var ca. 800 millj. í viðbót. Mætti með miklum rétti halda fram að loforðið hafi ekki verið um 2 000 millj., heldur verið um 800 millj. kr. í viðbót við það sem skattalækkunin var þegar ákveðin þegar yfirlýsingin var gefin.

Þegar samningarnir voru gerðir miðaði Alþýðusambandið auðvitað við að fá hagsbót sem næmi 800 millj. kr. til viðbótar við frv., svo að ég segi enn að það má líta þannig á að í raun og veru sé ríkisstj. skylt, hvaða leið sem hún velur, að skila launþegum 800 millj. kr. til viðbótar því sem talið var að rétt væri þegar yfirlýsingin var gefin. En þá ætti auðvitað söluskatturinn að lækka meira en gert var ráð fyrir í máli frsm. meiri hl. n. áðan.

Þó að hv. þm. Magnús Kjartansson, sem hefur setið síðustu fundi í fjh.- og viðskn., hafi að vísu sagt í ræðu sinni áðan að hann hafi talið ríkisstj. skylt að verða við einróma tilmælum samninganefndar Alþýðusambandsins, þá lýsti hann sig á hinn bóginn andvígan því að fara tekjuskattslækkunarleiðina og lýsti sig fylgjandi því að fara söluskattslækkunarleiðina og er það auðvitað skýringin á því að hann vildi ekki gerast meðflm. minn að till. sem lagðar höfðu verið fram af hálfu Alþýðusambandsins í fjh.- og viðskn. s. l. föstudag. En margvísleg rök má færa fram gegn söluskattsleiðinni. Hvers vegna á í raun og veru að binda viðbótarívilnunina við kaup á ákveðnum vörum, t. d. við kaup á kjötvörum, kaup á ávöxtum, kornvörum eða brauði eða einhverju því um líku? Hví á ekki launþeginn að fá viðbótarívilnunina, sem í heild á að nema 800 millj. kr., á þann máta að hann geti sjálfur ráðið hvað hann gerir við ívilnunina, að hann geti sjálfur ráðið hvað hann gerir við peningana? Er það ekki augljós skerðing á valfrelsi launþegans ef hann getur því aðeins fengið ívilnunina að hann kaupi þá vöru sem söluskatturinn lækkar á, hver svo sem sú vara er? Það er auðvitað að þeir peningar koma sér betur sem hann getur ráðstafað að eigin vild. Þeir peningar eru meira virði, sem hann getur ráðstafað að eigin vild, heldur en þeir peningar sem hann getur því aðeins hagnast af með því að nota þá til kaupa á ákveðinni, tiltekinni vöru. Með þessari aðferð

markaðarins, en afgreiðslu málsins var hins vegar frestað, eins og algerlega eðlilegt var, meðan enn var óvíst hvort samningar næðust eða ekki. Nú vita allir að samningar tókust og í því sambandi gaf hæstv. forsrh. út yfirlýsingu f. h. ríkisstj. hinn 26. mars, en aðalatriði þessarar yfirlýsingar forsrh. var þetta — með leyfi hæstv. forseta — **hann segir:**

„Til þess að greiða fyrir samningum um kaup og kjör milli samtaka launafólks og vinnuveitenda og í trausti þess, að vinnufriður haldist, lýsir ríkisstj. yfir: 1) Í efnahags- og fjármálafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþ., eru till. ríkisstj. um lækkun skatta og heimildir til lækkunar skatta sem numið gætu í heild allt að 2 000 millj. kr. Ríkisstj. mun og Alþ. beita sér fyrir skattalækkun að þessu marki með það fyrir augum að hún gagnist sem best þeim sem við erfið kjör búa."

Þetta var kjarni yfirlýsingar þeirrar sem hæstv. forsrh. gaf 26. mars f. h. ríkisstj. Í 2. lið yfirlýsingarinnar kvaðst ríkisstj. mundu beita sér fyrir því að innheimtu opinberra gjalda ársins 1975 verði dreift á lengri tíma en ella hjá þeim launþegum sem í ár hafi sömu tekjur eða lægri peningatekjur en í fyrra. Og í 3. lið yfirlýsingarinnar kvaðst ríkisstj. mundu beita sér fyrir því að tekjutryggingarmark almannatrygginga hækki í sama hlutfalli og lægstu kauptaxtar í samningum Alþýðusambandsins og vinnuveitenda og skuli hækkun almenns lífeyris einnig ákveðin í samræmi við niðurstöðu almennra kjarasamninga.

Skattaákvæði frv., eins og það var í upphaflegri gerð, voru talin lækka skatta um 1 240 millj. kr. Í yfirlýsingu ríkisstj. fólst fyrirheit um að lækka skatta enn frekar sem næmi um það bil 800 millj. kr. og jafnframt hét ríkisstj. því að framkvæma þessa 800 millj. kr. viðbótarskattalækkun á þann hátt, eins og segir orðrétt: „að sem best gagnist þeim sem við erfið kjör búa."

Samninganefnd ASÍ fjallaði í beinu framhaldi af bráðabirgðasamkomulaginu og yfirlýsingu ríkisstj. um það með hverjum hætti fyrirhuguð viðbót á skattalækkun gæti gagnast þeim best sem við erfið kjör búa. Niðurstaða níu manna nefndarinnar kom fram í bréfi sem samninganefndin sendi fjh.- og viðskn. Nd. 1. apríl. Í þessu bréfi, sem undirritað er af allri samninganefndinni, þ. e. a. s. Birni Jónssyni, Snorra Jónssyni, Eðvarð Sigurðssyni, Magnúsi Geirssyni, Jóni Sigurðssyni, Benedikt Davíðssyni, Einari Ögmundssyni, Birni Bjarnasyni og Birni Þórhallssyni — í þessu bréfi einróma samninganefndar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta — ég les aðalatriði málsins:

„Eru það eindregin tilmæli samninganefndarinnar að því fjármagni, sem nýting heimildarákvæða V. kafla frv. mundi kosta ríkissjóð, verði varið í sérstakan eða aukinn skattafslátt sem kæmi til útborgunar með sama hætti og barnabætur þegar svo stendur á að skattafsláttur verður hærri en opinber gjöld viðkomanda. Það er einróma skoðun samninganefndarinnar að framangreind breyting mundi skila hinum tekjulægri hagsbótum með miklum mun skýrari og óumdeilanlegri hætti en verða mundi með lækkun söluskatts og tolla um jafnháa upphæð í báðum tilvikum. Styðst sú skoðun m. a. við athugun Þjóðhagsstofnunar og þau augljósu rök að þeir, sem hafi meiri fjárráð, eyði hærri upphæðum í kaup á söluskattsskyldum og tollskyldum varningi en hinir tekjulægri. Sú aðferð, sem ákvæði V. kafla frv. gerir ráð fyrir, mnudi því skila minni hagsbótum til hinna efnaminni en þeirra, sem betur eru settir, gagnstætt því sem segir í yfirlýsingu ríkisstj. frá 26. mars og þeim tilgangi frv. sem um er rætt í aths. við það. Fyrir þessa annmarka yrði hins vegar girt ef skattafsláttur svarandi til sömu kostnaðarupphæðar og gert er ráð fyrir í frv. kæmi jafnt til allra án tillits til tekna. Sá háttur mundi einnig að okkar dómi skapa minni skatttæknileg vandamál en sá sem frv. gerir ráð fyrir."

Þetta var m. ö. o. skoðun einróma samninganefndar Alþýðusambandsins. Nú hefur hins vegar það gerst að hæstv. ríkisstj., væntanlega með stuðningi sinna þingflokka, hefur algerlega vísað á bug þessum tilmælum níu manna samninganefndar Alþýðusambandsins, því að í þeim till. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur nú flutt er gert ráð fyrir því að það, sem á vantar til þess að almenn tekjuskattslækkunarákvæði frv. nái 2 000 millj. heildartekjuskattslækkun, skuli fást með því að lækka tolla á ávöxtum og með því að lækka söluskatt.

Nú hefur áætlunin um áhrif almennra tekjuskatts- og útsvarslækkunarákvæða frv. verið hækkuð úr 1 240 millj. í 1 380 millj., svo að það, sem launþegasamtökin héldu að þýddi 800 millj. kr. viðbótarlækkun á skatti, er nú ekki nema tæplega 700 millj. kr. viðbótarlækkun á skatti. En ég vek athygli á því, að enn virðist þó ekki hafa verið tekin ákvörðun um á hvaða vörum söluskattur skuli lækka og er hér enn eitt dæmi um algert ráðleysi ríkisstj. Það er ekki frambærilegt eftir þann mikla athugunartíma sem verið hefur til ráðstöfunar að ríkisstj. skuli óska eftir heimild til lækkunar á söluskatti sem nemi tæpum 600 millj. kr., en hafi enga grein gert sér fyrir því og geti ekki gert Alþ. neina grein fyrir því hvernig hún ætlar að nota þessa heimild, þ. e. a. s. á hvaða vörum söluskatturinn skuli lækka. En þar sem samninganefnd Alþýðusambandsins hefur lýst því yfir í bréfi til fjh.- og viðskn. að það sé skoðun sín að lækkun söluskatts og tolla skili minni hagsbótum til hinna efnaminni en þeirra sem betur eru settir heldur en sú leið sem hún hefur stungið upp á, þá hlýtur samninganefndin að telja að ekki sé staðið við fyrsta og mikilvægasta lið yfirlýsingar forsrh. frá 26. mars. Ég vil einnig fyrir mitt leyti láta í ljós þá skoðun að verði till. meiri hl. n. samþ. hafi ekki verið staðið við 1. lið yfirlýsingar forsrh., heldur sé það samkomulag þá svikið.

Þá kemur að því hver rök samninganefndar Alþýðusambandsins eru fyrir því að það muni gagna hinum tekjulægri betur að fá aukinn skattfrádrátt, að fá frekari lækkun á tekjuskatti og útsvari, en að lækka tolla og söluskatt sem svarar jafnhárri upphæð. Þessi niðurstaða er byggð á athugun sem Þjóðhagsstofnunin hefur gert á framfærslukostnaði visitölufjölskyldunnar og því hversu miklu hún ver til kaupa á matvælum og jafnframt rannsókn á því hvernig matvælakaup fjölskyldna breytast með breytilegum tekjum. Þjóðhagsstofnun hefur gert samanburð á því

flutt till. um það á þessu þingi af hv. þm. Bjarnfríði Leósdóttur, um að skora á ríkisstj. að breyta lögum um almannatryggingar þannig að tryggt væri fæðingarorlof á sama hátt og um hefur verið samið við allar þær konur sem gegna opinberri þjónustu. Um þetta mál hefur verið fjallað í heilbr.- og trn. sem ég á sæti í. Við höfum rætt þetta þó nokkrum sinnum, sent það til umsagnar o. s. frv. Síðan gerðust þau tíðindi að einn af nm., hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, flutti án nokkurs samráðs við n. frv. ásamt fleiri þm. þess efnis að Atvinnuleysistryggingasjóður tæki að sér þetta verkefni. Þessi þm. hefur vakið á sér mikla athygli með þessu frumkvæði sínu. Það hefur verið greint ítarlega frá þessu bæði í blöðum og útvarpi og sjónvarpi. Ég held ég hafi séð andlitið á hv. þm. tvö kvöld í röð í sjónvarpinu, og vissulega er það alltaf ánægjulegur atburður þegar maður sér svo skemmtilegt andlit inni í stofunni hjá sér. En það, sem skiptir máli, er að sjálfsögðu hvernig að þessu vandamáli skuli staðið og hv. þm. hefur ekki getað gert grein fyrir því hvernig hún hugsi sér framkvæmdina á þessu. Ef Atvinnuleysistryggingasjóður á að sinna þessu verkefni verður annað hvort að tryggja honum tekjur til að hann geti staðið undir því eða það verður að skera niður aðra félagslega starfsemi á vegum sjóðsins. Og þar má ekki vera neitt almennt orðagjálfur um það hvað í þessu felst, það verður að gera tilteknar till. um hvað eigi að skera niður, t. d. hvort ætlunin sé að lækka atvinnuleysisbætur eða eitthvað slíkt. En annaðhvort þetta verður að gerast ef menn flytja slíka till. í einhverri alvöru, — annað hvort auknar tekjur eða niðurskurður á öðrum verkefnum.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að þetta eigi ekki heima í lögum um atvinnuleysistryggingar. Þetta á tvímælalaust heima í lögum um almannatryggingar, alveg tvímælalaust, enda mundi það þar ná til annarra hópa kvenna sem ég tel einnig að eigi að hafa þennan rétt. Það eru t. a. m. konur sem eru bundnar við störf á heimilum sínum vegna þess að það er ekki aðstaða í þjóðfélaginu fyrir þær til að vinna úti. Þessar konur vinna ákaflega veigamikil störf í þágu þjóðfélagsins, og ég er satt að segja dálítið undrandi yfir því að einmitt hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, sem stundum hefur nú viljað muna eftir þessum konum, skuli gleyma þeim í þessu sambandi. Slíkt hið sama á við um sveitakonur. Þar er ákaflega glöggt dæmi um slíkt.

Ég legg því til að í þann kafla þessa frv., sem fjallar um almannatryggingar, komi lagagr. sem prentaðar eru og ég skal ekki lesa upp, en þess efnis að almannatryggingarnar taki, auk þeirra þátta sem eru taldir upp í 10. gr., einnig til fæðingarorlofsfjár, og síðan að ný gr. bætist við sem verði 17. gr., um að fæðingarorlof skuli vera jafnhátt þriggja mánaða dagvinnulaunum við almenna verkamannavinnu við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi og er íslenskur ríkisborgari. Greiðslur frá atvinnurekendum vegna fæðingarorlofs komi til frádráttar greiðslu samkv. þessari gr. Og svo að 20. gr. verði breytt þar sem greint er frá tekjum almannatrygginga, hlutfalli milli ríkissjóðs og atvinnurekenda, að því verði breytt þannig að ríkissjóður greiði 82.5%, en atvinnurekendur 17.5%, sem þýðir það að atvinnurekendur mundu standa undir þessum nýja þætti eins og sjálfsagt er og eðlilegt að atvinnureksturinn geri. Ég reikna hér með upphæðinni 200 millj. kr. á ári og byggi það á þeim tölum sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir var með, hún talaði um 100 millj. Það má vel vera að þessar áætlanir reynist fullveikburða, en þá er að sjálfsögðu hægt að láta reynsluna skera úr um það og breyta þessum hlutfallstölum eftir reynslunni, en meginatriðið er að reglan verði þarna staðfest.

Ég flyt svo enn fremur eina till. í viðbót í sambandi við VIII. kaflann, en þar geri ég till. um það að erlendar lántökur ríkissjóðs verði hækkaðar úr 3 milljörðum kr. í 4 milljarða og að þessi nýi milljarður renni til raforkuframkvæmda. Honum verði varið til að koma upp á sem stystum tíma stofnlínu milli Suðurlands og Norðurlands og vinna að undirbúningi að stofnlínum frá því orkuveitusvæði til Vestfjarða og Austfjarða. Ég þarf ekki að fara um það orðum hér, ég hef svo oft rætt það áður, að ég er þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða brýnasta verkefni okkar í framkvæmdamálum á næstu árum, það verkefni sem þurfi að hafa algeran forgang á sviði orkumála, verkefni sem ég tel að hafi verið vanrækt á hinn furðulegasta hátt eftir að núv. ríkisstj. tók við.

Ég er víst búinn að hafa þetta mál allmiklu lengra en ég ætlaði mér og læt máli mínu lokið, en eins og fram hefur komið eru till. okkar Alþb.-manna þess eðlis að þær mundu gjörbreyta efni þessa frv. ef þær yrðu samþ. Þar með væri komin alger stefnubreyting í þetta frv. Þá mundum við að sjálfsögðu fylgja frv. Fari hins vegar svo að þessar till. verði allar felldar með valdi ríkisstjórnarflokkanna, þá munum við greiða atkv. gegn frv. við lokaafgreiðslu þess. Þegar ljóst hefur orðið eftir 2. og 3. umr. hvernig málalok verða og ef ríkisstj. fæst ekki til að taka neitt tillit til okkar hugmynda, þá greiðum við atkv. gegn frv.

Frsm. 2. minni hl. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. og meðferð þess öll af hálfu ríkisstj. og stjórnarflokkanna ber þess glöggt vitni að þegar ríkisstj. var mynduð á sínum tíma tókst henni ekki að móta neina heildarstefnu í íslenskum efnahagsmálum. Frv. og það, hvernig að því hefur verið staðið eftir að það var lagt fram hér á hinu háa Alþ., ber þess glöggt vitni að ríkisstj. er ekki þeim vanda vaxin að stjórna efnahagsmálum þjóðarinnar. Auðvitað hljóta það að teljast í hæsta máta undarleg vinnubrögð að leggja fram fjárlög í desember, en flytja síðan í mars frv. þar sem gert er ráð fyrir að lækka nýsamþ. fjárlög um allt að 3 500 millj. kr. En enn þá undarlegra verður málið allt þegar haft er í huga að þótt nú sé langt liðið á aprílmánuð hefur ríkisstj. enn enga grein gert, hvorki sjálfri sér né heldur Alþ., fyrir því hvaða útgjöld hún ætlar að lækka um 3 500 millj. kr. M. ö. o.: þegar næstum fjórir mánuðir eru liðnir af árinu ríkir enn alger óvissa um ríkisbúskapinn og um opinberar framkvæmdir á sumri komanda.

Þetta frv. var á sínum tíma lagt fram meðan stóð á samningaviðræðum milli aðila vinnu-

leggjum til að verði á þessu ári til þess að tryggja að atvinnureksturinn taki þar á sig eðlilegar byrðar.

Ég vil benda á að hér er um að ræða ákaflega stórfellt atriði. Á það var bent í ræðu fyrir nokkrum dögum af hv. þm. Ragnari Arnalds sem hefur flutt þáltill. um þetta efni. Samkv. þeirri hækkun, sem gerð hefur verið á verðhækkunarstuðli, er heimiluð á þessu ári afskrift sem nemur 25.5% til viðbótar við það kemur svo flýtifyrning sem nemur 6%. Þetta er samtals afskrift sem nemur 31.5% af stofnkostnaði. Ef við tökum dæmi af togara sem kostaði 300 millj. kr., þá þýðir þetta að árlegur hagnaður af slíkum togara má nema 94.5 millj. kr. á ári eða þeim 31.5% sem ég var að lýsa án þess að nokkur bókhaldshagnaður komi fram í rekstri þessa fyrirtækis. Þar af leiðandi borgar það enga skatta af þessum myndarlega hagnaði sínum. Á fjórum árum gæti þetta gert 377 millj., þ. e. upphaflega kaupverðið og 77 milljónum betur, og þá gæti eigandinn selt skipið og ef að vanda lætur fyrir mun hærri upphæð en hann borgaði fyrir það í upphafi. Þetta er ein helsta gróðamyndunaraðferðin í íslensku þjóðfélagi. Þannig fara menn að því að spila á kerfið, þeir fá að láni fjármuni til þess að koma upp fyrirtækjum til þess að kaupa togara. Það er t. d. til í dæminu, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson þekkir, að menn geti fengið 102.5% lán til þess að kaupa togara. Þetta fé er sparifé þjóðarinnar. Það er lánað út úr bönkum. Það er síðan borgað aftur með miklu verðminni krónum, og þessar afskriftareglur, verðhækkunarstuðullinn og flýtifyrningarnar gera það að verkum að maðurinn, sem tók peningana að láni, eignast verðmætið án þess í raun og veru að borga nokkurn skapaðan hlut fyrir það. Enda kom það fyrir á sínum tíma að útgerðarmaður, sem allir vissu að hafði verið með taprekstur árum saman, reyndist allt í einu vera ríkasti maður landsins. Það er þetta sem er fjáröflunaraðferðin á Íslandi, þ. e. að spila á verðbólguna, og hæstv. núv. ríkisstj. hefur einmitt stuðlað að því að þannig væri hægt að standa að verki. (Gripið fram í: Ætlar hv. þm. ekki að fara að gera út?) Fara að gera út? Nei, ég hef ekki hugsað mér að fara að gera út. Ég hef engan áhuga á því að taka þátt í svona happdrætti, ekki nokkurn minnsta. — Þetta er ákaflega mikilvæg staðreynd sem við verðum að gefa gaum. Það er þarna sem gróðamyndunaraðferðin er í þjóðfélaginu, og það er alveg hrikaleg staðreynd að á árinu 1974 voru 240 fyrirtæki í Reykjavík sem veltu 10 þús. millj. kr. árið áður — en það mundi jafngilda um 20 þús. millj. á þessu ári — en þau greiddu alls engan tekjuskatt þar sem bókhaldslegur hagnaður þeirra var nánast enginn. Í hópi þessara fyrirtækja var m. a. fyrirtæki sem heitir H. Benediktsson hf. og hæstv. forsrh. á að verulegum hluta ef ég veit rétt.

5. till. á þskj. 441 er um það, sem ég gat um áðan, að fella skuli niður söluskatt á kjöti og kjötvörum, korni og brauðvörum.

Svo er 6. till., að við 31. gr. bætist að auk þeirra lánsheimilda, sem tilgreindar eru í 29. og 30. gr., sé ríkisstj. heimilt að taka lán og endurlána stofnlánasjóðum atvinnuveganna allt að 2000 millj. kr. Þetta er til að bæta úr þeim vanda sem ég lýsti hér áðan, að þessir stofnlánasjóðir eru fjárvana, þeir geta ekki staðið við þær skuldbindingar sem þeir hafa tekið á sig, hvað þá bætt á sig nýjum.

Svo leggjum við til að 32. gr. falli niður. Í henni fólst það að ríkisstj. mátti ekki veita sjálfsskuldarábyrgð fyrir kaupum á skuttogurum. Við leggjum til að ríkisstj. hafi þessa heimild. Meiri hl. n. hefur nú fallist á það sjónarmið að ríkisstj. megi hafa þessa heimild.

Auk þessara till. ber ég fram á sérstöku þskj. brtt. við frv. Ég gat þess áðan að hæstv. ríkisstj. hefði gefið fyrirheit um það hvernig háttað yrði greiðslum til aldraðs fólks og öryrkja í sambandi við samkomulagið sem verkalýðshreyfingin gerði við atvinnurekendur. Í þessu frv. er ekki orð að finna um þetta. Okkur var sagt í n. að um þetta ætti að flytja nýtt frv. Það má vel vera að það sé rétt. En ég hefði talið eðlilegt og sjálfsagt að hæstv. ríkisstj. gerði grein fyrir því í þessu frv. hvernig hún ætlaði að standa að þessu máli.

Ég hef oft vakið athygli á því hér í vetur, hversu hraklega hefur verið farið með aldrað fólk og öryrkja í sambandi við aðgerðir hæstv. ríkisstj. Þegar láglaunabæturnar voru ákveðnar í fyrra var þannig frá því gengið að aldrað fólk og öryrkjar fengu ekki nema helmingi lægri upphæð en öðrum voru greiddar. Aðrir fengu 3 500 kr. á mánuði í láglaunabætur, aldrað fólk og öryrkjar fengu ekkin nema tæpar 1 900 kr. í bætur. Það var sama prósenta, það var ekki sama upphæð. Aðrir áttu að fá sömu upphæð án tillits til tekna, en það var klipið sérstaklega af öldruðu fólki og öryrkjum. Ég vil benda á það að í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. talar hún um að þessar greiðslur eigi að hækka í sama hlutfalli. Samningur verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur fjallaði um ákveðna upphæð, 4 900 kr., sem allir áttu að fá. Ég er þeirrar skoðunar að aldrað fólk og öryrkjar eigi rétt á að fá þessa sömu upphæð innan þeirra sömu marka og um var samið í þessum samningum. Ef aldrað fólk og öryrkjar fá ekki þessa sömu upphæð, þ. e. a. s. hver einstaklingur þeirra, þá er verið að níðast á þeim umfram aðra og það er algerlega ósæmandi fyrir hæstv. ríkisstj. að halda áfram á þeirri braut.

Ég flyt því þá till. að frá 1. mars skuli elli- og örorkulífeyrir einstaklinga hækka um 4 900 kr. á mánuði samkv. þeim samningi sem ég vitnaði í áðan og aðrar bætur lífeyristrygginga og sjúkradagpeninga hækki í sömu hlutföllum.

Í annan stað legg ég svo til að fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 19. gr. laga um almannatryggingar, þ. e. a. s. tekjutryggingin, greiðslur til þeirra sem ekki hafa neinar eða sáralitlar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga til lífsframfæris, breytist í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. okt. í fyrra. Mér finnst að við getum skilið eftir þessa litlu upphæð sem notuð er til að hjálpa þeim sem erfiðast eru settir í þjóðfélaginu, við getum a. m. k. reynt að tryggja að kaupmáttur hennar haldist óskertur hvað sem gerist á öðrum sviðum.

Hér hefur mikið verið rætt undanfarna daga um ákaflega stórt baráttumál verkalýðshreyfingarinnar og það er fæðingarorlof. Það var áður

að gerðir séu slíkir samningar við atvinnurekendur að þeir, sem lægst laun hafa, verði að fá neyslustyrk úr ríkissjóði til þess að geta dregið fram lífið. Fyrirtæki, sem rísa ekki undir því að greiða sómasamleg laun í samræmi við þá staðreynd að við erum meðal þeirra þjóða heims sem hafa besta afkomu, — slík fyrirtæki eru ekki starfhæf í okkar þjóðfélagi. Skipan eins og þessi er í raun stuðningur við slík atvinnufyrirtæki, en ekki neinn neyslustyrkur til launafólks.

Í þessu sambandi er einnig ástæða til að minna á þá alvarlegu staðreynd að hér á Íslandi tíðkast mjög veruleg skattsvik. Það hafa verið færð rök að því að 20—25% af framtalsskyldum tekjum séu ekki taldar fram, að milljarða króna vanti upp á að tekjuskatturinn skili sér. Allir, hver einasti maður, vita dæmi um hátekjumenn sem borga enga tekjuskatta. Þetta er ýmist gert með skattsvikum eða með því að hagnýta sér veilur í skattalöggjöfinni. Með því að borga út skattafslátt eru þessir hópar að fá fé úr ríkissjóði í ofanálag á sérstöðu sína og að mínu mati er ekkert fyrirkomulag í skattamálum verra en siðleysi af slíku tagi. Það er einnig alkunna að hluta af söluskatti er stolið undan. Þess vegna er það leið til þess að draga úr slíkum stuldi að lækka eða afnema söluskatt. Og í sambandi við söluskatt af matvælum fær mig enginn til að fallast á það með neinum reikningskúnstum að ef söluskatturinn verði felldur niður af brýnustu lífsnauðsynjum, af matvörum, sem hvert heimili notar, þá sé það ekki hlutfallslega mest hagsbót fyrir þá sem nota mestan hluta tekna sinna til matarkaupa, fyrir barnmargar fjölskyldur, fyrir aldrað fólk og öryrkja sem njóta tekjutryggingar. Það fær mig enginn til að fallast á þá nýstárlegu kenningu að meinsemdirnar í hinu íslenska stéttaþjóðfélagi séu þær og þær einar að hátekjumaðurinn borði margfalt meira af kjöti og brauði heldur en lágtekjumaðurinn.

Við Alþb.-menn erum þeirrar skoðunar að það beri að leggja niður söluskatt af brýnustu nauðsynjum. Við hv. þm. Eðvarð Sigurðsson höfum lagt fram frv. um afnám söluskatts af matvælum. Við göngum skemmra í sambandi við þetta frv. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefur lagt fram till. um að söluskattur verði felldur niður af kjöti og kjötvörum, korni og kornvörum. Við heyrðum raunar áðan hvernig frsm. meiri hl. n. hafði uppi átakanlegar lýsingar á því hvað það hlyti að vera ákaflega erfitt að afnema söluskatt á kjöti. Hann fór þar út í ýmis tæknileg atriði um hvernig kaupmenn fara að því að saga niður skrokka í búðum sínum og ég veit ekki hvað og hvað. Ég er ekki svo sérfróður um þessi efni að ég geti farið í deilur um slík tæknileg atriði. Hitt er mér kunnugt, að það hefur tekist í ýmsum grannríkjum okkar að framkvæma slíka mismunun í sambandi við söluskatt. Þetta er gert í Noregi, þetta er gert í Frakklandi og þetta er gert víða. Og það, sem er hægt að framkvæma í þessum löndum, það getum við að sjálfsögðu gert líka. Það er hins vegar ekki löggjafaratriði, það er framkvæmdaatriði, og ég er viss um að við finnum embættismenn sem geta leyst þau vandamál sem hv. þm. var að gera grein fyrir í framsögu sinni áðan.

Í þessu frv. eru till. um flugvallagjald og skyldusparnað. Þetta eru í eðli sínu ósköp lítilvægar till. Ég minnist þess að þær komu upp í tíð vinstri stjórnarinnar og áttu þá að vera aðgerðir sem stuðluðu að því að ekki þyrfti að lækka gengið. Það átti að vera þáttur í aðgerðum sem kæmu í veg fyrir að gengið yrði lækkað. Nú er þessu dembt ofan á gengislækkun. Ég hreinlega skil ekki þá hagfræðilegu hugsun sem þarna er á bak við. Mér sýnist vera þarna það eitt á bak við að hæstv. viðskrh. þarf að geta sagt eins og hann sagði á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. að þarna sé svolítið eftir af gömlu till. hans. Mér sýnist þetta vera aðalástæðan, en ekki að þetta sé einhver eðlilegur þáttur í þeim hagstjórnaraðgerðum sem ríkisstj. er nú að framkvæma.

Ég kem þá að þeim brtt., sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson flytur fyrir hönd okkar Alþb.-manna á þskj. 441.

Í fyrstu till. er lagt til að í stað almennrar niðurskurðarheimildar, 3 500 millj., þá verði ríkisstj. heimilað að lækka almenn rekstrarútgjöld um allt að 1 500 millj. kr., enda sé þess gætt að slík lækkun útgjalda hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né heldur á framlög til félagsmála. Ég þarf ekki að skýra þessa till., menn átta sig á hvað í henni felst. Hér er um að ræða algera andstæðu við þá stefnu sem ríkisstj. vill fara.

Í sambandi við 2. gr. er till. um að tekið sé sérstakt tillit til sérstöðu eiginkvenna bænda, þannig að frádráttur vegna þeirra nemi upphæðinni 268 þús. kr., enda gegni þær ekki öðrum störfum. Ég þarf ekki að skýra þetta heldur.

Í sambandi við tekjuskattana erum við hins vegar með þær till. að bætt verði við tveimur tekjuskattsþrepum. Samkv. till. ríkisstj. eiga þau aðeins að vera tvö, en við leggjum til að þau verði fjögur, að það verði bætt við tveimur þrepum hjá þeim sem eru með tekjur sem þykja mjög sómasamlegar í okkar þjóðfélagi, þ. e. a. s. að þeir, sem hafa yfir 1½ millj.—2½ millj. í skattgjaldstekjur, greiði 45% og að af skattgjaldstekjum yfir 2½ millj. greiðist 50%, en síðan verði dreginn frá persónuafsláttur eftir því sem við á. Hliðstæðar till. flytjum við um hjón, þ. e. a. s. að af skattgjaldstekjum, sem séu á bilinu 1 millj. 750 þús. til 2 millj. 750 þús., greiðist 45% og af skattgjaldstekjum yfir 2 millj. 750 þús. greiðist 50%. Við teljum að það sé eðlilegt að hækka skatta á þeim sem hafa svona myndarlegar tekjur í okkar þjóðfélagi. Ég vil benda á að með þessum till. fer því mjög fjarri að við séum að leggja til að jafnlangt verði gengið eins og frændur okkar á Norðurlöndum gera. Í Noregi er slíkur skattstigi allt upp í 80%.

Svo kemur að ákaflega mikilvægu ákvæði, það er 4. brtt. á þskj. 441. Þar er lagt til að við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1975 skuli fyrningar reiknaðar samkv. ákvæðum 15. gr. gildandi skattalaga með því fráviki að engar flýtifyrningar skuli leyfðar né heldur verðbreytingar eigna samkv. verðhækkunarstuðli. Afskriftaverð eða afskriftastofn eigna skal því vera það sama og s. l. ár eða hliðstætt sé um nýjar eignir að ræða. Þetta er skipan sem við

land með samþykktum sínum. Ríkisstj. var aðili að þessu samkomulagi, hún birti yfirlýsingu í sambandi við samkomulagið sem ég vil lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Yfirlýsingin er svo hljóðandi:

„Til þess að greiða fyrir samningum um kaup og kjör milli samtaka launafólks og vinnuveitenda og í trausti þess að vinnufriður haldist lýsir ríkisstj. yfir:

1) Í efnahags- og fjármálafrv. því, sem nú liggur fyrir Alþ., eru till. ríkisstj. um lækkun skatta og heimildir til lækkunar skatta sem numið gæti í heild allt að 2000 millj. kr. Ríkisstj. mun á Alþ. beita sér fyrir skattalækkun að þessu marki með það fyrir augum að hún gagnist best þeim sem við erfið kjör búa.

2) Auk framangreindrar lækkunar álagðra skatta mun ríkisstj. beita sér fyrir því að innheimtu opinberra gjalda ársins 1975 verði dreift yfir lengri tíma en ella hjá þeim launþegum sem í ár hafa sömu eða lægri peningatekjur en í fyrra. Að því verður stefnt að frádráttur opinberra gjalda frá launagreiðslum hvers launþega fari ekki fram úr 40% af tekjum hans í heild á hverjum tíma, enda sé hann ekki í vanskilum með opinber gjöld frá fyrri árum.

3) Ríkisstj. vill beita sér fyrir því að tekjutryggingarmark almannatrygginga hækki í sama hlutfalli og lægstu kauptaxtar í samningum Alþýðusambandsins og vinnuveitenda. Hækkun almenns lífeyris verður einnig ákveðin í samræmi við niðurstöður almennra kjarasamninga og verður við þá ákvörðun m. a. tekið mið af öðrum tekjum þeirra sem lífeyris njóta.“

Þannig hljóðaði þessi yfirlýsing. Fyrsti kaflinn fjallar um skattamál og ég mun víkja að honum sérstaklega. Annar kaflinn fjallar um það hvernig haga skuli innheimtu opinberra gjalda á þessu ári. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er ekki að finna orð um það hvernig eigi að framkvæma þetta fyrirheit. Ég lýsti eftir því í nefnd hvernig að þessu yrði staðið, en gat ekki fengið nein skýr svör. Menn sögðust telja að það kynnu að finnast einhverjar almennar heimildir í lögum eða e. t. v. yrði að setja um þetta sérstök lög, en það var ekki að sjá sem nm. stjórnarflokkanna hefðu hugmynd um hvernig ætti að efna þetta fyrirheit. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvernig að þessu fyrirheiti verði staðið. Þriðji kaflinn fjallar um tekjutryggingar og greiðslur almannatrygginga og ég mun einnig víkja að honum sérstaklega.

Fjh.- og viðskn. barst bréf frá Alþýðusambandi Íslands um 1. kafla þessarar yfirlýsingar og ég vil einnig leyfa mér að lesa þetta bréf. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með vísun til yfirlýsingar ríkisstj. um skattamál, sem hér fylgir með í ljósriti og út var gefin í sambandi við samninga verkalýðsfélaga og samtaka atvinnurekenda, leyfir samninganefnd Alþýðusambands Íslands sér að vekja athygli hv. fjh.- og viðskn. á nauðsyn þess að breytt verði nokkrum ákvæðum frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum ef fullnægja á því hvoru tveggja að verja án fyrirvara 2000 millj. kr. í skattalækkanir og að sú lækkun gagnist þeim fyrst og fremst sem lakast eru staddir efnalega. Eru það eindregin tilmæli samninganefndarinnar að því fjármagni, sem nýting heimildarákvæða V. kafla frv. mundi kosta ríkissjóð, verði varið í sérstakan eða aukinn skattafslátt sem kæmi til útborgunar með sama hætti og barnabætur þegar svo stendur á að skattafsláttur verður hærri en opinber gjöld viðkomanda. Það er einróma skoðun samninganefndarinnar að framangreind breyting mundi skila hinum tekjulægri hagsbótum með miklum mun skýrari og óumdeilanlegri hætti en verða mundi með lækkun söluskatts og tolla um jafnháa upphæð í báðum tilvikum. Styðst sú skoðun m. a. við athugun Þjóðhagsstofnunar og þau augljósu rök að þeir, sem hafi meiri fjárráð, eyði hærri upphæðum í kaup á söluskattsskyldum og tollskyldum varningi en hinir tekjulægri. Sú aðferð, sem ákvæði V. kafla frv. gerir ráð fyrir, mundi því skila minni hagsbótum til hinna efnaminni en þeirra sem betur eru settir, gagnstætt því, sem segir í yfirlýsingu ríkisstj. frá 26. f. m., og þeim tilgangi frv., sem um er rætt í aths. við það. Fyrir þessa annmarka yrði hins vegar girt ef skattafsláttur svaraði til sömu kostnaðarupphæðar og gert er ráð fyrir í frv. og kæmi jafnt til allra án tillits til tekna. Sá háttur mundi einnig að okkar dómi skapa minni skatttæknileg vandamál en sá sem frv. gerir ráð fyrir.

Samninganefndin hefur, eftir að frv. var borið fram á hv. Alþ., gert fulltrúum ríkisstj. grein fyrir framangreindum skoðunum sínum, og kom fram í þeim viðræðum að þar sem frv. væri nú til meðferðar hjá fjh.- og viðskn. Alþ. væri við hæfi að samninganefndin gerði þeim grein fyrir skoðunum sínum á greindum frv.-ákvæðum. Er það hér með gert í trausti þess að hv. fjh.- og viðskn. taki málið til velviljaðrar athugunar og beiti sér fyrir breyt. á frv. í framangreinda átt.

Virðingarfyllst.

Í samninganefnd Alþýðusambands Íslands:

Björn Jónsson. Snorri Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Magnús Geirsson, Jón Sigurðsson, Benedikt Davíðsson, Einar Ögmundsson, Björn Bjarnason, Björn Þórhallsson.“

Þetta er það bréf sem Alþýðusamband Íslands skrifaði ríkisstj. eftir að hafa átt við hana mjög langvinnar viðræður og eftir að það lá fyrir að fyrirheit ríkisstj. um aðgerðir í skattamálum væru hluti af því bráðabirgðasamkomulagi sem gert hafði verið. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið siðferðileg skylda ríkisstj. að fara að till. Alþýðusambands Íslands í þessu efni. Ríkisstj. var slíkur aðili að þeim samningum sem gerðir voru, að ég tel að það hafi verið siðferðileg skylda hennar að fara eftir þessum till. Hér er um að ræða bráðabirgðaskipan sem er miðuð við hinar afar þröngu aðstæður sem verkalýðshreyfingin á nú við að búa. Hitt vil ég taka skýrt fram, að frá mínu sjónarmiði er hér um að ræða hugmyndir sem eru fráleitar til frambúðar. Þó þær kunni að eiga við við þær þröngu aðstæður sem nú eru, þá eru þær að mínu viti algjörlega fráleitar sem einhver frambúðarlausn á þessum vanda. Ég hef heyrt það fyrirkomulag að borga út skattaafslátt kallað neyslustyrk til láglaunafólks. Ég hef enga trú á því að verkalýðshreyfingin á Íslandi muni una því lengi

verkefni framsóknarþingmanna að koma í veg fyrir önnur og skuggaleg áform hjá samstarfsflokknum. Ég vildi gjarnan vita hvað hæstv. viðskrh. á við þegar hann segir að samdrátturinn megi ekki koma niður á framkvæmdum hinna dreifðu byggða? Ég geri ráð fyrir því að hæstv. viðskrh. telji norðurströnd Hvalfjarðar meðal hinna dreifðu byggða á Íslandi. Það er alkunna að þar á að ráðast í fjárfestingu sem nemur 11—12 milljörðum króna, og það á að hefja þessa fjárfestingu þegar á næsta ári. Að vísu á að fjármagna þetta með erlendu lánsfé. Þetta snertir ekki fjárlögin eins og þau eru núna, en dregur að sjálfsögðu til sín vinnuafl og dregur úr öðrum lánamöguleikum og framkvæmdagetu okkar á mörgum sviðum. Er þetta kannske það sem hæstv. ráðh. á við þegar hann telur að framsóknarmenn muni vernda sérstaklega hagsmuni hinna dreifðu byggða?

Það má vel vera að hæstv. viðskrh. telji einnig að Miðnesheiði sé meðal hinna dreifðu byggða á Íslandi. Þar á einnig að ráðast í meiri háttar framkvæmdir. Hefur verið samið um það að þar verði ráðist í framkvæmdir sem nema 8—9 milljörðum króna. Það er að vísu ekki tengt fjárlögum, þetta er gjafafé frá Bandaríkjunum, en engu að síður dregur það einnig til sín vinnuafl og takmarkar framkvæmdagetu okkar á öðrum sviðum.

Mér þætti fróðlegt að vita hvort hæstv. viðskrh. á við þessa tvo staði þegar hann er að tala um vandamál hinna dreifðu byggða. En væntanlega á hann við fleiri dreifðar byggðir á Íslandi. Og ef þessi niðurskurður á ekki að bitna á hinum dreifðu byggðum sem hann talar um, á hverju á hann þá að bitna? Á hann að bitna á þeim mikla meiri hl. þjóðarinnar sem býr í þéttbýli, sem býr í kaupstöðum, sem býr hér í Reykjavík? Á hann að bitna sérstaklega á þeim sem lifa og starfa í kjördæmi hæstv. forsrh.? Eða hvað er á bak við þennan ágreining sem þarna kemur fram í dagsljósið á milli stjórnarflokkanna um hvernig eigi að framkvæma þennan niðurskurð? Ég óska eftir skýru svari um þetta atriði.

Við alþm.menn erum algerlega andvígir því að framkvæmdur verði slíkur niðurskurður. Við viljum minna á að það hefur verið framkvæmdur hrikalegur niðurskurður með gengislækkununum báðum og með þeirri óðaverðbólgu sem við höfum orðið að þola. Þær fjárhæðir, sem eru tilgreindar í fjárlögum og miðuðust við ástandið um síðustu áramót, eru orðnar miklu, miklu minni núna og þýða miklu minni framkvæmdagetu. Ég kannast yfirleitt ekki við að það sé tiðkað, þar sem menn beita gengislækkun, að bæta niðurskurð ofan á vegna þess að gengislækkun felur í sér slíkan niðurskurð. Venjulega hefur orðið að jafna metin á hinn háttinn, en ekki með því að skera niður í viðbót.

En þetta á ekki aðeins við um 1. gr. fjárlaganna, þetta á einnig við um stofnlánasjóði atvinnuveganna. Verksvið þeirra er þrengt til mikilla muna eins og mál liggja núna fyrir. Í því sambandi vil ég minna á að Fiskveiðasjóður telur sig þurfa til útlána á árinu 1975 3 794 millj. kr. og hann sé raunar skuldbundinn til að veita 3 368 millj. kr. En áætlun hæstv. ríkisstj. er að ráðstöfunarfé þessa sjóðs verði aðeins 2 700 millj. kr. Það á ekki aðeins að stöðva það að sjóðurinn geti tekið á sig ný verkefni, hann á að bregðast skuldbindingum sem hann hefur þegar tekið á sig. Svipuðu máli gegnir um stofnlánasjóð landbúnaðarins, hann telur sig þurfa 1 800 millj. kr., en áætlun ríkisstj. er að hann hafi aðeins 754 millj. kr. til ráðstöfunar. Sjóðir iðnaðarins eru ákaflega vanbúnir að mæta þeirri knýjandi nauðsyn að taka til við framkvæmd þeirrar iðnþróunaráætlunar sem hafist var handa um að skipuleggja í tíð fyrrv. ríkisstj. Í sambandi við það hefur hæstv. iðnrh. aðeins talað um að hægt væri að færa sjóðina til, einhverjar innri skipulagsbreytingar, en ekki neitt aukið fjármagn til þessa brýna verkefnis. Í þessu sambandi er ástæða til þess að minna á það að í þeirri vegáætlun, sem nú liggur fyrir þinginu, er gert ráð fyrir 50% niðurskurði að magni til í vega- og brúarframkvæmdum.

Þetta eru, að mati okkar Alþb.-manna, meginatriðin í þessu frv., þ. e. niðurskurður og samdráttur. Við teljum það fráleitt að draga úr verklegum framkvæmdum eða framkvæmdum til félagsmála umfram það sem þegar hefur verið gert í ákaflega ríkum mæli. Á það er sannarlega ekki bætandi.

Eins og ég sagði áðan, eru skattamálin, þó að þeim sé hampað einna mest, mjög smávægileg í sambandi við þær miklu fjármunatilfærslur sem gerðar hafa verið. Ég minnti á það áðan að í fjárlögum er tekjuöflun ríkisins hækkuð um 18½ milljarð, útsvörin um rúmlega 3 milljarða, m. a. með því að heimila 11% útsvar í stað 10% í fyrra. Skattahækkunin er þannig 21—22 milljarðar. En á móti eiga að koma 2 milljarðar samkv. þessu frv., en eins og ég gat um áðan voru 700 millj. króna fyrir í fjárlagafrv. þannig að breytingin er aðeins 1 300 milljónir. Það er verið að skila aftur um það bil 50 kr. af hverjum 1000 sem teknar hafa verið. Þetta er nú öll rausnin.

Þetta er alveg það sama og gerðist í viðræðum verkalýðssamtakanna við atvinnurekendur. Það hafa milljarðar og aftur milljarðar verið fluttir frá launafólki til atvinnurekenda með gengislækkunum og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum, en síðan er broti af þessari upphæð skilað aftur, ýmist með lögum eða bráðabirgðasamkomulagi eins og því sem gert var á dögunum. Það er því engin furða þótt einn af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar skrifaði grein í Morgunblaðið á dögunum og líkti hæstv. ríkisstj. við ræningja sem ræðst á mann og sviptir hann öllum sínum fjármunum, en réttir honum síðan aftur nokkra smápeninga svo að hann komist heim til sín. Það er þetta sem er verið að gera í skiptum ríkisstj. og atvinnurekenda við launafólkið í landinu. Það eru teknir mjög miklir fjármunir, það er skilað aftur mjög litlu og óskað eftir þakklæti fyrir.

Hér hefur verið minnst á það að skattamálin séu tengd því bráðabirgðasamkomulagi sem nýlega hefur verið gert milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Þar náðist árangur sem forustumenn verkalýðssamtakanna hafa lýst yfir að sé óviðunandi með öllu, þarna sé um að ræða algjört bráðabirgðasamkomulag sem alls ekki sé hægt að búa við nema örstuttan tíma. Undir þetta sjónarmið hafa verkalýðsfélög tekið um allt

taka aðeins úr einstaka þætti og segja að þeir séu rökstuðningur fyrir einu og öðru. Ef við berum þá þætti saman, þá er staðan alls ekki þannig að við höfum ástæðu til neinnar annarlegrar svartsýni, enda eru það ekki þessar lýsingar sem í raun og veru eru ástæðan fyrir þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstj. framkvæmir. Aðalverkefni hennar, það sem hún hefur tekið sér fyrir hendur að gera, er að færa til mjög stórfellda fjármuni í þjóðfélaginu, framkvæma stórfellda kjaraskerðingu hjá launafólki, sjómönnum og bændum, en færa þá fjármuni til atvinnurekenda og milliliða í þjóðfélaginu.

Ég benti á það áðan að það væri áætlað að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 42% á 9 mánuðum. Á móti þessu hafa komið vissar kauphækkanir. Þar er um að ræða láglaunabæturnar sem voru lögfestar í fyrra og nema 5—6%, 3% hækkun kom 1. des. samkv. samningum sem verkalýðshreyfingin hafði gert áður, og nú hefur verið samið um kauphækkun sem jafngildir 10.9%. Þannig hefur komið um 19% kauphækkun á meðallaun verkamanna á móti verðhækkunum sem nema 42% a. m. k. að meðaltali, en á flestum brýnustu nauðsynjum 50—60%. Þarna er að gerast atburður sem mér finnst að hv. þm. Framsfl. ættu að hugleiða alveg sérstaklega.

Ég vil minna á það að eitt af stefnumörkum vinstri stjórnarinnar var að hækka kaupmátt tímakaups verkamanna um a. m. k. 20%. Þetta var stefna sem Framsfl. tók þátt í að skrifa undir. Það er ástæða til að rifja upp hvernig kaupmáttur hefur breyst á undanförnum árum. Árið 1970 var hann 86 stig, árið 1971 var hann 98.3 stig, árið 1972 var hann 113.3 stig, árið 1973 var hann 119.7 stig og árið 1974 133.5 stig. Á þessu árabili frá 1970—1974, þegar störf vinstri stjórnarinnar höfðu mest áhrif, var þessi hækkun 33.5%. En nú er því lýst yfir að það eigi að færa kaupmáttinn til baka á sama stig og hann var 1971—1972. Samkv. þessari töflu, sem ég var að fara með, jafngildir þetta 25% lækkun. Ráðh. Framsfl. standa þannig í því núna að taka aftur það sem þeir stóðu að að framkvæma í tíð vinstri stjórnarinnar að því er varðar kjör láglaunafólks á Íslandi.

Auk þess er ástæða til að minna á það að samdráttur sá, sem gerir vart við sig í vaxandi mæli hefur gert kjaraskerðinguna mun stórfelldari. Opinberar skýrslur sýna að að meðaltali hafa verkamenn að undanförnu tekið um 40% tekna sinna fyrir yfirvinnu, og þegar yfirvinna dregst saman þá þýðir það stórfellda tekjuskerðingu í viðbót.

Annars kom þessi þróun, sem ég hef verið að reyna að lýsa hér, ákaflega glöggt fram í ræðu sem hæstv. viðskrh. Ólafur Jóhannesson flutti á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. nú um helgina. Hann sagði þar orðrétt eftir því sem ræðan var prentuð í Tímanum, með leyfi hæstv. forseta:

„Kaupgjaldsvísitalan er nú lögbundin við 106.18 stig, en sú vísitölubinding rennur út 31. maí. Ef henni væri sleppt lausri færi hún sennilega í nær 180 stig, og hvernig halda menn að færi þá?“

Þarna talar hæstv. ráðh. um yfir 70% hækkun á framfærsluvísitölu 1. júní til samanburðar við þau tæplega 20% sem laun hafa hækkað. Þarna vantar hvorki meira né minna en 50% á að mati sjálfs viðskrh. Raunar fannst mér þetta orðalag hjá hæstv. ráðh. vera afar fróðlegt. Hann talar þar um framfærsluvísitölu eins og hún væri eitthvert óargadýr. Hann talar um hvað það væri hættulegt að sleppa framfærsluvísitölunni lausri. Það er framfærsluvísitalan sem á að vera inni í búri. En framfærsluvísitalan er að sjálfsögðu ekkert annað en mælikvarði. Þetta er einna líkast því og ef hæstv. ráðh. fengi hita að hann héldi að hann gæti læknað sig af hitasóttinni með því að setja tappa í kvikasilfursrásina í hitamælinum og koma þannig í veg fyrir að það kæmi í ljós á mælinum hvað hitinn væri mikill. Þessi afstaða að tala um vísitöluna sem óargadýr er náttúrlega fáránleg. Það, sem máli skiptir, er sá vandi sem vísitalan er til marks um.

Ég sagði áðan að hv. frsm. meiri hl. hefði ekki séð ástæðu til þess í máli sínu áðan né haft löngun til að ræða um það stórfellda atriði sem lagt er til í frv. að fjárveitingar verði lækkaðar um 3 500 millj. kr. frá gildandi fjárlögum. Þessi lækkun á öll að bitna á verklegum framkvæmdum, á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, skólabyggingum, hafnargerðum, flugvöllum o. s. frv., auk þess sem skera á niður vegaframkvæmdir í mjög stórum stíl. Í grg. er sagt að rekstrarútgjöld ríkisins muni hækka um 1 870 millj. kr. af völdum gengislækkunarinnar, en ríkisstj. segist ætla að koma í veg fyrir 820 millj. kr. af þeirri hækkun. Rekstrarútgjöldin eiga þannig að hækka um 1 056 millj. kr. Niðurskurðurinn, 3½ milljarður, á því að bitna á öðru en rekstrarútgjöldum. Við fáum hins vegar ekkert að vita hvað á að skera niður.

Ég vil minna hæstv. fjmrh. á að það eru fordæmi fyrir því að það hafi orðið að spretta upp fjárlögum. Að vísu þykir fjmrh., sem eru vandir að virðingu sinni, það ákaflega slæmur kostur ef fjárlög, sem þeir hafa staðið að, standast ekki. En slíkt hefur gerst áður. Ég vil minna á að þetta kom fyrir einn fyrirrennara hans, Magnús Jónsson, meðan hann gegndi störfum fjmrh. En þá hafði Magnús Jónsson þann hátt á að hann flutti sundurliðaðar till. um hvernig ætti að skera niður fjárlög ríkisins og lagði þær fyrir okkur þm. Við höfðum tækifæri til að fjalla um þetta ásamt hæstv. ráðh. og hann tók tillit til sjónarmiða okkar. Ég held að hæstv. núv. fjmrh. ætti að fara að þessu fordæmi, og raunar sakaði ekki þótt hann fylgdi fordæmi Magnúsar Jónssonar á ýmsum fleiri sviðum. En þetta, að bera fram till. um almennan niðurskurð, 3 500 millj. kr., án þess að bera undir þm. hvernig eigi að haga honum, eru algjörlega ósæmileg vinnubrögð.

Um þetta hafði hins vegar hæstv. viðskrh. Ólafur Jóhannesson þau orð á aðalfundi miðstjórnar Framsfl., hann sagði orðrétt:

„Við framsóknarmenn verðum að standa hér vel á verði og gæta þess svo sem frekast er unnt að sá samdráttur í framkvæmdahraða, sem kann að vera óhjákvæmilegur um sinn, komi sem vægast niður á framkvæmdum hinna dreifðu byggða.“

Þetta eiga „við framsóknarmenn“, eins og hv. ráðh. sagði, að tryggja. Er einhver ágreiningur um það milli stjórnarflokkanna hvernig á að standa að þessu máli? Það er svo að sjá á þessum orðum hæstv. viðskrh. að hann telji að það sé

hagur sjávarútvegsins á árinu 1973 með því besta sem gerst hefði. Bruttóhagnaður sjávarútvegsins það ár varð 2 300 millj. kr. í samanburði við 800 millj. kr. árið áður. Afkoma iðnaðarins var einnig góð á árinu 1973 og betri en árið á undan. Bruttóhagnaður var 6.9% af heildartekjum í samanburði við 5.6% árið áður. Og sömu sögu er að segja um landbúnað og verslun."

Eins og menn muna var gjaldeyrisvarasjóðurinn hærri en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar í byrjun árs 1974. Úttekt, sem Þjóðhagsstofnunin gerði um mitt ár 1974, sýndi að staða atvinnuveganna var metin svipuð þá og hún hafði verið. Þannig var árið 1974 í heild, afkoma iðnaðar og landbúnaðar var góð, afkoma sjávarútvegsins var misjöfn og mun verri en á metárinu 1973, en þó yfirleitt sæmileg og mjög góð í sumum greinum.

Með þessu er ég þó engan veginn að afneita því að þjóðarbú okkar hafi átt við verulega erfiðleika að stríða. Ég var áðan að tala um vísitölu verðlags útflutningsafurða. En það skiptir einnig ákaflega miklu máli hvaða verðlag er á þeim nauðsynjum sem við flytjum inn í landið. Sú vísitala lítur þannig út samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar í dollurum:

Árið 1972	.....	100 stig
Árið 1973	.....	120.9 stig
Árið 1974	.....	162.9 stig

Við sjáum á þessum tölum, ef við berum þær saman við hinar fyrri að árið 1973 voru viðskiptakjörin íslendingum afar hagstæð. En breytingin á síðasta ári gerir það að verkum að viðskiptakjörin í fyrra eru um það bil þau sömu og þau voru á árinu 1972. Verðlag á innfluttum varningi árið 1974 hækkaði um 34% og af því hlutust að sjálfsögðu mjög alvarleg verðbólguáhrif — vandamál sem nauðsynlegt var að taka á.

En ég vil minna á það — ekki síst vegna þess að. hæstv. ráðh. Sjálfstfl. gera mikið að því að kenna vinstri stjórninni og þar með hinum ágætu vinum sínum, ráðh. Framsfl., um alla þá erfiðleika sem við er að etja — ég vil minna á það hvernig stjórnmálaástandið var hér á árinu 1974. Í byrjun árs 1974, einmitt þegar þessi vandamál byrjuðu að gera vart við sig af vaxandi þunga eins og ég var að geta um áðan, þá glataði ríkisstj. meiri hl. sínum á þingi. Það mátti ekki muna einum, eins og menn vita, en einn úr stjórnarliðinu brást og gekk í lið með stjórnarandstöðunni. Þá gerðust þau tíðindi að stjórnarandstaðan lýsti yfir því að hún mundi koma í veg fyrir samþykkt allra þeirra till. og frv. sem ríkisstj. bæri fram á þingi og skipti þá engu máli hvert efni þeirra væri. Þetta er eitthvert mesta ábyrgðarleysi sem um getur í þingsögu íslendinga og ég hygg að slík viðbrögð væru næsta sjaldgæf í grónum þingræðislöndum. Engu að síður var þannig að þessum málum staðið að það var ekki kleift fyrir fyrrv. ríkisstj. að taka á þessum málum á fyrstu mánuðum ársins í fyrra eins og nauðsynlegt hefði verið. Þegar ríkisstj. bar svo fram frv. sitt gerðust þau tíðindi, eins og menn muna, að einn af ráðh., Björn Jónsson, gekk úr ríkisstj. og allir þm. Samtaka frjálslyndra og **vinstri manna snerust gegn** henni að undanteknum hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni sem þá gegndi starfi menntmrh. Þess vegna urðu engin tök á því að taka á þessum vandamálum eins og þurft hefði að gera í ársbyrjun 1974. Þeir, sem komu í veg fyrir það að unnt yrði að taka á þessum vandamálum, bera að sjálfsögðu ákaflega mikla ábyrgð. Þetta ástand olli að sjálfsögðu mjög miklu tjóni. Það ýtti undir brask og spákaupmennsku. Menn vissu að það væri von á ráðstöfunum, án þess að unnt hefði verið að grípa til þeirra. Það kom upp sjúklegt ástand í viðskiptamálum og peningamálum. Innflytjendur kepptust við að sóa gjaldeyri í von um að geta hagnast á honum. Fólk, sem átti fjármuni eða hafði tök á að komast yfir fjármuni, reyndi að binda þá í verðmætum sem það hélt að mundu halda gildi sínu. Sjálfstfl. og Morgunblaðið ýttu undir þessa þróun með því að hræða fólk í sífellu og reyna þannig að grafa undan eðlilegum og ábyrgum viðhorfum. Þetta sjúkdómsástand, sem hófst með innfluttri verðbólgu, en jókst og magnaðist vegna óþjóðhollra viðbragða Sjálfstfl. og Morgunblaðsins, hefur haldið áfram allt fram til þessa dags. M. a. kynntist hæstv. núv. viðskrh. þessu í janúarmánuði þegar hann flutti ræðu sína um gjaldeyrisstöðuna og óskaði eftir ábyrgum viðhorfum. Viðbrögðin urðu þveröfug einmitt af hálfu þeirra innflytjenda sem hann er nú í samvinnu við. Þess vegna snaraðist ákaflega mikið á árinu 1974 bæði af óviðráðanlegum ástæðum og vegna þessa sjúklega ástands hér innanlands. Engu að síður er staða efnahagskerfisins allt önnur en hæstv. ríkisstj. vill vera láta, og það er ómaklegast af öllu ef reynt er að taka á vandamálum, sem sprottin eru af þessum rótum, með því að ráðast á þá sem þessi þróun hefur bitnað harðast á, láglaunafólkið á Íslandi. Þrátt fyrir allt er staðan slík að engin tilefni eru til þeirrar stórfelldu kjaraskerðingar og þess samdráttar sem hæstv. ríkisstj. er nú að leiða yfir þjóðina.

Ég minntist áðan á það hverjar horfur væru um verðlag á útflutningsvörum okkar. Það er alkunna að við eigum ekki í neinum erfiðleikum með að selja okkar útflutningsvörur. Þau ánægjulegu tíðindi hafa einnig gerst að aflinn fyrstu 3 mánuði þessa árs hefur orðið um 20% meiri en hann var á sama tíma í fyrra. Þau frystihús, sem eiga aðild að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hafa tekið við 33% meiri afla í marslok en þau gerðu í fyrra og frystihúsin á vegum Sambandsins um 20% meiri afla. En í spám hæstv. ríkisstj. var reiknað með óverulegri aflaaukningu eða 2—5%. Þetta eru mjög ánægjuleg tíðindi, og við skulum vissulega muna eftir þeim þegar við erum að vega og meta hvað gera á í atvinnumálum hér á Íslandi.

Það er oft um það talað að loðnuverðið hafi lækkað mjög verulega. Það er alveg rétt. Hins vegar var gæfan okkur svo hliðholl að loðnuaflinn í ár má heita hinn sami og á metárinu í fyrra. Samkv. þeim tölum, sem fyrir liggja, er talið að útflutningsverðmæti þessa loðnuafla verði 3 600 millj. kr. lægra í ár en í fyrra. Þetta er áfall. En það hefur gerst annað. Það hefur einnig gerst að saltfiskur hefur hækkað mjög verulega í verði. Það er talið að vegna verðhækkana muni útflutningsverðmæti saltfisks vaxa úr 6 600 millj. í 10 400 millj. kr. eða um 3 800 millj. kr. Þetta vegur upp verðlækkunina á loðnuafurðum. Við verðum að líta á þetta dæmi í heild, ekki

nú ljóst hvað fyrir ríkisstj. vakti í því efni. Það vakti fyrir hæstv. ríkisstj. að auka skattheimtuna eins og ég gat um áðan. Það var hækkuð skattheimta um 18.5 milljarða kr., langsamlega mest í óbeinum sköttum, en þó voru beinir skattar hækkaðir um 800 millj.

Afleiðingarnar af þessum og öðrum aðgerðum ríkisstj. urðu þær að óðaverðbólgan hélt áfram að magnast. Á fyrstu 6 mánuðum sem núv. ríkisstj. var við völd hækkaði vísitalan úr 297 stigum, eins og hún var 1. ágúst eins og ég gat um áðan, í 372 stig eða um 25,3% á hálfu ári. Þetta er meðaltal, en það var mjög mikið einkenni á þessari þróun að það, sem hækkaði langmest, voru brýnustu nauðsynjar heimilanna: matvæli, upphitun húsa og rafmagn. Síðan kom í ljós að ríkisstj. hafði ekki haft neina raunverulega hugmynd um hvað hún var að gera, því að 13. febr. er ákveðin ný gengislækkun, 20%. Þá hefur gengið verið fellt tvisvar sinnum á 5 mánaða tímabili. Þetta er algert einsdæmi í sögu okkar Íslendinga, og ég efast um að það séu margar þjóðir heims þar sem slíkir atburðir hafa gerst, þegar undan eru skilin örfá ríki í rómönsku Ameríku þar sem gengið hefur stundum lækkað dag frá degi.

Eftir þessa þróun alla saman, tvennar gengislækkanir, hrikalega hækkun á öllum þjónustugjöldum og verðhækkunum af öllu tagi, þá er það spá sérfræðinga nú að vísitalan verði 1. maí n. k. komin upp í 422 stig. Hún hefur þá hækkað úr 297 stigum í 422 stig eða um 125 vísitölustig á 9 mánuðum. Það er 42% hækkun. Þetta er spá sérfræðinga ríkisstj. sjálfrar. En það er margt sem bendir til þess að hækkunin verði meiri og geti komið í ljós að hún hafi orðið 45—50%.

Það hefur verið sagt að allt þetta hafi verið gert til þess að bjarga afkomu atvinnuveganna. Samt er það nú svo að forustumenn atvinnuveganna hafa dregið það mjög í efa til skiptis og á mismunandi forsendum að verið væri að bjarga þeim. T. d. lýstu forustumenn sjávarútvegsins yfir því að því fari mjög fjarri að seinni gengislækkunin styrkti stöðu þeirra til nokkurra muna. Þá var farið í það að bæta hag þeirra, eins og það var orðað, með því að færa til óhemjulega fjármuni í gegnum bankakerfið til þess að koma fyrirtækjum í sjávarútvegi á betri rekstrargrundvöll. Þar hafa að undanförnu verið færðir til milljarðar og aftur milljarðar og um þetta hefur Alþ. ekki fengið neinar skýrslur. Þetta hefur gerst þannig að þessum fyrirtækjum hafa verið veitt löng lán með hagstæðum kjörum með fyrirheitum sem ná langt fram í tímann. Þannig eru fluttir til milljarðar kr. Þetta kemur þannig út að það er bjargað hverju einasta fyrirtæki í sjávarútvegi á Íslandi. Bjargráðin eru við það miðuð að bjarga skussunum og að bjarga þeim sem hafa verið óprúttnastir við að taka skyndilán án þess að hafa nokkrar eðlilegar forsendur fyrir því. Að sjálfsögðu merkir þetta það að þeir, sem hafa hagað atvinnurekstri sínum af eitthvað meiri skynsemi, fá í sinn hlut verulegan ábata. Það eru þessar tilfærslur, sem verið er að framkvæma í þágu sjávarútvegsins, sem síðan hafa valdið því að formaður Félags ísl. iðnrekenda lýsir því yfir að ríkisstj. sé að mismuna atvinnuvegunum á háskalegasta hátt bæði innan sjávarútvegsins og ekki síst á milli iðnaðar og sjávarútvegs. (Gripið fram í.) Hann lýsti yfir því á aðalfundi Félags ísl. iðnrekenda fyrir nokkrum dögum að þarna væri um að ræða mjög háskalega mismununarstefnu, þannig að því fer mjög fjarri að þessar ráðstafanir ríkisstj. njóti einu sinni stuðnings forustumanna atvinnuveganna sem telja að því fari mjög fjarri að ríkisstj. haldi rétt á þessum málum.

Meginatriðið, sem snýr að almenningi, er þó sú hrikalega fjármunatilfærsla sem þarna er verið að framkvæma, þeir milljarðar, þeir ákaflegu mörgu milljarðar sem hafa verið fluttir til með því að skerða kjör launafólks og eiga svo að bæta afkomu atvinnurekenda og millilíða.

Við höfum heyrt skýringarnar á þessari stefnu. Þær hafa verið þær að á okkur hafi bitnað ákaflega mikil áföll, sem við höfum ekki ráðið við, af völdum verðhækkana erlendis og vegna þess að okkar eigin framleiðsluvörur hafi lækkað í verði. Það er ástæða til þess að víkja svolítið að þessu atriði.

Að því er varðar útflutningsverð á afurðum okkar hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út vísitölu útflutningsverðs miðað við dollara og þær líta þá þannig út:

Ársmeðaltal	árið	1972	100
—	—	1973	139.4
—	—	1974	167.1

Um þetta ár sem hæstv. ríkisstj. segir að hafi verið alveg voðalegt, árið 1974, segir Þjóðhagsstofnun orðrétt:

„Verðlag útflutnings hækkaði að meðaltali á árinu um 34%, í kr. um 21—22% í erlendri mynt."

Þetta er nú sú mikla verðlækkun á útflutningsvörum okkar sem ríkisstj. er ævinlega að tala um.

Þegar við sjáum útreikninga um þetta efni í blöðum eru þeir þannig tilbúnir að það er tekið mið af toppum og lægðum. Það er þannig með þessar vörur eins og margar aðrar að verðið sveiflast. Það koma stundum mjög háir toppar og stundum dældir og það er þessi samanburður sem er forsenda þeirra hrikalegu lýsinga sem við sjáum í stjórnarblöðunum. En það, sem segir hina raunverulegu sögu, er auðvitað þau ársmeðaltöl sem ég var að tala um, hvernig þetta kemur út miðað við meðalverðlag á einu ári. Og þá kemur árið 1974 út á þennan hátt, að vísitala útflutningsverðs hefur hækkað úr 139.4 stigum á árinu 1973 í 167.1 stig á árinu 1974. Spá, sem sérfræðingar hafa gert fyrir árið 1975, ásamt mjög hagstæðum sölum sem þegar hafa verið gerðar, benda til þess að við getum reiknað með að meðalútflutningsverð í dollurum verði á þessu ári svipað og það var á árinu 1974.

Þetta eru meginstaðreyndirnar um verðlagið á útflutningsvörum okkar. Hitt er vissulega rétt, að það var ákaflega margt sem fór úr skorðum á árinu 1974 og ég mun víkja að því síðar. En staðan í byrjun árs 1974 var ákaflega hagstæð. Árið 1973 hafði verið mjög hagstætt atvinnuvegunum. Þjóðhagsstofnunin sagði í skýrslu um það ár orðrétt:

„Á hvaða mælikvarða sem mælt væri virtist

öllum framfærendum barna án tillits til tekna framfærandans. Hafi útsvar verið skuldajafnað að fullu gegn persónuafslætti foreldra fá foreldrar barnabæturnar greiddar út að fullu, þó skal skuldajafna önnur þinggjöld, svo sem atvinnurekstrargjöld, gegn þeim fyrst, síðan önnur þinggjöld og ógoldin þinggjöld og aðstöðugjöld og mismunur þá greiddur út ef einhver er. Beri foreldri tekjuskatt er ekki um eftirstöðvar persónuafsláttar að ræða. Barnabætur skuldajafnast þá gegn tekjuskatti, öðrum þinggjöldum og eldri skuldum, útsvari og aðstöðugjaldi. Aðrar breytingar á tekjuskattslögunum í þessum kafla frv. eru nauðsynlegar ýmist vegna tilvitnana í persónufrádrátt, sem afnuminn er sem slíkur, eða vegna þess að settar eru inn nýjar grunnfjárhæðir sem eiga að fylgja skattvísitölu framvegis, en gildandi skattvísitala er afnumin.

Fleiri þættir skattamálanna eru nú í endurskoðun. Fyrir haustþing verður undirbúið frv. um sérsköttun hjóna með skiptingu tekna þeirra og eigna að jöfnu og skattlagningu hvors helmings um sig. Unnið er að athugun á því að tekinn verði upp virðisaukaskattur í stað söluskatts, og það er unnið að tillögugerð um staðgreiðslukerfi skatta. Sú breyting, sem nú er verið að gera, er því aðeins fyrsta skrefið af mörgum sem eftir er að stíga. Ég er sannfærður um að þessar breytingar horfa allar til heilla fyrir alla þegna þjóðfélagsins.

Að lokum vil ég svo aðeins nefna það að hér hefur verið útbýtt brtt. við frv., — brtt. sem ég hef ekki haft aðstöðu til að skoða og get því að sjálfsögðu ekki tjáð mig um, en ég tel eðlilegt að fjh.- og viðskn. d. athugi þessar brtt. á milli 2. og 3. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. gat um áðan hefur þetta mál legið fyrir n. um eins mánaðar skeið. Meginhluta þess tíma starfaði að málinu af hálfu Alþb. hv. þm. Lúðvík Jósepsson og vann þar mest að málinu af okkar hálfu. Áður en hann hvarf héðan af þingi gekk hann frá tilteknum brtt. sem eru fluttar á sérstöku þskj. og enn fremur hafði hann samið af sinni hálfu ítarlegt nál. sem prentað er sem meginuppistaða í nál. því sem ég skila.

Þetta nál. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar er eins konar úttekt á því tímabili sem liðið er síðan núv. ríkisstj. tók við völdum. Þar eru raktar ýmsar meginstaðreyndir um þróun efnahagsmála og hagmála á þessu tímabili og þar er að finna ákaflega mikinn fróðleik og sjónarmið sem við Alþb.-menn teljum vera rétt frá okkar sjónarmiði. Ég vil um þetta vísa til nál. sjálfs. Þar er þessar röksemdir að finna. En ég mun í mínu máli stikla á nokkrum staðreyndum sem sumar eru þar, og einnig öðrum sem ekki er vikið að þar.

Í ræðu sinni áðan talaði frsm. meiri hl. fyrst og fremst um þá þætti frv. sem snúa að skattamálum. Hins vegar eru margir aðrir þættir í frv., og ég veitti því sérstaka athygli að hv. frsm. meiri hl. sá ekki ástæðu til þess að fjalla um 1. gr. frv. sem er heimild til ríkisstj. að lækka fjárveitingar um allt að 3 500 millj. kr. Hann fjallaði ekki heldur að neinu ráði um VIII. kafla frv. sem þrengir mjög að getu fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, en það eru einmitt þessar tvær greinar sem við Alþb.-menn teljum hvað alvarlegastan þátt í þessu frv., þær niðurskurðarráðstafanir sem þar er verið að undirbúa og við óttumst að muni hafa mjög alvarleg áhrif ef eftir þeim verði farið.

Um skattamálin, sem hv. þm. fjölyrti mjög um, er það að segja að þar er um að ræða margvíslegar, en mjög minni háttar breytingar. Í því sambandi er ástæða til að vekja athygli á því að þegar fjárlög voru afgr. hér fyrir áramótin ákvað ríkisstj. að hækka skattlagningu um hvorki meira né minna en 18.5 milljarða. Enn fremur var ákveðið að hækka útsvör í landinu á milli ára um rúmar 3 000 millj. kr., þannig að þarna er um að ræða skattheimtu sem samtals nemur 21—22 milljörðum kr. Það, sem eftir á að skila samkv. þessu frv., eru samtals 2 000 millj. kr. En í því sambandi er ástæða til að minnast þess að í fjárl. sjálfum var tekin frá upphæð sem nam 700 millj. kr. í þessu skyni. Viðbótin er þannig aðeins 1 milljarður og 300 millj. kr., í samanburði við aukna skattheimtu, sem nemur, eins og ég sagði áðan, 21—22 milljörðum, þannig að þarna er um það að ræða að gerðar eru ákaflega smávægilegar breytingar á sama tíma og skattheimta er aukin ákaflega mikið.

Það er kannske ástæða til að rifja upp örfáa þætti úr ferli núv. ríkisstj. í þessu sambandi.

Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum var svo að heyra á hæstv. ráðh. að þeir kynnu ráð til þess að taka á fjárhagsvandanum með tiltölulega skjótum hætti. Þeir hófust handa með því að lækka gengið um 17% í ágústlok á síðasta ári, söluskattur var síðan hækkaður um 2% og jafnframt var kaupgjald raunverulega bundið með afnámi vísitölubóta á kaup. Afleiðingarnar af þessu urðu þær að framfærsluvísitalan hækkaði úr 297 stigum, eins og hún var 1. ágúst í fyrra, í 342 stig 1. nóv. eða um 15.2%. Á móti þessu koma svokallaðar láglaunabætur, sem voru settar með lögum án þess að verkalýðshreyfingin hefði nokkuð á það fallist, sem námu 5—6% á venjulegt kaup.

Það var, eins og ég sagði, svo að sjá sem ríkisstj. teldi að með þessum ráðstöfunum hefði henni tekist að ráða við þau efnahagsvandamál sem við væri að etja í þjóðfélaginu. Hún hafði þegar fært til mjög verulega fjármuni frá vinnandi fólki í landinu til atvinnurekenda og milliliða. Og það var svo að sjá sem hún teldi að þetta væri nægilegt. A. m. k. gekk ríkisstj. og hennar lið til fjárlagagerðar með því hugarfari að þessum vandamálum hefði öllum verið stjakað til hliðar, og það voru samin fjárlög sem fólu í sér að þau voru hækkuð um hvorki meira né minna en 52%. Það er algert einsdæmi í sögu íslensku þjóðarinnar, þar af hækkuðu almenn rekstrarútgjöld mun meira eða um 76%. Þessi fjárlagasmíð var í ákaflega mikilli andstöðu við þann almenna áróður sem ráðh. höfðu haft uppi og enn fremur sérfræðingar hæstv. ríkisstj. Þeir höfðu lýst ástandinu í þjóðfélaginu á allt annan veg en þessi fjárlagagerð var til marks um, og það kom ýmsum ákaflega mikið á óvart að gengið skyldi frá fjárlögum á þennan hátt. En það er

neinni vissu. Í þriðja lagi er sala á kjöti og unnum kjötvörum stór liður í sölu veitingahúsa og matsölustaða. Þegar seld er t. d. kjötmáltíð á veitingahúsi er verið að selja ekki bara efnið í máltíðina, heldur ýmislegt annað sem henni fylgir auk þjónustunnar, og kjötsalan verður vart aðgreind frá öðru í þessu tilviki. Verði sala kjöts í veitingahúsum talin söluskattsskyld, þá vaknar t. d. spurning um sölu tilbúinna rétta í matvöruverslunum og aðgreiningu þeirrar sölu frá annarri sölu slíkra verslana. Verði undanþágan hins vegar takmörkuð við ósunnið kjöt, sem yrði nánar skilgreint, skapast margvíslegir möguleikar til undanskota og verður ekki séð hvaða möguleikar eru til að sannreyna söluskattsuppgjör þeirra sem versla með þessar vörur.

Eins og ég sagði áðan getur kaupmaðurinn ekki sýnt fram á það hve mikið hann selur af ósunnum kjötvörum annars vegar og unnum kjötvörum hins vegar. Ef miða ætti að einhverju leyti við innkaup á ósunnum vörum verður eflaust tilhneiging til að halda því fram að sem mestur hluti kjötsins hafi verið seldur ósunninn.

Með hliðsjón af því, sem ég hef hér sagt verður að teljast nær óframkvæmanlegt að lækka eða fella niður söluskatt af þessum vörutegundum meðan við búum við þetta kerfi.

Ég kem þá að till. Félags einstæðra foreldra en þær till. voru sendar öllum hv. þm. að því er ég best veit. Það er kannske ekki ástæða til að ég fari að rekja einstakar brtt. þessa félags í smáatriðum. N. hefur að nokkru leyti orðið við tilmælum þess að því er varðar skattfrelsi meðlagsgreiðslna hjá einstæðum foreldrum eða þeim, sem við meðlaginu tekur, eins og ég gerði reyndar grein fyrir fyrr í ræðu minni. Þessi breyting hefur í för með sér um 40 millj. kr. hagsbætur fyrir einstæða foreldra frá því sem frv. gerði ráð fyrir. Þótt ekki sé reiknað með áhrifum þessarar breytingar voru einstæðir foreldrar betur settir en hjón að því er tekur til skattalegrar meðferðar, en miðað við upphaflega frv. var sá munur minni en hann áður var. Ef meðlag yrði gert skattfrjálst hjá öllum sem við því taka, eins og till. gerir ráð fyrir, yrðu fjárhæðirnar hærri þar sem ýmsar meðlagsgreiðslur eiga sér stað innan hjónahópsins. Það er hins vegar óvitað hve háar fjárhæðir þar er um að ræða.

Þá er lagt til í bréfi einstæðra foreldra að einstæðum foreldrum sé reiknaður skattur eftir sama skattstiga og hjónum. Þessi breyt., ef gerð yrði, er talin kosta ríkissjóð um 40 millj. kr. Ég bendi á að einstæðir foreldrar fá hjónaafslátt, en mismunurinn á afslætti hjóna og einstaklings kemur í stað heimilisfrádráttar í gildandi lögum. Þetta er í samræmi við anda frv. að öðru leyti þar sem frádráttum er breytt í afslætti þannig að þeir nýtist betur en áður þeim sem lágar tekjur hafa. Þá er lagt til í nefndu bréfi, nefndum till., að bætur með fyrsta barni verði 45 þús. kr. eins og með tveimur eða fleiri börnum. Ég vísa hér til athugasemda sem fylgja frv., við 10. gr. þess. Að öðru leyti má segja að ákvörðun af þessu tagi sé alltaf matsatriði, en í reynd er slíkur mismunur á barnaívilnunum í gildandi lögum auk þess sem framfærslubyrði hlýtur að aukast með fjölda barna. Mætti þá kannske allt eins spyrja hvort hjón ættu ekki að fá tvöfaldan afslátt einstaklings í stað eins og hálfs, eins og gildandi lög og frv. gera ráð fyrir.

Þá leggur félagið einnig til að árlegur lífeyrir með hverju barni verði hækkaður. Ákvörðun um það snertir ekki beinlínis þetta frv. þar sem það tekur ekki til lífeyrisgreiðslna. Verður að meta þetta atriði með hliðsjón af hækkun annars lífeyris. Ég bendi þó á að skattfrelsi meðlagsins hjá viðtakanda, einstæðu foreldri, þýðir auðvitað í raun hækkað meðlag.

Þá vil ég aðeins nefna í sambandi við erindi einstæðra foreldra að skattadæmið um Jón eiginmann og Jón ekkjumann verður að teljast nokkuð villandi. Ef allar greiðslur, sem inn á heimilið koma, eru tíundaðar þá eru einstæð foreldri alltaf betur sett en hjón með sama barnafjölda, bæði í gildandi lögum og samkv. frv. Frv. gerir hins vegar þennan mun minni hjá þeim tekjuhærri.

Ég fer nú að ljúka máli mínu, hæstv. forseti. Ég legg að lokum áherslu á þetta og endurtek þar með sumt af því sem ég hef áður sagt:

Í II. kafla þessa frv., sem fjallar um breytingar á tekjuskatti, eru verulegar breytingar gerðar á gildandi skattalöggjöf, breytingar sem miða fyrst og fremst að hagsbótum fyrir lágtekjufólk. Hinir hefðbundnu persónufrádrættir ásamt hinum gölluðu nýmælum s. l. árs um skattafslætti eru felldir niður. Þessir frádrættir og afslættir, sem nýttust hátekju- og miðlungstekjufólki að fullu, en lágtekjufólki að takmörkuðu leyti eða engu, eru nú afnumdir. Þess í stað koma persónuafslættir sem fyrst og fremst nýtast lágtekjufólki til að standa undir greiðslu útsvars að fullu eða að hluta, þeim mun meiri hluti þeirra er greiddur sem tekjur eru lægri. Þó eru sérstök ákvæði þess efnis að takmarkað verður að hve miklu leyti má nýta persónuafslátt til greiðslu útsvars hjá þeim sem hafa óvenjulágar tekjur til tekjuskatts, m. a. vegna afskrifta eða annarra hliðstæðra ástæðna, og þar með leiðréttur versti agnúinn sem var á skattafsláttarkerfinu sem kom inn í skattalöggjöfina á s. l. ári. Einnig er þak sett á fjárhæð persónuafsláttar sem nýta má til greiðslu þessara gjalda hjá sérsköttuðum börnum. Hjá framteljendum í miðlungs- eða hátekjuflokki nýtist þessi persónuafsláttur gegn tekjuskatti, en hann nýtist jafnt öllum tekjuhópum, en ekki mest hátekjum eins og áður var um persónufrádrátt og skattafslátt. Skattstigum til tekjuskatts er gjörbreytt. Einn skattstigi er fyrir hjón og annar fyrir einstaklinga, þar sem fyrra tekjubil, sem af voru greidd 20%, er hækkað nokkuð, en 30% tekjubilið afnumið. Hámarksstigi er 40% eins og áður var. Í stað ákvæða gildandi skattalaga um persónufrádrátt og skattafslátt fyrir börn á framfæri skattþegna, sem eins og persónufrádráttur og skattafsláttur skattþegnsins sjálfs hafa fyrst og fremst komið hátekju- og miðlungstekjufólki til góða, er í frv. gert ráð fyrir greiðslu barnabóta til framfæranda barnsins sem koma í stað gildandi persónufrádráttar, skattafsláttar og fjölskyldubóta. Hér er enn stefnt að sem fyllstri nýtingu þessara bóta fyrir lágtekjufólk. Samkv. frv. nema þessar barnabætur 30 þús. kr. með fyrsta barni, en 45 þús. kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur greiðast

n., má glögglega sjá að fyrirhuguð breyt. skattalaga gagnar þeim best sem lægstar tekjur hafa. Það er í samræmi við það fyrirheit sem gefið var. Þetta gildir um alla hópa framteljenda. Þótt ekki liggi nú fyrir hvernig heimildum 19. gr. frv. um niðurfellingu söluskatts af einstökum matvörum eða matvöruflokkum verður beitt má treysta því að valdar verða þær vörutegundir sem skipta máli fyrir hverja fjölskyldu í landinu. Ég nefni þar sem dæmi afnám söluskatts af nýjum ávöxtum og grænmeti og brauði, sem talinn er nema 600 millj. kr. á ári, eða þá af tei, kaffi, kakói, haframjöli, hveiti, hrísgrjónum og brauðvörum sem talinn er nema 600—650 millj. kr. á ári.

Í mjög samanþjöppuðu máli vil ég segja þetta um niðurfellingu söluskatts af tilteknum vörum í stað frekari lækkunar beinna skatta:

Í fyrsta lagi hefur verið talið varhugavert að lækka beinu skattana meira í þessum áfanga án þess að gera jafnframt veigameiri breytingar á skattalögunum, t. d. varðandi sérsköttun hjóna sem ríkisstj. hefur samþ. að beita sér fyrir.

Í öðru lagi má segja að það hafi verið eðlilegt að viðbrögð Alþýðusambands Íslands hafi verið á þann veg sem raun er á meðan það var nokkuð í lausu lofti hvernig heimildum frv. yrði beitt. Þegar ákveðnar vörutegundir, sem tvímælalaust eru brýnar nauðsynjar, hafa verið nefndar ætti að vera ljósara hver áhrifin verða.

Í þriðja lagi er ekki unnt að benda á marktækan mun á því hvort kemur lágtekjufólki betur í þessum efnum og vísa ég þar til töflu Þjóðhagsstofnunar.

Í fjórða lagi þarf ekki að líta á það, sem hér er lagt til, sem tilhögun sem standa þarf um aldur og ævi.

Í fimmta lagi myndast hér mótvægi við allar niðurgreiðslurnar sem nú eru viðhafðar á kjöti og mjólkurvörum.

Í framhaldi af þessu vil ég fara nokkrum orðum um niðurfellingu söluskatts af sérstökum vörutegundum og þá erfiðleika sem upp kunna að koma.

Stjórn Stéttarsambands bænda sendi n. ályktun þess efnis að söluskattur skyldi felldur niður af kjöti og kjötvörum. Ég bendi á að 19. gr. frv. er í formi heimildar til fjmrh. um að lækka eða fella niður söluskatt af einstökum matvörum eða matvöruflokkum. N. hefur því í sjálfu sér ekkert um þessa ályktun að segja þar eð n. hvorki ákveður né gerir till. um af hvaða vörutegundum beri að fella niður söluskatt. En þar sem komin er fram brtt. við 19. gr. frv. frá hv. þm. Lúðvík Jósepssyni þess efnis að söluskattur skuli felldur niður af m. a. þessum vörutegundum, þ. e. kjöti og kjötvörum, þá sé ég ástæðu til að fara um þetta nokkrum orðum.

Ég hef þegar greint frá því að lækkun beinna skatta samkv. frv. er talin nema 1 380 millj. kr. og lækkun tolla samkv. V. kafla frv. rúmum 80 millj. Samtals eru þetta rúmlega 1 460 millj. kr. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu standa við það fyrirheit sitt að lækka skatta samtals um 2 000 millj. kr. Nota þarf því heimildir 19. gr. frv. til þess að lækka eða fella niður söluskatt að upphæð um 540 millj. kr. Söluskattur á kjöti og kjötvörum er hins vegar talinn nema um 775 millj. kr. Þá vaknar sú spurning í fyrsta lagi hvort hægt sé að lækka skattinn þannig að lækkunin nemi 540 millj., en áfram standi 235 millj., og í öðru lagi hvernig slík niðurfelling eða lækkun söluskatts á þessari vörutegund verði framkvæmd.

Það er óhætt að segja að allar undanþágur frá meginreglunni um söluskattsskyldu samkv. gildandi söluskattslögum hafi í för með sér visst óöryggi við framkvæmd laganna. Undanþágur opna oft leiðir til undandráttar og kalla þar af leiðandi á aukið eftirlit. Það fer hins vegar eftir tegundum undanþágusölu og söluvenjum hvaða áhrif undanþáguákvæði hafa á framkvæmd laganna í heild. Þetta þarf sérstaklega að hafa í huga þegar vöruflokkar eru valdir. Almennt er nær óhugsandi að greina í sundur sölu á einstökum vörutegundum strax við sölu þeirra í smásölu. Ef undanþiggja á einstakar vörutegundir söluskatti á smásölustigi verður því að fara aðrar leiðir til að finna út eða reikna þá sölu sem undanþegin er, eftir því sem þær eru færar. Sú leið, sem helst kemur til greina, er að reikna út sölu á undanþáguvörum eftir innkaupum þeirra vara að viðbættri sannanlegri álagningu á þær. Þannig fæst út söluverðið með sæmilegri nákvæmni, en þó því aðeins að álagningin sé almennt sú sama og nokkuð ákveðin stærð. Þegar verslað er með margar vörutegundir í sama fyrirtækinu, vörutegundir sem undanþegnar eru söluskatti, og álagningin á vörurnar er mismunandi verður framkvæmdin öll hin flóknasta, en tæknilega séð hugsanleg. En þegar vinnslan fer að nokkru leyti fram hjá smásala, eins og á sér stað með kjöt og kjötvörur, þá er endanlegt útsöluverð algerlega óþekkt stærð við kaup varanna og nær óhugsandi að finna það út nema með flókinni skráningu eða framleiðslubókhaldi.

Við framkvæmd söluskattslaga verður að ganga út frá því að sá, sem senda á uppgjör á söluskatti til skattyfirvalda, hafi sjálfur möguleika til að greina undanþágusölu frá annarri sölu með nokkurri nákvæmni, svo að skattyfirvöld hafi tæknilega möguleika til að sannreyna réttmæti uppgjörsins. Um kjötvörur er því það að segja að hér er um mun erfiðari þátt að ræða en t. d. mjólk og mjólkurvörur eða olíu til húshitunar og virðist ekki í fljótu bragði vera mögulegt að setja neinar skynsamlega örugga framkvæmdareglu um söluskattsundanþágu á sölu þessara vörutegunda og skal ég til frekari áherslu nefna nokkur atriði í því sambandi.

Í fyrsta lagi er dreifing kjöts og kjötvara til smásala í höndum fjölda aðila, það eru framleiðendur og kjötvinnslustöðvar, og varan er seld á mjög mismunandi framleiðslustigum. Í öðru lagi fer vinnsla kjötvara í flestum tilvikum fram að einhverju leyti hjá smásala sjálfum og er því ekki hægt að beita fastri álagningarreglu. Sem dæmi má nefna kjötkaupmann sem kaupir kjöt í heilum skrokkum af framleiðanda fyrir fast verð. Kaupmaðurinn selur hluta kjötsins í heilum stykkjum, hakkar hluta þess og sagar annað, reykir, saltar og býr til álegg. Hve mikið kaupmaðurinn fær endanlega fyrir kjötskrokkinn getur hann naumast vitað þar sem sala hans blandast sölu annarra vara í versluninni og það er engin tiltæk leið til að reikna það út með

hafa komið í ljós nokkrir gallar á fyrirkomulaginu á því reynsluári, sem liðið er, og er ástæða til að bæta úr því.

Um persónuafslátt þessa frv. og barnabætur, sem eru í reynd útborganlegur afsláttur, og reglur um þau er þetta helst að segja að teknu tilliti til brtt. meiri hl. n.:

Í fyrsta lagi er tilgangur afslátta og barnabóta að ná tekjujöfnunaráhrifum og meira réttlæti en hingað til. Jafnframt er sú mikla einföldun gerð að fjölskyldubætur almannatryggingakerfis eru sameinaðar skattgreiðslum. Skattafslættinum frá 1974 var ætlað að bæta að nokkru hækkun söluskattsins.

Í öðru lagi skerðist persónuafsláttur ekki við tiltekið tekjumark í frv. eins og gildandi lög kveða á um. Þessi 6% skerðing hefur eflaust orðið til að halda kostnaði vegna afsláttar niðri, en jafnframt fylgdi sá böggull skammrifi að ýmsir, sem mest þurftu á afslætti að halda, fengu engan eða lítinn afslátt vegna tekjuleysis eða lágra tekna. Í gildandi lögum eru sérákvæði um námsmenn sem felld eru niður í frv.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir stórfelldri hækkun persónuafsláttar þar sem persónufrádrætti er að fullu breytt í afslátt og hann sameinaður skattafslætti. Af þessum sökum þarf að huga vel að framkvæmdaatriðum og girða fyrir órétt-læti í meðferð afsláttarins í því skyni að tryggja réttláta og sanngjarna nýtingu eftirstöðva persónuafsláttar. Í þessu skyni eru settar tvær reglur í frv. Í fyrsta lagi er ætlast til þess að í þeim tilvikum, er sveitarstjórn hefur heimild til að beita svonefndri reglu um viðmiðunartekjur, skuli tekjur til tekjuskattsútreiknings hækkaðar með ákveðnum hætti þannig að minna gangi upp í útsvar en ella. Í öðru lagi eru reistar almennar skorður við því að þeir, sem hafa verulega lægri skattgjaldstekjur en vergar tekjur til skatts, fái að nýta eftirstöðvar persónuafsláttar til greiðslu á útsvari.

Þau atriði, sem vega þyngst á metunum við ákvörðun um að eftirstöðvar persónuafsláttar greiðist ekki út umfram útsvar, eru þessi: Hin stórfellda hækkun afsláttarins útheimtir fyllstu varfærni í útborgun. Með þeirri tilhögun barnabóta, sem frv. gerir ráð fyrir, verða þær í reynd útborganlegur afsláttur, þannig að allt barnafólk fær útborganlegan afslátt. Jafnframt jafngilda barnabæturnar stórfelldri hækkun útborganlegs afsláttar hjá þeim, sem mikla ómegð hafa, svo og hjá þeim tekjulágu vegna þess að skerðingarákvæði gildandi laga hafa í för með sér að þessi hópur fær lítinn eða engan skattafslátt, en takmörkunin nær einnig til skattafsláttar vegna barns, þ. e. 6% takmörkunin sem ég gat um áðan. Lífeyrisþegar fá ígildi útborganlegs afsláttar með hækkun tekjutryggingar.

Sérstök athugun hefur verið gerð á því hverjir það gætu verið og hve margir það væru sem töpuðu á því að eftirstöðvar persónuafsláttar yrðu ekki greiddar út. Samkvæmt því, sem ég hef sagt, getur þar einungis verið um að ræða tekjulága framteljendur úr hópi barnlausra hjóna og einhleypinga sem ekki eru lífeyrisþegar. Hið athyglisverða kemur í ljós að nær öll barnlaus hjón með minna en 550 þús. kr. bruttótekjur eru lífeyrisþegar. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa svo og fjölda atvinnurekenda og fjölda ungra hjóna án barna á þessu tekjubili er í mesta lagi um 65 barnlaus hjón að ræða sem tapað gætu á því að útborgun yrði hætt. Í hópi einhleypinga eru tekjulægstu framteljendurnir unglingar á aldrinum 16—20 ára. Fyrir utan unglinga þá, sem eru merktir sem atvinnurekendur á skýrslum, og fyrir utan lífeyrisþega eru á bruttótekjubilinu frá 0—250 þús. kr. innan við 3 000 framteljendur, en hluti þeirra eru námsmenn eldri en 20 ára. Það eru því fáir í þessum hópi sem mundu bera skarðan hlut frá borði, kannske um 2 000 framteljendur sem mundu þá sjá af óverulegum upphæðum. Það sem greitt yrði út í lokin yrði það lítið að vafasamt er hvort Alþingi getur mælt með því að almannafé verði varið til að halda uppi slíku kerfi, sérstaklega ef tekið er tillit til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið á meðferð skattafsláttar á s. l. ári. Þetta gildir einnig um till. Alþýðusambands Íslands að þessu leyti. Því má ekki heldur gleyma að sá fámenni hópur, sem nú sæi af skattafslætti, kemur til með að njóta þeirrar skattalækkunar sem nú er lögð til þegar hann kemur út á vinnumarkaðinn.

Áætlað er að útborgun til lífeyrisþega umfram útsvar samkv. reglum frv. í óbreyttu formi hefði getað numið 150—200 millj. kr. á þessu ári. Ástæðan fyrir því, að frv. gerði ráð fyrir sérmeðferð lífeyrisþega, var sú að niðurfelling útborganlegs afsláttar hefði komið hart niður á þessum hópi manna. Þeir fengu stóran hluta þess skattafsláttar sem borgaður var út 1974, ekki síst vegna þess að sveitarfélög lækkuðu yfirleitt útsvör á lífeyrisþegum eins og þau hafa heimild til. Það væri æskilegt að geta búið þannig um hnútana að ekki væri verið að tekjujafna á mörgum stöðum til sama fólksins. Till. um barnabætur í frv. er einmitt til komin í því skyni að sameina ívilnanir hins opinbera til barna á einum stað. Eðlilegast væri að fara svipað að varðandi lífeyrisþega. Kemur þá til álita að breyta tekjutryggingu í afslátt í skattkerfinu eða flytja hinn útborganlega afslátt yfir á tekjutrygginguna. Seinni kosturinn hefur orðið fyrir valinu þar sem hinn fyrri þýddi umfangsmeiri breyt. og því eðlilegt að sá kostur verði íhugaður nánar við frekari athugun á samhæfingu tryggingabóta og skattkerfis. Sameining afsláttarins og tekjutryggingarinnar skv. till. meiri hl. n. hefur jafnframt þann kost að greiðslurnar verða mánaðarlegar, en útborgun afsláttar kæmi að öðru jöfnu í einu lagi á ári hverju eftir að skattskrá hefur verið lögð fram. Að sjálfsögðu yrði svo þessi framkvæmdamáti til einföldunar og sparnaðar.

Athugað hefur verið með hvaða hætti mætti hækka tekjutryggingu og að hvaða marki á þessu ári til að ná sömu áhrifum á ráðstöfunarfé lífeyrisþega og frv. felur í sér. Áætlað er að hækka megi tekjutryggingu um u. þ. b. 18%, auk þeirra 13% sem þegar hefur verið gerð till. um í frv. til l. um láglaunabætur, en nánari till. í þessum efnum verður felld inn í það frv. eins og ég hef áður tekið fram. Bent skal á að hér er miðað við heilt ár, þannig að á þessu ári mundi hækkunin nema 36% af þessum sökum á seinni helmingi ársins.

Af þeim töflum, sem fylgja nál. meiri hl.

um heimild fyrir ríkissjóð til að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum. Ekki virðast vera nein sérstök rök fyrir hendi sem gera niðurfellingu þessarar heimildar nauðsynlega. Að sjálfsögðu verður að reikna með að íslendingar haldi áfram að kaupa togara, og núv. hæstv. ríkisstj. er fyllilega treystandi til að fara með það vald sem henni er fengið í hendur með þessari heimild.

19. brtt. fjallar um það að í nýrri gr., sem verði 35. gr., komi ákvæði þess efnis að meðan flugvallagjald af innanlandsflugi sé innheimt falli niður söluskattur af farmiðum.

20. brtt. er svo um gildistökuákvæði. Þar eru þær breyt., sem ég hef raunar áður getið um, að hin nýja regla um dráttarvexti taki gildi 1. jan. 1976 og að innheimta flugvallagjalds hefjist 1. maí í stað 1. apríl af eðlilegum ástæðum.

Ég hef nú rakið þær brtt., sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur á þskj. 478, og rökstutt þær. Rétt er að geta þess að ætlunin var að flytja við þessa umr. brtt. við 8. gr. frv. í samræmi við fyrirheit ríkisstj. til þess að greiða fyrir lausn samninga við bátasjómenn. Till. kemur væntanlega fram við 3. umr. og verður þá vonandi fullljóst hvort þeir samningar, sem nú hafa tekist, verði staðfestir. Þá vil ég einnig geta þess að unnið er að athugun á því hvort breyta megi ákvæðum 6. málsgr. C-liðar 15. gr. skattal. um hina sérstöku óbeinu fyrningu, og má vænta till. um það efni við 3. umr.

Ég vil þá gera grein fyrir því hvað ráðið hefur afstöðu meiri hl. n. til sumra þeirra erinda sem henni hafa borist. Ég sný mér þá fyrst að erindi Alþýðusamb. Íslands.

Eins og áður hefur komið fram voru það tilmæli Alþýðusambandsins að öll skattalækkunin, sem heitið var, 2 000 millj. kr., kæmi fram í lækkun beinna skatta og í samræmi við það væri í síðari till. Alþýðusambandsins lagt til að V. kafli frv. yrði felldur niður, þ. e. heimildarákvæðin um lækkun eða niðurfellingu tolla og söluskatts af einstökum matvöruflokkum. Meiri hl. n. hefur ekki treyst sér til að verða við þessum tilmælum. Ástæðurnar eru einkum tvær. Í fyrsta lagi teljum við að frv. eins og það nú er, með brtt. okkar, efni það fyrirheit að fullu sem forsrh. gaf 26. mars s. l., þ. e. að lækka skatta um allt að 2 000 millj. kr. með það fyrir augum að skattalækkun þessi gagnist best þeim sem við erfið kjör búa. Í öðru lagi verður að teljast varhugavert að lækka beina skatta meira en hér er gert ráð fyrir án þess þá jafnframt að gera viðtækari breyt. á lögum, svo sem varðandi sérsköttun hjóna o. fl.

Til þess að gera frekari grein fyrir hvers vegna frv. er nú svo úr garði gert sem það er, en ekki einhvern veginn öðruvísi, verð ég að fara nokkrum orðum almennt um lækkun beinna skatta, helstu atriði breytinganna á tekjuskattinum og fara síðan nokkrum orðum um persónuafslátt og nýtingu hans.

Sem kunnugt er hefur verið samþ. í fjárl. ársins 1975 að skattvísitalan skuli hækka um 51%. Samsvarar þetta til fulls áætlaðri tekjuaukningu að meðaltali milli áranna 1973 og 1974. Með þessari ákvörðun var leitast við að tryggja að skattbyrði hækkaði ekki milli ára. Þá er í fjárl. gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts og eru áætlaðar til þess 700 millj. kr. og til að greiða fyrir sameiningu fjölskyldubóta og skattgreiðslna.

Við tillögugerð um tilhögun skattalækkunarinnar var tekið mið af framtíðarstefnu í skattamálum, og till. urðu einnig liður í því að stuðla að samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um kaup og kjör. Eins og frv. liggur nú fyrir með brtt. meiri hl. felur það í sér lækkun beinna skatta um 1 380 millj. kr. að því er áætlað er við álagningu á þessu ári. Þeim tilgangi að skattalækkunin gagni best tekjulágum og fólki með miðlungstekjur er náð með því að breyta persónufrádrætti gildandi laga í persónuafslátt, með því að sameina ívilnanir ríkisins til barna í barnabætur sem eru gerðar óháðar tekjum, með breytingu heimilisfrádráttar einstæðra foreldra í afslátt og með því að gera ráð fyrir að lækkunarheimildir skv. 52. gr. geti komið tekjulágum að betra haldi en hingað til. Einnig eru í frv. önnur nýmæli, eins og skattaleg meðferð fólks sem býr saman í óvígðri sambúð, ákvæði sem koma í veg fyrir að persónuafsláttur nýtist með óeðlilegum hætti o. fl.

Í 10. gr. frv., sem verður 9. gr. skv. till. meiri hl, er að finna uppistöðu þeirra brtt. sem gerðar eru til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga og til tekjujöfnunar. Samkvæmt till. meiri hl. n. er gert ráð fyrir að ákvæði frv. um upphæðir persónuafsláttar og barnabóta svo og um skattstiga og skatthlutföll standi óbeytt. Varðandi meðferð persónuafsláttar er lagt til að eftirstöðvar hans gangi í fyrsta lagi ekki til greiðslu eignarskatts eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur einvörðungu útsvars á gjaldárinu, og í öðru lagi að þær eftirstöðvar, sem þá kunna að verða, greiðist ekki út, heldur falli niður. Í frv. er einnig miðað við þá meginreglu að eftirstöðvar greiðist ekki út, en undantekning er þar gerð um lífeyrisþega að ákveðnu marki. Meiri hl. n. leggur jafnframt til að þessi útgreiðsla verði sameinuð tekjutryggingu almannatrygginga og mun till. í þessu efni verða gerð við meðferð frv. til l. um láglaunabætur sem nú liggur fyrir Ed.

Þar sem frv. og till. meiri hl. n. fela í sér veigamiklar breyt. frá gildandi lögum varðandi meðferð persónuafsláttar er rétt að gera þeim till. nokkru nánari skil.

Hugtakið skattafsláttur var fyrst lögleitt við skattkerfisbreytinguna 1974. Skattafsláttur var þá 11 þús. kr. fyrir einstakling, 18 500 kr. fyrir hjón, 3 300 fyrir hvert barn, 6 500 aukalega fyrir einstætt foreldri og 600 kr. að auki fyrir hvert barn þess. Skattafsláttur þessi takmarkaðist við 6% af tekjum. Nýtist skattafsláttur ekki til greiðslu á tekjuskatti skal honum ráðstafað með ákveðnum hætti og greiðast út til viðkomandi framteljanda ef svo ber undir. Ráðh. skyldi með sérstakri reglugerð ákveða meðferð skattafsláttar þar sem m. a. skyldi tryggt eftir föngum að vissir aðilar nytu ekki skattafsláttar.

Hugmyndin um skattafslátt var að mörgu leyti gagnmerk, en hana ber að með nokkuð öðrum hætti en við hefði mátt búast. Skattafsláttur kom nokkuð á ská á skattkerfið og varð nokkurs konar viðhengi sem laut eigin lögmálum. Einnig

og þykir rétt að miða hana við upphæð barnalífeyris skv. almannatryggingum. Þá er enn breyt. við 52. gr. Það er síðasta breyt. við II. kafla. Þar er skotið inn orðunum „m. a.“ Með l. nr. 60/1973 voru ákvæði fyrri laga og reglugerðar í reynd þrengd þar sem inn kom tvímælalaus upptalning. Rétt þykir að leggja til að meira svigrúm verði í þessu, sbr. t. d. ákvæði c-liðar í A-lið 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963.

Við III. kafla eru brtt., sem fluttar eru að beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga. Þær varða undanþáguákvæði frá álagi á fasteignaskatt, svonefnt fólksfækkunarframlag og dráttarvexti.

6. brtt. er þess efnis að í gr. er fjallað um heimild sveitarstjórna í sveitarfélagi, þar sem bæði er dreifbýli og þéttbýli, þ. e. a. s. sveit, kauptún eða kaupstaður, til að undanþiggja fasteignir í dreifbýli sveitarfélagsins álagi á fasteignaskatt, enda þótt fasteignaskattur í þéttbýlishluta sveitarfélagsins sé innheimtur með álagi, en slíka heimild skortir nú í lögum. Alkunna er að útgjöld sveitarfélaga eru meiri vegna þéttbýlis en dreifbýlis, svo sem vegna gatna- og holræsagerðar, gatnahreinsunar, sorphreinsunar o. fl. Í sveitarfélögum, sem hafa innan marka sinna bæði dreifbýli og þéttbýli, hafa sveitarstjórnir sumar hverjar ekki treyst sér til að innheimta fasteignaskatt með álagi, enda þótt þær hefðu fulla þörf fyrir meiri tekjur þar sem þeim hefur þótt það ranglátt gagnvart eigendum fasteigna í dreifbýli sem litillar eða engrar þjónustu hafa notið af hálfu sveitarfélagsins. Það virðist því vera eðlilegt að slík heimild sem í þessari gr. felst verði lögtekin.

7. brtt. felur í sér að felld er niður skylda einstakra sveitarfélaga til að gera kröfur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga innan tiltekins tíma um sérstakt aukaframlag vegna fólksfækkunar í sveitarfélaginu næstliðið ár. Í ljós hefur komið að miklu vafningaminna er að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiði hlutaðeigandi sveitarfélagi fólksfækkunarframlagið þegar fyrir liggja upplýsingar sem ákvörðun framlagsins byggist á. Er það því samdóma álit rn. og sveitarfélaga að gildandi ákvæðum ætti að breyta á þann hátt sem hér er lagt til.

8. brtt. er svo við 14. gr. frv. Hún á við það að útsvar skuli lækka um tiltekna upphæð, þ. e. 10 500 kr., hjá fólki í óvígðri sambúð eins og hjá hjónum og einstæðum foreldrum. Aðrar efnisbreyt. eru ekki í þessari brtt. D-liðurinn hefur áður verið skýrður, þar sem hann er hliðstæður 3. brtt., e-lið.

9. brtt. Með l. nr. 60/1973 var ákvæðum 52. gr. skattal. breytt á þann veg að tölul. hennar urðu 7 í stað 4. Þrátt fyrir þetta var c-lið 27. gr. l. nr. 8/1972 ekki breytt. Með þessari brtt. er samræmi milli 52. gr. skattal. og tilvitnana í þessum staflið 27. gr. tekjustofnalaga.

10. brtt varðar breyt. á dráttarvöxtum sem ég hef áður skýrt.

11. brtt. er um bráðabirgðaákvæði. Það er í fyrsta lagi a-liður, um dráttarvextina, sem kveður svo á að reglan, sem ég gat um áðan, taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1976, en sú regla, sem getið er um í a-lið bráðabirgðaákvæðanna, verði í gildi til áramóta. — B-liðurinn er svo hljóðandi: „þar til nýtt fasteignamat hefur tekið gildi er ráðh. heimilt að ákveða fyrir 15. nóv. ár hvert að gjöld næsta árs, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati, megi breytast í hlutfalli við þá breyt. á byggingarvísitölu sem orðið hefur frá 1. nóv. árið áður til 1. nóv. ákvörðunarársins.“ Þessi regla horfir mjög til einföldunar.

Þá er það 12. brtt. Þá erum við komin að V. kafla frv. Það er lagt til að V. kafli frv. breytist á þá leið að niður falli heimild til að lækka tolla á vörum sem falla undir XV. kafla tollskrárlaga. Vörur þessar eru ekki mikilvægar neysluvörur og eru einkum notaðar til iðnaðar. Þetta er í samræmi við beiðni Vitrols hf., Félags ísl. iðnrekenda og Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Hins vegar er lagt til að í stað heimildar til að lækka eða fella niður tolla af þeim ávöxtum, sem í gr. eru taldir, skuli ákveðið með lögum að tollarnir skuli felldir niður. Hér er um mikilvægan þátt í matarútgjöldum hverrar fjölskyldu að ræða. Tollar af þessum vörum eru taldir nema um 83 millj. kr. Það er rétt að taka fram að ávextir eru háðir verðlagsákvæðum.

13. brtt. er við VI. kafla, um flugvallagjald. Þar er í fyrsta lagi fellt niður tímamarkið 3 sólarhringar, en í stað þess komi að undanþegnir gjaldskyldu séu þeir sem viðkomu hafa á Íslandi skv. farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku o. s. frv.

Þá er sú brtt. þarna gerð að flugvallagjald verði einnig innheimt vegna farþega sem ferðast innanlands, þar á móti komi niðurfelling söluskatts af fólksflutningum með flugvélum innanlands. Þetta hefur ekki í för með sér tekjubreytingu fyrir ríkissjóð. Það er áætlað að tekjur af flugvallagjaldi af innanlandsflugi muni á tímabilinu 1. maí til 31. des. 1975 nema 62 millj. kr., en tekjur af söluskatti sama tímabil af innanlandsflugi 61.5 millj.

14. brtt. er við 21. gr. Þar er gert ráð fyrir helmingi lægra gjaldi þegar ferðast er milli flugvalla úti á landsbyggðinni, en þegar ferðast er að eða frá Reykjavíkur- eða Keflavíkurflugvelli. Til þess er þá litið að þjónusta á öðrum flugvöllum við flugfarþega er víða mun lakari en á þessum stærstu flugvöllum landsins, auk þess sem um er að ræða stuttar vegalengdir milli flugvalla innan sama landshluta. Með flugvallagjaldi í innanlandsflugi er stefnt að því að koma í veg fyrir að skattlagður sé sá aðstöðumunur sem af því leiðir að íbúar landsbyggðarinnar þurfi að sækja þjónustu til Reykjavíkur mismunandi langan veg. Þessi breyt. gengur mjög í sömu átt og frv. það sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson flutti í hv. Ed. fyrr á þessu þingi, en hefur ekki verið afgr.

15. og 16. brtt. eru þess efnis að orðin „frá Íslandi“ falli brott og það er vegna þess að flugvallagjald í innanlandsflugi er einnig tekið upp.

17. brtt. er við VII. kaflann og efnislega samhljóða breyt. á 3. málsgr. D-liðar 10. gr.

Við VIII. kaflann eru ekki brtt., en gerð verður grein fyrir fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna við 3. umr. frv.

18. brtt. er við IX. kafla og er þess efnis, að 32. gr. frv. falli brott, en gr. fjallar um það að úr gildi yrðu felld lög nr. 28 frá 12. maí 1972,

frádrátt vegna ferðakostnaðar skattþegns til og frá vinnu. Í C-lið 12. gr. gildandi skattal. segir að nánari ákvæði um þessi efni skuli sett í reglugerð. Slík reglugerðarákvæði hafa ekki verið sett, en eðlilegt verður að teljast að þessi ákvæði, sem í eðli sínu eru verklagsreglur, verði í reglugerð fremur en lögum.

2. brtt. fjallar um 9. gr. frv. Henni er breytt þannig, 9. gr., að skattaleg meðferð á meðlagi vegna barns, sem er á 17. aldursári, verði eins og gildir um meðlög vegna yngri barna, enda lýkur meðlagsskyldu foreldra ekki fyrr en barn er fullra 17 ára. Meðlagsgreiðsla til einstæðs foreldris telst ekki til tekna hjá því skv. þessari brtt. Einstæðir foreldrar verða að þessu leyti betur settir en aðrir skattþegnar er við meðlagsgreiðslum taka, en meðlagsgreiðslur þeirra, þ. e. a. s. þessara annarra, teljast að hálfu til tekna. Meðlag hefur til þessa ekki verið talið til tekna hjá einstæðu foreldri, en þess í stað hefur það einungis fengið hálfan hluta persónufrádráttar til tekjuskatts og hálfan hluta persónulækkunar til útsvars og hefur það því til tekjuskatts samsvarað skattlagningu hálfs meðlagsins. Með brtt. er komið verulega til móts við óskir Félags einstæðra foreldra á þann veg að meðlag móttekið af einstæðu foreldri teljist ekki til tekna hjá því, hvorki til tekjuskatts né útsvars. Auk þess gerir frv. ráð fyrir því að einstætt foreldri njóti sama persónuafsláttar og hjón en verði skattlagt skv. stiga einstaklinga.

Þriðja brtt. er við 10. gr. A-liður brtt. er við 3. tl. 1. málsgr. B-liðar. Brtt. er aðeins sú, að í stað orðanna „börn sín“ komi barn sitt. Breyt. veit aðeins að betra og réttara orðalagi.

2. málsgr. B-liðar breytist þannig að felld eru niður ákvæði þess efnis að skuldajafna megi eignarskatt gegn persónuafslætti. Nýting persónuafsláttar er fyrst og fremst ætluð til hjálpar tekjulágu fólki til þess að standa undir greiðslu útsvara. Sé þetta fólk það efnum búið að til eignarskattsgreiðslu komi þykir mega ætla að það hafi greiðslugetu til greiðslu eignarskatts án aðstoðar ríkissjóðs. Með þessari breyt. fellur og niður útborgun til lífeyrisþega, en tekjutrygging mun verða hækkuð um þá upphæð sem ella hefði komið til útborgunar. Lögum um það efni verður því breytt og jafnframt þarf að breyta skerðingarákvæðunum vegna þessa.

Í c-lið 3. brtt. er miðað við vergar tekjur til skatts í stað útsvarsskyldra tekna. Jafnframt eru frádrættir hækkaðir til að mæta mun vergra tekna til skatts og útsvarsskyldra tekna. Þessi breyt. er gerð vegna verulegrar vinnu sem ella yrði lögð á skattstofurnar. Hér er í reynd um sömu fjárhæð að ræða, þ. e. mismun samtalstekna skv. 3. tl. skattframtals og frádráttar skv. 4. tl. skattframtals. Einu frávikin þar á milli, sem eitthvað kveður að, eru útsvarsfrelsi eigin húsaleigu. Til þess að jafna þau met er lagt til að mismunarfjárhæðin hækki um 50 000 kr. hjá einstaklingi og 75 000 kr. hjá hjónum. Þessi tilhögun ætti að spara mikla skriffinnsku og vinnuálag hjá skattstofunum.

Þá er það d-liður 3. brtt. Í fyrstu tveim málsl. 5. gr. B-liðar 10. gr. frv. var stigið spor í þá átt að leiðrétta það óréttlæti sem átt hefur sér stað á skattlagningu kvenna og karla sem búið hafa saman í óvígðri sambúð. Hafi annar hvor sambúðaraðilinn annast heimilishald og því verið án tekna hefur öll skattbyrðin af öflun tekna til heimilisins lent á herðum tekjuaflandi aðilans í sambúðinni án tillits til framfærslubyrðar hans vegna hins sambúðaraðilans og eingöngu notið hálfs hluta persónufrádráttar og skattafsláttar fyrir börn sem sambúðaraðilar hafa átt saman. Eigi er talið að gengið sé nægjanlega langt í sanngirnisátt með ákvæðum frv. og því lagt til að sambúðarfólk megi að eigin ósk fá sameiginlega skattlagningu. Í reynd þýðir þetta sömu meðferð þessara aðila og hjóna sem búa saman í vígðri sambúð, að undanteknu því að þessir aðilar njóta ekki ákvæðanna um frádrátt frá tekjum eiginkonu. Jafnframt eru í síðari hluta þessa stafliðar sett ákvæði sem girða fyrir það að hafi sambúðarfólk stofnað heimili og eigi saman barn geti þau talist einstætt foreldri og notið réttinda sem slík þótt þau framfæri á heimilinu barn sem þau hafa ekki átt saman.

Þá er það e-liður. Við þá breyt., sem gerð er á gildandi lögum með till. í frv. um persónuafslátt til tekjuskatts, barnabætur svo og persónulækkun til útsvars, þykir tímabært að setja inn ákveðna reglu um meðferð þessa hjá þeim aðilum sem til landsins flytja og taka upp heimilisfestu hér á landi á skattárinu. Þessi ákvæði eru hliðstæð við ákvæði 1. nr. 22/1956 um þá Íslendinga sem flytja af landi brott á gjaldárinu. Þetta á við e- og g-liðinn og reyndar b-liðinn líka.

F-liðurinn: Í frv. er ákvæði þess efnis að búi foreldrar barns saman ógift teljist faðir barnsins framfærandi þess. Með hliðsjón af því ákvæði, sem sett var inn í síðari málsgr. D-liðar í brtt. við 10. gr., þykir rétt að kveða svo á að sami aðili teljist framfærandi annarra barna en þeirra sem foreldrarnir eiga saman, enda verður að ætla að þessi börn séu á framfæri hans á heimilinu.

Í h-liðnum er eingöngu leiðrétting á orði til samræmis, þ. e. sett inn orðið „tekjuskattur“ í staðinn fyrir „skattgjald“.

4. brtt. er við 11. gr. Þar bætist við ný málsgr. Það er breytt reglum um dráttarvexti af vangreiddum tekjuskatti til samræmis við dráttarvexti innlánsstofnana. Samsvarandi ákvæði eru tekin upp í III. kafla frv. að því er varðar vangreidd útsvör. Þessi ákvæði taki hins vegar ekki gildi fyrr en 1. jan. 1976.

5. brtt. er við 12. gr., þar komi ný málsgr. Þar er breytt ákvæðum 52. gr. skattal. Skv. gildandi lögum er skattstjóra heimilt að lækka tekjuskatt. Við þá breyt., sem gerð er með frv. þessu um persónuafslátt í stað persónufrádráttar, þykir rétt að breyta upphafi 52. gr. á þann veg að skattstjóra sé heimilt að lækka skattgjaldstekjur. Með þessari breyt. er ívilnun orðin víðtækari en áður, þ. e. tekjulágir aðilar njóti hennar með frekari þátttöku í útsvarsgreiðslu þeirra þegar svo stendur á, en áður nutu þessara ívilnana eingöngu þeir aðilar sem höfðu það háar tekjur að þeir báru tekjuskatt. Í 2. málsl. 2. tl. 1. málsgr. 52. gr. gildandi l. er tilvísun til barnafrádráttar, þ. e. persónufrádráttar skv. 16. gr. gildandi laga. Lagt er til í frv. þessu, sbr. 10. gr., að persónufrádráttur 16. gr. gildandi laga falli niður sem slíkur. Hér þarf því að setja inn nýja viðmiðun

verið samþ. af menntmrn. skv. nánari ákvæðum í reglugerð. Mér er vel ljóst að um þetta ákvæði, eins og raunar fleiri í frv., kunni að verða skiptar skoðanir, en ég lít svo á að tilvist og rekstur almenningsbókasafna í nútíma þjóðfélagi sé í raun og veru engu þýðingarminni heldur en rekstur sjálfra skólanna og þess vegna sé eðlilegt og tímabært að taka hér af skarið með slíku lagaákvæði. Síðan verður það að sjálfsögðu fjárveitingavaldið sem afmarkar hraðann við þessa uppbyggingu — við uppbyggingu bókasafnshúsanna alveg sérstaklega — við afgreiðslu fjárl. hverju sinni.

Frv. gerir ráð fyrir að sérstakur bókafulltrúi, sem starfi í menntmrn., fari með málefni almenningsbókasafna eins og áður, en auk þess er gert ráð fyrir því að til komi ákveðin ráðgjöf um málefni safnanna frá sveitarfélögum og frá Bókavarðafélagi Íslands sem er að hluta til a. m. k. samtök sérfróðra manna um málefni bókasafna. Má geta þess hér að ákvæði um hliðstæðar samstarfsnefndir hafa verið tekin inn í fleiri lög, svo sem grunnskólalögin og lög um menntaskóla.

Frv. gerir ráð fyrir því að ríkissjóður standi einn undir greiðslum til rithöfunda vegna afnota af bókum þeirra í almenningsbókasöfnum. Þetta gæti talist eins og viðbótarframlag til safnanna. Eðlilegt þykir að ákvæði um stjórn Rithöfundasjóðs Íslands, úthlutun úr honum og starfshætti sjóðsstjórnar, sé reglugerðaratriði, enda er hér um að ræða samningamál á milli ríkisvalds og rithöfundasamtaka eins og kunnugt er.

Ég vil að lokum árétta að þetta frv. er mjög fáort. Hér er ekki um að ræða ítarlega útfærslu í einstökum smáatriðum á tilvist og rekstri almenningsbókasafna. Frv. gerir ráð fyrir því, sem teljast verður að ég hygg öllu eðlilegra, að öll slík nánari fyrirmæli séu sett með reglugerð.

Eins og ég gat um í byrjun á þetta mál sér alllanga sögu. Nú er allmjög liðið á þingtímann, en ég vil þó vænta þess að sú hv. þn., sem fær þetta mál til meðferðar, sjái sér fært að taka það til nokkurrar skoðunar. Sú athugun gæti greitt fyrir afgreiðslu málsins þegar þing kemur saman næsta haust. Ég hlýt að leggja ríka áherslu á að frv. verði afgr. á þessu ári þannig að unnt reynist að haga fjárveitingum til almenningsbókasafna á fjárl. fyrir árið 1976 með tilliti til nýrrar löggjafar, hver svo sem verður eða yrði niðurstaða Alþ. um t. d. upphæðir eða önnur einstök atriði þessa frv. Það verður auðvitað að koma í ljós. En ég legg mjög mikla áherslu á að málið í heild verði afgr. á þessu ári.

Virðulegi forseti. Ég hef þessa framsögu ekki lengri, en leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Umr. frestað.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 396, n. 476 og 477, 441, 475, 478). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Frv. það um ráðstafanir í efnahagsmálum, fjármálum o. fl., sem hér er nú til 2. umr., hefur verið til meðferðar hjá fjh.- og viðskn. um alllangan tíma. Mælt var fyrir frv. í hv. Nd. 21. mars s. l. og 24. mars var fyrsti fundur n. haldinn. N. hefur haldið allmarga fundi um þetta mál og hafa þeir allir verið sameiginlegir með fjh.- og viðskn. Ed.

Nefndirnar hafa á þessu tímabili haft samband við fjölmarga aðila sem veitt hafa upplýsingar. Nefni ég þar fulltrúa úr n. þeirri, er samdi frv., einkum þá Guðmund Magnússon prófessor og Þorstein Geirsson deildarstjóra í fjmrn., ráðuneytisstjórann í fjmrn., ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, hagsýslustjóra, seðlabankastjóra o. fl. Til fundar við n. hafa og komið með erindi sín fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Verslunarráðs Íslands. Samninganefnd Alþýðusambands Íslands sendi n. bréf, dags. 1. apríl s. l., þar sem mælst var til að því fjármagni, sem nýting V. kafla frv. mundi kosta ríkissjóð, yrði varið í sérstakan eða aukinn skattafslátt sem kæmi til útborgunar með sama hætti og barnabætur að vissum skilyrðum fullnægðum. Forseti Alþýðusambandsins kom á fund n. ásamt tveimur fulltrúum samninganefndar þann 7. apríl og gerðu þeir nm. frekari grein fyrir tilmælum sínum. Félag einstæðra foreldra sendi þm. till. til breyt. á frv. ásamt grg. og form. félagsins gerði form. fjh.- og viðskn. beggja d. frekari grein fyrir þeim till. Stjórn Stéttarsambands bænda sendi n. ályktun þess efnis að söluskattur verði felldur niður á kjöti og kjötvörum. Flugleiðir hf. sendu aths. vegna flugvallagjalds og hækkaðra lendingargjalda. Þeim aths. fylgdi skýrsla til stjórnar Flugleiða hf. um þessi atriði. Umsögn um flugvallagjald barst einnig frá Ferðamálaráði sem leggst gegn álagningu gjaldsins. Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Vitról hf. og Félag ísl. iðnrekenda gerðu aths. við ákvæði V. kafla frv. að því er varðaði XV. kafla tollskrárlaga, en lagt er til með brtt. að þau ákvæði verði felld úr frv. Samband ísl. sveitarfélaga óskaði eftir að nokkrar brtt. yrðu teknar inn í III. kafla frv. og hefur að nokkru verið tekið tillit til þeirra óska.

Auk þess sem þessi erindi hafa að nokkru verið rædd á fundum n. hafa formenn n. beggja d. átt fjölmarga fundi með starfshópi þeim sem unnið hefur að athugun á skattalögum og tryggingabótum undanfarna mánuði. Hafa þessi erindi verið rædd ítarlega á þeim fundum svo og frv. sjálft, útreikningar á áhrifum þess verið yfirfarnir og gerðar ýmsar fleiri kannanir. Á grundvelli þessara athugana hafa mótast allmargar brtt., sem hafa verið kynntar n. beggja þd. á sameiginlegum fundum nú síðustu daga. Einnig hafa þær verið kynntar fulltrúum Alþýðusambands Íslands og Verslunarráðs Íslands.

Nm. urðu ekki sammála um afgreiðslu þessara till. Meiri hl. n., fulltrúar stjórnarfl., leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem hann flytur á sérstöku þskj, en minni hl. skilar séráliti og öðrum brtt.

Ég mun nú gera grein fyrir þeim brtt. sem meiri hl. n. flytur á þskj. 478.

Við II. kafla frv. eru allmargar brtt.

1. brtt. er þess efnis að lagt er til að 6. gr. frv. falli niður. Gr. fjallar um hvernig fara skuli um

miðar að því að sett verði um almenningsbókasöfn rammalöggjöf, en um framkvæmdaatriði í fjölmörgu verði nánar kveðið á í reglugerð.

Í 1. gr. þessa frv. segir svo:

„Almenningsbókasöfn skulu starfa í öllum byggðum landsins til sjávar og sveita. Almenningsbókasöfn eru mennta-, upplýsinga- og tómstundastofnanir fyrir almenning. Þau skulu gefa fólki sem bestan kost á að lesa og færa sér í nyt bækur og veita afnot af nýsigögnum, svo sem hljómplötum, segulböndum og öðrum miðlunargögnum til fræðslu og dægradvalar."

Hér er reynt í örstuttu máli að gera grein fyrir megintilgangi frv. og um leið starfsemi almenningsbókasafna í landinu. Það er mál manna, hygg ég að sé óhætt að segja, að almenningsbókasöfn hafi sífellt þýðingarmeira hlutverki að gegna í þjóðfélaginu þrátt fyrir allt. Góð bókasöfn eru t. d. engu þýðingarminni í þéttbýli en í strjálbýli, nema síður sé, og þéttbýlið auðveldar raunar stöðu og sameiginleg not alls almennings af slíkum söfnum. Bókasöfnin hljóta nú ekki síður en áður að koma til hjálpar þar sem geta almennings til bókakaupa þrýtur og tryggja að unnt sé að fullnægja lestrarþörf og lestrarþrá ungra og gamalla. Söfnin hljóta að verða í ríkari mæli upplýsingamiðstöðvar fólks í leit að margvíslegum fróðleik og tómstundaverkefni.

Í 1.—6. gr. frv. þessa er í mjög stuttu máli mælt fyrir um það hvernig skipa skuli bókasafnsumdæmum og starfsemi safnanna almennt. Þessar gr. gera ekki ráð fyrir neinum stórbreytingum frá því kerfi sem nú er í gildi. Þvert á móti eru almenningsbókasöfnin flokkuð í samræmi við gildandi lög. Ráðandi stefna á undanförnum árum hefur verið sú að efla héraðsbókasöfnin svo að þau verði fær um að annast bókasafnsþjónustu í dreifbýli í vaxandi mæli. Þessi starfsemi hefur reynst heilladrjúg þar sem söfn eru einhvers megnug á annað borð, og er talið eðlilegt að flýta þessari þróun. Nokkur héraðsbókasöfn hafa þegar reynst þessu hlutverki vaxin, en það byggist þá á alveg sérstökum skilningi og fyrirgreiðslu heima í héraði.

Eins og ég hef þegar tekið fram hafa fjárframlög ríkisins til safnmálanna verið mjög lítil á undanförnum árum.

Í grunnskólalögunum eru sérstök ákvæði um skólabókasöfn og ýmsir skólar hafa þegar eignast allmyndarleg bókasöfn. Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að skólabókasöfn og almenningsbókasöfn geti haft sameiginlegan rekstur ef forráðamenn beggja telja slíkt æskilegt og menntmrn. samþ. það.

Í sem allra stystu máli sagt gerir þetta frv. ráð fyrir því að í öllum byggðum landsins skuli starfa bókasöfn og einnig í öllum sjúkrahúsum, hælum, vistheimilum og fangahúsum. Á öðrum stöðum eru ákvæði um bókasöfn í skólum, eins og ég hef þegar vikið að. En það er einkenni á þessu frv. að ákvæði um rekstur safnanna eru mjög fáorð og rúm og gert er ráð fyrir að nánar verði kveðið á um fjölmörg atriði í reglugerð, og þá verður að sjálfsögðu höfð hliðsjón af því hvað hagkvæmast telst í hverju einstöku tilviki á hverjum stað og tíma.

Í frv. er gert ráð fyrir því að almenningsbókasöfnin séu rekin af sveitarfélögunum og að sveitarstjórnirnar kjósi bókasafnsstjórnir, en þó er heimilt að gömlu lestarfélögin, sem allvíða starfa sem sjálfstæð félög, starfi áfram á svipuðum grundvelli og verið hefur og þá í samráði við hreppsnefndirnar. Hinum mörgu litlu og sjálfstæðu lestrarfélögum hefur nú fækkað smátt og smátt. Það má búast við því að sú þróun haldi áfram. Ákvæði frv. um þetta efni eru sett með það fyrir augum að eðlileg þróun geti átt sér stað að þessu leyti þegar tímar líða fram.

Í 8. gr. frv. er svo að finna ákvæði um lágmarksfjárframlög sveitarfélaga til almenningsbókasafna, og í 9. gr. er kveðið á um hluta ríkissjóðs, en hann skal vera þriðjungur af lögboðnum rekstrarfjárframlögum sveitarfélaganna eins og þau eru tiltekin í 8. gr. og skv. skýrslum og manntali frá síðasta ári á undan.

Það er gert ráð fyrir því að lítilli fjárhæð af ríkisframlagi megi árlega verja til verkefna í þágu allra bókasafna landsins í heild skv. ákvörðun rn. hverju sinni. Þetta ákvæði er sett inn í frv. í samræmi við reynslu undanfarinna ára. Stofnkostnaður skráningarmiðstöðvar bókasafna, sem nú er tekin til starfa og er þjónustustofnun fyrir öll bókasöfn í landinu, var þannig fenginn með sérstöku leyfi Alþ. og rn. Sama máli gegnir raunar um þau námskeið fyrir starfandi bókaverði, sem haldin hafa verið, og nokkra útgáfustarfsemi í þágu safnanna. Þetta yrði lítill spónn úr aski hvers einstaks safns, en það safnaðist nokkuð til heildarátaka fyrir söfnin öll þegar saman kæmi.

Það er reynt að hafa útreikninga á framlögum til rekstrar safnanna einfalda og glögga og auðvelda í framkvæmd. Sveitarfélögin skulu greiða framlög miðað við íbúafjölda, eins og segir í frv. og ég eyði ekki tíma í að rekja hér. Þetta eru lágmarksfjárframlög sveitarfélaga og um leið ríkissjóðs, og um það eru ákvæði í 8. gr. að þau skuli endurskoða árlega og færa til samræmis við verðlag í landinu skv. útreikningum Hagstofu Íslands. Að sjálfsögðu geta orðið skiptar skoðanir um ákvæði eins og þetta, bæði hversu há framlögin skuli vera og einnig um hitt hvort setja beri í lög ákvæði um árlegan framreikning eða endurskoðun þessara framlaga. En með vísun til þeirrar bitru reynslu undanfarinna ára af þróun þessara mála eru nú í þessu frv. gerðar till. um slíkan framreikning. Þar sem í frv. er um mjög miklar breyt. að ræða í hækkunarátt þótti rétt að kveða svo á að ákvæðin um fjárframlög kæmu til framkvæmda á þremur árum frá gildistöku l., smátt og smátt. Ætti það þá að vera viðráðanlegra fyrir alla sem hér eiga hlut að máli. Það verður að telja að mestu máli skipti að hið bráðasta sé mörkuð ákveðin stefna um stöðu og raunar framtíðargrundvöll íslenskra almenningsbókasafna. Það er meginatriðið, en ekki hitt hversu hratt verður brugðist við um hækkun framlaga.

Í frv. er gert ráð fyrir því að sveitarfélög reki söfnin, eins og áður segir, og einnig að sveitarfélög reisi bókhlöður og búi þær nauðsynlegum húsbúnaði og tækjum. Heimilt er að kaupa eða leigja húsnæði fyrir söfnin. Það er gert ráð fyrir því að ríkissjóður greiði helming byggingarkostnaðar bókhlöðu eftir því sem fé er veitt til á fjárl., enda hafi þá áætlanir og teikningar

hljóðritunum hafa verið beitt við borgardómaraembættið í Reykjavík í tilraunaskyni án þess að bein heimild hafi verið til þess í lagareglum.

Við umr. á síðustu árum um leiðir til þess að flýta meðferð mála fyrir dómstólum, ekki síst meðferð einkamála hefur komið fram að ýmsir dómarar í einkamálum hafa talið verulegan flýtisauka að því að beita hljóðritunartækni við meðferð þessara mála. Er einsýnt, að nauðsynlegt er að um það efni séu þá skýrar heimildir og ákvæði um að setja megi hæfilegar reglur um skipulega framkvæmd hljóðritunar og vörslu á hljóðritunargögnum.

Ákvæði þau, sem réttarfarsnefnd leggur til að lögfest verði, fela í sér heimild fyrir dómsmrh. til að ákveða að upp verði tekin slík hljóðritun við héraðsdómaraembætti. Þess má geta að í lögum um meðferð opinberra mála er almennt ákvæði um að sá kafli laga um meðferð einkamála í héraði, sem lagt er til í þessu frv. að breytt verði, gildi einnig um meðferð opinberra mála. Geta því reglur, sem settar eru samkv. þessum lögum, einnig komið að notum við meðferð opinberra mála eftir því sem við á um framkvæmd og vörslu hljóðritunar.

Ég leyfi mér að öðru leyti að vísa til grg. frv. Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Ed. og verið samþ. þar eftir ítarlega athugun og aðeins með nokkurri breyt. á 3. gr. frv. Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn. og vænti ég að hún geti með tilliti til þeirrar ítarlegu skoðunar, sem fram hefur farið á frv. í hv. Ed., hraðað meðferð þess eftir því sem kostur er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 28). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er sama að segja um þetta mál eins og hið fyrra, sem ég mælti fyrir áðan, að það hefur verið til meðferðar hjá hv. Ed. og verið samþ. þar athugasemdalaust við þrjár umr. Það er um breyt. á l. um meðferð einkamála í héraði. Enn fremur er frv., sem fylgir því, um breyt. á l. um vátryggingarsamninga, nr. 20/1954, og er á dagskránni næst á eftir. Þessi frv. varða heimild til að úrskurða bráðabirgðafjárgreiðslu upp í slysabætur jafnhliða dómi um skaðabótaskyldu vegna slysa þegar veitt er heimild réttarfarslaga til að skipta sakarefni þannig að dæmt er um skaðabótaskylduna sér í lagi. Bending í þessa átt var gefin í þál. 8. febr. 1972 um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa.

Dómsmrn. aflaði sér ýmissa grg. og umsagna vegna þál. og óskaði að öðru leyti almennrar athugunar á möguleikum til að hraða meðferð skaðabótamála vegna slysa. Ég vísa til aths. með lagafrv. um þær grg., en taldi ekki ástæðu til þess að prenta þær með þessu litla frv. þar sem þær varða ýmis atriði og að nokkru leyti mjög almenn atriði um að hraða meðferð dómsmála og mörg þau atriði yru áfram til athugunar, ekki síst í störfum réttarfarsnefndar að almennri endurskoðun á réttarfarslöggjöf og dómaskipun. Ég mun hins vegar að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að senda þeirri n., sem málið fær til athugunar, grg. til skoðunar.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að máli þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Vátryggingarsamningar, frv. (þskj. 56). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þótt einkennilegt sé, þá legg ég þetta frv. fram þó að vátryggingarsamningar heyri að sjálfsögðu undir verksvið annars ráðh. En ástæðan til þess er sú að þetta frv. er alveg nauðsynlegur fylgifiskur með því frv. sem ég var að mæla fyrir áðan. Til samræmis við þá breytingu, sem það frv. gerir ráð fyrir, er nauðsynlegt að gera þá breyt. á lögum um vátryggingarsamninga sem í þessu lagafrv. greinir, svo að vátryggingarsali verði samkv. þeim lögum bundinn með sama hætti og tjónvaldur.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta litla frv., en leyfi mér að óska eftir að því verði vísað til 2. umr., svo og til hv. allshn. eins og síðasta frv., og verði látið fylgja því í meðferð þess.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Almenningsbókasöfn, frv. (þskj. 417). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um almenningsbókasöfn, en það er stjórnarfrv. Þetta frv. á sér alllanga sögu að baki. Ég mun ekki rekja hana hér að þessu sinni.

Ég hygg að allir séu sammála um hvort tveggja, almenna þörf fyrir vönduð og vel uppbyggð bókasöfn og svo hitt að fjárframlög ríkisins til bókasafnanna séu og hafi verið um alllangt árabil óeðlilega lág.

Löggjöf sú um almenningsbókasöfn, sem nú er í gildi, er frá árinu 1963. Ákvæði þeirra laga um fjárhagslegan stuðning hins opinbera við almenningsbókasöfn eru fyrir löngu úrelt orðin, enda í engu samræmi við þróun verðlagsmála á þessu tímabili.

Samkv. athugun Fjárlaga- og hagsýslustofnunar hefur þetta frv. í för með sér 72 millj. kr. útgjaldaauka fyrir ríkissjóð, en framlög til allra almenningsbókasafna á landinu eru í fjárlögum 1975 aðeins tæplega 10 millj. kr. Hér er því, ef frv. þetta verður að lögum óbreytt, að þessu leyti um gagngera stefnubreytingu að ræða. En þessi ákvæði ræði ég aðeins nánar síðar. Þetta frv.

Sameinað þing, 66. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, kl. 2.05 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 21. apríl 1975.

Formaður þingflokks Alþb., Ragnar Arnalds, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Stefáns Jónssonar, 5. þm. Norðurl. e., sem farinn er til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess, að 1. varamaður hans, Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Kjörbréf Soffíu Guðmundsdóttur liggur hér fyrir og ég vil biðja kjörbréfanefnd, að taka kjörbréfið til athugunar og fær kjörbréfanefnd 10 mín. til umráða. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Soffíu Guðmundsdóttur tónlistarkennara á Akureyri, sem 1. varaþm. Alþb. í Norðurl. e., en hún tekur sæti á Alþ. vegna fjarveru Stefáns Jónssonar, 5. þm. Norðurl. e., sem er farinn til útlanda í opinberum erindum.

Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neina meinbugi á kjörbréfinu og leggur einróma til að það verði samþ. og kosning Soffíu Guðmundsdóttir tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Soffía Guðmundsdóttir hefur ekki áður setið á þingi og ber því að undirrita eiðstaf.

[Hinn nýi þingmaður, Soffía Guðmundsdóttir, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

Soffía Guðmundsdóttir hefur undirritað eiðstaf og býð ég hana velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, kl. 2 miðdegis.

Forseti (Eggert G. Þorsteinsson): Þannig háttar nú málum, að frsm. þeirra tveggja dagskrármála, sem á dagskránni eru eru fjarverandi, annar erlendis og hinn veikur og verður því að taka málin út af dagskrá.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 21. apríl, kl. 2 miðdegis.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 414). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 439). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., er um breytingu á hjúkrunarlögum og það er þess eðlis að rétt til að stunda hjúkrun og kalla sig hjúkrunarfræðing hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðh., og þeim, sem þess óska fremur, skal heimilt að nota starfsheitið hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður. M. ö. o.: breytingin er sú að til viðbótar starfsheitinu hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður komi hjúkrunarfræðingur.

Þetta frv. er flutt að beiðni Hjúkrunarfélags Íslands, en á aðalfundi félagsins, sem haldinn var í Reykjavík í júní á s. l. ári, fól fundurinn stjórn félagsins að leita eftir viðurkenningu á starfsheitinu „hjúkrunarfræðingur". 43 kjörnir fulltrúar samþ. eftirfarandi till., mótatkv. var 1 og 3 fulltrúar sátu hjá:

„Aðalfundur Hjúkrunarfélags Íslands samþ. að taka upp starfsheitið hjúkrunarfræðingur og felur stjórn félagsins að fá það löggilt. Starfsheitin hjúkrunarkona og hjúkrunarmaður skulu eftir sem áður lögverndud fyrir þá félaga Hjúkrunarfélags Íslands sem þess óska."

Till. sama efnis hafði verið send öllum fulltrúunum og þeir tekið hana til umr. í eigin svæða- eða sérgreinadeildum.

Samkv. þessari beiðni taldi heilbr.- og trmrn. rétt að flytja þetta frv. og því liggur það nú hér fyrir til 1. umr.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 463). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sem er hér lagt fram, er samið af réttarfarsnefnd, en dóms- og kirkjumrn. óskaði þess haustið 1973 að hún tæki til athugunar till. er fram höfðu komið hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík um að lögfest yrði heimild til þess að beita hljóðritun á dómþingum í einkamálum. Slík heimild hefur verið um árabil í lögum um meðferð opinberra mála, raunar allt frá því að þau lög voru sett fyrst árið 1951. Sú heimild mun þó fremur lítið hafa verið notuð. Nokkur síðustu ár mun slíkum

Ég vildi þá fara nokkrum orðum um mengunina. Fyrsta spurningin, sem upp kemur og mikið hefur verið til umtals, er þessi, hver yrðu áhrif slíks verksmiðjurekstrar sem hér um ræðir á lífríki Hvalfjarðar. Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vísa til grg. Náttúruverndarráðs, en þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Varðandi fyrirhugaða kísiljárnverksmiðju í Hvalfirði er það mat Náttúruverndarráðs að hættan á skaðlegum áhrifum á lífríki vegna mengunar af hennar völdum sé ekki veruleg, ef allar tiltækar varúðarráðstafanir eru gerðar, og minni en af öðrum málmblendiiðnaði, svo sem af framleiðslu mangan- og krómjárnblendis. Veldur því fyrst og fremst annað hráefni svo og annar tæknibúnaður til mengunarvarna."

Síðan segir með leyfi virðulegs forseta:

„Þrátt fyrir áratugareynslu af mikilli og hvimleiðri rykmengun frá kísiljárnbræðslum í Noregi hafa að sögn umhverfisyfirvalda þar ekki komið fram neinar upplýsingar sem benda til þess að slík mengun hafi haft skaðleg áhrif á gróður eða dýralíf."

Á hinn bóginn var það einnig upplýst, að það hafi ekki verið sérstaklega rannsakað og að sjálfsögðu höfum við ekki reynslu af slíkri starfsemi hér á landi. En síðan segir:

„Með þeim tæknibúnaði til rykhreinsunar, sem prófaður hefur verið á allra síðustu árum, hafa skapast möguleikar á stórfelldum úrbótum frá því sem áður var til varnar rykmengun út frá kísiljárnverksmiðjum og jafnframt verið unnt að bæta verulega innri starfsskilyrði í slíkum verksmiðjum."

Næsta spurning, sem hefur verið áleitin, er á þá leið hvort könnun á lífríki Hvalfjarðar nú mundi segja okkur fyrirfram um áhrif hugsanlegrar mengunar frá væntanlegri verksmiðju á lífríki þar í firðinum. Á fundi hv. iðnn. með sérfræðingum Náttúruverndarráðs svöruðu þeir þessu neitandi. Þeir töldu að það mundi ekki vera hægt að segja fyrir um hver áhrif þessi rekstur hefði á lífríkið, enda þótt upplýsingar um eðli þess lægju fyrir. En þeir teldu það hins vegar skipta verulegu máli að rekstur verksmiðjunnar væri kannaður rækilega og þar gerðar allar þær kröfur er mættu verða til þess að draga úr hugsanlegri mengun svo sem unnt væri. Hins vegar segir svo í grg. Náttúruverndarráðs, með leyfi virðulegs forseta:

„Náttúruverndarráð telur mikilsvert að vistfræðileg rannsókn á umhverfi verksmiðjunnar ásamt nauðsynlegum efnarannsóknum hefjist sem fyrst þannig að áreiðanlegar niðurstöður varðandi umhverfisaðstæður liggi fyrir áður en rekstur hefst. Einnig leggur ráðið áherslu á að slíkri alhliða könnun verði fram haldið skipulega eftir að rekstur hæfist í sambandi við áætlun er Náttúruverndarráð lætur í té."

Mengun sú, sem um ræðir, verður rakin til annars vegar rykmyndunar innan verksmiðjunnar og utan hennar og hins vegar til fastra úrgangsefna, þ. e. a. s. aðallega gjall- og steinefna úr deiglum, og raunar segir svo um þann hluta mengunarinnar í skýrslu Náttúruverndarráðs, með leyfi virðulegs forseta:

„Önnur föst úrgangsefni, svo sem gjall- og steinefni úr deiglum, eru ekki í þeim mæli að valda þurfi erfiðleikum sé frá þeim gengið með eðlilegum hætti og jafnframt fylgst með efnasamsetningi þeirra og áhrifum frá þeim við geymslusvæði."

Í skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins kemur fram að áætlað magn fasts úrgangs, annars en ryks, er um 2 500 tonn á ári. Þar af eru um 1 500 tonn eldfastur steinn úr deiglum og úrgangur frá hreinsun bráðins málmblendis. Það kemur fram í grg. Heilbrigðiseftirlitsins að mjög er nauðsynlegt að þessi úrgangur sé efnagreindur og það sé gert áður en ákveðið verði hvernig honum verði endanlega fyrir komið, enda þótt Heilbrigðiseftirlit ríkisins bæti því svo við í sinni grg. að á þessu stigi sé ekki vitað til að í honum leynist skaðleg efni. En hér er gert ráð fyrir sjálfsagðri varúðarráðstöfun. Rykmagnið er gífurlegt og nemur um það bil 20 þús. tonnum á ári. Með þeirri hreinsunaraðferð, sem gert er ráð fyrir að nota, þ. e. með svokölluðum pokasíum, má fanga milli 98 og 99% af þessu rykmagni, en óhjákvæmilega berast 1—2%, þ. e. 200—300 tonn af þessu, út í andrúmsloftið.

Í sambandi við útblásturinn og hugsanleg mengunaráhrif frá honum segir svo í skýrslu Náttúruverndarráðs, með leyfi virðulegs forseta:

„Mengun af völdum snefilefna, svo sem málmsambanda í útblæstri, virðist af fyrirliggjandi gögnum ekki líkleg til að valda tjóni, en gæti þó samkvæmt" — og er nú vitnað til þess, sem áður er sagt — „skapað vandamál vegna samsöfnunar við endurvinnslu ryksins í málmbræðslunni" — en að því mun ég koma síðar — „og því nauðsynlegt að fylgjast vel með þeim þætti, svo og efnainnihaldi allra hráefna sem notuð eru."

Í grg., sem fyrir liggur frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, er fjallað um ryk þetta, og það, sem meginmáli skiptir í því sambandi, er að í þeim mælingum, sem á því hafa verið gerðar, kemur ekki fram að þar leynist efni eins og þungmálmar í því magni sem skaðlegt er talið. Þetta eru mjög mikilvægar upplýsingar.

Hins vegar eru hér einnig lofttegundir, þ. e. aðallega kolsýringur og brennisteinsildi. Kolsýringurinn er lítill vegna þess að bruni er fullkominn og er ekki ástæða til þess að vænta mikillar áhættu í sambandi við hann. Hins vegar kann brennisteinsildi að vera nokkuð mikið og Heilbrigðiseftirlitið mælir með því að nota kol með lágu brennisteinsinnihaldi. Það, sem stendur eftir af þessum mengandi efnum, er þá allt það ryk sem hefur verið hreinsað þannig að ekki fari út í andrúmsloftið og er hér um að ræða gífurlegt magn, kannske allt að 20 þús. tonnum á ári. Það er auðvitað visst vandamál hvað við þetta ryk á að gera. Náttúruverndarráð leggur mikla áherslu á að það liggi sem allra ljósast fyrir og liggi raunar alveg ljóst fyrir hvað um það verði. Nú er upplýst að allt að 70% af þessu má endurnýta í fyrirhugaðri verksmiðju, og það er einnig upplýst að vel er mögulegt að nota það, sem eftir er af þessum úrgangi, að heita má mestallt til annars iðnaðar, — iðnaðar sem er til hér á landi. Engu að síður er nauðsynlegt að sem allra fyrst liggi fyrir — og

það er greinilegt að það hlýtur að verða sett sem skilyrði fyrir rekstrarleyfi þessarar verksmiðju — að frá þessum hluta ryksins sé gengið með þeim hætti sem við verður unað.

Í grg. Heilbrigðiseftirlits ríkisins er því haldið fram að í þessu ryki í föstu formi hafi ekki fundist hættuleg efni, en það er tekið fram að efnasamsetningin kunni að breytast og ná hættumörkum við endurnotkun efnisins. Þá má ekki heldur gleyma þeirri mengun sem er innan dyra. Að vísu er það svo að úr þeirri mengun má draga verulega og samkv. þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir, raunar bæði frá Náttúruverndarráði og einnig í skýrslum Heilbrigðiseftirlits ríkisins, hafa atvinnusjúkdómar ekki verið tíðir í iðnaði af þessu tagi, jafnvel þótt ekki hafi verið um fullnægjandi varnarráðstafanir að ræða. En atvinnusjúkdómar hafa engu síður komið upp og eru það þá aðallega sjúkdómar í lungum. Nauðsynlegt er að gera ráðstafanir á vinnustað sem draga verulega úr þessari hættu sem þó er, eins og ég nefndi, greinilega og sem betur fer miklu minni en kannske hefði verið ástæða til að ætla. Raunar segir svo í grg. Heilbrigðiseftirlits ríkisins, með leyfi virðulegs forseta:

„Svo sem fram kemur berst nokkurt ryk út í andrúmsloft verksmiðjubygginganna. Langstærstur hluti þess er formlaust kísilryk, en heimildum ber ekki saman um skaðsemi þess.“

Síðar er svo sagt að af 865 starfsmönnum við iðnað af þessu tagi í Noregi og Svíþjóð höfðu 17 einkenni um kísilveiki og höfðu 5 þeirra mestmegnis eða eingöngu unnið í ofnhúsi, en 12 höfðu unnið í rykmenguðu andrúmslofti utan þess og í öðrum iðnaði. Síðar segir að hafa beri í huga að þau tilfelli, sem hér um ræðir, eigi rætur sínar að rekja til málmblendiverksmiðja fyrir 10—30 árum. Hreinsitækni hefur farið fram síðan með tilsvarandi minna ryki innan dyra, og sjálfvirkni hefur einnig fleygt fram og losað menn við mörg af hættulegustu störfunum, einkum þar sem kristallað ryk er á ferðinni, svo sem í mulnings- og blöndunarstöðvum. Álit bandarískra heilbrigðisyfirvalda virðist vera að amorf kísilryk valdi ekki kísilveiki eitt sér í því magni sem um er að ræða. Sé því samfara kristallað ryk aukist hættan aftur á móti þótt um lítið magn sé að ræða.

Síðar kemur fram að trúnaðarlæknir Union Carbide fullyrðir að kísilveiki hafi ekki orðið vart hjá starfsmönnum fyrirtækisins, en rannsóknin sé ekki að fullu lokið. Er síðan bent á að tvær bandarískar háskólastofnanir, sem gert hafi rannsóknir á eiginleikum amorfs kísilryks frá málmblendiframleiðslu, hafi slíka rannsókn með höndum. Ég vil taka trúanlegt það sem fram kemur frá læknum og háskólastofnunum í þessu sambandi hvað sem líður áliti manna á öðrum aðilum í þessu sambandi.

Ég legg áherslu á það að fram hjá þessum möguleika á veiki hjá starfsmönnum, lungnaveiki, má ekki ganga og verður að viðhafa allar varúðarráðstafanir og nauðsynlegt eftirlit til þess að fyrirbyggja slíkt.

Þá koma þær upplýsingar fram í grg. Náttúruverndarráðs að 70% starfsmanna í hliðstæðri verksmiðju í Noregi höfðu merki um skerta heyrn og stafar þetta af són sem er á vinnustaðnum. Þetta er sónn sem erfitt er að átta sig á og einkennin læðast að mönnum, eins og við oft segjum, og er því nauðsynlegt að þarna sé útbúnaður til þess að fyrirbyggja áhrif frá þessu.

Ég vil taka það fram að ég er ekki sérfróður maður um þessa hluti og ég hef orðið að byggja mína afstöðu í þessu máli á því sem fram kemur hjá þeim aðilum sem ég hef nú vitnað til. Ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað en þeir hafi staðið heiðarlega að allri sinni vinnu og sannfærðist raunar um það á þeim fundum sem ég átti kost á að sitja með þeim á vegum iðnn. hv. deildar.

Mín ályktun er sú að mengunaráhrif frá þessari verksmiðju geti verið í algeru lágmarki og lágmarksáhætta sé einnig tekin hvað viðkemur lífríki Hvalfjarðar. Hins vegar er það jafnaugljóst að þetta er því aðeins svona að öllum þeim skilyrðum, sem sett eru, verði rækilega framfylgt. Það verður að treysta því að svo verði gert, og það er jafnframt greinilega mjög mikilvægt að stöðugt eftirlit sé þarna meira en nafnið eitt. Það er með mörgu sem þarf að fylgjast. Það þarf að fylgjast með hreinsibúnaðinum, það þarf að fylgjast með því efni sem notað er, með meðferð þess og fylgja eftir athugunum á umhverfinu og síðast en ekki síst að hafa nákvæmt eftirlit með því fólki sem við þessa framleiðslu vinnur. Sé þessa alls gætt sýnist mér að mengunaráhrif öll geti verið í algeru lágmarki. Ég viðurkenni það auðvitað að vitneskja okkar hér þarf ekki að vera og er vafalaust hvergi nærri tæmandi. En það er nú einu sinni svo að menn hafa alltaf orðið að taka sínar ákvarðanir í ljósi þeirrar þekkingar sem legið hefur fyrir á hverjum tíma. Og ég dreg í efa að miklar framfarir hefðu yfirleitt orðið ef öðruvísi hefði verið að staðið. Auðvitað eru ekki allar framfarir til góðs. En staðreyndin er þó sú að öll framvinda eða framför skapar mönnum nýja vitneskju og raunar skapar venjulega sú vitneskja ný vandamál, en leysir um leið önnur. Það er nú einu sinni þannig sem okkur miðar alltaf svolítið áfram.

Mín afstaða til þessa máls hefur fyrst og fremst ráðist með tilliti til þessara upplýsinga sem ég hef um hugsanlega mengun af verksmiðjunni. En ég hef einnig stutt þetta mál með tilliti til þess að því skilyrði er fullnægt að eignarhluti er að meiri hl. í höndum okkar sjálfra, í öðru lagi með tilliti til þess að þessi verksmiðja verður ekki nema um það bil mátulega stór hluti í okkar efnahagskerfi og í þriðja lagi vegna þess að ég kem ekki auga á það að full not af okkar orkuframleiðslu verði á annan hátt tryggð á næstunni hvað sem líður hugmyndum manna um annað og hvað sem því líður að henni mætti dreifa með öðrum hætti og kannske á vissan hátt til meiri hagsbóta í bráð fyrir ákveðinn hluta þjóðarinnar. En þá verður einnig að hafa það í huga að það er ekki ætlunin að nema staðar í þeim úrbótum, sem taka sitt mið af aukinni raforkuframleiðslu í landinu.

Ég held annars að íslendingar eigi að flýta sér ákaflega hægt í efnum eins og þeim sem hér eru á dagskrá. Ég vil engan ásaka og raunar ekki halda uppi gagnrýni á nokkurn mann í þessu

sambandi, en einhvern veginn finnst mér nú samt að þetta mál sé búið að vera ansi lengi á döfinni og það sé búinn að vera nægur tími til þess að ganga frá öllum þáttum þess á þann veg að engum þurfi að finnast að fljótt sé að farið á síðustu stundu. Ég held að menn verði að vera sjálfum sér svolitið samkvæmir í þessu efni. Enda þótt andmæli gegn hugsanlegum framkvæmdum komi fram í byrjun, andmæli, sem oftast eru ekki á rökum reist, þá mega menn ekki láta það verða til þess að undirbúningsathuganir geti ekki gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. Og menn mega auðvitað ekki ganga út frá því að þeir geti í upphafi gefið sér niðurstöðurnar af slíkum athugunum.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þess að þetta frv. er hér nú til 2. umr. og um er að ræða mikilvægt mál, sem ríkisstj. hefur forustu um, þá langar mig sem þm. úr stjórnarliðinu að gera örlitla grein fyrir afstöðu minni, sérstaklega vegna þess að í þessu frv. eru viss ákvæði sem ég get ekki fellt mig við.

Nú er það svo að við erum öll sammála um að vissulega þarf að gera atvinnulíf lands okkar fjölbreyttara, og það gerum við ekki nema með því að virkja orku landsins til iðnaðar og við gerum það ekki nema með því að nýta þá orku í hugsanlegan stóriðnað.

Þar með er ekki sagt að ég sé sammála grundvallarhugsuninni á bak við það hvernig eigi að koma slíkum stóriðnaði fyrir. Fyrir mér er ekki mikilvægasta atriðið það sem var aðalefni seinustu ræðu hér. Ég verð að treysta því að ríkisstj. hafi fengið sína vísindamenn til þess að ganga úr skugga um það að undirbúningsrannsóknir hafi verið á því stigi að óhætt sé að ráðast í framkvæmdir í þeirri trú að allt verði gert, sem mannleg tækni hefur yfir að ráða, til þess að forðast hættur af hugsanlegri mengun. Við getum vitanlega ekki búist við því að einn eða neinn iðnaður risi upp án einhverrar mengunar. Öllu lífi og starfi okkar jarðarbúa hlýtur jafnan að fylgja einhvers konar mengun. Tækninni fleygir sem betur fer svo fram að menn eru sífellt að finna ráð gegn menguninni og meira að segja nýta stundum í skynsamlegum tilgangi ýmiss konar mengunarvalda. Við verðum að vona að sú verði einnig þróunin í þessu máli.

Það sem ég ætlaði aðallega að fjalla hér um, er eignaraðildin og fjármögnunin. Ég get ekki fallist á þá grundvallarkenningu að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að eiga meira en helming í slíku fyrirtæki sem hér um ræðir. Ég held þvert á móti að öllu athuguðu að okkur mundi henta betur að eiga sem minnst í því. Hér er um að ræða áhættusaman atvinnurekstur. Við höfum takmarkað fé og takmarkaðan mannafla. Hér er um að ræða atvinnurekstur sem er háður mörkuðum úti í heimi sem barist er hart um og verulega þekkingu þarf til að komast inn á. Hér er einnig um það að ræða að við hliðina á svona stóriðjurekstri geta risið ýmiss konar smærri iðnfyrirtæki, ýmiss konar smærri iðnaður sem ég tel að okkur mundi henta betur að reka algerlega af okkar hálfu. Hins vegar tel ég að með því að veita erlendu fjármagni inn í landið á þann hátt, sem ég er hér að ræða um, yrði að fylgja að gerðir yrðu mjög sterkir samningar sem í engu gengju gegn íslenskum lögum eða íslensku atvinnulífi. Ég tel að það væri hægt. Slíkt hafa ýmsar aðrar þjóðir gert með góðum árangri. En ég get alls ekki séð að það sé sáluhjálparatriði að við þurfum að geta sagt við sjálf okkur: Við eigum rúman helming í fyrirtækinu. — Ég get ekki séð hvernig við erum betur sett að því leyti ef um er að ræða fyrirtæki sem við sjáum alls ekki í dag hvort við ráðum við.

Þetta var aðeins um grundvallarsjónarmiðið, hvort við almennt teljum okkur það hentugt eða nauðsynlegt að eiga meira en helming í öllum fyrirtækjum sem starfa hér á landi. Það gæti samt vel verið svo að jafnvel þótt við ættum ekki eða legðum ekki fram fé í beinum peningum í slík fyrirtæki í byrjun, þá væri samningum hagað svo, að við gætum, ef við vildum, eignast þau smátt og smátt, á mismunandi löngum tíma eftir atvikum.

Hitt atriðið varðar ástand ríkisfjármála okkar í dag. Ég sagði áðan að það er um að ræða áhættusaman atvinnurekstur. Það er um að ræða stofnun fyrirtækis sem við vitum alls ekki hverju á eftir að hlaða utan á sig. Við vorum fyrr í dag að ræða mál sem borið var fram af ríkisstj. til þess að ráða bót á viðkvæmum vanda í íslensku efnahagslífi. Við vorum að samþykkja heimild fyrir ríkisstj. til að skera niður ríkisfjárl. um 3.5 milljarða. Í þessu frv. er verið að leggja til hins vegar að ríkisstj. sé heimilt að leggja fé, sem ég gæti ímyndað mér að færi með öllu og öllu upp í þá upphæð hið minnsta, í áhættusamt fyrirtæki sem við vitum alls ekki í dag hvernig mun ganga. Við verðum auðvitað að vona að þetta verði gott fyrirtæki og gangi vel, en lítið virðist nú samt mega út af bera.

Nú veit ég að einhverjir munu hugsa sem svo: Ekki á að taka þennan hálfan annan milljarð eða öllu heldur tvo af fjárl., nei, til þessa verða tekin erlend lán. En það þarf að greiða erlend lán og við höfum ýmsa aðra bagga að bera. Ég fæ ekki annað séð en þetta hljóti að geta undið upp á sig og orðið um að ræða meiri skuldbindingar heldur en eru beinlínis nefndar í krónum í frv. Það er ekki getið um kostnað við höfnina væntanlegu. Það er ekki getið um kostnað við stækkun verksmiðjunnar. Þó er það svo samkv. grg. frv. að höfnin á m. a. að sækja tekjur sínar til verksmiðjunnar eftir að búið er að stækka hana.

Þá virðist mér að þurfi líka að hafa í huga hvað á að stækka verksmiðjuna mikið, hvenær á að gera það og hvað það á að kosta. Síðan á að leggja veg og raflínu eins og sjálfsagt er. Allt eru þetta vissulega mikil og merkileg og nauðsynleg mannvirki. Allt getur þetta haft gífurlegan kostnað í för með sér. Einhvern veginn finnst mér ekki nægilega ljóst að það sé svo hagkvæmt fyrir okkur sérstaklega að taka þetta fyrirtæki á okkar herðar með þeim hætti sem hér er lagt til. Mér sýnist sannarlega, að þarna verði að hafa fyllstu varúð.

Ég vil nefna eitt atriði sem mér hefur staðið sérstakur stuggur af í sambandi við fjármögnun

fyrirtækisins og gang þess þegar fram líða stundir. Það var svo í skýrslunni um viðræðurnar á undirbúningsstigi þessa máls að þar sagði að eftir 10 ár gæti Union Carbide krafist þess að íslenska ríkisstj. keypti þess hlut eftir mati. Í aðalsamningi fékkst þessu breytt í 15 ár. Mér er ljóst að mörgum sýndist þetta mikið hagsmunaatriði. Þeir sögðu hinir ánægðustu: Það er gott, þá eigum við verksmiðjuna að fullu og öllu eftir þennan tíma. — En ég spyr: Hvernig getum við vitað það í dag hvernig ástatt verður eftir þennan tíma? Höfum við þá tök á því að una glöð við það að eiga stóriðjuverksmiðju ef við erum ekki jafnframt viss um að hafa tök á því að koma afrakstri hennar í verð? Þetta eru hlutir sem ég get ekki varist að sæki á hug minn vegna þess að við höfum takmarkaðan mannafla. Þarna er um sérstæða atvinnugrein að ræða þar sem stórfyrirtæki hafa setið að mörkuðum úti í heimi og mér finnst það ekkert gamanmál að taka að sér slíkt fyrirtæki. Vitanlega getur það orðið svo og við skulum vona að svo verði að þetta hafi ekki neinn skaða í för með sér. En óneitanlega sýnist mér ekkert liggja fyrir í dag þess efnis að þetta hljóti að vera fýsilegt fyrir okkur. Ég held hins vegar að það hefði verið æskilegra fyrir okkur að stefna að því að að þessu fyrirtæki væri staðið með nokkrum hætti svipað og gert var þegar stofnað var til álbræðslunnar, okkur yrði kleift með þessu móti að virkja okkar orku, fá fyrir hana gott verð og við fengjum möguleika til þess að koma á laggirnar ýmiss konar iðnaði sem við værum öruggari um að ráða við heldur en það sem við nú stöndum andspænis í þessu frv.

Ég ætla ekki að fara út í mörg atriði í þessu frv. Þetta er í mínum huga aðalatriðið: eignaraðildin og fjármögnunin. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé hættulegt fyrir efnahag okkar að eiga minna en helming í slíkum stóriðjufyrirtækjum ef um er að ræða góða samninga að öðru leyti. Ég held þvert á móti að það feli hættu í sér fyrir okkar viðkvæma efnahag á Íslandi að láta ríkið sjálft ráðast í stóratvinnurekstur sem hefur mikla áhættu í för með sér. Við það bætist að í slíku felst stórfelldur ríkiskapítalismi. Ef hvert stórfyrirtækið af öðru er sett á laggirnar sem ríkisfyrirtæki, þá sé ég ekki betur en stefni óðfluga í æ meiri og stórfelldari þjóðnýtingu yfirleitt í okkar atvinnulífi og það tel ég á allan hátt mjög hættulegt fyrir efnahags- og atvinnulíf okkar. En ef svo fer sem mér þykir líklegt að það verði samþ. að hafa alla þessa ríkisaðild að eigninni í því fyrirtæki sem hér er verið að ræða um, þá vil ég óska þess að gerðar verði ráðstafanir til þess að ríkið láti sinn hlut svo mikið sem verða má í hendurnar á einstaklingum. Við Íslendingar eigum fyrirtækið jafnt þótt það séu einstaklingar sem eiga það. Ég get ekki séð að það beri nauðsyn til þess að þjóðnýta hlutina í svo stórum stíl sem þetta frv. ber með sér.

Ég vil taka það fram einnig í þessu sambandi að verði af þessari ríkiseign sem við þykjumst nú mörg sjá fram á, þá þykir mér eðlilegra, eins og hefur raunar komið fram hjá tveimur þm. a. m. k. í dag, að það sé Alþ. sem kjósi fulltrúa okkar í stjórn þessa fyrirtækis, heldur en ríkisstj. hverju sinni. Ekki svo að skilja að ég efist um að sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr, muni velja ágætismenn í þá stjórn. Hitt er annað, að mér finnst það rétt grundvallarregla ef um er að ræða svo voldugt ríkisfyrirtæki eða þar sem ríkiseignin er svo mikil eins og hér væri um að ræða, að þar eigi Alþ. hlut að stjórninni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 71. fundur.

Miðvikudaginn 23. apríl, kl. 2.55 miðdegis.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 503). — 1. umr.

Of skammt liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara er flutt í framhaldi af þeim ákvörðunum sem bundnar eru gengisbreytingunni sem ákveðin var í febr. Ég skal ekki rekja hér undanfara þeirrar gengisbreytingar eða ráðstafana í efnahagsmálum sem með þeirri breytingu voru gerðar, en það er ljóst að sú gengisbreyting nær því aðeins tilgangi sínum að almennur skilningur náist meðal allra stétta og hagsmunahópa í þjóðfélaginu á nauðsyn þeirrar leiðréttingar á stöðu útflutningsframleiðslunnar og takmörkunar á gjaldeyrisnotkun sem stefnt var að með þessum ráðstöfunum. Á það verður að leggja áherslu að það skiptir meginmáli að leiðréttingaráhrifum gengisbreytingarinnar verði ekki eytt með almennum launa- og verðbreytingum innanlands. Kjarabreytingar á næstunni verða eingöngu að miðast við að tryggja sem réttlátasta jöfnun þeirra byrða sem þessum ráðstöfunum hljóta að fylgja.

Þessu frv., sem hér er til umr., er ekki síst ætlað að gegna því hlutverki að stuðla að því að kjarabreytingar verði innan þess ramma sem efnahagsskilyrði leyfa og jafnframt að skapa skilyrði fyrir ráðstöfunum og stuðla að ráðstöfunum í framhaldi gengisbreytingarinnar sem líklegar eru til þess að koma á jafnvægi í efnahags- og fjármálum landsins.

Í framhaldi gengisbreytingarinnar þurfa að koma aðgerðir í fjármálum ríkisins og peningamálum er tryggja að framkvæmdir og útgjöld fari ekki fram úr eðlilegu ráðstöfunarfé þjóðarinnar við þær þröngu aðstæður sem nú eru fyrir hendi.

Eins og kunnugt er ákvað ríkisstj. fljótlega eftir gengisbreytinguna að hækka leyfisgjald af bílum við innflutning um 15% af cif-verði eða úr 35 í 50%. Jafnframt var ákveðin hækkun áfengis- og tóbaksverðs um 17—25%. Í febrúarlok gerði Seðlabankinn í samráði við ríkisstj. samkomulag við viðskiptabankana um stöðvun útlánaaukninga til maíloka. Undanþegin þessari stöðvun eru þó afurðalán til sjávarútvegs, iðnað-

ar og landbúnaðar, jafnframt ákvað bankinn að hækka hámarksbindingu innlána úr 22% í 23% vegna þeirrar auknu fyrirgreiðslu sem veita þarf til afurða- og birgðalána framleiðslunnar á þessu ári. Þessar ákvarðanir voru áfangar í þeirri samræmdu jafnvægisstefnu í efnahagsmálum sem ríkisstj. vill fylgja.

Frv. því, sem hér um ræðir, er einmitt ætlað að fylgja þessari stefnu eftir. Frv. má skoða sem ramma fyrir ríkisbúskapinn og hlutverk hans við þær breyttu aðstæður sem nú horfa við okkur í efnahagsmálum. Jafnframt hefur verið lagt fram á Alþ. frv. um ráðstafanir í sjávarútvegi til að ráðstafa gengismunarfé í þágu sjávarútvegsins og sérstakar ráðstafanir vegna hinnar miklu hækkunar á olíu og öðrum aðföngum útgerðarinnar á undanförnum missirum. Með þessum hætti eru fram komnar í raun og veru heildartill. ríkisstj. í efnahagsmálum að þessu sinni. En í framhaldi af þessum frv. munu að sjálfsögðu verða fluttar till. á Alþ. um breytingar sem horfa til nokkurrar frambúðar svo að treysta megi jafnvægi í ríkisfjármálum jafnt og peningamálum. Þá mun ríkisstj. halda áfram viðleitni sinni til þess að stuðla að því að leysa þær deilur sem nú eru um kaup og kjör, en velflestar hafa verið leiddar til lykta með bráðabirgðasamkomulagi.

Vegna þessara breyttu aðstæðna, bæði í þjóðarbúskap og ríkisbúskap, er nauðsynlegt að endurskoða fjárlagaáætlun ársins 1975 í ýmsum greinum. Slík endurskoðun er einnig nauðsynleg vegna áhrifa þeirra efnahagsráðstafana sem gerðar hafa verið síðan fjárl. voru afgreidd og áhrif hafa á fjármál ríkisins. Hér er átt við gengisbreytinguna og þær ráðstafanir sem fylgja í kjölfarið og ég hef greint frá. Miðað við óbreyttar forsendur tekjuáætlunar fjárl. um þjóðarútgjöld hefði þróun viðskiptakjara falið í sér greiðsluhalla við útlönd langt umfram það sem hægt hefði verið að jafna með lántökum erlendis. Jafnvel þótt reiknað væri með verulegum áhrifum af gengislækkuninni í febr. á viðskiptajöfnuð 1975 var ekki við því að búast að jöfnuður næðist í greiðslum við útlönd miðað við forsendur fjárlagaáætlunarinnar um þjóðarútgjöld. Af þessum sökum er nauðsynlegt að taka allar forsendur tekjuáætlunar fjárl. til endurskoðunar ekki aðeins vegna áhrifa gengisbreytingarinnar einnar. Þessi endurskoðun er í meginatriðum reist á þjóðhagsspá þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1975 frá 10. febr. s.l. þar sem sett voru fram tvö dæmi um þjóðhagshorfur fyrir gengisbreytingu og aðrar ráðstafanir. Er ný tekjuáætlun miðuð við dæmi 2 í fyrrgreindri skýrslu sem hv. alþm. hafa undir höndum, en að auki er hún reist á ákveðnum forsendum um verðlags- og eftirspurnaráhrif gengislækkunarinnar í fjárl. Er þar gert ráð fyrir að úr kaupmætti tekna einstaklinga dragi og þar með einkaneyslu sem nemi hálfum verðlagsáhrifum gengisbreytingarinnar, en að öðru leyti verði um sömu hækkun launa og aðrar kjarabreytingar að ræða og reiknað var með. Eru þetta sömu forsendur og notaðar voru í áætlunum um áhrif gengislækkunarinnar 14. febr., sérstaklega á gjaldahlið fjárl. Auk þessa er gert ráð fyrir að gengisbreyting valdi nokkrum samdrætti almennrar fjármunamyndunar. Ein meginforsenda tekjuáætlunar er þannig sú að gengislækkunin valdi samdrætti almennrar eftirspurnar innanlands, en valdi ekki aðeins verðhækkun á óbreyttum stofni útgjalda.

Eins og kunnugt er eru helstu niðurstöður þeirrar þjóðhagsspár fyrir árið 1975, sem ný tekjuáætlun ríkissjóðs er á reist, þær að þjóðarframleiðslan minnki um 1—2% í stað þess að áður var gert ráð fyrir að hún ykist um 1½—2½% milli áranna 1974 og 1975 og þjóðartekjur minnki um 5—6% að raunverulegu verðgildi. Gert er ráð fyrir að almenn þjóðarútgjöld minnki um 7—8% að magni og þá reiknað með því að einkaneyslan dragist saman um 10—11% frá fyrra ári og almenn fjármunamyndun minnki að magni um 3—4%. Í þessari síðustu tölu er m.a. tekið mið af þeim breytingum á útgjaldaáformum hins opinbera á árinu sem felast í þessu frv. Þessar breyttu spár um útgjöld þjóðarinnar í heild á árinu 1975 fela að sjálfsögðu í sér að búist er við verulegri magnminnkun innflutnings á þessu ári, enda var innflutningurinn í fyrra geysimikill. Þannig mætti í ofangreindri forsendu búast við 17—18% magnminnkun almenns vöruinnflutnings sem miklu veldur um tekjur ríkissjóðs. Þegar þessi spá er lögð til grundvallar ásamt spá um útflutningsverðmæti 1975 og áætlun Seðlabankans um innstreymi erlends fjármagns á árinu verður niðurstaðan sú að gangi þessar spár eftir mætti við því búast að gjaldeyrisstaðan batnaði nokkuð á árinu 1975. Hér væri þó um takmarkaða fjárhæð að ræða miðað við það hversu langt niður gjaldeyrisstaðan var komin í ársbyrjun 1975 og brýna nauðsyn bar til að treysta hana á árinu, bæði til að tryggja alla aðdrætti til landsins á innfluttum nauðsynjum og eins vegna þess að gjaldeyrisstaðan hefur áhrif á mat erlendra og alþjóðlegra fjármálastofnana á efnahag landsins og þar með lánstraust þjóðarinnar.

Til langframa er jafnvægi í þjóðarbúskapnum inn á við og út á við forsenda atvinnuöryggis og efnahagslegs sjálfstæðis þjóðarinnar. Þessi markmið hljóta að sitja í fyrirrúmi og lengi hefur reynst örðugt að ná þeim samtímis því sem verðbólgunni er haldið í skefjum. Svo verður einnig á þessu ári. En þó má ætla að meðalhækkun verðlags frá upphafi ársins til loka þess verði mun lægri en í fyrra, eða 25—30% í stað 50—60% 1974. Þessar niðurstöður eru þó að sjálfsögðu háðar niðurstöðu kjarasamninganna sem eftir er að ganga frá á árinu.

Niðurstaða og endurskoðun á tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1975 er sú að almennar tekjur ríkissjóðs hækki um 950 millj. kr. frá fjárlagaáætlun. Helstu atriðin í þessari endurskoðun eru þessi: Í fyrsta lagi tekjubrestur vegna lakara efnahagsútlits almennt að upphæð 1 650—1 700 millj. kr. Í öðru lagi verðlagsáhrif gengisbreytingarinnar og skattbreytingar sem fylgdu beint í kjölfar hennar sem hafa í för með sér tekjuauka að upphæð 4 200—4 300 millj. kr. Og loks eftirspurnaráhrif þessara aðgerða sem draga úr innflutningi og veltu sem ríkið hefur tekjur af og valda rúmlega 1 600 millj. kr. lækkun tekna. Nettóniðurstaðan verður því 950—1 000 millj. kr. tekjuauki í ár.

Útgjaldatölur fjárlaga voru miðaðar við kaupgjald í des. 1974 að viðbættum áhrifum 3% grunn-

kaupshækkunar 1. júní 1975. Gengisbreytingin 1. febr. s. l. hefur að sjálfsögðu áhrif á útgjöld ríkissjóðs, bæði beint og óbeint. Auk þess virðist nú ljóst að uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur séu nokkuð vanáætlaðar í tölum fjárl. Þá hafa niðurgreiðslur búvöruverðs nýlega verið auknar nokkuð til að efna fyrirheit sem ríkisstj. gaf launþegasamtökunum um að takmarka hækkun búvöruverðs á næstunni. Sá útgjaldaauki vegna gengisbreytingarinnar er áætlaður á sömu forsendum um áhrif á verðlag og kaupgjald og greindi hér að framan. Við endurskoðun tekna ríkissjóðs er hann metinn á 1 870 millj. kr. Þá er talið að ætla þurfi 1 650 millj. kr. til að standa straum af auknum útgjöldum vegna breyttra forsendna um þróun launa og verðlags á árinu 1975 og vegna verðlagsmála landbúnaðarins. Fjárhagsvandi ríkissjóðs á árinu er þannig metinn sem næst 2 440 millj. kr. Þær 1 870 millj. kr., sem ætlað er að útgjöld muni aukast um af völdum gengisbreytingarinnar, eru byggðar á því að kostnaðaráhrifin koma að fullu fram í rekstrarútgjöldum stofnana og fyrirtækja ríkisins. Ríkisstj. hefur hins vegar ákveðið að beita öllum tiltækum ráðum til að sporna við slíkri þróun og hefur rn., stofnunum og fyrirtækjum ríkisins verið ritað sérstakt bréf þar sem aðilum er gert ljóst að kostnaðarhækkunin á rekstrarliðum af völdum gengisbreytingarinnar verði ekki bætt með auknum framlögum úr ríkissjóði. Er til þess ætlast að viðkomandi aðilar geri sérstakar ráðstafanir til að fresta útgjaldafyrirætlunum og endurskipuleggja reksturinn á þann hátt að fjárveitingar á fjárl. dugi til starfseminnar á árinu.

Þessi stefna er í samræmi við þann tilgang gengisbreytingar að draga úr útgjöldum þjóðarinnar í heild. Með þessum hætti er áætlað að draga megi úr kostnaðarauka af völdum gengisbreytingarinnar sem nemur 820 millj. kr. Með þessu frv. er síðan leitað heimilda til að lækka útgjöld um allt að 3 500 millj. kr. frá tölum fjárlaga.

Frv. felur hins vegar í sér lækkun tekjuskatts einstaklinga, skattafslátt og aukna ívilnun vegna barna við skattlagningu til ríkissjóðs sem kostar ríkissjóð töluverðar upphæðir, en í heild sinni er talið að breytingar á beinum sköttum muni nema um 1 360—1 380 millj. kr.

Varðandi skattamálin er lagt til að gerð verði nokkur kerfisbreyting í skattheimtu sem felur í sér að öll barnaívilnun til framfæranda barns, þ. e. fjölskyldubætur, persónufrádráttur vegna barna og afsláttur frá tekjuskatti vegna barna, sé sameinuð í einn afslátt, barnabætur, sem greiðist ef hann nýtist ekki til greiðslu á tekjuskatti og útsvari eða öðrum opinberum gjöldum framfærandans. Við þessar breytingar verður barnaívilnun óháð tekjum, en í núverandi kerfi vex ívilnunin með tekjum.

Þá er gert ráð fyrir því að persónufrádrætti hjóna og einhleypinga sé breytt í persónuafslátt sem nýtist eingöngu til greiðslu á tilteknum opinberum gjöldum. Þá er skattstiganum og breytt í kjölfar þessarar kerfisbreytingar og hafðir tveir skattstigar, annar fyrir hjón og hinn fyrir einstaklinga, eins og áður var um mismunandi persónufrádrætti að ræða í slíkum tilvikum.

Þá er lagt til í frv. að persónufrádráttur frá útsvari sé hækkaður um 50%, en persónuafsláttur skv. tekjustofnalögum sveitarfélaga hefur verið óbreyttur frá 1972. Hér er um að ræða ívilnun til útsvarsgjaldenda sem nemur tæpum 400 millj. kr., en aftur á móti er með sama hætti um tekjumissi að ræða hjá sveitarfélögunum sem getur vissulega orðið þeim þungbær. En þá er rétt að það komi fram hér í framsögu að aukin notkun skattafsláttar gerir kröfu til þess að séð verði við þeim annmörkum sem fram komu við breytingu skattafsláttar við álagningu skatta á s. l. ári þegar það fyrirkomulag var fyrst tekið upp þó að í smáum stíl væri. Til þess að koma í veg fyrir að skattafslátturinn nýtist þeim sem ekki eiga hann skilið, þá eru ákvæði um að heimilt sé að beita ákvæðum tekjustofnalaga sveitarfélaga um viðmiðunartekjur þeirra, sem sjálfstæðan atvinnurekstur stunda, til þess að koma í veg fyrir að frádráttur, sem felst í fyrningum og afskriftum, geri menn skattlausa og verði til þess að þeir öðlist rétt til greiðslu skattafsláttar. Þá er og í frv. ákvæði sem kemur í veg fyrir að mikill mismunur á nettótekjum eða skattgjaldstekjum annars vegar og brúttótekjum hins vegar, m. a. vegna mikils frádráttar, t. d. af völdum vaxtakostnaðar eða taps á atvinnurekstri, leiði til skattafsláttar nema í samræmi við ákveðnar reglur.

Þá felur frv. í sér till. um flugvallagjald sem skilað gæti ríkissjóði um 225 millj. kr. og er gert ráð fyrir að hækka lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli sem skilað gæti ríkissjóði 70—75 millj. kr. í ár og mundi ríkissjóður þannig fá um 300 millj. kr. upp í þær 440 millj. kr. sem ætlaðar eru á fjárlögum til flugþjónustu og flugvalla umfram tekjur af þeim rekstri. Eðlilegt er að reynt sé að fjármagna þau útgjöld með gjaldtöku af flugfarþegum.

Þá er rétt að fram komi að í útgjaldahlið fjárlaga verður að taka tillit til að ríkissjóður þarf að greiða háar fjárhæðir vegna ríkisábyrgðasjóðs vegna skuttogarakaupa á undanförnum árum og verðlagsmálin gætu enn valdið nokkrum kostnaðarauka. Verður að ætla töluverða upphæð í þessu skyni og því fremur ef á ríkissjóð koma einhver útgjöld til þess að stuðla að samningum í yfirstandandi deilu um kjör á stærri skuttogurunum.

Heildarniðurstaðan verður sú að með till. frv. er stefnt að lækkunum ríkisútgjalda um 1 200 millj. kr. þrátt fyrir breyttar verðlagsforsendur og meiri minnkun í raungildi. Endurskoðun tekjuhliðar veldur 300 millj. kr. hækkun áður en beitt væri heimildarákvæðum V. kafla frv. til lækkunar. Hér er því um verulega skattalækkun að ræða að teknu tilliti til breyttra aðstæðna. Hlutfall ríkisútgjalda af þjóðartekjum mundi samkv. frv. lækka á árinu 1975 í nær 27% úr 29%. Þannig felur frv. í sér um 1 500 millj. kr. bætta greiðsluafkomu ríkissjóðs 1975 væri lækkunarheimild I. kafla þess nýtt til fulls. En mikil þörf er á því að mynda slíkt fjárhagslegt svigrúm hjá ríkissjóði á árinu 1975. Í fyrsta lagi er ekki verjandi að stefna ríkissjóði í hallarekstur á yfirstandandi ári vegna hinnar tæpu stöðu þjóðarbúsins út á við og til viðbótar þeim 3 000 millj. kr. halla sem varð á ríkissjóði á síðasta ári. Gjaldeyrisstaðan leyfir ekki slíka beitingu ríkisfjármála. Brýna nauðsyn ber til að lækka skuld

ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu. Í öðru lagi þarf ríkissjóður að hafa bolmagn til þess að geta lagt sitt af mörkum til þess að friðsamleg lausn náist í yfirstandandi kjaradeilum umfram það sem gert er ráð fyrir með lækkun beinna skatta, t. d. með því að beita heimildarákvæðum V. kafla frv. til að lækka matvælaverðlag og ná þannig kjarajöfnunaráhrifum til viðbótar lækkun beinna skatta, eins og yfirlýsing hefur verið gefin um. Í þriðja lagi gæti ríkissjóður þurft að standa undir auknum útgjöldum, a. m. k. um sinn, vegna gífurlegrar hækkunar áburðarverðs sem veldur bændum og landsmönnum öllum þungum búskelli. Hefur ríkisstj. ákveðið að veita á þessu ári 600 millj. kr. í þessu skyni, en alls munu greiðslur úr ríkissjóði nema um 760 millj. kr., en 150 millj. kr. flytjast til næsta árs.

Af þessu má sjá að ekki veitir af að styrkja stöðu ríkissjóðs að því marki sem till. frv. fela í sér, en með framkvæmd þeirra ætti að nást það jafnvægi í ríkisfjármálum sem er forsenda efnahagsjafnvægis í þjóðarbúskapnum öllum á þessu ári.

Í VI. kafla frv. eru ákvæði um 5% skyldusparnað af tekjum umfram allhátt mark, breytilegt eftir fjölskyldustærðum. Er gert ráð fyrir, að þessi ákvæði afli 200—250 millj. kr. til opinberra framkvæmda.

Þá eru í frv. lántökuheimildir fyrir ríkissjóð. Í fyrsta lagi fela þær í sér að heildarfjárhæð lánsfjármagnaðra opinberra framkvæmda hækkar um 1 300 millj. kr. frá fjárlögum eða úr 3 700 millj. í 5 000 millj. kr. Í öðru lagi er lagt til að tekið verði 2 000 millj. kr. lán erlendis vegna Framkvæmdasjóðs. Með þessum till. er séð svo langt sem auðið er til lánsfjáröflunar bæði innanlands og utan þegar jafnframt er litið til þarfa fjárfestingarlánasjóðanna.

Með gengisbreytingunni og með framkvæmd till. í þessu efnahagsmálafrv. og þeirra fylgiráðstafana í sjávarútvegi sem gert er ráð fyrir í öðru frv., sem lagt hefur verið fyrir Alþ., er stefnt að því jafnvægi í ríkisfjármálum og þjóðarbúskap sem er forsenda atvinnuöryggis. Þessar till. eru við það miðaðar að það takist að rétta gjaldeyrisstöðuna nokkuð á árinu 1975, að tryggður verði snurðulaus rekstur atvinnuveganna þótt þeir eins og aðrir þurfi að búa við lakari hlut á þessu ári en á velgengnistímum, að tryggð verði full atvinna og lífskjör þjóðarinnar haldist lík og þau voru á árunum 1971—1972. Þetta er megintilgangurinn. Takist okkur að ná honum er mikið unnið.

Það er einnig von ríkisstj. að með þessu frv. og öðrum þeim ráðstöfunum, sem till. hafa verið gerðar um eða samþykktar hafa verið, sé lagður grundvöllur að farsælli niðurstöðu fyrir kjarasamninga og hefur reynslan orðið sú hingað til í öllum meginatriðum þótt aðeins hafi verið um bráðabirgðasamkomulag að ræða. En vonandi verða þær samningaviðræður, sem enn eru í gangi og eftir eiga að fara fram nú í sumar, á þann veg að vinnufriður fáist í þjóðfélaginu.

Ég vil þá geta þess að ríkisstj. hyggst leggja fram till. um breytingu á tekjutryggingar- og elli- og örorkulífeyrisfjárhæðum almannatrygginga og sýnist eðlilegast að skipa þeim till. í frv. það sem liggur fyrir þessari hv. d. um staðfestingu á brbl. um launajöfnunarbætur og koma þær þá fram við 2. umr. um það frv. sem bráðlega verður efnt til hér í hv. deild.

Þá vil ég geta þess að til viðbótar þeim till., sem hér er um að ræða um lækkun beinna skatta, heldur áfram endurskoðun tekjuskattslaga og tekjustofnalaga sveitarfélaga með það fyrir augum að kanna möguleika á frekari samræmingu skatta- og tryggingakerfis og einnig í því skyni að koma á sérsköttun hjóna. Í þeirri endurskoðun verða einnig tekin til meðferðar ákvæði um skattlagningu atvinnurekstrar og fyrirtækja, þ. á m. hvernig haga skuli með skattameðferð fyrninga söluandvirðis fyrnanlegra eigna.

Ég vil að svo mæltu leyfa mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. þessarar d., um leið og ég ber fram þá ósk að n. hraði störfum og skili áliti sínu sem fyrst til hv. d. Mér er kunnugt um að fjh.- og viðskn. d. hefur að öllu leyti, má ég segja, starfað með fjh.- og viðskn. Nd. að meðferð þessa frv., og vonast ég því til að afgreiðslan geti orðið skjót og góð.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Aðalefni þessa frv. er í fyrsta lagi niðurskurður á útgjöldum ríkissjóðs sem nemur 3 500 millj. kr., skattalækkanir sem nema 2 000 millj. kr., tollalækkanir á ávöxtum, breytingar á fjölskyldubótum, þannig að um verði að ræða svonefndar barnabætur, flugvallagjald, skyldusparnaður og lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda. Till. þessar, sem í frv. felast, eru nokkuð misjafnar að vöxtum, en þrennt er það sem skiptir mestu máli og ég mun hér gera að umræðuefni. Það er í fyrsta lagi skattalækkunin, í öðru lagi niðurskurður ríkisútgjalda og í þriðja lagi fjárfestingarmálin.

Í stuttu máli sagt er það afstaða okkar Alþb.-manna til þessara þriggja meginatriða frv. að við erum meðmæltir skattalækkuninni. Við teljum sérstaka þörf á því eftir að núv. ríkisstj. hefur stórlega aukið skattaálögur á þjóðina, en það var eitt fyrsta verk hæstv. ríkisstj. eftir að hún komst til valda að hækka söluskatt um 2%. Eftir að hún hefur rýrt lífskjör almennings í landinu mjög verulega og fólkið á fyrir höndum að greiða hæstu skatta, sem nokkurn tíma hafa verið á lagðir, með hlutfallslega miklu minni tekjum en verið hefur um langt skeið, sem sagt þegar þessi viðhorf blasa við, þá er sannarlega þörf á að skattabyrðin og skattaálögurnar séu gerðar eitthvað léttbærari. Jafnframt teljum við Alþb.-menn það rétta stefnu að talsverður hluti þessarar skattalækkunar sé framkvæmdur með lækkun söluskatts á matvörum og afnámi tolla á innfluttum ávöxtum. Við erum aftur á móti andvígir því að ríkistj. rétti hlut sinn og rétti hlut ríkissjóðs vegna þessara skattalækkana með niðurskurði á ríkisútgjöldum, einkum þar sem sýnt er að þessi niðurskurður á fyrst og fremst að bitna á verklegum framkvæmdum víðs vegar um land.

Við viljum að teknanna til að standa undir minnkuðum skatttekjum sé aflað á tvennan hátt. Við viljum afnema verulegan hluta af hinum

fáránlegu fyrningaheimildum skattalaga, sem nú eru í gildi, og þá fyrst og fremst verðhækkunarstuðul fyrningareglnanna og ákvæðin um flýtifyrningu, þannig að eftir stæðu aðeins hinar almennu fyrningareglur skattalaganna, en þær eru allt að 15% af bókverði lausafjár. Fyrningaheimildir lausafjár geta hins vegar orðið allt að 31.5% að óbreyttum lögum eða meira en tvöfalt hærri en við leggjum til að þær verði og meira en tvöfalt hærri en þær voru fyrir fáum árum. Ætla má að þessi breyting ein hefði í för með sér 1 100—1 200 millj. kr. auknar tekjur fyrir ríkissjóð.

Í öðru lagi viljum við hækka tekjuskatt af hátekjum. Samkv. frv. ríkisstj. getur tekjuskattur orðið hæstur 40% af skattgjaldstekjum, en með því hugtaki mun vera átt við brúttótekjur að frádregnum lögleyfðum frádráttarliðum, svo sem vöxtum, hálfum tekjum eiginkonu, lífeyrisgreiðslum og öðrum slíkum frádráttarliðum. Við leggjum til að skattur á tekjur hjóna, sem hafa meira en 1 750 þús. kr. skattgjaldstekjur, en það mun að meðaltali jafngilda um 2 millj. 300 þús. kr. brúttótekjum, verði 45% af því sem er fram yfir 1 750 þús. kr., en þegar skattgjaldstekjur verða hærri en 2 750 þús. kr. hjá hjónum sé greiddur 50% skattur af því sem fram yfir er þá upphæð. Til nánari skýringa má geta þess að 2 750 þús. kr. í skattgjaldstekjur mun að meðaltali jafngilda um 3 millj. 700 þús. kr. í brúttó-árstekjur hjá hjónum. Sem sagt, hér er um að ræða hækkun skattstigans í 45% þegar skattgjaldstekjurnar eru komnar í 1 750 þús. kr. og í 50% þegar þær fara yfir 2 millj. 750 þús.

Með hliðsjón af þessum tekjuöflunartill. teljum við sjálfsagt að lækkun á útgjöldum ríkisins samkv. fjárl. ársins 1975 nemi ekki meira en 1 500 millj. kr., og við leggjum á það þunga áherslu að þar verði einungis um að ræða lækkun rekstrarútgjalda, en þess verði gætt að þessi niðurskurður hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né á framlög til félagsmála. Við afgreiðslu fjárlaga 1975 var hækkun á almennum rekstrarútgjöldum ríkisins furðulega mikil, en með almennum rekstrarútgjöldum ríkisins er átt við önnur rekstrargjöld en beinar launagreiðslur og viðhaldskostnað. Þessi liður einn hækkaði við afgreiðslu fjárlaga milli áranna 1974 og 1975 um 76%. Við teljum því allmiklar líkur á því að skera mætti þar nokkuð niður að ósekju og að skaðlausu.

Í umr. um þetta frv. hér á Alþ. hefur hæstv. forsrh. farið mörgum fögrum orðum um hin heilsusamlegu áhrif sem niðurskurður ríkisútgjalda hefði á hinn sjúka líkama íslensks efnahagslífs. Hann hefur fullyrt að stórfelldur niðurskurður framkvæmda og fjárveitinga hins opinbera sé beinlínis lífsnauðsynlegur á þeim tímum er að kreppir og tekjur þjóðarinnar minnka. Áfergja hæstv. forsrh. í niðurskurð félagslegra framkvæmda minnir mig óneitanlega nokkuð á kreddur þeirra manna fyrr á tímum sem töldu það allra meina bót við hvers kyns sjúkdómum að sjúklingum væri tekið blóð. Því alvarlegri sem sjúkdómurinn var talinn, þeim mun meira blóði var af þeim tappað. Það er sem sagt ekki í fyrsta sinn nú að hæstv. forsrh. og skoðanabræður hans prédika þessa töfralækningu, að skera niður útgjöld ríkisins. Áreiðanlega er flestum í fersku minni að á því blómaskeiði, sem þjóðin hefur lifað undanfarin ár, hefur Sjálfstfl., með formann sinn í fararbroddi, býsnast yfir því í tíma og ótíma að þenslan í efnahagslífinu væri alltof mikil, það yrði að draga úr þenslunni. Og úrræðið hefur alltaf verið það sama, að skera niður útgjöld ríkisins. Nú er þessu þensluskeiði lokið og aðrir tímar runnir upp. Heildartekjur þjóðarinnar hafa að vísu ekki minnkað mikið, en þó heldur dregist saman. Hins vegar hafa endurteknar stórfelldar gengisfellingar dregið verulega úr innlendri byggingarstarfsemi og stórum lakari lífskjör fólksins hafa þegar og eiga eftir að hafa í för með sér minnkandi eftirspurn eftir innlendum framleiðsluvörum og þjónustu. Það kreppir að í íslensku efnahagslífi, aðallega vegna stórfelldrar tekjutilfærslu innan þjóðfélagsins sem núv. ríkisstj. stendur fyrir, og þá er enn sama töfralækningin á ferðinni. Enn sem fyrr birtist læknirinn, sem ráð kann við öllu, með kutann á lofti til að skera niður verklegar framkvæmdir ríkisins og félagsleg nauðsynjamál. Enn sem fyrr og nú við gjörbreyttar aðstæður er meinið það sama að dómi formanns Sjálfstfl. Það er félagslegi þátturinn í íslensku þjóðfélagi sem er of fyrirferðarmikill og honum skal því blæða. Ef ekki væri þessi kreddufulla afstaða til sameiginlegra útgjalda þjóðarinnar, til félagslegra þarfa í anda hinnar klassísku íhaldsstefnu, sem sækir að forustumönnum Sjálfstfl. í tíma og ótíma, væri þeim áreiðanlega jafnljóst og öllum öðrum að á samdráttartímum eins og þeim, sem nú eru runnir upp af orsökum sem eru bæði af innlendum og erlendum toga sprottnar, er sérstök ástæða til þess að í engu sé dregið úr verklegum framkvæmdum ríkisins og fjárframlögum til félagsmála. Á þess háttar tímum er einmitt mikil nauðsyn að ríkisvaldið leitist við að fylla í þau skörð sem hugsanlega myndast í efnahags- og atvinnulífi til að koma í veg fyrir alvarlegustu afleiðingar efnahagslegs samdráttar og tryggja fulla atvinnu í landinu.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir afstöðu okkar til tveggja meginatriða þessa frv. Þriðja meginatriðið er fjármögnun framkvæmda og stofnlánasjóða með innlendu og erlendu lánsfé. Þar er mikið stórmál á ferðinni, enda ræðst hraðinn í uppbyggingu íslenskra atvinnuvega mjög af því hvernig hagað er fjármögnun fjárfestingarsjóðanna. Nú eru horfur á því að opinberum fjárfestingarlánasjóðum verði haldið á þessu ári í meira svelti en verið hefur um langt skeið og á þetta einkum við Fiskveiðasjóð, Iðnlánasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins. En horfur eru á því að þessir sjóðir geti engan veginn gegnt hlutverki sínu vegna þess hve smátt er til þeirra skammtað miðað við þarfirnar.

Við 3. umr. í Nd. voru samþ. breytingar á því frv., sem hér er til umr., sem fólu í sér hækkun á lánsfjáröflun til Framkvæmdasjóðs. Í ljósi þessara breyt. er að sjálfsögðu rétt að skoða betur í n. nú milli umr. hvernig útlánaáætlanir fjárfestingarsjóðanna líta nú út. En mér virðist þegar sýnt að verði ekki gerðar frekari breyt. á frv. sé fjármögnun stofnlánasjóðanna alls ófullnægjandi. Frv. ríkisstj., eins og það var afgr. frá Nd., einkennist í stuttu máli sagt af

samdráttar- og niðurskurðarstefnu ríkisstj. í atvinnu- og fjárfestingarmálum. Þessi stefna er röng og háskaleg og getur haft hinar verstu afleiðingar fyrir atvinnuástand í landinu og byggðaþróun víðs vegar um land.

Herra forseti. Ég hef haldið mig við nokkur meginatriði þessa máls og varið til þess 15 mínútum, en það hefur verið aðalsmerki þessarar d. að umr. hafa verið hér hóflega langar. Með það í huga læt ég þessi orð nægja við 1. umr. málsins. Við Alþb.-menn munum freista þess að koma fram gagngerum breytingum á þessu frv. í samræmi við þau sjónarmið, sem ég hef hér lýst, en nái þær ekki fram að ganga, munum við, enda þótt við séum samþykkir nokkrum jákvæðum atriðum þessa frv., greiða atkv. á móti því.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Vegna annarra atvika hér í dag hefur þess verið farið á leit að ræðumenn við 1. umr. hafi mál sitt sem styst. Síðasti ræðumaður, formælandi annars stjórnarandstöðuflokksins, hefur orðið mjög rausnarlega við því og mun ég einnig leitast við að hafa ræðu mína ekki of langa við 1. umr. En hæstv. forsrh. hefur nú gert grein fyrir þessu mikla frv. sem heitir mörgum orðum og á að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnuvega og lífskjara samtímis.

Frv. er flutt sem áframhaldandi skref í áttina að tryggja jafnvægi í þjóðarbúskapnum, eins og það er orðað, í áframhaldi af gengisfellingunni frá því í febr., og ásamt öðru frv. virðist nú vera komin föst mynd á hvað hæstv. ríkisstj. ætlast til í því efni, en í öðru frv. boðar hún millifærslu rúmra 1600 millj. kr., frá launþegum fyrst og fremst, að stórum hluta í sjávarútvegi, yfir á aðra með ýmsum tilfærslum, sem langan tíma hefur tekið að fá samkomulag um í hæstv. ríkisstjórnarflokkum.

Hæstv. forsrh. sagði: Frv. má skoða sem ramma í ríkisbúskapnum. — Það var á sínum tíma mjög talað um það að hæstv. ríkisstj. þyrfti svigrúm til þess að móta ákveðna stefnu sem kæmi hlutunum í lag eftir að hún tók við af vinstri stjórninni, en stærri stjórnarflokkurinn hefur nú mjög talað um að allt hafi verið meira og minna í kaldakoli í þjóðarbúskapnum er þeir tóku við ríkisrekstrinum. Það vill nú svo til að annar stjórnarflokkurinn hefur nýlega haldið sinn flokksstjórnarfund og form. þess flokks og fyrrv. forsrh. hélt þar langa ræðu og minnti á stórkostlega uppbyggingu í atvinnulífinu og margt sem þar hefði verið gert og hvað allt væri með miklum blóma. En þá vildi svo til að fregnir bárust af því að næststærsta útgerðarfyrirtæki á landinu vantaði a. m. k. mörg hundruð millj. til þess að geta haldið rekstri sínum áfram eða svo að nokkur von sé til þess að það geti staðið í skilum. Eitthvað hefur því undan látið og eðlilegt að talað sé um að það þurfi að skapa svigrúm til að koma hlutunum í lag, og nægir ekki ein gengisfelling og nægir ekki tvær og virðist nú skammt í þá þriðju eftir því sem margir menn telja. Og það er einmitt þetta sem er gallinn við okkar þjóðarbúskap, að gera ráðstafanir sem almenningur hlýðir ekki og vill ekki taka þátt í. Það tel ég og hef oft sagt að væri frumatriði til þess að ná jafnvægi í þjóðarbúskap íslendinga, sama hverjir sitja í ráðherrastólum og sama hve ríkisstj. hefur marga þm. á bak við sig, að gera þær ráðstafanir, sem almenningur vill hlíta og hlýða og taka á sig og taka þátt í. Það verður alls ekki sagt að almenningur fylgi þessari stefnu, sem nú ríkir, — alls ekki. Það er blindur maður í stjórnarherbúðunum sem verður ekki var við það hversu óánægður almenningur er og telur þessa stefnu alveg vonlausa til þess að halda jafnvægi áfram. Hæstv. forsrh. hlýtur að vita að tugir fyrirtækja í öllum starfsgreinum halda rekstri sínum eingöngu gangandi með skuldasöfnun. Það er búið að skrúfa svo fyrir heilbrigðan rekstur í landinu og eðlilegan rekstur að það nær ekki nokkurri átt. Það er aðeins lokað fyrir og sagt að engin eðlileg útlán séu veitt, það sé aðeins laust fjármagn sem losnar frá degi til dags, og heilbrigð innkaup, heilbrigt skipulag og heilbrigður rekstur fær engan veginn að njóta sín í dag. Miklu fremur er það viðurkenning á því, sem illa hefur tekist til, að það sé verið að hlaupa undir bagga og það látið baslast áfram. Tel ég að slík vinnubrögð leiði það af sér fyrr eða síðar að atvinnulífið hljóti að fara í hnút.

Þetta frv. boðar í 1. gr. niðurskurð á ríkisútgjöldum allt að 3 500 millj. kr. Það kann að vera nauðsyn að gera átök í því efni að hefta þensluna því að vissulega hækkuðu fjárlögin það mikið að við í Alþfl. töldum þau vera óraunhæf, eins og þau voru afgr. hér fyrir áramót, og sannaðist það fyrr en ætla mætti. Það verður að horfast í augu við þá staðreynd að svo gífurleg verðþensla á milli ára hjá okkur skapar vandamál og að gengisfelling undir þeim kringumstæðum var ekki rökrétt vinnubrögð. Þótt hæstv. ríkisstj. hagnýti sér þessa heimild að verulegu leyti, sem ekki liggur nú enn þá stafkrókur um, með hvaða hætti verði gert, þá hamlar það ekki á móti þeirri verðbólgu sem hér hefur geisað og von var að næðist það niður á við að hún endaði um áramót með u. þ. b. 15% verðbólguþróun samkv. stefnuræðu hæstv. forsrh. á s. l. hausti. Það er því miður borin von, einmitt vegna gengisfellinga og vaxtahækkana og margs annars sem orsakar verðbólgu hér innanlands ásamt erlendum þáttum í verðmyndun. Það er auðvitað mjög mikilvægt atriði að draga úr fjármagnsþenslu í þjóðfélaginu og hefta útlán eins og framast er unnt. En ég felli mig ekki við þau vinnubrögð að þeir, sem standa sig sómasamlega og hafa sína hluti sæmilega í lagi og meira en það, fá ekki áheyrn, og eru til þess mýmörg dæmi í dag, en að hinum sé hyglað sem allt rekur á reiðanum hjá. Slík vinnubrögð í efnahagsstefnu og peningapólitík bera dauðann í sér fyrr eða síðar. Það er bara spurningin um tíma. Þá er nákvæmlega sama hvaða frv. kemur hér fram á Alþ., það verður aldrei tjaldað með því frv. eða þeirri löggjöf nema til skamms tíma, jafnvel til einnar nætur. Bráðabirgðalausn er aðeins fyrir hendi núna í samningamálunum, það koma verðhækkanir 1. júní og svo koll af kolli. Ríkisstj. hefur séð sig til neydda að gera hvort tveggja í einu, þrátt fyrir þröngan fjárhag, að taka á sig þegar á þessu ári niðurgreiðslur á áburði allt að 600 millj. og stofna til 150 millj.

kr. til viðbótar á næsta ári og einnig verulegar upphæðir í sambandi við auknar bætur á útflutning landbúnaðarvöru. Hún telur sig knúna til þess að gera þetta án þess að gera Alþ. sómasamlega grein fyrir þessum auknu útgjöldum að öðru leyti en því að við vitum að hluti af þessu mundi koma þegar fram í vöruverði og hækkun þá á vísitölu.

Mér virðist persónulega að það sé allgóður jarðvegur nú til þess að taka vísitölukerfið til gagngerðrar endurskoðunar og finna á því nokkra bót. Þessar sjálfkrafa víxlhækkanir geta ekki verið lagalega bundnar ár eftir ár. Það er öllum til vandræða þegar til lengdar lætur. Það væri vissulega þakkarvert spor ef hæstv. forsrh. gerði nú röggsamlega gangskör að því að höggva á þessa víxlhækkun, þetta taktfasta slag til hækkunar sitt á hvað, eftir því hvernig verðlag hreyfist, í tekjum manna, tekjuöflun fyrir ríkissjóð og ýmsum öðrum þáttum sem ég vil ekki eyða tíma í að rekja við þessa umr.

Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. að enn kann að fara svo að ríkisútgjöld aukist verulega til þess að takast megi að leysa yfirstandandi vinnudeilur. Það er auðvitað slæmt að hafa ekki neina tölu til viðmiðunar þegar þetta er gefið í skyn og eiga samtímis að vera að fjalla um niðurskurð og e. t. v. að vera byrjaður að taka afstöðu til þessa niðurskurðar, ef hér verður um verulegar upphæðir að ræða, annaðhvort innan ríkiskerfisins sjálfs eða vegna millifærslukerfisins, sem komið er á í þessu þjóðfélagi og er orðið svo viðamikið að mér virðist að það nálgist um 5 milljarða í landbúnaði og sé nú komið á 5. milljarð í sjávarútvegi. Ef þetta heldur áfram, að við séum að millifæra yfir 10 milljarða a. m. k. á næsta ári, þá er það mín skoðun að kerfið springi bókstaflega innan frá, — það springi bókstaflega innan frá, öll þessi millifærsluleið. Alþm. hljóta að verða að gera það upp við sig raunar allir launþegar í landinu, að þetta heldur ekki lengur svona áfram. Það er óhjákvæmileg uppstokkun á öllu okkar athafnalífi og launagreiðslum og niðurgreiðslum, og því fyrr sem ráðist er á þessa ófreskju, þessar geysilegu millifærsluleiðir, því betra að mínu mati. Þegar millifærslukerfið er orðið svona mikið og veltir upp á sig eins og snjóbolti, þá er eðlilegt að forsendur fjárl., sem við afgr. á síðasta ári, séu nú brostnar. Getum við verið sammála um að rök séu fyrir því að endurskoða þær forsendur og breyta þess vegna fjárl., eins og 1. gr. þessa frv. gengur út frá, og að hæstv. ríkisstj. hafi heimild til þess, þó í samráði við fjvn., en auðvitað mun meiri hl. hennar þar, sem er sterkur og mikill, móta það og þá eftir höfðinu á öllu apparatinu.

Það hefur komið fram að ríkisstofnanir verða að láta tekjur duga, eins og hæstv. forsrh. orðaði það. Það er ágætt, ef nauðsynlegt er, að skrifa viðkomandi ríkisstofnunum bréf og segja við þær einfaldlega: Þið verðið að láta tekjur duga þegar verðbólguþjóðfélagið er svona mikið hér á Íslandi að sýnilegt er að verðbólga verði á yfirstandandi ári yfir 40%, — jafnframt því sem lög varðandi ríkisstarfsmenn eru þannig að vart er hægt að hreyfa mann úr starfi. Mér finnst þess vegna varla fara saman að geta gefið út slíkan boðskap og segja við forsvarsmenn fyrirtækjanna að þeir verði að láta tekjur duga eins og fjárl. gerðu ráð fyrir við allt aðrar aðstæður en nú eru komnar í ljós.

Einn þáttur þessa frv. og hann ekki svo lítill er skattabreyting. Það hafði verið stefnumið allra stjórnmálaflokka í landinu að gera skattalöggjöfina einfaldari svo að venjulegur maður gæti á tiltölulega skömmum tíma gert sér grein fyrir því hvað hann mundi bera í álögur á komandi ári — eða á yfirstandandi ári nú. En eftir að þetta frv. hefur orðið að lögum er það aðeins á færra manna færi að gera sér grein fyrir því hvernig ganga á frá skattaframtali og reikna út skatta. Svo ömurlega stefnir þessi breyting í öfuga átt við það sem allir voru sammála um á s. l. ári að nauðsynlegt væri að gera, að einfalda skattalög landsmanna og gera mönnum léttara en verið hafði um mörg ár að gera sér grein fyrir skattbyrði sinni á komandi ári. Sá maður, sem vill ráðstafa tekjum sínum skynsamlega og eðlilega, á heilbrigðan hátt og jafnvel leggja inn á sparisjóðsbók, verður með sómalegum hætti að geta reiknað út sjálfur hvaða álögur hann kann að bera á næsta ári og eiga fyrir því og ráðstafa hinu, þeim afgangi ef einhver er, með heilbrigt og eðlilegt sjónarmið í huga. En með þessari breytingu, sem nú er gerð á skattalögunum, er það gjörsamlega borin von, og er aðeins verkefni sérfræðinga að finna út hvernig skattaálögur koma til með að hvíla á viðkomandi persónu í það og það skiptið. Þessa þróun harma ég mjög. Við eigum að sjá sóma okkar í því hér á hv. Alþ. að hafa skattalöggjöfina einfalda þannig að hver venjulegur maður geti gert sér á tiltölulega stuttum tíma sæmilega grein fyrir því hvað hann kann að bera í skatta af þeim tekjum sem hann er að afla og hann geti síðan haldið sinn búreikning og hagað sér skv. því. Þetta er miklu mikilvægara atriði en svo að menn megi afgr. slíkt frv. eins og hér er lagt til að gert sé nú. Ég vil mjög gagnrýna þessi vinnubrögð, að skattalögin séu gerð miklu flóknari en þau hafa verið um mörg undanfarin ár.

Það er talað um að færa hér til í nokkrum tollflokkum og skal ég ekki eyða tíma í það að þessu sinni. Þetta eru ýmsir ávaxtaflokkar og feitmetisflokkar og sjálfsagt holl fæða fyrir ýmsa. En hvort það kemur að því gagni, sem frv. vill vera láta, skal ég láta ósagt. En það mætti minna á gamalt orðtæki, sem kom í Unga Íslandi á sínum tíma, en þar stóð: „Einn banani á dag setur meltinguna í lag.“ En mér virðist nú að mætti breyta því lítils háttar og segja: „Einn banani á dag setur ástandið í lag“ — ef það verður skattfrítt o. fl. Urðu þeir þá forspáir sem notuðu þetta orðatiltæki fyrir 40 árum í Unga Íslandi. Nauðsynlegt er að hafa ávexti, þó að á sínum tíma þætti það lúxus einn að hafa ferska ávexti á Íslandi, en ég fagna því að það skuli vera stuðlað að því að almenningur eigi kost á því að hafa ferska ávexti í ríkum mæli allt árið þótt mikið sé um utanlandsferðir af hálfu landsmanna.

Einn þáttur í þessu er flugvallagjald og það er rökstutt hve nauðsynlegt sé að afla tekna nokkuð á þriðja hundrað millj. kr., vegna fram-

kvæmda við flugvelli landsmanna og þá fyrst og fremst við Keflavík. Vel geta verið rök fyrir því að setja nokkurt gjald, en hér er stefnt afar hátt. Hér virðist mér vera stefnt að því að flugvallagjald frá Keflavík sé um 15 dollarar, sem mun vera miklu hærra en nokkurs staðar tíðkast í heiminum eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um. Sums staðar hefur verið gjald sem gæti numið 2—4 dollurum, en hvergi neitt í líkingu við þessa upphæð. Síðan á að setja á gjald fyrir farþega innanlands, en jafnframt á að breyta söluskatti á farmiðum svo að þar mun ekki vera um iþyngingu að ræða, ef ég skil brtt. rétt, og því ekki gagnrýnisvert að breyta þar um. Það verður þá fastagjald og ætti að vera sanngirnismál, sérstaklega fyrir dreifbýlismenn, að hafa þennan hátt á og ekki óeðlilegt að gerð sé uppstokkun á því.

Einn veigamikill þáttur þessa frv. er lántökuheimild vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs. Það er staðreynd og hún athyglisverð, að á sama tíma og hæstv. ríkisstj. boðar það að menn verði að fara varlega í efnahagsmálum þá liggur nú fyrir slík mergð umsókna í Framkvæmdastofnun ríkisins, um lán upp á mörg hundruð millj. eða meira, að aldrei mun hafa neitt slíkt legið fyrir á borðum þeirra ráðsmanna áður. — Bendir þetta til þess að víða sé þröngt fyrir, eða hins, nema hvort tveggja sé, að menn trúi ekki á jafnvægi í þjóðarbúskapnum og vilji nú allir enn einu sinni flýta sér sem mest má verða við fjárfestingu og reyna að bjarga þeim fáu aurum, sem menn eiga, og slá nú með öllu hugsanlegu móti lán í viðbót svo að menn komist yfir fyrirtæki eða aðra lausamuni sem þeir telja eðlilegt og nauðsynlegt að hafa vegna rekstrar síns eða uppbyggingar atvinnulífs úti um land.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að Fiskveiðasjóð vantar óhemju fjármagn og ýmsa aðra fjárfestingarsjóði vantar óhemju fjármagn. Það hefur verið boðað af hæstv. ríkisstj. að útlánaskilyrðum þessara sjóða yrði breytt og a. m. k. varðandi Fiskveiðasjóð yrði svokölluð sjálfvirkni í útlánum einnig endurskoðuð því að það er ákveðið hlutfall og bundið með lögum. Frv. gerði fyrst ráð fyrir að felld yrði niður heimild hæstv. ríkisstj. að hafa ríkisábyrgð á togarakaupum, en það hefur nú verið dregið til baka. Enn mun ekki sérstakt skipulegt átak hafa verið gert til að sýna landsmönnum fram á hvar vantar enn skip, hvorki skuttogara né annað, svo að þetta leikur allt meira og minna í lausu lofti að mínu mati. En hér er um afar mikilvægan þátt að ræða ef tryggja á, eins og er loforð nr. eitt hjá hæstv. ríkisstj., að atvinna sé handa öllum þeim er vinnu vilja fá. Þrátt fyrir það góða áform er vitað mál að mörg hundruð ungmenni í skólum frá 16 ára aldri og upp yfir 20 ára eiga nú við verulega erfiðleika að stríða að tryggja sér atvinnu á komandi sumri. Ef ekki verður gert sérstakt átak til að leysa þann vanda er fyrirsjáanlegt að hundruð ungmenna á ágætum vinnualdri verða atvinnulaus.

Hæstv. forsrh. undirstrikaði hér að ekki væri verjandi undir neinum kringumstæðum að halli væri á ríkisbúskapnum. Þetta er rétt staðhæfing út af fyrir sig við ríkjandi verðbólguástand. En mjög mikilvægt er hvernig þeim peningum, sem lausir eru, verði þá ráðstafað. Ég tel að það skipti miklu máli að ef við erum að skera niður um mörg hundruð millj. kr., ég tala nú ekki um milljarða, þá séu þær framkvæmdir, hvort sem einhverjum líkar betur eða verr, úti um landið eða hér í þéttbýlinu er heimta mikið fjármagn, en veita hlutfallslega fáum atvinnu. Ef það er ekki gert, þá er ekkert með það loforð að gera sem er sagt vera nr. eitt, að tryggja sem flestum atvinnu, því að atvinnuleysi er versta böl sem nokkur maður getur búið við. Hann er alveg vonlaus í slíkri aðstöðu. Hann getur ekki séð sér og sínum farborða. Hann getur ekki staðið í skilum með sínar skuldbindingar. Slíkt ástand má ekki skapast á Íslandi. Við höfum nóg svigrúm, nóg atvinnutæki og nægilegt fjármagn til að koma í veg fyrir slíkt.

Hæstv. forsrh. drap á að ríkisábyrgð — mér skildist á togurum ef ég hef heyrt það rétt — gæti verið allmikil. Það væri nú ekkert úr vegi að fá yfirlit yfir slíkar ríkisábyrgðir, hvað hefur fallið á ríkissjóð og hvernig þessi mál standa í dag. Ég man eftir því að á sínum tíma, þegar núv. iðnrh. hæstv. var fjmrh., þá lét hann gera mikla skýrslu um þessi mál sem vakti alþjóðarathygli á sínum tíma, um ríkisábyrgðir hjá mörgum fyrirtækjum. Sú skýrsla var birt hér á Alþ. Það væri vel þess virði í dag að fá yfirlit yfir þessa stöðu nú einmitt um komandi mánaðamót ef þing situr hér nokkuð fram í maí. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir alþjóð og ekki síður fyrir Alþ. að fá heildaryfirlit yfir það hve miklar ríkisábyrgðir eru og hvað hefur fallið á ríkissjóð vegna þessara ábyrgða.

Það hefur komið fram að n. beggja deilda störfuðu saman við að athuga þetta frv. þegar það var flutt í Nd., og áttum við kost þess, fjh.- og viðskn.-menn hér í hv. Ed., að fylgjast með. Það kom greinilega fram á þeim fundum að meiri hl. ríkisstj. vildi lítið hlusta á till. frá ASÍ. Fulltrúar frá ASÍ komu með greinargóðar till. og töldu sig hafa það skriflegt, bréf undirritað af hæstv. forsrh., að skattalækkun ætti að eiga sér stað, sem reyndar er hér boðuð og mun vonandi eiga sér stað, með þeim hætti sem tillögumenn frá ASÍ töldu að best mundi koma að gagni fyrir þeirra umbjóðendur, a. m. k. varðandi 800 millj. kr. upphæð. Því miður hefur það farið svo í endanlegri afgreiðslu í Nd. að á þetta var ekki hlustað. Ég tel þetta mjög undarleg vinnubrögð. Það má deila um það með hvaða hætti viss skattalækkun í þjóðfélaginu komi einstaklingum eða viðkomandi þegnum til góða. En þegar heildarsamtök setja fram till. um vissa upphæð skv. því er þau telja að þau hafi í hendi sér, undirritað af hæstv. forsrh., þá finnst mér mjög merkilegt að ekki skuli vera hlustað á till. þeirra, þegar þau unnu þær till. það vel, að þær eru mjög skýrar og glöggt fram settar og nánast það vel unnar að taka má upp sem brtt. umsvifalaust og setja inn í frv.

Ég tel að hér geti skapast aðeins tortryggni að óþörfu fyrir þetta háttalag og stuðli að enn erfiðari lausn á miklu vandamáli sem lánamálin og kjaramálin eru í okkar þjóðfélagi. Og mig undrar að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa beitt áhrifum sínum sterkar í þá átt að mæta þessari

ósk fulltrúa ASÍ alveg til fullnustu. En ég tel að þótt frv. geri ráð fyrir að hliðstæð upphæð í sköttum náist, þá skipti það meginmáli með hvaða hætti þessi skattalækkun komi til fólksins, og það er öðru nær en að skv. frv., eins og það er komið nú frá Nd., sé samræmi á milli óska fulltrúa ASÍ og frv. eins og það liggur fyrir nú. Ég mun því reyna á nefndarfundi í deildinni að vita hvort ekki er mögulegt að sveigja frv. í átt að óskum fulltrúa ASÍ. Ef það reynist ekki verður það að ráðast. En ég tel að það sé hæpið að standa í miklu undirbúningsstarfi til að ná saman samningum, rita bréf er lýsi ákveðinni afstöðu og menn taki það gott og gilt, en síðan sé sáralítið eða ekkert hlustað á fulltrúana þegar þeir koma á nefndarfundi. Þrívegis skrifaði ég orðrétt að fulltrúi ASÍ sagði: „Ég óska eftir rökum gegn þeim till., sem við leggjum hér fram.“ Þá var sagt: „Þau munu koma fram á hv. Alþ.“ Það getur vel verið að þau komi hér fram við 2. umr., en þau komu ekki fram við 1. umr. Ég hlustaði ekki á umr. í Nd. og hef ekki séð þær umr. enn á prenti. En það væri þá vel þess virði að við fengjum að heyra rök fyrir því af hverju ekki er hægt að hlusta á till. ASÍ-fulltrúanna, þar sem þeir töldu skýlaust að þeir hefðu fastmælum bundið og raunar svar á hvítu með hvaða hætti ætti að hlusta á þeirra mál og ákveðin upphæð yrði til ráðstöfunar, sem ekki er deilt um hver sé, að ég held, allt að 2 þús. millj., en deilt er mjög um með hvaða hætti á að skipta þessari upphæð. Um það var greinilega skoðanamunur á nefndarfundunum og sýnilegt er að ekki hefur verið hlustað á fulltrúa ASÍ eins og frv. liggur nú fyrir í dag.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Með því frv. sem hér er til umr., er fyrst og fremst verið að gefa hæstv. ríkisstj. heimild til að stjórna fjármálum ríkisins án tillits til samþykktar fjárlaga. Þeim er hent á ruslahauginn fjórum mánuðum eftir að þau voru lögfest. Og það er ekki einungis svo að fjárlögin séu í rauninni felld úr gildi, eftir að þetta frv. hefur verið samþ. veit í rauninni enginn hvaða lög eru eða verða í gildi á þessu ári og hvaða lög eru það ekki, að því er tekur til starfsemi, þjónustu og framkvæmda þar sem byggt er á fjárframlögum úr ríkissjóði, því að heimild sú, er felst í 1. gr. frv. um niðurskurð fjárveitinga um allt að 3 500 millj. kr., tekur einnig til útgjalda sem ákveðin eru með öðrum lögum en fjárlögum, lögum sem gilda lengur en aðeins frá ári til árs eins og fjárlög. Svo kann að geta staðið á að grípa verði til þess að skerða framlög ríkissjóðs sem lögboðin eru í öðrum lögum en fjárlögum. En standi svo á, þá ætti að sjálfsögðu að tilgreina þau lög í þeim heimildum sem samþykktar eru um lækkun fjárgreiðslna úr ríkissjóði svo að þm. viti hvað þeir eru í rauninni að samþykkja og til þess að hver og einn landsmaður geti vitað hvað eru gildandi lög í landinu.

Ég minnist þess ekki síðan ég kom á þing að staðið hafi verið með þessum hætti að lagasetningu þar sem ríkisstj. ásamt tilteknum hópi þm., sem þurfa að samþykkja niðurskurðinn, er heimilað að fella niður í mjög ríkum mæli, svo að nemur 3 500 millj. kr., greiðsluskyldur ríkissjóðs, jafnt þær sem ákveðnar eru í almennum lögum sem fjárlögum.

Í meiri hl. fjvn. sitja 7 þm. Ef ákvarðanir um niðurskurð eru teknar með meirihlutaákvörðun innan þess meiri hl. sem síðan stæði saman að ákvörðun í n., er niðurstaðan sú að Alþ. hefur í því tilviki lagt í vald fjögurra þm. að ákvarða hvað skuli vera lög og hvað ekki, að því er varðar greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart hvaða lögum sem er, og enginn veit hvar borið yrði niður. Slík ákvörðun, sem gæti ráðist að vilja fjögurra þm., yrði ekki eftir á borin undir Alþ. eins og á sér stað um brbl. Ég furða mig á því að slík lagasetning skuli hljóta tiltölulega greiða afgreiðslu í hv. Alþ.

Í grg. með fyrsta fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. var lýst þeim meiginmarkmiðum sem keppt væri að við afgreiðslu þeirra fjárlaga sem nú er verið að kasta. Eitt þessara meginmarkmiða var að sporna við útþenslu í ríkisrekstrinum, en samtímis var því lýst yfir annars staðar í grg. að liðurinn önnur rekstrargjöld ríkissjóðs hækkaði nokkru meir en nam verðlagshækkunum í landinu. En um markmiðið „að sporna við útþenslu ríkisbúskaparins,“ eins og það var orðað við framlagningu fjárlagafrv., sagði í grg. — með leyfi hæstv. forseta: „Þetta er skref til þess að freista þess að hafa hemil á verðbólgunni, draga úr greiðsluhallanum við útlönd og tryggja sem best lífskjör almennings.“ Um þessa klausu þarf engin orð nú. Afleiðingarnar af stefnu ríkisstj., sem m. a. reyndist stórfelld útþenslustefna í rekstrarkostnaði, tala sínu máli. Almenningur kynnist þeim daglega í stórfelldum verðhækkunum, vaxtahækkunum og stöðugri rýrnun lífskjara. Nefna má t. d. um verðlagsþróunina síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum að á fundi fjvn. fyrir fáum dögum voru veittar upplýsingar um áætlaða vísitölu vegagerðar í júní nk. og samkv. því hefur hún hækkað um 59.5% frá því í ágúst s. l.

Annað aðalmarkmið fjárlagafrv. var samkv. grg. þess, eins og þar sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, skapa „svigrúm til að styrkja fjárhagsstöðu ríkissjóðs á árinu 1975, en það er eitt brýnasta verkefnið í fjármálum ríkisins. Yfirdráttarskuld ríkissjóðs við Seðlabankann verður að líkindum einn milljarður kr. við næstu áramót og er í frv. gert ráð fyrir að 250 millj. kr. þeirrar skuldar verði greiddar á árinu 1975.“ Síðan sótti hæstv. fjmrh. í sig veðrið í grg. og sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Hér er þó vart nóg að gert og verður þess freistað við meðferð frv. á þingi að hækka þessa endurgreiðslu verulega.“

Fjármálastjórnin tókst hins vegar þegar á reyndi ekki betur en svo að í stað þess að skuldin við Seðlabankann næmi einum milljarði kr. um áramótin, eins og gert var ráð fyrir í grg., tókst að auka hana svo að hún var þrisvar sinnum hærri eða um 3 milljarðar ríflega. Hæstv. fjmrh. byggði þannig rekstur ríkissjóðs á nýprentuðum seðlum úr Seðlabankanum, og í stað þess að auka endurgreiðslurnar til Seðlabankans við afgreiðslu fjárlagafrv. á Alþ. voru lántökur samkv. A- og B-hluta fjárlaga auknar um 1 500 millj. kr. frá fjárlagafrv., og í því frv., sem

hér liggur fyrir, er lagt til að þrátt fyrir 3 500 millj. kr. niðurskurð ríkisútgjalda verði lántökur auknar um 1 300 millj. kr. Kemur þá í hugann sú áminning í grg. með fjárlagafrv. og aðgerðir, sem þá átti að gera til að létta skuldabyrði ríkissjóðs, mundu, eins og í grg. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, „hafa umtalsverð áhrif til að stuðla að efnahagslegu jafnvægi í víðara skilningi.“

Hvað „efnahagslegt jafnvægi í víðara skilningi“ merkir þarna nákvæmlega, veit ég ekki, en það kom a. m. k. tvisvar sinnum fyrir í grg. E. t. v. er þessi setning í grg. fjárlagafrv. í tengslum við þau orð er hæstv. fjmrh. mælti í fjárlagaræðu sinni þegar hann sagði: „Því ber jafnan að haga meðferð opinberra fjármála þannig að stutt sé að jafnvægi innanlands og utan“. — Og efnahagslegt jafnvægi í víðara skilningi þýðir þá efnahagslegt jafnvægi á heimsmælikvarða. En þá horfir sannarlega illa um heimsbyggðina í þessu efni þegar svo hefur tekist til um markmiðin í grg. fjárlagafrv. um minnkun skuldabyrði ríkissjóðs sem raun varð á við afgreiðslu frv. og er nú enn að verða með afgreiðslu þessa frv., en ljóst er að lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana verða að því samþykktu u. þ. b. 60% hærri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. á sínum tíma þegar öll áherslan var lögð á nauðsyn á endurgreiðslu skulda og minnkun skuldabyrði með velferð efnahagslegs jafnvægis í víðara skilningi í huga.

Allt er þetta staðfesting á því hvert stefnuleysi og ráðleysi ríkir nú í fjármálastjórn ríkisins, enda þannig staðið að afgreiðslu fjárlaga að þar var ekki byggt á neinum raunhæfum grunni. Það var sagt í einhverju dagblaðanna um það leyti sem gengið var fellt síðast að stundum væri það svo í fjmrn. að hægri höndin vissi ekki hvað sú vinstri gerði. En um fjárlagafrv. kom það í ljós að sú regla gildir alltaf um þá sem ábyrgð bera á framlagningu fjárlagafrv. því að hluti af ástæðunum til þess, að fjárlögin hafa reynst markleysa, á rætur að rekja til þess að hægri höndin vissi ekki hvað sú vinstri gerði, eða rúmlega ⅓ hluti þess sem talið er að þurfi að lækka útgjaldaliðina um nú. Mismunandi forsendur voru nefnilega látnar gilda um áætlun tekna og gjalda í fjárlagafrv. Í gjaldahlið var reiknað með kaupgjaldi í des. 1974, en í teknahlið var gert ráð fyrir kauphækkunum á árinu 1975. Þetta atriði eitt olli 1 200 millj. kr. skekkju á þeim fjárlögum sem gilt hafa í 4 mánuði og nú er verið að leggja til hliðar. 1 200 millj. kr. vantar í útgjaldahlið miðað við grundvöll við áætlun tekna.

Það hefði að sjálfsögðu átt að vera öllum ljóst við meðferð fjárlagafrv. í desember s. l. að afgreiðsla þess og niðurstöðutölur fjárlaga voru í algerri mótsögn við stefnu ríkisstj. í efnahags- og kjaramálum, stefnu kjaraskerðingar og samdráttar. Á það vildi hæstv. fjmrh. og stjórnarflokkarnir ekki hlusta þá. En það frv., sem hér liggur fyrir, er staðfesting á því að nokkurra mánaða reynsla hefur verið ólygin um það að fjárlögin voru byggð á sandi og áætlanir, sem lagðar voru til grundvallar, voru markleysa.

Við 2. umr. fjárlaga gerði ég nokkuð að umræðuefni hvernig staðið væri að afgreiðslu þeirra fjárlaga sem nú er verið að nema úr gildi, og sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Gengislækkun, hækkun söluskatts, binding kaupgjaldsvísitölu allar þessar ráðstafanir eru gerðar vitandi vits til þess að rýra kjör launþega í þeim yfirlýsta tilgangi að draga úr því sem hagspekingarnir kalla eftirspurnarþenslu. En á sama tíma eru rekstrarútgjöld ríkissjóðs þanin svo út að ríkisstj. krefst 12 þús. millj. kr. meiri ríkistekna á næsta ári en raunverulegum tekjum nemur á þessu ári. Tekjuhlið fjárlaganna byggir ríkisstj. því upp á forsendum sem samrýmast ekki aðgerðum hennar í efnahags- og verðlagsmálum, því að hvernig á að stórrýra lífskjörin með samdrætti í atvinnu og með verðlagshækkunum sem renna til ýmissa aðila í þjóðfélaginu og reikna síðan með 12 þús. millj. kr. hækkun á sköttum sem að langmestu leyti eru neysluskattar.“ — Og síðar: „Hér er því sannarlega margt athugavert við þá undirstöðu sem fjárlagaafgreiðslan er byggð á, en auðsæjust er þó sú sjálfheida að samtímis því sem ríkisstj. gerir ráðstafanir til samdráttar með stórfelldri kjaraskerðingu eykur hún svo gífurlega rekstrarútgjöld ríkissjóðs að ekkert nema aukinn kaupmáttur frá því sem nú er og óbreytt umsvif í atvinnulífinu geta tryggt að þessir stórfelldu neysluskattar komi til skila eins og þeir eru áætlaðir. Ef eitthvað bregður síðan út af, þá vitum við hvað gerist, þá verða með sérstökum lögum enn skornar niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda úti á landsbyggðinni, en ekkert getur hins vegar haggað fyrirhuguðum milljarða fjárfestingum af öðrum toga spunnum í næsta nágrenni beggja vegna höfuðborgarinnar.“

Hvað er nú að koma á daginn? Og við 3. umr. þegar hugmyndir stjórnarflokkanna um tekjuhlið frv. lágu skýrast fyrir ítrekaði ég enn á hve mikilli botnleysu fjárlagafrv. væri byggt og sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar hugað er að þessari gífurlegu hækkun rekstrarútgjalda og að fyrirhuguðum lántökum, er algerlega ljóst að niðurstöður fjárlagaafgreiðslunnar ganga þvert gegn þeim tveim aðalmarkmiðum sem boðuð voru í grg. frv., þeim meginmarkmiðum að stefna gegn útþenslu í ríkisútgjöldum og styrkja fjárhag ríkissjóðs. Í grg. með fjárlagafrv. er sérstaklega tekið fram að við meðferð frv. á þingi verði keppt að því að hækka verulega, eins og það er orðað, endurgreiðslu á skuld við Seðlabankann frá því sem í frv. er gert ráð fyrir. Í stað þess að af því verði er árangurinn stóraukin fjármögnun framkvæmdanna með lántökum.

Þessu til viðbótar er nú í meðferð þingsins frv. um sölu verðtryggðra skuldabréfa vegna tiltekinna vegaframkvæmda fyrir um 2 000 millj. kr. og síst er eftir að hækka þá lántöku enn um hundruð millj. kr. Slíkar aðgerðir samtímis stórfelldustu þenslu á rekstrarútgjöldum, sem nokkru sinni hefur átt sér stað í þingsögunni, ganga að sjálfsögðu þvert gegn öllum boðuðum markmiðum í grg. frv. og gegn stefnuyfirlýsingu ríkisstj. um að hún muni stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum.“ — Og síðan: „Þrátt fyrir stórfelldar lántökur og skuldasöfnun til að standa undir framkvæmdaliðum, þegar rekstrarliðirnir

hafa gleypt tekjurnar, er ljóst að til þess að geta stillt upp tekjuhliðinni svo að dugi á pappírnum a. m. k. til að mæta þessari feiknarlegu útgjaldaaukningu verður að tefla á allra tæpasta vað við áætlun teknanna. Á svo tæpt vað er teflt í þessu efni að segja má að ríkisstj. neyðist til að velja sér forsendur og gera ráð fyrir þróun sem er í algerri mótsögn við yfirlýsta stefnu hennar í efnahagsmálum, þá stefnu að draga úr því sem stjórnarflokkarnir kalla óviðunandi þensluástand. Stórkostleg útgjaldaaukning ríkissjóðs, útþensla í rekstrarútgjöldum og meðfylgjandi skattheimtuþörf, en skattheimtan er áætluð 63% hærri en á núgildandi fjárlögum, kallar á og krefst þensluástands á öllu næsta ári, en fjöldamörg óviðráðanleg atriði, sem ráða þróun efnahagsmála, benda til annarrar niðurstöðu. Stefna ríkisstj. í kjaramálum, stórskerðing kaupmáttar launa, stuðlar einnig að samdrætti sem gengur í berhögg við kröfur sem fjárlagaafgreiðslan gerir til stórkostlega aukinnar skattheimtu með neyslusköttum." — Og síðan: „Til að ná saman endum á fjárlögunum er þannig gripið til þess að hækka þá tekjuáætlun Þjóðhagsstofnunar sem er sú hærri þeirra tveggja áætlana sem stofnunin telur koma til greina að fara eftir. Bakgrunnur tekjuáætlunarinnar er svo, eins og ég vakti við 2. umr. athygli á, m. a. áætlaður viðskiptahalli sem getur numið 10 milljörðum kr., 1—2 þús. millj. kr. rýrnun gjaldeyrisstöðunnar, áætlanir um að gengið verði á útflutningsbirgðirnar, mjög hæpin spá um aukningu útflutningsframleiðslunnar, þar sem viðurkennt er af Þjóðhagsstofnun að byggt er á meiri bjartsýni en spár fiskifræðinga gefa tilefni til, og vafasamri spá um hækkun útflutningsverðs sjávarafurða, og fleiri atriði mætti nefna. Það er augljóst að áætlanir um tekjur til að mæta útþenslu í rekstrarútgjöldum, áætlanir um að unnt sé að auka skattheimtu, fyrst og fremst neysluskatta, um hvorki meira né minna en 18 400 millj. kr. frá raunverulegum tekjum á þessu ári, er byggð á annarri þróun efnahagsmála en ríkisstj. telur sig vera að stefna að. Fyrirsjáanleg útþensla rekstrarútgjalda ríkissjóðs hefur í för með sér svo ofboðslega skattheimtu að ekkert má í rauninni gerast svo að þessi spilaborg hrynji ekki."

Það frv., sem hér liggur fyrir, og þær ráðstafanir um stórfelldan niðurskurð fjárveitinga eru staðfesting á því að sú spilaborg, sem fjárlagaafgreiðslan var, er hrunin.

Það er skoðun mín að gegn þeim vanda, sem af samdráttar- og kjaraskerðingarstefnu ríkisstj. leiðir, beri ekki að snúast með svo stórfelldum niðurskurði félagslegra framkvæmda sem hér er lagt til, enda óvíst að jafnvel hæstv. ríkisstj. takist að koma fram svo mikilli minnkun framkvæmda, heldur beri að taka upp þá stefnu að auka kaupmátt launa og örva til aukinna athafna í þjóðfélaginu. Andúð hæstv. ríkisstj. á svo miklum kaupmætti sem var fyrir hendi í tíð vinstri stjórnarinnar ræður ákvörðunum hennar nú um alla stefnu og aðgerðir. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að slík stefna eigi ekki rétt á sér, að aðlaga fjárl. að stórskertum kaupmætti, heldur beri að mæta vandanum af tekjuþörf ríkissjóðs með því að ýta með öllum ráðum undir aukna framleiðslu og aukin kaupmátt, en af honum leiðir auknar tekjur ríkissjóðs.

Ég var alveg sammála hæstv. núverandi félmrh., Gunnari Thoroddsen, þegar hann sagði á sumarþinginu 1974, með leyfi hæstv. forseta: „Stundum er á það minnst að kaupgeta í þessu landi sé of mikil og það er ekki nýtt fyrirbæri að á þá lund sé mælt." — Ég minni á, að þetta sagði hæstv. núv. félmrh. áður en núv. ríkisstj. var mynduð og ekki löngu eftir að gerðir voru þeir kjarasamningar sem stjórnarflokkarnir hafa síðan mest fordæmt. Hæstv. núv. félmrh. hélt áfram: „Áður fyrr var stundum um það talað að það þyrfti ýmist að draga úr kaupgetu ef hún væri of mikil eða eins og það var orðað að loka hana inni, þ. e. a. s. með innflutningshöftum. Ég held að þetta tal um innilokun kaupgetu eða að draga úr kaupgetu sé að mörgu leyti og í meginatriðum á miklum misskilningi byggt. Það, sem þarf að gera, er fyrst og fremst að hafa áhrif á ráðstöfun kaupgetunnar, þ. e. a. s. hvernig kaupgeta er notuð." Ég var og er algerlega sammála þessum orðum hæstv. núverandi ráðh., en því miður hafa ráðstafanir hæstv. ríkisstj. gengið í aðra átt, einmitt þá að draga sem mest úr kaupgetu og síðan í kjölfar þess að minnka stórlega nauðsynlegustu framkvæmdir sem unnar eru fyrir árlegar tekjur ríkissjóðs.

Meginstefnan í því frv., sem hér liggur fyrir, er hluti af þessari neikvæðu stefnu og ég er andvígur þeirri stefnu. Að því leyti sem aðalefni þessa frv. gerir ráð fyrir niðurskurði verklegra framkvæmda og félagslegra þarfa í stórum stíl, þá er það í samræmi við þessa neikvæðu stefnu og ég er henni andvígur. Ég hef áður lýst því að ég undrast hvernig að till. ríkisstj. um stórfelldan niðurskurð er staðið þar sem ríkisstj. er með samþykki fjvn. gefnar frjálsar hendur um niðurskurð á allt að 3 500 millj. kr. fjárveitingum og þar með frjálsar hendur um að láta niðurskurðinn taka til útgjaldaliða sem ákveðnir eru með stérstökum lögum öðrum en fjárlögum, svo að enginn veit í rauninni hvaða lög gilda í landinu. Þm. er ætlað að samþykkja blindandi slík ákvæði, enda þótt ljóst sé að till. um þennan niðurskurð séu nú þegar til en þær till. hyggst ríkisstj. ekki sýna áður en frv. er samþykkt. Sumir hv. þm. ríkisstj., sem innst inni eru andvígir slíkum niðurskurði sem mun bitna hart á ýmsum byggðarlögum úti á landi, halda því jafnan fram að engar till. séu til og þeir hafi ekki getað haft áhrif á það hvað lagt verður fyrir fjvn. En í leiðara Morgunblaðsins hinn 6. febr. s. l. segir hins vegar, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hlýtur að verða einn meginþátturinn í væntanlegum efnahagsaðgerðum ríkisstj., að taka fjárlög ársins 1975 til meðferðar og skera útgjöld samkv. þeim verulega niður. Matthías Á. Mathiesen fjmrh. lýsti því yfir í sjónvarpsumræðum fyrir nokkrum dögum að hann hefði þegar látið undirbúa í fjmrn. till. að slíkum niðurskurði þannig að sá valkostur verði fyrir hendi þegar ríkisstj. fjallar um efnahagsvandamál."

Þetta segir málgagn hæstv. fjmrh. og forsrh. fyrir rúmlega 2½ mánuði. Þó að ég eigi sæti

í fjvn. og verði í hópi þeirra sem eiga samkv. 1. gr. frv. að fjalla um till. um niðurskurð þar sem ákveðið verður, eftir að þingi er lokið, hvaða lög, þar sem ákveðinn er þáttur ríkissjóðs í starfsemi, þjónustu og framkvæmdum, skuli mega vera í gildi á þessu ári, þá geri ég fyrir mitt leyti kröfu til þess að þær till., sem Morgunblaðið getur um í leiðara 6. febr. s. l., verði lagðar fram áður en þetta frv. verður afgreitt. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir þegar í febrúarbyrjun að till. væru til og þeim má ekki halda leyndum fyrir Alþ.

Við afgreiðslu þessa máls í Nd. svo og í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. hér áðan hefur afstaða Alþb. til þessa frv. í heild komið fram svo skýrt að ég sé ekki ástæðu til að ítreka það öllu frekar. En það eru aðeins tvö einstök atriði til viðbótar sem ég vil minnast á.

Í sambandi við það frv., sem ég hef flutt um breytingu á persónufrádrætti við útsvarsálagninu, lýsti ég þeirri skoðun minni að við ákvörðun skattfrádráttar vegna barna hafi of lítið tillit verið tekið til framfærslukostnaðar vegna barna. Einkum á þetta við um frádrátt við álagningu útsvars. Ég er þeirrar skoðunar að enn í þessu frv. sé skattfrádráttur vegna barna of lágur, þ. e. a. s. barnabætur og útsvarsfrádráttur vegna barna. Ég hef spurst fyrir um það hjá þeim aðilum sem unnu að undirbúningi þessa frv. hvort nokkur athugun á framfærslukostnaði barna lægi til gundvallar till. um skattfrádrætti vegna barna og fékk þau svör að svo væri ekki. Ég tel nauðsynlegt að slík athugun fari fram og hafði hugsað mér að flytja um það þáltill., en framgangur slíkra till. er hægur hér á hv. Alþ. og oftast borin von að þær komi til atkvæða. Ég hef því tekið þann kostinn að flytja brtt. við ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. þess efnis að slík rannsókn á kostnaði við framfærslu barna fari fram og miðað við að unnt yrði að ljúka henni fyrir n. k. áramót, og fari svo að athugunin leiði í ljós að ástæða sé til að breyta upphæðum barnabóta og útsvarsfrádrætti vegna barna eða bótum almannatrygginga vegna barna, þá verði lagt fram frv. þess efnis áður en næsta Alþ. lýkur. Ég vænti þess að hv. fjh.- og viðskn. taki till. til athugunar og efnislegrar meðferðar og geri á henni breytingar ef hún telur nauðsyn á, t. d. varðandi tímamörk. Till. er svo hljóðandi með leyfi hæstv. forseta, — þ. e. við II. kafla, ákvæði til bráðabirgða, þar bætist við c-liður:

„Fyrir árslok 1975 skal fjmrh. láta fara fram sem nákvæmasta könnun á framfærslukostnaði barna, þ. á m. hvernig honum er háttað eftir mismunandi aldri og fjölda barna í fjölskyldu, svo og hvort telja megi að eðlilegt tillit sé tekið til þessa kostnaðar við álagningu skatta og ákvörðun tryggingabóta sem greiddar eru vegna barna. Á grundvelli þessarar könnunar skal endurskoðuð upphæð barnabóta og frádráttar vegna barna við álaganingu útsvara svo og upphæðir tryggingabóta sem greiddar eru vegna barna samkv. lögum um almannatryggingar. Frv. um breyt. á þessum atriðum fyrrgreindra laga skulu lögð fyrir Alþ. sem fyrst eftir n. k. áramót ef könnunin gefur tilfeni til. Skýrsla um könnunina skal lögð fyrir Alþ.“

Við slíka athugun mætti t. d. styðjast við kostnað á stofnunum ríkisins þar sem börn dveljast allan sólarhringinn að staðaldri. Með því að draga út launakostnað ættu að fást nokkrar upplýsingar um raunverulegan kostnað við framfæri barna án launakostnaðar, auk þess sem slíkur kostnaður yrði kannaður á heimilum. Benda má og á að í hlunnindamati skattyfirvalda er fæði barns, sem atvinnurekandi lætur launþega í té, metið á 300 kr. á dag eða 109 500 kr. á ári, en barnabætur eru samkv. þessu frv. 30 þús. kr. með fyrsta barni og 45 þús. kr. með öðru barni og þeim sem þar eru umfram. Skattfrádráttur við útsvarsálagningu er samkv. frv. 1 500 kr. vegna hvers barns og að auki 3 000 kr. fyrir hvert barn umfram 3 á heimili. Ég er þeirrar skoðunar að frádráttur vegna barna sé of lágur, og vænti þess að hv. n. taki til vinsamlegrar athugunar þá till. sem ég var hér að gera grein fyrir.

Þá vil ég spyrja hæstv. forsrh. um eitt atriði varðandi þær lántökuheimildir sem frv. fjallar um. Þetta atriði varðar hafnamál og sérstaklega höfn sem ég hef verið að beita mér fyrir að fengi fjárveitingar á fjárlögum. Í 29. gr. frv. er gert ráð fyrir að fimm tilteknar lántökuheimildir í fjárlögum falli niður, en aðrar komi í staðinn. Ein af þeim heimildum, sem eiga samkv. frv. að falla niður, er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. er heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs allt að 50 millj. kr. lán vegna hafnarframkvæmda við landshöfnina í Keflavík og Njarðvík.“

Önnur lántökuheimild, sem fellur niður samkv. frv., fjallar um hliðstæða lántöku að upphæð 35 millj. kr. vegna hafnarframkvæmda við landshöfnina í Rifi. Þannig eiga að falla niður lántökuheimildir vegna þessara hafna samtals að upphæð 85 millj. kr.

Í 35. gr. frv. um efnahagsmál er tilgreint hvernig skuli verja 5 000 millj. kr. fjármagni sem aflað verður samkv. lántökuheimildum sem felast í því frv., þ. á m. er gert ráð fyrir að varið verði 350 millj. kr. til landshafna, en á bls. 27 í frv. kemur fram að af þessari upphæð verði 280 millj. kr. varið til framkvæmda í Þorlákshöfn. Eftir eru þá 70 millj. kr. til annarra landshafna, en eins og ég áðan greindi falla niður samkv. þessu sama frv. lánsheimildir í fjörlögum fyrir 50 millj. kr. láni til framkvæmda við landshöfnina í Njarðvík og Keflavík og 35 millj. kr. láni til framkvæmda í Rifi eða samtals 85 millj. kr. Hér munar 15 millj. Því spyr ég hæstv. ráðh.: Hvar ætla stjórnarflokkarnir þessari 15 millj. kr. skerðingu á lántökuheimildum vegna framkvæmda í landshöfnunum í Keflavík og Njarðvík og Rifi að koma niður? Ég vil fyrir mitt leyti að það sé alveg á hreinu hvað í þessari skerðingu felst. Samkv. lántökuheimildum á fjárlögum var ljóst og skýrt hvernig lántökum átti að vera háttað vegna framkvæmda við þessar landshafnir hvora fyrir sig, en verði ákvæði frv. um efnahagsmál samþ., verða þessi ákvæði nokkuð á huldu og ekki lengur tiltekið hvað fer á hvorn stað, en fullljóst er þó, að gert er ráð fyrir að lækka samanlagt fjármagn til þessara hafna um 15 millj. kr. Ég vænti þess að

hæstv. ráðh. skýri þessi atriði til hlítar, en ég ætlast ekki til þess að hann geri það við þessa umr., en vænti þess að upplýsingar um þetta atriði komi fram við 2. umr. málsins.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal verða við ósk hæstv. forsrh. og tefja ekki málið mjög. Þó get ég ekki á mér setið að vekja athygli á því að þessi hv. d. hefur verið svo að segja verkefnalaus á meðan tugir mála hafa legið fyrir Nd. Eru það ekki starfshættir sem til fyrirmyndar eru og ekki til þess hægt að ætlast að við hér hlaupum í gegnum stór mál, e. t. v. hvert á fætur öðrum, þegar að þingslitum verður komið. Slíka starfshætti ber að varast.

Í þessu máli hef ég í huga nokkur atriði sem ég vil ekki þegja um og tel rétt að koma á framfæri.

Ég er þeirrar skoðunar að gengisfellingin síðasta í febr. hafi verið óhjákvæmileg fyrst og fremst vegna þess að gjaldeyrisstaðan var slík að þá varð að grípa til skjótra aðgerða og aðrar aðgerðir hafi ekki verið fljótvirkari en gengisfelling. Ég er yfirleitt mjög tregur til þess að samþykkja gengisfellingar, en ég sannfærðist um það að hún var nauðsynleg í þessu tilfelli. Hins vegar hygg ég að við séum allir sammála um að gengisfelling er raunar ekkert annað en leiðrétting sem fljótlega rennur út í sandinn ef ekki er gripið til fleiri markvissra ráðstafana í beinu framhaldi. Af því er fengin löng og sár reynsla í okkar efnahagslífi.

Ég gerði mér því vonir um að þessu fylgdu ákveðnar aðgerðir og ég skal aðeins nefna fáeinar, sem ég fyrir mitt leyti lagði áherslu á í umræðum um það mál.

Þessi gengisfelling var fyrst og fremst nauðsynleg vegna gjaldeyrisstöðunnar. Þegar þannig er ástatt er eðlilegt að draga jafnframt úr innflutningi með beinum aðgerðum. Á ég þar við aðgerðir eins og t. d. danir gripu til þegar þeir hækkuðu tolla um 10%, aðgerðir sem raunar ýmsar þjóðir í viðskiptabandalögum Evrópu hafa beint eða óbeint gripið til og dregið úr innflutningi. Ég vil einnig vekja athygli á þeim tilmælum Félags ísl. iðnrekenda að reglur um þróun fríverslunar verði endurskoðaðar með tilliti til þeirrar staðreyndar að íslensk framleiðsla hefur ekki búið við þær aðstæður upp á síðkastið sem gert hafa henni kleift að búa sig sem til var ætlast undir þá samkeppni sem vaxandi mun fara. Ég taldi því rétt að stiga jafnvel skref til baka í þessari þróun. Ég lít svo á að það sé að sjálfsögðu tímabundið. Ég er fylgjandi þeirri meginstefnu að koma hér á fríverslun í svo víðtækum mæli sem okkar litla þjóðfélag og að mörgu leyti erfiða með tilliti til gjaldeyristekna getur og hefur efni á.

Það skiptir mig engu máli þó að slíkar aðgerðir séu nefndar höft. Ég lít ekki á það sem höft þegar ein stór fjölskylda verður vegna fjárskorts að draga úr ákveðnum innkaupum og jafnvel að setja vissa hluti á bannlista.

Ég lít einnig svo á að vísitölugrundvöllurinn sé þannig að hér fáist aldrei viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum fyrr en hann er leiðréttur, og raunar hygg ég að allir séu sammála um það þótt ekki séu þeir sammála um hitt, á hvern máta beri að leiðrétta vísitölugrundvöllinn. Út í það skal ég ekki fara tímans vegna. Þó vil ég nefna að mér sýnist ófært að tekjur til opinberra framkvæmda, við skulum segja álagning skatta til þess að byggja sjúkrahús, eigi að leiða sjálfkrafa til launahækkunar. Vitanlega er ljóst að slík hringrás getur aldrei staðist. Nú er að vísu orðið samkomulag um það að þetta verði endurskoðað og því fagna ég. Ég vona að af því verði einhver árangur og get með tilliti til þess samkomulags fallist á að Alþ. hinkri við. Hins vegar vil ég leggja á það ríka áherslu að ríkisstj. þarf sjálf að undirbúa markvissar aðgerðir að þessu leyti og vera tilbúin að hrinda þeim í framkvæmd með lögum frá þinginu, jafnvel þótt ekki náist um það samkomulag á vinnumarkaðinum.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að eyðslufé lífeyrissjóða, ef ég má kalla svo það fé lífeyrissjóða sem rennur í stórum mæli til alls konar neyslu, verði að koma undir öruggari heildarstjórn í fjármálum ríkisins. Ég er raunar hlynntur því að lífeyrissjóðirnir verði sameinaðir í einn, en það er stærra mál. Hitt er mál, sem hægt er að grípa á með miklu minni fyrirvara, að koma í veg fyrir óþörf útlán lífeyrissjóðanna til alls konar neyslu. Ég er með þessu alls ekki að ráðast að þeim sparnaði sem lífeyrisþegar hafa náð. Raunar tel ég að hagur þeirra sé betur tryggður með vísitölutryggðri ráðstöfun tekna lífeyrissjóðanna til atvinnuuppbyggingar og ekki síst til húsnæðismálakerfisins en nú er. Ég held að við höfum af því reynslu að viðunandi samkomulag við lífeyrissjóðina um þessi mál næst ekki.

Ég vil loks nefna að ég er þeirrar skoðunar að skipulagskerfi atvinnuveganna þurfi að skoðast frá rótum. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi verulegan þátt í því jafnvægisleysi, sem ríkir í okkar efnahagsmálum og vil í því sambandi sérstaklega nefna sjávarútveginn. Þar er sjóðakerfið og tilfærslan á milli fjölmargra þátta orðið slíkt að ég efast um að nokkur maður botni þar í. Þetta er brýnt að endurskoða og raunar eflaust hjá öðrum atvinnuvegum einnig.

Þá tel ég að verðlagsákvæði, sem nú eru í gildi og eru í endurskoðun, beri að endurskoða þannig að verðlagsákvæðin stuðli að hagkvæmari innkaupum.

Ég hef nefnt 5 atriði og gæti talið upp fleiri, en ég skal ekki gera það tímans vegna. Þessar aðgerðir er ekki að finna í frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Í raun og veru er fyrst og fremst verið að lögbinda þau ákvæði sem Alþýðusamband Íslands hefur orðið ásátt um að gera að mikilvægum þætti í lausn kjaradeilu. Það er góðra gjalda vert og eðlilegt að ríkisstj. og þm. hlusti á það sem launþegar hafa fram að færa í slíkum málum. En ég vara eindregið við því að í svo mikilvægum málum gerist Alþ. lítið meira en afgreiðslustofnun fyrir ákvarðanir sem utan Alþ. hafa verið teknar. Ég held að þetta frv. nái ákaflega skammt í því að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Ég held raunar að nefna mætti það fremur frv. til l. um lausn kjaradeilu.

Mér er ljóst að nokkur samdráttur er eðlilegur í okkar þjóðarbúskap vegna minnkandi tekna. Sjálfsagt er að viðurkenna það að á undanförnum

árum fórum við nokkuð geyst. En við, sem studdum fyrrv. ríkisstj., töldum það nauðsynlegt, ekki síst með tilliti til þess atvinnuástands sem ríkti víða á landsbyggðinni. Þar var sannarlega þörf á að rösklega væri tekið til höndum. Það er einnig staðreynd að erlendar verðhækkanir hafa átt mjög verulegan þátt í þessari þróun, ekki síst hækkun olíunnar og raunar flestra annarra nauðsynja. Einnig er það rétt að náttúruhamfarir hafa orðið okkur dýrar. Að lokum vil ég nefna verðfall á okkar meginútflutningsafurðum á sviði sjávarútvegsins, sérstaklega fiskblokkinni, þótt ég geti tekið undir það að ef til vill hefur verið gert meira úr því en efni standa til. Það er engu að síður mjög tilfinnanlegt og einnig sú sölutregða sem orðið hefur vart við á vissum sviðum.

Allt leiðir þetta til þess að nokkur samdráttur er nauðsynlegur og er eðlilegt að honum sé dreift eins og frekast má vera.

Ég geri mér grein fyrir því að þetta hlýtur að leiða til samdráttar í útlánum stofnlánasjóðanna, og sömuleiðis tel ég ekki óeðlilegt að ríkisframkvæmdir verði að einhverju leyti endurskoðaðar. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að verulegum samdrætti er ákaflega erfitt að koma við í skyndi og með litlum fyrirvara. Fjölmargt er þegar í framkvæmd og er nauðsynlegt að slíkum framkvæmdum verði lokið. Aðrir hafa gert ráð fyrir og gert markvissar ráðstafanir til þess að hefja framkvæmdir á þessu ári. Fyrir slíka aðila er mjög erfitt ef út af þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið, er brugðið svo skyndilega og á svo afgerandi máta eins og virðist gert ráð fyrir.

Einnig verðum við að fara mjög varlega með tilliti til atvinnuöryggis sem við leggjum höfuðáherslu á. Við viljum ekki með samdrætti stofna til atvinnuleysis víða um landið en ég óttast að að því geti stefnt, ekki aðeins með samdrætti stofnlánasjóðanna, heldur engu síður og raunar fyrst og fremst með þeim mikla samdrætti sem boðaður er og framkvæmdur í útlánum bankanna. Rekstrarfjárskortur gerir ákaflega mikið vart við sig, jafnvel svo að menn efast um að nema örfá íbúðarhús verði byggð utan Reykjavíkur á þessu ári. Ég held að skoða þurfi hina ýmsu þætti framkvæmda og rekstrarfjárþarfar mjög vandlega með það meginmarkmið í huga að atvinna verði næg og þessi samdráttur, sem kann að vera nauðsynlegur, komi smám saman, verði ekki svo snöggur að hann valdi meiri háttar röskun á þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað.

Um frv. skal ég ekki fara mörgum orðum fyrir utan þessi almennu orð sem ég hef nú mælt. Ég vil þó hlaupa yfir greinar þess. Ég tel ekki raunhæft að skera niður opinberar framkvæmdir um 3 500 millj. kr. og get tekið undir það, sem hér hefur verið sagt, að slíkar ákvarðanir eftir að fjárlög hafa verið samþykkt, eru ákaflega hvimleiðar. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slík ákvörðun er tekin. Það hefur verið gert áður bæði með brbl. og ákvörðunum Alþ. og jafnvel aðeins miðað við ákveðinn hundraðshluta af fjárlögum og án þess að samþykki fjvn. þurfi til. Ég tel það til bóta að nú er svo ákveðið að samþykki fjvn. skuli koma til. Ég treysti fjvn.-mönnum til þess að skoða hvern slíkan niðurskurð mjög vandlega og þá ekki síst með þau atriði í huga sem ég nefndi áðan, atvinnuöryggi og eðlilegt framhald þeirrar uppbyggingar sem á sér stað um land allt.

Kaflinn um tekjuskatt og eignarskatt er aðalatriði þessa frv. Er þar fyrst og fremst um lögbindingu samkomulagsatriða að ræða í samningum verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur. Ég er ekki fylgjandi lækkun skatta og mig furðar á því að Alþýðusambandið og verkalýðsfélögin skuli beita sér fyrir þessum samdrætti í tekjuöflun hins opinbera. Menn verða að gera sér grein fyrir því að slíkur samdráttur hlýtur að leiða til þess að opinberar framkvæmdir dragast saman. Það verður ekki framkvæmt fyrir meira en tekjur leyfa. Hér er raunar um miklu viðtækari ákvörðun að ræða, stefnumarkandi ákvörðun. Með þessu móti er verið að færa neysluna í þjóðfélaginu frá samneyslu yfir til einkaneyslu. Er það í raun og veru vilji verkalýðshreyfingarinnar? Ég er þeirrar skoðunar að samneysla í okkar þjóðfélagi verði að vera mikil. Ég tel að við búum við þær aðstæður í litlu og að mörgu leyti erfiðu landi að hið opinbera þurfi á fjölmörgum sviðum að hlaupa meira undir bagga en gerist hjá stóru þjóðunum. Tekjusöfnun hins opinbera í okkar þjóðfélagi er minni en víða í nágrannalöndum okkar, en ég tel að okkur beri að stefna að því að samneyslan aukist og vil þá fremur, þegar um samdrátt er að ræða, draga úr einkaneyslunni. Því er ég, eins og ég sagði, undrandi á þeirri stefnu sem mörkuð er með þeim samningum, sem verkalýðshreyfingin hefur nú gert við atvinnurekendur, og er ekki samþykkur þeirri skattalækkun sem gert er ráð fyrir. Ég hlýt þó að líta á þetta sem lið í lausn annars mikilvægs máls, þ. e. a. s. þeirrar kjaradeilu sem staðið hefur og gat leitt til meiri háttar vandræða, og ég mun skoða þennan kafla í ljósi þeirrar staðreyndar.

Ég fagna því að dregið hefur verið úr þeim tollalækkunum og söluskattslækkunum sem ráðgerðar voru í upphaflegu frv.

Ég get tjáð mig fylgjandi flugvallagjaldinu því ég tel að draga beri úr utanferðum á meðan svo er ástatt sem nú er í okkar gjaldeyrissjóðum. Þó efast ég um að þetta flugvallagjald nái í raun og veru tilætluðum árangri.

Ég get tjáð mig fylgjandi skyldusparnaði á hærri tekjur, ekki síst þegar dregið hefur verið úr sköttum, jafnvel af hátekjum.

Ég vil að lokum segja örfá orð um VIII. kafla frv. „Lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs“. Ég fagna því að heimild til erlendrar lántöku er aukin í meðferð Nd. Þetta er nauðsynlegt með tilliti til minnkandi tekna ríkissjóðs með þeirri lækkun skatta sem gert er ráð fyrir í þessu frv. og ég hef gert að umræðuefni. Þetta er nauðsynlegt ef framkvæmdir eiga að haldast á viðunandi stigi. En ég hef lýst nauðsyn þess að svo verði. Ég vona að með þessu móti sé séð fyrir viðunandi ráðstöfunarfé stofnlánasjóðanna.

Í þessu frv. kemur ekki fram sundurgreining á fjáröflun til orkumála að upphæð 3 milljarðar 520 millj. kr. Ég vil mjög óska eftir því að þetta

verði sundurliðað betur og n. afli sér upplýsinga um þessa sundurliðun og að sú sundurliðun liggi fyrir við 2. umr. málsins.

Ég vona að ég teljist ekki hafa tafið þetta mál um of. Ég vildi fyrst og fremst lýsa þeirri skoðun minni að ég tel þetta frv. ekki fjalla um lausn á efnahagsmálum okkar og vafasamt að það stuðli að jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Hins vegar er ljóst að það stuðlar að lausn í kjaradeilu. Það er einlæg von mín að hæstv. ríkisstj. bretti upp ermarnar og komi fljótlega fram með markvissar aðgerðir í efnahagsmálum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Sameinað þing, 69. fundur.

Föstudaginn 25. apríl, kl. 14.05 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 23. apríl 1975.

Jón Helgason, 4. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég mun vegna annarra starfa ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ., að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Ólafur Ólafsson kaupfélagsstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson,
forseti Ed."

Það liggur fyrir kjörbréf Ólafs Ólafssonar og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Fær n. 5 mín. tíma til að rannsaka kjörbréfið. Kjörbréfanefnd er orðin svo vön þessum störfum að hún þarf ekki lengri tíma. Fundi er frestað í 5 mín. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Ólafs Ólafssonar kaupfélagsstjóra á Hvolsvelli, sem er 2. varaþm. B-listans í Suðurlandskjördæmi og kemur inn sem 2. varaþm., en 1. varaþm., Guðmundur G. Þórarinsson, situr á Alþ., eins og hv. þm. er kunnugt. Kjörbréfanefnd hefur ekki fundið neitt athugavert við kjörbréfið og leggur einróma til að það verði samþ. og kosning Ólafs Ólafssonar tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 37 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ólafur Ólafsson hefur ekki áður setið á Alþ. og ber að undirrita eiðstaf.

[Hinn nýi þm., Ólafur Ólafsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.]

Ólafur Ólafsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Efri deild, 72. fundur.

Föstudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 471). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf, barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, sem lagt er hér fram, á sér nokkuð langan aðdraganda. Í marsmánuði árið 1970 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh. Eggert G. Þorsteinsson nefnd til að endurskoða lögin um fóstureyðingar, afkynjanir og vananir, þ. e. lög nr. 38 frá 28. jan. 1935, um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar, og hins vegar lög nr. 16 frá 13. jan. 1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki er koma í veg fyrir að það auki kyn sitt. Í nefndina voru skipaðir 3 læknar, þeir Pétur Jakobsson prófessor, Tómas Helgason prófessor og Sigurður Samúelsson prófessor. Tæpu ári síðar tók Guðrún Erlendsdóttir hrl. sæti Sigurðar Samúelssonar í nefndinni þar sem hann óskaði eftir að verða leystur undan starfi. Síðla árs 1971 tók Vilborg Harðardóttir blaðamaður sæti í nefndinni. Þessi nefnd hélt 24 fundi og skilaði af sér frv. ásamt langri grg. Frv. var síðan lagt fyrir þing 19. nóv. 1973. Um frv. sköpuðust miklar deilur bæði utan þings og innan. Eftir 1. umr. var frv. vísað til heilbr.- og trn. og er skemmst frá því að segja að nál. leit aldrei dagsins ljós og kom frv. ekki til 2. umr.

Hinn 1. nóv. á s. l. ári skipaði ég svo nefnd til að undirbúa endurframlagningu þessa frv. Þá nefnd skipuðu þeir Ingimar Sigurðsson fulltrúi í heilbr.- og trmrn., Ellert B. Schram alþm. og Halldór Ásgrímsson alþm. Nefnd þessari var falið að endurskoða frv. með tilliti til þeirra athugasemda og þeirrar gagnrýni, er fram hafði komið við upprunalega gerð frv., og gera till. um breyt. þar sem höfð væri hliðsjón af tveimur meginatriðum: Í fyrsta lagi að nauðsynleg væri ný löggjöf þar eð lögin frá 1935 og 1938 væru löngu úrelt og ófullnægjandi, og í öðru lagi að mögulegt yrði að gera frv. að lögum.

Breytingar þær, sem orðið hafa á frv. frá frv. sem lagt var fram á síðasta þingi, beinast allar í þá átt að ná víðtækri samstöðu til þess að frv. verði að lögum á þessu þingi. Nd. gerði á frv. nokkrar smávægilegar breytingar sem breyta ekki frv. efnislega, og má segja að eins og frv. liggur nú fyrir þessari hv. þd. sé það mjög svipað og

það var þegar það var lagt fram í Nd. í desembermánuði.

Breytingarnar frá fyrra frv. gera lögin að minum dómi í senn framkvæmanlegri og réttlátari en áður. Aðalbreytingin er á 9. gr. hins upprunalega frv., en samkv. þeirri gr. skyldi fóstureyðing heimil að ósk konu ef engar læknisfræðilegar ástæður mæltu á móti aðgerðinni og aðgerðin væri framkvæmd á fyrstu 12 vikum meðgöngutímans. Fóstureyðing var því heimil án nokkurra félagslegra eða læknisfræðilegra ástæðna eða sem eins konar getnaðarvörn er grípa mætti til sýndist konu svo. Þetta braut mjög í bága við álit nefndarinnar eins og þar kom fram í grg. með frv., því að þar segir orðrétt:

„Nefndin litur svo á að fóstureyðing sé alltaf neyðarúrræði vegna þess að um er að ræða læknisaðgerð sem getur haft áhættu í för með sér og krefst sérhæfðs starfsfólks og fullkomins útbúnaðar til sérhæfðrar læknismeðferðar ef eitthvað ber út af.“

Úr þessari þversögn hefur verið bætt í núverandi gerð frv. Fyrri kafli 9. gr. þess hljóðar nú þannig:

„Fóstureyðing er heimil:

1) Félagslegar ástæður:

Þegar ætla má að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu óbærileg eða of erfið.“ — nú eftir breyt. í Nd. — „vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Við slíkar aðstæður skal tekið tillit til eftirfarandi:

a) Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.
b) Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.“ — Orðið fátækt hefur verið fellt úr við breyt. í Nd.
„c) Þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.
d) Annarra ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður.“

Um fyrri setningu þessarar gr. er það að segja að ef við álítum fóstureyðingu neyðarúrræði, hljótum við líka að álíta að kona æski ekki fóstureyðingar nema hún sjálf áliti að tilkoma barns þess, er hún gengur með, sé henni óbærileg á þeim tíma er hún fer fram á slíka aðgerð. Hvort óbærilegt er að ala barn sem ekki er álitið tímabært að áliti móður þess, föður eða beggja foreldra fer oftast eftir þeirri aðstöðu er móðir eða báðir foreldrar geta af eigin rammleik og með aðstoð þjóðfélagsins skapað þessum nýja einstaklingi. Húsnæðisskortur, lágar tekjur, skortur á dagvistun og annarri aðstoð við uppeldi hins nýja einstaklings eru efalaust stundum ástæður þess að barn er af foreldri eða foreldrum talið óvelkomið í þennan heim. Þetta eru ástæður sem oftast má bæta úr á einn eða annan hátt af hálfu þjóðfélagsins. Fóstureyðingin sjálf leysir engin félagsleg vandamál, en það skal játað að hún gerir þjóðfélaginu kleift að líta fram hjá félagslegum vandamálum eins og t. d. húsnæðisskorti og fátækt. Það er mitt álit að með aukinni aðstoð bæði við ógiftar sem giftar mæður, bæði hvað snertir húsnæði og aðstoð almannatrygginga, svo og auknu dagvistunarrými geti þjóðfélagið komið í veg fyrir að barn, sem talið er ótímabært og óvelkomið við fyrstu athugun, verði móður sinni óbærilegt. Það er því mitt álit að breyting sú, sem orðin er á frv. frá gerð fyrra frv., hljóti að leggja auknar skyldur á herðar þjóðfélagsins.

Um a-lið þessarar greinar, þ. e. hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði, er það að segja að hæfileg bil milli barnsfæðinga er almennt talið til bóta bæði fyrir heilsu móður og barns. Að ganga með barn er andlegt, líkamlegt og tilfinningalegt álag fyrir móður og sá tími sem líður milli fæðinga er því sá tími sem á að nýta til að byggja upp andlega og líkamlega krafta hennar. Önnur rök þarf naumast að hafa fyrir þessum lið 9. gr. frv.

B-liður þessarar gr., að eigi konur við að búa bágar heimilisaðstæður, endurspeglar betur en flest annað það sem minnst var á hér á undan. Skortur á upplýsingum um getnaðarvarnir í okkar annars á margan hátt frjálslynda þjóðfélagi er orsök margra ótímabærra fæðinga. Úr þessu verður þjóðfélagið að bæta og þetta frv. er stórt skref til úrbóta á þessu sviði.

Heilsuleysi er ástæða sem þjóðfélagið getur bætt á margan hátt, t. d. með aukinni aðstoð við láglaunafólk, barnmargar fjölskyldur og aðra er eiga við efnahagsörðugleika að etja og svo með auknum bótum almannatrygginga, en því miður er ekki hægt að gera allt samtímis og því verður fóstureyðingarlöggjöf á Íslandi að viðurkenna að slíkar ástæður séu ekki fyrir hendi í okkar þjóðfélagi.

Um c-lið þessarar gr., þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt, þarf ekki að fara mörgum orðum. Stóraukin kynferðisfræðsla í skólum, sem því miður er nú af mjög skornum skammti, getur dregið stórlega úr fóstureyðingum sem gerðar væru af þessari ástæðu. Að neyða börn til að eiga börn, sem þau aldrei geta annast, og eyðileggja þannig bæði æsku móðurinnar og barnsins er bæði ómannúðlegt og lýsir skorti á skilningi á þeim kröfum sem við gerum til uppeldis og lífsskilyrða barna okkar.

Síðasti liður þessa kafla 9. gr., þ. e. „annarra ástæðna, séu þær fyllilega sambærilegar við ofangreindar aðstæður,“ á að veita lögunum nauðsynlegt svigrúm til að hægt sé að taka til greina sérstakar ástæður sem alltaf geta verið fyrir hendi og ekki eru taldar hér upp.

Um læknisfræðilegar ástæður í 2. lið 9. gr. ætla ég svo ekki að fjöryrða, þær eru öllum svo auðskildar að um þær þarf naumast að ræða hér.

Ég hef gert nokkuð að umræðuefni breytinguna, sem varð á 9. gr. frv., vegna þess hve um hana hafa spunnist miklar umr. bæði á síðasta þingi og þessu þingi og sömuleiðis með margvíslegum samþykktum og áskorunum til Alþ. Ef dæma ætti eftir umr., mætti halda að gr. þessi væri sú í frv. er mestum sköpum skipti. Ég er mjög mótfallinn þessari skoðun þar eð ég tel I. kafla frv., þar sem fjallað er um ráðgjöf og fræðslu, mikilvægastan. Með þeim kafla er það gert að skyldu samkv. lögum að láta í té fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir jafnt fyrir unga sem fullorðna. Eina breytingin, sem gerð er á þessum veigamikla kafla frá fyrra frv., er sú að nú

er kveðið á um hvaða aðilar skuli hafa með höndum yfirumsjón með framkvæmd og uppbyggingu slíkrar fræðslu. Þessi breyting er vafalaust til bóta.

Í II. kafla frv. eru nú gerðar meiri kröfur til umsókna um fóstureyðingar en áður var. Nú er gert ráð fyrir að alltaf standi tveir aðilar að umsókninni ásamt konunni sjálfri þ. e. a. s. tveir læknar eða læknir og félagsráðgjafi. Enginn dregur í efa hæfni einstakra sérfræðinga til að gera sér grein fyrir aðstæðum og heilsufarsástandi konunnar, en hins vegar ber að minnast að betur sjá augu en auga og til að tryggja sem best heilsu og velferð konunnar, þá teljum við rétt að fleiri en einn sérfræðingur skili grg. með umsókninni.

Á III. kafla frv., sem fjallar um ófrjósemisaðgerðir, hefur verið gerð sú meginbreyting að aldurstakmarkið hefur verið hækkað úr 18 í 25 ár. Þetta er gert til að reyna að tryggja velferð unglinga sem e. t. v. óska eftir ófrjósemisaðgerð að litt yfirveguðu máli eða vegna þroskaleysis.

Í kaflanum um almenn ákvæði hefur sú breyting orðið frá fyrri gerð frv. að nú er kveðið á um að nefnd sú, sem skipuð sé til að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, verði nú skipuð einum félagsráðgjafa ásamt lækni og lögfræðingi. Ég tel nauðsynlegt að félagsráðgjafi eigi sæti í þessari nefnd svo að tryggt verði að félagslegar ástæður umsækjanda verði engu síður réttháar en þær læknisfræðilegu og þær verði kannaðar af einstaklingi sem hefur sérmenntun til að meta slíkar aðstæður.

Ég vil ljúka máli mínu með þeirri ósk að þetta frv. fái hér málefnalega og yfirvegaða málsmeðferð í hv. þd. og þm. láti orð sín hvorki stjórnast af fordómum né tilfinningasemi. Ég held að það sé mikilvægt atriði að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi því að um efni þessa frv. hafa spunnist miklar umr. nú í tvö ár í röð og ég tel ekki æskilegt að þær umr. og þær samþykktir haldi áfram svona markvisst á hverju ári. Þess vegna legg ég fyrir mitt leyti mikla áherslu á það að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi. Reynslan verður svo að skera úr um það hvort eigi að breyta því innan ekki langs tíma. Það er rétt að stíga ekki of stórt skref í einu og sjá hvernig reynslan verður. Ég treysti því að hv. þd. hraði sem mest afgreiðslu þessa máls. Legg ég til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn.

Soffía Guðmundsdóttir: Herra forseti. Á síðasta þingi lagði þáv. heilbr.- og trmrh., Magnús Kjartansson, fram á Alþ. frv. til l. um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þetta frv. hefur í daglegu tali verið nefnt fóstureyðingafrv. og 9. gr. þess, eins og það birtist í upphaflegri gerð, hefur orðið tilefni til mestra umræðna og deilna innan þings og utan. Um þau ákvæði frv., sem lúta að ráðgjöf og fræðslu, virðist hins vegar vera samstaða, enda er þar tvímælalaust um að ræða ágæt nýmæli sem hafa almennt gildi og snerta mikilvægan þátt mannlegs lífs.

9. gr. frv. í fyrstu gerð, sem ég geri hér að umræðuefni, kvað m. a. svo á að fóstureyðing væri heimil að ósk konu að vissum skilyrðum uppfylltum. Aðgerð verður að framkvæma fyrir 12. viku meðgöngu, engar læknisfræðilegar ástæður mega mæla móti aðgerð, kona verður að ræða vandamál sín við sérfróða aðila og skylt er að fræða hana um félagslega aðstoð sem stendur til boða fyrir þungaða konu og við barnsburð. Svo sem sjá má af þessum ákvæðum fer því fjarri að hér sé um að ræða frjálsar fóstureyðingar, eins og haldið hefur verið fram af hálfu margra þeirra sem eru andvígir því að konan njóti þeirra mannréttinda að ákveða sjálf hvort hún vill fæða barn og ala það upp. Það er ólíkt siðrænna viðhorf sem í því felst að móðerni sé nokkuð sem konan ákveður af fúsum og frjálsum vilja hvort hún vilji takast á hendur eða ekki.

Þetta frv. hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi, en síðar skipaði núv. heilbr.- og trmrh., Matthías Bjarnason, nefnd 3 karlmanna til að endurskoða frv. áður en það yrði lagt fram á þingi öðru sinni. Þegar það svo kom fram að nýju var það í allbreyttri mynd frá upphaflegri gerð að því er tekur til mikilvægra atriða, því að einmitt þetta ákvæði, sem átti að tryggja konunni sjálfri rétt til að taka ákvarðanir sem snerta hana fyrst og fremst, hafði verið numið burtu, en þess í stað skyldi fært í hendur sérfræðingum og embættismönnum vald til að taka örlagaríkar ákvarðanir um líf annarra sem verða svo að sínu leyti að taka öllum afleiðingum og bera hina endanlegu ábyrgð.

Það hefur margoft komið fram í umræðum innan þings og utan og sakar ekki að endurtaka það að slíkt vald yfir lífi og örlögum annarra má engum fela í hendur. En það má með sanni segja að karlmannavaldið lætur ekki að sér hæða frekar en fyrri daginn.

Fæstir komast hjá því á lífsleiðinni að þurfa að taka örðugar ákvarðanir af einhverju tagi með tilheyrandi hugarangri, og enginn neitar því heldur að leiðbeiningar og holl ráð eru ævinelga vel þegin. En hina endanlegu ákvörðun um eigin persónulegan vanda verður hver einstaklingur, karl eða kona, að taka sjálfur og bera á henni ábyrgð.

Nú er kunnara en frá þurfi að segja, að í þessu margumrædda máli er raunar ekki verið að deila um réttmæti fóstureyðinga í sjálfu sér því að við höfum um áratugaskeið búið við löggjöf sem heimilar slíkar aðgerðir við vissar aðstæður. Ekki hafa menn kippt sér upp við þau lagaákvæði, og hefur þar ekki gætt teljandi vanstillingar.

Það er ekki fyrr en sú till. er uppi að helsti málsaðilinn, konan sjálf, fái ákvörðunarréttinn, að menn taka að ýfast og virðast því aðeins vera reiðubúnir að fallast á heimildir til fóstureyðinga að það sé tryggt að einhver annar en konan sjálf taki ákvörðun þar um.

Í frv., eins og það liggur nú fyrir, er lagt til að fóstureyðingar verði heimilaðar af félagslegum ástæðum og er það nýmæli frá gildandi löggjöf. Ekki er þó örgrannt um að nokkurrar tregðu gæti við að viðurkenna þá staðreynd að svo óbærilegar félagslegar ástæður geti fyrirfundist í okkar samfélagi sem réttlæti fóstureyðingu sem úrræði, og fram hafa komið brtt. sem bera keim af þessu viðhorfi, rétt eins og hægt sé að hafa óskhyggjuna eina að leiðarljósi.

Það er eftirtektarvert í þessu máli öllu að þeir, sem hafa lýst sig andvíga sjálfsákvörðunarrétti konunnar og hrópa hátt um lotningu sína fyrir lífinu, um mannhelgi og rétt fósturs til lífs, eru öldungis ekki í hópi þeirra sem berjast fyrir félagslegum framfaramálum. Nú heyrir það að sjálfsögðu til mannréttinda barns að það fæðist velkomið, við ákjósanlegar ytri aðstæður og að því séu búin sómasamleg uppvaxtarskilyrði. Það er því ekki úr vegi að rifja það upp að þeir, sem eru að vísu áfram um að börnin fæðist, en fást minna um þau lífsskilyrði sem bíða þeirra, hafa oftlega átt þess kost að styðja ýmisleg félagsleg framfaramál mæðrum og börnum til handa. T. d. flutti Margrét Sigurðardóttir hér á hv. Alþ. frv. til l. um fæðingarorlof árið 1960 þegar hún átti sæti á Alþ. um tíma sem varaþm. Alþb. Þetta frv. hefði falið í sér mikilvæga réttarbót til handa mæðrum og börnum hefði það náð fram að ganga. Fyrr á þessu þingi, sem nú situr, flutti Bjarnfríður Leósdóttir, varaþm. Alþb., þáltill. um fæðingarorlof, og enn fór á sömu leið. Þá er ekki lengra síðan en þrír dagar að þeir, sem bera lotningu fyrir lífinu, áttu þess kost að sýna hug sinn í verki með því að samþ. till. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar um fæðingarorlof, en hv. þm. stjórnarliðsins sáu sér ekki fært að styðja slíkt félagslegt framfaramál og létu sig ekki muna um að fella allar brtt. Alþb. við efnahagsmálafrv. sem nú liggur fyrir. Það bar reyndar upp á sama daginn hér á hv. Alþ. að vegsömuð var sköpun almættisins og helgi lífsins og í sama mund voru till. um mikilsverðar félagslegar úrbætur til handa mannfólkinu malaðar niður.

Það er vissulega rétt að kona sem æskir fóstureyðingar, stendur frammi fyrir örðugri ákvörðun. En það getur enginn leyst hana undan þeim vanda að taka hana sjálf, enda er það hún sem ber hina endanlegu ábyrgð og er æðioft ein um hana. Það er yfirgengilegt steigurlæti sem í því felst að telja sig þess umkominn að ráða fyrir aðra í slíkum málum.

Styrinn stendur ekki endilega um réttar eða rangar ákvarðanir í hverju einstöku tilviki, heldur um það hver eigi að ákveða eða hvort viðurkenna skuli að konur séu færar um að taka sjálfstæðar ákvarðanir og bera á þeim ábyrgð.

Þetta er dæmigert kvenréttindamál, því að hér er einmitt um að ræða rétt konunnar til sjálfræðis og ábyrgðar. Sá réttur hefur ævinlega verið harðsóttur og svo er enn. Allar réttarkröfur, sem miðast við að konan viðurkennist sem sjálfstæður einstaklingur, hafa löngum mætt harðri mótspyrnu. Nægir þar að minna á baráttuna fyrir rétti kvenna til fjárforræðis, til mennta og starfa, að ógleymdri baráttunni fyrir kosningarétti og kjörgengi.

Í almennum umr. um margnefnt fóstureyðingafrv. hefur gætt furðulegs vanmats á dómgreind og siðgæðisþroska íslenskra kvenna. Ýmsir hafa talið að nái 9. gr. frv. í upphaflegri gerð fram að ganga, þá verði ekki gengið hægt um gleðinnar dyr. Trassaskapur um notkun getnaðarvarna muni stóraukast svo og ábyrgðarleysi og lausung. Í slíkum málflutningi felast raunar svo ósæmilegar aðdróttanir í garð kvenna að engu tali tekur. Það er rétt að auknu frelsi fylgir aukinn vandi og aukin ábyrgð. En ég fullyrði það að fái íslenskar konur þann sjálfsákvörðunarrétt sem styrinn stendur um þessa stundina, þá muni þær umgangast hann að fullri gát, af alvöru og siðgæðisvitund í vissu þess, að fóstureyðing er ævinlega neyðarúrræði sem gengur nærri tilfinningum hverrar þeirrar konu sem er í slíkum vanda stödd að sjá ekki aðra leið færa. Það er nú að koma í ljós hvert traust hv. alþm. bera til íslenskra kvenna í þessum efnum, hvort þeir telja þær til þess færar að ráða fram úr eigin vanda upp á sitt eindæmi og án þess að skjóta sér á bak við einn eða neinn.

Að lokum vil ég minna á það félagslega misrétti sem í því felst að koma á þrengri löggjöf í þessum efnum en þeirri sem ríkir í grannlöndum okkar. Þær konur, sem eru fjárhagslega vel settar, munu eftir sem áður geta tekið til sinna ráða ef þeim býður svo við að horfa. En þær, sem minnst mega sín, gætu allt eins staðið uppi án þeirrar aðstoðar sem þær þyrftu öðrum fremur á að halda. Þegar þetta er löggjöf sem lengi á að standa, verður að horfa fram, en ekki aftur, því að það fær ekki staðist að miða lagaákvæði við aðstæður sem þegar eru úreltar og í engu samræmi við nútímann.

Herra forseti. Ég leyfi mér að taka upp í hv. d. þær brtt. við frv. þetta, sem áður lágu fyrir í Nd. og voru bornar fram af hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni. Þær taka til eftirfarandi greina: 9. gr. um heimild varðandi fóstureyðingar, 11. gr. um framkvæmd og 13. gr. sem fjallar um umsóknir.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þar eð ég sit í þeirri n. sem á að fá þetta frv. til meðferðar í hv. d. mun ég ekki hafa mörg orð um það að þessu sinni. Mig langaði aðeins til að minnast á nokkur atriði. Ég vil vekja athygli á því að hér er um mjög merkilegt frv. að ræða og mikilvægt og því ekki að ástæðulausu að um það hafa spunnist miklar umr. bæði innan og utan Alþ.

Oft hefur verið vitnað til þeirra laga sem við nú búum við. Þó er ekki víst að allir geri sér grein fyrir því hve þessi lög voru í raun og veru frjálslynd þegar þau voru sett, og þó að sjálfsagt sé að á þeim þurfi að gera breytingar nú, þá er þó víst að þeir annmarkar, sem orðið hafa á framkvæmd þessara mála, eru fyrst og fremst af öðrum ástæðum en lagagerðinni sjálfri. Þetta frv. fjallar um ráðgjöf og fræðslu, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Um kaflann er fjallar um ráðgjöf og fræðslu hefur margoft verið um það talað að við höfum enga fræðslu haft um þessi efni, en slíkt er ekki alveg rétt. Bæði höfum við í gömlu lögunum okkar haft ákvæði þar um og í námsskrá skólaskyldunámsins er einnig um þetta getið. Mig langar til, vegna þess að búið er að ræða þessi mál svo mikið, að lofa ykkur að heyra 1. gr. laganna frá 1935, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef kona vitjar læknis og er sjúk á þann hátt að læknirinn telur hættulegt fyrir hana vegna sjúkdómsins að verða barnshafandi og ala barn, er honum skylt að aðvara hana í því efni og láta henni í té leiðbeiningar til þess að koma í veg fyrir að hún verði barnshafandi.

Nú leitar kona til héraðslæknis, annars starfandi læknis eða sérfræðings í kvensjúkdómum eða fæðingarhjálp og óskar leiðbeininga um varnir gegn því að verða barnshafandi, og er lækninum þá skylt að láta slíkar leiðbeiningar í té, enda öðrum en læknum óheimilt að hafa þær leiðbeiningar með höndum. Ráðherra gefur út og landlæknir fær læknum í hendur leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi.“

Í námsskránni frá 1960 um skyldunámsstigið er tekið fram að rætt skuli við nemendur um nokkur atriði varðandi kynþroskaskeiðið.

Það, sem hér hefur vantað á, er að þetta væri framkvæmt. Er talið að þetta stafi að verulegu leyti af því að t. d. með fræðsluna á skyldunámsstiginu höfum við beinlínis ekki haft aðstöðu, ekki lærða aðila til að uppfræða unga fólkið í þessu efni og úr því þarf að sjálfsögðu að bæta. En við skulum ekki halda að þó að við samþykkjum þessi lög séu skilyrðin til fræðslunnar komin þá þegar. Það tekur örugglega langan tíma fyrir okkur að uppfræða kennara til þess að geta sinnt þessari kennslu svo sem vera ber. En hitt er svo allt annað mál, að um þennan kafla erum við öll sammála. Ég vil vekja athygli á því að okkur er í þessu efni sem svo mörgum öðrum fyrst og fremst nauðsynlegt að fá hæfa aðila til að ástunda þessa fræðslu.

Aðaldeiluefni þessa frv. er 9. gr. og margt hefur verið skrifað, margt hefur verið sagt um frv. sem kom fram í fyrra og heimiladi konum að hafa algert frjálsræði fyrstu 12 vikurnar um fóstureyðingar. Okkur alþm. hafa borist tugir bréfa frá aðilum sem óska eftir því að við styðjum frv. í þeirri mynd sem það kom fram í fyrra. Hins vegar vil ég eindregið halda því fram að það sé ekki meiri hl. íslenskra kvenna sem óska eftir þessum sjálfsákvörðunarrétti. Ég held að þessi tilskrif sanni ekkert um það mál.

Hvað er fóstureyðing? Um það er getið í lögunum frá 1935 og mig langar til að lofa ykkur að heyra 3. gr. þeirra laga sem hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Það er fóstureyðing ef burður er líflátinn í móðurkviði áður en konan hefur gengið með hann fullar 28 vikur.“

Og síðan segir:

„Það er líflát barns í móðurkviði eða í fæðingu ef burður er líflátinn í móðurkviði eða í fæðingu eftir að konan hefur gengið með hann a. m. k. 28 vikur.“

Í 9. gr. segir einnig: „Við mat á því, hvert tjón er búið heilsu þungaðrar konu af burðinum samkv. 1. málsgr., má m. a. taka tillit til þess, ef konan hefur þegar alið mörg börn með stuttu millibili og er skammt liðið frá síðasta barnsburði, svo og til þess, ef konan á við að búa mjög bágar heimilisástæður vegna ómegðar, fátæktar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.“

Það sýnir sig sem sagt að í þessum gömlu lögum okkar eru félagslegar ástæður einnig teknar til greina. Þess vegna er það, eins og ég tók fram áður, að mínu viti frekar framkvæmdin sem hefur farið úrskeiðis í vissum tilfellum heldur en að lögin hafi verið óviðunandi.

Það er ekki að leyna því að þær miklu umr., sem nú hafa farið fram um þetta mál, byggjast fyrst og fremst á því að hér er um veigamikið grundvallaratriði okkar þjóðfélags að ræða. Til þess að sýna, að það eru vissir aðilar sem hafa reynt að gera heldur lítið úr þessu máli, vil ég taka hér eina setningu, með leyfi forseta, úr bréfi er alþm. fengu frá Rauðsokkahreyfingunni í fyrra. Setningin hljóðar svo: „Er ekki hæpið að tala um að eyða mannslífi þegar fárra vikna hnúður er fjarlægður úr móðurkviði?“ — Það er engin tilviljun að hér er fóstrið nefnt hnúður, og það byggist á því án efa að þegar hnúður tekur að vaxa í fullvöxnum mannslíkama er venjan sú, að það er mjög áríðandi að fjarlægja hann sem fyrst. En með þennan hnúð gegnir aftur á móti nokkuð sérstöku máli, svo sérstöku máli að ef þessi hnúður fær að vera óáreittur, þá eru milli 95—100% líkur til þess að hann sé orðinn sjálfstæður einstaklingur innan skamms tíma. Hins vegar ef hróflað væri við hverjum hnúð þá mundi þjóðin verða útdauð innan einnar aldar. Það er nú þetta sem er meginefni þessa máls, að hér er um mjög veigamikið atriði að ræða sem snertir grundvöll alls lífs, og ég er einn af þeim sem líta svo á að fóstrið sé sameign, en ekki séreign konu, enda þótt það sé í hennar umsjá, og þess vegna þurfi veigamiklar ástæður til að hrófla við þessum hnúð.

Það er einnig vitað mál að vandi konu, sem þarf af einhverjum ástæðum að losna við sitt fóstur, er mikill og ábyrgð hennar er mikil og kemur ekki síst fram gagnvart henni sjálfri þótt þetta snerti reyndar þjóðfélagið í heild. Þetta byggist einnig á því að það er almennt viðurkennt, skilst mér, að konur séu gjarnan haldnar þunglyndi fyrstu vikurnar eftir að þær verða þungaðar. Þetta getur að sjálfsögðu eitt út af fyrir sig ruglað dómgreind þeirra á þessu tímabili, og ég held að það efist enginn um að það er þetta sem að nokkru leyti mótar afstöðu lækna til þessa máls.

Nú er vitað að læknastéttin er ekki einhuga í þessu máli. Það er heldur engin tilviljun að það eru fyrst og fremst fæðingarlæknarnir sem eru andstæðingar frjálsrar fóstureyðingar. Það er vegna þess að þeir eru í beinni snertingu við þetta mál. Það er enn fremur ein staðreynd sem nokkru veldur þarna um. Það er vitað mál að framkvæmd fóstureyðingar getur haft þau áhrif, að konan eigi þess ekki kost að verða þunguð á ný, og því ekki víst að hún geti eignast barn þegar henni finnst tími til þess kominn. Þetta er ein mikilvæg ástæða fyrir því að gæta meira hófs á þessu sviði.

Allir viðurkenna fóstureyðingu sem neyðarúrræði. Vegna þess finnst mér ekki óeðlilegt þótt konan fái ráðleggingar og jafnvel aðrir verði að taka ákvörðun fyrir hennar hönd í svo mikilvægu máli og undir vissum kringumstæðum. Það er ekkert óeðlilegt þótt ungri konu, sem verður þunguð og býr við frekar erfiðar félagslegar ástæður, finnist lífið óbærilegt framundan ef hún losni ekki við fóstrið. En það er ekki þar með sagt að vandkvæði hennar megi ekki leysa á annan hátt, og til þess er þetta ætlað, að hún fái ráðgjöf annars staðar að og enn fremur að fóstureyðing

sé ekki heimiluð nema verulegir félagslegir erfiðleikar séu fyrir hendi.

Eitt af því, sem veldur því að ég get ekki fylgt frv. í þeirri upphaflegu mynd sem það var lagt fram í fyrra, er að mér finnst að við séum alls ekki undir það búnir að ráðleggja konum. Við höfum hér mjög fámenna stétt félagsráðgjafa og það er ekki efi á því að þeir hafa ekki nokkra aðstöðu til að veita öllum þeim konum, sem þess mundu þurfa, fullnægjandi ráðgjöf og gefa sér tíma til þess að sinna þeim svo sem skyldi. Meðan svo er álít ég að við getum ekki stigið skrefið til fulls. Einnig finnst mér ástæða til þess að það komi meiri reynsla á algert frjálsræði í þessu efni heldur en nú er komin. Við vitum að ýmsar þær þjóðir, sem hafa lögleitt frjálsar fóstureyðingar, hafa snúið til baka á ný. Við vitum líka að okkar nágrannaþjóðir eru nú að breyta lögum sínum í þessa átt. En reynsla þeirra er mjög stutt og alls ekki einhlít, þannig að mér finnst að við verðum að bíða örlítið enn og sjá hverju fram vindur. Mun ég fresta að segja meira um þetta mál að öðru leyti en því að mér finnst ég geta sætt mig við frv. í þeirri mynd sem það nú er í.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur nú mælt fyrir hinu margumtalaða frv. sem almennt hefur gengið undir nafninu fóstureyðingafrv., og lokaorð hans voru þau að menn ættu að ræða um þetta mál af hófsemi, án fordóma og tilfinningasemi, og það vonast ég til að verði hægt að gera. Það gerði hæstv. ráðh. líka svo sannarlega og það hefur verið gert í þessari d. það sem af er.

Það er þó einkennandi fyrir umr. um þetta mál, einkum meðal almennings og er ljóst af blaðaskrifum, ályktunum og af bréfaskriftum sumum til okkar þm. að það er kannske ekki allt af hófsemi og alltaf án tilfinningasemi og allt án fordóma. Það vill nú verða svo um umræður nú upp á síðkastið meðal almennings og það sem maður hefur séð í blöðum. Það er eins og sé verið að deila almennt um afstöðu með eða móti fóstureyðingum, og andstæðingar 9. gr. í upphaflega frv. hömpuðu einkum þeim reginmisskilningi. Eins og hv. þm. Soffía Guðmundsdóttir minnti á áðan, hafa þessir andstæðingar gjarnan borið fyrir sig hátíðlega skrúðmælgi um lotningu fyrir lífinu til að punta upp á útúrsnúninginn. Margir þm. hafa hins vegar haft hreinskilni til þess að vilja þrengja ýmis ákvæði þessa frv. Það var gert í hv. Nd. Ég virði þessa hreinskilni því að hún er meira í takt við það sem allt of margir meina í raun í þessu máli, enda kom það reyndar í ljós við atkvgr. þar að till. þessara þm. áttu furðumiklu fylgi að fagna. Hins vegar er það líka einkennandi að margir andstæðingar sömu ákvæða hafa lýst yfir að það væri í raun og veru um smávægilega breytingu að ræða á 9. gr. þá og nú og mundi lítil áhrif hafa. Ég hef meira að segja heyrt lækna halda þessu fram, þá sem hafa verið jafnvel andvígir þessari 9. gr. eins og hún var upphaflega, — þeir hafa sagt berum orðum að á þessu væri sáralítill munur. Þarna er eitthvað mótsagnakennt á ferðinni í meira lagi sem þarfnast skýringa, og ég tel skyldu mína í þeirri nefnd, sem ég á sæti í og fjallar um þetta mál, að reyna að fá einhverjar skýringar hér á.

Ég held að við eigum líka að gera okkur hitt ljóst, að það er enn til fólk sem er andvígt fóstureyðingum hvers konar og af hvaða ástæðum sem er. Það er andvígt getnaðarvörnum yfirleitt. Það er um leið andvígt almennri opinskárri umr. um kynlíf og andvígt fræðslu þar um. Við skulum ekki ganga þessa dulin að þetta fólk er til. Að vísu fer þessi hópur síminnkandi, en einhvern tíma hefði I. kafli þessa frv., sem er auðvitað veigamesti og þýðingarmesti kaflinn, um ráðgjöf og fræðslu í kynlífsmálum almennt, nánast flokkast undir guðlast af verstu tegund. Það vill nú svo til að áhrifamesta stofnun okkar þjóðfélags lengst af, kirkjan, hafði þessi mál ekki aðeins sem feimnismál, þetta voru hrein bannorð, þó að hræsnin og yfirdrepsskapurinn hafi þar eins og sums staðar enn verið innsti kjarni málsins. Og því miður var hún lengi vel hemill á alla eðlilega afstöðu til þessara mála og enn eru þar til angar, því miður, og persónulega þekki ég því miður enn þá sjónarmið þessarar Drekkingarhylsstefnu yfirvalda, veraldlegra sem geistlegra.

En í ljósi aukinnar þekkingar, víðsýni og umburðarlyndis hafa þessi mál þróast í átt til þess að vera tekin sem eðlilegur þáttur mannlegs lífs, þýðingarmikill og sterkur, líkamlega sem andlega. Og þó að ákvæði um þetta hafi verið allskýrt, þá er I. kafli frv. í heild í raun gleðilegur vottur um framför í hugsunarhætti og viðbrögðin gagnvart honum nú eru ekki þau sem einkenndu öll þessi mál áður.

En ef menn halda að það sé út í bláinn að þetta sé rifjað upp, þó með örfáum orðum, fyrri tíma viðhorf og viðbrögð, þá er slíkt því miður mikill misskilningur. Enn er mettað andrúmsloft af eftirstöðvum þessara viðhorfa, og það er m. a. orsök þess hve þessi fræðsla hefur verið sniðgengin í menntakerfi okkar án þess að um væri kvartað af fólki sem ekki stendur þó á gagnrýni hjá gagnvart ýmsum öðrum þáttum fræðslunnar og í mörgu auðvitað réttmætlega, þó að sú gagnrýni gangi oft út í öfgar. Enn má sjá nátttröll og það er dálítið athyglisvert hvaðan þau koma. Má ég rifja upp hér — með leyfi hæstv. forseta — örlítla kristilega hugvekju úr Morgunblaðinu s. l. sunnudag sem dæmi um þetta. Ég skal taka eins lítið af þessari kristilegu hugvekju og mögulegt er vegna virðingar þessarar hv. d., en þó get ég ekki stillt mig um að taka hér upp fáeinar setningar. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Tækist svo ógiftusamlega til að sú ómannúðlega siðleysisstefna næði fram að ganga hér á landi að konur fengju frjálsa heimild til fóstureyðinga, hvert yrði þá næsta baráttumálið þegar fimmta boðorðið væri hvort eð er úr gildi fallið? Mundi ekki koma fram hugsjónafólk sem segði: Hvaða ástæða er til að láta gamalt fólk, sem að mestu eða öllu er komið út úr heiminum, lifa lengur? Væri ekki hagkvæmara og hreinlegra að taka afa og ömmu og leiða þau kölkuð og skilningssljó út í sólskinið og skjóta þau?“

Ég ætla ekki að lesa lengra, en þessu fylgir

mjög hugljúf teikning og kristileg, sem höfundur, sem er prestvígður maður, hefur einnig gert og skreytir þessa kristilegu hugvekju mjög fagurlega. — Nei, það eru svo sannarlega til enn þá fordómar í þessu máli og ég minni enn á það hvaðan þessir fordómar koma og þetta er lýsandi dæmi um.

Ég ætla aðeins að gera hér að umræðuefni þann þátt sem lýtur að hlutlægri og eðlilegri fræðslu um kynferðismál sem hefur orðið alger hornreka af mörgum ástæðum. Ég fullyrði að á ríkjandi viðhorfum fyrri tíma sé enn of grunnt þegar að þessum þætti kemur. Fræðsla foreldra er oft talin sjálfsögð byrjun, ekki skal ég vanmeta hana, enda mikilvæg sé hún innt af hendi af þekkingu og þeirri einlægni sem eðlilegt og gagnkvæmt trúnaðartraust milli foreldra og barns á að geta skapað. En hvort halda menn í alvöru að fræðsla foreldra og skóla eða fræðsla götunnar og sorprita sé veigameiri, meira að segja nú á þessum miklu menntunartímum? Ég læt hvern um sig að svara, en sjálfur fullyrði ég að því miður fari meira fyrir hinum síðarnefnda neikvæða þætti.

Í framhaldi af þessu get ég ekki stillt mig um að benda á blómlega útgáfu og gróðavænlega á fræðsluritum um kynferðismál í formi viku- og mánaðarblaða þar sem allt er svo skrumskælt og sér í lagi á þann veg sem neikvæðastur er, langt neðar öllu eðlilegu kynlífi, að ég er sannfærður um skaðsemi þeirra fyrir sálarlíf unglinga sem fá þarna svo alranga hugmynd að eigin kynni af kynlífi geta í ljósi þessarar fræðslustarfsemi ósvífinna fjárplógsaðila valdið alvarlegum sálrænum áföllum. Skal ekki nánar út í það farið hér af velsæmisástæðum í svo virðulegri þd., en ég hygg að allir viti hvað ég á við og hvers vegna ég hef þá skoðun að ég vildi reisa hér við verulegar skorður, jafnframt því sem ég á engan hátt hef á móti æsingslausum og eðlilegum frásögnum af þessum mikilvæga þætti mannlegs lífs.

En hvers vegna hafa þá foreldrar og skólar brugðist? Ég hef bent á feimnismálaástæðuna áður, en eftir er að geta um ýmislegt annað. Ég bendi á eftirfarandi varðandi skólakerfi okkar sem er sá þáttur sem löggjafinn og um leið fjármálavaldið getur haft veruleg áhrif á. Ég er þessu máli allvel kunnugur og tel mig vera það eftir 17 ára kennslustarf. Í fyrsta lagi er það kennaramenntunin sjálf. Kennarar eru enn í dag fæstir undirbúnir til að leiðbeina og fræða um þessi mál, kannske nær engir. Kennslubækur eða kennslugögn eru engin til mér vitanlega. Mikil tregða er á því að taka þessa fræðslu beint inn á stundaskrá smátt og smátt, öðruvísi verður það ekki gert. Ég viðurkenni að vísu samtengingu við aðrar námsgreinar, svo sem heilsufræði, félagsfræði, en ég held að enn þurfi að brjóta niður vissan múr fordóma áður en raunhæfri fræðslu verður á komið. Ég held að yfirvöld menntamála eigi hér býsna mikið verk ónunnið á of mörgum sviðum til þess að ég geti verið bjartsýnn á skjóta og nauðsynlega framkvæmd þessa mikilsverðasta kafla frv. Ég vona hins vegar að sú staðreynd, að hann virðist óvíða úti í þjóðfélagi okkar gagnrýndur heldur þvert á móti talinn boða betri tíð í þessum efnum, sú staðreynd verði til þess að öðruvísi verði á þessum málum tekið og þá mætti gjarnan byrja í menntakerfi okkar kennara.

Ég á sæti í þeirri nefnd sem fjallar um málið og skal því ekki tala nú langt mál um aðal deiluefnið og kannske hið raunverulega deiluefni, þ. e. um sjálfsákvörðunarrétt konunnar til fóstureyðingar, að þó ýmsum skilyrðum fullnægðum, og þá neyðarráðstöfun sem fóstureyðing hlýtur jafnan að vera. Ég skal ekki elta ólar við staðhæfingar og beinar fullyrðingar of víða að um ásókn kvenna í þennan sjálfsagða þátt mannréttinda sinna til þess að geta notað hann sem beina getnaðarvörn eða í stað hennar. Svo fráleitt og fyrirlitlegt tel ég allt slíkt tal eða þegar látið er að því liggja jafnvel, eins og maður hefur heyrt að undanförnu, að konur séu í biðröðum óðfúsar í að láta eyða fóstri sínu án allra gildra ástæðna. Hér er einmitt talað af hvoru tveggja, fyrirlitningu á konum almennt, dómgreind þeirra og siðgæði, og því er hér ekki um svaraverða hluti að ræða, en þetta hefur um of einkennt hina almennu umr. úti í þjóðfélaginu. Ég tel einmitt þessar skoðanir vera í ætt við þann fyrri tíma svartagaldur og hugsunarhátt Drekkingarhylsins sem enn virðist eima eftir af og við heyrðum reyndar óma hér áðan í kristilegri hugvekju prestsins. Það er að vísu rétt að íslensku læknarnir vilja láta taka mikið tillit til skoðana sinna og álits, og gjarnan vildi ég gera það og mörgum þeirra treysti ég til þess mætavel. En hins vegar eru ótalin dæmi um misnotkun þess valds sem þeir hafa haft og vilja halda í. Ef ég hefði ekki jafnvel heyrt af vörum þeirra sjálfra fullyrðingar eins og þær að konur, sem djarfast hafa barist fyrir sjálfsákvörðunarrétti konunnar og auknum réttindum kvenna almennt, hafi jafnvel skipulagt fóstureyðingar ungra stúlkna erlendis til að fá hagstæðari tölur í „statistik“ um þessi mál, — hefði ég ekki heyrt þetta og margt annað, þá hefði ég svo gjarnan viljað að þessir menn hefðu haft meira um þetta að segja en ég tel hollt hreinlega. Þetta og margt fleira veldur því að ég get ekki talið þá sem þá almáttugu aðila, sem sumir þeirra vilja vera láta, og ekki heldur talið þá í öllu réttari aðila en konuna sjálfa til lokaákvörðunar almennt um þessi mál. Ég segi því miður, því að algilt er þetta mat mitt ekki gagnvart íslenskri læknastétt sem slíkri. En vitanlega hlýtur það að vera svo að þeir séu mannlegir eins og aðrir, geti gert mistök, og því tel ég það ekki aðalatriði þessa máls að þeir einir hafi þarna lokaákvörðun og eigi að hafa og það tryggi allt réttlæti í málinu — það tryggi það að aldrei verði of langt gengið, að aldrei verði nein mistök gerð. Auðvitað hljóta þessir menn að vera spegilmynd þjóðlífsins sjálfs alveg eins og við öll hin, jákvæð og neikvæð eftir upplagi og gerð allri, og hví skyldu þeir þá vera þeir allsherjarlausnarar í þessu máli sem ættu einir að hafa valdið frekar en sú sem tekur afleiðingunum af hvoru tveggja ein og óstudd og ekki í skjóli neinna vottorða eða pappírsgagna, heldur í krafti eigin ábyrgðar gagnvart sjálfri sér og því lífi sem kviknað er. Það er nefnilega fjarri mér að vantreysta þeirri ábyrgð-

artilfinningu og þeirri heilbrigðu dómgreind og því siðgæðisstigi sem ég tel konuna vera gædda almennt umfram — ég segi umfram aðra.

Ég skal ekki lengja þessa umr. frekar nú en mun við 2. umr. og í nefnd gera frekari grein fyrir skoðun minni almennt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 73. fundur.

Föstudaginn 25. apríl, að loknum 72. fundi.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 503, n. 507, 508 og 509, 504, 510, 511). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur athugað frv. þetta á samtals 7 fundum. Fimm fundanna hafa verið sameiginlegir fundir með fjh.- og viðskn. Nd. og þetta mál hefur að mestu verið unnið sameiginlega af n. beggja d. N. hafa haft mál þetta til meðferðar síðan 24. mars s. l. og hafa haft samband við mjög marga aðila sem hafa veitt ýmsar upplýsingar. Ég vil nefna í fyrsta lagi þá sem stóðu að samningu þessa frv. sérstaklega varðandi skattamál, einkum þá prófessor Guðmund Magnússon og Þorstein Geirsson deildarstjóra í fjmrn. Einnig komu fyrir n. ráðuneytisstjóri í fjmrn., ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, hagsýslustjóri, seðlabankastjóri og margir fleiri. Auk þess komu til fundar við n. fulltrúar ASÍ og fulltrúar Verslunarráðs Íslands. Ýmis bréf og erindi bárust til n. og vil ég þar nefna bréf frá samninganefnd ASÍ þar sem mælst var til þess að það fjármagn, sem reiknað er með að skattar muni lækka um verði eingöngu notað til að lækka beina skatta. Félag einstæðra foreldra sendi n. till. um breyt. ásamt grg. Stjórn Stéttarsambands bænda sendi ályktun þess efnis að söluskattur yrði felldur niður af kjöti og kjötvörum. Flugleiðir hf. sendu aths. vegna flugvallagjalds, og einnig barst bréf frá Ferðamálaráði um sama mál. Þá sendu Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Félag ísl. iðnrekenda aths. varðandi V. kafla frv. um breyt. á tollskrárákvæðum. Og að síðustu sendi Samband ísl. sveitarfélaga erindi og óskaði eftir nokkrum breyt. Öll þessi erindi hafa verið tekin til meðferðar og athugunar hjá n. og hlotið þar nokkuð ítarlega athugun.

Ég vil í stuttu máli gera grein fyrir þeim breyt. sem eru mikilvægastar, þ. e. a. s. þeim breyt. sem n. hafa gert till. um, en þar sem málið hefur fengið mjög ítarlega meðferð í Nd. sé ég ekki ástæðu til að rekja málið ítarlega.

I. kafli frv. fjallar um heimild til lækkunar ríkisútgjalda og þar hefur n. ekki gert till. um neina breyt. Hér er um að ræða heimild til ríkisstj. og slík lækkun ríkisútgjalda getur því aðeins farið fram að fjvn. samþykki slíka lækkun. Till. um slíka lækkun hafa ekki enn verið mótaðar og því ekki mögulegt að rekja þær hér. En það, sem hlýtur að ráða nokkuð slíkri lækkun, er í fyrsta lagi atvinnusjónarmið. Ríkisstj. hefur lýst því yfir að hún muni stuðla að því að haldið verði uppi fullri atvinnu í landinu og þess vegna er mjög mikilvægt að slík lækkun ríkisútgjalda hafi ekki í för með sér atvinnuleysi. Ber að gæta þess að þenslan í þjóðfélaginu er mjög misjöfn. Hún er mikil á einstökum stöðum, en lítil sem engin á öðrum. Í öðru lagi hlýtur mikilvægi fjárveitinga að ráða miklu í þessum efnum.

En frv. þetta fjallar ekki aðeins um lækkun ríkisútgjalda. Það fjallar einnig um hækkun ríkisútgjalda og þar með breyt. á forgangsröð. Þar má sérstaklega nefna fyrirhugaða hækkun á útgjöldum til orkuframkvæmda og þar er mótuð sú stefna að orkuframkvæmdir skuli hafa algeran forgang á þessu ári. Einnig má nefna að ákveðið hefur verið að greiða niður áburðarverð sem mun hafa í för með sér veruleg útgjöld fyrir ríkissjóð þannig að hér er um það að ræða einnig að breyta forgangsröð á ríkisútgjöldum.

II. kafli frv. fjallar um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt og þar hafa n. gert nokkrar brtt. sem voru afgr. við umr. í Nd. Það var alveg ljóst, ef átti að fullnægja því skilyrði að lækkun á beinum sköttum kæmi fyrst og fremst til góða láglaunafólki, að þá var aðeins ein leið fær ef ná átti þessum tilgangi, og sú leið var að auka skattafslátt, í fyrsta lagi að breyta persónufrádrætti í persónuafslátt og auka barnabætur. Þar með eru sameinuð í eina heild annars vegar fjölskyldubætur og hins vegar sá frádráttur sem menn hafa hlotið gagnvart skatti, en sá frádráttur var 75 500 kr. Það er tvímælalaust til bóta að breyta þessum frádrætti og fjölskyldubótum í eina upphæð því að eins og þetta var áður nýttist það í mörgum tilfellum ekki barnmörgum, tekjulágum fjölskyldum. Það var gert ráð fyrir því upphaflega í frv. að persónufrádráttur yrði notaður til greiðslu eignarskatts, til greiðslu útsvars og þar að auki til elli- og örorkulífeyrisþega, þeim skyldi greitt út af persónuafslætti, þó aldrei hærri upphæð en 20 000 kr. til einstaklings og 30 000 kr. til hjóna. Í meðförum n. voru gerðar brtt. í þessu efni. Í fyrsta lagi sú að persónuafsláttur skyldi ekki ganga til greiðslu eignarskatts og er það tvímælalaust til bóta því að ef svo hefði verið, þá er blandað saman tveimur stofnum, annars vegar álagningu skatts á eignir og hins vegar álagningu skatts á tekjur. Þannig hefði eignahár maður með litlar tekjur fengið eignarskatt sinn greiddan af hinu opinbera. Í öðru lagi var gerð sú breyt. að elli- og örorkulífeyrisþegar fengju ekki greiddar út eftirstöðvar af persónuafslætti og þar með var mörkuð sú stefna að skattafsláttur skuli aldrei greiðast út og gerð till. um það að ígildi þessa afsláttar yrði notað til að hækka tekjutryggingu. Þetta er að mínum dómi einnig mjög til bóta. Það er kannske rétt að geta þess að gamalt fólk hafði í fyrri lögum sérstakan skattafslátt. Þessi afsláttur nýttist eingöngu því fólki sem hafði nokkuð háar tekjur. Á þennan hátt var verið að ívilna á mjög handahófskennd-

an hátt, og það er mun skýrara og kemur betur við hjá þeim, sem lægri tekjur hafa, að greiða þessa ívilnun út í formi tekjutryggingar. Það fór fram sérstök athugun á því hverjir það eru sem tapa á því að eftirstöðvar persónuafsláttar séu ekki greiddar út, og kom í ljós að þar gat eingöngu verið um að ræða tekjulága framteljendur úr hópi barnlausra hjóna og einhleypinga sem ekki eru lífeyrisþegar. Það kom hins vegar í ljós að nær öll barnlaus hjón með minna en 550 þús. kr. bráttótekjur eru lífeyrisþegar. Þegar tekið hefur verið tillit til þessa svo og fjölda atvinnurekenda og fjölda ungra hjóna án barna á þessu tekjubili er í mesta lagi um 65 barnlaus hjón að ræða sem tapað gætu á þessu, u. þ. b. 4000 kr. eða minna ár hvert, ef útborgun yrði hætt. Ég held að það hljóti að vera ljóst að það er mjög mikil bót að því að losna við þessa útgreiðslu, koma henni úr kerfinu, og þess vegna varð niðurstaðan að fella þessa útgreiðslu algerlega niður.

N. gerðu eina breyt. varðandi skattmeðferð einstæðra foreldra. Einstæðir foreldrar hafa notið sérstaks frádráttar í gildandi skattalögum og sá frádráttur er 144 960 kr. að viðbættum 16 610 kr. fyrir hvert barn. Það er alveg sama með þennan frádrátt og annan frádrátt, sem veittur er í tekjuskattslögunum, að hann nýtist eingöngu því fólki sem hefur tekjur til þess að nýta þennan frádrátt. Í stað þessa frádráttar var ákveðið að einstæðir foreldrar skyldu fá persónuafslátt hjóna. Sá afsláttur nýtist betur tekjulægri einstæðum foreldrum. Hins vegar varð ljóst að þetta hafði í för með sér nokkra íþyngingu hjá þeim einstæðu foreldrum sem höfðu nokkuð háar tekjur. N. gerðu það að till. sinni að til þess að leiðrétta þetta yrði meðlag einstæðra foreldra gert skattfrjálst og var sú breyt samþ. í Nd. Allar þessar breyt., þessar lækkanir á beinum sköttum, munu kosta ríkissjóð u. þ. b. 970 millj. kr.

Þar að auki hefur verið samþ. sú breyt. í Nd. að lækka svonefnda verðstuðulsfyrningu sem átti að vera 70% af lausafé, þ. e. a. s. 70% af fyrningum, en það var samþ. í Nd. að þessi fyrning skyldi aðeins vera 70% af þessari 70% fyrningu eða u. þ. b. 50%. Hér er ekki um mjög verulega breyt. að ræða, en fyrst og fremst viðurkennt að taka beri ákvæði skattalaga varðandi fyrningar og meðferð söluhagnaðar til gaumgæfilegrar endurskoðunar. Þessi ákvæði hafa reynst að flestra dómi, sem um þau hafa fjallað, óraunhæf og því hefur þegar verið lýst yfir að þessi ákvæði verði tekin til gaumgæfilegrar endurskoðunar og breyt. lagðar fyrir haustþingið.

Það er rétt að geta þess í fjórða lagi að það voru einnig samþ. breyt. í Nd. um sjómannafrádrátt, og þessar breyt. hafa í för með sér um 60 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð.

III. kafli frv. fjallar um breyt. á l. um tekjustofna sveitarfélaga og voru samþ. í Nd. nokkrar smávægilegar breyt. Sú lækkun, sem þessi kafli hefur í för með sér fyrir sveitarfélög, er um 410 millj. kr.

V. kafli frv. fjallar um heimild til lækkunar eða niðurfellingar á söluskatti og afnám tolla af nokkrum mikilvægum matvörum og hráefnum til matvælagerðar. Sú breyt. var gerð í meðförum n, að lagt var til að heimild til að lækka tolla á feiti og ýmsum skyldum vörum yrði felld út og var sú breyt. samþ. í Nd. en eftir stendur þá tollalækkun á ávöxtum og mun sú lækkun kosta ríkissjóð um 83 millj. kr. Hafa verið gefin þau fyrirheit að lækka skatta og tolla um u. þ. b. 2 000 millj. kr. og eftir standa þá u. þ. b. 500 millj. kr. sem ákveðið er að nota til lækkunar á söluskatti. Alþýðusamband Íslands hafði óskað eftir því að þessi heimild yrði ekki notuð og upphæðin nýtt til þess að lækka enn frekar beina skatta. Það er hins vegar alveg ljóst að ef sú leið hefði verið farin hefði vart verið hægt að koma slíkri lækkun til skila hjá hinum tekjulægri nema taka upp útgreiðslukerfi, þ. e. a. s. að greiða út neikvæðan skatt. Hins vegar er ljóst að mjög lítill munur er á þessum leiðum og í reynd liggja ekki fyrir neinar ákveðnar staðreyndir í þeim efnum sem sanni að lækkun á söluskatti komi hinum tekjulægri verr. Og það varð niðurstaða í n. að það væri mjög neikvætt og ekki æskilegt að taka upp útgreiðslu á persónuafslætti. Varð því niðurstaðan að velja frekar söluskattsleiðina.

VI. kafli frv. fjallar um flugvallagjald. Í meðförum n. var ákveðið að leggja til að einnig skyldi lagt flugvallagjald á innanlandsflug. Það var ekki gert í því augnamiði að afla ríkissjóði frekari tekna vegna þess að jafnframt var ákveðið að leggja til að söluskattur á innanlandsflugi yrði felldur niður. Söluskattur á hinum lengri flugleiðum er mjög mikill og þess vegna er ljóst að þessi breyt. felur í sér meiri jöfnuð fyrir þá sem lengra þurfa að fara, lengra þurfa að sækja, t. d. til Reykjavíkur, vegna ýmiss konar þjónustu, og þess vegna felur þessi breyt., sem var samþ. í Nd., í sér mikla jöfnun í þessu sambandi. Þessi breyt. felur í sér nokkurt tekjutap fyrir ríkissjóð. Það er einnig ljóst að flugfargjöld munu hækka á næstunni og þess vegna mun ríkissjóður ekki leggja frekari skatta á þær hækkanir sem kynnu að koma á flugleiðum innanlands.

VII. kafli frv. fjallar um skyldusparnað. N. hafa ekki lagt til að neinar breyt. væru gerðar á þessum kafla, en það hefur komið fram nokkur gagnrýni á það að leggja á skyldusparnað og sagt í því sambandi að sparnaður skuli vera frjáls. Að sjálfsögðu taka allir undir það að það er æskilegast að sparnaður sé frjáls í hverju þjóðfélagi og þjóðfélagsþegnarnir geti ráðið því á hvern hátt þeir vilji spara. En því má ekki gleyma að sparnaður er undirstaða framfara í þjóðfélaginu og alveg er ljóst að ýmsir hafa misst trúna á að spara vegna hinnar miklu verðbólgu sem hefur verið undanfarin ár. Að mínum dómi réttlætir það það að taka nú upp skyldusparnað að það er nauðsynlegt að spara, ekki síst í þeim tilgangi að reyna að vekja trú manna á gildi sparnaðar.

VIII. kafli frv. fjallar um lántökuheimildir vegna opinberra framkvæmda og Framkvæmdasjóðs. Þar er um að ræða lántökuheimildir til framkvæmda í orkumálum og er í frv. skýrt lauslega frá því hvaða framkvæmdir muni rúmast innan þessa ramma. Það eru í fyrsta lagi framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins og rafvæðing sveitanna. Rafvæðing sveitanna hefur

dregist aftur úr. Henni átti að ljúka á þessu ári og því nauðsynlegt að það verði tryggt fjármagn til að ljúka henni á þessu ári. Einnig eru hér nefnd orkumál Norðurlands og innan þess flokks munu rúmast byggðalína og framkvæmdir við Kröfluvirkjun. Einnig eru hér nefnd kaup á jarðborum sem þegar hafa átt sér stað og munu hafa kostað um 330 millj. kr. Þá eru nefndar hér virkjunarrannsóknir og má þar nefna rannsóknir við Blöndu og ekki síst rannsóknir og undirbúningsframkæmdir við Bessastaðaá sem eiga að eiga sér stað á þessu ári. Í síðasta lagi eru orkuveitur sveitarfélaga sem eru ýmsar hitaveituframkvæmdir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja frekar þær breyt. sem hafa þegar verið gerðar í Nd. og urðu flestar vegna sameiginlegrar vinnu n. í báðum d.

Þær skattbreyt., sem þetta frv. felur í sér, eru mjög seint fram komnar og ber að vara við því að slíkt verði gert aftur. Það er mjög óþægilegt fyrir alla framkvæmd skattamála í landinu að gera slíkar breyt. svo seint sem raun ber vitni. Ég vil einnig vara við því að skattamál og skattastefna verði gerð að samningsatriði við hina ýmsu hagsmunahópa í þjóðfélaginu. Ef stjórn efnahagsmála á að ganga vel er nauðsynlegt að Alþ. og ríkisstj. ráði yfir þessu tæki til þess að beita því við úrlausn ýmissa vandamála, bæði til öflunar tekna til sameiginlegra þarfa og einnig til að stjórna hagkerfi þjóðarinnar. Það hefur æ meira borið á því að það hefur verið sótt á að gera skattastefnu og skattamál að samningsatriði. Það er e. t. v. þess vegna að það varð reyndin í tíð fyrrv. stjórnar að einkaneysla jókst um 40% á sama tíma sem samneysla jókst um 25%. Ég er í hópi þeirra sem vilja mikla samneyslu, meiri samneyslu. Mér er það hins vegar ljóst að slíku verður ekki komið við eigi skattstefna og skattamál að vera samningsatriði við ýmsa aðila utan Alþ. og ríkisstj.

Frsm. 1. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls benti ég á að í þessu langa og mikla frv., sem er einn af þeim bandormum sem stundum sjá dagsins ljós hér á hv. Alþ., eru aðallega þrjú atriði sem mestu máli skipta. Það er í fyrsta lagi skattalækkunin, í öðru lagi niðurskurður á útgjöldum ríkisins og þar með á verklegum framkvæmdum og í þriðja lagi meðferð fjárfestingarmálanna og meðferð á fjáröflun til fjárfestingarlánasjóðanna.

Við 1. umr. benti ég á, að fjáröflun til fjárfestingarlánasjóðanna væri mjög skorin við nögl að þessu sinni, og fullyrti að þær breyt., sem gerðar hefðu verið til bóta í þessu efni við 3. umr. málsins í Nd., dygðu ekki til og ljóst væri að það mundi hafa háskalegar afleiðingar fyrir uppbyggingu atvinnuveganna ef við svo búið yrði látið standa, enda er hraðinn í uppbyggingu atvinnuveganna að sjálfsögðu mjög háður því hversu mikið fé er aflögu til útlána til hinna ýmsu greina atvinnulífsins.

Við athugun málsins í n. gafst að sjálfsögðu tækifæri til þess að skoða sérstaklega þessa hlið málsins. Ég benti á það í n. að meðferð þessa máls væri öll með einkar furðulegum hætti sem ætti sér fá fordæmi hér á hv. Alþ. Alþ. er að ákveða 2 000 millj. kr. lánsfjárútvegun til stofnlánasjóðanna, en þegar sú ákvörðun er lögð fyrir Alþ., þ. e. a. s. till. um slíka ákvörðun, þá eru engar upplýsingar lagðar jafnframt fram um það hvað stofnlánasjóðirnir telja sig sjálfir hafa til ráðstöfunar, hvernig þeir hyggjast skipta væntanlegu lánsfé, hve há sé fjárhæð þeirra umsókna sem fyrir liggi hjá stofnfjársjóðunum, hve mikið sé óafgreitt af umsóknum frá fyrra ári og hverjar séu útlánaáætlanir stofnlánasjóðanna. Það er sem sagt bara sagt: Komið þið með þessar 2 000 millj., en hvernig við ætlum að ráðstafa þeim, það fær enginn neitt að vita.

Ég benti á það í fjh.- og viðskn. í morgun að þetta væri í fyrsta skipti um langt skeið sem nokkur ríkisstj. dirfðist að hegða sér á þennan veg gagnvart Alþ. Um árabil hefur það verið svo að Framkvæmdasjóður og starfsmenn hans sem eru um leið starfsmenn Framkvæmdastofnunar ríkisins, eins og kunnugt er, hafa undirbúið till. um útlán stofnlánasjóðanna. Till. þessar hafa síðan verið ræddar í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, áður í stjórn Framkvæmdasjóðs, og síðan hafa till. verið sendar ríkisstj. og Alþ. og Alþ. hefur síðan veitt heimildir til erlendrar lánsfjáröflunar þannig að sú áætlun, sem gerð hefur verið, gæti komist til framkvæmda. Til að gera Alþ. kleift að gegna þessu hlutverki hefur verið lögð fram árum saman svonefnd skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir árið 1973 og í þessari skýrslu er vandlega farið yfir fjárhag einstakra fjárfestingarlánasjóða, hvað þeir hafi mikið sjálfir af fjármagni og hvað þeir þurfi að fá mikið til þess að sinnt sé þeim umsóknum sem talið er eðlilegt að sinna. Ef Alþ. hefur talið að útlánaáformin væru of mikil hefur það getað lækkað erlendu lánsfjáröflunina og er sannast að segja að ekki hefur það oft komið fyrir, heldur hefur hitt verið algengara að Alþ. sæi ástæðu til að hækka lánsfjáröflunina í meðferð málsins. En að sjálfsögðu hafa alþm. haft upplýsingar í höndunum til þess að geta rætt málin og tekið ákvarðanir út frá einhverjum tölulegum forsendum. Hitt hefur aldrei gerst fyrr að stjfrv. væri lagt fram sem fæli í sér ákveðna lánsfjárútvegun, án þess að nokkrar yfirlitstöflur eða nokkur grg. væri jafnframt lögð fram. Nei, alþm. er sem sagt ætlað að samþykkja þessa tölu eins og hún kemur fyrir, rétt eins og hverjir aðrir páfagaukar, og Framkvæmdastofnun ríkisins virðist þarna hvergi koma við sögu að því er séð verður. Ég er sjálfur í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, en ég get upplýst það hér að á þetta mál hefur aldrei verið minnst í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og ég hef þar af leiðandi ekki hugmynd um hvort sú stofnun hefur eitthvað unnið að þessum málum eða ekki, eins og lög mæla þó fyrir um. Á fundi fjh.- og viðskn. í morgun krafðist ég þess að sjálfsögðu, þótt seint væri orðið, að lögð yrði fram fullnægjandi grg. um stöðu þessara mála, en það ætlaði nú svo sannarlega ekki að ganga auðveldlega að fá þær upplýsingar fram. Ég vil að vísu strax taka fram að hv. form. n. var allur af vilja gerður að útvega þessar upplýsingar og hann byrjaði á því að hringja í Framkvæmdastofnun

ríkisins og átti þar viðræður við ráðamenn og spurðist fyrir um það hvort ekki væri hægt að afhenda þessar upplýsingar. En hann fékk þau svör að þessar upplýsingar mætti ekki afhenda, og skildist mér þó að um málið hefði verið formlega fjallað innan stofnunarinnar, en niðurstaðan hefði orðið sú að Alþ. mætti ekki fá þessar upplýsingar. Nú er það svo að það leikur grunur á því að framkvæmdastjórar hinnar ágætu stofnunar, Framkvæmdastofnunarinnar, hafi einhverja hugmynd um þetta mál, — það leikur grunur á því. Og það leikur sem sagt grunur á því að þeir hafi neitað að afhenda upplýsingar sem þeir sjálfir höfðu í höndunum. Ég vil lýsa því yfir að hér er bersýnilega um fáheyrða framkomu að ræða af hálfu opinberra embættismanna gagnvart Alþ. og ég get ekki nefnt þetta neinum öðrum nöfnum en að hér sé um hreint hneyksli að ræða.

Eftir að fyrir lá að framkvæmdastjórar Framkvæmdastofnunarinnar neituðu að gefa alþm. upplýsingar um, hvað þeir væru raunverulega að samþykkja með því að heimila 2 000 millj. kr. erlenda lánsfjárútvegun, og fyrir lá, að þessi skortur á upplýsingum yrði gerður að umtalsefni hér í þinginu og ríkisstj. dregin til ábyrgðar fyrir að útvega ekki sjálfsagðar og nauðsynlegar upplýsingar, tókst form. nefndarinnar eftir nokkra erfiðleika að finna þolanlega lausn á þessum vanda. Hann fann sem sagt í pússi sínu skýrslu sem kemur frá Seðlabanka Íslands og inniheldur einmitt þær áætlanir sem frv. er miðað við. Þessi áætlun er greinilega miðuð við sömu tölur og þar er verið að fjalla um, og þetta reynast sem sagt vera þær upplýsingar sem ég hef verið að kvarta um, en gat ekki fengið með hjálp form. n. frá Framkvæmdastofnuninni. Það kemur sem sagt í ljós að Seðlabankinn hefur undirbúið þær till. sem frv. er byggt á, en ekki verður séð að Framkvæmdastofnun ríkisins hafi komið þar mikið við sögu. Ég vil því af þessu tilefni leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé stefna ríkisstj. að Seðlabankinn yfirtaki Framkvæmdastofnunina og starfsemi hennar í nánustu framtíð. Ég vil sem sagt spyrja hann að því hvernig á því standi að áætlunarstarfsemi, sem Framkvæmdastofnuninni er ætluð með lögum, virðist fara fram í Seðlabankanum sem er látinn semja um það ítarlega skýrslu sem alþm. geta fengið í hendur, en þær hugmyndir og till., sem hugsanlega eru á ferðinni í Framkvæmdastofnuninni, — hvort þær eru þar á ferðinni eða ekki skal ég að vísu ekki fullyrða um, en ég trúi ekki öðru en að stofnunin gegni því hlutverki, sem hún á lögum samkv. að gera. Þær hugmyndir og till., sem þar hafa verið á ferðinni, eru leyndarmál sem alþm. er neitað um aðgang að. Ég sem sagt hlýt að spyrja: Er það ætlun ríkisstj. að Seðlabankinn yfirtaki þessa starfsemi af Framkvæmdastofnuninni og hafi með höndum héðan í frá gerð útlánaáætlana fyrir stofnulánasjóði atvinnuveganna? Og ég vil einnig spyrja að því, hvernig í ósköpunum stendur á því að Alþ. er ekki gerð grein fyrir afkomu og útlánaáætlunum fjárfestingarlánasjóðanna áður en afgr. er frv. um það efni hér í þinginu eins og ávallt hefur verið.

Ég þakka að vísu form. fjh.- og viðskn. fyrir það að hann útvegaði þessar upplýsingar í morgun, sem ég hef nú gert að umtalsefni. En ég hefði talið sjálfsagt að ríkisstj. hefði séð sóma sinn í því að leggja sjálf fram þessar upplýsingar eins og ævinlega hefur verið gert hér á þingi, yfirleitt á mjög ítarlegan og greinargóðan hátt í löngu yfirliti fjmrh. sem hann hefur síðan fylgt úr hlaði með langri ræðu. Ekkert slíkt hefur heyrst eða sést hér á Alþ. á þessum vetri. Ég vil einnig spyrja að því, vegna þess að vitað er að þetta hefur gengið þannig fyrir sig að Framkvæmdastofnunin hefur safnað upplýsingum um útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóðanna og því næst hafa Alþ. og ríkisstj. tekið ákvarðanir sem byggðar hafa verið á þessum upplýsingum, raunverulega lokaákvarðanir, hvernig í ósköpunum stendur á því að mönnum hefur dottið í hug að hagkvæmt gæti verið að snúa þessari ákvörðunartöku við þannig að það sé Alþ. sem fyrst eigi að taka ákvörðun án þess að hafa fengið nokkrar upplýsingar í hendur.

Ég vil svo snúa mér að fjármálum fjárfestingarlánasjóðanna og þeim fullyrðingum sem ég hef haft hér í frammi að iskyggilega sé skorinn við nögl fjáröflun til þessara sjóða. Árið 1973 lánuðu atvinnuvegasjóðirnir 4 300 millj. kr. til innlendra framkvæmda og veitti víst sannarlega ekki af því eins og þeir muna sem eitthvað komu nærri þeim málum á sínum tíma, því að eftirspurn eftir lánsfé var að sjálfsögðu langtum, langtum meiri. 1974 var hins vegar reynt að takmarka útlán vegna þeirrar óvissu sem fram eftir árinu ríkti um það hvaða stefna yrði tekin í efnahagsmálum og vegna þess að þörf var talin á því að draga úr þenslunni. Þá urðu útlán atvinnuvegasjóðanna 4 980 millj. og var um tæpa 16% aukningu að ræða frá fyrra ári. Hins vegar hækkaði vísitala byggingarkostnaðar um 50% milli áranna 1973 og 1974. Það var því um mikla útlánaminnkun að ræða í reynd eins og menn sjá með samanburði á þessum tveimur prósentutölum. Afleiðingin af samdrætti í útlánum stofnlánasjóða á árinu 1974 var sú að það myndaðist langur hali af óafgreiddum umsóknum, umsóknir hlóðust upp án þess að fé væri fyrir hendi til að afgreiða þær og er þá að sjálfsögðu einungis átt við þann hluta umsóknanna sem ekki var talin ástæða til að synja þegar í stað vegna þess að þær ættu ekki rétt á sér.

Nú er hækkun fjárfestingarkostnaðar milli áranna 1974 og 1975 talin verða um 70%. Ég held því að öllum ætti að vera ljóst að fráleitt væri með öllu að ætla að bæta nú niðurskurði í útlánum stofnlánasjóða ofan á þann niðurskurð sem fyrir var, en samt sem áður er það gert í því frv. sem hér liggur fyrir. Þegar frv. var fyrst lagt fram var aðeins gert ráð fyrir 36% hækkun á útlánum stofnlánasjóðanna frá árinu 1974 eða úr 4 980 millj. kr. í 6 785 millj., og eftir þá breyt., sem gerð hefur verið í Nd. og felur í sér 800 millj. kr. hækkun á útvegun lánsfjár til stofnlánasjóðanna, er hækkunin milli ára 52%, en það verður að teljast algerlega ófullnægjandi miðað við það hvað umsóknir höfðu hrannast upp á árinu 1974 og miðað við þá miklu kostnaðarhækkun sem orðið hefur milli ára.

Ég vil nú snúa mér að fjármálum einstakra fjárfestingarlánasjóða. Fiskveiðasjóður lánaði árið 1973 2 421 millj. kr., en árið eftir, 1974, aðeins 1 996 millj. kr. Það var sem sagt um að ræða minnkun í útlánum frá árinu 1973 til 1974 sem nam 18%. Nú telur Fiskveiðasjóður, sem er í miklum fjárhagsörðugleikum vegna þeirra fjöldamörgu umsókna sem hann hefur orðið að slá á frest að afgr. frá s. l. ári, að hann þurfi a. m. k. 3 800 millj. kr. til þess að geta gegnt lágmarksskyldu sinni. Ég vil taka fram að í þessu tilviki er áreiðanlega um að ræða algert lágmark, jafnvel óeðlilega lágt mark, en skv. frv. eins og það er nú og með þeim upplýsingum, sem gefnar voru í morgun um það hvernig þessum 800 millj. yrði hugsanlega ráðstafað, virðist að ekki verði um að ræða að lán úr Fiskveiðasjóði verði nema 3 650 millj. Það mun sem sagt vanta um 150 millj. og þó í raun og veru miklu, miklu meira ef tekið er fullt tillit til hinna raunverulegu þarfa.

Ef við snúum okkur næst að Stofnlánadeild landbúnaðarins, þá lánaði hún út á árinu 1974 1 050 millj. kr. Með því viðbótarfjármagni, sem fæst eftir þá breyt. sem Nd. hefur gert á frv., er talið samkv. þeim upplýsingum, sem við nm. fengum í morgun, að til útlána úr Stofnlánadeildinni geti orðið á þessu ári 1 350 millj., en það er liðlega 30% aukning frá árinu áður. Stofnlánadeildin telur sig hins vegar þurfa sem algert lágmark 1 800 millj. kr. til þess að geta sinnt lágmarksskyldum sínum. Það er eins með Stofnlánadeildina og Fiskveiðasjóðinn að hún dregur eftir sér langan hala. Þarna er um að ræða að talsvert miklum hluta lán til íbúðabygginga í sveitum og segir sig sjálft að þegar um er að ræða meira eða minna fastar sjálfvirkar lánveitingar til íbúðahúsabygginga í þéttbýli í gegnum lánakerfi Húsnæðismálastofnunarinnar væri algerlega fráleitt ef íbúðahúsabyggingar í sveitum ættu að falla undir einhverjar aðrar reglur og að miklu, miklu erfiðara væri að fá lán til þeirra framkvæmda en þeirra sem fram fara í þéttbýlinu. Ég sem sagt undirstrika hér að það er útlit fyrir gífurleg lánsfjárvandræði hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins ef hún fær ekki meira fé en gert er ráð fyrir í frv. sem við erum að ræða eins og það liggur fyrir nú.

Um Iðnlánasjóð er það að segja að hann lánaði á árinu 1974 341 millj. kr., en áætlað er að hann geti lánað á árinu 1975 510 millj. Þar er um nokkra hækkun að ræða, 50% hækkun, en hækkunin er þó langt frá því að ná kostnaðarhækkuninni milli áranna 1974 og 1975 sem er, eins og ég hef áður sagt, nærri 70%. Þetta er þeim mun alvarlegra þar sem sýnt er að útlán Iðnþróunarsjóðs aukast mjög lítið milli ára. Þau voru á árinu 1974 401 millj. kr., en áætlað er að þau verði á árinu 1975 aðeins 450 millj. kr. Aukningin nemur sem sagt aðeins 12% enda þótt kostnaðarhækkunin sé um 70%. Það er því bersýnilegt að í heildina tekið verður raunverulega um að ræða mjög mikla skerðingu á útlánum til iðnaðarins frá því sem var á s. l. ári, en þá var, eins og ég hef áður tekið fram, um að ræða að útlánum var haldið í spennitreyju á því ári vegna sérstakra aðstæðna.

Ég hef nefnt hér fjóra stofnlánasjóði og ég get bætt þeim fimmta við sem líku máli gegnir um. Það er Lánasjóður sveitarfélaga.

Ég vil þó fara sérstökum orðum um þann sjötta, Byggðasjóð, vegna þess að áform Seðlabankans um útlán til Byggðasjóðs virðast nú einkennast af óhugnanlegri þröngsýni en áformin varðandi hina sjóðina. Árið 1974 lánaði Byggðasjóður út til ýmissa framkvæmda 627 millj. kr. Aætlun Seðlabankans um útlán úr Byggðasjóði hljóða upp á 695 millj. kr. á árinu 1975. Hækkunin er aðeins 11%. Ég held ég þurfi ekki að fara frekari orðum um það að ef þetta kæmi til framkvæmda yrði um að ræða stórfellda rýrnun á lánveitingum úr Byggðasjóði þegar haft er í huga að kostnaðarhækkunin er tæp 70% milli ára. Til þess að Byggðasjóður lánaði út álíka mikið fjármagn að verðgildi og hann gerði á árinu 1974 þyrftu útlán hans að hækka í 1 066 millj., en það er allt það fé sem Byggðasjóður hefur til ráðstöfunar á þessu ári raunverulega ef tekið er með það fé, sem hann á að fá úr ríkissjóði, og það fé, sem hann fær með öðrum hætti. Ástæðan til þess að Seðlabankinn reiknar ekki með að sjóðurinn láni svo mikið út, er sú að hann áætlar að Byggðasjóður láni í einu lagi til Stofnlánasjóðs landbúnaðarins 300 millj. Það er af þeirri ástæðu sem upphæðin dettur niður í tæpar 700 millj. kr.

Ég þarf ekki að minna á að mikið hefur verið býsnast yfir auknum fjárveitingum í Byggðasjóð og Framsfl. hefur nú aldeilis talið sér það til tekna að um yrði að ræða gífurlega hækkun á lánveitingum Byggðasjóðs á þessu ári. En eins og ég hef sýnt hér fram á er allt útlit fyrir að lánsfjármagn úr Byggðasjóði muni í raun lækka frá því sem var á s. l. ári. Það er nú öll þessi mikla aukning. Ég verð að visu að játa að ég hef enga trú á því að Seðlabankinn komist upp með að knýja það fram að Byggðasjóður láni heilar 300 millj. til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Ég hef ekki trú á því. Ég spái því að þar verði um að ræða 100—150 millj. og að stjórnendur Framkvæmdastofnunarinnar, sem um leið eru stjórnendur Byggðasjóðs, muni koma í veg fyrir að það fé, sem til útlána er úr Byggðasjóði, verði skert svo stórkostlega. En með því að lána t. d. 100—150 millj. úr Byggðasjóði er greinilega um að ræða að fjárveiting verði minni að verðgildi til á árinu 1975 en þær voru á árinu 1974. Til þess að þær séu jafnar að verðgildi er sjóðurinn ekki fær um að lána eina einustu krónu til annarra stofnlánasjóða.

Kannske er einhver sem ekki áttar sig á því hvernig í ósköpunum standi á því að þegar verið er að framkvæma þá ákvörðun ríkisstj. að 2% af ríkisútgjöldum renni í Byggðasjóð skuli útkoman verða svo hroðaleg sem raun ber vitni. Hvernig í ósköpunum getur á þessu staðið? Hvernig í ósköpunum stendur á því að ekki er raunverulega um aukningu að ræða þegar þessi regla er upp tekin? Skýringarnar eru tvær og eins gott fyrir alla að átta sig á þeim. Skýringin er í fyrsta lagi sú að tekjustofnar sem áður voru ákveðnir til Byggðasjóðs, í fyrsta lagi framlag ríkissjóðs til sjóðsins og í öðru lagi tekjur sjóðsins af álverksmiðjunni, þessir tekjustofnar eru dregnir frá því fjármagni sem greitt er á

fjárl. til Byggðasjóðs, og þarna er ekki um neinar smávegis upphæðir að ræða. Þarna er sjálfsagt um að ræða a. m. k. 300 millj. En í öðru lagi fær Byggðasjóður ekki að taka neitt lán í þetta sinn samkv. þeim áætlunum sem Seðlabankinn hefur gert. Byggðasjóður tók á árinu 1974 200 millj. að láni hjá Framkvæmdasjóði og hann tók á árinu 1972 og 1973 450 millj., samtals 650 millj. á þremur árum. Nú er ekki ætlunin að Byggðasjóður fái að taka neitt að láni. Þetta eru auðvitað þær tvær skýringar sem valda því að um verður að ræða í reynd minnkun á lánveitingum úr Byggðasjóði ef þessi áform ná fram að ganga sem ég get að sjálfsögðu ekkert fullyrt um. Ég er hér einungis að fjalla um þær áætlanir sem Seðlabankinn hefur gert. Virðist vera, að af í öllu falli þessum 1 200 millj., sem fyrst var reiknað með að yrðu til ráðstöfunar úr Framkvæmdasjóði, eigi ekki ein einasta króna að renna til Byggðasjóðs. Og mér skilst að eins sé um þær 800 millj. sem bætast við, að ekki sé meiningin að neitt af þeim renni til Byggðasjóðs, heldur séu þvert á móti áform uppi um að Byggðasjóður fari að lána öðrum stofnlánasjóðum fjármagn án þess að taka nokkuð sjálfur að láni. Þó er það svo að hin nýja stjórn Byggðasjóðs hefur tekið upp þá reglu að lána töluvert mikinn hluta af fjármagni Byggðasjóðs til framkvæmda án nokkurs tillits til byggðasjónarmiða. Ég gæti trúað að einhvers staðar milli þriðjungur og fjórðungur af ráðstöfunarfé Byggðasjóðs renni til framkvæmda sem ekki miðast við byggðasjónarmið eða hinn upprunalega tilgang sjóðsins, heldur er veitt samkv. sjálfvirkum reglum til skipakaupa án tillits til þess hvar skipin eru staðsett.

Ég hef fært hér sönnur að því að miðað við þá miklu verðbólgu, sem er í þjóðfélaginu, verður ekki annað sagt en að stofnlánasjóðirnir séu í svelti á árinu 1975. Ég hef því lagt fram till. sem felur í sér hækkun á lánsfjármagni til stofnlánasjóðanna úr þeim 2 000 millj., sem felast í frv. eins og Nd. gekk frá því, í 2 800 millj. Ég sé ekki ástæðu til að leggja fram í brtt.-formi sundurliðað yfirlit yfir það hvernig þessu fjármagni verði skipt úr því að ekki liggja fyrir till. um það hvernig þessum 2 000 millj. verður skipt sem þó væri að sjálfsögðu eðlilegast. En ég vil taka það fram að ég tel að þessi upphæð ætti fyrst og fremst að skiptast milli fimm stofnlánasjóða. Ég tel að Fiskveiðasjóður þyrfti að fá a. m. k. 150 millj. til viðbótar þeim 400 millj., sem hann hugsanlega fær af þessum 800 millj. sem bættust við í meðferð málsins í Nd. Ég tel að Stofnlánadeildin ætti að fá 150 millj. til viðbótar því sem ráð er fyrir gert að hún fái. Ég tel að Iðnlánasjóður þyrfti að fá a. m. k. 200 millj., Byggðasjóður 200 millj. og Lánasjóður sveitarfélaga a. m. k. 100 millj. Samtals eru þetta 800 millj., að vísu lausleg skipting, en sett fram til þess að menn geri sér fyllilega grein fyrir hinni raunverulegu lánsfjárþörf sem fyrir hendi er. Ég tel að þetta sé algert lágmark, það sem gæti talist viðunandi ef ekki á að verða mjög óskyggilegur samdráttur í uppbyggingu atvinnuveganna. Nú segir kannske einhver að við hreinlega megum ekki og getum ekki tekið meira af erlendum lánum en gert er. Þessa fullyrðingu höfum við heyrt einhverntíma áður. Ef ég sný mér fyrst að síðari fullyrðingunni, að við getum ekki tekið meira af erlendum lánum, þau séu ekki fáanleg, þá minni ég á að þessi fullyrðing hefur oft sést áður og ævinlega reynst jafnmarklaus. Í því frv., sem hér liggur fyrir, og í grg. fyrir frv. er fram tekið að nauðsynlegt sé að taka 1 200 millj. kr. lán til stofnlánasjóða atvinnuveganna, en það sé hámark þess sem hægt sé að fá að láni. Því miður hef ég ekki þessi orð fyrir framan mig, en get vísað á bls. 57 — held ég það sé í grg. með frv. þar sem kemur skýrt fram að það er álit flm. frv. og þeirra, sem það hafa samið, væntanlega einhverra sérfræðinga í Seðlabankanum, að það sé ekki hægt að fá meira fjármagn en þetta, þetta sé hámark þess sem fáanlegt sé. Svo líða nokkrar vikur, þá kemur till. um að bæta við 800 millj. Þá er allt í einu hægt að bæta við 800 millj., þó að áður hafi verið upplýst að 1 200 væru algert hámark. Ætli flestir sjái ekki í gegnum skollaleik af þessu tagi? Að sjálfsögðu eru málin ekki þannig að ekki sé hægt að fá að láni meira fjármagn en þetta. Spurningin er að sjálfsögðu fyrst og fremst um það hvort eðlilegt sé af efnahagslegum ástæðum að taka svo mikil erlend lán.

Ég vil í þessu sambandi segja það sem mína skoðun að þó að mikil verðbólga sé í veröldinni í dag er fátt sem bendir til þess að erfiðara verði á næstu árum að fá erlent lánsfjármagn en verið hefur. Eftirspurn hefur að vísu aukist nokkuð, en flest bendir til þess að framboð á erlendu lánsfé sé jafnt og þétt að aukast. Eins og menn vita er viðskiptajöfnuður þjóða nokkuð mismunandi. Sumar þjóðir hafa afgang á viðskiptajöfnuði sínum. Aðarar þjóðir eru með halla á viðskiptajöfnuði sínum. Samanlagður afgangur á viðskiptahalla þjóðanna hlýtur að sjálfsögðu að standast á við samanlagðan halla á viðskiptajöfnuði þjóðanna. Það hefur löngum verið svo að þær þjóðir, sem hafa mesta fjárfestingarmöguleika, iðnaðarþjóðirnar, hafa haft afgang, en þær, sem hafa minni fjárfestingarmöguleika, hafa ekki haft afgang, heldur halla. En á síðustu tveim árum hefur þetta snúist við. Afgangur á viðskiptajöfnuði þjóðanna hefur verið að flytjast frá löndum með mikla fjárfestingarmöguleika til olíulandanna sem geta hreinlega ekki fjárfest ótakmarkað vegna þess að efnahagslíf þeirra hefur ekki náð þeirri breidd að þær geti fjárfest ótakmarkað. Það er því spádómur margra efnahagssérfræðinga, m. a. hins kunna danska sérfræðings Thorkil Kristensens, að eftir þá ringulreið, sem hefur ríkt að undanförnu á alþjóðlegum peningamarkaði, verði auðveldara að afla lánsfjár en verið hefur. Spurningin hlýtur hins vegar fyrst og fremst að vera sú hvort við megum taka svo mikið af erlendum lánum, hvort við séum komin að hámarki þess sem sé efnahagslega þorandi að taka af erlendum lánum.

Ég vil segja það hér að ég tel að ákaflega erfitt sé að fullyrða hvar sé þakið í sambandi við erlendar lántökur nú. Ég hef enn ekki fengið neitt töfraorð, neitt lykilorð um það hvað þessi þjóð geti leyft sér að taka af erlendum lánum, en hitt veit ég, að erlend lán, sem íslendingar hafa tekið, eru hlutfallslega miklu minni en fjölmargar aðrar þjóðir hafa tekið. Oft er reynt að mæla þetta í hlutfallinu milli greiðslubyrði af

erlendum lánum annars vegar og útflutningstekna þjóðarinnar hins vegar. Í því sambandi má upplýsa að nú um nokkurt árabil hefur þetta hlutfall verið 10—11%. Við höfum sem sagt orðið að greiða af útflutningstekjum okkar u. þ. b. 10—11% bæði í afborganir og vexti af erlendum lánum. En rétt er að upplýsa að þetta hlutfall hefur oft verið miklu, miklu hærra. Árið 1968 var þetta hlutfall 15.1%, árið 1969 var þetta hlutfall 16.7%. Nú er að vísu útlit fyrir að þetta hlutfall fari vaxandi vegna þess að við höfum tekið talsvert mikið af erlendum lánum á undanförnum árum. Við höfum fengið í hendur áætlanir hagfræðideildar Seðlabankans um það hvað þetta hlutfall muni vaxa á næstu árum og óneitanlega er þar um talsvert mikla hækkun að ræða. Ég vil hins vegar fullyrða að þar er um ákaflega hæpna áætlun að ræða, fyrst og fremst vegna þess að gert er ráð fyrir ákaflega hægum vexti í aukningu útflutningstekna. Það er gert ráð fyrir að útflutningstekjur vaxi aðeins um 5% á ári sem er í raun og veru alls ekki líklegt ef tekið er tillit til hinnar alþjóðlegu verðbólgu og hinnar alþjóðlegu verðþróunar sem við stöndum frammi fyrir. Ég vil einnig segja það að miðað við þær gífurlega miklu arðbæru fjárfestingar, sem þjóðin hefur lagt í á undanförnum árum, bæði með hinum miklu togarakaupum og miklu framkvæmdum í orkumálum og á mörgum öðrum sviðum, er ekki líklegt að sú fjárfesting muni skila sér jafnhægt og þarna er greinilega gert ráð fyrir. En hvað um það, það má hins vegar vel vera að erlend lán eigi eftir að hækka allverulega á næstu árum og að greiðslubyrðin af þeim eigi eftir að þyngjast meira og verða meiri en verið hefur nú um nokkurt skeið. Hitt leyfi ég mér að fullyrða, að á miklum verðbólgutímum er augljóslega hagstætt fyrir íslensku þjóðina að hafa verið dugleg að fjárfesta í arðbærum atvinnutækjum á undanförnum árum og geta notið þeirrar fjárfestingar með aðstoð lána sem rýrna að verðgildi á ári hverju. Um þetta gilda að sjálfsögðu nákvæmlega sömu lögmál og gilda í þjóðfélaginu sjálfu, að það er hagkvæmt á verðbólgutímum að fjárfesta mikið og þá kannske um leið að skulda talsvert á móti.

Þá miklu takmörkun á útlánum fjárfestingarlánasjóðanna, sem við stöndum nú frammi fyrir, og ekki þá síst meðferðina á Byggðasjóði, eins og ég hef hér lýst henni, verður að sjálfsögðu að skoða í ljósi þess að ríkisstj. fyrirhugar að leggja 9 000 millj. ísl. kr. til byggingar og rekstrar járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Fjárfestingin í heild er að vísu miklu meiri, nálgast 20 þús. millj., en hér er aðeins verið að nefna fé ríkissjóðs. Þetta fé verður ríkissjóður að taka að láni erlendis og þá er ekki verið að hugsa um hvort greiðslubyrði af þessum erlendu lánum muni verða mikil eða ekki. Ég vil minna menn á hversu gífurlegir fjármunir hér eru á ferðinni, að 9 000 millj. eru þrefalt það fé sem veitt var samanlagt úr Iðnlánasjóði, Stofnlánasjóði landbúnaðarins, Framkvæmdasjóði og Fiskveiðasjóði á s. l. ári, 9 000 millj. Þessu til viðbótar er svo ætlunin að eyða 500 millj. í hafnargerð við Grundartanga. Ég þarf ekki að minna á að þessar framkvæmdir munu augljóslega valda stórfelldri röskun í byggðaþróun hér á landi og þær koma til viðbótar þeim gífurlegu fjárfestingum sem boðaðar hafa verið á Keflavíkurflugvelli, en þar er ætlunin að fjárfesta 5 800 millj. kr. í nýjum framkvæmdum. Þetta er sem sagt byggðastefna Sjálfstfl. og um leið Framsfl. í reynd.

Áður en ég hverf frá fjárfestingarmálunum vil ég nefna þær till. sem fyrir liggja um fjáröflun til orkumála. Ég held að allir geti verið sammála um að brýnasta verkefnið, sem við Íslendingar eigum kost á að ráðast í, er að hraða eins og nokkur kostur er að olíuhitun verði útrýmt. Engar framkvæmdir í landinu eru jafnarðvænlegar og framkvæmdir í orkumálum eins og nú stendur á. En sú fjáröflun og þær framkvæmdir, sem ráðgerðar eru í frv. því, sem hér er til umr., eru bersýnilega ónógar. Ég tel það furðu mikla að í upptalningunni um framkvæmdir í orkumálum skuli ekki vera minnst einu einasta orði á stofnlínur frá Suðurlandi til Norðurlands ellegar undirbúning að stofnlínum frá Norðurlandi til annars vegar Vestfjarða og hins vegar Austurlands. Án þess að orðlengja það frekar, þá er það ein af þeim till. sem ég hef flutt á þskj. 511, að 1 000 millj. kr. til viðbótar verði varið til þessara mála. Það tel ég algert lágmark.

Ég sný mér svo að skattamálunum enda þótt ég þurfi ekki að vera margorður um þá hlið þessa frv. Ég vil hins vegar minna á að það er fölsun að tala um að hér sé um að ræða 2 000 millj. kr. skattalækkun — það er hrein fölsun. Í þeirri tölu er lækkun á útsvarsbyrði tekin með, 360 millj., en við útreikninginn er þá ekki tekið tillit til þess að gert er ráð fyrir því að útsvör verði 11% á þessu ári í staðinn fyrir 10% á liðnu ári. Sveitarfélögum almennt var bannað á s. l. ári að hækka útsvörin og þau voru því 10% almennt, að vísu að viðbættu 1% aukagjaldi, sem ekki kom sköttunum við, en átti þó að falla niður nú. En hér er um að ræða raunverulega hækkun á útsvörum og það er því hrein fölsun að tala um 2 000 millj. í þessu sambandi.

Áður en ég vík frekar að skattahlið frv. vil ég leggja á það mikla áherslu að við Alþb.-menn erum algerlega andvígir þeirri samdráttar- og niðurskurðarstefnu í atvinnu- og framkvæmdamálum sem fram koma í þessu frv. Við teljum illt að sjá hvernig fyrirhugað er að skera raunverulega niður fjáröflun til fjárfestingarlánasjóðanna. En hitt er þó langtum verra, að gert er ráð fyrir 3 500 millj. kr. niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs sem sýnt er að koma mun niður á verklegum framkvæmdum víðs vegar um land. Það er því till. okkar að niðurskurður á útgjöldum ríkissjóðs verði langtum minni, þ. e. a. s. aðeins 1 500 millj., og við leggjum á það áherslu, eins og ég gat um við 1. umr. málsins, að um verði að ræða eingöngu lækkun á almennum rekstrarútgjöldum, en þess verði vandlega gætt að lækkun útgjaldanna hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né heldur á framlög til félagsmála eins og fram kemur í 1. brtt. sem ég ber fram á þskj. 511. En jafnframt er það till. okkar að tekna á móti þeim skattalækkunum, sem frv. gerir ráð fyrir, verði aflað á allt annan hátt en frv. gerir ráð fyrir. Við viljum í fyrsta lagi hækka skattstigana þannig að jaðarskattur geti orðið 45% á mjög háum

tekjum. Þær tekjur eru svo háar að jafnvel vesælir þm. mundu ekki ná að komast upp í þann stiga og eru þeir þó af mörgum taldir býsna tekjuháir. Við gerum einnig ráð fyrir því að til sé jaðarskatturinn 50% á enn hærri tekjum eins og nánar kemur fram í 3. brtt. á þskj. 511.

Í öðru lagi gerum við ráð fyrir því að fyrningaákvæðum skattalaga verði verulega breytt þannig að ekki verði um að ræða flýtifyrningaheimildir ellegar heimildir til hækkunar á fyrningum af völdum verðhækkunarstuðuls. Í þessu sambandi er rétt að láta þess getið að ríkisstj. virðist hafa komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri — til að ganga ofurlítið til móts við háværar kröfur í þjóðfélaginu um að þessar fáranlegu fyrningareglur séu teknar til endurskoðunar — að ganga til móts við þessar kröfur með því að lækka verðhækkunarstuðulinn um 30%, þannig að hann verði aðeins 70% af því sem áður hafði verið ákveðið. Ég vil hins vegar benda á að þessi lækkun er ákaflega smá í sniðum. Verðhækkunarstuðullinn á lausafé á þessu ári hafði verið ákveðinn 70% og með því að taka aðeins 70% af því til greina verður augljóslega um að ræða verðhækkunarstuðul upp á 49%. Þetta hefur það í för með sér að fyrningar geta ekki orðið hæstar 31.5% á lausafé eins og ella hefði verið, heldur geta þær nú orðið hæstar 28.5%, lækkunin er nú ekki meiri en þetta. Það er aftur á móti okkar till. að aðrar fyrningar verði ekki leyfðar á þessu ári en þær sem leiðir af almennum, venjulegum fyrningareglum eins og þær voru allt fram til ársins 1971, þ. e. a. s. af lausafé 15%.

Um frv. að öðru leyti þarf ég ekki að vera sérlega margorður. Ég tel að hækkun dráttarvaxtanna sé ískyggilega mikil. Þar er um að ræða að ef maður hefur ekki staðið skil á skatti mánaðamótin júní—júlí eins og vera ber, þá á hann á hættu að öll upphæðin, sem hann skuldar í skatta, geti numið nokkrum hundruðum þús. kr., lendi í 24% dráttarvöxtum — 24% vöxtum á ári. Ég held að það sé svo augljóst sem verða má að það verði býsna margir sem eiga erfitt með að borga skattana sína á þessu ári og að ekki sé á þau vandamál bætandi með því að gera dráttarvextina svo óbærilega sem þessar reglur hljóta að leiða af sér.

Ég mun ekki greiða atkv. gegn flugvallaskattinum vegna þess að ég tel að hann eigi fyllsta rétt á sér, en hefði þó talið eðlilegra að ákvæði hefði verið um það í frv. að flugvallaskatturinn rynni til flugvallaframkvæmda og að hann kæmi þá fram sem viðbót við það fé sem varið hefur verið til flugmála í landinu því að okkur er öllum ljóst að einmitt á sviði flugmála er þörf á miklum framkvæmdum og miklu fjármagni. En því miður vantar öll slík ákvæði og er ekki annað að sjá en þessi flugvallaskattur eigi aðeins að verða almennt eyðslufé fyrir fjmrh. til hvers konar þarfa. Ég vil hins vegar segja það að ég hefði talið að skattur á ferðagjaldeyri hefði að mörgu leyti verið eðlilegri og þar hefði verið hugsanlegt fyrir ríkissjóð að ná miklu hærri upphæðum á sanngjarnari hátt en hægt er að gera með flugvallaskattinum.

Um skyldusparnaðinn get ég verið fáorður. Ég tel að hann eigi fyllsta rétt á sér og sé mjög hóflegur. Mér virðist að hann sé miðaður við mjög há tekjumörk og að hann muni því verða léttbær á mönnum með hátekjur. Hitt er annað mál, að ég hef áður varað við því að ríkið sé að taka lán í stórum stíl frá þjóðfélagsþegnunum á allra óhagstæðustu kjörum sem hugsanlegt er að fá. Þessar lántökur fara mjög vaxandi með ári hverju eins og kunnugt er, þessi svonefndu verðtryggðu lán, og ég óttast að þessi verðtryggðu lán muni geta valdið ríkissjóði stórfelldum erfiðleikum þegar fram líða stundir. Og mér sýnist að sama máli muni gegna um þessi skyldusparnaðarlán og önnur lán sem tekin hafa verið af þessu tagi.

Um þær till., sem ég hef lagt fram við 2. umr. og ég hef ekki nú þegar vikið að, þarf ég ekki að fara mörgum orðum.

2. brtt. er sú að frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur skuli aldrei nema lægri fjárhæð en 268 þús. kr., enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum. Hér er raunverulega um það að ræða að verið er að flytja nákvæmlega sömu brtt. og við Helgi Seljan og Stefán Jónsson höfum áður flutt við tekjuskattslögin. Eins og kunnugt er eru 50% af launatekjum eiginkonu frádráttarbær til skatts. En þetta gildir ekki um eiginkonur bænda. Þær eru settar í sama flokk og eiginkonur atvinnurekenda almennt og frádráttur þeirra fer því ekki upp fyrir 1/4 af persónufrádrætti hjónanna. Vegna þess að kunnugt er að eiginkonur bænda vinna mjög mikið að búrekstrinum þykir okkur þetta ósanngjarnt og óeðlilegt og því höfum við borið fram þá till. að frádrátturinn verði helmingur af persónufrádrætti hjóna, en það er sú upphæð sem fram kemur í till., 268 þús. kr.

Við höfum lagt fram till. um að heildaruppæð barnabóta greiðist til framfæranda barns, 20 þús. kr. með hverju barni, og að upphæðin breytist í samræmi við skattvísitölu, en eftirstöðvum barnabóta, þegar dregnar hafa verið 20 þús. kr. frá þeim, megi verja til greiðslu opinberra gjalda eins og segir í frv. Sjálfsagt þarf ég ekki að skýra þessa brtt. í löngu máli, en hún er fram borin með hliðsjón af því að ekki er nærri alltaf að framfærendur barns búi saman og eins getur verið að þótt framfærendur barns búi saman hafi lengi tíðkast að annar framfærenda, t. d. faðirinn, greiði skattinn meðan hitt framfærenda, t. d. móðirin, taki við fjölskyldubótunum. Geta legið þar til grundvallar fjölmargar sérstakar og sérstæðar heimilisástæður sem gera það að verkum að ekki er heppilegt og ekki sanngjarnt að hverju sinni megi taka allar barnabæturnar upp í hugsanlega ógreidda skatta sem t. d. heimilisfaðirinn hefur undir flestum kringumstæðum aðallega unnið til og stendur því skil á. Ef sá aðili, sem hefur aðaltekjur heimilisins, er vanskilamaður, greiðir ekki skattana sína og barnabæturnar því ævinlega teknar upp í skattana, þá getur þar verið um að ræða mjög alvarlega breytingu frá því sem verið hefur, að móðirin hefur getað sótt fjölskyldubæturnar til umboðsmanns Tryggingastofnunarinnar og ekki hefur mátt taka þær upp í skatta nema með heimild viðkomanda. Við sem sagt leggjum til að teknar verði undan 20 þús. að lágmarki sem ekki megi skuldjafna sjálfkrafa upp í opinber gjöld.

Ég vek á því athygli að þær tvær till., sem

ég nú hef síðast gert að umtalsefni, eru hvorug ýkja stór í sniðum hvað fjármagn snertir, en snerta báðar vandamál sem ákveðnir þjóðfélagshópar standa frammi fyrir. Ég vil því mjög svo mælast til þess að hv. meiri hl. í þessari d. fengist til að skoða þessar till. af fullri sanngirni og meta það hvort ekki væri hægt að taka þær til greina. Hið sama gildir um mjög svo sjálfsagða og ágæta till. sem hv. þm. Geir Gunnarsson hefur leyft sér að flytja um það að bráðabirgðaákvæði verði bætt við og samkv. því fari fram fullgild rannsókn á því hve útgjöld vegna barna eru mikil þannig að unnt sé að taka þessi mál til endurskoðunar og ákveða þessar upphæðir á næsta þingi. Þessi till. kæmi áreiðanlega að mjög miklu gagni ef samþ. yrði. Vil ég því mjög eindregið mælast til þess að hún verði tekin til athugunar, ef ekki nú við 2. umr., þá við 3. umr.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. Ég tek undir það sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði í lok sinnar ræðu: Skattamálin eru furðulega seint á ferðinni hér í þingi að þessu sinni. Till. til breyt. á skattamálum eru ótrúlega seint fram komnar og hér er um stórfellt hneyksli að ræða, að við skulum vera að afgr. skattamál í þinginu í lok aprílmánaðar.

Ég hef áður látið þess getið að með flutningi þeirra brtt., sem ég hef hér gert grein fyrir, erum við Alþb.-menn að freista þess að fá fram afgerandi breytingar á þessu frv. En þar sem við lítum svo á að niðurskurðarheimildin, sem í frv. er, muni hafa háskalegar og örlagaríkar afleiðingar fyrir fjöldamargar framkvæmdir, óhjákvæmilegar framkvæmdir víðs vegar um land, þá munum við, ef brtt. okkar verða felldar, sjá okkur tilneydda, þó að við séum samþykkir ýmsum efnisatriðum frv., að greiða atkv. gegn frv.

Frsm. 2. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Frsm. meiri hl. hefur nú gert grein fyrir stefnumörkun þessa frv. og gat þess að nm. áttu kost á því að vera á samtals 7 fundum, en þar vorum við á tveimur fundum í Ed., en hinir voru með Nd. Einnig drap hann á það að ýmsir embættismenn hefðu komið á fund okkar og gert grein fyrir ýmsum atriðum, sem þeir voru spurðir um. En það verður að segjast að á svona fundum, fer hver mínútan í ýmiss konar umr. og oft eru ekki skipulegar umr. hafðar í frammi, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, og þrátt fyrir tölu þessara funda eru þeir ekki eins upplýsingarikir og efni standa til. Get ég tekið undir orð síðasta ræðumanns um það að á fundinum í morgun var vægast sagt hafnað ýmsum upplýsingabeiðnum, sem við fórum fram á, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir formanns að reyna að leysa úr þeim vanda að afla okkur þeirra gagna sem um var beðið. En ég tel að slík vinnubrögð og sá skyndilegi hraði, sem við vorum píndir í að hafa hér í hv. Ed. um afgreiðslu þessa máls, sé óverjandi með öllu. Ég undirstrika það að hér var hreint hneyksli á ferðinni, og ég vona að við eigum ekki eftir að lifa annað eins, hreinlega sagt, í vinnubrögðum Alþingis.

Það er komið svo að við eigum bara að afgreiða mál hér, sem nema milljörðum, án þess að hafa hugmynd um efni þeirra mála og það er algerlega óverjandi. Það kom fram við 1. umr. að svo getur farið að aðeins 4 menn í fjvn. myndi meiri hl. hugsanlega og afgreiði mál, sem nema hundruðum millj., og þá veit Alþ. raunar sáralitið um hvað er að ske. Þetta kalla ég afskræmingu á lýðræðinu, hreinlega afskræmingu á lýðræðinu í framkvæmd, og nær ekki nokkurri átt að stuðla að slíkri þróun. Ég tel það til vansæmdar hæstv. ríkisstj. og ég beini þeim orðum eindregið til hæstv. forsrh., slíkur drengskaparmaður sem hann er, að hann stuðli ekki að áframhaldi slíkra vinnubragða. Ég trúi því ekki að þetta sé honum neitt geðfellt, nema síður sé. Því miður bera svona vinnubrögð vitni þess að ekki sé nægileg festa í öllu stjórnkerfinu og ég ætlast til þess og við áreiðanlega allir að hér verði breyting á. Það hefur komið fram í ræðum manna og ritum víða að embættismannavaldið er að verða okkur yfirsterkara hér á Alþ. og fengum við sannarlega að kenna á því á nefndarfundi í dag.

Ég mun nú fjalla lítils háttar um þetta frv. og einstaka þætti þess. Ég flyt á þskj. 510 nokkrar brtt. Þær eru fyrst og fremst tölulegar, teknar upp úr beiðni frá fulltrúum ASÍ og ekki flóknar í sjálfu sér. En ef ég fjalla fyrst um skattamálin, þá vil ég taka undir það að það er hneisa ein að vera að fjalla um skattamál hér í dag, á síðustu dögum aprílmánaðar, og nær ekki nokkurri átt að standa þannig að hlutunum. Samkv. samkomulagi, sem undirritað er af hæstv. forsrh. 26. mars 1974, er það í yfirlýsingu tekið skýrt fram að ríkisstj. muni á Alþ. beita sér fyrir skattalækkun að þessu marki með það fyrir augum að hún gagnist best þeim sem við erfið kjör búa. Í samræmi við það setti ASÍ fram nokkrar hugmyndir og óskaði eindregið eftir því að hv. Alþ. gæti mætt óskum þessa með því að hafa frv. samkv. því sem þeir töldu að best mundi að gagni koma. Eins og ég tek skýrt fram í nál. vil ég verða við þessari beiðni þar sem hér er um mikilvægt atriði að ræða. Jafnvel þó að vissir útreikningar gætu sýnt að það komi misjafnlega niður eftir tekjuskiptingu manna, þá er það áreiðanlega ekki síður pólitískt mikilvægt atriði — og það þekkir hæstv. forsrh. miklu betur en ég — að verða við óskum þeirra aðila sem er verið að gefa fyrirheit um í umræddri yfirlýsingu og áreiðanlega munu meta það mikils þegar líður á árið að hlustað hafi verið á óskir þeirra, vegna þess að hér er aðeins hlé til bráðabirgða. Allir vita að þessi mál halda áfram að verða mikið vandamál þegar líður á árið. Þá munu þeir áreiðanlega meta ýmislegt eftir viðbrögðum Alþ. í samræmi við beiðni sína og yfirlýsingu hæstv. forsrh.

Það liggur ekki fyrir, þótt þessi leið verði farin sem frv. gerir ráð fyrir, hvar söluskattur verður lækkaður á ákveðnum vöruflokkum eins og form. n. og frsm. meiri hl. gerði ráð fyrir. Taldi hann að eftir þeim breytingum, sem nú liggja fyrir, verði eftir ca. 500 millj. sem rynnu til þessa þáttar. En maður hefði viljað fá að vita hvernig ætti að ráðstafa þessum tölum. En það er enn það sama okkur er haldið leyndu, a. m. k. í minnihluta flokkunum eða stjórnarandstöðunni, hvernig ráðstafa á þessu fjármagni.

Þetta tel ég afar slæmt. Það hefur verið rætt um ákveðna flokka, en það er ekki neitt staðfest með hvaða hætti þetta verður gert.

Skattamálin eru mjög viðkvæm mál. Vil ég taka undir orð síðasta ræðumanns varðandi kvöðina um barnalífeyri, eins og hann gerir ráð fyrir í einni sinni till., að lágmark væri að 20 þús. kr. væru frían hjá viðkomandi konu. Það finnst mér algert lágmark og ætti raunverulega að vera frjálst, eins og verið hefur, fyrir þessa manneskju að fá barnalífeyri, sérstaklega þegar um óskila- og vanskilaaðila á móti er að ræða eins og oft á sér stað. Einnig vil ég sérstaklega vara við því ákvæði, sem er tekið upp á bls. 5 í frv., 11. gr., og er nýtt ákvæði og hljóðar svo:

„Nú hefur fjmrh. ákveðið að gjalddagar tekju- og eignarskatts skuli vera fleiri en einn á ári, og veldur þá vangreiðsla að hluta því að skattar gjaldandans á gjaldárinu falla í eindaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið."

Hér er farið inn á alveg nýja braut sem er afar hættuleg þeim mörgu aðilum sem hafa sveiflukenndar tekjur frá ári til árs. Ef við værum komnir með staðgreiðslukerfi og allir sætu að því, eins og ríkisstarfsmenn og margir fleiri sem hafa fastar tekjur og tekið er reglulega af frá mánuði til mánaðar, varðandi sína tekjuöflun og sína skattgreiðslu, væri þetta ákvæði í lagi og eðlilegt. En nú vitum við hversu óhemju misjafnlega árar bæði til lands og sjávar og tekjur manna sveiflast upp og niður og þá er þetta ákvæði að mínu mati mjög hættulegt. Það mun áreiðanlega reynast mörgum svo, að þeim er um megn, ef þeir hafa góðar tekjur og fá þess vegna háa skatta, að lenda síðan í því að þurfa að borga skatta af þessum háu tekjum árið eftir og verða svo beittir þessu ákvæði. Þá lenda þessi heimili eða þeir einstaklingar í verulegum vanda og nær ekki nokkurri átt að refsa þeim fyrir það að við á Alþ. skulum ekki geta búið til sómasamlega skattalöggjöf — það nær ekki nokkurri átt. Þetta ákvæði má ekki koma inn í löggjöf fyrr en við höfum tryggt að skattalöggjöfin sé sómasamlega af hendi gerð að mínu mati. Það nær ekki nokkurri átt að setja þetta inn í löggjöfina fyrr. En þá er það eðlilegt. Ég vara við því að samþykkja þetta ákvæði, hreinlega vara við því. Mjög skýrt dæmi um það í dag eru einmitt tekjur loðnusjómanna og breyting á þeim frá undanförnum tveimur árum til ársins í ár. Ég þekki það af eigin raun, þar sem ég hef fengist við að innheimta fyrir ríkið mjög há skattgjöld af hlutarsjómönnum, hvílík vandkvæði það eru nú fyrir suma fjölskyldumenn að eiga að standa skil á sköttum sínum, og um þverbak mundi keyra ef þessi ákvæði ættu að koma aftan að þeim núna. Það er algerlega vonlaust að bjóða nokkrum manni, sem býr við þessar aðstæður, slíka löggjöf. Ég trúi því ekki að þetta fari í gegn, — hreinlega sagt, ég trúi því ekki.

Margt meira mætti segja um skattbreytingar, en ég ætla ekki að tíunda það. Ég tel þetta mikilvægustu þættina, sem um er að ræða, í viðbót við það sem áður hefur komið fram. Hitt vil ég aðeins undirstrika að nauðsynlegt er að halda áfram og móta sem fyrst ákveðna skattalöggjöf og hafa hana það vel unna að það þurfi ekki að vera að kákla í henni frá ári til árs. Í því sambandi vil ég gjarnan spyrja hæstv. forsrh., þar sem fjmrh. boðaði í vetur að hann hefði skipað þrjár skattanefndir, hvernig starfsemi þessara nefnda gangi og hvað þeir séu komnir langt í tillögugerð. Megum við eiga von á því að næsta haust sjáum við heildarmynd af skattalöggjöf sem okkur er til sóma? Í dag, að samþykktum þessum till. ýmsum, erum við búnir að flækja skattalöggjöfina svo að það er ekki á færi nema fárra manna að átta sig almennilega á þessum málum og reikna út skatta sína, því miður. Ég vil því gjarnan fá að vita þetta og legg á það áherslu. Og það er síðasti þáttur í mínum till. að þessi mál séu áfram skoðuð mjög ákveðið og heildarstefna í skattamálum sé mótuð og liggi fyrir þegar Alþ. kemur saman að hausti.

Svo miklar upplýsingar komu fram um lánasjóðina áðan hjá síðasta ræðumanni að ég ætla mjög að stytta mál mitt varðandi þá. En ég vil aðeins taka undir það að það er óverjandi að ráðstafa svona miklu fé eða gera ráð fyrir lántöku í þessum mæli og hafa ekki um leið nokkuð góða heildaryfirsýn yfir það hvernig fjárfestingarlánasjóðirnir ætla að ráðstafa þessu fjármagni og hversu miklar beiðnir liggja hjá fjárfestingarlánasjóðunum, svo að við getum gert okkur grein fyrir því hvort hér er of í lagt eða hvort hér hallar mjög á enn til að leysa þeirra fjármagnsþörf. Við í n. fengum bréf frá Seðlabanka Íslands, dags. 10. febr. 1975, þar sem Seðlabankinn fjallar nokkuð um erlendar lántökur og lánahreyfingar hjá opinberum sjóðum og endurgreiðslu og gerir yfirlit og spá í því efni. Þar kemur greinilega fram, að það er ljóst að gera má ráð fyrir að greiðslur í hlutfalli af tekjum verði af þessum lánum á árinu í ár 14.5% og verði komnar upp í um 20.3% árið 1979. Þetta hlutfall er örugglega mjög hátt. Þó að deila megi um það hvað við megum fara hátt í greiðslubyrði þá man ég vel eftir því að fyrir tveimur árum talaði hæstv. núv. forsrh. mjög á móti því að þetta hlutfall færi yfir 11—12%, og urðu um það allmiklar deilur hér í hv. d. milli síðasta ræðumanns og hæstv. forsrh. hvað þetta hlutfall mætti vera hátt og hvernig þeim fjármunum ætti að ráðstafa þegar erlendar lántökur væru orðnar svona miklar. Ég vil undirstrika það einmitt að þegar hlutfallið er komið svona hátt, þá er því meiri nauðsyn að hv. Alþ. fái glöggt yfirlit yfir það hvernig á að ráðstafa þessu fjármagni. Það getur verið rökrétt og eðlilegt að taka allmikil erlend lán ef við erum í fyrsta lagi að draga úr eyðslu á erlendum gjaldeyri verulega með því að við fjárfestum hér innanlands í þeim vörum sem draga úr erlendri eftirspurn, eða í öðru lagi að koma hér á stofn fyrirtækjum sem skapa mikinn gjaldeyri. En sé hér um fjárfestingu að ræða með þessari erlendu lántöku sem er bundin til langs tíma og skapar aðeins aukna neyslu innanlands og kallar fram mjög aukna erlenda eftirspurn, þá er brýn nauðsyn á því að gera glögga grein fyrir þessu fjármagni. En það liggur nú alls ekki fyrir neitt að ráði og fáum við sáralítið um það að vita, eins og fram hefur komið.

Í þessu bréfi segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Stefnir hér í hættulega háa greiðslubyrði sem hlýtur óhjákvæmilega að draga úr getu þjóðarinnar til öflunar fjármagns til nýfjárfestingar á komandi árum.“

Þeir, sem semja þetta bréf í Seðlabankanum, vara við þessari þróun. Aðalbankastjóri Seðlabankans var spurður að því tvisvar eða þrisvar á nefndarfundi hvað hann persónulega vildi segja um þessa fjármálaþróun og hvert stefndi varðandi þessi miklu erlendu lán, en hann færðist undan að svara. Samt sem áður standa þessi orð hér í þessu bréfi er segja beint að hér stefni í hættulega háa greiðslubyrði og ýti undir ríkjandi verðbólgu í landinu sem gengur nú allmjög í öfuga átt við fyrirheit hæstv. ríkisstj. og stefnuræðu hæstv. forsrh. Virðist manni, fljótt á litið a. m. k., að nauðsynlegt sé að hafa hemil á erlendum lántökum og gá að því hvernig því fjármagni verði ráðstafað.

Þar sem ekki liggur nægilega fyrir hvernig sjóðirnir hugsast ráðstafa þessu fjármagni, þrátt fyrir það að við höfum fengið í morgun lauslegt yfirlit yfir hvernig þetta er fyrirhugað, tel ég ekki mögulegt að fara nánar út í þessi mál, enda drap síðasti ræðumaður mjög á þessi mál og gerði grein fyrir þeim þáttum. Það yrði þess vegna hjá mér allmikil endurtekning og held ég að ég láti þetta nægja að sinni. En ég vil undirstrika það að þesssi vinnubrögð eru ekki verjandi og ég minni enn á það, eins og hann gerði, að hv. Alþ. hefur jafnan fengið glöggt yfirlit um þessi mál í sérstakri skýrslu og tækifæri til að fjalla um það á eðlilegan hátt. Það er vitað mál að stærstu lánasjóðirnir eru í mikilli fjárþröng og umsóknir um lán eru gífurlega miklar nú. Hjá Framkvæmdastofnun ríkisins liggur fyrir meiri bunki af lánaumsóknum en nokkru sinni áður. Það kom fram á einum nefndarfundi að fjármagn lífeyrissjóðanna, sem þeir telja sig eiga laust, sé um 6 500 millj. kr., og einn nm. í Nd., Sverrir Hermannsson, sagði á fundi 24. mars s. l. þetta: Þá er því slitið að þing og stjórn fari með fjármálavald og stjórn í landinu. Hér er allt of lítið að gert miðað við 12 millj. kr., þ. e. a. s. frá lífeyrissjóðum. Við þurfum að stefna að því að fá allt að helming af því fé, sem þar er laust. Getum við ekki horft á þessa þróun til lengdar. — Þetta skrifaði ég eftir honum, og ég get tekið undir meginstefnuna í þessari hugsun. En ég sé ekki að neitt bóli á því sem heildarstefnumarki hjá hæstv. ríkisstj. að ná auknu fjármagni til ráðstöfunar á vegum ríkisins úr lífeyrissjóðunum, nema síður sé. E. t. v. er einhver löggjöf í mótun í þessu efni eða samkomulag sennilega heppilegast, en gott væri að vita um það hvort við mættum eiga von á því að við hefðum meira fjármagn til ráðstöfunar frá þessum lífeyrissjóðum í samræmi við allt fjármálakerfi þjóðarinnar og ríkisbúskaparins. Þegar þetta er orðin svona stór tala, þá er nauðsynlegt, eins og þessi þm. drap á, að hafa nokkra stjórn hér á. Annars stefnir í öfuga átt. Auk þessa alls er svo meiri tilhneiging nú en nokkru sinni áður til að bjóða út ríkisskuldabréf sem sannarlega eru í þessu verðbólguþjóðfélagi víxill, sem ekki er nein tala á, gjörsamlega óútfylltur og álögur settar á framtíðina. Það væri jafnvel nær að hafa það svo að ríkissjóður hefði heimild á ákveðnu ári til að gefa út skuldabréf og selja þau með vissum afföllum. Þá vissu allir strax hvaða kvaðir Alþ. væri að leggja á ríkissjóð gagnvart framtíðinni. Ég held að það væru hreinlegri og heiðarlegri vinnubrögð en þessi. Sumum kann að vera illa við slík fjármál, en þá vita menn hvað þeir eru að gera. En hér hreinlega vitum við ekki hvað við erum að rétta framtíðinni vegna þeirrar verðbólguþenslu, sem hefur átt sér stað, og verðrýrnunar peninga á undanförnum árum.

1. gr. frv. fjallar um að heimila ríkisstj. að lækka fjárl. um allt að 3 500 millj. kr., — að heimila, undirstrikaði frsm. meiri hl. Af hverju gerir hann það? Hann gerir þetta einfaldlega af því að um þetta eru afar deildar meiningar hjá stjórnarflokkunum og milli einstakra þm. Hann sá ástæðu til að taka þetta tvisvar mjög skýrt fram. Sama gerði flokksbróðir hans í Nd. og við auðvitað í stjórnarandstöðunni. Þó að við séum fjvn.-menn fáum við ekki neitt að vita enn þá. En sjálfsagt líður einhverjum vel að hafa þessa heimild og geta flaggað með hana, ef á þarf að halda. Þótt hæstv. fjmrh. hafi skrifað öllum ríkisstofnunum, skilst mér, bréf samkv. umsögn hæstv. forsrh. hér í framsögu, þá mun það varla nægja og þykir því nauðsyn að hafa þessa svipu með til að halda mönnum á mottunni og passa útgjöld og tekjur fyrir viðkomandi stofnanir standist sem best á.

Við í Alþfl. erum í sjálfu sér ekki á móti því að veita nokkurt svigrúm til þess að lækka fjárl. eins og aðstæður eru í dag. En miklu eðlilegra væri að fyrir lægju nú allgóðar hugmyndir um hvernig hæstv. ríkisstj. hugsaði sér að nota þessa heimild. Svo langt er síðan þessi hugmynd var sett fram að nokkurt svigrúm hefur gefist fjvn. og viðkomandi rn. að gefa mönnum ábendingar í því efni hvar helst mætti skera niður. En ég sagði hér við 1. umr. og segi enn að ég tel að það skipti mjög miklu máli á hvaða þáttum verði hér tekið, og ég vil undirstrika það að það hlýtur að vera að rök séu fyrir því að byrja að skera niður á þeim þáttum þar sem hlutfallslega meira fjármagn þarf til og fáir vinna við heldur en á hinu sviðinu, og vil ég taka undir orð frsm. um, að ég er hlynntari aukinni samneyslu eins og aðstæður leyfa en að gefa færi á meiri einkaneyslu við erfiðar aðstæður.

Skyldusparnaður er í VII. kafla frv. og eru menn flestir á einu máli um að rétt sé að stuðla að slíku. En þetta er þó nokkuð skilyrt og bundið við ákveðnar tekjur og má segja að það hrökkvi sæmilega til þar sem þessi sterka tilhneiging er fyrir hendi að gefa út ríkisskuldabréf þar sem allir geta þá sparað af frjálsum vilja með því að kaupa þau. En eðlilegra væri að þessi sparnaður væri frjálsari og færi í gegnum bankakerfið og bankarnir fengju þannig fé til þess að veita frjálst og eðlilega í atvinnulífið, þar sem viðurkennt er nú að slíkur rekstrarfjárskortur er hjá bönkunum að til alvarlegra vandræða horfir og hefur þegar gert. Mörg fyrirtæki eru einmitt vegna þessara ströngu ákvæða í leiðinlegri greiðslustöðu þrátt fyrir góðan rekstur og menn fá ekki að reka fyrirtæki sín á eðlilegan og heilbrigðan hátt eingöngu fyrir það að afar þröngt fjármagns- og útlánasjónarmið hefur verið sett

sem sennilega verður framlengt. Þótt það hafi verið sett til bráðabirgða og fyrsti gildistími til 1. júní, þá var þetta um of, það ber öllum saman um sem til þekkja, og of einstrengingslegt og ekki byggt á heilbrigðu mati á fjölda fyrirtækja. Það væri miklu geðfelldara að stuðla að því að fólk hefði áhuga á því að spara af frjálsum vilja og ráðstafa peningum sínum þar með frjálst, en eftir ekki takmarkaðri og þröngri leið.

Hér kemur inn nýtt ákvæði. Það er flugvallagjald. Við í Alþfl. teljum að nokkur rök hefðu verið fyrir því að taka upp skattgjald til þess að standast undir kostnaði við flugvallagerð. En eins og hér er sett fram skyndilega og óvenjulega hátt gjald og með þeim hætti sem á að ráðstafa því getum við ekki fallist á þetta ákvæði og leggjumst gegn því eins og það er hugsað. Það er þó spor í áttina að fella niður söluskattinn innanlands, eins og ég drap á við 1. umr., en í heild er kaflinn þannig settur fram að við munum telja óeðlilegt að samþykkja hann og verðum á móti honum þess vegna.

Með þessu frv. og öðru, sem nú er til umr. í Nd., hefur ríkisstj. mótað og sýnt hina samræmdu stefnu sem boðuð var með ræðu hæstv. forsrh. í haust. Þessi frv. eiga að draga úr verðbólgu og stefna í allt að 15%, eins og hann sagði á þeim tíma. Þessi frv. eiga að tryggja heilbrigðan rekstur hjá atvinnuvegunum og einkum útflutningsatvinnuvegum. Og margt fleira eiga þessi miklu frv. að tryggja svo að búskapur okkar geti verið með eðlilegum hætti og atvinna með eðlilegum hætti. En ég dreg þetta allt í efa og það gerum við í Alþfl. Því miður liggja nú allir stærri togararnir. Því miður er frv. í gangi sem á að veita einum ráðh. heimild til að ráðstafa 800 millj. kr. meira eða minna frjálst, en það mun vera algert einsdæmi í sögu Alþ. að veita slíka svimandi upphæðir. Því miður er ekki stefnt að því að friður verði á vinnumarkaðnum fram eftir árinu. Allt er á sömu bókina lært. Það er hér tjaldað til skamms tíma þrátt fyrir góð áform og mikla viðleitni, að sagt er, til þess að tryggja jafnvægi út árið. Því miður stefnir hér í ört vaxandi niðurgreiðslur á áburði, í miklar útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörum án þess að nokkur sérstök grein sé gerð fyrir því eða talað um að nauðsyn sé að athuga þessi mál hlutlaust og eðlilega og af raunsæi og koma með till. til úrbóta. Millifærslukerfið vex stöðugt eins og snjóbolti og verður innan skamms á annan tug milljarða, og það er spá mín að ekki sé langt í að það springi innan frá, verði okkur hreinlega ofviða að framkvæma það af nokkurri sanngirni og nokkru raunsæi. Þetta er ömurlegt vegna þess að við verðum að hafa það mikla ábyrgð og það mikinn kjark hér á hv. Alþ. að við þorum að spyrna við fótum gagnvart þessari þróun og hafa hlutina innan eðlilegs ramma. Og þó að það særi einhverja, sem hafa mikla fjárfestingarlögun, þá verður svo að vera því að heildarþróun okkar fjármála á undanförnum árum hefur verið svo ömurleg og svo hryllileg að það er tími til kominn að þeirri þróun linni. Hér hefur ríkt verðbólga sem hefur verið 35, 40 og nærri 50% ár eftir ár. Og enn virðist stefna í sömu átt. Ef hér verður uppi sú þróun áfram óáreitt að menn gangi út frá 35—40% verðbólgu, þá næst hér aldrei skynsamlegt jafnvægi. Menn sækja svo á fjárfestingarsjóðina að óviðráðanlegt verður og hver reynir að flýta sér til fjárfestinga eins og hægt er og við reynum að fjármagna stærri og stærri hluta af þessari lánsfjárþörf með erlendu fé sem er afar hættulegt.

Það væri heilbrigt og eðlilegt að lýsa yfir því að gengisfelling yrði ekki gerð á næstunni og fólk mætti treysta því að verðrýrnun peninga yrði ekki eins mikil og verið hefur mörg undanfarin ár. Ég held að það sé frumatriði að almenningur finni að stefnan sé mótuð á þann veg að þeir treysti því að það fjármagn, það verðmæti sem menn eiga undir höndum, rýrni ekki, þótt lausafé sé, og eina leiðin til þess að bjarga sér sé að kaupa ríkisskuldabréf, fasteignir eða einhverjar aðrar eignir sem eru hrein fjárfesting og ekki neinar sérstakar þarfir fyrir.

Þessi miklu frv., sem bæði voru lögð fram í Nd. og við erum nú að fjalla um annað þeirra á lokastigi, áttu að sögn formælenda hæstv. ríkisstj. að skapa nauðsynlegt jafnvægi. En nú hefur það skeð að jafnvel tekjuháar stéttir eru að knýja fram umtalsverðar launabætur og semja til mjög skamms tíma. Nú hefur það skeð að afkastamikil framleiðslutæki, allir stærri togararnir liggja bundnir og andrúmsloft þar virðist svo að enginn veit um lausn á því mikla vandamáli. Nú hefur það skeð að fjármagnsþarfir þessara þátta framleiðslunnar eru slíkar að nemur hundruðum millj. kr. og ekkert liggur fyrir með hvaða hætti úr þeim vanda verður leyst. Þetta er mjög slæmt og er ekki í neinu samræmi við boðaða stefnu hér í haust. Samt sem áður segir málgagn hæstv. ríkisstj., Morgunblaðið, að hæstv. ríkisstj. hafi staðið við öll sín fyrirheit. Það er merkileg staðhæfing út af fyrir sig þegar staðreyndirnar liggja á borðinu svo að ekki verður um villst. Í ræðu hæstv. forsrh. í haust virtist manni þó að gefin væru ákveðin fyrirheit um að hafa hlutina undir sæmilegri stjórn, en alls ekki verður sagt að svo sé í dag.

Það væri óskandi að slík stefnumótun gæti átt sér stað á peningamarkaðnum að fólk fyndi að til einhvers væri að vinna með því að spara og fara ráðlegar í sakirnar en verið hefur undanfarin ár. En því miður verður maður var við það víða úti í atvinnulífinu að menn telja að stutt sé í næstu gengisfellingu. Eyðslan er í samræmi við þá skoðun almennings. En þetta er alveg gagnstætt því sem við þurfum. Við þurfum að fá það andrúmsloft að fólk finni að hér séu settar fram ákveðnar línur, sem menn ætli að standa við, og almennilega útfærðar og um þær sé fjallað á heilbrigðan og eðlilegan hátt og við fáum um þær að vita, allir þm., jafnt í stjórnarandstöðunni sem í stjórnarfl., og þá sé hægt að rökræða þessi mál fyrir opnum tjöldum og það sé lagt fram alveg hiklaust hvernig ráðstöfun á þessu mikla fjármagni á sér stað. Maður á ekki að þurfa að vera með pex út af því að fá upplýsingar um með hvaða hætti mörg hundruð millj. kr. fjármagnshreyfingar eiga sér stað, eins og nú er gert. Það ganga um það ýmsar sögur með hvaða hætti gengismun hefur verið ráðstafað og munum við eiga kost á að ræða það mál hér í hv.

d. innan skamms. Sama er um ýmsa lánasjóði. Þetta er orðið svo stórt og alvarlegt mál að það er komið á það stig að um þessi mál þyrfti að gefa út hvíta bók, hreinlega sagt, þar sem allt væri prentað og talið fram í stórri skýrslu hvernig þessum fjármunum hefur verið ráðstafað. Þegar við erum að taka hverja gengisfellinguna á fætur annarri og ráðstafa milljarðatölum í þágu tiltölulega fárra aðila til lands og sjávar, þá á þjóðin heimtingu á því að fá um það glögg skil. Og það er engum manni greiði gerður með því að viðurkenna alltaf mistök hjá honum og reyna að bjarga honum á sökkvandi skipi. Ef hann er ekki fær um að stjórna sínu fyrirtæki eða standa sig, þá verður að útvega nýtt förunevti á þann farkost. Það vantar slíka stefnumótun í þessi frv. og þá hörku hér á hv. Alþ. Sjálfsagt verður þess langt að bíða. Þrátt fyrir góðan og mikinn meirihluta hér mótast margt af öðrum sjónarmiðum, því miður. Það fann maður í dag og það á maður að finna sennilega — ég harma það, — um nokkurt skeið enn þá.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. við 1. umr. og skal forðast að endurtaka það nema að mjög litlu leyti.

Ég hef fyrst og fremst það við þetta að athuga að ég tel frv. ekki standa undir nafni sem frv. sem stuðla eigi að jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Fyrst og fremst er um að ræða frv. til lausnar á kjaradeilu.

Ýmsir þættir þessa frv. eru hins vegar þannig að ég get stutt þá, eins og t. d. þá áherslu sem lögð er á fjármagn til orkumála. Það tel ég vera forgangsframkvæmd. Ég harma að ekki hefur fengist sú sundurliðun, sem ég bað um, en ég mun afla mér hennar eftir öðrum leiðum.

Fyrst og fremst er það lækkun skatta sem ég tel vanhugsaða og ég tel þar farið inn á braut sem varhugaverð er og get tekið undir hvert orð sem hv. frsm. sagði um það atriði. Þó eru í þeim kafla ýmsir þættir sem að mínu mati eru til bóta og einföldunar á skattakerfinu.

Hins er þó að gæta að þessi skattalækkun er orðin liður í lausn kjaradeilu og fyrir það vil ég ekki setja fótinn. Ég mun því sitja hjá við atkvgr. um sumar greinar skattalækkunarinnar, en styðja flestar aðrar greinar frv.

Ég vil svo segja það, þar sem ég er staðinn hér upp, að ég hef einnig fengið till. Seðlabankans, þá grg. sem hér hefur verið töluvert vísað til, en ég hef ástæðu til að halda að ekki sé rétt að taka hana of alvarlega. Ég tek undir það, sem hv. frsm. 1. minni hl. sagði áðan, að vitanlega kemur ekki til mála að Byggðasjóður leggi 300 millj. til Stofnlánadeildarinnar. Þar hefur hins vegar verið rætt um töluverða fjárhæð til vinnslustöðva landbúnaðarins, og gæti ég trúað því að það sé rétt, sem hann sagði, að sú upphæð geti orðið 100—150 millj., enda veit ég ekki betur en að mál Stofnlánadeildarinnar eigi að leysa eftir öðrum leiðum en þeim sem Seðlabankinn hefur lagt til í sínum till. Ég held því að hv. stjórnarandstæðingum sé satt að segja óhætt að leggja þær till. til hliðar.

Ég vil ekki taka undir það að Byggðasjóður hafi ekki verið efldur. Sannarlega hefur hann verið efldur. Dýrtíðin hefur hins vegar verið mikil, það er rétt. En miðað við þá erfiðleika, sem eru í íslenskum þjóðarbúskap og hljóta að leiða til þess að samdráttur verður nokkur, a. m. k. um tíma, tel ég að Byggðasjóður hafi verið efldur svo að um muni.

Ég læt þessi orð nægja til skýringar á þeirri afstöðu sem ég mun taka til frv. við atkvgr.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir þá ádeilu, sem hér hefur fram komið um málsmeðferð varðandi upplýsingasöfnun í hv. fjh.- og viðskn. þessarar hv. d., og lýsa furðu minni á þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð eru, en jafnframt lýsa trausti mínu á form. n. og bið hann sérstaklega að taka þessi orð mín alls ekki til sín. Hann hefur gert sitt besta til þess að vinna sitt verk á þann hátt sem við getum allir verið ánægðir með. En það, sem kom fram á fundi n. í morgun, olli mér miklum vonbrigðum, verð ég að segja þar sem við fáum ekki gögn, sem hann hefur í fórum sínum og við búumst við að fá afrit af, vegna þess að embættismenn neita honum um að afhenda þau okkur til upplýsinga þannig að málflutningur okkar gæti orðið málefnalegri á þessu stigi. Þetta er engum til sóma. Þrátt fyrir að ég hafi verið kritískur á þetta blessaða kerfi okkar, þá bjóst ég ekki við að Alþ. réði ekki við það.

Ég vil þessum orðum mínum til viðbótar leggja áherslu á það hér hvort ég geti komið beiðni til hæstv. forsrh. eða forseta þessarar d., — beiðni sem ég hef þegar komið nokkrum sinnum á framfæri við form. sameiginlegra fjh.- og viðskn. beggja deilda, að vísu ekki fyrr en á miðvikudag við form. fjh. Ed., að ég óskaði eftir skrifelgu svari frá seðlabankastjóra um hvort það sé rétt, sem stendur á bls. 27 í grg. með frv., að það sé um 12 þús. millj. kr. nettóaukning erlendra skulda þjóðarbúsins á árinu. Það kemur líka fram þar á sömu síðu, rétt fyrir ofan, að í grg. er talið að 3 þús. millj. kr. af erlendu lánsfé sé í mesta lagi hægt að afla á næsta ári. Nú hafa 800 millj. bæst við það svo að þessi fullyrðing í grg. stenst ekki lengur. En ég vil benda á það að þessi erlenda skuldaaukning á árinu, 12—13 þús. millj., er yfir milljarð á mánuði og mér reiknast til að það sé milli 30 og 40 millj. kr. skuldaaukning á dag. Ég vil fá að vita það frá seðlabankastjóranum, sem heldur um slagæð peningamála þjóðarinnar og þá sérstaklega um gjaldeyrismálin, hvort hann álítur þjóðarbúið þola þetta. Ef hann álítur þjóðarbúið þola þetta, þá lítur málið dálítið öðruvísi út í mínum augum, en ég vildi sannfærast um að hérna sé ekki um alvarlega skuldasöfnun að ræða áður en ég tek afstöðu til frv. í heild. Mér hefur ekki tekist að fá þetta svar skriflegt. Ég skal ekki segja um það hvort seðlabankastjóra hefur borist þessi ósk eða hann eigi eftir að fá hana og hann svarar henni þá kannske bráðlega eða hvort hann hefur fengið hana og ætlar sér ekki að svara henni. Þá vil ég segja það, ef hann ætlar sér ekki að svara henni, að þá erum við komnir í nákvæmlega sömu afstöðu gagnvart þessari hlið

kerfisins og hv. 1. landsk. þm. benti á að bæði hann og aðrir nm. fjh.- og viðskn. komust í í morgun gagnvart Framkvæmdastofnuninni, þar sem okkur er beinlega meinaður aðgangur að upplýsingum sem þó voru í fórum form. nefndarinnar.

Ég skal ekki fara ítarlega út í einstaka liði frv., sem hér liggur frammi, enda held ég að það sé öllum ljóst að ég tel mig ekki vera ábyrgan fyrir þeirri efnahagsstefnu sem hér er í uppbyggingu, en mun þó ekki gera neitt til þess að bregða fæti fyrir hana. Ég trúi því að mér reyndari menn í stjórnmálum, sem standa að henni, sjái betur en ég lokamarkið, og ég vona að ótti minn við að styðja þessa stefnu sé ekki á rökum reistur og ríkisstj. komi mjög sterk út úr þessu, sem sagt að hún hafi rétt fyrir sér, en ég hafi rangt fyrir mér. Það er mín ósk í þessu máli.

Á nefndarfundum hjá okkur voru birtar óskir hinna ýmsu aðila þ. á m. Alþýðusambands Íslands. Ég verð að segja það að rök þau, sem fram komu í erindi ASÍ og í málflutningi þeirra manna, sem komu á fundi fjh.- og viðskn. voru það sterk að ég aðhyllist þeirra sjónarmið og það kom fram hjá mér á nefndarfundum að ég vildi verða við óskum þeirra. Mér fannst og finnst enn þá vera hagkvæmara fyrir þetta láglaunafólk, sem við erum að reyna að hjálpa, að greiða því út þá peninga sem um er að ræða, að það fái þá sem launabót, heldur en að láta það koma með niðurgreiðslu eða niðurfellingu á söluskatti á einstökum neysluvörum. Ég held að það komi sér betur fyrir þetta lægst launaða fólk, sem við viljum hjálpa, að það fái þá matarpeninga, sem þetta á að vera með því að fella niður söluskatt á einstaka matvælum, þ. á m. neysluvörum, það fái þetta í peningum og geti ráðið sjálft, hvort það kaupir þann mat, sem peningarnir eru nú ætlaðir í eða ekki, eða ver því á annan hátt. Þetta eru í mínum augum launabætur og þar af leiðandi styð ég þá skoðun Alþýðusambandsmanna að útborgun í peningum komi sér betur fyrir fólkið, sem við viljum hjálpa og höfum samið við, heldur en niðurfelling á söluskatti.

En það vil ég undirstrika hér að ég tel það alls ekki svik af hálfu ríkisstj. hvor leiðin sem er farin. Það kom fram í umr. í Nd., að mér var sagt. En ég álít að ríkisstj. standi við sín loforð að fullu hvor leiðin sem farin er.

Ég harma það að einn af þeim sérfræðingum, sem til voru kvaddir til að veita upplýsingar, lét þau orð falla í fjh.- og viðskn., á sameiginlegum fundi, að það væri pólitískt sterkara að greiða niður söluskatt og þar með sýna lækkandi vöruverð en að borga fólkinu út peninga. Ég vil segja að að mínu mati sé ekki pólitískt betra að fella niður söluskatt en að greiða fólkinu út peninga. Þetta er sjálfsblekking. Fólkið er miklu betur upplýst um gang mála en það að það láti blekkjast af því að vöruverð lækkar skyndilega, gegn hinni leiðinni, að það fái greidda út peninga. Ég verð að segja það að ef ég á að meta fyrir sjálfan mig hvora leiðina ég vildi fara, það væri annars vegar kannske pólitískara og gott auglýsingaefni í augnablikinu og hins vegar þeir hagsmunir sem forustumenn fólksins sjálfir telja sig vera betur komna með, þá vel ég heldur þá leið sem fólkið telur sér hentari.

Þá komu fram óskir frá einstæðum foreldrum. Þótt að litlu leyti hafi verið tekið tillit til þeirra óska vil ég segja að mér finnst ekki nógu langt komið til móts við þá.

Skyldusparnaðurinn er kapituli út af fyrir sig. Skyldusparnaðurinn er af fólki sem annaðhvort með menntun eða dugnaði eða með menntun og dugnaði hefur komist í þá aðstöðu að vinna betur fyrir sér en kannske nágranninn eða næsti maður. Þegar þetta fólk hefur greitt öll sín opinberu gjöld til ríkisins, að þá skuli ríkið seilast í sjálfseignarfé þess, sparifé þess, og skylda þetta fólk, sem er að fullu fjárráða, til þess að leggja til hliðar í Framkvæmdasjóð ríkisins ákveðinn hundraðshluta af því sem það á í ráðstöfunarfé, þegar það hefur gegnt öllum sínum skyldum við þjóðfélagið, það er andstætt mínum lífsskoðunum og ég vil mótmæla þessu. Það er ómögulegt að segja hvenær að því kemur að sagt er við þetta sama fólk: Þið þurfið alls ekki þetta fé. Þetta fé, sem er fram yfir það sem þið þurfið til lífsnauðsynja, getum við notað í allt annað á vegum ríkisins. — Segjum svo að þetta verði samþ., og þetta er verðtryggður skyldusparnaður. Hver á að endurgreiða þennan skyldusparnað? Ekki eru það sparifjáreigendurnir sjálfir sem eru skyldaðir til þess að spara. Það hljóta þá að vera allir aðrir. Og hverjir eru þessir allir aðrir? Það er það fólk sem við þykjumst bera fyrir brjósti og viljum hjálpa á allan hátt. Það hlýtur að þurfa að skattleggja þjóðina þá til þess að standa undir þessum gjaldaliðum eins og öðrum. Sem sagt, það er afskaplega mikið á móti mínum lífsskoðunum að taka þarna af þessu fólki.

Flugfélögin, ferðamálaráð og flestir þeir, sem hafa með ferðamál að gera, hafa varað bréflega við því að leggja flugvallagjaldið á. Það virðist ekki duga. Ráðgjafar og embættismenn ríkisstj. vita eflaust betur. En við höfum hlustað á og lesið varnaðarorð frá þessum aðilum um að þetta muni verða þjóðhagslega mjög slæmt fyrir ferðamannastraum til landsins og frá landinu. Annars hafði ég visst gaman af því að hér kom fram að fólk hefði misst trúna á að spara. Það er frsm. meiri hl. n. sem sagði það. Þetta er alveg rétt. Fólk hefur misst trúna á að spara. En ég vil leggja á það áherslu að þjóðfélagið sjálft á að haga sér þannig, minnka sína fjárþörf, minnka eftirspurn eftir útgjaldapeningum, og framkvæmdafé þá líka með því að reyna að gera ísl. kr. eitthvað verðmeiri, ekki að auka krónufjöldann í eigu einstaklinga. Það hefur ekkert að segja, en það á að auka verðgildi krónunnar þannig að fólkið fái meira fyrir hana og áhugi aukist hjá því sama fólki til þess að leggja fé sitt í sparisjóði og auka þar með útlánsfé og vinnupeninga innlánastofnana eins og bankanna.

Það kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds áðan að ríkið ætti að taka sem mest lán og græða á verðbólgunni. Þetta var fróðlegt að heyra úr því horninu. Þetta átti að vera rétt og gott þegar ríkið á í hlut, en þegar einstaklingurinn fer að reyna að bjarga verðgildi fjármuna sinna á sama hátt og forustumenn þjóðarinnar í peningamálum, þá er það kölluð spákaupmennska og allt

gert til þess að reyna að koma í veg fyrir það. Ég held að á þessu sviði ætti ríkið þá, þveröfugt við það sem hv. þm. Ragnar Arnalds hélt fram, að koma í veg fyrir þetta hjá sjálfu sér.

Ég skal ekki segja hvað það þýðir að verðtryggja og gengistryggja útlánafé fjárfestingarlánasjóðanna. Ég skal ekkert um það spá hvað það þýðir að taka peninga að láni í dag og fjárfesta á verðgildi dagsins í dag og greiða með verðgildi peninganna í framtíðinni. Við höfum það fyrir okkur á mörgum sviðum að atvinnufyrirtæki, sem eru mjög takmörkuð í álagningu, eru árum saman að borga niður sömu skuldina og skulda oftast nær meira í krónutölu frá ári til árs heldur en þau skulduðu í upphafi skuldarinnar. Ég skal ekki segja hvort það er ástæða til að tala um varnaðarorð um þá hluti. Ég er líka hræddur við dráttarvexti á opinberum gjöldum sem geta farið upp í 24% á ári. Það eru hæstu sektarvextir Seðlabanka Íslands, sem ég hef alltaf álitið vera okurvexti og að mínu mati tæplega leyfilega, að fólk skuli vera háð því að hlaupa í banka til þess að taka lán á 17—18% vöxtum til þess að greiða opinber gjöld til að forðast 24% vexti. Af hverju? Vegna þess að framkvæmdahraði eða eyðsluhraði ríkisins er meiri en innborgunarhraði frá fólkinu. Ég held að þarna vanti samræmi í innheimtu og útgjöldum og ég trúi því ekki að þetta þrjóti ekki á móti réttlætiskennd fólksins. Ég held að henni sé misboðið með svona ráðstöfunum. Fólk stendur yfirleitt í skilum ef það getur og eins fljótt og það getur þó að það séu einhverjar undantekningar þar á. En það má ekki gera undantekningarnar í þessu tilfelli að einhverjum algildum reglum sem þarf að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir gegn.

Þrátt fyrir þetta tal mitt mun ég ekki gera neina till. um að þetta frv. verði fellt eða koma með sérstakar brtt. við það. Ég hef lýst skoðunum mínum á því sem liggur hér fyrir. Ég hef óskað eftir því að fá upplýsingar frá seðlabankastjóra, Jóhannesi Nordal, sem ég held að hafi átt þátt í því að móta þetta frv. Þær upplýsingar hef ég ekki fengið. En hvort sem hann hefur átt þátt í að móta frv. eða ekki, þá er hann sá maður sem ég held, — ég verð þá leiðréttur ef það er rangt, — að haldi um slagæð þjóðarinnar í peningamálum og þá kannske ekki hvað síst hvað viðvíkur skuldasöfnun út á við. Ég vitnaði í grg. frv. áðan og vil endurtaka að lokum, með leyfi hæstv. forseta, en þar stendur:

„Framkvæmdasjóður hefur tekið lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópu og er ráðgert að það lán gangi til Norður- og Austurlandsáætlana í vegamálum í samráði við stjórn Framkvæmdasjóðs, en önnur lán af þessu tagi hafa gengið til svipaðra þarfa. Til viðbótar þessum lántökum telur ríkisstj. í mesta lagi hægt að afla 3000 millj. kr. lánsfjár erlendis á vegum ríkisins, en að þeirri lántöku meðtalinni er nú áætlað að nettóaukning erlendra skulda þjóðarbúsins á árinu muni nema rúmlega 12 þús. millj.“

Ég endurtek það að ég veit ekki, — þekki ekki kerfið það vel, — hvert ég á að snúa mér. Á ég að snúa mér til hæstv. forsrh., forseta d. eða skrifstofustjóra Alþ.? Það virðist ekki duga að óska eftir því á nefndarfundum að skriflegt svar berist frá seðlabankastjóra Jóhannesi Nordal.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mun fyrst og fremst svara fsp. sem til mín hefur verið beint.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. spurðist fyrir um það hvort það væri ætlun ríkisstj. að Seðlabankinn yfirtæki hlutverk stjórnar Framkvæmdastofnunar í tilefni af því að hagfræðideild Seðlabankans hafði útbúið vinnuplagg varðandi útlán fjárfestingarlánasjóða. Ég svara þessari fsp. neitandi. Á hinn bóginn er það skýringin á eðlilegum afskiptum og vinnu Seðlabankans í þessum málum að hann hefur safnað upplýsingum um útlánaáform allra fjárfestingarlánasjóðanna, m. a. byggingarsjóðanna annars vegar og atvinnuvegasjóðanna hins vegar, og það er því eðlilegt að þau gögn komi saman í eina skýrslu. Hér er um vinnuplagg fyrst og fremst að ræða. Það mun vera skýringin á því að endanlegar tölur hafa ekki verið gefnar upp í fjh.- og viðskn. að stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og Framkvæmdasjóðs hefur ekki fjallað um útlánaáformin endanlega þótt margir fundir og mikil vinna hafi í þeirri stofnun verið lögð í rannsókn og undirbúning málsins. En þrátt fyrir það að hv. nm. hafi ekki talið sig fá nægilega góðar upplýsingar, sem ég út af fyrir sig harma, þá hygg ég þó að þeir hafi allir, sem hér hafa talað, komist nokkuð nálægt því sem hlýtur að verða, miðað við þær lánsheimildir sem gert er ráð fyrir í frv., bæði að því er snertir heildarútlán, útlánaáform sjóðanna og jafnvel skiptingu milli einstakra sjóða.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. taldi fjáröflun og útlánaáform fjárfestingarlánasjóðanna skorin við nögl, eins og ég hygg hann hafa komist að orði. Ég vil í því sambandi taka það fram að skv. þeim lánsheimildum, sem um er að ræða, er gert ráð fyrir því að útlánaáformin verði 54% hærri á þessu ári, en raun bar vitni um á síðasta ári. Er það allveruleg hækkun og mun meiri hækkun en á milli áranna 1973 og 1974, en þá var hún 25.2%, þannig að þegar hv. þm. gerir kröfu til aukinna útlána þessara sjóða gerir hann meiri kröfur en sú stjórn gat staðið undir sem hann studdi á síðasta ári. Íbúðalánasjóðirnir auka útlán sín um 57.9%, þar af Byggingarsjóður ríkisins um allt að 67.6% sem er langveigamesta hlutdelidin í íbúðalánasjóðunum. Atvinnuvegasjóðirnir auka útlán sín um 52% og Byggðasjóður um nær 70%. Það er rétt áætlun að Byggðasjóður muni ekki lána til Stofnlánadeildarinnar meira væntanlega en 100—150 millj. kr., eins og búið var að setja á blað af hálfu Byggðasjóðs án skuldbindingar á því stigi. En með þeim hætti hygg ég að við getum gert ráð fyrir því að útlán Stofnlánadeildar landbúnaðarins aukist nokkuð e. t. v. um 250 millj. eða svo frá því sem var á síðasta ári, og á síðasta ári tvöfölduðust útlán Stofnlánadeildarinnar frá árinu á undan. Ég býst líka við því að við förum langt í það að með þessum lánsfjárheimildum nálgist útlán Fiskveiðasjóðs mjög það sem stjórn þess sjóðs taldi nauðsynlegt þó að bilið verði ekki brúað að fullu.

Ég er þeirrar skoðunar að það megi frekar gagnrýna þessi útlánaáform fyrir það að þau séu of há heldur en fyrir það að þau séu of lág. En hér er stefnt að því að skapa möguleika og skil-

yrði fyrir því að lánað verði til nauðsynlegra framkvæmda sem þegar eru í gangi og ástæða er til að ætla að geti komið að notum til gjaldeyrisöflunar og framleiðsluaukningar í þjóðfélaginu.

Hv. 1. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, spurði hvernig ætti að ráðstafa 500 millj. kr. lækkun í söluskatti. Um það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun. Það er um ýmsa valkosti þar að ræða, en það fer eftir því með hvaða móti þetta frv. verður að lokum afgr. frá Alþ. Sérstök vandamál eru í framkvæmd niðurfellingar söluskatts á kjötvörum, sem mörgum þykir næst liggja við. Ég býst við að þessar vörutegundir, sem einkum verða teknar til athugunar, — og segi ég það með öllum fyrirvara um hverjar verði endanlega valdar; nýir ávextir, grænmeti, brauð og kaffi, te, kakó, haframjöl, hveiti, hrísgrjón o. fl. kornvörur. Ég ítreka: þetta er sagt með fyrirvara og þarf að skoðast betur áður en skuldbinding er gefin um þessi efni.

Þá spurði hv. 1. landsk. þm. Jón Árm. Héðinsson, hver væri ætlun ríkisstj. um skattalögin og endurskoðun þeirra. Ég hef gefið þá yfirlýsingu að breyting sú á skattalögum og skattakerfi, sem hér er um að ræða, er aðeins þáttur í þeirri endurskoðun sem nú fer fram og verður haldið áfram og miðar einkum að því á öðru stigi málsins að kanna möguleikana á því, að taka enn eitt skref til samræmingar á tryggingakerfinu og tekjuskattskerfinu. Í öðru lagi mundi endurskoðunin miða að því að koma á sérsköttun hjóna sem báðir stjórnarflokkarnir hafa í raun lýst sig fylgjandi. Í þriðja lagi mundi þessi endurskoðun fjalla um skattamál fyrirtækja, um endurskoðun fyrningareglna og meðferð fyrninga í sambandi við sölu á fyrnanlegum eignum, svo að ég nefni nokkra höfuðþætti sem áfram verður unnið að. Ég geri mér vonir um að breyting á skattal. verði fyrr á ferðinni á næsta þingi en nú og tek undir þá gagnrýni, sem hér hefur verið lýst, á því hve seint þessar breytingar eru á ferðinni.

Þá vil ég segja það að ég er þeirrar skoðunar að okkur beri að fara mjög varlega í erlendar lántökur og sú lántökuheimild, sem hér er um að ræða, er fremur of há en lág og því er ég andvígur brtt. þm. Alþb. um hækkun á lánsfjárheimild erlendis. Við þurfum að skapa skilyrði fyrir fjármagnsöflun hér innanlands. Reynslan sýnir að lífeyrissjóðirnir telja hagsmunum sínum og umbjóðenda sinna, félaga í lífeyrissjóðum, ekki borgið nema fá fulla verðtryggingu á lánsfjármagni sem þessir sjóðir láta af hendi. Af því og erlendum lántökum leiðir að útlán fjárfestingarlánasjóðanna verða að miðast við þau kjör sem fjáröflun þeirra byggist á. Við verðum því í einu eða öðru formi að taka upp verðtryggingu eða gengisáhættu í tengslum við útlán þessara sjóða, ella stöndum við frammi fyrir varanlegu vandamáli raunverulegrar sjóðþurrðar í þjóðfélaginu.

Ég vil svara hv. 11. landsk. þm., Geir Gunnarssyni, sem spurði um það í gær hvernig á því stæði, að lánsheimildir til landshafna í Keflavík og Njarðvíkum og Rifi hefðu lækkað um 15 millj. kr. Þetta mun hafa byggst á framkvæmdaáætlun þessara landshafna, þegar frv. var í smíðum. En ég vil lýsa því yfir, að ef einhver fjárvöntun verður til þess að brúa þetta bil, sem seinna kemur fram á þessu ári, þá mun ríkisstj. beita sér fyrir því að sú fjárvöntun verði ekki til þess að framkvæmdir gangi hægar en ella.

Ég hygg að fleiri beinar fsp. hafi ekki komið fram og læt því máli mínu lokið.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég gerði ekki grein fyrir brtt. sem fjh.- og viðskn. hefur orðið sammála um að flytja og nú hefur verið dreift hér í d. Fyrri brtt. er þess efnis að á eftir 20. gr. komi ný gr., sem verði 21. gr. og hljóði svo:

„Fjmrn. er heimilt að fella niður tolla af þeim lyfjum, er falla undir tollskrárnúmer 30 01 00 og 30 02 00, og af þeim sérlyfjum, sem skráð eru á sérlyfjaskrá, og þeim óskráðum sérlyfjum, sem til landsins eru flutt með heimild heilbrigðisyfirvalda samkv. 3. mgr. 54. gr. l. nr. 30/1963, er falla undir tollskrárnr. 30 03 09."

Hér er um það að ræða að fella niður tolla á lyfjum sem eru fyrst og fremst endurgreidd af sjúkrasamlögum og sjúkrahúsum og þykir rétt til einföldunar að fella niður tolla á þessum vörum. Hér mun verða eitthvert tekjutap fyrir ríkissjóð, sem ekki er alveg ljóst hvað verða muni, en væntanlega mun þessi breyting koma fram í lækkuðu verði á lyfjum.

Einnig er hér brtt. um 34. gr., sem er þess eðlis að eindagi kirkjugarðsgjalds sé hinn sami sem á útsvörum. Er oddvita og innheimtumönnum bæjar- og sveitarfélaga skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum, ef kirkjugarðsstjórn óskar, ella gerir hún það sjálf með sömu þóknun. Er lagt til að þessi gr. hljóði svo:

„Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Stjórnir kirkjugarða geta falið ríkissjóði innheimtu kirkjugarðsgjalda. Í hreppsfélögum geta stjórnir kirkjugarðanna þó falið sveitarsjóðum innheimtuna. Innheimtulaun skulu vera 6% af innheimtu fé. Stjórnum kirkjugarðanna er heimilt að hafa innheimtuna í eigin höndum gegn sömu þóknun."

Það var fyrirhugað að flytja frv. til l. um breytingu á innheimtu ríkissjóðs, en það er ósennilegt að slíkt frv. geti náð fram að ganga á þessu þingi. Þess vegna þykir rétt að stjórnir kirkjugarða geti áfram falið innheimtumönnum ríkissjóðs að innheimta þetta gjald ef þess er óskað.

ATKVGR.

Brtt. 511,1 felld með 12:5 atkv.
1. gr. samþ. með 13:4 atkv.
Brtt. 511,2 felld með 11:4 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 511,3 felld með 12:6 atkv.
— 510,1 felld með 12:6 atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 12:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, EA, GH, MÁ, IT, JónasÁ, ÓÓl, JGS, OÓ, StG, AG, JóhÅ.

nei: GeirG, HFS, JÁH, RA, StJ.

EggÞ, StH greiddu ekki atkv.

1 þm. (AJ) fjarstaddur.
11.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 510,2 felld með 12:2 atkv.
— 511,4 felld með 13:6 atkv.
— 504 tekin aftur.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 18 shlj. atkv.
13—15. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 511,5 felld með 13:4 atkv.
16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 17 shlj atkv.
18. gr. samþ. með 13:5 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12:3 atkv.
19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 517,1 (ný gr., verður 21. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
21.—31. gr. (verða 22.—32. gr.) samþ. með 17:2 atkv.
Brtt. 511,6 felld með 12:5 atkv.
32. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 511,7 felld með 12:4 atkv.
33. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 517,2 (ný 34. gr., verður 35. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
35.—36. gr. (verða 36.—37. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 74. fundur.

Föstudaginn 25. apríl, að loknum 73. fundi.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 518). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við 1. umr. gerði ég grein fyrir brtt. sem ég flutti við þetta frv. um athugun á framfærslukostnaði barna, till. sem er prentuð á þskj. 504. Ég tel að það liggi nú fyrir að till. fæst ekki samþykkt í þeirri mynd, sem hún var flutt og ég hefði kosið. En eftir viðræður við hæstv. forsrh. um orðalag till. á þann veg að meiri líkur yrðu til þess að hún fengist samþ. hef ég ákveðið að flytja hana í breyttri mynd og leyfi mér að leggja fram skrifl. brtt. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

Við ákvæði til bráðabirgða á eftir 12. gr. bætist nýr stafliður:

„Fyrir árslok 1975 skal fjmrh. láta fara fram sem nákvæmasta könnun á framfærslukostnaði barna, þ. á m. hvernig honum er háttað eftir mismunandi aldri og fjölda barna í fjölskyldu, svo að hafa megi niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við álagningu skatta og ákvörðun tryggingabóta sem greiddar eru vegna barna. Skýrsla um könnunina verði lögð fyrir Alþ."

Ég vænti þess að forseti muni leita afbrigða til að till. megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 519) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 519 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 73. fundur.

Föstudaginn 25. apríl, kl. 2 miðdegis.

Dýralæknar, frv. (þskj. 502). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almenningsbókasöfn, frv. (þskj. 417). — Frh. 1. umr.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Fyrir skömmu fylgdi hæstv. menntmrh. úr hlaði frv. til 1. umr. um almenningsbókasöfn. Það má ekki minna vera en að þessu frv. sé fagnað við fyrstu sýn. Á undanförnum árum og þingum hefur oft verið spurt eftir frv. af þessu tagi. Það hefur lengi verið beðið eftir ákvörðunum á þessu sviði.

Fyrstu lög um almenningsbókasöfn voru sett árið 1955. Þau voru endurskoðuð, aukin og endurbætt árið 1963, lög nr. 22 frá 1963, og hafa gilt fram á þennan dag óbreytt að efni og formi. A síðasta Alþ. kom fram frv. til l. um almenningsbókasöfn, en það varð ekki útrætt. Það er fróðlegt að bera þessi tvö frv. saman, frv. frá í fyrra og frv. það sem nú hefur verið lagt fram. Frv. það, er lagt var fram í fyrra, var 36. gr. samtals. Þar var rætt um miðbókasöfn, rætt um að í umdæmi hverra landshlutasamtaka sveitarfélaga skuli vera eitt miðbókasafn. Að öðru leyti virtist frv. vera byggt upp að töluverðu leyti á hugmyndinni um landshlutasamtök sveitarfélaga. Ég held að ýmsir hafi verið óánægðir með það frv., þ. á m. Bókavarðafélag Íslands og Samband ísl. sveitarfélaga, eftir því sem mér er tjáð. Það frv., sem nú er lagt fram, er aðeins 14 gr. Það er rammalöggjöf og virðist vera grundvallað á því skipulagi sem nú ríkir í skiptingu landsins í bæjar- og sýslufélög. T. d. er rætt á bls. 4, um 8., 9. og 10. gr. að rétt þyki að tengja sýslusjóði við rekstur og uppbyggingu safnanna. „Á undanförnum árum," segir þar, „hafa sumar sýslunefndir reynst héraðsbókasöfnum miklir máttarstólpar og allvíða eru sýslur eignaraðilar að góðum söfnum og bókhlöðum."

Það er að sjálfsögðu oft álitamál hvað eigi að hafa frv. til l. ítarleg, en ég hygg þó að oftast fari betur á því að hafa lagafrv. stutt, en setja þeim mun fleiri ákvæði í reglugerð sem skipa þarf með ákvæðum á annað borð. Ég geri ráð fyrir því að um þetta frv., sem nú hefur verið lagt fram, séu skiptar skoðanir að einhverju leyti eins og jafnan er. En mér sýnist full ástæða til þess að fagna því þegar á þessu stigi og skoða það nánar. Ég tel í raun og veru og vil láta það koma fram að ekki hafi verið

mjög rík ástæða til að gera meginbreyt. á löggjöf þeirri sem nú er í gildi. Þau lög eru fyrst og fremst úrelt hvað fjárframlög varðar og svo er um fleiri lög sem nú gilda á landi voru. Þetta hefur að sjálfsögðu háð mjög allri starfsemi bókasafna að undanförnu, sérstaklega í dreifðum byggðum og kauptúnum. En eins og við vitum er það algengt fyrirbrigði að kenna löggjöf um ef eitthvað skortir á um framkvæmd, t. d. fjárveitingar.

Ráðandi stefna á undanförnum árum í þessum efnum hefur verið sú að efla héraðsbókasöfnin svo að þau verði fær um að annast bókasafnsþjónustu í dreifbýli í vaxandi mæli. Ég tel að þessi starfsemi hafi reynst heilladrjúg þar sem söfnin eru einhvers megnug og beri því að hraða þessari þróun eftir mætti á þeim grundvelli sem byggt hefur verið á til þessa. Sum héraðsbókasöfn hafa þegar reynst hlutverki sínu vaxin, en nauðsynlegt er að renna styrkari fjárhagsstoðum undir starfsemi þeirra. Það er fyrst og fremst þetta, hvað ákvæði l. frá 1963 eru orðin úrelt hvað fjárframlög varðar, sem valdið hefur því að mörgum hefur þótt brýna nauðsyni bera til að endurskoða þessa löggjöf.

Þetta frv. fer að sjálfsögðu til n. og verður þar skoðað og athugað frá öllum hliðum og ætla ég því ekki að lengja þessa umr., en benda á að lokum að mestu máli skiptir að sjálfsögðu að l. reynist þannig úr garði gerð að þau stuðli að eðlilegri þróun þessara mála í framtíðinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Upplýsingaskylda stjórnvalda, frv. (þskj. 23, n. 398). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram). Hæstv. forseti. Eins og fram kom í umr. um frv. við 1. umr. er þetta í þriðja skipti sem frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda er lagt fram og mun frv. nánast vera eins úr garði gert í öll skiptin. Ljóst var, þegar umr. fóru fram um málið á fyrri stigum þessum, að það mætti nokkurri gagnrýni og virtist vera nokkrum erfiðleikum háð að þingnefnd treysti sér til þess að samþykkja frv. og ganga frá því úr n., aðallega vegna þess að til hv. allshn. bárust mjög margar umsagnir sem höfðu mjög margt við frv. að athuga. Við umr. fyrr á þessu þingi óskaði hæstv. ráðh. eftir því að n. tjáði sig um það á hvern veg hún vildi láta breyta frv., ef á annað borð ætti að breyta því, og af þeim ástæðum aðallega væri frv. lagt fram nánast óbreytt enn á ný á þessu þingi, vegna þess að ekki hefðu komið fram ákveðnar till. eða ábendingar um breyt.

Við meðferð hv. allshn. á þessu frv. komu aftur fram fyrri athugasemdir um frv. og ljóst var að n. var ekki reiðubúin til þess að samþykkja það óbreytt. En með hliðsjón af ummælum hæstv. ráðh. taldi n. eðlilegt að skila áliti um frv. og setja fram nokkrar ábendingar um hugsanlegar breyt. Auðvitað kom til greina að n. endursemdi frv. í heild sinni, en það varð að ráði eftir að hafa skoðað umsagnir og rætt við embættismenn að hafa þann hátt á sem hér er lagt til. Ég tek fram og ég held að það sé rétt frá skýrt að nm. allir eru almennt hlynntir því að löggjöf sé sett um þetta efni. En nefndin hefur ekki treyst sér til að semja fullkomið frv. eða breyta í einstökum atriðum því frv. sem nú liggur fyrir.

Eins og fram kemur á þskj. 398 bendir n. á 6 atriði sem til athugunar þurfa að koma að hennar mati. Með þeim ábendingum vill hún að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. til frekari skoðunar. Ég vil leyfa mér að lesa þessar ábendingar sem hljóða þannig:

„1. Kanna þarf rækilega sambærilega löggjöf á hinum Norðurlöndunum og reynsluna af framkvæmd hennar. Athuga þarf að hve miklu leyti sú reynsla hæfir íslenskum aðstæðum og íslensku stjórnkerfi.

2. Vafasamt er að hafa í slíkri löggjöf eins ítarlega upptalningu á undanþágum og gert er í 2. gr. frv. Má nánast segja, að sá réttur, sem getið er í 1. gr., sé afturkallaður með undanþágum í 2. gr. og verði í raun mun þrengri en hann er í framkvæmd nú, án löggjafar. Að mati n. kemur til álita að sleppa slíkri upptalningu (2. gr.), en hafa undanþágurnar almennari. Eins og frv. er nú bera undanþágurnar aðalregluna ofurliði.

3. Fram þarf að koma, að upplýsingaskyldan geti verið mismunandi, með hliðsjón af því, hve veigamiklir hagsmunir eru í húfi.

4. Skilgreiningar skortir á ýmsum hugtökum, svo sem hvað sé stjórnvald og hvenær sú skylda hvílir á stjórnvöldum og ríkisstofnunum að skýra óumbeðið opinberlega frá störfum og vitneskju.

5. Í frv. er rætt um „skjöl", en ekki er minnst á, að hægt sé að geyma vitneskju á annan hátt, svo sem á segulböndum, myndum, tölvum o. s. frv. Að þessu leyti virðist frv. vera of takmarkað.

6. N. telur eðlilegra að úrskurðarvald sé í höndum dómstóla en ráðh., sbr. 12. gr."

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum til útskýringar á þessum ábendingum.

Það liggur fyrir að frv. í núverandi búningi hefur verið samið eða þýtt nánast nokkuð hrátt úr löggjöf annarra Norðurlanda og virðist ekki hafa verið gætt nægilega að því að einstakar gr. og einstök ákvæði lytu að íslensku stjórnkerfi eða íslenskum aðstæðum. Það hefur líka komið fram að sambærileg löggjöf á Norðurlöndum er nú til endurskoðunar og er sjálfsagt fyrir okkur, sem nú erum í fyrsta skipti að setja slíka löggjöf, að taka mið af þeirri endurskoðun og þeirri reynslu sem hinar Norðurlandaþjóðirnar hafa af löggjöf um þetta efni.

Þá hefur aðalathugasemdin og aðalgagnrýnin komið fram á upptalningu á undanþágum í 2. gr. frv. Það er mat mjög margra embættismanna, sem n. hefur fengið umsagnir frá, að með slíkum undanþágum og svo nákvæmri upptalningu yrði tilhneiging hjá embættismönnum og stofnunum að leita að slíkum undanþágum og finna heimildir til þess að neita upplýsingum. Yrði þannig í raun minna um það að opinberir aðilar veittu upplýsingar frá því sem nú er. Um upplýsingaskyldu hefur skapast nokkur venja, ákveðin hefð, og það er mat margra að frv. mundi

raska þessari hefð og upplýsingaskyldan yrði í reynd þrengd. Auðvitað er það ekki það sem að er stefnt með slíkri löggjöf. Þess vegna hefur komið til álita að fella niður svo nákvæma upptalningu eins og um ræðir í 2. gr., hafa þess í stað þessar undanþágur almennari og láta það vera síðan mat viðkomandi aðila og svo með áfrýjunarrétti, hvort stætt sé á að neita um upplýsingar þegar um þær er beðið. Þá hefur í því sambandi líka verið bent á að það sé eðlilegt og rétt að hafa mismunandi reglur um upplýsingaskyldu með hliðsjón af því hversu mikilvægir hagsmunir séu í húfi. Um það er ekki nægilega rætt í frv. og ekki heldur um það atriði, sem auðvitað kemur hér til álita, að embætti, opinberar stofnanir, veiti upplýsingar óumbeðnar. Oftast er viss skylda sem hvílir á opinberum stofnunum að láta frá sér fara upplýsingar um verkefni eða ákvarðanir, en það er ekki gert og liggur oft í þagnargildi ýmislegt sem skiptir almenning miklu máli. Væri sjálfsagt a. m. k. hugsanlegt að taka ákvæði inn í þetta frv., þessi lög, sem gerðu opinberum stofnunum að skyldu að veita upplýsingar um störf, um ákvarðanir, án þess að endilega sé beðið um það. Þá er bent á minni háttar atriði eins og það að frv. þurfi að vera nokkru víðara hvað snertir geymslu vitneskju eða þekkingar, því að nánast einvörðungu er talað um skjöl í frv., en ekki gert ráð fyrir því að hægt sé að geyma vitneskju á segulböndum eða í myndum og öðrum slíkum tækjum. Þetta þyrfti að athuga.

Að lokum hefur komið fram mjög ákveðin gagnrýni á 12. gr. sem snertir áfrýjunarrétt og úrskurð æðra stjórnvalds. Þar segir í 12. gr.:

„Hafi stjórnvald synjað tilmælum um afhendingu opinbers skjals og telji umsækjandi, að sá úrskurður eigi ekki stoð í lögum, skal honum heimilt eftir nánari reglum að kæra úrskurðinn til stjórnvalds í næstu embættisröð fyrir ofan stjórnvaldið, sem synjaði afhendingu skjalsins. Úrskurður ráðh. á þessu sviði er fullnaðarúrskurður.“

Það er nokkuð samdóma álit allra þeirra, sem um þetta hafa fjallað, svo og hefur það komið fram í umr. hér á þingi að menn vilja að þessi áfrýjunarréttur, þessi fullnaðarúrskurður, sé ekki í höndum ráðh., heldur gangi hann eðlilega leið í gegnum dómstóla sem mundu þá fjalla um efnið og úrskurða hvort upplýsingaskyldan sé fyrir hendi eða ekki.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða miklu frekar um þetta frv. Hér er athyglisvert mál á ferðinni, mál sem flestir, sem um það hafa rætt, eru sammála um að eigi rétt á sér. Löggjöf sem þessi væri til öryggis fyrir almenning og gott aðhald fyrir stjórnvöld. Hins vegar er vandi að útbúa þessa löggjöf, ekki síst þar sem við erum hér að stíga þetta skref í fyrsta skipti. N. er áhugasöm um framgang þessa máls og vildi fyrir sitt leyti ekki enn einu sinni láta þingi ljúka án þess að það væri tekið einhverjum fastari tökum en verið hefur að undanförnu og vildi því leggja fram þessar ábendingar. N. er ljóst að þær eru hvergi tæmandi og má kannske um þær deila en þær eru þó nokkur leiðarvísir fyrir hið háa rn. og fyrir hæstv. ráðh. til að fara eftir ef og þegar þetta mál er endurskoðað betur. Það er sem sagt till. n. að frv. sé vísað til ríkisstj. með framangreindum ábendingum.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get eftir atvikum fellt mig við þá niðurstöðu sem hv. n. leggur til, að þessu frv. sé vísað til ríkisstj. til nánari skoðunar. Þetta er mál sem er þess eðlis að það er auðvitað seint of vel skoðað áður en reglur eru um það settar, og sjálfsagt má með lengri athugun og vandlegri meðferð á því gera það eitthvað betur úr garði en tekist hefur með þetta frv. Þegar löggjöf hefur verið sett um þetta efni á Norðurlöndunum hefur sá háttur verið hafður á, eins og ég hef greint áður frá, að þá hafði á undan farið löng athugun og n. unnið að því um nokkurn tíma og rannsóknir farið fram á þessu sviði stjórnsýslunnar sem ekki liggja fyrir hér hjá okkur. En ástæðan til þess að þetta frv. var lagt fram svo fljótt sem raun ber vitni um og samningu þess var hraðað svo sem kostur er var sú, að í þeirri þáltill., sem var ástæðan til þess að þetta frv. var samið, er beinlínis tekið fram og boðið að það skuli lagt frv. um þetta efni fyrir næsta Alþ. Í þessari þáltill., sem samþ. var á sínum tíma segir svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frv. til laga um“ o. s. frv.

Það má auðvitað velta því fyrir sér hvort stjórnvöld eigi að taka svona fyrirmæli frá Alþ. hátíðlega eða hvort þau eigi að virða þau að vettugi og láta það dragast að sinna því verkefni sem þeim er falið. En það er a. m. k. af þessu hægt að draga þann lærdóm að það er varlegra fyrir hæstv. Alþ. að leggja ekki allt of ríka kvöð á stjórnvöldin um að gera það, sem Alþ. er að fara fram á, fyrir næsta Alþ., heldur gefa þá ríkisstj. nægilegt svigrúm til þess að kanna það mál og undirbúa löggjöf um það.

En þó að ég geti fallist eftir atvikum, eins og ég sagði, á niðurstöðu þá sem n. hefur komist að, þá þykir mér rétt að fara um þetta mál fáeinum orðum áður en það er kvatt hér í d., og ástæðan til þess er sú að ég tel að umr. um þetta mál á Alþ. og þá miklu frekar utan þings hafi gætt mikils misskilnings. Hin ástæðan er sú að ég get ekki að öllu leyti verið ásáttur um þær ábendingar sem fram koma í nál. og þau rök sem niðurstaða þess er byggð á.

Viðvíkjandi fyrra atriðinu virðist mér það hafa komið fram einkanlega utan þings, einkanlega hjá ákveðnum blaðamönnum, að þeir standi í þeirri meiningu að þetta frv. sé samið fyrir og vegna blaðamanna. Það kvað meira að segja svo rammt að því að í einum útvarpsþætti, sem fram fór um þetta mál, lét einhver sér þau orð um munn fara að það væri nánast hneyksli að þetta frv. hefði verið samið án þess að hefði verið leitað til blaðamanna áður. En þetta frv. er ekki fyrst og fremst samið vegna blaðamanna eða fréttamanna. Þetta frv. er ekki um neina fréttaþjónustu. Það er ekki um neina fréttamiðl-

un og hefur aldrei átt að vera það. Þetta frv. er fyrst og fremst liður í kerfi sem er um tiltekin réttarúrræði. Þetta á að tryggja rétt einstaklingsins, veita honum möguleika á því að fá upplýsingar um þau mál fyrst og fremst sem hann snerta, en líka er gengið lengra hér þannig að einstaklingur, hver sem er, getur fengið vitneskju um skjöl, enda þótt þau varði ekki hann sjálfan. En það hefur aldrei verið meiningin og hefur aldrei verið ætlunin að þetta væri sérstaklega sniðið fyrir blaðamenn eða fréttamenn og þess vegna engin ástæða út af fyrir sig að frv. um þetta efni mætti ekki semja og ætti ekki að semja án þess að þeir hefðu einir eitthvað um það að segja. Þetta frv. er, eins og ég sagði, fyrst og fremst til þess að tryggja rétt einstaklingsins, til að tryggja rétt einstaklingsins í þjóðfélagi þar sem hið opinbera gerist æ umfangsmeira og hann fjarlægist og á erfiðara en áður að fylgjast með í kerfinu. Og það er, eins og ég sagði, einn hlekkur í keðju sem þarf að vera fyrir hendi og þykir sjálfsagt að sé fyrir hendi í réttarþjóðfélögum. Þar á meðal er embætti umboðsmanns Alþ. sem þykir sjálfsagt og frv. var lagt fram á sínum tíma af mér sem forsrh. Það er líka liður í þeirri keðju að málskot til æðra stjórnvalds geti átt sér stað. Þetta eru mjög þýðingarmikil réttarúrræði fyrir einstaklinginn, að eiga þess kost að kynna sér skjöl, ekki síst ef málið varðar hann sjálfan. Og í því sambandi er ákaflega erfitt oft að segja til um það hvað er stórt og hvað er smátt. Það, sem getur verið smátt í augum fjöldans, augum þjóðarinnar, getur verið stórt í augum þess einstaklings sem málið varðar. Þess vegna getur verið erfitt að vega og meta það og sníða reglurnar eftir því hve miklir hagsmunir út af fyrir sig eru í húfi ef með því er átt við það að það séu almannahagsmunir sem þar eigi fyrst og fremst að ráða.

Þennan leiða misskilning viðist mér ástæða til að leiðrétta og vona að menn skilji það og átti sig á því að það hefur ekki verið gengið fram hjá fréttamönnum í þessu efni og þetta frv. hefur aldrei verið sérstaklega sniðið upp á fréttaþjónustu eða fréttamiðlun. Hitt er annað mál að frv. er svo víðtækt að það veitir ekki einungis þeim einstaklingi, sem á hagsmuna að gæta í sambandi við skjal, aðgang að því, heldur öllum, og þar af leiðir að auðvitað hefur þetta líka sína þýðingu og getur skipt máli fyrir blaðamenn og fréttamenn að geta þannig átt kost á því, án þess að eiga sjálfir neinna sérstakra hagsmuna að gæta, að geta fengið aðgang að skjölum. Að því leyti til auðveldar þetta auðvitað upplýsingaöflun fyrir blöð og fjölmiðla eða getur gert það. En einmitt sums staðar hefur verið byrjað á þrengra sviði. T. d. voru dönsku lögin upphaflega sniðin með það fyrir augum að það væri bara sá einstaklingur sem málið varðaði sem gæti krafist upplýsinganna, en ekki aðrir. En þeir hafa síðar breytt sínum lögum og fært þau í viðara horf og ákveðið að hver sem væri gæti og ætti að eiga aðgang að þessum upplýsingum. Hitt er annað mál að lögin þar eru í endurskoðun og það er ekkert óeðlilegt að þar þurfi að breyta þeim eða að menn telji heppilegt að breyta þeim að fenginni reynslu. Annars er það svo að til viðbótar við dönsku lögin hafa nú verið gefnar út allítarlegar leiðbeiningar og hefði sá háttur væntanlega verið hafður á hér einnig ef orðið hefði af lagasetningu, af því að seint verða þessar reglur svo ljósar að það þurfi ekki að hafa frekari leiðbeiningar við. Þessar leiðbeiningar eru náttúrlega fyrir hendi og n. hefði getað fengið að kynna sér þær ef hún hefði óskað eftir því að sjá þær.

Ég vil óska þess að þann mikla vind, sem hefur hlaupið í einstaka blaðamenn út af þessu frv., og öll þau stóryrði, sem þeir hafa látið út úr sér um það, gæti nú lægt eftir þær upplýsingar sem hér hafa verið gefnar og það geti legið alveg ljóst fyrir hver hefur verið tilgangurinn með þessu frv. og að þeir þurfi ekki að setja sig á jafnháan hest og áður í því sambandi, að telja að hér hafi einungis verið um að ræða að semja löggjöf fyrir þá.

Í annan stað verð ég að láta í ljós það álit að ég tel að hv. allshn. hefði ekki átt að vera það ofraun að gera á þessu frv. þær breytingar sem hún taldi æskilegar og taka þá til greina þau sjónarmið sem fram höfðu komið í allmörgum umsögnum um það og flytja brtt. í þá átt ef hún vildi á þær fallast. Þarna er komið að nokkuð þýðingarmiklu atriði sem oft ber á góma hér í þingsölum. Það hefur alloft verið haft á orði að Alþ. ætti ekki að vera afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj., frv. frá ríkisstj. ættu ekki bara að renna í gegn viðstöðulaust heldur ætti Alþ. að kanna þau, kynna sér þau og gera á þeim þær breytingar sem það teldi við eiga. Ég er þessari skoðun samþykkur. Ég álít að stjfrv. þurfi ekki að vera þannig úr garði gerð að þm. geti bara rennt þeim niður eins og rauðgraut með rjóma, heldur sé það skylda þm. að fjalla um frv. í raun og veru, leggja í það vinnu og kanna þær umsagnir sem þeim berast og breyta þá eftir atvikum frv. í þá átt sem þær segja til um. Þetta held ég að hv. allshn. hefði getað gert í þessu tilfelli.

Ég held að þær athugasemdir eða sú gagnrýni sem hefur komið fram á þessu frv. bæði innan þings og utan, hafi beinst að tveimur atriðum, að tveimur gr. í þessu frv. og ekki öðru. Það er 2. gr. sem þykir vera allt of umfangsmikil og geyma allt of margar undantekningar frá höfuðreglunni í 1. gr., og það er 12. gr. um það að ráðh. skuli hafa endanlegt úrskurðarvald þar um.

Ég lít svo á að það hefði verið auðvelt fyrir n. að breyta í báðum þessum tilvikum. Ég hef lýst því yfir að ég legg ekkert upp úr því að ráðh. hafi endanlegt úrskurðarvald um þetta. Ég er fyrir mitt leyti alveg reiðubúinn og var reiðubúinn til þess að fallast á það. Það var ákaflega einföld breyting og hefði áreiðanlega ekki verið ofvaxið getu n. að gera hana því að til þess þurfti ekki að gera nema þá breytingu eina að segja bara að 2. málsgr. 12. gr. skyldi falla niður. Þá leiddi það af almennum reglum að eftir að búið var að taka það úr frv. heyrði endanlegt úrskurðarvald um þessi efni eins og önnur undir dómstóla. Hitt er svo annað mál, að það hefði kannske verið holt fyrir n. að athuga afleiðingarnar af því að leggja úrskurðarvald um efni sem þetta undir almenna dómstóla,

gera sér grein fyrir því hvernig mál ganga hjá íslenskum dómstólum og hvort það hefði verið svo heppilegt og mikið réttaröryggi í því fyrir einstakling að fá rétt til að skjóta máli sínu til dómstóla. Það er hvort tveggja, að það kostar talsvert að reka mál fyrir íslenskum dómstólum, og hitt er þó ekki minna um vert, að það tekur oft nokkuð langan tíma þangað til endanleg niðurstaða er fengin í málum hjá almennum íslenskum dómstólum. En þessi mál, sem þarna er um að tefla, eru þannig vaxin að það er einmitt meginatriðið oft og einatt að fá upplýsingarnar strax, en þurfa ekki að bíða eftir þeim. Ég er ósköp hræddur um að það geti orðið af mörgum einstaklingnum talið hafa heldur takmarkað gildi að geta átt von á því eftir svona 4 ár að fá endanlegan úrskurð Hæstaréttar um það að hann ætti heimtingu á að fá að sjá eitthvert skjal sem stjórnvöld hefðu ekki talið rétt að veita honum aðgang að. Það er engum blöðum um það að fletta að úrskurð ráðh. er hægt að fá á miklu skemmri tíma. Ég fyrir mitt leyti álít að þó að það megi mín vegna gjarnan standa í lögum sem þessum að dómstólar skuli eiga um þetta endanlegt úrskurðarvald, þá sé það mjög ópraktískt, þá sé með því í raun og veru verið að gera það úrskurðarvald haldlítið. Ég held að ef menn vilja ekki sætta sig við það að ráðh. hafi endanlegt úrskurðarvald um þetta, — og ég get vel fallist á að þá skipan megi gagnrýna, — þá þurfi að setja upp sérstakan aðila, dómstól eða nefnd eða hvað sem menn vildu kalla það, sem hefði úrskurðarvald um þetta efni og skæri úr því og skæri úr því fljótt.

En sem sagt, um þetta efni hefði ekki þurft að vera neinn ágreiningur og framgangur málsins hefði ekki á neinn hátt þurft að stranda á því. Það hefði vissulega verið auðvelt að fella þetta ákvæði niður, 2. málsgr. 12. gr. Hitt er svo annað mál sem menn segja varðandi 2. gr. Þeir segja að þar séu undantekningarnar svo margar að beri höfuðregluna í 1. gr. ofurliði. Já, undantekningarnar eru margar, þær eru 16 talsins, en ég fyrir mitt leyti held að það sé ekkert höfuðatriði hvort undantekningarnar eru settar upp í 16 liði eða eitthvað færri. Undantekningar í norsku lögunum eru t. d. 8 talsins, en ekki 16, en ég hygg að þær muni að mestu leyti svara til þeirra undantekninga sem er að finna í 2. gr., en þeim er steypt saman og vitaskuld hefði mátt fara þá leið um 2. gr. En hvers vegna eru þessar undantekningar hafðar svona sundurliðaðar þarna? Meiningin með því var og er einmitt sú að reyna að afmarka þær sem skýrast þannig að hverjum og einum megi vera ljóst hvenær hann má vænta þess að fá aðgang að skjali eða ekki. Með því að reyna að taka það svona skýrt fram, sem þó verður auðvitað aldrei tæmandi gert, þá álít ég að það sé í rauninni meira öryggi í því fyrir einstaklinginn að geta vitað það, hvenær hann á rétt á skjali eða ekki eða hvenær einhver undantekning á við. Það er miklu auðveldara heldur en ef það er talið upp í einhverjum almennum orðum hvenær skjal sé undanþegið upplýsingaskyldu. Sannleikurinn er sá að þetta mætti gera afskaplega einfalt og stytta 2. gr. og e. t. v. hefði mönnum litist þá betur á frv. Hún þyrfti ekki að vera lengri en 1. gr. Það hefði einfaldlega mátt setja hana þannig upp, að segja sem svo: Undanþegin upplýsingaskyldu samkv. 1. gr. eru skjöl er geyma efni sem samkv. lögum, hagsmunum þess opinbera eða einstaklinga eiga að fara leynt. — En með þessu væri matið í þessum efnum lagt á vald hlutaðeigandi stjórnvalds meira en góðu hófi gegnir. En n. þykir 2. gr. of umfangsmikil og undantekningarnar of margar og það er út af fyrir sig skoðun. En þá hefði að mínum dómi sú leiðbeining, sem n. lætur frá sér fara í nál., átt að vera um það hverjum af þessum undantekningum, sem upp eru taldar í 2. gr., sé ofaukið. Það er það sem hefði þurft að taka fram og það sem máli skiptir, að benda á hverjar af þessum undanþágum, sem eru taldar upp í 2. gr., megi missa sig. Það er enginn vandi að steypa þeim saman og setja þetta saman í 5 liði t. d. ef menn vilja. En hvaða atriði eru það í 2. gr., sem menn telja að undanþága frá upplýsingaskyldu þurfi ekki að koma til greina, það er það sem n. hefði átt að segja. Það er það sem hefði veitt leiðbeiningu fyrir þau stjórnvöld sem eiga nú að halda áfram að vinna að samningu þessa frv., en ekki segja bara með almennum orðum að undantekningarnar séu of margar, heldur hverjar undantekningar eigi að víkja, því að í 2. tölul. í nál. segir aðeins: „Vafasamt er að hafa í slíkri löggjöf eins ítarlega upptalningu á undanþágum og gert er í 2. gr. frv. Má nánast segja, að sá réttur, sem getið er í 1. gr., sé afturkallaður með undanþágum í 2. gr. og verði í raun mun þrengri en hann er í framkvæmd nú án löggjafar."

Að mati n. kemur til álita að sleppa slíkri upptalningu í 2. gr., en hafa undanþágurnar almennari. Mundi nú hv. allshn. hafa gert sér grein fyrir því hvort hún væri með þessari stefnu að auka eða rýra réttaröryggi einstaklingsins? Sú stefna, sem ég fæ út úr þessari stefnuyfirlýsingu, er sú að það eigi að leggja það á vald og mat stjórnvaldsins án þess að það sé tekið fram sérstaklega hvenær undanþágan eigi að vera fyrir hendi.

Ég skal ekki fara fleiri orðum í sjálfu sér um þetta, en ég vil aðeins víkja nánar að þeim röksemdum sem n. byggir álit sitt á, en endurtek það að með góðum vilja og á grundvelli þeirra umsagna, sem fyrir liggja frá hv. allshn., hefði hún getað samið brtt. við frv. og þannig sýnt að hún var þess betur umkomin en þeir sem sömdu frv., að ganga frá því á þá lund að það hefði verið frambærilegt. En ég ætla aðeins, eins og ég sagði, að víkja að þeim röksemdum sem komu fram í nál. og ég get ekki að öllu leyti fallist á.

Þá vík ég fyrst að því sem segir í 2. lið, að þar sem sett er fram sú fullyrðing að með þessu verði upplýsingaskyldan í raun og veru þrengri en nú er í framkvæmd. Ég held að þetta fái ekki staðist. Ég held að það sé vafasamt að segja eins og hv. frsm. sagði að það hefði myndast hefð um upplýsingaskyldu hér í ýmsum tilfellum. Ég held að það hafi ekki myndast hefð um upplýsingaskyldu í þessum efnum sem hér er um að ræða, um aðgang almennings að skjölum

í fórum opinberra stjórnvalda, nema þá í algjörum undantekningartilfellum og á takmörkuðu sviði. Ég veit að það er oft tíðkað og gert að ef einstaklingur sá, sem hlut á að máli, óskar eftir því að fá að sjá skjöl þau, sem mál hans varða, þá fær hann aðgang að þeim. En að það sé svo almennt að hver og einn geti gengið inn á skrifstofu stjórnarráðsins, inn á skrifstofur Reykjavíkurborgar og óskað eftir því að sjá skjöl um eitthvert efni, ég held að það þekkist ekki, sé alrangt. Hvorki einstaklingar, blaðamenn né neinir fá þann rétt. Til þess að slíkt komi til greina held ég að málið verði að varða þann einstakling sem í hlut á. Ég held þess vegna að það sé staðhæfing sem fer mjög fjarri raunveruleikanum að þetta frv., ef að lögum yrði eða hefði orðið, hefði þrengt þann rétt sem fyrir hendi er í þessu efni. Sannleikurinn er sá að það er ekki fyrir hendi neinn almennur réttur fyrir einstakling til aðgangs að skjölum hjá því opinbera, og það er það sem átti að reyna að lögfesta með þessu frv. og setja reglur um, reglur sem öllum er ljóst að verða að vera af ýmsum ástæðum háðar mikilvægum undantekningum, en geta samt sem áður gert sitt gagn og haft sína þýðingu. Þetta held ég að hljóti að hafa verið vanhugsað hjá n., að setja þetta fram, vegna þess að ég held að það standist ekki. Ég held t. d. að menn geti ekki farið almennt inn í skrifstofu útvarpsráðs og fengið upplýsingar um gang mála þar. Ég held að þeir geti ekki farið inn í skrifstofur Reykjavíkurborgar eða annarra sveitarfélaga og fengið afhent skjöl sem þar er að finna í skjalasafni. Það er alveg af og frá. Einungis ef málið varðar einstaklinginn sjálfan, þá getur stjórnvaldið — við skulum segja af góðmennsku sinni — gefið honum færi á að sjá það, en það er ekki skyldað til þess. (Gripið fram í: Í því felst venjan, í góðmennskunni.) Já góðmennskan getur nú verið misjöfn hjá stjórnvöldum eins og öðrum, og það er ekki alltaf víst að einstaklingurinn mæti þeirri hjartahlýju sem hv. frsm. virðist ganga út frá hjá stjórnvöldum.

Varðandi 3. liðinn í nál., þá hef ég reyndar minnst á það áður, að þar sem segir: „Fram þarf að koma, að upplýsingaskyldan geti verið mismunandi með hliðsjón af því, hve veigamiklir hagsmunir eru í húfi," — ég hef áður minnst á að í þessu sambandi er það ákaflega vandasamt mat hvenær hagsmunir eru veigamiklir vegna þess að grunntónninn í þessu frv. er einstaklingurinn og hans réttur. Það, sem getur frá almannasjónarmiði verið ákaflega lítilvægt, það getur verið svo mikilvægt frá sjónarmiði einstaklingsins að það getur jafnvel raskað sálarfriði hans um lengri eða skemmri tíma ef hann fær ekki upplýsingar um það efni sem hann er að sækjast eftir og varðar hans mál.

Þá segir í 4. lið: „Skilgreiningar skortir á ýmsum hugtökum, svo sem hvað sé stjórnvald og hvenær sú skylda hvílir á stjórnvöldum og ríkisstofnunum að skýra óumbeðið opinberlega frá störfum og vitneskju."

Ég get ekki fallist á að það vanti í þetta frv. skilgreiningu á því hvað sé stjórnvald. Þá skilgreiningu er að finna í 3. gr. frv. alveg skýrum stöfum, 1. málsgr. að því er varðar stjórnvald ríkisins og 2. málsgr. að því er varðar stjórnvald sveitarfélaga, þannig að það er ekki svo. Það má kannske segja að þetta sé ekki alveg réttnefni á þessu frv., að tala um upplýsingaskyldu, vegna þess að það er gert ráð fyrir því að það sé ekki um upplýsingaskyldu að eigin frumkvæði stjórnvalds að tefla. Það er rauði þráðurinn í því og alltaf er gengið út frá því að það sé einstaklingur sem eftir verði að leita, verði að leita eftir því að fá aðgang að skjali. Það er ekki í þessu frv. um það að tefla að skylda stjórnvöld til þess að skýra af eigin hvötum opinberlega frá gerðum sínum og allra síst að leggja fram skjöl sem þau hafa í sínum vörslum. Það er allt annað mál og getur auðvitað verið fullkomlega réttmætt að gera þá kröfu til stjórnvalda að þau skýri opinberlega frá starfsemi sinni. Mörg stjórnvöld gera það reyndar með ítarlegum ársskýrslum. Margar stofnanir gera það með skýrslum. En auk þess mætti kannske minna á gamalt ákvæði, að vísu í lögum, þar sem einmitt er um að tefla skyldu opinberra starfsmanna til þess að gera grein fyrir þeirri starfrækslu sem þeir eiga að annast, og það er í lögum, ef ég man rétt nr. 14 frá 1932. Þar segir að opinberir embættismenn og sýslunarmenn séu skyldir til að flytja opinbera grg. einu sinni eða tvisvar á ári hverju í útvarpið um þá starfsemi sem þeir eiga að annast, og það er tilvalið fyrir hv. frsm., sem gegnir nú störfum varaform. útvarpsráðs, að athuga hvernig þessu hafi verið fylgt eftir í framkvæmd. Þetta er sérstaklega athyglisvert vegna þess að þessi skylda hvílir á þessum handhöfum hins opinbera valds, að gera þetta ókeypis. E. t. v. gæti útvarpinu orðið nokkur sparnaður að því að ganga ríkt eftir því að þessar grg. væru fluttar. Hitt er svo annað mál, hvort öllum þætti skemmtilegt á að hlýða. Ég hygg að það sé nokkuð langt síðan þessar grg. hafa verið fluttar. Eigi að síður stendur þetta ákvæði, að ég best veit, enn þá í lögum óbreytt.

Ég held annars að þótt þetta sé fullrar athygli vert, spurningin um hvenær stjónvald eigi af sjálfsdáðum að skýra opinberlega frá, þá eigi það ekki beint heima í þessu frv. Ég held að ef menn vildu setja ákvæði um það efni fyllri en eru í lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda í lögum nr. 64 frá 1943, þá eigi slík ákvæði heima sem viðauki við þau lög og ætti þá að setja upp sérstaka deild þeirra tíðinda, alveg eins og gert var á sínum tíma þegar bætt var við einni deild þar sem milliríkjasamningar eru birtir. En ég held að það eigi ekki heima í sambandi við þetta frv.

Í 5. lið segir að það sé rætt um skjöl, en ekki minnst á að hægt sé að geyma vitneskju á annan hátt, svo sem með segulböndum, myndum og tölvum. Þetta er alveg rétt, að frv. minnist ekki á annað en skjöl, og það er sjálfsagt meira en vafasamt og ég skal ekkert fullyrða um það hvort það yrði skýrt svo að þessi tæki, sem þarna eru nefnd, myndu falla undir það eða ekki, það gæti verið vafasamt. Það er vissulega athugunarefni að fella slíkt inn í og veita mönnum aðgang að því. Ég get fallist á það. En ég hugsa að það hafi ekki verið tekið með í þetta frv. af þeirri sök að það var frekar lítið farið

að nota, held ég, slíkt á þeirri tíð sem þetta frv. var tekið saman. Mætti vera að mönnum hefði orðið þetta ríkara í huga á allra síðustu tímum bæði vegna útlendra og innlendra atburða. En eigi að síður getur verið ástæða til þess að taka það sjónarmið til athugunar og getur verið réttmætt að fella það inn í og láta hliðstæðar reglur gilda um það eins og gilda um skjöl.

Þá vil ég að lokum aðeins minnast á það sem sumpart kom fram í framsöguræðu hv. frsm., en sumpart hafði komið fram áður í blaðaviðtali við hann í Morgunbl. sem birtist skömmu eftir að þetta nál. sá dagsins ljós. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sagði Ellert að þetta hefði einnig verið skoðun þeirra aðila sem gefið hefðu umsagnir um frv., sem sagt að undantekningarnar væru of margar. Væri þetta meginástæðan fyrir því að n. teldi sér ekki fært að mæla með frv. Þá sagði Ellert að n. hefði fundið ýmislegt annað athugavert, t. d. þýðingar svipaðra frv. á öðru máli, en virtust of hráar, það væri ekki reynt að staðfæra þær."

Sama hugsun kom fram hjá hv. frsm. í framsöguræðu hans áðan að mér virtist, eða ég skildi það svo að hann væri að gefa í skyn að þetta frv. væri nánast þýðing á sambærilegum lögum öðrum. Ég held að þetta séu ómakleg ummæli í garð þeirra manna sem tóku þetta frv. saman. Ég held að það megi hverjum vera ljóst ef hann ber það saman við t. d. norsku lögin eða dönsku lögin að þetta frv. er ekki nein þýðing á þeim lögum enda þótt tekið sé fram í grg. með þessu frv. að það sé einkum sniðið eftir dönskum og norskum lögum. Ég held að það liggi í augum uppi ef frv. eru borin saman að þarna er ekki um neina þýðingu að ræða. Sjálfsagt er máli á frumvörpum oft ábótavant, en ég get ekki fallist á að á þessu frv. sé neitt verra mál, verri íslenska heldur en gengur og gerist þannig að mér finnst ómaklega sagt í garð þeirra manna sem frv. hafa samið.

Það er ekki ástæða til þess að ég fari fleiri orðum um þetta þar sem örlög þessa frv. eru nú ráðin. Ég hef, eins og ég þegar hef tekið fram, fallist á að því væri vísað til ríkisstj. til nánari skoðunar. En það sem ég hef sagt hef ég þó viljað láta koma hér fram áður en málið væri afgr. með þessum hætti. Þó að ég fallist ekki á þær ábendingar sem settar eru fram í nál., þá verða þær að sjálfsögðu kannaðar. En ég held að það hefði verið æskilegt að hv. allshn. hefði kannað þetta mál öllu betur en mér virðist að hún hafi gert og byggt þar á eigin athugun, eigin dómgreind, en ekki látið um of stjórnast af þeirri golu sem vakin hefur verið upp um þett frv. utan þingsalanna.

Umr. frestað.

Ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins, frv. (þskj. 484). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins samkv. l. nr. 2 frá 1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa. Talið var að gengisbreytingin frá 14. febr. s. l. hefði verið nægileg til að skila sjávarútveginum í heild þolanlegri rekstrarstöðu. Hins vegar hefur öllum verið ljóst að eftir stóð óleystur vandi veiðigreinanna þrátt fyrir fiskverðshækkunina sem gerð var fyrir gengisbreytingu, en með henni var einkum tekið mið af því að tryggja sanngjarna hækkun á aflahlut sjómanna til samræmis við breytingar á tekjum annarra stétta og laga verðhlutföll milli fisktegunda og stærðarflokka að markaðsaðstæðum. Áætluð meðalverðhækkun fiskverðs er talin vera 14.5%, þar af fær bátaflotinn um 16.1%, minni skuttogarar 12.9% og stærri skuttogarar 10.3%. Í þessu sambandi vil ég geta þess að fiskverð hækkaði um 11% 1. sept. á s. l. ári, en hafði þá verið óbreytt frá 1. jan. 1974. Um langt skeið hafa fiskkaupendur orðið að greiða viðbótarverð á fyrsta flokks línufisk og var það ákveðið 75 aurar á kíló frá 1. jan. 1974, en hækkaði í 85 aura 1. sept. á s. l. ári og 1 kr. frá 1. jan. 1975. Á móti þessu hefur ríkissjóður greitt 40 aura á kg og hefur sú greiðsla verið óbreytt frá 1. jan. 1972, en var hækkuð um 50% eða í 60 aura frá síðustu áramótum.

Eins og áður er sagt var óleystur vandi hjá veiðigreinum þar eð gengisbreytingin olli miklum kostnaðarhækkunum hjá útgerðinni, en auk þess höfðu viðskiptakjör útvegsins breyst mjög til hins verra vegna stórhækkaðs olíuverðs og mikilla hækkana á öðrum rekstrarvörum útgerðarinnar.

Í árslok síðasta árs var verð á gasolíu til íslenskra fiskiskipa 5.80 kr. á lítra, en hækkaði í 8.20 kr. hinn 11. jan. s. l. eða um 2.40 kr. á lítra. Samsvarandi hækkanir urðu á öðrum tegundum olíu. Þessi hækkun hefði kostað útveginn um 387 millj. kr. á ári. Enn hækkaði olían hinn 19. febr. og þá í 11.70 kr. lítrinn til fiskiskipanna og hefði það kostað útveginn 564 millj. kr. Alls hefðu þessar tvær hækkanir á olíu valdið útveginum um 950 millj. kr. kostnaðarauka á ári. Með tilvísun til framangreindra atriða er frv. þetta flutt til að bæta hag veiðigreinanna með tekjutilfærslu frá vinnslugreinum og með ráðstöfun gengismunar í þágu útgerðarinnar.

1. gr. frv. fjallar um ráðstöfun gengismunar sem myndaðist vegna ákvörðunar Seðlabankans um breytingu á gengi ísl. kr. og vísa ég í því sambandi til 2. gr. laga nr. 2 frá 1975. Samkv. síðustu áætlun Seðlabankans, sem birt er með aths. þessa frv., er gert ráð fyrir að þessi gengismunur muni nema samtals 1644 millj. kr., en samkv. þessari gr. frv. er ráðstafað 1627 millj. kr. þannig að segja má að teflt sé á tæpasta vað. Heildargengismunurinn er um 1844 millj. kr. eins og kom fram í aths. með þessu frv., en samkv. ákvæðum 2. gr. l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytt gengi krónunnar eru greiddar um 200 millj. kr. vegna hækkaðs flutningskostnaðar á þær afurðir, sem fluttar eru út og greiddar á hinu eldra gengi, og enn fremur til að mæta skakkaföllum sem áætluð eru eins og segir í aths. frv.

Samkv. a-lið 1. gr. er lagt til að verja 75 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna til að styrkja

getu þeirra til að greiða lífeyri þeim sjómönnum sem lífeyrisgreiðslna eiga að njóta á þessu ári og næstu árum. Í sambandi við ákvörðun fiskverðs í febr. og setningu laga um ráðstafanir vegna breytingar á gengi ísl. kr. lýsti ríkisstj. því yfir að hún mundi beita sér fyrir því að 75 millj. kr. af gengishagnaði skv. 2. gr. l. yrði varið til eflingar lífeyrissjóðum sjómanna, einkum til þess að styrkja getu þeirra til að greiða lífeyri þeim sjómönnum, sem lífeyrisgreiðslna eiga að njóta á þessu ári og næstu árum, og til annarra umbóta á lífeyrisrétti sjómannastéttarinnar.

Sjómenn eru nú að miklum meiri hl. sjóðsfélagar í Lífeyrissjóði sjómanna. Sjóðurinn var stofnaður með lögum árið 1958 og var upphaflega eingöngu fyrir togarasjómenn en síðar öðluðust undirmenn á farskipum einnig aðild að honum. Árið 1969 sömdu bátasjómenn og útvegsmenn um lífeyrisréttindi til handa bátasjómönnum frá ársbyrjun 1970 að telja og var þá lögum sjóðsins breytt með tilliti til aðildar bátasjómanna. Árið 1969 varð enn fremur um það samkomulag milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda að verkafólki í landi skyldi almennt tryggð aðild að lífeyrissjóðum. Í nokkrum byggðarlögum og landshlutum kusu bátasjómenn að eiga aðild að nýjum sjóðum, er þá voru stofnaðir, í stað þess að verða sjóðsfélagar í lífeyrissjóði sjómanna og voru af þeirri ástæðu sett ákvæði um undanþágur frá þátttöku í þeim sjóði. Eru nú 3 stórir byggðarlagasjóðir auk nokkurra smærri sjóða með bátasjómenn innan sinna vébanda, þ. e. Lífeyrissjóður vestmanneyinga, Lífeyrissjóður vestfirðinga og Lífeyrissjóður Austurlands. Höfuðvandamál allra þessara lífeyrissjóða eins og raunar íslenskra lífeyrissjóða almennt, er að sjálfsögðu verðbólgan. Með lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, var kveðið á um nýjan grundvöll lífeyrisréttinda frá 1. jan. 1972 að telja og sjálfkrafa hækkanir næstu tvö ár, 1973 og 1974. Eftir það skyldu ákvarðanir um áframhaldandi hækkanir teknar með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins og þeirri aukningu skuldbindinga sem hækkanirnar hefðu í för með sér. Hefur hækkun fyrir árið 1975 verið ákveðin í samræmi við till. sjóðsstjórnar. Í reglugerðum flestra lífeyrissjóða verkalýðsfélaga, sem hafa sjómenn innan vébanda sinna, er gert ráð fyrir takmörkuðum og skilorðsbundnum verðbótum á lífeyrisgreiðslur er ákveðnar skulu fyrir tiltekið tímabil í senn með hliðsjón af fjárhagsstöðu hlutaðeigandi sjóðs annars vegar og skuldbindingum þeim, sem af lífeyrishækkun leiðir, hins vegar. Hefur verið gert ráð fyrir að ákvarðanir um slíkar hækkanir skuli í fyrsta sinn teknar á yfirstandandi ári.

Áður hefur gengishagnaði tvívegis verið varið til stuðnings lífeyrissjóðum sjómanna, þ. e. 25 millj. kr. með lögum nr. 52 frá 1974 og 15 millj. kr. með lögum nr. 106 frá s. l. ári. Af þessum 40 millj. hefur Lífeyrissjóður sjómanna fengið rúmlega 77%, áðurnefndir þrír byggðarlagasjóðir 19%, en afgangurinn hefur skipst á milli fjögurra smærri sjóða. Þau framlög, sem hér um ræðir, vega ekki þungt á móti þeirri verðrýrnun höfuðstóls sem lífeyrissjóðirnir hafa orðið fyrir af völdum verðbólgunnar undanfarin ár. Þeim er hins vegar ætlað að tryggja að greiðslur til lífeyrisþega, sem enn eru tiltölulega fáir, geti hækkað með hækkandi kauplagi og verði þannig að hluta verðtryggðar um nokkur næstu ár a. m. k., eða svo lengi sem framlögin endast. Frambúðarlausn vandamála lífeyrissjóðanna tryggja framlög þessi að sjálfsögðu ekki. Almennur eftirlaunaaldur hjá Lífeyrissjóði sjómanna er nú 65 ár, en heimilt er að hefja töku lífeyris fyrr að uppfylltum tilteknum skilyrðum um lengd starfstíma á sjó. Af hálfu sjómanna hefur verið lagt kapp á frekari lækkun eftirlaunaaldurs og er einkum átt við þetta atriði í yfirlýsingu ríkisstj. þegar minnst er á aðrar umbætur á lífeyrisrétti sjómannastéttarinnar.

Til fróðleiks skal ég geta þess að þessar 40 millj., sem hafa verið til skipta til að bæta stöðu lífeyrissjóða sjómanna, hafa skipst þannig að hinn almenni lífeyrissjóður sjómanna hefur fengið 30 millj. 976 þús., Lífeyrissjóður Bolungarvíkur tæpa hálfa millj., Lífeyrissjóður vestfirðinga 2 millj. 656 þús., Lífeyrissjóður verkamanna á Hvammstanga 4 þús., Lífeyrissjóður stéttarfélaga í Skagafirði 164 þús., Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Norðurl. v. 724 þús., Lífeyrissjóður Austurlands 2 millj. 288 þús. og Lífeyrissjóður vestmanneyinga 2 millj. og 700 þús.

Þá er gert ráð fyrir því skv. b-lið þessarar 1. gr. að 950 millj. kr. verði varið til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda. Gert er ráð fyrir að öll gengistryggð lán verði bætt, en það þýðir að lán Fiskveiðasjóðs, sem eru gengistryggð að hluta, munu njóta þessara bóta. Skv. athugun, sem gerð hefur verið, mun láta nærri að heildarupphæð þeirra lána, sem bætt verða skv. þessari gr., séu um 16 þús. millj. kr., en skv. því mundu gengisbæturnar verða tæp 6% af stofnupphæðinni. Talið er að eigendur fiskibáta muni fá um 41% af heildarupphæðinni en eigendur togara um 59%. Gert er ráð fyrir að þessar bætur verði greiddar á 3 árum frá 14. febr. s. l. að telja og að Fiskveiðasjóður Íslands annist greiðslurnar í gegnum sérstaka stofnfjárreikninga. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að þessum bótum verði þinglýst sem kröfum á þau skip sem veðsett eru til tryggingar viðkomandi láni, — kröfum sem ekki verði innheimtar nema við sölu skipanna. Verður þetta að teljast eðlileg ráðstöfun og munu verða settar nánari reglur hér að lútandi í samvinnu við Fiskveiðasjóð.

Ég vil geta þess hér að lán Fiskveiðasjóðs vegna erlendra skipakaupa voru 181.7 millj. kr. á árinu 1972, en 1110 millj. kr. á árinu 1973, 1691 millj. kr. á s. l. ári og þau eru áætluð að vera um 2 400 millj. kr. á yfirstandandi ári. Sömu ár voru lán vegna innlendrar skipasmíði 538 millj. 1972, 615 millj. á árinu 1973, 428 millj. á árinu 1974, en nú eru áætluð lán á yfirstandandi ári vegna innlendrar skipasmíði hvorki meira né minna en 1120 millj. kr. Heildarútlán Fiskveiðasjóðs þessi ár voru 1263 millj. árið 1972, 2 milljarðar 249 millj. 1973 og 2 milljarðar 661 millj. á s. l. ári, en eru áætluð tæpar 4000 millj. á þessu ári.

Samkv. þessum lið, b-lið, er enn fremur gert

ráð fyrir því að sjútvrn. geti ráðstafað allt að 400 millj. kr. af heildarfjárhæðinni til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja skv. nánari reglum sem sjútvrn. setur. Er þetta ákvæði sett til að auðvelda úrvinnslu sem fram fer hjá bankakerfinu í því skyni að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi, en eins og kunnugt er eru sams konar ákvæði í lögum nr. 106 sem afgr. voru í des. á s. l. ári.

Í sambandi við umrædda úrvinnslu hjá bankakerfinu vil ég geta þess að 15. þ. m. höfðu verið samþ. samtals 84 lánveitingar, samtals að upphæð 1005 millj. kr., og samfara því er reiknað með að fjárfestingarlánasjóðir veiti gjaldfrest á gjaldföllnum afborgunum samtals að upphæð 95 millj. kr. þannig að búið er að ráðstafa þegar um miðjan apríl 1100 millj. kr. til að bæta greiðslustöðu í sjávarútvegi. Í framkvæmd er stefnt að því að lán til skamms tíma og veltufjármunir standist á hjá viðkomandi fyrirtækjum. Það hefur valdið mér vonbrigðum hve seint þetta mál hefur unnist og hve afgreiðsla samþykktra lána hefur dregist hjá viðskiptabönkunum, en um þessi atriði verður enginn einn sakaður, þar er um margar samverkandi ástæður að ræða, en þessum málum verður flýtt eins og tök eru á.

Skv. c-lið þessarar greinar er gert ráð fyrir að ráðstafa 300 millj. kr. sem óafturkræfu framlagi til Fiskveiðasjóðs Íslands. Fénu á að ráðstafa til að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskiskipum, en þörfin á þeirri lánafyrirgreiðslu er mjög vaxandi. Er þess vænst að þar með verði unnt að afgreiða slík lán jafnóðum og lánshæfar umsóknir berast sjóðnum, en s. l. 3 ár hafa útlán Fiskveiðasjóðs á þessu sviði verið þessi: 1972 198.7 millj. kr., 1973 192.8 millj. kr., 1974 211.3 millj. kr. og á þessu ári er áætluð fjármagnsþörf um 400 millj. kr.

Skv. d-lið þessarar gr. á að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir ef skip þeirra eru dæmd ónýt, enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti. Hér er um gamla hugmynd að ræða, þ. e. um ellisjóð fiskiskipa eins og komist er að orði í bréfi Fiskveiðasjóðs á s. l. ári í sambandi við annað mál, en hér er um fyrsta framlag að ræða í þessu skyni, — framlag sem lagt yrði í sérstakan sjóð sem verður ætlað að sinna fyrrgreindu hlutverki og jafnvel því að kaupa skip sem fyrir aldurs sakir væru talin þjóðhagslega óhagkvæm til útgerðar. Um ráðstöfun þessa fjár verða höfð samráð við hlutaðeigandi samtök og Fiskveiðasjóð.

Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minna á að í maí 1958 var stofnuð deild í Samábyrgð Íslands á fiskiskipum um tryggingar á bráðafúa í tréskipum og eigendur slíkra skipa skyldaðir til að tryggja skip sín gegn þessu tjóni. Fyrstu 10 árin voru komin 304 tilfelli af þess konar skemmdum og námu bótagreiðslur 213 millj. kr. Nú eru um 400 skip tryggð gegn bráðafúa. Þetta sýnir vel þörfina sem var á þeim tryggingum, og mér segir svo hugur að eins fari í sambandi við þá sjóðstofnun sem hér er fyrirhuguð en auðvitað í allt of litlum mæli.

Til Olíusjóðs fiskiskipa er gert ráð fyrir að verði varið 80 millj. kr. skv. e-lið þessarar gr. til að jafna greiðsluhalla sjóðsins til 15. febr. s. l., en þá er reiknað með að olíuhækkunin 11. jan. verði greidd niður þannig að olíuverð til íslenskra fiskiskipa verði hið sama og það var fyrir áramótin eða 5.80 á gasolíulítra og tilsvarandi verð á svartolíu. Olíusjóðurinn var stofnaður með brbl. nr. 87/1974, sbr. 4. gr., en hlutverk sjóðsins er, eins og öllum er kunnugt, að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa. Tekjur sjóðsins koma frá sérstöku útflutningsgjaldi sem er 5% af saltfiski og skreið og 4% af öðrum afurðum og voru þá áætlaðar 1230 millj. kr. miðað við heilt ár. Framan af árinu, eða frá 1. jan. til 31. maí, var ætlunin að leysa olíuvanda íslensku fiskiskipanna með sérstöku loðnuútflutningsgjaldi, sem með brbl. frá 11. jan. 1974 var ákveðið 5% af loðnuafurðum framleiddum það ár, sem reyndist svo fjarri því að duga, m. a. vegna verðfalls á loðnumjöli. Vitað var að greiðslustaða Olíusjóðsins yrði erfið um áramótin síðustu, enda þótt verðlag á olíu yrði óbreytt, en hækkunin 11. jan. gerir það að verkum að þessi greiðsla er óumflýjanleg.

Miðað við óbreytt ástand hefur verið reiknað með að núverandi tekjustofnar Olíusjóðs skiluðu 1500—1550 millj. kr. á ári, en miðað við að greiða olíuna niður í sama verð á s. l. ári, eða 5.80 á lítra og tilsvarandi á svartolíu, er tekjuþörf sjóðsins talin vera um 2500 millj. kr.

Skv. f-lið þessarar gr. er 100 millj. kr. ráðstafað til Tryggingasjóðs fiskiskipa til að bæta greiðslustöðu hans, eins og segir í aths. með frv. Tryggingarupphæð flotans hefur hækkað verulega, eða um 30% frá síðustu áramótum, og gert er ráð fyrir að iðgjaldaprósentan hækki nokkuð. Þrátt fyrir þessar hækkanir er gert ráð fyrir að tekjur sjóðsins muni nægja til greiðslu áætlaðra iðgjaldastyrkja miðað við greiðslugrunn, en þá er í reynd gert ráð fyrir 6 mánaða töf á greiðslu styrkjanna.

Ég vil í þessu sambandi fara nokkrum orðum um greiðslutilhögun sjóðsins. Greiðslureglur til báta voru eins árið 1972 og 1973 þannig að sjóðurinn greiddi staðaliðgjöld skv. ákvörðun iðgjaldanefndar að frádregnum 6% vegna áætlaðra hafnleguendurgreiðslna vegna skipa yfir 100 rúmlestir. Vegna skipa undir 100 rúmlestum greiddi sjóðurinn 94% iðgjalda, þó aldrei meira en nettóiðgjald, þ. e. iðgjald að frádregnum endurgreiðslum vegna hafnlegu og uppistöðu. Enn fremur greiddi sjóðurinn 77% iðgjalda vegna bráðafúatryggingar. Miðað var við að skip hefði fullt úthald 270 daga á ári. Væri úthald skemmra lækkaði greiðslan hlutfallslega. Greiðslureglur voru að mestu þær sömu á s. l. ári, nema hvað ekki er talið til úthaldstímabils þegar bátur er til viðgerðar. Með bréfi sjútvrn., dags. 2. maí 1974, voru greiðslureglur fyrir árið 1974 ákveðnar og þar er ákveðin skerðing, sem snert getur alvarlega þau skip sem lítið afla eða skila litlu aflaverðmæti, og er það veigamesta breytingin frá eldri greiðslureglum. Umrædd skerðingarákvæði eru þess efnis að greiðslur skuli aldrei vera hærri en 10% af aflaverðmæti viðkomandi skips á árinu að greiðslu í stofnfjársjóð meðtalinni. Með þessu ákvæði var

ætlunin að skapa aðhald, þannig að bátum með lítið aflaverðmæti en háu iðgjaldi yrði í minna mæli en áður haldið uppi á kostnað hinna sem skila meira aflaverðmæti. Með bréfi rn. frá 11. nóv. s. l. var þetta skerðingarákvæði rýmkað nokkuð og hækkað úr 10 í 15% skv. tilmælum L. Í Ú. og meðmælum stjórnarnefndar Tryggingasjóðs.

Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deildar fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja, er ætlað að verja 50 millj. kr. skv. g-lið þessarar 1. gr. til greiðslu verðbóta vegna loðnumjöls og fiskimjöls á vetrarvertíð 1975, en við ákvörðun loðnuverðs 23. mars s. l. var gefið fyrirheit um að 25 millj. kr. yrði ráðstafað af gengismun til sjóðsins til að verðbæta það mjöl sem framleitt yrði eftir þann tíma. Var það gert til að tryggja framhald veiðanna meðan veiðivon var. Ef það hefði ekki verið gert hefðu þau skip hætt loðnuveiðum 23. mars og því taldi ríkisstj. eðlilegt og rétt að gefa þetta fyrirheit um 25 millj. kr., enda held ég að það hafi alveg ótvírætt borgað sig fyrir þjóðarbúið.

Skv. h-lið þessarar greinar á að verja 10 millj. kr. til rannsókna og styrkveitinga til þeirra fiskiskipaeigenda sem breyta vilja vélbúnaði skipa sinna þannig að þær brenni svartolíu í stað gasolíu. Svartolíunefnd var skipuð af sjútvrn. og hefur hún undir forustu Gunnars Bjarnasonar fyrrv. skólastjóra Vélskólans unnið ötullega að tilraunum og kynningu á notkun svartolíu sem orkugjafa í stað gasolíu í vélar í íslenskum fiskiskipum. S. l. haust sýndu eigendur japönsku togaranna mikinn áhuga á þessu máli, enda höfðu tilraunir í einum af þessum togurum gefist vel. Félag þessara togaraeigenda óskaði síðan eftir aðstoð rn. til að breyta búnaði allra þessara togara þannig að þeir gætu brennt svartolíu í stað gasolíu, en fullyrt er að þannig megi spara verulegar fjárhæðir í olíunotkun. Ríkisstj. varð við þessum tilmælum og styrkti þessa aðila með 550 þús. kr. á skip úr gengishagnaðarsjóði 1974 til að gera þessar breyt. sem áætlað var að mundu þá kosta um eina millj. á skip. Fiskimálasjóður ákvað síðan að styrkja þessar tilraunir með 250 þús. kr. á skip. Umræddar breytingar hafa þegar verið gerðar á nokkrum þessara skipa og virðast eigendur mjög ánægðir og fullyrt er af kunnáttumönnum, sem fylgst hafa með tilraunum n. og athugunum, að vélarnar muni ekki bíða tjón af þessum sökum. Ýmsir aðrir skipaeigendur hafa nú sýnt þessu máli áhuga og þess vegna er gert ráð fyrir þessari greiðslu.

Með l. nr. 106 frá s. l. ári, f-lið 9. gr., var ákveðið að verja 11 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna. Var auglýst eftir umsóknum um framlag eða styrki af þessu fé og hafa borist 6 umsóknir frá ýmsum samtökum sjómanna, en þær umsóknir eru nú til athugunar í rn. Ljóst er af þessum umsóknum að mikill áhugi og framkvæmdahugur er í sjómönnum og þess vegna er í i-lið þessarar greinar gert ráð fyrir að 12 millj. kr. til viðbótar verði varið til orlofshúsa sjómannasamtakanna.

Eftirstöðvum gengismunarins, ef einhverjar verða, verður ráðstafað af sjútvrh. í samráði við ríkisstj., eins og alltaf hefur verið gert við þær eftirstöðvar sem hafa orðið af gengismun.

2. gr. þessa frv. fjallar um viðbótarútflutningsgjald sem á að renna í Olíusjóð fiskiskipa. Gjaldið á að reikna af fob-verði sjávarafurða sem framleiddar eru eftir 15. febr. s. l. þannig: 4% af fob-verði frystra afurða, skreiðar og löndunum veiðiskipa erlendis, 6% af fob-verði saltfisks og 2% af fob-verði fiskmjöls, karfamjöls, loðnumjöls, humar- og rækjumjöls, karfa- og síldarlýsis. Undanþegið þessu viðbótarútflutningsgjaldi er lagmeti og þær afurðir sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum. Með bráðabirgðaákvæði er allt mjöl og lýsi, sem framleitt er fyrir 1. okt. n. k., sömuleiðis undanþegið þessu gjaldi. Byggist það á lélegri afkomu þessara greina svo og því að við verðákvörðun á loðnu frá 16. febr. s. l. var teflt á tæpasta vað.

Skv. aths. með þessu frv. er gert ráð fyrir að tekjuauki Olíusjóðs skv. ákvæðum þessarar gr. muni nema um 1450 millj. kr. á ári og er þá gengið út frá fob-verðmæti að upphæð 33 milljarðar 750 millj. kr. Í þessu sambandi má geta þess að hráefnishlutfallið af þessum stofni er talið 45% eða um 27% af hlut útgerðarinnar og 18% af hlut sjómanna. Af umræddum 1450 millj. kr. kæmu þá um 798 millj. kr. frá vinnslu, um 391 millj. kr. frá útgerðinni og 261 millj. kr. frá sjómönnum, en öll rennur upphæðin til að bæta hag veiðanna. Vegna áðurnefnds bráðabirgðaákvæðis vegna mjöl- og lýsisframleiðslunnar má reikna með að þessi stofn lækki um allt að 5 milljarða, en auk þess ná þessi ákvæði ekki til afurða sem framleiddar eru til 15. febr. og reikna verður með að nokkuð af afurðum, sem framleiddar eru eftir þann tíma, hafi verið seldar og greiddar þegar frv. þetta verður orðið að lögum og kemur til framkvæmda. Óvarlegt er því að reikna með að tekjuauki Olíusjóðs verði meiri en áætluð útgjöld, en gert er ráð fyrir að Olíusjóður greiði niður olíuverðið til íslenskra fiskiskipa þannig að þau greiði sama verð og þau greiddu á s. l. hausti, en það eru 5.80 kr. á gasolíulítra og hliðstætt fyrir svartolíu. Eftir þessa breytingu næmi niðurgreiðsla á gasolíuverðinu samtals kr. 14.40 á lítra eða mismuninum á kr. 20.20 og 5.80. Um framkvæmd þessara niðurgreiðslna verða svo sett nánari ákvæði í reglugerð.

Eins og fram hefur komið í því, sem ég hef nú sagt, er ljóst að reiknað er með að umrædd útflutningsgjöld verði innheimt af öllum afurðum, sem framleiddar hafa verið eftir 14. febr. og afreiknaðar verða á nýju gengi, öðrum en þeim sem hafa verið seldar og greiddar áður en frv. þetta verður að lögum. Ég vona að allir, sem hér eiga hlut að máli, sýni skilning varðandi þetta atriði enda þótt óeðlilegur dráttur hafi orðið á að þetta frv. væri lagt fram, — dráttur sem var algerlega óviðráðanlegur.

Í sambandi við bráðabirgðaákvæðin hefur hér að framan verið rætt um 1. lið, að ekki skuli innheimta umrætt viðbótarútflutningsgjald af mjöli og lýsi, loðnu og síldarlýsi, sem framleitt er fyrir 1. okt. n. k. En um hin bráðabirgðaákvæðin vísa ég til aths. með frv., en þar segir um 2. ákvæði til bráðabirgða:

„Við verðlagningu á loðnu til bræðslu á þeirri vertíð, sem nú er nýlokið, var ljóst þegar í

upphafi að grípa yrði til innstæðna loðnuafurða í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins: Var þetta afleiðing þess mikla verðfalls sem orðið hafði á loðnumjöli frá síðustu vertíð. Skv. gildandi lögum og reglum Verðjöfnunarsjóðs er ráð fyrir því gert að greiðslur úr sjóðnum eða í hann skuli fara fram þegar framleiðsla verðjöfnunartímabils hefur verið greidd og gjaldeyri skilað. Nú er þannig ástatt að nokkur hluti framleiðslu loðnuvertíðarinnar er óseldur og afskipanir á því, sem selt hefur verið, mun að hluta til dragast fram á síðari hluta ársins. Þetta mun valda framleiðendum verulegum erfiðleikum þar sem beinn vinnslukostnaður, svo sem hráefni, vinnulaun og rekstrarvörur, verður að greiðast þegar við framleiðsluna. Vegna þessara sérstöku aðstæðna þykir rétt að veita heimild til fráviks frá gildandi reglu um greiðslur úr sjóðnum, eins og hér er gert, en það mundi létta nokkuð undir með loðnuverksmiðjunum. Sjóðsstjórnin mun að fengnu samþykki sjútvrh. setja um það reglur hvernig slíkar greiðslur skuli framkvæmdar."

Um 3. lið í ákvæðum til bráðabirgða segir: „Sú loðna, sem á land var komin 16. febr. s. l. var greidd á eldra verði sem miðast við eldra gengi, og aðföng til vinnslunnar voru að verulegu leyti keypt með sama hætti á eldra gengi fyrir þennan tíma. Telst því sanngjarnt, að afurðir framleiddar úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febr. s. l. greiðist á hinu eldra gengi."

Um ráðstöfun gengishagnaðar má deila óendanlega, hvernig eigi að ráðstafa þessum gengishagnaði. Hér eru uppi margar skoðanir hvernig eigi að ráðstafa gengishagnaði og hefur mjög borið á því, einkum hjá útgerðarmönnum, að þeir telji að það eigi að ráðstafa gengishagnaði eftir aflabrögðum þannig að þau skip, sem mest fiska, fái mest af gengishagnaðinum. Ég er aftur þeirrar skoðunar að við verðum að taka mið af því hvað miklar erlendar skuldir hvíla á útgerðinni og á fiskiskipaflotanum og koma til móts við þá, sem fá á sig stórfelldar hækkanir vegna gengisbreytinganna, með þeim hætti sem gert var á s. l. vetri með þeim ráðstöfunum sem þá voru gerðar í sjávarútvegi og nú er lagt til að hér verði gert. Hér er um tvö mismunandi sjónarmið að ræða. Ef við tökum ekki tillit til þeirrar stöðu sem útgerðin er í hvað snertir erlendar skuldir hennar, þá auðvitað verður sá vandi óleystur. Þess vegna eru þessi ákvæði höfð á þennan hátt. Það er komið fyllilega til móts við bátaútgerðina með þessu því að gengistryggðu lánin verða bætt alveg eins og erlendu lánin, en gengistryggð lán Fiskveiðasjóðs eru að ⅝. Ég held að eftir atvikum sé ekki hægt að segja annað en að þessar till. séu mjög sanngjarnar um skiptingu. En þeir, sem vilja fara aðrar leiðir og hlusta ekki á neitt annað en sína skoðun, verða auðvitað eftir sem áður óánægðir, en það verður að hafa það.

Í sambandi við fjáröflun til Olíusjóðsins má líka óendanlega deila um hvaða aðferð á að velja til að fjármagna á þann hátt að hægt sé að koma til móts við veiðarnar vegna þeirrar miklu hækkunar, sem þær hafa orðið fyrir, sérstaklega af völdum olíuhækkunar. Þá kemur að mínum dómi tvennt til:

Í fyrsta lagi að breyta með lögum hlutaskiptunum. Ég hygg að enginn þm. vilji ljá máls á því að breyta hlutaskiptunum með lögum. Ég fyrir mitt leyti vil ekki leggja það til við Alþ. og því tel ég þá leið alls ekki koma til greina.

Í öðru lagi var til sú leið að bæta ofan á fiskverðið ákveðinni prósentu sem færi óskipt til þess að mæta þessum verðhækkunum útgerðarinnar. Þá leið er vel hægt að fara, en henni var tekið mjög illa af sjómönnum, að fara inn á 11% fiskverðshækkun, eins og um var talað lengi vel. Þó að þeir séu óánægðir með þessar ráðstafanir á milli greina í sjávarútvegi, þá hygg ég að mér sé óhætt að segja að þessi leið, sem hér er lögð til að fara, sé þó skást að þeirra dómi. Hér er um það að ræða að það vantar fjármagn til útgerðarinnar. Það hefur alltaf þurft að gera hliðarráðstafanir, þegar gengisbreytingar hafa átt sér stað, til þess að bæta vinnslugreinunum upp þannig frá fiskvinnslunni. Hraðfrystiiðnaðurinn getur engan veginn bætt á sig þeim kvöðum sem koma af þessu aukna útflutningsgjaldi, og er að því stefnt að breyta greiðslum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins þannig að auka hlutdeild Verðjöfnunarsjóðsins til hraðfrystiiðnaðarins um 400 millj. kr. Í upphafi þessa árs var þessum greiðslum breytt þannig að varið var til hraðfrystiiðnaðarins um 1130 millj. kr. Og nú þegar þetta frv. verður orðið að lögum, þá er reiknað með að auka það enn um 400 millj. og er þá teflt á tæpasta vað með frystideild Verðjöfnunarsjóðsins því þegar það hefur verið framkvæmt má segja að sú deild sé þurrausin.

Oft hefur verið mikið talað um það hér, bæði innan þings og utan og í fjölmiðlum, hvað það sé óeðlilegt hvað sjóðakerfi sjávarútvegsins þenjist út. Það er byrjað sakleysislega á sjóðmyndun, en hún verður óviðráðanleg — eða illviðráðanleg réttara sagt — á tiltölulega skömmum tíma. En það er ekki eins auðvelt að komast út úr þessu sjóðakerfi og menn vilja halda og láta í veðri vaka. Ég er einn þeirra sem eru þeirrar skoðunar að þetta sjóðakerfi sjávarútvegsins sé orðið allt of mikið og ofvaxið, að það bíður margvíslegri spillingu heim að viðhalda slíku kerfi á þennan hátt. En þessu verður ekki breytt nema samningar náist um það að hlutaskiptum verði breytt á öllum fiskiskipaflotanum og tekið mið af þeirri breytingu sem er orðin í uppbyggingu fiskiskipastólsins og sjávarútvegsins almennt og þeim gífurlegu hækkunum sem hafa orðið á fjölmörgum rekstrarvörum sjávarútvegsins.

Í sambandi við brbl. sem gefin voru út í haust, litlu eftir að þessi ríkisstj. tók við, kom það fram í umr. bæði við sjómenn og útgerðarmenn að við þyrftum að stefna að breyt. hvað þetta snertir og virtust allir hafa áhuga á því að slíkar breytingar gætu átt sér stað. En það er ekki fyrr en fyrst nú við gerð síðustu kjarasamninga að aðilar vinnumarkaðarins, eða fulltrúar sjómanna og fulltrúar útgerðarinnar, koma sér saman um að skrifa ríkisstj. bréf þar sem þeir óska eftir því að ríkisstj. feli Þjóðhagsstofn-

uninni að láta fara fram endurskoðun á samningsfyrirkomulagi varðandi kerfisbreytingu á hlutaskiptum og afstöðu til sjóðakerfis sjávarútvegsins. Þessir sömu aðilar leggja til að n. verði skipuð undir forustu Þjóðhagsstofnunarinnar og að Sjómannasamband Íslands tilnefni tvo fulltrúa í þessa n., L. Í. Ú. tvo, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tvo, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda einn, Alþýðusamband Vestfjarða einn og Alþýðusamband Austurlands einn, þannig að þessi n. verður, þegar þessir aðilar hafa tilnefnt sína fulltrúa, skipuð þegar í stað og að því er stefnt að hún ljúki störfum í síðasta lagi fyrir 1. des. Ef út úr þessu kemur það að samkomulag næst á milli þessara aðila um breytingu á samningsfyrirkomulagi og kerfisbreytingu á hlutaskiptum, þá er skapaður grundvöllur fyrir því að stórlækka eða leggja niður með öllu sjóðakerfi sjávarútvegsins. Ég fyrir mitt leyti mundi fagna því innilega ef slíkt samkomulag næðist, en það er ekki hægt, eins og ég sagði áðan, að gera það með lögþvingan á þennan hátt að breyta skiptaprósentunni í algeru stríði við sjómannasamtökin.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni en vil aðeins benda á það, að ef menn telja að það sé hægt að ná þessu fjármagni á hægari hátt en hér er lagt til, þá auðvitað koma þeir með sínar till. í þeim efnum. Undanfarnar ríkisstj. hafa allar átt það sameiginlegt að auka sjóðakerfið. Viðreisnarstjórnin jók sjóðakerfið hvað eftir annað með sérstöku álagi á fiskinn sem var fram hjá skiptum, fyrrv. ríkisstj. setti sérstakt gjald á loðnuafurðir til þess að greiða niður olíuhækkunina, og þannig hafa allir flokkar hér á þingi gert, þrátt fyrir margyfirlýstar skoðanir þeirra um að eyða og helst að leggja niður sjóðakerfið, og allar ríkisstjórnir troðið þessa sömu slóð, að setja á slík gjöld og á þann hátt að auka sjóðakerfið. (Gripið fram í: Enginn hefur samt verið eins stórvirkur og núverandi sjútvrh.) Enda þurfti hann mikið að moka þegar hann tók við, þegar sá fyrri yfirgaf stólinn.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að þessu frv. verði vísað til hv. sjútvn.

Garðar Sigurðsson: Hæstv. forseti. Enn á ný fáum við frv. lagt fram af hæstv. ríkisstj. um ráðstafanir gengishagnaðar, tvívegis með stuttu millibili. Það er búið að framkvæma stórar gengisfellingar og að því er sagt er í því skyni að bjarga atvinnuvegunum. Þessar gengisfellingar eru alveg í samræmi við þann hörmungarsöng, sem hæstv. ríkisstj. hefur sungið allt frá því hún tók við stjórnartaumunum í landinu. En ekki ber öllum saman um að hve miklu gagni gengisfellingarnar hafa komið fyrir atvinnuvegina. Eitt er þó víst, að þær hafa ekki orðið til þess að bæta hag útgerðarinnar í landinu enda hafa útgerðarmenn marglýst yfir því á opinberum vettvangi að þær hefðu ekki gert annað en valda útgerðinni tjóni.

Nú stendur yfir mikið verkfall hjá stærri togurunum í landinu, — verkfall sem hefur í för með sér að afkastamestu atvinnutæki þjóðarinnar liggja bundin við hafnarbakkann, frystihúsin sem vinna úr afla þessara skipa, loka og stórlega dregur úr framleiðslu. Á þeim samningafundum, sem haldnir hafa verið milli sjómanna og togaraútgerðarmanna, hefur það sí og æ verið endurtekið af þeirra hálfu að þeir séu ekki aflögufærir um nokkurn skapaðan hlut. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru þó áætlaðar 950 millj. til þess að lækka erlendar skuldir togaranna, og í því frv., sem lagt var fram í haust af sama tagi, voru hvorki meira né minna en 600 millj. í sama skyni, og til bátaflotans og til þess að bæta afkomu skuttogaranna fóru annars vegar 250 millj. og hins vegar 230 millj. hins vegar eða samtals 1 080 millj. sem bætast við þær 950 millj. sem eiga að koma út úr þessu frv., þ. e. a. s. það er komið nokkuð á 3 milljarð til þess að bæta stöðu þessara fyrirtækja. Samt segja þeir, sem hafa togarana bundna við bryggju í dag, að þeir eigi engan afgang og mannskapurinn geti ekki fengið krónu í viðbót.

Ég minntist á það áðan að útgerðarmenn hefðu ekki verið ánægðir með þessar ráðstafanir, þeir hefðu ekki séð neinn hag í þeim stóru gengisfellingum sem skellt hefur verið yfir þjóðina með stuttu millibili. Er þess skemmst að minnast að í Morgunblaðinu í gær er haft eftir Kristjáni Ragnarssyni álit Landssambands ísl. útvegsmanna. Og ég vildi, til þess að staðfesta það sem ég sagði um óánægju útvegsmanna, með leyfi forseta, lesa upp það sem Kristján hefur þar að segja, orðrétt. Þá segir Kristján:

„Í aths. um frv. segir að hlutur útgerðarinnar og fiskverðshækkunin í ársbyrjun sé 900 millj. kr. En útgjaldaauki af völdum olíuhækkunar frá áramótum sé um það bil 1000 millj. kr. Auk þess er um stórfelldar hækkanir að ræða á öðrum sviðum útgerðarkostnaðar eins og á veiðarfærum, viðhaldi og verði skipa o. fl. Að undanförnu hefur mátt lesa í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins“, segir Kristján, „að um stórfellda fjármagnstilfærslu hafi verið að ræða til útgerðarinnar á undanförnum mánuðum, og látið er að því liggja að þakklæti útvegsmanna til stjórnvalda hafi verið af of skornum skammti.“ Skyldi nokkurn undra þótt eitthvað hafi skort af þakklæti? Og enn segir Kristján Ragnarsson: „Nú fyrst er að koma fram frv. um ráðstafanir í sjávarútvegi sem gilda á frá 1. jan. þar sem gert er ráð fyrir stórfelldri aukningu á sjóðakerfi sjávarútvegsins, um allt að 1½ milljarð kr., með álagningu nýrra útflutningsgjalda sem verja á til niðurgreiðslu á olíu, sem mun koma útgerðinni til góða. Að undanförnu hefur mikið verið um það rætt að nauðsyn beri til að afnema hið flókna kerfi er sjávarútvegurinn á við að búa, er allt byggist á innbyrðis tilfærslu í atvinnugreininni sjálfri. Ríkisstj. hafði tjáð útvegsmönnum að fiskverðið hækkaði um 11% með lögum ef bæta ætti útgerðinni hinar miklu kostnaðarhækkanir er gengisbreytingin olli og mundu útgerðarmenn þá greiða það olíuverð sem þeim er gert að greiða í dag. Þeir, sem vel öfluðu, mundu þá njóta tekna umfram útgjöld, og þeir, sem lítið öfluðu yrðu að greiða það sem á vantaði. Þessa hugmynd samþykktu samtök útgerðarmanna og lögðu áherslu á að þessi leið yrði farin. Af einhverjum ástæðum hefur ríkisstj. nú alveg skipt um stefnu

og leggur nú áherslu á aukningu sjóðakerfisins sem hún hefur áður svo mjög fordæmt. Samtök útgerðarmanna hafa í meginefni lýst sig andvíg ráðstöfun gengishagnaðar vegna þess að þeim fjármunum er mjög misskipt meðal útgerðarinnar þrátt fyrir að þeir eru hennar eignir."

Ég vildi aðeins láta það koma fram svo að ekki yrði um villst, að forstöðumaður útgerðarmanna á Íslandi lýsir algjörlega vanþóknun sinni á þessum aðferðum, þó að ég vilji taka skýrt fram að ég er ekki sammála formanninum Kristjáni Ragnarssyni um fjölmargt í þessari grein. En ég hlýt hins vegar að taka undir það að þetta frv., nú seint í apríl, er auðvitað allt of seint á ferðinni þar sem það á að gilda frá áramótum og er það furðulegur slóðaskapur af hæstv. ríkisstj. og sýnir einu sinni enn hversu fálmkennd og ráðvillt ríkisstj. virðist vera í öllum meginmálum.

Við höfum sem sé fengið tvenn lög vegna tveggja gengisfellinga með stuttu millibili. Í fyrri lögunum frá því fyrir áramótin síðustu — þau voru rædd hér í hv. Alþ. — voru tekin af sjómönnum 5% af þeirra réttmæta hlut samkv. þeirra samningum í stofnfjársjóð, fiskverðið bundið fram að áramótum við hámark 11% hækkun, olíukostnaði sem nam a. m. k. 530 millj. velt yfir á bak sjómanna og gripið inn í frjálsa samninga o. s. frv. Með þessu frv. er nú ætlað, eins og ég gat um áðan, til þess að bæta þeim eigendum fiskiskipa sem hafa orðið fyrir gengistapi sitt tjón, að færa þar inn 950 millj. En það má skjóta því inn að með ráðstöfunum ríkisstj. hefur hvergi bólað á neinum aðgerðum til þess að bæta almenningi í landinu það gengistap sem hann verður fyrir á hverju heimili.

Nú eru enn þá áætlaðar 400 millj. kr. til lána í sjávarútveginn. Samkv. þessum tvennum lögum er sú upphæð nú komin upp í 800 millj. sem á að breyta skuldum fyrirtækjanna í lengri lán, eða til 2—3 ára. Og í því sambandi mætti spyrja hæstv. ráðh. að því hversu háar upphæðir samtals hafi farið til þess að breyta vanskilaskuldum og skammtímalánum útgerðar og fiskvinnslu í landinu úr bankakerfinu undanfarin missiri. Og þar sem um svo geigvænlegar upphæðir er að ræða finnst mér lágmarkið að hæstv. ráðh. gefi Alþ. skýrslu um það hvernig þessum fjármunum hefur verið varið. (**Gripið fram í:** Ég var að því rétt áðan.) Það er rétt að hæstv. ráðh. minntist aðeins á þessa hluti áðan, en þar var engin grein gerð fyrir því hvert þessir peningar hefðu farið og hvað mikið til hverra. Það er rifist um miklu smærri upphæðir hér dögum saman á hinu háa Alþ. heldur en upphæðir sem skipta milljörðum. En það er kannske eins og í haust, þegar hæstv. ráðh. mælti fyrir frv. sem var samkynja þessu sem nú er, hann vildi hafa alla úthlutun á hendinni einn, sjútvrn. átti að skammta þessa peninga eftir geðþótta. (Gripið fram í.) Já þeir verða með þetta í poka á bakinu og útbýta ávísunum fyrir jólin.

Það væri einnig fróðlegt í sambandi við þessar upphæðir, 800 millj., sem eiga að fylla í þessi vanskil fyrirtækjanna, fyrir þm. að vita hvort hæstv. ráðh. telur líklegt að þessir peningar skili sér svo að hægt verði að nota þá í því skyni sem þeir eru ætlaðir til, þ. e. a. s. til þess að greiða niður gengistap vegna hækkana á skuldum þeirra, er skulda í erlendum gjaldeyri.

Í þessu frv. eru vissulega gr. sem mér finnast nokkuð góðar, — greinar sem hefðu mátt sjást hér nokkru fyrr, og ég get ekki neitað því að ég er samþykkur ýmsum atriðum sem þarna koma fram. Þar má nefna t. d. b-liðinn í 1. gr. þar sem áætlaðar eru 50 millj. til þess að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir þegar skipin eru dæmd ónýt og skipin ekki bætt með öðrum hætti. Ég gæti trúað að skynsamlegt væri að reyna smátt og smátt að efla einmitt þennan sjóð.

Við, sem erum hér fulltrúar sjómanna, erum einnig ánægðir með það þegar við sjáum í slíku frv. upphæðir sem verja skal til lífeyrissjóða sjómannastéttarinnar og til aðstoðar við þá í orlofsmálum til þess að reisa orlofshús. En ef við tökum þessar tölur saman, þá er það ekki meira en sem nemur 87 millj. af 1 644, en gengishagnaðurinn, sem þarna á að skipta, nemur þeirri upphæð og mér sýnist öll skynsamleg rök mæla með því að sjómenn hljóti að eiga langtum stærri hluta í gengishagnaðinum en sem nemur þessum upphæðum.

Ég vil þá aðeins víkja nokkrum orðum að 2. gr. frv., en þar er fjallað um sérstakt útflutningsgjald sem á að koma í viðbót við þær byrðar sem þessi atvinnuvegur stendur undir. Þar á að leggja 4% af fob-verði útfluttra sjávarafurða nema saltfisks og mjöls, en á saltfiskinn á að leggja hvorki meira né minna en 6% og 2% á mjölið, að vísu með undantekningum sem koma fram í ákv. til brb. Í fyrra frv. var einnig um mikla hækkun á útflutningsgjöldum að ræða. Og ég hygg að það væri forvitnilegt fyrir þá hv. þm., sem ekki hafa kynnt sér þessa hluti, að þeir fengju að vita það frá hæstv. ráðh. hversu há útflutningsgjöldin eru og hversu há gjöldin öll, sem lögð eru á útflutninginn í sjávarútvegi, eru orðin eða verða með þessari hækkun. Það eru býsna stórar tölur.

Ég vil einnig segja það, að með því að fara þessa leið, að leggja á þessi háu útflutningsgjöld, þá er í rauninni verið að koma í veg fyrir að hægt sé að hækka fiskverðið, þá er verið að koma í veg fyrir að sjómenn geti fengið eðlilegar kjarabætur. Og með þessari aðferð eru sjómenn enn þá, ofan á það sem lagt var á þá með lögunum frá því fyrr í vetur, að greiða verulegan hluta olíukostnaðarins í viðbót. Hins vegar veit enginn nákvæmlega hver þróunin verður í verðlagsmálum á olíu. En það hlýtur hver maður að sjá að það getur ekki talist sanngjarnt að ein stétt manna greiði allan þennan olíukostnað. Það hefði verið eðlilegra að dreifa þeim olíukostnaði sem sjávarútvegurinn telur sig ekki geta staðið undir, láta þjóðfélagið greiða hann í heild í stað þess að útgerðin og sjómennirnir taki á sig sívaxandi bagga til þess að standa undir honum. Til þess þyrfti fiskverðið að hækka. En það ætti ekki að hækka með sama hætti og form. Landssambands ísl. útvegsmanna leggur til. Það, sem hann minntist á í grein sinni um fiskverðshækkun um 11%, það var fiskverðshækkun sem átti eingöngu að fara til útgerðarinnar og fara fram hjá skiptum. Það var fiskverðshækkun sem var með nákvæmlega sama hætti og lagt var

á sjómennina að bera árið 1968. Það hafa auðvitað engir aðrir en íhaldsstjórnir látið sér detta í hug að haga sér svona. Með slíkum aðgerðum er auðvitað farið fram hjá því verði sem til skipta kemur, og það er ósköp eðlilegt frá sjónarmiði Kristjáns Ragnarssonar og Landssambands ísl. útvegsmanna að þeir séu ánægðir með að fá slíka fiskverðshækkun. En ég á við fiskverðshækkun sem kæmi útgerðarmönnum til góða að því leyti að útgerðin gæti notað hana til þess að greiða olíukostnaðinn, en að sjómenn fengju vissulega sinn hlut af. Og ég mun við frekari afgreiðslu þessa máls leggja til að fiskverð verði hækkað, og þá hækkar verð á fiski, sem enn eru möguleikar á að fá.

Í grg. frv. er hæstv. ráðh. að hrósa sér af þeirri geysilegu fiskverðshækkun, sem gerð var 14. febr. En við athugun á því hvernig sú hækkun á fiskverði kemur út hjá sjómönnum kemur í ljós á mjög mörgum bátum, að með því að hækka stærsta fiskinn svona mikið hækkar auðvitað fiskverð ekki til sjómanna vegna þess að mikill hluti af sjómönnum finnur hvergi þennan stóra fisk, enda lítið orðið eftir af honum. Þetta var sniðugt bragð hjá hæstv. ríkisstj., að ákveða svona myndarlega fiskverðshækkun á stóra fiskinum en hann er bara búinn. (Gripið fram í.) — Hér er hins vegar í grg. einnig setning, sem óneitanlega vekur hálfgerða ógleði hjá mönnum sem þekkja til kjara sjómanna nú í dag. Hér stendur í fyrsta lagi: „Til að tryggja sanngjarna hækkun á aflahlutum sjómanna til samræmis við breytingar tekna annarra stétta.“ Þetta minnti mig á tóninn í KFUM.

Í grg. er sagt að fiskverðsbreytingin, sem gerð var 14. febr., komi til með að valda 1 500 millj. kr. hækkun á hráefniskostnaði fiskvinnslu á ári. Ég hef oft verið hrifinn af reiknimeisturum en ég skil ekki hvernig hæstv. ríkisstj. getur einfaldlega reiknað þetta dæmi vegna þess hvernig farið er að í ýmsum verstöðvum landsins. Mér er kunnugt um það t. d. að í Þorlákshöfn hefur netafiskur alls ekki verið stærðarflokkaður. Hann er borgaður allur sem stærsti fiskur á hæsta verði. Á Suðurnesjum sums staðar hefur fiskurinn ekki einu sinni verið gæðametinn, heldur allur borgaður sem fyrsta flokks fiskur jafnvel þó að hann sé hálfgerður skítur. Að reikna út þessa fiskverðshækkun alveg upp á krónu, það endar á tveimur núllum meira að segja, það held ég að sé meiri háttar afrek í reikningskúnst.

Það hefur komið skýrt fram og er augljóst raunar, að gengisfellingarnar sem slíkar hafa ekki verið í þágu útgerðarinnar. Og með þessu frv. og frv. frá því í haust um ráðstafanir vegna gengisfellinganna, sem hafa dunið yfir með stuttu millibili í því gengisfellingaræði sem gripið hefur hæstv. ríkisstj., er verið að reyna að leiðrétta þau skakkaföll sem útgerðin hefur orðið fyrir vegna gengisfellinganna. En það er aðeins eitt sem hæstv. ráðh. gætir eins vel og sjáaldurs auga síns og það er að sjómenn fái ekkert út úr þessum ráðstöfunum. Þeim er ætlað að greiða vaxandi hluta af olíukostnaði í stað þess að afla tekna til þess með öðrum hætti sem útgerðin getur ekki staðið undir þó að hún hefði fengið hækkað fiskverð. Þess er enn vandlega gætt að kaup sjómanna hækki ekki og kannske er hæstv. ráðh. enn þeirrar skoðunar að kaup sjómanna sé enn svo óhóflegt að ruglað geti allan kaupsamanburð í þjóðfélaginu eins og hann hélt fram í ræðu sinni hér í haust og vakti mikla furðu um allt land.

Kaup sjómanna er ekki hátt ef það er skoðað vel. Nú á þessari vertíð hafa í mínu plássi verið gerðir út milli 60 og 70 bátar og það er áreiðanlegt að talsvert meira en helmingur þessara báta hefur ekki fiskað nema fyrir tryggingu og minna en það. Og hver er svo trygging sjómanna á mánuði fyrir þennan langa vinnutíma sem þeir leggja á sig? Hún er núna eftir hækkunina, sem þeir fengu um daginn 67 þús. kr. á mánuði. Það væri fróðlegt að vita, hvað það gerir mikið á tímann. (**Gripið fram í: 67 þús?**) 67 þús. kr. á mánuði. Það er kauptrygging sjómanna. Ég held að það sé alveg óhætt að vara hæstv. ríkisstj. alvarlega við þróuninni í þessum efnum því að verði haldið áfram á þessari braut, þá kemur að því og það líklega fyrr en seinna að sjómenn fást alls ekki út á fiskiskipin og þarf ekki að lýsa því fyrir neinum hv. alþm. hvað það þýðir fyrir íslenskan þjóðarbúskap.

Ég mun að þessu sinni, við þessa 1. umr. frv., láta þetta nægja. En þar sem ég á sæti í þeirri hv. n. sem þetta frv. fer til, og á þess vegna kost á því að ræða málið nánar síðar, mun ég leggja fram og skýra þær brtt., sem ég mun þá koma með í þessu máli.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar mun ég ekki að þessu sinni fara um það mjög mörgum orðum þó að vissulega sé rík ástæða til. Ég mun einskorða mig við að benda á ákveðin atriði sem ég mun gera athugasemdir við í hv. sjútvn. þessarar d. þegar hún kemur væntanlega til starfa til þess að fjalla um þetta frv. Hitt vil ég benda á, að ríkisstj. hefur gefið sér mjög góðan tíma til þess að ganga frá þessu frv. því að ákvæði þess eiga að taka gildi frá og með 1. jan. s. l. Á þeim tíma hefur hæstv. ríkisstj. breytt því verulega frá sinni fyrstu gerð, a. m. k. ef marka má þær fregnir sem við stjórnarandstæðingar höfum fengið af því máli. Að sumu leyti til hefur sú breyting verið til bóta, að öðru leyti ekki. En ég vil eindregið vænta þess að þó að sjútvn. þessarar hv. d. þurfi e. t. v. ekki jafnlangan tíma til þess að átta sig á þessu máli og hæstv. ríkisstj. virðist hafa þurft, þá fái n. þó þann tíma sem henni nægir til þess að skoða það frv. sem hér liggur fyrir. (**Gripið fram í: Það eru 4 mánuðir.**) Já, ég vænti þess nú að við í sjútvn. Nd. getum afgr. málið á öllu skemmri tíma en 4 mánuðum, þó að það hafi kannske verið erfitt fyrir hæstv. ríkisstj. að átta sig á því fyrr en eftir 4 mánaða yfirsetu. Það er svo sem ekkert nýtt að svona frv. sé lagt fram á þessu þingi því að þetta er að verða árvissara en fjárlögin. Þetta er í annað sinn sem við fjöllum um svipað mál á sama þingi. Þetta frv. siglir í kjölfar þess að í annað skipti á fáum mánuðum, nánar tiltekið fáum vikum, hefur ríkisstj. efnt til gengisfellingar. Og svo skammur tími hefur liðið á milli þessara gengisfellinga eða öllu heldur svo skammur tími hefur liðið milli

þess að frv. um ráðstöfun gengismunar hafi komið fram, að það er vart hægt að segja að búið sé að ljúka við framkvæmdaatriði þess frv., sem samþ. var hér á Alþ. um jólaleytið, þegar nýtt frv. af sama tagi kemur til umr. og afgreiðslu. Og ansi er ég hræddur um það að traustið hjá almenningi á aðgerðum þessarar hæstv. ríkisstj. sé ekki meira en svo að þeir séu fleiri en einn og þeir séu fleiri en tveir sem eiga alveg eins von á því að þessu Alþ., sem nú situr að störfum, muni ekki ljúka án þess að þriðja slíkt mál sé fyrir það lagt þó að ég ætli ekki að spá svo illa fyrir þessari hæstv. ríkisstj. eða öllu heldur svo illa fyrir þessari ágætu þjóð.

Báðar þessar gengisfellingar, bæði þessi sem nú var gerð og sú síðasta, voru gerðar að sögn ríkisstj. til þess að tryggja rekstrargrundvöll undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar. Staðreyndin er hins vegar sú og um það er ekki deilt, vegna þess að forsvarsmenn þeirrar atvinnugreinar hafa sjálfir tekið það fram skýrt og skorinort, að það eru mjög miklar líkur á því að þessar aðgerðir, gengisfellingin, hafi ekki gert undirstöðuatvinnugreininni í sjávarútveginum verra, að hún skyldi hafa verið gerð, heldur en ef hún hefði ekki verið gerð. Við vitum það allir hv. þm. að á undanförnum árum hefur verið keypt mikið af nýjum skipum til landsins. Flest þessara skipa hafa verið keypt með gengistryggðum lánum þannig að þarna er um mikinn skuldabagga að ræða á útgerðinni. Í hvert skipti sem gengi hefur verið breytt til þess að lækka verðgildi hinnar íslensku krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum hafa þessar skuldir útgerðarinnar hækkað í verði þannig að það er a. m. k. mjög vafasamt að gengislækkunin hafi orðið til bóta fyrir útgerðina í landinu. Það er mjög vafasamt að þeir fjármunir, sem t. d. er ráðgert að verja til útgerðarinnar samkv. þessu frv. sem hér er á ferðinni, geri nóg til þess að jafna það tap sem útgerðin hefur orðið fyrir af völdum endurtekinna gengisbreytinga. Ég a. m. k. dreg það mjög í efa. Og ég er ekki einn um það því að ég veit ekki betur en forsvarsmenn útgerðarinnar í landinu séu einnig þeirrar skoðunar.

Annars er frv. þetta og þær ráðstafanir sem ríkisstj. hefur gripið til í sambandi við sjávarútveginn, mjög með sama markinu brennt og það sem hún hefur áður aðhafst. Hér er ekki um að ræða neina utanaðkomandi aðstoð til þessa undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar. Það er eingöngu verið að taka úr einum vasanum og setja í annan. Það er eingöngu verið að taka upp millifærslu innan atvinnugreinarinnar sjálfrar — og meira en innan atvinnugreinarinnar, það er einnig verið að framkvæma töluverða millifærslu á fjármunum frá launþegum í þessum atvinnurekstri og yfir til atvinnufyrirtækjanna. Það er sami háttur sem hæstv. ríkisstj. hefur á þessu nú og hún hafði á sama máli síðast þegar hún felldi gengið. Þar sem talað er um að verið sé að tryggja rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, útgerðarinnar þá e. t. v. fyrst og fremst, er það eingöngu fólgið í því að það er tekið úr einum vasa þessarar atvinnugreinar og sett í annan. Um aðra aðstoð við þennan atvinnuveg er ekki að ræða.

Það, sem kemur fram í 1. gr. þessa frv. sem hér er til umr., er í stórum dráttum að verja gengishagnaði, sem að frádregnum kostnaðarliðum, svo sem vátryggingu og frakt og öðru slíku er 1 644 millj. kr., til þess að reyna að rétta nokkuð hlut útgerðarinnar aftur eftir þær ráðstafanir sem ríkisstj. greip til með gengisfellingu. Hér er verið að ráðstafa gengishagnaði að upphæð 1 644 millj. kr. Vissulega má segja að þetta sé fundið fé að nokkru leyti, þessar 1 644 millj. Þær skapast vegna breyttra ytri aðstæðna í málefnum útflutningsframleiðslunnar. Hins vegar megum við ekki gleyma því að þau verðmæti, sem þarna á bak við standa, eru sköpuð af aðilum í útgerð og fiskvinnslu og þá ekki aðeins atvinnurekendum í þessum atvinnugreinum, heldur einnig af launþegum, sjómönnum og fiskverkafólki, sem við þessa framleiðslu hafa starfað. Það er því réttlætiskrafa að ekki aðeins atvinnurekendurnir fái til sín eitthvað af því sem þarna hefur fundist, ef svo má að orði komast, heldur eiga launþegarnir í þessum atvinnurekstri ekki síður heimtingu á því að fá eitthvað til baka til sín. Hins vegar fer lítið fyrir því að það sé gert í þessu frv. Að vísu eru sjómönnum réttar nokkrar bætur eða alls að upphæð 87 millj. kr., 75 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna samkv. staflið a og 12 millj. kr. til orlofshúsa sjómannasamtakanna samkv. staflið i. Það er hins vegar ekki ætlast til að fiskverkafólkið, sem átt hefur hlut að því að skapa þessi verðmæti sem standa á bak við gengishagnaðarsjóðinn, fái hans notið að neinu leyti. Þarna er sem sagt aðeins verið að gera ráðstafanir fyrir fyrirtækjaþáttinn sem stendur að baki þessarar verðmætasköpunar, en ekki látinn nema mjög óverulegur hluti af þessu fundna fé ganga til launþega í þessum atvinnurekstri.

Ég sagði að ég ætlaði ekki að setja á langa tölu um þetta mál, en vil þó aðeins víkja að einstaka atriði. Þá kem ég fyrst að í 1. gr. staflið B þar sem segir svo með leyfi forseta:

„Sjútvrn. er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af heildarfjárhæð samkv. þessum lið.“ — þ. e. a. s. 950 millj. kr. fjárhæð — til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva.“

Hér er um að ræða sama ákvæðið í þessu frv. og sett var í það frv. til l. um ráðstöfun gengishagnaðar sem var til meðferðar á Alþ. fyrr í vetur. Afstaða mín var þá mörkuð í nál. og með brtt. sem við fluttum í minni hl. sjútvn. þessarar d., ég og hv. þm. Garðar Sigurðsson. Við gagnrýndum þetta ákvæði mjög harðlega. Við töldum það í hæsta máta óeðlilegt og raunar óæskilegt líka að pólitískur aðili, eins og hæstv. sjútvrh. væntanlega er, fái 400 millj. kr. til ráðstöfunar að eigin geðþótta til lánveitinga í útgerð án nokkurra fyrirmæla frá Alþ. um hvernig með eigi að fara. Við hv. þm. Garðar Sigurðsson gerðum þá till. um að þessi fjárhæð, sem einnig var 400 millj. kr. í gamla frv., yrði lækkuð nokkuð og að það yrði ekki sjútvrh. hæstv. sem ráðstafaði henni, heldur Fiskveiðasjóður sem væri hinn eðlilegi aðili til þess að ráðstafa fé eins og þessu. Þessi afstaða mín er enn óbreytt. Ég tel það enn með öllu fráleitt að láta sjútvrh., hver sem hann er, hvort sem hann er sjálfstæðismaður, Alþfl.-mað-

ur, Alþb.-maður, framsóknarmaður eða meðlimur í flokki Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, — þá tel ég í fyllsta máta óeðlilegt að láta slíkan pólitískan aðila hafa fjármagn eins og hér um ræðir til geðþóttaráðstöfunar án þess að Alþ. gefi honum nokkur fyrirmæli um hvernig hann eigi að ráðstafa þessu fé.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að þær 400 millj., sem hér er rætt um, nema um 1/4 af gengishagnaðarsjóðnum eins og hann er áætlaður í þessu frv. Af þeim 1 644 millj., sem hér er um að ræða, fær hæstv. sjútvrh. til eigin geðþóttaráðstöfunar, án þess að nokkur fyrirmæli fylgi frá Alþ. um hvernig ráðstafa beri þessu fé, um 1/4 hluta upphæðarinnar. Fyrir nokkrum mánuðum hafði þessi sami maður, hæstv. sjútvrh., fengið 400 millj. kr. með svipuðum eða sambærilegum hætti þannig að á vetrinum hafa honum verið fengnar af Alþ. fyrirmælalaust 800 millj. kr. til ráðstöfunar að eigin geðþótta án þess að nokkur fyrirmæli fylgi um hvernig með skuli fara, þ. e. a. s. um það bil helmingur af gengishagnaðarsjóðnum eins og hann er áætlaður í þessu frv. Um það bil helmingurinn af gengishagnaðarsjóðnum, eins og hann er ákveðinn í þessu frv., hefur runnið til hæstv. sjútvrh. eins án þess að Alþ. hafi gefið honum nokkur fyrirmæli um hvernig hann eigi að ráðstafa þessu fé, og ég vil taka það mjög skýrt fram að ég hef ekki enn þá séð að opinberlega hafi verið nokkur grein gerð fyrir því hvernig þeim 400 millj. kr., sem hæstv. ráðh. fékk í jólagjöf, var ráðstafað af honum. Ég vil einnig taka það fram að ég mun spyrja eftir því í sjútvn. Nd., sem tekur þetta frv. til afgreiðslu, í fyrsta lagi hvort búið sé að ráðstafa öllu þessu fé, í öðru lagi hvernig því hafi verið ráðstafað, hverjir hafi fengið lán hjá hæstv. sjútvrh. út á þetta fé sem Alþ. afhenti honum án nokkurra skilmála og á hvaða skilyrðum þær lánveitingar hafi verið byggðar. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að Alþ. fái slíka skýrslu frá hæstv. ráðh., og ég mun kalla eftir því að hann gefi hana og þá ekki endilega hér á þingi, heldur a. m. k. í þeirri n. sem þetta mál fær til meðferðar.

Þá vil ég einnig benda á að það er beinlínis gert ráð fyrir því að þetta fé, sem hér um ræðir, þessar 400 millj., fari til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva. Þarna er beinlínis verið að segja að þessum peningum eigi að verja til lánveitinga til fyrirtækja sem standa sig, að maður skyldi ætla, heldur miður en almennt gengur og gerist í sjávarútvegi. Og ég spyr: Erum við ekki að fara út á nokkuð varhugaverða braut þegar við ákveðum að lána í skammtímalán til slíkra fyrirtækja 800 millj. kr. á einu ári? Geta menn yfirleitt búist við því að fyrirtæki eins og hér er verið að ræða um, — fyrirtæki sem sýna lakari afkomu, minni arðsemi en útgerðarfyrirtæki í landinu yfir höfuð að tala og fiskvinnslufyrirtækin þá líka, geti tekið á sig til viðbótar 800 millj. kr. lánsbyrði á einu ári og staðið skil á þessu innan þriggja ára? Ég tel það a. m. k. mjög vafasamt, og ég tel að þá væri a. m. k. hentugra og æskilegra að verja þessu fé til fyrirtækja í sjávarútvegi og fiskvinnslu sem eru skynsamlega rekin, eiga nú í lánsfjársvelti, eiga erfitt með eðlilegar athafnir vegna þess að þau skortir fé. Þessum fyrirtækjum, sem eru skynsamlega rekin, má ekki hjálpa, en hins vegar á að taka sem samsvarar helming af gengishagnaðarsjóðnum, eins og hann er áætlaður samkv. þessu frv., til þess að veita lán væntanlega til fyrirtækja sem eru verr stödd en hin. Auðvitað geta verið margar ástæður fyrir því að þau séu verr stödd, en það getur einnig verið a. m. k. fyrir sum þeirra, sú einfalda ástæða að þau séu e. t. v. ekki eins vel rekin og gengur og gerist um fyrirtæki í sjávarútveginum.

Ég vil sem sagt vara mjög eindregið við því að menn fari með svona mikið fé, 800 millj. kr. og feli einum pólitískum ráðherra algjört sjálfdæmi um það hvernig þessu fé skuli ráðstafað. Þar er ég ekki að ætla það að hæstv. núv. sjútvrh. sé verr treystandi til þess að fara með þetta fé en öðrum ráðh., sem kunna að taka við af honum eða hafa verið fyrir hans tíma. En mér finnst mjög óeðlilegt að pólitískur ráðh. fái sjálfdæmi um slíkar lánveitingar. Mér finnst mjög varhugavert að veita svo stóra upphæð í lán til fyrirtækja sem mér skilst a. m. k. af orðalagi b-liðar 1. gr. að séu fyrirtæki sem séu verr stödd fjárhagslega en önnur fyrirtæki í sjávarútvegi, m. a. vegna þess að þau séu ekki rekin jafn hentuglega og gengur og gerist og arðsemi þeirra því ekki jafnmikill. Ég vara sem sé eindregið við þessu og tek það fram enn einu sinni, að mér finnst að við alþm. eigum kröfu á því frá hæstv. ráðh. að fá að vita hvernig hann hefur varið þeim 400 millj. kr. sem honum voru afhentar um jólaleytið í vetur, og eftir því mun ég að sjálfsögðu ganga.

Það er ekki svo að segja að það sé ekki ýmislegt sem til bóta horfi í þessu frv., ýmislegt sem menn ættu að geta sætt sig við. Ég vil sérstaklega nefna í 1. gr. staflið h sem gerir ráð fyrir því að varið verði 10 millj. kr. til rannsókna og styrkveitinga vegna fiskiskipa sem breyta vélbúnaði sínum til að geta nýtt svartolíu í stað gasolíu sem orkugjafa. Það má að vísu deila um hvort það sé rétt að taka fjárupphæð til slíkrar styrkveitingar úr gengishagnaðarsjóðnum sem við erum að ráðstafa fé úr hér í dag. En um hitt þarf ekki að deila, að þarna er um mjög þarfa framkvæmd að ræða sem vissulega þarf að fá fé til. Það er e. t. v. ekki óeðlilegt að það sé tekið af þessu fundna fé, ef ég má orða það svo. A. m. k. mun ég ekki gera athugasemdir við það þó að það verði gert.

En ég vil einnig vekja athygli á því að það gætir töluverðs ósamræmis milli einstakra gr. í þessu frv. Í 1. gr., staflið g, er gert ráð fyrir að verja 50 millj. kr. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, deilda fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til greiðslu verðbóta vegna loðnumjöls og fiskmjöls á vetrarvertíð 1975. Í c-lið 2. gr. er hins vegar gert ráð fyrir því að taka 2% útflutningsgjald af fob-verði sömu afurða. Í 1. gr. er sem sagt verið að styrkja þessa framleiðslu. Í 2. gr. er verið að skattleggja hana. Í 3. gr. kemur svo ákvæði til bráðabirgða sem hnekkir c-lið 2. gr. Þarna er því um töluvert mikið ósamræmi að ræða og ég fæ ekki séð, a. m. k. hafa engin rök komið fram um það að ætla megi að eftir 1. okt. 1975 verði staða fisk-

mjölsvinnslunnar í landinu eitthvað sterkari en hún er í dag. Ég ræddi um það á sínum tíma, þegar fyrra frv. var til afgreiðslu hér fyrr í vetur, að e. t. v. væri eðlilegra um atriði eins og þetta, þar sem afkoma einstakra vinnslugreina væri mjög slæm, að það yrði sett í lög heimild til sjútvrn. um að fella niður útflutningsgjaldið um ótakmarkaðan tíma, þ. e. a. s. á meðan svo stæði. Ég held að það væri rétt fyrir n. að athuga að breyta ákvæði til bráðabirgða í tölul. 1 í heimildagr. til rn., en ekki að binda það við ákveðna dagsetningu, eins og þar stendur, vegna þess að ég get ekki látið mér detta í hug að nokkur maður hér inni geti fullyrt að 1. okt. 1975 muni horfurnar vera farnar að batna stórlega fyrir fiskmjölsvinnsluna í landinu.

Mér er það auðvitað alveg ljóst eins og öllum hv. þm. að það er talsverður vandi á höndum fyrir síldar- og fiskmjölsverksmiðjur og hefur verið nú um nokkurt skeið. Hins vegar er það mitt álit að þessi vandi sé að talsverðu leyti okkur sjálfum að kenna. Það er mitt álit að hann sé að talsverðu leyti skapaður vegna þess að rangt hafi verið haldið á sölumálum þessarar framleiðslugreinar og þá einkum og sér í lagi á s. l. vetri. Ég ætla ekki að ásaka neinn öðrum fremur þar um, en e. t. v. væri athugandi fyrir okkur, sem hér erum inni, að reyna að stuðla að því að stofnuð yrðu á vegum þessarar vinnslugreinar sölusamtök með svipuðum hætti og eiga sér stað hjá hraðfrystiiðnaðinum og skreiðarframleiðslunni. Eðlilegast væri að viðkomandi aðilar stofnuðu slík sölusamtök að eigin frumkvæði. Hins vegar er ríkisvaldið talsvert stór aðili í þessari framleiðslugrein, síldar- og fismjölsvinnslu, svo að ef viðkomandi aðilar gera það ekki að eigin frumkvæði að reyna að koma sér saman um stofnun sölusamtaka til þess að samhæfa sölustarfsemina á þessum afurðum þá gæti ríkið eða öllu heldur ríkisfyrirtækin reynt að hafa frumkvæðið um að gera slíkt. Ég held að það fari ekki á milli mála að bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og SÍF hafa starfað til mikils góðs í þjóðfélagi okkar, m. a. unnið mjög að stefnumótun í afurðasölumálunum. Og ég held að eftir reynsluna af loðnusölu og fiskmjölssölu og s. l. vetri veiti ekki af að eitthvað slíkt verði reynt að gera í sambandi við þá framleiðslugrein.

Annar aðalþáttur þessa frv. felst í 2. gr. Þar er um að ræða að styrkja Olíusjóð fiskiskipa til þess að mæta þeim verðhækkunum sem orðið hafa á brennsluolíu. Þetta er auðvitað hægt að gera með tvennu móti, eins og hæstv. ráðh. raunar gat um í sinni framsögu: Annars vegar með því að heimila eðlilega fiskverðshækkun sem að sjálfsögðu ætti að skiptast á milli útgerðar annars vegar og sjómanna hins vegar. Mér datt ekki í hug að gera ráð fyrir öðru. Það er önnur leiðin. Hin leiðin er sú, sem hér er farin, að auka millifærsluna innan sjávarútvegsins, að auka þá millifærslu sem hingað til hefur verið mjög harðlega gagnrýnd. Það er mín skoðun að bæði sjómenn og raunar útvegsmenn einnig hefðu frekar kosið að fyrri leiðin yrði valin, þ. e. a. s. að heimiluð yrði eðlileg fiskverðshækkun, m. a. í kjölfar þeirra gengisbreytinga sem gerðar hafa verið. Það er sú hin eðlilega leið. Það er sú leiðin sem báðir aðilarnir gætu notið góðs af. Það er sú leiðin sem mundi geta stuðlað að sem eðlilegustum útgerðarháttum. En ríkisstj. velur hins vegar síðari leiðina. Því hefur verið harðlega mótmælt, ekki opinberlega af sjómönnum, en hins vegar opinberlega af samtökum íslenskra útvegsmanna, eins og kom fram í viðtali við Kristján Ragnarsson, formann LÍÚ, í Morgunblaðinu sem hv. þm. Garðar Sigurðsson vitnaði í áðan.

Það fer ekki á milli mála að menn óttast mjög áhrif þess millifærslukerfis sem nú er verið að byggja upp innan undirstöðuatvinnugreina þjóðarinnar. Og það er ekki aðeins það sem verið er að gera með því að velja þessa millifærsluleið í staðinn fyrir leið fiskverðshækkunar. Það er ekki aðeins verið að velja á milli tveggja höfuðleiða til þess að leysa sama vandamál, heldur er einnig verið að leggja út á þá braut að láta sjómenn greiða stóran hluta af olíuverðshækkuninni til íslenskra fiskiskipa. Það liggur að sjálfsögðu ljóst fyrir, vegna þess að ef millifærsluleiðin hefði ekki verið valin, þá hefði verið hægt að hækka fiskverð og þá hefðu sjómenn fengið kjarabót. Með því að velja millifærsluleiðina og hafna fiskverðshækkuninni er komið í veg fyrir það að sjómenn fái þá kjarabót sem þeir ella hefðu fengið, sem hlýtur að þýða það að sjómenn eru látnir borga töluverðan hluta af olíuverðshækkuninni til fiskiskipa. Það er sem sagt ekki aðeins um millifærslu að ræða innan atvinnufyrirtækjanna, það er einnig um að ræða tilfærslu á fé frá launþegum í þessari atvinnugrein og yfir til atvinnufyrirtækja.

Það má einnig deila um hvort þörf sé að ganga jafnlangt og gert er ráð fyrir í 2. gr. Í aths. með frv. er sagt að olíuverðshækkunin á árinu frá áramótum sé áætlað 1 000 millj. kr. Í grg. með frv. er einnig sagt að síðasta fiskverðshækkun, sem gerð var í febrúarmánuði, hafi skilað útgerðinni í auknum tekjum um 900 millj. kr. Þá er einnig sagt í aths. með frv. að verði 2. gr. lögfest, þá muni hún skila Olíusjóði fiskiskipa í tekjur á ársgrundvelli 1 450 millj. kr. Að þessum tölum athuguðum fæ ég ekki betur séð en þarna sé verið að setja meira fé og það töluvert meira fé inn í Olíusjóðinn heldur en ástæða er til að ætla að þurfi úr honum að greiða. Og er ástæða til þess að vera að byggja upp þarna einn sjóðinn enn sem hefur meira fé til ráðstöfunar en fyrirsjáanlegt er að hann þurfi á að halda? Það kann að vera að þetta sé ekki rétt skilið hjá mér, en svona kemur þetta þó fram í aths. með frv. Hafi ég farið rangt með þá óska ég vinsamlegast eftir því við hæstv. sjútvrh. að hann leiðrétti það og gefi þá frekari upplýsingar. Geri hann það ekki, þá er það að sjálfsögðu vegna þess að þarna er rétt með tölur farið.

Það má deila um þetta atriði, um það hvort verið sé að leggja óhófleg gjöld á sjómenn, hvort verið sé að millifæra óeðlilega mikið fé innan atvinnugreinarinnar vegna olíuverðshækkunarinnar. En hitt er líka vafasamt, eins og ég sagði hérna áðan, hvernig að er farið. Hér er verið að setja upp mikið sjóðakerfi sem aðeins hefur það verk að vinna að færa á milli vasa innan einnar og sömu atvinnugreinar. Það, sem í raun er verið að gera í 2. gr., er að verið er að setja mismunandi gengisskráningu á mismunandi útflutnings-

afurðir, vegna þess að mishátt útflutningsgjald á hinar einstöku afurðir hefur auðvitað sömu þýðingu og sömu afleiðingar eins og misjöfn gengisskráning fyrir misjafnar afurðir. Það er verið að skera kúfinn ofan af einum þætti til þess að fylla lægðina hjá öðrum, og það er hætt við því að slíkar aðfarir stuðli m. a. að því að það verði ekki lengur eins eftirsóknarvert og ella að velja þá framleiðslu innan sjávarútvegsins sem hagkvæmust er.

Þetta kerfi, kerfi millifærslna og tilfærslna, og hvers kyns fjármálalegar hókus-pókus aðferðir hafa lengi verið ær og kýr Framsfl. Þegar Framsfl. hefur verið í stjórn hafa yfirleitt ekki liðið mörg ár áður en hann er búinn að skapa slík millifærslubákn svo voldug að þau hafa verið á góðri leið með að kæfa eðlilegan atvinnurekstur í landinu því að eðli slíks millifærslubákns brýtur gersamlega í bága við öll viðtekin og eðlileg lögmál atvinnurekstrar. Þegar aðrir aðilar hafa getað losað atvinnulífið við þessar úreltu og fráleitu millifærsluaðferðir er eins og atvinnulífið í landinu varpi öndinni léttar. Á stuttum tíma verða þá miklar framfarir og æskilegar í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar eins og við höfum dæmi um. Það kemur því ekki á óvart þótt ríkisstj. með þátttöku Framsfl. leggi aftur inn á þessar brautir efnahagsstjórnunar sem allir frjálslyndir menn hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir að eru úreltar og reyndar mjög viðsjárverðar. En hitt þykja mér meiri tíðindi, að ráðh. Sjálfstfl., þess flokks sem a. m. k. hingað til hefur talið sig vera málsvara frjálshyggju og frjálslyndis og aðhyllast nútímalega stjórnunarhætti í efnahags- og fjármálum, skuli nú koma fram með mál eins og þetta, þar sem ráð er fyrir því gert að mynda víðfemt millifærslubákn innan undirstöðuatvinnugreinar landsmanna, þvert gegn vilja hagsmunasamtaka þessarar atvinnugreinar. Ég verð að segja það að mikið hefur breyst hjá þeim sjálfstæðismönnum síðan þeir á sínum tíma áttu þátt í því með Alþfl. að ryðja úr vegi því fráleita og úrelta hafta-, leyfa- og millifærslukerfi sem Framsfl. hafði komið á fót og lá eins og mara á íslensku atvinnulífi. En þetta eru áhrifin af sambúð þeirra sjálfstæðismanna við framsóknarmenn í ríkisstj. Veldur hver á heldur, og í þessu efni fer víst ekkert á milli mála, hver á heldur, enda virðist það ekki hafa farið fram hjá ýmsum áhrifaaðilum innan Sjálfstfl. ef marka má ýmis skrif í málgögnum flokksins nú að undanförnu.

Ég ætla svona rétt til áréttingar því, sem ég er nú að segja, að vitna í leiðara dagblaðsins Vísis frá 24. þ. m. þar sem að segir svo orðrétt, með leyfi forseta — titill forustugreinarinnar er: „Sorglegt stjórnarfrv." Forustugreinin hljóðar svo: „Stjfrv. um ráðstöfun gengishagnaðar, sem lagt var fram á þingi í upphafi vikunnar, er alvarlegt spor stigið aftur á bak. Í því felst ekki neitt fráhvarf frá fargani millifærslusjóðanna sem almennt hefur verið fordæmt að undanförnu. Var þó í upphafi undirbúnings frv. boðað að reynt yrði að draga að minna eða meira leyti úr millifærslukerfinu. Sjómenn og útgerðarmenn tóku undir þá stefnu með því að leggja til að skipuð yrði sérstök n. til þess að undirbúa afnám þessa kerfis og að hún ljúki störfum fyrir næstu áramót. Þrátt fyrir gefin fyrirheit og stuðning sjávarútvegsins stefnir frv. í öfuga átt, að aukningu millifærslufargansins. Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir nýju og misjöfnu útflutningsgjaldi á sjávarafurðir. Mjöl og lýsi eiga að greiða 2%, saltfiskur 6% og aðrar sjávarafurðir 4%. Með þessari mismunun er verið að draga úr því að fiskiðnaðurinn leggi aukna áherslu á arðbærustu vinnsluna. Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir að tekjurnar af útflutningsgjaldinu verði notaðar til að greiða olíu fiskiskipaflotans enn meira niður en áður hefur verið. Samkvæmt frv. á útgerðin aðeins að greiða kr. 5.80 eða um 30% af kr. 20.20 raunverði olíulítrans. Með þessari niðurgreiðslu er verið að draga úr því að menn spari olíu í útgerðinni. Að baki þessa hörmulega frv. er langt samningaþóf milli ólíkra sjónarmiða svo að líklegt er að það nái fram að ganga. En það er afar sorglegt, að hið gerspillta millifærslufargan skuli vera aukið einmitt núna þegar allir málsaðilar hafa komið auga á ókosti þess."

Hér lýkur tilvitnun í annað aðalmálgagn Sjálfstfl., dagblaðið Vísi, frá 24. þ. m.

Það fer ekkert á milli mála að stuðningsmenn Sjálfstfl. eru ekki ánægðir með þessi afrek hans. Það fer ekkert á milli mála að þeir telja að Sjálfstfl. sé að leggja út á mjög varhugaverða braut, flytja mjög hörmulegt frv., standa að sorglegu stjfrv., svo að vitnað sé aftur í orð dagblaðsins Vísis. Það hefur stundum verið sagt um Framsfl. að hann tyllti í hægri fót eða vinstri eftir því með hverjum hann ynni í það og það skiptið. En ég verð nú að segja eins og er að ef einhver sveiflast í skilningi sínum og stefnu í efnahagsmálum að þessu leytinu til, þá er það ekki Framsfl., heldur er það Sjálfstfl.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er sjálfsagt alveg rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði hér í framsögu fyrir þessu frv. að það væri fullkomin ástæða til að reyna að minnka sjóðakerfi sjávarútvegsins eins og það er nú. Hann sagði einnig að þrátt fyrir margar og fjálglegar yfirlýsingar allra stjórnmálaflokka um að stefna bæri að slíku, þá hefði sú orðið raunin að flestum ríkisstjórnum hefði orðið það á að bæta þar heldur við en að minnka, og vel má vera að þetta sé rétt. Ef ég man rétt er á það drepið í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. að það eigi að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegsins með það í huga að fækka sjóðum og gera það kerfi auðveldara en það nú er. Mér sýnist að það frv., sem hér er nú til umr., svipaðs eðlis og frv. sem við fengum hér til umr. einnig fyrr á þessu þingi, stefni fremur í hina gagnstæðu átt, þ. e. að það auki heldur valdsvið sjóðakerfis sjávarútvegsins heldur en dragi úr því.

Ég held að það komi engum á óvart þó að til þess sé vitnað nú við umr. um þetta mál að því hefur verið haldið fram og er haldið fram enn af forsvarsmönnum sjávarútvegsins, þ. e. a. s. útgerðarinnar, að þær gengisfellingar tvær, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir, hafi ekki verið til þess gerðar að leysa vanda útgerðarinn-

ar í landinu. Það sé meiri spurning um það hvort gengisfellingar þessar hafi ekki orðið til þess að auka á þann vanda sem útgerðin hefur átt við að stríða og á, eftir því sem sagt er, enn við að stríða. Það var vitnað áðan í ummæli formanns Landssambands ísl. útvegsmanna, Kristjáns Ragnarssonar, þessu til staðfestingar, og ég er þeirrar skoðunar að þessar gengisfellingar hafi fremur orðið til að auka þennan vanda heldur en að auðvelda hann. Mér sýnist að úr því frv., sem hér er til umr., hafi kannske verið dregnar skæðustu vígtennurnar miðað við það sem uppi munu hafa verið hugmyndir um í upphafi hjá hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkum. Á ég þar við það sem að sjómannastéttinni kemur til með að snúa. Það virðist hafa tekið alllangan tíma fyrir stjórnarflokkana að koma sér niður á sameiginlegan grundvöll sem þeir gætu staðið að að því er varðaði skiptingu þess fjármagns sem hér er um að ræða, og því er þetta frv. mjög seint á ferðinni og raunar miklu seinna en eðlilegt verður að teljast.

Það má kannske segja að það sé þrennt í þessu frv. sem mér finnst ástæða til þess að fara hér um nokkrum orðum. Það er ljóst að hér er um að ræða skiptingu á fjármunum sem komið hafa til vegna gengisfellingarinnar sem gerð var í febr. s. l., gengisfellingar sem rýrði kjör sjómanna allverulega, og það verður því að teljast eðlilegt að við skiptingu á þessum fjármunum sé a. m. k. tekið verulegt tillit til sjómannasamtakanna í landinu. Mér virðist að það hafi verið heldur lítið tillit tekið til þessara sjónarmiða þegar frá þessari skiptingu var gengið því að af þessum rúmlega 1640 millj. er aðeins gert ráð fyrir að sjómannasamtökin fái um 87 millj. Mér finnst því að það sé full ástæða til þess að vekja athygli þeirrar hv. n., sem málið fær til meðferðar, á því — og það hefur komið fram fyrr í umr. — að full ástæða sé til þess að sjómannasamtökunum í landinu verði meiri gaumur gefinn og að þau fái stærri hlut af þessum fjármunum en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Í öðru lagi: Í sambandi við hækkun á útflutningsgjöldum er það raunar ljóst að með slíkri hækkun er a. m. k. verið að minnka þá möguleika sem kynnu að vera fyrir hendi til hækkunar á fiskverði til sjómanna. Ég held að öllum megi ljóst vera að full ástæða sé til þess að gefa því atriði gaum að fiskverðshækkun hlýtur fyrr en seinna að verða að koma því að tiltölulega lítil hækkun á fiskverði hefur átt sér stað miðað við hækkanir á öðrum sviðum sem orðið hafa í landinu á undanförnum mánuðum. Með slíkri hækkun á útflutningsgjöldum eru að mínu áliti minnkaðar verulega líkur á því að unnt verði að ná fram fiskverðshækkun til handa sjómönnum.

Og svo er í þriðja lagi ráðstöfun þessara margumtöluðu 400 millj. kr. Þó að ég treysti núv. hæstv. sjútvrh. kannske öðrum fremur til þess að gæta réttlætis í meðferð slíkra útdeilinga á fjármunum, þá finnst mér of mikil rausn af hálfu Alþ., að láta einum ráðh. í té 800 millj. til útdeilingar á 7—8 mánaða fresti. Það er sagt að það þurfi sterk bein til að þola góða daga, og mér finnst því að það sé um of stórtækt hjá hæstv. sjútvrh. að ætlast til þess að Alþ. veiti slíka heimild til ráðstöfunar á jafnmiklum fjármunum og hér er um að ræða án þess að nokkrar skorður eða reglur séu settar fram af hálfu Alþ. með hverjum hætti eigi með þessa fjármuni að fara.

Það var fyrst og fremst þetta þrennt sem ég vildi við 1. umr. þessa máls koma hér á framfæri. Eins og fram hefur komið hjá sumum ræðumanna áður eru nokkur atriði í þessu frv. sem ég á ekki von á öðru en að menn almennt séu sammála um. Það eru þessi þrjú atriði sem ég tel fyrst og fremst að þurfi að gefa frekari gaum við skoðun í n., og ég tel að sjómannasamtökin í landinu hljóti að eiga á því heimtingu, að þeim verði skilað stærri hlut af þessum gengishagnaði sem tekinn hefur verið af þeim með kjaraskerðingu. Nú fær n. málið til meðferðar og í þeirri n. eiga sæti framámenn í sjómannasamtökunum í landinu. Því verður að treysta því að þeir opni þennan möguleika til hagsbóta fyrir sjómannasamtökin til þess að endurheimta stærri hlut af því sem af þeim hefur verið tekið með ráðstöfunum núv. hæstv. ríkisstj. Og a. m. k. þar til annað sýnir sig treysti ég því að þessir einstaklingar, sem standa föstum fótum í sjómannasamtökunum, verði skeleggir málsvarar þeirra innan vébanda sjútvn. þessarar hv. d. sem málið fær til meðferðar. Mér finnst að hæstv. sjútvrh. mætti vel við una þó að hann fengi ekki annan 400 millj. kr. skammt til eigin ráðstöfunar við afgreiðslu þessa máls. Mér finnst einnig að það sé a. m. k. ástæða til þess að þingheimur fái um það vitneskju með hverjum hætti hinum skammtinum, fyrri 400 millj., hefur verið úthlutað. Ég er ekki á neinn hátt að sveigja að núv. hæstv. ráðh. þess efnis að hann hafi ekki gætt þar um réttlætis, en ég tel að þegar um svo mikla fjármuni er að ræða sé eðlilegt að a. m. k. Alþ. hafi um það vitneskju með hverjum hætti slíkum fjármunum er ráðstafað, og þar um á einu að gilda hvaða einstaklingur það er sem fer með embætti sjútvrh.

Það var fyrst og fremst þetta sem ég vildi vekja máls á við þessa umr. Væntanlega gefst frekara tækifæri til þess að fjalla um aðra þætti málsins eftir að n. hefur um það fjallað og það kemur til 2. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef nú hlustað á ræður hv. þriggja þm., stjórnarandstæðinga. Ég skal játa það í hreinskilni að ég bjóst ekki við sérstaklega miklu í þessum ræðum þeirra, en þó bjóst ég við heldur meiri þekkingu en raun bar vitni og þó sérstaklega hjá hv. 8. landsk. þm. Allir hafa þeir talað um það hvað sjútvrh. hafi fengið óskaplega stóra upphæð til eigin ráðstöfunar eða ráðstöfunar að eigin geðþótta. Ég skal hugga þá alla í einu lagi, þessa ágætu hugsjónabræður, með því að ég hef ekki ráðstafað einni krónu og ætla ekki að gera. Það, sem hér er um að ræða og ég kom inn á í minni frumræðu, er að það fer fram núna „konvertering“ lána í sjávarútvegi sem var boðuð á s. l. hausti. og hún fer fram í bankakerfinu. Það eru samstarfsnefndir Seðlabanka og tveggja höfuðviðskiptabanka sjávarútvegsins sem ráðstafa þessum lánum. Sjútvrn.

á einn mann í þessari n. sem er nokkurs konar áheyrnarfulltrúi og fylgist með af hálfu rn. Varðandi þessar 400 millj. sem um var að ræða í vetur, þá er ákveðið að leggja fram 600 millj. kr. til þess að bæta að hluta eigendum fiskiskipa sem urðu þá fyrir gengistapi. Vegna þess að það er ástæðulaust að greiða inn í stofnfjársjóðinn um leið og þetta fjármagn verður til að öllu leyti, þá töldum við rétt að fá þá heimild í vetur að það mætti lána til 2—3 ára 400 millj. kr. í þessa „konverteringu" lána sem að er unnið. Það stóð á því nokkurn tíma á hvern hátt ætti að ráðstafa þessum 400 millj. og það var vegna þess að ég vildi ekki ráðstafa þessum 400 millj. nema bankarnir tækju algerlega á sínar herðar að ráðstafa þessum peningum, lána þá út og tryggja endurgreiðslu á þessu tímabili. Hér er um fjármagn að ræða sem má segja að sé tekið traustataki í skamman tíma. Og þar við situr. Landsbankinn og Útvegsbankinn hafa tekið að sér að tryggja endurgreiðslu á því fé sem þeir lána í þessu augnamiði.

Sama heimild er nú og það er ekkert víst að þessi heimild verði notuð að öllu leyti. Það fer alveg eftir mati bankanna hvort þeir lána þeim fyrirtækjum þessa fjármuni sem þeir lána ekki öðrum en þeim sem geta tryggt það að þetta fjármagn komi aftur á þessu tímabili.

Það er því um algjöran misskilning að ræða hjá hv. ræðumönnum að ég standi í því að ráðsmennskast með þessi lán. Það hefur aldrei hvarflað að mér að taka slíka ábyrgð á mig að lána 400 millj., hvað þá heldur 800 millj., til Péturs og Páls og taka þá ábyrgð að þetta fé kannske vanti þegar á að greiða það eftir 2—3 ár. Nei, ég skal segja hv. þm. það að ég er miklu hyggnari maður en það að ég taki slíka ábyrgð á mig. Og það er algjör misskilningur hjá hv. 8. landsk. þm. að það sé fyrst og fremst verið að lána fjármuni til vafasamra fyrirtækja. Það er fyrst og fremst verið að koma mörgum ágætum fyrirtækjum á miklu fastari grunn en áður var, — fyrirtækjum sem eiga miklar eignir, en eiga í erfiðleikum hvað snertir lausafjárstöðu. Og þetta starf hefur átt sér stað núna að undanförnu og það er, eins og ég sagði áðan, búið að lána þegar 1005 millj. kr. og vanskilaskuldir við stofnfjársjóðina nema um 95 millj. kr. þannig að það er búið að lána fyrirtækjum 1100 millj. um miðjan þennan mánuð og þetta heldur áfram. Það er ekki nálægt því hálfnuð þessi „konvertering" í sjávarútvegi. Þetta eru lán til 84 aðila sem ég hef ekki séð skrá yfir. Ég veit um örfáa aðila, sem hafa fengið afgreiðslu, en ekki heildina. En þannig er það og þetta heldur áfram með þessum hætti.

Þetta sýnir hvernig sjávarútvegurinn stóð á s. l. hausti. Lausaskuldirnar í sjávarútvegi og vanskil við stofnlánasjóðina voru gífurleg. Ég tala nú ekki um öll vanskilin við þjónustufyrirtækin, við iðnaðarfyrirtækin, sem voru mörg komin að því að stöðvast, og úr þessu er verið að bæta með þessum hætti. Ég endurtek það að ég hvorki get né vil koma nálægt því að úthluta þessu fé eða breyta lausaskuldum útgerðaraðila í fast lán. Það verða þær stofnanir að gera sem með þessi mál fara. Hins vegar skal ég segja hv. þdm. að það var töluvert vandamál hvernig á þessu skyldi tekið, því að nú er það í raun og veru Seðlabankinn sem kaupir af viðskiptabönkunum skuldabréf sjávarútvegsins til þess að létta á stöðu viðskiptabankanna við Seðlabankann. Og það var lengi erfitt að komast að niðurstöðum hvernig þetta átti að vera í framkvæmd. Að lokum sömdu þessir aðilar um það sín á milli, viðskiptabankarnir og Seðlabankinn, að þetta yrði afgr. í gegnum Fiskveiðasjóð, sem sagt, Fiskveiðasjóður verður notaður til þess að lána, en Seðlabankinn auðvitað endurkaupir þessi lán þannig að hann einn fer að lokum með þau.

Hv. ræðumenn hafa talað mikið um að sjómenn fái ekkert út úr þessum ráðstöfunum. Ég vil minna á það að tveir af þessum ræðumönnum voru stuðningsmenn fyrrv. ríkisstj. og þegar fiskverð var ákveðið frá 1. jan. 1974 var ósamið við alla aðra launþegahópa í landinu og það var gert nokkru síðar eða í febr. Það hafði í för með sér stórfellda hækkun til allra annarra í launum og stórfellda hækkun á flestum nauðsynjun. En þrátt fyrir það sá fyrrv. stjórn eða stuðningsflokkar hennar enga ástæðu til þess að hækka fiskverðið, hvorki til útgerðar né sjómanna. Það varð svo geigvænleg hækkun eftir kjarasamningana í febr. 1974 að það er talið að viðhald skipa hafi hækkað um 50—51% frá áramótum til aprílloka. Þetta segir a. m. k. nokkra sögu hvað snertir rekstrarafkomu útvegsins — að fá slíka holskeflu yfir sig og enga hækkun á fiskverði. Að lokinni vertíð 1974 kemur verðstöðvun og er ákveðið að fiskverðið verði óbreytt þrátt fyrir allar þessar hækkanir og þessa miklu holskeflu. Og fiskverðið stóð óbreytt alveg fram til 1. sept. að það hækkaði um 11% eftir að núv. ríkisstj. tók við. Þetta er nú sannleikur málsins.

Ég er ekkert að fara út í það eða gagnrýna frekar af hverju þetta var gert, af hverju var ekkert komið til móts við útgerðina í 8 mánuði á s. l. ári. En það er staðreynd og það sýnir rekstrarstaða og efnahagsstaða sjávarútvegsins að árið 1974 var hörmulegt ár í rekstri í flestum greinum sjávarútvegs, sérstaklega hvað útgerð snertir og hluta af vinnslunni. Hins vegar var afkoman mjög góð í saltfiskinum.

Mér þætti gaman að spyrja hv. síðasta ræðumann að því, — það var framkvæmd gengislækkun á árinu 1972 af fyrrv. ríkisstj. og þá studdi flokkur þessa hv. þm. þá stjórn heill og óskiptur: Hvað fengu sjómannasamtökin mikið af gengishagnaðinum þá, 1972? Það væri fróðlegt ef þm. vildi nú segja þingbræðrum sínum og systrum frá því hvað sjómannasamtökin hafi fengið af þessum gengishagnaði. Sannleikur málsins er sá, að 1972 var engum gengishagnaði skipt. Þá sagði enginn neitt. Það er bara lán og var til ráðstöfunar uppi í sjútvn. Það fylgdi frv. um ráðstöfun gengishagnaðar og þá var þetta allt í besta lagi hjá þessum hv. fyrrv. stjórnarþm.

Hv. 8. landsk. þm. talar mjög mikið um gengisbreytingarnar, gengisfellingarnar. Ég vil nú minna á það að þegar stjórnmálaflokkarnir voru að ræða saman á s. l. sumri mótmælti ekki einn einasti þeirra því, að ef hann færi í ríkisstj. væri ekkert annað fram undan en að lækka gengi krónunnar. Alþfl. var engin undantekning þar.

Í sambandi við sjóðakerfið, — ég vil minna

þennan þm. á, hann er nú svo ungur að árum og nýbyrjaður hér, en hann hefur nú verið að kynna sér mjög stjórnmálasögu og þá sérstaklega sögu flokks síns og flokkurinn er núna í endurhæfingu að því er hann segir sjálfur eða framámenn hans, — en ég vildi aðeins minna á það að Alþfl. fór með sjávarútvegsmál öll árin sem viðreisnarstjórnin sat. Þá var gerð gengisbreyting 1967 og önnur gengisbreyting 1968. Það voru gerðar ráðstafanir í sjávarútvegi bæði þessi ár. 1967 var talið að gengisbreyting mundi duga. Hún dugði ekki. Það varð verðfall samhliða stórkostlegri hækkun á tilkostnaði. Það varð að grípa aftur til gengisbreytingar 1968 og hún var ekki skorin við nögl, eins og við munum. Og hvað var gert? Fengu sjómennirnir hækkun á fiskverðinu eins og gengisbreytingin gaf möguleika á? Nei, alls ekki. Útgerðin fékk 17% ofan á fiskverðið án skipta. Það var engin sjálfstæðisráðh. þá í embætti sjútvrh. Það var meira að segja enn verandi þm. Alþfl. Hann gerði þetta ekki af fjandskap við sjómannastéttina, — alls ekki. Hann gerði þetta og þáv. ríkisstj. vegna þess, að gengisbreyting er ekki gerð fyrir sjávarútveginn eða fyrir útgerðina. Hún er gerð vegna þess að þegar verðgildi krónunnar er fallið, þá hefur að lokum verið játað staðreyndum og genginu breytt. Og vitaskuld njóta útflutningsgreinarnar fyrst og fremst hinna góðu áhrifa gengisbreytingar hverju sinni. Þá var tekið upp 17% gjald sem sjómenn mótmæltu, og það var gert vegna þess að ef hin góðu áhrif gengisbreytingarinnar hefðu komið inn í verðlagið í hækkuðu fiskverði til útgerðar og sjómanna, þá hefði það hleypt af stað kaupskriðuöldu hjá öllu öðru launafólki í landinu þannig að gengisbreytingin 1968 hefði á nokkrum vikum runnið út í sandinn. Þetta var á bak við þessa ráðstöfun þáv. sjútvrh. sem var úr Alþfl. Sama er nú um að ræða.

Við verðum að taka mið af því hvað eru laun annarra þegna þjóðfélagsins, hvernig ástandið er í þjóðfélaginu, hvað við getum gengið langt hverju sinni. Ég held að það sé ekki hægt að saka núv. ríkisstj. um það að hún hafi ekki reynt að sýna eins mikla sanngirni og mögulegt hefur verið að gera við erfiðar aðstæður eins og við búum við í okkar þjóðfélagi. Það þýðir ekki, hvorki fyrir stjórnarsinna né stjórnarandstæðinga, að neita því að við búum við afar erfiðar aðstæður núna. Á sama tíma og þjóðir, sem við eigum margvísleg viðskipti og samskipti við, miklu ríkari þjóðir en við, verða að draga saman verulega, þar hefur verið atvinnuleysi nú að undanförnu, þá hefur þessari ríkisstj. tekist það, sem er mikilvægast af öllu, með þessum ráðstöfunum sínum, að hún hefur komist hjá því að hér bryddaði á atvinnuleysi. Og það er mikið afrek út af fyrir sig á sama tíma og atvinnuleysið er orðið allt upp í 10% í V.-Þýskalandi, einhverju auðugasta landi í veröldinni, í Bandaríkjunum, ég tala nú ekki um í Danmörku og víðar. Þetta held ég að megi líka líta á og hafa í huga. Það er ekki hægt að vera alltaf á uppboði með alla hluti. Og ég skal segja hv. 5. þm. Vestf. það að ef það hefðu verið 150 millj. í lífeyrissjóð sjómanna, þá hefði hann flutt nákvæmlega sömu ræðuna um það að sjómenn þyrftu að fá enn meira því að það er bara uppboð. Þm. er alltaf á uppboði. Það er það sem er. (Gripið fram í.) Nei, það gengur ekki. Þetta er bara misskilningur hjá honum. Hann þarf að fara að hætta þessu. Þetta gengur alls ekki á Vestfjörðum, síst af öllu þar.

Um eitt urðu þeir sammála, 8. landsk. þm. og Magnús Kjartansson og voru fljótir að reikna báðir. Magnús greip fram í fyrir honum og sagði að þetta frv. væri búið að vera í fjóra mánuði í undirbúningi. Gengisbreytingin átti sér ekki stað fyrr en um miðjan febrúar, og ég hefði nú alls ekki treyst mér til að ákveða ráðstöfun gengishagnaðar um áramótin eftir gengisbreytingu sem ekki var vitað að yrði farið í og ekki var framkvæmd fyrr en um miðjan febr. En þeir skoðanabræður, Sighvatur Björgvinsson og Magnús Kjartansson, fundu út að frv. væri búið að vera 4 mánuði í meðförum. Það kom hér fram, held ég, 19. eða 20. apríl. En þannig eru nú margir útreikningar þessara herra og þess vegna tekur maður þá ekki allt of alvarlega.

8. landsk. þm. kom inn á það, að hann segir að í aths. við frv. sé gert ráð fyrir tekjuauka Olíusjóðs skv. ákvæðum þessarar gr. sem muni nema um 1450 millj. kr. Ég kom inn á það í framsöguræðu minni að gengið er út frá að fobverðmæti sjávarafurða nemi 33 milljörðum og 750 millj. kr. á ári. Hráefnishlutfallið af þessum stofni er talið vera 45%, eða um 27% af hlut útgerðar og 18% af hlut sjómanna. Ef við hefðum tekið 11% gjöld af fiskverðinu hefði hlutdeild sjómannsins verið miklu hærri. En við fórum inn á þá braut að leggja til að taka útflutningsgjaldið á síðasta stigi þannig að hlutdeild sjómannsins minnkar mjög verulega við það að hverfa frá að taka 11% af fiskverðinu. En dæmið lítur ekki eins illa út og menn halda í sambandi við fiskvinnsluna vegna þess að við tökum um 400 millj. úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til þess að bæta hraðfrystiiðnaðinum þá hækkun sem hann verður að þola af þessari hækkun útflutningsgjaldsins. Ég held að það megi því segja að hér sé ekki um risavaxinn skatt að ræða. Og það er alveg rétt hjá hv. 8. landsk. þm. að hér er ekki verið að færa sjávarútveginum neitt. Hér er aðeins verið að færa á milli hinna ýmsu greina í sjávarútvegi.

Ég held að það hafi verið hv. 5. þm. Sunnl. sem taldi að það hefði átt að afla fjár til Olíusjóðs eða til þess að bæta stöðu útgerðarinnar með því að leggja skatt á alla landsmenn, sem þeir tækju þátt í. Út af fyrir sig er það ekkert fjarri sanni að slíkt væri gert. En mér hefur skilist á æðimörgum að það sé nú ekki á bætandi að auka skattabyrðina á almenningi í landinu.

Nú á að lækka beinu skattana. Það er ákveðinn vilji ASÍ að fara inn á þá braut. Þá er ekki nema um eitt að ræða, það er að hækka söluskattinn til þess að standa undir þessu. Vilja hv. stjórnarandstæðingar heldur fara inn á þá braut að leggja á söluskatt til þess að greiða niður olíu fyrir útgerðina? Ef þeir vilja það, finnst mér rétt að þeir láti frá sér heyra í þeirri n. sem fær málið til meðferðar.

Ég vil benda á það að öflun fjár til Olíusjóðsins hefst ekki við áramót. Hún hefst ekki fyrr en þetta frv. er orðið að lögum. En skuldbind-

ingarnar gagnvart útgerðinni ná allt til 11. jan., að fyrri olíuhækkunin á sér stað, og Olíusjóðurinn verður að greiða niður báðar þessar hækkanir. Það er tæpur milljarður sem hér er um að ræða, og tekjurnar af olíugjaldinu verða aldrei hærri en þessi útgjöld, það er alveg sjáanlegt. Við getum hiklaust dregið frá heildarútflutningnum um 5 milljarða vegna lýsis- og mjölframleiðslu sem engar tekjur koma af og ekki fyrr en 1. okt. Og þá er auðvitað ekki um neina verulega upphæð að ræða því að loðnuveiði hefst ekki aftur fyrr en á næsta ári svo að þetta er óverulegt gjald. Það má segja að það geti verið að sumu leyti eðlilegt að þetta gjald gæti komið á eftir nánari ákvörðun rn., eins og hv. 8. landsk. þm. ræddi um. En ég held að það sé ekkert áhorfsmál að það sé réttara að hafa þessa ákvörðun í hendi Alþ., og það er tekið mið af því. Hins vegar vitum við ekkert hvað verður verð á mjölafurðum 1. okt. Við vitum heldur ekkert hvernig saltfiskur eða frystur fiskur stendur þá. Við bara reiknum með og ákvörðum í þessu frv. Ef breytingar verða örar verður að finna nýjar leiðir og breyta. Það vitum við ekki um í dag. Þetta er áætlun sem við byggjum á þetta ár, og það er síst af öllu verið að taka meira fé í Olíusjóðinn en hann þarf að greiða út. Þar við bætist að frá áramótum hefur farið úr landi mikið af afurðum sem búið er að skila gjaldeyri fyrir og kemur ekki til greina að útflutningsgjaldið geti verkað aftur fyrir sig. Það tapast á þessu tímabili þannig að það þarf enginn að óttast að tekjur af þessu gjaldi til Olíusjóðsins fari yfir það sem gert er ráð fyrir að útgjöldin muni nema.

Ég vil svo að síðustu taka það fram í sambandi við þessa heimild um 400 millj. fjárframlag sem er áætlað til að greiða niður erlend lán og gengistryggð lán að það hvarflar ekki að mér að nota þá heimild nema fyrir viðskiptabankana þannig að það séu þeir sem láni það fé og þeir einir og þeir verði jafnframt að ábyrgjast endurgreiðslu á þessu fjármagni til baka. Ég held að það sé engin hætta á því að ég fari út í neinar slíkar lánveitingar og hefur aldrei hvarflað að mér að gera það því að þessa hluti er ekki hægt að leysa nema í nánu samstarfi og samvinnu við bankakerfið. Ef bankarnir treysta ekki sínum viðskiptamönnum til þess að greiða þetta fjármagn á þessum skamma tíma, þá verður þetta fjármagn ekki látið til fyrirtækjanna.

Á þessu stigi sé ég ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. En hitt er ljóst að það er erfitt eins og fyrri daginn að sætta sjónarmið í sjávarútveginum í þessum efnum. Það vill hver líta á sína hagsmuni frá sínu þrengsta sjónarhorni. Hvað snertir leiðarann, sem 8. landsk. þm. las úr Vísi, held ég að það sé þægilegt að skrifa svona leiðara og það er ákaflega mikilsvert atriði fyrir Vísi að fá ritstjóra Alþýðublaðsins til þess að lesa upp leiðara sína hér á Alþ. Þeir kannske geta þá skipst á ef þeir skrifa á sama hátt jafnskynsamlega um landbúnaðarmálin og þeir hafa löngum gert. Og þeir ætla nú að fara að bæta því við að skrifa og tala af svipaðri skynsemi um sjávarútvegsmál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjóvinnuskóli Íslands, frv. (þskj. 69, n. 499, 500). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft mál þetta til meðferðar og sent það til umsagnar allmargra aðila og er niðurstaða allra þessara aðila utan eins að mæla með samþykkt frv. Tveir aðilar gera þó nokkuð ítarlega grein fyrir skoðunum sínum og leggja til nokkrar brtt. Það eru Fiskifélag Íslands og Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Einn aðili vill að frv. verði frestað og leggur mikla áherslu á að inn í það verði tekið ákvæði um skólaskip, en það er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda mælir með frv., sömuleiðis Landssamband ísl. útvegsmanna. En í þessum tillögum eða aðfinnslum Stýrimannaskólans og Fiskifélags Íslands koma mörg þau hin sömu sjónarmið, og má segja að hv. sjútvn. hafi komið að mestu leyti til móts við skoðanir þessara tveggja aðila og þá kannske sérstaklega til móts við skoðanir Stýrimannaskólans. Þeir sem þar fjölluðu um málið eru kannske þeir sem best og mest vit hafa á þessum málum.

Ég skal þá, vegna þess að áliðið er orðið dags, reyna að fara fljótlega yfir þær brtt. sem n. er sammála um að gera.

Í 2. gr., í sambandi við markmið skólans, falli niður 5. og 6. liður, en efni þeirra liða má segja að finnist í öðrum gr. í frv.

Þá er einnig lagt til að fella niður 3. gr. því að það kom fram í athugasemd frá Stýrimannaskólanum að það væri of bundið fyrir skólann að ákveða í lögum að nemendur Stýrimannaskóla hefðu lokið námi frá sjóvinnuskóla á fyrsta námsári. Við þessari ósk var orðið, en í stað þessa var 8. gr. nokkuð aukin og þar komið til móts við skoðanir Fiskifélag Íslands.

Það kom líka fram hjá báðum þessum aðilum að ekki væri rétt að telja upp námsefni svo ítarlega sem gert er í 5. gr. frv., heldur væri réttara að láta það þróast með reynslunni, og þeir lögðu báðir til að þetta yrði ákveðið í reglugerð og féllst n. á það.

Ég var búinn að minnast á 8. gr. áður. Þar er lagt til, að fastsetja ekki skólatímann 3 mánuði, heldur eins og þar segir: „Skólinn starfar allt að 10 mánuði á ári og skal skólatími yfirleitt skipt í þriggja mánaða námskeið.“

Skv. ábendingu Stýrimannaskólans er lagt til að í stað þess að í 9. gr. segir: „skal hafa lokið námi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík“ komi: hafi lokið annars stigs prófi úr stýrimannaskóla. Þetta er alveg rétt ábending því að að sjálfsögðu á maður með hið meira fiskimannapróf að geta veitt slíkum skóla sem sjóvinnuskólanum er fyrirhugað að vera forstöðu. Og svo breytti n. því einnig að binda þetta eingöngu við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Stýrimannaskólarnir eru tveir og það er engin ástæða til þess að binda þetta aðeins við annan skólann.

Svo má segja að meginbreytingin sé sú, að í frv. var lagt til að skólinn heyrði undir sjútvrn., en báðir þessir aðilar bentu á að réttara væri að skólinn heyrði undir menntmrn., m. a. vegna þess að allir aðrir skólar, sem veita fræðslu í sambandi við sjávarútveg, heyra undir mennt-

mrn. Það varð úr að leggja þetta til og n. var sammála um þessa breyt.

Sömuleiðis er lagt til að í stað þess að Fiskifélagið tilnefni fimmta manninn í skólanefnd, þá skipi ráðh. hann án tilnefningar. Eins og Fiskifélagið réttilega benti á má segja að allir hinir aðilarnir, sem eiga að tilnefna í skólanefndina, séu aðilar að Fiskifélagi Íslands og eigi flestallir fulltrúa í stjórn Fiskifélagsins.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en eins og í nál. segir er n. sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessum breyt., og þótt tveir nm. væru fjarverandi þegar málið var afgr., þá tjáðu þeir sig einnig samþykka afgr. málsins á þessum grundvelli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 271, n. 501). — 2. umr.

Frsm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Í grg., sem fylgir frv. þessu, segir svo, með leyfi forseta:

„Við afgreiðslu frv. í sjútvn. Ed. í des. s. l. féll niður ofangreind breyt. á frv. en hún telst nauðsynleg til þess að ugglaus sé verkaskipting milli Framleiðslueftirlitsins og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.“

Þar sem nm. voru sammála að koma til móts við þær óskir Ed. að leiðrétta mistök sem þar hefðu átt sér stað, þá leggur n. til að frv. verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 301, n. 486, 487). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hv. félmn. hefur skilað áliti um frv. það sem ég leyfði mér að bera fram á þskj. 301, 163. mál. Frv. þetta var flutt til þess að greiða fyrir því að fasteignir sem væru reistar og notaðar í þágu tómstundaiðju, fengju lægri fasteignagjöld en þau fá nú. Var sérstaklega vitnað til hesthúsa og félagsheimila hestamannafélaga og skyldra fasteigna í grg.

N. fjallaði um þetta frv., fékk umsagnir frá Landssambandi ísl. hestamanna og hestamannafélaga og Sambandi ísl. sveitarfélaga og komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að þrengja nokkuð orðalag greinarinnar eða frv., þannig að ekki færi milli mála hvað við væri átt, og líka breyta frv. á þann veg að hér væri um að ræða heimildarákvæði til handa sveitarstjórnum. Hljóðar þá brtt. svo:

„Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af fasteignum sem einvörðungu eru notaðar til tómstundaiðju sem viðurkennd er af viðkomandi sveitarstjórn.“

Á þessa breyt. féllst n. öll svo og fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga sem höfðu gert nokkrar athugasemdir við frv. í sinni upphaflegu mynd, af þeirri eðlilegu ástæðu að hér var um að ræða spón úr aski sveitarfélaganna. Það er mat þeirra að þetta sé mjög viðunandi eins og nú er frá því gengið af nefndinni.

Í öðru lagi er bætt inn í þetta frv. breyt. sem felur það í sér að skipbrotsmannaskýli og sæluhús séu undanþegin fasteignagjöldum. Þessi breyt. var talin sjálfsögð og eðlileg og n. leggur til að þetta verði hvort tveggja samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 74. fundur.

Laugardaginn 26. apríl, kl. 10 árdegis.

Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv. (þskj. 520). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Ég geri grein fyrir 13 breyt. sem samþ. voru við 3. umr. í hv. Ed. á frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum o. fl., en vegna þess þarf frv. að koma aftur til einnar umr. í þessari hv. deild.

Tvær af þessum till. voru fluttar af fjh.- og viðskn. Ed. en ein af hv. þm. Geir Gunnarssyni. Allar voru þessar till. samþ. samhljóða í Ed.

Í fyrsta lagi er sú breyt. að á eftir 20. gr. komi ný gr. sem verði 21. og er svo hljóðandi: „Fjmrn. er heimilt að fella niður tolla af þeim lyfjum, er falla undir tollskrárnúmer 30.01.00 og 30.02.00, og af þeim sérlyfjum, sem skráð eru á sérlyfjaskrá, og af þeim óskráðum sérlyfjum sem til landsins eru flutt með heimild heilbrigðisyfirvalda skv. 3. málsgr. 54. gr. l. nr. 30/1963, er falla undir tollskrárnúmer 30.03.09.“

Þarna er um að ræða ýmis efni úr dýrarikinu, framleidd til að lækna eða koma í veg fyrir sjúkdóma, eins og segir í tollskránni. Það er einnig um að ræða bóluefni og lyf til dýralækninga.

Í öðru lagi er breyt. á 34. gr. sem verður 35. gr. og er um innheimtu kirkjugarðsgjalda. Greinin er svo hljóðandi:

„Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Stjórnir kirkjugarða geta falið ríkissjóði innheimtu kirkjugarðsgjalda. Í hreppsfélögum geta stjórnir kirkjugarðanna þó falið sveitarsjóðum innheimtuna. Innheimtulaun skulu vera 6% af innheimtu fé. Stjórnum kirkjugarðanna er heimilt að hafa innheimtuna í eigin höndum gegn sömu þóknun.“

Breytingin er þess eðlis að raunverulega má innheimta kirkjugarðsgjöldin með sama hætti og verið hefur, en innheimtulaunin gangi til ríkissjóðs eða þess sem ríkissjóður felur innheimtuna. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að ef ríkissjóði er falin innheimtan, þá muni það vera innheimtumenn ríkissjóðs sem hana annist eins og hingað til. Í vændum mun vera breyt. á þeirri löggjöf sem fjallar um þóknun til innheimtumanna ríkissjóðs.

Þá er í þriðja lagi brtt., sem samþ. var samhljóða í Ed., frá Geir Gunnarssyni, en hún er við ákvæði til bráðabirgða, verður d-liður þar, og er svo hljóðandi:

„Fyrir árslok 1975 skal fjmrh. láta fara fram sem nákvæmasta könnun á framfærslukostnaði barna, þ. á m. hvernig honum er háttað eftir mismunandi aldri og fjölda barna í fjölskyldu, svo að hafa megi niðurstöður könnunarinnar til hliðsjónar við álagningu skatta og ákvörðun tryggingabóta, sem greiddar eru vegna barna. Skýrsla um könnunina skal lögð fyrir Alþ."

Ég hef þá gert grein fyrir þessum breyt.

ATKVGR.

Frv. er samþ. með 20:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 525).

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 382, n. 440 og 449, 453, 466). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 449 felld með 25:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÁ, KP, SBl, MK, MÓ, SvJ, GS, GilsG.

nei: GTh, GÞG, HES, IngJ, IG, JSk, LárJ, MB, ÓE, ÓlJ, PS, SighB, SigurlB, SvH, TÁ, VH, GGÞ, SvB, BrS, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, RH.

7 þm. (GF, JóhH, MÁM, PP, PJ, SV, EðS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég hef að vísu margt út á þetta frv. að setja og mun taka mína endanlegu afstöðu hér til þessa máls þegar til lokaafgreiðslu kemur. Hins vegar eru þær röksemdir fyrir þessari rökstuddu dagskrá, sem ég felli mig ekki að öllu leyti við og er ekki við því búinn að taka undir, og ég mun því við þessa atkvgr. segja nei.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég álít nauðsynlegt að íslendingar skjóti fleiri stoðum undir efnahag sinn með því m. a. að verja nokkrum hluta raforku sinnar til stóriðju. Þó ber í því efni að fara með fyllstu gát. Ég er gagnrýninn á ýmis ákvæði frv. þess, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, og sýnist viðsemjandi vor hafa matað krókinn. Þó hef ég enga brtt. fram borið við frv. þetta né heldur mun ég fylgja þeim sem fram eru bornar í hv. d., utan 3. brtt. á þskj. 453 frá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni um þá sjálfsögðu aðferð að Alþ. kjósi hlutfallskosningu í stjórn fyrirtækisins, en sú brtt. er að mínum dómi eðlilegri en sú sem hv. þm. Bragi Sigurjónsson flytur á þskj. 466 um sama efni. Ég mun ekki framar ljá fylgi mitt við ríkjandi einstefnu í staðarvali stórvirkjana og stóriðju en önnur áform, sem orðfærð hafa verið um virkjunarmál annarra landshluta, hins vegar enn svo laus í reipunum að vart er hönd á festandi. T. a. m. virðast menn drumbs um að ályktunartill. mín um að stórvirkjunarmöguleikar Austurlands verði rannsakaðir, hvað þá meir, nái fram að ganga. Á hinn bóginn vil ég ekki, úr því sem komið er, leggja stein í götu þessa máls og er einnig ósammála forsendum hinnar rökstuddu dagskrár og segi því nei.

Brtt. 453,1 felld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GilsG, IG, JónasÁ, KP, SBl, MK, MÓ, SvJ, GS.

nei: GuðlG, IH, GTh, HES, IngJ, JSk, LárJ, MB, MB, ÓE, ÓlJ, PS, TÁ, VH, GGÞ, SvB, EBS, EKJ.

GÞG, SighB, SigurlB, SvH, BrS, RH greiddu ekki atkv.

7 þm. (GF, JóhH, MÁM, PP, PJ, SV, EðS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 22:5 atkv.

Brtt. 466,1 felld með 18:6 atkv.

2. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Brtt. 453,2.a felld með 19:5 atkv.

— 453,2.b felld með 16:9 atkv.

— 466,2 felld með 15:12 atkv.

3. gr. samþ. með 21:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrS, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, GÞG, HES, IngJ, JSk, LárJ, MB, ÓE, ÓlJ, PS, SighB, TÁ, VH, GGÞ, SvB.

nei: GS, GilsG, JónasÁ, KP, SBl, MK, SvJ, RH, IG, MÓ, SigurlB, SvH greiddu ekki atkv.

7 þm. (EðS, GF, JóhH, MÁM, PP, PJ, SV) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Að mínum dómi er ákaflega mörgu í þinglegri meðferð þessa máls ábótavant og e. t. v. aðfinnsluvert. Ég tel að málið hafi ekki fengið nægilega athugun hér í þinginu og mörgum spurningum um mikilvæga þætti þess er enn ekki fullsvarað. Að mínum dómi hefði Alþ. átt að geyma afgreiðslu þessa máls til haustþings, en fela sérstakri þingmannanefnd að kanna betur málsástæður milli þinga. Þrátt fyrir þessa skoðun mína þýðir hún ekki að ég sé fyrir fram andvígur stóriðjurekstri af þessu tagi, en ég er ekki á þessari stundu við því búinn að taka endanlega afstöðu til þessa máls og hef tekið þá ákvörðun að greiða ekki atkv. nú.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég mun greiða atkv. gegn þessari frvgr. vegna þess að ég tel það andstætt grundvallarhugsjónum þess flokks, sem ég er fulltrúi fyrir, að ríkinu sé í svo stórum stíl falið að annast áhættusaman atvinnurekstur eins og hér um ræðir. Í öðru lagi tel ég það rangt, eins og ástatt er um fjárhag íslenska ríkisins, að festa svo mikið af fé ríkisins í áhættusömum atvinnurekstri. Og í þriðja lagi tel ég það ranga meginreglu, sem þetta frv. byggist á, að það sé nauðsynlegt fyrir íslendinga að eiga a. m. k. helming í þessu fyrirtæki, en sú er ástæðan fyrir þessari fjármögnunargrein. Ég tel að öllu athuguðu og ekki síst með tilliti til óljósra og óhagstæðra ákvæða í aðalsamningnum, að okkur hefði verið hentara að eiga sem minnst í fyrirtækinu. Þess vegna greiði ég atkv. gegn þessari gr., en mun sitja hjá við lokaatkvgr. frv.

4. gr. samþ. með 21:2 atkv.
Brtt. 453,3 felld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
já: GS, GilsG, JónasÁ, KP, SBl, MK, MÓ, SvJ, SvH, RH.
nei: EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, HES, IngJ, JSk, LárJ, MB, ÓlJ, PS, TÁ, VH, GGÞ, SvB.
GÞG, IG, ÓE, SighB, SigurlB, BrS greiddu ekki atkv.
7 þm. (GF, JóhH, MÁM, PP, PJ, SV, EðS) fjarstaddir.
5. gr. samþ. með 20:6 atkv.
Brtt. 453,4 felld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JónasÁ, SBl, MK, MÓ, SvJ, GS, GilsG.
nei: JSk, LárJ, MB, ÓE, ÓlJ, PS, TÁ, VH, GGÞ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, IH, GTh, HES, IngJ.
KP, SighB, SigurlB, SvH, BrS, GÞG, IG, RH greiddu ekki atkv.
7 þm. (MÁM, PP, PJ, SV, EðS, GF, JóhH) fjarstaddir.
6. gr. samþ. með 22:5 atkv.
Brtt. 453,5 felld með 17:5 atkv.
7. gr. samþ. með 19:4 atkv.
Brtt. 453,6 felld með 16:6 atkv.
8. gr. samþ. með 20:5 atkv.
9.—14. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:5 atkv.

Ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins, frv. (þskj. 484). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 31 shlj. atkv.

Sjóvinnuskóli Íslands, frv. (þskj. 69, n. 499, 500). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 500,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 500,2 (3. gr. falli niður) samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 500,3 (5. gr. falli niður) samþ. með 29 shlj. atkv.
6.—7. gr. (verða 4.—5. gr) samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 500,4 tekin aftur til 3. umr.
8. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 500,5 samþ. með 26 shlj. atkv..
9. gr. (verður 7. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 500,6 samþ. með 27 shlj. atkv.
10. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 500,7 samþ. með 29:1 atkv.
11. gr. (verður 9. gr.), svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 271, n. 501). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 301, n. 486, 487). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 487 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 75. fundur.

Laugardaginn 26. apríl, að loknum 74. fundi.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 382). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég hafði ætlað mér að segja nokkur orð hér við 2. umr., en þar sem áliðið var orðið kvölds og mér var tjáð að fleiri mundu verða á mælendaskrá hér við 3. umr., þá lét ég það bíða, en ég skal ekki verða langorð hér. Það hafa langar og miklar umr. orðið um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði og eru nú komnar á lokastig. Það eru aðeins nokkur atriði sem ég vil tjá mig um.

Ég vil fyrst taka það fram að ég er alfarið langt frá því að vera ákafur talsmaður erlendrar stóriðju á Íslandi, vildi gjarnan að við gætum vísað þeim kaleik frá okkur og búið einir að þeim auðlindum sem landið hefur að bjóða. Allt um það hygg ég það þó rétt mat að vegna þess hve atvinnuvegir okkar eru einhæfir og sveiflukenndir og þá ekki hvað síst okkar aðalatvinnugrein, sjávarútvegur og fiskveiðar, þá beri brýna nauðsyn til að renna fleiri stoðum undir atvinnulíf þjóðarinnar, eins og oft hefur verið orðað, með framtíðarhag landsmanna fyrir augum. Tilfinningaleg afstaða til íslensks þjóðernis og sjálfstæðis, hversu mjög sem hún á rétt á sér, má auðvitað ekki leiða okkur af vegi skynsemi og raunsæis og blinda okkur frammi fyrir staðreyndum í kringum okkur. En að sjálfsögðu ber okkur að fara með ítrustu varfærni og gát í þessum efnum og einblína ekki um of á arðsemissjónarmiðin með auraglýju í augum, hún gæti fyrr en varir orðið að blindu.

Ég fyrir mitt leyti mun því styðja þetta frv. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga sem heild þó að ég sé alls ekki ánægð með það í

öllum atriðum. Ég styð það vegna þess að ég tel að við eigum ekki annars kost, eins og í pottinn er búið, án þess að baka okkur þjóðhagslegt tjón sem við síst megum við nú, svo illa sem við erum stödd efnahagslega. Ég sagði að ég væri ekki fyllilega ánægð með allar gr. frv., þar vil ég sérstaklega tiltaka 3. gr., 7. og 8. gr., og greiddi því hvorki atkv. með né móti þeim brtt. sem komu þar fram. En ég vil leyfa mér að líta svo á, samkv. 6. gr. frv., að samningar í þessu máli séu ekki fullfrágengnir fyrr en frv. er orðið að lögum á Alþ. þannig að við kynnum enn að eiga nokkra möguleika á að koma okkar ár betur fyrir borð en mér sýnist að komi fram í frv.

Ég viðurkenni að efasemdir mínar um ýmsar gr. þessa frv. kunna í sumum tilvikum að stafa af of litilli þekkingu minni og því minni reynslu í milliríkjasamningum og viðskiptum og af heldur takmarkaðri innsýn í hinar tæknilegu hliðar málsins. Ég hef þó reynt að kynna mér málið eftir bestu getu með aðstoð mér fróðari manna og ýmissa sérfróðra manna sem ég treysti til að komast að réttum skilningi á hinum ýmsu hliðum málsins.

Hin fyrstu rök fyrir því að við förum út í þessa framkvæmd nú tel ég þau að við erum ekki tilbúin til að nýta þá orku sem Sigölduvirkjunin fullbúin mun bjóða til þeirra framkvæmda sem við kysum helst, þ. e. til rafhitunar húsa til að létta af hinum gífurlega olíukostnaði. Við erum ekki tilbúin að nýta hana vegna þess að okkur vantar í senn mannafla og fjármagn til að byggja stofnlínur og dreifilínukerfi til að leiða rafmagn í húsin innan þess tíma sem orkan er föl til nýtingar. Að þessu hafa verið færð skýr rök margsinnis í umr. hér. á hæstv. Alþ. að undanförnu og er óþarfi að ég endurtaki þau hér. Staðhæfingar og stóryrði í gagnstæða átt virðast mér út í bláinn. Með þeim fyrirvara, sem ég vil jafnan hafa á óskeikulleik sérfræðinga, hlýt ég þó í þessu máli að taka meira mark á athugunum þeirra og niðurstöðum heldur en orðaflaumi pólitíkusa sem eiga það til í sölum Alþ. að bregða sér nokkuð á svig við staðreyndir eftir því sem hentar hverju sinni.

Um staðsetningu verksmiðjunnar hér á Faxaflóasvæðinu til viðbótar við álverksmiðju, sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju og fjöldamargar aðrar stórframkvæmdir vil ég segja það að við þurfum ekki að undrast þótt fólk úti á landsbyggðinni líti með nokkrum ugg til þessarar þróunar og óttist að áframhald í sömu átt hljóti að leiða til byggðaröskunar í landinu þvert á fyrirheit allra íslenskra stjórnmálaflokka um framkvæmd byggðastefnu og jöfnun á atvinnustöðu landsmanna. Vitneskjan um það að önnur stórvirkjun við Hrauneyjarfoss skammt frá Sigöldu mun nú svo til fullhönnuð og tilbúin til framkvæmda dregur síst úr þeim ugg að þarna sé enn eitt stóriðjuver í uppsiglingu hér syðra á meðan allir aðrir landshlutar búa við stórfelldan orkuskort og allt að því óbærilegan kostnað við olíuhitun íbúðarhúsnæðis.

Ég vona og ég treysti því að þessi uggur reynist ástæðulaus og að núv. ríkisstj. standi fast við gefin heit um að rafvæðing landsins alls verði forgangsverkefni næstu ára. Og með atvinnujöfnunarsjónarmið fyrir augum vil ég vænta þess að næsta stóriðjuver, sem kann að verða reist hér á landi, verði staðsett einhvers staðar annars staðar á landinu þar sem möguleikar eru fyrir hendi til slíks rekstrar.

Hinir ýmsu landshlutar eru býsna misjafnlega settir hvað snertir vatnsvirkjunarmöguleika annars vegar og jarðhita hins vegar. Beislun jarðhita er að sjálfsögðu margfalt fljótvirkari framkvæmd og um leið ódýrari og því sjálfsagt að nýta þennan hitagjafa til hins ítrasta enda eru á döfinni stórfelldar framkvæmdir á því sviði. Það kom fram í ræðu hæstv. orkumrh., Gunnars Thoroddsens, við 1. umr. þessa máls að síðustu niðurstöður gæfu til kynna að 70—80% allra landsmanna geti notið hitaveitna frá jarðvarma innan tiltölulega skamms tíma. Þetta er vissulega mjög notaleg tilhugsun og gefur ástæðu til að ætla og vænta þess eindregið að einskis verði látið ófreistað til þess að hin 20—30% af íslendingum, sem ekki eru svo heppnir að hafa þessi hlunnindi við húsvegginn, verði ekki látnir kúra í kuldanum lengur en óhjákvæmilegt er.

Það fer ekki hjá því að mér komi Vestfirðir sérstaklega í hug í þessu sambandi. Þar háttar svo til að fyrir hendi eru litlir möguleikar til nýtingar jarðvarma til húsahitunar. Þó hefur það alls ekki verið rannsakað sem skyldi og kemur mér þá í hug heitt vatn í dalnum inn af Bolungarvíkurkaupstað. Svipaða sögu mun vera að segja um Austfirði. Á Vestfjörðum er þar að auki erfitt um virkjunarframkvæmdir, en haft er þó fyrir satt að nóg vatnsmagn sé til staðar til að fullnægja orkuþörf landshlutans. Það sem vantar á í dag er fé og mannafli til rannsókna, vatnsmælinga og kortalagningar og að hrinda í framkvæmd þeim virkjunum — þær eru í rauninni fáar — sem nú eru ýmist á undirbúnings- eða framkvæmdastigi.

Hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, gerði við 2. umr. þessa máls s. l. miðvikudag orkumálum Vestfjarða allítarleg skil og taldi að með framkvæmd við járnblendiverksmiðju væri verið að leiða orkuskort yfir Vestfirði sem og aðra orkuþurfandi landshluta. Ég kann hv. þm. þakkir fyrir áhuga hans og skilning á brýnni orkuþörf Vestfjarða. Enn þakklátari væri ég honum ef þessa áhuga hefði séð frekar stað á meðan hann var ráðh. orkumála. (Gripið fram í.) Já, það er líka svo til hið eina. Allt hefur verið látið danka nema Mjólkárvirkjun, en ekki eru allir sammála um að sé hagkvæmlega að unnið frá upphafi. Ég er heldur alls ekki sannfærð um að hv. 3. þm. Reykv. hafi bent á hagkvæmustu og fljótvirkustu lausnina með lagningu stofnlínu um Hrútafjörð nú sem forgangsverkefni fremur en að einbeita sér að héraðsveitum og nýtingu allrar tiltækrar orku innan landshlutans. Það er að mínu áliti aðkallandi að kanna þessar tvær leiðir til hlítar með tilliti til kostnaðar og hagkvæmni og ekki síst með tilliti til hvor leiðin mundi fyrr geta létt af hinum þungbæra kostnaði við olíuhitun. Ég er í sjálfu sér hlynnt því að stofnlínan komi og tengi rafveitukerfi Vestfjarða inn í landskerfið, en ég tel um leið stórlega varhugavert að treysta um of á háspennulínu yfir fjöll og heiðar Vestfjarða sem eru ekkert lamb að leika sér við að vetrarlagi

ef til bilana og viðgerða kemur. Ég held því að með því að byrja á að leggja stofnlínuna værum við að byrja á öfugum enda.

Ég vil benda á í þessu sambandi að áætlanir og tölur um hagkvæmni byggðalínu fram yfir smærri landshlutaveitur, sem tengdar væru saman og á síðara stigi málsins tengdar byggðalínunni, virðast mér byggðar á harla hæpnum forsendum og útreikningum, að ekki sé meira sagt. Vil ég í því sambandi benda sérstaklega á nýútkomna skýrslu um raforkuöflun fyrir Vestfjarðaveitu sem unnin er fyrir Rafmagnsveitur ríkisins af tveimur byggingaverkfræðingum, vel að merkja byggingaverkfræðingum frá verkfræðifyrirtæki sem kallar sig Almennu verkfræðistofuna. Þessi skýrsla heldur mjög ákveðið fram yfirburðum byggðalínustefnunnar sem hagkvæmustu lausn á orkuöflun fyrir Vestfirði. Að sama skapi er lítið gert úr hagkvæmni smærri virkjana innan landshlutans og þá sérstaklega Suður-Fossá á Rauðasandi sem er raunar eina virkjunin á Vestfjörðum í dag sem bíður þess svo til fullhönnuð og undirbúin að hafist verði handa við um framkvæmdir, — langþráð framkvæmd þeirra Vestur-Barðstrendinga.

Um kostnaðarhliðina hefur Almenna verkfræðistofan, þ. e. tilnefndir tveir byggingaverkfræðingar, áætlað eftirfarandi og ég vil vekja sérstaka athygli á þessum tölum: 200 km löng háspennulína, byggðalínan frá Brú í Hrútafirði til Ísafjarðar með 132 kílóvolta spennu, áætla þeir að muni kosta 720 millj., en 16 km löng lína með 20 kílóvolta spennu frá Patreksfirði að Suður-Fossá á að kosta 76 millj. Hefur þá kostnaður við þá línu, þ. e. a. s. Suður-Fossárlínuna, áttfaldast miðað við fyrri áætlun frá árinu 1971. Það þarf ekki meiri speking en mig í raforkumálum og reikningslist til að sjá strax að eitthvað er meira en lítið „brogað" í þessu reikningsdæmi og mér segir illa hugur um raforkuframkvæmdir fyrir vestan í framtíðinni ef byggja skal á slíkum forsendum. En það er skylt að geta þess í leiðinni að verkfræðingarnir tveir taka jafnframt fram í skýrslu sinni að þeir hafi haft nauman tíma til verksins og að ýmsa frumþætti, sem notaðir voru við útreikning á orkuverði, þurfi að kanna frekar en tök voru á að gera að þessu sinni. Ég vil bæta því hér við einnig að ég hef bæði heyrt og séð frá hendi sérmenntaðra orkufræðinga með langa verkreynslu töluna 1190 millj. sem sennilegan kostnað við umrædda byggðalínu til Vestfjarða, þá sömu og áætluð var 720 millj. í skýrslu Almennu verkfræðistofunnar, svo að dálítið ber hér á milli. Maður hefur líka heyrt og séð þá tölu að línan frá Kröflu til Akureyrar muni kosta um 6—7 millj. á hvern km, þannig að við mættum kannske staldra ofurlítið við kostnaðarins vegna þegar staðhæft er að langlínur með háspennu um landið þvert og endilangt séu hagkvæmasta lausn okkar í orkumálum. Ég hef bent á þetta dæmi hér. Ég býst við að það kunni að vera til hliðstæð dæmi úr orkuspám fyrir Austur- og Norðurland. Ég bendi á það vegna þess að mér sýnist augljós nauðsyn á að þetta dæmi, með Vestfirðina þá sérstaklega í huga, verði reiknað upp á nýtt af þar til hæfum mönnum sem ekki hafa fyrir fram bitið sig í eina ákveðna lausn sem hina einu réttu án þess að grundvölluð sé á hlutlægri og vandlegri athugun.

Ég held það væri okkur happadrjúgt — og ég lýsi yfir fullu trausti á núv. hæstv. ráðh. orkumála — að horfið verði frá þeirri allsherjar miðstýringu raforkumála sem boðuð var í tíð fyrri vinstri stjórnar, í beinni andstöðu við vilja sveitarfélaganna í landinu almennt og einnig Sambands íslenskra rafveitna.

Ég er e. t. v. komin hér nokkuð út fyrir það mál, járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, sem hér er til umr. En það hafa þá aðrir gert á undan mér fyrr við umr. um þetta mál, og í raun snertir auðvitað orkusala til stóriðjurekstrar hvar sem er á landinu framvindu orkumálanna í heild.

Mig langar að lokum til að víkja fáeinum orðum að meintri mengunarhættu frá þessari umræddu verksmiðju. Ég þarf ekki að vera langorð um það atriði, enda mikið rætt og reifað áður frá öllum hliðum. Það segir sig auðvitað sjálft að gera verður kröfur til strängustu mengunarvarna og ganga hart eftir fullum efndum á fyrirheitum og skuldbindingum Union Carbide félagsins í þeim efnum. Ég viðurkenni það að ég geri ekki ráð fyrir að við eða þeir auðvitað fyrst og fremst, sem koma til með að vinna í þessari verksmiðju, sleppi algerlega við ýmis óþægindi, hávaða og óloft sem sennilega hljóta að fylgja slíkri verksmiðjuvinnu. En hve víða mætum við ekki þess konar óþægindum í iðnvæddu nútíma samfélagi? Hvað um vélsmiðjurnar okkar og þann hávaða, reyk og eimyrju sem vinnandi menn verða að þola þar ásamt stórhættulegu glóandi neistaflugi? Hvað um hávaðann í vinnusölum hraðfrystihúsanna okkar? Eða allt hið baneitraða útblástursloft 30 þús. bifreiða á götum Reykjavíkur? Þeim fjölgaði nú aðeins um einar litlar 8 þús. á átta mánuðum þegar hæstv. vinstri stjórn var hvað áköfust í að flytja inn bíla. Það má líka spyrja: Hvað um allar heyrnarskemmdirnar af öllum popphljómsveitunum okkar sem unglingarnir sækja í eins og flugur í hunang? Þarna gætum við lengi haldið áfram að telja. Og hvernig stendur á því að mannvinirnir og hreinlætispostularnir, hv. 5. þm. Vesturl. og 5. Norðurl. e., hirða ekki hót um að reyna að verja okkur landa sína og vernda gegn öllum þessum ófögnuði sem vafalaust styttir líf okkar meira en marga okkar grunar? Ætli við hljótum ekki að taka þá hræðilega alvarlega og heiminn eins og hann kemur fyrir hverju sinni? Hitt skal ég þó játa, að ég vil fara með allri gát að því að byggja stórverksmiðjur á við járnblendiverksmiðjuna hér á Íslandi vegna þess að mér er ekki sama um hreina og tæra loftið okkar sem við eigum umfram alla aðra jarðarbúa sem við siðmenningu búa. Þess vegna er ég ákveðinn málsvari sterkra mengunarvarna og varfærni í að innleiða hér of margar slíkar verksmiðjur.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Við höldum fund á næsta óvenjulegum vinnudegi á Alþ. og á næsta óvenjulegum tíma. Slíkir fundir eru naumast haldnir nema undir þinglok þegar allt er komið í eindaga. En ástæðan til að

við höldum þennan fund á þessum degi og á þessum tíma, er sú að allt er komið í eindaga. Hæstv. iðnrh. er búinn að boða hingað fulltrúa frá Union Carbide og á að skrifa undir samninginn um stofnun þessa fyrirtækis á mánudaginn. Þess vegna liggur svona mikið á og þess vegna má ekki samþykkja hér eina einustu brtt., ekki einu sinni till. sem greinilega er meiri hl. fyrir hér í þingdeildinni, ekki till. um atriði eins og það að stjórn þessa fyrirtækis skuli Alþ. kjósa, sem ég er alveg sannfærður um að meiri hl. þm. aðhyllist, og ekki heldur till. um að gengið verði tryggilega frá höfninni, bæði fjármögnunar- og rekstrarvandamálum hennar. Ég er sannfærður um það að meiri hl. þm. vill líka fá þessa breytingu. En nú liggur á. Nú á Alþ. ekki að ráða. Það er búið að ákveða að undirrita þennan stofnsamning á mánudaginn kemur.

Mig langar í því, sem ég segi hér, að víkja dálitið að grundvallaratriðum sem hefur loksins borið á góma í síðari hluta þessarar umr. Ég lauk máli mínu við 2. umr. með því að leggja áherslu á nauðsyn þess að allir stjórnmálaflokkar lýstu grundvallarskoðunum sínum að því er varðar meginstefnur í iðnþróun í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég rifjaði það upp að ég hefði mótað þá stefnu meðan ég gegndi störfum iðnrh. að slík iðnþróun yrði að vera íslensk, öll fyrirtæki í orkufrekum iðnaði að verulegum meiri hl. í eigu íslenska ríkisins og lúta íslenskum lögum í einu og öllu, taka einvörðungu mið af íslenskum hagsmunum, félagslegum sjónarmiðum okkar sjálfra, ströngustu kröfum um vistfræðilegar reglur í samræmi við íslenskt lífríki. Þetta er stefnumörkun sem skiptir sköpum að minni hyggju og ræður úrslitum um það hvernig það þjóðfélag verður sem íslendingar lifa í eftir tiltölulega skamman tíma. Ef erlend stórfyrirtæki flæða yfir landið, erum við að afsala okkur efnahagslegu fullveldi í sama mæli. Ég tel það þjóðarnauðsyn að hlaðinn verði varnarmúr gegn þeirri óþjóðhollu stefnu svo að allir, sem tryggja vilja efnahagslegt fullveldi, standi saman án tillits til ágreinings um framkvæmdaatriði í einstökum tilvikum. Þess vegna lagði ég áherslu á að allir stjórnmálaflokkar skýrðu afstöðu sína til þessara örlagaríku meginatriða — ekki með hálfum svörum, ekki með persónulegu pexi, heldur ótvíræðri stefnumörkun.

Þrír þm. hafa orðið við þessari ósk minni, hv. þm. Bragi Sigurjónsson, hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sem lýsti yfir áðan afdráttarlaust að hún væri alfarið á móti erlendri stóriðju á Íslandi og það er yfirlýsing sem ég vil alveg sérstaklega fagna.

Í ræðu sinni á miðvikudagskvöldið lýsti hv. þm. Bragi Sigurjónsson hins vegar yfir því að það væri meginstefna Alþfl. að meiri háttar fyrirtæki í orkufrekum iðnaði á Íslandi ættu að vera að fullu og öllu í eigu útlendinga. Ég veit að hv. þm. Bragi Sigurjónsson er svo grandvar maður að hann er ekki að lýsa einkaskoðun sinni, heldur afstöðu Alþýðuflokksforustunnar. Sú stefna kemur raunar ekki á óvart. Alþfl. stóð að álsamningunum illræmdu, og enginn hefur gert skýrari grein fyrir óþjóðhollri stefnu á þessu sviði en hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason í hinni frægu ræðu sem hann flutti á aldarafmæli Þjóðminjasafnsins. Þar líkti þm. Íslandi við smákænu sem yrði að koma taug í stórt hafskip ef við ættum ekki að dragast aftur úr. Uppistaðan í ræðunni voru þau fleygu ummæli sem hv. þm. hafði að einkunnarorðum: „Besta ráðið til að tryggja sjálfstæði þjóðar er að farga sjálfstæði hennar.“ Þm. hafnaði að fullu hinum fornu sjálfstæðishugmyndum íslendinga og taldi að þær væru líkt og gripir sem ætti að varðveita á þjóðminjasafni. Það væri ekki um annað að ræða en að Ísland tengdist stórri heild og lyti forsjá hennar.

Yfirlýsing hv. þm. Braga Sigurjónssonar sannar að Alþfl. hefur ekkert lært og engu gleymt. Stefnumörkun hans sýnir glöggt hversu fjarlægir forustumenn Alþfl. eru orðnir fyrstu bautryðjenum jafnaðarstefnu og verkalýðshreyfingar á Íslandi en viðhorf þeirra voru í hinum nánustu tengslum við sjálfstæðisbaráttuna eins og m. a. kemur glögglega fram í hinni miklu ævisögu Jóns Guðnasonar um Skúla Thoroddsen sem fléttaði saman félagslegar hugsjónir alþýðu og ítrustu sjálfstæðiskröfur í órofa heild.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir lýsti í ræðu sinni á miðvikudagskvöldið og í orðum, sem hún lét falla hér áðan, fullkominni andstöðu við það ákvæði frv. að íslenska ríkið ætti 55% í fyrirhugaðri kísiljárnverksmiðju. Hún kvaðst vilja að íslendingar ættu sem minnst í fyrirtækinu og helst ekki neitt heldur yrði að þessu máli staðið eins og álbræðslunni í Straumsvík. Röksemdir hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur voru þær að það væri of áhættusamt fyrir íslendinga að takast á við slíkan atvinnurekstur, við værum svo fáir, fátækir og smáir að við gætum ekki risið undir þeirri áhættu, við mundum lenda í vanda bæði að því er varðar mannafla, fjárútvegun og sölu, þess vegna væri það rétt stefna í sambandi við iðnþróun að lúta forsjá útlendinga.

Þetta eru gamalkunnar röksemdir, þær eru ívaf í allri sögu íslenskrar sjálfstæðisbaráttu frá því að hún hófst í öndverðu. Meðan sjálfstæðisbaráttan við dani stóð, voru hér alla tíð merkir og málsmetandi menn sem töldu að það væri fullkomlega óraunsætt að ímynda sér að lítil þjóð eins og sú íslenska gæti staðið á eigin fótum á sviði efnahagsmála og atvinnumála. Þeir töldu allt of áhættusamt að flytja verslunina inn í landið, við mundum ekki ráða við það verkefni. Þeir töldu allt of áhættusamt að íslendingar réðu sjálfir yfir atvinnulífi sínu, þróuðu það og efldu, undir því gætum við ekki risið. Það voru ekki aðeins íslendingar hallir undir dani sem þannig töluðu, heldur einnig ýmsir bestu vinir okkar í Danmörku. Í því sambandi man ég eftir bréfi sem Georg Brandes skrifaði Matthíasi Jochumssyni og raunar greinum sem Brandes birti í danska blaðinu Politiken. Þar taldi hann hugmyndir íslendinga um sjálfstæði innantóman hroka sem stangaðist á við augljósustu efnahagsleg rök. Hann líkti sjálfstæðisbaráttu íslendinga við það ef eyjan Amager sem

er hluti af Kaupmannahöfn, gerðist fullvalda ríki, og hann fjallaði um sjálfstæðishugmyndir okkar af logandi háði.

Reynslan hefur nú skorið úr um þennan ágreining. Úrtölumennirnir höfðu ekki gert sér grein fyrir því að sjálfstæði og stjórnarfarslegt frelsi leysa úr læðingi andlega orku sem breytist í áþreifanlegt félagslegt og efnahagslegt vald. Sigrar okkar í sjálfstæðisbaráttunni hafa orðið til þess að íslenska þjóðin hefur á tiltölulega fáum áratugum stokkið úr miðaldamyrkri inn í nútímann. Við höfum lent í margháttuðum erfiðleikum á þessu tímabili. Við höfum beðið marga ósigra, við höfum fengið að kenna á því að víst áttu efasemdirnar um getu okkar við ærin rök að styðjast. En sigrar okkar hafa verið miklu meiri. Ég dreg raunar í efa að í heiminum finnist nokkurt þjóðfélag sem á jafnskömmum tíma hefur náð jafnmiklum árangri á sviði félagsmála, efnahagsmála og atvinnumála. En þessi þróun hefur orðið öll önnur en menn ímynduðu sér í upphafi þessarar aldar. Þá var vaxandi borgarastétt burðarás framfaranna. Menn, sem trúðu á framtak einstaklingsins, héldu að hagkerfi kapítalismans gæti leyst vandamál íslendinga, tryggt vaxandi öryggi, framfarir og sjálfstæði. Þessi borgarastétt var þá öflugt framfaraafl á Íslandi. Hún treysti á getu okkar. Hún hafnaði þeirri kenningu að við værum of fáir, fátækir og smáir til þess að ráða atvinnumálum okkar sjálfir. Í hópi þessara manna voru sumir feður eða afar margra þeirra sem eiga nú sæti hér á Alþ.

En hið kapítalíska kerfi reyndist þess ekki megnugt að ná þeim markmiðum, sem að var stefnt, þegar á reyndi. Því ollu ekki aðeins innri andstæður kerfisins, heldur og hitt að það gat á engum forsendum hentað hinu smáa íslenska þjóðfélagi. Hér gat ekki orðið um að ræða þá samþjöppun á auði, þau stóru einkafyrirtæki sem eru burðarásar kapítalísks þjóðfélags. Kerfi einkaframtaksins hrundi gersamlega í heimskreppunni miklu á fjórða áratug þessarar aldar og það hefur aldrei beðið þess bætur hér á Íslandi. Síðan hafa almannavaldið, ríki, sveitarfélög, samvinnuhreyfing og hliðstæð samtök forustu í sívaxandi mæli. Nú er svo komið að ríki, sveitarfélög og samvinnuhreyfing eiga um 60% af öllum framleiðslufjármunum í landinu. Öll stærstu fyrirtæki á Íslandi hafa verið þjóðnýtt og einkakapítalistarnir, hinir margrómuðu frjálsu framtaksmenn, hafa ríkisvaldið að eilífum bakhjarli, koma hlaupandi til stóru mömmu í hvert skipti sem á bjátar. Ég hef áður kallað þetta kerfi pilsfaldakapítalisma.

Einmitt nú lifum við tímabil þegar ríkisstj. og Alþ. sinna því einu að færa til fjármuni til að bjarga einkaframtakinu svokallaða, bjarga hverjum skussa og hverjum fjárglæframanni á kostnað almennra lífskjara og samneyslu í landinu. Á síðustu fjórum áratugum hefur það orðið algerlega ljóst að þau markmið, sem að var stefnt í sjálfstæðisbaráttunni, verða aðeins tryggð fyrir tilstilli almannavaldsins með sameiginlegu átaki þjóðarheildarinnar, með sívaxandi ríkisrekstri, bæjarrekstri og samvinnurekstri. Þetta eru forsendur efnahagslegs sjálfstæðis á Íslandi og þróunin mun óhjákvæmilega þoka okkur til sívaxandi félagshyggju, til sósíalisma í samræmi við íslenskar aðstæður ef við fáum sjálf að ráða málum okkar.

Það eru einmitt þessar staðreyndir sem valda því að innan þess flokks, sem kennir sig við sjálfstæði, hefur orðið mikil hugarfarsbreyting á undanförnum áratugum. Forráðamenn flokksins hafa gert sér það ljóst í æ ríkari mæli að hugmyndir þeirra um þjóðfélag einkakapítalisma geta ekki ræst ef íslendingar ráða málum sínum sjálfir. Þess vegna hefur sú hugmynd leitað æ fastar á að láta erlent auðvald taka að sér þau verkefni sem íslenskir einkakapítalistar geta ekki risið undir. Verslunarráðið, Morgunblaðið og fleiri vildu að Ísland gengi í Efnahagsbandalag Evrópu þegar á árinu 1960. Álbræðslan í Straumsvík átti að verða upphaf að þeirri þróun að erlent auðvald yrði burðarásinn í framtíðarþróun á Íslandi — að hliðstæð fyrirtæki yrðu ein 20 á næstunni eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýsti sem hugsjón sinni í frægu sjónvarpsviðtali. Þessi viðhorf eru til marks um það að ráðamenn Sjálfstfl. voru reiðubúnir til að fórna efnahagslegu sjálfstæði Íslands fyrir pólitískar kreddur sínar. Hugmyndir þeirra um hagkerfi einkagróðans skipuðu miklu hærri sess en efnahagslegt fullveldi íslands. Þessi viðhorf eru greinilega óbreytt enn innan þessa flokks.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir lýsti yfir því í ræðu sinni að með ákvæðum um meirihlutaeign íslendinga, íslenska ríkisins, í fyrirhugaðri kísiljárnverksmiðju væri stefnt að meiri og stórfelldari þjóðnýtingu á Íslandi en nokkru sinni fyrr og sá þáttur frv. væri þjóðhættulegur.

Hæstv. ráðh. Gunnar Thoroddsen sat hér þögull það kvöld, sá sér hvorki fært að svara mér né öðrum og viðurkenndi með þögn sinni sjónarmið hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur þótt hann sé samkv. ummælum hennar sjálfur í hópi hinna þjóðhættulegu manna þar sem hann er flm. þessa frv. ásamt hæstv. ríkisstj. Þessi hæstv. ráðh. hefur raunar áður verið flokkaður í hóp þjóðhættulegra manna í sambandi við hermálin en hann hefur bætt úr því síðar. Slíkt er að sjálfsögðu hægt að endurtaka. Það verður hverjum að list sem hann leikur.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði í ræðu sinni að ef íslendingar þyrftu endilega að eiga einhvern hlut í fyrirtækinu þá vildi hún heldur að það yrðu einstaklingar en ríkið ætti þá að hjálpa einstaklingunum til að eignast þennan hlut. Hér kemur fram bónbjargasjónarmið einkaframtaksins íslenska. Það skortir alla getu en vill fá ríkið til að hjálpa sér til að komast yfir eignir, vill fá að nota fjármuni almennings. Þetta hefur áður gerst hér á Íslandi. Þegar íslendingar komu upp áburðarverksmiðju á sínum tíma fékk ríkið lán hjá Alþjóðabankanum, en láninu fylgdu þau ósæmilegu skilyrði af hálfu Alþjóðabankans að áburðarverksmiðjan mætti ekki vera ríkisfyrirtæki, hún yrði að vera hlutafélag. Þá var tjaslað upp á hið getulausa einkaframtak, því voru afhentar 2 millj. kr. svo að það gæti eignast hlutabréf að nafninu til. Einkaframtakið lagði hins vegar ekkert fram í raun, enga fjármuni, engar athafnir. Allt var unnið fyrir almannafé. Síðan ætluðu þessir hluthafar að heimta að svokallaður eignarhlutur

þeirra í fyrirtækinu ykist sem hlutfall af sívaxandi einkafjármunamyndun þess. Þetta varð þvílíkt hneyksli og gekk svo í berhögg við siðgæðisvitund landsmanna að samþ. var hér á hinu háa Alþ. að losa áburðarverksmiðjuna við hina svokölluðu einkahluthafa, og svo mikil var kaldhæðni örlaganna að það verkefni lenti á hv. þm. Ingólfi Jónssyni.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði að sú regla um meirihlutaaðild ríkisins, sem ég mótaði á sínum tíma, væri hættuleg vegna þess að í henni fælist stórfelldari þjóðnýting en nokkru sinni fyrr, hér væri verið að festa í sessi ríkiskapítalisma. Þetta má vissulega til sanns vegar færa. Hin mikla samfélagslega eign á Íslandi á atvinnutækjum er ríkiskapítalismi vegna þess að hin félagslega eign hefur ekki enn öðlast félagslegt inntak í vitund meiri hl. þjóðarinnar. Á þessu stigi er ríkiskapítalismi hins vegar mikilvægur vegna þess að hann er eina leiðin til að tryggja sjálfstæði Íslands á sviði efnahagsmála og atvinnumála. Einkaframtakið skorti áður getu og nú hefur það ekki einu sinni vilja. Hins vegar er ríkiskapítalismi sannarlega ekkert markmið í mínum huga. Hann kemur fyrir lítið ef ekki er hægt að glæða hann lýðræðislegu inntaki. Samfélagsleg eign á atvinnutækjum á aðeins að vera áfangi á þeirri braut að hver einstaklingur fái sívaxandi efnahagsleg völd, að komið sé á því kerfi að verkafólkið sjálft ráði yfir þeim fyrirtækjum sem það starfar við, ekki aðeins í orði, heldur og í verki — að það ráði yfir þeim arði sem það skapar með vinnu sinni. Einmitt í þessu dæmi hefur orðið alger stöðnun í flestum þeim ríkjum sem kenna sig við sósíalisma. Þau hafa komið á ríkiskapítalisma, en hafna raunverulegu lýðræði. Ég aðhyllist ekki slíka stefnu. Ég tel að þær hugmyndir, sem nú eru uppi m. a. í verkalýðshreyfingunni í Vestur-Evrópu um raunverulegt efnahagslegt lýðræði sé eitthvert merkilegasta verkefni sem nú er unnið að á sviði félagsmála í heiminum, og ég tel að eðli og hefð hins íslenska þjóðfélags sé slík að við séum flestum öðrum þjóðfélögum betur til þess fallnir að tryggja slíkum hugmyndum framgang.

Ég hef fjölyrt um þessi atriði vegna þess að hér tel ég vera vatnaskilin í íslenskri þjóðmálabaráttu. Forsenda þess, að við getum haldið áfram að takast á um hagkerfi og stjórnarfar og aðra þætti félagsmála hér á Íslandi á frjálsan hátt, er að ákvörðunarvaldið sé í höndum okkar sjálfra, að okkar eigin reynsla og lýðræðislegar ákvarðanir skeri úr, að valdið í atvinnumálum sé íslenskt. Ef valdið yfir fyrirtækjunum, þeim sem mest fjármagn er bundið í, færist í hendur útlendinga erum við að svipta okkur frelsi til lýðræðislegra ákvarðana á sviði efnahagsmála. Verkamenn takast þá ekki lengur á við íslenska atvinnurekendur sem þrátt fyrir allt eiga rætur sínar í þessu þjóðfélagi, heldur verða hin erlendu fyrirtæki ófreskjur sem stjórnað er af mönnum úti í hinum stóra heimi, — mönnum sem aðeins hafa áhuga á hámarksgróða, en bera hvorki ábyrgð á hinu íslenska þjóðfélagi né hafa nokkurn jákvæðan áhuga á gengi þess. Þá ráðum við ekki lengur við þróun þjóðfélagsmála á Íslandi, heldur verðum við aðeins halaklettur á stórri heild. — Því held ég enn áfram að lýsa eftir afstöðu flokka til þessa stórmáls. Forustumenn Framsóknar féllust á þá stefnumörkun sem frá var gengið í tíð fyrrv. ríkisstj. að meirihlutaeign íslenska ríkisins yrði að vera ótvíræð í öllum slíkum tilvikum. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh., form. Framsfl., hvort sú afstaða flokksins sé ekki óbreytt, af þeim tilefnum sem komið hafa fram í þessum umr. (**Dómsmrh.:** Algerlega óbreytt.) Algerlega óbreytt, segir hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) Ég tel það mjög mikilvæga yfirlýsingu og vænti þess að við hana verði staðið að fullu. En þá kemur í ljós að þarna er uppi mjög alvarlegur ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um þetta grundvallaratriði.

Þessar hugleiðingar mínar um grundvallaratriði breyta að sjálfsögðu engu um þá afstöðu sem ég hef gert grein fyrir til járnblendiverksmiðjunnar eins og nú standa sakir enda þótt þar sé enn gert ráð fyrir meirihl. eign íslenska ríkisins, stórlega skert þó. Ég tel að við eigum að meta það einvörðungu í samræmi við íslenskar forsendur hverju sinni hvort og hvernig við ráðumst í orkufrekan iðnað. Eins og ég rakti við 2. umr. í ítarlegu máli og þarf ekki að endurtaka hér, hafa forsendurnar gerbreyst með margföldun á olíuverði þannig að það er í senn þjóðhagsleg og félagsleg nauðsyn að láta jafnrétti allra byggðarlaga og húshitunarmarkaðinn ganga fyrir næstu árin. En um hitt verður ekki deilt, að þeir tímar renna fljótlega að við nýtum orkugjafa okkar til sívaxandi iðnaðarframleiðslu, og því er það skylda allra flokka að gera nú þegar grein fyrir framtíðarstefnu sinni, afstöðu sinni til þeirra örlagaríku kosta sem ég hef hér reynt að gera grein fyrir.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta mál, ég gerði mjög ítarlega grein fyrir sjónarmiðum mínum við 2. umr. En ég vil benda á það að við atkvgr. hér áðan kom mjög greinilega fram að það er margvíslegur óhugur í hv. þm. í sambandi við þetta mál. Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði að það væri ljóst að með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á samningsdrögunum, hefði viðsemjandi okkar heldur betur matað krókinn. Og annar þm. úr Framsfl., hv. þm. Ingvar Gíslason, lýsti því yfir að þetta mál hefði ekki fengið eðlilega þinglega meðferð. Það hefði verið eðlilegra að fresta afgreiðslu þess fram til haustsins svo að hægt væri að kanna þar ýmsa hluti betur.

Það er ýmislegt sem ekki hefur komið hér fram enn þá. Við 2. umr. málsins, þegar rætt var hér um höfnina, hvernig ætti að fjármagna hana, hver ætti að greiða hallan af rekstrinum, þá lýsti hv. þm. Ingólfur Jónsson yfir því að um þetta mál yrði fjallað í sérstakri yfirlýsingu frá hæstv. samgrh. Við höfum ekki enn fengið að heyra þessa yfirlýsingu, og ég vænti þess að við fáum að heyra það að hv. þm. Ingólfur Jónsson hafi verið að segja rétt frá þegar hann gaf þessa yfirlýsingu við 2. umr.

Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir sagði að hún væri ekki ánægð með öll ákvæði samninganna og teldi að þar mætti breyta mörgu, og hún hélt að enn væri fullt ráðrúm til þess. En eins og ég sagði áðan virðist eiga að ganga frá stofnun-

inni á mánudaginn kemur þannig að ég er hræddur um að hv. þm. hafi ekki mikil tök á að koma röksemdum sínum á framfæri á meðan það er hægt.

Að öðru leyti ætla ég ekki að endurtaka það sem ég sagði hér við 2. umr. Það er búið að fella hér allar till. sem fluttar hafa verið til þess að breyta málinu, til að gera það eðlilegra fyrir okkur íslendinga, m. a. til þess að hækka raforkuverðið. Við 2. umr. lét hv. þm. Ingólfur Jónsson þess getið réttilega að raforkuverðið hefði verið hækkað, en það hefur ekki hækkað í neinu samræmi við annan tilkostnað. Hv. þm. notaði það reikningsdæmi þegar hann var að fjalla um greiðslu fyrir tækniþekkingu að hann miðaði hana við stofnkostnað verksmiðjunnar og sagði að þótt hún hefði hækkað mjög verulega frá fyrri drögum, þ. e. a. s. úr 2.3 millj. í 3.2 millj., þá væri hún núna færri prósent af stofnkostnaði fyrirtækisins. Auðvitað er hægt að reikna svona. Menn geta glöggvað sig á málinu með því að reikna svona. En ef við reiknum orkuverðið svona, þá kemur í ljós að miðað við stofnkostnað fyrirtækisins hefur það ekki hækkað, heldur lækkað um 30—40% vegna þess að dæmið er sett upp þannig að orka hafi hækkað minnst af öllu í heiminum að undanförnu þó að allir viti að staðreyndirnar eru þveröfugar, að það hefur ekkert hækkað eins mikið og orkan.

Af þessum ástæðum öllum saman mun ég að sjálfsögðu greiða atkvæði gegn þessu frv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Forseti. Ég mun ekki við lokaumr. þessa máls fara út í almennar umr. Flest af því, sem hv. þm. Magnús Kjartansson hefur fært fram nú við 2. og 3. umr., kom fram við 1. umr. þessa máls hér í Nd. og svaraði ég því þá í allitarlegri ræðu. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Ég sé ekki heldur ástæðu til að fara út í almennar stórpólitískar eða heimspólitískar umræður við hv. þm. Magnús Kjartansson, en vil hins vegar vekja athygli á því að hann lýsti í ræðu sinni algerum vonbrigðum sínum með reynsluna af kommúnismanum þar sem í hinum kommúnistísku ríkjum hefði ekki tekist — og er þó komin yfir hálf öld þar sem þeir sums staðar hafa setið við völd — þeim hefði ekki tekist enn þá að færa yfirráðin yfir atvinnufyrirtækjunum í hendur verkalýðsins og þar ríkti ekki lýðræði. Þetta er ákaflega fróðlegt frá talsmanni þessarar stefnu eins og hv. 3. þm. Reykv. er.

Ástæðan til þess að ég fer upp í ræðustólinn nú, er eingöngu að ræða um sjálfa málsmeðferðina. Því er enn einu sinni haldið fram af hálfu hv. 3. þm. Reykv. að ýtt sé óeðlilega á þetta mál og þingið fái ekki nægilegan tíma til að kynna sér það. Hver er sannleikurinn í þessu máli? Þetta mál er búið að vera í full þrjú ár og í rauninni á fjórða ár til meðferðar. Í rauninni svo að segja allan tíma fyrrv. stjórnar var málið til rækilegrar skoðunar og fyrst og fremst undir forustu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar. Málið var skoðað rækilega af viðræðunefnd um orkufrekan iðnað og af fyrrv. ríkisstj. Í maímánuði s. l. ákvað ríkisstj. samkv. bréfi frá þessum hv. þm. sjálfum að styðja þetta mál og fallast á þau samningsdrög sem þá lágu fyrir í öllum meginatriðum. Það, sem má segja að hafi breyst er aðallega — ég vil segja undur að tveir af þeim ráðh. í fyrrv. stjórn sem stóðu að þessari afstöðu, Magnús Kjartansson og Magnús Torfi Ólafsson, hafa nú á Alþ. snúist á móti málinu. Það er saga út af fyrir sig.

Þetta mál hefur því fengið þennan undirbúning að því er snertir málsmeðferðina: Í Alþ. er þessu frv. útbýtt 6. febr. s. l. Það var tekið til 1. umr. fjórum dögum síðar. 1. umr. í hv. Ed., þar sem málið var lagt fyrir, stóð í 2 daga og síðan er málinu vísað til iðnn. hv. Ed. sem hefur málið í heilan mánuð til meðferðar og kallaði þar til fjölda sérfræðinga til þess að ráðgast við. Síðan kemur málið til Nd. og hv. iðnn. þessarar d. hafði málið einnig til meðferðar í einn mánuð. M. ö. o.: nefndir þingsins hafa haft málið hvor um sig til meðferðar í heilan mánuð eða tvo mánuði samtals. Fyrir þinginu hefur málið sem sagt legið formlega frá 6. febr. og nú í dag er 26. apríl. Ég fæ ekki séð að á nokkurn hátt sé hægt að rökstyðja það að óeðlilegur hraði hafi verið hafður eða sé hafður á þessu máli. Við þetta bætist það að viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, sem hefur haft veg og vanda af undirbúningi málsins í mörg ár, er skipuð mönnum úr öllum þingflokkum þannig að þingflokkarnir hafa einnig þar í gegnum sína fulltrúa eða menn sem þeir hafa sérstakan aðgang að, þ. e. a. s. flokksmenn sína, haft alla möguleika til að fylgjast rækilega með málinu.

Það mun hafa verið fyrir röskum mánuði að gert var ráð fyrir því að eitthvert tímamark yrði að setja um framgang þessa máls og var gert ráð fyrir því við samningsaðilann að ef Alþ. féllist á frv. yrði stefnt að því að undirrita samninga 28. apríl. Var það að allra dómi ekki óeðlilegur frestur miðað við allan þann tíma sem Alþ. mundi þá hafa haft málið til meðferðar. Það er því rétt að n. k. mánudag hefur verið ráðgert að undirrita samninga, auðvitað á þeirri forsendu að Alþ. verði þá búið að ganga frá málinu. Ef það verður ekki, þá auðvitað frestast sú undirritun að sjálfsögðu. En ég vil algjörlega andmæla öllum ásökunum í þá átt að Alþ. hafi ekki fengið nægan og eðlilegan tíma til þess að afgreiða málið.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti: Ég tók þá ákvörðun við atkvgr. við 2. umr. málsins í dag að sitja hjá, þ. e. a. s. taka ekki þátt í atkvgr. Ég á sæti í iðnn. þessarar hv. d., en átti þar ekki samleið með félögum mínum. Ég gaf að vísu ekki út nál., en ég tel rétt, eins og á stendur, að segja nokkur orð við þessa umr.

Með þeirri ákvörðun, sem ég tók við atkvgr. við 2. umr. fyrr í dag, kom fram það meginviðhorf mitt til þessa máls að Alþ. hefði átt að taka sér lengri tíma til að fjalla um málið, og ég vil leggja alveg sérstaka áherslu á þetta atriði vegna þeirra orða sem féllu nú af hálfu hæstv. iðnrh. Ég get ekki tekið undir þá skoðun sem kom fram hjá honum, að málið hefði verið fullathugað. Það er að vísu rétt að þetta mál hefur verið allmargar vikur til meðferðar í báð-

um þingdeildum. Frv. var útbýtt snemma í febr., eins og hæstv. ráðh. sagði, en hins vegar er hér um nokkuð óvenjulegt mál að ræða og stórmál af sérstöku tagi, það sérstöku að það sér tæplega nokkra hliðstæðu meðal mála sem lögð hafa verið fyrir Alþ. Það er því skoðun mín eftir sem áður, hvað sem hæstv. ráðh. hefur um það að segja — og ég reikna nú með að það kunni að vera fleiri hér í hv. d. sem hafa í rauninni sömu skoðun — það er skoðun mín að málinu sé hraðað allt um of og að mörg atriði hefði átt að kanna miklu betur. Það er satt að segja dálítið undarlegt, sem nú kom fram hjá hæstv. ráðh., en ég hef ekki heyrt áður opinberlega, að það sé búið að ákveða og panta hingaðkomu viðsemjenda okkar næstu daga til að undirrita þennan samning og þess vegna sé lögð þessi mikla áhersla á að hraða málinu.

Hæstv. forseti. Ég var forfallaður þegar málið var rætt efnislega við 2. umr. og kom því ekki við að gera nema mjög stutta grein fyrir atkvæði mínu nú í dag. Þess vegna ætla ég nú við síðustu umr. málsins að bæta nokkru við grg. mína við atkvgr. við 2. umr.

Þó að ég hafi tekið þá afstöðu til málsins sem ég gerði þýðir hún ekki að ég sé fyrir fram andvígur því að slík verksmiðja verði reist og rekin hér á landi. Ég hygg þvert á móti að slíkur verksmiðjurekstur kunni að eiga rétt á sér að vissu marki. En ég hefði kosið að þessu sérstaka máli væri ekki hraðað svo mjög sem meiri hl. iðnn. hefur lagt til og eins og hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. hafa lagt þunga á. Mér finnst að meðferð þessa máls hér á þinginu beri allt of mikinn keim af því að Alþ. standi frammi fyrir „gerðum hlut", þ. e. a. s. Alþ. fær ekki tækifæri til að fjalla af gagnrýni um þá samninga sem viðræðunefnd um orkufrekan iðnað hefur staðið að við hinn erlenda viðsemjanda. Ég álít að Alþ. hefði átt að fá tækifæri til að kanna betur hvort ekki væru möguleikar á því að koma fram breytingum á ýmsum atriðum samninganna sem fylgja þessu frv. Ég felli mig ekki við þá skoðun að á þessa samninga beri að líta nánast sem óumbreytilega. Ég held að flestum hljóti að finnast það of langt gengið að í máli sem þessu fái Alþ. ekki tækifæri til að fara rækilega ofan í saumana á þeim samningum sem allt málið hvílir á en að mínum dómi hefur ekki unnist tími til þess. Vera má að ég sé einn um þá skoðun. Kannske er það svo að ég þurfi lengri tíma til að botna í þessu máli en aðrir þm. En það segi ég með fullum sanni að ég tel mig persónulega ekki hafa áttað mig svo vel á málinu að ég treystist til þess að fara að leggja öðrum ráð um afstöðu til þess. Þess vegna m. a. hef ég kosið eins og sakir standa að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Ég vil benda á að þessi fyrirhugaða járnblendiverksmiðja ásamt öllu sem henni fylgir er eitt stærsta og fjárfrekasta fyrirtæki sem íslendingar hafa nokkru sinni ráðist í. Hér er einnig um að ræða nýjan iðnað í landinu sem íslendingar þekkja aðeins af afspurn og hafa alls enga reynslu af. Hér er verið að stofna til þess háttar samvinnu við erlent auðfélag að ekki á sér hliðstæðu í sögu landsins. Að vísu er gert ráð fyrir því að íslendingar ráði meiri hl. í félaginu, og ég vil vegna þeirra orða, sem hér féllu hjá hv. 3. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, varðandi afstöðu flokka til slíks, endurtaka það sem kom fram í svari frá hæstv. dómsmrh., formanni Framsfl., að framsóknarmenn líta svo á og hafa ætíð gert að það beri í hvert sinn sem stofnað er til slíkrar stóriðju í samvinnu við útlendinga að sjá svo um að íslendingar eigi meiri hl. í félaginu. Þessu skilyrði, sem við framsóknarmenn höfum jafnan sett um þetta atriði, er fullnægt. En samt sem áður er það svo að við erum í þessu tilfelli í reynd stórkostlega háðir væntanlegum sameiganda um rekstur fyrirtækisins og afurðasölu. Öll þekking og reynsla er hjá hinum erlenda sameiganda og afurðasalan sýnist mér vera öll á hans höndum.

Arðsemi fyrirtækisins hefur verið reiknuð út eða metin, og sýnist það gróðavænlegt miðað við þær forsendur sem menn hafa gefið sér. En höfum við tryggingu fyrir því að þessi framleiðslugrein verði arðvænleg eftir skulum við segja 15—20 ár?

Það er gert ráð fyrir því að sameigandi okkar geti gengið úr félaginu eftir 15 ár og gert okkur þá skyldu að kaupa hlutabréf sín, og ég vil spyrja: Hefur þetta ákvæði verið skoðað þessa 2—3 mánuði sem málið hefur verið til umræðu hér á hv. Alþ.? Hvað felst yfirleitt í þessu ákvæði? Hefur það verið athugað af hv. Alþ. þessa 2—3 mánuði sem málið hefur verið hér til meðferðar? Ég vil spyrja: Verða íslendingar búnir að ná tökum á rekstri fyrirtækisins eftir 15 ár, og er víst að fyrirtækið verði þá arðvænlegt? Ég veit auðvitað að hæstv. iðnrh. kann svör við þessum spurningum, — svör sem hann telur fullnægjandi, en ég, sem er ófróður með öllu um þessi mál líkt eins og 212—215 þús. aðrir íslendingar, — ég hef enn ekki öðlast næga sannfæringu til að ráðleggja öðrum að trúa skilyrðislaust arðsemisútreikningum svokallaðrar viðræðunefndar um orkufrekan iðnað né heldur því hvað það merkir í raun að íslendingar fari að reka á eigin spýtur málmblendiverksmiðju eftir kannske 15 ár eða svo. Mín vegna má því hver og einn hafa á þessu atriði hverja þá skoðun sem honum sýnist. Að mínum dómi eru miklar líkur til þess að með þessu ákvæði séu íslendingar að taka á sig áhættu sem nauðsynlegt er að gefa betur gaum að og fá betri ráðgjöf um. Ég vil einnig bæta því við að það má vel vera að við höfum þarna ráðist í samvinnu við erlendan aðila sem mjög sé vafasamt að hafi verið skynsamlegt — ég á við að það hafi e. t. v. ekki verið að öllu leyti skynsamlegt að ráðast í slíka stóriðju sem þessa járnblendiverksmiðju. Að mínum dómi eru miklar líkur til þess að með þessu ákvæði séu íslendingar að taka á sig áhættu sem nauðsynlegt er að gera sér nánari grein fyrir og sérstaklega að fá um betri ráðgjöf. Þrátt fyrir það, sem hæstv. iðnrh. var að segja hér áðan, hefur ekki unnist tími til að athuga þetta nógu vel og þá einnig hitt, hvort ekki sé möguleiki til þess að fella samningsákvæði niður eða breyta því okkur í hag þannig að tryggt verði að sameigandinn að verksmiðjunni geti ekki hlaupist frá skyldum sínum þegar verst gegnir fyrir okkur.

Því er ekki að leyna að arðsemi fyrirtækisins byggist að verulegu leyti á fríðindum sem því eru veitt umfram flest atvinnufyrirtæki í landinu, og þetta veit ég raunar að allir hljóta að gera sér ljóst. Þar nefni ég fyrst og fremst að nær allur innflutningur til uppbyggingar og rekstrar er undanþeginn tollum og söluskatti skv. 9. gr. frv. Nú verður því auðvitað svarað til að fordæmi séu fyrir slíkum fríðindum. Og vissulega er það rétt að fordæmin eru fyrir hendi. En það hefði verið fróðlegt að sjá arðsemisútreikninga þar sem þessum fríðindum væri sleppt, þ. e. a. s. að þetta fyrirtæki greiddi aðflutningsgjöld og söluskatt af fjárfestingarvörum og rekstrarvörum eins og iðnfyrirtækin í landinu verða yfirleitt að gera, þau iðnfyrirtæki sem íslenskir smákapítalistar eru að reyna að basla við að reka. Það hefði líka verið fróðlegt að fá athugun á því, hvers innlend iðnfyrirtæki í ýmsum greinum væru yfirleitt megnug í framleiðslu á útflutningsvörum ef þau nytu þeirra fríðinda sem stóriðjan nýtur og á að njóta. Hver veit nema við gætum þá farið að flytja út eitthvað af þeim vörum sem verið er að framleiða í landinu, segjum karlmannafatnað, sem fréttir herma að eigi að flytja út í nokkru magni, eða húsgögn og kannske sitthvað fleira.

Þá tel ég á skorta að með í arðsemisútreikningi séu teknar óhjákvæmilegar fylgiframkvæmdir, svo sem höfn, vegagerð, kaup á landi og raflínulögn. Allt kostar þetta verulega fjármuni og þó höfnin á Grundartanga sýnu mest. Kostnaðarverð hafnargerðarinnar er um 500 millj. kr. Það er viðurkennt og liggur ljóst fyrir að þessi hafnargerð stendur í beinu sambandi við byggingu járnblendiverksmiðjunnar, og það er sagt berum orðum að hafnaraðstaða á Grundartanga sé ein af forsendum þess að þarna sé yfirleitt mögulegt að hafa verksmiðjuna. Það hefur líka komið fram í meðferð málsins — það kom fram í iðnn. — að höfnin er ekki arðberandi fyrirtæki. Það er fyrirsjáanlegur hallarekstur á höfninni ef ekki koma til önnur viðskipti en þau sem stafa frá umsvifum verksmiðjunnar.

Nú kann að vera að höfnin verði einhvern tíma notuð af öðrum skipum en þeim sem flytja varning á vegum járnblendiverksmiðjunnar. Það kann að vera, segi ég. Ég skal ekki bera svo mjög brigður á að væntanleg Grundartangahöfn verði einhvern *tíma almenn innflutningshöfn.* Hins vegar fæ ég ekki séð að nein örugg vissa sé í því efni. Þess vegna blasir við hallarekstur á Grundartangahöfn *um fyrirsjáanlega framtíð.* Og hvar lendir sá halli? Hann leggst á eigendur hafnarinnar, þ. e. a. s. sveitarfélögin sem ætluð er eignaraðild að höfninni. Sem sagt, þetta atriði í sambandi við höfnina er veikur þáttur í þessu máli. Úr því að sérstök hafnargerð er nauðsynlegur þáttur í byggingu járnblendiverksmiðjunnar, þá hefði átt að gera það að ófrávíkjanlegu skilyrði að kostnaður við það verk hefði með einum eða öðrum hætti verið reiknaður með í heildarstofnkostnaði. Það var hugsanlegt að fara eins að og gert var í sambandi við gerð Straumsvíkurhafnar sem komið var upp vegna álversins þar syðra að járnblendiverksmiðjan greiddi hafnargerðarkostnaðinn á tilteknu árabili með sérstakri ákvörðun hafnargjalda. En eins og samningar liggja nú fyrir er augljós hallarekstur á þessari fyrirhuguðu og dýru höfn á Grundartanga.

Ég hef saknað þess í meðferð þessa máls að fullnægjandi grein væri gerð fyrir því hvernig allt þetta mál, þ. e. a. s. hlutafjárkaup í verksmiðjufélaginu, hafnargerðin, vegagerðin, raflínulögn o. s. frv., hvernig allt þetta á eftir að koma við ríkisbúskapinn eða fjárlög komandi ára. Hlutafjárframlag íslendinga verður nærri 2 milljarðar og höfnin kostar hálfan milljarð og önnur útgjöld koma einnig til. Þó að öll þessi stofnframlög verði fjármögnuð með lánsfé verður eigi að síður að greiða lánin og vexti af þeim. Hér er því verið að stofna til verulega aukinna ríkisútgjalda á næstu árum og áratugum. Þessar framkvæmdir í Hvalfirði varða því fjárlög svo að ekki verður undan vikist. Mér er ókunnugt um hvaða lántökur eru fyrirhugaðar í þessu sambandi, a. m. k. veit ég ekki með hvaða kjörum lánsfé fæst til stofnfjárframlaga ríkisins í þessu máli, og ég fæ ekki séð að það sé hægt að lá það nokkrum manni þó að hann hafi velt því fyrir sér hvaða áhrif svo miklar lántökur sem hér um ræðir hafi á möguleika íslendinga til lánsútvegunar vegna annarra atvinnugreina og framkvæmda. Er það alveg víst að þessar miklu lántökur skerði ekki lántökumöguleika í öðru sambandi? Þetta er eitt af óvissuatriðunum að mínum dómi og ein af ástæðum þess að ég vil ekki að sinni bera ábyrgð á samþykkt þessa frv. Þetta atriði hefur ekki verið skoðað þá 2—3 *mánuði sem* þetta hefur legið hér í frumvarpsformi fyrir hæstv. Alþingi.

Miklar umræður hafa orðið bæði innan og utan þings um mengunarhættu af járnblendiverksmiðjunni og önnur skaðvænleg áhrif á lífríki Hvalfjarðar og umhverfi verksmiðjunnar yfirleitt, þ. á m. um samfélagsleg áhrif. Þó að þessar umr. hafi í ýmsum tilfellum leitt til öfga í málflutningi, þá er ég sannfærður um að þær hafa sem heild orðið til gagns. Mér virðist nú ljóst orðið að með tiltækum mengunarvörnum sé hægt að bægja skaðlegri mengun frá svo að vel sé við unandi. En ég vil leggja á það áherslu að í því efni má ekkert spara. Án fyllstu mengunarvarna og hreinsunar úrgangsefna er verksmiðja af þessu tagi enginn aufúsugestur í umhverfi sínu né heldur áhrifalaus gagnvart andrúmslofti, jarðvegi, vötnum og sjó. Fyrir fram verður að vísu ekkert fullyrt um það, hvaða áhrif verksmiðjan kann að hafa á lífríki umhverfisins jafnvel þótt ítrustu varnaraðgerðum sé beitt gegn beinni mengun og þótt brottflutningi fastra úrgangsefna sé vel fyrir komið. *En ég er þeirrar skoðunar eftir að hafa hlýtt* á ráð og heyrt skoðanir hinna hæfustu sérfræðinga á þessu sviði að í sambandi við mengun verði vörnum við komið og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það atriði.

Þær mótbárur, sem ég hef uppi í þessu máli, eru fyrst og fremst efnahagslegs eðlis og fjárhagslegs eðlis. Ég hef þegar drepið á ýmis slík atriði, en fleira mætti nefna þó að ég muni nú láta staðar numið í því að gera þessa stuttu grein fyrir afstöðu minni til þessa máls. Ég endurtek það að mér finnst of mikill hraði viðhafður um afgreiðslu málsins. Það hefur það í

för með sér að ég er ekki við því búinn að greiða atkv. með málinu. Ég er ekki andvígur stóriðjuframkvæmdum að tilteknu marki og ef réttar forsendur eru fyrir hendi. En hvað þetta mál varðar finnst mér margt í því þurfi frekari skoðunar. Ég hef því ákveðið að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins og mun nú við lokaafgreiðslu hér við 3. umr. sitja hjá við atkvgr.., nema eitthvað sérstakt verði til að breyta þeirri ákvörðun sem ég raunar á ekki von á að verði.

Jónas Árnason: Herra forseti. Það má segja að það sé heldur betur reisn yfir Alþingi íslendinga þessa stundina. Ég man ekki til þess þann tíma sem ég hef setið á þingi að nokkurn tíma væri talið svo mikið í húfi að haldinn væri fundur um hádegi á laugardegi. Hvernig stendur á þessu? Hvernig stendur á því að löggjafarsamkoma þessarar sjálfstæðu, metnaðarfullu þjóðar situr hér á fundi núna? Ástæðan til þess er sú að 3 eða 4 forstjórar auðfyrirtækis vestur í New York eru búnir að panta sér far með flugvél til Íslands og það á að afgreiða það mál, sem hér er til umr., endilega hreint til þess að þeir þurfi ekki að hringja í Flugfélagsskrifstofuna í New York og segja að þeir verði því miður að fresta ferðinni hingað. Til þessa sitjum við hér að við sýnum ekki þessum 3 eða 4 forstjórum bandarísks auðfyrirtækis þá ósvifni að þeir þurfi að afpanta miðana, farseðlana til Íslands. Ég vona, hv. þm., að þetta dæmi verði tilefni til þess að þið hugleiðið hvers vænta má um reisn íslendinga í viðskiptum við þetta fyrirtæki þegar forstjórarnir telja kannske að þeir yrðu að fórna enn meira en því að fresta um 2—3 daga að koma hingað upp. Ég segi: Guð hjálpi okkur með þennan vesaldóm allan saman, þessa lágkúru stjórnvalda í viðskiptum við útlendinga. Ég held að sjaldan hafi sóma íslendinga, sóma Alþingis íslendinga verið eins hastarlega misboðið og núna.

En ástæðan til þess að ég lét skrá mig á mælendaskrána var sú að ég ætlaði að beina til hæstv. samgrh. fyrirspurn sem hv. þm. Magnús Kjartansson er þegar búinn að beina til hans. Ég ætlaði að þýfga hann um þá yfirlýsingu sem hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði að hann mundi gefa varðandi fjármögnun Grundartangahafnar og það með hvernig ætti að tryggja einhverjar tekjur af þeirri höfn í framtíðinni.

Það er nú þannig með hæstv. samgrh., sem uppi í Borgarfirði beitti sér í vetur af mikilli karlmennsku og dugnaði og krafti fyrir þessari verksmiðju, að hann hefur ekki komið mjög mikið við sögu í umr. hér á þingi. Það má segja um hann svipað og stundum var sagt um Viktoríu drottningu þegar hún lét ekki sjá sig á mannamótum: „Her Majesty was conspicuously absent“ — en það þýðir að drottningin hafi verið „áberandi fjarverandi“. Það hefur ekki verið tækifæri í þessum umr. að beina einu né neinu til hæstv. samgrh. því hann hefur verið „conspicuously absent“. Hann hefur að vísu verið fjarverandi af annarri ástæðu en Viktoría drottning. Hún var fjarverandi til þess að láta í ljós litla hrifningu á því sem til stóð á samkomunum, en hæstv. ráðh. hefur hins vegar veigrað sér við að láta sjá sig á þessum fundum að mínum dómi vegna þess að hann veit að hann á svo erfitt með að gera hvort tveggja í senn, að tala samkv. þeirri línu sem ríkir innan ríkisstj. varðandi þessa verksmiðju og um leið að geta sér gott orð meðal borgfirðinga. Hann veit eins vel og ég, að allur þorri borgfirðinga, eða a. m. k. þeir sem í sveitum búa, er andvígur þessari verksmiðju. Þetta sýna samþykktir þeirra, margítrekaðar samþykktir þeirra og kröfur um t. d. það að fullkomnar rannsóknir fari fram á lífríki Hvalfjarðar og öðru nágrenni verksmiðjunnar, áður en hafist verði handa við byggingu hennar, og þó ekki síður kröfur um það að rannsókn fari fram á því hvaða áhrif þessi verksmiðja muni hafa á mannlífið þar efra. Það hefur nú kannske ekki verið rætt eins og skyldi hvaða áhrif þetta hefur á mannlíf þar efra. Ég er ekki í neinum vafa um það að þarna sviptist til allt mannlíf. Og það mannlíf, sem ég þekki þar efra og hæstv. samgrh. þekkir líka, það er gott mannlíf. Það getur vel verið að það verði fleiri krónur í sveitarsjóðum ýmsum eftir þetta einhvern tíma. En hitt er ég sannfærður um, að það verður ekki meiri mannleg hamingja. Mannleg hamingja verður nefnilega ekki mæld í krónum, hvað sem menn segja, ekki einu sinni í dollurum.

Þetta er atriði sem hefði þurft að athuga líka áður en ráðist yrði í að byggja þessa verksmiðju.

Mengunarmálin hafa náttúrlega verið mikið til umræðu hér í sambandi við frv., eins og annars staðar, og hafðar uppi miklar fullyrðingar um það að þetta verði allt í besta lagi. Ég sýndi fram á það í ræðu sem ég flutti strax við 1. umr. um þetta mál að auðhringurinn Union Carbide er einna verst þokkaður allra auðhringa í heimi hvað snertir mengunarmál. Hann hefur hvað eftir annað í heimalandi sínu sniðgengið lög og reglugerðir, hann hefur meira að segja skellt hurðum á eftirlitsmenn ríkisins þegar þeir hafa komið til að líta eftir því að framfylgt væri mengunarvarnarreglum. Það eru ribbaldar og ofríkismenn sem ráða þessum hring. Þetta sagði ég við 1. umr. og ítreka hér. Hér er við þess háttar fólk að eiga, og jafnvel þó að tæknin sé e. t. v. nógu fullkomin til þess að fyrirbyggja mengun eða halda henni í „lágmarki“, eins og oft er sagt hér, hvað sem það nú táknar, — jafnvel þó að tæknin sé orðin svo fullkomin, þá segi ég það alveg eins og er að ég er næstum því sannfærður um það að þegar eitthvað kemur fyrir í þessari verksmiðju, eitthvað bilar, þannig að það er ekki hægt að framfylgja reglunum um mengun nema með svo og svo miklum tilkostnaði, þá gerist það sama og gerst hefur víða um lönd þar sem hefur verið við þessa auðhringa að etja að þeir segja: „Þetta er svo dýrt, þetta er svo kostnaðarsamt. Við höfum ekki ráð á að laga þetta, eins og þið krefjist. Við verðum að hætta rekstri verksmiðjunnar.“ Og það er rekið upp ramakvein af þeim sem búa í nágrenninu, af þeim sem hafa atvinnu við verksmiðjuna og tekjur, rekið upp ramakvein: „Nei, endilega hreint áfram með reksturinn,“ — „þrátt fyrir það að mengunarvarnirnar séu kannske allar meira og minna úr lagi farnar.“ Ég skýt þessu aðeins inn hér til umsagnar í sambandi við mengunarhliðina.

En af því að það er komið að lokum þessa máls, endanlegri afgreiðslu hér á Alþ., þá vil ég segja fáein orð um viðhorf mitt til málsins frá byrjun.

Ég var frá byrjun andvígur þessu máli og fór ekki dult með það. Kosningar á Vesturlandi í vor, a. m. k. í þeim byggðarlögum, sem næst liggja verksmiðjunni, snerust að miklu leyti um þetta mál. Þá héldu allir þar efra, eða mjög margir og áreiðanlega allir frambjóðendur hinna flokkanna að landið lægi þannig að sá, sem væri á móti þessari verksmiðju, væri ekkert annað að gera heldur en tapa atkv., vísasta leiðin til þess að tæta atkv. af mönnum væri sú, að sýna í þessu sambandi fram á svokallað ábyrgðarleysi gagnvart efnahag fólks þar efra og atvinnulífi.

Þetta fór nú öðruvísi. Sá flokkur, sem stóð gegn verksmiðjunni, stórjók fylgi sitt. Og þá fer að renna upp ljós fyrir mönnum. Þá fer að renna upp það ljós fyrir mönnum að almenningur sé kannske ekki eins hrifinn af þessu og stjórnmálamennirnir. Og ég hygg að þetta ljós hafi líka runnið upp fyrir mönnum víðar en í Borgarfirði, það sé kannske fyrst og fremst ástæðan fyrir hinum mörgu og margvíslegu fyrirvörum sem menn gera hér nú í dag. Þessir fyrirvarar margir eru án efa gerðir vegna þess að menn hafa fundið andann gegn þessari verksmiðju úti meðal fólksins. Hann hefur verið að magnast æ meir. Hann dugar hins vegar ekki til að fyrirbyggja þetta óheillaverk, þetta óhappaverk, sem til stendur að vinna hér á Alþ. í dag með endanlegri samþykkt þessa máls. En ég vænti þess, ég treysti því að þetta hafi orðið holl lexía þrátt fyrir allt og í framtíðinni muni stjórnvöld ekki leyfa sér jafnmikla ósvífni og þau hafa leyft sér gagnvart almenningi í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég vænti þess að þegar upp koma skyld mál í framtíðinni, hvort heldur er að því er varðar mengunarhliðar þeirra eða annað slíkt, að þá muni stjórnvöld hafa vit á því að hlusta betur eftir því hvað fólkið hefur að segja.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ræða mín við 2. umr. þessa máls gaf hv. 3. þm. Reykv. tilefni til ýmislegra heimspekilegra bollalegginga. Hann, hv. þm., talaði um efnahagslegt fullveldi í sambandi við meirihlutaeign íslenska ríkisins í járnblendiverksmiðjunni. Um það vil ég leyfa mér að segja: Það eflir ekki efnahagslegt fullveldi þegar slíkir bögglar fylgja skammrifi eins og búast má við samkv. þessu frv. og enginn veit hve stórir verða. Samningurinn, sem stendur á bak við eignaraðild þessa fyrirtækis og fjármögnun þess, byggist því miður á ýmsum atriðum sem ekki eru nægilega upplýst. Það er t. d. alveg ljóst að við getum samkv. samningnum orðið skuldbundin til stórkostlegra fjárútláta af hálfu ríkisins aðeins ef Union Carbide þóknast. Hér á ég við ákvæðið í aðalsamningi sem skuldbindur íslenska ríkið til að kaupa hlut Union Carbide eftir 15 ár hvort sem okkur líkar betur eða verr. Engin sams konar skylda hvílir hins vegar á Union Carbide ef við óskum að selja okkar hlut. Þeir hafa aðeins rétt til kaupa, en ekki skyldu. Í slíku ákvæði felst að mínum dómi lítilsvirðing á sjálfsákvörðunarrétti íslendinga. Og þetta ákvæði er arfur frá ráðherratíð hv. 3. þm. Reykv., nema hvað þá var það sýnu lakara að því leyti til að þá var um 10 ár að ræða, en ekki 15 eins og nú hefur þó fengist framgengt. Ég endurtek því að efnahagslegt fullveldi okkar væri betur tryggt með því að láta Union Carbide um eignaraðild þessa fyrirtækis, en við gerðum hins vegar samning um orku og aðstöðu, — samning sem fyllilega væri samboðinn fullveldi Íslands. Sjálf ættum við svo að reka hliðariðngreinar sem upp gætu risið.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta nú, en sá ástæðu til þess að gera athugasemd í tilefni af ræðu hv. 3. þm. Reykv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þess máls, sem hér er nú til lokaafgreiðslu, var gerð grein fyrir afstöðu SF til þessa máls. Það var ítrekað við 2. umr. málsins og skal ég ekki fara mörgum orðum þar um frekar. En ég vil þó ítreka það að sú afstaða okkar til þessa máls nú byggist ekki á því að við séum alfarið andvígir slíkum atvinnurekstri sem hér er gert ráð fyrir, heldur byggist hún fyrst og fremst á því að þær kringumstæður í þjóðfélaginu og sá orkuskortur, sem ríkir í mörgum landshlutum, er að okkar áliti þess eðlis að það er ekki forsvaranlegt að festa þúsundir millj. kr. í atvinnurekstri hér á suðvesturhorni landsins á sama tíma og boðaður er stórkostlegur niðurskurður á opinberum framkvæmdum úti á landsbyggðinni. Þegar þetta mál var hér til 1. og 2. umr. var að vísu vitað um og var til meðferðar á þingi frv. það um efnahagsmál þar sem gert var ráð fyrir að ríkisstj. fengi heimild til þess að skera niður opinberar framkvæmdir um 3 500 millj. kr. Nú er þetta afgreitt mál hér á hv. Alþ. Hæstv. ríkisstj. hefur fengið slíka heimild í hendur sem hæstv. forsrh. boðaði hér fyrir nokkrum dögum að yrði notuð. Það er við þessar kringumstæður sem nú er til ætlast að hv. þdm. leggi blessun sína yfir það að setja a. m. k. 7—8 milljarða af hálfu ríkissjóðs til þess fyrirtækis sem hér er um fjallað, á sama tíma og þeir eru búnir að samþykkja niðurskurð á opinberum framkvæmdum, sem fyrst og fremst kemur til með að bitna á landsbyggðinni, upp á a. m. k. 3 500 millj. kr.

Það er ekki að ófyrirsynju að samviska sumra hv. stjórnarliða hér í hv. d. er óróleg. Það hefur komið fram við atkvgr. hér nú á þessum laugardagsmorgni og við þessa 3. umr. málsins að hann er margur stjórnarliðinn sem er rólegur að láta hafa sig til þess að staðfesta endanlega þessa ákvörðun hæstv. ríkisstj. ofan á það sem búið er að gera að því er varðar efnahagsmálin og niðurskurð úti á landsbyggðinni. Og ég er ekkert hissa á því þó að samviska hv. 9. landsk. þm. sé með órólegra móti undir þessum kringumstæðum. Ég hefði miklu frekar getað haldið að sú ræða, sem hv. 9. landsk. flutti hér áðan, hefði verið flutt af t. d. þm. Reykv. eða einhverjum slíkum heldur en að hún væri flutt af

þm. Vestfjarðakjördæmis. Það fannst mér kórónan á það sköpunarverk sem hér virðist eiga að framkvæma nú á þessum morgni í þessari hv. deild.

Ég var satt að segja að vona það, eftir að ég heyrði upphafsorð á ræðu hv. 9. landsk. þm., að hún ætlaði sér að vera á móti þessu frv., að sjálfsögðu byggt á svipuðum röksemdum og afstöðu og ég hef tekið til málsins, þ. e. a. s. að með þessu er verið að dæma orkuskort yfir Vestfirði um nokkurra ára eða jafnvel nokkurra áratuga bil. Og mér finnst það satt að segja furðuleg yfirlýsing af þessum hv. þm. að segja það hér á Alþ. að með ákvörðun um stofnlínu til Vestfjarða sé líklega verið að byrja á öfugum enda á því að bæta úr þeim orkuskorti sem vestfirðingar hafa og koma til með að búa við um nokkur ár enn ef fram heldur sem horfir. Ég er ekki með þessu að fordæma að einu eða neinu leyti að farið sé út í smærri virkjanir. En smærri virkjanir, sem hægt væri að fara út í til þess að bæta orkuskort, sem nú þegar er fyrir hendi á Vestfjörðum, koma ekki til með að leysa þann vanda sem við er að glíma nú.

Fyrstu og aðalrökin, sem hv. 9. landsk. þm. taldi mæla með því að þetta fyrirtæki yrði reist, voru þau að við værum ekki tilbúin til að nýta orkuna í annað, til þess skorti bæði mannafla og fjármagn, og hvorki mannafla né fjármagn virðist mega leggja af mörkum til þess að bæta úr þeim orkuskorti sem t. d. vestfirðingar og aðrir landshlutar búa við og koma til með að búa við um nokkurra ára skeið. Úr þessum skorti má ekki bæta með því að setja fjármagn úr ríkissjóði til slíkra framkvæmda. En það er réttlætanlegt að setja 7—8 milljarða úr ríkissjóði til framkvæmda sem þessara sem hér um ræðir, járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þar skortir ekki fjármagnið til þess að verða við slíkum beiðnum eða ákvörðunum. Þetta finnst mér koma úr hörðustu átt af þessum hv. þm. sem á öðrum fremur kannske, — öðrum fremur, segi ég, og þá tala ég um þennan hv. þm. sem stjórnarliða, að gæta hagsmuna sinna umbjóðenda, en ekki öfugt.

Það er rétt, sem þessi hv. þm. sagði, að það væri uggur í mörgu fólki úti á landsbyggðinni og hann ekki að ástæðulausu. Og hvað sem líður vonum þessa hv. þm. um það að þessi uggur reynist ástæðulaus þá held ég að ákvörðun sú, sem hér á nú að taka af stjórnarliðinu um byggingu þessarar verksmiðju, verði til þess að renna stoðum undir frekari ugg landsbyggðafólks heldur en eðlilegt mætti teljast. Ég er þeirrar skoðunar og það hefur margoft verið ítrekað hér að stefna núv. hæstv. ríkisstj. er þess eðlis í efnahagsmálum að það er verið að stíga til baka — stórt skref til baka — frá því sem var í tíð vinstri stjórnarinnar s. l. 3 ár, og þá á ég við þá alhliða uppbyggingu, þá byggðastefnu sem þá var í reynd. Nú standa menn frammi fyrir þeirri staðreynd að búið er að gefa hæstv. ríkisstj. heimild til niðurskurðar á opinberum framkvæmdum upp á a. m. k. 3 500 millj. kr., og felld var hér við atkvgr. í gær. till. þess efnis að heimila hæstv. ríkisstj. að taka lán til framkvæmda við stofnlínu. Með hliðsjón af því að a. m. k. ég hef heyrt um það raddir að fyrir liggi a. m. k. hugmyndir hjá sérfræðingum um að skera niður fjárveitingu, sem er á núgildandi fjárl. til stofnlínu sem á að leggja frá Mjólkárvirkjun til Breiðadals á Vestfjörðum, þá vil ég að þessu tilefni gefnu spyrja hæstv. iðnrh. — það hefði kannske verið eðlilegra að hæstv. fjmrh. hefði svarað slíku, en hann er ekki viðstaddur en ég vil eindregið óska eftir því við hæstv. iðnrh. að hann upplýsi það hér hvort slíkar hugmyndir eru uppi, og ef þær hugmyndir eru uppi, hvort hann ætlar sem ráðh. raforkumála að leggja blessun sína yfir slíkan niðurskurð. Ég spyr um þetta hér vegna þess að ég hef ástæðu til að ætla að það sé ekki rangt með farið að þessar hugmyndir séu uppi og slíkar tillögugerðir séu tilbúnar. Ef það væri, þá væri það til að kóróna enn frekar það sem gert hefur verið af hálfu núv. ríkisstj. í garð vestfirðinga í orkumálum. Og ég fer þess eindregið á leit við hæstv. iðnrh. að hann gefi hér og nú við lokaumr. þessa máls upplýsingar um það hvort slíkar hugmyndir séu uppi og hvort hann ætli að leggja blessun sína yfir slíkan niðurskurð. (**Iðnrh.: Má ég heyra nánar um fsp.?**) Það er fsp. um það hvort uppi séu hugmyndir um að skera niður fjárveitingu á núgildandi fjárl., sem er að upphæð 51.3 millj. kr., til stofnlínu úr Mjólkárvirkjun í Breiðadal á Vestfjörðum. Ég vil ekki slá föstu hvort hér er um réttar upplýsingar að ræða sem ég hef fengið, en ég óska þess eindregið að hæstv. iðnrh. upplýsi þetta mál hér áður en endanleg afstaða er tekin til þessa. (Gripið fram í.) Þú hefur ekki heyrt hennar getið. Gott og vel. En þá er hin spurningin hvort hæstv. ráðh. ætlar, ef slík hugmynd kemur fram, að leggja blessun sína yfir hana. Það er önnur spurningin, sem ég óska líka eftir að fá svar við. (**Iðnrh.**: Má ég svara því strax?) Gjörðu svo vel. (**Iðnrh.**: Ef þessi hugmynd kemur fram, þá er ég henni andvígur.)

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þennan óvenjulega fund að ráði, enda komið langt fram yfir hádegi á laugardegi. Ég get þó ekki látið hjá líða að leiðrétta með örfáum orðum rangtúlkun hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar á ræðu hv. þm. Braga Sigurjónssonar við 2. umr. þessa máls varðandi stefnu Alþfl. í stóriðjumálum.

Stefna flokksins í stóriðjumálum hefur verið skýrt mörkuð á fleiri en einu flokksþingi Alþfl. Flokkurinn hefur þar lýst sig fylgjandi því að komið yrði á fót stóriðju á Íslandi í því skyni að hagnýta þá orku sem er fólgin í fallvötnum landsins og í jarðhita þess. Það hefur verið tekið skýrt fram að flokkurinn vilji meta það hverju sinni með hverjum hætti slík stóriðja skuli skipulögð, það geti verið um að ræða starfrækslu alíslenskra fyrirtækja eins og átt hefur sér stað með sementsverksmiðjuna og áburðarverksmiðjuna t. d. sem Alþfl. studdi á sínum tíma, það gæti orðið með því að semja við erlend fyrirtæki um rekstur stóriðju á Íslandi, eins og átti sér stað þegar álverinu var komið á fót í Straumsvík og Alþfl. studdi, og það gæti líka verið um að ræða samvinnu íslendinga, íslenskra einstaklinga og íslenska ríkisins við erlenda aðila, eins og átti sér stað þegar kísilgúrverksmiðjunni var

komið á fót, sem Alþfl. studdi, og eins og á að eiga sér stað ef þetta frv. verður samþ. sem Alþfl. styður. Flokkurinn vill m. ö. o. fá að meta það hverju sinni hvaða rekstrarform sé hagkvæmast. En stóriðja er nauðsynleg til þess að hagnýta þær mikilvægu auðlindir sem fólgnar eru í fallvötnum og jarðhita landsins.

Þetta vil ég að komi skýrt og ljóst fram fyrst hv. þm. gerði sér leik að því að rangtúlka ræðu Braga Sigurjónssonar um þetta efni.

Í framhaldi af þessu lagðist hv. þm. enn einu sinni svo lágt að rangtúlka gersamlega ræðu sem ég fyrir mörgum árum hélt á afmælishátíð Þjóðminjasafnsins. Ég hef svo oft áður leiðrétt þetta að það liggur við að mér finnist varla taka því að leiðrétta hv. þm. einu sinni enn. Ég ætla samt að gera það með örfáum orðum.

Ég lét þess getið í þessari ræðu að sagt hefði verið að líklegasta leiðin til þess að varðveita sjálfstæði kynni að vera fólgið í því að farga sjálfstæði. Af því að ég gat ekki um það í ræðunni, hver hefði sagt þetta, hefur hv. þm. Magnús Kjartansson hvað eftir annað á undanförnum árum lagt mér þessi orð í munn og sagt að það sé stefna mín í utanríkismálum og nú í stóriðjumálum að farga sjálfstæði íslendinga. En sannleikurinn er að sá, sem sagði þessi orð, var Winston Churchill. Og hann lét sér þau um munn fara skömmu eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari þegar alþjóðasamvinna fór mjög að færast í vöxt. En alþjóðasamvinna getur auðvitað verið með þeim hætti að nauðsynlegt sé að ríki, bæði stór og smá, fargi að einhverju leyti formlegu sjálfstæði sínu. Meira að segja aðild að Sameinuðu þjóðunum, sem íslendingar eru aðilar að, og ég veit ekki betur en hv. þm. styðji, þýðir í reynd ef sáttmáli Sameinuðu þjóðanna er grandskoðaður að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna farga að vissu leyti nokkrum hluta af formlegu sjálfstæði sínu og þetta á í enn ríkara mæli við aðild að ýmsum öðrum alþjóðastofnunum eða alþjóðasamningum. Það var þetta sem sir Winston Churchill átti við þegar hann sagði að þróunin á síðara hluta 20. aldar virtist vera sú að það kynni að vera nauðsynlegt að farga sjálfstæði þjóða í því skyni að treysta sjálfstæði þeirra aðila sem teldu nauðsynlegt að gerast aðilar að alþjóðasamtökum eða gera alþjóðasamninga. En þessi ummæli nota ég einmitt til þess að sýna fram á að þótt aðild smáþjóða að alþjóðasamstarfi væri eðlileg og nauðsynleg, þá yrði það engu að síður að gerast með þeim hætti að smáþjóðir varðveittu sjálfstæði sitt. Einmitt aukin alþjóðasamvinna ætti að sýna smáþjóð eins og íslendingum fram á að þær ættu ekki aðeins rétt á sjálfstæði, heldur hefðu skyldu til að varðveita þjóðerni sitt. Á þetta vildi ég sérstaklega minna á 100 ára afmæli Þjóðminjasafnsins. M. ö. o.: niðurstaða mín er þveröfug við það sem þessi heiðarlegi þm. hefur hvað eftir annað reynt að láta líta út fyrir að ummæli mín hefðu hnigið að. (Gripið fram í.) Hv. þm. Magnús Kjartansson má vera ósammála mér eins lengi og hann lystir. Ég er búinn að láta tvíprenta ræðuna í heild þannig að hver einasti heiðarlegur maður getur séð og lesið hvað ég raunverulega sagði, hver var raunverulega niðurstaðan. Hv. þm. má halda áfram að endurtaka ósannindin eins lengi og hann lystir. Það er raunar honum líkt að gera það, þrátt fyrir það að hann hafi texta fyrir framan sig sem er þveröfugur. Það lýsir þessum manni vel.

Þá ætla ég að síðustu að fara örfáum orðum um þá ræðu í heild sem hann flutti hér áðan. Ég held að það sé rétt að segja frá því að nokkrum mánuðum áður en þessi hv. þm., sem þá gegndi starfi iðnrh., lét af því embætti, en meðan hann enn hafði vonir um að sitja áfram í embættinu, þá kvaddi hann okkur núv. hæstv. iðnrh. til fundar við sig í skrifstofu sína í Arnarhvoli. Hann kvaddi okkur til fundar við sig sem formenn þingflokka þáv. stjórnarandstöðu, sem formenn þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. Erindið var að ræða við okkur um þá samninga sem þá voru á döfinni og komnir á lokastig við Union Carbide um stofnun málmblendiverksmiðju í Hvalfirði. Málavextir voru þeir að hann var orðinn í minni hl. í sínum eigin flokki í þessu máli, þ. e. a. s. hann hafði ekki stuðning síns eigin þingflokks til þess að gera samning við Union Carbide sem hann þó sjálfur persónulega og ríkisstj. vildi gera. Erindi hans við okkur, formenn þingfl. Sjálfstfl. og Alþfl., var að spyrjast fyrir um stuðning okkar við það að hann ritaði Union Carbide bréf þess efnis að það væri tryggt að í byrjun næsta þings væri þingmeirihl. fyrir löggjöf sem staðfesti samningsgerðina við Union Carbide, eins og málið lá þá fyrir. En það er í grundvallaratriðum eins og það mál sem nú liggur fyrir. Ég tjáði og hafði umboð mins þingfl. til að tjá hæstv. iðnrh. að Alþfl. styddi þetta mál og mundi greiða atkv. með frv. um það efni, hvort sem það kæmi fram þá á vorþinginu eða á haustþinginu. Þeirri afstöðu er Alþfl. enn trúr. Þess vegna fylgir hann þessu máli, hvort sem það er flutt af fyrrv. hæstv. iðnrh. eða núv. hæstv. iðnrh. Það er málið sem öllu skiptir, en ekki það hver flytur það. En nú er hv. þm. kominn í stjórnarandstöðu eftir að hafa beðið Alþfl. um stuðning við að skrifa Union Carbide bréf þar sem því væri lýst yfir að það væri þingmeirihl. fyrir stofnun slíkrar verksmiðju. Þá snýr hann algjörlega við blaðinu og hefur nú, eftir að hann kom í stjórnarandstöðu, hamast gegn þessu máli sem í raun og veru er hans eigið afkvæmi. Ræðan, sú þjóðernissinnaða ræða, sem hann hélt áðan í tilefni af þessu máli og í framhaldi af skoðanaskiptum sínum í málinu, mun varðveitast í þingsögunni sem sígilt dæmi um hræsni loddarans.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fyrirspurn þeirri, sem kom hér fram áðan um hafnargerðina á Grundartanga vildi ég endurtaka það sem ég hef áður sagt þar um þótt það hafi ekki verið hér í þingræðu. Hafnargerðin við Grundartanga mun verða eign borgfirðinga og akurnesinga eins og þeir hafa sjálfir óskað eftir.

Út af þeim ótta, sem fram hefur komið hjá hv. þm. um að höfn þessi muni draga úr fjárveitingu til annarra hafnagerða í landinu, vil ég taka eftirfarandi fram: Tekjur ríkissjóðs í sköttum og arður af eign í fyrirtækinu mun verða meiri en nemur kostnaði við hafnargerðina og

kostnaði við byggingu verksmiðjunnar. Af þeirri ástæðu mun þessi framkvæmd hvorki í hafnargerð né öðru verða til þess að draga úr fjárveitingum til annarra hafna í landinu. Hins vegar mun hafnargerðin verða til þess að íslendingar eignast mjög góða höfn sem á eftir að verða mikil innflutningshöfn fyrir allt Vesturland og meira en það. Í upphafi þarf lánsútvegun vegna þessara framkvæmda, sem mun verða tengd málinu, en öðru ekki, og mun því ekki hafa áhrif á aðrar lántökur íslendinga til annarra framkvæmda heldur en þeirra sem þarna er um að ræða og því ekki draga úr möguleikum þeirra til lánsútvegunar á erlendum vettvangi.

Út af því, sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði, er hann líkti mér við Viktoríu drottningu, þá verð ég að segja það að marga skemmtilega atburði lifir maður um ævina. Það var sagt um Viktoríu drottningu þegar hún var búin að ríkja í 60 ár að bretar gætu ekki hugsað sér Bretland án drottningarinnar. Nú hef ég ekki verið þm. í tvo áratugi. Samt finnst þessum hv. þm. að óhugsandi sé annað en ég sé alltaf á vettvangi þar sem rætt er um málefni borgfirðinga eða þegar þá varðar mestu. Svo miklu lofi hef ég aldrei búist við, og veit ekki hvort ég á að þakka það, af því að mér finnst það oflof. Hitt er alveg rétt að ég hef gefið yfirlýsingar í þessu máli og gerði það fyrir kosningar í fyrra. En það er algert oflof að ég hafi lagt mikla vinnu í þetta mál í héraði. Ég hef nefnilega ekki ferðast milli bæja eða sveita til þess að tala fyrir þessu máli. Það hafa aðrir hv. þm. gert, eins og hv. 5. þm. Vesturl. veit, en ég ekki. Ég hef komið á eina þrjá fundi um þetta mál. Ég kom á einn í fyrra, þar sem ég gaf yfirlýsingar um afstöðu mína, og svo á framboðsfundum og hef ekkert dregið undan um afstöðu mína. Sú lína, sem hv. 5. þm. var að tala um að ég hefði fengið frá núv. ríkisstj., getur ekki verið komin þaðan á vordögum 1974 því að þá var núv. ríkisstj. ekki orðin til. Hafi ég fengið línuna að láni frá öðrum, þá hafa það verið áhrif frá vinstri stjórninni, en ekki þeirri sem nú situr. Satt að segja var það mitt mat eftir að hafa kynnst þessu máli að það væri mál sem ég vildi standa að, og því tók ég þá ákvörðun.

Ég skal ekki fara út í almennar umr. um þetta mál, ekki heldur út í að ræða um þá hættu sem lífríki Hvalfjarðar stafi af því. Ég tel hins vegar að það komi fram í þessum umr. að það sé hægt að koma í veg fyrir að þessi verksmiðja hafi áhrif á það, það sé mergur málsins að fara þarna að eins og hefur verið ákveðið um aðra stórframkvæmd í Borgarfirði sem er brúin yfir Borgarfjörð. Þar fóru bændur fram á að fá úttekt á stöðunni núna og eftirlit með áhrifum sem kynnu að verða. Þetta hefur verið ákveðið og gert í samráði við þá. Eins á að gera í sambandi við verksmiðjuna. En þeir reikna ekki með að það sé hægt að gefa upp áhrifin fyrr en verkið hafi verið unnið og það sé hægt að meta. Í báðum tilfellum á svo að vera hægt að hafa áhrif á að koma í veg fyrir hættu, ef áhrif verða. Það er hins vegar álit sérfræðinga í báðum tilfellum að áhrifin muni sáralítil eða engin verða. Það er þetta eftirlit sem nauðsynlegt er. Ég veit ósköp vel að maðurinn lifir ekki á einu saman brauði. Þess vegna þurfum við líka að eiga skemmtikrafta og þeir eru nauðsynlegir. En þeir koma ekki að haldi ef brauðið skortir. Maðurinn verður líka að hafa brauð til þess að hann geti notið þess að horfa á „Delerium Bubonis". Það er ekki hægt að njóta þess ef menn skortir brauðið. Þess vegna skulum við, hvorki hv. 5. þm. Vesturl. né aðrir, ekki gera lítið úr því að brauðið þurfi að vera með.

Við tölum um byggðastefnu, bæði ég og aðrir hv. þm. Eitt af því, sem ég hef orðið var við að hafi heyrst, er að þessi framkvæmd væri ekki í þágu byggðastefnu. En hvað með fólksfjölgun í Vesturlandskjördæmi? Síðan 1930 hefur fólkinu í landinu fjölgað um tæp 99% í heild, en í Vesturlandskjördæmi um 44%. Hvað segir þetta? Það segir það að þetta kjördæmi hefur einnig þörf fyrir byggðastefnu eins og önnur kjördæmi ef það á að halda sínum hlut í landinu. Og það þarf enginn mér að segja að ef mannfjölgunin verður ekki æskileg í Vesturlandskjördæmi sem og annars staðar, þá hefur það áhrif á stöðu þess fólks sem þar býr, í þjóðfélaginu í heild og Alþ. íslendinga. Til þess að það megi verða að fólki fjölgi þarf að auka atvinnu og atvinnumöguleikana. Þetta er aðalþáttur byggðastefnunnar. Möguleikarnir einmitt í þessu kjördæmi til þess að gera þetta felst meðal annars í því góða hafnarstæði sem er við Hvalfjörð. Ég vil líka minna á það að þetta mun verða til þess að tryggja raforku á þessu svæði, tryggja betri samgöngur en nú er, og ég vil líka benda á það að einmitt þetta svæði hefur nú möguleika á meiri fjölbreytni í skólum heldur en flest önnur svæði þessa lands. Það verður til þess að efla þá að fólki fjölgi í Vesturlandskjördæmi. Ég minni einnig á gott sjúkrahús og uppbyggingu heilsugæslustöðvar. Allt þetta og margt fleira mætti telja til er tryggir félagslegar framfarir á Vesturlandi með atvinnu og eðlilegri fólksfjölgun svo og blómlegar og góðar sveitir. Það mun verða hagkvæmara fyrir bændurna í þessum sveitum — þó að hv. 5. þm. Vesturl. hristi höfuðið, þá mun það verða hagkvæmara að selja á þeim mörkuðum sem þarna skapast því að það verða engar blómlegar sveitir nema markaðir séu góðir, og því styttra sem er á þá, því betra. Því á þessi hv. þm. að átta sig á, jafnvel þótt hann vilji setja það öðruvísi upp í revíu. Þess vegna er niðurstaða mín sú að hér sé um að ræða byggðastefnu í framkvæmd á þessu sviði fyrir þetta svæði sem mun einnig vegna hröðunar á neyslu raforkunnar verða til þess að tryggja öðrum byggðum landsins hraðari uppbyggingu en að öðrum kosti væri.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Sú yfirlýsing, sem við höfum heyrt frá hæstv. samgrh., var ákaflega lítilvæg eins og menn hafa heyrt og leysir ekkert úr þessu vandamáli sem ég er alveg sannfærður um að á eftir að reynast mjög alvarlegt vandamál einmitt fyrir sveitarfélögin á þessum slóðum.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs aftur og ætla að segja örfá orð, er ræða sú sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason hélt. Hv. þm. var afar vanstilltur eins og menn heyrðu og beitti stórum

orðum. Ég skil ákaflega vel, að honum líður ævinlega illa þegar hann er minntur á þá ræðu sem hann flutti á aldarafmæli Þjóðimnjasafnsins. Ég var sjálfur viðstaddur þegar þessi ræða var flutt, og ég verð að segja það að það hreinlega þyrmdi yfir mig. Ég hef að vísu reynslu — (Gripið fram í.) já, er ýmsu vanur. Ég hef alllanga reynslu af því hversu ákaflega álút íslensk stjórnvöld geta stundum verið í viðskiptum við útlendinga. En ég hef aldrei heyrt þetta hugarfar sett fram á þann hátt sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason gerði í þessari ræðu sem ég man ákaflega vel eftir og hef ekki afflutt á einn eða neinn hátt og ákaflega margir þm. muna eftir sjálfir. Það var einn sem hvíslaði því að mér áðan að hann hefði í mörg ár kunnað heila kafla úr þessari ræðu utan bókar einmitt vegna þess að hún sýndi þetta hugarfar, og það væri ágætt ef hv. þm. vildi birta ræðuna einu sinni enn þannig að hann yrði þá búinn að birta hana þrisvar. Það sakar ekki að endurtaka þessa ræðu vegna þess að hún sýnir nákvæmlega inn í þetta óþjóðholla hugskot.

En hv. þm. vék að spurningu sem ég bar upp við þingflokkana snemma árs í fyrra, og það hefur svolítið verið vikið að bréfi sem ég skrifaði Union Carbide þá, og er þá rétt að það komi fram nákvæmlega eins og það var. Ég gerði grein fyrir því í þessum umr., að ég tel, að viðhorfin, röksemdirnar fyrir nauðsyn slíkrar verksmiðjubyggingar, hafi gjörbreyst við olíuverðshækkunina haustið 1973, þó að það væri nauðsynlegt að það lægi fyrir sem valkostur hvort ætti að nýta orku í verksmiðjuframleiðslu eða nýta hana í þágu þessa markaðar sem opnaðist með snöggum hætti. Þess vegna neitaði ég að bera fram frv. um málmblendiverksmiðju á síðasta þingi. Viðsemjendur okkar, Union Carbide, óskuðu þá eftir því að ég aflaði vitneskju um það hver væri afstaða þingflokkanna til þessa máls, og mér fannst það vera skylda mín sem iðnrh. að verða við þeirri ósk. Þess vegna bar ég þessa spurningu upp við þingflokkana. Sú könnun leiddi í ljós að meiri hl. þings var ekki reiðubúinn til að taka afstöðu til málsins, hvorki þingflokkur Alþb. né þingflokkur Sjálfstfl. Því skrifaði ég í þessu bréfi að ég væri sammála megindráttunum í því samkomulagi sem þá lá fyrir — sem var allt öðruvísi en það samkomulag sem núna er — en ég hefði kannað það að meiri hl. þings væri ekki reiðubúinn til að taka afstöðu og þess vegna gæti ég ekkert um það sagt hver afstaða Alþ. yrði til málsins. Það var þetta sem stóð í þessu bréfi, það var þessi könnun sem ég var að framkvæma, og ég greindi frá þeirri niðurstöðu að ég gæti ekkert um það sagt hvaða afstöðu Alþ. tæki til málsins.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mig langar aðeins til að vekja sérstaka athygli á því að nú í fyrsta skipti, að því er ég minnist, hefur hv. þm. Magnús Kjartansson játað það hér í þingsölunum, að hann hafi skrifað Union Carbide bréf þar sem hann tilkynnti að hvorki þingflokkur Alþb. né þingflokkur Sjálfstfl. hafi á þeim tíma verið reiðubúnir til að lýsa yfir stuðningi við málið eins og það lá fyrir þá, en að hann sjálfur hins vegar persónulega og þá væntanlega ríkisstj. öll hafi verið málinu fylgjandi. M. ö. o.: hér kemur það fram í þessari lokaræðu hv. þm. að það var ágreiningur á milli a. m. k. hans og þingflokks Alþb. um málið. En nú hefur hann hins vegar látið meiri hl. í Alþb. kúga sig til þess að kúvenda gersamlega.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, VH, GGÞ, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GTh, GÞG, HES, IngJ, JSk, LárJ, MB, ÓE, ÓlJ, PS, SigurlB.

nei: GS, GilsG, JónasÁ, KP, SBl, MK, MÓ, SvJ.

SvH, IG, RH greiddu ekki atkv.
10 þm. (BrS, EðS, IH, GF, JóhH, MÁM, PP, PJ, SighB, SV) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 531).

Sjóvinnuskóli Íslands, frv. (þskj. 69, 500, 4). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 500,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 271). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 532).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 524). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 75. fundur

Mánudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rekstrarlán til sauðfjárbænda, þáltill (þskj. 505). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Uppsögn fastráðins starfsfólks, þáltill. (þskj. 522). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Söluskattur, frv. (þskj. 470). — 1. umr.

Flm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Á þskj. 470 höfum við hv. 2. þm. Vestf. flutt frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt. Frv. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„1. gr. Við 7. gr. l. bætist svo hljóðandi málsgr.:

Þá er heimilt að endurgreiða sveitarfélögum og öðrum þeim, sem kosta snjómokstur á vegum eða götum, sannanlegan greiddan söluskatt af þessum framkvæmdum.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eins og öllum er kunnugt er söluskattur greiddur af ýmiss konar þjónustu sem einstaklingar, sveitarfélög eða ríki láta í té. Þessi skattgreiðsla leggst sem ákveðin prósenta ofan á söluverð þjónustunnar. Þeim mun dýrari sem þjónustan er þeim mun hærri verður þess vegna skatturinn.

Það hefur löngum verið um það deilt hvaða aðferðum væri réttlátast að beita við skattlagningu og hafa skattar til opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, einkum verið tekjuskattar af tekjum skattgreiðanda, eignarskattar og skattar lagðir á verð söluvara og ýmiss konar þjónustu, eins og söluskatturinn svonefndi er.

Á síðari árum höfum við aukið mjög söluskattsinnheimtu hlutfallslega og horfið að því sem sífellt stærri lið í tekjuöflun ríkisins. Þetta hefur orðið til þess að ýmsar hugmyndir hafa komið upp um það hvernig réttlátast væri að innheimta söluskatt, og eftir því sem söluskatturinn hefur hækkað þeim mun augljósari hafa orðið ýmsir ókostir hans, eins og t. d. þeir að hann leggst með auknum þunga á þá þætti ýmiss konar þjónustu sem eru mönnum jafnvel óviðráðanlegir.

Það, sem hér er tekið til meðferðar, er söluskattur á snjómokstur. Nú er það svo að snjóþyngsli eru mjög mismunandi mikil í landinu. Í aðalatriðum er það svo að snjóþyngra er um norðanvert landið heldur en sunnanvert, en þó er verulegur kostnaður við snjómokstur um allt land.

Ég er þeirrar skoðunar að einmitt söluskattur á þjónustu eins og þessi sé ekki réttlátur. Þegar koma þungir vetur getur þessi þjónusta orðið einstökum byggðarlögum næsta örðug og kostnaðarsöm. Inn í þetta blandast almenn aðstaða til samgangna. Okkur er öllum vel kunnugt að samgöngur eru þegnum í þjóðfélaginu mjög mismunandi erfiðar. Sums staðar á landinu hafa menn slétta, malbikaða eða steinsteypta vegi sem eru tiltölulega greiðfærir allan ársins hring annars staðar eru vegirnir að vísu ekki malbikaðir en þó svo vel upp byggðir að þeir verjast í öllu venjulegu tíðarfari og eru færir meginhluta ársins. Enn koma svo svæði þar sem vegirnir eru illfærir að vetrum, bæði vegna þess að þeir eru illa upp byggðir og oft eru þessir illa uppbyggðu vegir í mjög snjóþungum byggðarlögum.

Enn höfum við ekki tekið upp þá reglu að ríkisvaldinu skuli skylt að halda vegum um byggðir opnum allan veturinn. Víða er það svo að Vegagerðin opnar vegina ákveðna daga, annaðhvort einu sinni eða tvisvar í viku, einu sinni í hálfum mánuði eða jafnvel ekki nema einu sinni í mánuði. Allvíða er það svo að Vegagerðin kostar ekki að fullu snjómokstur nema einu sinni á ári, þ. e. a. s. þegar vegirnir eru opnaðir á vordögum og snjó rutt af þeim í síðasta sinn.

Langvíðast, þar sem mjólkurflutningar fara fram á norðanverðu landinu og raunar annars staðar, þurfa sveitarfélögin að greiða helming af kostnaði við snjómokstur. Þar sem hægt er að nota vegi milli héraða eða milli þéttbýlisstaða njóta byggðarlögin þess, en þeir vegir eru að jafnaði ruddir oftar á kostnað ríkisvaldsins heldur en vegirnir um sveitirnar. Þessi kostnaður við snjómokstur á þjóðvegum í sveitum landsins er mörgum sveitarfélögum býsna þungur baggi.

Þá er ekki síður rétt að nefna það að bæjarfélög á snjóþungum svæðum landsins hafa mjög mikinn kostnað af snjómokstri. Ég hef fengið nokkrar tölur um þann kostnað sem hefur orðið af snjómokstri í vetur á nokkrum stöðum og er rétt að ég nefni þessar tölur.

Á Akureyri hefur kostnaður við snjómokstur samtals frá áramótum orðið 10 millj. 595 þús. kr. Lætur nærri að söluskattur, sem greiddur er til ríkisins af þessari upphæð, sé 1 millj. 130 þús. kr., eða um það bil 100 kr. á hvert mannsbarn á Akureyri. Þetta er kannske ekki sérstaklega há upphæð en þetta er skattur sem ríkið innheimtir af því að borgararnir á þessum stað hafa orðið fyrir sérstökum kostnaði og sérstökum óþægindum af náttúrunnar völdum. Á árinu 1974 var kostnaður á Akureyri við snjómokstur 8 millj. 640 þús. kr. og söluskattur, sem þá var greiddur, var um 800 þús. kr. Það ár var ekki eins snjóþungt eða kom ekki eins erfiður snjóakafli eins og kom núna í vetur. En þó að kostnaður sé nú um hálf ellefta millj. eða rúmlega það frá áramótum eru tæpast líkur á öðru en við þennan kostnað bætist verulega fyrri hluta næsta vetrar.

Ef tekið er eitt hérað eins og Eyjafjarðarsýsla, þá er sá kostnaður, sem sveitarfélögin hafa lagt í í vetur, 4 millj. 748 þús. kr. frá 1. jan. til 1. maí. Þetta er hluti sveitarfélaganna í kostnaði í Eyjafjarðarsýslu við að moka þjóðvegi. Og söluskattur af þessari upphæð er tæpar 800 þús. kr. Og í Suður-Þingeyjarsýslu hefur hluti sveitarfélaga og annarra aðila en ríkisins í kostnaði við snjómokstur á þjóðvegum utan þéttbýlisstaða orðið rúmlega 2½ millj. kr. á sama tíma. Söluskattur til ríkisins af þeirri upphæð er nokkuð yfir 400 þús. kr. Þá má nefna sem dæmi að Dalvík hefur greitt um 180 þús. kr. í söluskatt af

snjómokstri það sem af er þessu ári. Á Húsavík er þessi upphæð tæp 150 þús. kr. Og svona mætti lengur telja.

Þessar upplýsingar eru aðeins af mjög takmörkuðum hluta landsins og mér er kunnugt um það að sveitarfélög, t. d. á Austurlandi, hafa orðið að leggja í gífurlegan kostnað við snjómokstur í vetur, og á Vestfjörðum er að öllum jafnaði mikill kostnaður við snjómokstur.

Nú er það svo að auðvitað er ekki hægt á nokkurn hátt að losa sveitarfélögin við að leggja í kostnað við að hreinsa götur sínar þó að það sé snjór sem á þær kemur. En mér finnst óréttlátt að þessi aðstöðumunur, sem birtist í því hversu misjafnlega snjóþungt landið er, sé notaður sem tekjuöflunarleið fyrir ríkisvaldið. Þess vegna höfum við hv. 2. þm. vestf. leyft okkur að flytja þetta frv. sem hér er til umr. Þá má auðvitað um það deila hvort það væri ekki eðlilegt að nú þegar væri gerð krafa um það að ríkisvaldið héldi öllum þjóðvegum opnum yfir vetrarmánuðina. Það er vissulega orðið svo að samgöngur eru engu síður nauðsynlegar á veturna heldur en sumrin, og það hlýtur að koma að því að sú staðreynd verði viðurkennd. Sérstaklega er nauðsynlegt að samgöngur haldist milli verslunarstaðanna annars vegar og hinnar dreifðu byggðar hins vegar. Er þetta bæði vegna venjulegrar verslunarþjónustu, póstsamgangna og þó alveg sérstaklega vegna þeirra vöruflutninga sem að öllum jafnaði fara fram úr sveitum landsins til þéttbýlisstaðanna allan ársins hring.

En þó að það væri vissulega mikils vert að ríkisvaldið tæki að sér að fullu að halda opnum þjóðvegunum, þá er þó hitt enn meira um vert ef tækist á tiltölulega skömmum tíma að hækka svo vegina að þeir verðust sómasamlega fyrir snjó. Það er kannske rétt að vekja hér athygli á því af því að ég nefndi hér tvö byggðarlög, Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, að þá er það svo, að oftast er miklu snjóléttara í Eyjafirði, einkum framan til í firðinum sem kallað er, heldur en í Suður-Þingeyjarsýslu. Þess vegna kann að koma nokkuð á óvart að í vetur hefur orðið miklu meiri kostnaður við að halda þjóðvegum í Eyjafjarðarsýslu opnum heldur en í Suður-Þingeyjarsýslu. Til þess liggja tvær ástæður. Önnur er sú að á þeim kafla, sem snjóþyngstur var í vetur, þ. e. a. s. í janúarmánuði, var ekki eins mikill munur á snjóalögum í þessum tveim héruðum og mjög algengt er. En hitt veldur þó e. t. v. meira, að í vissum hlutum Suður-Þingeyjarsýslu hefur þegar tekist að byggja upp háa vegi sem eru að mestu varðir fyrir snjó í þeim veðrum sem við höfum kynnst, a. m. k. á undanförnum árum. Það er ekki hægt að neita því að uppbygging vegar, eins og t. d. frá Húsavík fram um Aðaldal og Reykjadal, hefur valdið algjörri byltingu í samgöngum á tiltölulega skömmum tíma. Áður var þessi leið afar erfið til flutninga að vetrinum en nú er það ekki nema undir einstaka kringumstæðum sem nokkurn teljandi snjó setur á þessa leið. Þetta hefur sannfært okkur, sem þekkjum þetta og við þessar aðstæður búum, um það að í raun og veru er hægt að byggja þannig upp vegina alls staðar á landinu að í flestu tíðarfari séu þeir að mestu sjálfkrafa varðir fyrir snjó. Þetta er auðvitað það markmið sem við þurfum að stefna að, og ég er þeirrar skoðunar að það sé sjálfsagt jafnréttismál að þessi uppbygging veganna í vissa hæð yfir umhverfið sitt sé aðalmál okkar í vegagerð í dag og þurfi að sitja fyrir öðrum málum, svo sem lagningu slitlags á vegi og öðru slíku.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál að þessu sinni. Ég vil leyfa mér að leggja til að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. og til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Launasjóður rithöfunda, frv. (þskj. 251, 459). — 3. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. féllst ég á að taka brtt. mína aftur til 3. umr. í von um að n. ætti kost á því að koma saman í millitíðinni. Það reyndist ekki svo. En ég vil aðeins minna hv. þdm. á það að þó hér sé um ákveðið samkomulagsmál að ræða, þá segir á bls. 2 í grg. að samkv. þál. skuli veita í fjárl. ákveðna upphæð, sem þar hefur verið veitt, um 12 millj. En til þess að hafa það á hreinu að Alþ. vilji viðurkenna ákveðin laun til rithöfunda í virðingarskyni fyrir útlán á bókum þeirra í gegnum sennilega bókasöfn o. fl. og að hluta vegna þess að söluskattur er innheimtur af bókum, þá hefur verið niðurstaða á fjárl. að veita 12 millj. nú tvívegis. Hér er þess vegna leitast við í þessu frv. að mæta þeirri ályktun sem var gerð á sínum tíma vegna eðlis málsins, en það stendur hvergi og alveg ástæðulaust að blanda því inn að það sé einhver hindrun í veginum að viðurkenna hugverk rithöfunda sem eru líka til almenningsnota.

Þetta á við um tónskáld ekkert síður en rithöfunda, þannig að ég tel alveg einsýnt, þegar Alþ. vill viðurkenna hugverk með þessum hætti og miða við að þetta sé í bókasöfnum og til almenningsnota og söluskattur sé innheimtur af verkum þessara manna, að ekki megi mismuna þeim. Þessu má stilla þannig upp eins og það er í dag: Tveir menn sitja hlið við hlið, annar er að semja ljóð, hinn er að semja tónverk. Ljóðið er gefið út og tónverkið er gefið út, þau seljast hlið við hlið í bókabúðinni og það er lagður á þau 20% söluskattur. Annar á nú að fá viðurkennd um óákveðinn tíma laun fyrir starf sitt, þ. e. rithöfundurinn, en maðurinn, sem er að semja tónverkið, fær ekkert.

Ég tel að það sé ekki rétt að búa til svona löggjöf. Þetta er hreinlega ekki rétt. Þess vegna ber ég fram þessa brtt. að við gerum þessa menn jafnréttháa í þjóðfélaginu. Fyrir mig er tónlistin meira tómstundaefni heldur en hið almenna, ritaða orð. Það er mismunandi eins og gengur og ekkert við því að segja. Mjög skemmtilegt er að geta litið í góða bók og geta hvílt sig við það og ekkert síður hlýtt á gott ljóð. En að mismuna þessum mönnum fyrir sín hugverk nú og gera það um óákveðinn tíma og hafna því að taka bæði inn, segjandi að tónskáld-

in geti komið með sína till., þau geti gert þetta og þetta og kannske þurfi þau þetta ekki og svona og svona, það tel ég ekki viðeigandi. Ég er alveg tilbúinn að hækka þessa upphæð. Ef svo sýnist að nauðsynlegt sé að bæta við tveimur eða þremur milljónum vegna þess að tónskáld fljóti hér með, þá skal ég standa að því. En ég stend ekki að löggjöf sem mismunar mönnum fyrir hliðstæð störf, alls ekki. Þá verð ég á móti þessu þegar að því kemur að lokum. Við erum alltaf að tala um vaxandi jafnrétti í þjóðfélaginu, við erum að tala um frelsi manna til athafna og orðs og æðis og svo erum við að stuðla að því að mismuna mönnum mjög fyrir hliðstæð hugverk. Ég kalla það hliðstæð hugverk hvort maðurinn er að semja ljóð eða skáldverk eða tónlist. Þess vegna hvet ég menn til að hugleiða þetta rólega og taka afstöðu samkvæmt því.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég hafði tekið á mig sem form. n., að vera frsm., en var því miður fjarverandi þegar þetta mál var til 2. umr. hér í þd. Eins og fram kemur í nál. menntmn. voru tveir nm. fjarverandi, þeir hv. 2. þm. Vestf., Steingrímur Hermannsson, og 1. landsk. þm. Jón Árm. Héðinsson. Hann upplýsti mig um það síðar að það mundi hafa orðið einhver misskilningur um fundarboðun til hans og er ástæða til að harma það.

Ég verð kannske, herra forseti, að eyða örlítið meiri tíma nú við 3. umr. en orðið hefði ef ég hefði verið hér við 2. umr. málsins. Ég skal þó reyna að stytta mál mitt eins og frekast er kostur.

Þegar þetta mál var til 1. umr. í þessari hv. d. lýsti hv. 1. landsk. þm. strax þeirri skoðun sinni, sem hann og endurtók áðan og mun trúlega hafa haft uppi við 2. umr. málsins, varðandi það að eðlilegt væri að taka þarna inn tónskáld líka eða tónlistarmenn. Þá kom og fram hjá tveimur hv. þm., bæði hv. 1. landsk. þm. og hv. 2. þm. Norðurl. e., að það væri máske vafasamt á þessum tíma, eins og þeir orðuðu það, að vera að stofna til nýrrar sjóðamyndunar, eins og fjárhagsástandið væri hjá ríkissjóði. Um slíkt hefur auðvitað hver og einn sínar skoðanir og getur fært þar mörg gild rök máli sínu til stuðnings. Hv. 1. landsk. þm. lýsti því yfir, eins og kemur fram í Alþt., 9. hefti, þar sem skýrt er frá 1. umr. þessa máls, að hann mundi binda stuðning sinn við þetta frv. því að það yrði gerð breyt. í þessa átt sem hann hefur lagt til í hv. menntmn. Meðnm. mínir voru hins vegar ekki á því að breyta málinu þannig og töldu það vera sjálfstætt mál. Hver og einn einasti þeirra tók undir nauðsyn þess að þarna þyrfti eitthvað að gera, og þegar ég segi sem mína skoðun að ég tel rithöfunda standa þarna öllum okkar listamönnum framar, þá er ég ekki að kasta rýrð á eina einustu stétt íslenskra listamanna nema síður sé.

Ég tel að íslenskir rithöfundar hafi gegnum aldir lagt svo ómetanlega mikið af mörkum til þess að efla og viðhalda tungu vorri, menningu og sögu að engri annarri stétt listamanna sé gert nokkuð of lágt undir höfði þó að þeir séu taldir sérstaklega fyrstir. Að mínu mati hafa engir lagt fram stærri skerf til þess að stuðla að því að íslensk þjóð er í dag fullvalda menningarþjóð. Þetta segi ég án þess — og endurtek: að ég telji mig um leið þurfa að kasta nokkurri einustu rýrð á aðra hópa listamanna í landi okkar.

Hæstv. menntmrh. rakti hér við 1. umr. allan aðdraganda málsins. Ég endurtek ekkert af því sem þar var sagt, en tek eindregið undir þá skoðun hans að það sé mikil nauðsyn á því að fram fari ítarleg allsherjarúttekt á því hvað gert er til þess að efla listir í landinu, annars vegar af hálfu ríkisvaldsins og hins vegar af hálfu sveitarfélaganna, hvort þarna sé um augljósa mismunun að ræða, hvort fjármagninu mætti jafnvel betur vera varið o. fl., o. fl. sem þar gæti komið til greina.

Þegar þáltill. sú, sem má segja að sé kveikjan að þessu frv., var til umr. á sínum tíma vakti 3. þm. Sunnl. athygli á því að það var farið inn á hættulega braut ef ætti að tiltaka söluskatt af ákveðnum vörum, eða af einni vörutegund, sem ætti að renna til tiltekinna starfshópa, og ég tek undir þessa skoðun. Ég lít ekki á samþykkt þessa frv. sem slíka, heldur sem viðurkenningu til þeirra manna sem hér um ræðir. En samþykkt þessarar till. var tilefni nefndarskipunar, og sú n. lagði síðan til það frv. sem hér er fjallað um. Og eins og þar er skýrt tekið fram í 4. gr. þá eru menn ekki enn búnir að gera sér fulla grein fyrir því hvernig eðlilegast og farsælast verði komið fyrir framkvæmd um stjórn þessara mála. Þar af leiðandi er gert ráð fyrir því að sett verði reglugerðarákvæði sem síðar meir verði síðan lögfest af hinu háa Alþ. þegar jákvæð reynsla er komin á framkvæmd málsins. Það er ákaflega lærdómsríkt að fletta í gegnum gömul Alþt. frá þeim tíma þegar Alþingi Íslendinga hafði úr ákaflega litlu að spila, úr ákaflega litlum fjármunum að spila til þess að skipta á milli mjög margra og aðkallandi verkefna um allt land. En ég hygg að það sé ekki hægt að benda á mörg þjóðþing sem hafi þá sýnt sínum rithöfundum meiri sóma heldur en íslendingar gerðu þá í gegnum sína löggjafarsamkomu. Og vegna hvers? Vegna þess að íslendingar hafa ávallt skilið að það eru bókmenntir okkar sem eru að meginþræði fjöregg okkar.

Það urðu oft ákaflega skemmtilegar deilur meðan sá háttur var uppi innan veggja Alþ. að vera að ræða um einstaka menn og fjárveitingu til þeirra. Sem betur fer er það næsta liðin tíð. Það kom fyrir laust eftir 1930 að einn af okkar merkustu stjórnmálamönnum sagði þegar verið var að ræða till. um styrk til tiltekins ungs rithöfundar, að hann væri ákaflega lítið hrifinn af því sem hann skrifaði, en hann hefði trú á því að hann mundi geta skrifað betur síðar meir og hann væri meðmæltur styrk til hans, ekki út á það sem hann hefði skrifað, heldur til þess að hann héldi áfram að skrifa því að hann vissi að hann mundi geta skrifað betur. Og sá rithöfundur hefur öðlast alþjóðafrægð.

Árni Jónsson frá Múla sem einnig lét sig mikið skipta þessi mál, sagði á Alþ. 1926, með leyfi forseta:

„Ég er ekki mikið fyrir að óvöndum listamönnum séu veittar viðurkenningar. En í heild ber að

líta á að það er aðeins ein list, sem við stöndum svo framarlega í og þar sem við erum jafnfætis þeim fremstu og það er orðsins list. Í henni stöndum við engum að baki. Hún hefur þroskast með okkur gegnum aldir og átt fleiri iðkendur en allar aðrar listir í landinu".

Eins og ég sagði, oft var deilt hart um menn og þeirra verk. Það gat skipt viðkomandi ungan listamann og hlýtur að gera, hvort sem hann er rithöfundur eða stundar aðrar greinar listar, miklu, að fá einhverja viðurkenningu og enn fremur og ekki síður skipti það máli hér áður fyrr.

Bjarni Jónsson frá Vogi sem ég hygg að hafi öllum þm. máske fremur, að öðrum ólöstuðum, lagt sig fram um að efla og styrkja listir á Íslandi sagði við afgreiðslu fjárlaga 1923, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðvíkjandi styrkjum til listamanna, þá er þess að geta, að enginn er svo vitur að geta sagt hvort réttara sé að veita A, B eða C þennan eða hinn styrkinn, því að eigi er auðið að vita fyrir fram hverjir verða afburðamenn."

Og Bjarni Jónsson sagði áfram:

„Listamenn fluttust hingað þegar landið byggðist og hafa alltaf verið hér. Þrátt fyrir allt hefur því verið veitt athygli, að jafnvel á svörtustu tímum þjóðarinnar stóðu íslnedingar jafn framarlega öðrum þjóðum í listfengi."

Þetta var dómur þess manns sem á þeim tíma var víðförulli en flestir landar okkar.

Ég tók fram áðan, herra forseti, að mörgum ungum manni hefði orðið hjálp að fjárstyrk þeim sem Alþ. veitti til þessara mála. Það er tilefni þess frv. sem hér liggur fyrir að svo megi verða áfram þótt menn greini á og telji að það sé máske hægt að eyða þessum krónum á skynsamlegri hátt. Ég virði allar skoðanir í þá átt. Menn hafa á þessu mismunandi skoðanir, en þetta skipti sköpum fyrir marga að í hlut féll stuðningur við málið. Og einmitt við afgreiðslu fjárl. 1910 og 1911 var vitnað til ungs manns sem hafði hæfileika og áhuga til þess að stunda ritstörf, en því miður ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að sinna þeim. En fyrir vikið að hann fékk örlítinn stuðning frá því opinbera breyttist hagur hans. Og hann sagði að þetta hefði skipt sköpum og hann mundi geta farið að þjóna löngun sinni, en fram að því hafði matstríðið, eins og hann orðaði það, orðið að ganga fyrir öllu. Og hann kvað:

> Ungum lék mér löngun á
> að lifa til að skrifa,
> en sköp hafa því svo skipt, ég má
> skrifa til að lifa.

Ég vænti þess að þessi upphæð, sem hér er nefnd og hefur verið óbreytt í þessu frv. frá 1972, það er nú 21 millj., verði samþ. og eins reglurnar um hvernig farið verði með þetta hvað hækkanir snertir, þ.e.a.s. að viðmiðunin verði við kennara í menntaskóla. Það er viðmiðun sem á við um úthlutun listamannalauna og hefur gefist vel. En þarna er ávallt um mikið matsatriði að ræða hvaða leið á að finna.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég legg til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það liggur fyrir.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Form. menntmn. hefur nú flutt hér hugðnæma ræðu um gildi hins skrifaða orðs og get ég vissulega tekið undir það þegar hann sagði að orðsins list hefði þróast hér með okkur í aldir. Það er alveg rétt. Sumum finnst sumt af þeim öngum, sem út úr þeirri þróun hafa komið, ekki mikils virði og lítt lesið og lítt á það hlustað í dag. Hins vegar vil ég undirstrika það að að mínu mati er tónlistin æðst allra lista og höfðar til manns hvort sem maður er blindur, læs, hvítur eða svartur, gulur eða brúnn. Og tónlistin er notuð alls staðar og það njóta allir tónlistar, ungir sem gamlir. Og þeir sem skapa tónverkin, eiga þeir einskis að njóta að mati hins hv. Alþingis anno domini 1975 fram yfir lítilsháttar listamannalaun sem veitt eru í fjárlögum? Og það er það sem ég er að gagnrýna í þessu frv. að við skulum ekki hafa meiri manndóm í okkur en það að samtímis því að við viljum veita rithöfundum sómasamlega og eðlilega viðurkenningu, sem ég dreg ekkert úr, þá erum við að gera á ósanngjarnan hátt að mínu mati upp á milli listgreina alveg að ástæðulausu, ef hinir fylgja ekki með, ella styð ég frv. ekki.

Hitt skal ég viðurkenna að rithöfundar hafa verið aðgangsharðari að fá sinn rétt viðurkenndan, og má segja að það sé bara gott um það að segja, en það segir alls ekki að Alþ. megi ekki muna eftir öðrum í leiðinni. Það er öðru nær. Það yrði örugglega til lyftingar tónsmíða hér innanlands ef við myndum eftir þeim mönnum sem við þetta fást. Þeir eru ekkert síður illa haldnir en rithöfundarnir og þurfa að semja sér til lífsviðurværis, eins og fram kom í tilvitnun ræðumanns í orð eins skáldsins í vísuformi áðan. Þess vegna trúi ég ekki öðru en að einhverjir vilji fylgja því að hjálpa þessum mönnum um leið. Ég trúi því ekki fyrr en á reynir, ég segi það alveg eins og er.

Þetta eru ekki stórar upphæðir ef við á annað borð viljum veita mönnunum þetta, að þeir megi njóta sinna hugverka alveg samtímis og við viðurkennum hugverk í rituðu máli, — ef við á annað borð viljum þetta skref, en ég vil ekki taka þetta skref nema báðir njóti jafnréttis. Deilan snýst um það að mínu mati. Ég vil ekki fara að samþykkja hér að þegar tveir menn sitja hlið við hlið og annar er að semja ljóð, eins og einhver drap á áðan, hinn er að semja tónverk og síðan er það sett hlið við hlið í búðinni, að annar fái viðurkenningu, hinn fái ekkert. Ríkissjóður fær það sama frá báðum. En alþjóð mun í mörgum tilfellum njóta starfa þess, sem ekkert fær, í miklu, miklu ríkara mæli, ungir sem gamlir, ólæsir sem læsir og jafnvel blindir. Þetta tel ég hreinlega ranga þróun og ekki viðeigandi í dag, alveg sama hvað hefur skeð í gegnum aldirnar og hversu mjög íslenska þjóðin í dag má þakka sínum rithöfundum sem hafa hvatt hana til dáða og eiga sinn stóra þátt í því að við getum lifað hér og höfum lifað hér í landinu. Það skiptir engu máli. Hér erum við að semja lög sem eiga að verka í framtíðinni, en ekki gagnvart því liðna, að mínu mati. Og við eigum að viðurkenna þá, er fást við tónsmíðar, ekkert síður en hina og sjá sóma okkar í því samtímis því sem við viljum rétta hinum

eðlilega viðurkenningu er starfa að mótun hins ritaða orðs. Þess vegna ber ég þessa till. fram og þess vegna leita ég stuðnings við þetta sjónarmið hjá hv. þd. og ég trúi því ekki fyrr en á reynir að einhverjir vilji ekki veita þessum mönnum, tónsmiðum, jafna viðurkenningu og rithöfundum.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Eftir því sem ég skil þetta frv. er verið að úthluta söluskatti sem ríkið hefur innheimt af bókum. Þess vegna finnst mér eðlilegt að sá söluskattur gangi til rithöfunda eins og upphaflega var ráð fyrir gert í þáltill. sem er kveikjan að þessu frv. og við allir þekkjum, a.m.k. þeir sem áttu sæti á síðasta hv. Alþ. Ég held þess vegna að það sé rétt að binda þetta frv. við rithöfunda, þó að ég sé fyllilega sammála mörgu því og flestu því sem hv. 1. landsk. þm. hefur sagt um hlutverk og hlutskipti tónlistarmanna. En ég held að það þurfi þá að leysa það mál með öðrum hætti, að það verði ekki lausn, sem báðum hentar, að skipta söluskatti rithöfunda á milli fleiri aðila en rithöfundanna. Ég þykist ekki vera minni tónlistaraðdáandi en margur og ég vil tónskáldum allt það besta. En ég held að Alþ. verði að taka mál þetta fyrir með öðrum hætti en þeim að láta þá fá hlutdeild í þessum mjög svo takmarkaða sjóði, 21 millj., sem ætlaður en til rithöfunda og er endurgreiðsla á söluskatti, sem ríkið hefur tekið af bókum og hugverkum þeirra.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja umr. eða afgreiðslu þessa frv., en það var aðeins út af ummælum hv. 10. landsk. að mig langar til að koma hér fram með örstutta athugasemd.

Ég skal nú fúslega viðurkenna það að ég er að fara út á mjög hálan ís persónulega að vera að blanda mér í umr. um jafn göfugt og hástemmt *mál sem visindi og listir eru. En ég vil þó láta* það koma hér fram að mitt mat er að skáld og listamenn hafi átt miklu meiri almenn ítök í hjörtum íslensku þjóðarinnar á því tímabili þegar Alþ. hafði úr litlum fjármunum að spila til þess að verðlauna þessa menn fyrir þeirra góðu og mikilvægu störf. Það hefur því komið upp í huga mínum hvort tengsl listamanna við þjóðina og sá hljómgrunnur, sem virðist vera milli þeirra og almennings í heild, sé ekki í öfugu hlutfalli við það mikla fjármagn sem nú er almennt veitt til þessara hluta af opinberu fé.

ATKVGR.

Brtt. 459,1 felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, OÓ, AG.

nei: ÓÓl, RA, SoG, StG, AJ, EÁ, GeirG, HÁ, HFS, IT, StH.

JónÁ, JGS greiddu ekki atkv.

4 þm. (JóhÁ, ÁB, EggÞ, GH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég er eindregið hlynntur þeirri hugsun sem felst í þeirri till. sem hér er til atkv., en þar sem málið hefur ekki verið undirbúið, hvorki af stjórnvöldum né af hálfu tónskálda, tel ég samþykkt till. ekki tímabæra og auk þess vil ég ekki eiga það á hættu, að breyt. á frv. hafi það í för með sér að framgangur þess tefjist á þessu þingi. Af þessum ástæðum segi ég nei.

Brtt. 459,2—4 teknar aftur.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 421). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 98). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 75. fundur.

Mánudaginn 28 apríl, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ástæðan til þess að ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár er mjög alvarlegt ástand sem upp er komið í atvinnumálum okkar íslendinga þar sem verulegur hluti togaraflotans, allir stóru togararnir, hefur nú stöðvast. Ég tel ástæðu til að gera þetta alvarlega ástand að umtalsefni hér og grennslast fyrir um það hvað hæstv. ríkisstj. hefur gert og hyggst gera til þess að leysa úr þessu óviðunandi ástandi.

Svo sem kunnugt er er hið formlega tilefni deila undirmanna um kaup og kjör við atvinnurekendur og nú síðast vélstjóra. Hins vegar hafa samningaviðræður við undirmenn á togurunum verið reknar ákaflega slælega. Það er naumast hægt að segja að ræðst hafi verið við, og það er alkunna að ástæðurnar fyrir þessari alvarlegu stöðvun eru mun viðtækari. Þessi stöðvun hófst 9. apríl, fyrir nærri því þremur vikum. Síðan hafa togararnir verið að stöðvast einn af öðrum þar til þeir munu nú allir 22 vera stöðvaðir. Áhafnirnar á þessum skipum eru 24 á skipi eða eða 528 manns alls. Þessi stöðvun hefur í vaxandi mæli haft lamandi áhrif á starfsemi frystihúsa og fiskvinnslustöðva. Þar hefur verið sagt upp kauptryggingu sem snertir á annað þúsund manns. Þannig er nú þegar ljóst að þessi stöðvun hefur bein áhrif á daglegt líf og afkomu nær 2 000 fjölskyldna, en snertir auðvitað þjóðina alla í mjög ríkum mæli.

Stóru togararnir eru mikilvirkustu veiðitæki þjóðarinnar. Einmitt vegna ytri erfiðleika hljótum við nú að leggja áherslu á það að kappkosta sem mesta framleiðsluaukningu, og sem betur

fer hefur bolfiskafli á fyrstu mánuðum þessa árs verið til muna meiri en sömu mánuði í fyrra og þar munar ekki síst um afla togaranna. Þessi aflaaukning styrkir að sjálfsögðu efnahagslega stöðu okkar. En það er hætt við því að þetta ástand kunni að breytast ef stöðvun stóru togaranna verður langvinn.

Ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hv. alþm. að gjaldeyrisstaða þjóðarinnar er enn ákaflega alvarleg. Við lifum raunar á erlendum neyslulánum og tölur, sem voru birtar eftir Hagstofu Íslands í fréttum hádegisútvarpsins, sýna að enn sigur á ógæfuhlið á fyrstu mánuðum þessa árs.

Ég lít svo á að það sé skylda hæstv. ríkisstj. að vinna mjög kappsamlega að lausn þessarar deilu. Ég vil minna á það að verulegur hluti þessara stóru togara er í félagslegri eign og raunar eru togararnir allir keyptir fyrir fjármuni almennings í ríkara mæli en nokkur önnur framleiðslutæki, með lánum af almannafé sem hafa komist allt upp í 102.5% af verði togaranna. Því er hér ekki um að ræða vanda svokallaðra togaraeigenda, heldur sameiginlegan vanda allrar þjóðarinnar. Í þessu sambandi höfum við heyrt umtal um það að einstakir togaraeigendur tali um að selja slíka stóra togara úr landi. Það er að sjálfsögðu ekkert einkamál þeirra heldur, eins og til fjármögnunar hefur verið stofnað, og ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvernig ríkisstj. líti á slíkar hugmyndir. En fyrst og fremst vil ég spyrja hæstv. forsrh. um það hvað ríkisstj. hafi gert og hvað hún hyggist gera til þess að leysa þennan vanda og tryggja það að allir stóru togararnir verði starfræktir með hámarksafköstum. Ég spyr um þetta sem alþm. og ekki síst sem kjörinn fulltrúi Reykjavíkur þess kjördæmis sem hæstv. forsrh. er einnig fulltrúi fyrir. Héðan eru flestir stóru togararnir gerðir út, hér bitnar stöðvunin á langflestum og einatt hér er atvinnuástandið tæpast, veruleg samdráttareinkenni í iðnaði og ýmsum þjónustugreinum. Ef ekki verður bundinn endir á stöðvun stóru togaranna með skjótum hætti kann afleiðingin að verða háskaleg fyrir atvinnuöryggi á þeim stöðum þar sem stórir togarar eru gerðir út og þá ekki síst í Reykjavík. Í því sambandi er einnig ástæða til að minna á að nú nálgast sá tími þegar skólanemendur koma á vinnumarkaðinn og þá veitir ekki af að framleiðslutæki okkar séu hagnýtt til hins ítrasta, bæði til þess að tryggja skólafólki vinnu og þjóðarheildinni þátttöku skólafólks í framleiðslustarfseminni. Standi stöðvun stóru togaranna eitthvað sem heitir lengur er ærin ástæða til að óttast atvinnuleysi sem gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar. Í því sambandi vil ég minna á það að hæstv. núv. ríkisstj. hefur lýst því yfir oftar en nokkru öðru að það sé grundvallarstefna hennar að tryggja fullt atvinnuöryggi á Íslandi. Þess vegna ber ég fram fsp. mínar til hæstv. forsrh. og vonast til þess að fá skýr svör.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég get verið hv. síðasta ræðumanni sammála um það að yfirstandandi verkfall á stóru togurunum er mjög alvarlegt mál og mikilvægt að sú vinnudeila, sem liggur að baki verkfallinu, leysist svo að þessi framleiðslutæki geti farið aftur á flot og veitt til þess að auka framleiðsluna fyrir þjóðarbúið.

Ég vil láta það koma hér fram, sem ætti að vera óþarfi því að öllum hv. þm. ætti að vera kunnugt um það, að staða stærri skuttogaranna er ákaflega erfið og mun erfiðari en staða annarra fiskiskipa, eins og t. d. minni skuttogaranna. Þess vegna eru hinar almennu ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur staðið að til þess að bæta úr rekstrarstöðu fiskiskipastólsins og sjávarútvegsins í heild, ekki fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir hallarekstur stærri togaranna. Þarna þarf meira til að koma.

Hv. þm. spyr hvað ríkisstj. hafi gert og hvað hún hyggist gera til þess að stuðla að lausn á þeirri kjaradeilu sem leitt hefur til þessa verkfalls. Ég vil svara þessari spurningu þannig að ríkisstj. hefur fylgst náið með samningaviðræðum aðila og haft samband við þá sem og auðvitað sáttasemjara ríkisins. Við höfum auk hinnar almennu yfirlýsingar, sem gefin var út til þess að stuðla að lausn þeirrar kjaradeilu sem átti sér stað milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, gefið fyrirheit, sem nú hefur verið efnt, sérstaklega til sjómanna um það að þeir hafi réttt til þess að draga 10% af brúttótekjum sínum frá skatti í stað 8% áður og þeir þurfi til þess að fullnægja því skilyrði að hafa stundað fiskveiðar í 4 mánuði. Í stað 6 mánaða áður. Þetta átti sinn þátt í því að samningar tókust að lokum á bátaflotanum og á minni skuttogurunum, en er bersýnilega ekki nægilegt til þess að kjaradeilan á stóru togurunum leysist. Þess vegna hefur ríkisstj. lýst því yfir við togaraeigendur að hún sé reiðubúin að taka til athugunar og beita sér fyrir, ef það mætti verða til lausnar yfirstandandi kjaradeilu, að létta greiðslubyrði stóru togaranna fyrst um sinn og einkum á þessu ári og þá væntanlega með því að lengja lánstíma lánanna sem á stóru togurunum hvíla. Ríkisstj. hefur einnig lofað að taka til meðferðar kröfu togaraeigenda varðandi kostnað sem þeir hafa talið sig hafa orðið fyrir vegna lagasetningar Alþ. í kjölfar togarverkfallsins 1973 um kaup og kjör yfirmanna á togurum. Og loks hefur ríkisstj. heitið því að taka til meðferðar og greiða fyrir, eins og unnt er, breytingu á vanskilaskuldum togarútgerðarinnar í samningsbundin lán, bæði í tengslum við það almenna skuldauppgjör sem fram fer í sjávarútveginum, en einnig varðandi tiltekna aðra kröfuhafa, að því er snertir stóru togarana.

Ég býst ekki við því að hv. þm. og fyrirspyrjandi ætlist til þess að ég greini nánar frá þessum málum í einstökum atriðum, því að það er ekki unnt að gera fyrr en ljóst er að slíkar aðgerðir séu til þess fallnar að deilan leysist því að þrátt fyrir allt er hér fyrst og fremst um kjaradeilu að ræða. Og ég hygg eftir að hafa kynnt mér málavöxtu að vonir standi til að aðilar hafi til meðferðar hugsanlega kerfisbreytingu á kaupi og kjörum á stærri skuttogurum sem í senn nái þeim tilgangi að jafna kaup og kjör áhafnarinnar á stóru skuttogurunum miðað við kaup og kjör áhafnarinnar á smærri skuttogurunum, svo og að slík kerfisbreyting leiði til meira

samræmis í kostnaði við mannahald á stóru skuttogurunum og hinum minni, en eins og kunnugt er hefur því verið haldið fram og ég hyggg með nokkrum rétti að tekjur sjómanna á smærri skuttogurunum hafi jafnvel verið hærri en á stærri skuttogurunum, aftur á móti hafi heildarkostnaður við mannahald á stóru skuttogurunum verið umtalsvert hærri en mannakostnaður á smærri skuttogurunum. Nú er sá stærðarmunur, sem er á þessum togarategundum, e. t. v. ekki slíkur að hann gefi tilefni til slíks munar, hvort heldur frá sjónarmiði sjómanna eða rekstraraðila.

Ríkisstj. mun sem sagt leggja á það áherslu að raunverulegar samningaviðræður eigi sér stað og menn ræði efnislega um lausn deilunnar og mun stuðla að því að lausn fáist með skynsamlegum hætti. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem skiptir mörg hundruð og þúsund manns, og það hefur mikla þýðingu fyrir þjóðarheildina.

Hv. þm. spurði hver væri afstaða ríkisstj. varðandi sölu þessara togara úr landi. Af því tilefni vil ég svara að ríkisstj. hefur ekki tekið neina afstöðu í þeim efnum, enda ekki gefist tilefni til þess þar sem engin umsókn um slíka sölu hefur borist ríkisstj. Sú afstaða verður tekin að athuguðu máli.

Almennt vil ég segja það að eins og rekstraryfirlit Þjóðhagsstofnunarinnar um rekstur stóru togaranna annars vegar og smærri togaranna hins vegar sýnir, þá er rekstrarafkoma hinna stærri mun lakari og þar er um sérvandamál að ræða. Ég vil leyfa mér að láta í ljós þá von að hér sé orsökin fyrst og fremst byrjunarörðugleikar sem vart hefur verið við í rekstri stærri togaranna og eftir að búið er að lagfæra ýmsa galla, t. d. sem fram hafa komið í smíði þessara stærri togara, og unnt er að halda þeim úti til veiða án hléa, þá megi ætlast til þess að rekstrarafkoma þeirra batni mjög. Það er von til þess að svo verði ef miðað er við reynsluna af smærri skuttogurunum því að rekstrarafkoma þeirra hefur farið batnandi eftir að rekstraraðilar þeirra og áhafnir sigruðust á byrjunarerfiðleikum. Ég teldi það mjög mikinn skaða ef við hefðum ekki fjölbreyttan fiskiskipaflota til útgerðar frá Íslandi og þá mismunandi stærðir, þ. á m. bæði stóra togara og minni togara, því að stærri togararnir geta betur sótt á djúpmið og einnig nokkuð fjarlæg mið. Ég held að slík fjölbreytni sé nauðsynleg til frambúðar. En við þurfum samt sem áður að horfast í augu við staðreyndir og velja okkur framleiðslutæki í samræmi við þann arð sem vænta má að þau gefi, bæði þeim, sem við þau vinna og á þeim starfa, og þjóðarbúinu í heild.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Ég hafði ekki ætlast til þess að þau yrðu ítarlegri en þau voru. Ég skil ákaflega vel að hæstv. ráðh. geri sér grein fyrir því í einstökum atriðum hvað hæstv. ríkisstj. kynni hugsanlega að vilja leggja fram til þess að koma stóru togurunum af stað. Hins vegar finnst mér að þetta mál hafi gengið ákaflega hægt. Eins og ég gerði grein fyrir áðan hófst þessi stöðvun 9. apríl, fyrir nærri þremur vikum, og ég veit ekki til þess að það hafi farið fram neinar alvarlegar og raunverulegar viðræður milli aðila í kjaradeilunni sem þar stendur á þessum tíma.

Ég er ansi hræddur um að það sé ekki rétt sem hæstv. ráðh. sagði að hér væri fyrst og fremst um kjaradeilu að ræða. Ég hygg að með þessari stöðvun séu þeir, sem gera út stóru togarana, að leggja áherslu á það að hinar almennu efnahagsráðstafanir hafi ekki verið fullnægjandi fyrir þessa stóru togara, eins og hæstv. forsrh. vék að í ræðu sinni hér áðan.

Ég ætla ekki hér utan dagskrár — mér finnst það ekki vera réttur tími — að ræða um skoðanir mínar á því hvernig taka ætti á þessum vanda. En ég vil leggja á það mjög mikla áherslu að öllum aðgerðum á þessu sviði verði hraðað ákaflega mikið og hæstv. ríkisstj. láti þessa stöðvun ekki standa nema tiltölulega skamman tíma enn.

Ég geri ráð fyrir því að margir hér hafi fylgst með viðtali sem var í sjónvarpinu á föstudaginn var við deiluaðila í hinni svokölluðu kjaradeilu þarna, þ. e. a. s. fulltrúa undirmanna og vélstjóra annars vegar og forstöðumanns togaraeigenda hins vegar. Mér virtist tónninn í þeim viðræðum vera sá að það væri viðurkennt af báðum aðilum að það ætti að vera hægt að leysa kjaraþátt málsins. Forustumaður togaraeigenda lýsti því hreinlega yfir að hann væri sammála því sem undirmenn á togurunum segðu, að þeir hefðu dregist aftur úr almennri launaþróun frá því að seinast var samið. Hann sagði að þetta væri algerlega óviðunandi af hálfu togaraeigenda einnig, þeir gætu ekki sætt sig við annað en að geta borgað hliðstætt kaup þeim mönnum, sem á togurunum starfa, og fólki sem vinnur í landi. Ef sjónarmiðin eru á þessa lund ætti að vera auðvelt að leysa sjálfa kjaradeiluna. Og ég vil enn ítreka það að mér finnst hæstv. ríkisstj. þurfa að gera þær ráðstafanir sem duga af hennar hálfu til að tryggja útgerð þessara togara. Það skiptir öllu máli að þeir taki til starfa, að þeir byrji að framleiða í þjóðarbúið. Síðan er hægt að fjalla um ýmsa þætti sem snerta rekstur þeirra sem kunna að vera skiptar skoðanir um á milli okkar hæstv. ráðh. hvernig haga skuli.

Pétur Sigurðsson: Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Reykv. hefur vissulega hreyft hér ákaflega þýðingarmiklu máli, kannske ekki síst og kannske frekast fyrir okkur hér, í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri. Það má segja að í sjávarútvegi séu hinir stærri togarar grundvöllur þess að fiskiðnaðarfyrirtækin fái gengið á þessum stöðum, og því miður verð ég að taka undir það að ekki finnst mér að nóg hafi verið aðhafst í því að leysa þessa deilu af opinberri hálfu þótt hins vegar skuli ég viðurkenna fúslega að það skref var stigið í sambandi við lausn bátakjaradeilunnar sem auðvitað kemur togarasjómönnum jafnt að haldi og jafnt til góðs eins og þeim sem á bátunum eru og þ. á m. þeim sem eru á minni togurunum, sem starfa eftir bátakjarasamningunum, en það er brúttófrádrátturinn sem hækka hefur átt í 10% og svo sá tími sem menn þurfa að vera lögskráðir til þess að njóta þessa frádráttar eða úr sex mán-

uðum í fjóra mánuði. Þá má benda á það að í sambandi við þá lausn voru gefnar yfirlýsingar um að það mundi verða komið á móti með ýmsar lagfæringar til þeirra sem stunda veiðar á fjarlægum miðum. Og ég geri ráð fyrir því að það muni ekki vera fyrirstaða á því að þeir, sem selja erlendis, eins og togarar gera oft, muni geta fallið þar undir.

Hv. þm. Magnús Kjartansson spurði hvað ríkisstj. hefði gert og mundi gera. Það er kannske full ástæða til að spyrja hann hvort hann fengist ekki til að betrumbæta nokkuð það sem skeði í hans ráðherratíð og hann beitti sér fyrir ásamt flokksbræðrum sínum, en þar á ég við lög frá 1973. Þannig stendur á nú að þótt undirmenn vildu koma á móti útgerðarmönnum um fækkun háseta dettur engum heilvita manni í hug meðal þeirra að gera það búandi við þau lög sem þeir félagar beittu sér fyrir hér á Alþ. þegar þeir fengu fest í íslensk lög kröfur yfirmanna sem hafa það m. a. í för með sér að ef fækkar um háseta á skipunum skiptist það, sem þar verður til sparnaðar milli allra, b. á m. yfirmanna. En hásetarnir, sem eftir eru, taka auðvitað á sig hina auknu vinnu, en það, sem á að skiptast milli áhafnar, fer til yfirmanna jafnt. Ef hins vegar fækkar um vélstjóra fer sá sparnaður aðeins til skipta á milli vélstjóra, ef um annan yfirmann, þá meðal yfirmanna. En það er aðeins ef undirmaðurinn á í hlut að þá skiptist það milli yfirmanna líka. Ef undirmenn á skipunum eða þeir, sem standa í þessum samningum fyrir þá, færu að semja um fækkun á hásetum, þá mundu þeir aldrei gera það nema fram hjá þessu yrði komist því að hin aukna vinna mun falla á þá og þá er auðvitað spurningin um það hvernig megi komast fram hjá þessu og þá um leið hvernig sé hægt að fækka á þessum stærri skipum þannig að þeir komist niður á sama flöt og er á minni togurunum sem hafa farið fram hjá vökulögunum með öllu, sem mér er enn óskiljanlegt af hverju sé því að þegar þau voru sett var enginn íslenskur togari yfir 500 brúttólestir að stærð. En hvað um það, þetta er orðin staðreynd og því verður örugglega ekki breytt á þeim skipum, þessu hlutaskiptafyrirkomulagi sem þar er eða bátafyrirkomulaginu.

Spurningin er sú: Er hægt að komast fram hjá þessu með einhverjum öðrum hætti á stærri togurunum án þess að aukin vinna háseta, sá sparnaður sem verður þar fyrir útgerðina, fari beint til yfirmannanna sem bæta ekki við neinu í sinni vinnu? Þetta er auðvitað hægt með því að breyta vökulögunum. Nú hefur verið horft á þau lög eins og heilaga kú frá fyrstu tíð, og vissulega ber að meta þau eins og þau voru og eru. En eftir að síðasta umbótin á þeim lögum hafði staðið um nokkurn tíma þurfti að setja inn ný og harðari ákvæði en voru upphaflega í þeirri betrumbót, og þar á ég við hvíldartímann 12 tíma á móti 12 tíma vinnu, vegna þess að skipstjórar misnotuðu þessi lög og því var alveg af tekið að þeir mættu vinna meira þó að þannig stæði á. Það er auðvitað hægt að setja inn í þessi lög nú ákvæði um að hásetum sé leyft að vinna yfirvinnu gegn auðvitað greiðslu sem samið verður um, og þá ætti auðvitað að taka fram líka í þeirri breyt. um hve marga tíma væri að ræða á viku hverri. Þetta er hægt og þá er hægt að komast fram hjá þessu vandræðaástandi. Ég hef ekki heyrt annað hjá undirmönnum sem ég hef talað við úr togaramannastétt og reyndar samninganefndarmönnum líka en að þeim finnist þetta mjög athugandi leið. Þetta er auðvitað verk þingsins ef ekki verða skaðaðar samningaviðræður með þessu og það ber auðvitað að kanna meðal sjómannanna sjálfra og samninganefndanna.

Þá er annað sem skekkir ákaflega rekstrarmynd þessara tveggja stærða á togurunum, hinna minni og hinna stærri, en það eru greiðslur til lífeyrissjóða sjómanna. Á stærri togurunum er borgað af öllum tekjum sjómannanna, bæði kaupinu og tryggingunni. En á minni togurunum njóta þeir bátakjaranna, þar er aðeins borgað af fastri upphæð sem í sjálfu sér er allt of lág í dag. Við höfum rætt um þetta í okkar hópi í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem er langstærsti samnnigsaðilinn í þessu erfiða máli, og ég held að það muni ekki verða fyrirstaða á því að semja þar um fasta upphæð og breyta þessu. En það þýðir ekki um leið að það verði samið um sömu upphæð og er á bátunum, því að sannleikurinn er sá að greiðslur stærri togaranna í þennan sjóð hafa borið uppi greiðslurnar sem þegar eru hafnar til bátasjómanna, og það eru allt of lágar upphæðir sem bátaflotinn kemst upp með að borga í þennan sjóð, þær greiðslur yrði þá að hækka um leið ef þessi leið yrði farin. Og af því að hæstv. forsrh. benti á að það þyrfti að taka lausaskuldir og breyta þeim í lengri lán hjá togurunum, þá fyndist mér jafnframt sjálfsagt að þessi sterki lífeyrissjóður kæmi jafnframt á móti útgerðinni, á móti stærri togurunum, og breytti þá jafnframt þeim skuldum, sem eru í sumum tilfellum orðnar mjög háar og tilfinnanlega háar bæði fyrir sjóðinn og útgerðina, í langtímalán. Ég sé ekkert þessu til fyrirstöðu ef þetta gæti orðið til einhverrar hjálpar við lausn þessa máls.

Við skulum ekki heldur gleyma því að þessir stærri togarar hafa líka búið við það að nær árlega hefur Alþ. gert ráðstafnir sem hafa haft það í för með sér að þessir togarar hafa verið hraktir af heföbundnum miðum. Um leið og einkaréttur ákveðinna plássa hefur verið virtur til þess að stunda veiðar þar, þá hafa t. d. reykvískir sjómenn verið hraktir af þeim miðum þótt þeir hafi stundað þau áratugum saman, og þó sérstaklega þessir stærri togarar, um leið og náðarfaðmurinn hefur verið opnaður fyrir smærri togurunum sem nota nákvæmlega sömu veiðarfæri og eru í mörgum tilfellum alveg jafnstórvirk veiðitæki og hinir stærri togarar þótt náðarfaðmurinn hafi verið opnaður á heimamiðum og alveg upp að ystu landhelgi, aðeins ef þeir voru skrásettir annars staðar en í Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri. Og þetta hefur Alþ. líka gert.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta en ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv. að þetta er orðið alvarlegt mál vegna atvinnuástandsins á þessum stöðum, ekki aðeins þeirra sem á skipunum eru, heldur og þeirra sem hafa unnið hér í fiskvinnslufyrirtækjum. Og það er ekki lítið atriði jafnvel fyrir okkur hér í Reykjavík sem

sumir vilja vera láta að sé einhver kaupsýslubyggð, — það er ekki orðið lítið atriði fyrir okkur hér í Reykjavík eða þjóðarbúið í heild það sem kemur hér til lands af fiski og er verkað í höfuðborginni sjálfri. Og ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að benda Magnúsi Kjartanssyni á að það, að hásetar á togurunum séu að mótmæla efnahagsstefnu ríkisstj. með því að hafa farið í verkfall núna er ekki rétt. Þeir eru hreinlega að berjast fyrir því að geta lifað af sínum launum.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Það er mikið rétt sem fram hefur komið að það er mjög alvarlegt mál að það skuli dragast svo á langinn að samið verði um kaup og kjör á stærri togurunum, þannig að þeir geti haldið á ný til veiða. Og vissulega er það mál sem snýr að hæstv. ríkisstj., enda hefur það komið fram hjá hæstv. forsrh. að hún hefur þegar boðið fram aðstoð sína til þess að finna lausn þessa vandamáls.

Það eru liðnar nær 3 vikur síðan þetta verkfall hófst. Það er allt of langur tími, en ég minni á það að árið 1973 stóð verkfall á togurum í 6 vikur, þannig að við höfum dæmi hið næsta okkur frá því þegar önnur hæstv. ríkisstj. fór með stjórn að ekki virtist að sínu leyti ganga lipurlegar að finna lausnina þá og var enda leyst með þeim hætti að sett voru lög hér á hinu háa Alþ. þar sem yfirmenn á skipunum gerðu verkfall nokkurn veginn um leið og sá fyrir lausn undirmannaverkfalls og það verkfall yfirmanna var leyst með lögum á Alþ. og m. a. með þeim hætti sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykv. áðan, að yfirmenn skyldu njóta betri kjara ef fækkaði um undirmenn á skipunum.

Það hafa ýmsir haft það á orði að rekstur stærri togaranna hafi verið langtum óhagkvæmari en þeirra minni. En þar er um að tefla þá sem ekkert þekkja til málanna. Mannaflakostnaður á stærri togurunum, togara sem er 510 tonn miðað við togara sem er 490 tonn, er eftir því meðalskipi, sem þjóðhagsstofnunin reiknar með, 10 millj. kr. hærri en á þeim minni. Þeir eru skyldir til að hafa 25 menn um borð meðan hinir hafa 15—16 menn og þó er það svo að kjör skipverja á minni togurunum eru allajafna ívið betri og er augljóst enda hvern kostnað það hlýtur að hafa í för með sér að hafa 9—10 mönnum fleira á skipi. Enn fremur hygg ég að sá samanburður, sem gerður er á rekstri minni og stærri togara, sé ekki réttur. Á ég þá sérstaklega við það að minni togararnir, sem gerðir eru yfirleitt alfarið út úti á landsbyggðinni í samvinnu við fiskvinnslufyrirtæki, þurfa ekki að standa undir eins mikilli greiðslubyrði við rekstur sinn í landi og stærri togararnir yfirleitt verða að gera alfarið.

Löndunarkostnaður hefur víða alfarið verið greiddur og bifreiðakostnaður í landi einnig. Geymslurými fyrir veiðarfæri og annað þess háttar hefur einnig verið annaðhvort án keypis eða með litlum kostnaði. Ég held að ýmsir þessir þættir hafi ekki verið reiknaðir inn í þetta dæmi þegar verið er að bera saman rekstur stærri togara og hina minni svokölluðu. Munurinn er ekki enda stór þar sem velflestir minni togararnir nálgast 500 tonn, en nokkrir af þeim, sem taldir eru með þeim stærri, rétt um 700 tonn. Má enda geta þess að sumir af hinum stærri togurum, sem nefndir eru, voru það hagkvæmir í innkaupum að þeir hljóta verulega að draga úr þeim heildarkostnaði sem talinn er að falli á hina stærri. En það er alveg ljóst mál, og það er rétt að hv. þm. Reykjavíkur athugi það, að hér er um það að tefla hvort haldið verði áfram að gera út stóra togara, hvort togaraútgerð verði stunduð héðan frá þessari borg og Hafnarfirði og Akureyri. Það er ekki sótt héðan með sama hætti *og t. d. ísfirðingar sækja á sín mið á smærri* togurum sem landa kassafiski. Togarar héðan verða ekki gerðir út með þeim hætti að þeir verði kallaðir inn á 6—7 daga fresti til löndunar eins og nauðsyn er með kassafiskiskipin. Þessu hefur því miður ekki verið nægjanlega framfylgt, að landa nógu ört úr skipum sem tíðka þessa aðferð með ís í kassa, þannig að stórskemmdir hafa af hlotist og munum við enda þreifa á því að til þess þarf að grípa harkalega að því sé framfylgt eins og norðmenn gera alfarið eftir lögum og mönnum er refsað ef út af bregður að skip landi á 6 daga fresti og þurfa sérstakar ástæður að liggja fyrir ef þeim leyfist að landa kassafiski á 7 daga fresti eða eftir það.

Um það er að tefla varðandi reksturinn á stærri togara hvort hér á að halda áfram í Reykjavík t. d. og á þessum stöðum, sem ég nefndi, að gera út togara eða ekki. Miklu lengri leið á mið þarf að sækja. Enn fremur er það rétt að við þurfum að hafa breytilegar stærðir og togskip sem geta sótt á fjarlæg mið. Og þó að bent sé á að að sumu leyti kunni að vera óeðlilegt að banna 700 tonna skuttogskipi að sækja sömu mið og 500 tonna skipi, þá er ekki einvörðungu um það að tefla að þau hafi misjafnlega afkastagetu sérstaklega á miðunum heldur þurfum við líka að hafa það í huga að beita flotanum misjafnlega vegna þolni veiðisvæðanna og veiðistofnanna og þau stærri verða þess vegna að hlíta því að verða að sækja dýpra og lengra þótt að öðru leyti sé ekki hægt að finna sanngirni sem mæli með því að lokuð séu hin svonefndu hefðbundnu mið fyrir hinum stærri. Þarf að hafa þetta í huga alveg sérstaklega.

Ég vil og tel ekki umhendis — þótt ýmsum þyki það viðkvæmnismál á stundum, þá þarf þm. a. m. k. ekki að þykja það héðan af — að nefna dæmi um þau launakjör sem eru á þessum skipum og það er á skipi sem eftir athugun verður að telja að sé í meðallagi. Hef ég tekið upp þessar tölur af beinum launum skipverja í rúma þrjá síðustu mánuði eða fram í marsmánuð, frá miðjum des. og fram til miðs mars, yfir háveturinn sem er oft erfiður sóknartími og þarf þess vegna ekki að gera ráð fyrir því að sá tími gefi meira í aðra hönd en aðrir tímar ársins yfirleitt þótt á því kunni að geta verið mismunur. Hér er einvörðungu um heimalandanir að tefla þar sem markaðir okkar, eins og í Þýskalandi, höfðu lokast þegar þessi dæmi eru tekin. Og það eru mánaðarlaun skipverja á því sem ég vil álíta að teljast verði meðalskip að afla þennan tíma:

1. stýrimaður 238 932 kr. — Ég vek athygli á því að þetta eru beinar launagreiðslur, þar fyrir utan er frítt fæði og ýmis önnur kjör eins og menn þekkja í sköttum og öðru. — 2. stýrimaður 188 275 kr., 1. vélstjóri 238 932 kr., 2. vélstjóri 190 839 kr., 3. vélstjóri 169 029 kr., loftskeytamaður 185 553 kr., bátsmaður og 1. matsveinn 138 907 kr., netamenn 130 295 kr. og hásetar, 2. matsveinn og smyrjarar 126 074 kr.

Þó að ég fari með þessar tölur hér þarf enginn að skilja þær á þann veg að ég sé að leggja dóm á hvort hér sé um sanngjörn launakjör að tefla eða ekki. Ég tel aðeins ástæðu til þess að upplýsa þetta, líka vegna þess að þegar menn eru að hvetja til þess að gengið sé hratt í samninga, þá þyrftu þeir helst að gera sér grein fyrir því hverjar eru þær kröfur sem gerðar eru af hálfu sjómannasamtakanna og hver eru þau kjör sem launþegarnir í þessu tilfelli njóta.

Ég hef kynnt mér launakröfur yfirmanna, vélstjóra og loftskeytamanna og stýrimanna, og ég verð að segja það að ef ætti að taka mark á þeim þá er þar um hrikalegar kröfur að tefla og sumar næsta óeðlilegar. Ég sé ekki ástæðu til að ég fari að rekja þær sérstaklega, en ég tek undir það og legg áherslu á það að reynt verði með öllum hætti að leysa úr þessum bráða vanda þar sem gífurlegur fjöldi fólks í landi á mikið undir þessari atvinnugrein, eins og bent hefur verið á og sem dæmin sanna. Ég held að hið háa Alþ. þyrfti að taka það til athugunar skjótlega hvort ekki þarf að gera lagabreytingu varðandi hin viðkvæmu, að ég ekki segi heilögu vökulög, hvort ekki sé að því komið að þau þurfi endurskoðunar við. Ég játa að þetta er viðkvæmt efni og má ekki gera þar á breytingu nema í góðu samkomulagi við skipshafnir og hagsmunasamtök skipverja. Ég hef ekki trú á að það leiði til farsældar að Alþ. eitt taki slíkar ákvarðanir heldur sé það viðbúið því, ef næðist um það samkomulag, að staðfesta það með lagasetningu. Það er talið að hin stærri skipin mundu geta verið rekin með 19 manns, það er talið af þeim sem best til þekkja óráðlegt að fækka um of, t. d. vélamönnum sem telja verður að hafi verið um of t. d. hjá hinum smærri togurum. Það þarf alltaf að gá að því að umönnun þsssara miklu, dýru og flóknu tækja sé nægjanleg. En ef samkomulag næst um það að fækka mannskapnum um borð í togurunum, þar af leiðandi með aukinni vinnu og álagi á þá sem eftir stunda störfin, þá er sanngjarnt og eðlilegt að kaupgreiðslur, sem hingað til hafa gengið til skipverja, skiptist upp á milli þerira sem eftir verða. Mikinn hag mundi útgerðin samt hafa af þessu þar sem sparaðist bæði fæði og tryggingarkostnaður og enn fleira. En ég hygg þó að þetta sé sanngjarnt án þess að ég vilji að mínu leyti vera að gefa neinar ráðleggingar í þessu efni. Ég vildi samt láta það koma fram að ég teldi það eðlilegt og sanngjarnt að skipverjar nytu við fækkun þeirrar beinu launagreiðslu sem ella gengur til allrar áhafnarinnar þar sem í augum liggur uppi að álagið hlýtur að verða þeim mun meira nokkurn veginn á þann mannskap sem áfram stundar störfin um borð.

Ég beini því til hæstv. ríkisstj. að hún beiti sér að sínu leyti sem hún má nú til þess að stuðla að og aðstoða við lausn á þessu mikla vandamáli. Ég tek undir það að ég þykist hafa nokkurn kunnugleika af því að ekki hafi verið af hálfu þeirra, sem eiga að stunda sættir í þessu, lögð eins mikil áhersla á viðræður aðila og ég teldi ríka ástæðu til. Vil ég þá beina því til þeirra, sem að því starfa, að leggja mikla áherslu á auknar viðræður aðilanna vegna þess að hæstv. ríkisstj. hlýtur að vera sá aðilinn sem á lokastigi málsins kynni að geta rétt fram hjálparhönd til þess að greiða fyrir lokalausninni, en kalla má að mjög litlar viðræður hafi enn farið fram milli aðila um þetta til lausnar þessu mikla vandamáli.

Upplýsingaskylda stjórnvalda, frv. (þskj. 23, n. 398). — Frh. 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Tilefni þess að ég tek aftur til máls um þetta mál er ræða hæstv. dómsmrh. s. l. föstudag eftir að ég hafði flutt framsögu fyrir nál. hv. allshn. um málið — ég teldi eðlilegra að hann væri viðstaddur í þingsal svo að hann mætti hlýða á mál mitt. Hann var hérna rétt áðan. (**Forseti:** Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að láta hæstv. ráðh. vita.) Já, ég get byrjað á ræðu minni eða athugasemdum sem ég vildi láta fram koma.

Ég, eins og fyrr segir, gerði grein fyrir nál. n. sem birtist á þskj. 398, en það felur í sér að frv. verði vísað til ríkisstj. með nokkrum ábendingum sem taldar eru í sex tölul. í nál. Hæstv. ráðh. var sammála því að málið færi til meðferðar rn. aftur eða ríkisstj., en hins vegar snupraði hann nokkuð n. fyrir þessa afgreiðslu og þó sérstaklega fyrir þær ábendingar sem fram koma í nál. Ég tel mig og n. ekki geta setið undir þessum ákúrum. Ég vona að þessar umr. geti orðið til þess að nokkru skýrara ljósi verði varpað á þetta mikilvæga mál með því að ég svari nokkrum orðum efnislega athugasemdum hæstv. ráðh.

Sérstaklega var erfitt að sitja undir þeim ákúrum að með því að n. vísaði málinu aftur til ríkisstj. væri hún að staðfesta þá gagnrýni sem fram hefur komið á Alþ., að þingið væri afgreiðslustofnun rn. og ríkisstj. Ég tel þetta vera ákaflega óheppilega fullyrðingu af hálfu ráðh. vegna þess að hún er í fyrsta lagi ómakleg og í öðru lagi held ég að þessi afgreiðsla sanni hið gagnstæða.

Frv. þetta hefur verið lagt fram tvisvar sinnum áður hér á hinu háa Alþ. og verið vísað til hv. allshn. í bæði skiptin, eins og gert var á þessu þingi einnig, og í þau tvö skipti, sem áður hafa liðið, hefur frv. ekki fengið afgreiðslu frá allshn. Í þetta skipti er málið hins vegar afgr. frá allshn. með þeim hætti sem hæstv. ráðh. var nánast búinn að óska eftir. Ef Alþ. og allshn. væri afgreiðslustofnun fyrir ríkisstj. í þessu ákveðna máli, þá hefði n. væntanlega afgr. málið nánast óbreytt til samþykkis frá sér. Það vill oft brenna við, eins og þm. er kunnugt um, að ráðh. óska sérstaklega eftir hraðri afgreiðslu mála úr n. og fylgja þeim tilmælum oftast nær beiðnir um að málin séu afgr. nánast óbreytt eins og frá þeim er gengið af þeirra hendi. En í þessu tilviki var að vísu ekki beðið um það og

n. hefur alls ekki afgr. málið eins og hugsanlega væri mögulegt að stjórnvöld óskuðu eftir.

Meginforsendan fyrir því að n. treysti sér ekki til að samþykkja frv. eða gera á því breytingar þannig að það geti áfram fengið afgreiðslu á þessu þingi sem lög, — meginástæðurnar eru þær að mál þetta er mjög vandmeðfarið og þarf mjög náinnar skoðunar við. Það kemur reyndar mjög glöggt fram í grg. með frv., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Engin almenn rannsókn hefur verið gerð á raunverulegri framkvæmd í þessu efni í hinu íslenska stjórnkerfi," og síðar að það sé ekki hægt að fá skýra mynd af þessu máli „án könnunar sem væri mjög umfangsmikil og tímafrek." Hvort tveggja blasir við, að n. var ekki mögulegt að framkvæma þessa almennu rannsókn og hún hafði ekki tíma né aðstöðu til þess að framkvæma umfangsmikla og tímafreka könnun, eins og segir í grg. Þess vegna bendir n. á að það þurfi að kanna rækilega sambærilega löggjöf á hinum Norðurlöndunum og reynsluna af framkvæmd hennar og athuga að hve miklu leyti sú reynsla hæfi íslenskum aðstæðum og íslensku stjórnkerfi. Þetta er sagt vegna þess að í grg. frv. kemur fram að frv. er þýðing á norrænum lögum og það kemur fram í grg. að slík löggjöf hefur verið sett fyrir nokkrum árum á Norðurlöndunum eftir mjög langvarandi athuganir og rannsóknarstörf. Þar segir m.a.: „Undanfari lagasetninga 1970 í Noregi og Danmörku (einnig 1964 þar) voru mjög umfangsmikil rannsóknarstörf og grg. margra n., allt frá lokum síðasta stríðs. Einnig má segja, að þessi málefni hafi í þeim löndum verið á dagskrá um rúm 100 ár." Það er frá því að stjórnfrelsi fyrst var innleitt, og það er ekki sanngjarnt eða rétt að fara farm á það við allshn. þó að hún sé mikilvirk og góð n. að hún afgreiði þetta mál svo hrátt frá sér eins og raun ber vitni um. Það hefði sannarlega verið sönnun á því að þingið og n. þess væru afgreiðslustofnanir fyrir ríkisstj. Allshn. vildi bera það af sér og afsanna það með þessari afgreiðslu m.a. þó að það hafi ekki verið neinn aðaltilgangur með afgreiðslu n. á frv.

Ég vil geta þess að n. fékk til viðræðna við sig ráðuneytisstjórann í dómsmrn., en þar var þetta frv. undirbúið og lagt fram af þess hálfu. Hann, þ.e.a.s. ráðuneytisstjórinn, upplýsti að frv. væri nánast hrá þýðing á dönskum og norskum lögum. Ég svaraði nokkrum fyrirspurnum frá blaðamanni Morgunblaðsins skömmu eftir að nál. var lagt fram og hæstv. dómsmrh. vitnaði til þessa viðtals. Nú er frá því að segja að ekki er allt rétt haft eftir í blaðaviðtölum, eins og honum er sjálfsagt vel kunnugt um. Ég gat þess þó í þessu viðtali og reyndar í minni framsögu hér að ég teldi að hér væri um nokkuð hráa þýðingu að ræða, og ég vil leyfa mér að vitna til þessara ummæla ráðuneytisstjórans og jafnframt til hans skriflegu umsagnar um þetta mál sem er dagsett hinn 14. jan. 1974, en þar segir: „Eins og segir í grg. frv. er það nánast þýðing á ákvæðum hinna norsku og dönsku laga." Ég held því að þetta hafi ekki verið ofsagt hjá mér, að málið sé fullhrátt. Ég vil jafnframt vitna til bréfs sem barst frá sama rn., dómsmrn., sem dagsett var 16. jan. 1974, en þar segir, með leyfi forseta:

„Hér með sendast hv. allshn. Nd. Alþ. til upplýsingar eftirtalin gögn er varða málefni sem fjallað er um í frv. til l. um upplýsingaskyldu stjórnvalda sem n. hefur nú til meðferðar:

1) Betænkning om offentlighed i forvaltningen, dönsk grg. nr. 325 frá 1963, þrjú eintök.

2) Vejledning om lov om offentlighed i forvaltningen frá 10. nóv. 1970.

3) Statens informationsvirksomhed, dönsk grg.

4) Om lov om offentlighed i forvaltningen, lagafrv. og grg. lagt fyrir norska stórþingið 1968—1969.

5) Offentlighedsloven, leiðbeiningar útgefnar 1971 um framkvæmd norsku laganna.

6) Offentlighed og sekreter, sænsk grg. í tveim heftum með till. um lagabreytingar."

Ég les þetta upp til þess að vekja athygli á því að hér þarf að fara fram ítarleg athugun og mikil lesning til þess að aðilar séu færir um að setja slíka löggjöf og setja sig inn í þetta mál og það verður að segja þá sögu alveg eins og er að allshn. jafnt eins og aðrar þn. hefur ekki haft tök á því að kynna sér þessi mál svo ítarlega né heldur í framhaldi af því að búa til nýtt frv., eins og ráðh. sjálfur var að fara fram á eða gefa í skyn að n. hefði ekki verið ofraun að gera.

Ég vil líka vekja athygli á því að í ræðu, sem hæstv. ráðh. flutti hér 25. nóv. s.l. í umr. um þetta mál, sagði hann orðrétt, með leyfi forseta: „Viðvíkjandi því sem fram kom hjá síðasta ræðumanni að hann hefði talið öllu eðlilegra að rn. hefði lagt frv. fram breytt, þá er ég ekki á sömu skoðun um það. Þó að umsagnir hafi komið fram frá ýmsum aðilum um þetta mál sem gengu í gagnstæða átt að sumu leyti," eins og hann sagði, „þá skilaði n. aldrei nál. um það. Ef n. hefði skilað áliti og þar hefði komið fram ákveðið sjónarmið, annað hvort allrar n. eða meiri hl. eða minni hl., þá hefði mátt segja að það hefði verið eðlilegt að rn. hefði tekið þær ábendingar, sem þar fólust í, til athugunar og gert brtt. í samræmi við þær."

Þar sem þetta hafði ekki verið gert áður af hv. allshn., þá sem sagt lagði ráðh. málið í þriðja skiptið fram óbreytt. En hann er með þessum ummælum að gefa í skyn og fara fram á það við hv. allshn. að hún bendi á það sem hún teldi að betur gæti farið. Ég vil leyfa mér að fullyrða að það ætti fremur að þakka n. fyrir þessi vinnubrögð en setjast á málið einu sinni enn, vegna þess að hún hafði ekki aðstöðu til og treysti sér ekki til, með hliðsjón af því sem að framan er rakið, að semja frv. upp á nýtt og sníða það í þann búning sem kannske hefði verið meira að hennar skapi. Í stað þess hefur hún bent á nokkra liði sem ég vil gera frekar að umtalsefni og skýra frekar vegna ummæla og umr. hæstv. ráðh.

Ég hef bent á 1. lið þessara athugasemda þar sem segir að athuga þurfi „að hve miklu leyti sú reynsla hæfi íslenskum aðstæðum og íslensku stjórnkerfi" sem hlotist hefur af slíkri löggjöf annars staðar. Og þá vek ég athygli á því sem upplýst er í umsögn ráðuneytisstjóra dómsmrn. að dönsku og norsku lögin hafi hlotið allveru-

lega gagnrýni og séu nú í endurskoðun. Hann, þ. e. a. s. ráðuneytisstjórinn, telur eðlilegt að íslendingar skoði nokkuð þessa endurskoðun, taki af henni mið og móti löggjöf sína í samræmi við það. Ég er fyrir mitt leyti alveg sammála því og með því að skrifa undir þetta nál. og mæla með því er verið að benda á að þarna sé unnt að doka við og hafa hliðsjón af þeirri endurskoðun á því sem þetta frv. er sniðið nokkurn veginn óbreytt eftir.

Þá segir í 2. tölul. í nál.: „Vafasamt er að hafa í slíkri löggjöf eins ítarlega upptalningu á undanþágum og gert er í 2. gr. frv. Má nánast segja að sá réttur, sem getið er í 1. gr., sé afturkallaður með undanþágum í 2. gr. og verði í raun mun þrengri en hann er í framkvæmd nú, án löggjafar. Að mati n. kemur til álita að sleppa slíkri upptalningu, en hafa undanþágurnar almennari. Eins og frv. er nú bera undanþágurnar aðalregluna ofurliði.“ Þetta álit er mjög ríkjandi hjá þeim aðilum sem fengu þetta frv. til umsagnar .Og ég vil aðeins máli mínu til stuðnings vekja athygli á örfáum ákvæðum í 2. gr. frv. Þar segir: „Skjöl um starfsemi ríkisins eða sveitarfélaga í fjármálum, kaupgjaldsmálum eða ráðningamálum“ eru undanþegin upplýsingaskyldu. Það er fullyrðing ráðuneytisstjórans í fjmrn., að þetta þýði að nánast ekkert af skýrslum eða skjölum í því rn. sé upplýsingaskylt, sem sagt að flestöll þeirra skjöl séu undanþegin upplýsingaskyldu.

Í 15. lið segir: „Skjöl, sem varða eða snerta hvers konar persónuleg eða fjárhagsleg málefni einstaklinga, nema sá, sem í hlut á, fallist á að menn kynni sér skjalið,“ eru undanþegin upplýsingaskyldu. Þetta ákvæði þýðir að margra áliti það að nánast flestöll skjöl eru undanþegin upplýsingaskyldu, vegna þess að hvaða skjöl eru ekki persónuleg eða fjárhagslegs eðlis?

Ráðuneytisstjórinn í dómsmrn. hefur tekið undir það sjónarmið að undanþágurnar séu of skýrt fram teknar og séu of víðtækar. Fleiri ráðuneytisstjórar sem fengu þetta mál til meðferðar og umsagnar, eru sömu skoðunar og þeir fullyrða, eins og ég leyfði mér að gera í framsögu með nál., að þetta stangaðist á við tilgang frv., þ. e. a. s. að orðalag 2. gr. og upptalningin í henni mundi þrengja upplýsingaskylduna frá því sem nú er. Ég hélt því fram að nokkur hefð hefði skapast um upplýsingaskyldu af hálfu opinberra aðila. Hæstv. ráðh. dró það í efa og skal ég ekki frekar deila um það. En ég vil leyfa mér að vitna í örfáar umsagnir af þessu tilefni.

Í umsögn ráðuneytisstjórans í heilbr.- og trmrn. segir: „Hvað efnisatriði frv. viðkemur er það skoðun mín, að það takmarki mjög þá hefð sem myndast hefur um upplýsingastreymi frá rn. til einstaklinga eða samtaka sem um hafa beðið, því að þegar undantekningarliðir 2. gr. eru skoðaðir niður í kjölinn virðist flest það, sem um er fjallað í rn. sjálfu, vera undanþegið upplýsingaskyldunni og mjög er til efs að stjórnvald geti gefið upplýsingar um málefni sem því berast frá öðrum aðilum án þess að sá aðili gefi sitt leyfi til upplýsingagjafar.“

Í umsögn frá ráðuneytisstjóra fjmrn. segir: „Frv., eins og það liggur fyrir Alþ., gerir ráð fyrir svo víðtækum undanþágum frá hinni lögbundnu upplýsingaskyldu að samkv. því væri unnt að synja um aðgang að öllum meginþorra skjala fjmrn.“ Og svo síðar: „Að öllu samanlögðu tel ég ekki ávinning fyrir neinn aðila í þjóðfélaginu að frv. þetta verði samþ.“ Annars staðar segir hann í umsögninni: „Ég tel að setning löggjafar í samræmi við frv. gæti hæglega haft þveröfug áhrif við það sem ætla má að vakað hafi fyrir Alþ. þegar þál. var samþ.“

Ég tel ekki ástæðu til að vitna frekar í aðrar umsagnir, sem eru mjög á sömu lund og draga þá ályktun af frv. að það muni með samþykkt þess og lagasetningunni þrengja þá upplýsingaskyldu sem nú er ríkjandi og a. m. k. nokkur hefð hefur skapast um.

Í 3. tölul. nál. segir: „Fram þarf að koma að upplýsingaskyldan geti verið mismunandi með hliðsjón af því hve veigamiklir hagsmunir eru í húfi.“

Til frekari skýringar á þessu vil ég leyfa mér að vitna til umsagnar Lögmannafélagsins. Eins og fram kemur í grg. er gefið í skyn að framkvæmdin hér hafi í stórum dráttum verið svokölluð „þartsoffentlighed“, en á þessu er gerður munur og svo aftur á „offentlighedprinsipinu“ og við þetta er átt þegar n. segir að upplýsingaskyldan geti verið mismunandi með hliðsjón af því hve veigamiklir hagsmunir eru í húfi. Það þarf sem sagt að gera grein fyrir því hvort um er að ræða aðila beinlínis að viðkomandi skjölum og máli eða hvort um er að ræða almenna upplýsingaskyldu til þriðja aðila. Þetta hefði þurft að vera nánar í frv. að áliti n. Og um það segir í umsögn Lögmannafélagsins, með leyfi forseta:

„Í frv. er ekki gerður greinarmunur á almennum rétti manna til upplýsinga og rétti aðila einstaks máls til þess að krefja stjórnvald um upplýsingar um mál sem varðar hann persónulega. Mál er hér notað í víðtækari merkingu, það er ekki bundið við dómsmál. Réttur aðili máls til upplýsinga hlýtur af augljósum ástæðum að vera miklu víðtækari en réttur annarra, enda er það viðurkennt í löggjöf og framkvæmd á Norðurlöndum.“

Ég held að það þurfi ekki að skýra þennan lið frekar.

Í fjórða lagi segir í nál.: „Skilgreiningar skortir á ýmsum hugtökum, svo sem hvað sé stjórnvald og hvenær sú skylda hvíli á stjórnvöldum og ríkisstofnunum að skýra óumbeðið opinberlega frá störfum og vitneskju.“

Hæstv. ráðh. taldi þetta vera misskilning vegna þess að í 3. gr. frv. væri skilgreining á hugtakinu „stjórnvald“, en á það hefur verið bent af mörgum aðilum, að mínu áliti með réttu, að það sé ekki nægilega skýr skilgreining á þessu hugtaki og er þá einkum átt við að nokkuð óljóst er hvort hálfopinberar stofnanir séu kallaðar stjórnvöld eða ekki. Hefði a. m. k. verið nauðsynlegt að skýra þetta frekar í grg. frv. og hæstv. ráðh. sem flm. frv. hefði átt að gefa frekari upplýsingar um hversu rúmt ætti að skilgreina þetta hugtak. Að vísu er tekið fram að það megi skiljast nokkuð rúmt en það er ákaflega mikilvægt að ekki séu deilur um það til hvaða stofnana upplýsingaskyldan tekur vegna þess að það eru sumir sem fullyrða að þetta frv., ef að

lögum yrði, mundi þrengja mjög upplýsingaskyldu margra stofnana sem deilt er um hvort séu stjórnvöld eða ekki.

Enn fremur er talað um í þessum lið að sú skylda þurfi að hvíla á stjórnvöldum að veita óumbeðið ýmsar upplýsingar. Ráðh. taldi það, að manni skildist, nægilegt að í l. um opinbera starfsmenn væri kveðið á um að þeir þyrftu að flytja fyrirlestur opinberlega og þá í útvarp og gefa skýrslu um störf sín enda þótt hann teldi það kannske ekki vera mjög skemmtilega lesningu! Ég er alveg sammála honum um það, og þá er spurningin hvaða hagnýtt gildi það hefði að slíkar skýrslur séu fluttar í útvarpi. Þetta er að nokkru leyti útúrsnúningur og ekki það sem átt er við í þessu tilfelli og í þessu nál. Margvíslegar upplýsingar og ákvarðanir eru fyrir hendi hjá rn. sem eðlilegt er að séu upplýstar almenningi án þess að sérstaklega sé verið að biðja um það og sækjast eftir því. Þetta snertir eitt aðalatriði þessa máls, ekki aðeins það að réttur einstaklingsins sé sá að fá upplýsingar, heldur líka hvenær einstaklingurinn hefur rétt til þess að upplýsingavitneskja sé trúnaðarmál, og við megum ekki gleyma þeirri hlið málsins heldur.

Ráðh. lagði sig mjög fram um það að taka fram að hér væri ekki verið að flytja frv. vegna blaðamanna og réttar blaðanna til þess að fá upplýsingar. Ég get vel fallist á það sjónarmið og skal ekki rökræða við hann um það, annað en að ég vil aðeins minna á að blöðin gegna auðvitað mjög mikilvægu hlutverki í þágu þeirra sem eiga viðskipti við opinbera aðila og að því leyti geta hagsmunir blaðanna og einstaklinganna farið mjög saman og aðallega saman í þessu máli.

Ef frv. væri samþ. eins og það liggur fyrir núna þar sem segir að skjöl, sem varða eða snerta hvers konar persónuleg eða fjárhagsleg málefni eintsaklinga, séu undanþegin upplýsingaskyldu, að bréfaskipti milli rn. um lagasetningu, bréfaskipti milli aðila innan sama stjórnvalds, bréfaskipti milli sveitarstjórnar og deilda, öll þessi bréf og þessi skjöl væru undanþegin upplýsingaskyldu, til hvaða ástands leiddi það? Var það ekki fagnaðarefni fyrir alla lýðræðissinna og alla þá sem unna rétti einstaklinganna þegar Hæstiréttur Bandaríkjanna kvað upp þann merkilega dóm að einmitt slík skjöl, sem fóru á milli rn. og milli stjórnvalda, yrðu að verða opinber í sambandi við þau réttarhöld og þau málaferli sem fram fóru þar í landi og alheimi er kunnugt um? (MK: Er eitthvert Watergate-mál í uppsiglingu hér?) Ég á ekki von á því að neitt Watergate-mál sé í uppsiglingu hér. Ég er aðeins að tala hér almennt um lagasetningu sem snertir þetta mikilvæga mál, samskipti stjórnvalda og einstaklinga og rétt einstaklinga til þess að skjöl séu gerð opinber, rétt blaða til þess að fá upplýsingar og ég vil gjarnan ganga þannig frá löggjöf að það komi ekki í veg fyrir að slík upplýsingaskylda sé fyrir hendi.

Í fimmta lagi er rætt í frv. um skjöl, en ekki er minnst á að hægt sé að geyma vitneskju á annan hátt, svo sem segulböndum, myndum, tölvum o. s. frv. Þetta þarf ekki frekari útskýringa við, enda ráðh. sammála mér um að þessu sé ábótavant í frv.

Í sjötta lagi segir svo: „N. telur eðlilegra, að úrskurðarvald sé í höndum dómstóla en ráðh., sbr. 12. gr.“

Þarna er aftur um að ræða mjög mikið „prinsipmál“. Ráðh. fann að því að meðferð mála hjá dómstólum gæti verið mjög svifasein og gæti þar af leiðandi orðið til þess að réttur einstaklingsins eða viðskiptavinar stjórnvaldsins væri lítils virði vegna þess hversu mál gætu dregist á langinn. En auðvitað getur það ekki verið forsenda fyrir lagasetningu hvernig framkvæmdin er hjá dómstólunum í dag. Ég held það sé nauðsynlegt og heppilegt fyrir ráðh. að þurfa ekki að hafa þetta úrskurðarvald ef mál eru til meðferðar hjá stofnunum sem undir þá heyra, jafnvel hjá þeirra eigin rn. Ef um það eru miklar deilur hvort eigi að upplýsa einhvern ákveðinn hlut, einhverja ákveðna ákvörðun, getur verið óþægilegt fyrir ráðh. að þurfa að úrskurða í málinu og heppilegra fyrir hann að það séu aðrir hlutlausir aðilar sem hafa það úrskurðarvald, enda minnir mig að í stjórnarskrá Íslands sé skýrt tekið fram að dómstólar kveði á um skyldur stjórnvalda.

Ég skal ekki hafa þetta miklu lengra, herra forseti. Ég vildi aðeins upplýsa þetta og svara hæstv. ráðh. vegna hans ákúra á hendur allshn. Ég sagði í upphafi og vil ítreka það að ég tel afgreiðslu n. á þessu máli sönnun á því að enn þá sé Alþ. að forðast að vera alger afgreiðslustofnun ríkisstj. og embættismanna með því að samþ. ekki frv. ef n. finnst það ekki vera aðgengilegt, en hins vegar gefa ríkisstj. ákveðin fyrirmæli eða a. m. k. ábendingar um hvað betur megi fara og hvað gert skuli. Ég er sammála hæstv. ráðh. um að Alþingi ber að varast að vera slík afgreiðslustofnun. En til þess að svo verði ekki og til þess að sporna við þeirri þróun þarf að stórbæta alla starfsaðstöðu þingsins, þm. og nefnda, vegna þess að ég held að allir séu sammála mér um að það er ákaflega erfitt fyrir n. að setja sig inn í svona viðkvæm og stór mál og semja heil frv. um þau með þá aðstöðu og við þau skilyrði sem þingið býr við í dag. Við getum vonandi sameinast um það að lagfæra þá aðstöðu. Þá mun ekki standa á mér og sjálfsagt ekki þm. almennt að gera meira að því að semja frv. en nú er.

Að lokum vil ég taka fram að ég er persónulega þeirrar skoðunar varðandi þetta frv. að það eigi ekki að hafa undanþágurnar svona ítarlegar og margar, heldur eigi þá frekar að setja almennari ákvæði þar um. Það á sem sagt að hafa upplýsingaskylduna sem aðalreglu og ef neitað er um upplýsingar og þessari skyldu ekki sinnt, þá þurfi að gera mjög ítarlega grein fyrir þeirri synjun og að það sé þá auðvelt að vísa þeim ágreiningi til þriðja aðila, til úrskurðar, hvort sem það yrði beint til dómstólanna eða skipuð sérstök n. eða sérstakur umboðsmaður á þeirra vegum til þess að úrskurða um slíkan ágreining. Ég tel rétt að skoða þá löggjöf sem nú er í endurskoðun í Danmörku og Noregi og þetta frv. er sniðið eftir, hraða sér hægt í þessu máli og skapa sem mestar umr. um málið, svo að ljóst sé hvaða réttur almenningi sé búinn með þessu máli og hverjar séu skyldur hins opinbera,

og jafnframt að þm. taki virkari þátt í meðferð þessa máls því að ég er í engum vafa um það að hér er um eitt mikilvægasta mál samtímans að ræða.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er of sterkt að orði kveðið hjá hv. frsm. allshn. að ég hafi veitt þeirri n. ákúrur. Hins vegar taldi ég rétt, þegar þetta mál kom hér á dagskrá, að leiðrétta nokkuð þann misskilning sem mér virðist hafa komið fram bæði utan þings og innan og þó sérstaklega utan þings varðandi ýmis atriði þessa máls, sem og það að ég taldi að vísu að n. hefði ekki átt að vera ofraun að gera þær breyt. á frv. sem hún taldi á því vera æskilegar. Ég bar hana alls ekki á neinn hátt saman við fyrirrennara hennar sem hafa fjallað um þetta mál, þ. e. a. s. fyrri allshn. sem ekkert álit hafa látið frá sér fara. Mér er mjög ljúft að gefa henni rós í hnappagatið fyrir það að hún hefur sýnt af sér þann dugnað, sem þær gerðu ekki, að láta fara frá sér álit um málið. Þó að ég hefði nokkuð við það álit að athuga, þá er þetta vissulega viðleitni sem er þakkarverð, að n. geri tilraun til að benda á atriði sem eigi að taka til athugunar í sambandi við endurskoðun á málinu.

Ég get að sjálfsögðu ekki enn fallist á það með hv. frsm. að hér sé um hráa þýðingu á dönskum eða norskum lögum að tefla. Því fer fjarri eins og hann getur best gengið úr skugga um ef hann ber dönsku lögin og norsku lögin saman við það frv. sem hér liggur fyrir. En á hitt hefur aldrei verið dregin nein dul, að þetta frv. hafi mjög verið sniðið eftir þessum lögum. Hitt er svo sjónarmið sem getur komið til athugunar og kemur auðvitað til athugunar, hversu hratt við eigum að fara í lagasetningu sem þessari. Það má bíða og það má hugsa sem svo að því lengur sem við bíðum og því betur sem við sjáum hvernig framvindan í þessum efnum er hjá nágrannaþjóðunum og hver reynslan af hliðstæðri lagasetningu þar verður, þeim mun betur erum við færir um það á sínum tíma að setja lög um þetta efni. Þetta er sjónarmið. Það er samt svo, eins og ég reyndar tók fram síðast, að frv. þetta er samið og lagt fram skv. boði Alþ. sem ákvað að þetta skyldi gert á næsta þingi. Það getur verið að Alþ. hafi þar verið of stórhuga og það hefði verið skynsamlegra að bíða lengur og sjá hverju fram yndi í þessu efni. En ég held satt að segja að það boð, sem n. setur nú fram, að það skuli kynna sér sérstaklega reynslu og bera saman þá reynslu, sem fæst í þessum efnum hjá nágrannalöndunum, og staðfæra hana upp á aðstæður hér geti verið ofurlítið vafasöm að því leyti til að ég er ákaflega hræddur um að hvenær sem við setjum löggjöf um þetta efni, hvort sem það verður fyrr eða seinna, þá fari svo að hún standi ekki til eilífðar, sú sem sett verður í fyrsta sinn, heldur einmitt fari það þannig að við reynsluna af framkvæmd þeirrar löggjafar komi sitthvað í ljós sem nauðsynlegt geti verið að taka tillit til og lagfæra lögin skv. því. Ég held sem sagt að við fáum ekki þá reynslu fyrr en við förum af stað og höfum þar með eitthvað við að styðjast. En þetta getur sem sagt verið álitamál, hversu skjótt við eigum að fara í þessu efni.

Ég skal svo ekki í sjálfu sér vera að tefja tímann með því að ræða þetta mál miklu frekar þar sem sýnt er að það kemur aftur til rn. og verður þá athugað betur. Ég held þó að hv. frsm. og hv. allshn. hafi átt möguleika til að sanna rækilega sína röksemdafærslu að því er varðar það sjónarmið að upptalning í 2. gr. væri of ítarleg, og það er blátt áfram að benda á þau atriði í 2. gr. sem að skaðlausu mættu niður falla. Ég viðurkenni að hv. frsm. gerði heiðarlega tilraun til þess þar sem hann benti á 4. liðinn, og ég get verið honum nokkuð sammála um að sá liður þyrfti frekari athugunar við. Hann er of almennt orðaður. En til þess að finna fullyrðingu um það stað að þessar undantekningar væru allt of margar þyrfti að benda á fleiri atriði og þá hefði mátt fella þau niður. Ég get hins vegar alls ekki fallist á sjónarmið hans varðandi 15. liðinn þar sem segir að um skjöl, sem snerta hvers konar persónuleg eða fjárhagsleg málefni einstaklinga, megi ekki gefa upplýsingar nema sá, sem í hlut á, fallist á að menn kynni sér skjalið. Ég held að það yrði talið vafasöm stjórnsýsla að jafnvel blaðamenn gætu komið inn í rn. eða hvaða stjórnarstofnun sem væri og farið fram á að sjá skjöl sem þar lægju varðandi aðilann B sem ekki væri neitt á snærum þess blaðamanns. Ég hygg að hvert rn. og hver stjórnarstofnun sem væri mundi neita blaðamanninum um að sýna honum slík skjöl, nema hann kæmi þá með umboð frá B sem segði að það væri sjálfsagt að veita hlutaðeigandi blaðamanni aðgang að þessum skjölum. Auðvitað eru atriði, sem eru persónuleg eða fjárhagsleg, ákaflega margs konar. En þau eru a. m. k. mjög oft þannig að óviðkomandi menn eiga ekkert erindi í þau og ég efast ekki um að hv. frsm. er mér sammála um það.

Í annan stað, ef sú fullyrðing væri rétt að með undantekningum 2. gr. væri verið að þrengja þá hefð sem verið hefði um upplýsingaskyldu, eins og n. setur fram sem sína skoðun, og hv. frsm. færði fram að vísu til stuðnings sínu máli tilvitnanir í einstaka ráðuneytisstjóra, þá hefði verið hægurinn hjá n. að setja blýantinn við hvern af þessum 16 liðum sem hér eru sem þannig er háttað um að þeir þrengja það svið sem hefð hefur skapast um í íslenskri stjórnsýslu að upplýsingaskylda sé um. Ég held að það sé nú rétt að taka tillit til þess þegar ráðuneytisstjórarnir láta það frá sér fara að þetta muni þrengja þá hefð sem ríkt hafi í þessum efnum, og þá verður niðurstaðan hjá þeim yfirleitt sú, eða ég hygg það rétt vera, að þeir eru andvígir lagasetningu sem þessari. Þeir vilja hafa það frjálsræði í þessum efnum sem verið hefur hingað til. Ég hygg að þetta sé rétt og það er kannske mannlegt að þeir vilji hafa frjálst mat um þetta. En hvað sem því líður, þá hefði verið hægt að færa sönnur á að það væri verið að þrengja þá upplýsingaskyldu, sem í reyndinni væri fyrir hendi, með því að benda alveg sérstaklega á þau atriði í 16. gr., sem drægju úr einhverjum rétti sem menn hefðu öðlast nú og hefðu nú til þess að fá upplýsingar um málefni. Eins og ég tók fram síðast, þá veit ég að það er víða svo að

það er í framkvæmd nokkuð fylgt þessu svokallaða „partsoffentlighed-prinsipi", þ. e. a. s. að aðili sjálfur getur fengið aðgang að þeim skjölum sem er um að ræða og hann varða sjálfan. En það er ekki það eitt sem er um að ræða í þessu frv., heldur er hverjum og einum veittur þessi réttur og það er nokkuð annað, og það er í þessari almennu reglu sem áhugi blaðamanna og fréttamanna liggur auðvitað, að þeir fái þannig mögleika til þess að kynna sér mál þó að það varði þá ekki sérstaklega.

Viðvíkjandi því sem hv. frsm. ræddi aðeins um, þá veit henn fullvel að það eru allt aðrar reglur sem koma til greina um skyldu til framlagningar á skjölum í dómsmálum en hér er um að ræða. Hér er ekki um að ræða framlagningu skjala í dómsmálum. Það getur vel verið að það sé komið til og sé boðið að leggja fram eitthvert skjal í dómsmáli. Það getur komið til eftir okkar núgildandi löggjöf, eins og hann að sjálfsögðu veit, skv. okkar réttarfarslöggjöf.

Um almenna birtingu, þ. e. a. s. um það að stjórnvaldi sé skylt að segja af sjálfsdáðum frá einhverju, þá getur ekki um slíkt verið að tefla nema það sé boðin almenn birting á því, alveg hliðstætt því sem er ákveðið í lögum t. d. um lög og stjórnvaldaerindi og nú millirikjasamninga, einmitt um þau tíðindi opinber, bæði Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, sem ákvæði eru um í l. 64/1943. Þegar menn tala um slíkt, þá hljóta þeir að eiga við slíka almenna birtingu og sú birting er algerlega fyrir utan efni þessa frv.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. En það er misskilningur hjá hv. frsm., eins og ég sagði áðan, að ég hafi verið að veita n. nokkrar sérstakar ákúrur. Málið fer að sjálfsögðu til rn. aftur og verður þá tekið til athugunar á nýjan leik og auðvitað reynt að kanna þau atriði sem bent er á af n. þó að það sé mín persónulega skoðun að þau séu sum ekki á rökum reist.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í langar rökræður um þetta mál, enda óþarft. En þar sem ég á sæti í þeirri n. sem hæstv. dómsmrh. ávarpaði, að ekki sé meira sagt, þá ætla ég að gera örstutta athugasemd. Ég vil taka fram að ef það er rétt, að n. hafi unnið slælega í þessu máli eða ekki nógu vel, þá hygg ég að það sé ekki við nefndarform. að sakast, hv. 11. þm. Reykv., því ég ætla að hann sé einn af áhugasömustu og ötulustu nefndarformönnum þingsins.

Það má að sönnu rökræða um þetta mál, bæði form þess og efni. Það er alveg rétt að oft getur verið vafaatriði hversu djúpt þn. eiga að sökkva sér í tiltekin mál, hvort þær eiga að umsteypa þau, semja þau upp ef þeim líkar ekki formið eða annað. Ég get vel fallist á þetta. Það er nú svo að frv. eru misjafnlega samin. Stundum rekst þar eitt á annars horn, jafnvel málfari og öðru er ábótavatn svo að hvarflar oft að manni að þarna hefði mátt betur gera. Í þessu sambandi ætla ég aðeins að minna á gömul lög, sem hafa víst aldrei komið til framkvæmda, en það eru lög nr. 48 frá 14. júní 1929 um laganefnd. Þar var svo ákveðið, ef ég man rétt, að skipa ætti þriggja manna laganefnd, eins og segir í 2. gr. þeirra laga, „þriggja manna laganefnd til fjögurra ára", en þeirri n. skal skylt „að vera ríkisstj., alþm., þn. og milliþn. til aðstoðar um samningu lagafrv., samræmd lög og annan undirbúning löggjafarmála." Ég hygg að það væri iðulega nauðsynlegt, a. m. k. æskilegt, að hafa aðgang að slíkri n. fróðra manna sem gæti lagfært ýmislegt í lagafrv.

Hæstv. ráðh. sagði eitthvað á þá leið að með góðum vilja hefði n. getað gert betur, og má vel vera að svo sé. Ætla ég ekki að fara lengra út í það mál. Þó að ég hafi skrifað undir þetta nál. get ég vel fallist á að það er ekki nákvæmlega óumbreytanlegt allt sem þar stendur. T. d. get ég vel fallist á að úrskurðarvald skv. 12. gr. sé í höndum ráðh. Þar segir: „Úrskurður ráðh. á þessu sviði er fullnaðarúrskurður." Ég mundi treysta ráðh. fyllilega til þess að hafa á hendi slíkt fullnaðarúrskurðarvald.

Það er sagt að það sé ekki í löggjöf neinn almennur réttur einstaklinga til að krefjast upplýsinga frá stjórnvöldum. En hæstv. ráðh. spurði: Hvað eigum við að fara hratt í lagasetningu sem þessari? Vissulega er það spurning. Þó að ekki sé þarna um ákveðið almennt löggjafarákvæði að ræða, þá er þó að sjálfsögðu kveðið á um eitt og annað í löggjöf sem varðar þetta mál, svo sem þagnarskyldu o. fl., og það er ekki alveg víst að þörf sé að setja lög um alla skapaða hluti, a. m. k. ekki flýta sér óþarflega mikið. Að minni hyggju þarf ekki að hafa hraðan á að setja almenn lög um þetta efni. Það hefur að sjálfsögðu ríkt um þetta ákveðin hefð á undanförnum árum sem hefur þróast og ég hygg ekki sætt mjög mikilli gagnrýni. Það verður að viðurkenna, eins og stendur í grg., að talsverð vandkvæði eru á að móta lagareglur um efnið sem öruggt sé að henti okkar aðstæðum og falli að okkar stjórnkerfi og framkvæmd þess.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en vil aðeins geta þess að síðustu að ég tel ekki mikinn skaða skeðan, þó að þetta mál sé athugað ögn betur og ekki þurfi að hraða för svo mjög í þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnfræðsla, frv. (þskj. 103, n. 437). — 2. umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til meðferðar það frv. sem nú er til umr. og varð niðurstaða n. eftir ítarlega athugun að rétt væri að málinu væri vísað til ríkisstj.

Mér þykir rétt að geta þess að n. leitaði m. a. umsagnar hjá allmörgum aðilum eða óskaði eftir umsögnum allmargra aðila um þetta frv. og ráðgaðist við ýmsa og skriflegar grg. komu frá a. m. k. iðnfræðsluráði og iðnfræðslulaganefnd í sambandi við málið, var álit bæði iðnfræðsluráðs og iðnfræðslulaganefndar að ekki væri rétt að samþykkja þetta frv.

En n. sem sagt athugaði málið gaumgæfilega og kynnti sér það m. a. að iðnskóli starfar á Patreksfirði og hefur gert það lengi, líklega yfir 30 ár, og ég hygg að það hafi komið í ljós við okkar athugun að þessi skóli hafi gegnt þar mjög mikilvægu hlutverki, um það er ekkert að efast. En það stendur nú svo á raunar um fleiri iðn-

skóla en þennan eina á Patreksfirði, sem hefur nokkuð veika lagalega stöðu, að vissulega gegna þeir mikilvægu hlutverki, en búa þó við nokkra óvissu um framtíð sína vegna þess hvernig gildandi lög eru nú. Ég nefni í því sambandi, eins og tekið er fram í grg., iðnskólana í Borgarnesi, Stykkishólmi, Siglufirði, Seyðisfirði og Húsavík, en á öllum þessum stöðum er ekki um að ræða aðaliðnskóla í merkingu iðnfræðslulaga og þess vegna búa þessir skólar við nokkra óvissu líkt og er um þann skóla sem sérstaklega er fjallað um í þessu frv. En það, sem frv. felur fyrst og fremst í sér, er að breyta iðnfræðslulögunum í þá átt að Barðastrandarsýslur verði sérstakt iðnskólaumdæmi. En það sem ég held að hafi ráðið úrslitum um afstöðu menntmn. í þessu efni er að það starfar nú sérstök n. að endurskoðun iðnfræðslulaganna, og á meðan sú endurskoðun stendur yfir og beðið er eftir till. frá þeirri n., þá finnst menntmn. ekki rétt að gera eins veigamiklar breyt. á iðnfræðslul. og þetta frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar vil ég taka það alveg skýrt fram í þessu sambandi að menntmn. er ekki að leggja neinn endanlegan dóm á það hvað rétt sé að gera í sambandi við framtíðarskipulagið í þessu efni. Það má vel vera að það sé rétt og eðlilegt, eins og lagt er til í þessu frv., að Barðastrandarsýslur verði sérstakt iðnskólaumdæmi. En við teljum í menntmn. að það sé rétt og eðlilegt að bíða þess að iðnfræðslulaganefnd skili áliti, og þess vegna var það niðurstaða okkar að leggja til að málinu yrði vísað til ríkisstj.

Ég vil taka það fram að undir nál. skrifa allir nm. að undanteknum einum fulltrúa, Svövu Jakobsdóttur, sem var ekki viðstödd þegar málið var endanlega afgr. úr nefnd.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég harma það að sjálfsögðu að hv. menntmn. þessarar d. skyldi ekki sjá sér fært að mæla með samþykkt þessa frv., ekki síst vegna þess að ég var búinn að gera mér um það vonir að þetta mál fengi farsæla lausn nú á þessu þingi og kannske með hliðsjón af því líka að það kjördæmi, sem hér á í hlut, átti tvo fulltrúa í menntmn. þessarar d. og það jók fremur bjartsýni mína en hitt. Það er að sjálfsögðu ekkert við þessu að segja. Þetta er á þessu stigi endanleg niðurstaða n. og við því er ekkert að gera úr því sem komið er. En ég held að það væri rétt að það kæmi hér fram, að því hefur ekki verið mótmælt af neinum aðila, svo að mér sé um kunnugt, að sá skóli, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, Iðnskólinn á Patreksfirði, hefur gegnt það miklu og mikilvægu hlutverki í iðnfræðslunni um áratugaskeið að það var vissulega kominn til þess tími að hann fengi viðurkenningu af hálfu löggjafans eins og aðrir skólar, sem sumir hverjir hafa kannske starfað miklum mun skemur en þessi.

Það er sjálfsagt rétt, þó að ég sé ekki nægilega kunnugur til þess að fjalla þar um, það sem fram kom í framsöguræðu frsm. menntmn. og þess álits, sem hér liggur fyrir, að það getur verið álíka statt um fleiri skóla en þennan sem fyllilega væru þess verðir að skapa þeim möguleika til áframhaldandi starfa. Með hliðssjón af því hefði menntmn. auðvitað átt að breyta frv. í það form að taka þessa skóla einnig inn í frv., að byggja afstöðu sína á því að viðurkenna að þessi skóli hafi sinnt þessu verkefni mjög vel, en viðurkenning hans gæti þýtt að fleiri kæmu á eftir.

Ég skal ekki orðlengja um þetta mál. Það er að vissu leyti rétt sem kom fram hjá frsm. n. að hér er ekki verið að fella neinn endanlegan dóm yfir þessu máli. Ég vænti þess að hæstv. ríkisstj. sjái svo um að þeirri endurskoðun á iðnfræðslu, sem er vitnað til í nál., sem ég veit þó ekki hversu lengi er búin að standa yfir, sennilega nokkurn tíma, verði hraðað, og með hliðsjón af því að allir virðast um það sammála hversu miklu og mikilvægu verkefni þessi skóli hefur gegnt og kemur til með að gegna og að það verði rennt stoðum undir hans starfsmöguleika, þá sjái fyrr en síðar ljós hér á Alþ. frv. þess efnis að iðnfræðslulöggjöfinni verði breytt á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir. Ég vil a. m. k. fyrir mitt leyti leyfa mér að vona að svo verði. Mér sýnist reyndar að það megi skoða þetta álit, sem er sameiginlegt af hálfu menntmn., sem slíkt að það sé a. m. k. ekki útilokað að niðurstaðan geti orðið eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég ítreka það að ég vonaði í upphafi þegar ég flutti þetta mál að það fengi jákvæðari undirtektir og yrði til lykta leitt á þessu þingi. En héðan af er ekkert við því að gera sennilega. En ég vænti þess að hæstv. ríkisstj. geri gangskör að því að flýta endurskoðun laga um iðnfræðslu og að komið verði fram með frv. sem stefni í svipaða átt og það frv. sem hér er til umr.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni þess nál. sem hér liggur fyrir og ég átti hlut að sem einn af nm. í menntmn.

Ég vil taka það fram út af ummælum hv. 5. þm. Vestfjarða að þetta frv. til l., sem er borið fram af honum sjálfum, var engan veginn tekið eins og hann gaf í skyn, illa í menntmn. Það fékk fyllilega jákvæðar undirtektir þó að þessi yrði niðurstaðan sem hv. frsm. n. hefur skýrt hér á undan svo að ég þarf ekki að endurtaka það. Ég held að við öll í n. höfum verið einróma samþykk því að þörf Barðastrandarsýslna og Patreksfjarðar var ótvíræð fyrir að geta haldið uppi þessari fræðslu. Ég hygg að staðarmenn á Patreksfirði hafi ástæðu til að ætla, að menntmrn. taki vel þeirra málaleitunum að þetta verði lagfært með nýrri iðnfræðslulöggjöf. Ég skírskota til okkar Vestfjarðaþm. allra, þ. á m. þm. Karvels Pálmasonar, að fylgja þessu máli eftir við iðnfræðslunefnd og menntmrn. og ég fyrir mitt leyti hef ekki áhyggjur að því að sú viðleitni okkar beri ekki árangur.

Ég tel það fyllilega fullnægjandi rök okkar úr menntmn. að vegna þess að verið er að fjalla um þessi mál í þar til kjörinni n., þá væri óeðlilegt að taka út þarna einn iðnskóla af 5—6 öðrum sem nákvæmlega eins er ástatt um. En ég endurtek að ég er bjartsýn um að barðstrendingar fái þessu kippt í lag og þeirra iðnskóli

fái lagalega staðfestingu á næstunni eða þegar umrædd n. hefur lokið störfum og að við munum geta beitt okkar áhrifum, allir Vestfjarðaþm., í þá átt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst ræða hv. 9. landsk. einmitt undirstrika það sem ég sagði áðan að það hefði mátt ætla með hliðsjón af málinu og undirtektum að það hefði fengið jákvæðari afgreiðslu en menntmn. hefur gert ráð fyrir. Hún upplýsti að þörfin væri ótvíræð, — það er varla hægt að kveða sterkara að orði um þetta málefni heldur en hér er gert, — og bætti svo við að heimamenn hefðu ástæðu til að ætla að menntmrh. tæki vel á málinu. Vel má það vera að það gerist og ég fagna því. En miklum mun betur hefði verið tekið á þessu máli hefði það fengið jákvæðari afgreiðslu í menntmn. og verið afgr. á þessu þingi. Ég var ekkert sérstaklega að fara fram á það við hv. n. að hún tæki frv. eins og það var lagt fram og samþykkti það óbreytt. Ég hefði ekkert haft á móti því að hún hefði tekið þá sex aðra skóla, sem svipað var ástatt um, eins og hér er gerð grein fyrir, og bætti þeim við. Þá var óskum allra aðila fullnægt. Hafi verið jafnótvíræð þörf á þessum sex stöðum og hér er viðurkennt af öllum, þá átti auðvitað fullan rétt á sér að taka þetta mál í heild á þeim grundvelli, og það hefði menntmn. auðvitað átt að gera.

Um það, að Vestfjarðaþm. að sjálfsögðu beiti sér fyrir þrýstingi á stjórnvöld að þessu leyti, þá skal ekki á mér standa í þeim efnum. Ég hefði þurft á meiri stuðningi annarra hv. þm. Vestfjarðakjördæmis að halda við mig á þessu stigi. Þó að svona hafi farið í fyrstu orustu skal ekki á mér standa í þeirri næstu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 70. fundur.

Þriðjudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar, fsp. (þskj. 358). — Ein umr.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði fsp. sem fyrr á þessu þingi var borin fram af Þórarni Þórarinssyni en hann er nú fjarverandi og kemur þetta því í minn hlut. Fsp. þessi er 3. liður á þskj. 358 og er til hæstv. menntmrh. um nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar. Fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður störfum nefnda þeirra, sem voru skipaðar 1973 til að vinna að nýskipan iðnfræðslu og tæknimenntunar?“

N. þessi mun hafa verið skipuð í febr. 1973 og verkefni hennar var að skila frv. til nýrra l. um iðnfræðslu og semja eins konar framkvæmdaáætlun í samræmi við lög, en eldri lög um iðnfræðslu, sem n. var falið að breyta eða endursemja, eru frá árunum 1966 og 1971. Samkv. skipunarbréfi mun þessi n. hafa átt að ljúka störfum fyrir árslok 1973. Hins vegar er það svo að haustið 1974 ræður hún sér fastan starfsmann og er því vafalaust enn að störfum, en um það munum við að sjálfsögðu fá upplýsingar því að óskað er svara við því hvernig störfum n. líði og hvað af þeim sé að frétta og hverra niðurstaða sé að vænta. Sé ég raunar ekki ástæðu til að hafa þennan inngang lengri.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég mun leitast við að svara hér fsp. hv. 4. þm. Reykv. um hvað líði störfum n. þeirrar sem skipuð var 1973 til að vinna að skipan iðnfræðslu og tæknimenntunar. Svar mitt er á þessa leið:

Hinn 10. og 22. júlí 1970 og 9. febr. 1971 skipaði menntmrn. verk- og tæknimenntunarnefnd til þess að kanna stöðu tæknimenntunar innan skólakerfisins og eðlileg tengsl hinna ýmsu fræðslustiga og gera till. um endurbætur í þessum efnum. Þessi n. lauk störfum 5. júlí 1971 og skilaði ítarlegu áliti sem m. a. fól í sér till. um endurskoðun iðnfræðslulöggjafarinnar, m. a. með það fyrir augum að ríkissjóður einn greiddi kostnað við iðnskólann, en í gildandi l. er mælt fyrir um að ríkissjóður og sveitarfélög greiði þennan kostnað sameiginlega. Hinn 15. febr. 1973 skipaði menntmrn. svo n. til þess að endurskoða lög nr. 68 frá 1966, um iðnfræðslu, og lög nr. 18 1971, um breyt. á þeim l. og átti þessi n. að skila frv. til nýrra iðnfræðslulaga fyrir árslok 1973. Í n. voru skipaðir Guðmundur Einarsson verkfræðingur, formaður, án tilnefningar, Haukur Eggertsson framkvæmdastjóri samkv. till. Félags ísl. iðnrekenda, Ólafur Pálsson húsasmíðameistari samkv. till. Landssambands iðnaðarmanna, Óskar Hallgrímsson bankastjóri án tilnefningar, Rúnar Bachmann iðnnemi samkv. till. Iðnnemasambands Íslands, Snorri Jónsson framkvæmdastjóri samkv. till. Alþýðusambands Íslands og Þór Sandholt skólastjóri samkv. till. Sambands iðnskóla á Íslandi.

Þegar í upphafi útvegaði rn. margs konar gögn sem hún bað um. Formaður n., Óskar Hallgrímsson formaður iðnfræðsluráðs og Óskar Guðmundsson framkvæmdastjóri iðnfræðsluráðs, en hann hefur unnið mikið fyrir og með n., fóru í kynnisferðir, sumir um Norðurlönd og sumir til Þýskalands, og formaður sat einnig ráðstefnu varðandi iðnfræðslumál á vegum Menningarmálaráðs Evrópuráðsins og efnt var til ráðstefnu um verkefni n. hér í Reykjavík.

Menntmrn. hefur við fjárlagagerð undanfarin ár farið fram á fjárveitingu til þess að ráða verkfræðinga í þjónustu sína til þess að sinna iðnfræðslumálum og þá m. a. endurskipulagningu iðnfræðslunnar í landinu. Fékkst lengi vel ekki fé til þessa en það hefur verið veitt og réð rn. Hákon Torfason verkfræðing í þjónustu sína á s. l. ári og hefur hann jafnframt starfað fyrir endurskoðunarnefnd iðnfræðslulaga síðan í haust.

Í menntmrn. hefur verið mynduð verk- og tæknimenntunardeild til þess að sinna sérstaklega verkmenntunarmálum, m. a. í framhaldi af setningu nýrra grunnskólalaga. Þá hefur rn. lagt áherslu á að hraðað yrði endurskoðun námsskrár fyrir iðnfræðsluna en það er starf sem iðnfræðsluráð á að hafa með höndum. Í fjárl.

þessa árs er varið 6 millj. kr. til námsskrárgerðar í verklegu námi fyrir iðnfræðslu- og fjölbrautaskóla. Menntmrn. hafði forgöngu um að skipuleggja starfið sem er mjög umfangsmikið því að viðurkenndar iðngreinar eru býsna margar, þær eru yfir 50 talsins. Verk þetta er nú hafið og er það unnið á vegum iðnfræðsluráðs í samstarfi við menntmrn. Á þessu ári verður einkum unnið að námsskrárgerð í málmiðnaðar-, byggingar- og rafiðnaðargreinum. Stefnt er að því að fyrstu drög að námsskránni í málm- og trésmíðagreinum og tréiðngreinum verði tilbúin næsta haust og kennt verði eftir þeim í fjölbrautaskólum í Breiðholti næsta skólaár. Þá er einnig stefnt að því að tilraunakennsla í iðnfræðsluskólum samkv. nýrri námsskrá geti hafist á næsta skólaári þótt í smáum stíl verði.

Iðnfræðslulög frá 1966 og 1971 eru að ýmsu leyti mjög erfið í framkvæmd og fyllilega tímabært að setja nýja löggjöf um þetta efni. Með iðnfræðslul. frá 1966 var ákveðið að iðnskólar skyldu vera einn í hverju kjördæmi landsins auk þeirra skóla sem þá störfuðu og höfðu minnst 60 nemendur er l. tóku gildi. Skólarnir eru kostaðir sameiginlega af ríkissjóði og sveitarfélögum eins og áður hefur komið fram. Verulegrar óánægju gætti sums staðar með staðsetningu skólanna og menn vildu ekki leggja niður gömlu iðnskólana sem voru að vísu mjög fámennir sumir, en menn hafa þrátt fyrir það kosið að halda þeim og hefur ekki verið talið fært annað en halda uppi iðnskólum víðar en l. gera ráð fyrir. Er þetta svo bæði á Austurlandi og Vesturlandi og raunar má segja um allt land. Með tilkomu fjölbrautaskóla, t. d. fjölbrautaskólans í Breiðholti, er ætlunin að verði iðnnámsbrautir og mun iðnnámið vafalaust færast í fjölbrautaform víða þegar fram líða stundir. En þá þarf einnig að tryggja að það iðnnám, sem fjölbrautaskólarnir veita, veiti nemendum sams konar réttindi og ef námið væri stundað í venjulegum iðnskóla. Sú breyting mun vafalaust verða að bóknám iðnskólanna færist í grunnskólana, en iðnskólarnir verði meiri sérfræðiskólar, meiri fagskólar, eftir en áður.

Það er sem sagt tvímælalaust mjög brýnt að endurskoða löggjöfina um iðnfræðslu og væntir rn. að sú n., sem situr og setið hefur nokkuð miklu lengur en gert var ráð fyrir í fyrstu að vera þyrfti, ljúki nú verkefni sínu þannig að unnt verði að leggja nýtt frv. um þetta efni fyrir Alþ. er það kemur saman í haust. Rn. skrifaði iðnfræðslunefnd 13. 6. 1974 um að hraða störfum og hefur nú alveg nýlega farið fram á að n. skili lagafrv. fyrir 1. ágúst n. k. þannig að unnt verði að ná því marki sem ég áðan nefndi. Endurskoðun löggjafarinnar og aukin verkmenntunarkennsla er áreiðanlega eitt af allra brýnustu verkefnum sem sinna þarf á næstunni.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir greinargóð svör við þessari fsp. og ég fagna því að það er markvisst, kannske hægt en markvisst, unnið að þessum málum og lagasetningar er að vænta innan skamms.

Hér er á ferðinni mjög stórt og mikilvægt mál. Það er alveg óumdeild nauðsyn aukinnar tækni- og verkþekkingar í landinu og það er brýn nauðsyn til þess að hún verði sem allra fyrst sett í það horf sem má kallast kannske nútímalegt, en sem alla vega er í senn í samræmi við vilja þeirra, sem veita slíka menntun, og þeirra, sem hennar æskja, enda hlýtur það að vera þeirra beggja hagur og ekki síst verður það hagur þeirra sem ávaxtanna eiga að njóta af verk- og tæknimenntun. Það er þess vegna sem ég vildi vænta þess að við sæjum sem fyrst niðurstöður af starfi þeirrar n. sem nú vinnur og ljóst er raunar af svörum hæstv. ráðh. að svo muni verða og að við getum þá innan allt of langs tíma gengið skrefi lengra í átt til þeirrar nýskipunar sem ég mundi vilja meina að kæmi út sem niðurstaða af starfi n. þeirrar sem hér var verið að spyrjast fyrir um og ég mundi einnig vilja ætla að mundi best þjóna hagsmunum þjóðarheildarinnar í þessu máli.

Bætur vegna snjóflóðs í Siglufirði, fsp. (þskj. 311). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fsp. þessi er fram borin vegna snjóflóða er urðu 19. des. s. l. í Siglufirði. Þá eyðilögðust tvö hús í snjóflóði. Í fyrstu voru vonir bundnar við það að Brunabótafélag Íslands mundi bæta það tjón, jafnvel þótt því væri það ekki beinlínis skylt að lögum, en daginn eftir, þegar hin miklu snjóflóð urðu í Neskaupstað, var sú von úr sögunni. Þá voru uppi vangaveltur um það, hvort Viðlagasjóður mundi ekki koma inn í og leysa þennan vanda, en með bréfi Viðlagasjóðs var ljóst að svo yrði ekki að sinni. Fjárhagsaðstoð frá Bjargráðasjóði var hins vegar bersýnilega ófullnægjandi miðað við núverandi reglur hans. Með allt þetta í huga var þessi fsp. fram borin, þ. e. a. s. hvort ríkisstj. mundi ekki gera ráðstafanir til þess að tryggja því fólki, sem ætti um sárt að binda, viðunandi bætur.

Síðan fsp. þessi var fram borin hefur ýmislegt gerst í máli þessu sem hefur skýrt það. Alþ. hefur fjallað um frv. sem var borið fram á Alþ. til lausnar vanda þeirra sem urðu fyrir tjóni í snjóflóðum í Neskaupstað, og í því frv. var heimild til þess að leysa einnig vanda annarra er svipað stæði á um. Ef gert er ráð fyrir því að stjórn Viðlagasjóðs noti þessa heimild má ætla að þeirri fsp., sem ég hef borið hér fram, sé þar með svarað. En að sjálfsögðu væri gott að fá staðfestingu hjá hæstv. forsrh. á því að lausn sé fengin. Þess vegna hef ég borið fram þessa fsp., hvort ríkisstj. muni ekki tryggja þessu fólki, sem hér um ræðir, viðunandi bætur.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í meðferð Alþ. breyttist frv. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Norðfirði og fjáröflun til Viðlagasjóðs á þann veg, eins og fram hefur komið hjá hv. fyrirspyrjanda, að inn í það voru sett svo hljóðandi ákvæði í stað upphaflegrar 6. gr.:

„Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt í samráði við

stjórn Bjargráðasjóðs að bæta tjón, sem orðið hafa af náttúruhamförum eða verða annars staðar á landinu.“

Á fundi stjórnar Viðlagasjóðs 15. apríl voru mál þessi til umr. og eftirfarandi var þar bókað:

„Stjórnin lýsir þeirri skoðun sinni í sambandi við 6. gr. l. um ráðstafanir vegna snjóflóða í Neskaupstað að því er varðar samskipti Viðlagasjóðs og Bjargráðasjóðs um fyrirgreiðslu vegna tjóna af náttúruhamförum, að Bjargráðasjóður starfi á sama hátt og hingað til, en Viðlagasjóður grípi aðeins inn í við meiri háttar tjón af völdum náttúruhamfara í líkingu við þau sem sjóðurinn hefur fengist við í Vestmannaeyjum og Neskaupstað.“

Viðræður fóru síðan fram milli Viðlagasjóðs og Bjargráðasjóðs um það hvernig best mundi staðið að verkaskiptingu milli sjóðanna vegna heimildarinnar í 6. gr. l. er ég gat um áðan. Á sameiginlegum fundi stjórna Viðlagasjóðs og Bjargráðasjóðs, sem haldinn var þriðjudaginn 22. apríl s. l., var rætt um þessa verkaskiptingu sjóðanna varðandi fyrirgreiðslu til þeirra sem verða fyrir tjónum af völdum náttúruhamfara, svo sem eldgosa, snjófljóða, skriðufalla, vatnsflóða og óveðurs. Eftir allítarlegar umræður var það álit fundarmanna að eðlilegast væri að verkaskipting sjóðanna færi eftir tjónaorsökum, þannig að Viðlagasjóður bætti eftir sínum reglum öll tjón, hvar sem þau verða í landinu, af völdum eldgosa og snjóflóða, en Bjargráðasjóður veitti fyrirgreiðslu vegna tjóna af völdum annarra náttúruhamfara, svo sem hann hefur gert hingað til.

Hjá Bjargráðasjóði munu nú liggja óafgreiddar umsóknir 28 aðila, einstaklinga og fyrirtækja, um fyrirgreiðslu vegna tjóna af náttúruhamförum, aðallega af völdum snjóflóða og hvassviðra sem orðið hafa á tímabilinu des. 1974 til febr. 1975. Þá hefur Viðlagasjóði borist eitt erindi þar sem farið er fram á bætur á grundvelli 6. gr. nýsettra laga. Í 25 tilvikum af þeim 28, sem nefnd voru, hafa farið fram matsgerðir. Tjón skv. matsgerðum nema samtals 16 848 738 kr. Ómetin eru tjón í Hnífsdal, á Siglufirði og í Fáskrúðsfirði sem ætla má að nema muni verulegum fjárhæðum.

Ekki er unnt að svara því afdráttarlaust á þessu stigi hvernig afgreiðslu einstakra bótakrafna verði háttað, en viðræður fara fram milli Viðlagasjóðs og Bjargráðasjóðs um það og væntanlega þá á grundvelli sameiginlegrar stefnuyfirlýsingar stjórna þessara sjóða.

Nýlega hefur verið gengið frá reglugerð vegna tjónanna í Neskaupstað, en það mál sat í fyrirrúmi. Verður áfram samhliða afgreiðslu þessara einstöku umsókna um tjónabætur unnið að mótun reglna er nauðsynlegt er að setja í tengslum við 6. gr. l. um Viðlagasjóð.

Þá vil ég láta þess getið, eins og raunar hv. þm. er kunnugt, að á vegum trmrn. hefur verið unnið að því að semja lög um allsherjartryggingu gegn náttúruhamförum og hefur frv. um þau efni, þ. e. a. s. um viðlagatryggingu eða viðlagatryggingasjóð, verið lagt fram hér á Alþ. og með því mótaðar nýjar framtíðarreglur um viðbrögð við stórtjónum á borð við þau sem fallið hafa undir Viðlagasjóð til þessa.

Fyrirspyrjandi (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svar hans. Ég skildi hann svo að stjórn Viðlagasjóðs hefði fallist á að bæta öll tjón af völdum snjóflóða. Þetta tel ég viðunandi svar og hef engu þar við að bæta.

Framhaldsnám hjúkrunarkvenna, fsp. (þskj. 358). — Ein umr.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég fylgi þá úr hlaði fsp. sem fyrr á þingi var lögð fram af Þórarni Þórarinssyni, en fsp. þessi er til hæstv. menntmrh. um framhaldsnám hjúkrunarkvenna og er 4. liður á þskj. 358 og hljóðar fsp. svo:

„Hvenær má vænta ráðstafana til að tryggja hjúkrunarkonum rétt til framhaldsnáms við Háskóla Íslands í hjúkrunarfræðum?“

Ég hefði kannske sjálfur orðað þessa fsp. eilítið öðruvísi, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, var skipuð n. til þess að semja reglugerð um námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands. Þessi n. var skipuð á árinu 1973 og mun hafa skilað áliti í des. s. l. og mun það álit vera til athugunar hjá læknadeild Háskóla Íslands. En mér kemur málið þannig fyrir að með óbreyttum inntökureglum í Háskóla Íslands muni ekki aðrir komast í þetta nám en þeir sem hafa stúdentspróf og að sjálfsögðu eru í þeim hópi einhverjar eða einhverjir sem hafa hvort tveggja lokið stúdentsprófi og einnig námi frá Hjúkrunarskóla Íslands, en þetta er raunar ekki nema lítill hluti þeirra sem brautskráðir eru frá þeim skóla. Jafnframt komast auðvitað í þetta nám þeir eða þær sem hafa stúdentsmenntun, og mér vitanlega er ekki gerð krafa til þess að stúdentar, sem þessa námsbraut velja sér, hafi endilega hjúkrunarmenntun frá Hjúkrunarskóla Íslands jafnframt. Ég hef út af fyrir sig ekkert við þetta að athuga.

Það er stórt mál og má um það deila hver skuli vera inntökuskilyrði í Háskóla Íslands, hvort þau eigi að vera ein og algild eða hvort þau eigi að vera eitthvað breytileg eftir því hvaða nám er valið, hversu vítt svið menn kjósa sér innan veggja þeirrar stofnunar. En auðvitað er þetta mál mikið áhugaefni hjúkrunarkonum og hjúkrunarmönnum sem vilja auðvitað í senn viðhalda og auka þekkingu sína og telja sig vera vel undir það búin með tilliti til náms í Hjúkrunarskóla Íslands og með tilliti til sinnar starfsreynslu enda þótt þessir aðilar uppfylli ekki skilyrði um inntöku í Háskóla Íslands eins og nú stendur. Áhugamál þessara hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna — og það er auðvitað langstærsti hluti þeirra sem ekki fullnægir inntökuskilyrðum í Háskólann — er að hafa aðstöðu til aukningar menntunar sinnar sem mundi jafnframt tryggja þeim að það kæmi ekki til eins konar yfirstétt, ef ég má nota það orð, innan þessarar greinar sem þó byggðist ekki endilega á umframreynslu og þekkingu í hjúkrunarstarfinu sjálfu. — Ég sé ekki ástæðu til að hafa þennan inngang lengri.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fsp. hv. 4. þm. Reykv. er á þessa leið:

„Hvenær má vænta ráðstafana til að tryggja

hjúkrunarkonum rétt til framhaldsnáms við Háskóla Íslands í hjúkrunarfræðum?“

Í tilefni af þessari fsp. vildi ég gera nokkra grein fyrir þessu máli og aðdraganda þess. Samkv. drögum að reglugerð, sem samin hefur verið fyrir námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands, er kennsluhlutverk námsbrautar tvíþætt: Í fyrsta lagi að annast kennslu í hjúkrunarfræðum til BS-prófs og í öðru lagi að annast framhaldsnám í hjúkrunarfræðum fyrir þá sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum hjúkrunarskóla. Í reglugerðardrögunum er gert ráð fyrir að framhaldsnám þetta fari fram í námskeiðum, en verði minnst eitt ár og skiptist á almennar undirstöðugreinar og eina sérgrein. Reglugerð hefur ekki enn verið staðfest fyrir námsbrautina, en fyrrgreind reglugerðardrög eru nú til meðferðar hjá Háskólanum.

Kennsla í hjúkrunarfræðum til BS-prófs hófst haustið 1973, fjögurra ára nám, 120 einingar. Í reglugerðardrögunum er einnig gert ráð fyrir að fólk, sem lokið hefur almennu hjúkrunarnámi, geti lokið BS-prófi í hjúkrunarfræðum. Munu nú tvær hjúkrunarkonur vera við nám í námsbrautinni. Um inngöngu í námsbraut í hjúkrunarfræðum gilda almennar innritunarreglur Háskóla Íslands. Samkv. háskólalögum er háskólaráði heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðru námi en stúdentsprófi hérlendis með þeim árangri sem sú deild, er í hlut á, mælir með að skapi hæfi til framhaldsnáms innan Háskólans. Á s. l. hausti var kannað hvort til greina kæmi að efna til sérstaks viðbótarnáms í einstökum greinum á menntaskólastigi fyrir hjúkrunarkonur, þannig að þær öðluðust rétt til inngöngu í námsbraut í hjúkrun við Háskólann og er það mál til athugunar hjá Háskólanum og taldi háskólaráð ekki ráðlegt að fara af stað með slíkt viðbótarnám á menntaskólastigi fyrir þá er lokið höfðu almennu hjúkrunarnámi fyrr en reglugerð fyrir námsbraut í hjúkrunarfræðum hefði verið sett. Jafnframt taldi háskólaráð að til greina kæmi að stofna til slíks náms síðar og féllst í meginatriðum á till. þær er svokölluð tengslanefnd, er komið var á fót innan Háskólans og fjallar m. a. um inntökuskilyrði einstakra námsbrauta Háskólans, gerði um þetta efni, m. a. með hliðsjón af þeim athugunum sem fram höfðu farið á vegum nefndar þeirrar sem samdi reglugerðardrögin fyrir námsbrautina um athugun á stöðu hjúkrunarfólks í skólakerfinu. Með tilliti til þessa taldi rn. ekki rétt að efna til sérstaks viðbótarnáms á menntaskólastigi fyrir hjúkrunarfólk að svo komnu máli.

Í sambandi við ákvörðun á fyrirkomulagi væntanlegs framhaldsnáms fyrir hjúkrunarfólk í námsbraut í hjúkrunarfræðum við Háskóla Íslands er nauðsynlegt að taka afstöðu til þess á hvern hátt hjúkrunarfólk geti aflað sér réttinda til innritunar í Háskólann, en tiltölulega fátt hjúkrunarfólk hefur slík réttindi eins og nú er. Rn. hefur frá upphafi lagt á það áherslu að myndaðir yrðu möguleikar á framhaldsnámi við Háskólann fyrir þá sem lokið hafa venjulegu hjúkrunarnámi. Í bréfi rn. frá 18. sept. 1973, þar sem samþ. var að hefja kennslu í hjúkrunarfræðum við Háskólann, var einnig sérstaklega óskað eftir að gerð yrði athugun á því með hverjum hætti væri unnt að veita þeim, sem lokið hefðu venjulegu hjúkrunarnámi, aðgang að framhaldsnámi á háskólastigi.

Ég vil svo að lokum taka fram að þess er nú að vænta að áður en langt um líður verði unnt að staðfesta reglugerð fyrir hjúkrunarnámsbrautina, en eins og tekið hefur verið fram eru í reglugerðardrögunum, eins og þau nú liggja fyrir og eru til meðferðar hjá Háskólanum, ákvæði um framhaldsnám í hjúkrunarfræðum.

Sverrir Bergmann: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans greinargóðu svör. Mér sýnist að við séum sammála um þann þátt þessa máls að nauðsynlegt sé að gefa hjúkrunarkonum og hjúkrunarmönnum kost á aðstöðu til þess að auka við menntun sína og við séum sammála um nauðsyn þess að finna heppilegar leiðir í því efni. Og ég vil treysta því, að að þessu verði markvisst unnið, og sé reyndar enga ástæðu til að ætla annað en svo verði gert. En það er rík ástæða til þess að mennta sem allra best hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn. Það er ekki bara vegna þess að góð og mikil menntun er alltaf æskileg, það er ekki síður vegna þess að við framkvæmd nýrra laga um heilbrigðisþjónustu hljóta æ fleiri störf að koma í hlut hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna. Það verður raunar lögð á þetta fólk æ meiri ábyrgð og það er svo í okkar nágrannalöndum að nú þegar vinna þessar heilbrigðisstéttir störf sem við höfum ekki enn þá talið fært að setja hér í hendur hjúkrunarmanna og hjúkrunarkvenna, en þessir aðilar mundu þó auðveldlega geta leyst af hendi ef til kæmi ögn meiri menntun, menntun sem í senn er framhaldsmenntun og einnig er aukin undirbúningsmenntun jafnvel áður en tiltekið nám í Hjúkrunarskóla Íslands.

Ég er alveg viss um það að góð framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu mun í reynd ekki hvað síst byggjast á því að vel menntað hjúkrunarfólk, konur og karlar, séu til staðar, og ég tel að þetta undirstriki nauðsyn þess að markvisst sé unnið að því og stuðlað að því að fyrir hendi séu möguleikar til frekari menntunar þessa fólks alls.

Afnotagjöld sjónvarps og hljóðvarps, fsp. (þskj. 407). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Fá mál hafa verið eins rækilega rædd austur á landi a. m. k. og sjónvarpsmálin og þau hafa borist hér inn í þingsalina og er næstum því að bera í bakkafullan lækinn að koma þeim að enn einu sinni. Þó benda nýgerðar samþykktir hreppsnefnda Egilsstaðahrepps og Reyðarfjarðarhrepps til þess að enn sé þörf vakandi umr. um málið yfirleitt, og nú nýverið fékk ég auk þess sérstaka beiðni frá bændum í Breiðdalshreppi um að koma sérstökum óskum þeirra á framfæri við rétta aðila.

En þegar sú fsp., sem hér um ræðir á þskj. 407 og fram er borin til hæstv. menntmrh., var lögð fram fyrir páska hafði ég aðeins óljósar

spurnir af því efni sem þær fjalla um, og satt að segja trúði ég þeim ekki allt of vel, svo sérstæð þótti mér sú innheimtuaðferð sem um er spurt og rétt þykir að fá svör hæstv. ráðh. um hvernig sé réttlætt og hvort eða hvernig hann hyggst bregðast við í málinu.

Af þessu fékk ég svo persónulega reynslu, og niðurlag hreppsnefndarsamþykktar þeirra Egilsstaðamanna fer í sömu átt. Leyfi ég mér að vitna til hennar hér orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hreppsnefnd Egilsstaðahrepps mótmælir harðlega að afnotagjöld fyrir útvarp og sjónvarp eru nú innheimt sameiginlega og menn látnir greiða fyrir útvarpstæki þó að eigandi sjónvarpstækis eigi ekkert útvarp."

Það eru því ýmsir fleiri en ég sem spyrja svipaðra spurninga nú og eru hér á þskj. 407, svo hljóðandi:

„1. Er það rétt, að innheimtudeild Ríkisútvarpsins innheimti sameiginlega gjald af sjónvarpi og hljóðvarpi, án tillits til þess, hvort viðkomandi á hljóðvarpstæki eða ekki?

2. Ef svo er, hvaðan kemur stofnuninni heimild til svo sérstæðrar innheimtu?

3. Mun ráðh. hafa afskipti af þessu máli og þá hver?"

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda og öllum hv. þm. er vafalaust ljóst er þessi spurning í raun og veru um túlkun á ákvæðum laga um innheimtu afnotagjalda útvarps. Á þessu stigi vil ég svara henni í einu lagi þannig: Ég hef rætt þetta atriði við lögfróða menn, en hef ekki enn þá fengið formlegt álit. Vitanlega ber hér að fara í einu og öllu að réttum lögum og verður þetta mál vandlega athugað og ákvarðanir teknar að því búnu.

Fyrirspyrjandi (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. skýr og greinargóð svör varðandi þessa fsp. Hvað það snertir að hann hafi leitað um þetta formlegrar umsagnar lögfræðinga skil ég mætavel að það þvælist fyrir þeim góðu mönnum, sem oft eru nú annars ekki í vandræðum með ýmsar skýringar og túlkanir, að útskýra þessa sérstæðu innheimtuaðferð. Ég verð aðeins að treysta því að þegar þetta álit liggur fyrir, sem ég hygg að muni verða heldur neikvætt fyrir þessa annars ágætu stofnun, þá muni hæstv. ráðh. sjá svo til að ekkert ranglæti verði í því máli framið.

Flutningur sjónvarps á leikhúsverkum, fsp. (þskj. 407). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 407, undir 2. tölul., hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. Þessar fsp. eru fyrir nokkuð löngu fram komnar og hafa verið á dagskrá nokkrum sinnum, en ekki unnist tími til þess að koma þeim að. Fsp. þessar eru í fjórum liðum og varða allar spurninguna um flutning sjónvarpsins á þeim leikhúsverkum sem kannske fyrst og fremst hafa verið flutt hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ég hygg að það muni allir vera um það sammála að þeir, sem áttu aðild að því frumkvæði að stofna til Þjóðleikhússins á sínum tíma, hafi verið með þær hugmyndir uppi að sem flestum þjóðfélagsþegnum gæfist kostur á að sjá þá list, sem þar er flutt, og með því að stuðla að aukinni listhneigð, ekki bara hér á höfuðborgarsvæðinu, heldur og víðs vegar í kringum landið.

Nú var það að sjálfsögðu svo á þeim tíma að ekki voru ýkjamiklir möguleikar til þess að koma slíku á framfæri við landsbyggðarfólk. Þetta breyttist að sjálfsögðu með tilkomu sjónvarpsins og hefði því mátt ætla með tilkomu þess fjölmiðils, sem kominn er þó svo víða sem raun ber vitni þó að hann nái ekki til allra landsmanna, að gerð hefði verið gangskör að því að sjónvarpið kæmi til móts við landsbyggðarfólk með þeim hætti að taka til sýninga hin ýmsu leikhúsverk sem verið hafa hér á höfuðborgarsvæðinu.

Spurningar mínar eru fyrst og fremst um þetta. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að lesa þær upp, þær eru prentaðar á þskj. 407, en þær snúast fyrst og fremst um þetta, með hverjum hætti úr þessu megi bæta og hvað hafi verið til þess gert að sjónarmiðum landsbyggðarfólks yrði betur sinnt í þessum efnum en gert hefur verið.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég held að það fari best á því að svara fsp. hv. 5. þm. Vestf. í einu lagi þótt hún sé í 4 töluliðum og vil ég gera það á þessa leið:

Sjónvarpið hefur kvikmyndað eða tekið á myndsegulband leikrit og leikritskafla af sviði Þjóðleikhússins og Iðnó. Slíkar upptökur af sviði eru mörgum tæknilegum örðugleikum háðar og eru alltaf lakari að gæðum en upptökur í sjónvarpssal. Nokkur leikrit hafa verið tekin í sjónvarpssal eftir að sýningum í leikhúsi hefur verið hætt. Leikrit sett á svið í leikhúsi eru ekki endilega gott sjónvarpsefni. Aðlögun leikhúsverka fyrir sjónvarpstöku getur verið allt að því jafnumfangsmikið og kostnaðarsamt verkefni eins og ný sviðsetning mundi vera. Hefur verið talið að íslenskri leiklist sé betur þjónað af sjónvarpsins hálfu með sjálfstæðu framlagi þess, einkum að því er varðar flutning frumsaminna innlendra verka, eins og höfuðáhersla hefur verið lögð á, heldur en ef leikritaflutningur þess yrði aðeins bergmál af starfsemi leikhúsanna í höfuðborginni.

Sjónvarpið á ekki enn nauðsynlegan tækjabúnað til beinna útsendinga frá stöðum utan sjónvarpshússins. Ekki er kleift að taka upp fyrir sjónvarpið á almennri leiksýningu, m. a. vegna þeirrar miklu lýsingar sem sjónvarpsupptaka krefst. Varla er líklegt að starfsemi leikhúsa væri greiði gerður með því að útvarpa sérhverju leikriti, en ekki hefur verið reynt að semja um slíkt af ástæðum sem þegar hafa verið greindar.

Varðandi vilja menntmrh. að beita sér fyrir betri dagskrá að því er varðar leikrit, spurningu í 3. tölul., þá vil ég láta þetta koma fram: Í haust beitti ég mér fyrir því að rétta við þann fjárhagslega halla sem orðinn var á rekstri út-

varpsins og nam 150 millj. kr. Ég minni á að verið er að ljúka við skoðun á rekstri útvarpsins með það fyrir augum að koma við meiri hagkvæmni og sparnaði heldur en til þessa. Í framhaldi af þessu vil ég segja það að ég vil beita mér fyrir því að útvarpinu og í þessu tilviki sjónvarpinu verði gert mögulegt að vanda enn betur dagskrá sína heldur en nú er, en það verður ekki gert að verulegu marki nema til komi meiri fjármunir. Jafnframt, eins og ég hef áður tekið fram í þessum ræðustól, hlýt ég að beita mér fyrir því að fjármagn verði útvegað til þess að treysta og ekki síst að ljúka við að koma sjónvarpinu áleiðis til allra landsmanna.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og þó kannske sérstaklega að því er varðar 3. liðinn. Ég var raunar ekkert í vafa um að hann væri þannig þenkjandi, hæstv. ráðh., að hann mundi vera til þess reiðubúinn að beita sér fyrir lagfæringu þessara mála. Ég þakka honum það, hann tók það sérstaklega fram hér.

Varðandi aðra liði svarsins er það að segja að ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki eins mikilum annmörkum háð og þar kom fram að taka upp leiksýningar á almennri sýningu eða t. d. á lokaæfingum. Ég er kannske ekki nógu kröfuharður, en mér fannst ekkert athugavert við það sem var sýnt s. l. laugardagskvöld og upp var tekið í tilefni af 25 ára afmæli Þjóðleikhússins, ýmis atriði úr verkum sem þar höfðu verið sýnd. Ég hygg að því fólki, sem ekki gefst kostur á að njóta slíks að staðaldri, eins og aðilum á því svæði sem við erum nú að tala um, mundi þykja mikill fengur í slíku af hálfu sjónvarpsins. Og einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að það muni frekar vera einhver önnur sjónarmið sem ráða bak við það að sjónvarpið hefur ekki sinnt þessu verkefni sem skyldi eða betur en raun ber vitni heldur en það séu nokkrir tæknilegir gallar á því að framkvæma slíkt. Ég a. m. k. er um það viss að fólk úti í dreifbýlinu mundi taka því með þökkum og virða það og meta ef sjónvarpið sinnti þessari skyldu sinni, sem ég tel vera, með því að gefa fólki kost á að nýta þessa möguleika þó að það yrði kannske ekki 100% uppfærsla eða sýning miðað við að sjá það hér á sviðinu. Ég dreg sem sagt í efa að það séu einhverjir annmarkar á slíku.

Hitt er sjálfsagt rétt hjá hæstv. ráðh., að ef sjónvarpið ætlar að setja upp leikhús eða sýningar á eigin vegum til þess að flytja sjónvarpsáhorfendum, þá kostar það auðvitað stórkostlega aukið fjármagn. Nægir t. d. að nefna hið margumtalaða og fræga verkefni Lénharð fógeta sem ekki er farið að sjá dagsins ljós enn, en að því að tjáð er á að kosta a. m. k. 20 millj. Ef sjónvarpið ætlar að fara út á þá braut eins og þar virðist hafa verið mörkuð, þá er enginn vafi á því að það kostar ekki tug millj., heldur hundruð millj. að sjá fyrir framkvæmdum af því tagi. Hitt er að ég tel ljóst eða a. m. k. hefur ekki verið fram á það sýnt að það sé ekki fært tæknilega séð að taka upp á leiksýningum til þess að sýna í sjónvarpi og miðla þannig landbyggðarfólki af þessum nægtabrunni þeirrar listar sem hér er flutt á höfuðborgarsvæðinu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Karvels Pálmasonar. Ég tel sjónvarpið einmitt réttan aðila til að koma þarna til móts við landsbyggðarfólk.

En ég vil minna á annað í þessu sambandi sem ég tel ekki þýðingarminna í raun. Ég hafði þegar í fyrra skrifað Jóni Þórarinssyni dagskrárstjóra listadeildar sjónvarpsins þar sem ég fór fram á það við hann að sjónvarpið annaðist kynningu á merkum listviðburðum úti á landsbyggðinni og hafði þá einkanlega leiklistina í huga. Dagskrárstjóri tók þessu mjög vel, en það hefur lítt orðið úr efndum og er ýmsu þar um að kenna að ég hygg, ekki aðeins vanefndum sjóvarpsins heldur einnig hlédrægni heimaaðila sem hafa ekki verið nógu duglegir að ota sínum tota og koma sínum sýningum á framfæri eða hluta úr þeim. En ég tel að þarna sé mjög mikilvægt verkefni fyrir sjónvarpið, að kynna einmitt það besta sem er að gerast í t. d. leiklist úti um landsbyggðina. Ég þekki það vel hug hæstv. ráðh. til þessarar starfsemi víða um land að ég treysti honum manna best til þess að ýta þar rösklega á eftir svo að þetta verði sem fyrst að raunveruleika.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Í tilefni af þessum umr. vildi ég aðeins upplýsa það sem mér er kunnugt um. Eftir hið umfangsmikla verkefni Lénharð fógeta og eftir þann kostnað sem af þeirri leikritagerð hlaust tók fráfarandi útvarpsráð ákvörðun í samráði við embættismenn þeirrar stofnunar, að taka ekki fleiri íslensk leikrit upp á því ári vegna fjárhagserfiðleika stofnunarinnar. Nú hefur hins vegar verið ákveðið af útvarpsráði að stefna að því að taka upp a. m. k. 6—7 íslensk leikrit á hverju ári, og nú þegar hafa verið ákveðin verkefni sem fram undan eru, þrjú verk nú þegar ákveðin sem tekin verða upp væntanlega á næstunni.

Ég get vel fallist á þau sjónarmið að sjónvarpið þjóni mikilvægum tilgangi í því að flytja list til fólks víða um land. En þá hefði ég haldið að það væri æskilegra að leikhúsin hér í Reykjavík gætu farið með sína hópa í ferðalög á hina ýmsu staði úti á landi þannig að fólk þar kæmist í bein tengsl við leikhúsið eins og það best er, en ekki á sjónvarpsskerminum. Þetta gæti farið saman, en ég held þó að það ætti að vera aðalreglan og ætti að stefna að því að leikhúsið færi með sína flokka í ferðalög um landið og með sín verk, en sjónvarpið og útvarpið ættu síðan að stuðla að því að vinna að því að sýna og flytja verk sem eru heppileg og vel til fallin að sýna og flytja í sjónvarpi og útvarpi. Ég er sannfærður um að ef að þessu verður unnið með dyggilegum hætti og með góðum stuðningi Alþ. og hæstv. ráðh. en einmitt vegna þess að allir eru sammála um að efla íslenska leikritagerð á þessum vettvangi þá gæti Alþ. og ríkisstj. unnið að því og stutt við bakið á Ríkisútvarpinu með því að auka fjárveitingar í þessu skyni til Ríkisútvarpsins.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Okkur er vafa-

laust öllum ljóst að þessi þáttur, þ. e. flutningur leikverka í útvarpi og sjónvarpi, er ákaflega þýðingarmikill. Hann er hins vegar töluvert háður sérstaklega tveimur þáttum, báðum þýðingarmiklum: Annars vegar getu íslenskrar kvikmyndagerðar, kunnáttu íslenskra kvikmyndagerðarmanna. Mér þykir vænt um að geta sagt frá því hér og ég vil láta það koma fram að ég hef í menntmrn. orðið áþreifanlega var við áhuga hjá því fólki sem nú er og oft af veikum mætti og við erfið skilyrði að starfa við kvikmyndagerð hér á landi. Það vill afla sér aukinnar þekkingar á þeim málum og það hefur verið reynt, þótt í smáu sé, af hálfu menntmrn. að styðja nokkuð við bakið á þessu fólki í þess viðleitni. Hins vegar er svo hinn stóri hlutur, peningarnir. Það kostar mikið að bæta hér um, því að þetta er nokkuð viðamikið dagskrárefni. Það eru auðvitað erfiðir tímar í fjármálunum nú, eins og allir vita og títt er um talað á Alþ. þessar vikur og mánuði vil ég segja því að þinghald og stjórnarathafnir hafa á þessum vetri mjög snúist um efnahagsmálin og þau vandræði sem þar steðja að þjóðinni. Hins vegar er á það að líta og ég held að hv. alþm. hljóti að vilja meta það mikils að þessi stofnun, útvarpið, er sú stofnun sem best þjónar öllu landinu, allri þjóðinni. Það er alveg óhætt að segja þetta umbúðalaust svo að hér má nokkru til kosta einmitt vegna þess.

Í sambandi við leikritaflutninginn, eins og hér hefur komið fram, koma þar til mörg fagleg og tæknileg atriði og það er einmitt mjög ákjósanlegt að saman fari og hjálpist að til að þoka þeim málum áleiðis áhugi manna eins og þeirra hv. þm. sem hér hafa talað um þessi mál annars vegar og svo hins vegar kunnátta og sérþekking starfsmanna útvarpsins.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hv. 11. þm. Reykv. sagði hér áðan, varaformaður útvarpsráðs að ég hygg. Hann sagði að það hefði verið ákveðið vegna mikils tilkostnaðar við Lénharð fógeta að sýna ekki fleiri slík verkefni á næstunni. Ég fagna hins vegar að sjálfsögðu þeirri ákvörðun útvarpsráðs að sýna 6—7 leikrit á ári á næstu árum. En manni verður hugsað til fjármögnunar á slíku fyrirtæki ef það á að gerast í svipuðu formi og t. d. Lénharður fógeti, ef hinir tæknilegu örðugleikar koma í veg fyrir að það sé gert frá leikhúsunum beint. Og þá hljóta menn að spyrja, með hverjum hætti útvarpsráð ætli að sjá svo til að þessari samþykkt verði framfylgt. En ég fagna því að sjálfsögðu að þetta eigi að gerast og einnig því að það muni verða 3—4 verk tekin upp á næstunni og sýnd, hafi ég skilið rétt.

Ég tek einnig undir það að mjög væri æskilegt að það væri meira um það af hálfu a. m. k. Þjóðleikhússins að sinna landsbyggðarfólki með þeim hætti að koma með leiksýningar út á land og fara í leikferðalög. Þetta hefur því miður verið í allmikilli lægð að undanförnu. En vonandi stendur það einnig til bóta eins og hitt, ef marka má orð hv. 11. þm. Reykv., varaformanns útvarpsráðs, að því er varðar leikritaflutning í sjónvarpi.

Aðild Íslands að háskóla Sameinuðu þjóðanna, fsp. (þskj. 464). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Blöndal): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. 464, tölul. 1, fsp. til menntmrh. um aðild Íslands að háskóla Sameinuðu þjóðanna og það er þá tvíþætt:

„1. Á hvaða stigi er könnun á aðild Íslands að háskóla Sameinuðu þjóðanna?

2. Við hvaða háskóladeildir hér eða rannsóknastofnanir getur samstarf helst komið til greina?“

Á 28. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var endanlega samþykkt stofnskrá háskóla Sameinuðu þjóðanna samkv. till. er meðhöndluð var í 2. nefnd allsherjarþingsins. Þar báru 13 þjóðir till. fram, flestar úr þriðja heiminum, en meðal þeirra voru 3 ríki úr Vestur-Evrópu: Austurríki, Ísland og Ítalía. Ákveðið var að aðalstöðvar háskólans skyldu vera í Japan. Ég vil með örfáum orðum skýra gerð þessarar merkilegu stofnunar sem allt of hljótt hefur verið um hér á Íslandi.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna er ekki hugsaður sem venjulegur háskóli fyrir stúdenta, heldur samfélag vísindamanna þar sem rannsóknir, þjálfun og þjónusta þyrpast saman og viðfangsefnin séu líf manna á jörðinni, þróun og velferð. En þetta eru einmitt þau viðfangsefni sem Sameinuðu þjóðirnar og stofnanir þeirra fást við. Háskólanum er ætlað að leggja sérstaka áherslu á þátttöku ungra háskólamanna og vísindamanna, einkanlega frá þróunarlöndunum.

Meginvandamálin, sem háskólinn á að fást við og mannkynið stendur nú frammi fyrir, eru þessi: Í fyrsta lagi viðhald mannlífs á jörðinni í ljósi umhverfisvandamála, efnahagslegar framfarir og velferð sem Sameinuðu þjóðunum og stofnunum þeirra ber að fást við og í þriðja lagi félags- og raunvísindi, hrein og hagnýt. Höfuðmarkmið rannsóknar- og þjálfunarmiðstöðvar háskólans á að vera að stuðla að vexti þróttmikilla akademiskra vísindalegra samfélaga sem reyni að bæta úr brýnustu þörfum þessara landa á vettvangi vísinda og þekkingar. Háskólinn á að vera til þess að kveðja atgervisflokka frá þróunarlöndum til iðnaðarlanda og með því rjúfa einangrun menntafólks á háskólavettvangi í þeim löndum. Hann á einnig að taka að sér þjálfun fólks sem hefur hug á að starfa að innlendri og alþjóðlegri tæknihjálp.

Af þessari upptalningu ætti að vera ljóst að stofnun þessa háskóla getur haft verulega þýðingu fyrir smáríki og þróunarlönd. Ísland er vissulega í þeirra hópi. Ákveðið er að háskólinn starfi í deildum víðs vegar um heim sem séu í tengslum við annaðhvort háskóla í viðkomandi landi eða sjálfstæðar rannsóknastofnanir. Þar á síðan að fá inngöngu fólk af ýmsum löndum sem innritað er í háskólann.

Ísland var ekki bara eitt af þeim 13 löndum sem stóðu að hinni endanlegu till. sem kvað á um stofnun háskóla Sameinuðu þjóðanna, heldur eitt þeirra 25 landa sem talin eru upp í skýrslu Waldheims framkvæmdastjóra og látið höfðu í ljós áhuga á að fá til sín deild úr háskólanum. Flest þeirra 25 lýstu þá þegar þeim sviðum sem þau höfðu hugsað deildum hjá sér

að starfa á. Hinn 28. sept. 1973, þegar skýrsla Waldheims er dagsett, lá ekkert fyrir frá Íslandi, hvaða verksvið það kysi sér innan háskóla Sameinuðu þjóðanna. Nú er kominn apríl 1975 og fyrir því er spurt um málið hér á hinu háa Alþ. í dag.

Það er rétt að nefna hér að með aðild að háskóla Sameinuðu þjóðanna er hægt að byrja með mjög lítinn hlut sem síðan má stækka eftir hentugleikum. Í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna var mér tjáð 1973, þegar málið var á dagskrá Allsherjarþingsins, að hugsanlegt væri að byrja með 5—10 þátttakendur. Það þarf sem sé ekki að reisa neina höll, heldur aðeins að búa örfáu fólki aðstöðu til að vinna þar sem kannske er þegar einhver aðstaða fyrir sem jafnvel er ekki fullnýtt. Auk þess opnar fyrsta grein a í VIII. kafla stofnskrár háskólans möguleika til þess að fá styrk, bæði stofnfjár- og rekstrarstyrk, frá sérstofnunum Sameinuðu þjóðanna. Þannig gefst t. d. möguleiki til þess að fá fjárstuðning frá Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna (UNP) til tækjakaupa.

Eðlilega kom mönnum í upphafi í hug að eðlilegt og sjálfsagt væri að Ísland kysi sér deild á vettvangi hafrannsókna. Á því er þó sá meinbugur að Malta bauð háskólanum deild við hina nýstofnuðu alþjóðlegu Hafrannsóknastofnun í Valetta. Næsti vettvangur, sem eðlilegt er að Ísland kysi sér, eru rannsóknir á nýtingu jarðvarma, en hjá Sameinuðu þjóðunum er mjög vaxandi áhugi á nýtingu þeirrar orkulindar. Mér er kunnugt um að yfirmaður auðlindadeildar Sameinuðu þjóðanna hefur mikinn áhuga á sem nánustu samstarfi við Íslendinga um nýtingu jarðvarma. Mér er einnig kunnugt um að hjá íslenskum vísindamönnum ríkir áhugi á vísindastofnunum, ríkir áhugi á að koma á samvinnu við háskóla Sameinuðu þjóðanna á þessum vettvangi. Stórátak í beislun jarðvarmans sem orkulindar er eitt af brýnustu verkefnum Íslendinga og viðurkennt af öllum. Þar geta íslenskir vísindamenn verið bæði veitendur og þiggjendur. Deild úr háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem hefði beislun jarðvarma að verkefni, opnaði möguleika á í fyrsta lagi að fá hingað til starfa um tíma fremstu menn erlendis frá og í öðru lagi að kenna mönnum frá þróunarlöndunum að nýta þessa orku, en innan Sameinuðu þjóðanna er góður grundvöllur fyrir slíku samstarfi. En stjórnvöld hér þurfa að gera meira en hugsa málið. Fyrir því er enn spurt hvað þau hafi ekki bara hugsað, heldur aðhafst.

Niðurstaða mín um aðild Íslands að háskóla Sameinuðu þjóðanna er svo samandregin þessi: Hún getur í fyrsta lagi verið Íslandi til mikils gagns, með henni getur Ísland í öðru lagi flutt út hugvit og þekkingu til uppbyggingarstarfs í þriðja heiminum og í þriðja lagi má gera þetta hvort tveggja fyrir tiltölulega lítið fé.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessari mjög svo áhugaverðu fsp. frá hv. 2. þm. Austf. vil ég leyfa mér að svara þannig:

Samkv. stofnskrá háskóla Sameinuðu þjóðanna, er samþykkt var á 28. Allsherjarþingi árið 1973, er skipulag hans þannig hugsað að starfsemin fari fram við vísinda- og kennslustofnanir víðs vegar um heim tengdar háskólanum með mismunandi hætti. Háskólanum er ætlað að sinna viðfangsefnum er miklu varða örlög, þróun og velferð mannkyns og er gert ráð fyrir að starfsemi hans beinist ekki síst að vandamálum hinna svonefndu þróunarlanda. Skipulag, verksvið og starfshættir stofnunarinnar eru enn mjög í mótun og sitthvað óljóst um hvernig þeim málum verði háttað í framkvæmd. Fjár til starfseminnar er ráðgert að afla með frjálsum framlögum aðildarríkja og annarra aðila. Háskólaráð skipað 24 fulltrúum hefur verið sett á laggirnar og rektor skipaður en það er núverandi rektor New York-háskóla. Ákveðið er að höfuðstöðvar háskóla Sameinuðu þjóðanna verði í Tokyo í Japan, en að öðru leyti er óákveðið hvar starfsemi háskólans fari fram, þ. e. hvaða stofnanir verði við hann tengdar. Hin ýmsu ríki og stofnanir hafa lýst áhuga á slíkum tengslum en af hálfu háskólans munu engar ákvarðanir um þau efni verða teknar fyrr en heildarstefna og starfsemi hans hefur verið mótuð frekar.

Varðandi fyrri lið fsp. skal þetta svo tekið fram sérstaklega: Af íslenskri hálfu var snemma lýst fylgi við hugmyndina um háskóla Sameinuðu þjóðanna og látinn í ljós áhugi á könnun möguleika á einhvers konar þátttöku Íslands í starfsemi hans. Var í því sambandi einkum rætt um rannsóknir varðandi auðlindir hafsins. Menntmrn. taldi nauðsynlegt, áður en tekin yrði ákvörðun um aðild Íslands að starfsemi háskólans, að fram færi skipuleg athugun málsins í ljósi fáanlegra upplýsinga um fyrirhugaða uppbyggingu og fjármögnun stofnunarinnar. Hefur rn. gengist fyrir myndun starfsnefndar í þessu skyni með fulltrúum þeirra rn. og stofnana sem málið varðar öðru fremur. Tilnefndir hafa verið fulltrúar í slíka samstarfsnefnd frá utanrrn., sjútvrn., Háskóla Íslands, Rannsóknaráði ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni og Framkvæmdastofnun ríkisins, en nefndarstörf eru ekki hafin.

Hins vegar er þess að geta að fyrir frumkvæði fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum hefur verið rædd nokkuð hugmynd um að stofnað yrði af íslenskri hálfu til frekari samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar á sviði jarðhitafræða og þá einmitt hugsanlega innan vébanda Sameinuðu þjóðanna. Í framhaldi af því var fulltrúi Íslands í auðlindanefnd Sameinuðu þjóðanna aðalfltm. að till. sem borin var fram á fundi n. í Tokyo um síðustu mánaðamót. Var þar bent á mikilvægi jarðhita sem orkugjafa og lagt til að því yrði beint til forráðamanna háskóla Sameinuðu þjóðanna að kanna möguleika á að sú stofnun beitti sér fyrir rannsókn og hagnýtri fræðslu á þessu sviði. Till. þessi var samþ. í auðlindanefndinni, en ákveðið að hún tæki auk jarðhita einnig til sólarorku.

Í 2. lið fsp. er spurt, við hvaða háskóladeildir eða rannsóknastofnanir íslenskar samstarf geti helst komið til greina. Af því, sem sagt hefur verið á undan, er ljóst að athugun þessara mála er allt of skammt komin til þess að unnt sé að segja nokkuð ákveðið um þetta atriði. Líkur benda þó til að eðlilegustu aðila um hugsanlegt samstarf við háskóla Sameinuðu þjóðanna af

íslenskri hálfu sé að leita meðal vísindastofnana á sviði haf- og fiskifræða og svo jarðhitarannsókna, eins og raunar kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda.

Þess skal að lokum getið að í embættismannanefnd um norrænt menningarmálasamstarf, sem í sæti eiga fulltrúar menntamálaráðuneyta frá Norðurlöndunum, hefur verið um það rætt að æskilegt væri að Norðurlandaríkin hefðu samráð sín í milli varðandi hugsanleg framlög til háskóla Sameinuðu þjóðanna og í hverri mynd þau yrðu látin í té. Var á þeim vettvangi nýlega skýrt frá því að sænska ríkisstj. hefði í fjárlagafrv. lagt til að Sviþjóð legði fram eina millj. sænskra kr. í stofnsjóð háskólans, en að öðru leyti er ekki kunnugt að Norðurlandaríki hafi tekið ákvörðun varðandi þátttöku sína í starfsemi stofnunarinnar eða framlög til hennar.

Þetta verð ég að láta nægja sem svör við fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans við þessari fsp. en ég sé það af þeim að málið er vissulega til umræðu og umfjöllunar í hans rn., en jafnframt er ljóst að það er langt í land að nokkrar ákvarðanir verði teknar. En það, sem ég vildi leggja áherslu á hér, er að ákvarðanir dragist ekki það lengi að við missum af strætisvagninum. Ég veit ekki, t. d. í sambandi við haf- og fiskirannsóknir, hvaða áhrif það kann að hafa að smáríki eins og Malta bauð þegar fram í upphafi aðild sinnar alþjóðlegu Hafrannsóknastofnunar að háskólanum, hvort það getur haft einhver áhrif á hugsanlega aðild Hafrannsóknastofnunarinnar hér. Þetta er mál sem verður sjálfsagt kannað. En höfuðatriðið er að halda þessu máli vel vakandi því að ég **held að það geti verið, eins og ég reyndi að setja** fram rök fyrir í grg., að þetta sé mál sem við getum haft mjög góðan hag af og geti líka verið þáttur í framlagi okkar til aðstoðar við þriðja heiminn.

Sameinað þing, 71. fundur.

Þriðjudaginn 29. apríl, að loknum 70. fundi.

Fjáraukalög 1972, frv. (þskj. 427). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það til fjáraukalaga fyrir árið 1972, sem hér liggur fyrir á þskj. 427, er samið af fjmrn. samkv. till. yfirskoðunarmanna Alþ. eins og fram kemur í aths. þeirra með ríkisreikningi fyrir árið 1972. Er hér sami háttur hafður á og áður. Leitað er heimilda fyrir öllum umframgjöldum og eins og frv. ber með sér nemur fjárhæðin samtals 1 milljarði 914 millj. 275 þús. kr.

Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1974 gerði forveri minn í embætti fjmrh. grein fyrir afkomu ríkissjóðs árið 1972 og jafnframt var lögð fram grg. ríkisbókhaldsins um afkomuna. Þar var nokkur grein gerð fyrir frávikum fjárlaga og reiknings og má vísa til þeirra skýringa.

Alþt. 1974. B. (96. löggjafarþing).

Fjárlög fyrir árið 1972 gerðu ráð fyrir gjöldum að fjárhæð 16 milljarðar 440 millj. 549 þús. kr. Gjöld Alþ. eru ekki meðtalin enda er ekki leitað heimilda fjárlaga fyrir þeim umframgjöldum. Sambærileg fjárhæð reiknings nam 18 milljörðum 263 millj. 787 þús. kr. eða 1 milljarði 823 millj. 238 þús. kr. umfram fjárlög. Sundurliðun fjáraukalaga miðast við hvert rn. og þar sem gjöld heilbr.- og trmrn. reyndust 91 millj. og 37 þús. kr. undir áætlun fjárlaga er samtala fjáraukalaga 1 milljarður 914 millj. 275 þús. kr.

Ef litið er á stærstu einstöku frávikin, kemur í ljós að ⅘ hlutar umframgjalda má rekja til eftirfarandi fjögurra þátta: Gjöld vegagerðar námu 629 millj. 623 þús. kr. umfram fjárlög. Gjöld vegna niðurgreiðslna á vöruverði námu 495 millj. 652 þús. kr. umfram fjárlög. Vaxtagjöld námu 238 millj. 457 þús. umfram fjárlög. Gjöld Landhelgisgæslu námu 195 millj. 239 þús. kr. umfram fjárlög. Þessir 4 liðir nema samtals 1 milljarði 558 millj. 971 þús. kr. Mismunurinn 355 millj. 304 þús. kr. greinist á ýmsa liði, þ. á m. eru 125 millj. kr. sem eru framlag til Landsvirkjunar sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögum.

Til nánari skýringar á framangreindum umframgjöldum að fjárhæð 1 milljarður 914 millj. kr. skal þess getið að verulegur hluti þeirra byggist á ýmsum lagaákvæðum, þ. á m. ákvæðum laga um ráðstöfun tiltekinna tekjustofna ríkisins í ákveðin verkefni, lántökuheimildum til umframgjalda á vissum sviðum og notkun heimildarákvæða fjárlaga. Í grg. ríkisbókhaldsins kemur fram að þegar tekið hefur verið tillit til þessara sérstæðu gjaldaheimilda eru umframgjöldin 844.4 millj. kr. á árinu 1972. Hins vegar er þörf á staðfestingu þessara aukafjárveitinga með fjáraukalögum.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Tekjustofnar sýslufélaga, þáltill. (þskj. 474). — Ein umr.

Flm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 474 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um aukna tekjustofna sýslufélaga. Till. þessa flyt ég ásamt hv. 3. þm. Vestf. Till. er þess efnis að Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að auka tekjur sýslufélaga svo að þeim verði gert kleift að sinna lögboðnu hlutverki og aðkallandi viðfangsefnum. Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgir ítarleg grg. — Svo sem kunnugt er geymir IV. kafli sveitarstjórnarlaga, nr. 58 frá 1961, almenn ákvæði um sýslufélög, réttindi þeirra og skyldur, tekjustofna og annað. Við teljum þessa till. mjög brýna og viljum að þessu málefni verði sinnt á því Alþ. sem nú situr.

Ég hef þessi orð ekki fleiri þar sem hv. meðflm. minn, 3. þm. Vestf., mun gera nánari grein fyrir þessu máli.

Jóhannes Árnason: Herra forseti. Till. sú til þál. á þskj. 474, sem ég hef leyft mér að flytja hér ásamt hv. 4. þm. Vesturl., er í því fólgin að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að auka tekjur sýslufélaga svo að þeim verði gert kleift að sinna lögboðnu hlutverki og aðkallandi viðfangsefnum. Hin aukna tekjuöflun, sem till. gerir ráð fyrir, beinist því aðallega að tvennu: Í fyrsta lagi að gera sýslufélögum kleift að sinna því hlutverki sem þeim hefur þegar verið falið samkv. gildandi lögum og í öðru lagi að gera þeim kleift að sinna ýmsum þeim verkefnum sem telja verður aðkallandi fyrir viðkomandi hérað og horfa til framfara og heilla fyrir íbúa þess.

Um hin lögboðnu verkefni sýslufélaga má vísa til 92. gr. sveitarstjórnarlaga og er gerð nánari grein fyrir því í grg. þeirri er till. fylgir. Kemur þar fram að sýslunefndir eigi að hafa eftirlit með fjármálum sveitarfélaganna, endurskoðun og úrskurðum ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja sem rekin eru á vegum hreppanna; enn fremur umsjón með því að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum gagnvart gildandi lögum og reglugerðum; enn fremur að annast umsjón og stjórn vegamála samkv. vegal. og sýsluvegasamþykktum. Þá eiga sýslunefndir að setja ýmsar reglugerðir og samþykktir er gilda fyrir allt umdæmið og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra, t. d. að því er varðar fjallskil og notkun afrétta. Sýslunefnd hefur afskipti af forðagæslu samkv. lögum um búfjárrækt og annast eftirlit með hundahaldi og greiðir hluta af kostnaði við eyðingu refa og minka. Sýslunefndir annast ráðningu ljósmæðra og greiða hluta af launum þeirra, tilnefna hreppstjóraefni, og auk þess er víða í lögum gert ráð fyrir aðild og afskiptum sýslunefnda af ýmsum málum á þann veg að því fylgja einhver útgjöld. En síðan segir svo í 92. gr. sveitarstjórnarlaga, að sýslunefndir láti uppi álitsgerðir um mál er varða einstaka hreppa og sýsluna, enda skal engu slíku máli til lykta ráðið fyrr en álitsgerðar sýslunefndar hefur verið leitað. Þá fara sýslunefndir með stjórn allra sveitarstjórnarmála er varða sýsluna í heild svo og till. um hvað eina er verða má sýslunni til gagns eða til að afstýra bjargarskorti eða hallæri.

Í þessum síðustu greinum segir býsna mikið eða það spannar yfir býsna mikið ef þær eru krufnar til mergjar. Auk hinna lögboðnu verkefna tel ég að sýslunefndum beri að hafa afskipti af framfaramálum er varða sýsluna í heild og heppilegt þykir að leysa sameiginlega fyrir viðkomandi svæði. Er hér um að ræða þá málaflokka sem hinar minni einingar er mynda sýslufélagið, þ. e. a. s. hrepparnir, geta ekki leyst einir út af fyrir sig af fjárhagslegum ástæðum þar sem ekki er grundvöllur fyrir viðkomandi starfsemi í þeim hreppi og ekki er heldur skynsamlegt af þjóðhagslegum ástæðum að leysa á þann veg. Kemur sýslunefndin þá fram sem nokkurs konar samnefnari fyrir þá hreppa sem eru á svæðinu og mynda sýslufélagið lögum samkvæmt. Þetta hafa fjölmargar sýslunefndir gert um langt árabil og hefur þetta fyrirkomulag yfirleitt gefið góða raun. Þeir málaflokkar, sem hér um ræðir, eru fyrst og fremst framkvæmdir sem ríkið og sveitarfélögin leysa sameiginlega samkv. lögum. Má þar nefna menntamál, skólabyggingar, sjúkrahús, læknisbústaði o. fl. á sviði heilbrigðismála, dvalarheimili aldraðra og jafnvel hafnarframkvæmdir og vatnsaflsvirkjanir. Enn fremur hafa sýslusjóðir átt þátt í lausn atvinnumála, beitt sér fyrir byggingu safnahúsa fyrir bókasöfn og fleiri söfn sem ætluð eru fyrir allt svæðið. Í sumum tilvikum hafa tvö sýslufélög eða fleiri eða sýsla og kaupstaður haft samstarf við lausn slíkra mála þar sem það hefur þótt við eiga. Þá hafa sýslusjóðir veitt fjárhagslegan stuðning til ýmiss konar menningar- og líknarmála í héraðinu, svo sem leiklistarstarfsemi, söngstarfsemi, íþrótta, skógræktar, náttúruverndar, kaupa á sjúkrabifreiðum og rekstrar þeirra og sömuleiðis snjóbifreiða. Svo mætti lengi telja, en þetta verður látið nægja.

Augljóst má vera að til að leysa þessi héraðsmál þurfa sýslusjóðir á verulegu fjármagni að halda og því er till. á þskj. 474 um auknar tekjur sýslufélaga, sem hér er til umr., flutt. Í 101. gr. sveitarstjórnarlaga segir að því, sem á vantar að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum, skuli jafnað niður á hreppana og er þá átt við hin svokölluðu sýslusjóðsgjöld. Samkv. því gera lög ráð fyrir að sýslufélög hafi aðra tekjustofna til að byggja á, en síðan á aðeins að jafna niður sýslusjóðsgjaldinu til að ná saman endum. Enda þótt nokkur sýslufélög kunni að hafa einhverjar aðrar tekjur þá er það svo í reynd að sýslusjóðsgjaldið er aðaltekjustofn flestra sýslufélaganna. Er þar um að ræða framlög hreppanna til að standa straum af hinum sameiginlegu útgjöldum og þeim er jafnað niður eftir ákveðnum reglum. Um sérstakan almennan tekjustofn sýslufélaga er ekki að ræða.

Í till. sjálfri er ekki bent á sérstaka leið til lausnar á þessu máli en í grg. er bent á hluta af söluskatti sem þá væri eðlilegast að gengi í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og skiptist á milli sýslufélaga eftir nánar ákveðnum reglum. Einnig mætti hugsa sér að Byggðasjóður kæmi þarna til greina og ákveðinni upphæð eða prósentu af ráðstöfunarfé sjóðsins yrði árlega ráðstafað til sýslufélaga til opinberra framkvæmda í héraðinu, enda yrði við skiptingu þess fjár á milli sýslufélaganna þess vandlega gætt að fénu yrði ráðstafað í samræmi við hlutverk Byggðasjóðs, en hlutverk Byggðasjóðs er einmitt að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Ég álít að það beri að líta á sýslufélögin sem umdæmi er heppilegt sé að leysi ákveðin verkefni sveitarstjórna og að þýðing þeirra muni fara vaxandi í framtíðinni. Í minum huga er efling sýslufélaganna fjárhagslega, svo sem rakið hefur verið, með hluta söluskatts eða framlagi úr Byggðasjóði, nema hvort tveggja kæmi til, því í sjálfu sér liður í byggðastefnu, tilfærsla á valdi, þ. e. valddreifing út í héruðin. Að minu áliti hlýtur meginkjarninn í sannri byggðastefnu að vera sá að dreifa valdinu í þjóðfélaginu út í héruðin til sveitarstjórnanna, enda fái þær jafnframt til umráða hæfilegt fjár-

magn til að leysa þau verkefni sem nauðsyn krefur og almannaheill í byggðum landsins kallar á miðað við aðstæður á hverjum stað og tíma.

Í framhaldi af þessu vil ég víkja nokkrum orðum að umdæmaskipan landsins með tilliti til sveitarstjórna sem stjórnvalda og byggðastefnu í því sambandi. Óþarft er að rekja sögulega hlið þessa máls. Öllum er kunnugt um langa sögu hreppa og sýslufélaga og á síðari áratugum kaupstaða í stjórnkerfinu. Ég tel að skortur á stækkun sveitarstjórnarumdæma og þéttbýlismyndun víðs vegar um landið hafi á liðnum ártugum í mörgum tilvikum staðið eðlilegri byggðaþróun fyrir þrifum. Það hefur skort hæfilega stór umdæmi er fengju umráð yfir nægilegu fjármagni til að leysa þau samfélagslegu mál sem leysa verður með sameiginlegu átaki úti á landsbyggðinni til að byggja þar upp undir stjórn heimaaðila.

En hvað er þá byggðastefna og hvernig verður hún best framkvæmd? Hér sem víðar er auðvitað spurning um leiðir að markmiði. Ég efast ekki um að þeir flokkar, sem standa að núv. stjórnarsamstarfi, vilji báðir vinna að framkvæmd byggðastefnu — enda yfirlýst í stjórnarsáttmálanum — til að koma í veg fyrir fólksflótta úr sveitum og þróttmiklum sjávarplássum og kaupstöðum úti á landi til höfuðborgarsvæðisins, enda virðist vera svo að það sjónarmið eigi stöðugt vaxandi fylgi að fagna með landsmönnum. Í byggðamálum á Íslandi þarf að gera stórátök á næstu árum. En hvaða leiðir á þá að fara? Er það t. d. rétt stefna að samþjappa valdi yfir öllu því fjármagni, sem verja á til framkvæmda byggðastefnu úti um land, í eina stofnun í höfuðborginni? Ég held varla. Þvert á móti tel ég að það eigi í framtíðinni að tengja þær aðgerðir, sem gera þarf í byggðamálum, héruðunum sjálfum meira en gert hefur verið með því að færa til stjórnvalda úti um landsbyggðina ráðstöfunarrétt yfir meira fjármagni í þágu byggðamála. Það þarf m. ö. o. að auka sjálfstjórnarrétt sveitarfélaganna í sambandi við þá málaflokka er lúta að byggðamálum eins og ég hef rakið hér að framan.

En nú kann einhver að spyrja: Hvers vegna að fara að efla sýslufélögin fjárhagslega nú svo sem þáltill. gerir ráð fyrir? Er ekki einfaldlega hægt að leggja allar sýslunefndir í landinu niður og fela landshlutasamtökum sveitarfélaga og hinum ýmsu rn. að annast verkefni þeirra? Ég vil leyfa mér að halda því fram að heppilegustu einingarnar í sveitarstjórnarmálum og héraðamálum, miðað við núverandi aðstæður, séu kaupstaðirnir og sýslurnar að því er varðar sameiginleg mál umdæmisins, sem fara stöðugt vaxandi, en síðan hefur hver hreppur auðvitað með sín staðbundnu mál að gera svo sem verið hefur. Kaupstaðirnir eru nú 19 með Reykjavík, sýslurnar eru 23 með rúmlega 200 hreppa innan sinna marka. Meðalíbúafjöldi í sýslum og kaupstöðum utan Reykjavíkur mun vera rúmlega 3000 íbúar. Í sumum tilvikum kemur til álita að sameina sýslufélög. Kemur þetta einkum til greina ef eitthvað yrði úr sameiningu hreppa og þar með fækkun þeirra, sbr. um það atriði lög frá 1970 um sameiningu sveitarfélaga. En sannleikurinn er bara sá að öll þróun í þessum efnum hlýtur að verða hægfara og eðlilegast er að frumkvæðið komi heiman að, en ekki samkv. valdboði ofan frá. En það er annað sem gera mætti og það er að gera sýslunefndirnar virkari og auka tengsl þeirra við hreppsnefndirnar. Í því sambandi finnst mér að til álita geti komið að oddvitar hreppanna eigi stöðu sinni samkvæmt sæti í sýslunefndinni auk fulltrúa sem kjörnir yrðu samkv. ákveðnum reglum þar sem tekið yrði tillit til stærðar þeirra hreppa er sýslufélagið mynda. Með þessu móti finnst mér að sýslunefndin komi fram, auk þess að vera stjórnvald, jafnframt sem nokkurs konar samstarfsnefnd hreppanna um sameiginleg málefni sín á hverju svæði.

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt. Ég vil aðeins að lokum leggja áherslu á mikilvægi þeirra mála sem ég hef gert hér að umtalsefni, þ. e. héraðamála og byggðamála, og framkvæmdar þeirra.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aldarafmæli landnáms íslendinga í Vesturheimi, þáltill. (þskj. 384). — Ein umr.

Svava Jakobsdóttir: Herra forseti. Sakir þess að hv. 1. flm. þessarar till. á ekki nú sæti á þingi, hef ég tekið að mér að fylgja till. úr hlaði. Till. er flutt af einum þm. úr hverjum þingflokkanna og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem á þessu ári er þess minnst að öld er liðin frá því að íslenskir landnemar tóku sér varanlega bólfestu í Vesturheimi, ályktar Alþ. að beina því til ríkisstj. að nú þegar verði skipuð þriggja manna nefnd til að gera um það till. til hennar á hvern hátt minnst verði aldarafmælis landnámsins af íslendinga hálfu, svo og um aukin tengsl hins íslenska þjóðarbrots vestanhafs við heimalandið.“ Þál. þessi er m. a. fram komin í tilefni af hinum ríka áhuga er fram kemur hjá vestur-íslendingum til að viðhalda íslensku þjóðerni og menningu og sterkum vilja þeirra til að efla þjóðernisleg tengsl hins íslenska þjóðarbrots við heimalandið.“

Till. þessi ætti ekki að þurfa mikinn rökstuðning því að engum blandast hugur um það að íslenskt landnám í fjarlægri heimsálfu er merkur atburður bæði í sögu íslendinga og þeirrar þjóðar er flestir landnemarnir gerðust þegnar hjá, kanadamanna.

Frá upphafi hafa verið sterk þjóðernistengsl milli landnemanna og afkomenda þeirra við heimaþjóðina. Þessi tengsl hafa tekið á sig mismunandi form eftir hinum mismunandi tímum, en e. t. v. hefur sjaldan verið jafnmikið um gagnkvæmar heimsóknir og nú, á síðari tímum sakir bættra samgangna. En allar götur frá upphafi landnáms hefur ýmis íslensk menningarstarfsemi þróast vestanhafs, t. d. bóka- og blaðaútgáfa á ensku og íslensku, og skemmst er að minnast stofnunar kennaraembættis í íslensku við háskólann í Winnipeg.

Full ástæða er til þess að íslendingar sýni vestur-íslendingum bróðurhug á þeim tímamótum sem nú ganga í garð. Slíkt mundi efla tengslin enn meir. Kemur ýmislegt til greina sem nauðsynlegt er að fjallað verði um og gerðar till. um hið allra fyrsta. Vestur-íslendingar sýndu íslendingum mikinn sóma og ræktarsemi á þjóðhátíðinni á s. l. ári. Er því ekki annað sæmandi en íslendingar endurgjaldi þá ræktarsemi á tímamótaári þeirra.

Í till. okkar er ekki tekið fram sérstaklega á hvern hátt íslendingar skuli sýna frændum sínum vestanhafs sóma af þessu tilefni. Þar kemur vitaskuld margt til greina, t. d. á sviði lista, skólamála og söguritunar. Það hefur að vísu komið út stórt verk sem heitir Saga íslendinga í Vesturheimi og var það mikið átak á sínum tíma. En þrátt fyrir það eru í þeirri sögu ýmsar eyður sem stafa einfaldlega af því að undirstöðurannsóknir í sagnfræðinni vantaði til þess að unnt væri að gera sögunni þau skil sem vert væri. Slíkt sögulegt verk um þá miklu þjóðflutninga, sem áttu sér stað, er bæði nauðsyn og væri einnig mikið menningarlegt framlag fyrir bæði heimamenn og íslendinga vestanhafs. Mér er kunnugt um að tveir ungir fræðimenn eru nú að vinna að rannsókn af þessu tagi eða vísi að slíkri sögu á vegum Sagnfræðistofnunarinnar og hafa þeir tekið fyrir viss héruð eða vissar sýslur. Persónulega teldi ég mjög mikilvægt að þessu verki yrði haldið áfram og það gert myndarlega úr garði. Það má einnig minna á það að árið 1930 kom út bók sem heitir Vestan um haf. Þar var úrval úr því sem íslendingar vestanhafs höfðu ort á íslensku. Mætti hugsa sér að slík bók kæmi út endurbætt í tilefni þessa árs. Slíkt verkefni er að vísu meira á þágu íslendinga sjálfra en vestur-íslendinga, en í því fælist ótvíræð viðurkenning á menningarframlagi landa okkar vestanhafs.

Ef litið er til skólamálanna, þá er árleg fjárveiting á fjárlögum til eflingar menningarsambands við vestur-íslendinga. Hún er að vísu ekki stór sú upphæð, hún var 90 þús. kr. í ár. Þetta framlag hefur verið notað fyrst og fremst til þess að styrkja námsmann til dvalar við Háskóla Íslands og eitthvað af því fé hefur einnig runnið til Þjóðræknisfélagsins. Þá hefur Alþ. íslendinga veitt 470 þús. kr. styrk til útgáfu Lögbergs og Heimskringlu og er því fé vissulega vel varið. Ef farið væri inn á það svið að efla tengslin í skólamálum eða á sviði fræðimennsku, þá vil ég sérstaklega benda á að mjög viðeigandi væri að athugað yrði hvort unnt væri að koma á sérstökum tengslum í sambandi við Stofnun Árna Magnússonar, þá stofnun sem geymir handritin okkar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa framsögu lengri, en ég vil vekja athygli á því sem raunar liggur í augum uppi að það þarf að hraða afgreiðslu þessa máls. Vil ég því biðja þá nefnd, sem fær mál þetta til athugunar, að gera það. Ég legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Viðgerð flugvéla á Keflavíkurflugvelli, þáltill. (þskj. 392). — Ein umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Á þskj. 392 hef ég leyft mér að flytja þáltill. um viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu flugvéla á Keflavíkurflugvelli, svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta athuga í samráði við Flugleiðir hf. og önnur flugfélög, er hagsmuna hafa að gæta, á hvern hátt hagkvæmast sé að koma upp aðstöðu til viðgerða og viðhalds flugvélum á Keflavíkurflugvelli.“

Með þessari þáltill. fylgir nokkuð löng grg. þar sem aðalatriði þessa máls eru rakin og sé ég því ekki mikla ástæðu til þess að fylgja henni úr hlaði með langri framsögu þó mig langi til þess að víkja að nokkrum atriðum lítillega.

Eins og hv. þm. vita er Keflavíkurflugvöllur eini alþjóðlegi flugvöllurinn sem við íslendingar eigum og hefur hann verið notaður í sambandi við flug yfir Atlantshafið, bæði af flugvélum íslendinga og flugvélum sem eru í eigu útlendinga. Menn hafa bundið nokkrar vonir við það að á Keflavíkurflugvelli gæti orðið vaxandi starfsemi í sambandi við flugið á þessari flugleið yfir Norður-Atlantshafið og þó að nú um sinn hafi orðið nokkur samdráttur í lendingum flugvéla á Keflavíkurflugvelli, eins og víða annars staðar, sem er afleiðing þeirra erfiðleika er flugið á við að stríða víða um heim, þá gera menn sér þó vonir um að í framtíðinni muni verða um vaxandi lendingar á Keflavíkurflugvelli að ræða sem gætu gefið verulegar tekjur í þjóðarbúið og veitt vaxandi atvinnu í sambandi við þessa starfsemi.

Eitt atriði, sem nauðsynlegt er að hrinda í framkvæmd í sambandi við rekstur Keflavíkurflugvallar ef nokkuð á að verða af þessum draumum sem ég var hér að rekja, er að koma þar upp viðgerðaraðstöðu sem nú er í algeru lágmarki þess sem þyrfti að vera. Till. þessi miðar fyrst og fremst að því að hið opinbera láti athuga í samráði við Flugleiðir hf. og önnur þau innlend flugfélög sem hagsmuna hafa að gæta í sambandi við þessa starfsemi hvernig best verði að þessum málum staðið því að allir þeir, sem eitthvað þekkja til þessara mála, vita að það þarf að marka einhverja stefnu í þessum málum sem fylgt verður svo að átökin í þessum málum verði samræmd og hnitmiðuð og við vitum að hvaða marki ber að keppa í þessum efnum.

Til viðbótar þessum almennu rökum fyrir því að það sé meira en tímabært að athuga hvernig að þessum málum skuli standa, þá bætist og það við að nú hefur verið yfirlýst að fyrir dyrum standi nokkuð miklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. M. a. hefur því verið lýst yfir af ráðamönnum að til standi að greina á milli hernaðarflugsins, sem rekið er þaðan, og þess venjulega farþegaflugs, sem hefur haft þar aðstöðu, og til standi að reisa nýja flugstöðvarbyggingu fyrir farþegaflugið og e. t. v. aðrar byggingar. Í sambandi við byggingu nýrrar flugstöðvar og aðstöðu í kringum hana er alveg nauðsynlegt að gera sér góða grein fyrir því

hvernig best verði unnið að því að byggja upp þessa viðgerðar- og viðhaldsaðstöðu sem tillgr. fjallar um.

Í öðru lagi er svo til viðbótar þessu að nefna það að í janúar s. l. brann viðgerðarflugskýli Flugfélags Íslands á Reykjavíkurflugvelli til grunna og sú starfsemi, sem þar var innt af hendi í þágu innlenda farþegaflugsins og raunar erlenda líka, hefur búið við mjög slæm skilyrði og verið nánast á hrakhólum. Úr þessu þarf að bæta og þá kemur að sjálfsögðu upp í hugann hvort ekki sé eðlilegast að þessi aðstaða, viðgerðaraðstaða og viðhaldsaðstaða fyrir íslenskar flugvélar, sé best komin á einum og sama stað, þ. e. a. s. suður á Keflavíkurflugvelli. Það er a. m. k. álit mitt að svo sé, og ég þori að fullyrða að það er álit margra þeirra sem unnið hafa að fluginu og best þekkja til þessara mála.

Eina ástæðu til viðbótar vil ég nefna enn þá, en hún er sú að við höfum starfandi í landinu Flugvirkjafélag Íslands sem í munu vera 170—180 lærðir flugvirkjar. Þar af munu um 100 hafa starfað í flugskýlinu á Reykjavíkurflugvelli sem brann í janúar eins og ég vék að. Þó að sumir þessara flugvirkja hafi fengið einhverja vinnu annars staðar og vinni áfram að viðgerðum og viðhaldi Flugfélagsvélanna í því húsnæði sem félagið hefur fengið á Keflavíkurflugvelli og hjá Landhelgisgæslunni, þá er staðreyndin þó sú að innan þessarar stéttar er nú, eftir því sem mér er tjáð, um verulegt atvinnuleysi að ræða sem okkur er að sjálfsögðu metnaðarmál og nauðsynlegt frá þjóðfélagslegum hagsmunum skoðað að reyna að vinna bug á. Til þess að svo verði þarf að skapa þessari mikilvægu starfsemi í sambandi við flugið þá aðstöðu sem til frambúðar sé.

Ég vil þá að síðustu aðeins geta þess að í sambandi við viðgerð og viðhald íslenskra flugvéla er um talsvert mikla gjaldeyriseyðslu að ræða. Ég hef birt með þáltill. yfirlit yfir viðhaldskostnað Loftleiða og Flugfélags Íslands á árinu 1971—1974 sem sýnir þetta vel og skal ekki teygja tímann með því að lesa það upp frá ári til árs, nema ég vil geta þess að það er mjög eftirtektarvert hversu innlendur kostnaður við þessa viðhaldsstarfsemi er misjafn hjá þessum tveimur flugfélögum. Af upplýsingum, sem ég hef aflað mér, sést að á þessum árum, 1971—1974, er aðeins um 7% af viðhaldskostnaði flugvéla þeirra, sem eru í eigu Loftleiða, hér innanlands, þ. e. a. s. að 93% hans eru til fallandi erlendis. En hjá Flugfélagi Íslands er viðhaldskostnaðurinn á þeirra vélum um 67% innanlands, en ekki nema 33% erlendis. Þegar menn hafa þetta í huga og líta á þær tölur sem birtar eru um viðhaldskostnaðinn þessi 4 ár, þá sjá þeir að hér er um verulegt gjaldeyrisatriði að tefla fyrir Íslendinga og þegar af þeirri ástæðu sérstök ástæða til þess að íhuga þessi mál alvarlega og reyna að taka þau föstum tökum í byrjun.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fara fleiri orðum um þessa þáltill. Ég legg því til að umr. verði frestað og þáltill. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjölþjóðlegar ráðstefnur hér á landi, þáltill. (þskj. 397). — Ein umr.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Þar sem 1. flm. till. þeirrar, sem hér er til umræðu, situr ekki lengur á þingi, þá fylgi ég málinu úr hlaði.

Í umr. hér á landi um hina heföbundnu atvinnugrein okkar og útflutningsmál þeirra gleymist það stundum að það er fleiri kosta völ í sölumálum okkar Íslendinga en að framleiða ýmiss konar vörur hér og flytja þær út til neyslu á erlendum mörkuðum. Það getur líka verið álitlegur atvinnuvegur að flytja eitthvað af hinum erlendu neytendum hingað til landsins með íslenskum samgöngutækjum, fá þá til að nema hér staðar um stund þannig að þeir neyti ýmiss konar þjónustu hér á landi sem er svo margvísleg að ekki skal upp talið. Ekki síst á erfiðleikatímum í sölu- og markaðsmálum og þegar þjóðarbúið hefur orðið fyrir áföllum á hinum alþjóðlegu viðskiptamörkuðum okkar er brýn þörf á því að leitað sé allra tiltækra ráða til að styrkja stöðu þess með því að auka fjölbreytni atvinnuveganna.

Í hinum vestræna heimi hefur engin atvinnugrein þróast jafnhratt á undanförnum árum og ferðamál og ferðaþjónusta í víðasta skilningi þess orðs. Nær þessi starfsemi yfir fjölmarga þætti samgöngumála, starfsemi hótela og veitingahúsa, sölu matvæla og til margvíslegrar þjónustu sem þessari atvinnugrein fylgir. Sá þáttur þessarar atvinnugreinar, sem e. t. v. hefur náð örari vexti en flestir aðrir þættir, er svokölluð ráðstefnuþjónusta og valda því margar ástæður. Jafnframt er ljóst að arðsemi þessarar greinar er meiri en annarra þátta ferðamálastarfsemi og skal það nokkru nánar skýrt.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á þessu máli, bæði af íslenskum og erlendum sérfræðingum, og liggja ýmsar upplýsingar fyrir í samgrn. Könnun þessara mála í heild, ákvarðanataka og mörkun heildarstefnu í ferðamálum tekur vafalaust nokkurn tíma. Hins vegar má koma ýmsum þáttum í framkvæmd með skipulegum aðgerðum og viljayfirlýsingum hins opinbera. En till. þessi er fram komin í von um að þeim þáttum verði þegar sinnt.

Það þarf ekki að eyða að því mörgum orðum að hvers kyns ráðstefnuhald hefur mjög aukist á undangengnum áratugum vegna vaxandi samskipta þjóða og bættra samgangna. Við athugun, sem gerð hefur verið á þessum málum, hefur komið í ljós að hartnær helmingur alþjóðlegra ráðstefna hefur verið með innan við 100 þátttakendur. Eru þetta athyglisverðar upplýsingar fyrir okkur sem höfum ekki tök á því að hýsa mjög stórar ráðstefnur. En þessu til viðbótar kemur í ljós að upp undir 40% af ráðstefnunum höfðu 100—500 þátttakendur. Þannig er ljóst að langmestur hluti ráðstefnanna er sóttur af færri en 500 gestum. Þar af leiðandi má ætla að Íslendingar réðu nú við móttöku þátttakenda flestra þeirra alþjóðlegra ráðstefna sem haldnar eru.

Í grg. með þáltill. er rakið hve mikið fé má gera ráð fyrir að ráðstefnugestir skilji eftir, og er það samdóma álit sérfræðinga að lönd þau, sem hýsa ráðstefnur, fái meiri tekjur af hverjum þátttakenda en af hinum almenna ferðamanni.

Þá hefur einnig verið á það bent að unnt ætti að vera að lengja nokkuð ferðamannatímann og tryggja þannig gistihúsum og öðrum, sem við ferðamál fást, sæmilegar tekjur lengri tíma á ári hverju en verið hefur með því að leitast við að halda ráðstefnur á öðrum tímum en yfir hásumarið. Ljóst er einnig að lega landsins er með þeim hætti að vel hentar að hittast hér þegar ráðstefnugestir eru bæði frá Evrópulöndum og Ameríku. Og þótt veðrátta geti hér verið rysjótt að vetrarlagi, þá er loftslag hér þó ekki kaldara en í öðrum norðlægum löndum á veturna.

Flm. telja að ekki hafi nægilega verið unnið að því að reka áróður og kynningarstarfsemi þar sem á þessar staðreyndir væri bent, en eðlilegt verður að telja að íslensku sendiráðin annist slíka upplýsingastarfsemi samhliða því sem íslenskir þátttakendur í fjölþjóðlegum ráðstefnum beini athygli annarra þátttakenda að Íslandi og vinni að því að við fáum hingað til lands eðlilegan skerf af ráðstefnum sem haldnar eru á vegum opinberra aðila. En þar að auki ber að sjálfsögðu að keppa að því að einkaaðilar á sviði viðskipta og margháttaðrar félagsstarfsemi hafi aðgang að upplýsingum um þá aðstöðu, sem hér er þegar fyrir hendi til ráðstefnuhalds, og verði hvattir til að beina sjónum sínum að Íslandi þegar þeir skipuleggja slíka starfsemi.

Flutningur till. þessarar miðar að því að vekja athygli á mikilvægi þessa máls og ýta undir aðgerðir af hálfu hins opinbera og raunar líka einkaaðila, enda ekki óeðlilegt að ríkisstj. beinlínis fæli fulltrúum á hinum ýmsu fjölþjóðlegu ráðstefnum og í alþjóðasamtökum að beita sér fyrir því að ráðstefnur séu hér haldnar ekki síður en í öðrum þátttökulöndum. Er það von flm. að slík upplýsingastarfsemi geti borið verulegan árangur, en hún hefur litinn sem engan kostnað í för með sér. En samhliða yrðu kannaðar aðrar leiðir til þess að efla þessa starfrækslu hérlendis.

Ég legg svo til að máli þessu verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþingismenn gegni ekki fastlaunuðum störfum, þáltill (þskj 442). — Ein umr.

Flm. (Sigurður Blöndal): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 7. landsk. þm. flutt á þskj. 472 till. til þál. um að alþm. gegni ekki öðrum fastlaunuðum störfum í opinberri þjónustu — sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa lög og reglur sem feli í sér að alþm. sitji ekki í fastlaunuðum embættum eða störfum á vegum hins opinbera.“

Hér er enn á ný flutt mál sem við þessir sömu fluttum á árinu 1972 og varðar þrjú meginatriði: Í fyrsta lagi nýtingu starfskrafta alþm., í öðru lagi fordæmi fyrir alla opinbera þjónustustarfsemi um það að sinna skyldunni og rækja af samviskusemi það starf, sem þeir eru launaðir til, og í þriðja lagi mál, sem varðar virðingu Alþingis.

Árið 1971 urðu verulegar breytingar á launakjörum alþm. Laun þeirra hækkuðu svo mikið að þeir eru nú launaðir eins og ýmsir þeir embættismenn þjóðarinnar sem gegna hinum ábyrgðarmestu störfum. Breytingin fól í sér viðurkenningu á því að þingmennska væri starf sem launa bæri sómasamlega, enda er það skoðun, sem ýmsir reyndustu þm. hafa haldið fram, að starfið á Alþ. og sambandið við kjósendur í kjördæmunum sé orðið svo umfangsmikið að meira verði ekki af mönnum krafist ef leysa eigi það bærilega af hendi.

Þótt þetta tvennt, sjálf launakjör þm. og matið á starfi þeirra, hafi breyst, er annað óbreytt. Opinberir starfsmenn og embættismenn geta eftir sem áður gegnt störfum sínum í orði kveðnu og tekið fyrir allt að 60% launa og aldrei minna en 30% af launum. Augljóst er að þessi skipan mála er ekki sæmandi. Menn gegna ekki tveimur ábyrgðarmiklum störfum, sem þeir taka fyrir laun þótt skert séu, með fullum afköstum.

Mér er ákaflega minnisstætt þegar ég sat sem þingskrifari í þessum sal fyrir 29 árum við borð sem þá var á sama stað og ræðupúltið sem ég stend nú á og skrifaði upp ræðu sem Gísli heitinn Jónsson, þáv. formaður fjvn., var að halda og lét svipu vandlætingar sinnar ganga á þeim opinberu starfsmönnum, þeirra á meðal alþm., sem voru að vasast í alls konar störfum sem þeir tækju full laun fyrir á hverjum stað með þeim afleiðingum að öll störfin yrðu meira og minna kák. Við 2. umr. fjárl. fyrir árið 1946 komst Gísli Jónsson svo að orði með leyfi hæstv. foresta:

„Hæstv. fjmrh. hélt því fram — og það er eitt af því sem ég vil ekki láta mótmælalaust — að sú lækkun, sem fjvn. hefur gert á mörgum liðum, væri sjálfsblekking. Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa gert sér það ljóst að fjvn. hefur lækkað útgjaldaliðina um 2 millj. kr. og það verður að skera einhvers staðar niður til þess að ná þeim árangri. Vil ég í því atriði benda á stórt atriði: Það er ein stofnun hér í bæ sem rekin er algerlega á ríkisins kostnað. 4 hæstlaunuðu menn þeirrar stofnunar taka full laun fyrir utan þessa stofnun og eru það svo há laun að þeir eru með allra hæst launuðu mönnum í landinu. Ég verð að segja það að það er full ástæða til þess að athuga hvort það sé nokkur nauðsyn fyrir ríkissjóð að styrkja þessa stofnun að því leyti sem halda þarf uppi fjórum dýrum starfskröftum, því að ef þeir hafa tíma til þess að vinna á fullum launum annars staðar, þá hafa þeir naumast tíma til þess að vinna á fullum launum hjá þessari stofnun og væri þá full ástæða til þess að draga þar úr fullum launum þeirra. Mér er það ljóst að þar sem reynt hefur verið að spara, hlýtur það að valda einhverjum sársauka. Ég hef ekki haft frið síðan nál. kom út um að það mætti ekki lækka eða fella niður þetta eða hitt. Menn hafa staðið hér stundum á göngunum niðurdregnir og hálfgrátandi út af því, hvers vegna liðir þeim viðkomandi hafi verið lækkaðir eða felldir niður. En það er ekki af því að fjvn. vilji vera með neinar persónulegar árásir á þessa menn sem hún hefur lækkað eða fellt niður liði þeim viðkomandi heldur vill fjvn. undirstrika það að eftir að búið er að veita mönnum sæmileg lífskjör, þá á að heimta af þeim vinnu. Menn geta tekið hér fjórföld laun hjá ríkinu án þess að gera skyldu sína, og væri gaman að sjá lista yfir þá menn sem hafa a. m. k.

80—90 þús. kr. kaup frá ríkinu frá a. m. k. 4—5 stofnunum. Ef það á að halda svona áfram á þeirri braut, þá er niðurskurðurinn blekking. En ef það er gert að veruleika að takmarka laun þessara manna, þá þarf niðurskurðurinn ekki að vera blekking.“

Hér lýkur þessari tilvitnun í ræðu Gísla heitins Jónssonar.

Starfið á Alþ., sem hið nýja launakerfi viðurkennir að sé fullt starf, eða hið opinbera þjónustustarf eða embættisverk hlýtur að líða fyrir þetta fyrirkomulag nema hvort tveggja gjaldi þess. Mörg dæmi mætti nefna sem sanna að störf á Alþ. hafi tafist af því að þm. var önnum kafinn í hinu starfi sínu einhvers staðar í borginni. Alþ. er hér sjálft að leggja blessun sína yfir slæm vinnubrögð í hinum þýðingarmeiri störfum. Það er alkunna að sumir hv. alþm. gegna einmitt mjög háum ábyrgðarstöðum í opinberri þjónustu. Það er að sjálfsögðu óskiljanlegt, meira að segja slíkum dugnaðarforki eins og Gísli heitinn Jónsson var, hvernig þeir fá rækt slíkt með sæmd samhliða þingmannsstarfi sem nú krefst fullkomins vinnudags og raunar miklu meira en það, svo sem hv. formaður þingfararkaupsnefndar lýsti á áhrifamikinn hátt fyrir alþjóð í minnisstæðum sjónvarpsþætti í vetur, og lét hann þó ógert að lýsa hve langur vinnudagurinn yrði þegar ofan á bættist að gegna þó ekki væri nema 60% af skyldu við eitt meiri háttar starf fyrir ríkið. Sjálfur hefði hann trúlega getað gefið slíka lýsingu. Það er auðvitað ljóst að þessi háttur eykur eigi virðingu löggjafarsamkomunnar. Hann á einmitt þátt í því hvernig hún hefur rýrnað.

Sú spurning kann að vakna hvort sú skipan, sem till. felur í sér, kunni ekki að leiða til þess að menn í opinberri þjónustu fælist frá því að gefa kost á sér til þingmennsku. Ég held að allir séu sammála um að til þess mætti ekki koma. Það verður að telja eðlilegt og raunar sjálfsagt að þessir menn haldi fyrri störfum sínum formlega og geti tekið til við þau að þingsetu lokinni og þeim sé jafnvel að öðrum kosti gefin einhver trygging fyrir því að fá a. m. k. sambærilega launuð opinber störf og þeir áður gegndu. Við teljum þó að tvær undantekningar ættu að vera frá þessu: Dómarar og bankastjórar, sem bjóða sig fram til Alþ., ættu að segja starfi sínu lausu. Við teljum ekki hæfa að menn í þessum tveimur störfum taki þátt í kosningabaráttu. Óhjákvæmilegt væri þó að setja tímatakmörk á það hve lengi mætti geyma opinbert starf fyrir alþm. Stysti tíminn væri eitt kjörtímabil sennilega og trúlega væri lengsti tími tvö. Þetta er auðvitað matsatriði.

Í nánum tengslum við þetta mál er staða ráðh. sem jafnframt eru alþm. Enda þótt þeir haldi óskertu þingfararkaupi auk ráðherralauna, taka þeir ekki þátt í nefndastörfum á Alþ. sem vissulega eru gildur þáttur þingmennskunnar. Það er skoðun flm. að íslendingar ættu að taka upp þann hátt sem á er hafður í Noregi, að ráðh. víki úr þingsæti, en varamaður taki sæti meðan ráðherradómur hans stendur. En auðvitað verður ráðh. eftir sem áður að hafa rétt til að sitja á þingfundi og taka þátt í umr. eftir því sem hann telur þörf á og sú skipan er einnig höfð á í norska Stórþinginu. Þessi breyting á skipan *mála gæti líka réttlætt endurskoðun á launakjörum ráðh.* sem vitaskuld eiga að hafa hin hæstu laun svo sem ábyrgð starfsins og erfiði gefa tilefni til.

Loks viljum við vekja athygli á einu atriði í sambandi við störf alþm. Um leið og þetta er orðið heils árs starf, þá er ástæða til að nýta starfskrafta þeirra betur en gert hefur verið og stuðla jafnframt að því að þeir geti rækt þau af meira innsæi en verið hefur til þessa. Hér höfum við í huga þann hátt sem tíðkaður er víða um lönd að fastanefndir löggjafarþings starfi í þinghléum, m. a. með því að fara á vettvang víðs vegar um landið til þess að kynnast af eigin raun þeim málum og viðfangsefnum sem þær eiga að fjalla um. Þetta gæti líka verið gagnlegt til þess að vega upp á móti því sérfræðingaveldi sem ýmsir hafa haft áhyggjur af í seinni tíð. Í nýjum vinnubrögðum þm. af þessu tagi fælist sú grundvallarbreyting á starfi fastanefnda Alþ. að þær ættu sjálfar frumkvæði að málum í stað þess, sem tíðkast hefur, að þær taki aðallega við því sem að þeim er rétt. Að okkar hyggju mundi sú skipan mála, sem við höfum hér hreyft, stuðla að aukinni virðingu Alþ. og enn fremur hinu, að löggjafarsamkoman beri betur nafn með rentu en fyrr.

Ég legg til að málinu verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afnotaréttur þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum, þáltill. (þskj. 457). — Ein umr.

Flm. (Eyjólfur K. Jónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., var flutt á síðasta þingi seint og varð ekki útrædd. Þá voru uppi talsverðar umr. um eignar- og afnotarétt af fasteignum, landi og öðrum landgæðum, eins og líka hafa verið á þessu þingi og raunar nú um nokkurra ára skeið. Till. er nú flutt af þm. úr öllum þingflokkum og hún miðar að því að mati flm. að sætta þessi sjónarmið eða a. m. k. svo, að þeir, sem hafa mjög misjöfn sjónarmið í þessu efni, telja allir að þessi háttur, sem hér er til lagður, mundi þó í öllu falli til bóta verða.

Till. miðar að því að allir þeir, sem í þéttbýli búa, eigi þess kost að hafa til umráða landskika sem er í eigu ríkisins, en þeir hefðu samt af ótakmarkaðan afnotarétt svipað og er með leigulóðir í þéttbýli, en afnotaréttur þeirra samsvarar nokkurn veginn eignarrétti, eins og menn vita, hann er framseljanlegur og menn hafa hann til afnota. Ríkið á nú í kringum 900 jarðir og margar þessara jarða mundu auðvitað henta mjög vel til þess að einstaklingar og fjölskyldur, sem í þéttbýli búa, gætu þar fengið skika til eigin umráða. Það er gert ráð fyrir því að kvaðir yrðu á þessa úthlutun lagðar, t. d. þær að viðkomandi menn yrðu að rækta upp sín eigin lönd eða þá nálæg landssvæði. Það má gjarnan hugsa sér að þar sem fagurt umhverfi væri með nokkrum gróðri, væru menn samt skyldaðir til að taka þátt í ræktun lands sem nálægt lægi, örfoka lands, sanda o. s. frv., ekki endilega eingöngu þess skika sem þeir hefðu til einkaafnota.

Það má líka hugsa sér það að menn yrðu að taka þátt í ræktun veiðivatna eða þá að gera veiðivötn úr vötnum sem ekki er líf í nú, og svo mætti lengi telja. En meginatriðið er að menn hafa haldið því fram með réttu nú á síðari árum, að land, einkum í námunda við mesta þéttbýlið hér suðvestanlands, sem mikil ásókn væri í vegna þess að það hentaði fyrir sumarbústaði, hækkaði mjög í verði og hinir efnaminni hefðu ekki tök á því að eignast slíka skika. Hér er úr þessu bætt og ekki eingöngu á þann veg að efnaminni menn geti fengið til afnota landssvæði alveg eins og þeir sem efnameiri eru, heldur ætti þetta líka að stuðla að því að hækkanir á verði á landi yrðu ekki sambærilegar við það sem mundi verða ef ríkið færi ekki inn á þessa braut. Ég held þess vegna að það sé óhætt að segja að öll þau rök sem fram hafa komið, stundum í hörðum og heitum deilum um þessi mál, ættu að geta hnigið að því að eðlilegt sé að samþykkja þessa þáltill. Ég vona þess vegna, að hún fái greiðan gang í gegnum þingið, og legg til að henni verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Uppsögn fastráðins starfsfólks, þáltill. (þskj. 522). — Ein umr.

Flm. (Soffía Guðmundsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja í hv. d. ásamt Ragnari Arnalds þáltill. á þskj. 522 sem fjallar um takmörkun á rétti atvinnurekenda til að segja upp fastráðnu starfsfólki að eigin geðþótta. Till. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir Alþ. lagafrv. er m. a. kveði á um réttindi og skyldur fastráðins starfsfólks, og heimildir atvinnurekenda til að segja því upp. Skal að því stefnt að takmarka rétt atvinnurekenda til að segja upp fastráðnu starfsfólki að eigin geðþótta, t. d. vegna skoðanaágreinings, og verði uppsögn því aðeins lögleg, að hún sé nægilega rökstudd, svo sem að sýnt sé fram á vanrækslu í starfi eða að verið sé að fækka starfsfólki."

Sú skoðun hefur lengi verið uppi að þörf sé lagasetningar um vinnuvernd er m. a. tryggi starfsmönnum góðan aðbúnað og öryggi á vinnustað, taki til atriða varðandi vinnutíma og vinnutilhögun, hvíldartíma, orlof og greiðslu vinnulauna svo og ákvæða um ráðningar og uppsagnir. Árið 1964 var lagt fram á Alþingi frv. til l. um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl., en það dagaði uppi. Þó var í tíð vinstri stjórnarinnar á síðasta kjörtímabili skipuð n. til að vinna að gerð frv. til l. um vinnuvernd, en það frv. hefur ekki enn verið lagt fram.

Sú þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., fjallar um ákvæði varðandi uppsögn fastráðinna starfsmanna og takmörkun á valdi atvinnurekenda til að segja þeim upp að eigin geðþótta.

Öllum er í fersku minni að nýlega stóðu yfir verkfallsátök á Selfossi milli Kaupfélags Árnesinga annars vegar og hóps starfsmanna á einu af verkstæðum þess hins vegar. Þessi deila var sérstæð að því leyti að hún reis vegna aðfarar yfirstjórnar Kaupfélags Árnesinga á hendur einum starfsmanna þess. Sá hinn sami hefur um 35 ára skeið unnið hjá kaupfélaginu og þar af verið trúnaðarmaður í 25 ár.

Þessi óréttmæta uppsögn úr starfi varð til þess að gripið var til verkfalls til þess að standa vörð um þann rétt verkafólks að njóta atvinnuöryggis og þurfa ekki að sæta uppsögnum að geðþótta atvinnurekenda. Þessar verkfallsaðgerðir nutu stuðnings í orði og verki af hálfu fjölmargra aðila víðs vegar um landið, enda hlaut stéttvísu verkafólki að renna blóðið til skyldunnar þegar svo freklega var vegið að einu helsta grundvallaratriði almennra mannréttinda, réttinum til vinnunnar. Sem kunnugt er lyktaði þessum átökum á þann veg að kaupfélagsstjórnin varð að beygja sig og sá starfsmaður, sem var órétti beittur, var endurráðinn.

Þetta tilvik, sem hér hefur verið tekið dæmi af, gefur vissulega tilefni til nokkurra hugleiðinga, því að þetta mál eitt sér er vitanlega aðeins einn þáttur í miklu stærra samhengi. Í fyrsta lagi er ástæða til að líta þessa deilu alvarlegum augum þar eð í hlut á samvinnuhreyfingin sem er ein merkust félagsmálahreyfing sem risið hefur hér á landi, að sínu leyti hliðstæð verkalýðshreyfingunni og af sömu rót runnin. Brautryðjendur samvinnuhreyfingarinnar börðust fyrir efnahagslegum framförum og vildu m. a. tryggja almenningi hagkvæma verslunarhætti. Þeir höfðu ævinlega mannlega velferð og sjónarmið félagshyggju að leiðarljósi, en snerust gegn gróðahyggju og kaupmannavaldi síns tíma. Það er rétt að minna á þessi viðhorf frumherjanna nú um þessar mundir þegar nýafstaðin deila ber því órækt vitni að forustu samvinnuhreyfingarinnar hefur borið meira en lítið af leið. Í annan stað er rétt að íhuga það hver sé réttur og staða einstaklingsins í þeim tilvikum er skoðanaágreiningur rís, ef til beinnar valdníðslu kemur af hálfu valdhafa, hvernig er í reynd komið rétti starfsmanns til að hafa sjálfstæðar skoðanir og tjá sig um þær. Þá er sú spurning einnig nærtæk hverjir það eru sem oftast eiga í vök að verjast á vinnustað. Og þar mætti nefna fáein dæmi. Þeir, sem láta sig hagsmuni verkafólks nokkru varða og eru á verði gegn hvers konar hugsanlegri skerðingu á réttindum þess, eru oft taldir örðugir og óþægilegir á vinnustað. Gætir þá stundum tilhneigingar af hálfu atvinnurekenda til að losa sig við þá. Þeir, sem eru teknir að eldast og slitna, standa sömuleiðis höllum fæti. Þá er oft fyrir borð borinn réttur þeirra til þess að leggja sitt starf af mörkum, þótt kraftar séu teknir að dvína. Þá eru konurnar, varaliðið á vinnumarkaðinum, sem ýmist má kalla út þegar vel árar eða senda heim þegar í harðbakkann slær réttlitlar eða vita réttlausar. Staða þeirra í atvinnulífinu mótast í ríkum mæli af því hvort um þenslu eða samdrátt í efnahagslífinu er að ræða. Það er alkunna að jafnskjótt og

samdráttar fer að gæta eru konurnar þær fyrstu, sem slíkt bitnar á eins og mörg dæmi sanna, t. d. núna þessa dagana. Mörg þau störf, sem heyra til undirstöðugreinum hins íslenska atvinnulífs, t. d. í fiskiðnaði, byggjast í ríkum mæli á vinnuafli kvenna, en því fjarri að þær njóti atvinnuöryggis í samræmi við það. Það er ekki bráðónýtt fyrir atvinnurekendur að hafa slíkt varalið til taks þegar á liggur, en hafa að öðru leyti lágmarksskyldum að gegna gagnvart því, enda er réttur kvenna til atvinnuöryggis í þessum undirstöðugreinum atvinnulífsins harðsóttur.

Það er löngu tímabært að fjalla af fullri alvöru um það aðkallandi verkefni að setja löggjöf um vinnuvernd sem tryggi atvinnuöryggi starfsmanna og takmarki vald forstjóra og atvinnurekenda til uppsagnar að eigin geðþótta. Húsbóndavald þessara aðila er einfaldlega sterkara en svo að verkafólk geti til lengdar unað við það. Þá er rétt að hafa það í huga að spor í áttina til aukinnar réttarbótar vinnnadi fólki til handa verður að stíga nægilega langt fram á við. Skaðabætur einar sér nægja ekki endilega, því að þær tryggja ekki óskoraðan rétt starfsmanns til vinnu á þeim vinnustað þar sem hann kýs að stunda starf sitt. Þann rétt verður að tryggja með löggjöf sem gerir ráð fyrir því að atvinnurekenda megi dæma til að taka aftur til vinnu starfsmann sem hann hefur vikið úr starfi ólöglega, svo fremi að sá hinn sami vilji halda áfram störfum á þeim vinnustað og allar sanngirniskröfur mæli með því.

Ég vil minna á það að hina síðari áratugi hefur yfirleitt gætt í vaxandi mæli umsvifa af hálfu löggjafarvalds á sviði vinnuverndar í því skyni að tryggja réttarstöðu þess aðila, sem selur vinnu sína gagnvart þeim, sem kaupir hana, og þá þróun má raunar rekja lengra aftur. Öll rök hníga að því að hraðað verði setningu laga um vinnuvernd er taki m. a. til þeirra atriða sem ég hef stuttlega rakið hér.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., og vil leyfa mér að leggja til að umr. verði frestað, og málinu vísað til hv. félmn.

Ólafur Ólafsson: Herra forseti. Ég tel mig ekki geta látið hjá líða að ræða nokkuð um það mál eða öllu heldur þáltill., sem hér liggur fyrir, og sérstaklega gera alvarlegar athugasemdir við grg., sem fylgir henni, og málflutning hv. 5. þm. Norðurl. e.

Tilefni þessarar till. er vafalaust verkfallsátök sem áttu sér stað meðal starfsmanna tveggja verkstæða hjá Kaupfélagi Árnesinga á Selfossi eins og fram kemur í grg. með till. Ég fylgdist mjög vel með þessu máli frá báðum hliðum og er því gjörkunnugur í öllum atriðum. Ég er undrandi og harma hversu miklu moldviðri og slæmum áróðri hefur verið rótað upp vegna þessa máls og hversu miklum rangfærslum og múgæsingum hefur verið beitt og að þetta skuli vera komið hingað alla leið inn á hv. Alþ. Ég hef ekki á móti því að lög séu sett um réttindi og skyldur fastráðins starfsfólks, og ég veit að samvinnuhreyfingin, samvinnufélögin og samvinnufólkið í landinu mundi fagna því. Hitt finnst mér gjörsamlega fráleitt, að mæla bót því ólöglega verkfalli sem átti sér stað meðal starfsmanna á Selfossi og kasta rýrð á samvinnuhreyfinguna vegna þess, eins og átt hefur sér stað og gert er með flutningi þessarar þáltill. og sérstaklega með grg. sem henni fylgir, en þar segir að deilan hafi átt „rætur sínar að rekja til óréttmætrar og tilefnislausrar uppsagnar starfsmanns sem um áratugaskeið hefur unnið hjá Kaupfélagi Árnesinga.“ Ég leyfi mér að mótmæla þessum fullyrðingum sem röngum. Það er mjög slæmt að í fjölmiðlum og á mannfundum hefur þetta mál svo til einvörðungu verið túlkað af hálfu verkfallsmanna og talsmanna þeirra og verið gróflega rangtúlkað, eins og hefur átt sér stað m. a. hér á Alþ. í dag.

Astæðan fyrir því, að málið hefur ekki verið útskýrt nógsamlega af hálfu Kaupfélags Árnesinga, er hreinlega sú að það þótti of persónulegt og ekki nógu drengilegt gagnvart manninum sjálfum sem hér átti hlut að máli. En ég sé að ekki verður hjá því komist hér að upplýsa þetta mál algjörlega þar sem Kaupfélag Árnesinga og jafnvel samvinnuhreyfingin í heild er sakfelld í grg. með till. á röngum forsendum.

Umræddur maður hefur þegið laun hjá Kaupfélagi Arnesinga í rúm 30 ár, að vísu ekki samfellt vegna þess að hann hefur nokkrum sinnum hætt starfi, en ætið verið ráðinn aftur og stundum með mikilli tregðu af hálfu verkstjóra og kaupfélagsstjóra. Fyrst hætti maðurinn starfi á árinu 1944, en kom aftur síðar á árinu. Á árinu 1971, í byrjun júní, sagði maðurinn upp starfi sínu vegna þess að hann vildi ekki vinna þau verkefni sem verkstjórinn sagði honum að vinna. Þá var hann fjarverandi í sex mánuði og stofnaði lítið eigið verkstæði þar sem hann ætlaði að vinna sjálfstætt. En það gekk illa og hann fékk ekki verkefni og leitaði að sex mánuðum liðnum á náðir kaupfélagsins aftur og var ráðinn í byrjun janúar 1972, þá verulega gegn vilja verkstjórans. Nú á þessu ári, í janúar, lenti hann svo enn í árekstri við verkstjórann vegna þess að hann vildi ekki hlýða að vinna það sem honum var sagt að vinna, og var hann þá fjarverandi í einn dag, en kom síðan daginn þar eftir aftur til vinnu og hélt áfram. En aðalástæðan fyrir því, að manninum var sagt upp starfi, er sú, að hann vann ekki. Samkvæmt vinnuskýrslum verkstæðisins fyrir jan.-febr. og mars er meira en helmingur vinnutímans dauður tími sem ekki er unninn, en var auðvitað greiddur manninum. Ég segi þetta ekki til þess að kasta rýrð á manninn, heldur til þess að skýra frá því og sýna fram á að manninum var ekki sagt upp að ástæðulausu. Það er líka rétt að upplýsa það að manninum var sagt upp með tilskildum uppsagnarfresti samkv. samningum við bifvélavirkja (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. um að tala gætilega til þeirra sem hafa ekki aðstöðu til að verja sig hér.) Ég skal reyna það. Hann var ekki heldur trúnaðarmaður á vinnustað þegar honum var sagt upp. Hins vegar mun hann hafa verið það áður. Einnig er rétt að upplýsa að verkfallsmenn fóru í ólögmætt verkfall án þess að leita eftir samningum um málið og leita sátta, eins og samningar og lög mæla fyrir um. Einnig er rétt að upplýsa það að kaupfélagið leitaði eftir sáttum og bauðst til þess

að endurráða manninn á sömu kjörum og bauð honum afgreiðslustarf á lager í sömu deild, en því var hafnað þrátt fyrir það að hann var áður búinn að biðja um léttara starf. Síðan hélt verkfallið áfram og verkfallsmenn fengu vaxandi stuðning við sitt ólöglega verkfall, bæði hjá launþegasamtökunum og pólitískum aðilum. Og auðvitað lét kaupfélagið undan og dró uppsögnina til baka til þess að firra frekari vandræðum og forðast að gripið yrði til örþrifaráða eins og útlit var fyrir.

Hér er að mínu mati um mjög alvarlegt mál að ræða þar sem starfshópur tekur með ólöglegum hætti umsamið vald af atvinnufyrirtæki með stuðningi fjöldasamtaka. Og svo er ætlast til nú að Alþ. leggi blessun sína yfir slíkt!

Nú er það ekki nýtt að einstakir starfshópar taki sér vald sem þeir eiga ekki, og vil ég tilfæra dæmi sem er andstætt því tilfelli, sem hér um ræðir. Fyrir tæpum tveimur árum skeði það hjá Kaupfélagi Rangæinga að verkstjóra, sem búinn var að vinna hjá því í rúm 30 ár, var sagt upp starfi. En hver haldið þið, hv. alþm., að ástæðan hafi verið? Hún var sú að mennirnir, sem unnu á verkstæðinu, svo til allir eins og einn maður, skrifuðu bréf til kaupfélagsstjóra þar sem þess var krafist að verkstjóranum yrði sagt upp starfi tafarlaust og ef hann væri ekki hættur innan þriggja mánaða mundu þeir allir leggja niður störf. Þessi maður fékk engan stuðning launþegasamtakanna í landinu og Kaupfélagið valdi frekar þann kostinn að láta manninn hætta en að eiga langvarandi verkfall á hættu.

Öll svona vinnubrögð eru óþolandi og alls ekki í samræmi við eðli samvinnufélaganna. Því til staðfestu vil ég skýra frá því, að á mjög fjölmennum fundi æðstu forustumanna samvinnuhreyfingarinnar, sem haldinn var í Rvík 10. mars s. l., var það samdóma álit að vegna þess samdráttar, sem sýnilegur er framundan í starfrækslu samvinnufyrirtækjanna, hlyti að verða af nauðsynlegum ástæðum að fækka fólki, en það bæri að gera með þeim hætti að segja ekki upp fastráðnu starfsfólki, heldur að ráða ekki fólk í stað þess sem hætti af eðlilegum ástæðum. Þetta er sú stefna sem þessi fundur æðstu manna samvinnufélaganna og samvinnuhreyfingarinnar markaði nú á þessum vetri. Þetta er örugglega stefna samvinnufélaganna í samskiptum við starfsfólkið, og þau mundu örugglega fagna eðlilegum reglum og lögum um vinnuvernd, enda væri slíkt í samræmi við eðli hreyfingarinnar. Samvinnufélögin mundu einnig fagna reglum um skyldur starfsfólks við vinnuveitendur.

Því miður er allt of mikið um það — ég er ekki að deila á neinn sérstakan — að kæruleysi og slóðaskapur eigi sér stað á Íslandi hjá starfsfólki. Ég er ekki að deila á neinn sérstakan, en það er nú einu sinni þannig að þetta þyrfti að batna. Við hljótum öll að viðurkenna það. Það er mjög algengt að fólk mæti í vinnu illa fyrirkallað, bæði af of mikilli vinnu í frítímum og jafnvel af of mikilli vinneyslu í frítímum. Þetta þekkjum við sem stjórnum stóru atvinnufyrirtækjunum. Og ég vil minna á að það mættu koma reglur um þetta. (Forseti: Ég verð enn á ný að aðvara hv. ræðumann um það að ræða ekki hér um einkamál fólks sem ekki hefur aðstöðu til að verja sig.) Herra forseti. Ég er ekki að ræða þarna um einkamál og ég er ekki að beina þessu til neins sérstaks. Ég er að minna á þetta þegar þessi mál eru á dagskrá, bæði vegna samvinnufyrirtækjanna og fyrirtækisins sem ég vinn við og vegna þjóðarheildarinnar.

Herra forseti. Ég tel það ekki sæmandi þessari hæstv. d. að samþ. þessa þáltill. með þeirri grg. sem henni fylgir og legg til að hún verði felld.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Sérstakur fulltrúi samvinnuhreyfingarinnar í landinu hefur nú flutt sína jómfrúrræðu. Og kannske er áminning forseta endurtekin alveg nægileg svo að það þarf ekki mörg fleiri orð um þá ræðu. En e. t. v. hefur þessi ræða og sá vissi hroki, sem í henni kom fram gagnvart launafólki almennt í landinu, verið betri staðfesting á þeirri till., sem hér liggur fyrir, en sú grg. sem fylgdi till.

Það er svo að ég skal vera fáorður um þetta, enda hæfa hér fæst orð eftir að umr. er komin á þetta óvenjulega stig hér í þingsölum. En það er þó merkilegt að þegar viðkomandi framkvæmdastjóri samvinnufyrirtækis hefur ekki séð til þess ástæðu neins staðar, að því er sagt var hér áðan, af drengskap gagnvart þessum starfsmanni né talið það eðlilegt eða drengilegt gagnvart honum að ræða þetta mál eða skýra á nokkurn hátt frá sinni hlið, þá skuli það vera gert hér með þessum hætti, og geta menn þá dæmt um drengskapinn í orðum hv. síðasta ræðumanns. Og mér þykir það býsna forvitnilegt gagnvart þessu máli öllu, ef eitthvað er til í þessum ódrengilegu upplýsingum, ódrengilegu samkvæmt áliti þess kaupfélagsstjóra sem hér átti hlut að máli, hvers vegna í ósköpunum starfsmennirnir, sem með þessum manni vinna, hafa þá staðið svo vel að baki honum sem raun ber um vitni. Ef allt það væri rétt, sem hér var upplýst og átti raunar eðli málsins samkvæmt aldrei að vera upplýst hér í þessum ræðustól, þá væri fróðlegt að fá á þessu skýringar.

Ég ætla ekki að ræða þetta frekar gagnvart þessum einstaka manni, en þarna hefur áreiðanlega legið fiskur undir steini og ég er hræddur um að hann hafi verið þess eðlis að það hafi verið þess vegna sem viðkomandi kaupfélagsstjóri vildi aldrei á opinberum vettvangi ræða þetta mál. En það var dálítið dæmigert fyrir viðhorf því miður allt of margra forustumanna samvinnuhreyfingarinnar í landinu er talað er um að starfsmenn samvinnufyrirtækjanna hafi „þegið“ laun hjá samvinnufyrirtækinu. Þetta er eins og gamla viðkvæðið gömlu selstöðukaupmannanna, þeir eru komnir í þeirra spor, menn þiggja laun hjá þeim og þeir eru að þiggja ölmusu fyrir sitt starf.

Það er alveg rétt, sem kom fram hér í ræðu hv. þm. Soffíu Guðmundsdóttur, að vissulega hefur samvinnuhreyfingin fjarlægst mjög sín upprunalegu takmörk, og við höfum í raun og veru aldrei fengið áþreifanlegri og átakanlegri staðfestingu þess en hér áðan í orðum þessa forkólfs samvinnuhreyfingarinnar í landinu. Það er að vísu mjög misjafnt, en fyrst og fremst fer það um of eftir þeim framkvæmdastjóra sem ræður í hverju tilviki því að í raun er það oftast

svo að það er hann einn sem tekur ákvarðanir, en stjórnin er í raun lítið annað en nafnið tómt. Ég þekki mörg ófögur dæmi hér um, enda ekki langt um liðið síðan ég komst alvarlega í kynni við viðhorf framkvæmdastjóra í samvinnufyrirtæki gagnvart verkafólki. Ég man meira að segja eftir því að mitt kaupfélag, það var þegar ég var formaður verkalýðsfélags þar á staðnum, fékkst ekki einu sinni til þess að fallast á samkomulag sem Vinnumálasamband samvinnufélaganna hafði þó gert og stóð einhuga að.

Það er óþarft að hafa um þetta miklu fleiri orð. En þó hefur samvinnuhreyfingin úti um landsbyggðina ekki fjarlægst sín upphaflegu markmið líkt því á eins átakanlegan hátt og hér í aðalstöðvunum og þá á ég fyrst og fremst við það hvernig þessi hreyfing hefur æ ofan í æ gengið út á þá braut, sem ég tel henni ekki sæmandi, hlutafélagsbrautina í samvinnu við ýmsa mjög svo vafasama aðila einkaframtaksins. En sem sagt, ég heyrði það fljótlega eftir að ég var búinn að biðja hér um orðið að í raun réttri voru öll orð óþörf eftir þessa sérkennilegu ræðu og eftir áminningu hæstv. forseta.

Umr. frestað um stund.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 513). — Ein umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Nauðsyn trygginga hefur verið okkur íslendingum ljós um langan aldur. Við búum í harðbýlu landi, landi elds og ísa, eins og það er oft orðað. Á þjóðveldisöldinni giltu innan hreppanna ákveðnar reglur um samhjálp eða samábyrgð íbúa hreppsins þegar bær brann eða búfé fórst. Þessi samtrygging lagðist þó af þegar við misstum stjórnarfarslegt sjálfstæði okkar, eins og kunnugt er. Í nútímaþjóðfélagi eru hvers konar tryggingar taldar nauðsynlegri. Það hefur á síðustu áratugum orðið mjög mikil aukning verðmæta hér á landi, bæði í byggingum og lausafé, og eignatjónið, þegar út af ber, verður því æ stærra og tilfinnanlegra. Eldgosið í Vestmannaeyjum er okkur öllum í fersku minni og hið mikla eignatjón er þar varð, og svo skeðu í des. s.l. hinir sviplegu atburðir í Neskaupstað er snjóflóðin lögðu helstu atvinnufyrirtæki staðarins í rúst í einni svipan og tóku um leið stóran toll í mannslífum.

Með l. nr. 4 frá 27. mars 1973 var Viðlagasjóður stofnaður, en hlutverk hans er að bæta tjón vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og var tekjuöflun við það eitt miðuð. Eftir snjóflóðin í Neskaupstað kom upp svipuð staða. Stórtjón var orðið. Atvinnulíf heils bæjarfélags lá í rústum. Stjórnvöld tóku málið upp á sína arma á sama grundvelli og Vestmannaeyjatjónið og Alþ. samþ. lög þar sem Viðlagasjóði er falið að bæta þetta tjón og fleiri, en fjár aflað með hækkun á söluskatti, sbr. l. nr. 5 frá 28. febr. s.l. Stjórnvöld og Alþ. hafa því ótvírætt sýnt, að fullur vilji er fyrir hendi að bæta slík áföll.

Mér var þó ljóst, brátt fyrir ofangreinda afgreiðslu þessara mála, að nauðsynlegt væri að við værum betur undir það búnir að mæta slíkum tjónum. Sú aðferð að setja lög um bætur og fjáröflun í hvert sinn er tjón ber að höndum er afar seinvirk og þung í vöfum, auk þess sem hætt er við að einstaklingur, sem einn og sér verður fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara, eigi ekki eins greiðan aðgang að fá bætur á þessum grundvelli og þegar stærri atburðir gerast, en tjón hans er þó jafntilfinnanlegt. Ég ákvað því að skipa n. til þess að gera till. um þessi mál. Með bréfi dags. 30. des. s.l. skipaði ég þá Ásgeir Ólafsson forstjóra, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómara og Bjarna Þórðarson tryggingafræðing í n. er fékk það hlutverk, eins og í skipunarbréfinu segir, að gera till. um fyrirkomulag skyldutrygginga er bæti tjón á húseignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða, skriðufalla, flóða og ofviðra, og semja frv. til l. um slíkar tryggingar.

N. skilaði till. sínum 24. mars s.l. og er það frv. um viðlagatryggingu sem hér liggur fyrir til umr. ásamt grg. N. hafði aflað sér gagna og upplýsinga um hliðstæðar tryggingar í ýmsum löndum, eins og fram kemur í grg. með þessu frv. N. kynnti sér gögn um fyrirkomulag slíkra trygginga í ýmusm löndum sem líkt er ástatt um hvað náttúruhamfarir snertir og hérlendis, svo sem í Japan, Nýja-Sjálandi, Sviss, Austurríki, Noregi og víðar. Tryggingar þær, sem starfræktar eru í þessum löndum eru um margt ólíkar, en segja má að eftirtalin fjögur atriði séu lík hjá þeim flestum:

1. Skylt er að kaupa tryggingu gegn náttúruhamförum sem viðauka við brunatryggingu húseigna og lausafjár.
2. Vátryggingarfélög innheimta iðgjöldin.
3. Ríkið er endurtryggjandi þegar um meiri háttar tjón er að ræða.
4. Fremur há eigin áhætta hinna tryggðu.

Við samningu þessa frv. hefur n. haft þessi meginatriði í huga. Tilgangurinn með því að koma á fót viðlagatryggingu þeirri, er frv. þetta gerir ráð fyrir, er sá að við verðum fyrir fram viðbúnir að mæta hugsanlegum áföllum af völdum náttúruhamfara og um leið verði tryggt að allir þegnar þjóðfélagsins sitji við sama borð í þessu efni. Frv. gerir ráð fyrir því að sett verði á fót stofnun er nefnist Viðlagatrygging Íslands og skal hún tryggja gegn tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara eins og segir í 4. gr. þessa frv.: „Eldgosa, jarðskjálfta, snjóflóða og skriðufalla."

N. taldi ekki ráðlegt að innifela í tryggingu þessari tjón af völdum ofviðra vegna hinna mörgu vandamála, sem kynnu að koma upp í sambandi við skilgreiningu á slíkum tjónaatburðum, enda munu slíkar tryggingar orðnar allalmennar einar sér eða sem liður í húseigendatryggingu.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að tryggingaskyld séu eftirtalin verðmæti: „Allar húseignir og lausafé sem brunatryggt er hjá vátryggingarfélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Vátryggingarupphæðir verði þær sömu og brunatryggingarfjárhæðir á hverjum tíma. Viðlagatryggingin er fyrst og fremst trygging er bætir meiri háttar tjón. Tjónauppgjör á því ekki að verða daglegur viðburður, heldur vonandi undantekning. Eigin áhætta hinna tryggðu verður því að

vera allhá.“ Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir að hún verði 5% og ekki bætist tjón undir 100 þús. kr.

Tekjuöflun fer fram á þann hátt að innheimt verði vægt iðgjald af þeim verðmætum sem tryggð eru. Lagt er til að iðgjaldstaxtinn verði 0.25‰. Til samanburðar má geta þess að iðgjaldataxti hjá tryggingarfélögum fyrir jarðskjálftatryggingu eingöngu er frá 1 og upp í 2.55‰ eftir gerð húsa og aðstæðum. Er því augljóst að iðgjaldi er mjög í hóf stillt. Þess ber að geta að þegar tryggingarsjóður stofnunarinnar hefur náð ákveðinni upphæð, þ. e. að 2‰ af vátryggingarverðmætinu, lækkar þessi iðgjaldstaxti um helming og iðgjaldsinnheimta fellur alveg niður þegar upphæð hans hefur náð 3‰ eða 1.8 milljörðum kr. miðað við áætluð tryggingarskyld verðmæti í dag sem eru um 600 milljarðar.

Þá er að nefna mjög veigamikið atriði um framkvæmd tryggingarinnar, en skv. 8. gr. frv. skal hagnýta tryggingakerfi starfandi vátryggingarfélaga. Vátryggingarfélögin sjá um innheimtu iðgjalds til viðlagatryggingarinnar um leið og þau innheimta brunatryggingariðgjaldið. Þetta verður að telja mjög hagkvæmt og auðvelt í framkvæmd. Vátryggingarfélögin sjá á sama hátt um uppgjör á tjónum hvert við sinn viðskiptamann eins og um brunatjón væri að ræða. Að sjálfsögðu hefur stjórn stofnunarinnar yfirumsjón með þessari starfsemi, en þar sem ætlast er til að samið verði við Seðlabanka Íslands um vörslu sjóða og bókhald fyrir stofnunina verður komist hjá að ráða fast starfsfólk og hefur að sjálfsögðu verulegan sparnað í för með sér.

Áætlað er að heildarfjárhæð þeirra verðmæta, sem trygging þessi nær til, verði um 600 milljarðar miðað við verðlag í dag. Hámarksbætur, sem tryggingunni er ætlað að ráða við, er 5‰ eða 3 milljarðar. Viðlagatryggingin ber sjálf fyrstu 2‰ eða 1.2 milljarða í hverju tjóni, en það sem umfram er endurtryggir ríkissjóður. Þá er gert ráð fyrir að Viðlagatryggingin leiti endurtryggingar hjá tryggingarfélögum, innlendum eða erlendum, á hluta af eigin áhættu sinni einkum meðan verið er að byggja upp sjóði stofnunarinnar.

Eins og áður er getið var Viðlagasjóður stofnaður til þess að leysa tiltekin verkefni. Þegar því er lokið gera lögin ekki ráð fyrir frekari starfsemi hans. Það má því telja eðlilegt að Viðlagatryggingin yfirtaki eignir og skuldir Viðlagasjóðs með þeim hætti er um getur í 21. gr. frv.

Viðlagatryggingin er bein eignatrygging eins og brunatrygging. Það er staðreynd að margs konar óbeint tjón hlýst af þegar byggingar og tæki brenna. Sama gildir að sjálfsögðu um tjón á þessum eignum af völdum náttúruhamfara. Rekstur fyrirtækja raskast, framleiðsla minnkar eða leggst niður, fólk missir atvinnu og fleira mætti telja. Viðlagatryggingunni er ekki ætlað að bæta slík óbein tjón. Minna má á að búnaðardeild Bjargráðasjóðs veitir lán og styrki vegna ýmissa óbeinna tjóna í landbúnaði. Hin almenna deild Bjargráðasjóðs ætti á sama hátt að geta hlaupið hér undir bagga þar eð með tilkomu þessara trygginga er vitað að mjög muni létta á henni á því sviði sem viðlagatryggingin nær til.

Erfitt — réttara sagt ógerlegt er að spá fyrir fram um það hvenær jarðskjálfti verður hér í þeim mæli að tjón verði á húsum eða þau eyðileggjast. Hvenær verður snjóflóð eða skriðuföll á þessum eða hinum staðnum, en eins og fram kemur í grg. með frv. hefur þetta þó gerst alloft. Fjöll og þröngir dalir og firðir eru margir hér á landi. Ég tel því ekkert áhorfsmál að við gerum okkur grein fyrir þessum hættum og undirbúum okkur undir að mæta slíkum áföllum. Sú leið, sem lagt er til að farin verði með stofnun Viðlagatryggingar Íslands, er að mínum dómi skynsamleg og hagkvæm lausn á þessu máli. Hitt má öllum vera ljóst að hér er ekki um neina allsherjarlausn að ræða.

Að lokum vil ég nefna að skv. 19. gr. frv. er stjórn stofnunarinnar heimilt að veita styrki til framkvæmda sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við varnir gegn snjóflóðum, skriðuföllum og flóðum. Ég tel þetta mjög jákvætt og veigamikið atriði en með varnaraðgerðum yrði hægt öa forða eignatjóni og jafnvel mannslífum.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég fæ þetta mál til umsagnar í þeirri n., sem um það á að fjalla, og get þar athugað það betur. Ég vil lýsa yfir eindregnum stuðningi við tilgang og eðli þessa frv. Það er í eðli sínu mjög ágætt mál og nauðsyn þessa máls hefur verið undirstrikuð all harkalega að undanförnu og vonandi að nóg sé komið af slíku nú um stundir. Ég tek sem sagt undir það að ég fagna því að þetta frv. skuli fram komið og slíkur sjóður eða slík trygging skuli á stofn sett.

Það er aðeins tvennt sem ég vildi aðeins minnast á við 1. umr. þó að auðvitað verði það athugað betur í n. Það er í fyrsta lagi varðandi 2. gr. frv. um stjórn sjóðsins. Mér sýnist fljótt á litið að það sé kannske örlítið hæpið fyrirkomulag sem þar er gert ráð fyrir og ég þykist vita að hæstv. ráðh. hafi ekkert haft í huga varðandi helmingaskiptareglu eða neitt því um líkt, en hins vegar hefði mér í fljótu bragði þótt eðlilegast að annað tveggja yrði varðandi stjórn þessarar stofnunar að í fimm manna stjórninna yrði kjörið af Sþ., form. þá skipaður úr þeim hópi af ráðh., eða þá alveg eins sú hugmynd að fjórir væru kosnir af Sþ., en ráðh. skipaði form. án tilnefningar. Ég sé út af fyrir sig ekki nauðsyn þess t. d. að tryggingarfélögin eigi að fá þessa sérstöku umbun þó að þau annist að mínu viti þessa sjálfsögðu þjónustu, með því að eiga þarna fulltrúa. Það kann vel að vera að fyrir því séu einhver rök sem ég hef ekki komið auga á. Reyndar væri gaman að sjá þessi tryggingarfélög koma sér saman um fulltrúa í þessa stjórn, en vel getur það verið, því að auðvitað vitum við að það er ekki samkeppninni fyrir að fara hjá þessum tryggingarfélögum, þó að fjöldi þeirra sé mikill. Þar virðist samábyrgðin vera sterkari, svona svipað og hjá olíufélögunum okkar, þannig að það getur nú vel verið að þau komi sér bróðurlega saman um þetta. Ég sé hins vegar ekki

nauðsyn á því að þau tilnefni þarna einn stjórnarmann, en það kann vel að vera að að betur athuguðu máli geti ég á það fallist.

Í öðru lagi vaknar upp spurningin jafnhliða þessu, sem reyndar er vakin athygli á í grg. með frv., þ. e. a. s. um Bjargráðasjóð. Það er alveg rétt, eins og segir í 4. gr., að það eru skýrt afmörkuð verkefni sem þessi Viðlagatrygging hefur annars vegar og svo Bjargráðasjóður hins vegar. Einnig er það ljóst, eins og segir í grg., að tryggingin muni létta mjög á almennri deild Bjarðráðasjóðsins. Enn þá hefur þó Bjargráðasjóður til meðferðar ýmis alvarleg tjón sem trygging nær ekki yfir, og ég hef um það dæmi þar sem aðeins hefur verið hægt að bæta brot af því tjóni þó að stjórnarmenn í Bjargráðasjóði hafi allir verið af vilja gerðir. Á það þá alveg sérstaklega við Búnaðardeildina þar. Ég verð að segja það að ég hef mjög góða reynslu af stjórnarmönnum Bjargráðasjóðs, en ég hef einnig heyrt þá kvarta um t. d. mismun kjara og bóta miðað við Viðlagasjóð, og þá vaknar sú spurning hvort um slíkt gæti orðið að ræða eftir að þetta frv. væri orðið að lögum. Ég held að um leið og við afgreiðum þetta þyrftum við í raun að athuga stöðu Bjargráðasjóðs almennt eftir þessa breyt. og þá um leið bætta möguleika hans á því að sinna sínum skyldum. Ég vildi gjarnan fá þær upplýsingar í n., sem um þetta mál fjallar, og í raun og veru er þetta kjörið tækifæri til þess að athuga stöðu þessa annars of veika sjóðs að mínu viti, og þyrfti í raun og veru að takast fyrir samhliða ef á annað borð er þörf á bættri aðstöðu fyrir Bjargráðasjóð til að sinna verkefnum sínum. En það kann að vera að einmitt með þessari skipan, sem hér er lagt til, muni verkefnum verða þannig af honum létt að hann muni geta betur sinnt öðrum verkefnum. Það kann vel að vera að svo verði. Ég dreg það þó örlitið í efa áfram varðandi búnaðardeildina. Jafnvel hefur mér dottið í hug, — það er bara fljótfærniselg till. mín, að það verði jafnvel spurning um að Bjargráðasjóður kæmi að einhverju leyti inn í þessa Viðlagatryggingu, sem sérstök deild þá vitanlega, sveitarfélögin legðu áfram fjármagn til þessa sjóðs, en ættu þá um leið aðild að stjórn þessarar sérstöku deildar eins og þau eiga að stjórn Bjargráðasjóðs.

Þetta voru aðeins þær ábendingar sem ég taldi rétt að koma hér á framfæri við 1. umr., en mun annars geta fjallað um málið í nefnd.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa lagt þetta frv. fram. Ég tel að það sé mjög mikil nauðsyn á þeim lögum, sem hér um ræðir, og reyndar kannske merkilegt að það skuli ekki vera fyrr fram komið, svo vel sem við erum tryggðir fyrir öllu mögulegu og svo lengi sem náttúruhamfarir hafa verið þekktar í þessu landi.

Það er aðeins vegna eins atriðis sem ég kvaddi mér hljóðs, og það er að ég sakna þess að hér skuli ekki í upptalningu 4. gr. vera getið um fárviðri eða ofviðri. Að vísu er talið í skýringum að það hafi ekki þótt fært að gera þetta vegna þess að það sé erfitt að skilgreina ofviðri. En ég álít að með þeirri bættu veðurfarsþjónustu sem nú er orðin, og fjölgun veðurathugunastöðva eigi ekki að vera lengur nein vandkvæði á því að vita hvort um venjulegt rok er að ræða eða hvort um fárviðri eða ofviðri er að ræða. Þau hafa iðulega valdið miklu tjóni hér á landi þannig að ég held að það verði nú að athuga frekar hvort þetta atriði ætti ekki að koma inn í þetta frv. Ég segi svo, eins og síðasti ræðumaður, að ég fæ þetta mál til meðferðar í n. og vil aðeins lýsa ánægju minni og þakklæti yfir að það er fram komið.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður. Efnislega er ég með þessu frv., en ég verð að segja það að ég hef ekki átt von á því, miðað við reynslu af Viðlagasjóði, að 2. gr. yrði sett upp á þennan hátt, og ég mótmæli því algjörlega. Hér er um stofnun að ræða sem allir landsmenn taka þátt í, og það er alveg útilokað að stjórn stofnunarinnar verði með þeim hætti er 2. gr. gerir ráð fyrir. Á þessu verður að finna heilbrigðari og eðlilegan flöt og ég get ekki sætt mig við löggjöf með þessum hætti eins og til er stofnað. Þetta er ekki sæmandi og fer ég ekki um það fleiri orðum til þess að tefja ekki tímann.

Svo segir í 7. gr. — einmitt með hliðsjón af því hvernig 2. gr. gerir ráð fyrir stjórnarskipun — að hún hafi það mikið vald að þessir menn geti án þess að gera Alþ. nánari grein fyrir ákveðið tölur sem nema stórum fjárhæðum, og er það enn eitt dæmið um hvernig Alþ. á að samþykkja hér ófútfyllta víxla endalaust. Ég held að það sé tími til kominn fyrir okkur alþm. að átta okkur á því hvað við erum að aðhafast hérna, afsala okkur endalaust ákvörðunarvaldi varðandi stórar fjárhæðir og fá svo aldrei neina grg. meir um það.

Í 8. gr. segir síðan um innheimtu iðgjalda með uppboði o. s. frv., o. s. frv. Ég vænti þess að þau mörgu lagaákvæði, sem þar er vitnað til, séu ekki til annmarka fyrir einn eða neinn og ef einhver í sambýli gerist seinn að greiða þá sé ekki tilkynnt um uppboð fyrir einhverja sameign ef aðeins einn í stóru sambýli á hér hlut að máli. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu þar sem ekkert svigrúm er til að athuga það með hvaða hætti þetta á að fara fram þegar um uppboð ræðir. Efnislega fagna ég þessu frv. og þakka ráðh. fyrir að undirbúa það og mun ekki tefja á annan hátt framgang málsins.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ábendingum hv. 2. þm. Reykn. Í skipunarbréfi til þessarar n., sem var falið að athuga þessi mál, tók ég fram „ofviðra“ einnig en það var samhljóða álit þeirra þriggja manna, sem þessa n. skipuðu, að það væri ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir bótum af völdum ofviðra og það mundi hækka iðgjöldin verulega ef þau væru tekin inn. Þess vegna legðu þeir þetta til sem er lagt til í þessu frv. því að það er samið af þessari n. og lagt fram svo af mér, að vísu eftir að örfáar breyt. voru gerðar á frv. í fullu samráði við n.

Í sambandi við 2. gr. skal ég hugga hv. 7. landsk. þm. með því að ég hafði enga helmingaskiptareglu í huga í sambandi við þessa 2. gr. og gr. er samin af n. en ekki af mér, hins vegar er það alltaf matsatriði. En aðeins út af því að tryggingarfélögin eigi að fá einn mann í stjórnina, þá er ég þeirrar skoðunar að þar sem er lagt töluvert á tryggingarfélögin í sambandi við þetta frv. til þess að komast hjá skriffinnskubákni, þá legg ég á það áherslu að tryggingarfélögin eigi einn fulltrúa af fimm í stjórninni. Tryggingarfélögin hafa félagsskap með sér sem er nokkuð breytilegur eftir eðli tryggínga, þannig að þau félög sem annast hústryggingar og lausafjártryggingar kæmu til með að tilnefna mann í stjórnina og fer það þá auðvitað eftir meiri hl. atkv. í þeim félagsskap hver tilnefndur er á hverjum tíma. Ég held að þetta sé mikilvægt atriði. Hitt er atriði sem má skoða og ég legg ekkert ofurkapp á.

Í sambandi við það að Alþ. sé að afsala sér valdi eins og 1. landsk. þm. orðaði það, þá get ég alls ekki fallist á það. Alþ. ætlar að gerast nokkuð viðamikið ef það ætlar að sjá um allan rekstur í landinu og vera með nefið niðri í öllum rekstri, í hvaða félagi sem er. Hitt er alger misskilningur hjá hv. þm. ef hann hleður því fram að Alþ. eigi ekki rétt á að fá grg. og skýrslur. Ég held að standi ekkert á hv. alþm. að spyrja um alla mögulega hluti og þær spurningar eru sumar sjálfsagðar og eðlilegar. Sumar eru orðnar svoleiðis að það er varla hægt að bera þær fram á Alþ. En hinu er ég alveg sammála og harður á, að Alþ. á ekki að afsala sér of miklu valdi í hendur framkvæmdavaldsins á hverjum tíma, Alþ. getur ekki haft allt í höndunum því að Alþ. hefur þó það hlutverk að vera löggjafarsamkoma og Alþ. má ekki ganga svo langt í því að standa í framkvæmdum á löggjöf og starfsemi við undirbúning að löggjöf gleymist eða liggi í haugum fyrir n. frá byrjun þings til loka þings. Það er hlutur sem Alþ. verður að taka rögg á sig og kannske taka betur til hendinni en það hefur gert nú á mörgum undanförnum árum og þá er ég ekkert að sakast við neinn sérstakan.

Annars ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vil þakka mönnum fyrri undirtektir við þetta frv. Ég tel að það sé mjög mikils virði að hraða gerð þessa frv., og ég hygg að það eigi ekki að ganga neitt inn á verksvið Bjargráðasjóðs. Mín skoðun er sú og þeirra þriggja ágætu manna sem þetta frv. sömdu að það sé rétt að Bjargráðasjóður haldi sínu sjálfstæði og sínu hlutverki. Hér er um hreint tryggingaratriði að ræða en hitt er meira á sviði félagsmála og sveitarstjórnarmála. Það eru margar minni háttar bætur sem um er að ræða hvað Bjargráðasjóð snertir, og ég held að það sé rétt að halda sér við þá löggjöf eins og hún er, en stefna að því að lögfetsa þetta frv. þó að ég sé ekki að mæla gegn því að það séu gerðar á því einhverjar skynsamlegar breyt. ef mönnum sýnist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 545). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um breyt. á l. nr. 72 frá 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Með þeim lögum, sem hér er lagt til að breyta, var sú kvöð lögð á Seðlabankann að gengistryggja inneign Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins eins og hún væri á hverjum tíma. Á þeim tíma benti Seðlabankinn á í umsögn sinni m.a. að gera mætti ráð fyrir þeim möguleika að þegar til gengislækkunar kæmi og gengistryggingin yrði virk, þá væri enginn gjaldeyrisvarasjóður fyrir hendi sem hugsanleg inneign Verðjöfnunarsjóðs gæti talist hluti af. Með þessu var í rauninni vakin athygli á því meginatriði að gengistryggingin gæti aðeins náð svo langt sem nettógjaldeyriseign Seðlabankans hrykki til og það, sem væri greitt þar fram yfir, yrði af eigin fé bankans, en slík ráðstöfun á fjármunum bankans verður að teljast óeðlileg, auk þess sem um væri að ræða beina peningaútgáfu.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að gengistrygging Verðjöfnunarsjóðsins haldist en Seðlabankanum jafnframt heimilað að veita lán innanlands með gengisákvæði. Slíkrar heimildar er þörf þegar þannig stendur á að gjaldeyriseign bankans hrekkur ekki til að tryggja inneign Verðjöfnunarsjóðs og um vexti af slíkum lánum yrði að fara eftir vaxtakjörum á sambærilegum lánum erlendis.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir þeim möguleika að gjaldeyrseign Seðlabankans að viðbættum skuldabréfum samkv. 1. gr. hrökkvi ekki til gengistryggingar Verðjöfnunarsjóðsins. Þess vegna þykir eðlilegt, að ríkissjóður taki á sig að tryggja það sem þar er umfram.

Frv. gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á því meginatriði að inneign Verðjöfnunarsjóðs hjá Seðlabankanum sé jafnan gengistryggð. Hins vegar er óhjákvæmilegt að gera Seðlabankanum kleift að framkvæma þá gengistryggingu án þess að ganga á eigið fé og felur í sér verulega aukið traust bankans út á við. Er Seðlabankanum því heimilað að stofna til gengisbundinna lána innanlands, en jafnframt er gert ráð fyrir að ríkissjóður taki á sig vissar skuldbindingar, þ.e.a.s. ef bein gjaldeyriseign Seðlabankans að viðbættum þeim gengisbundnu útlánum nægir ekki til að fullnægja gengistryggingu Verðjöfnunarsjóðs. Með slíkri breytingu á lögunum varðandi Verðjöfnunarsjóð ætti að vera tryggt í framtíðinni að framkvæmd gengistryggingarinnar gæti gengið eðlilega fyrir sig án óeðlilegra og óheppilegra peningalegra aukaverkana. Vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru á ráðstöfun gengishagnaðar í des. s.l. við staðfestingu á brbl., sem gefin voru út á s.l. hausti, og þeirra breytinga á lögunum vegna gengisbreytingarinnar í sept., sem ráðgerðar eru, er hins vegar nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að ganga endanlega frá greiðslu tryggingarinnar vegna gengislækkunarinnar frá því í sept. Vegna hinna sérstöku aðstæðna á árinu 1974, sem leiddu til verulegrar tekjuaukningar hjá Seðlabankanum, þá fellst bankinn á að það, sem á vantar að bein gjaldeyriseign bankans hrökkvi

til að standa undir gengistryggingunni verði í þetta sinn greitt af tekjum bankans. Það skal því tekið fram að fullt samkomulag er á milli ríkisstj. og bankans í þessum efnum.

Samræmis vegna er eðlilegt að þetta frv. verði samferða frv. um breyt. á lögum um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabankans um nýtt gengi, sem er næsta mál á dagskrá.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til hv. sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. eru þessi tvö mál á dagskrá það nátengd að ég held að það geti ekki verið alvarlegt brot á þingsköpum að hafa þau undir í einu höggi og eiga þannig kost á því, að ná tveimur flugum í einu höggi. En fyrst og fremst ætla ég að tala um frv. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og breyt. á lögum í því sambandi.

Hér er sennilega um eðlilega og nauðsynlega breytingu að ræða, en ég vil aðeins vekja athygli á því að með þessari breytingu er farið inn á lánastarfsemi sem maður veit ekki hvað kann að kosta viðkomandi lántakendur þegar menn verða að neyðast til þess að taka þessi gengistryggðu lán. En eins og segir í 1. gr. er bankanum heimilt að lána bönkum, sparisjóðum, opinberum fjárfestingarsjóðum og ríkissjóði með þeim lánskjörum, að endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta sé háð breytingum á gengi erlends gjaldeyris gagnvart íslenskri krónu. Ef við spyrnum ekki við fótum í gengisbreytingaæði okkar verður hér um mjög óvenjuleg lánskjör að ræða að mínu mati, því að það hefur skeð núna að við höfum breytt gengi íslensku krónunnar um 100% og það líðlega innan árs. Tvisvar sinnum hefur það núna hent mismunandi ríkisstj. á nokkurra ára bili þannig að ef við eigum að ætlast til þess að atvinnulífið eða einhverjir geti tekið slíkt fjármagn að láni, og tryggt með því móti eðli eða tilgang 1. gr., þá hljóta hér að vera á ferðinni slíkir okurvextir í framkvæmd að ýmsum mun blöskra. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu ef ég skil 1. gr. efnislega rétt.

Það var gert á sínum tíma að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var látinn taka á sig ákveðna gengistryggingu, eða Seðlabankinn réttara sagt gagnvart Verðjöfnunarsjóði, og var það mjög eðlileg kvöð. En þegar gjaldeyrisstaða þjóðarinnar er komin svo langt niður að hún er komin niður fyrir núll eða orðin svo fá hundruð millj. kr. að ekki er hægt að framfylgja þeirri löggjöf sem gilti um Verðjöfnunarsjóðinn, þá er eðlilegt að reynt sé að móta aðra löggjöf er tryggi það að nokkur verðtrygging sé fyrir þennan sjóð, því að verkefni hans er þann veg háttað að óverjandi er annað en að hann sé gengistryggður.

Jafnframt þessu er ætlast til að ríkissjóður taki á sig kvaðir ef á þarf að halda, vissar skuldbindingar ef aðstæður gera það nauðsynlegt, og enn er ekkert vitað hversu háar tölur hér kann að verða um að ræða. Þetta er enn einn þátturinn í því sem Alþ. afgr. nú ótt og títt, að gefa út óútfylltar ávísanir eða réttara sagt víxla á ríkissjóð gagnvart verðbreytingu íslenskrar krónu. Happdrættisfarganið er í algleymingi, ríkisskuldabréfaútboðin eru í algleymingi og stendur til að auka vegasjóðsfjármagnið með þessum hætti, og nú er hér enn ein silkihúfan á ferðinni, svo að vesalings ríkissjóður má nú fara að hugsa sig alvarlega um eða forsvarsmenn hans ef hægt er að senda endalaust útfylltar ávísanir sem hann á að standa skil á innan einhvers skamms tíma. Enginn veit hversu háar upphæðir hér er um að ræða, ekki nokkur maður. Ég viðurkenni að það er enn hægt að leitast við að koma með ný lög um vandamál verðtryggingar fyrir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, en ég vil aðeins velta vöngum yfir því hvort ekki gæti verið ákjósanlegri lausn fyrir hendi. Sennilega hafa þeir góðu sérfræðingar, sem mótuðu þetta frv., ekki fundið aðra lausn. En við stofnum hér til allverulegra skuldbindinga fyrir ríkissjóð ef við getum ekki fest gengi íslensku krónunnar betur en hefur tekist s.l. 7—8 ár. Ef okkur tækist það nú á Alþ. að hætta þessum gengisfellingaræfingum svona ótt og títt, þá er þessi löggjöf heilbrigð og eðlileg. En hún hlýtur að hafa mjög mikla hættu í för með sér ef gengið fellur jafnt og þétt, eins og skeð hefur á mörgum undanförnum árum, og ég veit ekki hvaða lánasjóður hefur tök á því að taka fjármagn með þeim kvöðum sem á verða lagðar samkv. 1. gr. og endurlána almenningi í landinu það og eiga það á hættu að gengið falli á einu ári allt að 100%. Það er engin smásveifla að eiga að ná því til baka aftur í jafngildiskrónum.

Hér er um geigvænlega þróun að ræða sem ég vildi aðeins vekja athygli á í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég held að það sé ekki um neitt áhorfsmál að ræða að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verður að tryggja sína fjármuni og tryggja fyrir gengisbreytingum. Ég tek alveg undir það sem hv. 1. landsk. þm. sagði að það eru of tíðar gengisbreytingar og það eru of margir íslendingar sem reikna með verðbólgu og treytsa þá á verðbólgu og gengisbreytingar. Eftir því sem víðar eru gengistryggingarákvæði á skuldum og ef þau væru komin alls staðar, þá kannske breyttist hugarfar manna að treysta ekki um of á verðbólguna. Að því leyti get ég tekið undir skoðanir hv. ræðumanns. Eftir því sem meira er gert í þeim efnum og víðtækara, því minni hætta verður á gengisbreyt. í framtíðinni eða a.m.k. ætti þessi hugsun ögn að breytast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 546). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í 2. gr. l. nr. 78 frá 1974 er gert ráð fyrir að myndaður verði sérstakur sjóður af gengismun af sjávarvörubirgðum og ógreiddum útflutningi sjávarvöru vegna þessarar gengisbreytingar. Þar

eru í 2. gr. ákvæði um þrenns konar greiðslur sem inntar skulu af hendi af gengishagnaði áður en hann kemur til ráðstöfunar:

a. Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða sem framleiddar hafa verið fyrir gengisbreyt. eða fyrir 1. sept. 1974, en fluttar út á hinu eldra gengi.

b. Gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. ákvæði l. nr. 18 frá 4. apríl 1972.

c. Halli sem verða kann vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa fram til 1. okt. 1974.

A- og c-liðir hafa verið greiddir upp skv. lögunum, en b-liðurinn, gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ekki verið greiddur, og seint á s.l. hausti gaf ríkisstj. út yfirlýsingu um að hún muni beita sér fyrir því að þessi b-liður yrði felldur niður. Það hefur orðið dráttur á því að þetta frv. væri flutt. En gengið var út frá því við afgreiðslu Alþ. á brbl. um ráðstafanir í sjávarútvegi fyrir jólin að þessi b-liður yrði felldur niður og við skiptingu á gengishagnaði eru þessar 400 millj. teknar með í þá skiptingu svo að í reynd hefur verið fallið frá þessum b-lið, en er nú verið að óska eftir lagalegri staðfestingu á því með því að bera fram þetta frv.

Um þetta frv. eða niðurfellingu á þessum b-lið er enginn ágreiningur því að það var samdóma álit allra við sjávarútveg, að ekki kæmi til greina að taka af gengishagnaðinum í des. þessar 400 millj. til þess að bæta innstæðu Verðjöfnunarsjóðsins. Sá eini aðili sem þarna var mótfallinn, var bankastjórn Seðlabankans, en eins og ég sagði áðan hefur náðst fullt samkomulag við hana, þannig að um þetta atriði á því ekki að vera nokkur ágreiningur.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 524). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 14 shlj. atkv.

Landgræðsla, frv. (þskj. 403, n. 515, 516). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 2. umr., er eitt þeirra frv. sem landgræðslu- og landnýtingarnefnd samdi og er þetta eins konar fylgifiskur þeirrar landgræðsluáætlunar sem samþ. var á hátíðarfundi Alþ. á Þingvöllum á s.l. sumri. Landbn. hefur rætt frv. og fengið umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda um það. Þá komu landgræðslustjóri og fulltrúi hans á fund n. Að athuguðu máli taldi n. rétt, að gera á frv. nokkrar breyt. sem finna má á þskj. 516 og vil ég aðeins koma að þeim og skýra efni þeirra.

Fyrsta brtt. er við 6. gr. Þar er aðeins um smávægilega leiðréttingu að ræða. N. sýndist að þar væri ofaukið í gr. nokkrum orðum sem hún leggur til að verði felld niður. Í frv. er sá málsliður þannig: „Hver sem verður þess var að girðing skemmist svo að hætta sé á að hún haldi ekki sauðfé skal, ef við verður komið, skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.“ Það sýnist vera óeðlilegt að hafa þessi orð þarna inni í setningunni: „ef við verður komið“ því að gr. endar á því að það skuli skýra eftirlitsmanni frá hið fyrsta. Það er því fyrsta till. n. að þetta verði fellt niður.

2. till. n. er við 7. gr. Þar er gert ráð fyrir að í hverri sýslu skuli starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Það var ekki fortakslaust áður að svo skyldi vera, en er nú gert að skyldu með þessu frv. Það stendur óbreytt í þessu frv. það sem er í eldri lögum að sýslunefnd skuli kjósa nefndina til 4ra ára í senn, að fengnum till. frá viðkomandi búnaðarsambandi, og nefndin kjósi sér formann. Hins vegar er í frv. ákvæði um að funda- og ferðakostnaður gróðurverndarnefndarinnar skuli greiðast af fé Landgræðslunnar. N. þótti það ekki eðlilegt, þar sem Landgræðslan hefði ekki ákvörðunarrétt um það hverjir væru í nefndinni, að hún skyldi fortakslaust greiða allan kostnað við nefndina og taldi eðlilegt að fara inn á svipaða eða sömu braut og er í gildandi lögum, að sýslusjóður, sem kýs nefndina og ræður hverjir í henni eru, greiði nokkurn hluta kostnaðarins við nefndarstörfin. Landbn. leggur því til að störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslunnar að ⅔ hlutum og af viðkomandi sýslusjóði að ⅓ hluta. Er það nokkurn veginn í samræmi við þau kostnaðarskipti sem t.d. eru á launum héraðsráðunauta hjá búnaðarsamböndum í landinu.

3. liður brtt. er við 8. gr. Þetta virðist ekki mjög mikil breyting, en þó álít ég að hún sé nokkuð þýðingarmikil. Í landnýtingaráætluninni eða landgræðsluáætluninni, sem samþ. var í sumar, er gert ráð fyrir að skipaður verði við Búnaðarfélag Íslands landnýtingarráðunautur og kostnaður við störf hans er innifalinn í þeirri þjóðargjöf sem ákveðin var í sumar. Landbn. þótti eðlilegt, og fékk reyndar ábendingar um það frá Búnaðarfélagi Íslands, að gróðurverndarnefndirnar hefðu samstarf við landnýtingarráðunautinn einmitt á þessum árum þegar við væntum þess að meira verði starfað í landnýtingar- og landgræðslumálum heldur en ella hefði verið. Breytingin, sem við leggjum til að gerð verði á 8. gr., er eingöngu í því fólgin að gróðurverndarnefndirnar skuli hafa samráð við landnýtingarráðunaut og að þær skuli vera skyldar til að skila til hans árlegum skýrslum um störf sín. Ég hygg að fleirum sýnist þegar þeir skoða málið í þessu ljósi að þessi breyting sé eðlileg.

4. brtt. á þskj. 516 er einungis um það að þyngja sektarákvæði gildandi laga. Landgræðslulögin eru orðin 10 ára gömul og þar er gert ráð fyrir því í 43. gr. að sektarákvæðin séu frá 1—20 þús. kr. En landbn. leggur til að þessar

upphæðir verði hækkaðar um 100% og að í staðinn fyrir 1—20 þús. komi 2—40 þús.

Þetta eru þær breyt. sem landbn. leggur til að gerðar verði á frv. Hún telur að þær breytingar, sem felast í frv. á þskj. 403, með þeim breytingum, sem n. leggur til að gerðar verði á því, muni stuðla að því að landgræðsluáætlunin, sem samþ. var á Alþ. 28. júlí s.l., komi að þeim notum fyrir land og lýð sem vonir manna standa til. Þótt ekki séu gerðar neinar skipulagsbreytingar á starfsemi Landgræðslunnar með setningu þeirra ákvæða, sem hér er lagt til að lögfesta, þá munu þau verða til þess að tryggja árangur þeirrar starfsemi sem Landgræðslan hefur með höndum og var aukin mjög við samþykkt landgræðslu- og gróðurverndaráætlunarinnar.

Við 1. umr. um þetta frv. gerði hæstv. landbrh. glögga grein fyrir frv. og nauðsyn þess að það verði að lögum á þessu þingi. Landbn. tekur undir þau ummæli hæstv. ráðh. og er sammála um að leggja til við hv. þd. að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem hún flytur till. um á þskj. 516.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 516,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 516,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 516,3 (ný 8. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 516,4 (ný gr., verður 12. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
12. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 549). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Síðla árs 1973 voru samþ. lög um þörungavinnslu við Breiðafjörð. Var ákveðið að stofna skyldi slíkt fyrirtæki með þátttöku ríkisins. Kostnaðaráætlanir voru byggðar á áætlun sem undirbúningsnefnd þörungavinnslu hafði látið gera í okt. 1973. Framkvæmdir hófust svo við þetta fyrirtæki og er lokið byggingu 1500 fermetra húsnæðis fyrir vélar, verkstæði og skrifstofur fyrirtækisins. Vélar í þurrkstöð eru þegar komnar og ýmis tækjabúnaður að koma til landsins. Það er stefnt að því, að starfræksla fyrirtækisins geti hafist á miðju þessu ári.

En mikil hækkun stofnkostnaðar hefur orðið síðan í okt. 1973 og hefur stjórn Þörungavinnslunnar því sent ríkisstj. beiðni um að tölur verði endurskoðaðar í lögunum í samræmi við það. En frá því í okt. 1973 hefur áætlun um stofnkostnað hækkað úr 212 millj. í 422 millj. Þessi nýja áætlun er dags. 21. mars s.l. Ástæðu þessarar miklu hækkunar telur stjórn verksmiðjunnar vera erlendar og innlendar verðhækkanir og m.a. breytt gengi ísl. kr. Þótt stofnkostnaður hækki svo mjög telur stjórn verksmiðjunnar samt sem áður að horfur hafi ekki versnað, heldur jafnvel batnað um rekstrarafkomu fyrirtækisins og það stafi bæði af verðhækkun erlendis á væntanlegum afurðum þessarar verksmiðju og af breytingum á gengi ísl. kr.

Það, sem stjórn verksmiðjunnar hefur farið fram á, er tvennt: Annars vegar að hlutafé ríkisins verði hækkað úr 60 millj. kr. í 90 millj. kr. og enn fremur að heimildir í l. til lántöku eða ríkisábyrgðar á lánum verði hækkaðar úr 140 millj. í 340 millj. kr. Lánsstofnanir þær, sem gáfu fyrirheit um lánsfé til þessa fyrirtækis, hafa einnig gefið fyrirheit um aukningu þess í samræmi við þessa hækkun stofnkostnaðar, en á þeirri forsendu að hlutafé verði aukið sem hér greinir.

Ríkisstj. hefur ákveðið að flytja þetta frv. eftir beiðni stjórnar Þörungavinnslunnar, og vil ég leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Það er nú ekki meining mín að fara að setja fæturna fyrir samþykkt þessa frv. sem hér hefur verið borið fram. En við lestur þess get ég ekki varist því að það kemur upp í huga minn að hér sé á ferðinni málefni sem sé dæmigert fyrir það hvernig að mínu mati er fljótfærnislega farið út í framkvæmdir á vegum ríkisins án þess að málin séu krufin nauðsynlega til mergjar og skoðuð gaumgæfilega frá hagkvæmnissjónarmiði. Hér er á ferðinni eitt af þeim málum sem stofnað er til af áhugamönnum sem ég efast ekki á nokkurn hátt um að meini allt vel með þeim tilgangi sem felst í því að hafa forgöngu um að hefja starfsemi sem þessa sem hér er verið að ræða um og þessu væntanlega fyrirtæki er ætluð. En hér kemur á daginn eins og svo oft áður að það er stuðst við áætlanir sem venjulega í tilfellum sem þessum eru samdar af mikilli bjartsýni og miðaðar við hagstæðustu forsendur. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem það kemur fyrir að við rekum okkur svo óþyrmilega á þegar til framkvæmdanna á að koma. Ég minnist þess að þegar þetta mál var til umr. hér í þinginu átti ég hér stutta setu sem varaþm. Ég hafði engin tök þá á því að setja mig inn í þetta mál eða fylgjast með því. En einhvern veginn fannst mér þá af því litla sem ég gat kynnt mér meðferð málsins að ég yrði var við að þar væri bjartsýnin og óskhyggjan algjörlega í fyrirrúmi. Enda er það komið í ljós að þegar á að fara að hefja framkvæmdir standast engar áætlanir og þetta fer gjörsamlega úr skorðum miðað við það, sem upphaflega var ráð fyrir gert, að það er ekki einu sinni að það sé hægt að segja að muni einhverju verulega litlu heldur umturnast þetta allt saman. Og þetta er afgr. með grg. í tveimur línum, að upphafleg kostnaðaráætlun, sem er miðuð við 212 millj., tvöfaldast. Og það er vegna þess að aukning stofnkostnaðar stafar að mestu leyti af breyttu gengi íslensku krónunnar, en að nokkru leyti af öðrum erlendum og innlendum verðhækkunum, vegna launasamninga í febr. 1974. En þrátt fyrir þetta hefur þetta bara orðið til hins betra því að þegar þetta frv. var fyrst

borið fram var arðsemin, að mig minnir, miklum mun minni en hér er tilgreint á bls. 3. Því meira sem þessi kostnaður eykst og því meira sem það kostar að koma fyrirtækinu upp, því meiri verður arðsemin. Það er sett hér upp þannig að samkv. þessu er um að gera að umturna öllu þessu kerfi sem mest — því meiri verður arðsemin. Ég er ósköp hræddur um það að á þessari endurskoðuðu kostnaðaráætlun, sem er nú miðuð við 21. mars 1975, muni eiga eftir að verða einhverjar breytingar áður en framkvæmdum er þarna lokið.

Eitt vil ég benda á í sambandi við meðferð þessa máls sem ég tel ekki hvað þýðingarminnst, en það er sú geigvænlega breyting eða hækkun sem orðið hefur á áætlunum um hafnargerð á þessu svæði. Fyrstu áætlanir, sem þarna voru birtar, voru, ef ég fer rétt með, eitthvað um 83 millj. Nú verð ég að segja það að með tilliti til þess að höfn eins og þarna var ráðgert að reisa þjónar eiginlega engum öðrum tilgangi en að vera þjónustuhöfn fyrir þetta væntanlega fyrirtæki, þá hefði alls ekki verið óeðlilegt að stofnkostnaður við slíka höfn hefði verið tekinn inn í stofnkostnað þessa fyrirtækis. Það sjá allir, að fátækum og fámennum sveitarfélögum, sem þarna eiga að vera aðilar að væntanlegri hafnargerð og eiga að standa straum að sínum hluta eins og ráðgert er í lögum um byggingu hafnarmannvirkja, er gjörsamlega fyrirmunað að geta á nokkurn hátt tekið þátt að neinu leyti í þeim kostnaði sem fellur í hlut slíkra sveitarfélaga í sambandi við jafnháar tölur eins og þarna er um að ræða. Og sem dæmi um það við hvaða erfiðleika er að eiga þarna talnalega, þá var ég á fundi nú nýlega uppi í Framkvæmdastofnun og þá upplýstist, að mig minnir, varðandi tölur, sem hefðu legið fyrir um væntanlegan kostnað við hafnargerð á þessu svæði í lok febr. eða byrjun mars, að þá hafði verið talað um að stofnkostnaður væri 150 og eitthvað millj. En þegar við vorum á þessum fundi í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar þennan dag, fyrir rúmri viku, var okkur tjáð að ekki mætti reikna með lægri upphæð en 180 og eitthvað millj. kr. Og þá er einhverju brugðið ef þessi upphæð á ekki eftir að hækka verulega þegar svo þessi höfn verður fullgerð og tekin til starfa. Ég held því, ef nokkur grundvöllur á að verða fyrir því að hægt verði að reka þá höfn og borga nokkurn tíma niður þá framkvæmd, að þurfi að reikna með meiri tekjum handa höfninni frá þessu væntanlega fyrirtæki, og ber ég þá þann ugg í brjósti að arðsemisútreikningurinn verði eitthvað öðruvísi en tilgreint er í frv.

Eitt dæmi get ég enn nefnt sem er nokkur sönnun um það hve mikil óskhyggja hefur ráðið ferðinni í sambandi við allar ráðagerðir og áætlanagerðir þessu máli viðvíkjandi. Þegar er verið að áætla hvað til að mynda þurfi marga þangskurðarpramma, þá gera þessir aðilar ráð fyrir því að það þurfi 5 eða 6 pramma. En nýlega var ég á fundi þar sem það upplýstist — þ. e. áður en farið er að framleiða nokkuð í þessari verksmiðju, að þessar tölur eru rangar. Það þarf 11 eða 12 pramma, og þessu eru menn að komast að og þetta eykur stofnkostnaðinn um mikla upphæð. Hvað þarf svo marga pramma þegar loksins verður farið að vinna?

Allt ber þetta að sama ósi. Ekki er hægt að framkvæma neitt svona nema gera það á vegum ríkisins. Ég segi fyrir mitt leyti. Ég er ekki á móti fjárfestingu, ég er ekki á móti framkvæmdum í þessu þjóðfélagi og að tröðnar séu nýjar slóðir og reynt að breikka okkar athafnasvið, en að einblína stöðugt á þá lausn í þeim efnum að slíkt sé gert á vegum hins opinbera, það kann ég hálfilla við. Og í sambandi við það fyrirtæki, sem hér er verið að ræða um, verð ég að segja það að það vekur líka dálitinn ugg í mínum huga, jafnmikill fylgismaður fjármagnsflutnings og ég er, að mér finnst þetta fyrirtæki of skuldbundið einum erlendum aðila. Ég er fylgjandi frjálsri samkeppni og ég vil hafa þá aðstöðu í sambandi bæði við framleiðslu og sölu á því, sem verið er að framleiða, að maður sé ekki skuldbundinn einum aðila getur sett manni stólinn fyrir dyrnar hvenær sem honum líkar. Einhvern veginn minnist ég þess að þegar þetta frv. var hér til umr. á sínum tíma, var ákaflega mikið miðað við það að verða að öllu leyti við kröfum þessa erlenda fyrirtækis. Það var að mínum dómi látið ráða of mikið ferðinni.

Þessi orð, sem ég hef sagt hér, eru ekki hugsuð til þess að stöðva framgang þessa frv., heldur vil ég að á þau sé litið sem almenna aðvörun um það hvernig hv. alþm. eiga að halda á málum og hvort ekki sé kominn tími til þess að sýna meiri gjörhygli og láta kryfja mál meira til mergjar áður en þau eru afgr. á þann hátt, eins og til að mynda þetta mál hefur verið afgr. á þingi, — hvort er ekki kominn tími til að stinga svolítið við fótum um að það sé ómögulegt að stofna til neins fyrirtækis, sem á að valda einhverju verulegu verkefni í efnahagsmálum þjóðarinnar, standa fyrir nýjum aðgerðum og marka ný mið í sambandi við breytta framleiðsluhætti, án þess að allt sé gert á vegum hins opinbera. Ég segi fyrir mitt leyti: Ég held að sá flokkur, sem ég er fulltrúi fyrir hér á þingi, hefði það ekki á stefnuskrá sinni, og ég vildi gjarnan fara að reyna að hafa áhrif á það að hann og ráðamenn hans færu að spyrna hér við fótum gagnvart þessari stefnu, sem að mínu mati hefur ráðið of miklu hjá okkur að undanförnu.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég get verið mun stuttorðari en ég hugsaði mér vegna þess að síðasti ræðumaður drap á þennan þátt varðandi höfnina sem ég hafði hugsað mér að ræða aðeins.

Þegar maður lítur á rekstraryfirlitið á bls. 3 kemur í ljós að útskipunarkostnaður og vörugjald er reiknað á 6 millj. 189 þús. kr. Í sambandi við hafnarmálin er það upplýst nú, að höfnin mun vart kosta undir 200 millj. kr., og þó að ríkið borgi 75% er það líka upplýst að sveitarfélagið á vart nokkrar krónur afgangs til þess að láta í höfnina, þannig að í raun mun ríkisvaldið verða að fjármagna þetta svo til alveg, svo til alveg gjörsamlega, svo að framlag ríkisins varðandi þetta fyrirtæki nálgast þá að vera 100%. En höfnin er ekki skráð neitt á vegum

þessa fyrirtækis, heldur á það að borga lítils háttar hafnargjöld sem ekki nálægt því hrökkva fyrir vöxtum. Kannske hefur þetta alltaf átt að vera svona. En ég segi bara: Þegar hafnarfé á lífsanuðsynlega staði er svo skorið við nögl, að lífsnauðsynlegar fiskiskipahafnir eru stórhættulegar fyrir viðkomandi flota, þá verðum við að gá að okkur í þessu efni. Einnig vildi ég varpa fram þeirri spurningu og að ýmsu leyti taka undir orð síðasta ræðumanns: Hvers vegna er þá ekki almennt fjárútboð, hlutafjárútboð? Er það bara kvöð af hálfu ríkisins? Hvað um fyrri eigendur þegar arðsemi er skráð hér 22%? Freistar arðsemin þeirra alls ekki neitt, að fá 22% af sínu hlutafé? Hvað eru mörg fyrirtæki á Íslandi sem bjóða það í dag? Þau eru sárafá. Ég þekki ekki eitt einasta — nema umrætt fyrirtæki, ef við eigum að trúa þeim tölum sem liggja hér á borðinu hjá okkur og eru á bls. 3. Mér virðist því að þegar þetta fyrirtæki er í fjármagnsvandræðum eigi að gera annað en að leita til ríkissjóðs. Það á líka að bjóða almenningi að eignast hlut í þessu fyrirtæki og einnig að tilkynna að fyrri eigendur eða hluti af eigendum á móti ríkissjóði ætli nú að leggja í púkkið, fyrst arðsemi er gefin hér upp 22% af framlögðu fjármagni.

Ég held að það sé alveg rétt hjá 2. þm. Norðurl. að hér hafi á sínum tíma ríkt gífurleg bjartsýni, hér hafi verið unnið hratt. Kannske reynist það í lagi. En þegar við sjáum allar þessar hreyfingar, uppbyggingu á rekstraráætlun og kostnaði o. s. frv., fjármögnun, hafnarvandamálið og allt saman, þá kemur í ljós að við hefðum átt að flýta okkur örlítið hægar eða a. m. k. fá betur unnin gögn í hendurnar, hv. þm.

Jóhannes Árnason: Herra forseti. Það frv., sem hér kemur til umr. í þessari hv. d. og fjallar um breyt. á l. nr. 107 frá 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð, miðar að því að breytt verði tveimur tölum í þeim lögum: Annars vegar að í stað 60 millj. kr. hlutafjár eða allt að 60 millj. í 1. tl. 3. gr. laganna komi allt að 90 millj. kr., sem þýðir að hlutafjáreign ríkissjóðs á að hækka um 30 millj. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að í stað 140 millj. kr. í 2. tl. 3. gr. laganna komi 340 millj. Það sem hér er um að ræða, er einfaldlega dæmi um þá miklu verðbólguþróun sem hér hefur átt sér stað í landinu á undanförnum tveimur árum. Ég hygg að það sé kjarni málsins. Auðvitað er fleira sem þarna kemur til, hækkanir erlendis og eflaust fleira.

Um það, hvernig til þessa fyrirtækis var stofnað á sínum tíma, hygg ég að þar hafi legið nokkur undirbúningur að baki sem ekki sé ástæða til að efast um að hafi byggst á rökum. Ég vil í þessu sambandi minnast á það, og það kom réttilega fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að það er orðið afar langt síðan áhugamenn fóru að leiða hugann að þangvinnslu á þessum stað. Það mun hafa verið laust eftir 1950 að Sigurður Hallsson verkfræðingur fór að fást þarna við rannsóknir og þær hafa síðan löngum verið kenndar við hans nafn. Um þessa verksmiðjubyggingu og þær framkvæmdir, sem þarna hefur verið ráðist í, vil ég annars segja það, að ég lít svo á að þær hljóti að vera liður í byggðaþróun, og með þessum framkvæmdum er verið að nýta möguleika frá náttúrunnar hendi til þess að koma upp slíkri verksmiðju því að það vita allir að í Breiðafirði, bæði með ströndinni og með eyjunum, er gífurlega mikið magn af hráefni, þörungum, sem á að nota til þessarar framleiðslu.

Varðandi staðsetningu verksmiðjunnar vil ég segja það, að eins og allir hv. þdm. vita hefur þróunin verið sú á þessu svæði að þar hefur átt sér stað veruleg fólksfækkun um langt árabil. Fólksfækkunin hefur orðið vestan að og þar hefur heilt sveitarfélag, Múlahreppur, sem áður var blómleg byggð, svo til alveg farið í eyði, Gufudalssveit, sem er næst, er komin langleiðina. Og þá er komið að Reykhólahreppi, en tveir syðstu hrepparnir þarna, Reykhólahreppur og Geiradalshreppur, hafa haldið sínum íbúafjölda nokkurn veginn nú undanfarin ár. Það sem þarna vantar er þéttbýlismyndun og til þess að hún geti orðið þarf að koma upp atvinnustarfsemi, nýjum atvinnugreinum, og það er einmitt það sem þarna er verið að gera. Og Reykhólar eru valdir af fleiri en einni ástæðu. Ég vil benda á það að þar er heitt vatn og boranir, sem þar hafa verið gerðar, hafa gefið ákaflega góðan árangur. En mér skilst að í sambandi við rekstur þessarar verksmiðju sé heita vatnið einmitt stór liður sem þarna kemur að góðu gagni.

Svo ég víki nokkrum orðum að hafnargerðinni, þá er það alveg rétt, eins og hér kom fram, að upphafleg áætlun um þessa hafnargerð hljóðar upp á um 83 millj. kr. heildarkostnað. Þá var spurningin um það, hvernig ætti að taka á þeirri hlið málsins. Var þá um tvennt að ræða eða kannske öllu heldur þrennt:

Í fyrsta lagi að gera þessa höfn að landshöfn. Nú er það svo með landshafnir að þær byggjast á ákveðnum rökum og sjónarmiðum sem öllum hv. þdm. er um kunnugt. En það sjónarmið átti ekki við við innanverðan Breiðafjörð.

Þá er það í öðru lagi að verksmiðjan byggði þessa höfn sjálf og kostnaður við hana væri liður í heildarfjárfestingunni. Hvorug þessara leiða þótti fær.

Þá er það í þriðja lagi að byggja höfnina samkvæmt hafnalögum, sem þýddi það að þá varð að koma heimaaðild, sveitarfélög sem tækju að sér að standa undir ¼ hluta kostnaðarins á móti ríkissjóði. Þessi leið varð ofan á og það var leitað til sveitarstjórnarmanna í Austur-Barðastrandarsýslu um að þetta yrði gert. Það var haustið 1973. Þá var boðað til almenns fundar sveitarstjórnarmanna í sýslunni. Það var sýslunefndin sem beitti sér fyrir því og þá kom í ljós að sá hreppur, þar sem höfnin er byggð, Reykhólahreppur, treysti sér ekki til að standa einn að þessari framkvæmd, heldur óskaði hann eftir samaðild hinna hreppanna. Því varð það úr að það var sýslusjóðurinn sem tók að sér að vera þarna aðili á móti ríkissjóði sem samnefnari fyrir hreppana.

Vegna ummæla hv. 1. landsk. þm. um fjárskort til fiskihafna í landinu vil ég benda á og ég held að ég fari rétt með að fjárveiting úr ríkissjóði til þessara framkvæmda við Breiðafjörð sé ekki af þeirri almennu fjárveitingu til hafnanna, heldur er það sérstök fjárveiting. Það er

eins með kostnað við hafnargerðina og verksmiðjuna að það er verðbólguþróunin og þau vandamál sem henni eru tengd, hækkanir erlendis og gengisfellingar, sem valda þessari hækkun. Síðast þegar þetta mál var á dagskrá hjá Hafnamálastofnun í kringum áramótin, þá var gert ráð fyrir að það þyrfti 150 millj. kr. frá ríkissjóði og heimaaðilum til þess að hægt væri að gera höfnina þannig úr garði að það mætti taka hana í notkun og með því á ég þá við lágmarksframkvæmdir, þá skilst mér að eftir muni vera að ganga frá hafnarbakka og þekju og því um líku og það eru hlutir sem verða að bíða. Varðandi fjármögnun 25% af þessari heildarupphæð, 150 millj. kr. eða 37½ millj., er það að segja að þegar hafa verið útvegaðar 20 millj. kr. í þetta. En það er allt í óvissu með það sem á vantar, eða 17½ millj., og ég fyrir mitt leyti fæ ekki séð að hafnarsjóðurinn, sem stofnaður hefur verið, með þeim tekjumöguleikum sem hann hefur, fái staðið undir öllu meira. Væntanlega þarf þarna til að koma aðstoð frá ríkinu til þess að brúa þetta bil.

Ég sé ekki tilefni til þess að orðlengja þetta meira, en vildi aðeins segja nokkur orð um þetta með því að þetta mál er mér líka skylt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Uppsögn fastráðins starfsfólks, þáltill. (þskj. 522). — Frh. einnar umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. mikið með langri ræðu, frekar en venja mín er hér í d., og ég missti að nokkru leyti af þeim ræðum sem þegar er búið að halda í málinu. En ég vil aðeins segja um þetta mál að ég tel að það sé réttast að atvinnurekendur og verkalýðsfélög semji hér eftir sem hingað til um sín mál eins og verið hefur, en Alþ. sé ekki að grípa inn í þau mál þótt eitthvað skerist í odda á stöku stað. Það er vitað mál, að verkalýðsfélögunum er illa við það þegar Alþ. og ríkisstj. grípa inn í samninga og það er ávallt neyðarúrræði þótt gert hafi verið og meira að segja með mínu samþykki a. m. k. í einu tilviki. Það var alltaf að mínu mati neyðarúrræði og ég tel að þessum málum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda sé best borgið með frjálsri samningaleið.

Ég tel það óréttmætt af hv. 7. landsk. þm. að dæma afstöðu samvinnumanna til verkalýðsfélaga eftir einum árekstri sem orðið hefur. Slíkir árekstrar gerast mjög oft og eru raunar alltaf að gerast og það án þess að það verði efni fyrir fjölmiðla til þess að gera sér mat úr. Og þessum átökum, sem hér um ræðir og sérstaklega er vitnað til í grg. með þáltill. þeirri sem hér um ræðir, uppsögn tiltekins manns hjá Kaupfélagi Árnesinga, lauk með fullum sigri verkalýðsfélagsins og rennir það raunar enn stoðum undir það að till. sé óþörf.

Ég hef auðvitað ekkert við það að athuga að þessi till. eins og aðrar fái þinglega meðferð og að hún fari til n. Ég mun greiða atkv. með því að till. fari til n. eins og minn er háttur um ýmsar till. þótt ég sé efni þeirra andsnúinn.

Ég held að það sé ekki réttlátt að segja að sambúð verkalýðsfélaga og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og kaupfélaganna sé slæm. Ég vitna t. d. til þess sem gerðist á árinu 1971 þegar það var Vinnumálasamband samvinnufélaganna sem gekk fram fyrir skjöldu til þess að leysa yfirvofandi vinnudeilu og lagði þar með brautina að samningum sem gerðir voru til tveggja ára, öllum aðilum í þjóðfélaginu til hagsbóta, því að ekkert er verra en verkföll.

Ég held menn ættu að fara varlega í það að dæma forustumenn samvinnufélaganna til ófrægðar í verkalýðsmálum þó að skorist hafi í odda á einum stað. Það er ekki algild regla. Og ég endurtek það að samvinnufélögin hafa oft á tíðum gengið fram fyrir skjöldu til þess að ná hagstæðum samningum fyrir verkalýðsfélögin. Kaupfélögin eiga víða við erfiðleika að stríða og kaupfélagsstjórar þurfa stundum að gera fleira en gott þykir til þess að bjarga rekstri sinna félaga. Ég er ekkert að tala um það sem skeði á Selfossi, ég veit ekkert um það, en ég bara veit það almennt talað, að kaupfélagsstjórar hafa oft orðið að grípa til harkalegra ráðstafana til þess að sjá þeim félögum, sem þeim er trúað fyrir, farborða.

Ég vildi aðeins, herra forseti, að þessar fáu aths. kæmu hér fram frá mér sem fyrrv. starfsmanni samvinnuhreyfingarinnar áður en umr. heldur lengra áfram.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér um of í þær deilur sem hér hafa orðið og ekki leggja neinn dóm á þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar í Kaupfélagi Árnesinga vegna þeirrar deilu sem þar reis nú fyrir skömmu. Sú þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 522 fjallar um takmörkun á rétti atvinnurekenda til að segja upp fastráðnu fólki að eigin geðþótta. Ég vil gera það að umræðuefni hér og kannske ekki að ástæðulausu. Mér er farið að þykja vænt um að vera talinn af þeim, sem lengst eru til vinstri, í hópi atvinnurekenda. Í borgarstjórn hafa þeir kallað mig arðræningja. Mér er farið að þykja vænt um það orð og atvinnurekendur farnir að líta á það sem gæluorð.

Ég verð að segja það, áður en ég kem að sjálfri þáltill. að ég harma það að Sambandið skuli vera í þessum deilum sem slíkt. Við erum ýmsir ekkert sérstaklega hrifnir af samvinnurekstrinum sem slíkum vegna þess að við álítum að hann hafi ýmsa lagalega vernd fram yfir hið frjálsa framtak í landinu. Þó held ég að mér sé óhætt að fullyrða að Sambandið hafi yfirleitt farið mjög vel með sitt fólk og það hafi ekki, sem betur fer, verið mikið um deilur á milli starfsfólks og Sambandsins. Þetta vil ég að komi fram hjá mér, og ég ítreka það að ég er enginn sérstakur stuðningsmaður samvinnuverslunarinnar og ég get tekið undir það að hún hefur á ýmsan hátt farið út fyrir þau bönd sem hinni upphaflega samvinnustefnu voru ætluð. En ég held hún reki sín fyrirtæki mjög vel. Við viljum aðeins fá að vera í frjálsri samkeppni á allan hátt, að

enginn njóti sérréttinda fram yfir aðra. En allt þetta er annað mál og ég vil með þessum orðum taka undir það sem hæstv. utanrrh. sagði, að það má alls ekki dæma Sambandið eða samvinnuhreyfinguna og síst af öllu forustumenn hennar vegna þess ágreinings sem hefur verið uppi undanfarið. Satt að segja tók ég frekar málstað þess manns. Ég var farinn að hafa vissa meðaumkun með honum bara af lestri blaðanna, en þar með er ég alls ekki að segja að ég sé að dæma samvinnuhreyfinguna eða forustumenn hennar og síst af öllu kaupfélagsstjóra Kaupfélags Árnesinga. Slíkur ágreiningur getur alltaf komið upp milli atvinnurekenda og starfsmanna, en ég læt útrætt um það. Mér er annt um Sambandið, það er góður keppinautur, ég er keppnismaður og vil hafa keppinauta. En ég vil að við sitjum allir við sama borð þegar við keppum.

En í sambandi við þáltill. sjálfa vil ég segja það, að ég hef ekkert við það að athuga að Alþ. ályktaði að fela ríkisstj. að undirbúa og leggja fyrir Alþ. lagafrv. er m. a. kveði á um réttindi og skyldur fatsráðins fólks, náttúrlega bæði réttindi og skyldur. Ég hef ekkert við það að athuga. En að sjálfsögðu verður atvinnurekandi að vera nokkuð frjáls að því að segja starfsfólki sínu upp ef það gegnir ekki sínum skyldum, eins og því er ætlað við ráðningu, og eins og kemur hér fram síðast, ef sýnt er að um vanrækslu í starfi er að ræða eða að vinnuveitandi eða atvinnurekandi, hver sem hann er, þarf að fækka starfsfólki. Ég hef ekkert við það að athuga. En það er ýmislegt í þessari stuttu þáltill. sem ég er á móti. T. d. veit ég ekki hví er verið að ræða þar um „eigin geðþótta", þ. e. ef maðurinn hefur t. d. sofið illa og vaknað þar af leiðandi kannske úrillur, að hann geti þá gengið yfir í fyrirtæki sitt og sagt starfsfólki upp. Ég held að það sé alveg óþarfi að hafa svona orðalag þarna. Og svo kemur þarna: „t. d. vegna skoðanaágreinings". Mér finnst þarna verið að blanda óskyldu máli inn í. Ef starfsmaður er ekki á sama máli og atvinnurekandi í einhverju, hvort það er pólitískur ágreiningur, einn er í þessu pólitísku félagi og annar í hinu, og þeir tala um pólitík og eru ekki sammála, þá geti atvinnurekandi sagt viðkomandi aðila upp störfum, það finnst mér ekki koma til mála. En það á ekki að vera í þessari þáltill. Ég hefði gjarnan viljað taka þessi orð þarna út úr: „að eigin geðþótta" og „t. d. vegna skoðanaágreinings", og hafa svo framhaldið áfram eins og það er. Þá sé ég ekkert á móti því að ég sem atvinnurekandi samþykki þessa þáltill. Ég treysti ríkisstj. vel til þess að undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. sem er hlutlaust fyrir bæði atvinnurekendur og starfsfólk almennt.

Ég harma þær umr. sem hafa orðið hér um þetta mál. Þær hafa ekki verið nógu málefnalegar. Og ég verð að segja að það er afskaplega fátt í þeirri grg., sem fylgir þáltill., sem ég get verið sammála. Rökstuðningur með þáltill., sem ég álít annars ágæta, finnst mér ekki passa við hana. Og það má segja að sumt af því sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ólafssyni áðan, eigi kannske ekki beint heima hér í umr. En hann talaði bara um vandamál sem er staðreynd, þannig að þess vegna mátti það gjarnan vera sagt sem hann asgði, án þess að ég sé að taka undir það allt. Það eru ýmis vandamál af þeim ástæðum, sem hann tók hér fram áðan, og mörgum öðrum, sem eru vandamál atvinnurekenda, og í þeim tilfellum verður atvinnurekandinn að hafa frjálsar hendur að gera þær ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar hverju sinni. En þær mundu þá allar falla undir það sem segir í þáltill., að ef um vanrækslu er að ræða í starfi eða þá að atvinnureksturinn gengur ekki betur en það eða hagræðing á sér stað og fækka verður starfsfólki.

Ég vil ljúka þessum orðum með því að vona að hér verði málefnalegar umr. um þáltill. sjálfa og forustumenn Sambands ísl. samvinnufélaga og Kaupfélags Árnesinga komi ekki inn í þessar umr. því að mér finnst þetta mál vera miklu stærra en bara sú deila, sem kom upp og ég vona að sé hjá liðin, og það sé nú komin á sátt og samlyndi bæði milli starfsfólksins og stjórnar Kaupfélags Árnesinga og með lagni hafi á þann hátt sem utanrrh. minntist á hér áðan tekist að berja alla aðila til ásta.

Umr. frestað.

Neðri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Upplýsingaskylda stjórnvalda, frv. (þskj. 231, n. 398). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 398 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 21:2 atkv.

Iðnfræðsla, frv. (þskj. 103, n. 437). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 437 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 21 shlj. atkv.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 443). — 1. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Landbn. flytur frv. þetta að beiðni veiðistjóra. Er einungis um að ræða hækkun á verðlaunum fyrir að vinna refi og minka með hliðsjón af þeim breytingum á verðlagi sem orðið hafa. Verðlaun þessi hafa verið hækkuð tvisvar áður af sömu ástæðum, árin 1964 og 1971. Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr hefur síðan 1971 verið 700 kr. fyrir fullorðin dýr og 300 kr. fyrir yrðling. En lagt er til að þær upphæðir verði 1500 kr. og 800 kr. Verðlaun fyrir að vnina hlaupadýr hafa síðan 1971 verið 1100 kr. fyrir hverja tófu, en lagt er til að þau verði hækkuð í 2500 kr. Fyrir hvern mink, sem vinnst, eru

greiddar 700 kr. í verðlaun síðan 1971, en lagt er til að þau hækki í 1 500 kr.

Veiðistjóri gerir í bréfi sínu til n. nánari grein fyrir þörf á þessum hækkunum og ég leyfi mér að lesa bréfið hér upp, en það er fskj. með þessu frv., með leyfi forseta:

„Í marsmánuði 1974 skrifaði ég undirritaður til landbn. Nd. Alþ. og ræddi eining við hv. nm. um nauðsyn þess, að verðlaun fyrir að vinna refi og minka yrðu hækkuð í samræmi við þær hækkanir sem orðið hafa síðan þeim var breytt síðast á Alþ. fyrir 4 árum. Þrátt fyrir góðar undirtektir alþm. náði erindi þetta ekki fullnaðarafgreiðslu á Alþ. áður en hin óvæntu þingslit urðu s. l. vor. Ég leyfi mér því að mælast til að hv. þm. landbn. taki þetta mál fyrir að nýju eins fljótt og auðið er.

Á nýliðnu ári hafa enn orðið miklar verðhækkanir svo núgildandi verðlaun, kr. 1 100 fyrir refi og kr. 700 fyrir minka, eru enn lengra frá að ná tilgangi sínum. Þegar l. um eyðingu refa og minka voru samþ. á Alþ. 1957 voru verðlaunin ákveðin kr. 350 á ref og kr. 200 á mink, og þótti þá síst of hátt. Miðað við kauptaxta þá, kr. 20—25 á tímann og nú um kr. 300 á tímann, ættu verðalunin að vera ca. kr. 4 500 fyrir refi og kr. 3 000 fyrir minka, en verðmunur á skotvopnum, veiðiútbúnaði og bílkostnaði er nú margfallt meiri.

Mér er vel ljóst, að ofangreind upphæð á hækkun verðlauna muni þykja mikil og ekki líkleg til að ná samþykki Alþ. Ég leyfi mér því að benda á eftirfarandi tölu á verðlaunum fyrir unnin dýr og mælist eindregið til að ekki verði lögboðin lægri verðlaun: 1. Fyrir refi utan grenja kr. 2 500. 2. Fullorðin grendýr kr. 1 500. 3. Yrðlingar (á grenjum) kr. 800. 4. Minkar, ungir og fullorðnir kr. 1 500.

Að sjálfsögðu væru hærri verðlaun æskilegri og líklegri til enn betri árangurs. Hins vegar er ég þess fullviss, að ofangreindar hækkanir yrðu til mikils gagns í eyðingarstarfinu og veiðimenn legðu sig mun betur fram.

Sú útgjaldaaukning, sem yrði við þessar verðlaunahækkanir á heildarkostnaði, gæti orðið allt að 700—800 þús. kr. vegna refa og um 3 millj. kr. vegna minka, en ríkissjóður greiðir ⅔ hluta alls kostnaðar. Aftur á móti ber að hafa það í huga, að tímakaup og önnur útgjöld, eins og ferðakostnaður, yrðu lægri vegna hærri verðlauna.

Ég lít svo á, að heildarárangur af dýraeyðingunni hafi orðið góður og að sumu leyti eins og stefnt var að í upphafi. Refum hefur fækkað verulega og er nú sáralítið kvartað undan tjóni af þeirra völdum, miðað við það sem áður var. Allt bendir til, að hægt sé að fyrirbyggja mikla fjölgun þeirra að nýju, ef vel er að þeim málum staðið.

Rétt er að geta þess, að orðrómur sá, sem heyrst hefur, að stefnt sé að gjöreyðingu á íslenska refastofninum, hefur við engin rök að styðjast, enda mun sá misskilningur kominn frá fólki á þéttbýlissvæðum, sem lítið þekkir til þessara mála; a. m. k. hef ég aldrei orðið var við þann hugsunarhátt meðal veiðimanna.

Eyðing villiminka hefur gengið mismunandi vel eftir aðstæðum. Þeim fækkaði mikið fyrstu árin eftir að skipulögð eyðing þeirra hófst, en síðustu tvö árin hefur þeim fjölgað á ný og mun þar koma til m. a. meiri útbreiðsla minksins og minnknadi áhugi veiðimanna. Mest áhersla er lögð á að verja varplönd og veiðivatnasvæði, og eru þau víða vel varin fyrir ágengni minka.

Það, sem mestum erfiðleikum veldur í eyðingarstarfinu, er hvað minkurinn er lítið dýr, sem er dreift um allt landið, svo vart er framkvæmanlegt að ætla sér að elta hvert dýr uppi. Ef borga ætti fjölda veiðimanna tímakaup við slík störf, yrði kostnaðurinn óviðráðanlegur."

Ég læt þetta nægja úr bréfi veiðistjóra. Ég læt þess getið að n. kallaði hann á sinn fund og veitti hann enn fyllri upplýsingar í sambandi við þessi mál og t. d. um kostnaðinn, hver hann hefði orðið á árinu 1973. Kom í ljós að það er í vaxandi mæli sem verður að fá menn í tímavinnu til þess að stunda þessar veiðar, sérstaklega á þeim stöðum þar sem erfitt er að vinna þessi dýr og þar sem talið er að náttúran sé viðkvæmust fyrir ef þeim fjölgar þar, þannig að landbn. var sammála um að flytja þetta frv. Hún hafði samband við hæstv. ráðh., fjmrh. og landbrh., og þeir féllust á að n. flytti þetta frv.

Ég lít þannig á að það sé óþarft að vísa þessu máli til n. þar sem n. flytur það og er búin að fjalla um það, enda legg ég áherslu á að þessu máli verði flýtt í gegnum þingið svo að það geti orðið að lögum.

Virðulegi forseti. Ég óska þess aðeins að frv. sé vísað til 2. umr., en hef sem sagt ekki till. um að vísa því til n. aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Þjónusta hjá héraðsdómstólum við neytendur, þáltill. (þskj. 446). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Virðulegi forseti. Till. sú, sem hér er flutt um neytendaþjónustu við héraðsdómstóla, var upphaflega flutt á haustdögum 1973 og þá að áeggjan ýmissa aðila í Neytendasamtökunum. Meðflm. mínir að till. þá voru Eðvarð Sigurðsson, hv. 7. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, sem nú er horfinn af þingi, Vilhjálmur Hjálmarsson, nú hæstv. menntmrh. Till. hlaut ekki afgreiðslu, aðallega að ég held vegna þess að ýmsir þm. lögðu annan skilning í tilgang hennar en fyrir okkur flm. vakti, fannst hún seilast inn á svið lögmanna og dómara þeim til óhagræðis. En hið gagnstæða er og var ætlunin sem og þjónusta við neytendur, þ. e. leið til auðveldunar og hagræðis ýmsum aðilum. Hér er till. nú endurflutt óbreytt, en auk mín og Eðvarðs Sigurðssonar eru flm. þm. Magnús T. Ólafsson og Sverrir Bergmann. Till. hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að leggja fyrir ríkisstj., að hún láti nú þegar semja frv. til breyt. á l. og geri aðrar ráðstafanir til undirbúnings því, að komið verði á fót þjónustu við neytendur hjá héraðsdómstólum landsins. Þjónusta þessi verði í því fólgin, að dómari geti ákveðið að mál, sem höfðuð eru af viðskiptavini verslunar eða þjónustufyrirtækis vegna viðskipta við fyrirtækið, hljóti

skjótari og ódýrari afgreiðslu en nú tíðkast. Meðferð þessari megi beita við mál, sem varða vörur og þjónustu allt að 50 þús. kr. Við þessar breytingar verði lík þjónusta í öðrum löndum höfð til hliðsjónar, en reglur færðar til íslenskra aðstæðna.“

Hugmynd sú, sem hér er bryddað á, er ekki *ný af nálinni, heldur á sér erlendar fyrirmyndir.* Víða um lönd hafa menn rekið sig á það að reglur þær, sem gilda um meðferð mála fyrir almennum dómstólum, m. a. til að tryggja réttaröryggi, hafa gert meðferðina of erfiða og kostnaðarsama til úrskurðar deilumála sem skipta lágum fjárhæðum. Bæði frá sjónarmiði einstaklinga og þjóðfélags finnst mörgum þetta hafa óæskileg áhrif, maður, sem hafi réttmæta fjárkröfu fram að flytja, kjósi oft að bera tjón sitt óbætt sökum þess hve þungt sé og seint í vöfum að sækja rétt sinn fyrir dómstólum.

Á seinni árum, eftir að neytendahreyfingum tók að vaxa fiskur um hrygg í ýmsum löndum, hefur sú skoðun öðlast æ meira fylgi að skynsamlegt væri að fjalla um minni háttar mál á sviði fjármunaréttar með líkum hætti og þáltill. leggur til. Hafa Bandaríkin alllengi haft þennan eða líkan hátt á við meðferð smámála fjárhagslegs eðlis, bretar fetað í fótspor þeirra nú á síðustu árum og sama má segja um svía. Allt er þetta unnið gegnum gildandi dómkerfin. Það eru ekki settir upp sérdómstólar, heldur málsmeðferðin einfölduð þegar um *smámál* er að ræða hvað fjárhæðir snertir svo að menn hljóta úrskurð án verulegs vafsturs og biðar. Ekki síst eru reglurnar sniðnar við svonefnd neytendamál.

Hér á landi hefur kvörtunarþjónusta Neytendasamtakanna unnið talsvert gagn og sömuleiðis upplýsingaþjónusta húsmæðra. Þetta er þó fyrst og fremst bundið höfuðborgarsvæðinu, en þyrfti að ná um allt land eins og hér er lagt til um þjónustu hjá héraðsdómstólum við neytendur.

Öll erum við neytendur í einni eða annarri mynd. Stundum erum við hlunnfarin grimmilega í viðskiptum og vitum það með vissu, en nennum ekki að standa í kærumálum og málaþrasi, viljum af tvennu illu bera skaðann óbættan sé hann ekki mjög tilfinnanlegur. Stundum finnst okkur við vera hlunnfarin, bítum í okkur þykkjuna, en leitum ekki álits eða úrskurðar vegna þess að okkur hrýs hugur við fyrirhöfn. Fyrir vikið áfellumst við kannske að ófyrirsynju viðskiptaanda okkar. Með auðveldun meðferðar smámála mætti ugglaust grynna talsvert á slíkum árekstrum og hér er drepið á og væri þá vel.

Það er von *mín og trú* að hv. alþm. sýni þessu máli skilning og fylgd og skulu það vera mín lokaorð. Ég legg svo til að allshn. d. fái mál þetta til umfjöllunar að umr. frestaðri.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Grunnskóli, frv. (þskj. 506). — 1. umr.

Flm. (Sigurður Blöndal): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 506 ða flytja frv. um breyt. á l. nr. 63 frá 21. maí 1975 um grunnskóla. Það er breyt. í 1. gr. við 79. gr. grunnskólalaganna, þ. e. að aftan við hana bætist:

Ríkissjóður greiðir upphitun skólahúsnæðis á móti sveitarsjóðum í því hlutfalli, sem nú skal greina:

Sveitarsjóðir greiða upphitun sem nemur meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem nýtur jarðhita.

Ríkissjóður greiðir eftir á, samkvæmt endurskoðuðum reikningum og fskj., upphitun, sem er yfir því marki, sem 4. málsgr. tiltekur, upp að meðaltalskostnaði á fermetra í skólahúsnæði þar sem hitað er með olíu eða rafmagni.“

Og 2. gr.: „Niður falli orðið „hitun“ í 1. línu 80. gr. l.“

Það eru tvær höfuðástæður fyrir því að þetta frv. um breyt. á grunnskólalögunum er lagt fram. Vissulega verð ég að játa, að það má kannske teljast óeðlilegt að það komi fram frv. um breyt. á þessum l. sem eru ekki nema um árs gömul, en það eru sem sagt tvær höfuðástæður til þess að ég ber þetta frv. fram. Það er í fyrsta lagi hin gífurlega hækkun á verði olíu sem nú leggst með miklum þunga á þau sveitarfélög sem hita skóla sína með olíu, alveg sér í lagi þá skóla sem hafa heimavist, en það er einmitt í fámennum sveitahreppum, og í öðru lagi er sú ástæða að mismunurinn á kostnaði við hitun skólahúsnæðis annars vegar með jarðhita og hins vegar með olíu og í örfáum tilfellum kannske *rafmagni, sem fylgir olíuverði,* er svo mikill að við það skapast aðstöðumunur milli sveitarfélaga af slíkri stærð að eðlilegt og sjálfsagt sýnist að ríkið jafni hann.

Ég hef fengið frá menntmrn. upplýsingar um hitunarkostnað skólahúsnæðis viðs vegar á landinu árið 1974. Þegar þetta yfirlit var tekið saman lágu að vísu ekki fyrir upplýsingar frá alveg öllum skólum landsins, en kostnaðurinn við þá, sem hitaðir voru með olíu eða rafmagni, 112 talsins, var rúmar 50 millj. kr., en með jarðhita, utan Reykjavíkur, 24 skólar, tæpar 5 millj., 4.9 millj. rúmar, og þá vantaði ekki upplýsingar nema um 5 skóla sem hitaðir voru með jarðhita svo að telja má að sú tala sé nokkuð nærri sanni. Hitakostnaður við skólana hér í Reykjavík á skyldunámsstigi, sem grunnskólalögin ná yfir, nam rétt rúmum 17 millj. kr. Hins vegar vantaði um þá skóla, sem hitaðir eru með olíu eða rafmagni, upplýsingar frá rúmum 30 aðilum. Það verður að geta þess hér til þess að viðhafa fullan heiðarleika að í sumum þessum skólum er rafmagnskostnaður ekki sundurliðaður frá hitakostnaði því að sveitarfélögin bera þessa tvo liði, hita og ljós, saman, það kemur á sveitarfélögin ein. Það er í einstaka tilfellum sem ljós og hiti eru færð í einni tölu, en það eru svo fá tilfelli sem ég gat fengið staðfest að það breytir ekki heildarmyndinni. Heildarupphæðin hér að ofan verður þá heldur í óhag þeim sem hitaðir eru með jarðhita, þ. e. frekar of há en of lág.

Það má nefna sem dæmi um mismun á hitunarkostnaði með olíu eða jarðhita að í nokkrum þeirra skóla, sem hitaðir eru með jarðhita, er kostnaðurinn á árinu 1974, sem tölurnar ná til, núll, hann er enginn. En aftur á móti í sumum stórum heimavistarskólum í sveit er hitunarkostnaður þeirra skóla, sem hitaðir eru með olíu,

gífurlega hár Ég vildi aðeins nefna hér örfáar tölur þessum staðhæfingum mínum til stuðnings. Ég hef umreiknað hita annars vegar með jarðhita og hins vegar með olíu á fermetra í skólahúsnæði sem er sú stærðareining, sem byggingadeild menntmrn. notar nú um þessar mundir. Þá kemur t. d. í ljós að ef tekið er það skólahúsnæði sem Reykjavíkurbrog eða Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur hefur gefið upp var kostnaðurinn árið 1974 samtals 17 millj. rúmar í 80 þús. fermetra húsnæði, þ.e.a.s. 203 kr. á fermetra fyrir árið 1974. Í Keflavík, sem hitar með olíu, það er heimangönguskóli eins og hér tíðkast í Rvík, er þessi sami kostnaður tæpar 293 kr. á ferm., þar er hann þriðjungi hærri. Svo hef ég einn heimangönguskóla í Þorpi utan Reykjavíkur. Þar fer fermetrakostnaðurinn upp á hvorki meira né minna en 1300 kr. Svo hef ég hér einn heimavistarskóla sem hitaður er með jarðhita þar sem kostnaðurinn er 0. Og ég hef annan heimavistarskóla í sveit þar sem kostnaðurinn er 56 kr. á fermetra. Það virðist vera hitaveita á staðnum þannig að það þarf að kaupa þar heitt vatn. Svo hef ég einn heimavistarskóla í sveit þar sem hitað er upp með olíu. Þar koma út 529 kr. á fermetra. Og ég hef annan sem er með 687 kr. á fermetra, sem sagt nærri 700 kr. Og svo er enn einn sem er með tæpar 400 kr. á fermetra. Sést af þessu að þessi kostnaður er ákaflega breytilegur. Það er auðvitað viss ónákvæmni í þessum tölum, mundu kannske fást nákvæmari tölur ef væri tekið yfirlit yfir lengri tíma en eitt ár. Engu að síður held ég að þetta gefi vissa mynd af því hvað aðstöðumunurinn getur orðið gífurlega misjafn þarna.

Það er skoðun mín að þennan gífurlega aðstöðumun sveitarfélaganna að því er þennan sérstaka útgjaldalið varðar beri að jafna, það sé rétt og skylt af ríkissjóði að jafna hann. Mér er kunnugt um það að meðal forráðamanna sveitarfélaga á því sem mætti kalla köldum svæðum, í þeim landshlutum þar sem ekki nýtur jarðhita, hefur lengi ríkt mikil óánægja yfir að þessi sérstaki útgjaldaliður í skólakostnaði, upphitunin, skuli alfarið færður á sveitarfélögin. Og eftir hina miklu olíuhækkun, sem átt hefur sér stað s. l. tvö ár, hefur þessi munur auðvitað orðið meiri og það er sú staðreynd, að þessi mikla hækkun hefur átt sér stað núna s. l. tvö ár sem gerir það að ég leyfi mér að hrinda þessu máli hér af stað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Framsal sakamanna, frv. (þskj. 406, n. 535). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Allshn. Nd. hefur skoðað þetta frv. eins og það var lagt fram og liggur fyrir eftir afgreiðslu í Ed., og n. mælir einróma með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 24 shlj atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 28, n. 533). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Þetta frv. hefur fengið meðferð og athugun í hv. Ed. og hlaut þar einróma samþykki. Hv. allshn. Nd. hefur skoðað þetta mál og telur sjálfsagt að samþykkja það óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Vátryggingarsamningar, frv. (þskj. 56, n. 534). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Hæstv. forseti. Þetta frv. var sömuleiðis lagt fram í Ed. og hefur verið afgr. þar eins og það var í upphaflegri mynd. Það er óhjákvæmilegur fylgifiskur þess frv., sem var 25. mál og var hér afgr. á undan. Með hliðsjón af því, sem fram kom í ræðu minni hér á undan, telur n. rétt að samþykkja þetta frv. sömuleiðis.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Þjóðminjalög, frv. (þskj. 492). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Hæstv. forseti. Þetta er stjfrv. og fjallar um breyt. á l. um Þjóðminjasafn Íslands. Í IV. kafla laganna um Þjóðminjasafnið er fjallað um húsfriðunarmálið.

Eins og kunnugt er starfar nú sérstök húsafriðunarnefnd í tengslum við Þjóðminjasafnið. Sá er hins vegar galli á gjöf Njarðar að þessi n. hefur nánast engin fjárráð og á því óhægt um vik að sinna sínu verkefni. Árið 1975 er ekki einasta kvennaár, eins og títt er um talað, heldur einnig húsafriðunarár. Það er því eðlilegt að íslendingar sýni nokkra viðleitni til að glæða skilning og auka möguleika á friðun gamalla húsa hér á landi. Á hitt ber þó fremur að líta að minni hyggju enn frekar að hér á landi er í reynd þörf á auknum aðgerðum og þar með auknu fjármagni til friðunar byggingarsögulegra verðmæta.

Ég læt hjá líða að mestu að rekja einstök efnisatriði þessa frv.. Það er mergur málsins að lagt er til að stofna húsafriðunarsjóð. Starfsemi hans skal vera í nánum tengslum við Þjóðminjasafnið, hann skal lúta stjórn húsafriðunarnefndar, sem þegar er til, en í henni á þjóðminjavörður sæti. Sjóðinn skal ávaxta í einhverjum ríkisbankanna. Í frv. er lagt til að ríkissjóður greiði 20 kr. á hvern íbúa og sveitarsjóður jafnháa upphæð á móti. Þetta mundi gera rúmar 8 millj. kr. á ári. Þetta er kannske ekki mikil fjárhæð,

en mundi þó bæta úr brýnustu þörf. Aðstaða til að sinna þessu mjög svo aðkallandi verkefni mnudi gerbreytast ef frv. þetta yrði að lögum.

Það er trú margra að íslendnigar hafi lítt eða ekki átt sér umtalsverða húsagerðarlist á liðnum öldum, jafnvel allt fram undir okkar daga. Þetta er áreiðanlega mikill misskilningur. Það hefur þegar verið unnið mikið starf við undirbúning og ritun sögu um húsagerðarlist á Íslandi, og ég hygg að sú saga muni hnekkja rækilega þessum hugmyndum sem ég áðan nefndi. Væri betur að útkoma þess rits drægist ekki úr hömlu og það mætti sjá dagsins ljós á hinu svokallaða húsafriðunarári. Er enginn vafi á því að útkoma þess mundi mjög glæða skilning íslendinga á nauðsyn þess að varðveita merkilegar minjar um húsagerðarlist sína á liðnum tíma.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta frv., því fylgja skýringar og auk þess er málið einfalt og skýrir sig í rauninni sjálft. Ég legg til að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. menntmn.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að fagna því að frv. þetta er fram komið. Eins og sjá má af skjalinu, sem fram er lagt, lætur það ekki mikið yfir sér, en ég vil taka undir það sem kom fram hjá hæstv. ráðh. að hér er um mjög merkilegt verkefni að ræða. Ég held að ef hv. Alþ. samþykkir þetta frv. sé í rauninni um að ræða merk tímamót í byggingarverndarmálum eða húsafriðunarmálum hér á landi.

Hæstv. ráðh. minntist á að það hefði stundum verið skilningur manna að íslendingar ættu ekki merkilega byggingarlistasögu, en hann tók líka fram, sem rétt er, að auðvelt er að hnekkja þeirri skoðun, enda hefur það verið gert. Við höfum átt ágæta fræðimenn sem kannað hafa þessi mál og nú síðast þann mann sem mest og ötulast hefur unnið að þessu, Hörð Ágústsson listmálara, sem hefur safnað mjög merkilegum heimildum um íslenska byggingarlist að fornu og nýju og á mikið efni í bók um það mál. Ég vil taka undir það sem hæstv. ráðh. sagði að það væri mjög æskilegt ef það gæti orðið á næstunni að Herði Ágústssyni ynnist tími til að fullvinna þá bók og koma henni út.

Það hefur vissulega verið unnið mjög merkilegt skref í sambandi við byggingarvernd og húsafriðun á Íslandi þrátt fyrir allt. Við höfum átt í embætti þjóðminjavarðar frá fyrstu tíð mjög ötula menn á þessu sviði og þar er fyrstan að telja Matthías heitinn Þórðarson sem e. t. v. er upphafsmaðurinn að þessu, að því að kynna þjóðinni hver verðmæti liggja í byggingarlist þjóðarinnar og í húsum hennar. Matthías Þórðarson tók við starfi þjóðminjavarðar tiltölulega ungur maður að árum og vann stórmerkilegt starf á því sviði. Eftirmaður hans, dr. Kristján Eldjárn, hélt því starfi áfram og núv. þjóðminjavörður, Þór Magnússon, vil ég meina að sé ekki neinn eftirbátur forvera sinna í starfi um áhuga á þessu efni. Hann hefur á þessum málum mjög góðan skilning og er m. a. formaður í húsafriðunarnefnd sem svo er nefnd.

Mig langar til að minna á það, þó að það þyki kannske af eigingjörnum hvötum gert, að á þinginu 1972—1973 flutti ég ásamt hv. þm. Þórarni Þórarinssyni frv. sem gengur mjög í þá átt sem nú er til umr., og má segja að tekin sé upp sú hugmynd sem við þá hreyfðum. Þó að málið gengi ekki fram þá varð það þó til að kynna þetta nokkuð og vekja áhuga. M. a. vakti það áhuga menntmn. Nd. á þeirri tíð og var þar verulega mikið rætt og þá var það hugmyndin, einkum í fyrra, af hálfu menntmn. að beita sér rækilega fyrir því að sá sjóður kæmist upp sem hér er nú lagt til að stofnaður verði þó að ekki yrði af því þá. En ég fagna því að hæstv. menntmrh. hefur tekið þetta mál upp og að þetta mál er nú komið fram, og ég vil taka undir allt það sem hann hefur sagt um mikilvægi þessa máls. Þó að það kunni kannske ekki að láta mikið yfir sér er ég sannfærður um það, m. a. sem nm. í húsafriðunarnefnd, að þetta mundi gjörbreyta starfsaðstöðu n. og verða mikil hvatning til þess að íslendingar ræktu betur þann menningararf sem felst í húsum og húsagerðarlist þjóðarinnar allt frá upphafi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Launasjóður rithöfunda, frv. (þskj. 251). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Þetta frv., sem er stjfrv., var flutt í Ed. Við 1. umr. málsins þar gerði ég grein fyrir efni frv. í einstökum atriðum. Ég mun ekki endurtaka þá ræðu hér, enda liggur hún þegar fyrir prentuð í Alþingistíðindum. Ég vil hins vegar leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn. og vænti að málið fái þar góða fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Innflutningur og eldi sauðnauta, frv. (þskj. 89, n. 467). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Landbn. Nd. flutti frv. þetta á síðasta Alþ. og flytur það aftur nú og það gert að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Þetta frv. er í heimildarformi. N. hefur fjallað um þetta mál og meiri hl. hennar mælir með því að frv. verði samþ. með svofelldri breytingu:

„Við 6. gr. Niðurlag gr. orðist svo: sem samþykktir eru af landbrh., Náttúruverndarráði og yfirdýralækni."

Það, sem felst í þessari breyt., er að Náttúruverndarráði er skotið þarna inn í og er það gert að beiðni eða ábendingu Náttúruverndarráðs. Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson og Bragi Sigurjónsson tóku ekki afstöðu til málsins. Friðjón Þórðarson ritaði undir nál. með fyrirvara, en aðrir nm. voru meðmæltir þessari breytingu.

Friðjón Þórðarson: Virðulegi forseti. Ég hef undirritað þetta nál. með fyrirvara. Ég verð að játa að ég er ekki neinn sérstakur áhugamaður um framgang þessa máls af ýmsum ástæðum, tel rétt að fara sér hægt í þessum efnum með hliðsjón af nýrri og gamalli reynslu, sárri reynslu oft og tíðum. Ég hef þó ekki viljað bregða fæti fyrir frv. af eftirgreindum ástæðum: Í fyrsta lagi er frv. flutt fyrir ítrekaða beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Í öðru lagi er hér aðeins um heimildarl. að ræða, sbr. 1. gr. Í þriðja lagi er í frv. allvel um hnútana búið. Ég bendi þar sérstaklega á 4. gr. þar sem sagt er:

„Áður en Búnaðarfélag Íslands hefst handa um innflutning, skal það hafa aflað samþykkis yfirdýralæknis, sem setur reglur um allt það, er lýtur að sóttvörnum og heilbrigðiseftirliti með dýrunum, eftir að ræktun þeirra er hafin hér á landi.“ Satt að segja verður að játast að yfirdýralæknir er það sker sem ýmislegt af þessu tagi hefur strandað á. Og er það vel að fyllstu varfærni sé gætt í þessum efnum. Í fjórða og síðasta lagi tek ég svo fram, sem raunar er sjálfsagt, að ef og þegar þessi heimild kann að verða notuð verði ýtrustu varúðar gætt í hvívetna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:4 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, IG, JSk, LárJ, SBl, PJ, SigurlB, SV, SvH, GGÞ, SvB EBS, EKJ, IH, GTh.

nei: MK, MÓ.

KP, PP, SighB, SvJ, TÁ, VH, BrS, FÞ, GilsG, GÞG, RH greiddu ekki atkv.

12 þm. (JóhH, JónasÁ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, PS, EðS, GS, GuðlG, GF, HES) fjarstaddir.

Brtt. 467 samþ. með 22 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:2 atkv.

Ríkisforlag, frv. (þskj. 284, n. 536). — 2. umr.

Frsm. (Magnús T. Ólafsson): Hæstv. forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta frv. og leitað um það umsagna. Ég tel að þær umsagnir sem bárust hafi í sjálfu sér verið jákvæðar gagnvart tilgangi málsins en tekið var fram að þeim aðilum, sem þær sendu, virtist að þörf væri frekari könnunar áður en máli af þessu tagi, um stofnun ríkisforlags til að dreifa upplýsingaritum ríkisins og gefa þau út eftir því sem rétt þætti, væri ráðið til lykta. Því hefur n. orðið sammála um þá niðurstöðu að leggja til að hv. d. vísi málinu til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 536 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 28 shlj. atkv.

Þjóðleikhús, frv. (þskj. 415). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Þjóðleikhús, en það er stjfrv. Þetta frv. á sér alllanga sögu að baki. Lög um Þjóðleikhús eru frá 1. júní 1947 og þau því tekin að nálgast þrítugsaldurinn. Frv. til nýrra þjóðleikhúslaga var lagt fyrir Alþ. sem stjfrv. árið 1971. Það var þá ekki útrætt. Málið kom svo fyrir næsta þing óbreytt og þá flutt af menntmn. Ed. að beiðni menntmhr. En það fór á sömu leið að frv. var ekki heldur útrætt á því þingi. Frv. kemur nú fyrir Alþ. í þriðja sinn og hefur menntmrn. gert á því nokkrar breyt. en ekki veigamiklar.

Þetta frv. var upphaflega samið af þriggja manna nefnd, en í henni áttu þessir sæti: Birgir Thorlacíus ráðuneytisstjóri, sem var form., Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri og dr. Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómari. Þessi nefnd var skipuð 6. febr. 1970 og skilaði áliti 23. mars 1971. Nefndin kappkostaði að kynna sér viðhorf sem flestra þeirra sem gerst eiga að þekkja til leikhúsmála hér á landi. Hún átti m.a. viðræðufundi með þjóðleikhúsráði, þjóðleikhússtjóra, stjórn Félags íslenskra leikara og sérstakri nefnd á vegum þess félags, stjórn Bandalags íslenskra listamanna, stjórn Félags íslenskra listdansara, framkvæmdastjóra Bandalags íslenskra leikfélaga, stjórn Þjóðleikhúskórsins og stjórn Leikfélags Reykjavíkur o. s. frv. Viðræður við þessa aðila áttu sér stað bæði áður en nefndin hóf störf sín fyrir alvöru eða í byrjun starfs hennar og eins eftir að hún hafði gert drög að frv.

Eins og áður segir er löggjöfin um Þjóðleikhúsið frá árinu 1947. Þjóðleikhúsið hóf sýningar eins og allir vita árið 1950 og hefur nýlega minnst 25 ára afmælis síns. Á þessu tímabili hefur auðvitað fengist mikilsverð reynsla um rekstur þess um leið og hann hefur þróast ár frá ári. Munu flestir ásáttir um að tímabært sé að setja nýja löggjöf um starfsemi leikhússins.

Í frv. þessu felast að sjálfsögðu margvíslegar breytingar frá gildandi löggjöf um Þjóðleikhús, og án þess að fara langt út í einstök atriði vil ég rifja hér upp það sem segir um þetta í aths. með frv.:

1. Í fyrsta lagi er kveðið skýrar á um það en áður að þótt flutningur leikrita sé aðalhlutverk Þjóðleikhússins beri því einnig að flytja óperur, sýna listdans að staðaldri og að á hverju leikári skuli eitt eða fleiri viðfangsefni sérstaklega ætluð börnum.

2. Skipan þjóðleikhúsráðs er gjörbreytt. Starfstímabil þess er tímabundið og fulltrúum í því fjölgað til þess að það geti orðið vettvangur sem flestra þeirra sem leikhúsreksturinn varðar.

3. Myndað er framkvæmdaráð sem í eiga sæti 4 menn auk þjóðleikhússtjóra.

4. Þjóðleikhússtjóra skal ráða til 4 ára í senn og má eingöngu endurráða sama mann einu sinni, þannig að enginn getur gegnt þessum starfa samfellt lengur en 8 ár.

5. Ráða skal leikhúsinu bókmennta- og leiklistarráðunaut, listdanssstjóra og tónlistarráðunaut.

6. Miða skal við að svo margir leikarar, söngvarar og listdansarar starfi við Þjóðleikhúsið að það geti jafnan leyst af hendi þau verkefni sem því ber að sinna.

7. Lögfest sé að blandaður kór starfi við leikhúsið.

8. Leikárið verði framvegis frá 1. september til 31. ágúst, en ekki frá júlíbyrjun til júníloka eins og nú.

9. Þjóðleikhúsi og sjónvarpi er ætlað að koma á fót leikmunasafni er Leikfélag Reykjavíkur og önnur leikfélög geta gerst aðilar að, en safnið leigi búninga, leiktjöld og annan sviðsbúnað til leikfélaga.

10. Lögð er áhersla á aukið samstarf Þjóðleikhússins við leikfélög áhugamanna, t. d. með því að láta þeim í té leikstjóra og gistileikara.

11. Árlega skulu farnar leikferðir um landið á starfstíma Þjóðleikhússins.

Sumar þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á þjóðleikhúslögunum eru þegar komnar til framkvæmda í reynd, en aðrar eru það ekki. Kosta þær að sjálfsögðu nokkra fjármuni. Það fer svo eftir því hve ört breytingarnar koma til framkvæmda og hvernig starfsemi leikhússins er hagað hvað sá kostnaðarauki verður mikill hverju sinni. Þjóðleikhús verður áreiðanlega aldrei rekið nema með allmiklum kostnaði, það vita allir, þótt gætt sé hinnar ítrustu hagsýni í rekstri. Þetta gildir auðvitað alls staðar, en verður enn tilfinnanlegra í okkar fámenna samfélagi. En þessi hefur líka orðið reyndin annars staðar, að það hefur þurft að leggja þjóðleikhúsunum fé af almannasjóði þótt áhorfendahópurinn sé stærri en hann nú er hér. Fjárveitingavaldið verður svo að vega það og meta hverju sinni hversu miklum fjármunum það vill verja til leikhússins og þá m. a. til þeirra nýjunga sem um er fjallað í þessu frv.

Til þess að spara tíma hv. þd. skal ég láta hjá líða að ræða nánar einstök atriði þessa frv., sem nokkru nemur a. m. k. Þau eru og skýrð allítarlega grein fyrir grein í meðfylgjandi aths. Mér er alveg ljóst að mörg ákvæði frv. eru þannig að um þau hljóta að vera skiptar skoðanir, t. d. hér í hv. Nd. Uppbygging þjóðleikhúsráðsins var á sínum tíma gagnrýnd hér á hv. Alþ. eins og hún lá fyrir í frv. áður. Þingmenn sem og aðrir munu þó sammála um það, að ég ætla, að æskilegt sé að hafa jafnan traust tengsl með Alþ. og þar með fjárveitingavaldinu og Þjóðleikhúsinu og svo með Þjóðleikhúsinu og fulltrúum hinna ýmsu listgreina sem það hefur tengst við eða nýtur stuðnings frá. Þetta held ég að menn séu sammála um, en að sjálfsögðu eru svo skoðanir skiptar um það með hverjum hætti þessum tengslum verði best fyrir komið. Það er auðvitað alveg eins með uppbyggnigu framkvæmdastjórnarinnar sem gert er ráð fyrir í frv. að setja. Það eru allir sammála um að þeir, sem við Þjóðleikhúsið vinna, skuli hafa þar sterk ítök, en álitamál getur þó verið með hverjum hætti aðild þeirra er fyrir komið. Nýlega hefur verið breytt uppbyggingu félaga þess fólks sem við Þjóðleikhúsið vinnur, og má vel vera að sú breyt. hafi það í för með sér að nauðsynlegt þyki að breyta ákvæðum 8. gr. frv. til samræmis við hana eða sem afleiðing af henni.

Án þess að ég ætli nokkuð að fara að segja hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, eða hv. þd. yfirleitt fyrir verkum, þá vil ég láta koma fram að ég tel sérstaklega æskilegt að Alþ. ígrundi vel ákvæði frv. um fast starfsfólk Þjóðleikhússins. Ég held nú að tæplega sé þar of í lagt, þ. e. a. s. í frv., en þó frekar að það kynni að vera þörf á að auka þar við. Að sjálfsögðu verðum við að leitast við að gæta fyllstu varúðar gagnvart allri slíkri útfærslu, ekki síst á erfiðleikatímum eins og nú

Í frv. er gert ráð fyrir að þjóðleikhússtjóri og fleiri fastir starfsmenn skuli aðeins ráðnir til 4 ára. Þetta atriði er vissulega nokkurt nýmæli að því er kemur til ráðningar opinberra starfsmanna, og þarf að gefa því sérstakar gætur hversu mörkuð skuli staða og kjör þeirra manna sem þannig eru ráðnir með öðrum hætti en algengast er að skipa, setja eða ráða opinbera starfsmenn.

Það er að sjálfsögðu ekki ætlun mín að þetta frv., svo umfangsmikið sem það er, verði afgr. á þeim tiltölulega fáu vikum sem væntanlega eru eftir af starfstíma þessa þings. Hitt held ég væri til mikilla bóta, ef frv. næði að komast til nefndar, ef hv. n. gerði nokkrar ráðstafanir til að afla t. d. umsagna og á annan hátt að greiða fyrir afgreiðslu málsins á haustþinginu.

Ég vil láta koma fram hér að ég mun kappkosta að leggja þetta frv. fyrir þegar í byrjun næsta þings, þ. e. í haust, með það fyrir augum að takast mætti þá að afgr. málið fyrir lok þessa árs. Mér finnst það færi vel á því að Þjóðleikhúsið fengi frá Alþingi íslendinga nýja löggjöf í afmælisgjöf eftir 25 ára giftudrjúgt starf.

Ég legg svo til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. menntmn.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Það var öldungis rétt sem fram kom í ræðu hæstv. menntmrh. að gildand lög um Þjóðleikhúsið eru mjög komin til ára sinna og þarfnast endurskoðunar — hafa raunar þarfnast endurskoðunar um mörg undanfarin ár. Svo vill til að ág átti sæti í þeirri nefnd sem samdi núgildandi þjóðleikhúslög á sínum tíma. Þau voru sett á stjórnarárum stjórnar Stefáns Jóh. Stefánssonar þegar Eysteinn Jónsson gegndi embætti menntmrh. Þrír menn voru skipaðir til þess að semja fyrstu lögin um Þjóðleikhús Íslands nokkrum árum áður en það tók til starfa. Þeir voru Guðlaugur Rósinkranz sem síðar varð þjóðleikhússtjóri, Hörður Bjarnason sem frá upphafi hefur verið og er enn varaform. í þjóðleikhúsráði og ég. Svo vildi til að um það bil 10 árum síðar tók ég við forstöðu menntmrn. og hafði hana á hendi í 15 ár. Á fyrstu árunum orðaði það enginn að nauðsynlegt væri að endurskoða þessi lög sem þá voru 10—15 ára gömul, en þegar lengra leið fóru að heyrast raddir um að æskilegt væri að endurskoða lög sem þessi, þau bæri að endurskoða ekki sjaldnar en á 10—15 ára fresti, allra lengst mættu þau verða 20 ára gömul, og hefur það sjónarmið vissulega ýmislegt til síns máls. Ég hreyfði því hvað eftir annað í þeim ríkisstj. sem ég átti sæti í á árunum 1956—1970, hvort ekki væri eðlilegt að endurskoða þjóðleikhúslögin, og ræddi það einnig við stjórn Þjóðleikhússins, en ávallt kom í ljós að mönnum, bæði í ríkisstj. og þeim þingfl. sem hana studdu og innan stjórnar Þjóðleikhússins, sýndist nokkuð sitt hverjum um ýmis veigamikil efnisatriði í gildandi lögum um Þjóðleikhúsið sem

nú eru orðin næstum 30 ára gömul eins og hæstv. menntmrh. tók fram.

Það voru fyrst og fremst lagaákvæði um stjórn hússins, þ. e. skipun þjóðleikhúsráðs, sem mönnum sýndist sitt hverjum um, stjórnmálamönnum í ríkisstj., mönnum í stjórn Þjóðleikhússins og meðal starfsmanna, sérstaklega leikarar Þjóðleikhússins, sem auðvitað létu málið að verulegu leyti til sín taka. Það voru sérstaklega tvö sjónarmið sem tókust á: Annars vegar að úrslitavald um fjármál leikhússins sérstaklega og raunar alla yfirstjórn þess yrði að vera í nánum tengslum við löggjafarsamkomuna, yrði að vera í nánum tengslum við stjórnmálavaldið á Alþ. Hins vegar var hitt sjónarmiðið, að listræn stofnun eins og Þjóðleikhúsið ætti að vera í höndum starfandi listamanna og eingöngu listræn sjónarmið að hafa nokkuð að segja við stjórn hússins, bæði fjármálastjórn þess og stefnu þess og þá ekki síst stefnu þess í listrænum efnum. Raunar er þessi ágreiningur ekkert einsdæmi varðandi Þjóðleikhúsið. Hann hefur mjög borið á góma varðandi stjórn Ríkisútvarpsins og hann bar á góma varðandi setningu nýrra útvarpslaga sem sett voru á síðustu stjórnarárum næstsíðustu ríkisstj. eða á stjórnarárum Bjarna Benediktssonar.

Vegna þessa grundvallarágreinings, sem uppi var meðal stjórnmálamanna og meðal stjórnenda leikhússins og starfsmanna þess, þó að ég sjálfur hefði ákveðnar skoðanir á málinu og vildi fá því framgengt að ný þjóðleikhúslög yrðu sett, þá varð ekki úr því að efnt væri til endurskoðunar á lögunum fyrr en á síðasta stjórnarári Bjarna Benediktsonar eða meðan á þingi stóð 1969—1970. Þá varð um það samkomulag í ríkisstj. og ég hafði einnig um það samkomulag við stjórn Þjóðleikhússins að skipa nefnd til þess að semja frv. að nýjum þjóðleikhúslögum. Ég taldi rétt, að sú nefnd yrði skipuð þannig, og skipaði hana þannig að form. nefndarinnar var ráðuneytisstjórinn í menntmrn. sem ég gerði ráð fyrir að túlkaði þær skoðanir sem ríkjandi væru í þáv. ríkisstj. Ég skipaði einnig í nefndina Baldvin Tryggvason sem þá var form. stjórnar leikfélags Reykjavíkur og taldi eðlilegt að einnig væri tekið tillit til reynslu Leikfélags Reykjavíkur á þessu sviði. Ráðuneytisstjóri menntmrn. var að sjálfsögðu nákunnugur öllum högum Þjóðleikhússins sem ríkisstofnunar, en Leikfélag Reykjavíkur er frjáls samtök listamanna á þessu sviði og þótti eðlilegt að reynsla formanns stjórnar þess kæmi hér til athugunar. Sem þriðja mann í nefndinni fékk til þess að starfa Þórð Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómara, sem ég raunar hafði til síðs að biðja um að taka þátt í störfum helstu nefnda sem þurftu að semja vandasöm frv. frá lögfræðilegu sjónarmiði séð til þess að tryggja að vel og skynsamlega yrði gengið frá málum hvað það snerti.

Þessi nefnd lauk störfum tæplega ári síðar og samdi það frv. sem hér er nú enn fyrir Alþ. 4—5 árum síðar í næstum óbreyttri mynd. Ég lagði það fram á síðasta árinu sem ég gegndi störfum menntmrh., vorið 1971. Ég gat ekki ætlast til þess að málið yrði afgreitt á því þingi sem var mikið annaþing fyrir kosningar sem áttu að fara fram um sumarið. Það var flutt aftur á næsta þingi eftir að stjórnarskipti höfðu orðið, en dagaði uppi á þingi, í raun og veru fyrst og fremst vegna þess grundvallarágreinings sem ég hafði gert mér ljósan öll þau ár sem ég hafði beitt mér fyrir því að reynt yrði að setja ný lög um þjóðleikhúsið.

Þetta ásamt öðrum atriðum hirði ég ekki um að rekja frekar en hæstv. menntmrh. gerði í ræðu sinni. Það sem hann sagði um efnisatriði málsins, var að sjálfsögðu allt saman satt og rétt og skýrði málið alveg fullkomlega. Hann benti einnig á að það, sem menn hefði fyrst og fremst greint á um, væri það atriði hvernig yfirstjórn leikhússins skyldi háttað og tengslum þess við löggjafarsamkomu þjóðarinnar, þ. e. við fjárveitingavaldið. Það gladdi mig að heyra að hann er þeirrar skoðunar að stofnun eins og Þjóðleikhúsinu sé nauðsynlegt að náin tengsl séu milli fjárveitingavalds, þ. e. löggjafarsamkomunnar, þess þáttar ríkisvaldsins sem fer með fjárveitingavaldið annars vegar og mikilvægrar menningarstofnunar eins og Þjóðleikhússins sem hlýtur og á rétt á því að fá verulegan fjárstuðning af opinberri hálfu. Þetta þarf ekki að jafngilda því að ekki sé tekið fullt tillit til listrænna sjónarmiða þeirra sem starfa við leikhúsið og þeirra sem það flytur verk eftir og allra annarra sem eðlilegra listrænna hagsmuna eiga að gæta í þessu sambandi.

Það er vandi að finna þessu samstarfi fjárveitingavaldsins og þeirra, sem eru fulltrúar listarinnar, eðlilegt og skynsamlegt form. En ég veitti því athygli að hæstv. ráðh. lýsti því yfir að hann væri fylgjandi nánum tengslum fjárveitingavaldsins og listrænnar stofnunar af því tagi sem Þjóðleikhúsið er. Þetta var alla tíð skoðun mín og er enn. Það er álit mitt að frv. í þeirri mynd, sem það fyrst var lagt fram vorið 1971, og í þeirri mynd, sem það hefur nú, þó að því hafi verið breytt í ýmsum smávægilegum atriðum, tryggi eðlilegt samband fjárveitingavalds og þeirra listrænu sjónarmiða sem sjálfsagt er að taka tillit til. Ég fyrir mitt leyti er því fylgismaður þess að þetta frv. nái sem allra fyrst fram að ganga — og það þarf raunar engan að undra vegna þess að ég var sá sem flutti það í upphafi — en nú tel ég nóg komið af drætti á afgreiðslu málsins. Helst hefði ég kosið að frv. yrði afgr. á þessu þingi — það er alllangt síðan það var lagt fram — þannig að það gæti orðið afgr. á því þingi þegar Þjóðleikhúsið hefur haldið upp á aldarfjórðungsafmæli sitt. Hæstv. ráðh. virðist gera ráð fyrir því að varla yrði tími til þess að afgr. það á þessu þingi og þá verður að hafa það. Ég læt mér nægja yfirlýsingu hans um að hann mundi leggja það fram þegar í upphafi næsta þings og þá beita sér af alvöru fyrir því að það verði afgreitt á því þingi. En meginástæðan til, að mér þótti rétt rekja þessa sögu í nokkrum atriðum, er sú að fá tækifæri til að lýsa fylgi við meginefni frv., eins og það nú liggur fyrir, og láta í ljós mjög eindregna ósk um að frv. hljóti sem fyrst afgreiðslu á hinu háa Alþ.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt sem kom fram í máli hæstv. menntmrh. að það er fyllilega tímabært að endurskoða

lögin um Þjóðleikhús í ljósi aldarfjórðungsreynslu af starfsemi þess og í ljósi nýrra viðhorfa í leikhúsmálum. Það er ekkert launungarmál að meðal þeirra breyt., sem mönnum þótti fengur að, var sú að seta fulltrúa í þjóðleikhúsráði skyldi tímabundin. Þóttust menn með því tryggja nauðsynlega endurnýjun í yfirstjórn leikhússins á lýðræðislegum grunni og með lýðræðislegum aðferðum. Um þessa tímabundnu setu ráðsins virtust allir sammála, en því miður fer ljóminn af þessu ákvæði allmikið að dofna þegar litið er á frv. nánar.

Fyrir fjórum árum var frv. lagt fyrir Ed. og þá flutt af menntmn. þeirrar d. Ed. lagði allmikla vinnu í frv. og lagði þar til talsverðar breytingar. Í því frv., sem nú hefur verið lagt fram, hefur ekkert tillit verið tekið til þeirrar vinnu, sem hv. Ed. innti af hendi á sínum tíma, eða þeirra breytinga sem hún lagði til. Hún lagði til þá breytingu á þjóðleikhúsráðinu að í því skyldu sitja 11 manns. En veigamesta breytingin að mínum dómi, sem þá kom frá hv. Ed., var sú að þjóðleikhúsráð skyldi sitja í 4 ár samfellt, en í frv. var gert ráð fyrir að kosið skyldi í þjóðleikhúsráð eftir hverjar alþingiskosningar. Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir hinu sama og það gerir ráð fyrir, að hvorki meira né minna en 17 manns eigi sæti í þjóðleikhúsráði. Í aths. við frv. má lesa þessa gullvægu setningu, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta kann að þykja nokkuð fjölmennt ráð.“ Það er víst óhætt að segja, að hér sé ekki ofmælt.

Þá er einnig lagt til að í stað þess að starfstímabil ráðsins skuli vera 4 ár samfellt, eins og Ed. hafði lagt til fyrir fjórum árum, þ. e. jafnlangt starfstímabili þjóðleikhússtjóra sjálfs, þá er nú kveðið á um að kosið verði í ráðið eftir hverjar alþingiskosningar. Þetta tel ég að verði með engu móti réttlætt með því að koma þurfi á tengslum leikhússins við Alþ., heldur liggur hér annað að baki. Hér virðist vera ætlunin að tryggja vald ríkjandi meiri hl. hverju sinni. Við könnumst við slík viðhorf frá því fyrr á þessu þingi þegar útvarpsráðið var til umr. og því miður virðist það ekki leyna sér í þessu frv. sem hér liggur fyrir að það virðist vera meginstefna hæstv. ríkisstj. í menningarmálum að menningarlöggjöf og listsköpun í landinu skuli á hverjum tíma spegla skoðanir og stefnu ríkisstj. Hver menningarstofnun eftir aðra í landinu er nú að falla fyrir þessu ofstæki hæstv. ríkisstj. Fyrst var það útvarpsráð, nú er það Þjóðleikhúsið. Hver menningarstofnunin eftir aðra er þannig að missa sjálfstæði sitt og frelsi, og ég fullyrði að frjáls listsköpun fái ekki þrifist við þessar aðstæður. Það er engu líkara en hæstv. menntmrh. sé í álögum. Ég verð að segja það eins og er að ég á bágt með að trúa því að frumkvæði að slíku pólitísku meirihlutaeinræði í menningarmálum komi frá Brekku í Mjóafirði. Þessi óþefur kemur annars staðar að. Það fór ekki á milli mála í umr. um útvarpsráð að þeir, sem voru áfjáðastir í að skerða frelsi tjáningar á sviði menningar og lista, voru sjálfstæðismenn. Samkv. þeirra kokkabókum mega ekki aðrar skoðanir heyrast en þeirra eigin og undir þær á að sveigja smekk og dómgreind almennings. Nú vil ég skora á hæstv. menntmrh. að hann hafi frumkvæði að því að þessu verði breytt. Ég las í viðtali við hann í Tímanum á dögunum að hann hefði haft lag á því að rísa gegn samþykkt lestrarfélags Mjófirðinga þegar það lagði bann á bækur Nóbelsskáldsins á sínum tíma, og ég vænti þess að hæstv. menntmrh. sýni sömu hugprýði á Alþ. og hann sýndi heima í héraði.

Þessi skipan mála á sér líka aðra hlið mjög alvarlega. Sú skipan, að kjör í ráðið verði háð hverjum alþingiskosningum, hefur það óhjákvæmilega í för með sér að hagsmunir leikhússins sjálfs eru fyrir borð bornir. Þjóðleikhússtjóri er samkv. frv. ráðinn til 4 ára hið skemmsta og hafa ekki raddir heyrst í þá átt að þessu verði breytt. Fjögur ár eru ekki langur tími í ævi leikhúss. Það krefst óhemjumikillar skipulagningar í starfi, auk þess sem færa má rök að því að 4 ár séu í skemmsta lagi ef leikhússtjóri eigi að ná því að setja sitt eigið persónulega mark á starf leikhúss og móta þar til hlítar eigin listræna stefnu. Það ætti að vera lágmarkskrafa að á þessu 4 ára starfstímabili leikhússtjóra náist samhengi í störfum og stöðugleiki. Fjárhags- og starfsáætlun er skv. núgildandi fyrirkomulagi, að því er ég best veit, skilað í aprílmánuði, samkv. frv. í mars. Hún er samþykkt og staðfest í okt. en samkv. frv. gæti þjóðleikhússtjóri á þessu tímabili átt von á því að fá nýtt þjóðleikhúsráð sem kollvarpaði gerðri áætlun af einhverjum ástæðum, og sjá allir í hendi sér að hér er mjög ótryggt undir að búa.

Um hið fjölmenna þjóðleikhúsráð, 17 manns, má kannske segja að það geri ekki til þó að 17 manns komi saman tvisvar á ári og drekki kaffi. Það hlýtur að liggja í augum uppi að það getur í rauninni ekki haft nein sérlega virk áhrif á mótun starfsemi leikhússins. Hins vegar er hætta á því að það geti verkað sem bremsa ef í það fer. Og hér er ég komin að öðru sem mér þykir ákaflega veigamikið. Í frv. vantar raunar skýr ákvæði um það hvar úrslitavaldið um verkefnaval leikhússins liggi. Hér vantar nánari upplýsingar um hver ætlunin sé. Getur þjóðleikhúsráð haft úrslitavald í verkefnavali eða liggur slíkt vald hjá framkvæmdaráði eða þjóðleikhússtjóra sjálfum?

Um framkvæmdaráðið sjálft vil ég á þessu stigi aðeins segja þetta: Það vantar ákvæði um starfstímabil þess. Það væri kannske eðlilegt að starfstímabil þess væri tímabundið ekki síður en starfstímabil þjóðleikhúsráðs. Og þar vantar ákvæði um aðild annars starfshóps leikhússins, fólksins sem vinnur að tjaldabaki, en á ekki síður þátt í mótun hins daglega starfs sem fram fer innan veggja leikhússins.

Við þessa 1. umr. vil ég drepa á tvö atriði önnur sem mér finnst skipta máli.

Í frv., sem hér liggur fyrir, er brott fallið ákvæði sem fylgt hefur frv. frá upphafi, held ég, um að Þjóðleikhúsið skuli koma upp öðru leiksviði til eflingar starfsemi sinni, og brott er fallið ákvæði, sem hv. Ed. setti inn í frv. á sínum tíma og búið var að samþ. þar, að þjóðleikhússtjóra væri heimilt að ráða höfund til að semja leikverk eða tónlistarverk til flutnings á sviði og skyldi hann ráðinn með kjörum leikara í

hæsta launaflokki meðan hann vinnur að ritun þess. Þessi ákvæði eru nátengd og afar mikilvæg ef leikhúsið á að geta rækt þá skyldu sem því er lögð á herðar í 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um að það skuli kosta kapps um að efla íslenska leikritun.

Í grg. fyrir frv. er þau rök að finna fyrir brottfalli ákvæðis um Litla sviðið að það sé óþarft þar sem þegar sé farið að starfrækja annað svið í Þjóðleikhúsinu, þ. e. a. s. í kjallaranum. Með sömu rökum mætti segja að óþarft væri að að setja löggjöf um Þjóðleikhús yfirleitt þar sem það væri þegar risið og farið að starfa. Ég tel nauðsynlegt að tryggja það með lögum að annað svið skuli starfrækt á vegum Þjóðleikhússins, einkum og sér í lagi með tilliti til þess að þar er hægt að vinna að nýjum innlendum verkum sem kannske eru ekki til þess fallin að setja upp á stóru sviði.

Brottfall ákvæðisins um að þjóðleikhússtjóra skuli heimilt að ráða rithöfund veldur því að frv. verður í raun hin undarlegasta smíð. Fyrst er reist stór og voldugt þak með 17 strompum, burðarveggir því næst steyptir, en grunninn vantar.

Aftast í frv. er grg. um þau íslensk leikrit sem flutt hafa verið á þeim 25 árum sem leikhúsið hefur starfað. Það er eftirtektarvert að þessi leikrit skiptast á allmarga höfunda, 28 alls, og hef ég þá talið einungis þau leikrit sem sýnd voru meðan höfundur lifði, en einþáttungar og leiksviðsverk unnin upp úr skáldsögum eru talin með. Það, sem vekur athygli, er að flestir höfundarnir hafa aðeins fengið sýnt þar eitt verk hver. Það er því augljóst að þarna hefur átt sér stað viðleitni sem ekki hefur verið fylgt eftir. Þetta er kannske alvarlegasti ágallinn í starfsemi Þjóðleikhússins fram að þessu. Því tel ég mjög nauðsynlegt vegna þessa innra starfs og þess hlutverks sem Þjóðleikhúsið á að gegna, bæði samkv. lögum og samkv. almenningsálitinu, að þessi ákvæði bæði verði aftur sett inn. Önnur veigaminni atriði mun ég ekki ræða hér þar sem ég á sæti í nefndinni sem fjallar um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 526). — 1. umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 526 hef ég ásamt 4 hv. þm. leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þetta er gamall kunningi á hinu háa Alþ. því að frv. þessa efnis er nú flutt í þriðja sinn. Í hin fyrri tvö skiptin náði þetta mál ekki fram að ganga, menn urðu ekki sáttir um afgreiðslu þess, var það þó komið á lokastig þar sem það hafði í fyrra sinnið náð samþykki í hv. Nd., en strandaði við síðustu umr. í Ed.

Hér er um það að tefla að veita starfsmönnum stjórnmálaflokkanna réttindi, lífeyrissjóðsréttindi, og að það verði gert með þeim hætti að stofnuð verði deild við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um sanngirni þess að þessi hópur manna njóti þessara sjálfsögðu réttinda, það er svo augljóst mál. Þetta frv. er samið í fullu samráði við fjmrn. og í fullu samræmi við þau lög sem gilda um lífeyrissjóðina almennt.

Ég vil aðeins þessu til viðbótar leggja megináherslu á að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi. Sjálfsögð réttlætiskrafa starfsmanna stjórnmálaflokkanna að njóta þessara réttinda hefur verið til umræðu hér á hinu háa Alþ. síðan 1971. Ég hygg að nú hafi náðst alfarið samstaða um þá aðferð með hvaða hætti þeir eignist þessi réttindi, og það gefur að líta á þskj. 526 með hvaða aðferð lagt er til að það verði gert.

Ég vil svo, herra forseti leyfa mér að leggja til að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Aukin notkun tölvutækni, þáltill. (þskj. 447). — Ein umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 447 að bera fram svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að leggja fyrir ríkisstj. að hún láti kanna hagkvæmni af aukinni notkun tölvutækni við ýmsa opinbera skráningu, svo sem í sambandi við firma- og félagaskrár, skráningu veðréttinda, einkaleyfa, farartækja o. fl.

Leiði þessi könnun til þeirrar niðurstöðu að hagkvæmt sé að nota tölvutækni í auknum mæli við slíka skráningu, láti ríkisstj. athuga hvaða breytingar þurfi að gera á núgildandi löggjöf til að mæta slíkum nýjum starfsháttum og hvernig komið verði í veg fyrir hugsanlega misnotkun tölvuskráningarinnar."

Allir viðskiptavinir bæjar- og borgarfógeta kannast við þau vinnubrögð sem nú eru notuð við ýmiss konar opinbera skráningu, en þau hafa haldist svo til óbreytt í manna minnum. Fært er inn í bækur með penna og gerð hvers konar afrita tekur oft langan tíma. Þá er firmaskrá og hlutafélagaskrá oft mjög ábótavant og erfitt að finna þar t. d. nöfn stjórnenda og ábyrgðarmanna félaga og stofnana. Augljóst er að bæta mætti mjög vinnubrögð á þessu sviði með því að véltaka þessa skráningu á skýrsluvélar og einnig mætti t. d. ljósmynda veðskjöl á míkrófilmur til að minnka fyrirferð þeirra gagna sem skráningaraðili þarf jafnan að hafa við höndina.

Í sambandi við þetta þarf vafalaust að gera ýmsar breytingar á löggjöf og er því lagt til að ríkisstj. láti kanna og undirbúa málið vandlega og leggja það síðan fyrir Alþ. á nýjan leik.

Í sambandi við löggjöf þessa þyrfti að setja ákvæði um aðgang óviðkomandi aðila að opinberri

skráningu til þess að koma megi í veg fyrir hugsanlega misnotkun, en einnig þyrfti að gefa reglulega út ýmsa opinbera skráningu, t. d. firmaskrár, til leiðbeiningar fyrir almenning.

Ég vil að lokum geta þess að ég hef borið þennan tillöguflutning minn undir bæði bæjarfógetann á Akureyri og eins yfirborgarfógeta og báðir hafa tjáð sig hafa áhuga á að slíkt mál nái fram að ganga. Þetta er ekki, eins og allir sjá, neitt pólitískt mál, það er aðeins um betra fyrirkomulag á vinnubrögðum að ræða, sem nú eru orðin gamaldags og úrelt. Ég leyfi mér svo að óska þess að þegar þessari umræðu verður frestað, þá verði málinu vísað til allshn. Nd. til nánari athugunar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjarskipti, frv. (þskj. 249, n. 488). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 frá 1941, um fjarskipti. Frv. er stutt, aðeins ein efnisgr. sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Í reglugerð má ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma."

Eins og greinin ber með sér, gengur hún út á það að Alþ. veiti ráðh. heimild til að undanþiggja þá elli- og örorkulífeyrisþega, sem hljóta uppbót á lífeyri samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, afnotagjöldum fyrir síma. Ég hygg að um það ríki enginn ágreiningur að æskilegt sé og oft á tíðum nauðsynlegt að þetta fólk, sem er orðið gamalt eða býr við einhver þau örkuml sem gerir það æskilegt og stundum nauðsynlegt að það hafi afnot af síma, að það þurfi ekki að vera án hans af fjárhagsástæðum. Eins og mál þessi standa í dag þá hefur Öryrkjabandalagið heimild til þess að undanþiggja 50 öryrkja afnotagjaldi af síma, en að sjálfsögðu er sá hópur mjög takmarkaður og þeir, sem til þekkja, telja að þarna sé svið sem þyrfti að bæta úr.

Þetta frv. á sér að nokkru leyti hliðstæðu í gildandi útvarpslögum frá 1971 því að í þeim er heimild til ráðh. til þess að undanþiggja elli- og örorkulífeyrisþega afnotagjaldi af útvarpi. Sá hluti n., sem stendur að nál. á þskj. 488, telur eðlilegt að svipuð heimild sé til ráðh. til að undanþiggja ellilífeyrisþega og öryrkja afnotagjöldum fyrir síma.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég vil aðeins þakka meðnm. mínum í hv. heilbr.- og trn. fyrir góðar undirtektir undir þetta frv. Ég hygg að það sé mál allra að þessi heimild þurfi að vera til, og ég vil vænta þess að Alþ. veiti þessu máli framgang á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Sameinað þing, 72. fundur.

Föstudaginn 2. maí, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 30. apríl 1975.

Varaformaður þingflokks framsóknarmanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Mér hefur tjáð Páll Pétursson, 3. þm. Norðurl. v., að hann geti ekki vegna anna sótt þingfundi á næstunni. Samkvæmt beiðni hans er þess því óskað með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ., að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Guðrún Benediktsdóttir húsfrú, taki sæti Páls meðan hann er fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Kjörbréf Guðrúnar Benediktsdóttur liggur hér fyrir og vil ég biðja kjörbréfanefnd að rannsaka kjörbréfið og fær hún 5 mínútur til starfa. Fundi er frestað í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Guðrúnar Benediktsdóttur, húsfrúr, Grundarási, Vestur-Húnavatnssýslu, sem er 1. varaþm. Framsfl. í Norðurl. v., en hún tekur sæti á Alþ. í fjarveru Páls Péturssonar, 3. þm. Norðurl. v. Kjörbréfan. hefur ekki fundið neitt að kjörbréfinu og leggur einróma til, að það verði samþ. og kosning Guðrúnar Benediktsdóttur tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Guðrún Benediktsdóttir hefur ekki áður setið á þingi og ber því að undirrita eiðstaf.

[Hinn nýi þm., Guðrún Benediktsdóttir, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

Guðrún Benediktsdóttir hefur undirritað eiðstaf og býð ég hana velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 77. fundur.

Föstudaginn 2. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Landgræðsla, frv. (þskj. 561). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sjóvinnuskóli Íslands, frv. (þskj. 530). — 1. umr.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Örfá orð til að vekja athygli á því frv. sem hér er um að ræða. Að mínu áliti er þetta gagnmerkt frv., ekki síst vegna þess, að sérkennsla þeirra sem starfa í sjávarútvegi hefur verið vanrækt og sjóvinnuskóli sá sem hér um ræðir mun sannarlega gera mikið gagn.

Mig langar til, með leyfi forseta, að lesa upp 2. gr., sem er um markmið skólans, en það er:

1) Að annast þá kennslu í verklegri sjóvinnu sem krafist er fyrir fiskimanna- og farmannapróf við stýrimannaskóla.

2) Að annast slíka kennslu utan Reykjavíkur og Vestmannaeyja, þar sem stýrimannaskólanám er stundað.

3) Að standa fyrir sjóvinnunámskeiðum fyrir pilta og stúlkur er hyggja á nám við stýrimannaskóla, enda veiti próf þaðan sömu réttindi og próf frá sjóvinnuskólanum.

4) Að annast kennslu í sjóvinnubrögðum við verknám gagnfræðastigsins við unglingaskóla og fjölbrautaskóla hinna stærri staða í samvinnu við viðkomandi fræðsluyfirvöld.

5) Að standa fyrir námskeiðum, ef þurfa þykir, fyrir leiðbeinendur sem annist kennslu í sjóvinnubrögðum meðal fullorðinna, kennara og unglinga, þó eigi oftar en annað hvert ár.

6) Að beita sér fyrir fræðslu í öllum framhaldsskólum í samráði við Slysavarnafélag Íslands og sjóslysanefnd um slysa og öryggismál sjófarenda með fyrirlestrum og fræðslumyndum.

7) Að tengja enn betur saman nám þeirra, sem á skipum ætla að starfa, við fiskiðnaðarnámið með fræðslu í meðferð og verkun sjávarafla meðal nemenda og unglinga- og gagnfræðaskóla og gefa þeim, sem sjómennsku stunda, frekara tækifæri til áframhaldandi náms á þessum sviðum.

Ástæðan til að ég vek athygli á þessu frv. er sú, að nú er mjög liðið á þingtíma og ég vildi óska þess að sú n., sem fær þetta frv. til meðferðar, hraði störfum þannig að okkur auðnist að koma þessu þarfa máli gegnum þingið fyrir þinglok.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Hússtjórnarkennaraskóli, frv. (þskj. 419, n. 547, 548). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Aðdragandinn að því lagafrv., sem hér liggur fyrir og lá raunar fyrir Alþ. s. l. vetur, er að hinn 29. nóv. 1971 skipaði menntmrn. n. til að endurskoða gildandi lög um húsmæðrafræðslu og lög um Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Í n. voru skipuð: Steinunn Ingimundardóttir skólastjóri, samkv. tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna og var hún jafnframt skipuð formaður n., Björn Halldórsson skrifstofustjóri, samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir formaður Kennarafélagsins Hússtjórnar, samkv. tilnefningu félagsins, Sigríður Haraldsdóttir kennari, samkv. tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands, og Vigdís Jónsdóttir skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar.

N. sendi rn. með bréfi 1973 tvö lagafrv. um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands og um heimilisfræðaskóla. Frv. þessu voru bæði lögð fyrir Alþ. 1973 í þinglok til kynningar og síðan á ný 1974, þá með nokkrum breyt., sem rn. hafði gert. Á síðasta þingi vannst ekki tími til að afgr. þetta mál út úr þessari hv. d., en menntmn. þessarar hv. d. fjallaði þá um málið og komst að sameiginlegri niðurstöðu um nokkrar breyt. á frv. Núv. menntmn. þessarar hv. d., sem skilar áliti á þskj. 547, mælir með samþykkt frv. með þeim breyt. er n. flytur á sérstöku þskj., en fjarverandi við afgreiðslu málsins var Steingrímur Hermannsson.

Núv. menntmn. tekur upp þær brtt, sem hv. menntmn. þessarar d. í fyrra lagði til, að því frátöldu að óþarft var að taka upp brtt. varðandi 18. gr., því að till. n. er nú í frv. og er raunar í beinum tengslum við samþykkt grunnskólalaganna á s. l. vetri.

Meginnýmælið í þessu frv. er það, að af Húsmæðrakennaraskóla Íslands skuli taka við stofnun sem nefnist Hússtjórnarkennaraskóli Íslands og skuli hann skiptast í tvær deildir, önnur annist menntun hússtjórnarkennara, en hin menntun matráðsmanna, eins og segir í 1. gr. frv.

Ég vil láta þess getið hér, að þar sem vikið er að því í 2. gr. frv. að kennaradeildin búi nemendur undir kennslu í heimilisfræðum, áskil ég mér rétt við 3. umr. málsins, ef svo vill verkast, að flytja breyt. um að þar komi hússtjórn í stað heimilisfræða vegna þess að menntmn. þessarar hv. d. hefur nú nýverið ákveðið, en ekki gengið frá afgreiðslu hins frv. sem ég vék að áðan og heitir frv. til l. um kennslu í heimilisfræðum, og leggur n. til, að skólarnir heiti hússtjórnarskólar. En þetta verður látið bíða 3. umr.

Auk þess, sem hér hefur verið talið, eru ýmsar greinar í frv. sameiginlegar báðum þessum aðaldeildum sem vikið er að í 2. gr. frv.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um að lokapróf frá Hússtjórnarkennaraskóla Íslands skuli veita réttindi til þeirra starfa, sem talin eru í 2. gr., samkv. nánari ákvörðun í reglugerð.

Í 4. gr. er ákveðið að Hússtjórnarkennaraskóli Íslands skuli vera þriggja ára skóli og námstími 110—120 vikur. Skiptingu kennslunnar í námstíma skal ákveða í reglugerð.

Við 5. gr. frv. er fyrri brtt. n. á þskj. 548 um að gr. orðist eins og þar segir, en gr. kveður á um inntökuskilyrði í skólann. Höfuðmarkmiðin eru þau, að inntökuskilyrðin séu stúdentspróf ásamt 20 vikna hússtjórnarnámskeiði eða próf frá hússtjórnarskóla að viðbættu prófi úr tveggja ára framhaldsdeildum gagnfræðaskóla. Hér er um örlitla rýmkun að ræða frá því sem er í frv.

Í 6. gr. er tekið fram, hvað kenna skuli í báðum deildum skólans.

Í 7. og 8. gr. frv. eru ákvæði um að nemendum Hússtjórnarkennaraskólans skuli gefinn kostur á kennsluæfingum og verklegri kennslu í tilteknum stofnunum að fengnum tillögum og í samráði við skólastjóra Hússtjórnarkennaraskólans.

Þar er og kveðið á um, að um framkvæmdina fari eftir ákvörðun reglugerðar.

10. gr. kveður á um að menntmrn. fari með yfirstjórn skólans. Það skipar m. a. 6 manna skólanefnd o. s. frv., eins og þar er fram tekið.

14. gr. kveður í fyrsta lagi á um, hverja megi setja skólastjóra og kennara við skólann, en í 14. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Hússtjórnarkennaraskóla Íslands sem lokið hafa fullnaðarprófi frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Hússtjórnarkennaraskóla Íslands eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum og hafa stundað framhaldsnám í hússtjórnarfræðum, uppeldisfræðum eða „diet"-fræðum."

Á þskj. 548 er 2. brtt. n. um að 2. málsgr. gr. orðist eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir kennarar, er lokið hafa kandídatsprófi frá Norræna búsýsluskólanum eða kandídatsprófi frá annarri hliðstæðri stofnun í einhverri aðalkennslugrein skólans, að viðbættri menntun í uppeldisfræðum, sitja að öðru jöfnu fyrir um stöður."

Hér er einnig um rýmkun að ræða frá þeim ákvæðum sem í frv. eru.

Eins og ég vék að er 18. gr. samhljóða því sem hv. menntmn. lagði til í till. sínum á s. l. vetri, varðandi orlof, hvernig þar skuli með fara og hvernig ákveða skuli greiðslur o. s. frv., og er þar stuðst við ákvæði grunnskólalaganna. Þar er kveðið á um að þau ákvæði taki einnig til skólastjóranna.

Herra forseti. Ég hygg, að gr. frv. skýri sig að öðru leyti sjálfar, og sé ekki ástæðu til að fara um þær fleiri orðum og legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 548,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
6.—13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 548,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
15.—22. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Mörk Reykjavíkur og Kópavogs, frv. (þskj. 553). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs er flutt að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs. Þessir aðilar hafa gert með sér samning um þessa breytingu, sem nánar er lýst í frv. og skýrð á þeim uppdrætti, sem er á 4. síðu frv., en báðir aðilar hafa óskað mjög eftir því, að þetta frv. gæti orðið að lögum á þessu þingi. Málið er skýrt með því samkomulagi, sem prentað er sem grg., og öðrum upplýsingum og tel ég ekki ástæðu til að ræða það nánar, en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. er komið fram, og ítreka það, sem hæstv. félmrh. sagði, að það er mikill áhugi fyrir því að það fái skjóta afgreiðslu. Það er ákaflega mikil nauðsyn á því fyrir þessi sveitarfélög bæði að frv. þetta verði að lögum á yfirstandandi þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 78. fundur.

Föstudaginn 2. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Framsal sakamanna, frv. (þskj. 406). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Innflutningur og eldi sauðnauta, frv. (þskj. 560). — 3. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætlaði að vera hér viðstaddur þegar þetta frv. var rætt hér við 2. umr., en var það því miður ekki. En ég vil leyfa mér að spyrja hv. landbn. að því, hvort þetta mál hafi verið sent til yfirdýralæknis og hvort álit hans liggi fyrir út af þessu frv. Ég vildi þá gjarnan heyra það, ef það liggur fyrir, hvort hann hefur mælt með þessu frv. eða ekki því að það kæmi mér mjög á óvart ef svo hefði verið, en ætla að bíða eftir svari þar um.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. var lagt fram á síðasta þingi að beiðni Búnaðarfélags Íslands. Ég held að það hafi verið 1972 sem það kom fram till. á Búnaðarþingi, og hún var samþykkt samhljóða, um að leita eftir því að Alþ. samþ. heimildarl. um að það yrði leyfður innflutningur og eldi sauðnauta. Í fyrra, þegar þetta mál var hjá landbn., óskaði hún umsagnar frá yfirdýralækni um þetta frv., og með leyfi forseta vil ég lesa þetta bréf upp vegna þess að hæstv. landbrh. óskaði þess. Bréfið er dags. 30. mars 1974:

„Ég hefi móttekið bréf, dags. 27. þ. m., varðandi frv. um innflutning og eldi sauðnauta sem lagt hefur verið fram á Alþ. Vegna þess að þér óskið eftir umsögn minni um þetta mál skal ég taka fram eftirfarandi:

Tvisvar sinnum hefur ræktun sauðnauta verið reynd hér á landi.

Í lok ágúst 1929 komu hingað til lands 7 kálfar sem sóttir voru til Austur-Grænlands með svonefndum Gottuleiðangri. 6 af þessum dýrum drápust þegar um haustið og taldi Hannes Jónsson dýralæknir að þau hefðu farið úr bráðapest. Sum voru þó veik allt að 10 dögum áður en þau

drápust. Kvígan, sem eftir lifði, var bólusett, en drapst að áliðnum næsta vetri" — þ. e. a. s. 1930—1931 — „úr sullaveiki.

Í nóv. 1930 keypti ríkistj. 5 sauðnautskálfa frá Noregi. Um leið voru keyptir 2 kálfar, kvíga og tarfur, af einstaklingum. Kálfar ríkisstj. voru geymdir að Gunnarsholti, þrifust vel um veturinn, lágu við opið, en vorið 1931 voru kálfarnir að drepast og drápust allir um sumarið, sá síðasti í okt. Kálfarnir tveir, sem einstaklingar keyptu voru hafðir á Litlu-Drageyri í Skorradal. Þrifust þeir vel. En tarfurinn fórst af slysförum, féll niður um fönn í gili, lenti á svelli og varð ekki bjargað þó að hann kæmist að lokum til bæja og undir manna hendur. Kvígan var um vorið 1931 flutt austur að Gunnarsholti og hlaut þar sömu örlög og félagar hennar.

Til eru krufningarskýrslur um tvo af þessum norsku sauðnautakálfum, en líffæri voru send til Rannsóknarstofu háskólans. Kálfarnir voru glithoraðir enda þótt þeir hefðu haft hið besta haglendi. Ekki var kveðið á með vissu um dauðaorsök kálfanna, en af krufningarlýsingu tel ég sennilegt að um ormaveiki hafi verið að ræða frekar en vannæringu. Ormagreining mun þó ekki hafa verið gerð. Ekki verður vanrækslu eða hirðuleysi kennt um þessi hörmulegu endalok sauðnautanna því að það mun samdóma álit allra að búið hafi verið eins vel að kálfunum og menn höfðu vit á.

Síðan þetta var hefur áhugi manna aukist nokkuð á sauðnautum og sjúkdómar þeirra nokkuð kannaðir. Vitað er að í sauðnautum finnast lungnaormar og sú tegund leggst einkum á nautgripi og er óþekkt hér á landi. Þá hafa netjusullir og igulsullir fundist í sauðnautum, en igulsullurinn, sem veldur sullaveiki í mönnum og jórturdýrum, er nú horfinn að kalla hér á landi eftir langa og stranga baráttu. Þá hefur verið greint frá ýmsum þráðormategundum í sauðnautum sem munu ekki þekktar hér á landi. Fleiri tegundir hafa fundist og vafalaust leynast fleiri ormategundir í sauðnautum í heimkynnum þeirra því að enn er það mjög lítið kannað.

Rétt er að vekja athygli á því að ef t. d. lungnaormurinn *næði fótfestu í nautpeningi, sem gengi* í sama haglendi og sauðnaut, væri útrýming ormanna óframkvæmanleg. Það má benda á að sauðnaut virðast mjög viðkvæm fyrir ýmsum iðraormum, sem hrjá sauðfé og nautgripi víða um lönd, þegar nautin vegna innflutnings, komast í kynni við þá. Hefur nokkuð borið á þessu í Alaska og Noregi þó að eigi sé mikið um það rætt, og hér á landi hafa iðraormar sennilega orðið sauðnautunum að aldurtila. Ókunnugt er hvaða sýkla- og veirusjúkdómar herja á sauðnaut. Próf gegn smitandi kálfaláti og berklum, sem gerð hafa verið, reyndust neikvæð.

Reynsla hér á landi og annars staðar sýnir að mjög ríður á því að sjúkdómar, sem fyrir eru í landinu, verði sauðnautum, sem inn eru flutt, ekki að fjörtjóni. Með einangrun dýranna um langan tíma og lyfjagjöf má e. t. v. draga allverulega úr þessari hættu, en hvergi nærri girða fyrir hana að fullu og öllu. Yfirleitt mun það skoðun þeirra, sem best þekkja til sauðnauta, að þau þrífist best í köldu og þurrviðrasömu loftslagi.

Um notagildi sauðnauta eru fyrir hendi mjög takmarkaðar upplýsingar og eru sumar þeirra nokkuð skrumkenndar. Ýmsir telja að sauðfé og sauðnaut megi ekki hafa saman í högum. Ekki er því að neita að sauðnaut voru augnayndi hér á landi, en ég óttast að sjúkdómar kunni að verða þeim að bráð nú sem fyrr, loftslag hér á landi sé óheppilegt fyrir þau og e. t. v. geti borist með sauðnautunum sníkjudýr sem valdið gætu þungum búsifjum næðu þau fótfestu hér á landi.

Virðingarfyllst.
Páll A. Pálsson."

Landbn. athugaði þetta frv., og eins og segir í 1. gr. er landbrh. heimilt að veita Búnaðarfélagi Íslands leyfi til að flytja sauðnaut til landsins með þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum. Og í 4. gr. segir: „Áður en Búnaðarfélag Íslands hefst handa um innflutning skal það hafa aflað samþykkis yfirdýralæknis sem setur reglur um allt það sem lýtur að sóttvörnum og heilbrigðiseftirliti með dýrunum eftir að ræktun þeirra er hafin hér á landi."

Við áttum þess kost að lesa bréf, sem eru bæði frá Noregi og Alaska, um reynslu þar af þessum dýrum. Það voru fyrir einum fimm eða sex árum flutt 25 dýr til Norður-Noregs og eru þar á búi og hefur eitt þeirra drepist af slysförum, það fótbrotnaði. Að öðru leyti hefur þessi reynsla þeirra þarna gefið mjög góða raun. Þá var annar hópur fluttur til Noregs og þeim var sleppt í Dofrafjöll og þau virðast dafna þar mjög vel. Það hafa verið sett upp á undanförnum árum bú bæði í Alaska og Kanada, og það hefur líka gefið góða raun, a. m. k. segja það þau bréf sem ég hef fengið að sjá frá mönnum þar vestra. Búnaðarfélagið og búnaðarþing hafa lagt áherslu á að þessi heimildarlög væru samþ. Þetta er í höndum ráðh. og yfirdýralæknis, og ég sé ekki að það sé nokkur hætta á því að þessir menn muni ekki afla sér allra upplýsinga ef menn að athuguðu máli vildu fara í innflutning þessara dýra. Það er bara heimild sem ráðh. er gefin með þessari lagasetningu ef þetta frv. verður að lögum, og það verður ekkert gert öðruvísi en yfirdýralæknir samþ. það. Þess vegna tel ég að það sé allt í lagi þó að þetta frv. verði samþ.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir að lesa grg. yfirdýralæknis í þessu máli, hún var nokkuð í þeim anda, sem ég gerði ráð fyrir. Nú skal ég ekki fara út í þá slysasögu, sem þar er greint frá, en á hinu vil ég vekja athygli, að fyrir nokkrum árum var samþ. hér á hv. Alþ. frv. að l. um að koma hér upp eldisstöð fyrir holdanaut. Til þess að það megi gera er eingöngu ætlast til að flutt sé inn djúpfryst sæði, en til að fá það leyfi yfirvalda í heilbrigðismálum á sviði búfjársjúkdóma varð að setja upp sérstaka einangrunarstöð. Það verður með þó nokkrum kostnaði að koma henni upp og það verður að nota þetta sæði frá stöðinni í nokkur ár áður en nokkuð af þeim afkvæmum, sem þar fæðast og alast upp, má fara út úr einangrunarstöðinni. Það er verið að koma þessari stöð upp í Hrísey.

Það hefur verið rætt við mig um að hugsanlegt væri að þessi sauðnaut færu á Flatey á Skjálfanda. Hér á að flytja inn lifandi dýr, en í hinu tilfellinu aðeins djúpfryst sæði. Þau mega ganga frjáls þarna, það er engin sérstök einangrun og í þessu frv. er gert ráð fyrir því að það megi síðan dreifa þeim um landið eftir ákveðinn tíma, en auðvitað með samþykki yfirdýralæknis og ráðh. En ég fæ ekki skilið samhengið í því hjá löggjafanum ef hann samþ. þetta frv. þar sem flutt eru inn lifandi dýr úr öðrum löndum og það má síðan dreifa þeim um landið án takmarkana, en í hinu tilfellinu er flutt inn djúpfryst sæði sem verður að vera í mörg ár í einangrunarstöð og kosta ærnu til að mega síðar nota þetta hér á landi.

Mér finnst að hér sé um svo mikið ósamræmi að ræða að það sé óhugsandi að Alþ. geti afgr. þetta sem lög. Hver ráðh. sem með þetta mál færi, yrði að líta á þetta sem yfirlýsingu Alþ. um að þetta væri framkvæmanlegt, að öðrum kosti væri Alþ. ekki að gefa ráðh. og yfirdýralækni þessa heimild.

Ég vil taka það skýrt fram að ég tel með öllu óhugsandi að leggja í slíkan kostnað sem er verið að leggja í í sambandi við holdanautastöðina í Hrísey, en samþ. svo frv. sem þetta. Jafnvel þó að það hafi verið samþ. af Búnaðarfélagi Íslands og ég hafi sem landbrh. fylgt þeirri stefnu að vera í takt við Búnaðarfélag Íslands með mínar ákvarðanir, þá get ég það ekki í þessu máli og mun greiða atkv. gegn því og ég vara hv. d. við því að afgr. þetta frv. með þeim hætti sem hér er lagt til á sama tíma og stofnað er til þess kostnaðar sem gert er í hinu tilfellinu.

Þetta vildi ég segja hér áður en þetta mál fer til atkv. hér í hv. deild.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það, sem landbn. gerði í þessu máli, var einungis að fara eftir ósk stjórnar Búnaðarfélags Íslands, og stjórn Búnaðarfélags Íslands skrifaði landbn. vegna þess að Búnaðarþing hafði samþ. þessa till. shlj. á Búnaðarþingi 1972.

Í sambandi við nautastöðina í Hrísey og þetta mál er þar óliku saman að jafna. Það er verið að flytja þarna dýr sem ganga úti og þarf minna um þau að hugsa. Það getur vel verið að þau þyrftu að hafa einhvers staðar skjól, t. d. ef þau væru sett í Flatey eða Grímsey eins og sumum mun hafa dottið í hug. En þarna er alveg óliku saman að jafna og er ég raunar dálítið hissa á hæstv. ráðh. að líkja þessu tvennu saman. En ég vil bara endurtaka það, sem ég sagði hér áðan, að þetta eru heimildarlög og ég geri ráð fyrir því að allir hv. þm., sem þekkja Pál Agnar Pálsson, viti að hann muni ekki gefa leyfi nema hann telji að það sé óhætt að veita slík leyfi (Gripið fram í.) Það stendur í 4. gr. að það sé ekki hægt að flytja þessi dýr inn öðruvísi en að það liggi leyfi frá yfirdýralækni. Það er skýrt tekið fram. Meira að segja ráðh., þó að hann vildi það, mundi ekki geta gefið slíkt leyfi eftir lögunum nema leyfi yfirdýralæknis lægi fyrir. Og mér finnst að það væri hörmuleg niðurstaða með þetta frv., þar sem liggja fyrir óskir frá Búnaðarþingi þar sem búið er að samþ. það og þetta er frv. sem þeir hafa sent og við flytjum fyrir þá, ef ráðh. yrði svo til þess að fella þetta frv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er vegna þess að hæstv. landbrh. varaði hv. d. við því að samþ. þetta frv. að ég stend upp. Ég hef á þskj. 467 mælt með því að frv. verði samþ. og vegna þess að hæstv. ráðh. varar hv. Alþ. við því að fara að ráðum mínum og annarra sem hafa skrifað undir þetta nál., þá kemst ég ekki hjá að taka til máls og gera grein fyrir því hvers vegna ég skrifaði undir þetta nál.

Það er náttúrlega gott að hæstv. ráðh. vill vara hv. Alþ. við hættum og allt skyldum við varast sem getur reynst hættulegt. En mér finnst hæstv. ráðh. taka sér nokkuð stór orð í munn þegar hann vill vara þingheim við því að samþ. heimildarlög hæstv. ráðh. til handa. Hvaða hætta getur falist í því? Og hæstv. ráðh. var svo óheppinn áðan að vitna í lög, sem hafa verið í gildi í mörg ár, frá 1963, heimildarlög til þess að flytja inn holdanaut, en það mátti ekki gera nema að fengnu samþykki yfirdýralæknis og forstöðumanns tilraunastöðvarinnar á Keldum. Af því að þessir ágætu menn vildu ekki mæla með innflutningi, gat landbrh. vitanlega ekki gert nokkrar ráðstafanir til innflutnings á holdanautum. Hér er aðeins um heimild að ræða.

Ég skal ekkert fullyrða um hvort sauðnautin gætu orðið okkur til hagsbóta ef við flytjum þau inn, en ég vil benda á það að þótt innflutningur hafi mistekist hér á árunum, þá þyrfti hann ekki að gera það aftur. Nú eru dýralæknar fleiri og nú eru ýmis lyf þekkt, sem menn höfðu þá ekki ráð á, til þess að koma í veg fyrir ýmsa dýrasjúkdóma. T. d. mætti það teljast nokkuð öruggt, að ormaveiki yrði ekki þessum dýrum að bana eins og talið er að áður hafi verið. Og bólusetningar fara nú fram við ýmsum kvillum. Mér finnst að það gæti verið dálítið hættulegt fyrir þjóðina ef alþm. færu að verða lokaðir og segja: ja, vegna þess að þetta var nú svona einu sinni, þá skal það ekki reynt aftur. Ég held að með vísindunum, sem alltaf fleygir fram, gæti vel verið að það mætti hafa dýrin hér heilbrigð, og spurningin er hvort við getum gert annað betra við ýmis landssvæði hér en að hafa sauðnaut þar, t. d. nokkur svæði á Vestfjörðum og kannske víðar. Víst er það að ullin af sauðnautunum er verðmæt, hún er mjög verðmæt. Enginn af þeim, sem skrifuðu undir nál. á þskj. 467, ætlast til að það verði flanað að neinu þó að þetta frv. verði samþ. Við hv. þm., sem skrifuðum undir þetta nál., Stefán Valgeirsson, Friðjón Þórðarson með fyrirvara, Pálmi Jónsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Ingólfur Jónsson, eigum allir sammerkt að við viljum fara varlega í þessu efni. Og við erum ekkert að mæla með því að það verði farið að ráðast í mikinn kostnað nú þegar þótt þetta frv. verði samþ. Það er á valdi Alþ. hvort það vill ráðast í kostnað sem innflutningi fylgir. Það er ekki hægt fyrir ráðh. að sjá um innflutning á þessu þótt hann fengi meðmæli yfirdýralæknis, Búnaðarfélagsins og Náttúruverndarráðs nema

samþykki Alþ. komi til að greiða þann kostnað sem af innflutningnum leiðir.

Ég veit að ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég veit að hv. þm. vita að það stafar engin hætta af því að samþ. þetta frv. Og ég vil vara hæstv. ráðh. við því að nota það orðbragð hér í hv. Alþ. eins og hann sé að tala við einhverja viðvaninga eða óvita. Hv. alþm. vita alveg hvað í þessu frv. stendur. Þeir gera sér fyllilega grein fyrir því hvað af því leiðir að samþ. þetta frv. Og við, sem styðjum núv. hæstv. ríkisstj., berum ekki það vantraust til núv. hæstv. ráðh. að hann fari ekki með gát að öllu. Ég ber fyllsta traust til yfirdýralæknis. (Gripið fram í.) Ég geri það. Ef hann mælir ekki með innflutningi dýranna verða lögin ekki framkvæmd.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég tel ekkert við það að athuga þó að hv. fyrirrennari minn hafi aðra skoðun á máli en ég. Ég tel að okkur sé báðum heimilt að hafa skoðun á þessu máli og þær þurfa ekki að falla saman þó að við styðjum sömu ríkisstj.

Ég vil vekja athygli á því að mér finnst, eins og ég sagði áðan, að ef leyfður er innflutningur á dýrum í þessu sambandi, þá hafi verið of mikið að gert í sambandi við innflutninginn á holdanautasæðinu sem verður að hafa í einangrunarstöð áður en hægt er að koma því á markað. Ég lít líka svo á að það þurfi ekki samþykki Alþ. til þess að flytja inn sauðnaut eftir að þetta frv. yrði að lögum ef ráðh. og yfirdýralæknir samþ. það. (Gripið fram í.) Það þarf nefnilega ekki að flytja dýrin inn á kostnað ríkisins. Það eru til einstaklingar sem vilja flytja dýrin inn. Það veit ég ósköp vel. Þeir hafa sótt á þetta og það þarf ekki að koma með málið inn á hv. Alþ. þegar Alþ. er búið að afgr. málið úr sínum höndum eftir að þetta er orðið að lögum.

Ég vil líka vekja athygli á því, og það vitum við báðir, hv. 1. þm. Sunnl. og ég, að ráðh. eru forgengilegir og þeir geta haft mismunandi skoðanir, eins og hefur t. d. hent okkur. Það er ekki þar með sagt að þó að ég hefði þessa skoðun og mundi ekki leyfa þetta að eftirmaður minn hefði sömu skoðun. Ég vil heldur ekki afgr. lög út á yfirdýralækni því að yfirdýralæknir, eins og aðrir menn, er dauðlegur og gæti þess vegna verið fallinn út úr sínu embætti og það getur verið kominn maður með aðra skoðun í hans starf og ráðh. með aðra skoðun en ég hef og þá er málið þar með komið í gegn. Þess vegna er engin vörn í því í sambandi við þetta frv. þó að sá yfirdýralæknir, sem er núna, hafi þá skoðun sem hann hefur og ráðh., sem er núna, hafi þá skoðun sem hann hefur. Mergur málsins er sá hvort hv. Alþ. vill fara inn á þá leið að flytja hér inn lifandi kvikfénað sem ekki er nú sjáanlegt að við höfum neinna beinna hagsmuna að gæta í, en hafa á sama tíma afgr. mál eins og holdanautamálið með þeim tilkostnaði og þeim vörnum sem þar er í frammi hafðar, þrátt fyrir fyrir það að þar sé um að ræða innflutning á djúpfrystu sæði, en hér á lifandi dýrum sem ég álít að sé meginmunur málsins.

Ég tek svo undir það með hv. 1. þm. Sunnl. að ég vil ekki afgr. mál bara út af því að það hafi einhvern tíma mistekist. Það hef ég ekki gert í sambandi við önnur mál hér, heldur út á afstöðu mína til þessa máls. Það sem ég tel að sé meginatriðið í þessu er að ef við förum inn á þessa braut, þá höfum við farið inn á ranga braut þegar við afgr. á sínum tíma leyfi til innflutnings á holdanautasæði. Hv. 1. þm. Sunnl. var þá ráðh. landbúnaðarmála og hann gætti hinnar fyllstu varfærni og ég álít að það þyrfti alveg eins í þessu tilfelli. En ég lít svo á að það sé ekki gert með þessu frv.

Mér finnst ekki óeðlilegt að ég hafi látið í ljós mína skoðun og bent á það sem ég benti á hér. Ég er ekkert að segja þm. fyrir verkum þó að ég hafi lýst þessu sem ég hef hér gert. Þeir hafa sínar skoðanir á málinu. En það er engin vörn í máli þó að dauðlegir menn eigi að framkvæma það.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég var víst annar af tveim dm. sem greiddu mótatkv. í þessu máli þegar það var hér til 2. umr. og það gerði ég ekki síst með tilliti til vitneskju minnar um þá umsögn yfirdýralæknis sem hér var lesin. Mergur þessa máls er auðvitað sá hvort íslendingar hafa eitthvað lært af þeirri reynslu sem þeir urðu fyrir á liðnum áratugum af innflutningi búpenings erlendis frá sem engin leið var að varna að flytti með sér sjúkdóma sem hér gengu eins og logi yfir akur og höfðu nær eytt heilar sveitir eða landshluta og kostaði offjár að halda í skefjum eða vinna bug á. Það gegnir furðu að mínum dómi að með þessa reynslu í huga skuli það vera mjög auðsótt fyrir einhverja áhugamenn að koma því fram á Búnaðarþingi að stofnað sé til dýrainnflutnings sem leiða má að sterkar líkur að leiði yfir sama háska og fylgdi á sínum tíma karakúlfénu.

Lögin um innflutning holdanautasæðis voru þannig úr garði gerð að þar var fyllsta öryggis gætt og tekið fyllsta tillit til hinnar dýrkeyptu reynslu af karakúlhrútunum. En þegar svo er komist að orði hér úr ræðustól í hv. d., eins og hv. 1. þm. Sunnl. gerði, að spurning sé hvort nokkuð annað betra sé við að gera landshluta eins og t. a. m. Vestfirði en að leggja þá undir sauðnaut, þá fæ ég ekki orða bundist.

Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur kynnt sér sumt af því prentaða máli sem í grg. fylgir þessu frv. Þar er t. d. gert ráð fyrir því að sauðnaut, sem komin séu segjum á Vestfirði, þurfi ekki aldeilis mikla smölun, það sé auðvelt að líta eftir dýrunum úr lofti, og þá líklega frekar úr loftbelgjum en vélknúnum flugförum. Ef á það ber að líta að alls konar norræn dýr geti þrifist á Íslandi, þá eru mörg önnur til en sauðnaut. Það eru til hreysikettir, það eru til gaupur, en ég veit ekki hvort bændur yrðu hrifnir af því að fá þessa dýrastofna inn í landið, kannske veiðimenn yrðu það og skinnaframleiðendur. Það er til elgur vestur í Kanada og karibúhreindýr. Þetta kvikfé gæti vafalaust þrifist hér og það eru af því nytjar þar sem það á sín náttúrulegu heimkynni. En það eru engu meiri rök fyrir því að flytja inn sauðnautin heldur en þessi önnur klaufdýr, sem ég nefndi hér, jafnvel enn meiri rök á móti

sauðnautunum því að þau eru mannygasta skepna sem lifir í norðlægum löndum, drepa fleiri eða færri grænlendinga á hverju ári. Nytjarnar af þessu eru ekki stórmerkilegar. Það er talið að fullvaxið sauðnaut gefi af sér 1 kg. af hári sem verður að safna saman úti um hagann sem hagalögðum, og þá máske úr loftbelgjum þeim sem á að nota til smalamennskunnar.

Það stendur í grg. að margir einstaklingar hafi brennandi áhuga á þessu máli. Hvenær hefur það verið ástæða fyrir Búnaðarþing, svo að ekki sé nefnt Alþ., að samþ. eitthvert mál vegna þess að einhverjir menn ganga með grillur og fá brennandi áhuga á einhverri vitleysu? Hvað verður það annað kallað að fá brennandi áhuga á því að fara að tína hagalagða á Vestfjörðum, og þessir hagalagðar eru ekki stórir, því að ekki er það mikið birkikjarr á Vestfjörðum að ullin geti loðað þar í svona hálfum og heilum reifum. Eða hafa þessir menn kannske áhuga á aðgerðum sem geta stuðlað að því að hér komi þau sníkjudýr sem yfirdýralæknir nefnir í sínu bréfi? Hafa þeir virkilega áhuga á því að fá hingað fleiri lungnaormategundir en þegar hafast við í búfé okkar eða ígulsulli og nokkrar tegundir af þráðormum?

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Þetta fara nú að verða nokkuð spaugilegar umr., sbr. það sem hv. þm. Magnús Torfi sagði hér áðan þegar hann spyr: Hafa menn áhuga á því að flytja sníkjudýr inn til landsins? — og nefndi ýmis nöfn og annað þess háttar og virtist hafa lokað alveg augum og eyrum fyrir því að vísindin hafa nú sem betur fer unnið mikinn bug á þessu nú orðið og komið vörnum við.

Hv. þm. taldi það alveg fráleitt að nota Vestfirði að einhverju leyti fyrir sauðnaut. Ég sagði hluta af Vestfjörðum. Ég átti þar við þann hluta sem ekki er notaður í dag fyrir neinn og það er hluti af Vestfjarðahálendinu sem ekki er notaður í dag, farinn í eyði og á engan hátt nýttur. Hv. þm. telur að það geti verið betra að flytja inn einhver önnur klaufdýr en sauðnaut vegna þess að sauðnaut séu svo mannýg að þau geti drepið menn. Við íslendingar höfum lengi verið varnarlausir, en þó ekki hræddir við dýr. Við vorum það hérna á árunum þegar útlendingar sóttu að okkur og þorðum ekki að skjóta úr byssum þó að við ættum þær, sbr. Tyrkjaránið. Það gæti vel verið að sauðnautin gætu gert okkur hrædda þannig að menn þyrðu ekki einu sinni að bera hönd fyrir höfuð sér.

Ég tel ekki ástæðu til þess að segja meira um það sem hv. þm. Magnús Torfi sagði hér áðan. Sannleikurinn er sá að ég ætlaði ekki að lengja tíma þingsins með umr. um þetta mál þótt hæstv. landbrh. hafi komið mér af stað í fyrstu. En í sambandi við það sem hér var sagt áðan, hvort við íslendingar hefðum eitthvað lært í sambandi við innflutning dýra af fyrri reynslu, — þeir höfðu báðir orð á því, hæstv. ráðh. og hv. þm. Magnús Torfi, að við hefðum átt að læra af fyrri reynslu, — þá vona ég að við höfum gert það því að nú dettur engum í hug að flytja inn lifandi dýr nema það sé tryggt að það valdi ekki smitun. Þess vegna er alveg fráleitt að tala um að það eigi að fara að endurtaka það sem gert var þegar karakúlhrútarnir voru fluttir til landsins. Það dettur engum í hug. Þetta sauðnautamál ætti ekki að fara svo í taugarnar á mönnum að það verði gripið til slíkra umr. og rakaleysu eins og að það eigi að fara að endurtaka það sem gert var þegar karakúlhrútarnir voru fluttir inn. Þá var ekki allrar aðgæslu gætt og þá var ekki sú þekking fyrir hendi á sjúkdómum sem nú er.

Mér fannst hæstv. ráðh. verða svolítið tvísaga áðan því að í fyrri ræðu sinni talaði hann um að það væri ekki ráðlegt að samþ. þetta frv. því að það væri nóg að standa undir þeim kostnaði sem af því leiðir að flytja inn holdanautasæði og einangrunarstöðin í Hrísey yrði það dýr að það væri ekki skynsamlegt að fara að efna til kostnaðar á þessu sviði samhliða. En svo segir hæstv ráðh. í seinni ræðunni að það sé hægt að flytja inn nautin án þess að spyrja Alþ. um það vegna þess að það eru einstaklingar sem eru tilbúnir til þess, að leggja í þennan kostnað, það þurfi ekki að taka fé á fjárlög til að standa undir þessum kostnaði. Í fyrri ræðunni varaði hann við því að samþ. þetta kostnaðarins vegna. Menn geta svona lagt út af þessu ef þeir vilja, en þessu ber nú ekki alveg saman.

Hæstv. ráðh. talaði um að það væri ekki ráðlegt að samþ. lög sem byggðust á framkvæmd dauðlegir og hefur það ekki verið þannig í því? Hafa ekki bæði ráðh. og þm. alla tíð verið dauðlegir? og hefur það ekki verið þannig í okkar stjórnarfari að ráðh. eru alltaf að koma og fara? En sem betur fer kemur alltaf maður í manns stað. Það vill nú þannig til að það veljast ekki frekar menn í ráðherrastöður en aðrar stöður sem eru ábyrgðarlausir. Flestir munu þeir finna til ábyrgðar og meiri ábyrgðar en áður þegar þeir eru komnir í ráðherrastól. Það er illa komið hag okkar íslendinga ef við eigum ekki að hafa þessa skoðun áfram að það verði alltaf menn í ráðherrastól sem hafi nokkra ábyrgðartilfinningu. Ég sagði áðan að ég hefði mætur á yfirdýralækni og treysti honum. En er nú nokkur ástæða til að ætla að það veljist maður í yfirdýralæknisstarfið á eftir Páli A. Pálssyni sem ekki hefur þekkingu og ekki hefur samvisku eða ábyrgðartilfinningu.

Alþingi er alltaf að samþ. lög sem dauðlegir menn eiga að framkvæma, og lögin eru alltaf framkvæmd þótt mannaskipti séu. Þannig er með þetta mál. Það er barnalegt að halda því fram að það geti stafað nokkur hætta af því að samþ. umrædd heimildarlög. Ég held að við allir sem skrifum undir nál. og mælum með því að frv. verði samþ., höfum gert það til þess að málið verði betur athugað en annars yrði gert. Þegar heimildarlögin eru fyrir hendi, þá hlýtur af því að leiða að málið verður rannsakað á raunhæfan hátt. Getur það verið til hags fyrir þjóðina að flytja inn sauðnaut, og er mögulegt að koma í veg fyrir hættuna sem af því kynni að leiða? Er unnt að koma hér upp nokkurri atvinnugrein af þessu tagi sem gæti orðið til fjárhagslegra nota? Hv. þm. Magnús T. Ólafsson gerði ekki mikið úr því, það væru litlir ullarlagðar sem hægt væri að tína og það væri 1 kg á hverju nauti. Mig minnir að það séu 2 kg, en um það þurfum við ekki að þræta. Um það getum við

lesið hvort það eru 2 kg eða 1 kg. Ullin er mjög dýr. Það, sem skiptir máli, að það verði kannað hvort það geti verið til hagsbóta að flytja sauðnaut inn í landið. Af hverju hafa norðmenn verið að flytja inn sauðnaut? Er það bara til gamans til þess að auka við dýrastofninn hjá sér? Ég held að það hafi verið einnig og ekkert síður vegna þess að þeir töldu vera fjárhagslegan ávinning að því, og þannig mætti það kannske einnig verða hér.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að lengja þessar umr., en ég var undrandi á ræðu hv. þm. Magnúsar T. Ólafssonar áðan. Ég hef aldrei heyrt hann flytja svona ræðu fyrr og kannske er það þess vegna sem ég varð dálítið undrandi. Ég ætla aðeins að upplýsa það að áhuginn á þessu í Kanada, Alaska og Noregi er fyrst og fremst vegna ullarinnar. Það er talið að það fáist 2.7 kg af ull af fullorðnum törfum og minna af kúnum og yngri dýrum eða um 2 kg. Það var líka talið í fyrra að það fengjust 100 dollarar fyrir kg eða 700 kr. norskar. Ef það er óbreytt verð, þá er það töluvert, t. d. 700 kr. norskar, ef maður margfaldar með 30. Það eru 21 þús. kr. fyrir kg. En þetta kemur fram bæði í bréfum og ritgerðum þeirra manna sem hafa skoðað þetta. Þessi dýr eru ekki höfð fyrir kjötið, jafnvel þó að kjötið sé mjög líkt nautgripakjöti og talið mjög gott. Það er sem sagt ullin sem menn sækjast eftir. Út af því, sem hv. þm. Magnús Torfi sagði, vildi ég segja þetta og í sambandi við ullina að hún flettist í einu lagi af dýrunum. Það er ekki eins og með sauðfé að það þurfi að rýja, heldur flettist ullin af á burðartíma kúnna frá því í maí og fram í júní.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hv. 1. þm. Sunnl. að nyrstu byggðir Vestfjarða, sem eru auðar af mannfólki, séu til einskis nýttar. Þetta er friðland, útivistarsvæði landsmanna allra, og það kann að mega hafa tvennar skoðanir á því hvort þær væru betur komnar undir sauðnautabúskap, en það er ekki rétt að þetta land sé til engra nota.

En meginerindi mitt í ræðustól nú var að vekja athygli hv. þm. á því að það er ljóst af síðari ræðu hans að stuðningur hans við sauðnautainnflutninginn byggist á leiðum misskilningi. Hann lýsti því yfir að því aðeins kæmi sá innflutningur til greina að fyllilega væri tryggt að ekki fylgdu sjúkdómar eða sníkjudýr, það yrði að vera tryggt að ekki fylgdi smitun. Jafnframt hefur hv. þm. lýst óskoruðu trausti sínu á yfirdýralækni og dómgreind hans á þessi mál. En kjarninn í umsögn yfirdýralæknis er einmitt sá að það er engin leið að útiloka að smitun fylgi slíkum dýrastofni sem hér er um að ræða, og þar kemur bæði til greina sóttkveikjusmitun og sníkjudýrastofnar sem þeim geta fylgt. Það er því ljóst af þessu að stuðningur hv. þm. við málið byggist á því að hann misskilur kjarna þess og ég vona að hann sjái að sér.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur sem hér hafa orðið um gagnsemi eða arðsemi þessara dýra þótt ég þykist sjá að þegar um er að ræða mannýg naut verði erfitt að ná af þeim þessum hagalögðum sem um er að ræða. Og illa líst mér nú á ef hv. nm. t. d. yrði falið að sjá um þennan búskap. Ég hefði gaman af að sjá þegar verið væri — sem ég teldi auðvitað besta ráðið til þess að fylgjast með arðseminni — að vigta þá á undan og eftir.

En burtséð frá allri gamansemi vil ég taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður benti hér á, að það er nýbúið að friða þetta svæði til afnota ekki aðeins fyrir þéttbýlisbúa, heldur og aðra til útivistar. Ef á að fara að hleypa slíkum villidýrum á þetta friðaða svæði fyrir mennina, þá hlýtur sú spurning að koma upp ef eitthvert slys verður hvert á að leita um skaðabætur. Er það ríkisstj. eða eru það þessir áhugamenn, sem hafa beitt sér fyrir málinu á Búnaðarþingi? Og þá kom upp í huga mér, sérstaklega eftir að ég hlustaði á þá hryllingsræðu um ormana sem hér var flutt áðan og reyndar í tvígang, frétt sem birtist ekki alls fyrir löngu í víðlesnasta og trúanlegasta dagblaði landsins, Morgunblaðinu, þess efnis að frægur kvikmyndaleikari hefði hafið málssókn á hendur veitingastað nokkrum. Hann hafði étið þar ormasjúkt kjöt, — hvort það eru frændormar þeirra orma sem gætu komið til landsins með þessum sauðnautum hugsanlega — skal ég ekki segja um, en hann fór fram á milljón dollara í skaðabætur. Meginskaðinn, sem hafði skeð og var staðfestur fyrir rétti af eiginkonu leikarans, var sá að hann hafði misst kyngetu sína. Og nú vil ég spyrja hv. nm. hvort Vestfirðingar geti átt von á slíku.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðstoð við vangefna og fjölfatlaða, þáltill. (þskj. 539). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 28). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vátryggingarsamningar, frv. (þskj. 56). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 443). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:1 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Sameinað þing, 73. fundur.

Föstudaginn 2. maí, að loknum deildafundum.

Landmælingastjórn ríkisins, þáltill. (þskj. 96, n. 489). — Síðari umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 96, 88. mál, er borin fram till. til þál. um landmælingastjórn ríkisins, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja frv. til l. um landmælingastjórn ríkisins. Til þess að semja frv. skal ríkisstj. skipa n. 5 manna. Skal einn tilnefndur af Rannsóknaráði ríkisins, einn af Dómarafélagi Íslands, einn af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einn af Verkfræðingafélagi Íslands. Formaður n. skal skipaður án tilnefningar. Með samningu frv. skal m. a. að því stefnt að undir landmælingastjórn heyri stjórnun þríhyrningamælinga á Íslandi og hæðamerkjakerfisins, kortamælingar og kortaútgáfa ríkisstofnana, lóða-, landa- og jarðamarkamælingar. N. hraði svo störfum að frv. um þetta efni verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþ. Kostnaður við störf n. greiðist úr ríkissjóði."

Í grg. með þessari till. er bent á að tilgangur till. sé að samræma aðgerðir þeirra aðila á vegum ríkisins sem fást við landmælingar. Fram kemur að í dag starfa að þessum verkefnum 5 ríkisstofnanir, þ. e. a. s. Landmælingar Íslands, Landsvirkjun, Orkustofnun, Skipulag ríkisins og Vegagerð ríkisins. Engin lög eða reglur eru til um það hvernig framkvæma eigi þessar mælingar svo að þær komi að sem víðtækustum notum og geti fengið almennt og viðurkennt gildi. Fram er tekið í grg. að ekki sé átt við að sett sé á fót stofnun sem framkvæma eigi þessar mælingar heldur verði um það að ræða að aðgerðir séu samræmdar svo að fjármunum verði ekki kastað á glæ, heldur fáist full nýting af útlögðu fé.

Hv. allshn. Sþ. hefur haft þessa till. til meðferðar, vísað henni til umsagnar og fengið jákvæðar umsagnir, og með hliðsjón af grg., röksemdum, sem þar koma fram, og umsögnum sem borist hafa, mælir n. með því að þessi till. til þál. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Félagsmálasáttmáli Evrópu, þáltill. (þskj. 551). — Fyrri umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, er lagt til að Alþ. veiti ríkisstj. heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Félagsmálasáttmála Evrópu sem undirritaður var í Turin á Ítalíu 18. okt. 1961. Þessi sáttmáli er árangur næstum 7 ára starfs innan Evrópuráðsins og er einn þátturinn í viðleitni ráðsins til að vinna að þeim markmiðum sem því voru sett í stofnskrá, en markmið Evrópuráðsins má í stuttu máli segja að sé að stuðla að bættum hag og velferð þegna aðildarríkjanna. Sáttmálinn gekk í gildi í febr. 1965, en þá höfðu 5 ríki fullgilt hann. Nú hefur hann hlotið fullgildingu 11 aðildarríkja, þ. á m. Danmerkur, Noregs og Sviþjóðar, en 6 aðildarríki hafa ekki fullgilt hann til þessa.

Í II. kafla sáttmálans, sem er 19 greinar, eru talin upp þau réttindi sem aðildarríkin skuldbinda sig til að veita þegnum sínum á sviði félags- og vinnumála. Þar er kveðið á um rétt manna til vinnu með sanngjörnum vinnuskilyrðum og kaupi, öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, félagafrelsi og samningsrétt verkafólks, verndun vinnandi barna og kvenna, leiðbeiningar við starfsval og starfsþjálfun, heilsuvernd, félagslegt öryggi og aðstoð, endurhæfingu fatlaðra og réttindi erlendra verkamanna og fjölskyldna þeirra o. fl.

Til þess að geta fullgilt sáttmálann þarf aðildarríki að gangast undir skuldbindingar samkv. tilteknum lágmarksfjölda greina í II. kafla hans, en getur undanskilið nokkur ákvæði. Ekki mun Ísland að svo stöddu geta skuldbundið sig samkv. öllum greinum umræddsa kafla þar sem ákvæðum þeirra er ekki fullnægt hér á landi. T. d. fullnægir íslensk löggjöf ekki ákvæðunum um vernd barna og kvenna við vinnu né ákvæðunum um leiðbeiningar um starfsval og starfsþjálfun. En nú þegar virðist unnt að uppfylla nægilega mörg ákvæði til þess að fullgilding geti farið fram. Síðar er svo hægt að bæta við öðrum greinum eftir því sem ástæður leyfa og að því ber að sjálfsögðu að stefna.

Ég legg til, að málinu verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr., og vænti þess að þar verði hægt að hraða því þannig að það fáist afgreitt á þessu þingi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins fagna því að þetta mál hefur nú verið lagt fyrir hv. Alþ. Ég hef hreyft því tvívegis hér á undanförnum árum.

Það þarf ekki að fjölyrða um það að hér er um einn af mikilvægustu sáttmálum Evrópuráðsins að ræða. Eins og kunnugt er hefur Evrópuráðið staðið að gerð sáttmála um margvísleg efni. En það eru tveir sáttmálar sem ber hæst á vegum Evrópuráðsins. Annar sáttmálinn er mannréttindasáttmálinn, þar sem kveðið er á um mannréttindanefndina og mannréttindadómstólinn, og hinn er sá sáttmáli sem hér er fjallað um, félagsmálasáttmáli Evrópu.

Félagsmálasáttmálinn er merkileg nýjung. Þar sem mannréttindasáttmálinn fjallar um persónurétt einstaklingsins, þá fjallar félagsmálasáttmálinn um félagsleg réttindi einstaklingsins. Með félagsmálasáttmálanum er í fyrsta sinn í samvinnu Evrópuríkja leitast við að framfylgja þessum réttindum undir alþjóðlegu eftirliti.

Það er ekki vonum fyrr að við Íslendingar gerumst aðilar að þessum sáttmála vegna þess að við höfum um langt skeið, eða e. t. v. frá því að sáttmálinn tók gildi, haft skilyrði til þess að gerast aðilar að sáttmálanum. Eftir að í höfuðstöðvum Evrópuráðsins á þingi Evrópuráðsins var minnst árið 1971 10 ára afmælis félagsmálasáttmálans hreyfði ég þessu máli hér á hv. Alþ. á þingi 1971—1972 með fsp. til hæstv. utanrrh. Það var tekið vel í þetta mál, en það varð ekki af framkvæmdum. Rúmlega ári síðar hreyfði ég því á nýjan leik með fsp. hér á hv.

Alþ. og þá var enn á ný tekið vel í málið, en það hafði ekki orðið neitt af framkvæmdum fram að því. Á síðasta reglulegu þingi var svo borin fram till. til þál. um fullgildingu á félagssáttmála Evrópu. Það var á síðustu dögum þingsins og málið náði því ekki fram að ganga.

Nú hefur hæstv. félmrh. beitt sér fyrir því að málið sé nú á ný tekið fyrir á hv. Alþ. Ég vil leyfa mér að þakka fyrir það og ég vænti þess að málið verði afgr. á þessu þingi.

Eins og hæstv. félmrh. tók fram eru öll Norðurlöndin, sem eru á svipuðum vegi stödd í félagslegu tilliti og við, fyrir löngu búin að gerast aðilar að þessum sáttmála. Við erum í hópi með 7 Evrópuráðsríkjum sem ekki hafa enn gerst aðilar að þessum sáttmála, en það eru auk Íslands Belgía, Holland, Lúxembúrg, Tyrkland, Sviss og Malta. Þó að þetta séu ágætislönd og ágætisþjóðríki, þá finnst mér fara betur á því að við séum í hópi hinna, sem hafa samþykkt að gerast aðilar að félagsmálasáttmálanum. Þá mundum við fylgjast að með hinum Norðurlöndunum sem standa fremst í félagslegu tilliti og eru þess vegna best umkomin þess að vera virkir aðilar að þessum sáttmála. Þess vegna vil ég ítreka þakkir mínar fyrir það að málið er fram komið og heiti á þá n., sem fær málið til meðferðar, að afgreiða það fljótt svo að það megi verða afgr. á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Áfengismál, þáltill. (þskj. 130, n. 528). — Síðari umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Til allshn. Sþ. hafa borist tvær till. til þál. Í fyrsta lagi er þar um að ræða till. á þskj. 47 um afnám vínveitinga á vegum ríkisins og í öðru lagi till. á þskj. 131 um nefndarskipan um áfengismál, og það er sú till., sem hér er nú á dagskrá og til umr. Þess er og að geta að brtt. hefur verið lögð fram á þskj. 84 við till. til þál. um afnám vínveitinga á vegum ríkisins, brtt. frá hv. þm. Benedikt Gröndal. Þessi mál eru í eðli sínu skyld, þar sem þau bæði fjalla um baráttuna gegn áfengi og áfengisneyslu, og því eðlilegt að þau séu rædd í nokkru samhengi. Bið ég hv. Sþ. um að virða það við mig þótt ég blandi því nokkuð saman, enda kemur það fram í nál. um þá till., sem hér er til umr. nú, að n. gerir að nokkru leyti sameiginlegt álit vegna þessara till. beggja.

Það er sameiginlegt álit nm., að baráttan gegn áfengisbölinu eigi skilið fullan stuðning af hálfu Alþ. og raunar eðlilegt að gerð sé krafa um forustu af þess hendi í aðgerðum og í fjárveitingum til þessarar varnarbaráttu. Það er samdóma álit n. að sú ógæfa, sem leiðir af óhóflegri áfengisneyslu, verði ekki í peningum mæld og *það sé skylda fjárveitingavaldsins og stjórnvalda* að styðja dyggilega við bakið á þeim aðilum í þjóðfélaginu sem vilja sporna gegn þessari ógæfu, gegn óhóflegri áfengisneyslu. Í nál. kemur fram að n. litur aðdáunaraugum til þess starfs sem ýmis frjáls samtök heyja í þessu skyni, og n. telur að með góðu fordæmi, hvatningu og liðveislu geti þingið komið enn frekar til stuðnings þessum samtökum.

N. tekur fram að það hafi vakið verðskuldaða athygli þegar hæstv. menntmrh. ákvað að veita ekki áfenga drykki í þeim móttökum og samsætum sem hann býður til, og það er mat margra að sú ákvörðun sé til eftirbreytni fyrir aðra ráðh. Hins vegar telur n. ekki rétt að setja ráðh. fyrirmæli í þessu efni, heldur sé eðlilegt að þeir hafi fordæmi hæstv. menntmrh. í huga og reyni þannig að haga veitingum sínum svo að til sóma sé. Það er hins vegar mat n. að boð eða bönn í þessum efnum stoði skammt, sérstaklega þegar um er að ræða ákvarðanir af þessu tagi sem ekki spanna yfir þetta vandamál í heild sinni né heldur koma við kjarna þessa máls, til þess að uppræta óhóflega áfengisneyslu og til þess að draga úr henni almennt þurfi til að koma skipulegur áróður og starf sem mótað gæti almenn viðhorf og afstöðu borgara, ekki síst unglinga. Að því leyti er þetta viðfangsefni miklu víðtækara og þarf að taka öðrum tökum en svo að setja einstökum aðilum reglur um veitingar eða tilhögun í sínum samsætum.

Ég vil vekja athygli á því að þessar till., sem ég hef gert hér að umræðuefni, eru bornar fram af nokkurn veginn sömu hv. þm., 4 af 5 flm. eru þeir sömu að báðum till. Sú till., sem hér er til umr. nú, er að því leyti víðtækari að hún gerir ráð fyrir því að það sé skipuð n. manna sem hafi það verkefni að gera úttekt á stöðu áfengismálanna í dag og gera heildartill. í þeim efnum sem til úrbóta geti orðið. Þess vegna er það niðurstaða n. að rétt sé að vísa till. um afnám vínveitinga á vegum ríkisins til athugunar hjá *ríkisstj. án þess að frekari afstaða sé tekin til* hennar að svo stöddu, a. m. k. á meðan þingið styður nefndarskipun sem skoðar þessi mál með víðtækari hætti. N. hefur því komist að þeirri niðurstöðu að mæla með samþykkt till. til þál. á þskj. 131, 110. máli, með þeirri breytingu að 2. mgr. breytist og þá hljóði till. svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nú þegar n. manna er hafi það verkefni að gera úttekt á stöðu áfengismálanna í dag sérstaklega með tilliti til hrikalegra afleiðinga af ofneyslu áfengis sem hvarvetna blasa við.

N. skal leitast við að gera till. til úrbóta, hún skal hraða störfum sem mest og leggja bráðabirgðaálit og till. fyrir þingflokkana næsta reglulegu Alþ.

N. skal skipuð 5 mönnum eftir tilnefningu hvers þingflokks.“

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál eða þetta álit n. Ég álít að hér sé á ferðinni mál sem allir séu sammála um að þurfi að takast á við með myndarlegum hætti og þetta gæti orðið upphafið að því, að svo yrði, með því að samþykkja þessa nefndarskipun.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég hef í umr. um þær tvær till., sem hv. frsm. allshn. gerði hér grein fyrir, áður tjáð mig um þær og mun ekki endurtaka það hér, en aðeins í örfáum orðum láta í ljós það álit mitt, að Alþ. hafi

hingað til ekki staðið myndarlega við framkvæmdir og raunhæfar aðgerðir að áfengisvarnarmálum og aðgerðir fyrir þá einstaklinga sem hafa þarna orðið mikilli ógæfu að bráð.

Það er nú svo að góður hugur, falleg orð og jákvæðar yfirlýsingar í þessu efni hafa ósköp lítið að segja. Okkur vantar fé úr sameiginlegum sjóði landsmanna til þess að gera eitthvað sem að gagni geti komið, og það hefur jafnan farið svo þegar till. hafa komið fram á Alþ. sem miða að því, að þá hafa þær ekki náð fram að ganga. Ég nefni till. um ákveðið prósent af ágóða af áfengissölu ríkisins, sem rynni í svokallaðan gæsluvistarsjóð. Hugmynd um það hefur aldrei náð nægilegu fylgi á Alþ. til þess að hún fengi endanlega og jákvæða afgreiðslu. Ég vil einnig minna á að fyrir hv. Alþ. liggur till. frá Oddi Ólafssyni nú um 100 kr. sem sérstaka álagningu á sterkt vín. Þetta á, að því er ég skil, ekki að þýða skertar tekjur ríkissjóðs af áfengissölu svo að það hefur ekki þurft að hræða Alþ. frá að samþykkja hana. Mér skilst að þessi till. muni ekki ná fram að ganga hér og ég harma það mjög.

Ég vil taka undir þau orð hv. frsm. allshn. að við þurfum að takast á af myndarskap við áfengisvandamálið eins og það er í okkar þjóðfélagi í dag en það verður ekki gert með því að láta þær aðgerðir aðeins í ljós með fallegum orðum og jákvæðum yfirlýsingum. Okkur vantar peninga til þess að framkvæma það sem framkvæma þarf í þessum efnum. Hinu vil ég ekki gera lítið úr, að almenningsálitið, hver einstaklingur, hefur þarna mikið að segja og þar koma ekki fjárframlög Alþ. til, heldur hugarfar fólksins sjálfs. En ég verð því miður að láta í ljós óánægju mína með það hve hv. Alþ. hefur sinnt þessum málum lítið í raun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afnám vínveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 47, n. 527, 84). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Ég þarf ekki að vera langorður um þetta nál. sem hér liggur fyrir og felur í sér að þessari till. verði vísað til ríkisstj. Ég er búinn að gera grein fyrir áliti allshn. á þeim tveim till. um áfengismál sem til hennar hefur verið vísað. Ég vildi aðeins segja það vegna ummæla hv. 9. landsk. þm. að ég get vel fallist á yfirlýsingar hennar um að Alþ. hafi ekki staðið með nægjanlega myndarlegum hætti að því að styðja við bakið á þeim sem berjast gegn óhóflegri áfengisneyslu. Það verður sjálfsagt aldrei svo að það verði nægjanlega vel gert, og mestu máli skiptir ekki endilega að Alþ. leggi fram ógrynni fjár til þessarar starfsemi, heldur að Alþ. hafi skilning á þessum störfum og veiti þeim einstaklingum og félögum, sem að þessu starfa, svigrúm til þess að nýta þær hugmyndir og færa sér í nyt þann kraft og áhuga sem fyrir hendi er hjá þeim áhugasamtökum sem að þessu vinna.

Ég get ekki upplýst hv. þm. um það hver örlög till. hv. þm. Odds Ólafssonar hafa orðið, en hitt er víst að henni hefur ekki verið vísað til allshn. Sþ. Mér er ekki kunnugt um hvar hún er niður komin. En mergurinn málsins er sá að ýmsar kröfur og hugmyndir um aðgerðir á þessum vettvangi hafa komið fram eins og t. d. till. frá hv. þm. Oddi Ólafssyni, einmitt af þeim sökum er mat allshn. að það þurfi að samræma þessar kröfur, þessar hugmyndir og þessa krafta á þann veg, að þeir falli í einn og sama farveg. Þess vegna er það mín skoðun að það sé skynsamlegt á þessu stigi málsins að þingið skipi þarna sérstaka n., — sem er í sjálfu sér nokkuð óvanalegt, að skipuð sé n. af þingflokkunum til þess að gera till. til þingflokkanna aftur, — það sé skynsamlegt skref til þess að samræma störfin og geti kannske orðið upphaf þess að betri árangur verði af baráttunni gegn áfengisbölinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Öryggisbúnaður flugvalla, þáltill. (þskj. 138, n. 529). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hér er hreyft þörfu máli að mati hv. allshn., en till. til þál. er flutt um öryggisbúnað flugvalla og þar segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar gera athugun á því, hvernig komið verði upp á sem skemmstum tíma nauðsynlegum öryggisbúnaði á flugvöllum landsins."

Það er öllum ljóst sem með þessum málum hafa fylgst að hér skortir nokkuð á. N. hefur vísað þessari till. til umhugsunar flugmálastjóra og Félags atvinnuflugmanna og báðir þessir aðilar mæla eindregið með því að þessi till. verði samþ. Flugmálastjóri bendir á í sinni umsögn að það skorti nokkuð á fjárveitingar, skorti nokkuð á að áætlunum hafi verið fullnægt, en hann hefur, hans stofnun, gert till. um hvort tveggja. En í þessu máli eins og ýmsum fleirum hefur verið vandamál að verða við öllum þeim beiðnum sem berast.

Hv. allshn. telur sjálfsagt að gefa þessum málum betri gaum og vill gjarnan fyrir sitt leyti mælast til þess að ríkisstj. geri sérstaka athugun á því, hvernig fjármagna og setja megi upp á sem skemmstum tíma nauðsynlegan öryggisbúnað á flugvöllum landsins, og mælir því með samþykkt till.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Eins og frsm. hv. allshn. tók fram telja nm. allir þessa till. fyllilega tímabæra og einnig þeir aðilar sem n. hefur leitað umsagnar hjá. Ég vil aðeins leyfa mér að þakka allshn. fyrir störf hennar og frsm. og vænti þess að þessi till. og væntanleg ályktun Alþ. verði til þess að þoka þessum nauðsynlegu málum nokkuð í rétta átt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innanlandsflugvöllur á Reykjavíkursvæðinu, þáltill. (þskj. 480). — Fyrri umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Virðulegi forseti. Hv. alþm. Ég hef leyft mér að leggja hér fram ásamt hv. þm. Steingrími Hermannssyni till. til þál. um innanlandsflugvöll á Reykjavíkursvæðinu. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. sérfróðra manna til þess að kanna þá hugmynd að láta gera nýjan flugvöll, sem orðið gæti miðstöð innanlandsflugsins, áfyllingu við Löngusker í Skerjafirði."

Flugumferð hefur aukist gífurlega á Íslandi á undanförnum árum og áratugum. Flugsamgöngur eru nú orðnar einn veigamesti þátturinn í samgöngumálum okkar og fara vaxandi. Fer þar saman mikil aukning, bæði farþega og vöruflutninga, hvort heldur um er að ræða millilanda- eða innanlandsflug. Reykjavíkurflugvöllur, sem gerður var á árunum 1940—1944, var um tíma miðstöð alls flugs íslendinga, en á árunum 1962—1964 fluttu Loftleiðir hf. starfsemi sína til Keflavíkur og 1967 flutti Flugfélag Íslands hf. millilandaflug sitt þangað. Síðan hefur Reykjavíkurflugvöllur verið miðstöð innanlandsflugsins og eru það augljósir hagsmunir landsmanna allra að slíkur flugvöllur sé sem næst þungamiðju byggðar á höfuðborgarsvæðinu þótt því fylgi að sjálfsögðu nokkrir óskostir einnig.

Á árinu 1974 fóru um Reykjavíkurflugvöll 225127 farþegar í innanlandsflugi og 8621 í millilandaflugi. Eru þá ekki taldir með þeir sem taka langferðabíla til Keflavíkurflugvallar. Samtals fóru því um 234 þús. farþegar um Reykjavíkurflugvöll á s.l. ári. Samkv. spám, sem flugvallarstjóri annars vegar og Flugfélag Íslands hins vegar hafa látið gera, má telja að farþegafjöldinn um Reykjavíkurflugvöll verði árið 1980 360 þús. og árið 1990 um 900 þús., þ. e. a. s. að á næstu 5 árum muni farþegafjöldi um völlinn aukast um rúm 50%, en nær fjórfaldast á næstu 15 árum. Fjöldi flugtaka var á árinu 1974 17509 og mun á næstu árum aukast í svipuðum mæli og farþegafjöldinn nema til komi stærri flugvélar en nú eru í notkun í innanlandsflugi. Í ljósi þessara staðreynda fer þeim fjölgandi sem telja að Reykjavíkurflugvöllur í núverandi mynd muni ekki geta verið miðstöð innanlandsflugsins til frambúðar. Veldur þar margt, svo sem öryggi, bæði flugfarenda og íbúa þéttbýlissvæðanna við flugvöllinn, hljóðmengun og loftmengun sem fara vaxandi með auknum fjölda flugtaka, burðarþol og annað ástand vallarins ásamt þeirri staðreynd að stöðugt hefur verið þrengt að flugvellinum á undanförnum árum með byggingum og vegagerð og er enn í ráði að þrengja að honum með færslu Hringbrautar og lagningu hraðbrautar vestan Öskjuhlíðar. Þannig mætti lengi telja.

Eðlilegt hlýtur að vera að setja þær kröfur að flugvöllur, sem er miðstöð innanlandsflugsins og jafnframt staðsettur inni í þéttbýli höfuðborgarsvæðisins, uppfylli kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um öryggi og ástand.

Hér verður þess freistað að draga fram helstu rök er liggja að baki þessari þáltill. og jafnframt skýra hvers vegna Reykjavíkurflugvelli mun í framtíðinni reynast erfitt að rísa undir hlutverki sínu.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða öryggissjónarmið. Eðlilegt og nauðsynlegt er að leggja til grundvallar reglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um aðflug, en þær helstu eru þessar:

a. Engar hindranir mega vera í fluglínu að og frá brautarendum. Megar þær ekki rísa upp fyrir hallandi flöt frá brautarenda með hallanum 1:50 frá aðalbrautum og 1:40 frá þverbrautum.

b. Engar hindranir mega gnæfa upp yfir láréttan flöt (öryggisflöt) 45 m ofan flugvallar innan 4000 m fjarlægðar frá miðju hans.

c. Utan við hverja flugbraut verða að vera hindranalaus öryggisbelti og séu þau í sömu hæð og flugbrautin. Burðarþol öryggissvæða skal vera þannig að sem minnstur skaði verði á loftfari sem fer út af brautinni. Öryggissvæði þetta skal ná 60 m út fyrir hvorn brautarenda og 75 m sitt hvorum megin við miðlínu flugbrautar ef um venjulega flugbraut er að ræða, en 150 m ef um er að ræða blindflugsbraut.

d. Völlurinn þarf að vera opinn í 95% af hámarksnotkunartíma miðað við veðurástæður. Opnunin miðast þá við leyfilegan þvervind af ákveðnum hnútafjölda.

Á Reykjavíkurflugvelli er öryggi flugs ekki í samræmi við þessar kröfur. Miklar tálmanir eru af hæðum og byggingum í nágrenni vallarins. Þetta takmarkar notkun vallarins sérstaklega í lágskýjuðu.

Á fskj. I með þáltill. eru sýndar þær hindranir sem standa upp úr öryggisfleti (inner horizontal surfall) Reykjavíkurflugvallar. Helstu hindranir eru: Sjómannaskólinn í 86 m hæð, Borgarsjúkrahús 85 m, Digranesháls 84 m, reykháfur á Kletti 83 m, Háaleitishverfið 71 m, Öskjuhlíð 69 m, Laugaráshverfið 79 m, Langholtshverfið 75 m og Hallgrímskirkja 110 m. Fskj. III og IV með þáltill. sýna hindranir í brautarstefnur. Fskj. þessi miða við hallann 1:40, en ætti að vera 1:50 miðað við aðalbrautir. Verstu hindranir í flugtaks- og aðflugsfleti eru á norður-suðurbraut tvö hús við Sóleyjargötu þar sem halli er 1:23 og 1:25 og Fríkirkjan með halla 1:32. Hér er þó ekki allt talið og mætti nefna að fjölbýlishús í Breiðholti virðast koma inn í aðflugsflötinn. Kröfur um hindranalaus öryggisbelti er ekki unnt að uppfylla nema fjarlægðar verði byggingar og er þar um mjög kostnaðarsamt verk að ræða. Til þess að uppfylla kröfuna um 95% opnun vallarins þarf að reikna með norðaustur-suðvestur flugbrautinni sem er stutt og lítið hefur verið haldið við. Það er ljóst að sumar af nefndum kröfum er unnt að uppfylla með ærnum tilkostnaði, en aðrar verða ekki uppfylltar. Með aukinni flugmeðferð verður það alvarlegra að ekki er unnt að fylgja nefndum öryggisreglum. Auk öryggis flugfarenda er öryggi þeirra íbúa, er í nágrenni vallarins búa, nátengt þessum atriðum.

Í öðru lagi er hávaðamengun og loftmengun. Íbúar Reykjavíkur og nágrennis verða fyrir verulegu ónæði af hávaða vegna flugvallarins. Á fskj. V er sýndur hávaðaflötur vallarins miðað við 90 decibel. Hávaðafletir eru verstir yfir miðbæ Reykjavíkur og Kársnesi. Stærð hávaðaflatar stendur í nánu sambandi við fjölda flugtaka og munu því óþægindi af þessum sökum aukast með aukinni flugumferð. Víða erlendis hafa verið ákveðin mestu leyfileg hávaðamörk innan íbúðasvæða. Kröfurnar eru yfirleitt þeim mun strangari sem tíðni flugtaka og lendinga er meiri. Í Svíþjóð er t. d. miðað við eftirfarandi: Fjöldi flugtaka á ári 150—500, hávaðamörk 95 decibel, fjöldi flugtaka á ári 500—1500, hávaðamörk 90

decibel, fjöldi flugtaka 1500—5000 á ári, hávaðamörk 85 decibel og fjöldi flugtaka 5000—15000, hávaðamörk 80 decibel. — Rétt er að geta þess að hávaði eða nánar tiltekið hávaðaþrýstingur er mældur í decibel eins og hér kemur fram að framan. Ókosturinn við þessa mælieiningu er að sami hávaðaþrýstinugr getur haft mismunandi áhrif á mannlegt eyra eftir tíðni tónsins. Því hefur verið tekin upp ný mælieining sem mælir áhrif mismunandi tíðnissviða á eyrað.

Loftmengun fylgir að mestu hávaðaflötum og er hún ekki óveruleg þar sem flugumferð er mikil.

Í fjórða lagi eru skipulagsástæður. Svo sem völlur er að mestu gerður á mýrlendi en að hluta á melhrygg, sem teygði sig frá Öskjuhlíðinni inn í mýrina. Hryggur þessi var jafnaður undir brautina það sem hann náði, en þunnt rauðamalarlag, 40—70 cm, lagt yfir mýrina. Veldur þetta því að burðarþol brauta er mismunandi frá stað til staðar, en einnig eftir árstíðum. Aukin flugumferð veldur að sjálfsögðu auknu álagi á brautirnar.

Í fjórða lagi eru skipulagsástæður. Svo sem áður segir hefur verið verulega þrengt að Reykjvíkurflugvelli á undanförnum árum með byggð og vegagerð og eru nú uppi áform um að þrengja enn að honum. Full ástæða er til að ætla að þar komi að völlurinn verði að víkja en byggingarland Reykjavíkur er senn á þrotum. Völlurinn takmarkar mjög hæð bygginga í borginni og þar með nýtingu lóða og mun í framtíðinni rekast á byggingaráform Háskólans og Landspítalans, svo að nokkuð sé nefnt. Áform eru uppi um færslu Hringbrautar til suðurs og líklegt er að innan tíðar verði að koma á gatnamótum Hringbrautar og Sóleyjargötu umferðarmannvirki á tveim hæðum. Við lausn þess verða augljósir erfiðleikar vegna flugvallarins. Núverandi lega flugvallarins eykur mjög umferðarálag á Hafnarfjarðarveginn, og standist spár um farþegafjölda 900 þús. um 1990 auk innlendra millilandaflugsfarþega er fara frá vellinum til Keflavíkur verður álag á umferðarkerfið kringum völlinn mikið.

Reykjavíkurflugvöllur hefur mjög takmarkaða stækkunarmöguleika, en sjálfsagt má auka nokkuð efri mörk þeirrar umferðar, sem völlurinn getur tekið við, með ýmsum aðferðum, t. d. með gerð sérstakra akstursbrauta, flutningi æfingaflugs upp á Sandskeið o. s. frv.

Flugmálastjórn hefur nú á prjónum áform um úrbætur á Reykjavíkurflugvelli. Er þar aðallega um þrjá kosti að ræða. Það er: 1) Lenging núverandi austur-vesturbrautar út í sjó í 1800 m. 2) Gerð nýrrar austur-vesturbrautar, 1800 m langrar, sunnan við þá sem nú er. 3) Gerð nýrrar austur-vesturbrautar í fjöruborðinu. Hvort sem tekinn yrði valkostur 1 eða 2 yrði kostnaður líklega ekki undir 500—600 millj. kr. Valkostur 3 yrði sennilega enn dýrari. Hér er þó ekki tekið tillit til ýmissa annarra atriða sem kostnaðarsöm yrðu ef fullnægja ætti, svo sem rifs húsa og bygginga til þess að ná fullri breidd öryggisbelta og endurbyggingar norðaustur- suðvesturbrautar til þess að fullnægja kröfum um 95% opnun vallarins.

Ljóst er því að í ráði eru viðamiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir á Reykjavíkurflugvelli sem þó munu ekki ná að bæta að fullu öryggisskilyrði. Jafnframt eru á flugvallarsvæðinu áformaðar byggingar, svo sem flugstöðvarbygging, og hlýtur þetta að vekja menn til nokkurrar umhugsunar þegar flestir eru þeirrar skoðunar að flugvöllur þarna eigi aðeins takmarkaða framtíð, e. t. v. allra mest 25 ár, og þá með verulegum endurbótum. Jafnframt verða menn að gera sér ljóst að Reykjavíkurflugvöllur er ekki aðeins innanlandsflugvöllur. Iscargo með tvær DC-6B fjögurra hreyfla skrúfuvélar hefur völlinn sem heimavöll og völlurinn er skráður sem alþjóðlegur flugvöllur. Mikið erlent einkaflug og ferjuflug yfir hafið millilendir á Reykjavíkurflugvelli. Lendingar vegna ferjuflugs voru 680 á s. l. ári eða um tvær á dag og fer fjölgandi.

Ég veit ekki hvort menn hafa hugsað þá hugsun til enda ef erlendri vél, sem millilenti hér á skráðum alþjóðlegum flugvelli, hlekktist á vegna þess að öryggisatriði eru ekki eins og kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar segja til um. Ég veit ekki hvaða augum framleiðendur og tryggingafélög kynnu að líta á slíkt mál. Hugsanlegt er að íslenska ríkið gæti orðið skaðabótaskylt í slíku tilfelli. Reykjavíkurflugvöllur er varavöllur fyrir þotur FÍ í millilandaflugi og nokkuð eru þoturnar notaðar í innanlandsflugi, t. d. voru farnar 6 ferðir milli Reykjavíkur og Akureyrar um síðustu páska.

Allt hljóta þetta að vera umhugsunaratriði. Sú óvissa, sem ríkir um framtíð flugvallarins, veldur og augljósum erfiðleikum í áætlanagerð þeirra fyrirtækja sem starfa í tengslum við völlinn. Það er ekkert grín að fjárfesta í dýrum mannvirkjum við flugvöll, sem enginn veit hvaða framtíð á, eða gera áætlanir um framtíðina við slíkar aðstæður.

Mikið hefur verið um þessi mál fjallað þótt niðurstaðan hafi engin orðið enn. Árið 1967 skilaði flugvallarnefnd ítarlegu nál., en þar var að mestu fjallað um gerð nýs flugvallar er tæki millilandaflug líka. Var þar tekin fyrir hugsanleg flugvallargerð á Álftanesi og í Kapelluhrauni. Ákvörðun var sem fyrr segir aldrei tekin á grundvelli þessa nál. og mun margt hafa valdið, e. t. v. ekki hvað síst að íslendingar hafa talið sér ofviða að ráðast í gerð nýs alþjóðlegs flugvallar.

Nýlega hefur ungur arkitekt, Trausti Valsson, varpað fram þeirri hugmynd að gerður verði nýr flugvöllur fyrir Reykjavíkursvæðið á fyllingu við Löngusker í Skerjafirði. Þótt hugmyndin sé einföld og liggi nokkuð beint við mun hún ekki hafa komið fram áður. Hugmynd þessi hefur í för með sér kosti umfram aðrar hugmyndir sem fram hafa komið um flugvallargerð á svæðinu. Mun ég nú freista þess að gera grein fyrir nokkrum þeirra. Fskj. IV með þáltill. sýnir legu flugvallar samkv. þessari hugmynd.

1. Öryggisástæður. Öryggi er augljóslega til muna betra en á núverandi flugvelli ef flugvöllur er staðsettur þarna á fyllingu. Hindranir í öryggisfleti og aðflugs- og flugtaksflötum núverandi vallar hafa nær engin áhrif í þessa staðsetningu, sjá fskj. I og II. Nauðsynlegt er þó að

framkvæma á þessu nánari athugun. Við þessa staðsetningu er flug mun minna yfir byggð.

2. Hljóð- og loftmengun. Fskj. V sýnir hávaðafleti þessarar staðsetningar og þar með augljósa kosti hennar fram yfir núverandi völl. Fskj. V sýnir einnig samsvarandi hávaðafleti fyrir flugvelli á Álftanesi og í Kapelluhrauni. Loftmengun verður mun minni en nú er, enda fylgir hún að mestu hávaðaflötum.

3. Skipulagsástæður. Svo sem fram kemur hér á undan gerir hugmyndin ráð fyrir að flugvöllurinn sé gerður á fyllingu. Staðsetning hefur þá augljósu kosti fram yfir staðsetningu á Álftanesi og í Kapelluhrauni að hún liggur mun nær þungamiðju byggðar og er því hagstæðari frá flutningalegum sjónarhóli séð. Vegagerð að vellinum yrði að vísu dýr, en hraðbrautir þarna yrðu til mikilla hagsbóta fyrir umferðarkerfið og er spurning hvort hraðbraut í þessari mynd verði ekki að koma í framtíðinni. Hún mundi að sjálfsögðu létta mjög á umferðinni gegnum Kópavog og auðvelda umferð innan höfuðborgarsvæðisins. Vegagerð sem þessi mundi leysa hið mikla Hafnarfjarðarvegarvandamál sem stöðugt verður alvarlegra. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að á Álftanesi gæti orðið um 30—40 þús. manna byggð. Vegalengd þangað er um 15 km., en um 5 km eftir vegi yfir fjörðinn. Fskj. VII sýnir hugsanlega gerð umferðarnets með þessa lausn fyrir augum.

Annar veigamikill kostur við þessa staðsetningu framtíðarflugvallar er sá að núverandi byggingar á flugvallarsvæðinu er flestar auðvelt að reka í tengslum við flugvöll í Skerjafirði. Þetta auðveldar uppbyggingu í áföngum og er hér um verulega fjármuni að ræða. Endanleg ákvörðun um, að stefnt væri að flugvelli í Skerjafirði mundi auðvelda flugfélögum og öðrum fyrirtækjum alla áætlanagerð um framtíðaráform og leysa gífurleg vandamál fyrir Reykjavíkurborg og raunar allt höfuðborgarsvæðið. Ljóst er að bæði borgin og flugvöllurinn hafa mörg vandamál af nábýlinu hvort við annað. Með tilliti til þeirra gífurlegu hagsmuna, sem Reykjavíkurborg á í þessu máli, þarf öll athugun og framkvæmd að fara fram í náinni samvinnu við hana. Raunar er ekki alveg ljóst hvaða sveitarfélög ættu beinan hlut að máli við flugvallargerð í Skerjafirði. Fer það eftir því hvar mörk lögsagnarumdæma liggja um fjörðinn. Ekki er ólíklegt að á núverandi flugvallarsvæði gæti orðið um 12 þús. manna íbúðarbyggð, en jafnframt önnur og betri nýting Landsspítala og Háskóla á svæðum er liggja á flugvellinum, auk rýmri hæðatakmarkana víðar í borginni. Það er ekki lítið hagsmunamál fyrir Reykjavíkurborg að geta reist 12 þús. manna byggð á flugvallarsvæðinu og þar með frestað framkvæmdum í Gufunesi um einhvern tíma. Þar er vafalaust um gífurlega hagsmuni að ræða. Ef áætlað er að flugvallarsvæðið sé um 140 hektarar og verð lands þarna áætlað um 1000 kr. á fermetra er verð þessa landsvæðis, sem um er að ræða, um 1400 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir að ríkissjóður eigi þarna 60 hektara mætti meta eignir hans á 600 millj. kr.

Vert er og að benda á að landssvæðið, sem losnar á þennan hátt, er mjög verðmætt frá náttúrufari séð. Suðurströnd borgarinnar, sem borgarbúar njóta lítið nú, yrði aðgengileg og hugsanlega mætti koma þarna upp upphituðum sjóbaðstað með öllum þeim hugmyndum sem í sambandi við það vakna. Með tilliti til alls þessa væri ekki óeðlilegt að borgin tæki þátt í gerð flugvallar í Skerjafirði. Hún fær til byggingar landssvæði í hjarta borgarinnar, landssvæði sem meta mætti á 800 millj. kr., losar íbúa sína að verulegu leyti við hljóð- og loftmengun vegna flugvallarins og eykur allt öryggi vegna flugumferðar, fær suðurströndina til notkunar og minnkar verulega umferðarvandamál í borginni. Jafnframt þýðir flugvöllur í Skerjafirði sennilega framtíðarsetu flugfélaganna í Reykjavík.

Vert er og að geta þess að talið er að meira en helmingur atvinnufyrirtækja Reykjavíkurborgar liggi innan reitsins Hringbraut-Snorrabraut. Þangað sækir fólk vinnu. Séu borin saman akstur og umferð á þessu svæði annars vegar frá byggð í Gufunesi og hins vegar frá byggð á flugvallarsvæðinu sést að mikið vinnst. Einnig má geta þess hér að í Reykjavík einni falla til árlega um 160 þús. rúmmetrar af uppgrefti er nýta mætti til uppfyllingar í Skerjafirði. Stækkunarmöguleikar flugvallar í Skerjafirði í framtíðinni eru nokkrir þótt dýpi aukist er utar dregur. Fskj. VIII sýnir hugsanlega nýtingu Reykjavíkurborgar á núverandi flugvallarsvæði. Uppdrætti hefur gert Trausti Valsson arkitekt.

Ljóst er að fyllingu undir flugvöll og vegstæði yrði að verja með brimbrjótum. Vestanáttin er vafalaust erfiðust þarna. Á vegum hafnarstjórans í Reykjavík hafa farið fram nokkrar athuganir á grynningu vestlægrar öldu og öldusveigju á Faxaflóa og tilraunir gerðar til að reikna hættulegustu úthafsöldur. Fskj. IX og X sýna öldulóðir á umræddu svæði. Tvær nærliggjandi öldulóðir mynda braut í haffletinum sem orka öldunnar berst eftir. Fjarlægð milli öldulóða er mælikvarði á orku öldunnar og þar með ölduhæðin. Fskj gefa möguleika til að meta ölduhæð og ölduorku á Skerjafirði samanborið við nærliggjandi svæði. Til hönnunar á brimbrjótum þyrfti að útfæra þessar hugmyndir og athuganir nánar. Gera mætti ráð fyrir að framkvæmdum yrði þannig háttað að fyrst yrðu gerðir varnargarðar, en síðan dælt sandi inn fyrir þá eða ekið fyllingarefni sem til fellur. Í grg. með till. er gert ráð fyrir í kostnaðarathugun að unnt sé að dæla nægum sandi af nærliggjandi botni í firðinum eða innan t. d. 1.5 km fjarlægðar og tölur miðaðar við að auðdælanlegt sandmagn sé þar fyrir hendi í miklum mæli. Kostnaður er miðaður við að unnt sé að nota pramma og flotleiðslu við dælinguna. Forsenda þessa er að sjálfsögðu að nægilegt nýtanlegt sandmagn sé á botni fjarðarins. Bresti þessar forsendur eykst kostnaður mjög verulega. Þetta þarf að sjálfsögðu að kanna nánar.

Ef gert er ráð fyrir að gera tvær brautir, 1500 m og 2000 m langar, mætti hugsa sér að fylla í fyrsta áfanga t. d. 100 hektara, en síðar mætti auka þetta svæði í 250—300 hektara. Mjög gróf kostnaðaráætlun í grg. með till., þar sem malbikun og endanlegur frágangur flugvallar er ekki tekinn með, bendir til að kostnaður við landvinninga þarna gæti orðið með þeim forsendum,

sem nefndar voru áðan, um 1800 millj. kr., þ. e. a. s. 100 hektara svæði ásamt öllum varnargörðum. Reynist forsendur um sandmagn í firðinum og aðgengileiki þess rangar gæti þessi tala hugsanlega tvöfaldast.

Vegagerð yfir fjörðinn er ekki með í þessari áætlun. Ef litið væri svo á að sanngjarnt væri að reikna hluta af vegagerðinni sem kostnað við flugvallargerðina mætti gera ráð fyrir að vegfyllingin ásamt varnargörðum að miðri flugvallarfyllingunni gæti kostað um 260 millj. kr. Þess er að gæta, sem fyrr segir, að ekki er ólíklegt að vegur í þessari mynd verði að koma þótt ekkert verði úr flugvallargerð þarna. Milli Álftaness og fyllingar er djúpur áll sem þyrfti að brúa. Kostnaður við hana gæti orðið um 500 millj. kr.

Fjölmörg fleiri mál fléttast inn í þá athugun sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Kanna þarf í þessu sambandi hvernig aðlaga má starfsemi skipasmíðastöðvarinnar í Garðahreppi og fiskibáta í Kópavogi þessari hugmynd. Athuga þarf hvort þessi lausn geti torveldað lausn á holræsamálum fjarðarins. Líklegt er þó að eina viðunandi framtíðarlausnin á holræsum þarna sé að koma leiðslum út í mynni fjarðarins og gæti þá fylling orðið að liði. Fyrir liggur á næsta ári að kanna lífríki Skerjafjarðar og er að sjálfsögðu nauðsynlegt og krafa samkv. lögum að slíkt sé gert áður en lengra er haldið. Líklega er hafsbotn þarna svipaður og á nærliggjandi svæðum. Sjófuglalíf hygg ég að sé ekki þarna við skerin, en e. t. v. einhver grásleppa þótt deila megi um hvort hún sé æskileg til átu meðan holræsamál fjarðarins eru svo sem þau eru nú. Ekki ætti flugvallargerð á fyllingu í firðinum að hamla starfsemi Skeljungs frekar en núverandi flugvöllur. Ljóst er hins vegar að innan tíðar verður að flytja þessar olíugeymslur og kemst Reykjavíkurborg ekki öllu lengur undan því að láta gera sérstaka olíuhöfn.

Mat á hinum ýmsu þáttum við flugvallargerð er margbrotið og flókið. Við teljum því nauðsynlegt að nefnd sérfræðinga athugi málið. Þótt ekki sé um að ræða að gera nýjan flugvöll á næstu árum er málið aðkallandi og vandamálið, sem til staðar er, mikið. Undirbúningur og athuganir eru tímafrekar og viðamiklar. Fyrir dyrum standa verulegar nauðsynlegar framkvæmdir á núverandi Reykjavíkurflugvelli sem gætu numið milljörðum með byggingarframkvæmdum ef ekki verður tekin ákvörðun um framtíð flugvallarins á annan veg.

Hugmyndin um nýjan flugvöll á Lönguskerjum í Skerjafirði er snjöll og stenst fyllstu gagnrýni. Hins vegar kann svo að fara að nánari athugun leiði eitthvað það í ljós er geri hana óframkvæmanlega. Á það er ekki unnt að leggja dóm á þessu stigi. Verði hins vegar þessi málflutningur hér á hinu háa Alþ. til þess að beina augum alþm. að því mikla vandamáli sem miðstöð innanlandsflugsins á nú við að etja, þá er betur af stað farið en heima setið.

Ég vil síðan leyfa mér að leggja til að þessari þáltill. ásamt grg. verði vísað til fjvn. og síðari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stórvirkjun á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj 401). — Ein umr.

Flm. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ekki er enn full vika liðin síðan hér í hv. d. var endanlega samþykkt og að lögum gert lagafrv. sem mjög hefur verið rætt á þingi þennan vetur. Það var frv. um járnblendiverksmiðju á Grundartanga í Hvalfirði. Einn af fylgifiskum afgreiðslu þess máls er að það er nú þegar sýnt og liggur endanlega fyrir að orka þeirrar virkjunar, sem nú er verið að gera við Sigöldu, verður allskjótt fullnýtt. Því er það sýnt að mjög er tímabært að taka nú afstöðu til þess hvar og hversu næst ber að virkja vatnsafl í landinu í stórum stíl, bæði til þess að fullnægja þeim innanlandsþörfum, sem þegar eru fyrir hendi, og þeim sem við bætast á komandi árum, og einnig þarf að sjálfsögðu að hafa hliðsjón af því hvort menn telja rétt að halda lengra á þeirri braut, sem hingað til hefur verið farin við stórvirkjanir, að gera ráð fyrir að nokkur og þá yfirleitt verulegur hluti af orkunni, sem þar kemur til nota, verði hafður til rekstrar stóriðnaðar.

Það hefur ekki farið lágt að ýmsir telja að ákvörðunin um byggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og orkusölu þangað frá Sigölduvirkjun hafi óhjákvæmilega í för með sér að næsta stórvirkjun í landinu hljóti að rísa á sama virkjunarsvæði, að þar verði um að ræða Hrauneyjarfossvirkjun á Þjórsársvæðinu. Við, sem að þessari till. stöndum, till. á þskj. 401, erum á öðru máli. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, að næsta stórvirkjun vatnsafls, sem í verður ráðist, skuli eiga sér stað á vestanverðu Norðurlandi. Ákvörðun hagkvæmasta virkjunarstaðar og framkvæmdum ber að hraða eftir því sem frekast er unnt.“

Það liggur fyrir samkvæmt bestu upplýsingum sem fengist hafa að þótt Hrauneyjarfossvirkjun megi teljast mjög hagstæð, þá er um að ræða á Norðurl. v. virkjunarstað sem að dómi sérfræðinga er a. m. k. jafnhagkvæmur, skilar álíka ódýrri orku. Það er virkjun í Blöndu. Í umr. um orkumál hefur hvað snertir vesturhluta Norðurlands einkum verið rætt um þennan virkjunarstað, en einnig virkjunarstað í Skagafirði, í Jökulsám. Þar skiptir nokkuð í tvö horn um virkjunarskilyrði og mun ég víkja að því síðar. En fyrst hyggst ég gera grein fyrir þeim almennu orkuöflunarsjónarmiðum sem við flm. teljum hníga að því að nú þegar verði tekin ákvörðun hér á Alþ. sem sýni að það sé þingvilji að næsta stórvirkjun í landinu rísi á vestanverðu Norðurlandi.

Þá vil ég fyrst telja öryggissjónarmiðið, öryggið til orkuöflunar í raforkukerfinu. Það var ráðist í það með opnum augum þegar fyrstu stórvirkjanir voru ákveðnar í landinu að þær skyldu rísa á því svæði þar sem jarðeldar eru virkir og þar sem jarðskjálftahætta er meiri en í ýmsum öðrum landshlutum. Þetta var gert vegna þess að ýmis hagkvæmnisatriði á þessum stöðum þóttu vega svo þungt að ekki væri í það horfandi að taka á sig þá áhættu sem þessu staðarvali hlýtur að fylgja. En það hlýtur að vega æ þyngra á metunum eftir því sem stórvirkjunum fjölgar, eftir því sem álagið á raf-

orkukerfinu er meira, eftir því sem meira er í húfi, ef stórfelldar truflanir verða á raforkuframleiðslu, að ekki sé sífellt haldið áfram að reisa stórvirkjanirnar einvörðungu á því belti landsins, þar sem jarðeldar eru virkir. Af þeim virkjunarstöðum, sem til greina koma í náinni framtíð, er tvímælalaust að virkjunarstaðirnir á Norðurl. v. eru þeir sem hafa það hvort tveggja til að bera að þeir eru utan jarðeldasvæðisins og þar er unnt að hefjast handa um virkjanir með ekki allt of mikilli töf.

En öryggissjónarmiðið er ekki aðeins tengt því hvort virkjunin sjálf er á jarðskjálftasvæðinu eða utan þess. Öryggið fer einnig eftir því hvar virkjanirnar eru niður komnar í raforkukerfinu, í dreifikerfi raforkunnar. Því fylgir mun meira öryggi að stórvirkjanir séu dreifðar eftir aðalorkuflutningsleiðum heldur en þeim sé þjappað saman á annan enda aðalorkuveitulínunnar, eins og gerast mundi ef ein stórvirkjunin enn bættist við á Þjórsársvæðinu á öðrum enda fyrirhugaðrar byggðalínu. Öryggið fyrir dreifinguna er miklu meira ef stórvirkjun er komin til sögunnar um miðbik byggðalínunnar á Norðurl. v.

Þá eru augljós hagkvæmnisatriði því samfara að dreifa stórvirkjunum um landið frekar en að þær hnappist saman á einum stað. Bæði gerir það ódýrara að dreifa orkunni að hún komi inn á aðflutningslínur á fleiri stöðum en einum og sömuleiðis sparar það orkutap á löngum flutningslínum að orkuverin séu reist með verulegu millibili. Auk þeirrar virkjunar, sem nú á sér stað við Sigöldu, hefur verið tekin ákvörðun um allstóra virkjun á Kröflusvæðinu sem yrði á norðausturenda fyrirhugaðrar byggðalínu. Augljóst hagkvæmnisatriði er að frá þeirri virkjun verði lögð flutningslína til Austurlands þar sem orkuskortur er verulegur og sýnt er að mikil bið verður á að nægilegar athuganir hafi verið gerðar svo að unnt sé að taka ákvörðun um stórvirkjun á Austurlandi. En á næstu grösum við Norðurl. v. er annað landssvæði, Vestfirðir, sem ekki aðeins býr við orkuskort, heldur er þannig úr garði gert frá náttúrunnar hendi að þar getur ekki orðið um stórvirkjanir fallvatna að ræða og ekki heldur jarðvarma svo að vitað sé. Því mundi það tvímælalaust flýta fyrir úrbótum á orkubörf Vestfjarða, hliðstætt og Kröfluvirkjun virðist munu og hlýtur að bæta úr orkuskorti á Austurlandi, að stórvirkjun risi á Norðurl. v. Þá er komið með mikla orku aflögu í því næsta nágrenni við Vestfirði sem hugsanlegt er að stórvirkjun eigi sér stað í náinni framtíð.

Ég tel að þessi atriði, sem ég hef rakið nú síðast, séu ekki aðeins hagkvæmnisatriði sem renni stoðum undir að rétt sé að taka þá ákvörðun sem gert er ráð fyrir í þáltill. okkar hv. 5. þm. Vestf., þau renni einnig saman við þriðja flokkinn af rökum, sem ég vil sérstaklega leiða fram til stuðnings því sjónarmiði sem till. felur í sér. Þar er ég kominn að því sem ég í heild vil kalla byggðasjónarmið. Ég hef gert grein fyrir því áður úr þessum ræðustól að ég tel mjög varhugavert af mörgum ástæðum að svo gangi til langframa að allar stórvirkjanir og öll stóriðja, sem verður til í landinu, hnappist saman á tiltölulega takmarkað svæði hér suðvestanlands. En svo hlýtur enn að halda áfram um skeið ef ráðstöfun Sigöldurafmagns til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga verður til þess að menn stefna rakleitt að því að næsta stórvirkjun landsmanna verði sú sem kennd er við Hrauneyjarfoss. Það er einsýnt að dómi okkar flm. að nú er komin sú stund að Alþ. þarf að láta til sín heyra og gefa til kynna hvort það er ætlun hv. alþm. að halda áfram öllu lengur að þjappa þessum mestu mannvirkjum, sem í landinu rísa, á Suðvesturland eða hvort mönnum er alvara að taka að dreifa þeim til annarra landshluta. Þar ræður ekki aðeins tillitið til dreifingar þessara mannvirkja um landið, heldur einnig, eins og ég áður gat, tillitið til þess hver hagkvæmni fylgir því að virkjanir rísi í námunda við þá landshluta sem búa við mestan orkuskort og þar af leiðandi er mest hætta er á búseturöskun ef svo heldur áfram sem hingað til hefur verið að stórvirkjanir og stóriðja þeim samfara hnappist öll á suðvesturhorn landsins.

Þá vil ég víkja nokkrum orðum að því atriði, sem ég drap lítillega á áður, að virkjunarstaðir, sem til greina koma á Norðurlandi vestanverðu, eru einkum tveir, sem sé annar í Blöndu og hinn í Jökulsám í Skagafirði og bjóða nokkuð mismunandi skilyrði. Ég mun ekki rekja í smáatriðum þær upplýsingar sem fram hafa komið hjá ýmsum aðilum á ýmsum stöðum um þessa virkjunarmöguleika. Svo skammt er um liðið að þær voru settar fram, að sumu leyti hér á hv. Alþ., að ég hygg að þingheimi séu þær í fersku minni. Ég vil aðeins rifja það upp að rafmagn frá Blönduvirkjun er mun meira en það sem talið er að fáanlegt sé í Jökulsám og þar að auki mun ódýrara. Hins vegar kemur einnig til álita að Blönduvirkjun mundi krefjast þess að allmikið land færi undir uppistöðulón og er þar um að ræða afréttarland sem hefur að sjálfsögðu þýðingu fyrir bændur í þeim sveitum sem liggja að þessum afréttum. Hins vegar þarf ekkert slíkt lón við virkjun í Jökulsám, því að þar þarf ekki á miðlun að halda. Sömuleiðis er virkjun í Jökulsám frábrugðin Blönduvirkjun að því leyti að í Jökulsám má koma við áfangavirkjun og hugsanlegar eru þær aðstæður að það sé talinn kostur. En eins og ég sagði er í þáltill. okkar ekki gert upp á milli þessara virkjunarstaða, aðeins lagt til að Alþ. lýsi þeim vilja sínum að næsta stórvirkjun á landinu rísi á vestanverðu Norðurlandi.

Ég hef minnst hér nokkuð á Hrauneyjarfossvirkjun og það hefur komið fram að þarna er nú svo komið málum að undirbúningsrannsóknum er það á veg komið að talið er að unnt væri að bjóða út þær virkjunarframkvæmdir með tiltölulega skömmum fyrirvara. Hvað virkjunarstaði á Norðurlandi vestanverðu varðar er málum ekki jafnlangt á veg komið, en þó svo langt að dómi okkar flm. að það á ekki að þurfa að ráða úrslitum. Ég nefndi áðan þær aðstæður við Blönduvirkjun sem gera nauðsynlegt uppistöðulón sem talið er að muni þekja um eða yfir 60 ferkílómetra. Á þessu atriði var vakin rækileg athygli hér á Alþ. af hæstv iðnrh. á þessum vetri, og hann boðaði þá að hann mundi beita sér fyrir því að samráð yrði haft við þá sem þar eiga hagsmuna að gæta, íbúa hreppanna sem að því afréttarsvæði liggja sem fara mundi undir

vatn að nokkru leyti yrði virkjað í Blöndu. Nú er skammt um liðið síðan sá fundur var haldinn sem hæstv. ráðh. boðaði á sínum tíma, og samkv. fréttum kom ekki annað fram á þeim fundi en að þann vanda, sem stafar af gerð uppistöðulónsins og vatnsmiðlunarmannvirkjum, ætti að vera unnt að leysa án tiltakanlegra vandkvæða.

Þá er annað sem enn er að vanbúnaði hvað Blönduvirkjun varðar. Það eru jarðlagarannsóknir með borunum. Þær rannsóknir eru nauðsynlegar. En eftir þeim upplýsingum, sem við flm. teljum öruggar, eru þær ekki umfangsmeiri né tímafrekari en svo að þeim ætti að vera unnt að ljúka á komandi sumri ef nægilegt fjármagn er til ráðstöfunar til að koma þeim í kring, svo að þar er ekki heldur um neina óyfirstiganlega hindrun að ræða.

Ég vil taka það fram til að forðast allan misskilning að ég átel síður en svo stjórn Landsvirkjunar sem staðið hefur fyrir rannsóknum og áætlunargerð um Hrauneyjarfossvirkjun. Hún er að sinna sínu verkefni. Það er hennar verkefni að hafa tilbúnar áætlanir um virkjanir á því svæði sem raforkuframkvæmdir á hennar vegum varða og það hefur hún gert af þeim dugnaði og framsýni sem búast mátti við af þeirri stofnun. En hitt tel ég ekki aðeins óviðeigandi, heldur varhugavert fyrir viðhorf þjóðarinnar til Alþingis, ef það orð kemst á að í raun og veru sé það landsvirkjunarstjórn sem ráði endanlega stefnunni í orkuframleiðslumálum og röðun orkuframkvæmda í landinu. Landsvirkjunarstjórn hefur staðið sig vel í sínu hlutverki. Hún hefur tilbúnar sínar áætlanir og þær eru á því stigi að framkvæmdir gætu hafist þar skjótt ef rétt þætti að bera þar niður. En það er eindregin skoðun okkar flm. þessarar till. og ég hef leitast við að leiða að því rök, að knýjandi ástæður og eindregin rök séu fyrir því, að nú eigi ekki að sinni að halda lengur áfram stórvirkjunum á svo til sama blettinum við Þjórsá, nú sé tími til kominn að dreifa stórvirkjunum um landið og þá sé langálitlegast að bera niður á vestanverðu Norðurlandi. Því tel ég og við flm. mjög aðkallandi að Alþ. láti til sín heyra um þetta mál, þegar hefur komið á daginn að hæstv. iðnrh. viðurkennir, a. m. k. að vissu marki, þau sjónarmið sem fram koma í þessari þáltill. Ég á þar sérstaklega við niðurlagsorð hæstv. ráðh. í svari við fsp. hér í hv. Alþ. 11. mars s. l., þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vona, að taflmennsku biðleikjanna sé senn lokið og a. m. k. er það eindreginn ásetningur núv. ríkisstj. að setja framkvæmdir þar (þ. e. a. s. á Norðurlandi) í fyrsta sess. Ég tel að áður en ákvörðun verður tekin um næstu virkjun á Þjórsársvæði eða Hrauneyjarfoss, sem hv. þm. einnig gerði að umtalsefni, verði að taka ákvörðun um stórvirkjun á Norðurlandi."

Það hefur einnig komið fram að hæstv. ráðh. telur að virkjunarhorfur á Norðurlandi séu vænlegastar á vestanverðu Norðurlandi. Það, sem í rauninni felst í þessari till. sem hér er til umr., er að við flm. leggjum til að stigið sé til fulls það skref sem hæstv. iðnrh. hefur stigið, en aðeins til hálfs, í orðum sínum um stefnuna í virkjunarmálum. Hæstv. ráðh. talar um að tekin verði ákvörðun um stórvirkjun á Norðurlandi áður en ákvörðun verði tekin um næstu virkjun á Þjórsársvæðinu, en það kemur ekki fram í þessum orðum, að ákvörðunin um virkjun á Norðurlandi eigi að framkvæmast á undan hugsanlegri nýrri virkjun á Þjórsársvæðinu. Þetta er þó það atriði sem öllu máli skiptir.

Það fullnægir ekki þeim sjónarmiðum að dreifa orkuverum um landið, að virkja sem næst þeim svæðum sem við mestan orkuskortinn búa, að ákvörðun verði tekin um stórvirkjun á Norðurlandi vestra, en síðan verði framkvæmd á undan önnur ákvörðun um virkjun, t. d. við Hrauneyjarfoss. Það, sem öllu máli skiptir, er að skrefið sé stigið til fulls, að næsta stórvirkjun vatnsafls, sem í verður ráðist, skuli eiga sér stað á vestanverðu Norðurlandi, eins og segir í þáltill. okkar hv. 5. þm. Vestf.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þáltill. sú, sem er á þskj. 401, er um að það eigi að ráðast í virkjunarframkvæmdir eins og segir hér: „Alþingi ályktar, að næsta stórvirkjun vatnsafls, sem í verður ráðist, skuli eiga sér stað í vestanverðu Norðurlandi." Ég hefði viljað fella þarna eitt orð úr: vestanverðu, ekki fyrir það að ef það væri hugsanlegt að ráðast í stórvirkjun á vestanverðu Norðurlandi á undan Hrauneyjarfossi, þá mundi ég vera manna fyrstur til þess að fagna því, því að eins og virkjunarmál okkar eru og hafa þróast, þá er ég sammála hv. frsm., að þarna þarf að brjóta blað og það þarf að virkja annars staðar. En eftir því sem ég kemst næst og eftir því sem segir í þeim plöggum sem við höfum hér yfir að ráða, þá lítur út fyrir að það verði alls ekki hægt að virkja Blöndu nógu snemma vegna þess að okkur muni vanta orku áður, ekki hægt að ljúka virkjun hennar fyrr en 1982 eða 1983. Þessir fróðu menn telja að það sé það fyrsta, að hægt sé að hugsa sér Blönduvirkjun, 1982, en hins vegar þurfi að vera til stórvirkjun 1980.

Það skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli hvar virkjað er nema bara að það er mikil áhætta fyrir þjóðina að virkja í einum landshluta, áhætta fyrir þá, sem fjærst virkjununum búa, þegar veðrátta er þannig að línurnar verða fyrir stórum áföllum. Þess vegna er það alveg rétt, sem kom fram hjá frummælanda áðan, að það þarf að stefna að því að dreifa virkjununum. En ef á nú að samþykkja það og ákveða að næsta virkjun t. d. utan Þjórsársvæðisins verði á vestanverðu Norðurlandi, þá verður það til þess að Hrauneyjarfoss verður virkjaður á undan — það held ég að liggi alveg ljóst fyrir — og kannske Sultartangi líka.

Það var talað um að það hefði ekki komið fram á fundinum á Blönduósi að það mundi verða neinir erfiðleikar í sambandi við virkjunina. Það mun vera alveg rétt að það kom ekki mikið fram. Hins vegar berast manni þær fregnir þar norðan að að menn séu þar klofnir í tvo hópa, þ. e. a. s. þeir, sem hafa sauðfé, séu yfirleitt á móti virkjuninni, en þeir sem hafa aftur ekki sauðfé, muni vera með henni. En vonandi leysist það mál og verður ekki til að tefja þetta mál. En það eru rannsóknirnar, sem eru það skammt á veg komnar, að eftir því sem hefur

gengið til á undanförnum árum með þessar rannsóknir, þá er óliklegt að þessi virkjun geti orðið til fyrr en 1982—1983.

Það hefur verið dálitið einkennandi fyrir umr. um orkumál að undanförnu — ég hlustaði t. d. á útvarpsþátt um daginn sem Páll Heiðar Jónsson stjórnaði og bæði hæstv. fyrrv. iðnrh. og hæstv. núv. iðnrh. tóku þátt í þeim umr., — að þeim tókst í það skipti að ræða um orkumál og virkjanir án þess að minnast á Jökulsá á Fjöllum. Það var eins og þeir hefðu týnt Jökulsá á Fjöllum. Það virðist vera að það sé búið að afskrifa hana í bili. Um ástæðuna veit ég ekki. Það hefur verið talið, og ég held að ég hafi tekið rétt eftir að það kom fram hjá frummælanda áðan, að einna hagkvæmasta virkjunin væri Blönduvirkjun, og það er rétt, að eftir því sem allt bendir til er hún mjög hagkvæm virkjun. Ég tók eftir því, að í fjölmiðlum var haft eftir hæstv. iðnrh. á Blönduósfundinum að það ætti að virkja þar sem hagkvæmt væri. Á fundi, sem orkumálastjóri var á norður í landi 3. sept. 1971, kemst hann þannig að orði, með leyfi forseta: Taldi hann nú möguleika á virkjun við Dettifoss, sem væri hagkvæm miðað við 145 mw. virkjun og mundi kosta 3 milljarða í stofnkostnaði. Yrði sú virkjun e. t. v. hagkvæmari en virkjun við Hrauneyjarfoss eða Sigöldu. En markaður er nú ekki fyrir hendi á Norðurlandi sem tekið gæti við framleiðslu slíkrar Dettifossvirkjunar.

Á fundi, sem orkumálastjóri var á tveimur árum síðar, eða 30. nóv. 1973, kemst hann þannig að orði, með leyfi forseta: „Eins og ég sagði bendir allt til þess að þarna sé um mjög álitlega virkjun að ræða. Rannsóknir standa enn þá yfir og nú á þessum vetri tel ég að þarna verði gerð áætlun til muna hagkvæmari heldur en áður um þessa virkjun.“ Ég endurtek: til muna hagkvæmari heldur en áður var talið. Og fyrir tveimur árum taldi hann að hún yrði e. t. v. hagkvæmari en Hrauneyjarfoss eða Sigalda.

Í ágústmánuði s. l. ræddi Haukur Tómasson virkjunarmál okkar norðlendinga á fjórðungsþingi Norðlendinga, sem haldið var í Reykjaskóla 26.—28. ágúst. Þar segir hann, með leyfi forseta: „Þá mun ég fara í hina einstöku virkjunarstaði á Norðurlandi og lýsa þeim og byrja þá á Jökulsá á Fjöllum. Hún er langlengst komin í rannsóknum.“ Svo heldur hann áfram og lýsir þessum virkjunarstöðum og hvað árskwst. kosti, og hann nefnir það hvað þeir telji að hún kosti: við Dettifoss 6 kr., við Blöndu 6.70 kr., við Jökulsá eystri 10 kr., við Merkigil í Jökulsá í Skagafirði 17 kr., Villinganes 14.50 kr., við Ísholsvatn 12.20 kr. Þetta er í skýrslu og í ræðu sem Haukur Tómasson flytur í ágúst s. l.

Það er út af fyrir sig rannsóknarefni hvernig þessi mál hafa þróast á undanförnum áratugum. 1960 var flutt þáltill. hér á hv. Alþ. af Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni og Garðari Halldórssyni. Þessi þáltill. hljóðaði þannig, með leyfi forseta.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum og láta athuga möguleika til þess að koma upp framleiðslu á útflutningsvöru í sambandi við virkjunina.“

Í ræðu, sem Gísli Guðmundsson flutti þegar hann talaði fyrir þessari till., segir hann að það hafi verið farið að gera vatnsmælingar í Jökulsá á Fjöllum 1907 af Guðmundi Hlíðdal og fyrir 6—7 árum hafi orkumálaskrifstofan farið að rannsaka möguleika um virkjun og allt bendi til þess að þetta sé einn hagkvæmasti virkjunarstaður landsins. Sem sagt það eru orðin rúm 20 ár síðan var farið að rannsaka þessa virkjun. Ég var áðan að vitna í hvað þessar rannsóknir hefðu leitt í ljós og það liggur nú fyrir að þarna er hagkvæmasti virkjunarstaður landsins.

Það er dálitið fróðlegt að lesa nál. meiri hl. fjvn. í sambandi við þessa till. því að hún sýnir í sjálfu sér hvað sá meiri hl. 1960 eða viðreisnarstjórnin ætlaðist fyrir í þessum málum. Ég ætla að lesa hérna svolitið af þessu, með leyfi forseta:

„N. hefur athugað till. og fengið um hana umsögn raforkumálastjóra.

Fyrri liður till. er um að fela ríkisstj. að gera fullnaðaráætlun um virkjun Jökulsár á Fjöllum. Í umsögn raforkumálastjóra segir svo:

„Um nokkur undanfarin ár hefur verið unnið að rannsóknum og áætlunargerðum um virkjun Dettifoss og Vigabergsfoss í Jökulsá eftir sérstökum fyrirmælum ráðh. þar um. Áætlunargerð þessi er unnin með það fyrir augum að fá nægilega ábyggilega vitneskju um kostnaðarverð raforku frá stórvirkjun hér á landi til að draga af henni ályktanir um skilyrði til rekstrar orkufrekrar stóriðju. Fyrsta áfanga þessarar áætlunargerðar er lokið og talið að hann hafi leitt í ljós að úr Jökulsá megi vinna raforku á svipuðu kostnaðarverði og stóriðjuver, svo sem alumin-íum-verksmiðjur, greiða fyrir orkuna víða erlendis. Hins vegar er eftir að athuga hversu mikið afl — eða ársorku — megi fá úr ánni á svo lágu verði. Í því skyni þarf að gera viðbótaráætlanir. Fyrrv. Raforkumálaráðh., Ingólfur Jónsson, hefur mælt svo fyrir að þær viðbótaráætlanir skuli gerðar og er unnið að þeim sem stendur.“

Þetta stendur í nál. meiri hl. fjvn. fyrir 15 árum. Það kemur enn fremur fram í umr. hér á Alþ. fyrir 15 árum, að það sé mögulegt að virkja yfir 300 mw. virkjun í Jökulsá á Fjöllum.

Nú líða árin og Landsvirkjun er stofnsett og fer að gera sínar rannsóknir við Þjórsá. Umr., sem fara fram um hvar eigi að virkja fyrstu stórvirkjunina, er einnig hægt að finna í þingtíðindum, þar sem er borið saman verð á raforku frá þessum stöðum og því heitið að næsta virkjun verði í Jökulsá á Fjöllum.

Á Alþ. 1969 urðu umr. um þessi mál og um rannsóknirnar á Jökulsá á Fjöllum og þáv. fjmrh. kom með yfirlýsingu hér á hv. Alþ. þess efnis að það mundi verða séð til þess að verja 5 millj. á næsta ári til þess að halda áfram rannsóknum á Dettifossvirkjun. Eftir því sem maður kemst nú næst var ekki mikið athugað á þessum árum um að virkja Dettifoss, heldur að fara með Jökulsá á Fjöllum austur á land. En þrátt fyrir það liggja nú fyrir þær rannsóknir, sem ég vitnaði í áðan, að þarna sé hagstæðasti virkjunarmöguleiki — líklega landsins. En þá bregður svo undarlega við að á sama tíma sem þetta liggur

fyrir hjá þeim mönnum sem ættu að hafa bestan kunnugleika á, þá er eins og ráðamenn þjóðarinnar hafi týnt Jökulsá á Fjöllum. Það er ekki minnst á hana, þó að það liggi fyrir að það séu einu valkostir sem hægt væri að grípa til ef á ekki að virkja enn eina virkjunina, þriðju virkjunina, á sama blettinum, á því svæði, sem er kannske hættulegast í sambandi við eldgos og jarðskjálfta. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Magnúsi T. Ólafssyni, að það er miklu minni hætta á jarðhræringum við Blöndu heldur en t. d. á Norðausturlandi eða á Þjórsárstæðinu. En það haggar ekki þeirri staðreynd að verði ekki virkjað við Dettifoss næst, — það er ekki nóg að það skuli ákveðið núna að virkja í Blöndu — þá verður Hrauneyjarfoss og jafnvel Sultartangi á undan. Það er búið að lofa hvað eftir annað að virkja næst Dettifossvirkjun, virkja í Jökulsá á Fjöllum. En hver ræður? Hver er það sem stjórnar rannsóknum hér á landi? Þrátt fyrir loforðin er virkjað við Þjórsá, en ekki fyrir norðan.

Hv. þm. Magnús T. Ólafsson gat um það, að Landsvirkjun hefði gert sína skyldu. Hver er skylda Landsvirkjunar? Hví heitir hún Landsvirkjun? Hún kannske hefði gegnt sinni skyldu, ef hún hefði heitið eitthvað annað en Landsvirkjun, ef hún t. d. hefði heitið Suðurlandsvirkjun eða Virkjun Reykjavíkursvæðisins og Suðurlands. En ég held, að hún standi ekki undir nafni. Það hafa ekki verið athugaðir aðrir möguleikar af hendi Landsvirkjunar en þarna við Þjórsá svo að ég viti til, a. m. k. ekki fyrir norðan.

Ég get ekki setið hér þegjandi og hlustað bæði á fjölmiðla, hlustað á fyrrv. hæstv. iðnrh. og núv. hæstv. ráðh. tala um orkumál norðlendinga á þann veg eins og Jökulsá á Fjöllum sé ekki lengur til. Laxárvirkjunarstjórn fór fram á að fá að breyta vélum í Námaskarði þannig að það mundu aukast afköstin þar um 8 mw. Þetta leyfi fékkst ekki. Þess í stað var norðlendingum heitið línu að sunnan. Fyrrv. hæstv. iðnrh. sagði á fundinum á Akureyri 30. nóv. 1973 að það væri hægt að vera búið að leggja þessa línu í ársbyrjun 1975. Ég er með ræðuna hans hér fyrir framan mig. En það er komin ársbyrjun 1975 og það lítur ekki út fyrir að það verði nein lína komin — ja, spurning hvort hún verður 1976 komin alla leið. En á sama tíma á Kröfluvirkjun að vera komin.

Ég heldað ef menn líta yfir þessi mál, það stefnuleysi sem ríkir í framleiðslu orku hér á landi, það handahóf sem hefur ríkt og ríkir, að það sé kominn tími til þess að stokka þetta upp og marka ákveðnari stefnu. Ef það stenst, að Kröfluvirkjun kemur á næsta ári, þá liggur miklu meira á því að fara með línu austur á land frá Kröflu heldur en línuna héðan á milli. E. t. v. er hægt að gera hvort tveggja, en ég er ekki trúaður á það. Ég held að við, sem erum fulltrúar hinna dreifðu byggða, þurfum að fara að láta meira í okkur heyra í sambandi við þessi mál og það sé ekki nóg að hlusta á loforð ráðamanna hér á Alþ. Við fáum enga raforku út á það. Það eru framkvæmdirnar sem skipta máli. Ef við lítum yfir þetta 15 ára tímabil, ef þið hv. þm. viljið fletta þingtíðindum og skoða mál, þá hygg ég að það muni verða fyrir fleirum en mér, að þeir muni fá þá skoðun, að nú verði til annarra ráða að grípa en hingað til hefur verið gert.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa mikilli ánægju yfir flutningi þeirrar till. sem hér er til umr., ekki einungis vegna efnis hennar, heldur einnig vegna þess hverjir flm. eru. Það er því miður fátítt að þm. flytji till. um meiri háttar framkvæmdir í öðrum kjördæmum en þeim sem þeir hafa boðið sig fram í. Slík viðsýni heyrir hér til undantekninga. En nú flytur þm. Vestf. og landsk. þm., sem í framboði var í Reykjavík, till. um stórfelldustu framkvæmdir sem um getur í Norðurl. v., framkvæmd sem gerbreyta mun lífsafkomu fólksins í þessum landshluta, vekja með því bjartsýni og verða undirstaða nýrrar framfarasóknar ef í verður ráðist.

Raunar kom það skýrt fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, Stefáns Valgeirssonar, að þessi skoðun mín er rétt. Hér er allt of fátítt að menn líti út fyrir sín kjördæmi. Það er sjálfsagt að menn gæti hagsmuna þeirra kjördæma sem þeir eru kosnir fyrir, þeir eiga að gera það, en þeir eiga ekki að einskorða hugann við hagsmuni þeirra kjördæma. Og það var að mínu viti heldur leiðinlegt að þurfa að hlusta á það að þessi hv. þm. rangtúlkaði beinlínis þáltill., sem til umr. er, því að hann sagði margsinnis eitthvað á þann veg að ef hún yrði samþykkt yrði Hrauneyjarfoss á undan virkjunum norðanlands. En upphaf þáltill. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar, að næsta stórvirkjun vatnsafls sem í verður ráðist skuli eiga sér stað á vestanverðu Norðurlandi“ — að næsta stórvirkjun skuli eiga sér stað þar. Samt sem áður segir hv. þm. að samþykkt þessarar till. mundi leiða til þess að Hrauneyjarfoss yrði á undan. Ég skil ekki slíkan málflutning. Ég met það og skil að þessi hv. þm. vill gæta hagsmuna Norðurl. e. og hefur gert það vel í mörgu tilliti, veit ég, og það er allt gott um það að segja. En hitt er ekki eins gott, að rangtúlka mál á þennan veg.

Hv. þm. sagði að menn í Húnaþingi skiptust í tvo hópa, — þeir, sem hafa sauðfé, eru á móti virkjunum, hinir ekki, sagði hann. Ég veit ekki til þess að þessi skoðun sé rétt. Ég veit ekki betur en á fundi þeim, sem hæstv. iðnrh. hélt með bændum norður þar fyrir skemmstu, hafi allir eða a. m. k. svo til allir talið æskilegt að í þessa framkvæmd yrði ráðist.

Hv. þm. sagði að það lægi meira á línu austur heldur en á línunni héðan að sunnan norður í land, ef Kröfluvirkjun næði fram á tilskildum tíma. Hv. þm. veit eins vel og ég að það er byrjað á línunni norður. Á enn að fara að rugla menn í ríminu? Á að fara að hætta við framkvæmd sem byrjað er á og ákveðin er og bíða eftir einhverju öðru?

Ég veit að það geta verið hagstæðar virkjanir í Jökulsá á Fjöllum. Dettifossvirkjun var rætt um hér fyrir 50—60 árum og vissulega hefði mátt hraða athugunum á virkjunum í Norðurl. e. meira en gert hefur verið. En staðreyndin er hin, að það sem beinast liggur við nú, er virkjun

Blöndu eða Jökulsánna. Um það hygg ég að allir þeir séu sammála, sem til mála þekkja. Og þá á ekki enn að byrja að reyna að rugla menn í ríminu og tala um að það verði orkuskortur hér ef ráðist verður í Blönduvirkjun, næstu stórvirkjun eftir Sigöldu. Þvert á móti ættu þeir sem skilja nauðsyn þess að hafa virkjanir víðar en hér sunnanlands, að snúa bökum saman um það að hrinda þessu í framkvæmd.

Ég sagði áðan að menn ættu að gæta hagsmuna sinna kjördæma, en ekki að einblína á þá. Ég reyni að gæta hagsmuna þess kjördæmis sem ég er kosinn í, og ég hlýt að mótmæla svona málflutningi, einkum vegna þess að virkjun Blöndu og Jökulsánna í Skagafirði er að mínum dómi annað tveggja mestu hagsmunamála þess kjördæmis sem ég er þm. fyrir. Hitt er, eins og sjálfsagt allir skilja, lagning Norðurvegar sem Nd. Alþ. samþykkti einróma að hafa skyldi sérstakan forgang þegar ráðist verður í meiri háttar vegaframkvæmdir á næstu árum, og langar mig að fá að víkja örfáum orðum að því efni hér á eftir.

Um langt skeið hefur atvinnuástand á Norðurlandi vestra verið einna verst hér á landi og raunar hvergi verið þar um að ræða verulegar tekjur síðan síldin hvarf á braut fyrir nær þrem áratugum. Í öllum landshlutum öðrum hefur oft á þessu tímabili árað vel og tekjur verið miklar, stundum uppgrip. Afleiðingin hefur orðið sú að fólkið í Norðurl. v. hefur dregist aftur úr efnahagslega, tekjur hafa verið þar lægri en í nokkrum öðrum landshluta, framkvæmdir minni og atvinnulíf ótraustara. Svo rammt hefur að þessu misrétti kveðið að hvergi á landinu eru færri ungmenni að tiltölu sem sækja framhaldsnám en í þessu kjördæmi. Þannig er sama hvar borið er niður. Vegna ytri aðstæðna hefur á þessu svæði landsins verið erfiðara um öflun lífsgæða en annars staðar og í sumum þessara byggðarlaga hefur verið háð stöðug varnarbarátta meðan aðrar byggðir hafa getað sótt fram til stórbættra lífskjara.

Eitt meginstefnumál núv. ríkisstj. er byggðajafnvægi og stjórnarandstaðan styður einnig þá stefnu. Þm. eru sammála um að nauðsyn beri til þess að íslendingar byggi landið sitt allt og aðstaðan til að hagnýta gæði landsins og njóta kosta þess verði sem jöfnust. Ef menn meina eitthvað með þessum staðhæfingum er alveg ljóst að sá landshluti, sem hér er um rætt, Norðurland vestra, á að njóta sérstaks forgangs við uppbyggingu meiri háttar atvinnurekstrar nú um skeið. Hitt er líka ljóst, að öflun ódýrrar orku heima fyrir í þessum héruðum er eitt af meginskilyrðum þess að öflug atvinnufyrirtæki á sviði iðnaðar rísi þar.

Nú þegar er ljóst að stórvirkjanir, bæði í Blöndu og Jökulsám, eru hagstæðar virkjanir, kannske þær hagstæðustu sem unnt er að ráðast í í nánustu framtíð. Þessar virkjanir yrðu utan jarðskjálfta- og eldgosasvæða eins og hv. flm. gat um og þær yrðu þegar í stað tengdar Vesturlandinu því að byggðalínu er þegar tekið að byggja. Virkjun á Norðurlandi vestra ætti að geta verið fullgerð þegar upp úr 1980 eða um það leyti sem orkuskortur verður, en ekki 1982 eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson vildi fullyrða. Þannig mætti um nokkurt árabil leiða allmikla orku suður, t. d. til þess að fullnægja kröfum málmblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, meðan unnið væri að uppbyggingu iðnaðar á þessu svæði og annarri hagnýtingu orkunnar heima fyrir. Síðan mætti með stórvirkjunum austanlands eða sunnan fullnægja þörfum fyrir norðan um skeið þegar orka þar væri fullnýtt og meðan unnið væri að öðrum virkjunarframkvæmd í þeim landshluta.

Upplýsingar hafa nú borist um það að norska fyrirtækið Norsk Hydro hafi áhuga á að reisa stóra álverksmiðju á Íslandi, annaðhvort norðanlands eða austan, og einna helst er þá rætt um Eyjafjörð. Hv. þm. Magnús Kjartansson, sem meginheiðurinn ber af byggingu málmblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, og félagar hans gerðu mig allfrægan fyrir nokkrum árum er þeir héldu því fram að skoðun mín væri sú að á Íslandi ætti að byggja 20 álbræðslur eða nokkurn veginn sem svaraði tvöföldun heimsframleiðslunnar á þeim ágæta málmi. Ég væri alveg til með að semja við þá um það að strika núllið aftan af og hafa álbræðslurnar tvær. Ég held að ágætt væri að fá aðra slíka verksmiðju, t. d. í tengslum við Blönduvirkjun. Gjarnan vildi ég að húnvetningar hagnýttu sem mest þeirrar orku sem í héraði þeirra væri aflað, og vil ég benda á að hreppsnefnd Blönduóshrepps hefur gert um það ályktun að virkja beri Blöndu og hefja stóriðju í héraðinu og þá sérstaklega bent á áburðarverksmiðju.

En þótt ég hafi talið ástæðu að vekja athygli á viðsýni og réttsýni tillögumanna, þeirra hv. þm. Magnúsar T. Ólafssonar og Karvels Pálmasonar, þá dettur mér ekki í hug að ætla að umhyggja fyrir hagsmunum íbúa Norðurlands vestra ein hafi ráðið gjörðum þeirra, enda kom það og fram í framsöguræðu flm. Þeir gera sér ljóst að nauðsyn ber til þess að dreifa meiri háttar framkvæmdum og virkjunum um landið og hagnýta bestu kostina, ekki einungis sunnanlands, heldur líka í öðrum landshlutum. Og að því er varðar hv. þm. Karvel Pálmason, þá sér hann út yfir túngarðinn heima hjá sér. Hann gerir sér grein fyrir þeim miklu hagsmunum sem bundnir eru við það fyrir vestfirðinga að fá t. d. Blönduvirkjun því að Vestfirðir eru þá í nágrenni við ódýra orku og hún hlyti að verða nýtt þar ekki síður en í Húnavatnssýslum og Skagafirði, bæði til iðnaðar og húshitunar, en jafnframt væru virkjanir siglfirðinga í Fljótaá tengdar þessu svæði. Raunar teldi ég að meginátakið, sem landsmenn allir ættu að gera til að rétta við hag byggðanna við Húnaflóa og í Skagafirði, sem við lægstu tekjur búa, ætti að vera að tryggja ódýra orku til sérhvers híbýlis á þessu svæði, ýmist varmaorku eða raforku. Og þegar rætt er um bætur fyrir þau landspjöll, sem verða munu við virkjunarframkvæmdir, er eðlilegt að líta til þess að virkjunin tryggði þessu landssvæði þá orku, sem þarf til húshitunar, á vægu verði. Slíkt væri mikilvægasta byggðajafnvægismál sem unnt væri að vinna og slík ákvörðun mundi auka mönnum bjartsýni og stuðla að fólksfjölgun og margháttaðri nýrri athafnasemi.

Við umræður um sérstaka fjáröflun til Norðurvegar benti annar þm. frá Vestfjörðum, hv. þm.

Sighvatur Björgvinsson, á hverja þýðingu það hefði fyrir byggðir Vestfjarða að góðar samgöngur yrðu um aðalbraut, ekki einungis til höfuðborgar Suðurlands, heldur einnig til Norðurlands og um það allt til Akureyrar. Hann taldi það réttilega eitt af meginhagsmunamálum vestfirðinga að efla tengslin við Norðurland. Raunar á hluti Vestfjarðakjördæmis beina landfræðilega samleið með Norðurlandi vestra og þessi tvö kjördæmi ættu að stórauka samskipti sín og samstöðu, ekki einungis um orkuöflun, heldur einnig í samgöngumálum. Auðvitað er alveg ljóst að það yrði gífurleg lyftistöng fyrir Norðurland vestra að vera í þjóðbraut milli höfuðborga Suðurlands og Norðurlands þegar fullkominn vegur lægi þar um garð og þetta er líka geysimikið hagsmunamál vestfirðinga og landsmanna allra. Það furðar mig þess vegna að þetta frv. skuli hafa mætt nokkurri andstöðu í Ed. Ég hygg þó að því megi treysta að viðsýni þm. almennt sé svo mikil að sú framkvæmd verði ekki stöðvuð. Sérstaklega er athyglisvert að þm. Reykv. og Reykn. vilja með ánægju stuðla að þessari stórfelldustu umbót í vegamálum strjálbýlisins þótt kostnaðarsöm sé.

Ég vil að lokum ítreka þakkir mínar fyrir flutning þessarar till. og benda enn á ný á það að engin byggðastefna á Íslandi getur í dag verið raunhæf nema Norðurland vestra njóti sérstöðu, meðan það er staðreynd að lífskjör þar eru langlökust og svo rammt kveður að að æskufólk getur ekki notið menntunar nokkurn veginn á borð við það sem annars staðar gerist.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég sagði áðan hér að þó að þessi till. yrði samþykkt mundi það ekki duga vegna þess að það væri ekki hægt að framkvæma þessa till. Það er engin rangtúlkun á till. Það er ekki nóg að samþykkja það sem er ekki hægt að framkvæma, því að ef það er rétt sem sérfræðingar segja að það þurfi að vera til virkjun 1980, þá er sýnilegt að það getur ekki orðið Blönduvirkjun, það verður þá Hrauneyjarfossvirkjun ef ekki verður að ráði að virkja einhvers staðar annars staðar.

Flm. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Ég vil hefja máls á því að þakka hv. 3. þm., Norðurl. e. og 4. þm. Norðurl. v., sem hér hafa talað, undirtektir undir málið í heild og sérstaklega er mér skylt að þakka hv. 4. þm. Norðurl. v. vinsamleg orð í garð okkar flm. Einnig tók hann af mér ómak að gera aths. við eitt atriði í máli hv. 3. þm. Norðurl. e., þar sem varðar áhrifin af samþykkt till. okkar hv. 5. þm. Vestf., því þar eru vissulega öll tvímæli af tekin, ef hún yrði samþykkt, um vilja Alþ. um virkjunarstað. En þá segir hv. 3. þm. Norðurl. e.: Aðstæður eru orðnar þannig að tíminn leyfir ekki að þessi kostur sé tekinn og virkjað t. a. m. í Blöndu vegna þess að orkuspár segja að orkuskortur kalli að fyrr en Blönduvirkjun getur verið komin í gagnið. — Þetta vil ég leyfa mér að vefengja og einmitt með þeim upplýsingum sem orkumálasérfræðingar hafa látið okkur alþm. í hendur.

Ítarlegasta yfirlit um horfur um orkuþörf og orkuframleiðslugetu, sem ég hef fengið í hendur, er Tafla 2 í fskj. III með frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 49, þar sem áður hefur verið gerð grein fyrir því að Hrauneyjarfossvirkjun gæti orðið tilbúin á árinu 1979:

„Þá er þess að geta að komi virkjun norðanlands, t. d. við Kröflu, sem annað geti þeim markaði sem þar er, eykst að sama skapi orkusölugeta Landsvirkjunar til annarra. Þannig yrði svipað svigrúm fyrir orkusölu til annarra fyrir hendi þótt vikjun við Hrauneyjarfoss drægist upp undir ár frá því sem sýnt er í Töflu 2“ — en Tafla 2 nær til ársloka 1980.

Þarna segja sérfræðingar Landsvirkjunar í verkfræðideild Landsvirkjunar berum orðum að svigrúmið sé nóg með þeim forsendum, sem þeir hafa sett upp í Töflu 2, til ársloka 1981. En lítum nú aðeins á Töflu 2. Samkv. henni er í árslok 1980 ónotuð orka í stöð 717 gwst. og ónotað afl í stöð með Kröfluvirkjun 230 mw. Þetta afl er hátt í þriðjungur af heildaraflinu, sem er 744 mw. í stöð, og orkan er líflega sjötti hluti af heildarorkunni eða 717 gwst. af orkugetuframleiðslunni alls, 3800 gwst. Þarna er sem sagt um að ræða mjög verulegt umframafl, en þar að auki er í þessari áætlun gert ráð fyrir, að auk allra annarra þarfa, bæði járnblendiverksmiðju og hröðustu framkvæmda húshitunar sem um geti verið að ræða, gert ráð fyrir að til ÍSAL sé ráðstafað vegna stækkunar álverksmiðjunnar hvorki meira né minna en 20 mw. Þetta er því lágmarkssvigrúm sem hér er sýnt fram á og er þó svona verulegt. Ég tel öll rök hníga að því að svigrúmið sé meira en þarna er sýnt fram á. Það liggur ekkert fyrir um það að álverksmiðjan verði stækkuð svo að hún þurfi á þessum 20 mw. í viðbót að halda, og líkur benda til þess, því miður vil ég segja, að ekki verði af því að raforkunotkun til húshitunar geti komist eins ört í gagnið og gert er ráð fyrir í þessari orkuspá. Sömuleiðis hefur verið frá því skýrt að verði þeim rannsóknum, sem eftir er við Blöndu, lokið á sumrinu sem nú fer í hönd og það á að vera lafhægt ef ekki skortir fé, þá gæti Blönduvirkjun máske verið komin í gagnið 1981 og ábyggilega 1982, svo að samkv. þeim orkuspám, sem nýjastar voru lagðar fyrir Alþ., fer því fjarri að tímaþröng útiloki á nokkurn hátt framkvæmd þáltill. á þskj. 401.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 74. fundur.

Miðvikudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti. (Ásgeir Bjarnason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 2. maí 1975.

Sigurður Blöndal, 2. varaþm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið.

„Þar sem ég vegna anna heima fyrir mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþ. að óska þess, að 2. varam. Alþb. í Austurl., Þorsteinn Þorsteinsson vélgæslumaður á Höfn í Hornafirði, taki sæti á Alþ. í minn stað.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Ragnhildur Helgadóttir,
forseti Nd."

Það liggur fyrir kjörbréf Þorsteins Þorsteinssonar og þarf kjörbréfanefnd að rannsaka það. Bið ég n. að taka kjörbréfið til athugunar og fær hún 5 mín. tíma til þess. Fundi er frestað í 5 mín. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Þorsteins Þorsteinssonar vélgæslumanns á Höfn í Hornafirði, sem er 2. varaþm. Alþb. í Austurl. N. hefur ekki aðfinnslur að gera við kjörbréfið og leggur einróma til að það verði samþ. og kosning Þorsteins Þorsteinssonar tekin gild.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. með því að kjörbréf Þorsteins Þorsteinssonar verði tekið gilt og býð hann velkominn til starfa hér á hinu háa Alþ. Ég treysti því að þau fáu orð, sem ég segi hér á eftir, verði ekki af honum né öðrum skilin þannig að þeim sé beint að komu hans á Alþ. né heldur að þeim flokki, sem hann situr á Alþ. sem fulltrúi fyrir. En ég tel í þessu sambandi vera orðið tímabært að vekja athygli á því að seta varaþm. á Alþ. er orðin alvarlegt vandamál fyrir störf Alþ. Á þessu þingi hefur það gerst 32 sinnum að varamenn hafa tekið sæti á Alþ. Í örfá skipti hefur verið um sama þm. að ræða, þannig að um 30 varamenn hafa setið á þessu Alþ. M. ö. o.: það eru um 90 manns, sem annast hafa þingstörfin í þetta skipti. Ég held að um það geti varla verið ágreiningur, að það hlýtur að tefja fyrir eðlilegum störfum þingsins að svo mikill fjöldi óþingvanra manna taki þátt í störfum þingsins. Auk þess sem af því er verulegur kostnaðarauki, þó að hann standi að vísu engan veginn í beinu hlutfalli við tölu þm., þar sem þm. missa oft af þingfararkaupi sínu ef varamenn taka sæti í þeirra stað þó að það eigi sér engan veginn alltaf stað.

Þetta vandamál er ekki nýtt. Ég minni á það að fyrir 3—4 árum beitti þáv. forseti Sþ., Eysteinn Jónsson, sér fyrir viðræðum milli forseta þingsins annars vegar og formanna þingfl. hins vegar um að þeir gerðu með sér óformlegt samkomulag um að takmarka það eins og unnt væri að varaþm. tækju sæti á Alþ. Okkur, sem um þetta héldum allmarga fundi í lok þess þings, þingsins 1971—1972, varð öllum ljóst að engar lagareglur og engar almennar reglur verða settar sem komið geti í veg fyrir að seta varaþm. verði meiri en góðu hófi gegnir, verði meiri en eðlilegt er. Þetta er því aðeins hægt að takmarka með heilbrigðu samkomulagi milli þingfl., samkomulagi sem þeir gera með sér og þá helst að frumkvæði eða í samvinnu við forseta, samkomulagi sem síðar er haldið. Það var sammæli allra þeirra, sem í þessum fundum tóku þátt, allra þáv. forseta þingsins og allra form. þingfl., að það væri óæskilegt, — auðvitað væri ekki hægt að komast hjá því í mörgum tilfellum að varaþm. tækju sæti á Alþ. Þingsköp gera ráð fyrir því og ástæður geta verið til þess og er fullkomlega eðlilegt að slíkt eigi sér stað. En við vorum líka allir sammála um hitt, að hóf yrði að vera á þessu.

Því miður hefur reynslan ekki orðið sú og á þessu þingi hafa öll fyrri met verið slegin. Það hefur komið fyrir í 32 skipti að varamenn taka sæti á Alþ. Ég hygg að enginn ágreiningur geti verið um að þetta er óðruvísi en vera ætti ef miðað er við heilbrigð störf Alþ. og eðlilegan kostnað af störfum Alþ. Ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta Sþ., að hann beiti sér fyrir því, annaðhvort í lok þessa þings eða í þinghléi, að fram færu framhaldsviðræður milli forseta þingsins og form. þingfl. um það hvernig stemma megi stigu við því að varaþm. taki oftar sæti á Alþ. en brýna nauðsyn ber til.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því, sem hv. 9. þm. Reykv. sagði um setu varamanna á Alþ., er ég honum sammála. En í mörgum tilvikum verður ekki hjá því komist að varamenn taki sæti á Alþingi og allir þingflokkar hafa notfært sér þessi réttindi. Ég mun beita mér fyrir því, að ummæli hv. þm. varðandi setu varamanna á Alþ. verði tekin til umr. á meðal forseta þingsins og form. þingflokkanna.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Þorsteinn Þorsteinsson hefur ekki áður setið á Alþingi og ber honum því að undirrita eiðstaf.

[Hinn nýi þm., Þorsteinn Þorsteinsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.]

Þorsteinn Þorsteinsson hefur undirritað eiðstaf, og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Örgggisbúnaður flugvalla, þáltill (þskj. 138, n. 529). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 595).

Landmælingastjórn ríkisins, þáltill. (þskj. 96, n. 489). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 597).

Áfengismál, þáltill. (þskj. 130, n. 528). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 528 samþ. með 41:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvB, AG, BGr, EðS, EggÞ, EBS, EKJ, FÞ, GS, GH, GilsG, GuðlG, GHG, GÞG, HÁ, HES, HFS, IT, IngJ, IG, JónasÁ, ÓÓl, JÁH, JSk, JGS, JónÁ, KP, LárJ, ÞorstÞ, MÓ, MÁM, OÓ, ÓE, PJ, RH, SighB, SigurlB, StJ, SvJ, TÁ, VH.
nei: ÓlJ, PS, ÁB.
GuðrB, StV, StH, ÞK greiddu ekki atkv.
12 þm. (AJ, EÁ, GeirG, GTh, GF, JóhH, MK, MB, RA, StG, SvH, ÞS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessi brtt. hefur það efni, að bráðabirgðaálit og till. n. skuli leggjast fyrir þingfl. í stað Alþingis. Ég tel þetta óeðlilegt. Ég tel þetta óheppilegt fordæmi um vinnubrögð og tel till. betri í því formi, sem hún var upphaflega, og segi því nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð, sem hæstv. dómsmrh. hafði í grg. sinni. Ég vil auk þess láta þá skoðun mína koma fram einu sinni enn þá hér á hæstv. Alþ., sem ég hef margoft látið koma fram í sambandi við mál sem ég hef hér flutt, að ég tel ekki að þessi n. eða nein önnur n. betrumbæti áfengisvandamál þjóðarinnar. Ég tel vera hreinan hégóma að koma með þessa till. og segi því nei.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis. (þskj. 599).

Viðgerð flugvéla á Keflavíkurflugvelli, þáltill. (þskj. 392). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjölþjóðlegar ráðstefnur hér á landi, þáltill. (þskj. 397). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alþingismenn gegni ekki fastlaunuðum störfum, þáltill. (þskj. 442). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnotaréttur þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum, þáltill. (þskj. 457). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stórvirkjun á Norðurlandi vestra, þáltill. (þskj. 401). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Innanlandsflugvöllur á Reykjavíkursvæðinu, þáltill. (þskj. 480). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Félagsmálasáttmáli Evrópu, þáltill. (þskj. 551). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Efri deild, 78. fundur.

Miðvikudaginn 7. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Hússtjórnarkennaraskóli, frv. (þskj. 572, 573). — 3. umr.

Afbrigði um brtt. 573, sem var of seint fram komin, samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Eins og ég gat um við 2. umr. frv. til l. um Hússtjórnarkennaraskóla Íslands flyt ég brtt. við 2. gr. frv. Menntmn. þessarar hv. d. var þá búin að ganga

frá nál. og brtt. við frv. um heimilisfræðaskóla þar sem nafni þeirra skóla er breytt í hússtjórnarskóla. Þess vegna er till. mín á þskj. 573 um að í 2. gr. frv., þar sem núna stendur í 2. málsgr. — „Kennaradeild býr nemendur undir kennslu í heimilisfræðum“ — þar komi í staðinn „heimilisfræðum“ orðið „hússtjórn“.

ATKVGR.

Brtt. 573 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heimilisfræðaskólar, frv. (þskj. 420, n. 568, 566). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til meðferðar, var lagt fyrir hv. Alþ. á s. l. vetri. Varð það þá útrætt hér við 2. umr. í Ed., en náði ekki lengra í það sinn. Í aths. við frv. þá segir að það hafi verið lagt fyrir Alþ. 1973 í þinglok til kynningar. Það var samið af nefnd sem menntmrn. skipaði 29. nóv. 1971 til að endurskoða lög um húsmæðrafræðslu og lög um Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Í n. áttu sæti Steinunn Ingimundardóttir skólastjóri, skipuð samkv. tilnefningu skólastjóra húsmæðraskólanna og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar, Björn Halldórsson skrifstofustjóri, skipaður samkv. tilnefningu sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldóra Eggertsdóttir formaður Kennarafélagsins Hússtjórnar, skipuð samkv. tilnefningu félagsins, Sigríður Haraldsdóttir kennari, skipuð samkv. tilnefningu Kvenfélagasambands Íslands og Vigdís Jónsdóttir skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skipuð án tilnefningar. Nefndin sendi rn. með bréfi 7. mars 1973 tvö lagafrv., um heimilisfræðaskóla og um hússtjórnarkennaraskóla.

Ástæðan til þess, að þessi nefnd var sett á laggirnar og henni falið þetta hlutverk, var fyrst og fremst sú að nú um nokkurt skeið hefur verið mjög dræm aðsókn víða að húsmæðraskólum og kvennaskólum. Sums staðar hefur verið gripið til þess ráðs að halda uppi í þessum menntastofnunum tímabundnum námsskeiðum og hefur fengist góð aðsókn að þeim víða, en sums staðar hefur þess ekki þótt kostur og þá hafa þessir skólar starfað með mjög fámennum nemendahópum. Húsmæðraskólarnir eru reknir í samvinnu af ríki og héruðum, og þegar það blasir við að aðsókn er mun minni en kennaralið gæti annað verður að sjálfsögðu fjárhagslegur grundvöllur lítill og oft um fjárhagslega tilfinnanlegan bagga að ræða, sér í lagi fyrir heimaaðilana sem víðast eru sýslusjóðir sem eru, eins og kunnugt er, allfjárvana til að mæta þeim verkefnum sem á þá eru lögð.

Það er megintilgangur þeirra nýmæla sem frv. felur í sér að gerð verði tilraun til að laga skólana eftir þörfum tímans. Lögð er til sú meginbreyting að skólarnir verði ríkisskólar að fullu, bæði vegna þess hlutverks, sem þeim er ætlað, og vegna fjárhagsörðugleika í sambandi við núverandi rekstrarform þeirra. Reynslan ein getur sannað hvort hér er verið að leggja til réttar leiðir. — Ég vil einnig alveg sérstaklega láta þess getið að hér er um mjög viðkvæmt og vandasamt mál að ræða. Á ýmsum stöðum hafa húsmæðraskólar starfað með langan og merkan feril að baki.

Menntmn. þessarar hv. d., sem hafði málið til meðferðar á síðasta ári, sendi það eftirtöldum aðilum til umsagnar: Kvenfélagasambandi Íslands, Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Félagi íslenskra vefnaðarkennara, stjórn Kennarafélagsins Hússtjórnar. Umsagnir bárust frá þessum aðilum og mæltu þeir eindregið með samþykkt frv. og komu með nokkrar ábendingar sem þáv. menntmn. þessarar hv. d. tók til greina, og flutti nefndin sameiginlega brtt. við frv. sem allar voru samþykktar við 2. umr. Þar að auki fluttu tveir nm. till. um breytt heiti á skólanum og var sú till. einnig samþykkt.

Núv. nefnd hefur athugað frv. og þær umsagnir sem fyrir lágu, þær brtt. sem samþ. voru hér við 2. umr. úr þessari hv. d. á s. l. vetri og flytur brtt. eins og fram kemur á þskj. 567 þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum er hún flytur á sérstöku þskj.

Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Ragnar Arnalds, Jón Árm. Héðinsson og Ingi Tryggvason.“

Nefndin flytur brtt. á þskj. 566:

Það er í fyrsta lagi við 1. gr. frv. að í stað orðsins „heimilisfræðaskóli“ í greininni og öðrum greinum frv. komi: hússtjórnarskóli.

Í öðru lagi við 2. gr. frv. að í stað „36 vikur“ komi: 28—36 vikur samkv. nánari ákvörðun menntmrn. — Þessi brtt. er fyrst og fremst til þess gerð að setja það einnig á þessu stigi alfarið bundið í lög að þessir skólar skuli starfa minnst 36 vikur.

3. brtt. nefndarinnar er við 4. gr. sem varðar inntökuskilyrði, námsgreinar og próf. Greinin hljóðar svo samkv. till. nefndarinnar, með leyfi forseta:

„Inntökuskilyrði skulu vera þessi:

a) Að nemandinn hafi lokið skyldunámi grunngrunnskóla“ — en að niður falli það sem í frv. er: „lágmarkseinkunn sem ákveðin er í reglugerð“. N. þótti rétt að það eitt stæði þarna að nemandinn hafi lokið námi grunnskóla. B-liður þessarar greinar orðist svo: „Að nemandinn sýni læknisvottorð um að hann sé eigi haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólastjóra og skólanefndar. Skólarnir eru bæði fyrir stúlkur og pilta“. — Þarna er einnig sams konar breyt. og var lögð fyrir í sambandi við Hússtjórnarkennaraskólann, að nemandi skyldi sýna læknisvottorð þannig að það væri ekki alfarið lagt á herðar skólastjóra og skólanefndar að kveða upp úr með það mat sem þarna skal fram fara, nema því aðeins að þeir hinir sömu aðilar hefðu í höndum læknisvottorð varðandi viðkomandi nemendur.

Í fimmta lagi er brtt. við 7. gr. um að greinin orðist eins og þar segir:

„Menntmrn. fer með yfirstjórn hússtjórnar-

skóla. Menntmrh. skipar skólastjóra að fengnum tillögum skólanefndar. Hann skipar einnig fasta kennara að fengnum tillögum skólastjóra og skólanefndar. Til þess að verða settur eða skipaður skólastjóri eða kennari við húsmæðraskóla þarf kennarapróf frá Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands eða hliðstæðri menntastofnun erlendis, og einnig má setja eða skipa þá sem kennara er lokið hafa prófi frá vefnaðarkennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þá eina má setja skólastjóra er gegnt hafa kennslu í a. m. k. eitt ár.“ — Aðalbreytingin, sem í þessu felst frá því sem er í frv., er að gera greinina rýmri varðandi möguleika til þess að setja kennara og er þar fyrst og fremst átt við vefnaðarkennara og/eða handíðakennara eins og þar kemur fram.

Í sjötta lagi er breyting við 8. gr. um að greinin orðist svo:

„Við húsmæðraskóla skal starfa skólanefnd sem menntmrn. skipar og starfar hún samkvæmt erindisbréfi er rn. setur. Formann skal skipa án tilnefningar, en 2 nefndarmanna skal skipa samkvæmt tilnefningu héraðssambands kvenfélaga í byggðarlagi skólans, tvo tilnefnda af viðkomandi landshlutasamtökum og tvo tilnefnda af nemendum úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs en annarra nefndarmanna til fjögurra ára. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefndar með tillögurétti og málfrelsi, nema þegar fjallað er um mál er varða hann persónulega.“ — Breyt., sem í þessu felst frá því sem er í 8. gr. frv., er fyrst og fremst um að fulltrúar nemenda verði tveir í stað eins eins og þar er kveðið á um.

Í sjöunda lagi er breyting við 15. gr. um að greinin orðist svo:

„Stofna skal 36 vikna handíðaskóla þegar fé er til þess veitt í fjárlögum.

Námsefni skal í meginatriðum vera hliðstætt því sem er í öðrum húsmæðraskólum, sbr. 5. gr., en þó skal sérstök áhersla lögð á handíða- og textílgreinar.

Heimilt er að ráða kennara við skólann sem sérstaklega eru þjálfaðir til handíða- og teiknikennslu án þess að þeir uppfylli skilyrði 7. gr.

Í reglugerð skal ákveða nánar um fjölda námsgreina og hvað kenna skal í hverri grein.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um handíðaskólann og aðra húsmæðraskóla.“

Og í áttunda lagi að fyrirsögn frv. verði:

Frv. til l. um húsmæðraskóla.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu til þess að skýra þær brtt. sem menntmn. flytur við frv. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Þetta skulu aðeins vera örfá orð. Ég viðurkenni það fúslega að þeir skólar sem hér er verið að fjalla um og hafa gengið undir nafninu húsmæðraskólar, hafa á margan hátt gegnt merku hlutverki í okkar almenna menntakerfi. Síst skal ég gera lítið úr því.

Ég get út af fyrir sig stutt þetta frv., ég tel að það sé þó til bóta svo langt sem það nær. Við vitum af hverju þetta frv. er fyrst og fremst flutt, það er flutt fyrst og fremst vegna þess hvað miklir örðugleikar hafa steðjað að þessum skólum að undanförnu, ekki aðeins fjárhagsörðugleikar þeirra aðila sem þessa skóla hafa rekið, heldur ekki síður þeir örðugleikar sem að þeim hafa steðjað varðandi aðsókn að skólunum. Þessir skólar hafa sem sagt misst aðdráttarafl sitt af þeirri einföldu ástæðu að þeir hafa ekki, eins og hv. frsm. tók fram áðan, lagað sig að kröfum tímans. Þeir hafa verið smám saman að verða eins konar nátttröll í skólakerfinu. Það er bara það sem ég er örlítið hræddur um að kunni að verða áfram, þrátt fyrir þessa nafnbreytingu og þrátt fyrir ýmislegt það sem hér er þó sett fram til bóta. Ríkið á nú samkvæmt þessu að taka á sig allar fjárhagsskuldbindingar og það er án efa nauðsynlegt því að þeir aðilar, sem hafa staðið að rekstri þessara skóla, hafa hreinlega ekki getað gert það sem skyldi.

En það, sem ég vildi vekja aðalathygli á hér og ég hef reyndar komið að áður og sakar ekki að gera enn einu sinni, er það, hve mikil nauðsyn er orðin á því að setja samræmda heildarlöggjöf um allt nám á framhaldsskólastigi og fella þá þessa skóla inn í þá heildarlöggjöf á sem eðlilegastan hátt. Það segir að vísu í 6. gr. frv. að eins árs nám í heimilisfræðaskóla skuli veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í almennum framhaldsskóla að loknu skyldunámi. Þetta er vissulega til bóta því að áður hafa húsmæðraskólarnir verið algerlega úr tengslum við allt okkar skólakerfi og nemendur þaðan ekki notið í raun neinna réttinda til framhaldsnáms. Hins vegar kem ég ekki auga á það með óbreyttu fyrirkomulagi framhaldsmenntunar í landinu, hvernig þetta á í raun að gerast eða inn í hvaða skóla og inn í hvaða námsgreinar eða valgreinar eða kjörsvið eða hvað við köllum það þessir nemendur eiga að fara að loknu þessu námi. Þetta sem sagt sannar okkur betur en nokkru sinni fyrr nauðsynina á því að fá heildarlöggjöf um framhaldsstigið og þá finnst mér sjálfsagt um leið að huga að þessum nauðsynlega þætti og gera þá þessum nemendum kleift að ganga eðlilega braut í menntakerfinu og þá þær brautir sem þeir helst koma til greina með að kunna að kjósa. En eins og nú standa sakir kem ég hreinlega ekki auga á það hvernig og í hvaða framhaldsnám þessir nemendur eiga að fara. Það stafar einfaldlega af því að hér vantar okkur löggjöf um framhaldsstigið sjálft á sama hátt og grunnskólastigið hefur áður verið tekið fyrir. Þetta þarf að gerast og um leið þarf auðvitað að sjá svo til að eitt reki sig ekki á annars horn eins og ég óttast að verða muni þó að þetta frv. nái fram að ganga og margt sé þar vissulega til bóta og ég get út af fyrir sig þar af leiðandi stutt það.

Ég vildi aðeins koma þessum athugasemdum á framfæri. Ég er hræddur um það, því miður, að þrátt fyrir þessa breytingu, vegna þess hve allt er hér óákveðið ennþá um framhaldsstigið yfirleitt, þá muni erfiðleikarnir fyrir þessa skóla verða þeir sömu og áður, aðsóknin muni verða

dræm og standa þeim fyrir þrifum áfram vegna þess að nemendurnir, sem fara í þessa skóla, sjá ekki þá námsbraut sem þeir eiga að fara eftir að þeir hafa lokið þarna námi.

ATKVGR.

Brtt. 566,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 566,2 samþ. með 12:2 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 566,3 (ný 4. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 566,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. þskj. 566,5 (ný 7. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 566,6 (ný 8. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
9.—14. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 566,7 (ný 15. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
16.—19. gr. samþ. með 15 shlj. atkv
Brtt. 566,8 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Landgræðsla, frv. (þskj. 561). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 404, n. 554, 555). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Á fjárlögum fyrir árið 1975 eru ætlaðar til varnar landbroti af völdum vatna 25.2 millj. kr. Hér er að vísu ekki um ýkjaháa fjárhæð að ræða þegar litið er til þeirrar þarfar sem virðist vera fyrir hendi. Engu að síður er full þörf á að taka fastari og skipulegri tökum þessi landbrotsvandamál svo að fjármunum verði beint að brýnustu verkefnunum og heftur sá vandi sem í vaxandi mæli herjar góð nytjalönd og breiðar byggðir. Aðgerðir ríkisvaldsins á þessu sviði hafa verið grundvallaðar á vatnalögunum, en réttara þykir að setja um þessi efni sérstök lög við hlið vatnalaga þar sem þau spanna ekki allt viðfangsefnið. Landgræðslu- og landnýtingarnefnd hefur lagt til að þessi lög verði sett. Hún hefur byggt þau upp og get ég vísað til ræðu hæstv. landbrh. við 1. umr. hér í Ed. til frekari rökstuðnings fyrir nauðsyn sérstakrar lagasetningar.

Landbn. Ed. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með breyt. sem hún flytur á sérstöku þskj. og mun ég nú leitast við að skýra þær nánar.

1. brtt. er við 2. gr. frv. Sú brtt. er ekki efnisleg breyting. Þar er um að ræða að í hverri sýslu skuli vera matsmenn eins og í frv. segir, en eðlilegra þykir að matsmenn starfi í matsnefnd sem fulltrúar síns vinnuveitanda, sem í þessu tilfellinu er Vegagerð ríkisins og Búnaðarfélagið, en ekki sem sjálfstæðir einstaklingar, og miðar orðalag 1. málsgr. að því. Þótt á þennan hátt sé breytt um orðalag verður það aðalregla að umdæmisverkfræðingur Vegagerðarinnar og héraðsráðunautur í jarðrækt verði kvaddir til þessara matsstarfa, enda má gera ráð fyrir því að starf þeirra sem matsmanna samkv. frv. fari að mestu fram í tíma og í tengslum við þeirra aðalstarf.

Þá er í öðru lagi gerð breyting á um skilafrest matsnefndar, enda er nauðsynlegt að álitsgerðir þeirra hafi borist svo snemma til rn. að rn. geti skilað till. til fjárlaga fyrir 1. júní, eins og því er gert að gera um önnur málefni. Þá þykir ekki vera þörf á því, að matsnefndin sendi fjvn. Alþ. álitsgerðir sínar þar sem það er hlutverk landbrn. að koma till. til löggjafarvaldsins, enda skal landbrn. sjá um framkvæmd laganna eins og ég mun koma að hér síðar.

2. tölul. í brtt. varðar 4. gr. frv. Í fyrsta lagi þykir rétt að kostnaðarskipting taki einnig til undirbúnings að framkvæmdum. Þá er og ljósara orðalag um skiptingu kostnaðar því að ekki er talið rétt að landeigendur beri sinn hluta eða beri hluta kostnaðar af varnarframkvæmdum fyrir landi hvers og eins, þar sem upp getur komið sú staða að landeigandi, sem lítinn eða engan hag hefur af framkvæmdum, þurfi að bera stóran hlut kostnaðar vegna legu eða aðstæðna á landi sínu. Þykir nefndinni það ekki réttlátt og leggur til að landeigandi beri hlut sinn eingöngu í samræmi við þann hag sem hann hefur af framkvæmdinni. Þá er og nauðsynlegt að niðurstaða fáist um skiptingu kostnaðarhluta landeigenda þegar á þessu stigi máls, sem sagt áður en framkvæmd er hafin, og er því gert ráð fyrir skipun oddamanns ef ekki næst samstaða um skiptinguna í matsnefnd.

3. tölul. brtt. er aðeins orðalagsbreyting sem verður að koma fram vegna þeirra breytinga sem áður eru ákvarðaðar á þskj., þar sem sagt er að í stað setningarhlutans „Nú telja matsmenn“ í 7. gr. komi: Nú telur matsnefnd.

4. brtt. er við 9. gr. Í frv. var gert ráð fyrir að matsmenn samkv. 2. gr. úrskurðuðu um bætur vegna landsspjalla. Ekki er talið rétt að hafa þann hátt á þar sem í mörgum tilvikum væru þeir e. t. v. að dæma í sjálfs sín sök, þ. e. a. s. úrskurða um bætur fyrir landsspjöll vegna framkvæmda sem þeir hafa sjálfir til stofnað eða ákvarðað og sagt til um hvernig vinna skyldi. Nefndin leggur því til að mat vegna landsspjalla fari fram í samræmi við vatnalög. Þar eru skýr ákvæði um slíkar bætur og þykir eðlilegast að um þau mál fari eins og sagt er fyrir um í vatnalögum.

5. brtt. á þskj. 555 er um það, að ný gr. komi á eftir 10. gr., sem orðist svo:

„Landbrh. hefur yfirstjórn mála samkv. lögum þessum.“

Þetta ákvæði er ekki í frv., en þykir sjálfsagt að það komi ótvírætt fram í frv., hver skuli sjá um framkvæmd laganna og vorum við allir sammála um það í landbn. að eðlilegast væri að landbrh. og landbrn. hefðu með framkvæmd þessara laga að gera eins og það rn. hefur haft með að gera þær úrbætur sem gerðar hafa verið á undanförnum árum.

Ég hef þá lýst þeim breytingum sem landbn. leggur til að gerðar verði á frv. og sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þær. Eins og

ég tók fram áðan leggur landbn. til að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem ég hef lýst. Það hefur hún gert eftir að hafa skoðað frv. og rætt á nokkrum fundum, leitað umsagnar um málið frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda og auk þess rætt við vegamálastjóra á fundum nefndarinnar og fengið frá honum upplýsingar um ýmsa þætti þess og framkvæmd þessara mála.

Herra forseti. Ég læt máli mínu þar með lokið og legg til að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 555,1 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 555,2 (ný 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 555,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 555,4 (ný 9. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 555,5 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 140, n. 557, 558). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Verðjöfnun á olíu og bensíni var ákveðin með l. nr. 34 frá 18. febr. 1953. Var það gert í þeim tilgangi að jafna aðstöðumun landsmanna með þá staðreynd í huga að innflutningur á olíu og bensíni var til höfuðborgarinnar og síðan dreift þaðan víða um landið. Í þeim lögum var gerð undantekning á flugvélabensíni. Þá var flugið ekki eins snar þáttur í samgöngumálum landsins og allt flug var út frá Reykjavík, þ. e. a. s. innflutningshöfn þessarar vöru. Þær breytingar hafa nú orðið á að flugið er meginstoð í samgöngum innanlands og flug milli og innan landshluta fer stöðugt vaxandi. Viðhorfin hafa því breyst á rúmlega 20 ára tímabili og því eðlilegt að flugvélabensín verði verðjafnað á sama hátt og aðrar olíuvörur í því skyni að jafna aðstöðumun í samræmi við upphaflegan tilgang laganna.

Fjh.- og viðskn. ræddi þetta mál á allmörgum fundum. Það var leitað umsagnar frá olíufélögunum bremur og til fundar við nefndina kom Indriði Pálsson forstjóri Olíufélagsins Skeljungs hf. sem hefur einkum með sölu á þessu bensíni að gera. Það kom fram í störfum nefndarinnar að söluverð á flugvélabensíni er nú um 30 kr. í Reykjavík, 32.30 á Akureyri, 35.30 á Egilsstöðum, 35.60 á Ísafirði og 34.90 á Höfn í Hornafirði. Það magn, sem selt var á s. l. ári, var um 1589 þús. lítrar, þar af voru seldir hér í Reykjavík 1223 þús. lítrar eða 77%, en 23% úti á landi á hinum ýmsu útsölustöðum. Slík verðjöfnun sem þessi mundi því þýða að jafnaðarverð á þessari vöru yrði tæplega 31 kr. — á bílinu 30.80 kr. til 31 kr. Flugvélabensín mundi því hækka hér í Reykjavík um samsvarandi tölu, um 80 aura til 1 kr., en aftur á móti lækka á öðrum stöðum, mest á Ísafirði eða um 4.60.

Eins og ég gat um áður er eina undantekningin frá verðjöfnun á olíu og bensíni flugvélabensín. Hins vegar þótti nefndinni rétt að ákvæði þessi næðu ekki til flugvélabensíns til utanlandsflugs. Það er fyrst og fremst tilgangur laga þessara að jafna aðstöðumun í landinu sjálfu og því eðlilegt að það sé gerð undantekning með þetta bensín. Það munu hafa verið um 797 þús. lítrar sem seldir voru í þessu skyni á s. l. ári. Einnig þótti rétt að undantekningin næði einnig til flugsteinolíu sem ekki mun hafa verið notuð í neinum mæli þegar lögin voru upphaflega sett, en er nú mjög notuð af hinum ýmsu flugvélategundum. Þótti nefndinni rétt að verðjöfnunin næði ekki til flugsteinolíu, enda hefði það vart neinn tilgang þar sem flugsteinolía er fyrst og fremst seld hér í Reykjavík og notuð af flugvélum sem fljúga fyrst og fremst út frá Reykjavík.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Ragnar Arnalds.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil harma það að ég var fjarverandi afgreiðslu þessa máls í fjh.- og viðskn. af þeim ástæðum að mér bárust fundaboð of seint. Það er nú orðið algengt á hæstv. Alþ. að maður fær fundarboð það seint að maður er oftast nær búinn að ráðstafa sér eitthvað annað og á þá erfitt með að koma á nefndarfundi eins og ber þó skylda til. En ég vil geta þess að við umræðu um þessi mál við þau flugfélög, sem staðsett eru hér á Reykjavíkursvæðinu, hefur komið í ljós að þessi breyting, ef samþ. verður, getur ráðið baggamun um það hvort félögin hér á Reykjavíkursvæðinu skila hagnaði eða halda áfram að vera rekin eins þau hafa hingað til verið, reksturinn stæði í járnum. Ég vil benda þar sérstaklega á að forráðamenn flugfélagsins Vængja hafa tjáð mér að þessi breyting, sem nú er gerð á, þessi verðjöfnun, hún bókstaflega hafi þær afleiðingar að rekstur félagsins breytist frá því að standa undir sér í taprekstur.

Ég vil líka benda á það sem fram kemur í nál., að þar er sagt að til fundar við nefndina hafi komið Indriði Pálsson forstjóri, en ég hefði alltaf gaman af því ef form. hefði látið koma í ljós álit hans, sem hann var ekki spurður beint um á nefndarfundinum, hvernig hann áliti að þetta kæmi út fyrir flugfélögin. Hann svaraði aðeins spurningum á fundinum. En í samtali, sem ég hef átt við hann síðan, sagði hann orðrétt, að hér væri á ferðinni sami draugurinn og oft hefði áður skotið upp kollinum þegar lækka þarf verð á einhverju. Ráðið er ávallt það sama, bara verðjafna með frekari álögum á einstaklinga eða fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu. — Það er það sem er verið að gera hér og ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum og greiði atkv. gegn þessari fram komnu breyt. á l. um verðjöfnun á bensíni og olíu. Ég held að þjóðin sé orðin löngu þreytt á því að ef það þarf að gera einhverjar ráðstafanir að þá er ekkert til annað en að hækka, annaðhvort skatta, vöruverð eða álögur almennt. Ég tel miklu heppilegra að láta gera

úttekt á því hverjar eru tekjur af bensíni almennt — hvort sem það er til utanlandsflugs eða innanlandsflugs eða bifreiðabensíntekjur hér innanlands, og þrátt fyrir allar hækkanir, sem við erum búnir að tala um, og þjóðin öll hefur talað um, af araba hálfu, þá er þó ekki verðið frá þeim nema kannske 1/4 eða 1/3 verðs þess hingað komins með öllum tilkostnaði, af því sem það kostar út úr dreifingarkerfinu hér á landi. Ég legg því til að þessi brtt. verði felld og bensínið bókstaflega lækkað úti á landi, en ekki hækkað í Reykjavík.

Ég held ég hafi ekki meiru við þetta að bæta öðru en því, að þar fyrir utan bentu eigendur og framkvæmdastjóri flugfélagsins Vængja hf. á að þeir hefðu ekki neinn ríkisstyrk. Aftur á móti væru félögin úti á landi annaðhvort styrkt beint af ríkinu eða þau fengju óbeint styrk í gegnum póstflutningagreiðslur, en það hefur flugfélagið Vængir ekki fengið eftir þeim upplýsingum sem mér bárust.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður leggst gegn þessu frv. og leggur nú m. a. til í orðum sínum að flugvélabensín verði lækkað úti á landi. En honum láðist að geta þess hvar ætti að taka fjármagn til þess að lækka það flugvélabensín um u. þ. b. 20% víða á útsölustöðum.

Gildandi lög frá 1953 marka stefnuna, þá stefnu að jafna þessar nauðsynjar, bensín og olíur, um land allt. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé rétt stefna. Ef hv. þm. vill vera sjálfum sér samkvæmur hlýtur hann að leggja til að þessi lög frá 1953 verði numin úr gildi og verðjöfnun gildi ekki um þessar nauðsynjar um landið. Ég held að það mundi vekja verulega athygli að leggja slíkt til og verðugt umræðuefni hvort það eigi að vera okkar stefna að flytja svo að segja allar okkar nauðsynjar inn í gegnum Reykjavíkurhöfn með að *sjálfsögðu ákaflega miklum viðskiptum* og tekjum fyrir þá aðila sem hér starfa, en láta þá, sem eru á landsbyggðinni, fyrst og fremst bera aukna greiðslubyrði. Ég held að slík stefnumörkun gæti eingöngu leitt til þess að sá flótti, sem árum saman hefur verið viðloðandi á landsbyggðinni, til þessa landshluta, ykist og ég er sannfærður um að það yrði ekki íbúum þessa landshluta til góðs. Ég held að hv. þm. þurfi að fara að gera sér grein fyrir því. Hann er ekki einn í þessu landi, mun ekki byggja þetta land einn og honum mun ekki verða vænlegt að búa í þessu landi ef við byggjum það ekki allt og leggjum á slíkt ríka áherslu.

Ég er þeirrar skoðunar að frá því að lögin voru sett 1953 hafi orðið sú breyting að flugvélabensín er í dag orðin almenn neysluvara um land allt, að risið hafa upp lítil flugfélög víða um landið sem vinna *ómetanleg þjónustustörf í erfiðum* samgöngum og hafa í mörgum tilfellum bjargað mannslífum. Ég held að það sé okkur öllum til sóma að reyna að stuðla að því að rekstur þessara flugfélaga verði sambærilegur þeim rekstri sem á sér stað frá Reykjavík og í mörgum tilfellum getur alls ekki sinnt þessum nauðsynlegu verkefnum.

Ég vil vekja athygli á því að flugfélagið Vængir er með tvær skrúfuþotur sem nota flugsteinolíu *og einmitt er gengið nokkuð til móts við það með* því að undanþiggja flugsteinolíu þessari verðjöfnun. Flugfélag Íslands er eingöngu með slíka flugsteinolíu og það kemur því ekki við rekstur þess félags nema þessi félög óttist að samkeppnin frá hinum smáu félögum utan af landi verði þeim ofviða, en því trúi ég ekki að óreyndu.

Ég vil jafnframt enn vekja athygli á því að í gildandi lögum er eingöngu heimiluð undantekning með tilliti til flugbensíns. Í raun og veru á að verðjafna flugsteinolíu. Það er í raun og veru brot á gildandi lögum að verðjafna ekki flugsteinolíu. Þegar af þessari ástæðu er nauðsynlegt að taka lögin til endurskoðunar. Flugsteinolía var ekki notuð 1953 þegar lögin voru sett. Þá voru ekki þeir hreyflar í notkun sem það eldsneyti nota í dag þannig að þarna er alveg ljóst að þegar er breyting nauðsynleg og mér sýnist þá eðlilegra, miðað við aðstæður í dag, að láta verðjöfnun ná til flugvélabensíns en undanþiggja enn flugsteinolíu.

Ég stend fyrst og fremst upp til að mótmæla harðlega því sem kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 12. þm. Reykv., og vara við þeim hugsunarhætti sem virðist liggja að baki hans orðum, að við eigum að hverfa frá þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið með þessum lögum og fleiru, að verðjafna kostnað margs konar nauðsynja sem í dag eru fluttar inn um Reykjavíkurhöfn.

Albert Guðmundsson: Forseti. Ég er nú ekki undir það búinn að gera till. um að fella lögin frá 1953 niður, en það gæti vel komið að því. Sem almennum borgara áður en ég kom á Alþ. fannst mér mest þörf á því að á Alþ. kæmu menn sem endurskoðuðu hvaða lög og hvaða skatta og hvaða gjöld á fólkið og þjóðina ætti að leggja niður og vefja svolitið ofan af því mikla kerfi sem þm. allra tíma hefur tekist að koma á með því að telja það skyldu sína fyrst og fremst að setja kvaðir á þjóðina á allan hátt. Það getur vel verið að það sé komið að því og ég reikna með því að hv. 2. þm. Vestf. yrði þá sammála mér og hjálpaði til í þeim hreinsunaraðgerðum, en ég ætla ekki að gera það núna.

Ég sagði áðan að það væri kominn tími til þess að lækka frekar þau opinberu gjöld sem renna til ríkisins í þeim tollum og sköttum sem lagðir eru á vörur sem flytjast til landsins og þ. á m. flugvélabensín og bensín almennt, þannig að það þyrfti ekki að vera að hækka á íbúum Reykjavíkursvæðisins eða þéttbýliskjarnans hérna í hvert skipti sem talin er þörf á því að gera eitthvað sérstakt átak fyrir fólk úti á landi. Ég er ekki þar með að segja að fólk annars staðar í landinu eigi að borga meira en greitt er fyrir vöru og þjónustu í Reykjavík, en það er hægt að jafna það öðruvísi en að bæta alltaf á. Það hlýtur að vera hægt að taka af líka og þar á ég við ríkisbáknið sjálft sem er orðið allt of kostnaðarsamt og allir tala um, bæði hér innan veggja og utan.

En hvað varðar það að flytja nauðsynjavörur í gegnum Reykjavíkurhöfn, — Reykjavíkurhöfn er í augum margra, sem ekki þekkja til, eitthvert stórgróðafyrirtæki. Ég ætla að upplýsa hv. 2. þm. Vestf. að á næst síðasta fundi hafnar-

stjórnar í Reykjavík, sem ég á sæti í, kom upp úr kafinu að áður en síðustu launahækkanir komu inn í reikninga hafnarinnar var 18 millj. rekstrarhagnaður, 18 millj. af mörg þús. millj. kr. fjárfestingu. Þessar 18 millj. nægja alls ekki til þess að standa undir þeim verðhækkunum sem síðast voru settar á, hvað þá væntanlegum hækkunum sem koma kannske til viðbótar núna 1. júní, svo að Reykjavíkurhöfn er ekkert gróðafyrirtæki.

Ég get sagt það sem borgarfulltrúi Reykvíkinga að það er í mörgum tilfellum sem þeir væru guðs lifandi fegnir að losna við ýmislegt sem Reykjavík verður að taka á sig sem höfuðborgarskyldur, kostnaðarsamar fyrir reykvíkinga, en ekki sem borgarbúa í höfuðborg. Allir eru orðnir löngu þreyttir á því að Reykjavík sé alltaf að gera eitthvað gegn íbúum annarra staða. Ég reikna með að sá hugsunarháttur, sem hér speglast hjá mér, hann speglist ekki bara hjá mér einum heldur almennt í borgarbúum.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki í þessum fáu orðum að fara að tala almennt um skattamál og tekjur ríkisins. Það er alls ekki á dagskrá hér og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það.

Ég harma það að hv. þm. Albert Guðmundsson var ekki viðstaddur á nefndarfundi. Ég veit ekki til þess að hann hafi verið boðaður með sérstaklega stuttum fyrirvara og fundurinn var haldinn á föstum fundartíma nefndarinnar. En hann sagði áðan að forstjóri Olíufélagsins Skeljungs hafi látið í ljós að hann væri mjög mótfallinn þessari verðjöfnun. Mér kemur þetta mjög á óvart þar sem hann tjáði mér að honum fyndist þetta eðlileg ráðstöfun, eðlilegt að verðjafna flugvélabensín á sama hátt og aðrar olíuvörur. Þess vegna kemur það mér á óvart að hann hafi látið þessi orð falla.

Hér er ekki um það að ræða að hækka gjöld á íbúum þéttbýlis við Faxaflóa. Íbúar hér við Faxaflóa nota ekki mikið flugvélar út á land vegna þess að héðan hafa menn litla þjónustu að sækja út á land. Það, sem hér er fyrst og fremst um að ræða, er að verðjafna á milli þess fólks sem þarf sem mest að ferðast hér á landi. Og það fólk, sem nýtur þessarar verðjöfnunar sérstaklega, er það fólk sem býr á afskekktustu stöðum landsins, fólk sem hefur ekki beinar samgöngur við aðalþjónustumiðstöð landsins, Reykjavík. Þess vegna finnst mér að það sé óþarfi í þessum umr. að vera að vekja upp þann gamla draug: Reykjavík á móti landsbyggðinni — það er alls ekki hér í þessu máli verið að ganga á hlut þeirra sem búa hér, það er fyrst og fremst verið að verðjafna milli þess fólks sem þarf sem mest að nota flug og það eru íbúar landsbyggðarinnar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður. En ég vildi ekki sitja þegjandi undir þeim. Ég vildi láta það koma skýrt og ákveðið fram að ég er eindregið fylgjandi þessu frv.

Ég tel að hér sé um sjálfsagt réttlætismál að ræða og það sé í fyllsta samræmi við hugmyndir þeirra manna sem telja að það þurfi að koma á auknum jöfnuði í margs konar sambandi milli strjálbýlisins og þéttbýlisins hér á höfuðborgarsvæðinu. Það hafa verið færð rök að því hér, hve mikla þýðingu þetta sérstaka mál hefur varðandi flugrekstur úti á landi og skal ég ekki neinu við það bæta. Ég vildi aðeins leggja áherslu á, að þetta frv. er í þeim anda sem hefur verið unnið að á undanförnum árum, ef maður segir ekki áratugum þó að með misjöfnum árangri hafi verið, til að jafna aðstöðuna í landinu og þannig að reyna að sporna við fólksflótta úr ýmsum byggðarlögum landsins sem hafa átt í vök að verjast. Þessi stefna hefur margoft verið yfirlýst af Alþ. og ég skal ekki fara að rifja það upp hér. En ég vil aðeins minna á það að fyrir nokkrum þingum var samþykkt þál. um skipun mþn. til þess að vinna að jöfnun á flutningskostnaði í landinu. Þessi till. var þannig til komin að annars vegar var lögð fram þáltill. af nokkrum sjálfstæðismönnum um þetta efni og hins vegar af nokkrum framsóknarmönnum, og það varð samkomulag um að afgreiða þetta mál í því formi sem þessi þáltill. var samþ. Mér er ekki kunnugt um, ég minnist ekki þess, að það hafi í raun og veru verið nein mótstaða gegn þessari stefnumótun sem fólst í þessari þál. sem samþ. var. Ég minnist ekki þess að neinn flokkur hér á hv. Alþ. hafi barist á móti þessari stefnu. Og þetta er sú stefna sem Sjálfstfl. hefur lagt mikla áherslu á. Það er þess vegna sem núv. ríkisstj. hefur það að einu af meginviðfangsefnum sínum að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Ég vildi aðeins minna á þetta til þess að leggja áherslu á afstöðu mína til þessa máls sem mér finnst sjálfsagt og ég er fylgjandi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Ég vil þá byrja á því að svara hv. 3. þm. Vestf., að þótt framsóknarmenn og sjálfstæðismenn hafi staðið að því að baka einhverjar kökur fyrir nokkrum árum, þá er ekki víst að allir vilji kyngja þeim í dag. Það getur verið að það hafi enginn lystarlaus maður verið í flokkunum á þeim tíma, en ég er ekki reiðubúinn að það sé allt gott sem kemur frá þeirri sambúð og ekki var þetta nú gott. Það getur vel verið rétt að það hafi verið unnið áratugum saman án athugasemda að því að koma á jafnri aðstöðu milli byggðarlaga. En það er nú eins og bæði með negrana, þegar þeir byrjuðu að heimta sitt jafnrétti, og jafnvel má segja í sumum tilfellum kvenfólkið líka nú á þessu ári, að það þarf að fá heldur meira en jafnrétti til þess að það sé ánægt og geti kallast jafnrétti.

Ég vil ekki taka það án athugasemda að hér sé ekki um að ræða að hækka gjöld á íbúa við Faxaflóa ef þessi bensínjöfnun fer fram á þann hátt sem nú er lagt til. Ég held að það séu miklu fleiri sem ferðast út á land frá Reykjavík, reykvíkingar — ekki síður en þeir sem annaðhvort eru að snúa heim til sín eða heimsækja ættingja — sem fara frá Reykjavík út á land og koma þá til baka kannske með öðrum litlum flugfélögum. Og ég vil ekki gera þarna upp á milli þessara flugfélaga, hvort gegni meira hlutverki, lítið flugfélag staðsett úti á landi eða lítið

flugfélag staðsett hér í bænum. Ég held þau gegni öll mikilvægu hlutverki. Og ég ætla að biðja hv. þm. Halldór Ásgrímsson, 5. þm. Austurl., að greina þar ekki á milli, ég held þau vinni öll gott og þarft verk. En til viðbótar almennum ferðalögum, sem hann minntist á, og þjónustuferðunum milli landshluta án þess að koma við í Reykjavík, — það er ekki nauðsynlegt, — þá eru flestallir, það eru 90% af íþróttahópum sem skipta þúsundum manns á hverju ári og ferðast með flugfélögunum sem eru staðsett hérna. Og það kom líka fram í framsöguræðu hv. þm. að um ⅝ eða meira af því bensíni, sem notað er, er notað hér í Reykjavík. Það segir sig þá sjálft, það hlýtur þá að koma talsvert á Reykjavík þótt ekki sé nema ⅛ sem jafnast niður í verði. Það er nóg til þess að það er hátt á aðra milljón samkv. upplýsingum frá Vængjum, og það skiptir sköpum fyrir félagið hvort það tapar eða hvort það ber sig. Upphæðin er ekki stór, við höfum ekkert talað þarna um stórar upphæðir, það er bara spursmál um það hvort til viðbótar, hvort eitt fyrirtæki til viðbótar með frjálsan rekstur á að þurfa að fara á framfæri ríkisins eða ekki. Þetta er ósköp einfalt. Og þetta kemur fram í bréfi sem ég veit ekki hvort form. fjh.- og viðskn. hefur fengið.

En það, sem kom mér eiginlega til að standa upp aftur, er að fundir í fjh.- og viðskn. hafa verið svo margir á óreglulegum tíma að ég fyrir mína parta hef ekki hugmynd um hvað er reglulegur fundartími og hvað er ekki reglulegur fundartími. Það hefur mér ekki verið sagt. En það er kannske minn klaufaskapur að hafa ekki leitað eftir því. Ef þessi fundur hefur af hreinni tilviljun verið á þeim eina rétta fundartíma, þá biðst ég afsökunar. En ég vil þá fá stundatöfluna þannig að hér eftir geti ég gengið að fundum þegar þeir eiga að vera úr því þeir eiga að vera svona reglulegir. Það fer þá ekkert á milli mála, því að ég er stundvís maður og stunda þá fundi sem ég þarf að stunda samkvæmt skyldu.

Ég vil að það komi hér aftur fram — og tel ég mig þó ekki þurfa að ítreka það sem ég hafði eftir forstjóra Skeljungs hf. — en ég minnist þess ekki að hann hafi talið það sjálfsagt að verðjafna bensín eins og aðrar vörur. (Gripið fram í.) Það eru aðallega aðrar vörur. Við skulum þá taka sem það eigi að vera aðrar olíuvörur. Ég held, að þeir sem þekkja þann mann, viti að hann er afskaplega mikill sjálfstæðismaður og er á móti þessu kerfi sem við erum að tala um að setja hér á. Ég á erfitt með að leggja honum þessi orð í munn. Það vil ég ekki. Hitt vil ég undirstrika, að það er villandi, eins og það kemur hér fram í nál., þegar bara er sagt frá því að hann hafi komið á fundinn. En ég sagði frá því sem hann vildi við mig segja sem nefndarmann, að hann taldi að þetta væri enn ein aðförin að Reykjavíkurbúum.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég ætla ekki að reyna að taka neinn þátt í því að skilgreina hvað það er að vera mikill sjálfstæðismaður, en vissulega gæti það verið verðugt efni til íhugunar. Það, sem ég vildi segja, er fyrst og fremst að ég er mjög fylgjandi þeirri till. sem hér er til umr., og ég er fylgjandi henni af þeirri einföldu ástæðu að ég tel það höfuðmál okkar allra að við jöfnum svo sem verða má lífskjörin í þessu landi án tillits til þess hvar þegnarnir eru staðsettir í landinu. Ég ætla ekki heldur að fara að ræða það hér sérstaklega hvort upp sé komin eða að koma upp hörð togstreita milli landsbyggðarinnar annars vegar og Reykjavíkursvæðisins hins vegar. Vissulega er illt ef svo er því að þótt margt sé talað um þéttbýlið hér við Faxaflóa og oft sé talað um það annars vegar og landsbyggðina hins vegar, þá er hvort tveggja vissulega á sama landinu og hóparnir sem bæði svæðin byggja, þéttbýlið og dreifbýlið, eru vissulega sama þjóð og hafa í flestum hlutum sameiginlegra hagsmuna að gæta. Þess vegna finnst mér mjög nauðsynlegt að þeir, sem við betri skilyrði búa fjárhagslega, viðskiptalega, menningarlega o. s. frv., séu opnir fyrir því að þeir, sem lakara eru staddir á þessum sviðum að einhverju leyti, fái sinn hlut réttan eftir því sem aðstæður og tækifæri frekast leyfa.

Hér hafa sérstaklega verið til umr. ferðir manna um landið og það hverjir ferðast með þeim flugfélögum sem nota hið svokallaða flugvélabensín. Ég er ekki fróður maður um brennsluefnisnot hinna ýmsu flugvélategunda. En eftir þeirri hugmynd sem ég fæ um þetta eru það flugfélögin sem nota hinar smærri flugvélar sem fyrst og fremst nota umtalað flugvélabensín sem gert er ráð fyrir að verðjafna. Og ég vil alveg fullyrða að einmitt farþegaflutningur með þessum flugvélum er fyrst og fremst flutningur þess fólks sem á einhvern hátt þarf að gegna þjónustustörfum fyrir landsbyggðina annaðhvort með því að fara héðan frá Reykjavík út um land eða koma utan af landi hingað til Reykjavíkur. Og mér finnst ekki úr vegi að nefna það hér, sem ég tel vissulega verulegt jafnréttis- og fjárhagsatriði, að það má heita svo að öll sú þjónusta, sem menn utan af landi þurfa að sækja hingað til Reykjavíkur, þarf að greiðast þaðan. Ef menn fara héðan til þess að sinna einhverjum verkefnum út um land er þeirra fargjald greitt og venjulega af þeim sem búa úti á landi. Hins vegar verður landsbyggðin vegna erindisrekstrar hér í Reykjavík að greiða stórar fjárfúlgur í ferðakostnað og stórar fjárfúlgur í dvalarkostnað hér sem vissulega kemur Reykjavík beint og óbeint til góða.

Það mætti tala langt mál um þessa hluti, en það er ekki tími eða aðstæður til að dvelja lengi við þessi mál að sinni. Hér var minnst á flutningskostnað. Vissulega er flutningskostnaðurinn í athugun og hlýtur að verða svo sífellt meðan ekki fæst meira jafnrétti í þeim málum en nú er. Það er einkennandi fyrir ástand þessara mála nú að ef kartöflufram leiðandi norður í Eyjafirði selur kartöflur sínar burt úr firðinum leggst sannanlegur kostnaður við flutning á kartöflunum til allra staða nema Reykjavíkur. Ef pokinn er fluttur frá Akureyri til Akraness fær framleiðandinn greiddan flutningskostnað, og kartöflurnar eru seldar með sannanlega viðbættum flutningskostnaði. En ef pokinn fer alla leið til Reykjavíkur má ekki leggja þennan flutningskostnað við. Þá eru kartöflurnar seldar á sama

verði og norður í Eyjafirði. Ef ölgerð norður á Akureyri sendir ölkassa burt úr bænum, t. d. til Húsavíkur, er vitanlega greitt fullt flutningsgjald og verðið hækkað sem því nemur. Ef kassinn fer suður á Akranes er verðið líka hækkað sem nemur farmgjaldi eða flutningsgjaldi til þess staðar. En komi kassinn alla leið hingað til Reykjavíkur, þá skal hann seldur á sama verði og norður á Akureyri.

Það er þýðingarlaust að neita því að höfuðborgin nýtur vissulega markaðsstærðar sinnar og ýmiss konar aðstöðu sem hún hefur fram yfir hinar dreifðu byggðir, beinnar fjármunalegrar aðstöðu. Við eigum ekki að neita þessu og við eigum í sjálfu sér ekki að sjá neinum ofsjónum yfir þessu. En við eigum vitanlega að gera kröfur til að aðstaðan til þess að lifa í landinu sé jöfnuð svo sem frekast má verða, bæði fjármunalega, atvinnulega og menningarlega.

ATKVGR.

Brtt. 558 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Framsal sakamanna, frv. (þskj. 406). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er um breyt. á l. nr. 7 frá 1962. Þar er um að ræða samnorræn lög að stofni til sem byggð eru á samningi á milli Norðurlandanna. Að fenginni reynslu og að undangengnum viðræðum milli þessara landa hefur orðið samkomulag um að gera þyrfti á þeim nokkrar breyt. sem miða að því að gera þau einfaldari í framkvæmd. Það eru þær breyt., sem samkomulag hefur orðið um, sem hér er lagt til að lögfestar séu.

Þetta frv. hefur gengið í gegnum hv. Nd. og verið samþ. þar og ég sé ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum, enda er gerð frekari grein fyrir því í aths. En ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn. og er von mín að hægt verði að afgreiða þetta mál á næstunni.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Byggingarefnaverksmiðja ríkisins, frv. (þskj. 456). — 1. umr.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki flytja langa framsöguræðu með þessu frv. sem við hv. þm. Helgi F. Seljan flytjum hér í sameiningu. Í meginatriðum skýrir frv. sig sjálft ásamt grg., en aðalatriði þessa frv. og megintilgang þess ber að túlka í stuttu máli á þá lund að nýta beri innlenda raforku til þess að framleiða ýmiss konar byggingarvörur, sem við flytjum nú inn fyrir hundruð milljóna kr. á ári, og spara þannig erlendan gjaldeyri samtímis því sem við gerum samfélag okkar óháðara erlendum verslunarviðskiptum og nýtum vinnuafl og tæknikunnáttu landsmanna í þágu innlendrar uppbyggingar og miðum við það grundvallarsjónarmið að dreifa fyrirtækjum okkar þannig um landið, að ný fyrirtæki, nýjar verksmiðjur sem reistar verði, megi efla byggð utan Faxaflóasvæðisins.

Svo skammt er liðið síðan fram fóru hér á Alþ. býsna ítarlegar umr. um fyrirhugaða verksmiðju sem íslenska ríkinu er ætlað að eiga og reka í félagi við útlendan auðhring til nýtingar á innlendri orku að tæpast er þörf á því að rifja upp nema að óverulegu leyti ýmsar upplýsingar sem þá komu fram um orkufrekan iðnað hérlendis og þörf á slíkum iðnaði í sambandi við rafvæðingu landsins. Ég ætla mér alls ekki að stuðla að því á nokkurn hátt að farið verði nú að jórtra á því máli, sem Alþ. hefur þegar kynnt, en tel að ekki verði hjá því komist að drepa á nokkur atriði í sambandi við frv. þetta til l. um Byggingarefnaverksmiðju ríkisins.

1) Fyrirhuguð málmblendiverksmiðja, kísiljárnverksmiðja í Hvalfirði, á að vinna úr innfluttu hráefni varning sem eingöngu er ætlaður til útflutnings. Af hálfu orkumálastjórnar er tiltölulega mjög lágt raforkuverð, sem þessari verksmiðju er ætlað að njóta, réttlætt með því að vegna dýrra farmgjalda sem leggist bæði á hráefnisverð til þessarar verksmiðju og síðan á framleiðsluverð hennar yrði að bæta fyrirtækinu upp erfiða aðstöðu með lágu orkuverði.

2) Lýst hefur verið yfir því að önnur innlend fyrirtæki skuli fá raforku á sama verði og málmblendiverksmiðjan ef þeir kaupa orkuna upp á sams konar eða álíka býti, þ. e. a. s. forgangsorku í 8 þús. klst. á ári.

3) Það hefur einnig verið staðhæft af hálfu forsvarsmanna hugmyndarinnar um járnsíliverksmiðjuna að innlend fyrirtæki sem stofnuð yrðu um orkufrekan iðnað skyldu njóta sams konar fríðinda um tolla og skatta og hin fyrirhugaða málmblendiverksmiðja.

Að gefnum þessum forsendum má ætla að óvíða í heiminum muni fást ódýrari orka til byggingarefnaframleiðslu þeirrar, sem um getur í frv., en hér á landi og torfundið muni það land sem ætli fyrirtækjum sem þessu betri aðbúð hvað skatta og tolla áhrærir.

Í tíð vinstri stjórnarinnar skipaði þáv. iðnrh. sérstaka n. til þess að rannsaka möguleika á framleiðslu byggingarefna úr íslenskum gos- og steinefnum. Þessi n. hefur þegar skilað merkilegum niðurstöðum af rannsóknum sínum og benda þær til þess að hægt sé að hefja nú þegar með tiltölulega litlum aðdraganda framleiðslu á ágætu byggingarefni úr þessum ódýru hráefnum hér á landi og það á verði sem gera mundi útflutning mjög svo arðbæran. Þessar tilraunir voru kostaðar af íslenska ríkinu og eru niðurstöður þeirra eign ríkisins. Í frv. er svo ráð fyrir gert að framleiðsla Byggingarefnaverksmiðju ríkisins yrði fyrst og fremst miðuð við innlendan markað, en að mati flm. mælir ekkert gegn því að höfð verði hliðsjón af þeim möguleika að hefja útflutning á þeim greinum framleiðslunnar sem til slíks henta. Samtímis því sem verksmiðjan

framleiðir byggingarefni liggur í augum uppi að eðlilegt hlýtur að teljast að fyrirtækið standi straum af tilraunum með ýmis innlend efni til húsbyggingar í samráði og samvinnu við aðra innlenda aðila sem að slíkum tilraunum hafa staðið til þessa.

Þá komum við að því atriði í 1. gr. frv. sem að eignarhaldi á þessari verksmiðju lýtur. Að dómi flm. er hér um að ræða svo umfangsmikið fyrirtæki að ekki kemur annað til greina en að hún verði í eigu ríkisins. Hvorugur flm. er svo kappsamur þjóðnýtingarmaður að okkur sé ríkisrekstur heilagt mál ríkisrekstrarins vegna ef svo má segja. Við erum félagshyggjumenn og stefnum að vísu að umbreytingu á þjóðfélaginu í réttlátara form, m. a. með *sameignarformi*, en við ætlum Byggingarefnaverksmiðju ríkisins að taka til starfa áður en hér verði komið á sósíalistiskt samfélag. Við ætlum þessari verksmiðju að gegna félagslegu hlutverki í því blandaða samfélagi einkarekstrar og félagsrekstrar sem hér hefur þróast. Við ætlum Byggingarefnaverksmiðju ríkisins ekki það hlutverk öðru fremur að skila hámarksarði af kapítali eins og verða myndi ef slíkt félag starfaði í einkaeign. Hlutverk þessarar verksmiðju á að vera að framleiða gott, ódýrt byggingarefni úr innlendum hráefnum og jafnframt að stuðla að því að gera innlenda húsasmíði ódýrari og á annan hátt heppilegri en verið hefur. Íslenska ríkinu er ætlað að leggja verksmiðjunni til þá eign sína sem fyrir er í niðurstöðum af rannsóknum á íslenskum byggingarefnum og að leggja henni til höfuðstól og rekstrarfé í byrjun. Af þessum ástæðum einum saman, þótt fleiri mætti til greina, teljum við sjálfsagt að verksmiðjan verði sameign landsmanna.

Ég sagði að flm. aðhylltust ekki ríkisrekstur ríkisrekstrarins vegna. Við ætlum okkur ekki heldur þá dul að rökræða eignarhald verksmiðjunnar við þá hv. þm. sem aðhyllast einkarekstur einkarekstrarins vegna, í hæsta lagi, ef ástæða þykir til, að setja ofan í við þá.

Ég vitnaði í tilraunir sem gerðar hafa verið á vegum gosefnanefndar og leyfi mér að vitna hér með í upplýsingar frá Herði Jónssyni verkfræðingi hjá Iðnþróunarstofnuninni sem hefur veitt þessum tilraunum forstöðu:

„Þá er fyrst að því að víkja að innflutningur á plasti til einangrunar hefur verið um 500 tonn á ári með síhækkandi verði. Innflutt steinull hefur verið ódýrari en einangrun úr plasti, enda þótt sú steinull sé framleidd með mun dýrari orku en þeirri sem hér yrði fáanleg. Gosullin, sem framleidd yrði hér á landi, eða steinullin yrði framleidd til sölu í mottum, plötum og lausri vigt. Tvær stórar biksteinsnámur eru hér á landi, en úr biksteini má framleiða perlustein. Önnur náman er í Loðmundarfirði eystra, er sú náma miklu minna rannsökuð og þykir liggja verr við vinnslu sökum hafnleysis og vegleysu. Þó er víst að þar má taka hráefni til mikillar framleiðslu. Hin náman, sem meira hefur verið rannsökuð, er í Prestahnjúk og er ljóst að þar eru a. m. k. 30 millj. lesta af mjög góðu hráefni, ef til vill miklu meira. Þaðan er 50 km vegalengd til sjávar við Hvalfjörð og er áætlað að vegagerð mundi kosta um 200 millj. kr. frá Prestahnjúk til sjávar.

Þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að útvega vélar sem settar verða upp í Sementsverksmiðju ríkisins til tilraunaframleiðslu á þöndum perlusteini og hefst sú framleiðsla væntanlega í sumar. Til greina kemur að framleiða perlustein til einangrunar í lausri vigt og einnig að framleiða úr honum létta, staðlaða milliveggi og loks þilplötur með gifs sem bindiefni. Þá má geta þess að bandarískjamenn framleiða perlustein nú í allstórum stíl til hreinsunar og er hann þá notaður á sama hátt og kísilgúr. Enn er að geta þess að rússar framleiða úr biksteini gler sem hleypir í gegnum sig útfjólublám geislum, en þess háttar gler telst hafa mjög mikla þýðingu, m. a. til nota í gróðurhúsum.

Gosefnanefnd hefur fyrirliggjandi kostnaðar- og framleiðsluáætlanir að mestu leyti varðandi framleiðslu þá sem getið er um í þessu frv., að glerframleiðslunni slepptri. Geta má þess að fyrir liggur tilboð í vélbúnað meðalstórrar steinullarverksmiðju sem miðuð er við 14 þús. lesta framleiðslu á ári, sem samsvarar tvöfaldri ársnotkun okkar eins og hún er núna, en líkur benda til þess að hægt sé að stórauka notkun á steinull til einangrunar hér á landi. Nemur kostnaðarverð slíkrar verksmiðju um 500 millj. kr. Þar er miðað við framleiðslu á steinullarmottum og plötum. Geta má þess að erlendis eru framleiddar úr trefjasteypu svonefndri vegg- og þakplötur sem allar líkur benda til að reynast mundu miklu betur í okkar loftslagi heldur en járn- og álplötur sem vissulega hafa sýnt þráláta áráttu til tæringar á þessu fremur úrfellissama landi. Rússar eru þegar byrjaðir að nota steinullartrefjar til bindings í svona plötur. Svo að við víkjum að 2. gr. frv., þá benda líkur til þess að 1500 millj. fjárframlagið, sem þar er reiknað með, mundi nægja til að koma upp þeim deildum verksmiðjunnar sem framleiða mundu steinullarvörur, perlusteinsplötur og trefjaplötur.

Þá er að víkja að glerframleiðslunni lítils háttar. Svo sem þjóð veit var einkaframtakið styrkt til þess af almannafé á sínum tíma að koma upp glerverksmiðju í Reykjavík. Árangurinn varð í senn hörmulegur og dálítið skoplegur. Ég efast ekki um að ríkið hafi bolmagn til að reka glerverksmiðju með góðum árangri og á sú framleiðsla að verða hluti af starfsemi Byggingarefnaverksmiðju ríkisins. Það liggur í augum uppi að þörf okkar fyrir rúðugler hlýtur að aukast mikið á komandi árum í sambandi við sjálfsagða framkvæmdaáætlun á ylrækt í stórum stíl og er mikils um vert að við búum að okkar eigin í því efni ef hægt er.

Þá vík ég að 3. og 4. gr. frv., þar sem segir að Byggingarefnaverksmiðja ríkisins skuli reist á Akureyri, jafnframt því sem gert er ráð fyrir því að verksmiðjan geti rekið útibú í þeim landshlutum þar sem slíkt þykir henta vegna hráefnisöflunar og markaða. Ég hef þegar heyrt frá ýmsum mætum mönnum í kunningjahópi mínum mótbárur á þá lund að þessa verksmiðju eigi að reisa í þéttbýlinu við Faxaflóa þar sem mestur sé markaðurinn fyrir framleiðslu vörunnar. Þeim rökum mótmæli ég af hjartans

grunni. Eins og ég sagði fyrr er Byggingarefnaverksmiðju ríkisins ekki fyrst og fremst ætlað að stefna að hámarksgróða af kapítali, heldur öllu fremur og jafnframt á hún að gegna félagslegu hlutverki. Það er eðlilegt að velja fyrirtækinu stað á Norðurlandi, í bæjarfélagi sem hefur allmikið vinnuafl að bjóða og þar sem iðnaðarframleiðsla stendur, að öðrum stöðum ólöstuðum, á hærra stigi en í velflestum öðrum byggðum landsins. Á Akureyri gæti Byggingarefnaverksmiðja ríkisins stuðlað að fullnýtingu á ágætu vinnuafli þar sem jafnan hefur verið hætta á árstíðabundnu atvinnuleysi fram undir síðustu ár. Hugsunarhátturinn, sem liggur að baki þeirri ályktun að reisa eigi fyrirtæki eins og Byggingarefnaverksmiðju ríkisins á Faxaflóasvæðinu vegna þess að þar sé mest eftirspurn eftir byggingarefni, er nákvæmlega þess háttar hugsunarháttur sem fæðir af sér byggðavandamál. Sú stefna að reisa framleiðslufyrirtæki utan Faxaflóasvæðisins mun aftur á móti leiða til þess að þörfin fyrir húsbygginga dreifist jafnar milli landshluta. Ég vil vekja athygli á því að s.l. þrjú ár, meðan stefnt var markvisst að atvinnuuppbyggingu úti á landi, jókst þörfin fyrir byggingarnar meira vestur, norður og austur á landi en við Faxaflóa, og það er ætlun mín að ekki muni standa lengi óslitin sú stjórnarstefna sem nú er upp tekin, þar sem miðað er að samdrætti úti á landinu, en hemjulítilli fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum á Faxaflóasvæðinu. Ég vek enn athygli á því að í 4. gr. frv. er ráðgert að Byggingarefnaverksmiðja ríkisins geti rekið útibú í öðrum landshlutum ef hentugt þykir þótt hún verði að stofni til á Akureyri.

5. og 6. gr. frv. þarf tæpast að skýra.

Í 8. gr. er kveðið á um ráðstafanir í átt til lýðræðislegrar stjórnar verksmiðjunnar. Að dómi flm. er ákaflega mikið í húfi, ekki síst í opinberum rekstri, að starfsfólk fái raunverulega aðild að stjórn fyrirtækjanna innan sjálfsagðra takmarka og finni þannig til þess að starfsfólkið fjallar um eigin eign þar sem fyrirtækið er.

9. og 10. gr. frv. skýra sig sjálfar.

Um 11. gr. frv. vil ég fara nokkrum orðum. Hér er gert ráð fyrir því að vistfræðileg könnun fari fram á umhverfi fyrirhugaðrar verksmiðju áður en framkvæmdir hefjast við verksmiðjuna, ekki bara áður en framleiðsla hefst. Að fengnum niðurstöðum þeirra athugana verði kannað að hve miklu leyti hægt sé að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir spjöll af völdum verksmiðjurekstrarins og er niðurstaða þeirrar athugunar liggur fyrir verði síðan vegið og metið af hálfu sérfræðinga, líffræðinga og annarra, hvort réttlætanlegt sé að hefja rekstur af þessu tagi á tilteknum stað.

Í þessari framsöguræðu minni hef ég farið fljótt yfir sögu. Ég ætlast til að málið fái eðlilega umfjöllun í n. þar sem m. a. yrðu til kvaddir sérfræðingar fyrrnefndrar gosefnanefndar að segja álit sitt á frv. Að svo mæltu mælist ég til þess að frv. verði vísað til iðnn.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal nú forðast að blanda títt nefndri járnblendiverksmiðju inn í þetta ágæta mál. Hins vegar virðist hún hvíla mjög þungt á hv. þm. Ég hef ekki heyrt sumt af því fyrr sem nú kom fram um þessi mál.

Í þessu athyglisverða frv. er fyrst og fremst byggt, eins og fram kom, á störfum gosefnanefndar, en mér þótti í framsöguræðunni e. t. v. nokkuð, — ef ég má orða það svo — ruglað saman ýmsum þáttum í störfum þeirrar n. og ætla ég að freista þess að rekja þá dálítið í sundur.

Gosefnanefnd var sett á fót fyrir fáum árum, 4 árum eða svo, til að halda áfram rannsóknum sem lengi hafa verið í gangi á notkun á vikri og einnig perlusteini, en perlusteinn hefur í minni orðabók alltaf verið annað nafn fyrir bikstein sem er rangnefni. Þetta er ekki svartur steinn, biksteinn, heldur gráleitur steinn og var nafnið perlusteinn tekið upp, ef ég man rétt, af Tómasi heitnum Tryggvasyni jarðfræðingi í staðinn fyrir nafnið biksteinn.

Allítarlegar rannsóknir á notkun á perlusteini voru gerðar fyrir nokkrum árum, á árunum frá 1956—57 og fram yfir 1963—64, m. a. á námum þeim sem hv. ræðumaður nefndi í Prestahnjúki og Loðmundarfirði. Það er rétt að ákaflega mikið magn er í Prestahnjúki, en hins vegar hafa þær rannsóknir sem gerðar hafa verið sýnt að þetta magn er mjög breytilegt og sumt af því ekki hæft til þeirrar framleiðslu sem hér er um að ræða.

M. ö. o. starf gosefnanefndar beinist fyrst og fremst að eftirgreindum þáttum: Notkun á vikri í byggingariðnaði. Vikurinn hefur vitanlega lengi verið notaður til léttplötugerðar eða hleðslusteina með misjöfnum árangri, en vikurinn er að því leyti ekki sérstaklega gott hráefni að korn hans eru misjöfn að stærð og eiginleikar ekki jafnir. Í öðru lagi hefur gosefnanefnd skoðað áfram notkun á perlusteini, en perlusteinninn, sem er líparít, má raunar segja að sé steintegund sem ekki hefur náð að þenjast út í náttúrunni eins og vikurinn hefur gert. En með því að mala perlusteininn og hita hann síðan í um það bil 700—800 gráður þenst hann út og myndar litlar kúlur, svipað og vikurinn, en er hins vegar miklu jafnari að öllum eiginleikum, hreinni og af þessum ástæðum töluvert betra hráefni en vikurinn er sem slíkur.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. ræðumanni að perlusteininn þaninn út þannig er notaður í ýmsum tilgangi. Þó hygg ég að hann sé ekki notaður mikið til einangrunar gegn kulda, heldur fremur til einangrunar gegn eldi. Hann hefur miklu meiri eldstyrk en t. d. venjuleg steinsteypa og hefur um áratugi verið notaður í þeim tilgangi í t. d. járngrindabyggingum í Bandaríkjunum og Evrópu, og það var m. a. með útflutning til þessara landa í huga sem rannsóknir voru gerðar hér á sínum tíma. En það má einnig nota perlusteininn til annarrar framleiðslu, eins og t. d. plötugerðar og fleira, sem gosefnanefnd er að gera mjög athyglisverðar tilraunir með. Staðreyndin er þó sú að þessar tilraunir eru alls ekki það langt komnar að að mínu viti sé unnt að ákveða að á þeim grundvelli skuli reist hér verksmiðja. Það getur vel farið svo, en ég held að þessi till. sé dálítið á undan sínum tíma að þessu leyti og niðurstöður eru enn þá mjög óljósar.

Ég get getið þess hér að nýlega hafa verið gerðar tilraunir á þenslu perlusteins í samvinnu við ungverja og einnig í samvinnu við stórt amerískt fyrirtæki og niðurstöður voru mjög misjafnar og að sumra mati ekki nægilega hagstæðar til þess að treysta mætti þessu efni til iðnaðar. Hins vegar er nú ákveðið að gera þessar tilraunir hér heima og fá til þess tæki, eins og um var getið, og mun Sementsverksmiðjan á Akranesi framkvæma þessar tilraunir þannig að vonandi fæst úr því skorið, við skulum segja á næsta ári eða kannske tveimur, þetta tekur allt sinn tíma, hvort perlusteinn frá Prestahnjúki er nothæft hráefni til framleiðslu á byggingarhlutum, og þá er vissuelga tímabært að athuga með byggingarverksmiðju hér í þessum tilgangi.

Þá hefur gosefnanefnd einnig tekið að sér að athuga hvort megi nota basalt hér á landi til ýmiss konar framleiðslu. Basalt er að sjálfsögðu einnig gosefni, en þó nokkuð annað gosefni en þetta létta efni sem við höfum verið að tala um. Basalt hefur verið notað hér í smáum stíl til framleiðslu á einangrun, steinull. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með notkun á íslensku basalti til framleiðslu á rörum og gólfflísum sem hafa ákafelga mikið slitþol, og hafa síðustu tilraunir verið gerðar í samvinnu við tékkneskt fyrirtæki á þessu sviði sem stendur þar mjög framarlega. Niðurstöður tilrauna til framleiðslu á rörum og gólfflísum og þess háttar eru slíkar að menn hafa ekki orðið á einu máli um það hvort rétt sé að leggja í slíka framleiðslu, markaðurinn tiltölulega takmarkaður, tiltölulega mettaður í Evrópu og framleiðslan yrði að byggjast á útflutningi til Bandaríkjanna. Markaður hér heima fyrir vörur af þessu tagi er mjög lítill og væri hvergi nærri nógu mikill til þess að standa undir slíkri röra- og flísaframleiðslu.

Eins og ég nefndi hefur basalt jafnframt verið notað til framleiðslu á steinull í smáum stíl og þar hefur gosefnanefndin að mínu viti gert mjög athyglisverða útreikninga. Mér sýnist að hún hafi jafnvel þegar sýnt fram á að hér á landi megi reka slíka verksmiðju og hún verði hagkvæm. Það er vafalaust og fyrir löngu vitað að einangrun úr basalti, þ. e. a. s. seinullin, er mjög góð og hefur marga kosti umfram ýmsa þá einangrun sem við flytjum til landsins, annaðhvort fullunna eða hálfunna. En í því sambandi telur gosefnanefndin að basaltsandur austan Þjórsár, sem sagt á Suðurlandsundirlendinu, sé mjög heppilegur. Þar er mulið basalt af náttúrunnar hendi sem sparar að sjálfsögðu mikla orku eins og öllum hlýtur að vera ljóst. Slík verksmiðja mundi kosta í kringum 450—500 millj. kr., að vísu á verðlagi sem var einhvern tíma fyrir áramótin, og hún mundi gera meira en að fullnægja okkar þörf. Ég tel ekki ólíklegt að sú verksmiðja gæti flutt framleiðslu sína úr landi.

Hér er sem sagt um ýmsa byggingarvöru að ræða og ég er ekki sannfærður um að þessir þættir eigi allir samleið. Ég tel t. d. að framleiðsla á gosull úr basalti á Suðurlandi eigi varla samleið með framleiðslu úr perlusteini úr Prestahnjúki, sem yrði staðsett á öðrum stað, eða framleiðslu á plötum, sem ég nefndi, úr basalti jafnvel. Við það er allt önnur tækni notuð, þar notast ekki sömu tæki, þar verður að treysta á annan markað o. s. frv. Ég held einnig að það væri skynsamlegt að byggja svona iðnað upp í áföngum smám saman, t. d. byrja á einangrunarframleiðslunni, sem ég held að flestir telji álitlegasta, og síðan að feta sig skref af skrefi og koma upp aukinni framleiðslu úr okkar gosefnum víða um landið eftir því hvar hráefnið er.

Mér sýnist óraunhæft að slík verksmiðja yrði byggð á Akureyri. Ég hef aldrei heyrt að þar væri gott basalt til framleiðslu á steinull. Það er a. m. k. ekki mulið basalt eins og á Suðurlandi. Ég er ekki að hafa á móti Akureyri, langt frá því, en ég held, að í svona tilfellum verðum við að leita að hagkvæmasta staðnum. Ég fagna því ef hann finnst utan Faxaflóasvæðisins og í þessu tilfelli yrði hann það hiklaust. Perlusteinn er heldur hvergi, að því er menn vita, finnanlegur í kringum Akureyri. Hann er hins vegar hér á Suðvesturlandi og á Austfjörðum, en eins og frsm. gat um er náman á Austfjörðum ekki talin eins stór eða góð og sú á Suðvesturlandi. Ég held að það sé alveg ljóst að perlusteinn úr Prestahnjúki verður ekki fluttur til Akureyrar til frekari úrvinnslu, það kæmi vart til mála.

Vikurnámur eru að vísu víða um landið, en þó ekki í kringum Akureyri. Þær eru víða hér á Suðurlandi og víða á Norðvesturlandi, e. t. v. einhvers staðar í nágrenni Húsavíkur mætti hugsa sér slíka verksmiðju með vikur sem þar er til fjalla og e. t. v. mætti fleyta til sjávar á einn eða annan máta. Ég held því að svona iðnaður yrði nokkuð dreifður um landið og yrði, eins og ég sagði, fyrst og fremst að byggjast á því hvar hráefnið er fyrir hendi.

Ég vil taka það fram að lokum að ég tel hér hreyft mjög athyglisverðu máli, — máli sem er í gangi, en er á mismunandi stigum rannsókna en í heild sinni alls ekki komið það langt að unnt sé að ákveða að reisa skuli slíka verksmiðju.

Að lokum vil ég vekja athygli á því að gert er ráð fyrir að framkvæma umhverfisrannsóknir áður en framkvæmdir hefjast. Væri nú ekki rétt að framkvæma þessar rannsóknir áður en þetta frv. er samþykkt? Mig minnir að það hafi verið meira í samræmi við málflutning hv. frsm. í öðru stóru máli.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil láta í ljós þakklæti mitt til flm. þessa frv. fyrir þetta að mörgu leyti athyglisverða frv. Alveg sérstaklega vil ég þakka þeim fyrir þá hugulsemi sem felst í þeirri stefnumörkun sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að væntanleg fyrirtæki, Byggingarefnaverksmiðja ríkisins, verði staðsett á Akureyri. Ég get einnig lýst ánægju minni yfir því að flm. fjallaði í framsöguræðu sinni um mjög margar athyglisverðar hugmyndir um hugsanlegar nýjungar í iðnaðarframleiðslu hér á landi. Margt af því, sem hann sagði, er ákaflega athyglisvert, og þetta er alveg rétt tilgreint hjá honum og öðrum sem hafa talað í svipuðum dúr, að við þurfum einmitt að gefa því miklu meiri gaum að reyna að fara að efla okkar iðnað og umfram allt að skapa meiri fjölbreytni í okkar iðnaði.

Í sambandi við þetta get ég gjarnan lýst þeirri

afstöðu minni að ég er ekkert sérstaklega fylgjandi því að lausnarorðið í þeim efnum sé stóriðja. Ég, jafnkapitaliskt sinnaður maður og ég alla vega er, skal gera þá játningu að einhvern veginn hefur það aldrei fallið vel að mínu hugarfari að það eigi vel við þjóðareðli íslendinga og ég get ekki hugsað mér að það yrði fjölmenn sú stétt okkar þjóðar sem færi til að mynda eins og flugur að verki snemma morguns og hæfi þar starf eða væri þar allan daginn að vinna við að skrúfa skrúfu eða setja saman sama stykkið á færibandi. Ég held að slík vinnubrögð og slík starfsemi, jafnvel þótt hún gæfi eitthvað í aðra hönd, eigi ekki vel við okkar eðlisfar. Þess vegna finnst mér það mjög jákvætt þegar því er hreyft að við eigum einmitt að reyna að snúa okkur að því að framleiða t. d. gæðavörur, þó að það kannske væri ekki í miklum mæli, og þá má taka það með í reikninginn að við erum ekkert fjölmennir þannig að við höfum ekki við þau miklu vandamál að eiga sem eru hjá stórþjóðunum að útvega hundruðum þúsunda og milljónum manna atvinnu. Við gætum þess vegna snúið okkur alvarlega að því að skapa margvíslega framleiðslu á gæðavörum, — vörum sem fengju einhvern sérstakan stimpil. Hvernig svo sem háttað er um sveiflur í efnahagskerfi þjóðanna er það svo að það eru ávallt kaupendur að svokölluðum gæðavörum jafnvel þó að þær séu dýrar. Slíkar vörur eru alltaf eftirsóttar.

Ég verð að koma að leiðinlegu fréttunum, eins og stundum er sagt, — góðu fréttirnar fyrst, slæmu fréttirnar síðan, en það er hvernig flm. hugsa sér framkvæmdir, hvernig staðið verði að því að byggja væntanlega verksmiðju. Þar kemur að því að þeir sjá enga aðra leið — það er þeirra trúaratriði, — en að þetta sé gert á vegum hins opinbera. Þarna er ég þeim algerlega ósammála. Ég held að það sé nú komið svo hjá okkur að það sé að bera í bakkafullan lækinn að við förum nú að stofna til eins stórfyrirtækisins í viðbót sem á að kosta hundruð millj. og hugsa sér þá framkvæmd eingöngu á vegum ríkisins. Ég vildi því í allri vinsemd leyfa mér að hreyfa þeirri spurningu hvort flm. þessa frv., hv. þm. Stefán Jónsson og Helgi F. Seljan, mundu ekki vera til viðræðu um það, þegar þetta mál væri komið í n., að það yrði tekið til gaumgæfilegrar athugunar að losa svo um í sambandi við aðkomu erlends fjármagns til landsins að einkaaðilum, — a. m. k. að verulegu leyti, við skulum ekki útiloka alveg opinbera þátttöku, — en að einkaaðilum, einkarekstrinum, við skulum segja félagsrekstri, samvinnufélagsrekstri og einhverju slíku, yrði gefið tækifæri til þess a. m. k. jafnfætis eða með sams konar aðstöðu og ríkið, ef möguleikar væru fyrir hendi að útvega erlent fjármagn og/eða reisa slíkt fyrirtæki í félagi við erlenda aðila sem gæti verið mjög hagkvæmt undir vissum kringumstæðum að gera, og sjá til, skapa þannig möguleika til meiri fjölbreytni í þessum verksmiðjurekstri og fyrirtækjarekstri, en við erum allir sammála um að við viljum skapa meiri fjölbreytni í okkar framleiðslu. Hví skyldum við þá ekki vera opnir fyrir því að skapa meiri fjölbreytni í því, fara ekki alltaf þessa einu og sömu leið, að ríkið standi fyrir öllum meiri háttar framkvæmdum? Við megum ekki láta það hræða okkur frá því að fara út í skynsamlegar framkvæmdir og stofna fyrirtæki þó að við höfum sorglegt dæmi fyrir því að slíkt hafi einhvern tíma áður farið illa. Við vitum líka að fyrirtæki, sem stofnað hefur verið til af hálfu hins opinbera, hafa fengið misjafnleg örlög og ekki alltaf góð.

Ég held að einmitt í sambandi við þau verkefni, sem flm. þessa frv. hafa í huga, og ég efast ekki um að réttilega sé athugað hjá þeim það, sem felst í þessu frv., að við eigum að geta verulega snúið okkur að því að framleiða þetta byggingarefni og þau efni, sem þarna er verið að ræða um og flm. gerði að umtalsefni, hér á landi og þá kannske með jafnhagstæðu eða hagstæðara verði en við höfum greitt fyrir slíkar vörur innfluttar og erum þá að gera tvennt í einu, að spara stórkostlega erlendan gjaldeyri um leið og við sköpum atvinnu og treystum efnahag þjóðarinnar. Ég vona að það fyrtist enginn við því þótt ég nefni nú til að mynda nafn fyrirtækis sem við höfum haft allnáin samskipti við og heitir Johns Manville og er meðeigandi okkar í Kísiliðjunni, en það mun vera einhver allrastærsti framleiðandi í sambandi við einangrunarefni og sumar af þeim tegundum sem taldar eru upp í þessu frv. og frv. gerir ráð fyrir að framleiða hér. Hví skyldum við ekki hefja viðræður við slíka aðila og jafnvel fleiri sem líkt er ástatt um og lofa einkarekstrinum eða einkaaðilum að kljást við þetta verkefni, gefa þeim a. m. k. tækifæri, til þess að vita hvort er fyrir hendi geta hjá þessum aðilum til þess að leysa þetta mjög svo þýðingarmikla verkefni á hagkvæman og heilbrigðan hátt?

Ég mundi ekki vera á móti því, að hið opinbera hefði ítrustu möguleika í smáu sem stóru til að fylgjast með öllum gerðum slíks félags. Það er einmitt sú regla sem viðgengst til að mynda á opinberum verðbréfa- og hlutabréfamörkuðum að til þess að fá tækifæri til þess að bjóða út hvort heldur er hlutabréf, skuldabréf eða yfirleitt að ná í fjármagn á opinberum markaði, þá fylgir því sú kvöð að allir reikningar slíkra fyrirtækja þurfa að verða opinberir og opnir, og þar held ég einmitt að sé mikið og merkilegt verk að vinna ef fengist samkomulag um að gefa nú einkafyrirtæki eða félagasamsteypu tækifæri til þess að reyna að leysa úr þessu máli og gefa því opinbera frí einu sinni.

Ég skal svo ekki tefja umr. um þetta mál að sinni. Ég vil endurtaka þakklæti mitt fyrir að þetta frv. er borið fram. Það gefur manni tilefni til þess að hugleiða þessi mál sem ég tel alls góðs makleg. Ég tel að þarna gæti verið kveikja að því að við tækjum skynsamlega ákvörðun sem gæti orðið þjóðinni til mikilla heilla í framtíðinni.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að þakka tveimur síðustu ræðumönnum fyrir tiltölulega góðar undirtektir við þetta frv. Líklega hefur það verið vegna þess að þm. Steingrímur Hermannsson hefur beinlínis búist við því að ég væri með einhvern ótugtarskap á meðan hann skrapp frá að hann taldi mig hafa mælt hér af nokkrum þunga í sambandi við málm-

blendiverksmiðjuna. Ég gerði það ekki. Ég tók það meira að segja fram, líklega á meðan hann var í burtu, að ég ætlaðist ekki til þess að við færum að tyggja hér aftur mat sem búið væri að kyngja.(StH: Það var raforkuverðið.) Já, ég vitnaði þar í útskýringar Jakobs Björnssonar og Þjóðhagsstofnunar, — þetta er rétt hjá þér, — í sambandi við þetta mál og er undarlegt hversu það rifjast nú upp fyrir hv. þm. að þetta hefur nú komið fram.

Það er alveg rétt, eins og raunar er gefið sterklega í skyn í 4. gr. frv. að mjög svo kemur til álita að reka ýmsar deildir fyrirhugaðrar verksmiðju á mimunandi stöðum eftir því hvernig liggur við hráefni og mörkuðum. En verði framleiðsla byggingarefna úr þessum íslensku hráefnum, gosefnum og basalti, undir einum hatti, ef svo má segja, þá þarf fyrirtækið, Byggingarefnaverksmiðja ríkisins, að eiga einhvers staðar heima og af hálfu þess fyrirtækis verður að samræma þessa framleiðslu sem eins og tekið er fram í grg., er af hálfu flm. hugsuð fyrst og fremst til þess að anna innlendri eftirspurn þó að jafnframt komi til greina að hafa möguleika á útflutningi í bakhöndinni. Samanborið við vegalengdir, ef ég leyfi mér að ýja aftur í þá átt, — samanborið við vegalengdir sem ætlunin er að flytja önnur hráefni til verksmiðjuframleiðslu á Íslandi og samanborið við vegalengdir frá Íslandi á fyrirhugaða markaði annarrar framleiðslu, þá er náttúrlega ekki um langan veg að flytja perlustein úr Prestahnjúk til Akureyrar og ekki heldur jafnvel þó að sækja þyrfti basalt á Þjórsársanda sem er nú ekki kannað hvort fást mundi nær Akureyri. En eins og ég sagði áðan liggur beint við að hafa starfsemi þessa fyrirtækis víðar um landið.

Ég bjóst nákvæmlega við þeim aths. sem hv. þm. Jón Sólnes gerði við hugmyndina um eignarhald á fyrirtæki þessu. Þá játningu verð ég náttúrlega að gera að miklu heldur vil ég sjá íslenska ríkið í félagsskap við innlenda kapítalista, innlenda þegna, heldur en erlenda um eignarhald á slíkri verksmiðju. En óljósan grun hef ég um það að reynsla okkar af samstarfi við fyrirtækið Johns Manville sé ekki öllu betri en sú sem hv. þm. Jóni Sólnes er alveg ljóst. Ég leyfi mér í því sambandi að vitna í einmitt amerískan kapítalista sem frægur var skömmu fyrir síðari heimsstyrjöld, einkaframtaksmann mikinn í Chicago sem hét Al Capone, sem sagði við vini sína, eftir að þeir skutu 5 lögregluþjóna daginn eftir að þeir höfðu skotið 14, og Al Capone fannst þetta ekki hyggileg ráðstöfun: „Never follow a banjoact after another banjoact.“ Ég held að það sé ástæðulaust að endurtaka að yfirlögðu ráði mistök sem við höfum þegar reynt í samstarfi við Johns Manville og eins og ég hef áður sagt, hugmynd flm. er fyrst og fremst sú að fullnægja innlendri eftirspurn eftir byggingarvörum sem við gætum framleitt hér innanlands úr innlendu hráefni og leyst af hólmi erlendan innflutning á þessum varningi. Mér er ljóst að það er rétt, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði, að á öllum þessum sviðum hafa tilraunir gosefnanefndar ekki verið til lykta leiddar. En þó liggja fyrir að sögn Harðar Jónssonar jákvæðar niðurstöður af ýmsum þessara tilrauna, ekki bara tilrauninni með gosullina eða steinullina, og á að vera hægt fyrir okkur að fá erlendis frá tæknilegar upplýsingar varðandi ýmsa þætti þeirrar framleiðslu, svo sem trefjasteypuframleiðsluna á þakplötum og plötum í útveggjum húsa og til glerframleiðslunnar, þannig að þar getum við hlíft okkur að ákaflega verulegu leyti við tilraunum innanlands. Eftir því sem ég kemst næst er hægt að fá þessar framleiðsluupplýsingar án nokkurra afarkosta.

Ég ætlaði svo ekki að ræða lengur um frv. að þessu sinni, en ítreka sem sagt þakklæti mitt til þessara ræðumanna.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Mér þykir gaman að heyra um þetta merkilega mál. Það er sannarlega þess virði að haft sé í huga og íhugað um aukna fjölbreytni í okkar atvinnuvegum. Það, sem gerði nú að ég stóð hér upp, er að mér fannst ekki vera nógu hrein byggðasjónarmið í þessu máli. Þegar þið flytjið ykkur frá Faxaflóasvæðinu, bannsvæðinu, þá þarf endilega að fara til höfuðstaðar Norðurlands þar sem atvinnutækifæri eru flest í þessu landi. Hvergi eru fleiri atvinnutækifæri en einmitt á Akureyri, hvergi meiri fjölbreytni í okkar atvinnuháttum en einmitt á Akureyri. Hvers vegna þangað? Og ef það á að taka hráefnið úr Prestahnjúk og Þjórsársöndum eða Loðmundarfirði, af hverju að fara til Akureyrar? Á leiðinni frá Prestahnjúk eru Sandur og Ólafsvík, það er Blönduós, það er Sauðárkrókur, það eru ótal staðir þar sem lægi miklu beinna við að reyna að fjölga fólki og skapa því ýmis atvinnutækifæri en á Akureyri. Ég held að það séu ekki hrein byggðasjónarmið sem þarna ráða.

Annað langar mig aðeins til að minnast á hér. Hv. 5. þm. Norðurl. e. hóf mál sitt á fáum orðum um járnblendiverksmiðjuna og tók þá réttilega fram að það væri verksmiðja sem ætti að flytja inn allt hráefni og ætti að flytja alla fullunna vöru út. Þetta er að vísu rétt. En ef við eigum að fara að bollaleggja um framtíðina og taka til íhugunar ýmis verkefni sem eru í rannsókn og athugun, eins og kom fram um gosefnin, þá getum við líka hugað að því að kannske eigum við sjálfir öll hráefni sem málmblendiverksmiðjan þarf á að halda. Í nágrenni Grundartanga eigum við nóg af kvartsi, bæði í Esjunni og eins hérna í Miðdal í Mosfellssveitinni. Við eigum nóg af járnspónum og brotajárni. Og reyndar mætti kannske segja um þennan þátt svolítið meira. Við eigum líka kol rétt hjá Grundartanga, að vísu ekki steinkol, þannig að er rannsóknir færu fram á þessu, þá er ég alls ekki viss um nema hér yrði framleitt málmblendi úr innlendum efnum, en að vísu flutt út því að við höfum ekki aðstöðu til að nýta það sem fullunna vöru.

Ég hef haft gaman af þessum umr. Það er sannarlega ætíð áhugavert að heyra um ný verkefni. Það liggur fyrir að á næstu árum höfum við nóg að gera. Ég ætla ekki að gera það að neinu atriði hvort það er ríkið, samvinnufélögin eða einstaklingar sem þessi atvinnutæki reisa. Meginatriðið er að þau verði reist og þau verði rekin á skipulegan hátt og verði þjóðinni til sem

mestrar hagkvæmni. Þá vil ég taka fram að svo lengi er þjóðnýtingin best sem hún er í samkeppni við aðra möguleika því að það höfum við séð bæði í Áburðarverksmiðjunni, Sementsverksmiðjunni og jafnvel víðar að þar sem einokunin má sín þar er nú hæpið að fólkið verði ekki að greiða verulega meira fyrir það, sem framleitt er, en ef það væri á frjálsum markaði.

Flm. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð til viðbótar. — Hrein byggðasjónarmið voru þau sjónarmið sem hv. þm. Oddur Ólafsson kvaðst ekki finna að baki þessa frv. þar sem ráðgert væri að hafa heimilisfang fyrirhugaðrar byggingarefnaverksmiðju á Akureyri. Þetta sagði hann eftir að ég hafði ítrekað einum þrisvar sinnum þá hugmynd að rekstur þessa fyrirtækis, Byggingarefnaverksmiðju ríkisins, yrði víðar um landið eftir því sem hráefni og markaðir e. t. v. réttlættu. Ég geri ráð fyrir því að það væri kannske erfitt fyrir stöku þm., þrátt fyrir ágætan vilja, að taka inn til úrvinnslu í hugskoti hugmyndir sem varða notkun ódýrrar innlendrar raforku til framleiðslu fyrir innlendan markað. Þessir menn eru svo stórhuga. Þeir hafa ekki sumir hverjir fyrr lokið við samþykkt mjög svo afkastamikillar málmblendiverksmiðju í Hvalfirði hér á Alþ. en þeir eru farnir að tala um enn þá stærri álverksmiðju við Eyjafjörð.

Hugmyndin að baki þessu frv. um Byggingarefnaverksmiðju ríkisins er, eins og ég sagði í upphafi, sú að við höfum raunverulega aflögu raforku til slíkrar framleiðslu til notkunar innanlands og að við hjálpum til að skapa markað fyrir þá raforku innanlands með þessum hætti samtímis. Hvort við kynnum að finna hráefni innan um málmgrýtið, ef við höldum okkur enn þá við málmblönduna þarna efra, veit ég ekki. Ég hygg að ég sé sá eini hv. þm. sem hef unnið í kvartsnámunni sem hv. þm. Oddur Ólafsson nefndi, og hún er þá auðugri eftir því sem neðar dregur í iður jarðar ef við ættum að geta fengið úr henni nokkra tugi þús. tonna á ári.

Þetta er ekki aðalatriði raunverulega, vinnslan úr innlendu hráefni, en það er mjög mikilsvert atriði. Og það er mjög mikilsvert atriði að við miðum framleiðsluna fyrst og fremst við þörfina hér innanlands, ekki bara vegna þess gjaldeyris sem við getum sparað með því að sleppa við að flytja inn plast til einangrunar í hús, heldur vegna þess að hér erum við raunverulega að efla sjálfstæði okkar með því að vera sjálfum okkur nógir um þessi byggingarefni. Það veit þjóð að um aldir háði það því vesalings fólki, sem byggði þetta blauta, og hvassviðrasama og jarðskjálftasama land, að eiga ekki varanlegt byggingarefni í landi sínu. Menn mega kalla það hrakspá ef þeir vilja, en ég þykist sjá fram á þann tíma ekki mjög langt undan að okkur verði það höfuðnauðsyn að vera sjálfum okkur nógir um ýmsan þann varning sem við höfum til skamms tíma flutt inn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 549, n. 571). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 107/1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð, og eins og kemur fram í nál. á þskj. 571 mælir n. með samþykkt frv. óbreytts, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson og Albert Guðmundsson.

Í raun og veru hefði ég ekki þurft að hafa um þetta fleiri orð, ef mér sýndist ekki nauðsynlegt að svara nokkrum atriðum sem fram komu við 1. umr. þessa máls. Þá var ég bundin í forsetastóli og komst ekki í þennan ræðustól. En ég skal reyna að vera fáorður.

Einkum kom fram hjá hv. þm. Jóni Sólnes, 2. þm. Norðurl. e., allmikil og þung gagnrýni á alla þróun þessa máls, og skildi ég orð hans svo að hann teldi að hér væri um mjög vafasaman undirbúning að ræða og e. t. v. byggðist þetta fremur á bjartsýni en raunhæfu mati. Ég vil mótmæla þessu. Lengi höfum við Íslendingar leitað að leiðum til þess að nýta þau fáu náttúruauðæfi, sem við eigum, og lengi höfum við staldrað við jarðhitann og leitað að leiðum til þess að nýta hann og raunar höfum við alllengi litið á þang- og þaramið í kringum þetta land. Ég held að allt frá því í kringum 1950 hafi verið gerðar tilraunir, stundum nokkuð víðtækar og á öðrum árum minni, með nýtingu þarans. Ég ætla ekki að fara að rekja það hér.

En allar þessar tilraunir í gegnum árin leiddu til þess að út kom í okt. 1972 skýrsla Rannsóknaráðs ríkisins um þang- og þaraþurrkunarstöð á Reykhólum við Breiðafjörð. Eins og ég segi var þetta byggt á margra ára athugun og hafði mjög miklu fjármagni verið varið til þessara tilrauna og við þessar tilraunir höfðu komið fjölmargir ágætir vísindamenn sem ég ætla ekki heldur að fara að lengja mál mitt með að nefna, enda hafa þeir allir verið nefndir áður í ræðum hér í þessum sal. Í þessari skýrslu er komist að þeirri niðurstöðu að það sé hagkvæmt að nota þessi náttúruauðæfi, jarðhitann, til þess að þurrka önnur náttúruauðæfi, þang, á Breiðafirði sem er þar ákaflega mikið. Þar er einnig greint frá því að tilraunir hafi sýnt að það sé vafasamara með þarann. Þangþurrkunin byggist að verulegu leyti á mjög athyglisverðu tilboði sem hafði komið frá skosku fyrirtæki, Alginate Industries, um tryggingu á kaupum á verulegum hluta af framleiðslu slíkrar verksmiðju.

Ekki þótti ástæða til þess að rasa um ráð fram, heldur var þessi skýrsla tekin til vandlegrar athugunar af mönnum á vegum iðnrn. Sú athugun leiddi til þess að iðnrn. og iðnrh. komust að þeirri niðurstöðu að þessi skýrsla væri á rökum reist eða niðurstöður hennar og var lagt til að sett yrði upp undirbúningsfyrirtæki. Það var samþ. sem l. héðan frá Alþ. 31. des. 1972. Þessu undirbúningsfyrirtæki var enn falið að framkvæma framhaldsrannsóknir og tilraunir á þessari nýtingu þangsins með jarðhitaþurrkun í huga. Fyrirtækið gerði það. Það framkvæmdi þessar tilraunir og það tók upp þráðinn að nýju við hið skoska fyrirtæki. Allt leiddi þetta til

þess að út kom enn ein skýrsla í nóv. 1973, þ. e. a. s. ári síðar, þar sem greint er frá niðurstöðum þessa undirbúningsfyrirtækis. Þar segir t. d., með leyfi forseta: „Hagkvæmt er talið að reisa þangþurrkunarstöð til framleiðslu á 6685 tonnum á ári af þangmjöli. Stofnkostnaður verksmiðjunnar er áætlaður 211 millj. 156 þús. og árlegur rekstrarkostnaður við full afköst er 82 millj. 252 þús. kr. með afskriftum og útskipunarkostnaði. Söluverðmæti er áætlað 98 millj. 213 þús. kr. og rekstrarafgangur fyrir skatta 15 millj. 961 þús. kr.“ Síðan er greint frá öðrum miklvægum þáttum þessa máls, m. a. tilboði skoska fyrirtækisins Alginate Industries um kaup á a. m. k. 5000 tonnum af þangmjöli í 10 ár, í fyrsta sinn árið 1975 og með vaxandi kaupum upp í allt að 10 þús. tonna framleiðslu.

Jafnframt vil ég geta þess að þessu máli var vísað þegar á árinu 1972 til Náttúruverndarráðs og meðan undirbúningsfélagið starfaði lét Náttúruverndarráð gera ítarlega úttekt á Breiðafirði af sérfræðingum undir stjórn líffræðistofnunar Háskólans, og gerði Náttúruverndarráð síðan mjög vandlega unnar till. um nýtingu þessa þangs á Breiðafirði með það að sjálfsögðu í huga að náttúruverðmæti þar spilltust ekki og ekki væri meira tekið en endurvöxtur þangsins leyfir.

Ég vil því halda því fram að þetta mál hafi fengið óvenjuvandlegan undirbúning, margra ára rannsóknir, ekki síst á vegum þess undirbúningsfélags sem sett var á fót með l. frá 1972. Eg satt að segja man ekki eftir mörgum fyrirtækjum sem hér hafa hlotið svo vandlegan undirbúning sem þetta fyrirtæki. Hefði ég a. m. k. gaman af að heyra frá þeim sagt.

Undirbúningsfyrirtækið lagði til við iðnrn. að sett yrði á fót fyrirtæki til vinnslu á þangi að þessu magni sem ég nefndi áðan og með þeim aðferðum og leiðum sem undirbúningsfyrirtækið bendir á í fyrrnefndri skýrslu sinni. Á þetta var fallist og voru lög samþ. á Alþ. 17. des. 1973, lög nr. 107, og fyrirtækið var stofnað í mars 1974.

Eins og ég gat um áður var sérstaklega minnst á stofnkostnað þessa fyrirtækis og vakin athygli á því að hann hefði hækkað mjög verulega. Því vil ég rekja þá sögu í örfáum orðum.

Á vegum undirbúningsfyrirtækisins var áætlað að stofnkostnaður yrði, eins og ég sagði áðan, um 212 millj. kr. Vegna verðhækkana og gengisfellingar komst sú upphæð upp í 300 millj. kr. í sept. 1974. 1. jan. 1975 var þetta enn endurskoðað og var þá kostnaðurinn áætlaður 340 millj. kr. Nú eftir síðustu gengisfellingu hefur kostnaðaráætlun enn verið endurskoðuð og er, eins og kemur fram í frv. sjálfu, stofnkostnaður nú áætlaður 422 millj. kr. Hann hefur því hækkað úr 212 millj. kr. í 422 millj. af eftirgreindum ástæðum.

Í fyrsta lagi hækkar hann í 300 millj. kr. við gengisfellinguna s. l. haust. Ég held að það liggi í augum uppi að sú gengisfelling hafi þarna mikil áhrif. Öll tæki til þessarar verksmiðju eru innflutt og höfðu ekki verið greidd. Stálgrindarhús, sem reist eru yfir þessa verksmiðju, eru sömuleiðis innflutt og höfðu ekki verið greidd þá, og fleiri þætti mætti nefna. Auk þess urðu miklar hækkanir á vinnulaunum á þessu tímabili. Ég hygg að kostnaðarhækkunin sé ekki meiri en þessar aðstæður geta tileinni til.

Ég gat þess einnig að 1. jan. var áætlað að kostnaður væri 340 millj. kr. Það veldur fyrst og fremst að endurskoða varð áætlanir sem gerðar höfðu verið um öflun þangsins með sérstökum sláttuvélum. Var talið tryggara að hafa sláttuvélarnar 10—11 í stað 6—7 áður, og er þessi kostnaðarauki fyrst og fremst og raunar nálægt því eingongu af þessum sökum. Þess má hins vegar geta að þarna kom á móti lægra verð fyrir þangflutningaskip heldur en gert hafði verið ráð fyrir áður. Ef ég man rétt var skipið áætlað á 36 millj. kr., en varð 22 millj. kr. Hins vegar komu nokkrar hækkanir þar á móti vegna gengisfellinga og hækkana á erlendum skuldum sem á skipinu hvíldu. En þar var þó nokkur sparnaður. En m. ö. o.: þessi hækkun 1. jan. 1975 í 340 millj. kr. er af þessum sökum, sem ég hef nú rakið.

Ég held að mönnum sé það ljóst að með síðustu gengisfellingu hlaut að verða hækkun á stofnkostnaði. Enn voru tæki til verksmiðjunnar ekki komin og ekki greidd. Við síðustu gengisfellingu var kostnaðaráætlun enn endurskoðuð og það mjög ítarlega, eins og kemur fram í þeim gögnum sem ég hef hér fyrir framan mig, og varð þá loks áætluð 422 millj. kr.

Ég hygg að þarna sé réttar að farið en mér hefur virst í fjölmörgum tilfellum sem ég þekki vel þar sem stofnkostnaður er áætlaður á einhverju ári fyrir nokkrum árum e. t. v. og síðan haldið dauðahaldi í þá tölu þótt endanleg niðurstaða hljóti og verði að sjálfsögðu allt önnur með þeim hækkunum sem verða gjarnan á millitímanum. Þá er venjulega risið upp og allt komið í strand, allar framkvæmdir hafa stöðvast, ekki hafa verið gerðar ráðstafanir til að afla viðbótarfjármagns, en venjulegast hlaupið undir baggann og einhver ráðstöfun af hálfu ríkisvaldsins ákveðin til þess að bjarga viðkomandi fyrirtæki, a. m. k. ef þar er um að ræða fyrirtæki af einhverri stærð, úr þeim vandræðum sem það er fjárhagslega komið í.

Í þessu tilfelli hefur stjórn verksmiðjunnar talið sjálfsagt og skylt að endurskoða allar kostnaðaráætlanir um leið og breytingar hafa orðið á forsendum, eins og gengisfellingar, og gera eigendum fyrirtækisins þegar grein fyrir því hvað þessar ráðstafanir hafi valdið miklum kostnaðarauka við byggingu verksmiðjunnar. Og ég hika ekki við að segja það að ég tel með þessu móti langtum skynsamlegar og réttar á málum haldið en í þeim tilfellum sem ég nefndi áðan, þar sem segja má að aðilar stingi höfðinu í sandinn og neiti að horfast í augu við þær staðreyndir sem þó blasa við.

Ég held að ljóst sé og hef ég raunar ekki heyrt nein rök til hins gagnstæða, að þessi hækkun á umræddu tímabili úr 212 millj. kr. haustið 1973 í 422 millj. kr. nú sé eðlileg miðað við þær breytingar sem orðið hafa á öllu verðlagi og gengi.

Í upphaflegu frv. var gert ráð fyrir því að hlutafé ríkissjóðs yrði a. m. k. 51 af hundraði og ákveðið allt að 60 millj. kr. af heild sem varð 68.8 millj. kr. Hlutur ríkissjóðs var ekki gerður svo mikill vegna þess að þeir sem beittu sér fyrir

þessu máli, sérstaklega iðnrh. þáv., hafi ekki viljað hlut einkaaðila meiri, heldur einfaldlega af þeirri ástæðu að í ljós kom að ekki var hægt að fá meiri þátttöku einkaaðila í þessu fyrirtæki. Talið hefur verið eðlilegt að eigið fjármagn félagsins sé í kringum 25% af stofnkostnaði, sem ég held að sé regla sem fjölmörg fyrirtæki í einkaeigu mættu taka sér til fyrirmyndar, þar sem hlutafé eða eigið fjármagn er sáralítið og stendur hvergi nærri undir þeim ábyrgðum sem á fyrirtækinu hvíla og hluthöfum þess. Því er talið eðlilegt, miðað við aukinn stofnkostnað, að auka þetta hlutafé upp í u. þ. b. 100 millj. kr. Í því sambandi hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá aukið fjármagn frá einkaaðilum. Til þessa hefur verið boðið með auglýsingum í fjölmiðlum, en borið sáralítinn árangur, því miður. Því er horfið að því ráði að leita til ríkissjóðs um aukið hlutafjárframlag, en eins og ég segi, eftir að allar aðrar leiðir hafa verið þrautkannaðar og reyndar. Lagt er til, að ríkissjóður leggi fram 90 millj. kr., þ. e. a. s. auki hlutafé sitt úr 60 í 90 millj. kr.

Til viðbótar því fjármagni, sem fengist hefur frá einkaaðilum og hinu opinbera, vil ég jafnframt geta þess að fyrirtækið Alginate Industries hefur boðist til þess að leggja fram 50 þús. sterlingspund sem hlutafé, en það er fljótlega reiknað í kringum 15 millj. kr. Ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til þessa boðs. Það ríður ekki baggamunin í þessu tilfelli, en mundi t. d. líklega eðlilega leiða til þess að þetta fyrirtæki fengi einn mann í stjórn fyrirtækisins. Og það er spurning hvort við viljum það. Að sjálfsögðu gefur þetta tilboð til kynna traust það sem viðskiptaaðili okkar í Skotlandi ber til þessarar framleiðslu hér, að fyrirtækið er tibúið að leggja fram þar nokkurt eigið fjármagn. Vel getur komið til greina enn að taka þessu tilboði. Það stendur enn og engin ákvörðun hefur heldur verið tekin um að neita því.

Hlutaféð var 68.8 millj. kr., en nú munu hafa fengist til viðbótar frá einkaaðilum eftir ítrekaðar tilraunir um það bil 2 millj. kr., þannig að hlutaféð verður um það bil eða rúmlega 100 millj. kr. og gæti orðið 115 ef þessu tilboði Alginate Industries yrði tekið.

Að öðru leyti vil ég taka það fram um fjármögnun fyrirtækisins að Iðnþróunarsjóðurinn norræni hefur þegar veitt 105 millj. kr. lán til vinnslunnar og hefur gefið fyrirheit um að lána allt að helmingi stofnkostnaðar sem þá yrði samkv. síðustu áætlun um 211 millj. kr. Ég vil jafnframt geta þess að iðnþróunarsjóðurinn hefur fylgst vandlega með allri framkvæmd í þessu máli og hefur yfirfarið allar stofnkostnaðaráætlanir, enda ekki óeðlilegt þar sem slíkt fyrirheit er gefið eins og nú gat um. Síðan var samþ. af stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að mæla með erlendri lántöku til þessa fyrirtækis og hefur það síðan komið inn í efnahagsmálafrv. ríkisstj. sem samþ. er frá Alþingi. Fjármögnunin verður þannig: helmingur frá Iðnþróunarsjóði, rúmlega 100 millj. eigið fjármagn eða hlutafé og það, sem á milli ber, erlent lán. Þó, eins og ég var búinn að segja, getur komið til mála að þiggja tilboðið um 15 millj. kr. hlutafé. Yrði þá erlend lántaka nokkru minni.

Ætlun mín var fyrst og fremst að leiðrétta það sem mér fannst vera á misskilningi byggt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., í fyrsta lagi með tilliti til undirbúnings þessa fyrirtækis, sem ég hef lagt áherslu á og vil enn leggja áherslu á að var mjög vandað til og var ítarlegur og ég efast um, að mörg fyrirtæki hafi fengið slíkan undirbúning, og sömuleiðis þeirra hækkana sem hér er um að ræða og eru fyrst og fremst vegna utanaðkomandi aðstæðna. Þar er um þá nýbreytni að ræða að tekið er tillit til allra breytinga, sem utan að koma, strax og gerð grein fyrir þeim, en ekki reynt að hylja þær og dylja. Ég hefði fagnað meiri þátttöku einkaaðila í þessu fyrirtæki. Ég tel þetta fyrirtæki sem einkaaðilar mættu gjarnan taka ríkan þátt í. Ég hef fyrir mitt leyti reynt að stuðla að því að heimamenn tækju þátt í þessu fyrirtæki, m. a. staðið að samþykkt í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins um smávægilegan styrk til heimamanna til að leggja fram sem hlutafé. Að sjálfsögðu er hér um litlar upphæðir að ræða. Því miður hefur geta heimamanna ekki verið slík að þeir hafi getað lagt mikið fjármagn í þetta. Þó tel ég að þeir hafi lagt fram töluvert miðað við fjárhagsgetu. En því miður hefur ekki tekist að fá fjármagn að ráði frá öðrum aðilum.

Ég vil geta þess um útlitið eins og það er núna að allt bendir til þess að framkvæmdir verði nokkurn veginn á áætlun. Gert er ráð fyrir því að framleiðsla geti hafist í maí, en ég óttast að vísu að það dragist fram í júní og kannske fram í byrjun júlí, og stafar það fyrst og fremst af drætti sem orðið hefur á afhendingum nokkurra megintækja, eins og t. d. á ofninum sem er nú kominn til landsins og verið er að setja niður.

Einnig var í ræðu við 1. umr. þessa máls gagnrýnt að hið opinbera hefur lagt verulegt fjármagn í höfn fyrir þetta fyrirtæki. Mig minnir að það hafi bæði komið fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. og einnig hjá hv. 1. landsk. þm. Vil ég fara örfáum orðum um þessa þætti.

Opinberar framkvæmdir eru auk hafnarinnar jarðvarmaveita til fyrirtækisins og greiðir fyrirtækið kostnað við þá veitu að öllu leyti, þ. e. a. s. það greiðir ákveðið gjald fyrir jarðvarmann sem stendur undir fjármögnun þeirra framkvæmda. Einnig er nauðsynlegt að leggja öflugri rafmagnslínu til verksmiðjunnar. Því miður óttast ég að orka á þessu svæði sé hvergi nærri fullnægjandi, enda mun gert ráð fyrir því að þarna verði varastöð. Að sjálfsögðu greiðir fyrirtækið þann taxta, sem gildir fyrir slík iðnaðarfyrirtæki, og stendur þannig undir þessum kostnaði.

Þá hefur einnig verið lagður vegur út í eyju undan ströndinni þar sem fyrirtækið rís. Kostnað við þann veg hefur hið opinbera borið. Ég þori varla að fara með töluna í þessu sambandi, en mig minnir að kostnaðurinn hafi orðið um það bil 14—15 millj. kr.

Þá kem ég að höfninni sem er að sjálfsögðu stærsti liðurinn í opinberum framkvæmdum vegna þessarar framleiðslu. Vitanlega var ekki ákveðið að reisa fyrirtækið í Karlsey fyrr en athugun hafði farið fram á hafnaraðstöðu og þá athugun annaðist Vita- og hafnamálaskrifstofan. Sú stofnun komst að þeirri niðurstöðu að þarna mætti gera viðunandi höfn, a. m. k. nægilega

stóra fyrir þetta fyrirtæki, þar sem skip af stærðinni 800—900 lestir gætu athafnað sig og raunar eitthvað stærri ef sætt er flóðum. Áætlaður kostnaður við höfnina var, þegar ákvörðun var tekin um verksmiðjuna í lok ársins 1973 um það bil 83—84 millj. kr. Það er skemmst frá að segja að framkvæmd við höfnina hefur dregist töluvert. Bryggjan, sem þar er gerð, átti að vera tilbúin á s. l. hausti, en svo varð ekki. Fyllingu var lokið. Hins vegar komu í ljós ýmsir erfiðleikar við gerð viðlegukants eða þess hauss, sem ráðgert er að setja á þennan garð sem þarna hafði verið lagður út frá eyjum, og mun Vita- og hafnamálaskrifstofan hafa fundið sig tilneydda að breyta fyrri áætlun, nota ekki steypt ker eins og ráðgert hafði verið, heldur stálþil og hefur það líklega aukið kostnaðinn allverulega. Þó hygg ég að kostnaðaraukann megi ekki síst rekja til þess dráttar sem orðið hefur við að ljúka hafnargerðinni. Síðasta áætlun, sem ég heyrði um höfnina, var, minnir mig, 187 millj. kr. eða þar um bil. Við 1. umr. var að vísu nefnd talan 200 millj., en hana hef ég ekki heyrt. En fjarri er það mér að neita því að sú geti orðið endanleg tala við þessa hafnargerð. Út af fyrir sig er þessi hækkun úr 83—84 millj. kr. í um það bil 185—186 millj. kr. ekki miklu meiri en t. d. hækkun á byggingarvísitölu, ef hún er nokkuð meiri. En að vísu krefst slík fullyrðing nánari athugunar því að vitanlega var unnið allan tímann við byggingu þessa hafnargarðs og sumt á ódýrari tíma. En þó hygg ég að þeim drætti, sem þarna er orðinn, sé fyrst og fremst um að kenna sú hækkun, sem hefur á orðið, auk breytinga sem Vita- og hafnamálaskrifstofan telur að hún þurfi að gera á fyrri áætlun. Að sjálfsögðu greiðast hafnagjöld af öllum flutningi til og frá þessari verksmiðju. Árið 1973 voru þessi gjöld áætluð, minnir mig, um 4.5—5 millj. kr. Þau stóðu ekki undir öllum kostnaði við höfnina eins og hann var áætlaður þá. Hins vegar gera allir, sem til þessa máls þekkja, ráð fyrir því að um þessa höfn fari einnig nokkur annar flutningur. T. d. er ráðgert að flytja þar inn áburð til þessa svæðis. Engin höfn er þarna nálægt sem nota má með góðu móti í því skyni, og ég tel engan vafa á því að flutningar muni aukast í framtíðinni til þessa svæðis sem hefur verið mjög illa sett að þessu leyti. Að sjálfsögðu hækka hafnagjöld frá því sem þau voru áætluð 1973 í samræmi við hækkun hafnagjalda í landinu almennt og hefur raunar verið gert ráð fyrir því við endurskoðun á rekstrarkostnaði þessarar verksmiðju. Mér sýnist í fljótu bragði að hafnargjöld standi undir um það bil helmingnum af stofnkostnaði hafnarinnar, og þá geri ég ráð fyrir nokkrum flutningi til annarra aðila en verksmiðjunnar sjálfrar.

Þá er það spurningin hvort of mikið teljist í lagt að hið opinbera leggi þarna fram töluvert fjármagn, við skulum segja 90—100 millj. kr., umfram það sem fæst endurgreitt til þessarar hafnargerðar. Skoðun mín er sú að víða um landið væru frystihús ekki byggð ef hafnarframkvæmdir teldust með í upphaflegum stofnkostnaði einkaaðila við byggingu þessara frystihúsa. Þar hefur hið opinbera talið sér skylt að veita nauðsynlega aðstöðu fyrir það atvinnulíf sem er talið eðlilegt að þróist á viðkomandi stað. Í mínum huga er þetta þjónusta sem hið opinbera á að leggja fram, ber að leggja fram og leggur fram í ríkum mæli, þjónusta við gerð vega, gerð hafna og fjölmargt fleira mætti til telja. Ég sé því ekki að hér sé um neitt annað að ræða en almennt gerist í okkar landi, og mig furðar á því að menn skuli hneykslast á því að hið opinbera skuli í þessu tilfelli og fyrir þetta litla og fátæka byggðarlag veita þessa þjónustu sem talin hefur verið sjálfsögð um land allt. Ég vona að það sé ekki vegna þess að Austur-Barðastrandarsýsla er með fátækustu byggðarlögum á þessu landi, með um það bil lægstar meðaltekjur á þessu landi. Eiga íbúarnir að gjalda þess? Ætti það ekki fremur að vera viðleitni hins opinbera að auka þessar tekjur og jafna lífskjör þessa fólks, gera því lífvænlegt á þessu svæði þar sem það vill búa og er sannarlega mikilvægt fyrir okkur alla að byggt sé. Ég lít því á þetta mál og þessa hafnargerð sem byggðamál, nauðsynlega byggðaþróun. Ég held að verksmiðjan muni standa fyrir sínu, á því er enginn vafi. En það er alveg rétt að hið opinbera hefur orðið að leggja fram vissa þætti, veita vissa þjónustu sem ég vona að litið verði á sem sjálfsagða, ekki aðeins í þessu tilfelli, heldur fjölmorgum öðrum sem á eftir munu fylgja.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. En það er eitt atriði sem er e. t. v. ástæða til að minnast á af því að það kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann furðaði sig mjög á því að hagur verksmiðjanna virtist batna eftir því sem stofnkostnaður jykist, og er ég ekki að áfellast hann fyrir það út af fyrir sig. En þetta á einfaldlega rætur sínar að rekja til þeirrar staðreyndar að fengist hefur að okkar mati mjög hagkvæmur samningur við skoska fyrirtækið Alginate Industries. Eg gat um það grundvallaratriði þess samnings að fyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa a. m. k. 5000 lestir af þangmjöli á ári í 10 ár. En það segir ekki söguna alla. Í þessum samningi er ákveðið að verðið skuli ákvarðast þannig að það skuli að lágmarki ákvarðast af verðlagi ársins 1974 að viðbættri hækkun í hlutfalli við breytingar á vísitölu í breskum efnaiðnaði. Verðið er þannig nú 99 dollarar á tonn á verðlagi ársins 1974 miðað við ársmeðaltal vísitölunnar eins og hún reyndist á því ári. Í framtíðinni munu síðan 76 pund af verðinu breytast í hlutfalli við hækkun á vísitölu frá ársmeðaltali 1974, en 23 pund verða föst tala og er það í hlutfalli við hlutdeild fjárfestingar í framleiðsluverðinu. Í þessa formúlu hefur verið lögð mikil vinna og að sjálfsögðu hafa viðsemjendur ekki verið á eitt sáttir, en ég tel að sú endanlega niðurstaða, sem nú er fengin og einmitt er verið að ganga frá þessa dagana, sé mjög hagkvæm. Hún tryggir okkur, þótt e. t. v. fórnum við einhverju fyrir þá tryggingu, en miðað við það að markaður á þessari framleiðslu er í höndum örfárra aðila, þá tel ég að það sé skynsamlegt að reyna að tryggja sig að verulegu leyti.

Í samningnum mun verða tekið fram að verksmiðjan hefur heimild til að selja t. d. umframframleiðslu, enda verði hún seld á ákveðnu verði yfir þessu umsamda verði og Alginate Industries noti sér ekki forkaupsrétt, og sömuleiðis mun verksmiðjan að sjálfsögðu hafa rétt til að selja

framleiðslu á innanlandsmarkaði, til fóðurblöndunar og þess háttar, en sá markaður er tiltölulega mjög lítill. Eg get getið þess að það grundvallarverð, sem um er samið, er töluvert hærra en þetta fyrirtæki hefur greitt fyrir norska framleiðslu, og stafar það af því að það hefur sýnt sig að þau verðmæti, sem sóst er eftir í þessu þangi, þ. e. a. s. alginötin, eru töluvert betri að gæðum þurrkuð við tiltölulega lágan hita heldur en olíuþurrkuð eða jafnvel sólþurrkuð erlendis, þar sem skiptast á skin og skúrir eins og í okkar landi og þurrktíminn getur verið nokkuð langur. Svo virðist sem sagt að framleiðsla þessarar verksmiðju geti orðið og vonandi verði í mjög háum gæðaflokki og mun því heimta hærra verð en almennt hefur verið. Því hefur skoska fyrirtækið fallist á hærra verð, og er það vitanlega til þess að treysta allan grundvöll þessa fyrirtækis.

Eg vona að mér hafi tekist að skýra þessi atriði sem komu fram í ræðu hv. þm. við 1. umr. Eg vil leyfa mér að halda því fram að sú gagnrýni, sem þar kom fram, hafi frekar verið byggð á háleitari hugsjón kapítalismans og ósk um einkafjármagnsrekstur heldur en andstöðu við þetta fyrirtæki.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega tilkomu þessarar verksmiðju, þörungavinnslu við Breiðafjörð, en ég vil þó í upphafi máls míns geta þess, flm. eða formanni hv. iðnn. til upplýsingar, að það þætti lítið og má segja undirkapitaliserað einkafyrirtæki, sem ekki færi af stað með meira en 20% af eigin fé, það er talið af þeim, sem fást við og skilja hvað einkareksturinn verður að þola, að það sé ekki undir 40, helst þar yfir, sem þarf að vera eigið fé til að reksturinn geti borið sig eða til þess að talið sé rétt að fara út í viðkomandi rekstur.

Ég sé á bls. 2 í grg., með leyfi hæstv. forseta, að miðað við núv. ástand rekstrarkostnaðar og verðið, sem gilti fyrir árið 1974, reynist arðsemi fyrirtækisins vera um 17% af áætluðum fjárfestingum, en ef miðað er við umsamið verð 1975 og gert ráð fyrir allnokkrum hækkunum á rekstrarkostnaði á árinu reynist arðsemin um 22% af heildarfjárfestingu eins og hún er áætluð. Ég get ekki séð að arðsemi þessa fyrirtækis komi til með að standa undir eðlilegum bankakostnaði af lánum og fleira, og náttúrlega verður að reikna með að hún gefi einhvern arð líka, miðað við það sem hér stendur.

Einkaaðilar fást ekki til að leggja fé í verksmiðjurekstur í samstarfi við ríkissjóð. Það kom greinilega fram hjá hv. 2. þm. Vestf. og það skyldi engan furða neitt á því. Reynslan af áburðarverksmiðjunni var slæm, þar sem einkaaðilar voru þvingaðir til á lokastigi að láta af hendi hlutafé sitt vegna þess að verksmiðjan þurfti á auknu lánsfé að halda til þess að fjárfesta frekar og rekstrarlán líka. Þar þurfti auðvitað ríkisábyrgð að koma til, og mig minnir að ég hafi lesið á þeim tíma — að vísu var ég þá staddur erlendis, en las blöð sem ég fékk hér að heiman — að það væri ekki talið eðlilegt að einkaaðilar nytu góðs af því að ríkisábyrgð yrði notuð til að auka fjármagn í verksmiðjunni. Og þá segir það sig sjálft að reynslan af samstarfi við ríkið er þessi, og þá náttúrlega segir það sig sjálft að menn brenna sig ekki tvisvar á sama eldinum. Ríkið hefur ekki verið samstarfshæft við einstaklingana. En skattlagning á atvinnurekstur einstaklinga hefur gengið svo nærri fólkinu að ekkert er afgangs til að leggja í arðbær fyrirtæki, hvorki í samstarfi við ríkið né án þess. Það er því ekkert að undra að atvinnurekendur hlaupi til „stóru mömmu“, eins og Magnús Kjartansson var að ræða í Nd. nú fyrir nokkrum dögum. „Stóra mamma“ eða ríkið, eins og hann átti við, hefur mergsogið allan atvinnurekstur með íþyngjandi álagningu á atvinnuvegina, bæði framleiðslu- og þjónustugreinar. Og það er ekkert fé afgangs lengur hjá einstaklingum til að leggja í svona lagað, því miður. Ef hér væri um eðlilegan rekstur að ræða bæði á ríkisbúskapnum og hjá einkaaðilum þá væru ekki allir á hausnum eins og raun ber vitni.

Þó að þessi verksmiðja gæti orðið arðbær, þá vil ég taka undir með hv. 2. þm. Norðurl. e. að það er spursmál hvað við getum fjárfest lengi og haldið áfram lengi á þessari sömu braut þrátt fyrir það að við vitum að það sé rétt að gera það. Ég gerði fsp. í hv. fjh.- og viðskn. um daginn og óskaði eftir að það kæmi skriflegt svar við henni um það hvort við þyldum að halda svona áfram. Fram kom í grg. með efnahagsráðstöfunum ríkisstj., að skuldaaukning erlendis, bara erlendis, — það var ekkert talað um þau lán sem við eigum eftir að taka innanlands og þvinga ríkisbankana til að leggja fram, en voru um 700 millj., — hún er núna komin upp í 13 þús. millj. Ég tók það fram úr þessum ræðustól að það svaraði til um 30—40 millj. kr. skuldaaukning í fjárfestingar á dag fram yfir fjárlög.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri, en mig langar til að spyrja hér og fá þá svar sem gæti orðið afdrifaríkt ef það reynist rétt skilið hjá mér. Það er spurning til hv. form. iðnn. og gæti orðið til þess, eins og ég segi, að einkaaðilar opnuðu nú sínar buddur, eins og virðist vera æskilegt, en hefur ekki orðið þrátt fyrir auglýsingar. Er það skilyrði fyrir hlutafjárframlagi hins erlenda aðila að stjórnaraðild fylgi þeirra framlagi? Þá er líka spurning um leið: Er nokkur fengur í að fá þennan aðila sem hlutafjáreiganda? Ef svarið er jákvætt, þá vildi ég leggja aðra spurningu fram og hún er sú, hvort hægt sé að reikna með því að framlag frá innlendum aðilum að sama marki veiti einnig stjórnaraðild, að hvert 15 millj. kr. framlag í hlutafé veiti þá einnig stjórnaraðild þeim einkaaðilum innlendum, sem hugsanlega gætu hópað sig saman og kannske smalað þá saman þrisvar sinnum 15 millj. og þar með verið með meiri hl. í stjórn þessa fyrirtækis. Ef aftur á móti þetta er skilyrt framlag frá þessum erlenda aðila, þá vil ég mælast til þess að hans ágæta boði verði ekki tekið.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal reyna að svara spurningum síðasta hv. ræðumanns.

Það er ekkert skilyrði frá hinum erlenda aðila að hann fái aðild að stjórninni. Eins og skipt-

ingu hlutafjárins er varið ætti að sjálfsögðu ríkisvaldið að fá alla stjórnarmennina. Það er með nálægt því 90 af hundraði af hlutafénu og réði við það að fá alla kjörna. Hins vegar hefur iðnrh., sem fer með málefni þessarar verksmiðju eða að hluta ríkissjóðs þar, ákveðið — eða a. m. k. fyrrv. ráðh. ákvað að nota sér þetta ekki og tilnefndi þrjá af fimm stjórnarmeðlimum og lét sem sagt minni hl. eftir tvo sem þeir síðan sjálfir tilnefndu eða og kusu úr sínum hópi. Það urðu heimamenn því að þeirra hlutur af þeim um það bil 10 millj., sem þarna standa eftir þegar hlutur ríkissjóðs er dreginn frá, er langsamlega stærstur. Ef iðnrh. heldur ennþá við þetta form, sem sagt að krefjast aðeins þriggja af fimm, en aðrir hluthafar fái tvo þá liggur í hlutarins eðli, sýnist mér, að þessi erlendi aðili, sem yrði langsamlega stærstur af öðrum hluthöfum, fengi annan þeirra. En vel má vera, það skal ég viðurkenna, og það hefur borið á góma þegar við höfum um þetta rætt, að semja mætti við hann um það að hann geri ekki tilkall til stjórnarmeðlims. Ég fyrir mitt leyti vildi gjarnan taka þessu tilboði ef um það yrði samið, að hann gerði ekki tilkall til stjórnarmeðlims. Ég vona að þetta svari þessari spurningu.

Hvort framlag frá innlendum aðila mundi tryggja mann í stjórn fer að sjálfsögðu eftir því hvort ríkisstj. notar sinn mikla þunga þarna til að fá hámarksfjölda stjórnarmeðlima kjörna. Vitanlega getur hann það ekki nema að vissu marki. Ef aðrir hluthafar eiga yfir einn fimmta og sameinast um kjör á manni, þá ráða þeir því að sjálfsögðu hvort sem ríkisstj. vill eða vill ekki. Þetta liggur í hlutarins eðli.

Mig langar, úr því að ég er staðinn upp, að lýsa furðu minni á þessu með eigið fjármagn í íslenskum fyrirtækjum. Þetta eru tíðindi fyrir mig. Ég hef setið í nokkur ár í stjórn Byggðasjóðs og þar erum við að fjalla um þetta á hverjum fundi, um einkafyrirtækin, að vísu á landsbyggðinni, og þar er einmitt vandlega skoðað hvert þeirra eigið fjármagn er. Við höfum gert úttekt á öllum frystihúsum landsins í sambandi við frystihúsaáætlunina og þar er þetta mjög skoðað. Við fáum í okkar hendur svo að segja á hverjum fundi úttekt bankanna á fjárhagsstöðu alls konar fyrirtækja í þessu landi, og ég man varla eftir nokkru tilfelli þar sem eigið fjármagn, þ. e. a. s. hlutafé, hefur verið 20—25% af stofnkostnaði. En það er krafa sem bankarnir og ýmsir sjóðir gera nú í vaxandi mæli. Í mörgum tilfellum hefur einmitt í sambandi við frekari fyrirgreiðslu úr þessum sjóðum og bönkunum verið gerð sú krafa að eigið fjármagn verði aukið þannig að það nái einhvers staðar um það bil þessu hlutfalli, en 40% eigið fjármagn sé algengt, það hef ég aldrei heyrt. Að sjálfsögðu fer þetta eftir því á hvaða grundvelli þetta er metið, hvort það er á grundvelli stofnkostnaðar fyrirtækisins í dag eða á bókfærðu verðmæti fyrirtækisins o. s. frv. Verið getur að við séum að tala um ólíka hluti, en þetta eru tíðindi fyrir mig, það verð ég að segja, óskandi að svo væri.

Þá vil ég fyrst nefna arðsemina. Hv. ræðumaður taldi arðsemi 22% litla. Þetta eru líka tíðindi, hér er um að ræða innri arðsemi. Ég vil vekja athygli á því að í sambandi við járnblendiverksmiðjuna, sem nýlega var samþ., var gert ráð fyrir á sama grundvelli um það bil 17% arðsemi og það töldu þeir aðilar, sem um það fjölluðu, meira að segja kapítalistar í Bandaríkjunum, viðunandi. Þar voru afkastavextirnir, þ. e. a. s. af allri fjárfestingunni, um 13.6%, ef ég man þær tölur rétt, þannig að hér er um meiri arðsemi að ræða heldur en í því tilfelli. Það getur vitanlega vel farið að ýmsir einkaaðilar hér í bæ, sem ég þekki ekki og hef ekki séð rekstrartölur hjá, beri miklu meira úr býtum. Þó þykir mér það koma illa fram í þeim sköttum sem þeir greiða margir hverjir, og ég held að arðsemi af þessari stærðargráðu sé almennt ekki mjög algeng. A. m. k. hefur mér, svo að ég vísi aftur til þeirrar reynslu sem ég hef fengið af setu í stjórn Byggðasjóðs, ekki virst slík arðsemi algeng. Vitanlega má svara því til að fyrirtæki, sem hafa slíka arðsemi, leiti sjaldan til Byggðasjóðs um lán en ég hef sem sagt talið og hef fyrir því menn sem eru mér langtum fróðari um slíka arðsemi að arðsemi af þessari stærðargráðu, þegar komið er yfir 14—15%, sé mjög vel viðunandi. Mér sýnist því jafnframt að einkaaðilar ættu gjarnan að vilja leggja sitt fjármagn í fyrirtæki þar sem þeir geta jafnframt gert sér vonir um arðsemi af þessari stærðargráðu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur við 1. umr. þessa máls og átti þess þá ekki kost að tjá mig um það. Ég skal ekki fara núna að halda langa ræðu. Ég vil aðeins lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við málið. Hér er að mínu mati, þar sem er þörungavinnslan við Breiðafjörð, um mjög merkilegt mál að ræða á tvennan hátt:

Í fyrsta lagi er um að ræða nýjan iðnað hér á landi þar sem eru hagnýtt hráefni, íslensk hráefni, sem við höfum ekki átt kost á áður að hagnýta.

Í öðru lagi er um merkismál að ræða, vegna þess að það er til eflingar byggðabróun í Austur-Barðastrandasýslu, í einu fámennasta, strjálbýlasta og fátækasta sýslufélagi landsins.

Af þessum ástæðum var ég á sínum tíma fylgjandi því að það var stofnað til þess fyrirtækis sem hér um ræðir. Það var nokkuð rætt um það hver eignaraðild ríkisins skyldi vera að þessu fyrirtæki, þegar umr. fóru fram um frv. að l. um það árið 1973. Samkv. frv. var gert ráð fyrir því að ríkið skyldi eiga ekki minna en 51% af hlutafé félagsins. Ég vakti athygli á því að æskilegast hefði verið að ríkið hefði ekki þurft sjálft að fást við þetta viðfangsefni að koma upp þörungavinnslunni, það hefði verið æskilegt ef hægt hefði verið að ráða við það átak með frjálsu framtaki. Ég var hins vegar þeirrar skoðunar þá að það væri ekki mögulegt að framkvæma þetta á þann veg, enda var það nokkuð reynt og það var lítið framboð af hlutafé frá einstaklingum.

Ég vildi hins vegar ekki sætta mig við að það skyldi vera það fortakslausa ákvæði í lögum um þörungavinnsluna að ríkið skyldi ekki eiga minna en 51% af hlutafé félagsins. Ég bar því á sínum tíma fram brtt. við þetta ákvæði sem gekk að vísu ekki eins langt og ég hefði frekast kosið, en var orðuð með tilliti til þess að það gæti verið

einhver von til þess að hún yrði samþ. eins og ástandið var þá á hv. Alþ. Þess vegna lagði ég til að inn í frv. væri bætt ákvæði og það skyldi tekið fram að ekki minna en 51% af hlutafé félagsins skyldi vera samtals í eigu ríkisins og sveitarfélaganna í Austur-Barðastrandarsýslu. Enn fremur var lagt til í brtt. minni að sveitarfélögunum í Austur-Barðastrandarsýslu skyldu standa til boða að kaupa hluta af hlutafjáreign ríkisins með þeim skilmálum sem ríkisstj. setti. Þessi brtt. mín var felld af háv. stjórnarmeirihl. Ég tel að það hafi verið misskilningur að gera það. Það var að vísu bent á að þetta ákvæði væri ekki raunhæft vegna þess að sveitarfélögin í Austur-Barðastrandarsýslu væru ekki þess umkomin að gerast hér aðilar að nokkru ráði og það var mikið til í því á þeirri tíð og raunar enn. En þegar við erum að setja lög sem eiga að standa nokkuð til frambúðar, þá væri ekki óeðlilegt að líta til þess að þetta ástand gæti breyst, m. a. með tilkomu þessa mikla atvinnufyrirtækis í byggðarlaginu, og því gæti slíkt ákvæði sem þetta orðið raunhæft þegar stundir liðu fram.

Ég rifja þetta hér upp að gefnu tilefni þegar hér er farið að ræða um eignaraðild að þessu fyrirtæki. Og ég er enn þeirrar skoðunar, eins og ég var þegar lögin voru sett 1973, að æskilegt væri að einkaframtakið gæti lagt fram krafta sína við uppbyggingu þessa merkilega iðnaðar.

Ég er að tala um einkaframtakið. Það er rétt að það komi fram að einmitt í sambandi við þetta mál hefur verið sýnt ákaflega merkilegt, aðdáunarvert og þakkarvert einkaframtak. Það er einn maður sem að öllum öðrum ólöstuðum hefur lengst unnið að framgangi þessa máls. Það er Sigurður Hallsson verkfræðingur. Hann er búinn að vinna að þessu máli í 15—20 ár, fórna bestu árum ævi sinnar og allri atorku sinni til að vinna að þessu máli. Það gerði hann með því að hann sem vísindamaður lagði grunninn að þeirri vinnsluaðferð sem að ætlunin er að hagnýta við þörungavinnsluna. Og þessi maður gerði meira. Hann kom líka á sambandi okkar við hið skoska fyrirtæki, Alginate Industries Ltd. sem gert er ráð fyrir að verði aðalviðskiptaaðili verksmiðjunnar og hefur gert mögulega og ýtt á eftir þeirri framkvæmd sem hér er um að ræða. Ég skal ekki rekja þessa sögu Sigurðar Hallssonar verkfræðings frekar hér á hv. Alþ., en hún mun ekki fyrnast og hún er glæsilegur vottur þess hverju einkaframtakið getur áorkað í hinum margvíslegustu myndum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal í upphafi máls míns taka undir minningarræðu um ágæti þess frumherja sem stóð sig svona vel í sambandi við þörungavinnsluaðferðir og þá sérstaklega hjá þessari væntanlegu verksmiðju. Ég þekki ekki mikið til hans, nema það sem ég hef heyrt gott um hann sagt hér á þessum stað og annars staðar, ég tek það allt trúanlega og læt það liggja á milli hluta. Ég get líka tekið undir það að þetta er gott og þarft fyrirtæki og þá sérstaklega fyrir byggðarlagið þar sem það á að standa og tvímælalaust atvinnuskapandi. En ég vil ítreka það að ég tel æskilegra að fyrirtækið byggist upp á löngum tíma á eðlilegan hátt, en ekki sé hlaupið út í dýrustu uppbyggingu án eðlilegrar þróunar sem skapar þá bæði fjármagn og reynslu. Það var mergur máls míns áðan.

Ég ætla ekki að láta draga mig inn í umr. um járnblendiverksmiðjuna sem formaður iðnn. svo faglega vitnaði í áðan, enda eðlilegt, hann hefur komið þar mikið við mál og á margan hátt unnið þar gott starf og merkilegt. En hann er heldur seinheppinn að mínu mati þegar hann vitnar í það hvað ameríkanar séu ánægðir með arðsemisprósentu þá sem járnblendiverksmiðjan á að gefa, 17%, sagði hann og taldi það mjög gott. Ég held að ég verði að vera honum sammála að það hlýtur að vera mjög gott fyrir Union Carbide að hafa 17% arðsemi af sínu eigin framlagi. En þar reikna ég með að Union Carbide sé að leggja fram eigið fé og sé ekki að fá það á dýrum vöxtum, að þar sé Union Carbide, sem talið er mjög auðugt fyrirtæki, að leggja fram eigið fé. Þar fyrir utan er arðsemi Union Carbide margvísleg. Ég hef forðast að blanda mér inn í þær umr. til þess einmitt að þurfa ekki að tala um arðsemi Union Carbide. Ég vona að sú arðsemi eigi ekkert skylt við þá arðsemi sem hér um ræðir því að arðsemi Union Carbide er ekki bara af því að útvega hingað þekkinguna, útvega hingað hráefni, hafa einkasölu á útflutningnum á framleiðslunni o. s. frv., arðsemin er 100% alls staðar, hvar sem á það er litið. Það hefur enginn neitt annað upp úr því nema það sem við fáum hér kannske. En við erum með lánsfé. Við skulum ekkert vera að blanda járnblendiverksmiðjunni inn í þetta mál. En ég held að við verðum að vera sammála um að arðsemi af lánsfé verður að vera nægjanleg til að standa undir vöxtum og afborgunum og þá einhverjum arði til þeirra sem leggja fram peninga.

Annars vil ég þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf hér og komu fram eða komu ekki fram. Ég er ekki alveg viss um hvað er eiginlega ríkisstjórnarinnar eða hvað er skoska fyrirtækisins. Það er ekki nauðsynlegt að hafa þá með sem stjórnarmeðlimi, en það er talið drengilegt, ef ég skil hann rétt, að bjóða þeim það vegna þess að þeir ætla að leggja fram 15 millj. kr. á móti eitt hvað á annað hundrað millj. kr. frá ríkinu og íslenskum aðilum til samans, heimamönnum og ríkinu. En það er þó vitað mál að það er ekki ætlast til þess að þeir hópar eða aðilar, innlendu aðilar, sem kynnu að leggja fram sömu upphæð, 15 millj., ef þeir nú fengjust til þess eða réttara sagt fyndust til þess, að þeir fengju þá aðild að stjórn fyrirtækisins. Það var fróðlegt svar.

Mér kemur ekki á óvart að í uppgjörum, sem berast framkvæmdasjóði, komi fram að eignaraðild almennt á frystihúsum og jafnvel fleiri fyrirtækjum sem vinna að undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, sé ekki nema að litlu leyti eigið fé, það séu 20—25% eigið fé, afgangurinn 75% sé þá lánsfé, þegar þau eru farin að ganga vel eftir því sem mér skilst. Þegar lánabeiðnir koma til framkvæmdasjóðs er það venjulega til þess að stækka eða bæta einhverju við, annaðhvort nýjum vélum eða stækka mannvirkin. Það munu vera nokkuð mörg stórfyrirtæki, framleiðslufyrirtæki, sem ekki eiga meira en 20—25% eigið fé og þurfa að hafa 75% á 20% vöxtum eða þar um bil.

Við höfum heyrt það úr ræðustólum á hv. Alþ. að flest af undirstöðufyrirtækjum þjóðarinnar séu nú með fé á 24% sektarvöxtum hjá Seðlabankanum. Þegar þessi lán hafa fengist til bráðabirgða til þess að hlaupa undir bagga með þeim má vera talsverður arður til að standa undir því ef þar fyrir utan á að standa undir einhverri arðsemi til hluthafa. En ég verð að lýsa furðu minni á því að formaður iðnn., sem er þó í stjórn Framkvæmdasjóðs og er alltaf að fara þar í gegnum rekstrarreikninga fyrirtækja, bæði einkaaðila og annarra sem sækja um lán til framkvæmdasjóðs, skuli ekki vera betur inni í málum en þetta. Það er vitað mál að það á hvert einasta fyrirtæki á landinu í rekstrarfjárörðugleikum, ég tala nú ekki um fjárfestingarerfiðleikum, og atvinnuvegirnir eru í klemmu, þeir eru í spennitreyju og 15% arðsemi á að vera gott þegar eðlilegir bankavextir eru hærri. Hann upplýsir að það séu góð fyrirtæki sem eigi ekki nema 20% sjálf og þurfa þá að standa undir 75—80% lánsfé af 15% arðsemi. Ég tel þetta fjarstæðu. En það er eins og ég sagði að „stóra mamma" eins og Magnús Kjartansson sagði, er búin að mergsjúga atvinnuvegina alla, þannig að það verður að hlaupa undir pilsfald hennar þegar fyrirtækin eru í vanda. Einkaaðilarnir hafa bókstaflega verið mergsognir það lengi að það er ekki hægt að safna fé í — við skulum segja arðbær ríkis- og einkafyrirtæki, sameign ríkis og einkafyrirtækja, lengur. Og reynslan, ég endurtek það, reynslan af því samstarfi, sem átt hefur sér stað í Áburðarverksmiðjunni þar sem þetta rekstrarfyrirkomulag var, er slæm. En þar voru einkaaðilar hreinlega píndir til þess að láta af hendi sín hlutabréf.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Örstutt athugasemd. — Ég vil lýsa furðu minni á þessum upplýsingum frá hv. 12. þm. Reykv. um arðsemi o. fl. í íslenskum atvinnurekstri og ég held að hann sé að tala þar um allt aðra hluti en við erum að tala um í þessu frv., arðsemi sem byggð er á allt öðrum grundvelli. Það eru ýmsar leiðir til að reikna arðsemi. Hér er verið að tala um arðsemi sem hlutfall tekjuafgangs fyrir skatta af heildarfjárfestingunni.

Ef um er að ræða fyrirtæki, sem hefur e. t. v. afskrifað verulegan hluta af sínum stofnkostnaði, verður að byggja þennan útreikning á endurbyggingarverði þess fyrirtækis í dag ef fá á þetta á svipaðan grundvöll. Vitanlega sjá allir menn að tekjuafgangur, sem reiknaður er sem hundraðshluti af bókfærðu verði fyrirtækis sem e. t. v. er komið niður undir núll, verður vitanlega allt annar. Ég held að við séum að tala um óskylda hluti, og ég vil leyfa mér að fullyrða aftur að arðsemi reiknuð á þessum grundvelli sé talin mjög góð þegar hún kemur upp í það hlutfall sem hér er um að ræða.

Ég sagði ekkert um arðsemi Union Carbide. Ég talaði um arðsemi hins íslenska járnblendifyrirtækis í Hvalfirði sem á þessum sama grundvelli var áætluð um 17% og talið gott af erlendum aðilum sem um það fjölluðu, m. a. af Union Carbide sem taldi í upphafi þeirra samninga að arðsemi reiknuð á þessum grundvelli þyrfti að vera um 12—14%. Hver arðsemi af Union Carbide í heild sinni eða af einstökum rekstrardeildum þess fyrirtækis er hef ég ekki hugmynd um og hef aldrei minnst á og ekki talað um. Ég var að tala um hið íslenska járnblendifyrirtæki sem ég veit að hv. þm. hlýtur að þekkja eftir ítarlegar umr. hér og ég taldi vera góða viðmiðun í þessu tilfelli. Ekki var gerð athugasemd þá við þá arðsemi sem þá var talin 17%. Ekki hef ég orðið var við það, að fjármálastofnanir, sem ætla að fjármagna það fyrirtæki, geri athugasemd við þá arðsemi. Þvert á móti telja þær hana vera góða. Og ég verð að segja það að arðsemi íslenskrar verslunar, heildsölu og smásöluverslunar, er gífurlega mikil ef þessi arðsemi, 22%, er talin lítil. Ég nefni þetta því að ég veit að hv. þm. þekkir verslunina manna best og þá þurfum við sannarlega ekki að hafa áhyggjur af ströngum og þröngum verðlagningarákvæðum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna málflutningi síðasta ræðumanns, hann er kominn í það mikil rökþrot. Hann er farinn að blanda í málið arðsemi heildverslana. Ég skil ekki hvar það á að koma inn í þetta mál. Þær prósentutölur, sem við töluðum um, voru prósentur af eignarhlutföllum í upphafi fyrirtækja. Það var ekki verið að tala um arðsemi í þeim tilfellum og ég fagna því að rökþrot skuli vera svo algjör að hann þurfi að snúa málinu út á allt aðrar brautir en hér voru til umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég held ég muni orð hv. þm. það vel að hann ræddi bæði um eigið fjármagn í fyrirtækjum og taldi það lítið, 20—25%, og ræddi einnig um arðsemi þessa fyrirtækis sem hann taldi vera lítla, 22%. Ég taldi mig hafa gert fyrri þættinum það góð skil áður að ég þyrfti ekki að endurtaka það, en taldi nauðsynlegt í því, sem ég sagði áðan, að lýsa furðu minni á því sem hann hefur sagt um arðsemina. Verð ég að segja það fyrir mitt leyti að mér sýnist þessi málflutningur bera þess furðulegan vott að þessi skarpskyggni íslenski verslunarmaður viti bókstaflega ekki hvað arðsemi er og hvað eigið fjármagnshlutfall er í fyrirtækjum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 79. fundur.

Miðvikudaginn 7. maí, að loknum 78. fundi.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 604). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 605). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 549). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Söknargjöld, frv. (þskj. 585). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til nýrra laga um söknargjöld. Núgildandi lög um söknargjöld eru frá árinu 1948. Þau eru að ýmsu leyti orðin úrelt miðað við aðstæður og nokkuð einstæð orðin í gjaldakerfi því sem nú er búið við. Er þessu frv., ætlað að brevta beirri skipan og leysa af hólmi bessi lög frá 1948.

Samkv. beim lögum, sem nú gilda, eru söknargjöld persónugjöld eða nefskattur sem allir menn á aldrinum 16—67 ára greiða. Þau geta verið mismunandi í einstökum söknum því að söfnuðir hafa innan vissra marka ákvörðunarvald um álagningu gjaldsins.

Eftir bá lagabrevtingu, sem gerð var 1972 þegar almannatryggingagjaldið var fellt niður, mun söknargjaldið vera eini nefskatturinn sem enn er lagður á. Þetta veldur óhagræði og auknum kostnaði við framkvæmd álagningar og innheimtu opinberra gjalda og bá ekki hvað síst í Reykjavík bar sem allmargir tekjulitlir gjaldendur greiða nú engan annan skatt en söknargjald. Brevtingin, sem felst í bessu frv., er sú að horfið er frá því að leggja söknargjöldin á sem nefskatt, en í stað bess á það að leggjast á sem ákveðinn hundraðshluti af útsvari gjaldenda. Kosturinn við bessa tilhögun er sá að hún tryggir sjálfkrafa hækkun á söknargjöldum í samræmi við hækkandi verðlag og útgjöld safnaðanna og nemur auk bess af það óhagræði sem fylgt hefur innheimtu bessa nefskatts. Það er þó í frv. gert ráð fyrir því að söknargjaldið sé ætíð bundið við tiltekna lágmarksfjárhæð og er hún 500 kr. fyrir einstakling og 1000 kr. fyrir hjón.

Um bessi mál var fjallað á síðasta kirkjubingi og bar samb. frv. um betta efni. Það frv. sem hér liggur fyrir, er að verulegu leyti sniðið eftir því frv., gengur í öllum meginatriðum í sömu átt og það. En það er farið í þessu frv. nokkru skemmra í gjaldheimtuna en gert var ráð fyrir í frv. því sem afgr. var af krikjubingi.

Að samningu þessa frv. og breyt. frá því, sem kirkjubing gekk frá því, hefur verið unnið í sameiningu af hálfu kirkjumrh. og fjmrh. Í aths., sem frv. fylgja, er gerð grein fyrir efni einstakra gr. og sé ég ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt með því að rekja bær aths. Þær geyma nægilegar skýringar á einstökum ákvæðum frv.

Vegna aðstæðna er auðvitað mjög æskilegt og nauðsynlegt að þetta frv. geti hlotið afgreiðslu á þessu bingi þannig að sú nýja skipan, sem gert er ráð fyrir varðandi innheimtu gjaldsins, geti komið til framkvæmda á þessu ári.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni bessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn. þótt að vísu geti verið álitamál hvort hér er nú um fjárhagsmálefni að ræða eða menntamálefni. Hér er fyrst og fremst a. m. k. um kirkjunnar málefni að ræða og ég ætla að halda mig við það að leggja til að málinu verði vísað til menntmn.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það sýnist kannske ástæðulítið fyrir mig að vera að lengja fundartímann um þetta mál þar sem lagt er til að vísa því til þeirrar n. sem ég er form. í. Ég átti satt að segja ekki von á því að það færi þangað þegar ég var að biðja um orðið.

Ég skal, herra forseti, reyna að vera stuttorður, en aðeins vekja athygli á einu atriði sem hægt væri að skilja þannig að það lægi ljóst fyrir hvað væri Reykjavíkurprófastsdæmi.

Það segir í 2. gr. frv.: „Söknarnefndum er heimilt að ákveða, að fengnu samþykki ráðh. að söknargjald skuli vera allt að 1½% af útsvari gjaldanda. Í Reykjavíkurprófastsdæmi tekur safnaðarráð, sbr. 2. gr. laga nr. 35/1970, ákvörðun um þetta efni eftir till. söknarnefnda í prófastsdæminu og að fengnu samþykki ráðh."

Um þetta hef ég ekkert að athuga annað en það, að svo þegar kemur að aths. frv. einmitt varðandi þessa umræddu 2. gr., þá er einvörðungu vikið að því að söknargjöldin geti orðið 1½% að uppfylltum þessum ákvæðum, sem ég áður drap á, í Reykjavík. Nú eru tveir kaupstaðir í Reykjavíkurprófastsdæmi aðrir en Reykjavíkurborg, þ. e. Kópavogur og Seltjarnarnes. Ég er ekki að segja að það sé vanbörf á því að söknargjöldin á þeim stöðum séu 1½% af útsvari ef það er nauðsyn í Reykjavík. En ég hygg að það gæti verið nokkuð hliðstæð nauðsyn á sams konar gjöldum á öðrum stöðum þéttbýlis Reykjaneskjördæmis. Það þykir kannske hlíðða líklega að Vestmannaeyjakaupstaður er í Kjalarnesprófastsdæmi, en Kópavogur og Seltjarnarnes í Reykjavíkurprófastsdæmi. Þess vegna er það sem vikið er hér að útreikningum Þjóðhagsstofnunarinnar í aths. við 2. gr., hver söknargjöldin hafa verið í Reykjavík, miðað við það sem þau voru í Reykjavíkurprófastsdæmi, — þau voru þau sömu yfir kaupstaðina þrjá, — og hvað þau mundu verða með þessari hugsanlegu nýju hámarksálagningu. Þá er það spurningin: Er þar aðeins meint hvað þau væru í

Reykjavík, en ekki haft í huga að þarna er um Reykjavíkurprófastsdæmi að ræða. Samkv. heimildinni í 2. málsgr. koma þessir staðir einnig þar undir, Kópavogur og Seltjarnarnes.

Ég skal, herra forseti, þar sem frv. kemur til þeirrar n. sem ég á sæti í, ekki tefja lengur fund, og skal gera mitt til þess að greiða fyrir framgangi málsins. Ég tel fulla nauðsyn á að það nái fram að ganga. Ég þekki það. Ég er safnaðarfulltrúi í annarri sóknninni í Kópavogskaupstað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 79. fundur.

Miðvikudaginn 7. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Innflutningur og eldi sauðnauta, frv. (þskj. 560). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. fellt með 15:6 atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 28). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 601).

Vátryggingarsamningar, frv. (þskj. 56). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 606).

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 450). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Skákkennsla, frv. (þskj. 514). — 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að lengi hefur verið mikill áhugi á skák á Íslandi. Skákkunnátta er mjög útbreidd meðal íslendinga og áhugi á skák hefur farið ört vaxandi á undanförnum árum. Og svo er nú komið að íslendingar hafa getið sér hinn besta orðstír á erlendum vettvangi á þessu sviði, ekki aðeins á Norðurlöndum, heldur á heimsvettvangi. Íslendingar hafa eignast ýmsa afburðamenn í skák á heimsmælikvarða, stórmeistara og aðra þá sem sæmdir eru verðlaunum og titlum á alþjóðlegum skákmótum.

Það var lengi vel baráttumál launþegasamtaka að auka sem mest tómstundir. Það var talið jafngildi beinna kjarabóta að fá tómstundum fjölgað. Í velmegunarþjóðfélagi nútímans er hins vegar svo komið að sumir telja vaxandi tómstundir færa nokkurn vanda, það sé nokkur vandi á höndum að hagnýta tómstundir til þroska og ánægju. Iðkun skákíþróttar er ein helsta tómstundaiðja bæði fullorðinna og ungra manna hér á Íslandi og á því getur varla leikið nokkur vafi að iðkun skákíþróttarinnar — skáklistarinnar vildi ég mega segja — er hin hollasta tómstundaiðja sem völ er á. Þess vegna er á því enginn vafi að stuðningur við það að skólafólk iðki skák mundi verða mjög til bóta. Það mundi bæta skólastarfið sjálft og hjálpa ungu fólki til þess að hagnýta tómstundir sínar ekki aðeins sér til heilbrigðrar ánægju, heldur einnig til þroska.

Hið opinbera hefur stutt nokkuð að því að skák sé kennd í skólum og skákmenn tefli við skólafólk. En þetta hefur gerst með óformlegum hætti og hefur því ýmsum þótt rétt að lögbinda slíka starfsemi, og það er markmið þessa einfalda frv., að ráðh. verði heimilað að gera slíkt. Efni þess er það eitt — og getur varla einfaldara verið — að ráðh. sé heimilt að skipa íslenska skákmenn í fast starf við íslenska skóla til kennslu í skák. Þó þykir rétt að takmarka þessa heimild við það að skákmaðurinn hafi hlotið stórmeistaratitil eða annan alþjóðlegan titil í skák, en nokkrir íslendingar hafa getið sér slíks frama á erlendum vettvangi. Laun skulu vera hámarkslaun menntaskólakennara. Ef þessi slík ákvæði yrðu að lögum væru tvær flugur slegnar í einu höggi. Annars vegar væri skólastarf bætt og stutt að því að skólafólk noti tómstundir sínar með heilbrigðum og þroskandi hætti og hins vegar væri hinum stórsnjöllu skákmönnum, sem íslendingar hafa eignast, auðveldað að helga sig skákíþróttinni — skáklistinni — í þeim mæli sem nauðsynlegt er til þess að þeir geti áfram helgað sig skákíþróttinni og bætt eigin skilyrði og annarra til þess að öðlast áframhaldandi og vaxandi frama bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi.

Síðan þetta mál var lagt fram hef ég orðið þess var að efni málsins hefur hlotið stuðning hjá skákmönnum, hjá skólamönnum og hjá skólafólki. Þess vegna vildi ég mega vænta þess að málið fengi vinsamlegar viðtökur í þeirri n., sem ég legg til að málinu verði vísað til, þ. e. menntmn., og það geti hlotið afgreiðslu á þessu þingi. Hér er að sjálfsögðu ekki um pólitískt mál að ræða, hvað þá flokkspólitískt, og vona ég því að sem almennust samstaða geti um það skapast.

Sverrir Bergmann: Virðulegi forseti. Ég er eingöngu hingað kominn nú til þess að lýsa yfir mjög eindregnum stuðningi mínum við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil þakka flm. þess, hv. 9. þm. Reykv., fyrir framlagningu þess og glögga grg. og ég vil mega vænta þess að frv. fái þrátt

fyrir setu margra varamanna fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Skákáhugi hefur jafnan verið ríkur meðal íslendinga þótt hann hafi kannske aldrei verið meiri en nú, og íslendingar hafa eignast afburðamenn á sviði þessarar íþróttar — á sviði þessarar listar sem ég vildi líka svo nefna — þó að auðvitað beri þar hæst stórmeistara okkar þá Friðrik Ólafsson og Guðmund Sigurjónsson. En það eru margir aðrir sem hafa náð mjög glæstum árangri bæði fyrr og síðar. Það er enginn vafi á því að aukin fræðsla og aukin þjálfun er öruggasta leiðin til betri árangurs. Sá árangur leiðir svo aftur til vaxandi áhuga og kallar þar með beinlínis á aukna fræðslu og aukna þjálfun. Þessa hringrás tel ég vera mjög heppilega. En til þess að ná glæstum og raunar alveg nauðsynlegum alþjóðaárangri dugir ekki meðfædd skákgáfa ein saman. Þar verður að koma til þjálfun og svo keppni við fremstu meistara. Af þessu leiðir nánast óhjákvæmilega atvinnumennsku og hún verður hinum allra fremstu nauðsynleg, en tekjur af slíkri atvinnumennsku eru afar óvissar, afar ótryggar, og með frv. þessu er í senn stefnt að tekjustofni handa okkar fremstu meisturum á sviði skáklistarinnar, jafnframt því sem kennslan gæti verið þjálfunarþáttur þeim sjálfum, þótt auðvitað væri með nokkrum öðrum hætti en hjá hinum er menntunarinnar munu njóta. Auðvitað yrði skák — býst ég við — að vera valgrein, en ekki skyldugrein og kennslufyrirkomulag skipulagt í samráði við samtök skákmanna og skákkvenna annars vegar og fræðsluyfirvalda hins vegar. Ég býst hins vegar við því að hv. flm., hv. 9. þm. Reykv., hafi, áður en hann lagði þetta frv. fram, nokkuð kynnt sér að þeir skákmanna okkar, sem náð hafa alþjóðlegri viðurkenningu, mundu fúsir til að taka að sér skákkennslu svo að af framkvæmdum megi verða ef frv. nær fram að ganga, sem við báðir einlæglega vonum.

Fyrir mörgum árum var ég í stjórn Friðriksjóðs. Þessi sjóður var til þess stofnaður að gefa Friðrik Ólafssyni kost á því að stunda íþrótt sína meira en ella hefði kannske orðið. Það voru fyrirtæki og einstaklingar sem gáfu í þennan sjóð, að mig minnir, 500 kr. á ári í 5 ár. Þetta var mikið fé í þá tíð og það dugði allnokkuð, og það var einmitt á þessum árum sem Friðrik Ólafsson vann sín glæstu afrek á sviði skákíþróttarinnar, og ég hygg að þau hafi yljað mörgum íslendingum um hjartarætur, a. m. k. einlægum skákáhugamönnum eins og mér og fleirum, og þá hygg ég að mörgum hafi fundist vera aukið yndi að því að vera íslendingur. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það hvað bætt aðstaða, þótt kannske í smáu sé eins og þarna var, stuðlaði að glæstari og betri árangri en ella hefði e. t. v. orðið.

Ég vil aðeins segja það að lokum að ég tel að skákáhugi íslendinga verðskuldi að hlúð sé að honum og hann efldur, og ég tel að skákmenn okkar verðskuldi að þeir hafi til þess aðstöðu að stunda íþrótt sína og þessa list. Og með því að það frv., sem hér liggur fyrir, stuðlar að þessu hvoru tveggja, lýsi ég aftur yfir eindregnum stuðningi mínum við það, þakka hv. flm. og vil mega vona enn að það nái fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til að lýsa stuðningi við þetta mál sem ég tel að sé meira en tímabært að flytja hér á hv. Alþ. Við styðjum ýmsa aðila í ýmsum efnum. Við styðjum listamenn á ýmsum sviðum. Það er því eðlilegt að við veitum því athygli þegar sérstakir afreksmenn í einhverri íþrótt koma fram á sjónarsviðið. Það er vissulega þess vert að veita því verðskuldaða athygli þegar afreksmaður á borð við Friðrik Ólafsson skákmeistara tekur þátt í keppni í íþrótt sinni á alheimsmótum og mætir þar fremstu skáksnillingum veraldar og heldur fyllilega sínum hlut. Þess vegna álít ég að sá þáttur málsins sem snertir það að styrkja eða skapa skáksnillingum, sem við eigum á að skipa, a. m. k. tveimur, bætta aðstöðu, sé gott og þarft mál og væri Alþ. til sóma að mínum dómi ef tekið væri til við rösklegan stuðning við slíkt málefni. Svo er einnig hitt, að skákíþróttin er býsna almenn hér á landi, mjög mikið iðkuð, sennilega miklu meira hlutfallslega en í nokkru öðru landi. Þetta er holl og góð íþrótt og þroskandi leikur fyrir alla og ekki síst fyrir þjóð eins og íslendinga sem eiga langt skammdegi og langan vetur og verða að vera inni við, þannig að ég er þeirrar skoðunar að hér sé hreyft þörfu og góðu máli og vil lýsa eindregnum stuðningi við það.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég get sagt nokkuð svipað og síðustu ræðumenn, að ég er hingað kominn til að lýsa stuðningi við þetta mál. Ég tel það alveg tímabært að gera ráðstafanir til þess að kenna skák. Hingað til hafa menn orðið að læra hana af bókum og af sjálfum sér, sem er vitanlega miklu erfiðara en að njóta kennslu hæfra manna. En ég vil aðeins vekja athygli á því að í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því að það séu aðeins menn með stórmeistaratitil eða annan alþjóðlegan titil sem ætlað er að skipa til þessarar kennslu. Nú eigum við tvo stórmeistara, en það er alls ekki víst að þeir hafi tíma til að taka kennsluna að sér. Alþjóðlegan titil hefur, held ég, aðeins einn til viðbótar stórmeisturunum. En hér á landi eru margir menn sem kunna skák og eru færir til þess að stunda kennslu í þeirri grein þótt þeir hafi ekki stórmeistaratitil eða alþjóðlegan titil. Það er alveg öruggt að hér eru margir sem eru færir um að kenna þótt þeir hafi ekki hlotið sérstaka gráðu. Þetta er aðeins til umhugsunar og athugunar, hvort ekki er þörf á að breyta greininni, en það breytir ekki því að stefnan er rétt að taka hér upp kennslu í skák.

Íslendingar eru áhugamenn um skák. Það eru víst margir sem kunna mannganginn og kannske lítið meira. En flestir hygg ég að hafi eitthvað gert að því að tefla skák um ævina á uppvaxtarárunum og kennske eftir að þeir urðu fullorðnir. Með fáum fréttum er betur fylgst heldur en þegar Friðrik eða okkar menn eru á alþjóðlegum mótum að keppa. Það er rétt sem hér hefur verið sagt að mörgum yljar um hjartarætur þegar íslensku keppendunum gengur vel og þeir drýgja dáðir á þessu sviði. — Ég vil aðeins endurtaka það að ég mun styðja þetta mál.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er einmitt vegna ræðu síðasta hv. ræðumanns að ég stend upp núna, reyndar til að lýsa stuðningi minum við það sem hann benti á, ég hafði rekið augun í þetta líka, en kannske fyrst og fremst til þess að mæla með samþykkt þessa frv. Eins og komið hefur fram eigum við að reyna að láta þetta frv. ganga skjótlega fram og samþ. það nú á þessu þingi. Ég hef litið á þetta með tvennt í huga, annars vegar að við eigum með slíkri kennslu sem við tökum upp að stuðla að menntun barna og unglinga í skólum okkar, og hins vegar getur þarna verið um óbeinan stuðning að ræða við meistara okkar. Við getum veitt þeim óbeinan stuðning með því að veita þeim aðstöðu til slíkrar kennslu.

Það er alveg furðulegt hvað hefur orðið mikill áhugi hjá íslendingum í þessum málum, t. d. eftir heimsmeistarakeppnina, sem hér var milli Fischers og Spaskys. Heima hjá mér tók ég eftir því að börn, 8—14 ára, voru með félaga sína og tefldu og tefldu frá morgni til kvölds. Og í hvert skipti sem sigur vinnst eða verður framkoma og sigrar okkar manna á erlendum vettvangi berast til þjóðarinnar í fjölmiðlum, þá eru unglingarnir og börnin komin af stað til þess að reyna að feta í þeirra fótspor. Ég veit að þótt ekki væri annað en að þeim væri gefið tækifæri, stórmeisturum okkar, til þess að fara um landið — við skulum hafa í huga að það er ekki bara Reykjavík, heldur allt landið — koma fram í okkar skólum, — og þá tek ég undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þá auðvitað getum við látið aðra aðila annast hina, hvort sem það verður dagleg, vikuleg eða mánaðarleg kennsla, — en ég held að það hafi mikla þýðingu þegar slíkir garpar fá að koma til unglinganna úti um allt land og að því eigum við að stuðla. M. a. vegna þess mæli ég eindregið með því að við samþykkjum þetta frv. nú á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 447). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins, frv. (þskj. 484, n. 576 og 579, 577, 580). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég held að mér leyfist í upphafi máls míns að koma á framfæri einni fullyrðingu, sem sé líklega samdóma álit hv. sjútvn. Nd. En sú fullyrðing er í því fólgin að telja að við sem þar eigum sæti, hefðum frekast viljað vera lausir við að mæla með og styðja þetta frv. En þessi fullyrðing er að sjálfsögðu komin fram vegna okkar og sambands við þá sem hlut eiga að máli, en við verðum því miður eða þá að sjálfsögðu — getum við orðað það líka — að taka mið af því hvað við þurfum að gera, þeir sem hafa tekið að sér að styðja hæstv. ríkisstj. og standa að stjórn ríkisins. Eitt af því, sem verið er að gera með þessu frv. og öðrum, sem hafa verið hér á ferðinni að undanförnu, er að þau hafa að markmiði að ráða fram úr gjaldeyrisþröng og efnahagslegu öngþveiti þjóðarinnar og fyrirbyggja atvinnuleysi. Ég álít persónulega að kannske gangi þetta frv. lengst í því efni að gera það mögulegt að sú atvinnugrein, sem flestum útvegar atvinnu og þjóðinni beint og óbeint þær tekjur sem hún hefur til ráðstöfunar, að við gefum þessari atvinnugrein, sjávarútveginum, útgerðinni, tækifæri til þess að starfa á því sem við mundum kalla nær heilbrigðan grundvöll, sem við verðum þó að viðurkenna að er ekki til í þjóðfélaginu í neinni grein í dag. Við erum hins vegar sammála um það, þeir sem að þessu nál. og brtt. standa, meiri hl. sjútvn., að við reynum hvað við getum til þess að mæta vandamálunum og við viljum vinna um leið að því að nýjar atvinnugreinar rísi upp og verði til hjá okkur, — atvinnugreinar sem eru þá byggðar á okkar eigin orku í fallvötnum og heitu vatni í iðrum jarðar. En það eins og allt annað verður að sjálfsögðu að haldast í hendur við sjávarútveginn, útgerðina. Við vitum hvaða þýðingu hann hefur fyrir þjóðina, og það er okkar skylda að sjá til þess að sá atvinnuvegur geti gengið.

Eins og segir í nál. meiri hl. var þetta mál eða drög að þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram, til athugunar og umr. hjá stjórnarflokkunum í rúman mánuð. Það var svo lagt fram í hv. Nd. Alþ. 22. apríl og tekið til umr. og vísað til n. 25. apríl. Í sjútvn. var þá ákveðið, og það var samdóma álit n., bæði minni og meiri hl., til þess að flýta afgreiðslu frv. að hafa þann hátt á að n. kallaði til þeirra, sem voru fulltrúar viðkomandi hagsmunasamtaka, og fengu þá á fund sinn í stað þess að senda málið til umsagnar, sem hefði óhjákvæmilega tekið lengri tíma. Þetta varð að ráði, að þessir aðilar komu á fund n., og hún heyrði álit þeirra og gat spurt þessa fulltrúa og beðið ýmissa upplýsinga.

Ég held að það megi fullyrða að efni frv. hafi ekki komið neinum á óvart meðal þessara aðila, enda hafði hæstv. sjútvrh. kynnt málið fyrir flestum þeirra, þegar það komst á dagskrá eftir gengisfellinguna í febrúar. En það hafa nokkrar breyt. verið gerðar á frv. frá upprunalegri mynd þess, m. a. vegna ábendinga útgerðarmanna og fulltrúa þeirra og sjómanna, og þá ekki síst frá fulltrúum stjórnarflokkanna í sjútvn. beggja d. Þeir hafa á liðnum vikum átt fjölmarga fundi með ráðh. um málið.

Í grg. eru þeir aðilar taldir upp, sem komu á fund n. Það voru að sjálfsögðu aðstoðarmaður sjútvrh. og forstöðumaður Þjóðhagsstofnunarinnar, Jón Sigurðsson, enn fremur, eins og þar er talið upp, fulltrúar þeirra helstu hagsmunasamtaka sem hlut eiga að máli í sambandi við þetta

mál. Við fengum og vorum síðast í dag að fá bréf frá hagsmunasamtökum, er við fengum frá tveim aðilum, frá Síldarverksmiðjum ríkisins og frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, mjög hörð mótmæli og kannske hvað hörðust frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. En það er eins og ykkur mun kunnugt, hv. þm., þeir sem hafa með saltfiskverkun og útflutning að gera. Þessir aðilar töldu sig þurfa að koma því á framfæri við Alþ. að þeir væru með nokkrar ófrávíkjanlegar kröfur stjórnar Sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Bæði þær kröfur og aðrar frá þessum umræddu hagsmunasamtökum, sem talin eru upp í grg. — það var hlustað á og það var reynt að skoða hvert einasta atriði, sem þar kom fram, og ég vil leyfa mér að láta þá skoðun í ljós, að það hafi verið reynt að koma á móti óskum þeirra og kröfum eins og frekast var unnt. Það er máske auðvelt í sambandi við lausn vandamála að segja: Við borgum þetta bara úr ríkissjóði. En ég held að allir menn, sem til þekkja, viti að þannig standi á í dag að það eru ekki til peningar þar til þess að taka upp tugmilljóna eða hundraða milljóna kr. greiðslur, sérstaklega þó þegar við gætum þess að það eru ákveðnir þættir innan útgerðarinnar eða sérstaklega þó fiskframleiðslunnar, sem búa við mjög góðan hag og kannske svo góðan hag, að þeir sjálfir, sem við hann búa, eru feimnir við að láta í ljós hver sá góði hagur er.

Það má segja kannske að það hafi verið alhliða hjá öllum þessum hagsmunafulltrúum sem komu á fund n. að þeir lögðu mikla áherslu á að þeirra hagsmunir væru ekki bornir fyrir borð og að þeirra framleiðslugreinar héldu öllu sínu. Má segja að niðurstöðu funda með þessum aðilum hafi mátt túlka með vísunni vestfirsku sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

> Margur ágirnist meira en þarf,
> maður einn fór að veiða skarf
> og hafði fengið fjóra,
> elti þann fimmta og í því hvarf
> ofan fyrir bjargið stóra.

Má máske segja líka til viðbótar þessu að það séu ekki allir sem þekki sinn vitjunartíma og muni með kröfugerð sinni og kröfuhörku kannske hverfa niður fyrir bjargið stóra áður en yfir lýkur.

Það er í sjálfu sér eftirtektarvert að það kom ekki fram hjá neinum þessara hagsmunafulltrúa að það jaðrar við neyðarástand í efnahagsmálum okkar þjóðar og að þessar aðgerðir, sem nú er verið að gera með flutningi þessa frv. og fleiri frv., sem bæði hafa verið samþ. og eru máske á leiðinni, að þær beindust fyrst og fremst að því að halda sem flestum atvinnutækjum gangandi til að fyrirbyggja atvinnuleysi og auka gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Ég held að enginn loki augunum fyrir því að ef atvinnuleysi bættist ofan á þá miklu verðbólgu sem íslensk þjóð býr nú við, þá mundi það valda hörmungum allrar alþýðu manna. Það má líka líkja þeim ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, við það sem gert var og að ég tel með samþykki allflestra aðila í þjóðfélaginu, en það var er ríkisstj. og þá í samráði við alþýðusamtökin beitti sér fyrir launahækkun til láglaunafólks og kjarabótum til þeirra og annarra launþega með breyt. á skattalöggjöfinni.

Með þessu frv., sem við erum nú að taka hér til umr., er verið að flytja til innan sjávarútvegsins sjálfs. Það er verið að flytja frá þeim, sem högnuðust bæði beint — og frekast beint — og óbeint á gengisfellingunni, til útgerðarinnar, svo að hún fái gengið á sem næst eðlilegan hátt. Okkur, sem stöndum að flutningi þessa frv., stjórnarflokkunum á Alþ., hefur verið legið á hálsi fyrir að auka svokallað sjóðafargan, þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstj. um að draga úr því kerfi sem nú er búið við. Að vísu er engum nýjum sjóði bætt við, en tekjur Olíusjóðs eru auknar með hækkun útflutningsgjalds til að mæta mikilli hækkun olíunnar og reyndar nær allra rekstrarliða útgerðarinnar. Þær — við vonum, tímabundnu aðgerðir, sem felast í frv., og þær breyt., sem gerðar hafa verið á því frá því að það var fyrst kynnt, eiga sér ástæður, sem ég mun nú nokkuð lýsa. En áður en ég kem að því vil ég aðeins benda á kostnaðarliði, hækkunarliði hjá útgerðinni, auk olíunnar, sem frá áramótum mun nema nær einum milljarði kr. Þjóðhagsstofnunin hefur gert áætlun um það fyrir sjútvn. þessarar hv. d. hver hækkun helstu rekstrarliða útgerðar hafi verið frá ársbyrjun 1975 til marsverðlags 1975 og er þá miðað við ársgrundvöll. Á veiðarfærum er það hjá bátum, sem ekki veiddu loðnu, 273 millj., hjá bátum, sem veiddu loðnu, 41 millj., hjá minni skuttogurunum 91 millj. og stærri skuttogurunum 52 millj., eða samtals í veiðarfærum á ársgrundvelli 457 millj. Iðgjald skipatrygginga að frádregnum endurgreiðslum verður samtals 49 millj. Viðhald verður samtals á þessum framangreindum flokkum 221 millj. og afskriftir 174 millj. Samtals er þetta 901 millj. á ársgrundvelli plús það sem ég áður sagði, olíuhækkunin. Allt þetta nema nær 2 milljörðum kr., en þá er niðurgreiðsluverð olíunnar einnar komið á ársgrundvelli, með því sem áður var, upp í 2½ milljarð kr.

Þegar þetta frv. var fyrst kynnt var áætlað að í stað þess að hækka útflutningsgjöld til fjáröflunar fyrir Olíusjóð skyldu fiskkaupendur greiða útgerðinni fram hjá samningsbundnum hlutaskiptum 11% hærra fiskverð en nú er. Þessi stefna var kynnt sjómönnum og útgerðarmönnum á hávertíðinni, meðan viðkvæmir samningar stóðu yfir. Ábyrgir aðilar úr röðum sjómanna skýrðu sjútvrh. frá því að ef þessi leið yrði lögfest næðust engir samningar á bátaflotanum fyrr en eftir langt samningaþóf, jafnvel verkfall, sem ekki lyki nema með afarkostum fyrir útgerðina. Þessi skoðun var staðfest af áðurnefndum fulltrúum, sem eru nefndir í nál. sjútvn. meiri hl., og var staðfest af þeim fulltrúum, sem komu frá sjómannasamtökunum á fund n. Þeir sögðu aðspurðir að það hefði aldrei verið samið upp á það sem þó samdist um, ef slík lagaákvæði hefðu verið yfir sjómannasamtökunum. Þá var það mat okkar í meiri hl. n., og ég geri ráð fyrir að það sé reyndar líka skoðun þeirra sem skila minnihlutaáliti, að það væri ákaflega óskynsamlegt að fara þessa einhliða fiskverðshækkunarleið þegar væri horft til sameiginlegrar óskar sem hefur komið fram frá framangreindum aðilum og er á þessa leið.

Samninganefnd Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna samþ. að óska eftir því við ríkisstj. að hún feli Þjóðhagsstofnuninni að láta fara fram endurskoðun á samningafyrirkomulagi varðandi kerfisbreytingu á hlutaskiptum og afstöðu til sjóðakerfis sjávarútvegsins. Samninganefndirnar óska eftir að skipuð verði 9 manna n. undir forustu Þjóðhagsstofnunar með aðild tveggja fulltrúa frá eftirtöldum samtökum: Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, og enn fremur að kallaðir verði til fulltrúar Alþýðusambands Vestfjarða og Alþýðusambands Austurlands. N. skili áliti fyrir 1. des. 1975.

Lagasetning þess efnis, að fiskverð skyldi einhliða hækka til útgerðarmanna, hefði að sjálfsögðu haft í för með sér þá skoðun sjómanna að um stefnumörkun væri að ræða. Þetta væri eina leiðin sem fara ætti við endurskoðun sjóðakerfisins. Þetta bar að sjálfsögðu að forðast svo að árangur næðist, en það virðist nú vilji allra aðila, sem hlut eiga að máli, nema þeirra sem máske eru ekki farnir að skilja tilgang eigin samþykktar enn þá. En ef þessi einhliða leið hefði verið farin hefði ekki þurft á sjómönnum að halda í væntanlegri endurskoðun, útgerðarmenn hefðu getað ríslað sér við þá uppskiptingu í sínum hóp.

Á ekki mjög mörgum s. l. árum og með samþykkt þessa frv. er svo komið að nær 50% af fiskverði kemur ekki til hlutaskipta þrátt fyrir skýr samningsákvæði sjómanna og útgerðarmanna þar um. Þessi staðreynd og upplýsingar, sem eru að koma, þótt máske óstaðfestar séu að nokkru, um yfirborganir til útgerðarmanna, auk margs konar fríðinda til þeirra, eru nú að ríða Verðlagsráði sjávarútvegsins að fullu. Það eru æ fleiri sjómenn, ábyrgir aðilar í röðum samtaka þeirra, sem hafa kveðið upp úr um það nú upp á síðkastið að það sé til lítils að sitja á löngum fundum þar og það hafi lítið að segja að gera þetta og vinna svona meðan búið sé við framangreindar staðreyndir, sem ég hef greint hér frá, auk þess sem íslensk sölusamtök á erlendum mörkuðum virðast ekki þurfa að gefa upp samningsbundið söluverð afurða, sem innlenda verðið á þó að taka mið af samkvæmt lögum Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Ef þetta verðákvörðunarkerfi á ekki að hrynja í rúst á næstunni verður full alvara að fylgja þeirri endurskoðun, sem um hefur verið beðið, og það situr þá síst á sumum af samtökum sjómanna að sniðganga slíka endurskoðun, heldur eiga þeir að ganga þar á undan og Alþ. á að vera í fararbroddi um að skora á þá að gera það. Og máske þarf Alþ. líka að ganga að því að endurskoða og setja lög og lagaákvæði um starfsemi þeirra sölusamtaka sem njóta einkaréttar hjá íslensku þjóðinni í sambandi við sína starfsemi, og þar á ég við útflutning á afurðum sínum.

Það voru fleiri vandamál, sem komu upp nú í sambandi við störf n. og höfðu að vísu verið rædd, en kannske ekki til fullnustu á þeim tíma sem þetta var til umr. milli sjútvn. beggja d. og undir forsæti hæstv. ráðh. En í sambandi við 11%, sem tóku breytingum á því stigi að meiri hl. n. var að ræða saman, þá komu upp tvö önnur vandamál og þ. á m. var sú skoðun saltfiskframleiðenda, að ef við fylgdum stift eftir því sem segir í 2. gr. frv. um 6% útflutningsgjald af fob.-verði útflutnings á saltfiski, ef við ekki gerðum þar einhverja bragarbót á, þá mundum við máske með þessari aðgerð ríða að fullu þurrfiskútflutningi okkar og verkun og auk þess stæði saltaði ufsinn ákaflega illa í sambandi við erlenda markaði. Við höfum, sbr. brtt., sem n. í heild flytur, komið á móti þessari skoðun. Þó að það sé álit a. m. k. meiri hl. í sjútvn. að saltfiskverkunin standi máske miklu betur en sé látið í skína, þá vitum við að þeir, sem ekki eru með hráefnisframleiðsluna og blautfiskverkunina í sínum höndum, þeir sem eru eingöngu með þurrfiskverkunina, þeir ríða ekki of feitum hesti frá sinni framleiðslu, auk þess sem við vitum um leið að sala þessara afurða hefur dregist saman á erlendum mörkuðum og við þurfum að gæta þess að halda þeim, jafnvel þó að ríkissjóður eða aðrir sjóðir komi á móti. Við verðum þá að vera reiðubúnir og geta komið á móti með nokkra lækkun á gjöldum til ríkisins til þess fyrst og fremst að tryggja framtíðarmarkaði fyrir þurrfiskinn. Það sjá allir, að það er mikið sem fylgir því, ekki aðeins að blautfiskverka fiskinn, heldur og að koma honum í fulla þurrkun og flytja hann þannig á erlendan markað.

Brtt. okkar í sambandi við þetta mál er á þá leið, að heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. b-lið 2. gr. að hluta eða öllu leyti á þurrkuðum saltfiski, þ. á m. af þurrkuðum saltufsa. Við höfum þetta í heimildarformi til hæstv. sjútvrh., m. a. vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því að þótt saltfiskframleiðendur hefðu farið fram á lækkun, sem næmi nokkrum prósentum af því útflutningsgjaldi sem fyrirhugað er í frv., þá gerum við okkur fulla grein fyrir því að það getur þurft að fara miklu neðar. Það getur verið að það þurfi algjörlega að sleppa gjaldi til þess að við getum haldið því sem ég gat um áðan og þá á ég við markaðina fyrir þurrsaltfiskinn.

Það kom skýrt fram frá aðilum, sérstaklega suðaustanlands og reyndar frá þeim sem hafa séð um hagsmuni síldarsaltenda og þeirra, sem verkað hafa síld frekar, að við þyrftum að vera með sömu undanþáguheimildir og voru í sambærilegum lögum sem við samþ. skömmu fyrir þinghlé. Því erum við með þá brtt. að við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr liður þess efnis, að heimilt sé að endurgreiða útflutningsgjald samkv. lögum nr. 19/1973 og a-lið 2. gr. þessara laga af saltsíld og saltsíldarflökum sem framleidd eru á árinu 1975. Þetta verður að vera matsatriði hverju sinni. Ef af því verður, sem hefur nokkuð komið á dagskrá, að leyfa veiðar á síld allt að 10 þús. tonnum við Suðausturlandið, þá sjáum við auðvitað að svo getur farið að við flytjum út þúsundir tunna af saltsíld eða saltsíldarflökum. Það er ekki þar með sagt að við séum þá að taka hreinar tekjur upp og einhvern stórkostlegan ágóða sem hægt sé að skattleggja fyrir aðra þætti útgerðarinnar. Við megum ekki gleyma því að á undanförnum árum hefur á okkar gömlu mörkuðum, þar sem við seldum okkar saltsíld, verið selt mikið af Norðursjávarsíld, sem

hefur verið stimpluð sem Íslandssíld, og ef við kæmum með miklu hærra verð en sú síld er seld á á þessum mörkuðum, og ég held að það sé frekast Svíþjóðarmarkaðurinn sem við hugsum þá um, þá gæti það skeð að kaupendur vildu ekki fá þessa afurð okkar á því verði sem við teldum okkur geta selt hana á. Ég veit að hún mun að sjálfsögðu seljast hærra verði en hin þegar kemur í ljós að þetta er hin ekta og besta Íslandssíld sem hægt er að fá, en við skulum samt vera viðbúin því að við þyrftum að gefa þessi opinberu gjöld algjörlega eftir til þess að við á ný tryggðum okkur þá markaði sem þarna er um að ræða.

Við erum með sameiginlega brtt. frá n. líka við a-lið 1. gr. í sambandi við lífeyrissjóði sjómanna. Ég vakti athygli á því að það skeði daginn áður en við hófum fundi í n., að tveir miðaldra — eða ég kalla þá unga sjómenn, það voru tveir ungir sjómenn, sem komu til mín. Annar hafði í fyrravetur misst annan fótinn, en hinn var að koma af spítala þar sem annar fótur hans var gerður að staurfót. Þetta eru menn sem voru á besta aldri og höfðu gegnt trúnaðarstörfum um borð í skipum og voru þar yfirmenn, bátsmenn á togurum og farskipum, og þá auðvitað sá maður strax að við getum ekki aðeins talað um verðbætur á lífeyrisgreiðslur, heldur þyrfti að koma þarna inn í líka á örorkugreiðslur. En þessir menn eiga að geta fengið og fá örorkugreiðslur úr sínum lífeyrissjóði, lífeyrissjóði sjómanna. Þetta er að sjálfsögðu breyting sem enginn mun amast við og allir munu telja sjálfsagða, en þetta er yfirsjón þeirra sem unnu að því að fá þetta atriði inn í lögin í byrjun.

Þá kem ég að því atriðinu sem hefur tekið hug og hönd n., a. m. k. margra úr n., undanfarna daga, en það eru ákvæði til bráðabirgða, 3. liður, en með leyfi forseta segir svo orðrétt í frv.: „Ákvæði b-liðar 1. málsgr. 2. gr. l. nr. 2 13. febr. 1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breyt. á gengi íslenskrar krónu, um 20% frádrátt vegna gengismunar, skulu taka til afurða framleiddra úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febr. 1975.“

Því þarf kannske ekki að lýsa, líklega hafa allir hv. þm. fengið einhverja nasasjón af hagsmunahópum, pressuhópum, sem einhverjir kalla, sem hafa verið á ferðinni vegna þessa ákvæðis. Sannleikurinn er sá að það verður að viðurkenna að margt er rétt sem þeir, sem þetta nær til, verksmiðjurnar austanlands, hafa haldið fram í sambandi við sitt mál um að það sé ekki hægt að telja það framleiddar afurðir, þótt mikið loðnumagn sé komið í þrær verksmiðju. Við megum þó ekki gleyma hinu, að það er hluti framleiðslunnar og það er eitt framleiðslustigið að láta loðnuna lagerast í þrónum, þannig að það má segja að framleiðsla sé hafin um leið og loðnan sé komin í þrær. Og það nær auðvitað ekki nokkurri átt fyrir þá að halda því fram að þeir einir meðal loðnuverksmiðja á landinu hafi þurft að kaupa á víxlum þau hjálpargögn, poka og annað, sem þarf til framleiðslunnar. Ég mundi frekar álíta að það séu öll líkindi til þess að þeir einir hafi vegna samgönguerfiðleika austur verið búnir að tryggja sér þetta á eldra genginu. Það eru þá frekar hinir, sem eru hér í grennd við Reykjavík, sem mundu hafa þurft að kaupa þetta á nýja genginu vegna þess að þeir hafa ekki haft fé til þess að festa í þessu áður.

En hvort tveggja eru þetta smáatriði miðað við heildarmálið. Heildarmálið er það að þeir vildu láta afreikna allt það magn, sem var í þróm þessara verksmiðja, sem samkv. upplýsingum loðnunefndar mun hafa numið um 80 þús. tonnum, sem er ákaflega stór hluti af heildarmagninu sem unnið var og var nokkuð á fimmta hundrað þús. tonn, á hinu eldra gengi og vildu njóta gengishagnaðarins af þessu, að þetta væri hráefni sem ekki kæmi undir framleiddar afurðir.

Á þetta vildum við ekki fallast eins og það var sett fram og þá ekki heldur þá till., sem kom frá fulltrúum bæði frá Síldarverksmiðjum ríkisins og verksmiðjum austanlands þess efnis að það yrði sett jöfnunargjald, útflutningsgjald, á allar útfluttar loðnuafurðir á vertíðinni. Í fyrsta lagi kom í ljós auk óréttlætisins, sem þetta hafði haft í för með sér gagnvart þeim, sem eru á Suðvesturlandi, Vesturlandi og hluta Suðurlands, þá kom auðvitað í ljós að það voru ákveðnir aðilar sem voru búnir að flytja út og gera gjaldeyrisskil fyrir öllum sínum loðnuafurðum þannig að það hefði aldrei náðst í þetta útflutningsgjald af þeim afurðum. Hún datt því mjög fljótlega upp fyrir, þessi hugmynd, þegar málið var skoðað niður í kjölinn.

En það var haldið áfram að vinna í þessu og samkvæmt mjög eindregnum óskum bæði þm. að austan og reyndar okkar í meiri hl. sjútvn. var þetta tekið til sérstakrar endurskoðunar síðustu daga og sú endurskoðun og skoðun hefur haft það í för með sér að við flytjum nú við þessa umr. skriflega brtt. við 3. lið ákvæða til bráðabirgða einmitt til þess að koma nokkuð á móti skoðunum framleiðendanna eystra og í Vestmannaeyjum og reyndar í Grindavík líka og Þorlákshöfn. Þeir eru allir undir þessu, að hafa átt mikið af loðnu í sínum þróm þegar gengisfellingin átti sér stað. Þessi skriflega brtt. hljóðar svo, að við 3. tölul. bætist: „Sjútvrn. skal setja reglur um framkvæmd þessa liðar, þar sem m. a. verði kveðið á um, hvernig meta skuli það afurðamagn sem framleitt hefur verið úr hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja, eins og þær voru um miðnætti 15. febr. 1975.“ Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja þessa skriflegu brtt. fram frá mér og hv. þm. Jóni Skaftasyni.

Það verður að viðurkennast að þetta ákvæði er nokkuð óvenjulegt, þar sem má segja að í því felist túlkun á því hvað felist í orðinu framleiðsla í skilningi laga nr. 2 frá 1975, um ráðstafanir vegna gengisbreyt., 14. febr. s. l. Þegar þess er gætt að af 155 þús. tonnum af loðnu, sem að landi var komin að kvöldi hins 15. febr. s. l., eru allt að 80 þús. tonn talin hafa verið í þróm verksmiðjanna, er eðlilegt að sett séu sérstök ákvæði um meðferð þeirrar framleiðslu sem rekja má til þess magns sem allt var að sjálfsögðu verðlagt á hráefnisverði sem miðaðist við eldra gengið.

Eins og ég sagði áðan er auðvitað ljóst fyrir öllum, að framleiðslan verður ekki til á neinni örskotsstund og það þarf margs að gæta í því sambandi. Og það er enginn vafi á því að framleiðslan úr þessum 80 þús. tonnum hefur orðið

til við skilyrði, sem voru afar lík þeim sem giltu fyrir þá framleiðslu sem komin var í birgðir eða hafði verið flutt út fyrir 15. febr. 1975, þótt nokkuð af aðföngum til vinnslunnar kunni að hafa verið greitt eftir gengisbreytinguna. Því er það sem við leggjum til að það verði settar þessar sérstöku reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Er gert ráð fyrir að reglurnar verði í aðalatriðum reistar á tvenns konar heimildum. Annars vegar verði byggt á skýrslum Fiskifélags Íslands um móttekið hráefnismagn á miðnætti 15. febr. 1975 og um fullunna framleiðslu og birgðir loðnuafurða hverrar verksmiðju á sama tíma. Með því að áætla það hráefnismagn, sem farið hefur í fullunnar afurðir samkv. framleiðsluskýrslum, og draga það frá tölum um móttekið hráefnismagn, fæst áætlun um hráefni í birgðum. Hins vegar verði byggt á upplýsingum loðnunefndar um laust þróarrými hjá hverri verksmiðju á þessum tíma því að þessi stærð dregin frá áætluðu heildarþróarrými gefur áætlað magn hráefnis í þrónum. Vegna óhjákvæmilegrar óvissu um þessar áætlanir eins og reyndar allar þær, sem eru lagðar til grundvallar í frv. í heild, og til þess að gæta fyllstu sanngirni er reiknað með því að hráefnismagnið verði í þessu skyni metið sem 2/3 hlutar þess magns sem beinar áætlunartölur samkv. því sem áður sagði gefa sem niðurstöður. Þetta er auðvitað meginatriðið í málinu varðandi það, sem þarna er um að ræða, 80 þús. tonnin, að það verði aðeins 2/3 hlutar þess magns samkv. beinum áætlunartölum sem gefi þá niðurstöðu sem leitað verður eftir. Síðan verði áætlað afurðamagn úr þessu hráefni metið á grundvelli þeirrar nýtingartalna, sem taldar voru gildar um vikuna frá 9. febr. — 15. febr. 1975, en í þeim áætlunartölum var rætt um 15% mjöl og 5,3% lýsi. Og það er auðvitað eitt, sem við verðum að hafa líka í huga, þegar við ræðum hagsmuni þeirra þarna eystra. Það er auðvitað stór munur á hvað út úr fyrstu loðnunni fékkst eða þeirri sem var landað síðast í febr. og í mars við Faxaflóann, en þar er auðvitað fituinnihaldið svo gífurlega miklu meira að þeir eiga að hafa svolitið meira bakþol en hinir. Þessu afurðamagni, sem þannig fæst, verður síðan bætt við birgðamagnið hjá hverri verksmiðju og það magn allt gert upp á eldra gengi við gjaldeyrisskil. Er áætlað að upphæð þessi geti numið allt að 36 millj. kr.

Herra forseti. Það komu að sjálfsögðu fram margar spurningar í sambandi við mál þetta á nefndarfundinum. Ég vil taka það mjög skýrt fram og ég vil þakka hv. þm. Gils Guðmundssyni fyrir að hafa orðið við þeirri ósk að taka sæti á fundi n. í fjarveru fulltrúa Alþb. í n., Garðars Sigurðssonar, en hann dvaldist erlendis í opinberum erindagjörðum meðan við vorum að vinna í málinu, en Gils Guðmundsson sat alla okkar fundi og fylgdist þar með og lagði fram ýmsar spurningar, sem ég geri ráð fyrir að verði gerð grein fyrir á eftir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að þreyta hv. þm. með að fara út í frv. öllu meir. Þar sem ljóst er að við 1. umr. málsins var í ræðu, sem hæstv. sjútvrh. þá flutti er frv. var fylgt úr hlaði, mjög ítarlega farið í hverja einustu gr. og sé ég ekki ástæðu til þess að fara yfir þær aftur. Ég hef reynt að skýra nokkuð frá þeim brtt., sem við leggjum fram, og af hverju þær hafa komið og jafnframt að skýra nokkuð frá því helsta sem fram kom í umr. nm. við þá fulltrúa, sem boðaðir voru á fund hennar.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í byrjun míns máls, að það er vissulega ekki neinn stór fögnuður, hvorki hjá mér né reyndar fleirum, yfir því að óska eftir því við hv. Alþ. að samþ. þetta frv. Við hins vegar sjáum að það er hluti þerira neyðarráðstafana, sem hefur orðið að gera að undanförnu til þess, eins og ég sagði í upphafi míns máls, að tryggja gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar, tryggja atvinnulíf og fyrirbyggja atvinnuleysi. Það er skilyrðislaust sú krafa, grundvallarkrafa, sem verður að gera til ríkisstj. og þess meiri hl. á Alþ. sem hana styður, að við forðum því fári frá þjóðinni, og við gerum það ekki frekar en með því að halda útveginum gangandi. Til þess að svo megi verða hefur þetta frv. verið flutt, sem við mælum með að samþ. verði með þeim breyt. sem við leggjum til á þessu sérstaka þskj. sem ég hef skýrt frá.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 596) samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hv. þm. Reykv., Pétur Sigurðsson, sem mælti fyrir nál. meiri hl. hv. sjútvn. hóf mál sitt á því að flestir ef ekki allir nm. væru andvígir frv., en samt vildi meiri hl. mæla með samþykkt þess með litils háttar breyt., — breyt. sem að vísu skipta varla nokkru máli. Frv. verður þrátt fyrir þær í meginatriðum hið sama. Það, sem máli skiptir er hin gífurlega hækkun útflutningsgjalda sem ráðgerð er og verður þess valdandi að enn eru gerðar ráðstafanir sem koma í veg fyrir nokkra hækkun til sjómanna. Ég er ekki hissa á því þótt hv. þm. sé í anda andvígur frv., en ég er jafnundrandi á þeirri afstöðu hans og annarra meirihlutamanna að vilja ekki einmitt þess vegna fara aðra leið sem er fær, en gerir jafnframt ráð fyrir því að sjómenn kunni að fá bætt þau smánarlaun sem þeim eru skömmtuð fyrir mikla vinnu. Hv. þm. gerir einnig grein fyrir því að fulltrúar hagsmunahópa hafi komið á fund n., en honum láðist hins vegar að geta þess að þeir voru allir sem einn á móti frv., og sýnir það í hvert óefni stefnir með því. Sérstaklega vil ég vekja athygli á því að bæði fulltrúar samtaka útgerðar og ekki síst fulltrúar sjómanna andmæltu frv. harðlega. Af því ættu þeir sem virða hlut þeirra svo mikils sem eins viðlits, að geta dregið sína lærdóma.

Nú er nokkuð liðið á annað ár síðan nokkrir óhappamenn úr þingflokki SF sviptu fyrrv. hæstv. ríkisstj. völdum sínum í raun. Er ekki ýkjamikið vatn til sjávar runnið síðan Sjálfstfl. ásamt íhaldsöflum Framsfl. tók við stjórnartaumunum, en á þeim stutta tíma hefur sú hæstv. ríkisstj. látið hendur standa fram úr ermum við að þrengja kost almennings í landinu strax með gengisfellingu, því að ráðin eru alþekkt, með 2% hækkun á söluskatti í kjölfarið. Á haustþinginu kom svo það eindæma frv., sem menn muna, um

ráðstöfun gengishagnaðar og var umráða- og útbýtingarréttur ráðh. þar hvergi við nögl skorinn, auk þess sem sjómenn voru hlunnfarnir og datt raunar engum annað í hug sem þekkir feril íhaldsstjórnar í landinu. Nú fyrir nokkru voru afgr. lög héðan frá hv. Alþ. um efnahagsráðstafanir, sem fyrst og fremst höfðu að geyma stórfelldan niðurskurð fjárl. til félagslegra framkvæmda. Ekki þurfti að bíða lengi eftir næstu gengisfellingu, hún kom strax eftir að þing kom saman eftir áramót og þá enn stórkostlegri hinni fyrri. Nemur hækkun erlends gjaldeyris í þessum gengisfellingum tveim samtals yfir 50%. Með sama áframhaldi — og er þá vægt reiknað — verður einn dollar kominn í 500 kr. við lok kjörtímabils þessarar hæstv. ríkisstj. fimmfalt dýrari en haustið 1974.

Þessari gengisfellingu fylgir auðvitað ráðstafanafrv. það sem hér er til umr. Það er um hvernig á að ráðstafa gengismun. Gengisfelling var gerð 14. febr., fyrir þrem mánuðum, og það sér hver maður að það er allt of seint fram komið, aldeilis ótrúlegur seinagangur og lýsir best ástandinu á stjórnarheimilinu. Sannleikurinn er sá að í þessu máli, eins og mörgum öðrum er hver höndin upp á móti annarri og ekki aðeins það, heldur sýnir hvert ráðleysi og fálm skín út úr öllum stjórnarathöfnum þessarar hæstv. ríkisstj. Það gefur auga leið, að seinagangur við afgreiðslu þessa frv. hefur það í för með sér að ekki er hægt að innheimta innflutningsgjöld af þeim vörum sem þegar hafa verið fluttar út og gjaldeyrisskil gerð. Missir Olíusjóðurinn meira fé eftir því sem lengra líður. En 2. gr. var sett til að styrkja hann. Það er býsna hætt við að mikið komi til með að vanta í sjóðinn þegar upp verður staðið, nema því aðeins að farið verði að ráðum minni hl. sjútvn. og fiskverð hækkað til skipta og teljist sú hækkun þá taka gildi frá 15. febrúar.

Eins og fram kemur af nál. meiri hl. n. átti ég þess því miður ekki kost að taka þátt í síðasta fundi n. En ég hef kynnt mér málið frekar en ég átti kost á að gera við 1. umr. og fengið gögn í hendur varðandi það sem fram fór á fundum n. og skrifa þess vegna undir nál. minni hl. ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni.

Minni hl. n. flytur nokkrar brtt. á sérstöku þskj., nr. 580, en nál. birtist á þskj. 579. Ég vil, áður en ég geri grein fyrir brtt. minni hl., taka það skýrt fram að okkur Alþb.-menn greinir ekki á við stjórnarflokkana um að við efnahagsvanda hefur verið að glíma frá byrjun síðasta árs, en okkur greinir mjög á um stærðargráðu vandans. En við erum alls ekki sammála hæstv. ríkisstj. um leiðir til lausnar þess vanda. Við neitum að viðurkenna að við eigum þátt í því hvernig komið er í þessum efnum eftir þetta tímabil gengisfellingaræðis ríkisstj. En minni hl. n. vill samt benda á aðra leið í meðferð þessa máls sem er þó fylgifiskur gengisfellingarinnar frá í febrúar.

1. brtt. á þskj. 580, gerir ráð fyrir smávægilegum breyt. á ráðstöfun gengismunar, en minni hl. er ljóst að full ástæða væri til að taka öll þessi mál til gagngerðrar endurskoðunar. Höfuðatriðið í brtt. okkar er breyt. við 2. gr. frv. þar sem minni hl. n. neitar alfarið að fara enn þá leið að hækka útflutningsgjöld af sjávarafurðum til að standa undir hækkun á olíuvörum. Sú leið kemur í veg fyrir það sem fyrr að fiskverð til skipta geti hækkað, og með henni væri enn gengið fram hjá sjómönnum eins og í fyrri skipti og hlutur þeirra ekki réttur þó að illa sé komið.

Við skulum aðeins staldra við og athuga hvernig málum væri komið ef frv. þetta yrði að lögum. Ég bið hv. alþm. að taka vel eftir því að það þýddi einfaldlega að meira en helmingur þess fisks sem á land yrði dreginn, yrði skorinn burt áður en til skipta kemur milli útgerðarmanna og sjómanna, — meira en helmingurinn. Þess vegna vil ég alvarlega vara við að leið frv. verði valin, en í stað þess verði fiskverð hækkað þannig að útgerðin geti staðið undir hærra olíuverði. 13% hækkun á fiskverði til skipta gefur milli 1500 og 1600 millj. kr. á ársgrundvelli, en nokkru minna eða 1300—1400 millj. frá 15. febr. að telja, frá þeim degi sem gert er ráð fyrir að fiskverðið eigi að hækka samkv. okkar till. Í versta falli fær útgerðin milli 700 og 800 millj. af því í sinn hlut og þá vantar samkv. útreikningi um það bil 200 millj. kr. í Olíusjóð, sem við gerum þá ráð fyrir að ríkissjóður bæti við.

Fiskverðshækkunin leysir sem sagt olíuvandann að mestu. Hún leysir enn fremur þann vanda sem nú er við að glíma við að manna skipin vegna þess hve sjómenn á meðalbát eru nú langt á eftir í launum, og hún gæti orðið til þess að leysa þær launadeilur sem nú standa yfir eða eru fyrir dyrum. Fiskverðshækkunin getur sem sagt orðið til þess að leysa stórvirkustu atvinnutæki þjóðarinnar frá bryggju og er þá ekki lítið unnið ef allt er saman lagt. Ég vil einmitt fyrst ég minnist á togarana leggja mikla og þunga áherslu á það að togarana verður að leysa.

Þeirri mótbáru verður auðvitað hreyft að vinnslan geti ekki greitt hærra verð fyrir fiskinn. En því er til að svara í fyrsta lagi að þá sleppur hún við útflutningsgjöldin, sem nema stórupphæðum eða á annað þúsund millj. kr. á tímabilinu. Það skal nefnt í öðru lagi að nú hefur verið staðfest opinberlega að um talsverðar yfirborganir hefur verið að ræða á fiski. Þessar yfirborganir hafa verið fólgnar fyrst og fremst í beinum umframgreiðslum, en auk þess í alls konar aðstöðu, í ókeypis ís og jafnvel hluta af veiðarfærum. Þess eins er gætt að sjómenn fái ekki hlut af yfirborgununum. Með því er vitanlega farið fram hjá samningum þar sem sjómenn eiga að fá sama verð fyrir aflann og útgerðarmenn. Sumir hafa gripið til þess ráðs að sverja fyrir yfirborganir af þessu tagi. Það er sennilega til þess gert að það geti synt fram hjá uppgjöri til skatts. Verði hins vegar áframhald á yfirgreiðslum af þessu tagi verða þær að koma til skipta eins og sjálfsagt er. Nefni ég þessar yfirborganir, sem hafa víða viðgengist til að sýna að tillögur okkar í minni hl. n. eru eins hógværar og frekast er unnt, aðeins um 13% hækkun á skiptaverði sem hlutur útgerðar ætti að ná langt til að greiða nokkru hærra olíuverð fyrir. Dugi þessi hlutur ekki til fulls er gert ráð fyrir því í brtt. minni hl. n. að heimila ríkissjóði að

greiða 200 millj. í Olíusjóð til hækkunar niðurgreiðslna og brúa þar með það bil sem verða kunni.

Þetta er stórt mál og alvarlegt. Getur mönnum þótt sanngjarnt að búið sé að klípa meira en helminginn af hverjum fiski áður en til skipta kemur? Slíkar aðferðir minna helst á það þegar ánauðugir bændur og leiguliðar þurftu að greiða lénsherrum og Tyrkjum helming af framleiðslu sinni og þaðan af meir. Ég vil þó benda á það að af þeim tæpa helmingi, sem eftir er, eiga sjómenn þó ekki nema tæpan helming í besta falli og oftast minna og þó eiga þeir þá eftir að greiða alla sína skatta af þeim hlutum sem þeir þá fá. Getur nokkrum manni fundist það sanngjarnt að með hverjum þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið í sjávarútvegsmálum undir núv. hæstv. ríkisstj. sé þess og þess eins sífellt gætt að auka þann hlut sem ekki kemur til skipta og hlunnfara þannig sjómenn meir en orðið er? Sjómenn eru undirstöðustétt í þjóðfélaginu, yfirleitt illa launuð, vinnandi langan vinnutíma á erfiðustu fiskimiðum heimsins, langtímum saman frá fjölskyldum sínum á sama tíma og á herðum þeirra, öðrum fremur, hvíla þær stoðir sem standa undir lífsafkomu þjóðar okkar hér norður við ysta haf. Ef við veitum þessari stétt ekki mannsæmandi lífskjör og helst nokkru betri en þeim sem í landi vinna, stétt sem vinnur langan dag og erfiðan, eins og ég gat um áðan, þá kemur að því að sjómenn, vanir sjómenn, ganga í land og þá er skarð fyrir skildi, nægilegt til þess að efnahagur landsmanna brotnar auðveldlega niður.

Minni hl. n. varar alvarlega við hækkun útflutningsgjalda nú af ástæðum sem nú hefur verið greint frá, en í stað þess verði farin leið hækkaðs fiskverðs til skipta útgerðarmönnum og sjómönnum til hagsbóta, það verður áreiðanlega sjávarútveginum notadrýgst og allri þjóðinni fyrir bestu. Þess vegna skora ég nú á hæstv. sjútvrh. að falla frá rangri till., till. sem sýnilega getur ekki skilað því sem hún átti að skila vegna þess hversu nú er áliðið. Hins vegar skilar till. minni hl. n. meiru, auk þess sem hún verður að miklu gagni öðru, eins og ég hef drepið á hér á undan.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þegar frv. þetta kom til fyrstu umr. hér í hv. deild fyrir nokkrum dögum voru liðnir hátt í tveir mánuðir frá því sú gengisfelling var gerð sem þetta frv. er flutt í framhaldi af. Hæstv. ríkisstj. hafði sem sé þurft margar vikur til þess að gera sér grein fyrir því til hvaða ráða hún vildi grípa til að hressa eitthvað upp á útgerðina í landinu eftir afleiðingar þær sem efnahagsstefna ríkisstj. og hinar tíðu gengisfellingar hennar höfðu haft fyrir útveginn. Þessi langi biðtími sannar tvennt: Í fyrsta lagi að ríkisstj. þreifar fyrir sér um úrræði eins og blindur maður og hún veit aldrei í dag hvað hún hyggst gera á morgun. Í annan stað er þessi langi biðtími ljós vottur þess ósamlyndis sem ríkir í stjórnarherbúðunum. Aðgerðir eru dregnar von úr viti meðan deilt er fram og aftur um hvað gera eigi. Fyrirheit eru gefin í dag sem eru tekin aftur til baka á morgun og niðurstaðan verður óhrjálegur hrærigrautur bráðabirgðaráðstafana sem ekkert megna og allir eru óánægðir með. Niðurstaðan er „sorglegt stjórnarfrv.“ þar sem „stór spor eru stigin aftur á bak“ svo að vitnað sé í ummæli annars aðalmálgagns Sjálfstfl. og hæstv. sjútvrh. um frv. það sem hér er til meðferðar. Mér hefur verið sögð sú saga og tek hana fyllilega trúanlega að þeir, sem fyrst komu nálægt samningu þessa frv., hafi ekki þekkt sitt eigið afkvæmi þegar loksins það lá prentað fyrir í þskj. eftir að þeir voru til skiptis búnir að tína og finna aftur ýmis ákvæði sem annað hvort eru í frv. í núv. mynd þess eða voru í því í upphaflegri gerð þess.

Hv. frsm. meiri hl. sjútvn. Nd. vitnaði hér áðan í vestfirska stöku. Ég skal gjarnan koma með aðra slíka tilvitnun, með leyfi hæstv. forseta, sem e. t. v. lýsir þeim vinnubrögðum sem hæstv. ríkisstj. hefur haft við samningu þessa máls, en stakan er svona:

> Týndur fannst, en fundinn hvarf,
> að fundnum týndur leita þarf,
> en týndist þá og fundinn fer
> að finna þann sem týndur er.

Þannig hefur hæstv. ríkisstj. haldið á þessum málum. Hún hefur til skiptis týnt og fundið aftur þær greinar sem hún setti upphaflega í frv. og það er vart svo að menn þekki sitt eigið afkvæmi í stjórnarherbúðunum.

Þegar frv. þetta um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins loks komst til sjútvn. þessarar hv. d. eftir japl, jaml og fuður innan ríkisstj. og stjórnarflokkanna, var farið að hylla undir þinglok. Því var það að nefndinni gafst ekki nægur tími til að skoða það mál sem tekið hafði hæstv. ríkisstj. hart nær tvo mánuði að semja. Nefndinni gafst m. a. ekki tími til þess að óska skriflegra umsagna þeirra hagsmunaaðila sem mál þetta varðar, en varð að láta sér nægja að kalla forsvarsmenn þeirra til stutts spjalls. Hefði þó verið rík ástæða til þess að þingmönnum gæfist kostur á því að kynna sér svart á hvítu umsagnir þeirra aðila sem efni þess frv. varðar því að allir eru þeir sammála um að telja meginefni þess ákaflega varhugavert, með öllu óaðgengilegt og beinlínis hættulegt fyrir eðlilega starfsrækslu í þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Í nál. meiri hl. sjútvn. er reynt að koma sér undan því að geta um þessar umsagnir og hvað þessir menn höfðu til málanna að leggja. En staðreyndin er sú að í sjútvn. kom fram eindregin og áköf andstaða allra þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í sjávarútvegi, við það meginefni þessa frv. að leggja út í vanhugsaðar tilfærslur á hundruðum milljóna króna innan sjávarútvegsins með myndun risavaxins sjóðakerfis. Þetta var samdóma álit allra þeirra oddvita hagsmunahópa sem komu að máli við sjútvn. Nd., hvort heldur þeir töluðu fyrir munn útgerðarmanna, fiskverkenda eða sjómanna. Og það er stórlega varhugavert og raunar mjög ámælisvert af stjórnvöldum að knýja í gegn lausn, ef lausn skyldi kalla, sem allir þeir aðilar, er hagsmuna eiga að gæta, vara eindregið við og taka ákafa afstöðu gegn, ekki hvað síst ef sú leið stangast algjörlega á við raunverulegar skoðanir stjórnarliða

sjálfra eins og ég hygg að ýmis meginatriði þessa frv. geri. Verði það samþ. á þessu þingi í núv. mynd, þá verður það gegn betri vitund flestra hv. stjórnarþingmanna og gegn vilja þeirra margra hverra. Fyrir það geta þeir ekki beðið forláts á þeim grundvelli að þeir viti ekki hvað þeir eru að gera.

Eins og fram kemur í nál. minni hl. sjútvn. náðist ekki samstaða í nefndinni um afgreiðslu frv. Ágreiningur er um allar greinar frv., en þó mestur efniságreiningur um 2. gr. þess. Um 1. gr. frv. er það að segja að þar er, eins og venja hefur verið til undir slíkum kringumstæðum, verið að ráðstafa gengismun sem skapaðist á birgðum sjávarafurða í kjölfar síðustu gengisbreytingar hæstv. ríkisstj. Samkv. áætlun Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir að þessi gengismunur nemi 1644 millj. kr. að frádregnum hækkuðum kostnaði, svo sem eins og farmgjöldum og vátryggingum. Með frv. þessu er Alþ. svo ætlað að ráðstafa þessu fjármagni og þá fyrst og fremst til útgerðarinnar af þeim eðlilegu orsökum að gengisbreytingin hafði mjög slæm áhrif á rekstrarstöðu og afkomu útgerðarinnar, m. a. vegna mikilla skulda hennar, ýmist í erlendum gjaldeyri eða í gengistryggðum lánum. Er raunar meira en lítið vafasamt hvort þessar aðgerðir nægja til þess að bæta útgerðinni það tjón sem hún hefur hlotið af völdum gengisfellingarstefnu hæstv. ríkisstj., a. m. k. virðist af útreikningum sem svo muni tæpast vera þótt ég sé vissulega enn þeirrar skoðunar, sem komið hefur fram hjá mér á Alþ. áður, að vafasamt sé að taka of mikið mark á meðaltalstölum um afkomu útgerðar í landinu, m. a. vegna þess að þær tölur eru að verulegu leyti byggðar á grunnupplýsingum atvinnurekendanna sjálfra um eigin hag, en ekki frumgagnasöfnun Þjóðhagsstofnunarinnar eins og á t. d. við um útreikninga hennar á afkomu frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva. Það er a. m. k. fleirum en mér hulin ráðgáta hvernig það getur átt sér stað að hægt sé að reka útgerð árum og jafnvel áratugum saman með sífelldu tapi án þess að atvinnurekendurnir þurfi að segja sig nema rétt mátulega mikið til sveitar. Kannske er þetta unnt með því að gera út á sjóðina í staðinn fyrir á sjóinn, a. m. k. er orðið talsvert veiðilegt þar um að litast þegar millifærslusjóðir útgerðarinnar fara nú að nálgast 7. milljarðinn. Fer þá að láta nærri að útgerðin hirði hálfan afla sinn úr sjó og hálfan afla sinn úr sjóði.

Ég sagði áðan að Alþ. væri með þessu frv. ætlað að ráðstafa gengishagnaðarsjóði að upphæð 1644 millj. kr. Þetta er þó vart nema hálfur sannleikurinn því að samkv. 2. málsgr. b-liðar 1. gr. þessara laga er ætlast til að Alþ. heimili hæstv. sjútvrh. að ráðstafa um fjórðungi af þessu fé til skammtímalánveitinga í sjávarútvegi án nokkurra fyrirmæla frá Alþ. um hvernig með skuli fara. Sama upphæð og sömu ákvæði eru í sambærilegum lögum sem afgreidd voru frá Alþ. fyrir fáeinum mánuðum. Verði þetta ákvæði samþykkt óbreytt mun hæstv. sjútvrh. hafa fengið á þessum vetri alls 800 millj. kr. til ráðstöfunar til lánveitinga í sjávarútvegi. Skyldi hæstv. fjmrh. ekki gjarnan vilja fá slíka heimild við afgreiðslu fjárlaga — að Alþ. heimilaði honum að ráðstafa t. d. þriðjungi af framkvæmdafé fjárlaga eins og hugurinn girnist? Hæstv. sjútvrh. hefur sagt að að vísu hafi hann ekki látið leggja þetta fé inn á tékkareikning hjá sér og deilt svo ávísununum út með jólakertum og nýárskveðjum. Hann hefur lýst því yfir að þeim 400 millj. kr., sem hann fékk til ráðstöfunar í gildandi lögum hafi verið úthlutað af Fiskveiðasjóði að fengnum tillögum viðskiptabanka sjávarútvegsins sem svo ábyrgðust endurgreiðslu á því fé. En það breytti ekki því að samkv. ákvæðum frv. eins og þau eru ber sjútvrh. ekki að hafa þennan háttinn á. Alþ. selur honum sjálfdæmi í málinu. Samþykki það frvgr. óbreytta hefur hann í sínum höndum úrslitavald um ráðstöfun fjárins svo og um einstakar lánveitingar, en ekki þær stofnanir sem eðlilega ættu með að fara. Og hver er kominn til með að segja að ef það fordæmi verður sett sem nú er verið að setja, þá muni sjútvrh., annaðhvort nú eða í framtíðinni, ef slíkar ráðstafnair verði gerðar — og á ég þá ekkert frekar við þann ágæta mann, sem nú gegnir því embætti, en þá aðra sem kunna að setjast í sæti hans, — hver er kominn til með að segja að verði ráðstöfunarvald yfir slíku fjármagni sett óskorað í hendur ráðh., þá muni hann ekki hafa afskipti annaðhvort af einstökum lánveitingum eða heildarráðstöfun fjárins? Í frv. er ekkert sem bannar honum það. Þvert á móti er beinlínis verið að ýta undir að hann geri það með því að fá honum þetta vald í hendur. Ég tel það mjög óhyggilegt, hver sem í hlut á, að pólitískum ráðh., sem á ýmissa hagsmuna að gæta, sé fenginn svo skilmálalaus ráðstöfunarréttur á fjármagni sem hér um ræðir. Verði það gert er nánast hreinn skrípaleikur að vera að hafa það yfirbragð á málinu að Alþ. sé að útdeila fénu. Hvílíkur skrípaleikur það er sést best á því að ógerningur hefur verið að fá nákvæmlega upplýst hér á Alþ. hvernig þessu fé hefur verið ráðstafað til þessa, hverjir hafa notið þess og hvers vegna.

Annað atriði í þessu sambandi vil ég einnig nefna. Sé það slíkur kross á hæstv. ráðh. að eiga að ráðstafa þessu fé eins og heyra mátti í ræðu hans við 1. umr. þessa máls, hvers vegna leggur hann þá slíkt ofurkapp á að fá frv. samþ. einmitt þannig sem það er úr garði gert? Hæstv. ráðh. hefur sagt að þeim 400 millj. kr. sem komu í hans hlut, ef svo má segja samkv. nýlega samþykktum lögum hafi verið úthlutað Fiskveiðasjóði samkv. till. viðskiptabanka sjávarútvegsins og að þann hátt hyggist hann hafa á áfram. Gott og vel. Við hv. þm. Garðar Sigurðsson höfum flutt brtt. við síðari málsgr. b-liðar 1. gr. þessa frv. á þskj. 580, þar sem við leggjum til að einmitt þessi framkvæmdamáti, sem ráðh. segist vilja hafa, verði lögfestur. Og fyrst sá er vilji hæstv. ráðh. um framkvæmdina, er honum þá nokkuð að vanbúnaði að samþ. þá till.? Vilji hann það ekki er ástæðan einfaldlega sú að krossinn er honum ekki jafnþungur á baki og hann vill vera láta. Þá er ástæðan sú að hann vill hvað sem tautar og raular fá einn og sjálfur að hafa síðasta orðið um ráðstöfun fjórðungs gengishagnaðarsjóðsins. Hvers vegna skyldi hæstv. ráðh. endilega vilja hafa það vald ef hann hyggst ekki beita því?

Um önnur atriði 1. gr. þessa frv. mætti einnig

ræða. T. d. gæti talist eðlilegt að breyta nokkuð ákvæðum um upphæðir samkv. c- og d-lið gr., t. d. á þann veg að óafturkræft framlag til Fiskveiðasjóðs til að greiða fyrir lánveitingum til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskiskipum yrði lækkað eitthvað, en á móti yrði aukið það fé sem varið er samkv. g-lið til að bæta eigendum fiskiskipa tjón sem þeir verða fyrir séu skip þeirra dæmd ónýt og tjónið ekki bætt með öðrum hætti. Þær 50 millj. kr., sem verja á í þessu skyni, duga harla skammt.

Þá þykir okkur í minni hl. sjútvn. einnig eðlilegt að sjómenn fái í sinn hlut nokkru meira af gengishagnaðarsjóðnum en frv. þetta gerir ráð fyrir, einfaldlega vegna þess að þeir eiga sama tilkall til hans og atvinnurekendur þeirra. Við höfum þó látið okkur nægja að gera þá lítilvægu brtt. við i-lið 1. gr. að framlagið til orlofshúsa sjómannasamtakanna verði hækkað úr 12 millj. kr. í 20 millj., en eftirstöðvar gengismunarsjóðs til síðari tíma ráðstöfunar minnki þá samkv. því.

Þau verðmæti, sem standa á bak við gengishagnaðarsjóðinn, eru sköpuð af öllum þeim aðilum sem starfa við sjávarútveg og fiskvinnslu. Þau eru sköpuð af atvinnurekendum og launþegum í útgerð og þau eru líka sköpuð af atvinnurekendum og launþegum í fiskvinnslu. Þó eru það atvinnurekendurnir fyrst og fremst í útgerðinni, en einnig að nokkru leyti í fiskvinnslunni, sem því nær einir eiga að njóta þeirra verðmæta sem gengishagnaðarsjóðurinn býr yfir samkv. ákvæðum þessa frv. Réttur sjómannsins er að nokkru leyti viðurkenndur í frv., en réttur fiskverkunarfólksins ekki. Ég geri mér auðvitað ljóst að mjög erfitt er að láta eitthvað af fjármunum sjóðsins renna til verkafólks í fiskiðnaði með svipuðum hætti og frv. gerir ráð fyrir gagnvart sjómönnum. Sjómenn eru afmörkuð starfsstétt með sérstök stéttarfélög, sérstakar orlofshúsaframkvæmdir og í flestum tilvikum sérstaka lífeyrissjóði. Verkafólk í fiskiðnaði deilir sínum félagsmálum hins vegar með öðru verkafólki svo að erfitt er að skilja þar á milli. Þó er unnt að ganga talsvert til móts við þetta verkafólk í frv. eins og þessu ef vilji er fyrir hendi. Það er t. d. hægt að gera á þeim grundvelli sem lagt er til í 1. brtt. okkar á þskj. 580, þar sem lagt er til að hluta af því fjármagni, sem til ráðstöfunar er til skammtímalánveitinga, verði varið til lánveitinga til fiskverkunarstöðva til þess að flýta framkvæmdum við að bæta hreinlætisaðstöðu og aðra aðbúð verkafólksins sem mjög víða er ábótavant. Mikið hefur verið gert í þessum málum á undanförnum árum, einkum af ákveðnum aðilum í fiskverkun, en þó er enn langur vegur frá að ástandið sé komið í gott horf. Hér er um talsvert fjárfrekar framkvæmdir að ræða sem þó verður að vinna og fiskvinnslufyrirtæki verða að verja fjármunum til sem þau ella gætu haft til annarra nota. Því kæmi sérstök bráðabirgðalánafyrirgreiðsla í þessu skyni til að flýta slíkum framkvæmdum fiskvinnslufyrirtækjunum ekki verr en önnur lánafyrirgreiðsla til annarra verkefna. Eini munurinn er sá að ef sú leið yrði valin, sem minni hl. sjútvn. leggur til, þá fengi verkafólkið einnig að njóta þess með óbeinum hætti. Þá væri einnig verið að reyna að viðurkenna í verki að það ætti líka tilkall til þeirra fjármuna sem það hefur átt þátt í að skapa og Alþ. er nú að ráðstafa. Ég fæ ekki séð að þessi till. okkar breyti neinu til eða frá um eðli og inntak þeirrar sérstöku lánsfjárfyrirgreiðslu sem síðari málsgr. b-liðar 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Hún getur staðist út af fyrir sig sjálfstæð þótt fyrri málsgr. brtt. okkar verði felld, og ég vona að hún hljóti stuðning hv. alþm.

Ágreiningurinn um 1. gr. er ekki ágreiningur um meginefnisatriði nema að mjög óverulegu leyti, heldur fyrst og fremst um einstök framkvæmdaatriði. Ágreiningurinn, sem í nefndinni er um 2. gr. frv., er hins vegar mjög djúpstæður efniságreiningur. Minni hl. nefndarinnar er algerlega á móti því meginmarkmiði greinarinnar að efla enn um allan helming millifærslusjóðakerfið í sjávarútvegi sem er eðlilegri starfsemi atvinnugreinarinnar fjötur um fót og býður upp á gróflega misnotkun. Minni hl. nefndarinnar finnst eðlilegast að olíuverðshækkunin verði bætt útgerðinni með hækkuðu fiskverði sem vitað er að fiskverkendur geta borgað. Slíkt er eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun sem kemur þeim mest að gagni sem hagkvæmastan reksturinn hafa og gæta vilja eðlilegs sparnaðar í olíunotkun, þar sem hins vegar millifærslu- og niðurgreiðsluleiðin ýtir undir algert hömluleysi, leggur þyngstu útgjöldin tiltölulega á þá sem best standa sig og gerir það að verkum að fela raunverulegt kostnaðarverð þeirra verðmæta, þ. e. a. s. olíunnar, sem menn eru að fara með. Slíkt kerfi hlýtur ávallt að vera óæskilegt og mjög viðsjárvert, enda er það samdóma álit allra þeirra hagsmunaaðila í sjávarútvegi sem nefndin hafði tal af. Enginn þeirra mælti því kerfi bót sem 2. gr. frv. leggur til. Allir, hvort heldur þeir voru málsvarar sjómanna, málsvarar útgerðarmanna eða málsvarar fiskverkenda, — allir lögðust mjög eindregið gegn því að hún yrði farin, af mjög svo eðlilegum og auðskiljanlegum ástæðum.

Áður en vikið er að efni 2. gr. sem gerir ráð fyrir því hvernig bæta eigi útgerðinni kostnaðarhækkun hennar vegna hækkunar á olíuverði eingöngu, er rétt að reyna að gera sér nokkra grein fyrir stöðu útgerðarinnar í landinu almennt Að beiðni minni lét Þjóðhagsstofnunin sjútvn. Nd. í té útreikninga á hækkun helstu rekstrarkostnaðarliða útgerðar, annarra en olíu, frá ársbyrjun 1975 til marsverðlags 1975, miðað við heilt ár. Fyrir einstaka stærðarflokka fiskiskipa eru þessar tölur sem hér segir:

Hækkun nokkurra rekstrarliða útgerðar frá ársbyrjun 1975 til marsverðlags 1975 á ársgrundvelli:

Bátar án loðnu, hækkun rekstrarliða 551 millj. kr.

Loðnuveiðar, hækkun rekstrarliða 70 millj. kr.

Minni skuttogarar, hækkun rekstrarliða 184 millj. kr.

Stærri skuttogarar, hækkun rekstrarliða 96 millj. kr.

Samtals hækkun rekstrarliða á ársgrundvelli á öllum flotanum 901 millj. kr.

Þjóðhagsstofnunin gerir m. ö. o. ráð fyrir því að heildarhækkun á öðrum rekstrarliðum útgerðar en olíu verði á ársgrundvelli miðað við mars-

verðlag 1975 rétt röskar 900 mill. kr. Í aths. með þessu frv., neðst á bls. 2, stendur að skipshluturinn af fiskverðshækkuninni, sem varð í febr. s. l., muni nema á árinu um 900 millj. kr. til útgerðarinnar eða sömu heildarupphæð og hækkun annarra rekstrarliða en olíu á árinu. Fiskverðshækkunin frá 14. febr. mun því nægja til þess að mæta umræddum kostnaðarhækkunum útgerðar í heild, að undanskildum hækkunum vegna olíu þótt hún komi að sjálfsögðu ójafnt niður á einstaka stærðarflokka fiskiskipa eins og kostnaðarhækkun rekstrarliðanna er mismikil. Einkum mun afkoma bátaflotans verða örðug á árinu jafnvel svo að sennilegt er talið að um helmingur flotans verði á Aflatryggingasjóði. Sá furðulegi hlutur getur þó gerst í sambandi við það fyrirkomulag að þótt skip lendi á Aflatryggingasjóði getur útgerð þess þó gengið sæmilega vel og er það eitt út af fyrir sig röksemd fyrir hversu varhugavert þetta sjóðakerfi er og hvernig unnt er að sniðganga það.

Af þeim tölum, sem ég hef að framan rakið, má sjá, að útgerðin hefur nú þegar fengið í fiskverðshækkuninni frá 14. febr. bættar þær kostnaðarhækkanir sem orðið hafa og verða á öðrum rekstrarliðum en olíu. Þess er að vænta að enn kunni fiskverð eitthvað að geta hækkað og ætti sú hækkun a. m. k. að geta nægt fyrir ófyrirséðum hækkunum á rekstrarliðum, sem verða kunna, og jafnvel heldur betur. Samkv. þessu er því hægt að líta á olíudæmið eitt út af fyrir sig.

Um s. l. áramót var verð á gasolíu til íslenskra fiskiskipa kr. 5.80 á hvern lítra. Niðurgreiðslan úr Olíusjóði nam þá kr. 8.50 með hverjum lítra. 11. jan. s. l. hækkaði olíuverð í 8.20 á lítra og 19. febr. í kr. 11.70 á lítra, en niðurgreiðslur úr Olíusjóðnum héldust óbreyttar. Þessi verðhækkun á olíunni er talin nema 1 000 millj. kr. útgjaldaauka hjá útgerðinni á einu ári. Það eru sem sé þessar 1 000 millj. kr. sem á vantar til þess að afkoma útgerðarinnar í heild geti orðið sú sama á árinu 1975 og hún var á árinu 1974 að öllu öðru óbreyttu. Það er svo önnur saga að liðið hafa ár og dagar áður en ríkisstj. lagði fram till. sínar um ráðstafanir til þess að bregðast við þessum vanda og á meðan hefur útgerðin væntanlega verið skuldfærð fyrir olíuverðshækkuninni.

Með till. ríkisstj. í 2. gr. þessa frv. er ráð fyrir því gert að bregðast við þessum olíuvanda með þeim óeðlilega hætti að greiða alla olíuverðhækkunina niður. Hún ætlar að afla fjár með hækkunum á útflutningsgjöldum í því skyni að halda olíuverðinu til fiskiskipa óbreyttu í 5.80 á lítra, enda þótt hið raunverulega olíuverð sé nú kr. 20.20 á lítra. Niðurgreiðslurnar ættu því að nema alls kr. 14.40 á lítra, hvorki meira né minna, eða um ¾ hlutum hins raunverulega olíuverðs. Hvaða afleiðingar hefur þetta? Þetta hefur að sjálfsögðu þær afleiðingar að menn eru sér allsendis óvitandi um raunveruleg verðmæti þess sem þeir eru að fara með, í þessu tilviki verðmæti olíunnar. Menn geta sagt sér það sjálfir hvort tilhneiging yrði til þess að reyna að fara sparlega með olíu þegar aðeins þarf að greiða fyrir hana ¼ raunverulegs verðs, svo að ekki sé talað um þá misbeitingarhættu sem í slíku felst og við íslendingar þekkjum mætavel úr langri og erfiðri niðurgreiðslusögu. Þessi röksemd ein út af fyrir sig ætti því að nægja til þess að hræða menn frá þessari óeðlilegu niðurgreiðsluleið.

Í annan stað er með þessu móti óbeint verið að leggja þyngstu byrgðarnar á þá útgerðarmenn sem bestan rekstur hafa og mesta nýtni og gætni sýna, en verið að lyfta undir skussa og óráðsíumenn. Það er sem sé verið að vinna beinlínis á móti eðlilegum og skynsamlegum rekstrarháttum í þeirri atvinnugrein landsmanna sem mest á ríður að sé vel og skynsamlega rekin.

Í þriðja lagi er með þessu móti í reynd verið að velta hluta olíuverðshækkunarinnar yfir á sjómenn. Það liggur auðvitað í augum uppi því að ef fiskverkendur væru ekki skattlagðir með þessum hætti gætu þeir greitt hærra fiskverð sem þá rynni að hluta til sjómanna. Eins og nú standa sakir, koma aðeins um 58% af raunverulegu aflaverðmæti hvers skips til hlutaskipta. Verði frv. þetta samþ. óbreytt er búið með skattlagningu og öðrum sambærilegum ráðstöfunum að taka svo mikið af óskiptu að aðeins 46—48% af raunverulegu aflaverðmæti koma til hlutaskipta. Þessi viðsjárverða þróun, sem beinist að því að hafa umsamið kaup af sjómönnum, hefur leitt til þess að sjómannasamtökin íhuga nú í fyllstu alvöru að hætta að semja á grundvelli hlutaskipta, en semja þess í stað um fast kaup.

Í fjórða lagi er með ákvæðum 2. gr. mjög verið að mismuna einstökum framleiðsluþáttum í sjávarútvegi með því að taka upp mishátt útflutningsgjald á einstökum afurðum. Raunverulega verka þessi ákvæði nákvæmlega eins og mismunandi gengisskráning fyrir mismunandi afurðir. Ég átti sannast sagna von á öðru af hálfu þeirra sjálfstæðismanna en að þeir tækju ábyrgð á því að innleiða í meginatriðum sambærilegt kerfi á við það sem Framsfl. bar höfuðábyrgð á áður fyrr og fyrsta og eitthvert besta verk viðreisnarstj. var að afnema.

Í fimmta lagi er svo með ákvæðum 2. gr. verið að byggja upp risavaxið millifærslu- og sjóðabákn í undirstöðuatvinnugrein landsmanna — bákn sem leggjast mun eins og helsi um háls þessarar atvinnugreinar. Ég veit ekki hvort menn gera sér fulla grein fyrir því hve viðamikið þetta millifærslubákn verður verði frv. samþ. Nefnd hefur verið talan 6 500 millj. kr. sem yrðu bundnar í sjóðakerfi sjávarútvegsins með þessum hætti, en best held ég þó að málið skýrist með því að menn athugi hve hátt útflutningsgjaldið, grundvöllur millifærslukerfisins, verður orðið eftir samþykkt þessa frv. Þjóðhagsstofnunin gaf sjútvn. Nd. einnig upplýsingar um það og ég tel rétt að láta þær koma fram hér og nú. Í skýrslu Þjóðhagsstofnunarinnar segir:

„Að þessu frv. samþykktu verða útflutningsgjöld af nokkrum helstu sjávarafurðum 1975 sem hér segir:

Af frystum fiskflökum 15.1%.
Af frystum humri, rækju og hörpudiski 15.9%.
Af óverkuðum saltfiski 18.3%.
Af skreið 14.9%.
Af fiskmjöli 16.9%.

Af loðnumjöli 17.9%.
Af loðnulýsi 17.9%.“

Einn ókosturinn er þó eftir enn og hann varðar sjálfa framkvæmd málsins. Í 2. gr. frv. er ráð fyrir því gert að útflutningsgjaldið, sem leggja á samkv. ákvæðum gr., verði innheimt af sjávarafurðum sem framleiddar voru eftir 15. febr. s. l., en á tímabilinu frá þeirri dagssetningu og þar til frv. þetta gæti orðið samþ. sem lög hafa liðið 3 mánuðir. Á þeim tíma hafa útflytjendur keppst við að koma frá sér framleiddum sjávarafurðum, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, er ógerningur að ná útflutningsgjaldi af nema hluta þess útflutnings. Enginn veit því hvort útflutningsgjaldið muni skila nægum tekjum til Olíusjóðs fiskiskipa á þessu ári. Um það renna menn algjörlega blint í sjóinn. Verði útflutningsgjaldinu haldið óbreyttu á næsta ári mun það hins vegar skila talsvert meiru fé í Olíusjóð en þá kynni að vanta að óbreyttum ytri aðstæðum og þar með erum við sem sé komnir með varanlegan sjóð upp í hendurnar sem tekur inn meira en hann lætur í té. Þótt hæstv. ríkisstj. keppist við að lýsa þeirri skoðun sinni að hún sé á móti þessu sjóðafargani, milli þess sem hún eykur við það, þá grunar mig að það sé auðveldara fyrir hana að stofna til þess en að afnema það aftur. Hæstv. ráðh. gætu nefnilega tekið sér í munn orð Páls postula: Það góða sem ég vil, það gjöri ég ekki, en það illa, sem ég ekki vil, það gjöri ég.

Við stjórnarandstæðingar erum algerlega andvígir þeirri stefnu stjórnvalda, sem fram kemur í 2. gr., að mæta olíuverðshækkuninni til fiskiskipa með auknum útflutningsgjöldum, sjóðastofnun og niðurgreiðslu á olíuverði. Við teljum að þann vanda eigi að leysa með nærtækasta hætti, þ. e. a. s. með því að hækka fiskverð. Sú hækkun útflutningsgjalda, sem ráð er fyrir gert í 2. gr. frv. er talin kosta fiskverkendur sama fé og 11% fiskverðshækkun. Sú fiskverðshækkun mundi kosta fiskverkendur um 1 450 millj. kr. á ársgrundvelli, en um 1 100 mill. kr. sé miðað við sama tíma og útflutningsgjaldið á að gilda. Ef 11% fiskverðshækkun kæmi í stað útflutningsgjaldahækkunarinnar og sú fiskverðshækkun kæmi til skipta eftir skiptareglum, eins og sjálfsagt og eðlilegt er, mundi útgerðin því skorta um það bil 250 millj. kr. til þess að jafna sinn hlut vegna olíuverðshækkunarinnar samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunarinnar.

Nú er það vitað mál að a. m. k. sumir fiskkaupendur telja sig geta greitt meira verð fyrir fisk en það lágmarksverð sem í gildi er og þeir gera það. Því er alls ekki svo fráleitt að áætla að fiskverkendur, væri þeim sleppt við útflutningsgjaldið, gætu greitt a. m. k. 13% hærra verð fyrir bolfisk en það lágmarksverð sem nú er greitt. Þetta er raunar ákfalega líklegt samkv. þeim upplýsingum, sem menn hafa og samkv. þeim dæmum, sem eru á flestra vitorði um aukagreiðslur sem inntar eru af hendi. Því leggjum við í minni hl. sjútvn. til að 2. gr. verði algerlega felld niður í núverandi mynd, en þess í stað samþ. grein sem geri ráð fyrir 13% fiskverðshækkun frá og með 15. febr. s. l. er standi út árið, nema um annað og hærra verð semjist í sambandi við fiskverðsákvarðanir á tímabilinu. Verði fiskverð hækkað sem þessu nemur mun hlutur útgerðarinnar af því skapa henni auknar tekjur á árinu sem mundi nema um eða yfir 800 millj. kr. Þá mundi vanta milli 100 og 200 millj. kr. til þess að ná þeim 950—1 000 millj. kr. sem áætlað er að olíuverðshækkanirnar muni kosta útgerðina. Sjálfsagt væri hægt að vinna þetta upp að einhverju leyti með betri nýtni. Menn færu sparlegar með þegar þeir þyrftu að borga meiri hl. af raunverulegu olíuverði heldur en þeir gera nú. En til þess að gera ekki ráð fyrir frekari byrðum á útgerðina en orðnar eru leggjum við í minni hl. sjútvn. einnig til á þskj. 580 að ríkisstj. verði heimilað að ráðstafa allt að 200 millj. kr. úr ríkissjóði til þess að auka niðurgreiðslur á olíuverði til fiskiskipa fyrir milligöngu Olíusjóðs, sýni það sig að útgerðin geti ekki mætt kostnaðaraukanum af eigin rammleik með tekjum af hækkuðu fiskverði. 200 millj. kr. eru ekki mikið fé í fjárlögum upp á tæplega 50 þús. millj. kr. og þá síst er í hlut á undirstöðuatvinnuvegur landsmanna sem stendur undir rekstri þjóðarbúsins og nýtur engra beinna styrkja úr ríkissjóði þrátt fyrir mjög erfitt árferði. Ég vil í því sambandi leyfa mér að benda á að það vafðist ekki lengi fyrir mönnum að verja allt að 750 millj. kr. á einu ári til þess að greiða niður verð á innfluttum áburði til landbúnaðarframleiðslu á sama tíma og offramleiðslan í þeirri atvinnugrein mun kosta ríkissjóð um 1 300 millj. kr. á ári í útflutningsuppbætur. Sú ákvörðun var tekin því sem næst á einni nóttu. Hækkunin á áburðarverðinu er af nákvæmlega sömu rótum runnin og hækkun á olíuverði til fiskiskipa. Þeir hinir sömu menn, sem ekki horfa í það að verja allt að 750 millj. kr. á heilu ári af almannafé í niðurgreiðslu á verði áburðar, ættu því ekki að láta það hlaupa fyrir hjartað á sér þótt orðað sé að veita ríkisstj. heimild til að greiða 200 millj. kr. úr ríkissjóði, um 0.4% af fjárlögum, til þess að styðja sjálfan undirstöðuatvinnuveg landsmanna í tímabundnum erfiðleikum.

Sú leið, sem við hv. þm. Garðar Sigurðsson leggjum hér til, að snúa af braut hins viðsjárverða millifærslukerfis, en mæta olíuverðshækkuninni til fiskiskipaflotans með hinni eðlilegu ráðstöfun, fiskverðshækkun, sömu ráðstöfun og hækkun á öðrum kostnaðarliðum útgerðarinnar á árinu hefur verið mætt með, — þetta er heilbrigð leið sem nýtur stuðnings allra þeirra aðila sem hér hafa hagsmuna að gæta. Hún er heilbrigð, hún er eðlileg og hún er raunhæf. Hún er í stuttu máli sagt algerlega andstæð þeirri sem 2. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir. Mér er ljóst að sá málstaður, sem við túlkum, á fylgi langt inn í raðir núv. stjórnarliða og þá e. t. v. ekki síst inn í raðir Sjálfstfl., en þm. hans þurfa nú að horfa upp á hver grundvallaratriðin af öðrum í stefnu flokksins um eðlilegan og heilbrigðan rekstur atvinnulífsins þverbrotin.

Ég sagði við 1. umr. þessa máls að svo virtist vera að það væri ekki Framsfl. sem sveiflaðist til í pólitíkinni eftir því með hverjum hann starfaði, heldur Sjálfstfl., því að það fer ekki á milli mála að það bragð, sem er af þessu frv., er hafta- og millifærslubragð Framsfl., bragðið af þeirri stefnu í efnahagsmálum sem flokknum

var kennd fyrir 30 árum og hann hefur ekki getað gleymt síðan. Úrslitin í atkvgr., sem mér skilst að væntanlega fari fram hér á eftir, munu þá leiða í ljós hver það er sem genginn er í húsmennsku hjá hverjum.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Eins og komið hefur fram í þessum umræðum sat ég nokkra fundi hv. sjútvn. þessarar d. í fjarveru hv. 5. þm. Sunnl., Garðars Sigurðssonar, og tók þátt í afgreiðslu þessa máls. Það var í sjálfu sér nokkuð merkileg lífsreynsla að sitja þessa fundi sjútvn. Nd., ekki vegna þess að nm. kæmu mér eitthvað spánskt eða undarlega fyrir sjónir. Ég tel að þeir hafi, miðað við þann skamma tíma sem var til stefnu, unnið vel og myndarlega að þessu máli og ég er formanni nefndarinnar, hv. 8. þm. Reykv., þakklátur fyrir að hann tók mjög vel öllum ábendingum um að fá aðila á fund nefndarinnar til þess að gefa umsagnir og upplýsingar. En hin merkilega lífsreynsla, sem ég nefndi í upphafi þessa máls, var fyrst og fremst sú að á fund nefndarinnar komu fulltrúar flestra þeirra aðila sem segja má að þetta mál snerti beint, a. m. k. voru kvaddir á fund nefndarinnar, og ég held að það sé óhætt að segja að allir, hver og einn einasti þeirra, luku upp einum munni um það, þótt forsendurnar væru að vísu nokkuð ólíkar, að þetta frv. væri illt og í raun og veru óhafandi í þeirri mynd sem það var og þeirri mynd sem það er.

Það er kannske ekki neitt spánnýtt að þegar gerðar eru og gera þarf ýmsar ráðstafanir við erfiðar aðstæður, þá komi aðilar, sem þær ráðstafanir koma við á einhvern hátt, og haldi því fram að allt sé í voða ef þannig verði haldið á málum sem ætlunin er að gera. Þetta er í sjálfu sér ekki nýtt. að ýmsir aðilar leggi þannig til mála og vilji að sjálfsögðu losna við óþægindi sem þá og þeirra stétt eða starfsgrein varðar. En þetta var svo óvenju samróma kór, jafnt frá fulltrúum fiskimannanna, fulltrúum útgerðarmannanna og þeirra sem taka við fiskinum til verkunar, að það hlaut að vekja sérstaka athygli. Annað var mjög einkennandi í sambandi við það sem þessir fulltrúar hinna ýmsu greina sjávarútvegsins höfðu fram að færa, að þrátt fyrir það að þeir væru spurðir að því, hvort þeir teldu að síðasta gengisfelling hefði verið gerð í þágu sjávarútvegsins eða fært honum einhver betri skilyrði, þá neituðu því allir. Enginn vildi í rauninni við það kannast að hin síðasta gengisfelling hefði verið gerð í þágu sjávarútvegsins eða leysti þar í raun og veru nokkurn vanda.

Það má segja að þarna hafi það gerst eins og í bulunni segir þegar um það var spurt, hvort síðasta gengisfelling hefði leyst einhvern vanda: „Kötturinn sagði ekki ég“ o. s. frv. — Menn kunna þessa þulu.

Hæstv. núv. sjútvrh. hefur óneitanlega staðið í nokkuð ströngu þann tíma sem hann hefur setið á ráðherrastóli. Hann hefur oftar en einu sinni lýst þeim erfiðleikum sem hafa hrannast upp undanfarin missiri og mánuði, og ég skal síst gera lítið úr því að þeir erfiðleikar hafa verið og eru verulegir. Það er í sjálfu sér mannlegt, sem hefur hent hæstv. sjútvrh. og ég mun nú ekki fara langt út í, að leitast við að kenna fyrrv. ríkisstj. um allt það a. m. k. sem hægt er með nokkru móti að kenna henni um og raunar töluvert meira, hann hefur haft nokkra tilhneigingu til þess að gera hana ábyrga fyrir allmiklu meira en með nokkru móti væri hægt að gera. Út í þessa sálma skal ég ekki fara mjög langt, en það verður e. t. v. tækifæri til þess að ræða þau mál við hæstv. ráðh. við eitthvert annað tækifæri.

En eitt vil ég nefna alveg sérstaklega í sambandi við þetta mál áður en ég kem að einstökum atriðum. Ég tel vert að vekja á því athygli og raunar miklu rækilegar en við stjórnarandstæðingar höfum gert fram til þessa, hversu lengi í raun og veru aðalflokkur núv. ríkisstj., Sjálfstfl., hefur borið verulegan — ég vil segja ríflegan hluta ábyrgðar á íslensku stjórnarfari og ábyrgð á því ekki aðeins sem gert hefur verið síðan núv. ríkisstj. kom til valda, heldur á ýmsu því sem ógert var látið á fyrri hluta síðasta árs og fram yfir mitt ár meðan fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. Það er ekki bara þá 8 mánuði sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur setið sem Sjálfstfl. ber sína fullu ábyrgð á þróun t. a. m. verðlagsmála og á þeirri þróun sem vissulega varð til hins verra og kom m. a. sjávarútveginum afar illa á s. l. ári. Í fyrra um þetta leyti var Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Þá var verið að glíma við ýmis vandamál og þá ekki síst dýrtíðarvandamálið. Páv. ríkisstj. hafði þá, eins og allir muna, misst meiri hl. sinn í þessari hv. d. og átti við mjög mikla og vaxandi erfiðleika að etja, m. a. og ekki síst af þeim sökum að hún hafði ekki meiri hl. í báðum d. Alþ. og kom ekki fram þeim málum sem hún taldi nauðsyn til bera. Frá fyrrv. ríkisstj. lágu fyrir ýmsar till. sem að því miðuðu að hamla gegn dýrtíð og draga úr verðbólgu, till. sem voru til þess fallnar að draga a. m. k. úr þeim vanda sem við var að glíma og við er að glíma í dag. Það var álitamál hvort þessar till., sem fyrir lágu frá fyrrv. ríkisstj., væru fullnægjandi og hvort þær væru nákvæmlega þær till. sem ætti að samþ. eða ekki. Ég hygg að þær hafi í rauninni verið algjört lágmark þess sem nauðsynlegt var og sennilega tæplega þó. En hvernig brást Sjálfstfl. við þegar þessi vandi var öllum ljós fyrir ári? Hvernig brást hann við till. og meginfrv. hæstv. fyrrverandi ríkisstj. Ég held að ég þurfi ekki að fara um það mörgum orðum. Aldrei held ég, þó að leitað sé með logandi ljósi í allri þingsögunni, hefur flokkur í stjórnarandstöðu sýnt ábyrgðarlausari framkomu en Sjálfstfl. gerð fyrir um það bil ári. Og ég vil lýsa fullri ábyrgð og fullri sök á hendur Sjálfstfl., ekki minni en annarra flokka, allt frá þeim tíma að hann kom í veg fyrir það að nokkur skynsamleg úrræði í efnahagsmálum væru samþ. hér á Alþ. fyrir ári. Allir sáu þá að hverju fór og að það var nauðsynlegt að gera ráðstafanir. Þá sögðu forustumenn Sjálfstfl. — og kratarnir tóku náttúrlega undir, enginn bjóst við öðru: Við verðum á móti öllum till. ríkisstj., sögðu þessir herrar, það er alveg sama hverjar þær eru, þó að við metum þessar till. í sjálfu sér góðar og teljum þær nauðsynlegar, þá verðum við á móti þangað

til ríkisstj., hin vonda ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, er farin frá. — Þessir herrar bentu þá ekki á nokkur úrræði. Þeir voru bara á móti öllu sem stjórnin kom með. Þetta vil ég telja eitthvert dæmalausasta og sennilega dæmalausasta ábyrgðarleysi stjórnmálaflokks sem sögur fara af.

Ég tel að allir stjórnmálaflokkar séu að meira og minna leyti ábyrgir fyrir því að ekki voru fyrir ári eða jafnvel nokkru fyrr gerðar eðlilegar og nauðsynlegar ráðstafanir, sem allir sáu að þurfti að gera snemma á ári 1974. Ég undanskil ekki minn flokk. Hann ber að sjálfsögðu sinn hluta þeirrar ábyrgðar. Þó vil ég segja það að Alþb., Framsfl. og hv. þm. Magnús T. Ólafsson gerðu þó það sem hægt var, gerðu það sem auðið reyndist við þær aðstæður sem þá voru. Aðrir gerðu ekkert. Og ábyrgð hinna, sem ekkert vildu gera, sem engum úrræðum lýstu, hún er vissulega þung. Og ábyrgð Sjálfstfl. er þar langsamlega þyngst, stærsta flokksins og þess flokksins sem þá sýndi slíka óbilgirni að það á ekki að gleymast í þingsögunni. Mér finnst ástæða til þess að þessi saga sé öðru hvoru — og þá ekki síst þegar rætt er um vanda sjávarútvegsins — rifjuð upp. Þeir herrar sem fyrir ári sögðu: Við sýnum ekki nein úrræði, við erum að vísu með úrræði, við erum með þau hér í pokum, en fyrir þá er og verður ræki lega bundið þangað til við erum komnir í valdastólana. Þá verða þessir úrræðapokar opnaðir og þá mun það sjást að við getum leyst vandann. Fyrr verður það ekki.

Þessi vinnubrögð, sem ég hef nú lýst með fáeinum orðum, en mætti útlista miklu nákvæmar og betur og verður sjálfsagt tækifæri til að gera síðar, báru óneitanlega töluverðan árangur. Sjálfstfl. bætti við sig miklu fylgi í síðustu kosningum, og svo gerðist sú saga sem undarleg verður að teljast að hæstv. fyrrv. forsrh., oddviti vinstri stjórnarinnar, gerði Sjálfstfl. þann greiða að mynda fyrir hann þá ríkisstj. sem nú hefur setið að völdum í 8 mánuði. Og nú voru sjálfstæðishetjurnar komnar á valdastólana. Og þá voru nú pokarnir heldur betur opnaðir. Þá var nú farið að sýna úrræðin sem höfðu verið vandlega falin, en afskaplega drjúglega af látið að geymd væru ekki bara í pokahorninu, heldur bæði í pokum þvers og langs.

Nú hefur það sýnt sig s. l. 8 mánuði hvað það var, sem Sjálfstfl. hafði geymt í pokunum sínum. Ég ætla ekki að tíunda það við þetta tækifæri í löngu máli. Ég hygg að hinn almenni launþegi í landinu kannist við mikið af því góðgæti sem komið hefur upp úr sjálfstæðispokunum undanfarna mánuði og hann eigi e. t. v. eftir að þakka fyrir sig. En meðal þess, sem dregið hefur verið upp úr þessum pokum, eru tvær heldur myndarlegar gengisfellingar með tæplega hálfs árs millibili, og það segja mér fróðir menn að á þessu sviði, að því er varðar tíðni gengisfellinga, hafi núv. hæstv. ríkisstj. undir forustu Sjálfstfl. sett svo kirfilegt met að undrum sætir. Gamla metið, þ. e. a. s. tíminn sem leið milli gengisfellinga, mun hafa verið um það bil eitt ár, en met þessarar ríkisstj. er eitthvað 5½ mánuður. Þetta fer sennilega að slaga upp í hið fræga afrek Maós formanns, þótt líku sé raunar að öðru leyti saman að jafna, þegar hann hérna um árið synti Gulá, ég held á móti straumi, og náði 80 km hraða á klst. Þess er að vísu að geta að samkv. mjög merkri heimild, Morgunblaðinu, var Maó form. nýstaðinn upp úr annaðhvort sjöundu eða áttundu banalegu sinni þegar hann vann þetta afrek. (Gripið fram í: Er hann ekki enn á sundi?) Hæstv. núv. ríkisstj. er ekki komin til lands.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara miklu lengra út í þessa sálma, en ég ætla að segja hæstv. sjútvrh. það, ef hann hefur ekki vitað það áður, að það virðist svo sem allir séu jafnóánægðir með þetta frv. hans um þær ráðstafanir sem lagt er til að gera í sambandi við svokallaða ráðstöfun gengishagnaðar, eins og það er orðið. Þeir aðilar sem ég og við í sjútvn. hlustuðum á, þeir menn, sem komu á fund sjútvn. og skýrðu frá sínum viðhorfum, voru ekki aðeins andsnúnir þessu frv., enginn þeirra taldi að síðasta gengisfelling hefði verið nokkur bót fyrir sjávarútveginn. Á fundi nefndarinnar komu, eins og ég hygg að hv. form. n. og frsm. meiri hl. hafði gert grein fyrir, fulltrúar Landsambands ísl. útvegsmanna, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, saltfiskframleiðenda, SÍF, síldar- og loðnuverksmiðjanna. Þessir aðilar voru allir óánægðir. Að vísu tóku þeir nokkuð misjafnlega djúpt í árinni, og það var ekki laust við að nm. sumum fyndist að þeir, sem töldu að allt væri örugglega að farast hjá þeim ef eitt eða annað í þessu frv. yrði samþ., væru e. t. v. ekki þeir sem almenningur teldi að verst væru staddir, en það er kannske önnur saga. En þá kem ég að því að auk þessara aðila frá hinum ýmsu greinum útgerðar og fiskvinnslu komu á fund n. fulltrúar frá Sjómannasambandinu og frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, þ. e. a. s. fulltrúar sjómanna. Og þeir létu í ljós, eins og þegar hefur komið fram, mjög mikla andstöðu gegn þessu frv., einkum 2. gr. þess þar sem ætlunin er að taka stórar fúlgur enn af óskiptu og nota til þar til greindra útgerðarþarfa og þá alveg sérstaklega í Olíusjóðinn. Þessir fulltrúar sjómanna, bæði undir og yfirmanna, héldu því hiklaust fram og færðu að því rök að eftir að þetta frv. hefði verið samþ. og orðið að lögum, fengju sjómenn ekki nema um það bil eða tæplega helming af aflanum til skipta, hitt færi til útgerðarinnar og í hið margbrotna sjóðakerfi áður en farið væri að skipta afganginum milli útgerðarmanna og sjómanna. Einhver hefur lýst þessu þannig að fyrst, áður en farið er að skipta hlutnum, er skorið af fiskinum aftur undir gotraufina og síðan er sagt við sjómennina: Nú skulu þið taka ykkar hlut úr því sem er þarna eftir fyrir aftan. — En fulltrúar sjómanna, og það bið ég hv. stjórnarsinna að leggja á minnið, — fulltrúar sjómanna fullyrtu að með því að halda áfram að vega svona í sama knérunn aftur og aftur og taka meira og meira af aflanum áður en til skipta kæmi, væri verið að kippa öllum stoðum undan hlutaskiptafyrirkomulagi því sem hér hefur ríkt um mjög langan tíma og er gamalt í okkar sögu. Þetta hlutaskiptafyrirkomulag væri ekki orðið annað en skrumskæling þess sem áður var og þess sem á hefur verið byggt svo að segja frá upphafi vega eftir að helmingur eða jafnvel

fullur helmingur er tekinn af óskiptu og síðan sagt við sjómenn: Nú getið þið hirt ykkar hlut af því sem eftir er. — Við þetta verður ekki unað, sögðu fulltrúar sjómannanna, og ég held að þeir hafi ekkert ofmælt í þessu. Ég held að sjómenn geti ekki við þetta unað.

Fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, framkvæmdastjóri þess, sagði á fundi n.: Okkur frá Farmannasambandinu hefur verið boðið að taka þátt í endurskoðun þessa sjóðakerfis, sem við teljum út af fyrir sig mjög nauðsynlegt að verði endurskoðað og teljum að hafi þegar gengið langt úr hófi fram þó að ekki sé nú við bætt. Á slíkri endurskoðun, sagði þessi fulltrúi, og fulltrúi Sjómannasambandsins tók undir það, er rík nauðsyn. En við höfum hafnað, sagði fulltrúi Farmannasambandsins, boði um að taka þátt í þessari endurskoðun að svo komnu máli og ástæðan er þessi: Það er ekki nokkur leið að sjá að nein alvara sé að baki boða stjórnarvalda um þessa endurskoðun. Á sama tíma og þetta tilboð um endurskoðunina kemur til okkar, er verið að stórauka sjóðakerfið, verið að afla nýrra milljónatuga og milljarða til þess að halda þessu sjóðakerfi gangandi og auka það með þessu frv. sem hér liggur fyrir um ráðstöfun gengishagnaðar. Þetta, sagði fulltrúi Farmannasambandsins, teljum við þannig í pottinn búið að það geti ekki verið af slíkum heilindum mælt, að nú eigi að fara að endurskoða sjóðakerfið, að við erum ekki tilbúnir til þess að eiga hlut að slíku við óbreyttar aðstæður.

Þegar sjútvn. þessarar hv. d. ræddi við fulltrúa sjómanna og fékk mjög skýrt og greinargott álit þeirra á því, sem einkum ákvæði 2. gr. frv. leiddu til, að enn væri verið að hlunnfara sjómenn og ómerkja í raun og veru hlutaskiptafyrirkomulagið, þá var á nefndarfundinum lítt eða ekki komið inn á atriði sem þó er full ástæða til í sambandi við þetta mál og í sambandi við kerfi sjávarútvegsins yfirleitt að staldra dálítið við og óska nokkru nánari upplýsinga um ef fáanlegar eru. Það má segja að verulegar líkur, ef ekki nokkurn veginn fullvissa bendir til þess að í sumum tilvikum, jafnvel fleiri tilvikum en margan hefur órað fyrir, fái sjómenn ekki einu sinni skiptan hlut úr þessum tæplega helmingi eða um það bil helmingi raunverulegs aflaverðmætis fisks sem þeir koma með að landi, heldur sé enn klipið af jafnvel svo að um munar án þess að það komi til skipta fyrir sjómennina.

Það mun flestum kunnugt, sem hafa einhver afskipti haft af sjávarútvegi eða hafa fylgst með þróun mála þar, að síðari hluta vetrar og nú í vor hafa gengið um það þrálátar sögusagnir, miklu þrálátari en nokkru sinni fyrr þó að þær hafi að vísu komið upp áður, að nafngreindir og ónafngreindir fiskkaupendur byðu útgerðarmönnum verulega hærra verð fyrir afla báta og skipa en lög ákveða um lágmarksverð og ýmis fríðindi jafnvel að auki. Það hefur svo sem heyrst áður undir sérstökum kringumstæðum að á einstaka útgerðarstað og í einstaka grein útvegs eða fiskvinnslu hafi borið á einhverju af þessu tagi áður án þess að til þess kæmi að skipta slíku upp á milli sjómanna. En þessi orðrómur er nú miklu þrálátari og ég hygg að hann eigi nú við miklu meiri rök að styðjast heldur en oftast eða jafnvel nokkru sinni áður. Og ég hygg að það séu alveg sérstaklega ákveðnir útgerðarstaðir hér við Faxaflóa þar sem um þetta er að ræða og kann þó e. t. v. að vera víðar. En reynist þetta rétt, sem fullyrt er og líkur a. m. k. hafa verið færðar að, þá virðist hér vera enn ein aðferðin tekin upp til þess að hlunnfara sjómenn og með leyfi að segja að taka af þeim aflahlut sem þeir hljóta að teljast eiga með fullum rétti og umsaminn er við þeirra viðsemjendur. Það, sem ríkisvald og löggjafarvald hafa á undanförnum árum og eru nú með þessu frv., ef að lögum verður sem verður sjálfsagt, að taka af sjómönnum og láta renna í hina mörgu útgerðarsjóði, er þó löghelgað, jafnvel þótt að mínum dómi kunni þar að vera um ranglát lög að ræða í vissum tilvikum og a. m. k. óskynsamleg. En hitt framferðið, sem ég hef nefnt hér að muni eiga sér stað jafnvel í ríkara mæli en nokkru sinni áður, það hlýtur að teljast alger lögleysa og samningsbrot gagnvart sjómönnum.

Það hefur verið fullyrt og er fullyrt að þeir fiskkaupendur, sem gera nú einna best gylliboð, bjóða útgerðarmönnum einna mest gylliboð undir borðið og fram hjá sjómönnum, það séu ýmsir þeir sem hafa verið að framleiða og framleiða nú saltfisk. Það var þó síst á fulltrúum saltfiskframleiðenda að heyra þegar þeir komu, eins og segir í nál. meiri hl., býsna fjölmennir á fund sjútvn. að þeir væru sérlega líklegir til slíkra eða annarra stórræða eins og þess að geta borgað eitthvað umfram hið umsamda lágmarksfiskverð, því að það er sannast sagna að brjóstgóðir menn hlutu að komast við og þeim hlaut að renna til rifja umkomuleysi þeirra sem höfðu lent í þeirri ógæfu að stunda saltfiskverkun á undanförnum mánuðum og missirum því að þeir, sem væru ekki þegar alveg á hvínandi hausnum, þeir væru að detta á hausinn á morgun eða hinn daginn að því er manni skildist. Og það var alveg ljóst að ef gengishagnaðarfrv. ríkisstj., það sem nú er til umr., yrði samþ. þá yrði það alveg tvímælalaust síðasti naglinn í líkkistu þessarar atvinnugreinar.

Nú brá svo við fyrir nokkrum dögum — það er oft erfitt að festa hendur á orðrómi eins og þeim sem ég hef verið að nefna hér — en nú fyrir nokkrum dögum brá svo við að þessar sögusagnir um yfirborganir til útgerðarmanna komu skyndilega upp á yfirborðið. Í Þjóðviljanum 1. maí birtust viðtöl, mjög fróðleg og athyglisverð viðtöl, sem óneitanlega bregða nokkru ljósi á þetta sérstæða mál sem ég hef talið ástæðu til að gera hér að nokkru umræðuefni. Þessar upplýsingar eru þess eðlis að mínum dómi að óhjákvæmilegt er að það verði rækilega kannað hvað hæft er í þessum orðrómi og að sannleikurinn fái að koma í ljós. Ég geri a. m. k. fyllilega ráð fyrir því og veit það raunar að hlutaskiptasjómenn telja það nokkru máli skipta að það geti legið fyrir sem réttastar upplýsingar um þetta atriði hvað hæft kunni að vera í því að fram hjá hlutaskiptunum fari jafnvel allt að þriðjungur þess raunverulega verðmætis sem greitt er fyrir þann afla sem sjómennirnir koma með að landi. Þjóðviljinn 1. maí kemst svo að orði í inngangi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðviljinn hefur fengið staðfest að fiskverð það, sem nú er í gildi víða, er algjörlega snið-

gengið og greiða fiskverkendur allt að 45.77 kr. fyrir kg af fiskinum, sama hverrar stærðar og hverrar gæða hann er, en með gæða- og stærðarmati er gert ráð fyrir að meðalverðið samkv. ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins sé um 28 kr. á kg. Þetta verð kemur þó ekki til skipta þannig að sjómenn fái notið þess, heldur er um að ræða rúmlega 15 kr. greiðslu undir borðið beint til útgerðarmanna.“ — Svo segir blaðið: „Blaðamaður spurði Martein Jónasson framkvæmdastjóra Bæjarútgerðar Reykjavíkur að því, hvort rétt væri að BÚR hefði misst af viðskiptum við fiskibáta vegna þess að það hafi ekki gengið að því kauptilboði á fiski sem útgerðin setti fram. Tilboðið hljóðaði upp á 30 kr. meðalverð fyrir allan fisk. Við það áttu að bætast 10% eða 3 kr. á kg sem greiða átti beint til útgerðarinnar án þess að það kæmi til hlutaskipta, ákveðin veiðarfæraþjónusta, afskurður og felling, sem metin er sem 3 kr. á hvert fiskkíló, netaslöngur, ein slanga pr. tonn, en þessi liður mun metinn sem 5 kr. af hverju fiskkílói. Ofan á verð á 1. flokks fiski 31.80 kr. átti svo BÚR að greiða 15% í Stofnfjársjóð fiskiskipa eða 4.77 kr. af hverju kg. Verð það, sem þannig yrði greitt fyrir fiskinn, yrði því kr. 45.77 fyrir hvert kg. Þetta er alveg rétt, sagði Marteinn, útgerðin sagðist geta fengið þetta annars staðar og spurði, hvort við vildum ganga inn á þetta sem við gerðum ekki og var málið þar með útrætt. Marteinn sagði að sér skildist að þessi verslunarháttur væri viðhafður um öll Suðurnes og víðar, t. d. á Akranesi. Marteinn tók fram varðandi það tilboð, sem BÚR var gert og skýrt er frá hér að framan að í því hefði ekki verið minnst á netaslöngur, en hins vegar hefði hann heyrt að sumir fiskkaupendur byðu greiðslur á þeim til viðbótar við þær greiðslur aðrar sem hér að framan voru tíundaðar.“ — Enn segir blaðið: „Við spurðum Kristján Ragnarsson, formann og framkvæmdastjóra Landssambands ísl. útvegsmanna, hvort vitneskja hefði borist til hans um slíkar greiðslur fyrir fisk eins og að framan er greint frá. Kristján sagðist hafa heyrt þessa tilboðs getið, nákvæmlega eins og það var tínt til af blaðamanni, og sagðist ekki fara í grafgötur með að slíkt væri gert. Sagði hann að best væri að leita upplýsinga um það hjá þeim sem þar ættu hlut að máli, sem ég geri ráð fyrir að þú vitir hverjir eru, sagði Kristján, og eru í forsvari fyrir önnur samtök sem svo aftur koma fram fyrir hönd kaupenda í Verðlagsráði á móti okkur.“

Annar þeirra manna, sem hér er til vitnað í þessari grein Þjóðviljans, Marteinn Jónasson framkvæmdastjóri og skipstjóri, er mér vel kunnugur og ég tel hann manna ólíklegastan til þess að fara með fleipur eða staðlausa stafi. Ég þekki ekki Martein Jónasson að því og á ekki von á að hann geri slíkt. Hinn maðurinn sem þarna var til vitnað, formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, telur sig að vísu þurfa ýmsum herrum og sundurleitum hagsmunum að þjóna, en ég hef ástæðu til að ætla að í áður tilvitnuðu viðtali hafi hann nú fyrst og fremst verið að þjóna sannleikanum. Um svokallaða leiðréttingu formanns LÍÚ ætla ég hans vegna engin orð að hafa.

Í viðtali við hæstv. sjútvrh., sem birtist í Þjóðviljanum s. l. laugardag, hinn 3. þ. m., um þessi mál segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef heyrt mjög svipaðar frásagnir, sagði sjútvrh., Matthías Bjarnason, er Þjóðviljinn spurði hann eftir því í gær, hvort hann hefði haft vitneskju um það að greitt væri allt að kr. 15.77, eins og Þjóðviljinn skýrði frá 1. maí, eða um 50% hærra verð fyrir fisk upp úr báti en látið hefur í veðri vaka að fiskverkunin þoli og gert er ráð fyrir að greitt sé miðað við verðákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Engar staðfestingar hef ég fengið á þessu, sagði ráðh., nema að það fer ekki á milli mála að fiskur var keyptur án þess að gæðamat færi fram. Þegar spurt var um þessi mál stendur fullyrðing gegn fullyrðingu.“

Eins og hér kemur fram og raunar víðar í þessu viðtali við hæstv. sjútvrh. gerir hann sér grein fyrir því að hér kunni að vera um nokkurt vandamál að ræða.

Í sambandi við það, sem þegar virðist upplýst, og þann sterka orðróm sem um það gengur að mjög mikið kveði að þessum greiðslum sem fari fram á svipaðan hátt og lýst er í blaðinu, vil ég leyfa mér að beina nokkrum fsp. til hæstv. sjútvrh.

Í fyrsta lagi langar mig til að bera það undir hann hvort hann líti ekki tvímælalaust þannig á að svo framarlega sem fiskkaupendur telja sig í ýmsum tilvikum geta greitt hærra verð en hið umsamda eða úrskurðaða lágmarksverð, þá beri sjómönnum, sem ráðnir eru upp á hlut eða aflaverðlaun, að njóta þess að sínum hluta. Þetta var fyrsta spurningin sem mig langar til að beina til hæstv. sjútvrh., það er aðeins álit hans á þessu atriði. — Já, ég skal endurtaka þessa fsp. Ég spurði hvort hæstv. sjútvrh. liti ekki þannig á að svo framarlega sem einhverjir fiskkaupendur, fleiri eða færri, telji að í ýmsum tilvikum geti þeir greitt hærra verð en umsamið er eða úrskurðað lágmarksverð, þá beri sjómönnum, sem ráðnir eru upp á hlut eða upp á aflaverðlaun, að njóta þess að sínum hluta, hvort það sé ekki skoðun ráðh.

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann telji ekki varhugavert — og raunar vil ég kveða sterkar að orði — hvort hann telur ekki með öllu ótækt að nýlegar og jafnvel alveg nýsettar reglur um stærðarflokkun og gæðamat á ferskum fiski séu þverbrotnar og að því er sagt er allvíða að engu hafðar. Ber hæstv. ráðh. ekki kvíðboga fyrir því?

Þriðja spurningin sem mér þætti æskilegt að ráðh. taki afstöðu til: Ber hæstv. ráðh. ekki kvíðboga fyrir því að þessi sterki orðrómur, sem nú er uppi um það að útgerðarmönnum ýmsum séu greiddar verulegar fjárhæðir undir borðið, fjárhæðir sem ekki koma til skipta, geti torveldað alla samningagerð við sjómenn á næstu mánuðum ef þetta mál fæst ekki upplýst eftir því sem nokkur tök eru á?

Í fjórða lagi: Séu fyrrgreindar staðhæfingar um allt að 45 kr. verð fyrir kg. upp úr bát réttar eða eitthvað nærri lagi, er þá ekki annaðhvort verið að eða búið að kollvarpa öllum þeim verðlagsákvörðunum sem síðast voru teknar í sambandi við fisk? Þurfa þær þá ekki endurskoðunar ef svo reynist að veruleg brögð séu að

þessu eins og fullyrt er? Og ef margir aðilar, eins og fullyrt hefur verið, a.m.k. hér við Faxaflóa, geta keypt fisk á því verði sem fullyrt er, þarf þá ekki jafnvel einnig að endurskoða stöðu fiskvinnslu og útgerðar í ljósi þess að hægt virðist vera að greiða miklu hærra verð en þeir útreikningar byggjast vafalaust á.

Að síðustu beini ég því til hæstv. ráðh., hvort hann eða hæstv. ríkisstj. telji ekki nauðsyn á því og hvort hann sér ekki einhver tök á því að upplýsa þetta mál nokkru betur en þegar hefur verið gert og þá leiðrétta það sem nýjar upplýsingar kynnu að gefa til kynna að þörf væri á að leiðrétta í sambandi við ýmsar ákvarðanir varðandi sjávarútveginn. Ef hæstv. ráðh. telur þetta nauðsynlegt og ef hann hyggst beita sér fyrir því að þetta mál upplýsist nokkru betur en gert hefur verið, hvenær hyggst hann þá hefjast handa um það? Er hann þegar farinn að undirbúa slíkt eða hæstv. ríkisstj. með einhverjum hætti? Mér er það alveg ljóst að það kann að vera verulegum vandkvæðum bundið að fá þetta mál upplýst til fullrar hlítar, það er þess eðlis, en ég fullyrði hins vegar að það er mjög mikilvægt ef hægt er að komast til botns í málinu og hægt væri þá að kveða niður orðróm sem ekki hefði við rök að styðjast, ef svo vildi verkast, ellegar þá að sannreyna það sem fullyrt hefur verið í þessum efnum, ef svo væri.

Um þetta ætla ég þá ekki að fjölyrða meira að sinni.

Hv. 5. þm. Sunnl., Garðar Sigurðsson, og hv. landsk. þm., Sighvatur Björgvinsson, hafa þegar fjallað það rækilega um einstakar greinar þessa frv. af hálfu minni hl., okkar í stjórnarandstöðunni, að ég hef þar í rauninni engu við að bæta.

Ég vil að lokum biðja nokkurrar velvirðingar á því að ég hef í þessu spjalli mínu farið dálítið út fyrir sjálft frv. og það efni sem hér er beinlínis á dagskrá, en það er ekki óalgengt þegar sjávarútvegsmál eru á ferð að þær umræður fari nokkuð vítt og breitt og óneitanlega eru a.m.k. sum þau atriði, sem ég hef gert að umtali í síðari hluta ræðu minnar, þess eðlis að þau snerta bæði beint og þó einkum óbeint það mál sem hér er nú til umræðu.

Það er áreiðanlega enginn leikur að vera sjútvrh. á Íslandi. Það hefur sjaldan verið það og er það ekki nú, og síst af öllu er það leikur þegar erfiðlega árar eins og allir viðurkenna að gerir nú um stundir. Ég þykist því vita að starf hæstv. núv. sjútvrh. hefur ekki verið og er enginn dans á rósum. Þar er við ýmsa erfiðleika að stríða eins og löngum hefur verið og e.t.v. meiri en stundum áður. Eitt af því, sem ég býst við að hann hafi á valdaferli sínum sem sjútvrh. komist að raun um, er að stundum er við býsna kappsfulla og jafnvel nokkuð óbilgjarna aðila að eiga þar sem eru ýmsir þeir aðilar að sjávarútvegi sem e.t.v. skirrast ekki a.m.k. stundum við að sniðganga og jafnvel ryðja úr vegi reglum og ákvörðunum stjórnvalda ef þær eru þess eðlis að slíkir kappar telji þær sér til trafala. Meðal þessara reglna hygg ég að séu ákvæðin um ferskfiskmat og stærðarflokkun á fiski, og ef sá orðrómur, sem ég gerði grein fyrir, reynist réttur, þá í rauninni einnig um hlutaskiptareglur og greiðslur til sjómanna. Ég þykist þekkja hæstv. sjútvrh. að því að hann hefur bæði kappsemi og metnað til þess að láta ekki fótumtroða þær reglur, sem hann setur, né þau lög, sem Alþ. hefur sett að því er sjávarútveginn varðar. Þess vegna tel ég fullvíst að hæstv. sjútvrh. geri það sem hann telur rétt og fært til þess að koma bættri skipan á þau atriði sem ég hef nú í síðari hluta ræðu minnar gert sérstaklega að umtalsefni: Að raunverulegt fiskverð komi til skipta þannig að sjómenn verði ekki stórlega hlunnfarnir, að settar reglur um fiskmat og stærðarflokkun á fiski verði í heiðri hafðar eða þær verði í rauninni framkvæmdar, en þeim þá breytt ella ef réttar kynnu að reynast þær fullyrðingar að við óbreyttar aðstæður séu þær lítt eða ekki framkvæmanlegar, sem ég tek þó ekki allt of trúanlegt að sé.

Ég skal svo ekki, án þess að tilefni gefist, fjölyrða meira um þetta mál, en þætti að sjálfsögðu vænt um það ef hæstv. ráðh. gæti gefið mér nokkrar upplýsingar um það sem ég hef til hans beint og sérstaklega spurt hann um.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég mun ekki verða langorður í þessum umr. þó að sannarlega væri tilefni til þess. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. hafði ég fjarvistarleyfi vegna aðkallandi starfa á öðrum vettvangi þegar n. hafði málið til meðferðar og hef því ekki haft áhrif á þær niðurstöður sem fram koma í þeim nál. sem fyrir liggja.

Það er öllum þm. kunnugt að mjög skiptar skoðanir hafa verið meðal þm. um á hvern hátt bæri að verja þeim gengishagnaði sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Þó hygg ég að þm. séu nokkuð sammála um hina smærri liði, en skiptar skoðanir hafi aðallega verið um ráðstöfun þess fjármagns sem um ræðir í b- og c-lið 1. gr. frv.

B-liðurinn gerir ráð fyrir að af gengishagnaðinum verði 950 millj. kr. varið „til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda," eins og orðrétt segir í frv. varðandi þennan lið. Er þá gert ráð fyrir, að hér verði um óafturkræf framlög að ræða. Þegar tekið er tillit til að Alþ. hefur fyrr á þessum vetri ráðstafað 600 millj. kr. af fyrri gengishagnaði sem óafturkræfu framlagi í sama skyni verður ekki annað séð en að verið sé að marka þá stefnu að meginhluta af hugsanlegum gengishagnaði skuli varið sem óafturkræfum framlögum til þeirra sem erlend lán skulda vegna kaupa á fiskiskipum. Ég tel slíka stefnumörkun vægast sagt mjög hæpna, enda er hún í fullu ósamræmi við c-lið 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir að þær 300 millj. kr., sem þar um ræðir, verði lánaðar til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum.

En það er fleira en skiptar skoðanir um ráðstöfun á gengishagnaðinum, sem tafið hefur framlagningu þess frv. sem hér er til umr. Í umr. um það hafa mjög blandast umr. um rekstrargrundvöll sjávarútvegsins og það sjóðakerfi sem hann nú býr við. Ég vona og ég hygg að hv. alþm. séu æ betur að gera sér grein fyrir að á rekstrargrundvelli sjávarútvegsins verður að gera breytingar í grundvallaratriðum með því að afnema það sjóðakerfi sem hann nú í allt of ríkum

mæli byggist á. Ef við athugum hvernig þetta dæmi kemur út mun það vera þannig í stórum dráttum: Þjóðhagsstofnun telur andvirði þess afla, sem ráðgert er að landað verði hér á landi á árinu 1975, samtals um 11.8 milljarðar króna og er þá talið með andvirði loðnuafla og innifalið er í þessari upphæð 15% stofnfjárframlag sem fiskkaupendur greiða umfram skiptaverð. Samkvæmt áætlun sömu stofnunar var gert ráð fyrir að framlög í hina ýmsu sjóði sjávarútvegsins af útflutningsgjöldum næmu á árinu 1975 samtals 4 milljörðum 340 millj. kr. Við þessa upphæð bætast 1 450 millj. í olíusjóð samkv. 2. gr. frv. sem hér liggur fyrir og verða því heildartekjur sjóðakerfis sjávarútvegsins af útflutningsgjöldum á þessu ári samtals 5 780 millj. kr. eða sem næst 50% af andvirði þess afla sem tekinn verður til vinnslu á þessu ári hér á landi, ef miðað er við brúttóandvirði aflans, en um 57% ef miðað er við skiptaverð. Af framangreindum 5 780 millj. kr. er áætlað að til Olíusjóðs og Tryggingasjóðs renni samtals 4 milljarðar 340 millj. kr. Mismunurinn á þessum tveimur upphæðum er framlag til hinna ýmsu hefðbundnu og föstu sjóða sjávarútvegsins, svo sem Aflatryggingasjóðs, Fiskveiðasjóðs og fleiri smærri sjóða.

Þegar þetta allt er skoðað vona ég að menn geti orðið sammála um að í framtíðinni verði sjávarútvegurinn ekki rekinn á þeim grundvelli sem hann nú býr við. Ég hef lagt á það ríka áherslu í mínum þingflokki að sjóðakerfi sjávarútvegsins verði tekið til gagngerðrar endurskoðunar og það afnumið, a. m. k. að því er Tryggingasjóðinn og Olíusjóðinn varðar. Ég hlýt því að fagna yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. í þessa átt og enn fremur og ekki síður því samkomulagi sem náðst hefur milli fulltrúa útgerðarmanna og sjómanna um að skipuð verði sérstök n. til endurskoðunar á þessu máli. Það, sem mér finnst þó að í sambandi við þessa nefndarskipun, er að henni er gefinn of rúmur tími til að skila áliti, en henni mun vera ætlaður starfstími fram í des. n. k. En nokkuð bætir úr að hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að hann muni leggja áherslu á að n. hafi lokið störfum um það leyti sem Alþ. kemur saman í haust. Ég tel slíkt alveg nauðsynlegt, því að ég tel að þjóðarnauðsyn sé að sjávarútvegurinn hefji rekstur sinn í byrjun næsta árs á nýjum grundvelli, þannig að fiskverð verði við það miðað að útgerðin verði þess umkomin að greiða sjálf rekstrarútgjöld sín, þ. á m. vátryggingaiðgjöld og olíu, á réttu útsöluverði eins og áður var.

Ég hef heyrt fleygt að sjómenn muni e. t. v. eitthvað uggandi um sinn hag í sambandi við væntanlega endurskoðun. Ég held að þetta hljóti að vera á misskilningi byggt. Fulltrúum sjómanna hlýtur að vera alveg ljóst hver hin raunverulega skiptaprósenta úr brúttóandvirði aflans er í dag. Þetta er í sjálfu sér mjög einfalt reikningsdæmi, og það er sannfæring mín að hlutur sjómanna geti orðið betri, en ekki verri, ef sjóðakerfið verði afnumið að því marki sem ég hef minnst á. Ég byggi þetta á því að ég tel að t. d. vátryggingakerfið hafi þróast í það að verða kostnaðarsamara fyrir útgerðina heldur en ef það væri á ný fengið í hendur útgerðarmönnum sjálfum og þeir látnir sjálfráðir um hvar þeir tryggðu skip sín. Ég er einnig sannfærður um að olíueyðsla yrði minni á fiskiskipaflotanum ef eigendur skipanna yrðu sjálfir að greiða fullt verð fyrir olíuna. Ég byggi þetta á þeirri staðreynd, sem öllum er kunn, að óhófleg niðurgreiðsla, í hvaða mynd sem er, veldur alltaf óþarfasóun fjármuna, og ég tel að það liggi í hlutarins eðli að sparnaður í rekstri fiskiskipaflotans gefi meira svigrúm til bættra kjara sjómanna heldur en ef haldið verður áfram á sömu braut og nú er. Ég tel að þetta gefi vonir um samstöðu milli sjómanna og útgerðarmanna, því að það er staðreynd sem liggur alveg augljóslega fyrir að skipulagsbreyting, sem leiðir til bættrar rekstrarafkomu útgerðarinnar er hagsmunamál sjómanna jafnt og útgerðarmanna.

Ég geri mér að sjálfsögðu alveg ljóst, eins og aðrir hv. þm., að ákvæði 2. gr. frv. er framhald á því sem áður hefur verið samþ. hér á hv. Alþ. En ástæðan fyrir því, að ég hef ekki talið mér fært að ganga beint á móti þessu ákvæði 2. gr., er að vitað var að í frv. því, sem nú hefur verið lagt hér fram, átti að vera ákvæði um 11% fiskverðshækkun utan hlutaskipta. Útgerðarmönnum hafði verið tilkynnt um þetta og ég hygg reyndar að fulltrúum sjómanna hafi einnig verið kunnugt um þetta og þetta hafði verið tekið inn í alla útreikninga í sambandi við rekstrargrundvöll sjávarútvegsins. Við þetta varð því að standa í einhverju formi ef útgerðin átti ekki að stöðvast. Ég taldi og tel þetta ákvæði um 11% fiskverðshækkun utan hlutaskipta ófæra leið og af tvennu illu tel ég þó skárri þá leið sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil einnig geta þess að ég hef gefið um það ákveðna yfirlýsingu í mínum þingflokki að ég mun ekki ganga gegn ákvæði 2. gr. í trausti þess að ríkisstj. muni gera allt sem í hennar valdi stendur til að hlutast til um að þær viðræður, sem fram undan eru, leiði til þess að sjóðakerfið verði tekið til endurskoðunar og að hægt verði að koma því þannig fyrir að það verði afnumið um næstu áramót og að útgerðin geti þá byrjað á nýjum rekstrargrundvelli.

Ég tel að eftir þær umr., sem hér hafa orðið í kvöld, þá sé fullkomin ástæða til að ætla að um þetta muni nást samstaða. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa allir lýst því yfir að þeir séu mjög á þessari skoðun, að sjóðakerfið, eins og það hefur þróast, leiði til ófarnaðar bæði fyrir útgerðina og einnig fyrir sjómenn. Það hefur verið skýrt frá því hér af fulltrúum í sjútvn. að allir þeir aðilar, sem kallaðir voru á fund n. til viðræðna um þetta mál til að leita álits þeirra á frv., hafi verið alveg sammála um það að sjóðakerfið bæri að afnema og að þetta hafi einnig verið skoðun fulltrúa sjómanna. Ég sé því ekki annað en að þessi einróma afstaða allra aðila í sjávarútvegi og einnig sjómanna og alþm., sem hér hafa tjáð sig um þetta atriði, hljóti að leiða til þess að þetta náist fram þegar á þessu ári.

Í sambandi við þá till., sem hér er flutt af minni hl. sjútvn. á þskj. 580, þá má vel vera að það sé ekkert nema gott um hana að segja, en hún er engin lausn á þessu máli. Þó að hún yrði samþ. eins og hún liggur þar fyrir verður

allt sjóðakerfið, sem áður var, enn í gildi, mun halda áfram, og ég tel að það skipti ekki neinu endanlegu máli hvort það sé nokkrum hundruðum milljónum hærra eða lægra. Það, sem ég tel að skipti máli, er að samstaða náist um það að afnema þetta sjóðakerfi og byrja útgerðina þegar á næsta ári á eðlilegum rekstrargrundvelli. Ég tel að aldrei geti orðið friður í sambandi við samninga milli sjómanna og útgerðar nema þessu marki verði náð, og ég tel að fiskverð verði að ákvarðast þannig að útgerðin sjálf greiði allan sinn rekstrarkostnað án nokkurrar tilfærslu í gegnum sjóðakerfi það sem nú er í gildi, eða annað slíkt. Ég tel að það verði að koma því svo fyrir að hlutaskipti sjómanna verði reiknuð af því sama verði sem útgerðin fær í sinn hlut. Það er búið að vera í mörg ár og jafnvel áratugi þrætumál á milli útgerðar og sjómanna, þær aðgerðir sem Alþ. hefur gert í sambandi við skerðingu á þeim samningum sem gerðir hafa verið, með ýmiss konar hliðarráðstöfunum í sambandi við gengisbreytingar. Ég tel að þessu verði að linna. Rekstrargrundvöllur útgerðarinnar verður að komast í það horf að það geti verið um hrein skipti að ræða milli sjómanna og útgerðarmanna annars vegar. Og satt að segja, eins og ég hef áður sagt miðað við þær umr., sem hér hafa orðið, og miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja, munu allir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, vilja koma þessu þannig fyrir. Hlýtur það að gefa manni góðar vonir um að þessu marki verði náð þegar á þessu ári.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég á sæti í sjútvn. og hef því fjallað í n. um frv. til l. um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. l. nr. 2 frá 1975 og ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa sem hér er til umr. Ég er fylgjandi afgreiðslu málsins eins og meiri hl. sjútvn. leggur til í nál. á þskj. 576 og brtt. n. í heild á þskj. 577. Ég skrifaði undir álit meiri hl. sjútvn. með fyrirvara. Þessi fyrirvari minn varðaði 3. lið í ákvæðum til bráðabirgða sem fjallar um það að reikna skuli 20% frádrátt vegna gengismunar af afurðum framleiddum úr loðnu sem landað hafi verið fyrir 16. febr. 1975. Þegar löggjöfin um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands vegna breytingar á gengi íslenskrar kr. var samþ. á Alþ. í febr. s. l. var ákveðið í 2. gr. þeirra laga að þá er skilað væri til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir skyldi hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi sem í gildi var þegar skjölin voru afgr. í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum gengismun sem nam fyrir afurðir framleiddar fyrir 1. sept. 1974 34% og fyrir afurðir framleiddar á tímabilinu 1. sept. 1974 til 15. febr. 1975 20%. Í ákvæðum þeim til bráðabirgða, sem ég gat um hér áður, er ákveðið að 20% frádrátturinn vegna gengismunarins taki til afurða framleiddra úr loðnu sem landað hafði verið 16. febr. 1975 eða fyrir þann tíma.

Hér var ákveðið að lögfesta það að líta á loðnu, sem landað hefur verið, sem framleiddar afurðir. Það er að mínum dómi ekki rökrétt að loðna, sem landað hefur verið í þrær, sé skoðuð sem framleiddar afurðir. Þess vegna álít ég að þetta ákvæði, eins og það kom fram í frv., þurfi nánari útskýringar við til að vera í samræmi við löggjöfina um ráðstafanir vegna breytingar á gengi krónunnar frá í vetur. Nú hefur hv. þm. Pétur Sigurðsson, frsm. meiri hl. sjútvn., lagt fram brtt. ásamt hv. þm. Jóni Skaftasyni sem varðar sérstaklega þetta mál og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 3. tölul. ákvæða til bráðabirgða bætist: „Sjútvrn. skal setja reglur um framkvæmd þessa liðar þar sem m. a. verði kveðið á um hvernig meta skuli það afurðamagn sem framleitt hefur verið úr hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja eins og þær voru um miðnætti 15. febr. 1975.“

Hér er í raun og veru verið að lögfesta að þetta hráefnismagn, sem þarna var til staðar þegar gengisbreytingin tók gildi, var til staðar í þróm fjölmargra verksmiðja, skuli fá sérstaka meðferð og vera reiknað og gert sérstaklega upp. Þetta magn var verulegt, eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. sjútvn., eða um 80 þús. tonn, og dreifðist á hinar ýmsu síldarverksmiðjur, allt frá Siglufirði austur um og suður í Faxaflóa. Það hefur komið í ljós við lauslega athugun að hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði hafi þetta numið 20 800 tonnum, hjá Síldarverksmiðju Vopnafjarðar 7 þús. tonnum, hjá Hraðfrystihúsi Eskifjarðar hf. 7 þús. tonnum, hjá Norglobal 3 þús. tonnum, hjá Fiskimjölsverksmiðjunni hf., Fáskrúðsfirði 3 500 tonnum, hjá Söxu hf., Stöðvarfirði, 2 400 tonnum, hjá Braga hf., Breiðdalsvík, 1 700 tonnum, hjá Síldarbræðslunni, Djúpavogi, 3 500 tonnum, hjá Fiskimjölsverksmiðjunni hf., Hornafirði, 5 000 þús. tonnum, hjá Fiskimjölsverksmiðju Einars Sigurðssonar í Vestmannaeyjum 4 þús. tonnum, hjá Fiskimjölsverksmiðjunni hf. í Vestmannaeyjum 14 þús. tonnum, hjá Meitlinum í Þorlákshöfn 3 400 tonnum, hjá Fiskimjöl og lýsi hf. í Grindavík 2 200 tonnum og hjá öðrum verksmiðjum samtals 2 500 tonnum. Samtals gerir þetta 80 þús. tonn. Þetta er að vísu lausleg athugun og kann að breytast þegar nánar verður um þetta fjallað.

Frsm. meirihlutaálits sjútvn., hv. þm. Pétur Sigurðsson, gerði, eins og ég sagði áðan, grein fyrir brtt. og með hliðsjón af þessari viðbótartill., sem ég raunar veit að er flutt í samráði við hæstv. sjútvrh., og þeim ásetningi hæstv. sjútvrh. að gera þetta dæmi upp á þann veg að síldarkaupendur, sem áttu loðnumagn í þróm sínum þegar gengisbreytingin var gerð, uni sæmilega við, þá fell ég frá fyrirvara mínum í nál. meiri hl. sjútvn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú búið að segja æðimikið um það mál sem hér er til umr., en engan skal þó undra þótt menn fari eitthvað út fyrir hið afmarkaða málefni sem hér er verið að ræða. Ég skal þó reyna að vera mjög stuttorður. Ég hef raunar ekki miklu við það að bæta sem ég hef áður sagt, og vel má vera og kannske líklegast að færu menn að ræða þetta í löngu máli, þá yrði allmikið um endurtekningar á því sem þegar er komið fram.

Allar þær aðgerðir, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið að í sambandi við lausn þess vanda í efnahagsmálum sem stjórnarliðar telja að fyrir hendi sé, hafa miðað að því fyrst og fremst að ýra kjör launafólks í landinu svo að vart munu finnanleg dæmi um kjaraskerðingu, þó að lengi sé leitað, á borð við það sem átt hefur sér stað í tíð núv. hæstv. ríkisstj. þó að hún hafi ekki setið ýkjalengi að völdum.

Það hefur komið fram, kom bæði fram við 1. umr. þessa máls og ég held líka við þessa 2. umr., að það frv., sem hér er nú verið að ræða, virðist, að því er bestu heimildir herma, vera allfrábrugðið því sem hæstv. sjútvrh. og þá ríkisstj. í heild hugðist leggja fyrir Alþ. varðandi gengishagnað armálin. Hefur að vonum tekið langan tíma að breyta þessu frv. í það horf sem það nú er. Það mun vera a. m. k. einn og hálfur mánuður sem þetta hefur verið til meðferðar og nú er það að komast á lokastig og svo hart keyrt að allar líkur benda til, ef fram heldur sem horfir, að stefnt verði hér að helgispjöllum á hv. Alþ. og veit ég ekki hvað hæstv. dóms- og kirkjumrh. segir við slíku.

Í þeim umr., sem orðið hafa um þetta mál svo og aðrar þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið *af hálfu stjórnvalda varðandi lausn efnahagsmála*, hefur því mikið verið hampað af stjórnarliðum að þessar ráðstafanir hafi fyrst og fremst miðað að því að tryggja atvinnu, koma í veg fyrir atvinnuleysi. Nú standa mál eigi að síður svo að þúsundir manna og kvenna eru atvinnulausar vegna verkfalla sem standa yfir á einum stórvirkustu atvinnutækjum þjóðarinnar og ekkert er a. m. k. sjáanlegt enn sem bendir til þess að lausn á þeirri deilu sé neitt í nánd. Og a. m. k. að þessu leytinu til er ekki að sjá að hæstv. ríkisstj. hafi tekist að halda þannig á málum að því er þetta varðar að komist hafi verið hjá atvinnuleysi *hjá stórum hópi verkafólks sem nú er búið að* standa í rösklega mánuð.

Ég er ekkert hissa á því þó að hv. 8. þm. Reykv., form. og frsm. meiri hl. sjútvn. þessarar d., hafi byrjað á því í sinni framsöguræðu hér í dag að lýsa því yfir að allir nm. í sjútvn. vildu gjarnan vera lausir við að rétta upp hönd með þessu frv. Ég hygg að þessi hv. þm. hafi mælt þarna af heilindum því að þetta frv., þó að það hafi vissulega verið töluvert betrumbætt frá því sem upphaflega var ætlað, er eigi að síður stórfelld kjaraskerðing hjá sjómannastéttinni. Og það var vikið að því við 1. umr. þessa máls af ýmsum ræðumönnum að þeim þótti litlu skilað til baka til sjómannasamtakanna miðað við það sem af þeim hefur verið tekið með þeirri gengisfellingu sem framkvæmd var og þetta frv. fylgir í kjölfarið á.

Hæstv. sjútvrh. sagði við 1. umr. þessa máls að það væri ábyggilegt að það hefði verið alveg sama hvað hann hefði lagt til að runnið hefði af gengishagnaði til sjómannasamtakanna, að a. m. k. ég hefði þá bara heimtað meira. Og hann tilnefndi þar *150 millj. kr. Ég bjóst hálfpartinn* við því með hliðsjón af fyrri reynslu minni af hæstv. sjútvrh. að hann gengi a. m. k. eitthvað til móts við þetta sjónarmið með því að hækka eitthvað þann hluta, sem sjómannasamtökunum er ætlaður, af því sem af þeim hefur verið tekið. *Því miður verð ég fyrir vonbrigðum að því er* þetta áhrærir. Ekkert virðist uppi um það, hvorki hjá hæstv. sjútvrh. né öðrum stjórnarliðum, að ganga til móts við þetta sjónarmið sjómannasamtakanna. Ég hefði a. m. k. betur getað fellt mig við afgreiðslu þessa máls ef hæstv. ráðh. hefði gengið það til móts við þetta sjónarmið að hann hefði tekið upp 150 millj. kr. hugmyndina sína sjálfur við 1. umr. og látið það af hendi rakna til sjómannasamtakanna í staðinn fyrir þær 87 millj. sem mér sýnist vera gert ráð fyrir í frv.

Það hefur komið fram í þessum umr. að allir þeir hópar, sem þetta mál snertir og ræddu við sjútvn. d., telja að hér sé verið að stíga skref í þá átt sem sé neikvæð til lausnar þeim vanda sem við er að glíma. Allir þessir hópar eða fulltrúar þeirra virðast vera um það sammála að hér sé ekki rétt á málum haldið, og það hlýtur að vekja furðu manna þegar slíkar yfirlýsingar koma frá öllum þeim hagsmunahópum sem þetta mál kemur við.

Við 1. umr. þessa máls hér í d. var nokkuð vikið að því að í þessu frv. eins og hinu fyrra, sem fjallað var um nokkru fyrir áramót, er heimild til handa hæstv. sjútvrh. eða sjútvrn. til þess að verja 400 millj. til greiðslna að eigin geðþótta til styrktar hinum ýmsu fiskvinnslugreinum. Við umr. þessa hina fyrstu þá kom hæstv. sjútvrh. inn á þetta í sinni seinni ræðu og fullyrti að engu af þessu fé yrði varið án þess að það færi í gegnum bankakerfið í landinu og þannig væri tryggt að hvorki hann né hans eftirmaður, ef til kæmi, hefði þetta fé til eigin ráðstöfunar. Mér þykir það því furðulegt, ef hæstv. sjútvrh. getur ekki fellt sig við þá breyt. sem lögð er til á þskj. 580 og er frá minni hl. sjútvn., þeim hv. þm. Garðari Sigurðssyni og Sighvati Björgvinssyni, sem kveður nokkuð skýrar á um það á hvern hátt skuli með þessa fjármuni farið og eftir hvaða reglum þeim skuli útdeilt. Ef það er svo sem ég reyndar held að þurfi ekki að draga í efa að hæstv. sjútvrh. sé þeirrar skoðunar að þetta mál eigi að hafa þann gang að fara í gegnum bankakerfið en ekki til ráðstöfunar ráðh. sjálfs, þá sýnist mér að það liggi í hlutarins eðli og augljóst hljóti að vera að sú brtt., sem er á þskj. 580 og lýtur að þessu, falli nokkuð í sama jarðveg og hæstv. sjútvrh. gerði sjálfur grein fyrir við 1. umr. að honum fyndist málið eigi að ganga.

Hæstv. sjútvrh. sagði líka við 1. umr. þessa máls að hann héldi að engum hv. þm. dytti í hug, að breyta hlutaskiptum sjómanna með lögum. Ég er þeirrar skoðunar að þessu hafi hæstv. sjútvrh. sjálfur beitt sér fyrir með hinni fyrri gengisfellingu sem framkvæmd var á s. l. hausti á þann veg að aukin var greiðsla í stofnfjársjóð fiskiskipa sem tekin var af óskiptum afla og þyddi í reynd minnkandi hlut sjómanna. Þar er ótvírætt um breytingu á skiptum að ræða, hvaða orðaleik sem menn vilja um það hafa að öðru leyti, *og það er vissulega ekki í fyrsta skiptið* sem að slíkum ráðstöfunum er staðið af hálfu löggjafans. Það hefur komið fyrir áður. En hér er þó eigi að síður áþreifanlegt dæmi sem gerðist fyrir stuttu og var gert að frumkvæði hæstv. sjútvrh. og ríkisstj.

Það hefur komið fram eins og áður hefur verið að vikið, að hinir ýmsu hópar innan þjóðfélagsins, sem mál þetta tekur til, vara mjög eindregið við því að fara inn á þær brautir í auknum mæli að flytja til stórkostlega fjármuni í þessu tilfelli innan sjávarútvegsins. A. m. k. ætti þetta ekki að koma hv. stjórnarliðum neitt á óvart vegna þess að í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. er einmitt gefið um það fyrirheit að draga saman seglin í sjóðakerfi sjávarútvegsins, helst að afnema það. En hér er stigið skref þveröfugt við þessi gefnu fyrirheit og ég efast um að hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni verði að þeirri ósk sinni að það verði að draga úr þessu á þessu ári ef fram heldur sem horfir undir forustu núv. hæstv. ríkisstj. Ég held að mál hafi þróast og séu að þróast á þann veg að hér verði stórlega aukið það sjóðakerfi sem átti að draga saman. Það er alveg ljóst að sjómannasamtökin bera mjög skarðan hlut frá borði í þeirri skiptingu sem hér er gert ráð fyrir. Þar eru önnur sjónarmið fremur höfð í huga og rennt stoðum undir aðra hópa þjóðfélagsins en sjómenn og sjómannasamtökin.

Það hefur verið mikið um það rætt á undanförnum vikum og mánuðum að fiskvinnslustöðvar í landinu stæðu það höllum fæti að þörf væri stórkostlegra ráðstafana til þess að bæta fjárhagsaðstöðu þessara fyrirtækja. Vel má vera og sjálfsagt hægt að finna stað slíkum fullyrðingum í einhverjum tilvikum. Eigi að síður sýnist það nú vera að koma á daginn að fyrirtæki í fiskiðnaði, fiskvinnslustöðvar, hafi og séu þessa dagana að greiða stórum hærra fiskverð en það sem Verðlagsráð hefur ákveðið. Það hlýtur því að koma upp í huga manna spurning um það hvort mikið mark sé á því takandi hjá þessum fyrirtækjum eða forsvarsmönnum þeirra að svo mikið hallærisástand ríki í búskap þeirra að þurfi að flytja til svo að hundruðum millj. skiptir fjármagn frá sjómönnum yfir til þessara atvinnufyrirtækja. Ég a. m. k. dreg mjög í efa að það sé öllu lengur hægt að fá almenning í landinu og kannske þá allra síst sjómenn til þess að trúa því að það sé endalaust þörf á því að gera ráðstafanir í efnahagsmálum með þeim hætti að taka hundruð millj. kr. af sjómönnum og flytja þær yfir til atvinnufyrirtækjanna, ef það er svo reynslan að þessi hin sömu atvinnufyrirtæki geta borgað miklum mun meira en það lágmarksverð, sem ákveðið er af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Mér kemur einnig nokkuð spánskt fyrir sjónir ef það er rétt sem hv. 8. þm. Reykv. lét orð um falla í sinni framsöguræðu hér í dag, að Verðlagsráð sjávarútvegsins fái enga vitneskju um það hvaða markaðsverð sé á útflutningsafurðum þegar verið sé að ákvarða fiskverð til útgerðarmanna og sjómanna. Það má vel vera að það þyki skrýtið, en einhvern veginn get ég ómögulega sætt mig við það að fulltrúar í Verðlagsráði eigi ekki fullan aðgang og heimtingu á því að hafa um það vitneskju hvert markaðsverð er á hverjum tíma þegar sest er á rökstóla og fiskverð ákvarðað. Ég lýsi furðu minni á því ef þetta er rétt sem ég hef enga ástæðu til þess að draga í efa að er rétt hjá hv. 8. þm. Reykv. Hann er, að ég hygg, þessum málum kunnur í gegnum sjómannasamtökin og ég hef ekki ástæðu til þess að draga í efa ummæli hans þar um, en ég lýsi furðu minni á því ef þetta getur viðgengist.

Ég held að það sé alveg rétt, sem kom hér fram hjá hv. 3. þm. Reykn., að sjómannasamtökin og fulltrúar þeirra una varla lengur ráðstöfunum af þessu tagi þar sem er svo freklega gengið á rétt sjómanna. Og ég er ekkert hissa á því þó að það viðhorf sé nú ríkjandi innan sjómannastéttarinnar að það verði vart lengur við unað og menn verði að spyrna við fæti svo að ekki verði lengra gengið á þessari braut að hafa af sjómönnum og flytja yfir til útgerðar og fiskvinnslu. Ég held því miður að engin breyting í þessa átt fáist að þessu sinni. Það virðist vera ákveðið af hálfu stjórnarliða að þetta mál skuli fara í gegn hér eins og það nú liggur fyrir. En þá bera þeir og þeir einir ábyrgð á því hvaða afleiðingar af því hljótast. Ég er ekki í neinum vafa um það að það er búið að ganga svo langt í því að taka af sjómönnum og færa yfir til atvinnufyrirtækja að sjómenn una því vart öllu lengur að áfram sé haldið á þeirri braut.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um þetta að þessu sinni nema þá því aðeins að tilefni gefist til. En ég vil þó taka það fram að við munum standa að till. þeim sem minni hl. sjútvn. hefur flutt á þskj. 580. Þær eru allar í þá átt að koma frekar til móts við þau sjónarmið sem ég gerði að umræðuefni við 1. umr. þessa máls þó að mér sýnist að engar líkur séu á því nú að þær till. nái fram að ganga, því miður. En ég held — það skulu vera mín lokaorð — ég held að það sé nauðsynlegt ef það er meining stjórnvalda að fá ekki bara sjómenn, heldur almenning í landinu til þess að trúa því að það sé nauðsyn á aðgerðum af þessu tagi til þess að rétta hag atvinnufyrirtækjanna, þá sé nauðsynlegt jafnframt þessu að leiða fólk í allan sannleikann um það hvernig hag þessara fyrirtækja er í reynd komið. Það hefur ekki enn fengist. Það hefur verið flutt hér á Alþ. till. til þál. um að Alþ. sjálft fari í það mál á hlutlausan hátt og rannsaki hvort það sé svo illa komið fjárhagsstöðu þessara fyrirtækja að þær aðgerðir, sem að undanförnu hafa átt sér stað, séu réttlætanlegar vegna fjárhagsafkomu. Ég held að þær upplýsingar, sem komið hafa nú síðustu dagana, hljóti að renna stoðum undir það sjónarmið almennings í landinu, að það séu — því miður á kannske að segja — ekki með öllu réttlætanlegar þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið, vegna þess að þær hafa verið byggðar á þeirri forsendu af hálfu stjórnvalda að allt væri í kaldakoli hjá þessum atvinnurekstri. Það er því nauðsynlegt að fyrr en seinna verði þetta mál gert upp á þann hátt og þann eina hátt, að Alþ. sjálft grípi hér inn í og kanni að eigin frumkvæði stöðu þessara atvinnufyrirtækja.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki nein ástæða fyrir mig sem frsm. hv. sjútvn. að halda hér langa tölu. Mér þykir þó rétt að þakka meðnm. mínum og reyndar öðrum ræðumönnum, sem hafa hér rætt efnislega um það vandamál sem við höfum haft

til meðferðar, sérstaklega þó nm., þótt nokkuð hafi svo slegið út í fyrir ekki aðeins einstaka meðlim úr þeirri ágætu n., heldur og þó sérstaklega hv. síðasta ræðumanni. Það er í sjálfu sér ekki nýtt þótt það hendi þann hinn stóra og mikla bolvíking að slá út í fyrir honum þegar hann tekur til máls hér á hv. Alþ. En ég held að við verðum að fara til þess sem útgerðarmenn halda oft á tíðum fram og óneitanlega á við nokkur rök að styðjast, að kostnaðarhækkun útgerðar á ekki endilega að leiða til launahækkunar. En það er það sem hefur oft á tíðum komið fram hjá okkur sjómönnum í sambandi við gengislækkanir. Hinu skulum við ekki gleyma, að ég minnist þess aldrei að um leið og útgerðarmenn **hafa haldið þessu** fram hafi þeir viljað viðurkenna að kostnaðarhækkanir í heimilisrekstri sjómannsins yrðu teknar til greina á einn eða annan hátt, og m. a. vegna þess eru komnar fram, að sumum þykir, óbilgjarnar kröfur þeirra. Og þetta auðvitað á ekki við sjómanninn einan, heldur og aðra launþega sem hlut eiga að máli.

Við getum sjálfsagt ráðið fram úr vissu vandamáli í sambandi við yfirborganir á fiskverði með einni lausn sem hefur reyndar oft á tíðum komið fram opinberlega og er líklega ekki frambærileg nema í stærstu útgerðarstöðum landsins. Ég á þá við lausn gagnvart þeim aðilum í fiskverkun sem yfirborga í fiskverði. Það er auðvitað hreinn misskilningur, sem hefur komið fram hér hjá ræðumönnum, að ég hafi haldið því fram að þetta þekktist í öllum rekstri útgerðar, hjá öllum aðilum sem fisk kaupa og verka. Það hafa aldrei verið mín orð, og ég held að gagnvart þeim sem koma á fund n. bæði frá frystihúsum bæði Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og frá Sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga og öðrum aðilum sem þar voru til viðræðna, hafi engin gagnrýni komið um að slíkt ætti sér stað. Þessi gagnrýni á sér eingöngu stað gagnvart þeim aðilum sem verka saltfisk og það virðist vera svæðisbundið hér við Suðvesturlandið, og sú gagnrýni hefur réttilega verið stutt ýmsum rökum sem mér finnst enn að þurfi að mótmæla frá þessum sömu samtökum sem þarna eiga hlut að máli.

Auk þess held ég því skilyrðislaust fram, eins og ég sagði í minni framsöguræðu hér í kvöld, að það virðist svo vera að einstaka sölusamtök, sem fara með sölu á afurðum, að vísu fyrir marga hópa, marga einstaklinga, geti komist hjá því eftir því sem þau vilja að gefa upp það verð sem á svo að miða við í verðlagningu hér heima. Þetta er óþolandi, það stend ég við. Ég hef aldrei nokkurn tíma látið mér það um munn fara að þar ætti ég við hraðfrystihúsaiðnaðinn eða neina aðra en þá sem hafa látið þetta fara frá sér sjálfir vegna þess að kannske hafa þeir álitið að þegar þeir kæmu næst til Portúgal yrðu þeir sjálfir hengdir þar. En alla vega getur þetta ekki gengið til lengdar fyrir viðsemjendur þeirra sem fisk kaupa, bæði útgerðarmenn og sjómenn. Þarna verður að setja einhverjar hömlur á. Og ég vil skora á hæstv. Sjútvrh. að beita sér fyrir því að það verði gert áður en upp verði staðið á þessu þingi eða þá alla vega á milli þinga.

Við ræðum hér margoft, eins og ég kom að áðan, um minnkandi hlut sjómanna. Vissulega erum við að tala um minnkandi hlut sjómanna um leið og slíkar ráðstafanir eru gerðar. Og ég gat um það fyrr í kvöld að á nokkrum árum erum við komnir frá því að hafa hundrað prósent skipti eftir hlutaskiptareglum sjómanna og útgerðarmanna og komnir niður í það að um það bil 50% koma til skipta. Við vitum af hverju þetta hefur verið gert. Ein ástæðan er sú, sem ég hef ekki heyrt einn einasta mann minnast á í kvöld, að ef við hefðum átt að fylgja hlutaskiptareglunum á þann veg að sjómenn hefðu fengið samkv. þeim hækkun á sínum launum við hverja gengisfellingu, sem framkvæmd hefur verið á undanförnum árum, hefði það þýtt að þeir hefðu verið um það bil komnir 200% fram úr launum verkamanna áður en nokkurn varði. Dettur nokkrum manni í hug, að verkamenn, hafnarverkamenn og fiskvinnslufólk, hefðu setið á sínum rassi og sagt: Við skulum taka þátt í þágum kjörum þjóðarinnar — dettur nokkrum í hug að þeir hefðu setið og látið það afskiptalaust ef þessi hópur hefði tekið þetta einfaldlega með gengislækkuninni. Ég bið þá, sem hér hafa talað eins og börn, að vera ekki eins og börn í allri framkvæmd þegar þeir horfa til slíkra hluta. Og þetta ætti auðvitað bolvíkingurinn fyrst og fremst að vita og hafa í huga því að hann þarf að semja fyrir fleiri en sjómenn. Hann þarf líka að semja fyrir verkafólk sem í landi vinnur.

Hann minntist m. a. á það að e. t. v. séum við að fremja hér helgispjöll með því að vinna nokkuð fram yfir miðnætti og fram á uppstigningardag. Ég vænti þess að jafn trúaður maður og hann geti þá bara farið fram á gang og sungið sinn sálm sem hann syngur stundum hér í þingsal. Við munum ekki lá honum það. En hins vegar er ég alveg á því og mun eindregið styðja það að við afgreiðum málið hér í nótt. Við erum búnir að vera með þetta mál nú til meðferðar töluvert á annan mánuð. (Gripið fram í.) Já, við erum búnir að vera með það í 8 daga með stjórnarandstöðunni, sem er nákvæmlega sá tími sem þeir eiga hlutfallslega miðað við stjórnarliðið, þeir eru ekki fleiri. Hver sólarhringur sem líður áður en búið er að ákveða það sem verið er að gera, þýðir milljónatuga tap fyrir ríkissjóð og fyrir þá sjóði og atvinnufyrirtæki sem við erum að leitast við að uppfylla í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir. Og ef við ætlum að fara að tyggja á þessu enn lengri tíma vegna þess að fulltrúar úr stóru flokkunum, hv. þm. Karvel Pálmason og aðrir slíkir, ætla að fara að reyna að tefja það, þá munum við hreinlega ekki láta það viðgangast. Við skulum hins vegar hlusta á allt sem þeir hafa að segja, eins og við höfum gert í hv. n. og mun verða gert í n. hv. Ed.

Ég sé enga ástæðu til þess að fara að tefja þetta mál með efnislegum umr. við aðra aðila utan þings úr þessu. Það er búið að tala við alla og þeir hafa allir tjáð sig.

Hv. þm. Karvel Pálmason hafði nokkurn efa á því að þetta frv. mundi fyrirbyggja atvinnuleysi, um leið og hann talaði um stórfellda kjaraskerðingu fyrir sjómannastéttina, sem ég er ekki enn þá farinn að heyra í hverju sé fólgin og sé stórfelld í sjálfu sér. Þetta er kjaraskerðing mið-

að við gildandi hlutaskiptareglur, það er rétt. En þá kemur aftur hin spurningin á móti: Á kostnaðarhækkun útgerðar að valda launahækkun hjá viðsemjendum? Þetta er spurning, sem við verðum einhvern tíma að standa frammi fyrir og svara. Eg geri mér fulla grein fyrir því að hjá sjómönnum og kannske sérstaklega þeim, sem eru í verkfalli í dag sem hann kom nokkuð inn á og ræddi um, þar er lagfæringar þörf og þar þurfa góðmenni að taka höndum saman til þess að leysa það vandamál. Það þýðir ekki fyrir þennan hv. þm. að segja um leið að það hafi ekkert verið gert af hendi ríkisstj. til þess að leysa vandamálið. Það hefur verið komið einmitt til móts við sjómenn í bátakjarasamningunum með aðgerðum sem einnig munu gilda fyrir togarasjómenn og alla sjómenn, fiskimenn: Sérstakar aðgerðir í skattamálum þess efnis að hækka bráttófrádráttinn úr 8% í 10%. Einnig það að stytta það viðmiðunarmark, sem menn þurfa að vera lögskráðir til þess að fá þennan frádrátt, úr 6 mánuðum í 4 mánuði, sem mun auðvitað hafa stórkostleg áhrif fyrir aðila eins og skólapilta sem koma til stutts tíma dvalar á skipum og t. d. þá sem stunda útgerð og sjómennsku á hinum smærri skipum viðs vegar í kringum land, eins og á Austurlandi, Norðurlandi og jafnvel Vestfjörðum. Þetta tel ég að beri vott um það að ríkisstj. hafi strax sýnt vilja til þess að koma þarna á móti. Auk þess sem þessir sjómenn auðvitað munu njóta þeirra kjarabóta sem koma í gegnum skattkerfisbreytingarnar sem við samþykktum fyrir nokkrum dögum hér á hæstv. Alþ. Auk þess hafa komið fram yfirlýsingar frá hæstv. fjmrh. um að bættur verði hlutur hjá þeim sjómönnum sem eru lengi fjarverandi og þar er m. a. átt við þá fiskimenn sem eru fjarverandi á fjarlægum miðum um lengri tíma og þá sérstaklega átt við þá sem dvelja í Norðursjó og reyndar aðra sem koma heim eftir langa dvöl. Það verður nokkuð horft til þess að endurskoða megi það kerfi sem hefur gilt frá 1968 í sambandi við innflutning fyrir gjaldeyri sem sjómenn fá við vinnu sína erlendis.

Það verður því ekki sagt að ekki hafi verið komið nokkuð á móti og reyndar hef ég ekki heyrt einn einasta ráðh. halda því fram eða tala um að ekki væri sjálfsagt af hendi ríkisstj. að koma á móti til þess að leysa vandamál sjómannanna á skipunum. En það er ekki vandamálið í sambandi við stóru togarana. Vandamálið er útgerðarkostnaður skipanna, og ef við ekki tökum höndum saman um það að koma okkur sjálfum þar niður á einhvern skaplegan grundvöll, þá skulum við láta þá halda áfram að vera í höfn hér í Reykjavík, Akureyri, Hafnarfirði og Akranesi. En ég vil benda hv. þm. Karvel Pálmasyni á að það, sem stundum er talið vera fjötur um fót stærri togaranna hér í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri, er að það hefur m. a. verið brotið niður af honum sjálfum og öðrum sjómannafélögum úti um land sem gera út hina svokölluðu smærri togara og hreinlega hafa leyft sér að semja af sér íslensk lög, vökulögin, og segja: Þau gilda ekki fyrir togara sem eru undir 500 tonnum. — En meðan við erum að reyna að halda í þessi lög sem voru baráttulög íslenskrar sjómannastéttar undir forustu reykvískra sjómanna, þá leyfa aðrir sér, sem úti um land starfa með slíka togara, að brjóta þau og hafa kannske góða afkomu vegna þess. Og ekki er nóg með það, heldur hafa þeir líka samið upp á það í sambandi við lífeyrissjóði að meðan lífeyrissjóður, sem greiddur er af hinum stærri togurum, áhöfnum stærri togaranna og farskipum, heldur uppi lífeyrissjóðsgreiðslum í lífeyrissjóði sjómanna og reyndar fleirum, þá er samið upp á næsta óraunverulegar greiðslur frá bæði bátum og hinum minni skuttogurum. Væri ástæða til fyrir þennan hv. verkalýðsleiðtoga að líta nokkuð í kringum sig áður en hann fer að gagnrýna okkur sem hér erum í Reykjavík og annars staðar og höfum verið að leita að lausn á þessu vandamáli stærri togaranna.

Ég skal ekki hafa mörg orð fleiri um þetta. En hv. þm. Gils Guðmundsson og reyndar Garðar Sigurðsson einnig voru með nokkrar fullyrðingar sem ég í reynd legg ekki mikið upp úr. Það er ákaflega auðvelt að segja: Við skulum ekki gera neitt innan atvinnuvegarins. Við skulum fara að eins og gert var við bændur, við skulum bara taka þetta úr ríkissjóði og borga það sem á vantar. — Nú vita allir, guð og menn, að það er ekki til króna þar til neins sem heitir, fram yfir það sem þarf að gera frá degi til dags, og ef ég hef ekki rétt orð þar um, þá væntanlega leiðrétta hæstv. ráðh. það hjá mér. En ég ætla samt að svo sé ástatt þar, og því tel ég það út í hött þó það hafi verið gripið til þessara örvæntingarráðstafana á sínum tíma til þess að halda niðri verðlagsvísitölu, að borga þetta niður sem ég persónulega álít að hefði ekki átt að gera, en varð að gera þó eins og ég tók fram í sambandi við þetta mál. Við erum með neyðarráðstafanir ítrekað í efnahagsmálum, og a. m. k. við, sem ætlum okkur að styðja þessa ríkisstj. til þess að ráða fram úr vandamálunum, ætlum að standa við bak hennar til að gera það. Þá álít ég að það sé ekki hægt í dag í sambandi við það vandamál sem við glímum við, þegar við vitum að við getum tekið það frá öðrum hluta sjávarútvegsins, þá getum við ekki sagt: Við skulum bara afgreiða þetta úr ríkissjóði.

Hitt skal ég allt taka undir, að auðvitað á það ekki að þekkjast að það sé hægt í ákveðnum greinum sjávarútvegsins að stela undan — og ég vil undirstrika þetta orð mitt — að stela undan því sem á að koma til heilbrigðra skipta samkv. löggiltum og lögformlegum samningum sjómanna og útvegsmanna. En það er kannske heldur stórt í tekið að fullyrða að svo hafi verið gert. Ég held samt sem áður að við höfum fulla ástæðu til þess að gæta mikillar varúðar að svo verði ekki gert í framtíðinni.

Það er ein hugmynd, sem auðvitað getur komið þarna til hjálpar ef við komum henni í framkvæmd og að sjálfsögðu mundi Reykjavík og kannske hinir stærri löndunarstaðir fiskafla geta komið þar til hjálpar. Það er að aðstoða með fé frá hinu opinbera til þess að koma á frjálsum fiskmarkaði. Það hefur margoft verið rætt um þetta hér í Reykjavík. Þetta mætti gera í Hafnarfirði, Keflavík, Grindavík, Þorlákshöfn og víðar. En hví er þetta ekki gert þá? Það mun koma

í ljós hverjir vilja bjóða í þann afla. Þá munum við ákveða lágmarksverðið í gegnum Verðlagsráð sjávarútvegsins. Ef einhver telur sig geta hagnast á því að verka þennan fisk, þá má hann kaupa hann á viðkomandi markaði. Ég held að það væri fyllilega til athugunar fyrir alla aðila, sem um þetta tala, einmitt að hugsa til þessarar lausnar, sem hefur auðvitað verið notuð árum saman í nágrannalöndum okkar.

Ég vil taka undir þau orð sem hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, viðhafði hér í kvöld og það er auðvitað sú áskorun á alla aðila sem hlut eiga að máli, ekki aðeins útvegsmenn, heldur og sjómenn og kannske ekki síst, að þeir taki þátt í þessari nauðsynlegu endurskoðun, sem loksins hefur fengist samstaða um á nokkurn hátt á meðal þessara aðila og þeir eiga að vita að nauðsynleg er fyrir þá sérstaklega, og þar á ég við sjómennina. Og ég held að það væri ákaflega illa farið ef einhver hluti þeirra neitaði að gangast undir það að taka þátt í slíkri endurskoðun því að fyrst og fremst mun hún vera þeim til góðs.

Ég vil svo, virðulegi forseti, aðeins benda þeim ræðumönnum sem hér hafa talað um lánamálin, enn einu sinni á það sem hæstv. sjútvrh. sagði við 1. umr. málsins þegar hann leiðrétti vitleysur, sem komu fram hjá ræðumönnum við 1. umr., um það að hann væri með ávísanahefti og mundi ávísa til útgerðarmanna og fyrirtækja. Ég hélt satt að segja að þetta hefði komist inn í þykka kolla sumra, en ég heyri það nú við 2. umr. málsins að það hefur ekki verið svo. Og ég vil aðeins undirstrika það sem hann sagði, að þær lánveitingar, sem eru fyrirhugaðar samkv. 1. gr. frv., munu fara fram í gegnum hið opinbera lánakerfi, í gegnum bankana, viðskiptabanka fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjanna. Þótt að ég geti vel hugsað mér að hæstv. ráðh. hefði þetta tékkhefti í vasanum og nýtti það — ég veit að hann mundi gera það drengilega og vel — þá er það því miður ekki þannig. Það gengur í gegnum hið opinbera lánakerfi.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til nm. sjútvn. fyrir gott samstarf og málefnalegar umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að vera stuttorður vegna þess að ég hef meiri áhuga á að koma þessu máli fram heldur en að flytja langa ræðu, þó að þær ræður, sem hv. stjórnarandstæðingar fluttu hér í kvöld, gefi mér auðvitað tilefni til þess að flytja langa og itarlega ræðu, en ég ætla að sleppa því að þessu sinni. En ég verð þó að segja um þá fulltrúa Alþb. og fulltrúa Samtakanna, sem töluðu hér, að þeir virtust að mestu leyti hafa skilið það sem ég sagði varðandi ráðstöfun til bráðabirgða á því fjármagni sem í vetur var ætlað til Stofnfjársjóðs fiskiskipa, það ætti að lána til 2—3 ára og er fyrirhugað samkv. þessu frv. einnig.

En einn þm., málsvari Alþfl., hv. 8. landsk. þm., virtist ekkert hafa lært frá 1. umr. og engu gleymt, því að hann hélt áfram sama söngnum og hann söng þá, og það er nú kannske að bera í bakkafullan lækinn að fara að reyna að koma þessu inn hjá hv. þm. ef hann hefur lokað algjörlega fyrir móttakarann. En ef einhverjir eru hér inni sem ekki heyrðu hvað ég sagði þá, þá var það að þær 400 millj., sem eru til ráðstöfunar, væru lánaðar viðskiptabönkunum sem síðan lánuðu þær fyrirtækjum í sjávarútvegi þennan skamma tíma og viðskiptabankarnir tækju fulla ábyrgð á endurgreiðslunni því að þetta fjármagn þarf að komast til skila á sínum tíma til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Sama er að segja um þá ráðstöfun sem nú er fyrirhuguð samkv. 1. gr. frv. Ég tók það fram þá strax að ég hvorki vildi né gæti tekið að mér slíkar lánveitingar og ég væri allt of hygginn maður til þess að fara að lána það hinum ýmsu fyrirtækjum í sjávarútvegi og eiga svo að bera ábyrgð á því að Stofnlánasjóðurinn fái þessa upphæð á tilskildum tíma. Nú hafa hv. minnihlutamenn í sjútvn. flutt brtt. við 1. gr. á þann veg að greiðslur samkv. þessum lið færu fram á þremur árum. Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa, að fengnum till. viðskiptabanka sjávarútvegsins 330 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja, enda verði krafist öruggra trygginga fyrir lánum þessum. Þá er sjóðnum heimilt að verja 70 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga til 2—3 ára til fiskverkunarstöðva og framkvæmda til að bæta hreinlætisaðstöðu og aðra aðbúð verkafólks.

Ég er hissa á mönnum sem sitja í sjútvn., að flytja till. sem þessa. Fiskveiðasjóður má ekki lána nein lán nema með fyrsta veðrétti. Hér er verið að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja. Það er hægt að koma með öruggar tryggingar þó að ekki sé fyrsti veðréttur á bak við þær. Og ég sagði það um daginn að Fiskveiðasjóður tekur lánin, sem Seðlabankinn endurkaupir, en þetta fé til 2—3 ára fer í gegnum viðskiptabankana og algjörlega á ábyrgð þeirra og Fiskveiðasjóður kemur hvergi nærri því. Hvers vegna dettur mönnum í hug að leggja svo til að þetta fjármagn fari í gegnum Fiskveiðasjóð? Ég skil ekki í þessu. Það er skiljanlegt að það komi fram svona misskilningur, en þegar búið er að segja mönnum frá þessu, þá er furðulegt að þeir skuli láta svona vitleysu henda sig. Svo þarf að verja 70 millj. kr. til þess að bæta hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað verkafólks. Hvers konar till. er þetta? Það er búið að gera heildaráætlun fyrir hraðfrystiiðnaðinn. Það er talið að það þurfi 1 milljarð til þess að endurbyggja hraðfrystiiðnaðinn á árinu 1975. Það er reynt að ganga eins langt í fjáröflun til Fiskveiðasjóðs og frekast er hægt. Hvernig ætti nú að fara að taka 70 millj. út úr og lána hinum ýmsu þáttum sjávarútvegsins til þess að bæta hreinlætisaðstöðu? Það væri skemmtileg úthlutun á lánsfé. Vitaskuld er tekið annað og meira með þar sem þarf að bæta hreinlætisaðstöðu. Þetta er bara til þess að sýnast og þykjast. Þetta er bara svo-sem-till., eins og var sagt þegar við vorum krakkar.

B-liðurinn við i-liðinn, 12 í 20, það er af því að það eru veittar 12 millj. til orlofshúsanna, þá er það bara venjuleg uppboðsaðferð eins og sumir menn eru þekktir fyrir. Það er alveg sjálfsagt hjá þeim að flytja þá till.

En svo kemur alveg stórkostleg till., c-liðurinn, varðandi eftirstöðvarnar, sem eru engar eftir þá

yfirlýsingu sem þegar er komin í sambandi við loðnuverksmiðjurnar, sennilega teflum við 10 millj. fram yfir ráðstöfun gengishagnaðarins og notum þá þær fáu millj. sem eftir eru af fyrri gengishagnaði. Þessu vilja þessir heiðursmenn breyta og alls ekki að sjútvrh. megi ráðstafa þessum eftirstöðvum þrátt fyrir það að sjútvrh. lýsti því yfir að hann mundi ekki ráðstafa einni krónu nema með samþykki ríkisstj. En það má ekki heldur vera ríkisstj. Nei, það verður sennilega að kalla Alþ. saman ef það skyldi vera eitthvað eftir í sumar og þyrfti sérstaklega á því að halda. Skemmtileg till., afar skemmtileg og skynsamleg!

Svo komum við að 2. gr. Um hana má deila, eins og ég hef áður sagt, það óendanlega. Hvað hefur verið gert á undanförnum árum? Hafa ekki allar ríkisstj. ætlað að minnka sjóðakerfi sjávarútvegsins? Ætlaði ekki vinstri stjórnin að gjörbreyta tryggingakerfinu undir forustu fyrrv. sjútvrh.? Hvorugur talsmanna Alþb. tíundaði afköst fyrirrennara míns á því sviði, enda var það illmögulegt því að það gerðist auðvitað ekki neitt annað en að það fjölgaði krónunum sem fóru í tryggingakerfið öll árin sem hann fór með sjávarútvegsmál og þeir ágætu menn studdu hann. Það er nefnilega ekkert létt að komast út úr þessu kerfi aftur, það er sannleikur málsins. Hitt er svo matsatriði hvernig farið er að. Sumir vildu, og þá sérstaklega Landsamband ísl. útvegsmanna, fá hækkun á fiskverði sem hefði þýtt miklu hærri skatta á sjómannastéttina en að taka það með hækkuðu útflutningsgjaldi á síðasta stigi framleiðslunnar. Enginn minntist á það, sem ég gat um í sambandi við þessar 900—1 000 millj. að það er áformað að koma til móts við frystiiðnaðinn með því að hækka viðmiðunarverð Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins um hvorki meira né minna en 400 millj. Allir tala um að það sé verið að ráðast á sjómenn, og svo koma stjórnarandstæðingar himinlifandi glaðir og segja: Það var nú gaman þarna á fundunum í sjútvn., allir, sem komu, voru óánægðir með frv. — og það er dæmi þess hvað frv. sé gersamlega ómögulegt. Ef fulltrúi útgerðarinnar hefði sagt: Ég er mjög ánægður með þetta frv., ætli fulltúar sjómanna hefðu þá ekki verið enn óánægðir? Og ef fulltrúar hraðfrystiiðnaðarins hefðu sagt: Við erum mjög ánægðir með þetta frv. — Ætli þessir hv. stjórnarandstæðingar hefðu ekki sagt þá: Jú, sjáið þið nú sjútvrh. og íhaldið og framsókn, nú er verið að hygla frystihúsaauðvaldinu, því einu á kostnað allra hinna. — Er ekki örugg vissa fyrir því, fyrst allir eru að mótmæla og allir eru óánægðir með þetta frv., að hér er verið að skipta eins réttlátlega niður og hægt er. Það er sannleikur málsins.

Ég vil benda 8. landsk. þm. á það að Alþfl. fór með sjávarútvegsmál í 12 ár í viðreisnarstjórninni. Það kom aldrei fram till. þá um að leggja fram framlag af gengishagnaði til þess að bæta útvegsmönnum sem missa skip sín og fá engar bætur þegar gömul skip eru tekin úr umferð. Hv. 8. landsk. þm. fannst þetta mjög lág upphæð, en mjór er mikils vísir. Ég held að það sé rétt að fara af stað og hefði gjarnan mátt gera fyrr. Alþfl. stóð að sjóðakerfi öll þessi ár. Hann stóð að því að bæta ofan á fiskverðið til útgerðar fram hjá skiptum, hann gerði það ekki af fjandskap Alþfl. við sjómennina. Það vita allir og það þýðir ekki að halda að fólk sé svo vitlaust að það sé hægt að segja því að þegar gengisbreytingar séu gerðar, þá eigi ein stétt að fá í kauphækkun allan gengismuninn þannig að bilið á milli þeirrar stéttar og annarra verði með þeim hætti að aðrar stéttir fari af stað. Áhrif gengisbreytingarinnar verða gerðar að engu á nokkrum vikum. Þetta vita allir menn og það þýðir ekki að tala svona. Fólk er ekki svona vitlaust.

Hv. 8. landsk. þm. furðaði sig á að það væri mishátt útflutningsgjald á útfluttar afurðir. Það hefur alltaf verið. Ef hann lítur á lögin um útflutningsgjald mun hann sjá að það hefur verið misjafnt eftir afurðum frá því að útflutningsgjald var sett á. Odýrustu afurðirnar voru með svokallað magngjald. Dýrari afurðirnar voru aftur með hlutfallslegt gjald að verðmæti. Þetta hefur alltaf verið svona. Og þetta verður svo. Jafnvel þó að 8. landsk. ætti eftir að verða sjútvrh. eða forsrh., þá mundi hann aldrei fara að setja jafnt útflutningsgjald á allar sjávarafurðir. Mér dettur ekki í hug að halda að hann sé svo grænn.

Það kom fram hjá hv. 3. þm. Reykn. að það voru ólíkar forsendur fyrir andstöðunni við frv. Aðrir menn úr stjórnarandstöðunni forðuðust eiginlega að minnast á það. Það er alveg rétt, forsendurnar voru mjög ólíkar fyrir landsbyggðina vegna þess að hagsmunahóparnir vilja fá hver fyrir sig þannig að hann sé ánægður á kostnað annarra. Þess vegna verður ríkisstj. og Alþ. að skipta þessu fjármagni á milli og reyna að jafna þessi bil. Þetta er auðvitað kjarni málsins.

Hv. 3. þm. Reykn. flutti mjög málefnalega ræðu eins og hans var von og vísa. Að vísu hélt hann ákaflega smekklega og fallega útfararræðu yfir vinstri stjórninni og fór það vel úr hendi, eins og við var að búast. Að vísu er hún fullseint flutt, en hún var góð samt. En að öðru leyti ræddi hann málefnalega um sjávarútveginn og lagði fyrir mig nokkrar spurningar sem allar eru eðlilegar og sjálfsagðar og kurteislega fram settar.

Hann spurði hvort það væri ekki mín skoðun, svo framarlega sem ýmsir fiskkaupendur greiði hærra verð, að sjómenn eigi ekki rétt á hluta af þessu yfirverði. Ég skal svara þessari spurningu alveg umbúðalaust. Ég tel að sjómenn eigi fullan rétt á því yfirverði ef það er til skipta, og fer hvergi í launkofa með það.

Hann spurði einnig um gæðaflokka og stærðarflokka ferskfiskeftirlitsins. Þegar ég frétti af því að það væri farið fram hjá ferskfiskeftirlitinu, þá gaf sjútvrn. mjög ákveðin fyrirmæli til Fiskmats ríkisins um að krefjast þess að fiskur verði gæðaflokkaður og stærðarflokkaður. Það hefur verið unnið að því með þó nokkrum árangri, en þó ekki eins góðum og miklum og ég hefði kosið. Ég tel gæðaflokkunina vera svo mikilvæga að það er hneyksli að kaupa netafisk án þess að gæðaflokka, það er hneyksli að kaupa fisk, sem er kannske tveggja, þriggja eða jafnvel fjögurra nátta, í hæsta gæðaflokki. Það er alls ekki hægt að sætta sig við það. Hitt er kannske oft erfiðara, og við skulum vera sanngjarnir í því, með stærðarflokkana.

Þá spurði hv. þm. hvort greiddar væru fjár-

hæðir undir borðið og hvort það væri ekki mitt álit að þær gætu skapað tortryggni gagnvart sjómönnum. Vitaskuld hlýtur það að skapa tortryggni gagnvart sjómönnum, og það er alveg rétt, sem kom fram hjá honum og raunar einnig hjá hv. 8. þm. Reykv., að Verðlagsráð sjávarútvegsins er í stórhættu ef þannig er að unnið. Hitt er ekki rétt, sem kom fram hjá 2. þm., að Verðlagsráð sjávarútvegsins fái allar upplýsingar um markaðshorfur á hverjum tíma. Þjóðhagsstofnunin veitir þær upplýsingar sem er skylda og ber lögum samkvæmt. En ef það verður þannig að sjávarútvegurinn sjálfur ætlar að vega að því kerfi sem við höfum nú í sambandi við verðlagningu fisks, þá held ég að þeir menn fari út á mjög hættulega braut. Við munum eftir því margir, sem komum nálægt útgerð áður en Verðlagsráðið varð til, hvernig gekk að semja. Fyrst var að semja við sjómenn, síðan við fiskkaupendur og það var stundum ekki búið að semja þegar vertíðinni var lokið. Það var eilíft stríð um fisksölusamning. Ég held að þetta kerfi í Verðlagsráði hafi verið mjög gott kerfi sem allir stóðu að á sínum tíma, og ég hef mikinn áhuga á því að reyna að komast til botns í því, hvernig þessi mál eru, og reyna að uppræta það að verið sé að fara kringum aðila í sjávarútvegi á þennan hátt. Ákvörðun Verðlagsráðs er lágmarksverð. Það má greiða hærra verð, en þá verður það bara að koma til skipta og þá á ekkert að vera að pukra með það. Ríkisstj. hefur ekki tekið neina ákvörðun enn í sambandi við hvernig á að upplýsa þetta mál, það tekur sennilega langan tíma.

Það er ekki oft sem ég les upp úr Þjóðviljanum þó að ég lesi hann daglega, en ég get ekki stillt mig um að lesa upp úr Þjóðviljanum í dag örfá orð. Þar er samtal við þrjá menn á sviði útgerðar og fiskimaðurinn, sem samtalið er við, er þingbróðir okkar, Jón Árm. Héðinsson, og Þjóðviljinn spyr hann um yfirgreiðslur á fiski og fríðindin. Jón kvaðst ekki hafa heyrt um aðrar yfirgreiðslur en að fiskverkendur borgi ís fyrir útgerðina og uppsetningu á netum, en sagðist þó hafa heyrt að einhverjir Reykjavíkurbátar fengju enn meiri yfirgreiðslur en þessar, en engar sönnur kvaðst hann hafa á því. Ekki kvaðst Jón, sem er fiskverkandi, þurfa að sæta slíkum kjörum, en sagði síðan: „Það ætlaði einn togaramaður að selja mér fisk og það var stórkostlegt yfirverð sem hann vildi fá. Ég sagðist ekki vera til umr. um það, hann yrði bara að vera hjá þessum úrvalsfrystihúsum sem borguðu engum neitt og rækju sig á kostnað annarra.“ Þetta segir nú einn útgerðarmaður og þm., Alþfl.-maður.

Það er talað við annan mann sem heitir Jón Axel Pétursson og er form. stjórnar útgerðarinnar sem gerði BÚR það tilboð um kaup á fiski, að hann yrði keyptur á 30 kr. að meðalverði, 3 kr. yrðu greiddar til útgerðarinnar undir borðið af hverju kg og fram hjá skiptum og afskurður og felling á netum yrði greidd frá BÚR. Hann neitaði í gær í viðtali við Þjóðviljann að kannast við þetta tilboð og sagði, að þetta væri tóm lygi eins og Þjóðviljinn hefur eftir honum.

Og svo er talað hér við einn enn og það er Tómas Þorvaldsson, form. SÍF. Hann neitaði því fastlega í viðtali við Þjóðviljann fyrir helgi að greiða nokkuð fyrir fiskinn undir borðið.

8. landsk. þm., ritstjóri Alþýðublaðsins, segir að það sé um stórkostlegar yfirborganir að ræða, en hér er um þrjá alveg úrvalskrata að ræða sem Þjóðviljinn ræðir við, og þeir vita ekki nokkurn skapaðan hlut um yfirborganir. Það verður erfitt að rata í þessum frumskógi, en ég hef mikinn hug á því að leggja þó út í þennan frumskóg til þess að reyna að finna og leita að því sem sannast er og réttast í þessu máli. (Gripið fram í.) Ja, Þjóðviljinn hefur aðeins leitað til Alþfl.-manna sé ég eftir þessu, en sjálfsagt verður talað við fleiri.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð þó að ástæða hefði kannske verið til að segja nokkru meira, en það var út af þeim ummælum hv. 8. þm. Reykv. sem hann lét hér falla áðan og voru í sambandi við lífeyrissjóðsgreiðslur sjómanna. Hann lét að því liggja að vestfirðingar greiddu minna í lífeyrissjóði heldur en þeir togaramenn hér í Reykjavík, Hafnarfirði, Akureyri, Akranesi. En þessir lífeyrissjóðspegar á þessu svæði, sem borguðu meira, þyrftu eigi að síður að standa undir greiðslum til þessara vestfirsku sjómanna í lífeyrissjóðinn þar. Ég er búinn að leiðrétta þetta við hv. þm., en ég vil eigi að síður að það komist á prent að þetta er rangt. Sjómenn á Vestfjörðum eru með sérstaka lífeyrissjóði sem þeir borga til. Þeir sækja því engar greiðslur til hins almenna lífeyrissjóðs sjómanna, standa sjálfir undir þeim greiðslum sem koma til með að verða úr lífeyrissjóði vestfirðinga eða lífeyrissjóði í Bolungarvík, sem er sér. Þessu vildi ég koma á framfæri, ég vildi ekki láta þessu ómótmælt. Ég þykist vita að hv. þm. hefur sagt þetta vegna þess að hann vissi ekki betur, en ég vil að það komi skýrt fram að vestfirskir sjómenn lifa ekki á neinum lífeyrissjóðsgreiðslum úr hinum almenna lífeyrissjóði sjómanna, hvorki hér á Suðurlandi né á Norðurlandi. Ég vildi að það kæmi fram.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð sem ég vildi beina til hæstv. ráðh. og ég sakna hans hér í salnum. Er ekki hægt að fá hann til að koma og hlýða á orð manna um þetta frv. sjávarútvegsins? — Þá birtist hans hágöfgi. Það var aðeins vegna orða hæstv. sjútvrh. sem beint var til mín og okkar í minni hl. sjútvn. Það er rétt sem hann segir um fyrstu brtt. okkar að hún kann að vera þannig orðuð að misskilja megi. Hann segir í sinni ræðu áðan, hæstv. ráðh., að Fiskveiðasjóður megi ekki lána nema á 1. veðrétti. Við segjum í okkar brtt.: „Fiskveiðasjóði er heimilt að ráðstafa, að fengnum till. viðskiptabanka sjávarútvegsins, 330 millj. kr. þessarar fjárveitingar, fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára“ o. s. frv. Það, sem við áttum við með þessu var að Fiskveiðasjóður fengi þessa peninga, síðan léti hann viðskiptabankana hafa af þessum peningum eftir þeirra till. til þess að viðskiptabankarnir lánuðu síðan út. Viðskipta-

bankarnir lánuðu sem sagt pennigana, sem þeir fengu í Fiskveiðasjóði, og sæju um að innheimta þá. (**Gripið fram í:** Það var þetta sem við áttum við.) Þetta áttirðu við, Sverrir, það er gott að menn vakna öðru hvoru til þess að heyra það sem sagt er hér. Þetta áttum við við og þetta er skýring mín á þessu atriði.

Síðan leyfði hæstv. ráðh. sér að tala í háðstón um þá till. okkar að við vildum leggja 70 millj. til að bæta hreinlætisaðstöðu og annan aðbúnað verkafólks í fiskiðnaði. Ég vil leyfa mér að fullyrða að það fólk hér í Reykjavík og úti á landsbyggðinni, sem vinnur við fiskiðnað, hlýtur að eiga stóran þátt í þeim gengishagnaði sem skapast af vinnu þess. Við höfum því miður verið alltof hógværir við þessa menn til þess að krefja þá um hlut þessa fólks, en vildum þó sýna lit og leyfa að lána 70 millj. til þessara þarfa. Það er svo sannarlega ekki vanþörf á því að bæta aðbúnað verkafólks á mörgum vinnustöðum í landinu. Jafnvel þótt annað lánaprógramm sé til í þessu sambandi og í þessum tilgangi þá get ég ekki séð neitt athugavert við þessar 70 millj., sem eru eyrnamarkaðar til þessara þarfa, að bæta aðstöðu fólksins sem býr við afar misjöfn skilyrði í misjöfnum frystihúsum úti um landsbyggðina, komi þar í viðbót. Það vakti sannarlega furðu mína að heyra hæstv. ráðh. sjávarútvegsmála gera gys að þessari tilraun okkar.

Hæstv. ráðh. sagði líka að eftirstöðvarnar yrðu engar. Við kunnum nú að leggja saman og draga frá þótt slæmir séum í minni hl. sjútvn. og þegar dálkurinn er reiknaður niður þá komumst við að raun um að 17 millj. yrðu afgangs. Ef hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason, fær einhverja aðra útkomu, þá langar mig til þess að sjá þá útreikninga. Að vísu höfðum við þá þegar komið með brtt. við lið i, að hækka til orlofshúsa sjómannasamtakanna úr 12 í 20, og þar skilst mér að mismunurinn sé 8, — er ekki rétt reiknað, hæstv. ráðh.? Og þess vegna mun talan 17 millj. einnig lækka um 8 samkv. því. Þá sýnist mér að eftirstöðvarnar séu 9 millj. En röksemdir hæstv. ráðh. voru þær að með þeirri brtt., sem kom fram um loðnubirgðir á Austfjörðum, væri þessi mismunur uppétinn. Ekki skal ég deila við hæstv. ráðh. um það og mér þykir mjög trúlegt að það sé alveg rétt. En hæstv. ráðh. skal athuga það, að þegar við sömdum þessa till. og skiluðum henni til prentunar, þá var sú till. enn í vasanum á hv. þm. Pétri Sigurðssyni, frsm. meiri hl. n., og var borin hér fram skriflega og þurfti tvöföld afbrigði. (**Gripið fram í:** Það mátti nú ekki minna vera.) Nei. Þess vegna þykir mér það skjóta nokkuð skökku við og verið að reyna að leita að einhverjum snögum til þess að gera okkur tortryggilega vegna hluta sem við vissum ekkert um og höfðum aldrei séð og voru ekki bornir fram fyrr en eftir að okkar till. voru lagðar hér fram á borðin prentaðar. Slíku málflutningur sæmir ekki hæstv. ráðh. í ríkisstj. Hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason, talar um það nú, eins og hann hefur reyndar gert stundum áður, að það væri þörf á því að minnka sjóðakerfi sjávarútvegsins. Þetta virðist hafa verið hálfgerður vökudraumur ýmissa ráðh. á undan honum. Og nú þurfti að senda minum ágæta þingflokksbróður, hv. þm. Lúðvík Jósepssyni, sem nú sem stendur er úti í Sviss að leysa alþjóðamál, tóninn og fannst mér það ekki eiga við þar sem maðurinn er ekki viðstaddur og enginn garpur á borð við hann hér í þingsölum til að svara hæstv. ráðh. En ef hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason, hefur verið og er jafnvel enn innst inni á móti aukningu sjóðakerfisins, hví skyldi hann vera svo gráðugur í það nú að auka kerfið og ekki um neina smámuni, þar er um upphæðir að ræða sem eru talsvert á annað þúsund millj. Ég er alveg viss um að hæstv. ráðh. þætti ekki dónalegt að geta útbýtt þeirri upphæð. Þarna er sem sagt um það að ræða að auka útflutnnigsgjald af sjávarafurðum, um 4% af frystum fiski, um 6% af saltfiski og um 2% af loðnu, sem þó kemur ekki til framkvæmda samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða fyrr en á loðnu sem veidd er eftir sept. í haust. Þarna er verið að fara leið til þess að fá peninga í Olíusjóð. Þessi leið var líka farin í haust og það var reynt í Olíusjóði með söluskattsprósentu, í fyrra. Við vitum allir að það er nauðsynlegt að afla fjár til Olíusjóðs. En hversu langt á að ganga, hversu mikinn hluta fisksins má taka áður en hann kemur til skipta? Eigum við að sætta okkur við það að eiga þá ekki nema kannske stirtluna eftir handa þeim sem ná í aflann? Við erum nú þegar með samþykkt þessa frv. komnir talsvert yfir helming af hverjum fiski sem skorinn er af áður en sjómenn geta fengið sinn réttláta hlut af því.

Við í minni hl. sjútvn. höfum leyft okkur að koma hér með till. til þess að leysa þetta vandamál útgerðarinnar um hækkun á olíu með öðrum hætti en hæstv. ráðh. hefur stungið upp á. Við leyfum okkur að koma með till. um hækkun á fiskverði. Það gerði LÍÚ einnig, en þó með þeim hætti öðrum að þau 11%, sem þeir vildu fá í fiskverðshækkun, áttu ekki að koma til skipta. Það getum við ekki fellt okkur við. Við viljum aðeins að fiskverð verði hækkað og það skiptaverð komi til skipta handa sjómönnum. (Gripið fram í.) Vaknaður aftur, Sverrir! Það á við minni hl. n. Og við Alþb.-menn náttúrlega líka allir. (Gripið fram í.) Já, okkur telst svo til þegar við höfum reiknað þessa tölu þá muni koma 13% fiskverðshækkun sem kæmi þá til framkvæmda frá 15. febr. s. l. Hún ætti að nægja til þess að útgerðin fengi um 800 millj. af því í sinn hlut. Við leggjum einnig til að ríkissjóður greiði mismuninn, ef einhver verður. Það var ekki rétt þegar um það var talað af hv. þm. Pétri Sigurðssyni, að við bentum bara á að fá allt úr ríkissjóði. Það er ekki rétt. Það voru aðeins þessar 200 hugsanlegu milljónir, ef olíuverð helst óbreytt allt árið, og enginn veit hvaða þróun verður í þeim efnum til ársloka. (Gripið fram í.) Þú skalt reikna það sjálfur. (**Forseti:** Ég vil biðja þingmenn að hafa ekki samtal í salnum, ekki við ræðumenn.)

Nú kom það fram í máli hæstv. ráðh. áðan að með því að hækka viðmiðunarverð í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins væri verið að færa frystihúsunum, útflytjendum, 400 millj., ef mér hefur ekki misheyrst. Og 400 millj. gera 400 millj. Ef við tökum einnig þá upphæð sem kemur óbeint inn til útflytjenda með því að útflutningsgjöldin eru felld niður, sem munu vera á

annað þús. millj. á ársgrundvelli, þá sýnist mér þegar allt kemur saman að fiskiðnaðurinn geti greitt þetta hærra fiskverð. Hann greiðir það aðeins með öðrum hætti. Í staðinn fyrir að greiða útflutningsgjöldin greiða þeir þetta með því að borga hærra fiskverð.

Ég vil einnig benda á annað að ef fiskkaupandinn getur greitt umfram fiskverðið, eins og talað hefur verið um að undanförnu og sýnt var fram á opinberlega í fréttum bæði í sjónvarpi og útvarpi í kvöld, að ætti sér stað, getur hann alveg eins greitt hærra fiskverð, jafnvel þó að það komi til skipta handa sjómönnum. Því ekki það?

Hæstv. ráðh. sagði nú sem betur fór ekki eintóma vitleysu hér áðan. Hann lýsti því yfir að hann telur að sjómenn eigi að fá hlut af umframgreiðslu, þ. e. a. s. af því verði sem fiskkaupendur telja sig geta borgað umfram lágmark Verðlagsráðsins. Og þá vildi ég leyfa mér að spyrja í sambandi við þessa yfirlýsingu: Hvað ætlar hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason að gera í því að þessar upphæðir komi til skipta, en renni ekki óskiptar í vasa útgerðarmanna?

Það er gott og blessað ef menn eru mjög ánægðir með sín verk og þykir allt gott við þau. Hæstv. ráðh. var afar hrifinn af því að allir skyldu vera óánægðir, allir sem einn, sem spurðir voru ráða í sambandi við frv. í n. Hann var mjög hrifinn af því að allir skyldu vera óánægðir. Það þýddi það að þeir væru óánægðir vegna þess að það væri gengið hæfilega mikið á hlut allra. Það hefði verið skipt eins réttlátlega niður og hægt er. En þá mætti jafnframt spyrja hæstv. ráðh.: Hvað fengu sjómenn hjá hæstv. ráðh. í þessu frv.? Nákvæmlega ekki neitt. Þeir fengu ekkert annað en það að sú aðferð var notuð sem varð til þess að sjómennirnir fengu ekki verðið til skipta. Það er staðreyndin.

Ég er líka sammála hæstv. ráðh. og sammála því atriði í frv. sem fjallar um að 50 millj. skuli veittar til þess að bæta eigendum fiskiskipanna tjón sem þeir verða fyrir þegar skip þeirra eru dæmd ónýt, ef tjónið er ekki bætt með öðrum hætti. Þessi upphæð er vissulega góð byrjun, hefði kannske mátt vera hærri. Við nm. í minni hl. hv. sjútvn. vorum að velta því fyrir okkur hvort ekki væri hægt að víxla þarna 50 millj. af öðrum stað yfir á þennan lið. Við vitum að eins og verðlagið er á fiskibátum nú í dag duga 50 millj. skammt ef þær eiga að koma að einhverju verulegu haldi. Líklega hefði það verið rétt hjá okkur að koma með brtt. um að þessi tala yrði 100, en 300 millj. þær sem eiga að fara til endurbóta á eldri fiskibátum hefðu þá orðið 250 í staðinn. Við sem ábyrgir sjórnmálamenn leyfum okkur ekki að leggja til að hækka þarna eina eða neina tölu, nema annað eins komi í staðinn.

Ég held því einnig fram að við séum ekki með óraunsæjar till. þegar við leggjum til að útflutningsgjaldaaðferðin verði lögð til hliðar og fiskverðshækkunin komi í staðinn. Ég tel að við höfum sýnt fyllilega fram á það að okkar leið sé raunhæf og til þess séu til fjármunir. Það eru aðeins þessar 200 millj., sem gætu þarna orðið á milli, þ. e. a. s. ef þetta háa olíuverð helst til ársloka sem allar líkur benda til að ekki verði. Ég veit ekki betur en olían hafi þegar lækkað víða hér í Evrópu, og hafa ekki rússarnir lækkað olíuna líka?

Aðeins eitt orð að lokum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. að því hvort hann telji það ekki yfirborganir á fiski þegar greitt er fyrir fiskinn óragaðan, ógæðametinn eins og nýr væri? Er það ekki að greiða hærra fiskverð að greiða jafnt fyrir óstærðarflokkaðan fisk eins og hann væri stór? Með sérstöku tilliti til þess að íslendingar hafa verið svo dugmiklir fiskimenn á undanförnum árum að þeir eru búnir að drepa allan stóra fiskinn. Þetta er líka hækkun á fiskverði.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri enginn maður í landinu svo vitlaus að hann teldi réttlátt að ein stétt fengi allan gengismuninn. Hvaðan í ósköpunum hefur hæstv. ráðh. tilefni til þess að taka slíkt upp í sig? Ekki vildum við heimta það. Við förum aðeins fram á 13% hækkun á fiskverði og það er ekkert nálægt því, ekkert líkt því að vera allur gengismunurinn, það er aðeins brot af honum. Gengismunurinn eftir tvær síðustu gengisfellingar er líklega á fjórða milljarð kr. Hæstv. ráðh. sagði að ef sjómenn fengju þessa hækkun, þá færu allar stéttir þjóðfélagsins af stað um leið. Ég neita því að það sé rétt, vegna þess að sjómenn hafa svo lágt kaup. Tryggingá á fiskibát núna, eftir þá hækkun sem veitt var nú fyrir skömmu, er um 67 þús. kr. Sjómenn eru eina atvinnustéttin í landinu sem greiðir sjálf sitt fæði þegar hún vinnur utan heimilis, ekki að öllu leyti að vísu, þeir fá að vísu nokkra upphæð á dag en þeir greiða talsverðan hluta fæðis síns og eru eina vinnustéttin í landinu sem það gerir. En það má líka níðast á henni, að því er manni skilst af máli hæstv. ráðh., alveg eins og hverjum sýnist.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Við stjórnarandstæðingar hétum því á sínum tíma að koma ekki í veg fyrir það að hægt væri að afgr. þetta mál frá þessari hv. d. í dag. Ég mun því ekki setja á langa tölu til þess að tefja afgreiðslu málsins, en mun verða eins stuttorður og ég mögulega get, og ekki taka langan tíma af þingstörfum.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson hefur svarað þeirri gagnrýni sem hæstv. ráðh. hafði uppi á brtt. okkar, 1. lið á þskj. 580, og tel ég ekki rétt að fara öllu nánar út í þá sálma, nema mér finnst það varla vansalaust af hæstv. ráðh. að reyna að snúa út úr till., sem eru augljósar og öllum auðskiljanlegar, með þeim hætti sem hann þar gerði. Ég vil þó aðeins taka það fram og benda hæstv. ráðh. á, sem að eigin hyggju virðist sitja uppi með alla visku í útgerðarmálum, að lesa tillgr. betur en hann hefur gert, vegna þess að í síðustu málsgr. er sagt að það sé heimilt að verja 70 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga til 2—3 ára til fiskverkunarstöðva. Hér er ekki eingöngu rætt um harðfrystihús, heldur fiskverkunarstöðvar í heild, og jafnvel þó að það sé rétt hjá hæstv. ráðh., sem ég raunar benti á í ræðu minni fyrr í kvöld, að það sé búið að vinna nú þegar talsvert mikið að því að bæta aðbúnað starfsfólks og hreinlætisaðstöðu í frystihúsum, þá er því mjög ábótavant í ýmsum öðrum fisk-

verkunarstöðvum en frystihúsunum, auk þess sem við teljum, sem að þessari till. stöndum, að það sé engin goðgá að verja hluta af þessu fjármagni til frystihúsanna til þess að flýta þeim framkvæmdum sem hér um ræðir. Ég vil eindregið hvetja hæstv. ráðh. til þess að lesa slíkar till. betur áður en hann fer að ráðast á menn fyrir slíkan tillöguflutning.

Hæstv. ráðh. virðist vera þeirrar skoðunar að hann einn sitji uppi með alla visku í sjávarútvegsmálum á Íslandi. En hver er sú viska? Hvað sagði hv. frsm. meiri hl. sjútvn. um þá visku í ræðu sinni í dag? Hann sagði að hún væri slík að allir sjútvn.-menn vildu helst vera lausir við að bera hana fram. Það var öll viskan. Og hvað sögðu þeir aðilar sem komu á fund sjútvn. Nd. til þess að fjalla um þessa visku hæstv. ráðh.? Þeir báðust allir eindregið undan því að hún yrði sett í framkvæmd. Slík var viskan. Og hvað er það sem hæstv. ráðh. segir sjálfur héðan úr ræðustól í kvöld? Hann lofar því að láta það verða eitt sitt fyrsta verk að hnekkja því sem hann sjálfur er að gera. Er þetta viskan? Það er e. t. v. jafngott að allir forustumenn þjóðarinnar skuli ekki vera svona vitrir. Ég vil einnig benda hæstv. ráðh. á nokkuð þegar hann gagnrýnir okkar tillöguflutning í sambandi við c-lið á þskj. 580 þar sem við leggjum til, að í stað sjútvrn. ráðstafi Alþ. því sem afgangs kann að verða af gengismunarsjóðnum. Þetta segir hann að sé fráleit vitleysa og hlægileg vegna þess að það verði ekkert eftir. En er það minna hlægilegt og er það minna fráleitt að hæstv. ráðh. sjálfur eigi að úthluta því sem ekkert verður? Ef að samþ. er óbreytt frvgr. eins og hún hljóðar, þá gerir frv. ráð fyrir því að sjútvrh. úthluti því sem ekkert er, og er meiri viska í því að hæstv. sjútvrh. úthluti því, sem ekkert er, fremur en að Alþ. fái það verk?

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Garðar Sigurðsson, sagði í ræðu sinni rétt áðan, að okkur var ókunnugt um þá skriflegu brtt. sem hv. form. sjútvn. mælti fyrir hér í dag, bar hana fram skriflega og þurfti afbrigða við. Ef hún verður samþ. væri auðvitað eðlilegt að j-liðurinn félli niður. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki gert till. um að hann falli niður, þannig að hann virðist ætlast til þess að Alþ. samþ. að honum sé falið að úthluta fé sem ekkert verður, og ég skil ekki í því að það sé meiri viska að sjútvrh. hafi þetta verkefni en Alþ. Mér sýnist hvorugt vera ákaflega viturlegt og hefði raunverulega búist við því af hv. frsm. sjútvn., um leið og hann flutti sína till. sem minnkaði gengishagnaðarsjóðinn um þá fjárhæð sem hann tilgreindi, að þá gerði hann jafnframt brtt. um að þessi j-liður skyldi falla brott.

Sverrir Hermannsson: Virðulegur forseti. „Við í minni hl.," sagði hv. þm. Garðar Sigurðsson. „Við eplin," sögðu hrossataðskögglarnir. Ég kannast ekki við þennan starfsmann úr minnihlutahópnum. Hann var að gegna öðru mikilvægu hlutverki, að kaupa ferju til handa Vestmannaeyjum upp á 700 millj. eða svo, og sagt er að það þyrfti að flytja alla bílaeign Vestmannaeyja fram og til baka á klukkutíma fresti til þess að hún borgaði sig sú ferja. „Við í minni hl.," segir Garðar Sigurðsson og kom þar hvergi nærri. Hins vegar féllumst við á að hv. þm. Gils Guðmundsson, skilgóður maður, sem flutti hér ræðu skilmerkilega, fengi að fylgjast með. Hann hafði varla nokkrar meiningar aðrar en okkar. Málið er flókið og vandasamt og eftir langa mæðu komumst við að þeirri niðurstöðu, og þeirra brtt. eru mjög lítils virði og skipta næstum því engu máli í sambandi við heildarniðurstöðuna. Uppi var sú skoðun að ekki skyldi farin sjóðaleiðin, en okkur var ljóst að ekki yrði samið um kaup og kjör á bátaflotanum með því að fara fiskverðshækkunarleiðina. Þetta lá alveg ljóst fyrir (**Gripið fram í:** Til útgerðarmanna.) Fiskverðshækkunarleiðina 11% til útgerðarmanna utan skipta. Þessa leið vildi ég fara utan sjóðanna, en fyrir lá að hún yrði ekki samþ. af sjómannasamtökunum. Þetta verður að vera alveg skýrt. Þetta skiptir höfuðmáli vegna þess að við stefnum að því að krækja fram hjá sjóðaleiðinni og nú er sagt að við eflum sjóðina eingöngu vegna þess í þessu brumi snöggvast vegna þeirra örðugleika sem við blöstu, að ekki yrði samið án þess að fara þessa leið.

En það er ekki nægjanlegt að taka sjóðaskipulag sjávarútvegsins til endurskoðunar, heldur þarf að taka allt félagslegt skipulag sjávarútvegsins til endurskoðunar. Þar hefur lengi viðgengist furðuleg ringulreið. Það skiptir sköpum hvort togari er 490 tonn eða 510, og það munar í útgerðarkostnaði og mannaflakostnaði 10 millj. á skip. Hvers vegna? Hvernig stendur á því að þessi mál skuli vera með þessum hætti sem ég hef nú nefnt. Það er mjög einföld skýring á þessu. Þeir, sem hafa ráðið hagsmunasamtökum útgerðarinnar, hafa líka átt verkunina í landi og versla jafnan við sjálfan sig úr hægri vasa í vinstri. Þegar útgerðin hefur átt undir högg að sækja hefur það verið jafnað með því að fiskverkunin gæti undir því staðið og LÍÚ, Landssamband ísl. útvegsmanna, sem á að semja um fiskverð til handa skipaflotanum, hefur fyrir framan sig það fiskverð sem hentar fiskverkuninni. Af hverju? Af því að þeir sem eiga flest skipin, ráða öllu í LÍÚ hvort sem er. (**GHG:** Þetta er ekki rétt hjá hv. þm.) Ég veit nákvæmlega hvað ég er um að tala. Það má kannske ekki upplýsa þetta. Er Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna smeyk við þetta? (**GHG:** Vill ekki hv. þm. sanna þetta?) Vill ekki hv. þm. Guðm. H. Garðarsson biðja um orðið og koma með mótrök? Ísbjörninn, Einar ríki Sigurðsson og vestmannseyingar, fiskverkunarstöðvarnar stærstu, hafa ákveðið sjálfar jafnan fiskverðið. Og kenningin var sú að það væri hægt að gera út báta með tapi vegna þess að fiskverkunin mundi geta undir henni staðið. (**Gripið fram í:** Þær eiga enga báta.) Á fiskverkunin enga báta? (Gripið fram í.) Fiskverkunin á svo marga báta að hún á meiri hl. og hún á meiri hl. atkv. í LÍÚ, Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem selur fiskinn sinn. Svo marga báta eiga þeir fiskverkendur að þeir hafa undirtökin í LÍÚ, sem selur fiskinn sinn til þeirra.

Þetta mál, sem við nú erum að afgr., hefur verið vandasamt. Hér er um miklar fjárhæðir að tefla. Ég vil benda á að það er nýtt sem gert

var í haust og nú, að anna lífeyrissjóðs- og tryggingaþörf sjómanna eins og gert er hér. Það er líka nýtt í þröngri stöðu Fiskveiðasjóðs að hann skuli fá óafturkræft lán, framlag upp á 300 millj. Þetta er gert. Það hefur verið yfir þessu vakað og reynt á og togast á um þessa hluti, en ég hef ekki orðið var við að minni hl. stjórnarandstaðan í sjútvn., hafi haft sérstakar till. bitastæðar, andstæðar því sem við leggjum til með þessu frv.

Ég vil láta þá skoðun mína í ljós um leið og ég mæli með, eins og fram kemur á þskj., samþykkt þessa frv. að það þurfi að gera meira en að breyta sjóðakerfi sjávarútvegsins. Það þarf líka að breyta félagslegu skipulagi þessa atvinnuvegar, bæði á sjó og í landi. Þar fara ekki saman heilindi. Það fara ekki saman á milli manna þeirra, sem eiga að stjórna, heilindi og heillaverk. Því fer fjarri. Skipulag sjávarútvegsins er brotalöm gersamleg og það er ekkert undarlegt þótt teygist á þeim lopa að semja um kuap og kjör á stóru togurunum vegna þess að á báðar síður eru engir menn fyrir.

Frsm. meiri hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Við höfum heyrt erkibiskupsboðskap um það að á báðar síður séu engir menn fyrir í samningum, og sá, sem mælti hin vísu orð, er einn af frumkvöðlum einstaklingsstórútgerðar hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég skal fúslega taka undir þessi orð hans og þó sérstaklega tala um það frá hans kollegum, útgerðarmönnum, að það séu fáir menn þar fyrir.

En það voru ekki þau orð sem ég ætlaði mér að leggja út af, heldur þau sem komu fram í ræðum manna áðan, komu fram frá hv. ræðumönnum stjórnarandstöðunnar og fullyrðingar um að sjómenn hefðu ekkert fengið. Svona fullyrðingar ítrekaðar, þegar búið er að segja þeim frá því hvað gerst hafi og þeim er fullkunnugt um þetta, að þeir skuli þá koma hér upp og lemja höfðinu utan í míkrafóna fyrir framan sig og segja: „Allt er tóm lygi og ekkert hefur verið gert", — ég skil ekki svona framkomu. Það er búið að skýra frá því í sambandi við bátakjarasamningana að þá var hækkaður bráttófrádráttur sjómanna á fiskiskipum úr 8% í 10%. Það var lækkaður sá tími sem þeir þurftu og þurfa að vera lögskráðir á skip til þess að fá frádrátt sem mun hafa stórkostlega mikið að segja fyrir þá sem eru á minni skipunum, að ég tala nú ekki um á opnu bátunum víðs vegar í kringum land. Ég gat líka um fleiri hluti sem komið hafa til greina skv. yfirlýsingum hæstv. fjmrh. og nú eru til afgreiðslu hjá honum. Þá njóta þeir auðvitað hins sama og aðrir aðilar í sambandi við skattkerfisbreytingar, sem gerðar hafa verið hér á hæstv. þingi. Þetta er auðvitað alveg út í hött og ég bendi hv. þm. Garðari Sigurðssyni á það að hann sagði ekki orð við því gerræði þáv. stjórnvalda þegar þeir bönnuðu hækkanir fiskverðs um margra mánaða skeið í tíð fyrrv. ríkisstj. um leið og þeir tóku vísitöluna úr sambandi. En það var þó eitt af því fyrsta, sem núv. ríkisstj. gerði, að hækka fiskverðið um 11%.

Það er önnur fullyrðing sem ég vildi aðeins koma inn á líka, og það er að það hefði verið hægt að láta gengislækkunina ganga til þeirra, sem hlutaskipta njóta, án þess að það hefði haft áhrif annars staðar meðal launþega. Ég bendi á þá almennu skoðun sem var uppi meðal forustumanna launþegasamtakanna 1969, þegar einmitt var talað um að þetta hefði a.m.k. haft mjög alvarleg áhrif á þá samninga, sem gera þurfti og gerðir voru við hin almennu launþegasamtök. Ef hlutaskiptasamningarnir hefðu bókstaflega átt að gilda í orði og á borði við þær tvær gengisfellingar sem nú hafa verið gerðar í tíð þessarar ríkisstj. á nokkrum mánuðum, þá tel ég að það hefði ekki verið nokkurt viðlit að tala um samninga, þótt til skamms tíma séu, eins og gerðir voru við hin almennu launþegasamtök, ef það hefði komið upp úr dúrnum að með gengisfellingunni hefði verið hægt að hækka um kannske 70—80% fiskverð til hlutaskiptasjómanna. Og allir sjá gagnvart því fólki sem enn þá vann og vinnur í fiskverkuninni, að þetta hefði ekki verið á borð leggjandi fyrir það.

Ég skal fúslega viðurkenna það að ég hef haft skökk orð um það sem hv. þm. Karvel Pálmason leiðrétti mig um hér áðan í sambandi við lífeyrissjóð þeirra á Vestfjörðum. En það breytir ekki því sem ég vildi hafa sagt, því að stærri togararnir búa við allt önnur kjör í lífeyrisgreiðslum en hinir smærri togarar. Það er að sjálfsögðu það sem ég vildi koma orðum að, rekstrarmismunurinn, sem var þarna að ræða um. Að sjálfsögðu hafa vestfirskir sjómenn aldrei þurft að sækja á annarra mið um eitt eða neitt.

Ég skal svo taka undir orð síðasta ræðumanns um það, sem hann sagði, að við erum ekki að efla sjóðina. Við erum að halda áfram um stundarsakir því sem fyrir var. Ég þóttist hafa skýrt þetta ákaflega vel í minni framsöguræðu, eins og ég þóttist hafa fundið hjá n., að hún var sammála um og reyndar fleiri, að það var ekki hægt að fara þessa leið, sem um var rætt, að láta koma einhliða fiskverðshækkun 11% til útgerðarmanna einna. Það var að bæta nýrri bót á bót ofan. En þótt við framlengjum sjóðakerfið um nokkurra mánaða skeið eða um mánaðarskeið, hafandi það í huga að það er samróma ósk samninganefndar útgerðarmanna og sjómanna að sjóðakerfið verði tekið til endurskoðunar, þá tel ég að það hafi verið heillavænlegasta leiðin sem valin var, þótt ég geti tekið undir það með öðrum mönnum, sem hér hafa talað, að hin leiðin hefði kannske verið heilbrigðari fyrir alla aðila og þá sérstaklega með það í huga, að sjóðakerfi eins og við búum við í sjávarútveginum getur boðið og býður spillingunni heim. En við eigum þá frekar að taka höndum saman um það, bæði stjórnarfl. og stjórnarandstöðufl., að reyna að mæla með og ýta eftir viðkomandi hagsmunaaðilum að þeir fari alvarlega í þessa endurskoðun, og við eigum þá að vera menn til þess að standa við bakið á þeim og segja: Við skulum hjálpa ykkur við það. Komið þið ykkur saman um einhverjar nýjar grundvallarreglur, og við skulum þá hér á Alþ. Íslendinga standa með ykkur í að lögfesta þær ef á þarf að halda.

ATKVGR.

Brtt. 577,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 580,1 felld með 25:8 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 580,2 felld með 27:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: KP, ÞorstÞ, MÓ, SighB, BGr, EðS, GS, GilsG.
nei: JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, GuðrB, PJ, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, SvB, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, IG, RH.

5 þm. (JónasÁ, MK, SvJ, GÞG, JóhH) fjarstaddir.
2.—3. gr. samþ. með 24:4 atkv.
Brtt. 596 samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 577,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 439, n. 552). — 2. umr.

Jón Skaftason: Virðulegur forseti. Heilbr.- og trmn. þessarar d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á hjúkrunarl., nr. 8 frá 13. mars 1974. Efni frv. kemur fram í gr. frv. sem ekki er margbrotið og rökstuðning fyrir breyt., sem við höfum fram að færa er að finna í aths. við frv. Heilbr.- og trn. leggur einróma til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 80. fundur.

Fimmtudaginn 8. maí, kl. 1.25 árdegis.

Ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins, frv. (þskj. 484). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 439). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 7. maí.

Útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir.

Skriflegt svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar, um útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir, á þskj. 411, afhent þm. 7. maí.

Nr. 1. Skipting á framleiðslu sauðfjárafurða eftir því hvort framleiðandi er búandi á lögbýli eða ekki fyrirfinnst engin í skýrslum. Hins vegar er til talning búfjár sem segir til um hversu stór hluti bústofn er á lögbýlum. Samkvæmt þeirri talningu voru 810 582 kindur á lögbýlum haustið 1973, en 28 533 utan. Eftir því var 3.4% sauðfjáreignar utan lögbýla það haust. Sé reiknað með jafnri framleiðslu á kind á lögbýlum og utan, hafa fallið til haustið 1974 459 100 kg af kindakjöti hjá sauðfjáreigendum utan lögbýla.

Nr. 2. Áætlað 69.5 millj. kr. skv. ofangreindu.

Nr. 3. Samkvæmt búreikningum árið 1973 og verðlagsgrundvelli landbúnaðarins sama ár má áætla áburðarnotkun til framleiðslu á 459.1 tonni á kjöti í hreinum efnum áburðar:

Köfnunarefni	236 tonn
Fosfór	126 tonn
Kalí	84 tonn

Nr. 4. Samkvæmt útreikningi frá Hagstofu Íslands frá í desember 1974 námu heildarverðmæti landbúnaðarafurða á verði til bænda verðlagsárið 1973/1974 kr. 9 274 481 000. Verðbætur vegna útfluttra búvara það ár fóru í það hámark sem 12. gr. framleiðsluráðslaga nr. 101/1966 heimilar, sem er 10% áðurnefndrar upphæðar eða 927.4 millj. kr.

Útflutningsbæturnar fyrrnefnt verðlagsár skiptust þannig milli búgreina og afurða (bráðabirgðatölur):

Afurðir nautgripa alls 471.8 millj. kr.

			millj. kr.
Þar af:	Ostar, á hv. kg	251.09 kr. alls	280.4
	Nýmjólkurmjöl kg	240.68 kr. alls	69.5
	Undanrennumjöl kg	55.15 kr. alls	16.0
	Ostaefni kg	130.03 kr. alls	36.2
	Nautakjöt kg	183.77 kr. alls	65.6

Afurðir sauðfjár alls 455.6 millj. kr.

Þar af:	Kjöt, á hv. kg	151.31 kr. alls	425.6
	Innmatur : kg	38.46 kr. alls	24.3

Nr. 5. Áætlun um útflutningsbætur fjárlaga árið 1975 var gerð í júní s. l. og hljóðaði upp á 716 millj. kr. Frá því að sú áætlun var gerð hefur skráð verðlagsgrundvallarverð á búvörum hækkað um sem næst 27%, sem kemur til hækkunar útflutningsbótaþörfinni frá því sem áætlað var. Einnig mun sú þróun verðlagsmála og kaupgetu er verður hafa áhrif á neyslu búvaranna hér innanlands og þar með heildarfjárhæð útflutningsbóta á þessu ári og því ekki séð hverju verðábyrgðin nemur endanlega.

Efri deild, 80. fundur.

Föstudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins, frv. (þskj. 613). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins samkv. l. nr. 2 frá 1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs fiskiskipa hefur legið um nokkurt skeið fyrir Nd. og var afgr. þaðan á miðvikudagskvöld. Nd. gerði á því þrjár breyt.: Á 1. gr. frv. a-lið orðalagsbreyt. „Til lífeyrissjóða sjómanna, til þess að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur til sjómanna og aðrar tryggingabætur," en áður var í frv. „Til þess að auka lífeyrisgreiðslu til aldraðra sjómanna." Sjútvn. Nd. taldi réttara að gera þessa breyt. á. Ég tel ekki vera um efnisbreyt. að ræða því að þetta framlag var samkv. aths. með frv. og sömuleiðis samkv. þeirri túlkun, sem ég lagði í málið í framsöguræðu minni í Nd., auðvitað til frjálsrar ráðstöfunar stjórnum lífeyrissjóðanna til þess að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur og þá auðvitað um leið aðrar tryggingabætur.

Aðrar breyt., sem gerðar voru, voru breyt. á ákvæðum til bráðabirgða, 4. lið, um heimild að endurgreiða útflutningsgjald samkv. lögum nr. 19/1973 og a-lið 2. gr. þessara l. af saltsíld og saltsíldarflökum, sem framleitt er á þessu ári. Þetta ákvæði hefur verið í gildi fyrir árin 1972 og 1973 um það takmarkaða magn sem framleitt hefur verið af saltsíld og saltsíldarflökum, en hins vegar er rétt að hafa það í heimildarformi, en ekki skýlaus lagafyrirmæli því að það verður auðvitað að fara eftir markaðsverði hverju sinni og framleiðslukostnaði á þessari vöru hvort eigi að grípa til slíkrar heimildar eða ekki. Ég fyrir mitt leyti mun ekki grípa til þessarar heimildar hvað varðar almennt útflutningsgjald af saltsíld nema ég telji brýna þörf, en hins vegar mun ég líta á það og meta eftir söluhorfum, sem verða á þessum afurðum, ef þessar veiðar verða á einhvern hátt leyfðar, sem verður að gera ráð fyrir þó að það sé í mjög takmörkuðum mæli.

Þriðja breyt., sem Nd. gerði á frv., er 5. liður ákvæða til bráðabirgða um heimild að endurgreiða útflutningsgjald samkv. b-lið 2. gr. að hluta eða að öllu leyti af þurrkuðum saltfiski, þ. á m. af þurrkuðum saltufsa.

Það er eðlilegt að mínum dómi að taka þessa heimild inn því að það er mikill munur á hvort verið er að ræða um útflutningsgjald af saltfiski, blautfiski, eða hvort um er að ræða heimild til að endurgreiða útflutningsgjald af þurrkuðum saltfiski og þar með af þurrkuðum saltufsa, og skal ég fúslega viðurkenna að þar er mikill munur á sem þarf að skoða nánar og er því rétt að hafa slíka heimild.

Þá var breytt 2. lið á ákvæðum til bráðabirgða á þann veg að stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að greiða framleiðendum loðnumjöls upp í verðbætur vegna birgða loðnumjöls frá loðnuvertíð 1975 sem ekki hafa verið fluttar út. Sjóðsstjórnin setur reglur um greiðslur þessar að fengnu samþykki ráðh., eins og um aðrar þær reglur sem stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins setur.

Það má segja að það sé mikið vandamál hvernig fara eigi með þá loðnu sem komin var á ákveðið framleiðslustig, í þrær verksmiðjanna, þegar gengisbreyt. átti sér stað. Það er auðvitað fráleitt að tala um að greiða þá loðnu á hinu nýja verði eða eftir hinu nýja gengi að öllu leyti á sama tíma og hráefnisverðið breytist ekki. Hitt er rétt að taka fram og viðurkenna, að sá kostnaðarauki, sem verksmiðjurnar verða fyrir við vinnslu á þessum afurðum, er mjög mikill, og talið er að magnið, sem legið hafi í þróm verksmiðjanna allt frá Austfjörðum eða Norðausturlandi og til Þorlákshafnar, hafi verið um 8 þús. lestir. Mismunur með því að draga frá útflutningsgjöldin og endurmat hráefnisverðs er 36 millj. kr., og verði þetta ákvæði samþ. tel ég eðlilegt að þessar bætur nemi allt að 36 millj. kr., og þá leyfi ég mér að halda því fram að verksmiðjurnar á Austurlandi og Norðausturlandi geti mjög vel við unað.

1. gr. þessa frv. fjallar um skiptingu á þeim gengishagnaði sem um er að ræða eftir gengisbreyt. í febr. s. l. Það eru í fyrsta lagi 75 millj. í Lífeyrissjóð sjómanna, sem var gefið fyrirheit um í sambandi við verðákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins á s. l. vetri frá hendi ríkisstj.

Í öðru lagi er reiknað með til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, með skilyrðum sem rn. setur, 950 millj. kr. Af þeirri upphæð er gert ráð fyrir að greiðslur fari fram á þremur árum frá 14. febr. 1975 að telja og sjútvrn. er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af heildarfjárhæð samkv. þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til tveggja til þriggja ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva. Þessi heimild var einnig í lögum, sem afgreidd voru fyrir jólin, og voru staðfesting á brbl. sem gefin voru út á síðasta hausti um nákvæmlega sömu upphæð. Það stóð nokkuð lengi á því hvernig þessu fjármagni yrði varið til að bæta lausafjárstöðu í sjávarútvegi og að lokum náðist samkomulag um það á milli bankanna og sjútvrn. að viðskiptabankarnir tækju algjörlega að sér að lána þetta fjármagn þennan skamma tíma, því að hér er um fjármagn að ræða sem Alþ. er búið að ráðstafa til stofnfjársjóðsins til þess að bæta þeim sem verða fyrir gengistapi af erlendum lánum og gengistryggðum lánum Fiskveiðasjóðs. Þess vegna kom ekki til greina að það hefði þessa úthlutun með höndum nokkur annar aðili en viðskiptabankar sjávarútvegsins, Landsbankinn og Útvegsbankinn, og þeir tækju jafnframt ábyrgð á endurgreiðslu á þessu fjármagni. Það er því um tómt mál að tala að ég hafi nokkurn tíma ætlað mér sem ráðh. að fara að stunda lánastarfsemi uppi í sjútvrn., eins og fram kom hjá einum eða tveimur ræðumönnum í Nd. Sama yrði með þetta fjármagn sem hér er lagt til, ég mundi aldrei vilja taka slíka ábyrgð á mig. Ég vildi ganga frá slíkum samningum við lánastofnanir. Það er ekki hægt að binda það í lögum hvort það yrði bundið við Fiskveiðasjóð, Seðlabankann eða viðskiptabanka, það var samningsatriði á milli þessara banka með

þessar 700 millj. á s.l. vetri. Verður hér að vera einnig um samningsatriði að ræða sem ekki er hægt að binda á annan hátt í lögum. Hitt er svo annað mál hvort þessi heimild verði notuð. Hún verður auðvitað ekki notuð nema viðkomandi viðskiptabankar vilji ganga í þessa ábyrgð. Annars verður þetta fjármagn ekki lánað því að hér er aðeins verið að taka fjármagn sem á að fara til annarra hluta í örskamman tíma.

Þriðja atriðið í 1. gr. er óafturkræft framlag til Fiskveiðasjóðs til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskiskipum, 300 millj. kr. Er talið að um sé að ræða að Fiskveiðasjóð vanti á þessu ári um 400 millj. kr. á þessu sviði, sem er lágmarksupphæð. Fjárþörf Fiskveiðasjóðs hefur stóraukist nú á síðustu árum, aðeins endurgreiðsla af erlendum lánum vegna hinna nýju skipa er um 2 025 millj. kr. á þessu ári og til þess að fjármagna innlendu skipasmíðina þarf 1 120 millj. kr. Fiskveiðasjóð vantar töluvert fjármagn, en að þessu er unnið bæði í gegnum Framkvæmdasjóð og í samstarfi við Seðlabankann, en mín skoðun er sú að það verði varla hægt að komast hjá því að útvega Fiskveiðasjóði minna fjármagn en um einn milljarð til þess að standa undir eðlilegri uppbyggingu fiskvinnslustöðvanna í landinu. Reynslan verður svo að skera úr um hvort það tekst að öllu leyti eða þá að hve miklu leyti.

Þá er hér um að ræða nýjan lið, það er til að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir ef skip þeirra eru dæmd ónýt og útgerðarmenn fá tjónið ekki bætt með öðrum hætti, t.d. frá tryggingarfélögum eða tryggingarfé. Þetta er hugsað á þann veg að ef t.d. Siglingamálastofnunin dæmir skip ónýtt, sem á engan rétt á að fá tjónabætur, þá getur auðvitað einstaklinguriinn eða félagið, sem skipið á, farið illa út úr því. Er ætlunin að semja reglugerð og þá er einnig hugmyndin að afla í framtíðinni fjár í þessu skyni. Það má segja að að sumu leyti hafi verið í gildi nokkurs konar ellitrygging að vissu marki, sem er bráðafúadeild Samábyrgðar Íslands, en hún bætir aðeins bráðafúa af völdum ákveðinnar sveppasýkingar, en ekki af völdum elli skipanna, svo að þessi þörf hefur því verið minni fyrir það að þessi deild hefur verið starfandi. En hér er um nýmæli að ræða, a.m.k. í framkvæmd, þó að um þetta mál hafi oft verið rætt.

Þá er lagt til að leggja fram til Olíusjóðs til þess að jafna greiðsluhalla hans, 80 millj. kr., en þegar brbl. voru sett á s.l. hausti var talið að Olíusjóð vantaði liðlega 200 millj. til þess að standa við sínar skuldbindingar. Staðan hefur þó verið heldur skárri, en hér er að mínum dómi um algjöra lágmarksupphæð að ræða, að verja 80 millj. til þess að jafna greiðsluhallann frá s.l. ári og fram að gengisbreyt. 15. febr.

Til Tryggingasjóðs fiskiskipa eru ætlaðar 100 millj. kr. til þess að bæta greiðslustöðu hans. Það er ekki nema hluti af þeim vanda sem þar er við að etja. En það hefur verið dregið nokkuð úr greiðslum til útgerðar frá Tryggingasjóði á s.l. ári. Það hefur verið haldið við sömu reglur hvað úthaldstíma snertir og sömuleiðis það hlutfall sem Tryggingasjóðurinn hefur greitt í iðgjaldi fiskiskipanna, en það sem dregið hefur verið úr er að iðgjaldagreiðslan á skip má ekki fara yfir 15% af verðmæti þess afla sem skipið hefur á hverju tryggingaári. En með þessu framlagi til Tryggingasjóðs tel ég miklar líkur vera til þess að greiðslustaða sjóðsins verði um 6 mánuðum á eftir, en hún hefur oft farið upp í 9—10 og jafnvel upp í 11 mánuði þegar verst var.

Þá er ætlað að verja til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna afurða síldar- og fiskimjölsverksmiðja og til greiðslu verðbóta vegna loðnumjöls og fiskimjöls 50 millj. kr. á yfirstandandi vetrarvertíð. Af þessum 50 millj. kr. hefur 25 millj. þegar verið ráðstafað með sérstöku samkomulagi við síðustu verðákvörðun á loðnu síðasta verðbilið, þegar verðið fór niður í kr. 1.50. En þá hefðu veiðarnar stöðvast með öllu ef verðið hefði farið neðar og þá var gengið á Verðjöfnunarsjóð með þessum hætti. Það loforð gaf ég með samþykki ríkisstj. til þess að lengja loðnuvertíðina fyrir þau skip sem lengst héldu áfram þessum veiðum, og held ég að þjóðhagslega séð hafi verið skynsamlegt að taka þá ákvörðun.

Þá er ætlað að verja tveimur smáupphæðum, a.m.k. miðað við þessa heildarupphæð, til rannsókna og styrkveitinga vegna fiskiskipa sem breyta vélbúnaði sínum til þess að geta nýtt svartolíu í stað gasolíu sem orkugjafa, 10 millj., og til orlofshúsa sjómannasamtakanna 12 millj. kr.

Samkv. þessari sundurliðun er hér um að ræða 1 637 millj. kr., en Seðlabankinn hefur áætlað að gengishagnaðurinn muni nema 1 644 millj. kr., þegar greiddar hafa verið hækkanir á flutningskostnaði, vátryggingar og annað þess háttar á afurðir sem fluttar eru út eftir hinu eldra gengi. Hins vegar er hér til viðbótar, sem kemur að vissu marki á gengisjöfnunarsjóðinn, sú aukning sem verður vegna loðnuveiðanna og ég gat um, með þeirri breyt. sem Nd. gerði á frv. og verður bruttó um 36 millj. kr., þannig að gengishagnaðurinn er uppurinn og meira en það. En af gengishagnaðinum frá s.l. hausti eru eftir nokkrar millj., en þá höfum við talið eðlilegt að hluti af því, sem fer til síldarbræðslanna vegna afurðanna sem eru í þrónum, verði greiddur út með viðbótargengi, þannig að það eigi nokkurn veginn að vera hér um greiðslujöfnuð að ræða hvað snertir ráðstöfun gengishagnaðarins.

Síðasti liðurinn er að sjútvrn. setji nánari reglur um framkvæmd þessarar gr. og greiðslutíma framlaga og svo eftirstöðvar til ráðstöfunar ef einhverjar kunna að vera, sem litlar eða engar líkur eru nú á, samkv. nánari ákvörðun sjútvrn. Breytist þessar tölur á þann veg að eitthvað verði eftir, þá hef ég ekki sem sjútvrh. hugsað mér að verja því fjármagni einn, heldur legg ég þær till. fyrir ríkisstj. og úthluta því, ef eitthvað verður eftir, í fullu samráði við ríkisstj., eins og gert var við afgreiðslu gengishagnaðarins frá s.l. vetri.

2. gr. frv. fjallar um sérstakt útflutningsgjald til Olíusjóðs fiskiskipa sem er hugsað til að greiða niður olíuverð til fiskiskipa, þannig að skipin sjálf eða útgerð þeirra greiði kr. 5.80 á hvern lítra af gasolíu og hlutfallslega af annarri brennsluolíu. Olíuverðið er nú kr. 20.20. Olíusjóðurinn, sem starfræktur er samkv. ákvörðun

brbl. og staðfestingu Alþ. á þeim í febr., greiðir kr. 8.50, en ætlað er að þær tvær hækkanir, sem orðið hafa síðan á olíu, verði nú greiddar til viðbótar úr Olíusjóði og fjár aflað til þessara greiðslna með 4% af fob.-verði útfluttra sjávarafurða annarra en þeirra, sem getið er um í b- og c-lið þessarar gr., en í b-lið er reiknað með 6% af fob-verði útflutnings á saltfiski og í c-lið 2% af fob-verði útflutnings á öllum mjölvörum og lýsisafurðum, en það kæmi ekki til framkvæmda fyrr en eftir 1. okt. 1975 vegna mjög erfiðrar stöðu.

Það hefur löngum verið deilt um það hvað sjóðakerfi sjávarútvegsins heldur áfram að aukast og sífellt eru hærri upphæðir teknar inn í þetta sjóðakerfi. En vandinn er sá að þegar talað er um að komast út úr sjóðakerfinu, þá eru menn ekki á eitt sáttir. Að mínum dómi má nefna þrjár leiðir til þess að komast hjá sjóðakerfinu, komast hjá slíkum niðurgreiðslum eins og þessum: Í fyrsta lagi að breyta með lögum hlutaskiptum á milli sjómanna og útgerðarmanna, en ég hygg að enginn alþm. hefði verið fáanlegur til að standa að slíkri löggjöf og ég fyrir mitt leyti mundi aldrei leggja það til. Í öðru lagi kom til greina að leggja sérstakt viðbótargjald á fisk umfram þá verðlagningu, sem Verðlagsráð hafði ákvarðað, til þess að ná í Olíusjóðinn til útgerðarinnar þá fram hjá skiptum, og í þriðja lagi að leggja á útfluttar sjávarafurðir á síðasta stigi. Með því að velja þá leið að leggja á útfluttar sjávarafurðir er auðvitað verið að taka þessa fjármuni og þennan skatt af öllum þeim sem að sjávarútvegi vinna og koma nálægt honum, allt frá því að fiskur kemur á skip og þangað til hann er fluttur úr landi. Þess vegna er hlutdeild sjómannsins mun minni í þessari aðferð heldur en ef ákveðið álag hefði verið sett á fiskinn upp úr sjó. Það skiptir mjög miklu máli. Verðlagsráðið var búið að ákvarða verðlagningu fram í maímánuð frá áramótum svo að það breytir engu í þessum efnum, það sem hér er lagt til að gera. Höfuðatriði málsins er það að olíuvandinn eða hækkun á olíunni við þessar tvær síðustu verðhækkanir kostar tæpar 1 000 millj. kr. Fjáröflunin, miðuð við ársfjáröflun samkv. 2. gr., mundi fara á þriðja hundrað millj. fram yfir þessa vöntun. En þá er aftur við að bæta að þegar eru liðnir rúmlega fjórir mánuðir af þessu ári og töluvert af framleiðslu á þessu ári komið úr landi og gjaldeyrisskil hafa verið gerð fyrir hana. Því er svo komið að ég tel að við munum ekki ná að fullu og öllu þeirri fjáröflun sem þarf á þessu ári, þar sem ætlunin er samkv. þessu frv. að endurgreiðslurnar verki aftur fyrir sig, en hins vegar verður aftur miðað við útflutning frá því að lögin taka gildi. Þess vegna legg ég á það mjög ríka áherslu að hv. n., sem fær málið til meðferðar, starfi fljótt og vel og stefnt verði að því að lögfesta þetta frv. sem allra fyrst því að það eru afar háar upphæðir sem nú eru fluttar út svo að segja daglega sem ella tapast. Frv. er búið að vera lengi í meðförum.

Það hefur verið erfitt að ná samkomulagi um frv. Ég hef orðið þess var að þessi leið, sem lögð er til í 2. gr., er skaplegust hvað snertir sjómannasamtökin þó að þau eðlilega séu á móti því að taka nokkurn þátt í því, því að fyrir allmörgum árum var horfið frá að draga olíu frá óskiptu. En hér er auðvitað um sérstætt vandamál að ræða sem verður ekki horft fram hjá. Í öðrum greinum sjávarútvegs er sennilega enginn ánægður með frv. vegna þess að hver grein og hver þrýstihópur vill fá sem mest sjálfur og ef hann fær það ekki eins og hann vill, þá er hann óánægður og þá eru allir óánægðir og þá verður að hafa það. Ég held að þetta sé nokkur trygging fyrir því að það sé reynt að sýna eins mikla sanngirni í sambandi við skiptingu gengishagnaðarins og frekast er unnt. Útflutningsgjöldin hafa alltaf verið mismunandi og miðað við þá útkomu, sem verið hefur af saltfiski, og miðað við þá útkomu, sem nú er á velflestum frystihúsum í landinu, þá tel ég þetta hlutfall á þessu viðbótarútflutningsgjaldi ekki vera ósanngjarnt. Frysti fiskurinn stendur ekki undir þessu viðbótargjaldi einn, og það er ætlað að auka greiðslu vegna verðlækkana á frystiafurðum í gegnum Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins verulega frá þeirri ákvörðun sem tekin var í vetur, en þá var ákvarðað að greiða úr þeirri deild Verðjöfnunarsjóðsins 1 130 millj. kr., svo að nú er reiknað með því að stjórn Verðjöfnunarsjóðsins taki fljótlega ákvörðun um að hækka þessa viðmiðun um 400 millj. eða upp í 1 530 millj. kr. Þar með eru lagðar fremur litlar viðbótarkvaðir á frystiiðnaðinn, eða mig minnir liðlega 200 millj. kr.

Ég tel ekki ástæðu til þess að flytja ítarlegri ræðu hér um þetta frv. Það hefur verið mikið rætt og hafa vafalaust ekki farið fram hjá þm. þessarar hv. d. þær umr., sem um það hafa orðið, og sömuleiðis þær fréttir, sem hafa birst í fjölmiðlum hér um. Þess vegna skal ég láta hér staðar numið.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. sjútvn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðum hæstv. sjútvrh. hefur þetta frv. verið lengi í þinginu, en svo undarlega bregður nú við, að sá háttur er viðhafður, sem oft er á hafður í þingstörfum þegar mikið liggur við, að að ósk hæstv. ríkisstj. eru n. beggja deilda kallaðar til fundar sameiginlega til að flýta afgreiðslu mála. Hefði ekki verið óeðlilegt að við hefðum notið þess heiðurs hér í Ed. að mæta á einum fundi, þótt ekki hefði meira verið, fyrst málið er svona mikilvægt eins og hæstv. ráðh. vill vera láta. En við njótum ekki slíks heiðurs hér í Ed. og við það verður að sætta sig. Hins vegar mun ég ekki sætta mig við það að hér verði kallaðir saman skyndifundir í miðjum kliðum uppi í gangherbergjum, eins og oft hefur tíðkast, í svona stórmáli. Vona ég að við njótum þess réttar að hafa eðlilegan fund með smáfyrirvara og getum rætt málið og fengið um það upplýsingar, þrátt fyrir það að málið hafi verið lengi í þinginu.

Ástæðan til þess af hverju málið er svona seint á ferðinni nú í endanlegri mynd mun vera innbyrðis átök í stjórnarflokkunum, og hæstv. ráðh. drap á það lítils háttar að með þetta mál væri eiginlega enginn ánægður og í því fælist ágæti frv. Það er ágætt að hugga sig við að

það sé ágætt ef allir landsmenn eru óánægðir með það, sérstaklega þegar það hefur verið gert í þágu ákveðinna aðila, og allir lýsa andstöðu sinni við þetta. En tilfellið er að þjóðin er orðin þreytt á gengisfellingum. Ég held að það sé kjarni málsins. Og menn sjá að gengisfellingar eins og þær hafa verið framkvæmdar undanfarin ár, því miður, af öllum flokkum í hv. Alþ., eru ekki sú allsherjarlausn sem tæknilega getur litið út fyrir að sé. Þegar slíkar óhemjumillifærslur eiga sér stað eins og tvær s.l. gengisfellingar leiða af sér, þá er von að menn séu óánægðir. Hér er verið með tveimur gengisfellingum að færa á milli innbyrðis í sjávarútvegi nærri því fjóra milljarða, og það er ekkert undarlegt að um það séu deildar meiningar hvernig ráðstafa eigi slíku fjármagni, sérstaklega þegar það kemur fram, eins og í þessu frv., að sett eru á ný gjöld eftir að menn hafa tekið ákvörðun um hvernig þeir ætla að standa að sínum rekstri og verka sinn fisk. Það er rétt hjá hæstv. ráðh. að útflutningsgjöld hafa verið löngum mjög mismunandi eftir verkunaraðferðum, en ég held — ég verð þá leiðréttur ef það er rangt — að í flestum eða öllum tilfellum, sennilega öllum tilfellum, hafi menn vitað um þetta fyrir fram og taki þess vegna ákvörðun samkv. því og reikni út sína arðsemi, sem er heilbrigt og er grundvallaratriði í kenningum hans flokks, að menn reki sitt fyrirtæki á heilbrigðan hátt, eða það hefur verið túlkað svo, og beri gæfu til þess að meta aðstæður rétt og velja og hafna. Þess vegna er óánægja þegar komið er aftan að mönnum og það, sem menn töldu skynsamlegt og rétt, er með einu pennastriki rifið niður og eyðilagt. Það getur vel verið að þörfin sé knýjandi í vissum þáttum sjávarútvegsins, ég dreg það ekki í efa, og því miður er yfirstandandi togaraverkfall vísbending um það að einhvers staðar er mjög þröngt fyrir og hart deilt því að það er búið að standa svo vikum skiptir og er komið á annan mánuð og virðist lítil von um lausn á næstu dögum. En einmitt gengisfellingin stuðlar að vandamáli hjá togaraútgerðinni vegna þess hvernig hún var uppbyggð á stuttum tíma á miklum erlendum lánum, og þess vegna er hún ekkert neitt allsherjar bjargráð fyrir þá og þeir voru hvað harðastir að mótmæla þessum aðferðum, að fella gengið svona ótt og títt.

Við í stjórnarandstöðunni munum ekki eiga nokkra minnstu möguleika, miðað við framgang mála og orð manna úr stjórnarliðinu, að hafa hér nokkur áhrif á til breytinga. Hitt hef ég fyrir satt, að á sínum tíma, þótt hæstv. ráðh. kæmi ekki beint inn á það, hafi verið um það munnleg loforð a.m.k. að hér skyldi nóg að gert í þá átt að auka sjóði á vegum sjávarútvegsins sem, eins og hann drap á, öllum þætti vera nóg um. Og að staðfestu þessu frv. held ég að það sé rétt að nálægt 6½ milljarður sé millifærður undir eins í sjávarútveginum, þegar þetta er orðið að lögum. Það er ekki langt frá því, þetta getur auðvitað sveiflast upp og niður eftir verðmæti útflutningsins, en alls munu millifærslur í einu eða öðru formi vera mikið á sjöunda milljarð. Til þess að framkvæma þetta allt saman þarf þúsundir skýrslna, það skiptir þúsundum eyðublaða sem þarf að fylla út og ganga frá svo að þetta sé framkvæmanlegt, og við þetta vinna tugir manna hér á höfuðborgarsvæðinu fyrst og fremst og síðan úti um allt land. Þetta kostar ótalda tugi milljóna í ónýtu vinnuafli eða lítt gildu vinnuafli vildi ég segja a.m.k. Það er því ósköp eðlilegt að mönnum ógni þetta fargan, þetta vaxandi skriffinnsku- og millifærslufargan, og því hefði það verið gleðilegt — ég segi gleðilegt — að sjá að spyrnt væri við fótum í aukningu og útþenslu þessa millifærslukerfis og reynt að finna aðra lausn, en frá því hefur verið horfið, og það m.a. gerir að verkum að forsvarsmenn bátaflotans eru afar óánægðir, svo að ekki sé meira sagt. Væri hægt að vitna í því efni í grein í Morgunblaðinu, viðtal við formann þessara samtaka, en ég ætla að sleppa því að þessu sinni að lesa hana upp, en hún tekur af öll tvímæli um það hver þeirra afstaða er í þessu máli.

Það hefur verið gömul venja að ef eitthvað bjátar á hjá einum þætti í sjávarútveginum, þá hefur oftast verið farin sú leið að bjarga til skamms tíma með smásjóðamyndun, smámillifærslu, en fæstum eða engum í ríkisstj. hefur tekist þegar lengra sækir á að afnema það sem átti að vera lítil ögn til að byrja með, heldur hefur hún hlaðið utan á sig og orðið að stórum bolta svo að vel má merkja innan alls kerfisins.

Hæstv. ráðh. kom inn á það að ef ætti að afnema sjóðakerfið þyrfti að breyta hlutaskiptunum. Er ekki hæstv. ríkisstj. að breyta hlutaskiptum með svona löggjöf? Ég fæ ekki betur séð, ég lít bara einfaldlega á staðreyndir, að þegar maður fær minna og minna í sinn hlut sem skipverji af aflaverðmæti upp úr sjó, þá er verið að breyta hlutaskiptum með ákveðnum hætti þó að ekki sé það gert beint í samningi. Það gagnar lítið að í samningi standi að hann skuli hafa ákveðna prósentutölu, eða öll skipshöfnin skuli hafa 48%, þegar verðmætið er svo skert og þegar upp er gert í heild kemur í ljós að hann hefur aðeins af helmingi þess verðmætis, sem skipið aflar, til skipta. Og nú mun vera svo komið að í staðinn fyrir að hafa til skipta um 60% af því verðmæti sem hann hafði, áður en þetta frv. kom fram, þá lítur út fyrir að það fari niður fyrir helming. Hér er þess vegna í raun, hvað sem sagt er, verið að breyta hlutaskiptum. Hitt er svo annað mál hvort menn sætta sig við það, þ.e. sjómannasamtökin, vegna þess að þeir hafa náð fram öðrum samningum sem draga í land gagnvart þessum áhrifum og þessum breyt. Það er allt annar þáttur. En í raun er verið að minnka hlutaskiptin og þótt ekki sé tekið beint, þótt ekki sé gengið beint framan að hlutunum, þá er verið í raun að minnka hlutaskiptin varðandi afla upp úr sjó. Þó eru gildandi lög um það að sjómaður skuli njóta þess verðs er útgerð nýtur, en það virðist ekki vera annað en dauður bókstafur í mjög mörgum tilfellum.

Hæstv. ráðh. segir að olían sé stór þáttur í þessari þróun og vel má það vera að hún kosti mikið. En ekki hvetja þessi vinnubrögð til sparnaðar eða þess að menn gæti að sér í útgjöldum, þegar þessi þáttur er gerður mun ódýrari en efni standa til, þótt í gegnum millifærslukerfi sé að ræða. Ég held að það væri miklu hreinna

að fá þessa hluti beint fram lagða, hvað allt kostar í kringum þetta og hverju menn standa frammi fyrir, alveg hiklaust, því að áfram á þessari braut verður ekki endalaust haldið.

Það kom greinilega fram af orðum hæstv. ráðh. að hann hefur beyg í brjósti yfir þessari þróun, sem vonlegt er. Þetta kerfi vindur sífellt upp á sig nema menn byrji að spyrna við fótum. Það er ekki hægt að komast hjá því. Spurningin er bara hvenær menn hafa kjark til þess að draga úr þessari þróun og raunverulega snúa henni við. En til þess að leysa tímabundinn vanda út af olíunni er gripið til þess ráðs, eins og segir í 2. gr. frv., að leggja á ný gjöld eftir á og koma þannig aftan að mönnum og meta það, eftir því hvernig atvik standa í dag um söluhorfur. Nú höfum við áður heyrt hvað menn hafa verið bjartsýnir við ýmsar sjávarafurðir í gegnum árin og breytt útflutningsgjöldum. Það var gert í tíð viðreisnarstjórnarinnar, það var gert í tíð vinstri stjórnarinnar og það var gert nú, og því miður í mjög mörgum tilfellum hafa þessar forsendur brostið og brostið fyrirvaralaust, svo að það hefur orðið að gefa út brbl. að sumarlagi til að bjarga hlutunum við. Þetta er óheilbrigt og óeðlilegt og þetta hefur aldrei getað staðið nema stutt í einu og sífelld ný og ný frv. og ný og ný lög eru sett um þetta kerfi af öllum ríkisstj. á mörgum undanförnum árum, svo að menn ættu að sjá það að þetta er ekkert til frambúðar og tími til kominn að hamla hér á móti og hafa hlutina á hreinu eins og hægt er. Það er reiknað með því að 4% megi setja á allar almennar sjávarafurðir. Þó eru nokkrar undantekningar frá þessu í a-lið 2. gr. Síðan er gert ráð fyrir í b-lið 6% af fob.-verði útflutnings á saltfiski. Nú skeði það í meðförum Nd. að opnuð var heimild til þess að endurgreiða útflutningsgjald samkv. b-lið 2. gr. að öllu leyti af þurrkuðum saltfiski, þ. á m. af þurrkuðum saltufsa. Nú ætti öllum að vera það kunnugt og hæstv. sjútvrh. hvað best að vandamálið við fiskþurrkun er mjög mikið og á vissu svæði á landinu eru margir tugir fyrirtækja sem hafa engan minnsta möguleika til að halda áfram starfsemi sinni, þó að mjög mikilvæg sé, ef þetta ákvæði verður ekki hagnýtt að fullu, þ. e. a. s. þessi nýja viðbót, sem frv. gerir ráð fyrir, verði að fullu lögð niður. Á ég þar við að allur verkaður fiskur verði fullkomlega laus við þessar álögur, hann er þegar í mjög miklum vandræðum, og verkun á ufsa, sem er mjög mikil frá Vestmannaeyjum alveg vestur á Snæfellsnes, verkun og þurrkun á þessari vöru, er slíkum erfiðleikum bundin að það er ekki nokkur minnsti möguleiki að leggja á hana nýjar kvaðir, miklu fremur þyrfti að veita henni beina, sérstaka aðstoð, eins og þegar hefur verið sent bréf um til hæstv. ráðh., en það var afgr. á mjög snaggaralegan hátt og sagt að vandamálið skyldi leysast innbyrðis hjá fiskverkun, patentlausn sem gæti þá gilt um æðimarga þætti í þjóðfélaginu ef á að framfylgja því þar og mjög víða.

Síðan er reiknað með því að komandi vertíð á loðnu geti tekið á sig nokkur gjöld og er lagt til að það verði 2%. Því miður höfum við ekki fengið í hendur neina grg. um hvað þetta þýðir, það getur vel verið að okkur takist það á nefndarfundi svo að ég vil ekki eyða tíma í að vera með vangaveltur um hvað þetta þýðir á hverja grein fyrir sig, en augljóst er að ef frv. heldur svo áfram, eins og ætla má, miðað við viðbrögð hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihl., þá liggur fyrir að útflutningsgjöld eru orðin 14, 15, 16 og upp í rúm 18% gjald á það að búa til verðmæti, búa til dollara. Þetta er alveg óhuggulegt, alveg ótrúlegt, að menn skuli stefna í þessa átt. En þetta mun verða staðreynd ef frv. verður að lögum óbreytt. Víða annars staðar í nágrenni við okkur, ég held í öllum öðrum löndum, hefur þurft að veita sjávarútveginum margvísleg lánakjör, jafnvel styrki, og norðmenn hafa orðið að styrkja sinn sjávarútveg svo að nemur mörgum milljörðum, 5—6 milljörðum. Síðan eigum við að keppa við þessa aðila á sama markaði með sömu vörutegundir og ná svo hagkvæmu verði að það þoli allt yfir 18% sérstaka skattlagninu. Svo undrar menn að eitthvað skuli ganga hér úrskeiðis og vandamál skapist og stundum verði erfiðleikar í sölu. Þetta er svo ólíku saman að jafna að það nær ekki nokkurri átt. Það hafa verið gerðar kröfur til þess að sjávarútvegur okkar sé afkastamikill, og hann er það, og sé rekinn sómasamlega og vel, og í flestum tilfellum er hann það. En þegar aftan að mönnum er komið með slíku gjaldaofforsi og gjaldaálögum sem þetta er er vonlaust að vel fari þegar til lengdar lætur.

Þetta frv. er afleiðing af gengisfellingu og ráðstöfun á gengishagnaði og er talið upp í mörgum liðum hvernig ráðstafa á þeim mismun sem fram kemur. Á einum stað undir b-lið segir að 400 millj. kr. heildarfjárhæð samkvæmt þessum lið skuli ráðstafað á sérstakan hátt. Hæstv. ráðh. talaði um að hann mundi ekki hafa ein eða nein áhrif í sambandi við þessar 400 millj. kr., ekki ætlaði hann að stunda lánastarfsemi og þar fram eftir götunum. Ég held að enginn væni hann um það að hann fari að standa í þessu persónulega. En vegna ýmissa atvika, sem ég hef heyrt í kringum ráðstafanir á þessu fjármagni eða hliðstæðu fjármagni í fyrra skiptið, þá setti ég fram fsp. um hvernig þetta gengi og hvernig því hefði verið skipt á landshlutana miðað við 15. apríl s. l. Því miður hefur ekki skapast tækifæri til að svara þessari fsp., en fróðlegt væri að vita hvernig hefði gengið að ganga frá þessum málum í fyrra tilfellinu, því að um það ganga nokkuð mismunandi sögusagnir og mörg svæði telja sig hafa fengið þunglamalegar undirtektir í því efni þó að fullan rétt hafi átt til þess að fá afgreiðslu.

Ég óskaði því eftir því að nefndinni a. m. k. gæfust tök á því að fá um þetta nokkra vitneskju, og sérstaklega vil ég minna á það að í umr. um þá gengisfellingu og umskipti á þeim gengismun, sem þá var til meðferðar, tókum við í stjórnarandstöðunni sérstaklega fram að við óskuðum eftir því að fá samtímis upplýsingar um ráðstafanir á þessu fjármagni. Það var ekki gefið beinlínis loforð í því efni, en það var gefin ábending um það, eins og sjá má í þskj., að a. m. k. formaður sjútvn. fengi að fylgjast með. Mér skilst að það hafi ekki reynst svo í framkvæmd og harma ég það.

Ég tel að þegar Alþ. er að úthluta svona miklum upphæðum nokkuð frjálst, þá eigi viðkomandi nefnd a. m. k. að fá það sem trúnaðarmál að sjá

hvernig til tekst. Þó að bankastofnanir heimti eðlilegar tryggingar og þar fram eftir götunum, eins og þeim ber skylda til, þá er það allt annað mál. En þegar við samþykkjum svona stórar upphæðir ótilteknar og þær skulu dreifast á mismunandi staði á landinu, þá er það eðlileg þjónusta við þingnefnd að gefa um þetta glöggt yfirlit þegar um það er beðið, og ég veit að hæstv. ráðh. mun hlutast til um að það verði gert. En ég vil aðeins nota þetta tækifæri nú við þessa umr. og minna á þetta.

Það væri í sjálfu sér hægt að tala mun meira um þetta mál, svo stórt sem það er, en ég verð að vona að okkur verði gefinn kostur á því í n. að fá um þetta ýmsar upplýsingar og get þess vegna sparað tímann með því að vera ekki að spyrja mikið um það nú á þessu stigi. Ég vænti þess að okkur gefist sæmilegt svigrúm, þrátt fyrir nauðsyn þess að flýta málinu verulega, til þess að fjalla um málið í n. og jafnvel að kanna viðhorf manna eftir þær breyt. sem frv. hefur tekið í Nd. og einnig hvort nokkur ný viðhorf hafi komið fram í sölumálum sem geri það að verkum að fyrri mótmæli það varðandi, sérstaklega 2. gr., séu ekki eins hörð, eða öfugt, að þau hafi gildi til að vera enn harðari. Ég mun þess vegna ekki á þessu stigi tala meira nú, en ég vænti þess að formaður sjútvn. gefi okkur færi á því að fjalla um þetta mál með eðlilegum hætti, þrátt fyrir það að það ber hér seint að. Ósk ráðh. er eðlileg, að málið þurfi fljóta afgreiðslu í gegnum d., en þá verður með engu móti sakast við okkur um það að málið er svona seint á ferðinni, enda gerði hæstv. ráðh. það alls ekki. En ég harma að sjútvn. Ed. skyldi ekki vera sýndur sá sómi, að við værum metnir það, að kalla mætti okkur í eitt einasta skipti til sameiginlegs fundar. Með öðrum hætti hefur formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. unnið. Hann hefur til að flýta fyrir afgreiðslu annarra mála boðað til sameiginlegra funda nefnda æ ofan í æ, og þó að þeir fundir geti verið þungir stundum og mikið rætt, þá eru það sannarlega vinnubrögð sem eru lofsverð og flýta fyrir afgreiðslu mála fyrir hæstv. ríkisstj. þegar um það er beðið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun halda mjög stutta ræðu um frv. þetta nú við 1. umr. og geyma mér þá til 2. umr. að ræða eðli frv. fremur.

Ég efast ekki um að það sé mjög erfitt að finna svo snjalla lausn á jafnumfangsmiklu og flóknu vandamáli og hér er um að ræða að allir séu ánægðir með hana, og líklega væri ekki hægt að finna þess háttar lausn sem allir voru ánægðir með. Ég hélt líka að það væri erfitt að finna svo kjánalega lausn, jafnvel á svona flóknu vandamáli, að allir væru óánægðir með hana, eins og hæstv. ráðh. sagði okkur þó áðan að allir mundu nú með þessa. Ég leyfi mér að álykta af þessum ummælum hæstv. ráðh. og öðrum upplýsingum sem ég hef að jafngreindur og gegn maður og hann er hafi ekki fengið mjög miklu ráðið um gerð frv., enda kom það fram í ræðu hans að um það hafa miklu fleiri fjallað innan ríkisstj. og vafalaust í flokki hans og yrði þetta frv. þá sönnun fyrir gamla málshættinum um það hversu vel gefast viturra manna ráð þegar margir koma saman.

Ég vil þegar við 1. umr. lýsa yfir því að ég er andvígur þessu frv. Þetta frv. miðar að skerðingu á skiptahlut sjómanna, nákvæmlega það, því að því fer víðs fjarri að höfuðuppátækið, að taka gjaldið, oliuniðurgreiðslugjaldið, af útflutningsverðmæti sjávarafurða, hindri það að ráðstöfunin skerði skiptahlut sjómanna. Við vitum býsna vel hvernig gjald af útflutningsverði orkar á ákvörðun fiskverðs um það er lýkur. Það mun láta nærri að sjómenn haldi nú eftir 50—45% af afla til skipta.

Ég þarf ekki eftir ræðu hv. síðasta ræðumanns, Jóns Árm. Héðinssonar, og mundi raunar taka of langan tíma nú, það verður vikið að því nánar síðar — að koma inn á þau heilindi sem komið hafa í ljós núna síðustu dagana í sambandi við söluverðmæti útgerðarinnar á fiski til kaupenda. Ég vil aðeins vekja athygli á framíkalli frá hv. þm. Jóni Árnasyni í ræðu síðasta ræðumanns þegar síðasti ræðumaður, sem fengist hefur um allmargra ára bil við útgerð sjálfur, vakti athygli á þessu, hvernig fiskverðið hefur verið svikið í skiptum til sjómanna á þessari vertíð. Þá kallaði hv. þm. Jón Árnason fram í fyrir honum og spurði steinhissa á því að Jón Árm. Héðinsson, hv. þm., skyldi vekja athygli á þessum svikum: „Ert þú hættur að gera út?“ Og hv. þm. Jón Árm. Héðinsson sagði nei ósköp eðlilega, einhvern veginn með þeim tóni að þrátt fyrir það væri hann ekki neyddur til að þegja yfir skömmunum. En ég ítreka að við 2. umr. mun ég gera ítarlegri grein fyrir afstöðu minni til þessa frv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. kvartaði undan því að sjútvn. hefðu ekki starfað saman. Ég ætlaðist til þess að það yrði gert og ég harma að svo var ekki, því að við svona mál er miklu skynsamlegra allra hluta vegna að n. úr báðum d. komi saman og ræði mál, hlusti á þær upplýsingar, sem menn hafa fram að færa. Ég taldi að það mundi verða gert og ætlaðist til þess. En hins vegar er auðvitað til ein afsökun, ef það má afsaka þetta á nokkurn veg, og hún er sú að allir fulltrúar í sjútvn. þessarar hv. d. eiga samflokksmenn í sjútvn. Nd., og nú vitum við allir jafnvel að í þingflokkunum eru mál rædd og það fer auðvitað ekki á milli mála að fulltrúar úr n. skýra öðrum þm. þingflokkanna frá því hvað þar er að gerast. Ef við lítum út frá því að það hafi verið gert í öllum flokkum, þá held ég að það verði ekki ekki annað séð en að allir eigi að vera sæmilega upplýstir um þetta mál.

Mér finnst að 1. gr. þessa frv. liggi nú það hrein fyrir og ákveðin að það fari ekki á milli mála. Það getur verið matsatriði hvernig eigi að skipta, og ég hygg að þm. fái ekki neinar frekari upplýsingar um það þó að sérfræðingar séu kallaðir á fund sjútvn. Það eru uppi þau sjónarmið í Landssambandi ísl. útvegsmanna að jafna ekki gengistapið af erlendu lánunum, heldur greiða í raun og veru til stofnfjársjóðsins eftir afla hvers skips fyrir sig. Þetta er

sjónarmið út af fyrir sig. Ég vil láta það koma hér fram að ég er andvígur þessu sjónarmiði. Þá fá þeir fyrst og fremst mest sem best afla og best hafa það og þurfa síst á því að halda. Hins vegar vil ég koma inn á það, og hef komið mjög til móts við bátaflotann, að ég gekk inn á það í mörgum umr. áður en þetta frv. varð til á prenti að gengistryggðu lánin, innlendu lánin sem eru gengistryggð að 3/5 hjá Fiskveiðasjóði, kæmu þar inn í. Þannig minnkaði bilið á milli báta og togara. Það fannst mér eðlilegt. Því til viðbótar féllst ég greiðlega á að 300 millj. kr. kæmu til þess að endurlána bátaflotanum vegna endurbóta og til tækjakaupa í bátaflotann. Og ég verð að segja það að mér finnst sjálfum að hér hafi náðst mjög viðunandi málalok sem við allir sanngjarnir menn eigum að geta sæst á.

Ég hef eiginlega ekki heyrt neinar deilur um aðra liði í þessu máli. Það má segja að hvort eigi að hækka þennan lið um nokkra milljarða eða lækka hinn er matsatriði. Frv. fór í gegnum Nd. með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. En svo komum við að þessu stóra máli, þ. e. öflun til sjóða sjávarútvegsins. Að vissu leyti er rétt að það er verið að taka af óskiptu, en það er ekki verið að raska kjarasamningum. Það er ekki komið aftan að neinum. Það sjá það allir, hver og einn, hvað verið er að gera. Vinir mínir í LÍÚ hefðu orðið töluvert glaðir, a. m. k. farið af þeim fýlusvipurinn, ef ég hefði gengið inn á 11% fiskverðshækkun fram hjá skiptum. En ég er ansi hræddur um að óánægjusvipurinn, sem er á sjómönnum, hefði orðið að megnri reiði. Hv. síðasti ræðumaður talaði um að þetta væri kjánalegt frv. Ef hann á við að það sé kjánalegt að ríkisstj. hafi ekki reitt sjómennina til reiði, þá get ég tekið undir það að þetta atriði frv. er kjánalegt. En hann má líta aftur á hitt, að ríkisstj. og þá ég, sem ber fyrst og fremst ábyrgð á þessu frv., við erum til þess að lægja þessa óánægjuöldu að fara inn á þetta svið. Við getum því sitt á hvað talað um hvað er kjánalegt og hvað ekki.

Hv. 1. landsk. talar um að það væri komið í bakið á mönnum, þeir sæju hvernig gengi í útveginum. Ég held að þótt menn hafi peninga og telji sig eiga afgang, þá eigi menn að hætta að spila alltaf öllu út á stundinni og reyna þá að halda heldur í. En hvaða maður var það sem kom nálægt sjávarútvegi sem bjóst við því og vissi að til þess að greiða fyrir lausn á fiskverðsmálunum í vetur átti að færa til útgerðarinnar frá vinnsluaðilum til þess að greiða niður olíu? Þetta vissi hver einasti maður í sjávarútvegi. Það, sem menn vissu ekki, var: Átti að leggja á ca. 11% gjöld ofan á fiskverðið fram hjá skiptum eða verður farið yfir í að taka það á síðasta stigi í útflutningi? Ég spyr hv. 1. landsk. þm. Hann þarf ekki að svara mér núna. Hvað ætli hann segði ef við stöðvuðum þetta frv., ef ríkisstj. notaði sér nú í allt annað þessar 1 644 millj. — Það eru skal ég segja ykkur nógar holur til þess að koma þessu í — og hætti við að skipta sér nokkuð af sjávarútvegi? Og hvað ætli útgerðin segði ef ekki yrði greidd niður olía og við hyrfum frá því að leggja þetta útflutningsgjald á? Þeir sem eru óánægðir núna og komu á fundina og sumir með því hugarfari, ég er hræddur um að það yrði ófrýnilegur svipurinn á þeim þá. Og þó að þeir séu óánægðir núna, þá hvílir auðvitað sú ábyrgð á stjórnvöldum og ríkisstj. að koma þessu frv. í lag. Þetta veit ég að hv. stjórnarandstæðingar báðir skilja mætavel því að þeir eru báðir vel inni í þessum málum.

Í sambandi við það sem hv. 1. landsk. þm. spurði um varðandi þessar 400 millj. frá því í vetur, þá hef ég ekki sundurliðun á því, en svar við fyrirspurn hans er löngu tilbúið frá minni hendi. Hún hefur aðeins ekki komist að af þeim ástæðum sem við þekkjum allir. En mér er ánægja að svara þessari fsp. núna. Fsp. er ekki um skiptingu á 400 millj., heldur um skiptingu á lánsfé til breytingar lausaskulda og vanskilaskulda í sjávarútvegi í föst lán til nokkurra ára og þá hvernig það skiptist eftir kjördæmum.

25. apríl var búið að breyta lausaskuldum og vanskilaskuldum viðskiptaaðila Landsbankans, samtals 67 aðila, og heildarupphæðin, sem breytt var í lán til nokkurra ára, var 715 millj. kr. Útvegsbankafyrirtækin voru 37 og heildarupphæðin 378 millj. kr. Samtals var hér um að ræða 1 093 millj. kr. Auk þess var áætlaður greiðslufrestur á gjaldföllnum afborgunum fjárfestingarlánasjóða samtals 106,6 millj. kr. Það er því búið að breyta vanskilaskuldum og lausaskuldum í sjávarútvegi þennan dag upp á hvorki meira né minna en 1 199.6 millj. kr. Síðan hefur einn verið afgreiddur, en þær tölur hef ég ekki. Nú er kominn verulegur skriður á ákveðna staði þar sem stóð töluvert á. Það eru hagdeildir bankanna sem vinna þessi mál í hendur nefndar. N. er samstarfsnefnd bankanna, beggja viðskiptabankanna og Seðlabankans, og þessa fundi situr aðstoðarmaður minn sem áheyrnarfulltrúi og með tillögurétti. Hins vegar hefur hann ekki úrslitavald á neinu í sambandi við það sem lýtur að innri ákvörðun bankanna, en ég sem sjútvrh. get fengið þessar upplýsingar hvenær sem er, enda hefur verið góð samvinna á milli Seðlabankans og viðskiptabankanna beggja. Hins vegar var ýmislegt að í byrjun, það tók marga fundi. Átti ég mjög marga fundi með bankastjórum margra þessara banka í byrjun, á meðan var verið að yfirstíga ýmsar samstarfsaðferðir, því að ég hygg að hún sé erfið og leiðigjörn baráttan við kerfið.

Ég held að ég verði líka að svara því sem hv. 1. landsk. þm. sagði í þessari fyrirspurn. Hann spurði hvernig þetta skiptist eftir kjördæmum. Ég hef ekki skiptingu á greiðslufrestum á gjaldföllnum afborgunum fjárfestingarlánasjóðanna, enda skiptir það ekki máli því að það fá allir hvar sem þeir eru á landinu. En þessi 104 lán, sem þá var búið að úthluta, skiptust þannig: Vesturland 16 lán, fjárhæð 224,2 millj., Vestfirðir 11 lán, 170.4 millj., Norðurl. v. 3 lán, 7 millj., Norðurl. e. 9 lán, 97.4 millj., Austurland 13 lán, 190.3 millj., Suðurland 12 lán, 120.2 millj., Reykjanes 33 lán, 192.2 millj. og Reykjavík 7 lán, 91.4 millj. Skiptingin á milli fer töluvert eftir aðstæðum í bönkunum. Annar viðskiptabankinn var nokkuð á eftir hinum, eins og glöggt má sjá á heildarlánveitingunum, en úr því er nú að rætast, og þá kemur það niður á mjög stórri verstöð eða stórum útgerðarstað sem er núna að fara í afgreiðslu. Nú skiptast, eins og alþm. vita, við-

skipti afar mikið eftir stöðum, t. d. í Vestmannaeyjum er Útvegsbankinn með öll viðskiptin. Og nú er verið að fara í það, hvers vegna Landsbankinn er kominn þarna töluvert á undan.

Ég hef áður tekið það fram að ætlun mín var að þetta yrði að verulegu leyti búið um áramót. En það var ekki sök bankanna, Seðlabankans eða viðskiptabankanna. Það var ekki síður sök sjávarútvegsins sjálfs sem lét bíða eftir sér, fjölmargir aðilar, hátt á þriðja mánuð. Og svo er takmarkaður vinnukraftur í bönkunum. En það mega báðir viðskiptabankarnir eiga og ég er þeim mjög þakklátur fyrir að þegar ég kvartaði undan því hvað þetta gengi seint, þá létu þeir fara fram aukavinnu viku eftir viku í hagdeildunum á sinn kostnað og urðu á þann hátt við þeim óskum sem sjútvrn. fór fram á.

Ég sagði á fundi fyrir held ég hálfum öðrum mánuði að ég teldi ekki ólíklegt að breyting á lausafjárstöðu útgerðarinnar mundi nema um 3 milljörðum kr. Ég sagði að vísu þessa tölu meira út í bláinn heldur en að hafa á því fullkomið vald og þekkingu. En miðað við þann lánafjölda, sem búið er að afgreiða, og þá upphæð, sem þegar er komin í 1.2 milljarða, þá hugsa ég að þetta verði ekkert mjög fjarri sanni þó að hvorki ég né aðrir geti sagt um það fyrr en allt er búið.

Fyrirspurnir eins og þessar, sem koma fram hjá hv. 1. landsk. þm., eru eðlilegar og það er alveg sjálfsagt að gefa allar slíkar upplýsingar. Það er ekkert það til sem við viljum ekki gefa upplýsingar um. En við vitum það í okkar þjóðfélagi, að þá viljum við ekki birta og bankar birta ekki nöfn fyrirtækja eða einstaklinga, hvað þeim er lánað. Það er regla og þá reglu vil ég sem sjútvrh. hafa í sambandi við ráðstöfun gengishagnaðarins. Í sambandi við ráðstöfun á 600 millj., þar sem 400 millj. eru nú teknar og ráðstafað í bili, þá er hér ákveðin lánaprósenta á öll erlend lán sem er umreiknuð af starfsmönnum Fiskveiðasjóðs og skrá yfir það og þannig koma 600 millj. út, þannig að það fær hver einasti maður, sem skuldar erlent fjármagn, þetta sama hlutfall og engin breyting á því. Fjármagnið, sem fór til útgerðarinnar og var miðað við úthaldsdaga, er algjörlega hið sama og engin breyting þar frá. Reglur um hinar 100 millj., sem fóru í bátaflotann eftir öðrum leiðum, mynduðu starfsmaður í sjútvrn. eða réttara sagt tveir starfsmenn þar og forstjóri Aflatryggingasjóðs. Mér voru sýndar þessar reglur. Ég leit á þær. Þær eru ekki fullkomnar frekar en önnur mannanna verk. Ég bar þær undir ríkisstj., sendi öllum ráðh. þær og ég bað aðstoðarmann minn að bera allar reglurnar undir formenn sjútvn. í báðum d. (StJ: Hvað fóru þeir langt niður í tonnafjölda?) Það var farið niður fyrir 20 tonn, en hins vegar voru loðnubátarnir teknir út úr vegna afkomu þeirra. Um það má deila. Rækjubátarnir voru teknir út úr. Ég vildi ekki standa að því að láta rækjubát, sem er 21 tonn, fá bætur en rækjubát, sem er 15 tonn eða 19 tonn, fá engar. Það varð að taka það á þennan hátt. Og ég held að þegar allt kom til alls og fyrir sérstakt starf og góða vinnu þeirra manna sem að þessu stóðu, sem báru hitann og þungann af þessum störfum, sem voru fyrst og fremst Einar Ingvarsson aðstoðarmaður minn og Þórarinn Arnórsson framkvæmdastjóri Aflatryggingasjóðs, þá hafi þetta eftir atvikum tekist vel til. Þeir reyndu að skýra fyrir mönnum og greiða fyrir og ég hef ekki breytt einni einustu ákvörðun þeirra í þessum efnum. Þegar þeir hafa komið til mín með sín vandamál þá hef ég sagt: Þið verðið að sjá um það og ráða fram úr því, það eruð þið sem hafið búið til þessar reglur. Ég hef treyst ykkur til að framkvæma þær og þið berið það undir þá sem þið þurfið að fá betri upplýsingar hjá, en ég vil ekki fara að blanda mér í slíka skiptingu sem þessa. — Þetta var vandasamt verk og ég skal ljóstra því upp við hv. stjórnarandstæðinga að á mörgum fundum með stjórnarsinnum að undirbúningi þessa margumtalaða frv. bað ég þá sérstaklega um eitt, það að fara ekki aftur út í það að skipta eftir úthaldstíma eða öðrum reglum því að við bara þyldum ekki að fá annað eins álag á okkur og það. Þess vegna er e. t. v. horfið frá því, enda tel ég að það eigi ekki að gera, því að það er talið að með gengisbreytingunni í febrúar hafi verið skapaður viðunandi rekstrargrundvöllur fyrir sjávarútveginn, en undanskildir frá þessum rekstrargrundvelli eru stærri togararnir sem eru langt frá því að hafa rekstrargrundvöll, og það vitum við allir.

Þrátt fyrir það að okkur greinir á, eins og tíðkast jafnan hjá stjórnmálamönnum um afstöðu til mála, þá heyrði ég það á báðum hv. ræðumönnum stjórnarandstöðunnar að þeir telja að frá sjónarmiði þeirra, sem nú fara með stjórn í landinu, verði að afgreiða þetta frv. En ég vænti þess og treysti að þrátt fyrir þessi mistök, sem ég harma, að sjútvn. störfuðu ekki saman, þá greiði þeir á sinn hátt fyrir því að þetta frv. fari sem fyrst í gegn, því að það er ör útflutningur nú frá landinu og það tapast tekjur í Olíusjóðinn. Ég vil fá þessar tekjur sem allra fyrst til þess að standa undir niðurgreiðslum á olíunni, hversu bölvað sem það fyrirkomulag er.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Þótt ég vilji ekki tefja um of fyrir því að þetta mál komist til sjútvn. vil ég draga fram örfá sjónarmið sem mér þykir rétt að koma á framfæri nú.

Segja má að það séu orðin óskrifuð lög við gengisfellingar, sem eru tíðar í okkar þjóðfélagi, að færa þann gengishagnað, sem talinn er af birgðum hjá fiskiðnaðinum, yfir til sjávarútvegsins. Þetta er að mörgu leyti eðlilegt og byggist að sjálfsögðu á því að fiskiðnaðurinn njóti fyrr og raunar strax þeirra hagsbóta sem gengisfellingin hefur í för með sér, en sjávarútvegurinn síðar, og sjávarútvegurinn beri fyrst og fremst þá erfiðleika sem fylgja að sjálfsögðu gengisfellingu. Hins vegar sýnist mér ljóst og menn verða að gera sér grein fyrir því að hér er vitanlega um eignaupptöku að ræða. En það er einnig tíðkað að fara lengra en þetta. Ekki hefur verið látið nægja að færa þetta frá fiskiðnaðinum sem slíkum yfir til sjávarútvegsins, heldur hefur verið farið inn á stöðugt flóknari leiðir

til þess að dreifa þessu á milli ýmissa þátta sjávarútvegisns og þá ekki síst eftir því hvernig gengisbyrðin hefur á þeim lent.

Nú er það vitanlega ljóst að í þessari verðmætasköpun eiga þátt ýmsir aðilar fiskiðnaðarins að sjálfsögðu að mjög miklu leyti og sjávarútvegurinn eða útgerðarmennirnir að stóru leyti einnig og ekki síður raunar sjómenn. Við tilfærslu á þessu fjármagni yfir til sjávarútvegsins má raunar segja að verið sé að bæta það fiskverð sem gilti þegar þessa verðmætis var aflað. Er því ljóst að þar eiga sjómenn einnig verulegan þátt í. Að mörgu leyti hefði ég talið eðlilegast að skipta þessum verðmætum eftir hlutdeild þessara aðila í verðmætasköpuninni, milli sjómanna og útgerðarmanna, og sömuleiðis á milli þátta útgerðarinnar, þ. e. a. s. á milli báta og togara að þessu leyti. Hins vegar verður því ekki neitað að gengisbyrðin er ólíkt meiri hjá vissum aðilum sjávarútvegsins og ég viðurkenni að til þess ber að taka tillit.

En ég nefni þetta hér m. a. vegna þess að við gengissig, sem hefur tíðkast nokkuð á síðustu árum, fer enginn slíkur flutningur fram og vitanlega verður það þó gengishagnaður hjá fiskiðnaðinum. Hann fer eingöngu fram, þessi flutningur, við gengisfellingar, þ. e. a. s. stærri stökk í gengisbreyt. Og mér sýnist að tími sé kominn til þess að fara að hugleiða þetta mjög vandlega, hvort þessi tilflutningur sé raunar eðlilegur í þessum mæli sem verið hefur, hvort ekki beri að reyna að komast hjá honum á einhvern máta. Ljóst er að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, verða vitanlega aldrei ánægðir og ekki við því að búast, en ég held einnig að hún sé orðin ákaflega hættuleg í okkar sjávarútvegi í heild, sú gífurlega tilfærsla sem af opinberri hálfu er þar framkvæmd og þessi gengishagnaðarflutningur er eitt dæmi um, aðeins eitt dæmi um.

Í 1. gr. þessa frv. er þessum gengishagnaði ráðstafað. Segja má að frá þeim flutningi, sem varð við gengisfellinguna 2. sept., sé nokkur breyting. M. a. er hér tekið nokkru meira tillit til aðildar sjómanna að þessari verðmætasköpun og því fagna ég. Einnig er tekið nokkru meira tillit til aðildar bátanna sem hafa minna gengistap, sérstaklega með 300 millj. kr. í c-lið sem renna til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Ef það er talið bátunum til ágóða, þá sýnist mér í fljótu bragði að gengishagnaðinum, þegar frá eru taldir smærri liðir aðrir, sé nokkurn veginn skipt til helminga á milli bátanna og togaranna. E. t. v. er það sæmileg skipting, en ég hygg að enginn geti raunar úrskurðað neitt um það. En samtals er þessi tilflutningur við tvær gengisfellingar nú orðinn yfir 3 000 millj. kr. og er það ekki lítil fjárhæð.

Eg held fyrir mitt leyti að till. hér um skiptingu á þessu séu eins góðar og kannske hverjar aðrar. Vel getur verið að ég geri einhverjar athugasemdir við orðalag síðar, en ég hef ekki hugsað mér að koma með breytingar sem séu skárri en þær sem hérna eru. En fyrst og fremst í sambandi við 1. gr. vildi ég vekja athygli á þessari tilfærslu. Hún er orðin gífurlega mikil og tíð í okkar þjóðarbúskap.

Um 2. gr. þessa frv. vildi ég segja þetta: Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt og komið fram, að þetta er orðið ákaflega varhugavert kerfi í sjávarútveginum sem stöðugt eykst og vex eins og gorkúla, að þar er enn um tilfærslu að ræða á milli hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, og raunar má segja að þar er fyrst og fremst tekið úr öðrum vasanum og fært yfir í hinn. Ég get ekki annað en staldrað við þá hugsun að hér hljóti að vera hægt að stokka spilin upp á nýtt, gjörbreyta þessu kerfi öllu og minnka stórlega þessa tilfærslu sem hér á sér stað.

Með útflutningsgjaldinu er að sjálfsögðu tekið fyrst og fremst fjármagn frá fiskiðnaði og sjávarútvegi í heild og notað síðan til niðurgreiðslu á ákveðnum rekstrarliðum sjávarútvegsins, t. d. olíunni og ýmsu fleiru. Er þetta heilbrigt kerfi? Mitt svar er nei. Ég held að við séum komnir út á ákaflega varasama og hættulega braut, og raunar eina ástæðan til þess að ég treysti mér til þess að fylgja þessu aukna útflutningsgjaldi er sú að samkomulag hefur orðið með sjómönnum og útvegsmönnum um að endurskoða þetta kerfi. Ég bind við það miklar vonir. En engu að síður legg ég á það ríka áherslu að af opinberri hálfu verði þessi mál jafnframt skoðuð og ríkisstj. verði tilbúin með grundvallarbreytingar og róttækar breytingar á þessu kerfi öllu á næsta þingi.

Um olíustyrkinn sem slíkan mætti ýmislegt segja. Þar er að sjálfsögðu farið út á ákaflega varhugaverða braut. Að því má leiða rök að hagur útgerðarinnar af að spara olíu í sínum rekstri minnki með þessari niðurgreiðslu. Það er alveg ljóst og slíkt út af fyrir sig er ákaflega varhugavert. Ég tel þó skárra að fara út í þessi hækkuðu útflutningsgjöld heldur en að taka meira af óskiptum afla. Það er höfuðágreiningsefnið með sjómönnum og útgerðarmönnum. Vitanlega kemur þetta einnig á óskiptan afla, en dreifist þó á fleiri þætti þessarar verðmætasköpunar. En ég tel að hitt hefði verið verra.

En þar sem hæstv. sjútvrh. er nú kominn inn vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan, að ég fylgi þessari leið, þessari auknu tilfærslu, þessari auknu viðleitni til að færa fjármagn úr öðrum vasanum yfir í hinn, skera af halanum og stinga upp í munninn á útgerðinni, sem mætti kalla svo í raun og veru, eingöngu á þeirri forsendu að því er lofað að þetta kerfi allt verði tekið til endurskoðunar. Það var fyrst og fremst þetta sem ég vildi leggja áherslu á með þeim fáu orðum sem ég segi við þessa umr.

Undan því hefur verið kvartað að sjútvn. deilda þingsins hafi ekki hist sameiginlega. Eg tek undir það að það er illt. Ég skil það vel að þessu máli þarf að hraða. Það má aldrei liggja of lengi í meðferð Alþ. Ég hafði orð á þessu þegar málið var lagt fyrir Nd. og skil ekki hvers vegna ekki voru sameiginlegir fundir. Ég mun sem form. sjútvn. að sjálfsögðu reyna að hraða þessu máli. Hins vegar sýnist mér ljóst og eðlileg ósk nm. að fá að skoða það vandlega og fá til sín hina ýmsu menn sem sérfróðir eru á þessu sviði og geta frætt okkur um ýmsa þætti þess, og ég mun sannarlega gefa okkur tíma til þess að gera það, en vænti þess þó að málinu megi hraða.

Jón Árnason: Herra forseti. Segja má að það frv., sem hér er til umr., sé efnislega tvíþætt. Annars vegar er um að ræða ráðstöfun á gengishagnaðinum, sem átti sér stað með síðustu gengislækkun, og hins vegar er um ráðstöfun að ræða til þess að færa niður útgerðarkostnað hjá fiskibátunum í sambandi við olíukostnaðinn. Varðandi ráðstöfun á gengismuninum má segja að í flestu tilfelli séu farnar sömu leiðir og farnar hafa verið áður undir slíkum kringumstæðum. Þó má segja að í þetta skipti fá sjómenn nokkurn skerf í sinn hlut umfram það sem áður hefur átt sér stað, þar sem ákveðið er samkv. a-lið 1. gr. að verja 75 millj. kr. til þess að auka lífeyrisgreiðslur til aldraðra sjómanna og að viðbættri þeirri breytingu sem Nd. gerði á þessu við afgreiðslu málsins s.l. miðvikudag.

Stærsta upphæðin er eftir sem áður sá hluti af gengishagnaðinum sem varið verður til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði fiskiskipaeigenda vegna erlendra skulda. Og það hefur einnig verið svo áður. Hitt er nýmæli, sem kemur hér inn í sambandi við Fiskveiðasjóðinn, að verja 300 millj. kr. til að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum. Það er mjög mikið um þetta hjá okkur í okkar útgerð að við þurfum á því að halda að endurnýja vélar og byggja bátana upp að meira eða minna leyti. Þess vegna er þýðingarmikið að veitt sé nokkur fjárupphæð í þessu skyni, og samkv. þeim upplýsingum sem hæstv. sjútvrh. gaf hér áðan, þar sem hann taldi að Fiskveiðasjóðinn mundi vanta um 400 millj. kr. á yfirstandandi ári til þess að mæta þessum þætti, þá er komið þarna verulega til móts við þá brýnu þörf sem þar er um að ræða.

Þá er þarna alveg nýr liður upp á 50 millj. kr. sem ég tel rétt að vekja athygli á, enda var það gert, það er rétt að gera það. Hér er um mál að ræða, sem oft hefur verið vakið máls á, að eitthvað þurfi að aðhafast í sambandi við fjármögnun til þess að bæta þeim mönnum, sem verða að leggja til hliðar gömul skip, ónýt skip sem lokið hafa sínu starfi. Það getur verið erfitt fyrir eigendur viðkomandi fiskibáta, sem dæmdir eru úr leik, að geta ekki fengið einhverja tryggingu, einhverjar bætur til þess að mæta ýmsum kostnaði sem kann að vera ógreiddur þegar að leiðarlokum kemur. (Gripið fram í.) Það er búið að afskrifa þá voðalega oft, segir hv. þm. Stefán Jónsson. En þó að bátar séu afskrifaðir þá kemur alltaf nýr og nýr kostnaður á meðan útgerðinni er haldið áfram. Það skapast alltaf nýir og nýir liðir í sambandi við kostnaðinn við reksturinn, og það er því miður oft þannig að þó að sé búið að afskrifa fiskibáta á pappírnum, þá hafa ekki verið tekjur til að mæta afskriftinni. Dæmin munu vera fleiri sem eru þess efnis að heimildina til þess að afskrifa hefur ekki verið hægt að hagnýta vegna þess að það hefur ekki verið tekjuafgangur til þess að nýta hana þó að hún hafi verið sett á pappírinn.

Það var sýnilegt að það var um vandamál að ræða hjá Olíusjóðnum. Hér eru teknar 80 millj. kr. til þess að minnka þann halla sem var fyrir áramótin á Olíusjóðnum. Það er svipað og hefur áður átt sér stað í sambandi við einstaka þætti og meira að segja olíuna.

Til Tryggingasjóðs fiskiskipa er þarna líka um 100 millj. kr. að ræða sem sama er að segja um. Þetta hefur áður átt sér stað vegna þess að það hefur verið mjög erfitt með rekstur á þessum sjóði og tekjurnar hafa aldrei nægt til þess að mæta útgjöldunum, enda þótt meira hafi verið yfirfært af tryggingakostnaðinum á útgerðina nú upp á síðkastið en áður hefur átt sér stað.

Ég ætla annars ekki að fara að rekja neitt eða tala ítarlega um þetta frv. nú við 1. umr. Ég er, eins og fleiri af þeim mönnum, sem hér hafa tekið til máls, í þeirri nefnd sem hefur þetta mál til meðferðar og hef þá aðstöðu til þess að fylgja eftir þeirri skoðun sem ég hef á einstökum þáttum frv. Ég hef haft aðstöðu til þess að fylgjast með málinu nokkuð á fyrra stigi og geri ráð fyrir því að ég muni fylgja því í höfuðdráttum eins og það liggur hér fyrir nema eitthvað sérstakt nýtt komi upp.

Það hefur verið mikið rætt um það í þessum umræðum að hér sé verið að fara aftan að mönnum og breyta skiptafyrirkomulaginu, taka af sjómönnum fram hjá og nota þá fjármuni til þess að verja til þeirra þátta í útgerðinni sem útgerðarmaðurinn einn á að standa undir. Þetta er vissulega rétt og þetta fer ekki fram hjá neinum. Orsökin fyrir því, að hjá þessu er ekki komist, er sá skiptagrundvöllur sem er hjá útgerðinni í dag. Ef skiptagrundvöllurinn væri í dag svipaður og hann var í upphafi þegar útgerð hófst og hlutaskipti voru tekin upp, þá væri þetta ekki eins mikið vandamál innan útgerðarinnar, þessi gífurlega hækkun á einum þætti útgerðarkostnaðarins sem olían óneitanlega er, ef hlutaskiptafyrirkomulagið hefði ekki breyst svo með árunum eins og átt hefur sér stað. Fyrst var það þannig að allur kostnaður var tekinn af óskiptu. Það var gert ráð fyrir því og reiknað út, hvað skipið þyrfti eitt út af fyrir sig að hafa til þess að standa undir stofnkostnaði á atvinnutækinu sem var fiskibáturinn í þessu tilfelli, síðan kom hitt allt til skipta. Þá voru það bæði salt, olía og um tíma voru það einnig veiðarfæri sem greidd voru af aflaverðmætinu áður en skipti áttu sér stað milli útgerðar og sjómanna. Þetta er löngu liðin tíð og ekki fyrir hendi að tala um það í dag, en ég segi eins og hv. síðasti ræðumaður að ég tel mikilsvert að það hefur verið skipuð nefnd núna til að endurskoða grundvöll hlutaskiptanna. Það tel ég brýna nauðsyn eins og nú er komið.

Nú færist mjög í áttina að það fyrirkomulag, sem við búum við í dag, sé komið í svipaða stöðu og það var við lok fyrri vinstristjórnartímabilsins. Þá mátti heita að það væri jafnhá upphæð sem fiskvinnslan eða útgerðin fékk úr Útflutningssjóðnum eins og kom við gjaldeyrisskil frá bönkunum þegar útflutningur átti sér stað. Og þetta færist mjög í sömu átt núna, sjóðirnir sem eru lagðir til hliðar í sambandi við gjaldeyrisskilin, það nálgast mjög að sækja í sama farið og átti sér stað á árunum 1957 og 1958, eins og þá var komið.

Ég skal ekki tefja umræður frekar en þetta. Ég, eins og ég sagði áðan, hef aðstöðu til þess að ræða frekar um málið þegar það kemur aftur úr nefnd og fylgjast með afgreiðslu málsins einnig þar. Hér er sjálfsagt um leið að ræða

í sambandi við afgreiðslu þessa máls sem allir eru ekki á eitt sáttir um, eins og hefur komið fram í þessum umræðum. Við því er ekkert að segja og við því er sjálfsagt út af fyrir sig ekki að búast. Það eru skiptar skoðanir um þetta, og enda þótt maður fylgi afgreiðslu málsins eins og það liggur hér fyrir, þá hefur það komið fram og það er ekkert leyndarmál að það eru allir orðnir sammála um að það á ekki að ganga svona langt í sambandi við þetta sjóðakerfi. Það er nauðsyn á því að stokka þetta mál upp, og ég vonast til þess að sú nefnd, sem sett er á laggirnar til að endurskoða skiptakjörin eða það mál í heild, að starf hennar beri árangur og hún skili sínu áliti í tæka tíð á komandi hausti þannig að það verði hægt að ganga frá nýjum sjómannasamningum á heilbrigðari grundvelli fyrir næstu vetrarvertíð heldur en nú á sér stað.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hæstv. ráðh. að hann svaraði í raun fyrirspurn minni á þskj. 490 og þá er ég ekki að láta hana koma til umr. í Sþ., enda víst nóg af að taka á þeim vettvangi. En fyrst ég er kominn hér upp í ræðustólinn ætla ég að fara aðeins örfáum orðum í viðbót um frv.

Það er raunar athyglisvert sem komið hefur fram í viðbót hjá tveimur hv. þm., Steingrími Hermannssyni og Jóni Árnasyni, að þeir undirstrika það mjög réttilega að mínu mati að hér stefnir í öfuga átt og mér skilst að lengra verði ekki gengið í þessa átt, alls ekki, og þess vegna vil ég taka undir það að nú er nauðsyn á því og óhjákvæmilegt að sú nefnd, sem á að skipa ef hún hefur ekki þegar verið skipuð, starfi vel og dæmið allt verði stokkað upp og það lagt fyrir viðkomandi aðila og einnig Alþ., hvernig leysa megi úr þeim vanda sem flókið skiptakerfi og flókin millifærsla hefur leitt af sér, því að þessi þróun stefnir í vegg fyrr eða síðar. Og ég tek alveg heils hugar undir skoðun þeirra um það að hér er ekki hægt að halda lengi áfram, og einnig vil ég undirstrika skoðun Steingríms Hermannssonar að hér er um gífurlega eignatilfærslu að ræða, — hann sagði hreinlega eignaupptöku á fjórða milljarð í einu eða öðru formi. Ég tel heilbrigðara fyrir alla aðila, ef menn sjá fram á það að við eigum ekki tök á því að hafa stöðugt gengi nema í ákveðinn fjölda mánaða, að þá sé hugleitt um það að hafa svonefnt gengissig tíðar en verið hefur, — það hlýtur að skapa nauðsynlegt aðhald og hefta menn í óþarfa eyðslu, — heldur en að gefa mönnum kost á að eiga möguleika á því að gífurleg eignaupptaka eigi sér stað með aðstoð ríkisvaldsins og þeim eignum deilt út eftir mismunandi geðþótta ákveðinna manna sem rífast um það í margar vikur. Slík vinnubrögð eru engum til sóma þó að menn séu knúðir til að framfylgja því, þ. e. a. s. viðkomandi ríkisstj., til þess að halda atvinnulífinu gangandi.

Með þessu móti, að skipta þessu svo upp eins og frv. gerir ráð fyrir, erum við að breyta genginu gagnvart fiskinum. Það er raunverulega verið að skapa margfalt gengi og það hefur aldrei getað dugað nema takmarkaðan tíma. Það er viðurkennt að það er lang heilbrigðast og eðlilegast að hafa hér eitt skráð gengi, menn vita að hverju þeir ganga í það og það skiptið þegar menn taka ákvaðanir og verða síðan að vera nokkuð ábyrgir í samræmi við það. Það verður happasælast þegar fram í sækir, ella er miklu einfaldara að um hreinan ríkisrekstur sé að ræða á þessum þætti þjóðarbúskaparins en að hafa þessi vinnubrögð æ ofan í æ í frammi. Það nær ekki nokkurri átt.

Hæstv. ráðh. kom inn á það hvort betra hefði verið að hafa 11% fiskverðshækkun og spurði, mér skildist okkur í stjórnarandstöðunni, um okkar sjónarmið í því efni og þá að fara fram hjá skiptunum. Það eru ekki okkar till. Ég tel að það hefði verið svigrúm fyrir þessa tölu og jafnvel meira og taka það til skipta á eðlilegan hátt, það hefði sennilega vantað eitthvað upp á hjá flotanum, en það er ekki svo stór tala að hún hefði verið óviðráðanleg ef margt væri betur gert innan þeirra eigin raða. Það er mitt mat á hlutunum.

Það þýðir ekkert að vera að deila um gömul skiptakjör. Sú þróun hefur átt sér stað, sem ég tel hæpna fyrir sjómenn sjálfa, að sífellt er samið um að þeir þurfi að snerta á minna og minna varðandi fiskveiðarnar sjálfar. Ég hef þá skoðun a. m. k. persónulega að samhent skipshöfn eigi að útbúa vel í hendur sér, starfa vel saman og skila sínum feng sem lengst í sinni eigin umsjá, en hins vegar telja margir forsvarsmenn aftur að það sé best að menn gangi um borð, allt tilbúið, og veiði og komi síðan ekki nálægt neinu meira. En með þessari þróun er kallað á fleiri og fleiri milliliði, alls konar hópa sem hafa litilla eða engra hagsmuna að gæta aðra en þá að útvega sér sem lengstan vinnutíma við að þjóna þeim er á sjónum eru, og eðlilega um leið bera sjómenn þá mun minna úr býtum. Þrátt fyrir þetta, að ég telji að sjómenn eigi að halda sem best að sínu innan sinna vébanda eins lengi og tök eru á, þá þarf ekki að koma til óeðlilega langs vinnutíma. Hér er aðeins um ákveðið fyrirkomulag að ræða sem ég tel eðlilegt að gaumur sé gefinn.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja þessar umr. að sinni. Það verður ekki sagt um okkur í stjórnarandstöðunni að við höfum hér talað til jafns við hina. Við erum æ ofan í æ kurteisir hér í hv. d. eftir beiðni hæstv. ríkisstj. um að tefja ekki mál og munum vera það að sinni, en ég þakka form. sjútvn. fyrir loforð hans að við fáum góðan tíma í nefndinni, og ég harma það, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að ekki skuli hafa verið hlustað á orð hans og óskir að báðar nefndirnar störfuðu saman. Þó að hann hafi drepið á það að viðkomandi flokkur eigi fulltrúa í sjútvn. Nd., þá nægir það ekki til því að þá ættum við bara að hætta að hafa nefndaskipun eftir því hvernig mál féllu í deild og önnur nefndin aðeins að starfa. En þá erum við líka um leið búnir að gjörbreyta þingsköpum og það er annað mál sem tekur sinn tíma að ræða um og breyta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Hússtjórnarskólar, frv. (þskj. 603). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lántaka ríkissjóðs vegna framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, frv. (þskj. 615). — 1. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er leitað heimildar fyrir ríkisstj. til að taka erlent lán að jafnvirði 1 260 millj. kr. Til lántöku þessarar er stofnað til að greiða þann hluta af skuld ríkissjóðs á viðskiptareikningi við Seðlabankann sem til hafði orðið í árslok 1974 vegna skulda Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins við ríkissjóð. — Síðar á þessu þingi mun verða lagður fram A-hluti ríkisreiknings fyrir árið 1974. Af honum má sjá að skuld ríkissjóðs á viðskiptareikningi í Seðlabankanum nam 2.9 milljörðum kr. um s. l. áramót. Af þessari fjárhæð er tæplega helmingurinn vegna þessara tveggja fyrirtækja, þ. e. 931 millj. kr. skuld sem til varð á s. l. ári vegna rekstrar og framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins umfram fjárhagsáætlun og 326 millj. kr. lausaskuldir Vegagerðar ríkisins sem safnast höfðu upp á undanförnum árum án þess að frá þeim væri gengið á formlegan hátt. Til þess að ríkissjóður gæti staðið undir þessum skuldbindingum, endurlánaði Seðlabankinn ríkissjóði fé af svokölluðu olíuláni er tekið var hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á s. l. ári. Frá þessum skuldum þarf að ganga og til þess er leitað heimildar Alþ. með frv. þessu.

Ég vil að lokum taka það fram að ég tel að slík skuldasöfnun, sem ég hef hér lýst, af hálfu ríkisfyrirtækja, sem Alþ. hefur ákveðið fjárhagsáætlanir fyrir, séu með öllu óviðunandi. Við það verður ekki unað að ráðstafanir fjármálayfirvalda til aðhalds og fjárhagsáætlanir Alþ. séu þannig að engu hafðar.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 502). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka, frv. (þskj. 130, n. 582). — 2. umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um stofnun sjóðs til aðstoðar við drykkjusjúka, og þar eð alllangt er umliðið frá því að þetta frv. var tekið til 1. umr. vil ég — með leyfi forseta — aðeins hafa yfir megingreinar þessa frv., en þær hljóða svo:

„1. gr. Af hverri þriggja pela flösku af sterku víni sem Áfengisverslun ríkisins selur, skal í næstu 10 ár greiða gjald að upphæð kr. 100.00 og hlutfallslega af öðrum flöskustærðum. Gjald þetta skal renna í sérstakan sjóð til varnar gegn drykkusýki. Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins.

2. gr. Fé því, sem rennur í sjóð til varnar gegn drykkjusýki samkv. 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til félagasamtaka og annarra aðila, er vinna að því að hamla gegn skaðlegum áhrifum áfengis. Veita má lán og styrki til þess að koma á fót afvötnunar- og ráðleggingarstöðvum fyrir drykkjusjúka, dvalarheimilum, vinnu- og endurhæfingarstöðvum. Þá er heimilt að verja allt að 10% af árstekjum sjóðsins til styrktar þeim, er reka áróður gegn áfengisneyslu. Lán og styrkir úr sjóðnum til stofnana mega nema allt að 75% af stofnkostnaði.

3. gr. Heilbrmrh. tekur ákvarðanir um lán og styrkveitingar úr sjóðnum að fengnum till. tryggingaráðs. Tryggingastofnun ríkisins setur reglugerð um lánakjör sjóðsins og hlutfall milli lána og styrkja. Einnig skal hún samþykkja starfsreglur þeirra aðila, er aðstoðar njóta.

4. gr. Áfengisverslun ríkisins er heimilt að hækka verð á sterkum drykkjum um sömu upphæð og nemur framlagi til sjóðsins. Hækkunin skal ekki hafa áhrif á k-vísitölu."

Þetta er það frv. sem hér um ræðir. Hv. alþm. hafa öðrum fremur hug á því örugglega að vinna að bættum hag, að bættri lífsaðstöðu fólksins í landinu. Fyrr á öldum og fram á þessa öld voru okkar aðalbaráttumál í heilbrigðis- og félagsmálum að ráða við sýklasjúkdóma og aðra umferðarsjúkdóma sem hrjáðu þessa þjóð mjög og ollu aðalvandamálum heilbrigðisþjónustunnar. Nú er þessi tími liðinn og þótt mikil verkefni séu fyrir hendi eru þau allt annars eðlis en áður var. Nú eru kannske breytt lífskjör, ofát, ofdrykkja, ásamt með slysum alvarlegustu erfiðleikarnir sem heilbrigðis- og félagsmál eiga við að stríða.

Því miður verðum við að beygja okkur fyrir þeirri staðreynd að á undanförnum árum hefur áfengismagn á hvern mann, sem hann neytir árlega, vaxið mjög og náði hámarki á s. l. ári. Samfara þessu hefur drykkjuskapur unglinga farið vaxandi sem er mikið áhyggjuefni öllum sem þessum málum sinna. Mér segja fróðir menn að yfir 90% af öllum stærri glæpamálum, svo sem nauðgunum, manndrápum, árásum og fleiru slíku, sé hægt að setja í samband við ofneyslu áfengis. Sama er að segja um verulegan hluta þeirra sjúklinga sem á okkar heilbrigðisstofnunum dveljast, hvort sem það er vegna magasjúkdóma, lifrarsjúkdóma, hjartasjúkdóma eða æðasjúkdóma, taugasjúkdóma eða heilasjúkdóma,

þá er það svo að verulegur hluti af þessum sjúkdómum á sinn uppruna og má rekja til notkunar áfengis.

Það er því ekki vafi á því að ef hægt væri að hamla gegn þeim hörmungum sem áfengisneyslan veldur mörgum þjóðfélagsþegnum, þá mundi ekki einungis lífið batna í landinu, ekki einungis lífshamingja fjölda fjölskyldna gjörbreytast til batnaðar, heldur mundi þetta einnig verða mikið fjárhagsmál og atvinnumál fyrir þjóðina. Okkar heilbrigðisþjónusta yrði léttari, hún næði betri árangri og ekki mundu verða þeir örðugleikar með sjúkrahúsvist sem nú eru. Hins vegar eru þeir örðugleikar á þessu að áfengissýkin er mjög erfið viðureignar og í þeim löndum, þar sem þessi mál eru lengst á veg komin, er það nokkuð viðurkennt að það er ekkert eitt algilt ráð eða læknislyf við þessari sýki. Þess vegna er það að þau lönd, sem sinna þessum málum best, hafa mörg járn í eldinum og þetta frv. er einmitt þannig sniðið að það gefi bæði félagasamtökum og einstaklingum, sem vilja vinna að varnarmálum gegn drykkju, möguleika til fjárhagslegs stuðnings í þessum tilgangi. Við erum hér nokkuð aftur úr. Þetta hefur orðið útundan í okkar heilbrigðisþjónustu um mörg undanfarin ár og þeir fjármunir, sem til þess hafa verið lagðir, hafa verið óhæfilega litlir.

Heilbr.- og trn. hefur rætt þessi mál allítarlega og hefur gengið frá svofelldu nál.:

„N. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.“

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég tel mig knúinn til að segja örfá orð í sambandi við þetta frv. sem hér er til 2. umr. vegna þess að ég á sæti í heilbr.- og trn. sem þetta mál hafði til meðferðar og ég skrifaði undir það nál., sem hér er, með fyrirvara og ég vil skýra minn fyrirvara fyrir hv. þdm.

Frsm. n. hefur hér bent á mikilvægi þess máls sem hér um ræðir. Ég vil á engan hátt draga úr því og tek undir það, sem hann sagði um það efni, að þetta er vandamál sem krefst úrlausnar. En í umr. um málið í n. benti ég á það í fyrsta lagi að sú fjáröflun, sem hér er gert ráð fyrir, er býsna stór og viðamikil, væntanlega um 200 millj. kr. á ári, og er ekki nema gott til þess að vita að menn vilja vera ríflegir til þess að standa að úrbótum í þessum efnum. En ég taldi rétt að ef það ætti að fara að gera slíkt stórátak sem hér er gert ráð fyrir, þá ætti um leið að sameina þá krafta sem vinna að sama málefni í landinu, það ætti að taka til endurskoðunar um leið lagaákvæði um Gæsluvistarsjóð og fella þetta í eina heild svo að af því yrði enn ákveðnara og stæltara átak.

Fyrirvari minn hefur verið þessi. Þegar ekki gat orðið samkomulag um hann lagði ég til að frv. yrði vísað til ríkisstj. til athugunar svo að samræming gæti átt sér stað. Ekki var fallist á það af mínum meðnm. En vegna þess að ég viðurkenni mikilvægi málsins vildi ég ekki standa í vegi fyrir því að reynt yrði á vilja annarra þdm. um þetta efni og vildi ekki bregða fæti fyrir það og mun ekki gera það í atkvgr. að öðru leyti en því að ég geri ráð fyrir því að ég sitji hjá við atkvgr.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. með málþófi, enda hér um það gott mál að ræða að allir hljóta að vera sammála um nauðsyn þess. En flm. minntist á baráttu gegn sýklum og sjúkdómum hér á landi sem þjóðin hefði sigrast á í fortíðinni. Ég vil taka undir orð hans og ég reikna með að hann eigi þá m. a. við þá baráttu sem háð var hér gegn berklaveiki o. fl.

En ég vil aðeins benda á að ég var fjarverandi, sem kemur fram í nál., þegar málið var afgr. í n., og ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður geta þess að mér finnst við dreifa hér svolítið kröftunum. Af reynslu minni sem borgarfulltrúi get ég ekki séð að það sé besta ráðstöfunin á fé til baráttu gegn drykkjusýki að veita lán og styrki til þeirra sem að þessum málum starfa, heldur vil ég leggja á það áherslu af reynslu að hér verði komið upp, ekki bara í borginni, heldur víða á landinu, einhvers konar áfengisvarnastöðvum þar sem vinir og ættingjar gætu komið þeim drykkjusjúka fyrir og þar sem hann fengi fyrstu aðstoð meðan á vandanum stendur því að oft er það svo að bjarga má heimilum frá miklum vanda ef viðkomandi sjúklingur er tekinn á áfengisvarnastöð og hann hefur aðstöðu til að dveljast þar í nokkra daga. Eins og er, þá er hægt að koma honum undir læknishendur í Heilsuverndarstöðinni t. d. hér í Reykjavík þar sem hann getur fengið skjóta aðstoð, en síðan er hann látinn fara heim og lendir þá oft í sama vanda og hann fór úr áður en hann kom til áfengisvarnastöðvarinnar.

Ég held að það þurfi að beina öllum þeim tekjum, sem hægt er að safna saman til átaka í áfengisvarnamálum, til að skapa hér hressingarhæli til einhvers konar endurhæfingar og síðan þarf að bæta við þá aðstöðu sem þegar er komin hér í Reykjavík og er vísir að því starfi sem þarf að gera um landið allt. Það þarf að koma hér upp miðstöð til vinnumiðlunar. Get ég tekið sem dæmi þá stofnun sem nú er rekin á vegum Reykjavíkurborgar að Þingholtsstræti í Reykjavík, í gamla farsóttahúsinu, þar sem drykkjumenn hafa aðstöðu til þess að sofa næturlangt og þeir, sem þangað hafa komið reglulega, hafa fengið aðstoð til þess að fara út á land og í fyrirtæki hér í borginni. Margir af þessum mönnum hafa orðið ágætir og nýtir borgarar einmitt við það að komast í snertingu við vinnu á ný.

Ég vil því benda á, án þess að koma með brtt. hér, að ég tel að þetta frv. ætti að beinast meira að því að skapa hér dvalarheimili og vinnu- og endurhæfingarstöðvar eins og kemur fram í 2. gr. Það ætti fyrst og fremst að vera verkefni frv. En síðan væri hægt að lána út úr þessum sjóði þeim sem starfa að áfengisvarnamálum. En í 2. gr. frv. virðist mér þetta hugsað öfugt. Lán og styrkir úr sjóðnum til stofnana mega nema allt að því 75% af stofnkostnaði og það fyndist mér að ætti að renna í beinar framkvæmdir við hressingarhæli, áfengisvarnastöðvar o. s. frv.

Að öðru leyti hef ég ekki nema allt gott um þetta frv. að segja og flm. á þakkir skilið fyrir að draga athygli Alþ. að þessu vandamáli. Ég mun því styðja þetta frv. eins og það er ef flm. sjálfur sér sér ekki fært að breyta frv. Geri ég það til þess að tefja ekki málið frekar en nauðsyn krefur.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Út af þessu máli vildi ég segja aðeins örfá orð.

Ég hygg að við hljótum að vera allir sammála um að það nauðsynlegasta, sem við getum gert varðandi okkar áfengismál, eru hinar fyrirbyggjandi aðgerðir. Hitt er þó staðreynd að of margir búa í dag við óviðunandi aðstöðu af völdum drykkjuskapar eða hreinnar drykkjusýki. Og til þeirrar staðreyndar verðum við að taka tillit.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að hér starfar fyrir annar sjóður, Gæsluvistarsjóður, og hafa komið fram ýmsar mótbárur gagnvart því að mynda hér nýjan sjóð og ég skil þær mótbárur mætavel. Af framlögum til Gæsluvistarsjóðs hefur hins vegar orðið sorgleg reynsla. Til hans hafa runnið allt of litlar fjárveitingar og þær hafa hrokkið skammt til þeirra stórverkefna sem á þessu sviði hefur þurft að sinna. Það er þessi niðurstaða framar öðru sem veldur því að ég hef kosið að styðja þetta mál eindregið, þrátt fyrir það að ég telji rétt að íhuga vandlega hvort ekki kunni að vera rétt að sameina þessa sjóði.

Hér er lögð til sérstök fjáröflun. Það er sagt með réttu að hér sé tekið stórt stökk. E. t. v. er það rétt. En það er þó full þörf á því að gera mikið átak í þessum efnum og fjáröflunin sjálf er mjög eðlileg og sjálfsögð. Þetta er ákveðinn skattur sem menn greiða sem kaupa áfengi. Ég tel hana þess vegna eðlilega. Það má deila um upphæðina, hver hún hefði átt að vera, og eins um það hvort ríkissjóður muni þarna verða af þessari 100 kr. tekjulind, sem annars hefði kannske verið reynt að notfæra sér, og það sé verið að hnupla þarna peningum frá hæstv. fjmrh. til annarra nota — en varla til annarra þarflegri nota ætla ég að leyfa mér að segja.

Það er hreyft rösklega við þessu máli og þannig að ég styð það. Ég tek undir með flm. og ég tek einnig undir með hv. 12. þm. Reykv. sem kom fram hér áðan að það má ýmsar leiðir fara að þessu marki. En hér er mikil nauðsyn á ferðinni, og reynslan af framlögum til Gæsluvistarsjóðs er sú að mér finnst ekki hægt að sleppa þessu tækifæri til þess að reyna að ná þarna fram verulegu átaki og styð því þetta frv. eindregið.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég er í þeirri nefnd sem fjallaði um þetta og var einn af þeim sem óskuðu eftir að það væri réttur áskilinn til þess að flytja eða fylgja brtt. Ég ætla mér ekki neina brtt. að flytja og það eru engar brtt. fram komnar. Ég mun því hafa sama hátt á og hv. 6. þm. Sunnl., að sitja hjá við þessa atkvgr. En ég vil taka það fram að ég efast ekkert um mikilvægi þessa máls og að það sé allt gert til þess að bæta úr fyrir þeim sem falla undir það frv. sem hér um ræðir. Hins vegar leyfi ég mér að benda á það að lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra eru frá 1964 og samkv. þeim starfar Gæsluvistarsjóður sem hefur 7½ millj. kr. tekjur á ári af þeim ágóða sem Áfengisverslun ríkisins hefur ár hvert. Ég held að það sé margt afar líkt með þeirri löggjöf um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og því frv. sem hér um ræðir. Ég held því að það sé miklu farsælla og betra að reyna að athuga þessi tvö mál í einu og finna flöt á því að tilgangi laganna verði náð á þann hátt, en ekki með nýju lagasniði.

Í öðru lagi vil ég á það minna, að samhliða því sem við erum að skera niður fjárlög og berjumst í bökkum með mörg nauðsynjamál, þá held ég að við getum tæpast, þótt hér sé um brýnt mál að ræða, farið inn á þá braut að taka hluta, frekar en við þegar erum búnir að gera, af þeim tekjum sem ríkinu eru ætlaðar. Ég held því að það sé hyggilegt að þetta mál verði athugað nánar og við finnum betri flöt á því þegar tímar líða, t. d. á næsta þingi, og getum þá orðið ásáttir um afgreiðslu þess og sameinað það þeirri löggjöf sem fyrir er og fjallar að verulegu leyti um þetta mál.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, en ég vil að það valdi ekki neinum misskilningi að ég tel mikilvægi málsins mjög mikið og þarft að sinna þessu máli og rétt af hv. flm. að hafa hreyft því hér. En ég tel að það hefði átt að vera á annan hátt en gert hefur verið, og ég er til viðræðu um það síðar að finna flöt á þessum málum þannig að bæði Gæsluvistarsjóður og tilgangur laganna frá 1964 nái betur tilgangi sínum en þegar hefur orðið í reynd.

Umr. frestað.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 439). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á hjúkrunarlögum og felur það í sér að tekið er upp starfsheitið „hjúkrunarfræðingur“ og það þar með lögverndað, en jafnframt mega þeir aðilar í þessum starfsgreinum, sem það vilja, bera starfsheitið hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður eftir sem áður. Þetta frv. er flutt að beiðni Hjúkrunarfélags Íslands og þar var yfirgnæfandi meiri hl. fyrir því að fara fram á að þetta nýja starfsheiti, „hjúkrunarfræðingur“, yrði tekið upp. Við í heilbr.- og trmrn. töldum eftir atvikum rétt að verða við beiðni Hjúkrunarfélags Íslands og sömdum því þetta frv. og flytjum það hér með. Það fékk greiðan gang í gegnum Nd. og allir nm. í heilbr.- og trn. voru meðmæltir frv., og ég vona að það fái afgreiðslu einnig hér í hv. þd.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 471, n. 584 og 612, 521, 588). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur gefið út svohljóðandi nál.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og kynnt sér umsagnir um það. Einnig hefur n. fjallað um allmörg erindi varðandi frv. er henni hafa borist. Nm. eru sammála um að nauðsynlegt sé, að mál þetta fái endanlega afgreiðslu á þessu þingi. Meiri hl. n. leggur því til að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl., Helgi F. Seljan, mun skila sérálíti. Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson."

Það frv., sem hér um ræðir, er lengi búið að vera í meðferð þessa þings og fleiri þinga, enda mikið vandamál og ekki allir á einu máli um frv. Í umr. um þetta mál hafa komið fram ýmis sérsjónarmið og alleinkennileg, t. d. hefur þeirri stétt, sem á að framkvæma þetta frv. að verulegu leyti, læknum, verið brigslað um siðleysi, verið brigslað um hroka og ástæðan er sú að þeir hafa ekki viljað ganga eins langt í því að breyta lögum um þessi atriði í frjálsræðisátt og lagt var til á síðasta Alþ. Það er þó kannske ekki furða þó að það séu einmitt kvensjúkdómalæknarnir sem harðast hafa gengið fram í að hamla gegn þessum breytingum því að þeir eru mennirnir sem eiga að draga út lærin, draga út handleggina, draga út kramda heila. Þeir eru aðilarnir sem eru á staðnum, þar sem verknaðurinn er framinn, og framkvæma hann. Mér kemur í hug kvikmynd sem ég sá einu sinni. Hún fjallaði að verulegu leyti um stríðsmann sem var reyndar flugmaður. Hann hafði flogið alllengi í styrjöldinni, kastað niður bombum og skotið af vélbyssum og honum fannst þetta eiginlega hálfgert sport og taldi ekki að þetta væri sér sérlega ógeðfellt. Síðar kom að því að þessi maður lenti í fótgönguliðinu og stóð andspænis sínum andstæðingi þegar hann stakk hann með byssustingnum og þá opnuðust fljótt augu hans fyrir viðbjóði styrjalda. Læknarnir, sem eru á staðnum og framkvæma þessa hluti, vita hvað um er að ræða betur en aðrir. Og þess vegna finnst mér ómaklegt það álit sem hefur verið látið hér í ljós um afstöðu þessara manna til þess frv. sem hér liggur fyrir.

Annað, sem ég vildi aðeins gera að umræðuefni hér, er það að í nál. í Nd. á þskj. 428, er getið um svar og prentað svar við bréfi sem landlæknir hafði skrifað, og fjallar það nokkuð um störf þeirrar nefndar sem upphaflega samdi þetta frv. og grg. með því. Þetta bréf landlæknis hefur hins vegar hvergi verið prentað og því finn ég mig tilknúinn að lesa nokkuð úr þessu bréfi landlæknis, þar sem það kemur eins og skollinn úr sauðaleggnum að fá hér svar við bréfi sem enginn veit hvað hefur inni að halda. Ég mun þó stikla á stóru í þessu bréfi, en það er bréf frá landlækni og er aths. við grg. um frv. til l. um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þar segir m. a.:

„Ritið er ekki unnið af vandvirkni. T. d. eru könnuð afdrif þess hóps kvenna er fékk leyfi til fóstureyðinga, en jafnframt er ekki til samanburðar athugaður sá hópur, er var synjað leyfis. Auðvelt var að skrifa læknum landsins og kanna afdrif þeirra kvenna."

Síðan segir: „Í frásögnum af afdrifum kvenna, er sóttu um leyfi til nefndarinnar, en synjað var, eru sumar þess eðlis að ætla má að réttu máli sé hallað. Þar er lýst störfum fyrrv. landlæknis og nm. á þann hátt að ætla má nm. gersneydda allri mannúð. Aftur á móti er mér kunnugt um að fyrrv. landlæknir, Sigurður Sigurðsson, hefur með bréfi til heilbr.- og trmrh. skýrt frá staðreyndum og óskað eftir því, að bréf hans verði kynnt þm."

Og enn segir hann: „Tölur eru ranghverfar í skýrslunni. Sem dæmi má nefna að talið er að á árunum 1966—1970 svari mæður á aldrinum 16—19 ára fyrir 51.8% af öllum fæðingum. Rétta hlutfallstalan er um 20% eða líkt og á öðrum Norðurlöndum. Mjög er rætt um fjölda kvenna, er synjað var um leyfi til fóstureyðinga samkv. lögum."

Enn segir: „Túlkun laga um fóstureyðingu hefur orðið frjálsari hin síðustu ár á Íslandi líkt og í nágrannalöndunum. Á árunum 1966—1970 synjar nefndin 6 umsóknum af 79 eða 7.6%. Líkar tölur má nefna frá Danmörku og frá Svíþjóð árin 1964—1966 12.8% og 12.7%, en árin 1960—1968 5.4% og 4.4%. Þess ber þó að geta að verulega færri beiðnir um fóstureyðingu eru hér en í ofangreindum löndum."

Hann segir svo síðar um fóstureyðingarlög í nágrannalöndunum: „Ákvæði, sem gerí konu kleift að fá fóstureyðingu samkv. beiðni án þess að hún þurfi að færa sönnur á fullnægjandi ástæðu fyrir aðgerðinni, gildir í eftirfarandi löndum: Austur-Þýskalandi, Sovétríkjunum, Tékkóslóvakíu, Danmörku, Finnlandi, Rúmeníu, Júgóslavíu, Póllandi og Búlgaríu. Við þetta yfirlit er ýmislegt athugavert. Af þeim löndum, sem eru talin upp, er aðeins í Sovétríkjunum heimilt samkv. lögum að framkvæma fóstureyðingar að beiðni konu, en hún verður jafnframt að sækja sérstaklega um slíka heimild."

Ég ætla svo ekki að tala meira um þessa upptalningu hér, en síðan segir: „Fóstureyðingarlög í Evrópu og Norður-Ameríku hafa yfirleitt orðið frjálslegri að gerð og í framkvæmd á undanförnum árum, en þó með nokkrum undantekningum: Búlgaríu, Póllandi og Rúmeníu. Í þeim löndum hefur verið horfið frá að heimila fóstureyðingu að ósk konunnar og er nú krafist umsagnar nefndar. Fóstureyðing að ósk konu er því aðeins heimil í Rússlandi, Ungverjalandi, Júgóslavíu og fjórum ríkjum Bandaríkjanna, Danmörku og Svíþjóð. Skammt er liðið frá því að fóstureyðing var leyfð að ósk konu meðal þjóða er búa við lík kjör og við og lítil reynsla fengin af framkvæmd laga þar."

Síðar segir landlæknir ýmislegt um þann skaða sem kona geti hlotið af fóstureyðingu, og er þá komið að einu því atriði sem læknar hafa einnig verið með áhyggjur út af, og það er að hluti af þeim konum, sem fóstureyðingu fá, þær verða ófrjóar og geta ekki eignast barn síðar. Um það hver þessi kona verði og reyndar einnig hvernig hlutfallið sé er ekki hægt að vita fyrir fram. Það lækkar að sjálfsögðu með bættri tækni. En það hefur þó sýnt sig að hve fullkomin sem tæknin er verður alltaf einhver hluti þeirra

ófrjór. Þetta er mjög alvarlegt mál og þar sem hér er að sjálfsögðu um að ræða grundvallarskilyrði til viðhalds hverju þjóðfélagi, þá er varla að undra þó að þeir, sem gerst þekkja til þessara hluta, séu svolítið hikandi við að fara þarna inn á nýjar brautir sem er vafasamt hvort hafi reynst vel þar sem þær hafa verið reyndar og reyndar hafa hvergi verið framkvæmdar um lengri tíma. Hins vegar þykir af ýmsum ástæðum ekki fært annað en að gera þessa löggjöf okkar frjálslegri en hún hefur áður verið og þess vegna höfum við, meiri hl. nefndarinnar, lagt til að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Frsm. meiri hl. heilbr.- og trn., hv. 2. þm. Reykn., hefur nú gert stuttlega grein fyrir áliti meiri hl. og ég sé ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við hans mál hér, annað en það að ég vil ekki kannast við það, a. m. k. hér í þessari hv. d. eða gagnvart mínu nál., að þar hafi nokkrum læknum verið brigslað um siðleysi eða hroka, það kann að vera að það hafi verið gert annars staðar. Ég var aðeins í mínum stuttu aths. við frv. við 1. umr. að draga í efa óskeikulleik lækna eins og okkar mannskepnanna yfirleitt og það geri ég enn í þessu nál.

Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og trn. ræddi um þetta mál af hófsemi og hann minnti á að læknar þeir, sem þessi mál snerta sérstaklega, vissu betur um þetta mál en aðrir og ættu þar af leiðandi að vera betur um það færir að taka þar ákvarðanir og segja til um það. En það, sem hefur vakið sérstaka athygli mína varðandi þetta mál, er hve læknar eru ósammála varðandi málið, og þó að ég ætli ekki að fara út í neinar umræður og karp milli einstakra lækna, t. d. um mistök eða mistök ekki í þessum málum, það læt ég að vísu liggja milli hluta, þó get ég ómögulega stillt mig um það — vegna þess að mér þótti það vera mjög merkileg ræða sem flutt var af lækni í Nd. — að vitna örlítið í þá ræðu hér, með leyfi hæstv. forseta, því að þótt ég geri hans skoðanir engan veginn að mínum, þá sannar það bara best hvað þessi stétt er í raun og veru ósammála og túlkar þetta frv. og t. d. mismuninn á upphaflegri gerð þess varðandi 9. gr. og núv. gerð þess á mismunandi hátt. Í umr. í Nd. 16. apríl flutti hv. þm. Sverrir Bergmann mjög athyglisverða ræðu og þar sagði hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá kemur næst að því hvort verið sé að deila um sjálfsákvörðunarrétt konunnar. Þessu er mjög haldið á lofti, en mín skoðun er sú að svo sé raunverulega ekki. Mér finnst miklu fremur að hér sé settur á svið svolítill orðaleikur, en raunveruleikinn sé allur annar. Það er konan sem hefur tekið, tekur og mun taka ein endanlega ákvörðun um fóstureyðingu. Hún hefur tekið, tekur og mun taka ein eftirköstum og afleiðingum slíkrar aðgerðar, líkamlega og andlega, til góðs eða ills. Ég tel að hástemmdur, tilfinningalegur orðaleikur ætti ekki heima í þessu sambandi. Það er enginn sem tekur þessa ákvörðun fyrir konuna og það er enginn sem ber raunverulega ábyrgðina og tekur afleiðingunum nema hún. Hins vegar hefur það verið svo og er enn þá gert ráð fyrir því að fóstureyðing sé ekki framkvæmd nema frambærilegar ástæður séu fyrir hendi, og það er alveg sama hvort frv. yrði samþ. í sinni upprunalegu mynd eða í sinni núv. mynd, að frambærilegar ástæður þyrftu að vera fyrir hendi. Það er ekki um neinar frjálsar fóstureyðingar að ræða, hvoru frv. við veittum heldur brautargengi.“

Þetta vildi ég aðeins taka hér fram til að sýna það og sanna að vissulega eru læknar almennt ekki hér á einu máli og þetta skýtur allskökku við ýmislegt annað sem frá þessari annars ágætu stétt hefur komið um þetta mál.

Það er rétt að fá mál eða engin hafa vakið jafnalmenna umræðu úti í þjóðfélaginu og það frv. sem hér er á lokastigi á Alþ. Hér hefur það verið rætt ítarlega og er því að bera í bakkafullan lækinn að hafa hér uppi langt mál nú, einkum eftir að sýnt er, hvernig um frv. fer. Það er rétt sem fram kemur í áliti meiri hl. heilbr.- og trn. að um það var full samstaða að frv. þyrfti að ná fram, þó að ég hins vegar skili séráliti og sé ekki í öllu sáttur við núv. gerð frv. Það er þó aðeins varðandi þann umdeilda þátt, fóstureyðingarnar, sem ég hef uppi ágreining við meðnm. mína. Ég skil mætavel afstöðu þeirra til þessa þáttar þó að ég geti ekki sætt mig þar við og sé annarrar skoðunar en þeir.

Það skal skýrt fram tekið að sú skoðun, sem ég hef áður látið í ljós og geri enn nú, er ekki ný af nálinni hjá mér eða til komin vegna áhrifa af þeirri umræðu sem fram hefur farið um málið. Einfaldlega hef ég haft þessa skoðun frá því að ég fyrst hugleiddi þetta mál þó að ótalin dæmi um mistök og ranglæti hafi styrkt mig í þeirri skoðun og öll hafi umræðan hnigið í þá átt að sannfæra mig enn betur. Um það, hvort skoðun mín sé sú eina rétta, mun ég ekki ræða hér. E. t. v. skjátlast báðum í einhverju. En reynslan ein og þróun mála mun skera hér úr um og þeim dómi hljótum við að hlíta.

Þau mál, sem hér um ræðir almennt, leiða þó hugann að því, hvernig umræða um þau hefur farið fram, hverja stoð skoðanir hvors aðila um sig eiga og þá um leið hversu undarlega sú umræða hefur verið fjarri því sem hér er í raun deilt um. Þar hefur mörg fjarstæðan fengið vængi. Ég hef áður gert nokkra grein fyrir því, hversu fjarstæðukennd og óraunhæf sú umræða hefur oft á tíðum orðið í ljósi þess, við hvers konar þjóðfélagsgerð við búum þó í dag. Oft hefur þessi umræða því miður farst aftur um aldir og uppvakningar ofstækis, trúarlegs og veraldlegs, hafa risið upp eins og óvitandi aðilar um alla þróun mála síðustu áratuga í átt til aukins jafnaðar og sjálfsagðra mannréttinda. Ég nefndi viljandi orðið mannréttindi því að þannig kemur þetta mál fyrir mínar sjónir sem mikilsverður þáttur í réttindum konunnar, þeim réttindum sem hún smátt og smátt hefur öðlast, réttindum sem jafnframt ber að skoða í fullu samhengi við auknar skyldur, aukna ábyrgð, aukinn þroska á ýmsan veg. Hér er um nokkurn grundvallarágreining að ræða, þar sem er ákvörðunarrétturinn til fóstureyðingar. Á hann áfram að vera í höndum þar til kvaddra sérfræðinga og embættismanna eða á konan sjálf að fá þennan rétt

til sín, rétt sem jafnframt leggur henni aukna ábyrgð á herðar, ábyrgð sem ég tel hana fullfæra um að axla og óumdeilanlega ekki síður en þá aðila sem þennan rétt eiga að fá áfram umfram konuna án þess þó að sannað sé að þeir séu hinn óskeikuli dómsaðili sem oft er látið í veðri vaka. Þvert á móti má leiða að því mörg gagnrök studd fjölda dæma úr sögu síðustu ára þó að ég skuli ekki fara hér nú að tilgreina þau eða tíunda, svo rækilega hefur það verið gert að þar er fátt nýtt unnt að segja. Þennan óskeikulleik er því ekki unnt að leggja til grundvallar þó að gert sé ærið oft af allt of mörgum um leið og sú spurning vaknar, hvers vegna vantrúin á dómgreind, ábyrgðartilfinningu og siðgæðisþroska konunnar kemur svo oft og víða berlega í ljós. Þetta á að vísu fyrst og fremst við um hina almennu umræðu fólks, sem þó er matað t. d. af sumum þeim sérfræðingum sem gerst þykjast um þessi mál geta fjallað og af mestri þekkingu.

Ég á afar erfitt með að sætta mig við þetta mat á eðlisháttum konunnar, mat sem jafnvel kristallast í slíku ofstæki að svo er stundum að skilja sem konur bíði þess almennt, fullar óþreyju og löngunar að nýta til fullnustu þennan ákvörðunarrétt nánast sem getnaðarvörn. Auðvitað eru slíkar grófar ásakanir ekki svaraverðar og hafa, að ég held, sem betur fer ekki borist hér inn í umræður, en þó er eins og fnyk þeirra leggi öðru hvoru fyrir vit manni jafnvel hér.

Ég hef þá staðföstu trú að einmitt frá sjónarhóli þess aðila, sem ákvörðun tekur og afleiðingunum um leið, sé fóstureyðing fullkomið neyðarúrræði sem ekki sé gripið til af léttúð og andvaraleysi, án allrar siðferðilegrar ábyrgðar eða mannlegra kennda. Ég hlýt þá að játa, ef í þessu felst einhver sannleikur að marki, að ég þekki konur svona hörmulega illa og er þá svona steinblindur á þeirra tilfinningalíf og almennt siðgæði. En þó segir eitthvað mér það að hér fari aðrir meir villir vegar. Þeir aðilar, sem áfram eiga að hafa úrskurðarvald, eru ekki þeir hálfguðir að mínu viti að þeim beri þetta vald þó að til komi viss sérþekking á ytri hliðum þessa máls fyrst og fremst, ekki umfram þann aðila sem málið snertir frá öllum hliðum og þá ekki síst þeirri hlið sem snýr að kjarna tilfinningalífsins og hér hlýtur ævinlega hjá heilbrigðri mannveru að vera ríkur þáttur þegar andspænis ákvörðunarvaldi er staðið.

Ég hef heyrt hér talað af miklum fjálgleik um lotningu fyrir lífinu og ekki skal ég vanmeta það, sé ekki holhljómur þar í, en svo hefur mér stundum þótt því að ekki hefur allt líf verið lagt þar að jöfnu og samkvæmnin ekki verið sem skyldi — eða hví þá að dæma suma úr leik, t. d. ef um nauðgun hefur verið að ræða eða ef sjúkdómur eins og rauðir hundar gæti valdið andlegri eða líkamlegri fötlun þess lífs sem ófætt er, ef lotningin fyrir öllu lífi er svo skilyrðislaus og t. d. geistlegrar stéttar menn hafa látið í veðri vaka að þeir séu þrungnir öllum öðrum fremur? Eitthvað er a. m. k. hér sem veldur því að mér finnst ekki um hreinan eða sannan tón að ræða. E. t. v. er það fortíð þeirrar stofnunar, sem þeir þjóna, sem veldur þessu og því hef ég þá persónulega máske fyrir rangri sök. Og þó læðist efinn áfram að mér, sami efi og að mér kemur þegar öllu á að vera borgið ef sérfræðingsstimpill fylgir líka siðgæðinu og ábyrgðartilfinningunni.

Ég skal reyna að lengja ekki mál mitt með slíkum almennum hugleiðingum þó að þær sæki að mér við alla meðferð þessa máls. Þessi þáttur málsins, þ. e. fóstureyðingarnar, rétturinn og valdið þær varðandi, olli því að ég hlaut að skila séráliti og vísa beint til till. á þskj. 521 frá Soffíu Guðmundsdóttur um þær brtt. sem ég hefði kosið að gera að mínum án þess að rökstyðja það öllu frekar en ég hef þegar gert. Ég hlýt svo að mótmæla því að með þeim brtt. séu fóstureyðingar gefnar frjálsar og þær geti hindrunarlaust farið fram. Þær þrjár ástæður tilgreini ég þar í móti sem er að finna í þeim skilyrðum sem sett eru og ég tel svo sannarlega að veiti aðhald, þ. e. að fóstureyðing er heimil að ósk konu sem búsett er hér á landi og hefur íslenskan ríkisborgararétt ef aðgerðin er framkvæmd fyrir lok 12 viku meðgöngu og ef engar læknisfræðilegar ástæður mæla á móti aðgerð. Skilyrði er að konan hafi verið frædd um áhættu samfara aðgerð og hafi hlotið fræðslu um hvaða félagsleg aðstoð stendur til boða í þjóðfélaginu fyrir þungaðar konur og við barnsburð.

Því er gjarnan haldið fram að síðasti liðurinn sé haldlaus með öllu. Eigi konan sjálf valdið í sínum höndum líti hún nánast á ráðgjöf og fræðslu sem formsatriði sem fjarri fari að hún taki mark á. Hér dugi skynsamlegar viðræður engan veg, þar sem konan viti að valdið er hennar. Þessu hlýt ég sérstaklega að mótmæla og fæ engan veg skilið þá rangsnúnu skoðun og það furðulega mat sem þar liggur til grundvallar gagnvart íslenskum konum. Hvað sem menn vilja almennt segja um upphaflega gerð frv., þar sem þetta var sett fram, þá skyldi því ekki gleymt hverjir komu nálægt því frv. og því áliti sem það var á byggt. Ég hlýt að benda á það fólk sem gerði þetta frv. að sínu og bið menn að hugleiða hvort þetta hafi verið sett þarna inn án þess að þetta fólk hefði haft á því einhverja trú sem aðhaldsatriði. Ég væni það ágæta fólk ekki um að þetta atriði hafi verið sett upp sem rós í hnappagat til friðunar slæmri samvisku, eins og ég sá einhvers staðar.

Ég legg mikið upp úr þessum atriðum öllum og bendi enn á að deilan stendur ekki um bann við fóstureyðingum eða leyfi til þeirra, heldur eingöngu um það hver skuli hafa endanlegt úrslitaorð um ákvörðunarréttinn. Þessi réttur finnst mér hljóta að vera í órofa tengslum við persónubundin réttindi hverrar konu og af því öðru fremur stafar skoðun mín í þessu máli.

Um það hefur mikið verið rætt í þessu sambandi, hverjar félagslegar kvaðir séu samfara þessum rétti, hvort börn fæðist inn í þennan heim velkomin eða óvelkomin. Um hvort tveggja má deila á ýmsan hátt og teygja á margan veg. Samfélagið þarf vitanlega að búa svo um hnútana að fóstureyðing sé óþörf af félagslegum ástæðum nema þá í hreinum undantekningartilfellum og öll börn hljóti að eiga til þess rétt umfram annað að fæðast velkomin inn í þennan heim og þá fyrst og fremst af móðurinnar hálfu. En hvorugt þessara atriða getur komið óskorað

eða algilt inn í spurninguna um ákvörðunarvald sérfræðings eða konunnar sjálfrar. Hvort tveggja kemur þó inn í myndina og hvort tveggja fæ ég til að samrýmast því mætavel að konan eigi hér lokaorðið, ákvörðun sem hún ein ber á ábyrgð, sem tekin er af henni einni, þrátt fyrir ráðgjöf eftir ráðgjöf og viðræður og tekur jafnframt á sig þá skyldu sem samfara er þeirri ábyrgð, afleiðingunum af ákvörðun sinni ein og óstudd, án allra ábyrgðarstimpla annarra. Þannig kemur þetta mál mér fyrir sjónir og skal ekki frekar reifað né rætt.

Við 1. umr. lét ég í ljós skoðun mína á frv. almennt og þá alveg sérstaklega I. kafla þess, þeim veigamesta og þýðingarmesta um leið. Ég skal aðeins láta nægja nú að lesa úr nál., með leyfi hæstv. forseta, það sem þennan kafla snertir sérstaklega:

„Þýðingarmesti kafli frv. fjallar um fræðsluþáttinn og ráðgjöf alla varðandi kynlíf og barneignir. Atriði þessa kafla eru öll til bóta og í sumu um mikla framför að ræða frá gildandi lagaákvæðum. Mestu skiptir þó, hvernig framfylgt verður þeim ákvæðum sem nú verða lögfest. Þar þarf stórátök, ekki síst hvað snertir fræðsluþáttinn í skólum landsins.

Það er von mín að hin mikla umræða, sem orðið hefur almennt um þessi mál nú, muni verða til þess m. a. að betur verði fyrir þessum málum séð en gert hefur verið, þau losni úr viðjum þess gamalgróna almenningsálits, dyggilega studds af valdamiklum stofnunum þjóðfélagsins, svo sem kirkjunni, þ. e. að hér sé um að ræða feimnismál sem best fari á að sem minnst séu rædd af opinskárri hreinskilni. Í kjölfar þeirrar breytingar væri fyrst að vænta raunhæfrar framkvæmdar fræðslukaflans, svo sem brýn þörf er á.“

Herra forseti. Orð mín skulu ekki öllu fleiri. Ég tel þetta mál eitt markverðasta mál þessa þings. Ég tel að umræður þær, sem fram hafa farið um málið, hafi um of teygst út fyrir raunverulegan kjarna þess, en vil þó undirstrika að sú umræða, sem hefur orðið jafnalmenn og raun ber um vitni, hljóti að hafa haft jákvæð áhrif yfirleitt, losað um viðjar gamalla fordóma að nokkru leyti, komið málinu meira á veg hleypidómalausrar hreinskilni en þó mátti við búast, svo lengi sem hér hefur verið um feimnismál að ræða og er enn að vissu leyti. Vakandi, öfgalaus umræða áfram um mál þetta, átak í fræðsluþættinum, ráðgjafarhlíðinni í kjölfar hennar mun vera farsæll bandamaður aukinnar viðsýni og um leið aukins siðferðisþroska. Síðar munum við fá dóm yfir þessari löggjöf og úr því skorið að meira eða minna leyti, hversu rétt er hér stefnt og hvar betur hefði mátt fara. Um það er rétt að láta reynsluna dæma svo sem jafnan þegar tilfinningar og hleypidómar koma inn í myndina meira og minna. Ég styð þetta frv. að öðru leyti eins og ég hef áður gert grein fyrir og mæli alveg sérstaklega á móti hvers kyns afturhvarfi enn til viðbótar frá upphaflegri gerð þess.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Á þskj. 588 hef ég borið fram brtt. við frv. það sem hér er á dagskrá. Ég vil hér gera grein fyrir ástæðum mínum fyrir þessum tillögum.

Frv. þetta hefur verið mikið rætt á hv. Alþ. og meðal almennings, skoðanir um það hafa verið mjög skiptar og það valdið miklum deilum. Því miður var ég utan þings, erlendis í opinberum erindum, þegar frv. kom til 1. umr. í þessari hv. d. Ég átti því þess ekki kost að tjá mig almennt um mál þetta við 1. umr. Samt mun ég nú takmarka mál mitt við það efni sem varðar brtt. mína, en þær fela í sér atriði sem hafa grundvallarþýðingu fyrir skipan þeirra mála sem frv. það, sem hér er til umræðu, fjallar um.

Áður en ég sný mér að brtt. mínum vil ég aðeins taka fram þetta: Frv., sem er að stofni til það sama og fyrrv. heilbr.- og trmrh. lagði fram á síðasta reglulega Alþ., hefur í núv. mynd sinni tekið miklum breytingum til bóta. Svo er fyrir að þakka núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. sem hafði látið taka það til handargagns áður en hann lagði það fram á þessu þingi. Hins vegar hefur frv. ekki batnað að mínu áliti í meðförum hv. Nd. og mér eru það vonbrigði að hv. meiri hl. heilbr.- og trn. þessarar hv. d. skuli ekki hafa lagt til í nál. sínu að við hér betrumbæti það sem þeir hafa gert þar neðra.

Skal ég nú víkja að því sem mér finnst mest um vert að lagfæra og felst í brtt. mínum á þskj. 588.

1. brtt. mín er við 9. gr. frv. 9. gr. kveður á um hvenær fóstureyðing skuli heimil. Þar eru tilgreindar þrjár ástæður: í fyrsta lagi félagslegar ástæður, í öðru lagi læknisfræðilegar ástæður, og í þriðja lagi sú ástæða að konu hafi verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli. Mín till. er sú að fella niður að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu.

Hér er um grundvallaratriði að ræða. Mín skoðun er sú að félagslegar ástæður eigi aldrei að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi. Það á að gera með félagslegum ráðstöfunum.

Frv. gerir ráð fyrir að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu þegar ætla má, eins og það er orðað, að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna. Í frv. er svo að finna leiðbeiningar um það til hvers skuli tekið tillit við mat á því, hvað er „of erfitt“ í þessu sambandi og hvað er „óviðráðanlegar félagslegar ástæður.“ Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé liðið frá síðasta barnsburði. Ég bið menn að taka eftir að samkvæmt þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum öðrum ástæðum, skal lífi þess tortímt ef óskað er. Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú að fóstureyðing geti verið heimil „ef konan býr við bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.“ Og þriðja leiðbeiningarreglan er sú að fóstureyðing geti verið heimil „þegar konan getur ekki vegna ásku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt.“

Þessar tvær síðustu leiðbeiningarreglur byggjast vissulega á félagslegum ástæðum. Það neitar því enginn að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagslegt vandamál. En spurningin er hvernig á að bregðast við þeim vanda. Ekki með því að rýmka heimildir til fóstureyðingar. Það er mín skoðun.

Í þessu landi búum við við víðtæka, almenna tryggingalöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með hvað áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar hinum ýmsu félagslegu vandamálum. En satt er það að mörgu er enn ábótavant. Hygg ég að þar sé eitt það helsta að tryggingakerfið, samhjálpin og hin opinbera aðstoð af hinu takmarkaða fé sem úr er að spila, er um of dreift á alla jafnt, verðuga sem óverðuga, þurfandi sem þá er ekki þurfa aðstoðar við. Afleiðingin er sú að of lítið er gert fyrir þá sem eru mestrar hjálpar þurfi. Ég tel að við endurskoðun tryggingalöggjafarinnar og allrar samhjálpar í landi okkar þurfi að ráða bót á þessu umfram allt. Þá koma ekki síst til greina gagngerðar ráðstafanir til að bæta enn frekar en áður hefur verið gert úr þeim félagslegu vandamálum sem tiltekin eru í 9. gr. þessa frv. sem við nú fjöllum um. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar til aðstoðar við þá konu sem býr við bágar heimilisástæður vegna ómegðar, eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður. Ekkert annað er til lausnar þeim félagslega vanda sem hér er fjallað um. Fóstureyðing leysir ekki þennan vanda og það samrýmist ekki menningu og arfleifð þjóðarinnar að ætla að leysa félagsleg vandamál manna með því að tortíma mannlegu lífi. Af þessum ástæðum legg ég til með 1. brtt. minni á þskj. 588 að felldar verði úr frv. félagslegar ástæður fyrir fóstureyðingu.

2. og 3. brtt. mín leiðir af 1. brtt. 2. brtt. er við 11. gr. frv. og felur í sér að fellt er niður ákvæðið um að félagsráðgjafi skuli, ef eingöngu er um félagslegar ástæður að ræða, eiga hlut að hinni skriflegu, rökstuddu greinargerð sem verður að liggja fyrir áður en fóstureyðing má fara fram. Leiðir þetta af því að félagslegar ástæður heimili ekki fóstureyðingu. Að vísu felst í þessari till. minni sú breyting að 1. málsl. 11. gr. er færður í sama horf og var í frv. eins og það var lagt fram í hv. Nd., en þar var tekið fram að hin skriflega, rökstudda greinargerð skyldi vera „um nauðsyn aðgerðarinnar“. Hv. Nd. felldi niður úr þessari grein orðin „um nauðsyn aðgerðarinnar“ og legg ég til að þessi orð séu aftur tekin inn í frv.

3. brtt. mín er við 2. málsgr. 28. gr. frv. og er um það, að læknir í stað félagsráðgjafa skuli skipa sæti í nefnd þeirri sem skipuð skal í þeim tilgangi að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, þannig að nefndina skipi tveir læknar og einn lögfræðingur. Þessa breytingu leiðir af því að félagslegar ástæður heimili ekki fóstureyðingu.

Ég sagði áðan að brtt. mínar við þetta frv. vörðuðu afstöðu til fóstureyðingar í grundvallaratriðum. Ég tel að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því að það er um mannslíf að tefla þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði að þetta mannlega líf hefur rétt til þess að vera borið í þennan heim. Í okkar lýðræðisþjóðfélagi, sem byggir á kristilegri mannúðararfleifð og virðingu fyrir manngildinu, verður rétturinn til lífsins að vera viðurkenndur. Þess vegna verður það að vera fyrsta siðferðislega skyldan að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Þetta verður að vera sú forsenda sem allar umræður um fóstureyðingar byggjast á.

En fóstureyðingar eru ekki einungis brot á rétti hins veika og varnarlausa mannlega lífs í móðurkviði. Þær fela í sér hættuna á þjóðfélagslegri upplausn. Ef þjóðfélagið viðurkennir að fólk geti notið hamingju, ánægju og unaðar, en það þurfi ekki að bera afleiðingarnar ef það vill það ekki, þá er það sama þjóðfélag að kippa stoðunum undan sjálfu sér og stefnir til hruns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja má auðsætt að barnið verði vangefið svo að ekki verði hjá því komist að grípa til örþrifaráða.

Herra forseti. Það væri fróðlegt að ræða hér um reynslu annarra þjóða af fóstureyðingum. Þeim mun fremur væri ástæða til þess, að oft er látið liggja að því í umræðum um þessi mál að við gætum ýmislegt lært af þeim sem frjálsastar hafa fóstureyðingar. En ég held að sá lærdómur örvi ekki til að auka frelsi til fóstureyðinga hér á landi, þvert á móti, sporin hræða. Og þar sem ég þekki til virðist margt benda til þess að þróunin hnigi frekar í öfuga átt, þ. e. a. s. að þrengja heimildir til fóstureyðingar. Það yrði of langt mál að fara að ræða þessi mál almennt í þessum umræðum í annriki síðustu daga þings, en ég get ekki stillt mig um að víkja rétt aðeins að tvennu í þessu sambandi.

Haustið 1972 var lögð fram á þingi Evrópuráðsins tillaga, vandlega undirbúin og ítarleg, um fóstureyðingar í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Um þessa tillögu urðu miklar og eftirminnilegar umræður. Í tillögu þessari fólst m. a. annars áskorun á aðildarríki Evrópuráðsins um að rýmka heimildir til fóstureyðingar þannig að í undantekningartilfellum, eins og það var orðað, yrðu fóstureyðingar heimilaðar af félagslegum ástæðum. Reglurnar um fóstureyðingar eru mjög mismunandi í aðildarríkjum Evrópuráðsins, svo sem kunnugt er. Það urðu líka miklar deilur um mál þetta á þingi Evrópuráðsins og aðallega um heimild til fóstureyðinga af félagslegum ástæðum. Tillaga þessi hlaut þau örlög að vera felld svo að ekki hefur Ísland sem aðildarríki Evrópuráðsins fengið uppörvun úr þessari átt til að lögfesta heimild til fóstureyðinga af félagslegum ástæðum svo sem lagt er til í frv. því sem við nú fjöllum um.

Ég skal víkja að öðru atriði erlendis frá um fóstureyðingar. Það er frá Vestur-Þýskalandi. Í júnímánuði s. l. samþykkti ríkisþingið í Bonn lög um fóstureyðingar sem rýmkuðu heimildir til fóstureyðinga. Þessi lög voru samþ. eftir mikinn ágreining og sterka andstöðu í vesturþýska þinginu. Andstæðingar þessarar lagasetn-

ingar áfrýjuðu lögum þessum til stjórnlagadómstóls ríkisins á þeirri forsendu að sú rýmkun heimildar til fóstureyðingar, sem lögin fólu í sér, bryti í bága við stjórnarskrá Vestur-Þýskalands. Stjórnlagadómstóllinn kvað upp úrskurð sinn 25. febrúar s. l. á þá leið að fóstureyðingalögin voru dæmd ógild, þar sem þau samrýmdust ekki stjórnarskrá ríkisins. Í forsendum úrskurðarins vitnaði dómstóllinn til 1. málsgr. 1. gr. stjórnarskrár ríkisins, þar sem segir, að mannhelgi megi ekki raska og það skuli vera skylda ríkisvaldsins að virða hana og vernda. Dómstóllinn vitnaði og til 2. málsgr. 2. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að sérhver maður skuli hafa rétt til lífs og friðhelgi. Með þessum úrskurði hafnaði stjórnlagadómstóllinn að nokkur stjórnskipulegur mismunur væri á mannlegu lífi, hvort heldur það væri fætt eða ekki fætt. Þá var tekið fram í forsendum þessa úrskurðar að hin bitra reynsla af þýska nasismanum hvetti til þess að ófætt mannlíf væri verndað.

Þessi tvö dæmi, sem ég hef nú drepið á erlendis frá, sýna harðnandi andstöðu gegn fóstureyðingum og vissa tilhneigingu til að þrengja heimildir til að eyða fóstri. Þetta er ekki að ófyrirsynju. Þetta er vegna hinnar hörmulegu reynslu sem fengist hefur víða um lönd af frjálsum fóstureyðingum eða rúmum heimildum til fóstureyðinga. Það er því fullkomin öfugþróun ef nú væri samþykkt að heimila fóstureyðingar af félagslegum ástæðum eins og frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir.

Það er mikið talað um frelsi í þessu sambandi. Það hljómar vel að tala um frelsi. Hv. 7. landsk. þm. talaði í þeim anda. Mér verður í því sambandi hugsað til lands frelsisins, Bandaríkja Norður-Ameríku. *Og ég veit að þegar minnst er á frelsi verður hv. 7. landsk. þm. líka hugsað til* þessa lands frelsisins. Fyrir einni öld og nær 17 árum betur fóru fram kappræður milli tveggja manna á mörgum fundum á sléttum Illinois-ríkis. Þar deildu menn hart um frelsið. Annar kappræðumannanna var einn af áhrifamestu stjórnmálamönnum Bandaríkjanna á þeirri tíð, glæsilegur ræðumaður, öldungardeildarþingmaður frá Washington, Stephen Douglas. Hann hélt því fram í nafni frelsisins að það ætti að vera á valdi hinna einstöku ríkja Bandaríkjanna að ákveða hvort þar skyldi vera lögleitt þrælahald eða ekki. Hinn kappræðumaðurinn var lítt þekktur málafærslumaður frá afskekktum stað sem þá var lítið sveitaþorp, Springfield í Illinois. Þessi maður var Abraham Lincoln. Hann hélt því fram að svo mjög sem bæri að virða frelsið ættu hin einstöku ríki Bandaríkjanna ekki að hafa frelsi til að kveða á um hvort þar skyldi vera lögleitt þrælahald eða ekki. Lincoln byggði þessa skoðun sína á því að þrælahald væri rangt í sjálfu sér og samræmdist ekki þeim manngildis- og mannhelgisjónarmiðum sem hinir visu landsfeður hefðu lagt til grundvallar þeirri stjórnarskrá sem Bandaríkjunum var í upphafi sett að loknu frelsisstríðinu gegn breska heimsveldinu. Lincoln hélt því fram að allir menn hefðu sama rétt til að ráða lífi sínu og það skipti þar engu hvort hörundslitur manna væri svartur eða hvítur. Þessar frægu kappræður þeirra Stephens Douglas og Abrahams Lincolns vöktu storma og stríð svo sem alkunnugt er og leiddu til atburðarásar sem að lokum færði þrælum í Bandaríkjunum frelsi. Enginn frýr nú Abraham Lincoln fjandskapar við frelsið þótt hann samþykkti ekki frelsi til að hneppa menn í fjötra.

Við skulum jafnan gjalda varhug við því þegar frelsishugsjóninni er hampað í þeim tilgangi að *heimta frelsi til handa þeim sem vilja beita* aðra órétti. Það er þetta sem við skulum hafa hugfast þegar rætt er um fóstureyðingar. Frelsi ber ekki að veita til fóstureyðinga, vegna þess að það brýtur þann grundvallarrétt sem hvert mannlíf í móðurkviði hefur, réttinn til þess að fæðast í þennan heim.

Frsm. meiri hl. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Vegna þeirra orða sem hér komu fram um skoðanir manna í Nd. á frv. eins og það var í fyrra og eins og það er nú, þá vil ég að það komi skýrt fram að við afgreiðslu málsins í heilbr.- og trn. Ed. var það álit okkar, sem rituðum undir meirihlutaálitið, að það væri alls ekki rétt að hér væri um svipað frelsi að ræða og samkvæmt fyrra frv. Við litum svo á að taka bæri bókstaflega þau orð 9. gr. frv. að svo fremi að félagslegar ástæður væru of erfiðar fyrir hina þunguðu konu, þá væri möguleiki á heimild til fóstureyðingar, en alls ekki að það væri jafnan á hennar valdi.

Það er mikið notað orðið „neyðarúrræði“ í þessu sambandi og talið að hvort sem þetta sé nokkurn veginn frjálst eða ekki, þá sé þetta alltaf neyðarúrræði. Þetta orð er vafalaust svo mikið notað vegna þess að í upphaflegri grg. þeirra er útbjuggu fyrstu gerð þessa frv. er tekið fram á fyrstu síðu I. kafla frv. og í grg. með frv. að fóstureyðing sé alltaf neyðarúrræði. En það er haldið áfram og gefin skýring á því, hvers vegna fóstureyðing sé neyðarúrræði, og þeir segja, með leyfi forseta:

„Vegna þess að um er að ræða læknisaðgerð sem getur haft áhættu í för með sér og krefst sérhæfðs starfsfólks og fullkomins útbúnaðar til sérhæfðrar læknismeðferðar ef eitthvað ber út af.“

Það er ekki það sem liggur til grundvallar hjá n. að það sé vegna fóstursins sem þetta orð er notað, heldur er þetta notað vegna þess að þetta geti haft, eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, óheppileg áhrif á konuna. Í þessu sambandi hefur verið tekið fram að það væri svo sem augljóst að kona mundi aldrei gera þetta nema mjög mikilvæg ástæða lægi til, að óska eftir fóstureyðingu, þar sem þetta væri alltaf neyðarúrræði.

Okkur greinir nokkuð á um það hvort konan sé jafnan hæfari en læknirinn eða félagsfræðingurinn til þess að dæma um hvort ástandið sé svo slæmt að nauðsynlegt sé að framkvæma fóstureyðingu. Ég vil halda því fram að af við skulum segja 1 000 konum sé varla líklegt að hver og ein af þeim hafi betri aðstöðu til að gera sér raunverulega grein fyrir erfiðum félagslegum ástæðum í sambandi við þungunina heldur en þeir aðilar sem hafa bæði til þess lært og mikla reynslu í þessum efnum. Það verður þó að viðurkenna að það er engin furða

þó að læknar séu heldur íhaldssamir á þessu sviði, vegna þess að beinlínis þeirra nám og þeirra skilyrði til starfsheimildar eru bundin því að þeir taki sérstakt tillit til lífsins.

Nú síðast á allsherjarþinginu í Osló hjá alþjóðafélagi lækna, þar sem mikið var rætt um líknardauða, er tekið fram í kaflanum um skyldur læknis við sjúkling og segir þá í upphafi: „Lækni má aldrei gleymast hversu mikilsvert er að varðveita mannslíf, allt frá getnaði þess til grafar.“ — Og í okkar siðareglum segir: „Ég heiti því að virða mannslíf öllu framar allt frá getnaði þess.“ Enda er það nú svo að afstaðan til þess, jafnvel hvenær fóstur sé lífvænlegt, hefur breyst mikið á síðustu áratugum. Því er það að við teljum okkur verða að líta svo á að fóstrið allt frá fyrstu viku sé hlutur sem við eigum ekki að hreyfa við. Varðandi það að læknar séu ekki á einu máli um þetta, þá er það engin furða og eðlilegt að skiptar séu skoðanir, en ég held að það sé annaðhvort einsdæmi eða mjög fátítt að læknar, sem framkvæma fóstureyðingar, séu ekki sammála um að gera þetta aðeins í undantekningar- og í hreinum neyðartilfellum, sem sagt að þeir líti raunverulega á fóstureyðingar sem neyðarúrræði.

Axel Jónsson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. 3. þm. Vestf., Þorv. Garðars Kristjánssonar, vil ég í fyrsta lagi taka þetta fram:

Fóstureyðingar sem stjórnsýslutæki, eins og hugsanlegt er að þær séu einhvers staðar notaðar í dag, eða verðlaunaveitingar Mussolinis á sínum tíma fyrir svo og svo marga fædda syni tel ég ekkert eiga skylt við það frv. sem hér er til umræðu.

Félagslegar ástæður eru að mínum dómi annar meginþáttur réttlætingar þess sem hér er lagt til. Vissulega þarf að bæta úr félagslegum vandamálum nútíma þjóðfélags hér á landi. Það hljótum við allir að geta verið sammála um. En ég vildi spyrja: Hverjir fóru með atkvæði Íslands á tilvitnuðu Evrópuþingi? Ég mótmæli öllum ásökunum í garð íslenskra kvenna um að þær muni misnota þær takmörkuðu heimildir sem felast í frv. og sér í lagi brtt. á þskj. 521. Ég greiði því atkv. gegn brtt. á þskj. 588.

Það er eðlilegt að menn greini á um það hvort leyfa eigi fóstureyðingar eða ekki. Þar á ég við hvort nokkurn tíma eigi að leyfa fóstureyðingar. Ég virði skoðanir manna sem eru alveg eindregnir á því að það eigi aldrei að leyfa slíkt. En ég er í hópi þeirra sem telja að það eigi að leyfa fóstureyðingar sem algjört neyðarúrræði og ég ræði málið út frá því sjónarmiði. Ég lít ávallt og hlýt ávallt að líta á fóstureyðingu sem algjört neyðarúrræði, og í áframhaldi af þessari skoðun minni vil ég ræða þann ágreining sem fyrst og fremst er uppi hér í hv. d. og var raunar í hv. Nd. líka, þ. e. um hinn endanlega ákvörðunarrétt innan þeirra þröngu marka sem í frv. er að finna varðandi fóstureyðingarnar.

Ég viðurkenni í fyrsta lagi umsögn lækna sem eitt sjálfsagt og fyrsta skilyrði. Ég viðurkenni einnig félagsráðgjafa, bæði umsögn og ráðleggingar sérfróðra aðila á sviði félagsmála. Að þessu viðbættu er það mín bjargföst sannfæring að það sé fyrst og fremst konunnar að taka þá ákvörðun sem ég tel að ávallt sé og verði neyðarúrræði og undanskil enga sérfræðinga, með fullri virðingu fyrir þeim. Ég tel í þessu komi framar til álita kvenna um ákvörðun í þessu vandamáli. Ég treysti í þessu tilfelli íslensku konunum best.

Ég vil þá aðeins vitna til þess að í 11. gr. frv., á bls. 3, þar sem kveðið er á um að það skuli vera tilteknir sérfræðingar, læknar og félagsráðgjafar, er þó ekki lagt bann við því að þessir tilteknu embættismenn séu konur.

Ég lýsi því yfir að meginefni frv. er til framfara að mínum dómi og alveg sérstaklega I. kafli þess. Ég styð þær brtt. sem fram eru komnar á þskj. 521. Nái þær ekki fram að ganga mun ég standa að samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Þetta getur verið örstutt. Ég tek fyllilega undir með hv. 3. þm. Vestf., Þorvaldi Garðari, að okkur beri skylda til þess að bæta félagslegar aðstæður í þessu landi sem allra mest. Ég veit enda að hann er gamall jafnaðarmaður og veit sömuleiðis að grunnt er á þeim góða jafnaðarmanni enn í honum og fagna því. Hins vegar þótti mér stundum eins og þessi ágæti hæstv. forseti okkar talaði eins og aldrei hefði verið um það að ræða að hér hefðu verið leyfðar fóstureyðingar, svo fjálg var ræða hans á köflum, en ekki efast ég um að þar hafi verið af hjarta mælt. Ég skal hins vegar játa það að ég úfna alltaf heldur við þegar verið er að tala um þetta kristilega siðgæði, þetta óskilgreinda kristilega siðgæði sem við höfum því miður fengið að kynnast heldur rangsnúinni hlið á hjá þeirri stofnun sem á að sjá framar öðrum um þetta blessaða marglofaða kristilega siðgæði. Hitt skal ég svo fúslega játast undir að ef átt er við kristilegt siðgæði eins og það kom fram í orðum meistarans frá Nasaret, þá get ég tekið þar undir. En þá verður að gera töluverðan greinarmun á kristilegu siðgæði kirkjunnar annars vegar og siðgæðinu, sem hann boðaði, hins vegar. Og þar kemur vitanlega sagan óhugnanlega upp á móti okkur.

Hv. 3. þm. Vestf. talaði um það að þegar frelsi væri nefnt hugsaði ég til sama lands og hann gerði, til lands frelsisins, Bandaríkjanna, og síðan fór hann að ræða það frekar. Ég hygg að við hugsum kannske ekki alveg nákvæmlega eins til þess lands, en það kann að vera að sé stutt á milli engu að síður. Ég ræddi hins vegar ekki í minni ræðu um frelsi beint, heldur um réttindi, og samanburður hans, mjög snjall og ágætur, frá landi frelsisins, Nixons og Watergates, — sá samanburður hans var því fremur mér í hag og mínum skoðunum þar sem meginniðurstaða, sem hann vitnaði í hjá sjálfum Abraham Lincoln, hefði verið sú að menn ættu að ráða lífi sínu framar öðru. Það var einmitt það sem ég vék að áðan varðandi réttindi konunnar til að ráða þannig lífi sínu.

Í sambandi við orðið „neyðarúrræði“, sem hv. 2. þm. Reykn. kom hér að, þá vil ég lýsa því að það er mín skoðun og það er einnig skoðun þeirra

kvenna, sem ég hef rætt við um þetta mál og hafa verið harðastar varðandi fylgi við 9. gr. frv. eins og hún var upphaflega, að þetta sé neyðarúrræði einnig frá siðferðilegu sjónarmiði.

Hv. þm. Oddur Ólafsson ræddi um það áðan, að læknar væru íhaldssamir í þessum efnum og það væri ekki nema að vonum og vitnaði í heit þeirra sem ég efast ekki um að langflestir þeirra fylgja alldyggilega þó að ég af persónulegum ástæðum efi að allir fylgi þeim heitum nákvæmlega eftir. A. m. k. þekki ég dæmi um tilraunir lækna á dauðvona sjúklingi og hygg að þeir hafi eitthvað farið þar út fyrir þau mörk í samsandi við lotningu fyrir lífinu sem oft er svo fjálglega um rætt. En læknar eru sem betur fer ekki allir íhaldssamir og ég játa það að ef túlkun hv. þm. Sverris Bergmanns væri notuð, þá gæti ég skrifaði undir 9. gr., eins og hún er nú í dag. En það vill bara svo til, því miður, að hvað sem ágæti íslenskra lækna líður, þá er viðsýni og frjálslyndi þeirra allra ekki hið sama og hjá hv. þm. Sverri Bergmann sem sagði í Nd., með leyfi hæstv. forseta: „Læknirinn verður aldrei annað en staðfestingaraðili í þessum efnum.“ Ég legg til við hv. heilbrn. að hún íhugi hvort ekki megi gera vottorðin einfaldari en gert er ráð fyrir í frv. Læknirinn þarf ekki annað en að staðfesta umsögn konunnar. Í sumum tilfellum verður læknirinn ekki aðeins staðfestingaraðili, hann verður einnig beinlínis ráðleggjandi aðili, þannig að hann mælir með því að konan láti framkvæma fóstureyðingu. Þetta mundi læknirinn gera ef konan væri augljóslega haldin einhverjum slíkum sjúkdómi að líklegt væri að það að ganga með barn og ala barn gæti valdið henni alvarlegu og varanlegu heilsutjóni. Ég hef persónulega staðið frammi fyrir slíkum ráðleggingum oftar en einu sinni og síðast fyrir hálfum mánuði. Hins vegar er það konan sem ræður hvaða ákvörðun hún tekur, en ekki ég, það er hennar mál. Hún á sitt líf“.

Þetta voru orð hv. þm. Sverris Bergmanns og þau gæti ég gert að mínum. Ef ég mætti túlka þessa grein á sama hátt og hann gerir greinilega, þá gæti ég skrifað undir hana, en ekki eins og hún er túlkuð almennt af læknastéttinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 521,1 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EÁ, GeirG, HFS, RA, StJ, AJ.
nei: GH, HÁ, JónÁ, ÓÓl, OÓ, StG, AG, ÞK.
6 þm. (IT, JÁH, JGS, StH, ÁB, EggÞ) fjarstaddir.
Brtt. 588 felld með 11:1 atkv.
9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 521,2 felld með 8:4 atkv.
11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 521,3 felld með 8:5 atkv.
13. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
14.—33. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 81. fundur.

Föstudaginn 9. maí, að loknum 80. fundi.

Launajöfnunarbætur, frv. (þskj. 11, n. 344, 619 og 621, 620, 622). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, var flutt á s. l. hausti til staðfestingar á brbl. frá 24. sept. 1974. Tildrög þessara brbl. eru öllum kunn hér í þessari d. og hafa áður verið rædd hér. Frv. hefur verið lengi til afgreiðslu í fjárh.- og viðskn. og eru fyrir því gildar ástæður. Ekki tókst að afgr. málið endanlega fyrir jólaleyfi, en eftir jólaleyfi var ljóst að nauðsynlegt var að breyta ákvæðum brbl., m. a. með tilliti til ákvæða 5. gr. um launajöfnunarbætur þar sem kveðið er á um það að þær skuli hækkaðar ef vísitala framfærslukostnaðar fari fram yfir 358 stig. Aðilar vinnumarkaðarins náðu samkomulagi um hækkun láglaunabóta og kom sú hækkun til viðbótar þeim láglaunabótum sem voru ákveðnar með brbl. Ég mun nú leitast við að skýra einstakar gr. frv. með þeim brtt. sem meiri hl. n. leggur til að verði gerðar.

Varðandi brtt. við 1. gr. er þess að geta að til þess að taka af tvímæli um það hvaða kjör skuli ríkja frá 1. júní n. k. fari svo að samningar hafi þá ekki tekist milli aðila á vinnumarkaðinum um fyrirkomulag vísitölubindingar launa í framhaldi af bráðabirgðasamkomulaginu, sem í gildi er til þess tíma, er hér gert ráð fyrir, að ákvæðin um launajöfnunarbætur haldi gildi þar til samningar hafa tekist milli heildarsamtakanna á vinnumarkaðinum. Þetta ákvæði má telja í samræmi við venjur í slíkum tilvikum. Í 3. tölul. eru ákvæði um það hvaða grunnkaupsbreytingar eftir 1. okt. 1974 skuli ekki hafa áhrif á launajöfnunarbætur og þau rýmkuð í samræmi við ákvæði 1. málsgr.

Við 2. gr. frv. er engin brtt. og lagt til að hún verði óbreytt.

Sú brtt. er gerð við 3. gr., að lagt er til að hún verði óbreytt, nema hvað gildistímabilið er opnað frá 1. júní 1975 ef til kæmi, sbr. um 1. gr.

Um 4. gr. er það að segja, að samkv. 4. gr. laga nr. 88/1974 um launajöfnunarbætur til bænda, er innheimta skal sem álag á búvöruverð, skulu þær ekki greiðast bændum í hlutfalli við framleiðsluverðmæti, heldur jafnað þannig að gagnist eingöngu hinum tekjulægri í hópi bænda með líkum hætti og launajöfnunarbætur launþega samkv. fyrrnefndum lögum. Þau mörk, sem hér eru sett, afmarka annars vegar rétt bænda til launajöfnunarbóta innbyrðis og hins vegar með hliðsjón af þeim rétti sem launþegum er ætlaður. Réttur launþega til launajöfnunarbóta á tímabilinu 1. okt. 1974 til 31. mars 1975 samkv. fyrrnefndum lögum og reglugerð nr. 267 1974, um launajöfnunarbætur, er sá að full launajöfnunarbót á dagvinnu kr. 20.20 á stundina greiðist á

tímakaup allt að kr. 288.50, en tímalaun á bilinu 288.50 til 308.70 verða kr. 308.70. Launajöfnunarbót greiðist ekki á tímakaup sem er hærra en 308.70. Launajöfnunarbót á tímakaup í yfirvinnu, nætur- og helgidagavinnu greiðist því hærra en nemur hlutfalli þess af dagvinnukaupi. Þær tímakaupstölur sem eru nefndar hér að framan eru miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig.

Samkv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarins frá 1. sept. 1974 eru laun bóndans og skylduliðs hans þessi: Laun bónda: Dagvinna 2 080 stundir á kr. 234.12. Eftirvinna 412 stundir á 329.15. Nætur- og helgidagavinna 408 stundir á 423.22. Laun húsfreyju: Dagvinna 600 stundir á 207.55. Laun unglinga: Dagvinna 1 000 á 127.52. Samkv. fyrrnefndri reglugerð er hámark tímalauna hjá launþegum fyrir skerðingu réttar til launajöfnunarbóta 22.7% hærra en tímalaun bænda eru samkv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarins. Bændur með vinnutekjur af búrekstri, sem eru 22.7% hærri en vinnulaunatekjur samkv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarins eftir nánari útreikningi, ættu því að koma til greina sem rétthafendur til launajöfnunarbóta. Það bú, sem hér um ræðir, er tæplega 500 ærgildi að stærð eða nánar tiltekið 491 ærgildi. Daglegur vinnutími bóndans á 500 ærgilda búi er samkv. verðlagsgrundvelli landbúnaðarins 9 stundir á dag. Samkv. framansögðu verður réttur bænda til launajöfnunarbóta vart gerður sambærilegur við rétt annarra stétta, séu efri tekjumörk sett lægri en svarar tekjum af 500 ærgilda búi í nautgripum og/eða sauðfé.

Um ofangreindar reglur um greiðslur launajöfnunarbóta til bænda hefur náðst fullt samkomulag við fulltrúa Stéttarsambands bænda og greiðsla þessara launajöfnunarbóta skal framkvæmd af Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Þá er lagt til að 5. gr. falli niður, en 6. gr. verði 5. gr. og er um hana að segja að hér er gert ráð fyrir því að núv. fjárhæð fjölskyldubóta samkv. brbl. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál, nr. 88/1974, sem gilda til 31. maí 1975, haldist óbreytt til 30. júní, en þá kemur til framkvæmda ákvæði um barnabætur í stað fjölskyldubóta samkv. nýsamþ. lögum um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum.

7. gr. verður 6. gr. og um þá grein vil ég segja það, að með þessari gr. eru lögfestar þær breytingar sem orðið hafa á almennum bótafjárhæðum almannatrygginga með brbl. frá 24. sept. og með reglugerð frá 31. des. vegna 3% hækkunar grunnkaups 1. des. 1974. Jafnframt er lagt til, að bótafjárhæðir hækki um 9% frá 1. apríl 1975 til samræmis við hækkun kauptaxta í kjarasamningi ASÍ og vinnuveitenda frá 26. mars s. l., en 9% er sú meðalhækkun sem ætla mætti að yrði á öllum launatöxtum yrðu þessir samningar almenn fyrirmynd. Loks er gert ráð fyrir hækkun bótafjárhæðar til samræmis við 3% grunnkaupshækkun 1. júní n. k.

Varðandi aðrar tryggingar en lífeyristryggingar, þ. e. bætur sjúkratrygginga og slysatrygginga, þarf með sérstakrar athugunar á afstöðu bótafjárhæða þessara innan tryggingakerfisins eftir þessar breytingar. Það þarf sérstakrar athugunar við, sem sagt um afstöðu bótafjárhæða þessara innan tryggingakerfisins eftir þessar breytingar.

Lagt er til að 8. gr. verði 7. gr., en hún fjallar um ákvæði um tekjutryggingu elli- og örorkulífeyrisþega. Með þessari gr. er fyrst gert ráð fyrir að lögfestar verði þær breytingar tekjutryggingar- og viðmiðunarfjárhæða 19. gr. sem tóku gildi 1. okt. og 1. des. s. l. samkv. ákvæðum brbl. frá 24. sept. og reglugerðar frá 31. des. s. l. Þá er lagt til að tekjutryggingarfjárhæðir hækki frá 1. apríl og aftur frá 1. júlí 1975 til samræmis við hækkun kauptaxta í bráðabirgðasamkomulagi ASÍ og vinnuveitenda frá 26. mars s. l. og hækkun grunnkaups um 3% 1. júní n. k.

Þær breytingar, sem felast í till. 7. gr. um fjárhæðir 19. gr. frá 1. apríl, gera í fyrsta lagi ráð fyrir að tekjutryggingarmark elli- og örorkulífeyrisþega, þ. e. þær lágmarkstekjur sem elli- og örorkulífeyrisþegum eru tryggðar með lífeyri og uppbót á lífeyri, hækki til jafns við hækkun lægstu kauptaxta í bráðabirgðasamkomulagi ASÍ og vinnuveitenda sem nam um 13%. Þó hefur þótt rétt að hækka einstaklinga heldur meira eða um 15.1%. Þetta felur í sér um 20% hækkun tekjutryggingar hjóna og einstaklinga um 25%. Lífeyrir einstaklinga sem njóta tekjutryggingar hækkar því úr 256 800 kr. í 315 600. Hækkunin er 4 900 kr. á mánuði. Hækkunin er tvíþætt: Í fyrsta lagi 15.1% hækkun á grunnlífeyri og tekjutryggingu að viðbættum 20 þús. kr. vegna skattafsláttar. Heildarhækkun tekjutryggingar er því, að teknu tilliti til þess sem ég hef áður sagt, um 45.9%. Lífeyrir hjóna, sem njóta tekjutryggingar, hækkar úr 462 300 kr. í 552 700 kr. Hækkun er því um það bil 7 500 kr. á mánuði. Þessi hækkun er einnig tvíþætt, 13% hækkun á grunnlífeyri og tekjutryggingu að viðbættum 30 þús. kr. vegna skattafsláttar. Heildarhækkun tekjutryggingar er því 37%.

Það þótti sem sagt ástæða til að hækka tekjutryggingu einstaklinga meira en tekjutryggingu hjóna. Menn eru almennt sammála um það að í hópi einstaklinga séu erfiðleikar mestir meðal elli- og örorkulífeyrisþega. Sérstaklega á það við um hjón þar sem aðeins annað hjóna nýtur lífeyris. Einstaklingarnir eru einnig flestir, þ. e. a. s. þeir einstaklingar sem njóta þessara bóta, eða um það bil 15 þús., en hjón um það bil 3 300. Það er hins vegar mjög bagalegt að það skuli aldrei hafa farið fram könnun á framfærslukostnaði þessa fólks. Það liggja engar upplýsingar fyrir um neyslumynstur þessa þjóðfélagshóps. N. telur mikla nauðsyn á því að slík könnun verði gerð. Það er því aðeins hægt að taka skynsamlegar ákvarðanir um upphæð bóta einstaklinga annars vegar og hjóna hins vegar að fyrir liggi upplýsingar um framfærslukostnað þessa fólks. N. gerir það að till. sinni að slík könnun fari fram og mun ég koma að því síðar.

Kaupmáttur elli- og örorkulífeyris að viðbættri tekjutryggingu hefur verið reiknaður út fyrir undanfarin ár og þá miðað við sama neyslumynstur og aðrir þjóðfélagshópar hafa. Ef miðað er við töluna 100 hinn 1. jan. 1972 var kaupmáttur þessara bóta að meðaltali þessi: 59.7 1971, 96.4 1972, 93.5 1973 og 96.7 1974. En eftir að þessar breytingar hafa verið gerðar eru samsvarandi tölur 95.8 hjá einstaklingum, en 93.1 hjá hjónum. Kaupmáttur þessara bóta er því mjög svipaður og hann hefur verið á undanförnum

árum. Hins vegar er það ljóst að neyslumynstur þessa fólks er allt annað en annarra þjóðfélagsþegna og eru þessar tölur því ófullkomnar um þróun mála. Það er hins vegar líklegt að ef sérstök vísitala væri til fyrir þennan hóp fólks, hefði hlutfallið verið hærra nú og vaxið meira með hækkuðu verðlagi. Úr þessu verður best skorið með sérstakri vísitölu fyrir þennan þjóðfélagshóp.

Ef áætlaður er sá kostnaðarauki sem mundi verða af breytingu bótafjárhæða samkv. þeim till. sem eru í 6. og 7. gr., þá má áætla að hækkun útgjalda vegna 6. gr. sé um það bil 336 millj. á árinu 1975 eða um það bil 455 millj. á heilu ári. Hækkun útgjalda vegna 7. gr. er hins vegar áætluð 210 millj. kr. eða 280 millj. á heilu ári. Við þessa upphæð bætist hækkun tekjutryggingar vegna skattafsláttar, sem áður hefur verið reiknað með í þeim skattalækkunum sem voru samþ. hér á Alþ., u. þ. b. 210 millj. kr., þannig að áætla má að heildarhækkun tekjutryggingar sé um 420 millj. Útgjaldaaukningu má því áætla um 546 millj. kr., og þar að auki er hækkun tekjutryggingar um 210 millj. eins og ég gat um áður.

9. og 10. gr. eru óbreyttar frá l. nr. 88 1974 nema hvað gildistímabilið hefur verið opnað frá 1. júní 1975 ef til kæmi eins og sagt er um 1. gr.

Lagt er til að inn komi ný gr. sem verði 11. gr. og fjallar hún um fjárfestingarlánasjóði. Hér eru í aðalatriðum endurtekin ákvæði 5. gr. l. nr. 75 frá 22. ágúst 1974, um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Er hin endurskoðaða grein ítarlegri og tekin af öll tvímæli um það að ákvæðið nái til endurlána erlends lánsfjár. Í 2. málsgr. er nýmæli um árlega endurskoðun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða. 3. og 4. málsgr. eru efnislega eins og 2. málsgr. 5. gr. nefndra laga, nema hér er kveðið á um að stjórn fjárfestingarlánasjóðanna skuli gera till. um lánskjör innan ramma meginreglnanna samkv. 3. málsgr.

Eins og ég gat um áður leggur meiri hl. n. til að inn komi nýtt ákvæði sem verði ákvæði til bráðabirgða og hljóðar það svo:

„Fyrir árslok 1975 skal heilbr.- og trmrh. láta fara fram könnun á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega og skal könnunin bæði ná til einstaklinga og hjóna er njóta elli- og örorkulífeyris. Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga.“

Það er mjög mikið nauðsynjamál að slík könnun fari fram og ber vissulega að harma það að slíkt skuli ekki hafa verið gert því að það er augljóst að ekki er hægt að ákvarða skynsamlega skiptingu tekjutryggingar annars vegar einstaklinga og hins vegar til hjóna nema hafa niðurstöður slíkrar könnunar. Þá er lagt til að svipuð könnun fari fram „á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra. Hliðsjón af könnun þessari skal höfð við ákvörðun barnalífeyris.“ Það þótti rétt að einnig færi fram könnun á framfærslukostnaði barna þessa þjóðfélagshóps því að það er álit margra að kostnaður vegna framfærslu barna einstæðra foreldra sé hærri og meiri en framfærslukostnaður barna sem búa hjá báðum foreldrum. Er því mikið nauðsynjamál að úr þessu verði skorið svo að ábyggilegt sé til þess að hafa til hliðsjónar við ákvörðun barnalífeyris.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. með þeim brtt. sem meiri hl. flytur á þskj. 620 og ég hef nú gert nokkra grein fyrir, en minni hl. skilar séráliti. Jón G. Sólnes var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. er frv. þetta flutt upphaflega til staðfestingar á brbl. um launajöfnunarbætur, en er nú orðið í reynd að allt öðru frv. Staðreyndin er sú að ekki verður séð að nein þörf sé á því að staðfesta ákvæði frv., sem sett voru með brbl. í haust, vegna þess að ákvæði þeirra eru þegar komin inn í gildandi kjarasamninga allflestra verkalýðsfélaga og samtaka vinnuveitenda og fæ ég því ekki séð í fljótu bragði að samþykkt þeirra ákvæða breyti einu eða neinu. Aftur á móti er frv. notað til þess að koma á framfæri breyt. af öðru tagi, fyrst og fremst mjög veigamiklum breyt. á almannatryggingalögunum og í öðru lagi öðrum ákvæðum sem þar eru sett inn í, þannig að út úr þessu er orðinn hinn ljótasti bandormur með óskyldustu ákvæðum um efnahagsmál.

T. d. er á síðustu stundum þessa máls stungið inn í frv. ákvæðum um stofnlánasjóði atvinnuveganna. Sýnist mér á öllu að það sé nokkuð til marks um flaustursleg vinnubrögð af hálfu núv. hæstv. ríkisstj. að hún skuli ekki fyrir löngu hafa sýnt þá till. og þá fyrst og fremst með efnahagsmálafrv. sem hér var til umr., þannig að kostur hefði verið að skoða þá till. nánar, en þar átti hún vissulega heima. Hér verður hins vegar ekki séð að hún eigi heima. Um till. að öðru leyti er það að segja að auðvitað væri eðlilegast að ríkisstj. hefði látið gera þá úttekt, sem felst í frvgr. um lánskjör stofnlánasjóðanna, og sú n., sem um þetta hefði fjallað, hefði skilað áliti og Alþ. síðan átt þess kost að breyta ákvæðum um lánskjör stofnlánasjóðanna, því að þau eru upphaflega ákveðin í lögum um flesta af þessum sjóðum og er því eðlilegast að Alþ. hafi með það að gera, en ávísi ekki valdi sínu í svo stórum stíl til ríkisstj. Þetta eru sem sagt ekki viðkunnanleg vinnubrögð. Hitt er annað mál, að ég er sammála ríkisstj. um nauðsyn þess að lánskjör stofnlánasjóðanna verði tekin til athugunar og endurskoðunar, og með tilliti til þess að tiltölulega skammt er eftir af þingtímanum er sjálfsagt ekki raunhæft að Alþ. geti átt von á því að fá úttekt á þeim málum, þannig að það geti tekið ákvörðun um það hér. En eins og ég segi hér er á ferðinni heldur en ekki ljótur bandormur, og má eiginlega segja að undarlegt sé að ríkisstj. skyldi ekki finna þarna pláss fyrir innflutning sauðnauta til að smeygja inn í þetta frv. úr því að svo hrapallega fór fyrir þeim í Nd. Hér er sem sagt raðað saman hinum óskyldustu málum.

En ég sný mér nú að aðalefni þessa frv., sem er breyt. á almannatryggingalögunum.

Þeir eru vissulega margir sem orðið hafa að

þola stórfellda skerðingu lífskjara af völdum núv. ríkisstj., en enginn hópur láglaunamanna hefur þó verið jafnhart leikinn af völdum núv. ríkisstj. og einmitt þeir sem nær eingöngu fá tekjur sínar frá almannatryggingunum. Hinn 1. apríl fyrir einu ári, 1974, fékk einstaklingur í elli- eða örorkulífeyri 146 580 kr., en tekjutrygging nam 80 052 kr. Samtals fengu menn því sem lágmarkstekjur 226 632 kr. Hinn 1. mars s.l. var framfærsluvísitalan orðin 53.7% hærri en hún var fyrir einu ári. En þar sem framfærsluvísitalan hefur ekki hlutfallslega óskert áhrif á kaupgjaldsvísitölu var kaupgjaldsvísitala heldur lægri og hafði hækkað um 46% á einu ári. Það hefur verið miðað við hækkun kaupgjaldsvísitölu í sambandi við ákvörðun lífeyrisbóta og er því eðlilegast að svo stöddu að miða við þá tölu, 46%, þó að hitt sé sannanlegt, að framfærslukostnaðurinn hefur í reynd hækkað meira, þ.e.a.s. um tæp 54%. En þessu til samanburðar má nefna að tekjulágmarkið, þetta tekjutryggingarmark sem samanstendur af lífeyri og tekjutryggingu, hefur aðeins hækkað um 13.3% fram að þessu, var sem sagt komið í 256 788 kr. á ári eða í 21 400 kr. á mánuði. Þetta eru hinar sambærilegu tölur, hækkun K-vísitölu um 46%, en hækkun á tekjulágmarkinu um aðeins 13.3% fram að þessu. Til þess að samanlagt lífeyrir og tekjutrygging, það sem ég nefni hér tekjulágmark, héldu gildi sínu miðað við þá hækkun K-vísitölu, sem ætti að hafa orðið ef K-vísitala væri reiknuð út, ætti upphæðin nú að nema rúmlega 27 600 kr. á mánuði sem greidd væri einstaklingum úr almannatryggingakerfinu og er þó óhætt að segja að flestum mundi veitast nógu erfitt að lifa á ekki hærri upphæð sem mánaðartekjum.

Nú liggja fyrir brtt. meiri hl. n. sem undirbúnar eru í samráði við ríkisstj. og óneitanlega felst í þeim nokkur úrbót, en hún nær skammt til að brúa þá miklu kjaraskerðingu sem ég hef hér lýst. Samkv. ákvörðun ríkisstj. og till. meiri hl. munu einstaklingar fá um 24 600 kr. á mánuði úr kerfi almannatrygginga, en það er sem sagt rétt um helmingur af því sem á vantar að lífeyrisgreiðslur fylgi hækkun framfærslukostnaðarins eins og tekið hefur verið tillit til hans í K-vísitölu. Hjón fá rétt um 43 þús. á mánuði, en ættu að fá um 50 þús. kr. Nú skal það að vísu viðurkennt að þær tölur, sem nefndar eru í fskj. með nál. meiri hl., eru ívið hærri og stafar það af þeirri augljósu tilhneigingu meiri hl. til að reyna að láta líta svo út að tekjutryggingin hækki sem nemur útborgun skattafsláttar. En skattafslátturinn er 20 þús. kr. á einstakling og 36 þús. kr. á hjón. Skattafslátturinn er uppbót til lífeyrisþega sem ekki greiða tekjuskatt og hafa því engan hag haft af lækkun tekjuskattsins, en hafa hins vegar mátt taka á sig stórfellda hækkun söluskatts. Þessi skattafsláttur var borgaður út á s.l. ári, en á síðustu stundu við afgreiðslu efnahagsmálafrv. fyrir nokkrum vikum var ákveðið að skattafslátturinn yrði ekki greiddur út til lífeyrisþega í þetta sinn, eins og þó hafði áður verið ákveðið, heldur skyldi hann sameinaður útborgunum almannatryggingakerfisins. Þessar upphæðir nema, eins og ég sagði, 20 þús. kr. á einstakling og 36 þús. kr. á hjón. Þetta eru upphæðir sem þegar er búið að taka af fólki og allir hafa verið sammála um að fólk ætti fyllstu kröfu á, það sem hefur svo lágar tekjur að það getur með engum hætti nýtt lækkun tekjuskatts sér í hag. En þá er það tilhneiging meiri hl. til þess að reyna að láta líta svo út að tekjutryggingin hækki sem nemi þessum 20 þús. og 36 þús. kr., sbr. þá fullyrðingu í fskj. með nál. meiri hl. að tekjutryggingin hækki um 45.9% á einstakling og 37% á hjón. Þetta er að sjálfsögðu blekking. Það skal að vísu viðurkennt að frsm. meiri hl. n. gerði grein fyrir þessu í framsöguræðu sinni áðan, en ég skil ekki hvers vegna ekki er gerð grein fyrir þessu í nál. og hvers vegna þessari upphæð er ekki haldið algjörlega aðskildri í till. meiri hl. n., þannig að ljóst liggi fyrir hvað er raunverulega tekjutrygging og hvað er skattafsláttur.

Ég bæti því svo einungis við, að það er einmitt 2. brtt. á þskj. 622 sem ég hef leyft mér að flytja sem fjallar um að þessum upphæðum sé haldið sérgreindum. Er það ekki nein efnisleg breyt. í sjálfu sér, heldur fyrst og fremst að það liggi ljóst fyrir í hvaða skyni þessar upphæðir komi til útborgunar.

Eins og kunnugt er var það fyrsta verk vinstri stjórnarinnar að bæta mjög verulega kjör aldraðra og öryrkja og það var gert með þeim myndarlega hætti að tvöfalda greiðslur til aldraðra og öryrkja, fyrst með ákvörðun 1. ágúst 1971 og síðan með ákvörðun um næstu áramót þannig að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris að viðbættri tekjutryggingu tvöfaldaðist. Upphæðin, sem greidd var, hækkaði hins vegar enn meira. Hún hækkaði um 132% á rúmu hálfu ári, en vegna verðlagshækkana í þjóðfélaginu á þessu tímabili var þarna ekki um raunverulega hækkun að ræða nema sem nam rétt um 100%. Ég hef einmitt frá Þjóðhagsstofnun talnadálk sem sýnir þetta glöggt. Á öðrum ársfjórðungi 1971 var kaupmáttur elli- og örorkulífeyris að viðbættri tekjutryggingu talinn 50.7, en er kominn í 97.8 á fyrsta ársfjórðungi ársins 1972, eftir að þessar breyt. hafa átt sér stað. Þessar staðreyndir gæti ég að sjálfsögðu tíundað hér nánar, en tel ekki þörf á því, en þetta vildi ég þó að kæmi skýrt fram vegna þess að ekki er langt síðan einmitt í þessari d. fóru fram umr. sem lýstu mikilli vanþekkingu og gleymsku þm. Sjálfstfl. á þeim stórfelldu breyt. sem áttu sér stað á kjörum lífeyrisþega í upphafi stjórnarskeiðs vinstri stjórnarinnar. Við Alþb-menn teljum að þó að þau kjör, sem öldruðum og öryrkjum voru þá búin, hafi verið tvöfalt betri en tíðkast höfðu í tíð viðreisnarstjórnarninar, þá hafi þessi kjör ekki mátt lakari vera. Og till. mínar, sem ég hef hér lagt fram á þskj. 622, miða að því að elli- og örorkulífeyrir hækki nú fyllilega til jafns við hækkun framfærslukostnaðar eins og hann hefur verið mældur í K-vísitölu á því eina ári sem liðið er frá því að K-vísitalan hætti að hafa áhrif á þessar greiðslur. Til þess að svo verði, þarf almennur lífeyrir einstaklings að verða tæpar 17 900 kr. á mánuði og tekjutryggingin um 10 þús. kr. Við þetta takmark eru till. á þskj. 622 miðaðar.

Í fyrsta lagi er till. um að lífeyrisgreiðslurnar hækki um 34% frá því sem í gildi var í mars 1975. Sú hækkun kemur sem sagt til viðbótar 6% hækkun 1. okt. og 3% hækkun 1. des., sem

samtals gera milli 9 og 10%, þannig að þegar 34% hækkun kemur ofan á það næst 46% hækkun á þessar greiðslur.

Í öðru lagi er lagt til að þessar greiðslur breytist síðan ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru, þjónustu og húsnæðis. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að ekki haldi áfram sem nú hefur verið um skeið að þessar greiðslur rýrni mánuð eftir mánuð í hinu mikla dýrtíðarflóði sem gengur yfir þjóðina, heldur sé nú ákveðið að þessar greiðslur skuli hækka í samræmi við vísitölu vöru, þjónustu og húsnæðis. Ég tek það fram að í till. miða ég við þá vísitölu sem oft er kölluð vísitala neysluvöruverðs, en ekki við vísitölu framfærslukostnaðar vegna þess að sú fyrri, neysluverðsvísitalan er sanngjarnari mælikvarði á þurftartekjur lífeyrisþega því að framfærsluvísitalan hefur inni í sér falinn verðmæli, sem miðast við m. a. fjölskyldubætur, bætur greiddar með börnum. Þar sem svo stendur á í ákaflega fáum tilvikum að aldraðir, yfir 67 ára aldri, eigi börn undir 16 ára aldri eða 17 ára aldri, þá er að sjálfsögðu mjög óeðlilegt að láta fjölskyldubætur hafa nokkur áhrif þar á. Þess vegna er hér miðað við vísitölu vöru, þjónustu og húsnæðis.

Ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir þessari till. að öðru leyti enda fylgja í nál. ýmsar upplýsingar þar að lútandi, en ég læt þess til viðbótar getið að ég hef talið sjálfsagt og eðlilegt að bera fram till. um greiðslu fæðingarorlofs úr kerfi almannatrygginga. Það er sjálfsagt réttlætismál, sem hefur töluvert borið á góma í sölum Alþ. nú í seinni tíð, að mæður fái þriggja mánaða laun vegna fæðinga, og það er skoðun mín, sem ég vil árétta með flutningi þessarar till. og láta á það reyna hvort hv. d. er ekki sammála mér í því efni að þessar greiðslur eigi að koma úr kerfi almannatrygginga og þá að sjálfsögðu að til þeirra verði aflað fjár með eðlilegum hætti, en að ekki sé gefin út gúmmítékkur á sjóði sem alls ekki hafa tekjustofna til þess að standa undir greiðslum af þessu tagi, eins og gert er í till. sem er til meðferðar í hv. Nd.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða frekar um till. mínar, þær sem fram koma á þskj. 622, ellegar aðrar þær till., sem hér um ræðir, því þær skipta minna máli. Ég treysti því sem sagt að ná fram mikilvægum breyt. á frv. En verði breyt., sem ég hef hér lagt til, felldar mun ég að sjálfsögðu styðja frv. svo að það nái fram að ganga, því að þrátt fyrir allt horfir það til nokkurra bóta þó að það gangi allt of skammt.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það mál, sem við erum nú að afgr. endanlega sennilega frá d., er mál nr. 11 og því búið að vera að veltast lengi hér á slóðum nm., og á sínum tíma var það afgr. út úr n. Ég gekk frá nál. 28. febr., eins og það stóð þá, og mun í stuttu máli rekja það því að þrátt fyrir að málið sé tekið upp að nýju núna hefur það efnislega ekki mikið breyst annað en að nýjar tölur eru komnar inn í samræmi við þróun mála á þessu sviði.

Fráfarandi vinstri stjórn reyndi með mjög misjöfnum árangri undir forustu Framsfl. að hamla á móti verðbólgunni hér á landi. En eins og öllum er vel kunnugt tókst ekki betur en svo til að hér á landi ríkti á 12 seinustu mánuðum hennar meiri verðbólga en í öllum öðrum löndum Evrópu og var mæld um 44 stig. Margt stuðlaði að þessari þróun, en þó langmest stjórnleysi í efnahagsmálum hér heima. Sett voru lög um viðnám gegn verðbólgu, en þau gerðu takmarkað gagn og sífellt gengissig og gengisfellingar eyddu jákvæðum áhrifum laganna. Núv. ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. ákvað að setja nýja löggjöf, er tímabil áðurnefndra laga rynni út, og skyldi sú löggjöf tryggja nægjanlegt svigrúm, eins og það var orðað, fyrir ríkisstj. að móta nýja stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar með fyrirheiti um að í árslok 1975 yrði verðbólga hér á landi um 15%.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá setningu brbl. í þessu skyni með bindingu á kaupgjaldsvísitölu til 1. júní 1975, bendir bókstaflega ekkert til þess að þessu marki verði náð. Þvert á móti mun seinasta gengisfelling svo og óþarfahækkun á söluskatti fyrir nokkru, úr 19% í 20%, valda vaxandi verðbólgu hér innanlands og skapa nýtt verðþenslutímabil. Varla líður sá dagur að ekki komi tilkynning um margvíslegar verðhækkanir á brýnustu nauðsynjum er orsakast af gengisfellingunni. Landbúnaðarvörur voru hækkaðar um 12—20% 1. des. s. l., og einnig kom nýtt verð fram í marsbyrjun og varð sú hækkun einnig veruleg. Til að draga úr áhrifum þessarar hækkunar var ákveðið að auka niðurgreiðslu á vissum þýðingarmiklum flokkum landbúnaðarvara. Þótt lögin geri ráð fyrir launauppbót hjá þeim, sem minnst hafa, er sú upphæð bundin við hámarkstölu á mánuði eðlilega. Þessi upphæð hverfur því sem dögg fyrir sólu í verðbólgubálinu og láglaunafólkið er verr sett en áður og munu kjör þess, að því er best verður séð, nú vera svipuð og á árinu 1971. Hér er því um umtalsverða kjararýrnun að ræða. Þessari kjaraskerðingarstefnu núv. íhaldsstjórnar hefur verkalýðshreyfingin æ ofan í æ harðlega mótmælt.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um láglaunabætur til bænda. Vissulega munu margir bændur vel að því komnir að fá kjör sín bætt, en fullkomlega ósanngjarnt er að verðleggja landbúnaðarvörur með þessu álagi í útsölu til neytenda og leggja svo söluskatt ofan á þessar láglaunabætur. Þessi vinnubrögð eru að mínu mati með öllu óverjandi og hrein háðung fyrir þá er að þeim standa. Þetta sérálag í síðustu verðhækkun gerir 7.55 kr. í verðmyndun kindakjöts og síðan kemur söluskattur á þetta er nemur tæplega 1.50 kr. Samanlagt er þetta því rétt um 9 kr. í verðmynduninni. Með slíkri verðlagningu eru kjör láglaunafólksins beinlínis rýrð, hjá því fólki sem kaupa verður þessar afurðir. Ríkisstj. hefur hugsað sér að greiða þetta niður, en til þess þarf auðvitað auknar tekjur og staða ríkissjóðs nú er afar slæm eins og öllum er kunnugt og var það síðast tíundað mjög í dag á aðalfundi Seðlabankans. Talið er að niðurgreiðslur þurfi að vaxa úr fyrri tölum, sem voru rúmlega 3 milljarðar, og jafnvel fara yfir 4 milljarða á svonefndu ársgrundvallartímabili. Þrátt fyrir þetta næst ekki eðlileg kjara-

bót fyrir þetta fólk og því vil ég taka undir þær till. sem hv. þm. Ragnar Arnalds flytur á sérstöku þskj. til að mæta þessum erfiðleikum. Ég vænti þess að hv. þdm. skoði hug sinn mjög áður en þeir hafna þeim till., en tillögumaður hefur þegar gert grein fyrir þeim.

Það er staðreynd að talsmenn ríkisstj. eru að reyna að setja fram tölur um hlutfallslega góða hækkun eins og hægt er og verja þannig aðgerðir sínar, en það hrekkur ekki til. Á slíkum hlutfallstölum lifa menn ekki.

Í fjh.- og viðskn. komu fram í morgun nýjar till. fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega og þær sýndu nokkra hækkun frá því sem hafði verið gert ráð fyrir áður, og var það út af fyrir sig þakkarvert að menn skyldu viðurkenna rök okkar í stjórnarandstöðunni með því að viðurkenna nauðsyn á hærri bótum. En ég vil undirstrika að það er ekki nægilegt og því styð ég þær till., eins og ég sagði áðan, er fram koma á sérstöku þskj. frá hv. 5. þm. Norðurl. v.

Að öðru leyti skal ég ekki lengja ræðutímann með því að fjalla um þetta mál. Það er búið að vera svo lengi hér á döfinni að varla er ástæða til að orðlengja um það mikið. Þetta frv. er staðfesting á útgefnum brbl., eins og hv. þdm. er kunnugt, og átti á sínum tíma að hafa takmörkuð áhrif. En eins og frv. liggur nú fyrir er í raun og veru búið að setja fram nýtt frv. þar sem búið er að setja orðunum „o. fl.“ og einnig gefa ríkisstj. heimild, ef þetta verður samþ., að ákvarða nýja útlánavexti og margt fleira í því sambandi svo að hér hefur sannarlega á níu mánaða tímabilinu fæðst ormur og mun nú ekki veita af þriggja mánaða hvíld eftir þessar aðgerðir.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð einvörðungu í sambandi við ákv. til brb. Ég vil leggja áherslu á þýðingu þess að gerð sé könnun í þessum efnum af hálfu hins opinbera, eins og þar kemur fram. Erlendis hefur þetta verið unnið af því opinbera, en hér hafa þessar kannanir t. d. á málefnum barna einstæðra foreldra farið fram á vegum þeirra samtaka og einnig hafa kannanir á málefnum aldraðra farið fram t. d. á vegum Samtaka sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi, en aðeins hvað tölfræðilegar upplýsingar snertir. Þær kannanir sem gerðar hafa verið í okkar næstu nágrannalöndum og þar sem má segja að séu þó líkastir hættir og hér, hafa leitt margt fróðlegt í ljós.

Það mikilvægasta, sem hafa ber í huga í þessu sambandi, er að það er máske aðeins eitt sem aldraðir eiga sameiginlegt og það er hár aldur. Þarfir og viðhorf einstaklinganna eru mjög einstaklingsbundin og miðast við þeirra aðstæður í þjóðfélaginu og á þetta ekki síður við aldrað fólk en á yngri aldri. Með tilkomu ellilífeyris, sem miðaður er við 67 ára aldur og allir eiga rétt á, er hið opinbera að setja alla 67 ára og eldri í sama bás án tillits til þarfa og aðstæðna hvers einstaklings. Ellilífeyrisuppbæðin hlýtur því að vera mjög mikilvægur þáttur í afkomumöguleikum margra aldraðra og því vandmetið hversu há sú upphæð skuli vera er hið opinbera greiðir. Ég nefni tvö viðmiðunaratriði: 1. Einstaklingar, sem búa einir og verða að greiða alla þætti lífsviðurværis síns með ellilífeyri, hljóta að vera þeir sem eru verst settir. 2. Þar sem um hjón er að ræða sem þurfa að lifa eingöngu af ellilífeyri sínum verður að hafa eftirfarandi í huga: a) Oldruð hjón halda heimili sem er í flestum tilfellum dýrt, hvað húsnæði og upphitun varðar hérlendis. b) Kannanir erlendis benda til þess að minni líkur séu til þess að hjón búi hjá sínum nánustu en þar sem um einstakling er að ræða, þ. e. a. s. ef um einstakling er að ræða sem á sína ættingja á lífi, skyldmenni, börn, systkini o. fl., þá eru meiri líkur fyrir því að hann búi hjá þeim heldur en þegar um hjón er að ræða. Hér hef ég minnst á þau atriði sem telja má að séu dýrust fjárhagslega bæði fyrir einstaklinga, sem búa einir, og hjón, sem verða að lifa af ellilífeyri. Þegar rætt er um þá upphæð, sem ellilífeyrir til einstaklinga eða hjóna skuli nema, verður ekki hjá því komist að miða við einhvers konar meðaltalsreglu. En þá er á engan hátt hægt að treysta því að þörfum hvers og eins einstaklings sé fullnægt sem skyldi.

Í þessu sambandi er vert að undirstrika mikilvægi þess að þjónustufyrirkomulagið til handa öldruðum í heimahéruðum sé þannig úr garði gert að það mæti þörfum einstaklingsins í hverju tilviki á sem bestan hátt og komist verði þannig fram hjá öllu sem heitir meðaltalsregla. Auka verður sérlega þessa þjónustu í heimahéruðum. Nú er þetta mjög misjafnt hérlendis og fer að vissu leyti mjög eftir í fyrsta lagi áhuga viðkomandi sveitarstjórnaryfirvalda og í öðru lagi einnig eftir fjárhagslegri getu viðkomandi sveitarfélaga. Einnig þarf að bæta og auka í heimahéruðunum heimilishjálp handa öldruðum, heimahjúkrun. Aðstaða þarf að skapast til þess að hægt sé að senda heim máltíðir handa þeim sem ekki geta staðið í matargerð einir o. s. frv. Koma þarf upp vinnuaðstöðu þar sem aldraðir geta haft aðgang að vinnu við sitt hæfi, og þannig mætti lengi telja. Byggja þarf smáíbúðir við hæfi aldraðs fólks sem eru seldar eða leigðar við vægu verði.

Það er vissulega athyglisvert að þær kannanir, sem gerðar hafa verið hér, benda til þess að 10% af 67 ára og eldri íslendingum búi á stofnunum, miðað við það að í næsta nágrenni við okkur er þessi prósenta 5—6%. En það er það dýrasta sem um er að ræða að aldrað fólk þurfi að búa á stofnunum þó að vissulega verði í fjölmörgum tilvikum ekki fram hjá þessu komist.

Ég vildi aðeins, herra forseti, þó að frsm. hafi ítarlega drepið á þetta ásamt öðru varðandi aðrar greinar í sinni framsöguræðu, leggja ríka áherslu á það gildi, sem slíkar kannanir eins og hér er lagt til að gerðar verði geta haft. Landsmenn geta dregið lærdóm af þeim niðurstöðum, og það er hin mesta fjarstæða að halda að slíkar kannanir séu fjárhagslega ofviða. Þær margfalt borga sig í framkvæmd.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég vildi aðeins gera örstutta athugasemd vegna ummæla hv. 5. þm. Norðurl. v.

Það er alveg rétt að elli- og örorkulífeyrir að viðbættri tekjutryggingu hækkaði mjög mikið

í tíð fyrrv. stjórnar og var vissulega mikil þörf á því að slík hækkun yrði. Ég vil hins vegar mótmæla því að þessi hópur hafi verið sérstaklega hart leikinn að undanförnu. Eins og hann gat réttilega er erfitt að bera það saman að þessi lífeyrir hækki til jafns við framleiðslukostnað. Það, sem e. t. v. segir mest í þessu sambandi, er kaupmáttur þessara bóta, en það verður þó að taka slíkar tölur með miklum fyrirvara. Eins og ég gat um í framsögu var meðaltal kaupmáttar á árinu 1971 59.7 miðað við 100 1. jan. 1972, 96.4 að meðaltali á árinu 1972, 93.5 að meðaltali 1973, og 96.7 að meðaltali á árinu 1974. Á fjórða ársfjórðungi 1974 er þessi kaupmáttur 94.6 og með þeim breyt. sem nú eru bornar hér fram verður kaupmáttur einstaklinga 95.8 og hjóna 93.1. Ég tel því að það sé ekki rétt að það hafi verið gengið sérstaklega á hlut þessa fólks. Það er kannske rétt að geta þess að það er í reynd afskaplega erfitt að gera sér fulla grein fyrir þessum málum vegna þess, eins og áður hefur verið getið um, að það liggur ekki fyrir nein könnun á framfærslukostnaði þessa fólks. Það eru allar líkur fyrir því að eftir því sem þessar bætur hækka, þeim mun betur komist þetta fólk af vegna þess að neyslumynstur þess er allt annað en annarra þjóðfélagsþegna. Og svar við þessu fáum við því aðeins að það verði gerð ítarleg könnun á framfærslukostnaði þessa fólks og er vonandi að það verði gert þegar á þessu ári.

Ég vil aðeins geta þess í sambandi við skattafsláttinn að það var reiknað með í drögum að efnahagsmálafrv. að þessi útborgun yrði 20 þús. til einstaklinga og 30 þús. til hjóna, en ekki 36 þús. Það er alveg ljóst að það er mun betra og kemur mun betur út, sérstaklega til hinna tekjulægri, að sameina allar þessar upphæðir. Það hefur verið gert allt of mikið af því á undanförnum árum að ívilna í tekjuskatti, og þá má nefna sem dæmi tekjuskatt aldraðs fólks. Sú ívilnun hefur eingöngu komið til þeirra sem hafa haft tekjur til þess að geta notað þá ívilnun. Með því að fara út á þá braut að hætta slíkum ívilnunum og greiða þær frekar út, sameina slíkar ívilnanir í tekjutryggingunni, þá verður skipting á því fjármagni sem er þannig til ráðstöfunar, mun réttlátari. Ég tel að það hafi alls ekki verið gerð nein tilraun til þess af hálfu meiri hl. til að láta svo líta út að þessar upphæðir væru ekki með í þessum tölum og það er sérstaklega gerð grein fyrir því, hvað þessi upphæð er mikil, á sérstöku fskj. Það er hins vegar alveg ljóst að þessar upphæðir eru 20 þús. til einstaklings og 30 þús. til hjóna. Það var gert ráð fyrir að þetta kostaði ríkissjóð við skattalagabreyt. um 210 millj. kr. Hins vegar er ekki alveg víst hvað þetta muni kosta í þessu formi, en þó er alveg ljóst að það verður ekki lægri tala. Það hefur verið upplýst af Þjóðhagsstofnun að það muni verða á bilinu 210—230 millj. kr. sem þessi framkvæmd kostar, en þá er gert ráð fyrir 210 millj. þegar rætt var um það að greiða þetta út í formi skattafsláttar.

ATKVGR.

Brtt. 620,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 620,1.b samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 620,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 620,3 (ný 4. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 620,4 (5. gr. falli niður) samþ. með 13:2 atkv.
Brtt 620,5 (ný 6. gr., verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 622,1 felld með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HFS, JÁH, RA, StJ, EggÞ.
nei: HÁ, ÓÓl, JGS, OÓ, StgrH, StG, AG, AJ, ÁB, EÁ, ÞK.
4 þm. (GeirG, GH, IT, JÁ) fjarstaddir.
Brtt. 620,6 (ný 7. gr., verður 6. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 622,2 felld með 11:5 atkv.
Brtt. 620,7 (ný 8. gr., verður 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 620,8 (ný 9. gr., verður 8. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt 620,9 (ný 10. gr., verður 9. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. á þskj. 620,10 samþ. með 16 shlj. atkv.
11. gr., (verður 10. gr.), svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 620,11 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
12 gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 622,3 felld með 11:5 atkv.
13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. á þskj. 620,12 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. á þskj. 620,13 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 545, n. 629 og 617). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 72 frá 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Á nefndarfundi mætti Davíð Ólafsson seðlabankastjóri. Eins og fram kemur í nál. mælir n. með samþykkt frv., en tveir nm., JÁH og StJ, gera sérstaklega grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nál. JGS var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Í gildandi l. er sú kvöð sett á Seðlabanka Íslands að verðtryggja innstæðu í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Má segja að sú kvöð sé framkvæmanleg ef gjaldeyriseign Seðlabankans er nægilega mikil til þess að gengishagnaður bankans verði það mikill að hann hrökkvi til. Svo hefur verið þar til við gengisfellinguna í ágústlok s. l. Þá var það ekki og er frv. þetta raunar fram komið í framhaldi af því. Með því er kvöðin um fullkomna gengistryggingu raunar færð yfir á ríkissjóð, en Seðlabankanum hins vegar heimilað að ávaxta fé Verðjöfnunarsjóðs með verðtryggingu eða gengistryggingu til út-

lána hér á landi og tryggja þannig fjármagn hans að þessu leyti, en til viðbótar, ef gengishagnaður bankans hrekkur til að bæta tjón það sem Verðjöfnunarsjóður kann engu að síður að verða fyrir við gengisfellingu. Hins vegar ef þetta hvort tveggja hrekkur ekki til er sú kvöð lögð á ríkissjóð að bæta það sem á vantar.

Ég hygg að í hugum margra sé Verðjöfnunarsjóðurinn tryggður þannig að hann liggi í erlendum gjaldeyri í erlendum banka og væri þannig að sjálfsögðu fengin full gengistrygging. Svo er hins vegar ekki og kannske ekki eðlilegt þegar gjaldeyrisskortur er. Yrði þá að taka erlend lán sem því næmi til viðbótar fyrir þeim þörfum okkar sem fullnægja þarf með erlendum gjaldeyri. Því má segja að þessi hugsun sé kannske barnaleg og seðlabankastjórinn upplýsti að slíkt kæmi ekki til greina. Þó verð ég að viðurkenna að í mínum huga hefur þetta fjármagn í Verðjöfnunarsjóðnum verið fjármagn sem tekið er úr umferð og væri þá ekki illa geymt og ekki illa gengistryggt á þennan máta sem ég hef nú lýst. Með tilvísun til þess, að það er ekki talið framkvæmanlegt, er að sjálfsögðu nauðsynlegt að ganga þannig frá málum, að Verðjöfnunarsjóðurinn sé að fullu tryggður. En Seðlabankinn getur að sjálfsögðu ekki lagt til það fjármagn sem þarna vantar ef tekjur bankans af erlendum gjaldeyri hrökkva ekki til.

Þetta er því leiðrétting, eins og ég sagði, og ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Þetta er rakið í aths. við lagafrv. og ég endurtek að n. mælir með því að það verði samþ.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá talsmanni meiri hl. skiluðum við tveir þm. StJ og ég, sérnál. á þskj. 617 og mun ég nú lesa það upp.

Með löggjöf um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins var lögð sú kvöð á alla aðila í sjávarútvegi að geyma eftir atvikum hluta af verðhækkun sem kæmi fram yfir ákveðna viðmiðun. Með þessu móti skyldi reyna að hamla á móti áhrifum verðsveiflna á sjávarafurðum. Í 1. gr. laga um sjóðinn segir: „Hlutverk sjóðsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins.“ Með þessu móti var lögð sérstök kvöð umfram aðra aðila þjóðfélagsins á alla þátttakendur í sjávarútvegi í þeim tilgangi að hefta verðbólguþróun. Þeim var sem sagt gert að skyldu að afsala sér hluta tekna sinna og geyma um óákveðinn tíma. Í raun þýddi þetta að ekki var skilað öllum gjaldeyri til framleiðenda eða þjóðarbúsins fyrir seldar afurðir. Það, sem haldið var eftir, átti að varðveita í Seðlabanka Íslands. Í 2. gr. l. er kveðið nánar á um hvernig með skuli fara það fé sem geymt er. Þar segir: „Verði breyting á gengi ísl. kr. skal fé sjóðsins umreiknast til hækkunar eða lækkunar eftir því sem við á í samræmi við gengisbreyt., að því leyti sem það kann að vera ávaxtað í ísl. kr.“

Hér er komið að efni þessa frv. Eins og l. gera ráð fyrir má ætla að stór hluti sjóðsins eða jafnvel allt fé hans sé geymt í erlendri mynt og varðveitt þannig. Þetta er tilgangur l. svo að ekki komi til verðrýrnunar vegna gengisfalls á ísl. kr. Ef allt væri með felldu í búskap okkar og Seðlabankinn ætti jafnan eitthvað af erlendum gjaldeyri sýndist réttmætt að eign Verðjöfnunarsjóðs væri varðveitt eingöngu sem hreint geymslufé í erlendri mynt og þá sem hreinn varasjóður fyrir sjávarútveginn eins og upphaflega var til ætlast En svo ömurlega hefur tekist til að við síðustu gengisfellingu reyndist eign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri svo örsmá að bankinn getur ekki staðið við gengistrygginguna og því er þetta frv. flutt til þess að losa hann undan skyldum sínni og koma tapinu yfir á ríkissjóð. Það hefur sem sé komið í ljós að búið var að lána þetta fé út í raun og auka þar með á verðbólguna þvert ofan í tilgang laganna. Eins og oft áður verður svo ríkissjóður að hlaupa undir bagga og hann skal bjarga þótt rýr sé, og veit enginn hve miklu er hér á hann ávísað gagnvart framtíðinni. Þetta kann að vera óhjákvæmilegt miðað við ríkjandi ástand, en er ömurlegt tákn um stjórnlaust efnahagsástand.

Einnig er í þessu frv. sett inn nýtt ákvæði sem er þó í heimildarformi, en það kveður svo á að eftirleiðis megi lána bönkum og öðrum sjóðum fé á vegum Verðjöfnunarsjóðs hér innanlands með allt að 100% gengisáhættu. Gera má ráð fyrir að þetta sé nauðsynlegt og ætti að tryggja eign sjóðsins í íslenskum kr. talið. En varla verður fýsilegt fyrir atvinnulífið að taka slík lán ef höfð er í huga tíðni gengisfellinga á s. l. árum og hin geigvænlega verðrýrnun ísl. kr.

Þetta frv. er talið eiga rétt á sér þar sem ekki hefur reynst unnt að varðveita inneign Verðjöfnunarsjóðs sérstaklega í erlendum gjaldeyri og ráðstafa eingöngu í beinu sambandi við verðsveiflur á sjávarafurðum okkar sem þó var upphaflegur tilgangur l. um sjóðinn.

Við undirritaðir höfum hér að framan gert grein fyrir skoðunum okkar á þessu máli. En með hliðsjón af því að staðreynd er að gjaldeyrissjóðir okkar eru uppétnir munum við ekki greiða atkv. gegn frv., en það verður að koma í hlut stjórnarflokkanna að bera ábyrgð á þróun þessara mála.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 513, n. 626, 627). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um Viðlagatryggingu Íslands. Hæstv. heilbrrh. hefur nýlega í þessari d. lýst hlutverki og tilgangi þessa merka frv. og ætla ég því ekki að gera nánari grein fyrir því hér.

N. kemst að þeirri niðurstöðu að hún mælir með samþykkt frv. með þeirri breyt. er hún flytur till. um á sérstöku þskj. Hún er við 2. gr. frv. og hljóðar þannig:

„2. gr. orðist svo: Stjórn stofnunarinnar skulu skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af Sþ., einn valinn af þeim vátryggingafélögum sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. 8. gr., en trmrh. skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn.“

Breyt. er þar af leiðandi sú að í upphafi frv. var lagt til að tveir skyldu kosnir af Sþ., einn valinn af vátryggingafélögum, en tveir af trmrh., en með þessari breyt. yrðu þrír kosnir af Sþ., einn valinn af vátryggingafélögum og einn valinn af trmrh. og skal hann vera formaður.

Við höfðum aðeins stuttan tíma til athugunar á þessu frv., en þar sem hér er um gagnmerkt nýmæli að ræða og sem allmikinn undirbúning þarf til þess að þessi trygging komist í framkvæmd vildum við fyrir okkar leyti reyna að hraða því að þetta mál gæti komist í gegnum Alþ.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði á varðandi samþykki mitt við þetta frv.

Ég lýsti því yfir þegar við 1. umr. þess að ég styddi heilum huga meginefni þessa frv., og ég taldi þá og tel að þarna sé hreyft mjög ágætu máli og þörfu. Ég kemst þó ekki hjá því, þrátt fyrir það að við séum sammála um þetta mál sem brýnt og nauðsynlegt, að átelja nokkuð þann flýti sem er hafður á afgreiðslu þess. Ég hélt satt að segja að það væri ekkert sem mælti sérstaklega með því að málið yrði endilega afgr. nú, það væri nóg að samþ. það í byrjun næsta þings. Ég leit svo á að Viðlagasjóður, sem starfar út þetta ár, kæmi hér inn í, ef einstök tilfelli bæri að, og tæki þau á sig með því sérstaka ákvæði sem þar er og á að tryggja flest það sem Viðlagatrygging Íslands á að taka að sér. Ég taldi við 1. umr. að það hefði þurft að athuga stöðu Bjargráðasjóðs í leiðinni. Það hefði þurft að kanna mörkin á milli Bjargráðasjóðs og Viðlagatryggingarinnar, þurft að samræma hvort tveggja kjör og bætur, og það kom reyndar fram í heilbr.- og trn. frá fleirum en mér að þeir töldu þetta nauðsynlegt og æskilegt. Hins vegar vil ég á engan hátt verða til þess að það verði hægt að segja að ég setji fót fyrir þetta mál.

Við 1. umr. benti ég einnig á það að ég teldi æskilegt að annar háttur yrði hafður á að nokkru um stjórn þessarar Viðlagatryggingar. Þar hefur verið komið til móts við mínar óskir. Ég get sætt mig við þær breyt. sem þarna hafa verið á gerðar. Ég tel þó enn að í stað þess að tryggingafélögin tilnefndu þarna einn fulltrúa hefði hann einnig átt að vera kjörinn af Sþ.

Ég hygg að í þessu máli getum við öll verið sammála um það að stjórn þessarar Viðlagatryggingar eigi að hafa sem víðasta yfirsýn. Hér getur vissulega orðið um viðkvæma úthlutun að ræða einhvern tíma. Við vonum að sú úthlutun verði sem allra minnst vitanlega. Þrátt fyrir það held ég að það sé nauðsynlegt að sem víðtækust samstaða allra sé um það þegar þar að kemur og ef þar að kemur.

Ég sem sagt tel örlítið miður að þessu máli skuli svo flýtt, sérstaklega með tilliti til þess að ég hefði talið eðlilegt og æskilegt að aðrir þættir hefðu verið skoðaðir, og veit að hæstv. ráðh. er einnig á því að það þurfi að athuga vel jafnframt þessu stöðu Bjargráðasjóðs og samræma þar á milli. Með tilliti til þess og einnig þess hve mikla áherslu hæstv. ráðh. leggur á að koma þessu frv. í gegn, þá get ég stutt það, en tek fram að hér hefur ekki gefist nægilegur tími að mínu viti til þess að skoða málið svo sem vert hefði verið.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Um leið og ég stend upp til að lýsa stuðningi mínum við þetta mál vil ég nota tækifærið að koma á framfæri tveimur athugasemdum.

Önnur er í svipuðum dúr og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég hefði talið mjög æskilegt að samræma ákvæði þessa frv. betur en gert hefur verið reglum um Bjargráðasjóð, og vona ég að það verði gert.

Hin athugasemdin er annars eðlis. Ég vil vekja athygli á því að í íslenskum skipulagslögum mun ekki vera ákvæði sem heimila skipulagsyfirvöldum að banna byggingar á ákveðnum hættusvæðum. Þetta tel ég mjög mikinn galla og mikil spurning hvort ekki hefði átt að setja slíka heimild í lög um leið og frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands er afgr. Ég vil geta þess, að á mjög fróðlegum fyrirlestrum og fundum sem ég sat með svissneskum prófessor, sem er meðal fróðustu manna um snjóflóðahættu, kom fram að svisslendingar hafa í flestum, ef ekki öllum sínum fylkjum eða kantónum sett í lög heimild fyrir skipulagsyfirvöld að banna íbúðarbyggingar á svæðum þar sem snjóflóðahætta er talin vera eitt snjóflóð á 300 árum. Og skólar og sjúkrahús eru alls ekki leyfðir á svæðum, þar sem nokkur snjóflóðahætta er talin.

Við íslendingar höfum því miður ekki tekið þessi mál eins föstum tökum og skyldi. Nú er það í undirbúningi bæði á vegum Almannavarna og fleiri aðila. M. a. hefur Rannsóknaráð ríkisins sett á fót n. til að skipuleggja rannsóknastarfsemi á þessu sviði, og mönnum hefur orðið ljóst nú upp á síðkastið, ekki síst í sambandi við þessa heimsókn, að mjög margt er hér í þessu sambandi á annan veg en skyldi. Þar er mikið verk að vinna og miklar rannsóknir þarf að framkvæma og athuganir á þeim stöðum landsins, þar sem hætta er fyrir hendi. Í mörgum tilfellum má koma í veg fyrir eða a. m. k. mjög draga úr skaða snjóflóða með ákveðnum aðgerðum byggingarlegs eðlis, en í ýmsum tilfellum er ég sannfærður um að rétt er að fara fremur þá leið sem t. d. svisslendingar gera og ég nefndi áðan, að leyfa ekki byggingar. Á þessu vildi ég vekja athygli nú þegar við umr. um þetta frv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er nú eiginlega trmrh. sem ætlaði að tala í þessu máli, en það skiptir nú ekki höfuðmáli. Ég vil þakka n. fyrir mjög fljóta afgreiðslu og

góða á þessu máli, og ég get alveg tekið undir þá gagnrýni hv. 7. landsk. þm. að e. t. v. er lögð á það nokkuð mikil pressa að afgr. þetta frv. hér. En það er skoðun þeirra manna, sem stóðu að því að semja frv. og voru í þessari n., að það sé nauðsynlegt að hafa nokkuð langan tíma til undirbúnings og þess vegna lagði ég og legg áherslu á að frv. verði lögfest á þessu þingi.

Það er eins með þetta frv., ef það verður að lögum, eins og önnur að það má auðvitað gera á þeim breyt. hvenær sem er ef kemur í ljós að nauðsynlegt er að gera breytingar.

Í sambandi við ábendingu hv. 2. þm. Vestf., seinni ábendinguna um að það væri rétt að setja inn í þetta frv. ákvæði sem jafnvel kæmi í veg fyrir að mannvirki yrðu reist á hættulegum stöðum, þá kom þetta mál mjög til umr. á milli mín og nm., en ég hygg að ég megi segja það að það var shlj. álit þeirra að þessi ákvæði ættu heima í skipulagslögum. Er nú búið að semja frv. á vegum félmrh. til nýrra skipulagslaga sem ég tel öruggt að verði lagt fyrir Alþ. á komandi hausti.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en endurtek þakkir mínar til n. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 627 (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
3.—23. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 546, n. 618 og 630). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. afgr. þetta mál á svipaðan máta og 264. mál og ég lýsti hér áðan. Nm. eru sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. óbreytts, en tveir nm., Jón Árm. Héðinsson og Stefán Jónsson, gerðu sérstaka grein fyrir afstöðu sinni. Jón G. Sólnes var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Eins og fram kemur í fyrirsögn frv. og aths. er hér um að ræða breyt. á lögum nr. 78/1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi ísl. krónu, þ. e. gengisfellingin frá 29. ágúst 1974. Í þeim lögum var gert ráð fyrir því að ráðstafa nokkrum hluta af gengishagnaðinum til þess að gengisbæta Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Á því var þá vakin athygli að þetta orkaði tvímælis og hygg ég að þetta hafi ekki verið í samræmi við lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins frá 1969 sem ég gerði grein fyrir í sambandi við 264. mál. Er í þeim lögum sú kvöð sett á Seðlabanka Íslands að gengistryggja þann sjóð. Hér er því nánast um leiðréttingu á þessum lögum nr. 78 frá 1974 að ræða. Er þar felldur niður b-liður, eins og fram kemur í aths. og er hér verið að staðfesta það sem varð í raun.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Eins og frsm. meiri hl. drap á eru menn eðlilega samþykkir því að þetta frv. nái fram að ganga. En við tveir í n., Stefán Jónsson, hv. þm., og ég, gerum grein fyrir afstöðu okkar í sérstöku nál. á þskj. 618.

Með þessu frv. er ríkisstj. að viðurkenna að hún hafi haft rangt fyrir sér og raunar ekki verið unnt, nema breyta um leið lögum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, er hún lagði til í frv. um ráðstöfun á gengishagnaði vegna gengisbreyt. frá 29. ágúst s. l. að taka um 400 millj. af væntanlegum gengismun og verðbæta þannig inneign í Verðjöfnunarsjóðnum. Þessi fyrirætlan var lögfest þrátt fyrir harða gagnrýni hér á hv. Alþ. og einnig gegn mjög ákveðnum mótmælum frá öllum aðilum sjávarútvegsins. En hæstv. ríkisstj. virti allt þetta að vettugi og fór sínu fram um skeið. En nú eftir marga mánuði þóknast þeim háu herrum að leiðrétta misferlið og skila aftur til Verðjöfnunarsjóðsins réttmætri eign sinni.

Það er látið í veðri vaka að vegna þess, hve staða sjávarútvegsins var slæm og aðstoð við hann brýn, sé þetta gert nú. En þrátt fyrir tvær gengisfellingar með stuttu millibili, sem sagt er að gerðar séu til þess að bjarga við stöðu sjávarútvegsins, er meira öngþveiti ríkjandi nú en nokkru sinni. Allur stærri togaraflotinn liggur bundinn í verkfalli og rekstrarmöguleikar fyrir þá gerð skipa virðast lengra undan en áður. Það er engu líkara en ráðamenn hafi gleymt því eða ekki hugað að því að hvert þessara nýju skipa var keypt fyrir erlent lánsfé, jafnvel allt að 90% kaupverðs. Gengisfelling var því ekki lausnarleið fyrir þennan þátt í sjávarútveginum. Það mun vera sjaldgæft að allir aðilar innan raða sjávarútvegsins telji rangt að fella gengið, eins og gert var í febr. s. l. Þrátt fyrir þetta heldur hæstv. ríkisstj. sína leið með þeim afleiðingum er alþjóð er nú kunnugt um. Til þess að halda uppi sæmilegum lífskjörum í landinu höfum við orðið að þiggja hvert lánið á fætur öðru erlendis frá svo að við gætum keypt lífsnauðsynjar og var það sannarlega staðfest í dag með ræðu Seðlabankastjórans á aðalfundi bankans fyrir hádegi. Þessi efnahagsstefna stefnir beint í steinvegginn.

Undirritaðir hafa fyrirvara um afgreiðslu þessa frv. Þar sem það er fram komið vegna fyrri mistaka ríkisstj. verður hún ein og stuðningsmenn hennar að bera ábyrgð á mistökum sínum.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er ekki rétt hjá hv. 1. landsk. þm. að það sé nú fyrst verið að leiðrétta það sem gert var með samþykkt laganna um mánaðamótin ágúst-september um ráðstafanir Seðlabanka Íslands vegna breytts gengis á ísl. krónunni því að strax dagana á eftir kom í ljós að það gæti engan veginn gengið að taka samkv. b-lið þessarar gr. 400 millj. kr. af gengishagnaði til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Innan ríkisstj. tók ég það mál upp strax, og ríkisstj. féllst á þann skilning minn að þetta yrði fellt niður. Með tilliti til þess voru gefin út brbl. um ráðstafanir í sjávarútvegi í septembermánuði. Þau brbl. voru staðfest hér á hv. Alþ. í des. Þar er þessum 400 millj. kr. úthlutað sem

gengishagnaði. Hins vegar er rétt að breytingin á lögunum frá því í ágústlok er ekki flutt fyrr en nú, en þetta eru fjármunir sem búið er að ráðstafa, en verður auðvitað að nema úr fyrri lögum. Yfirlýsing ríkisstj. var gefin eftir örskamman tíma frá því að genginu var breytt um mánaðamótin ágúst-september. — Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram til þess að ekki gætti þarna misskilnings.

Jón Árnason: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál vil ég segja það, að ég man ekki eftir þeirri hörðu andstöðu frá stjórnarandstöðunni í sambandi við þá samþykkt sem hér var gerð við gengisbreytinguna 29. ágúst s. l. Ég held að það hafi farið ákaflega lítið fyrir þeirri andstöðu vegna þess að það virtist svo að þetta ákvæði hefði farið fram hjá flestum þm. Það, sem hér er verið að gera er að það er verið að leysa Seðlabankann undan þeirri kvöð sem hann hefur haft frá því 1969, þegar lögin voru samþ., varðandi þetta ákvæði um Verðjöfnunarsjóðinn. Forsendan fyrir því, að þetta lagaákvæði var látið taka gildi á sínum tíma, er sú að Verðjöfnunarsjóðurinn verður alltaf að vera fyrir hendi. Það getur hvenær sem er komið til þess að til hans verði að grípa, og þá er sjálfsagt að verðgildi sjóðsins sé tryggt eins og unnt er í sambandi við gengisbreytingar sem verða. Þetta eru peningar sem Seðlabankinn hefur til ráðstöfunar og geymslu, og það er þá þeirra, sem taka þetta fé til ráðstöfunar, að ákveða um að nota peningana með þeim skilmálum sem hér var um að ræða í sambandi við þetta ákvæði varðandi gengistrygginguna. Ég tel að það hafi verið alveg rétt og sjálfsagt að setja þetta lagaákvæði eins og gert var á sínum tíma.

Það kann vel að vera að það sé af ýmsum öðrum ástæðum rétt að það verði ríkissjóður sem hér verði ábyrgur, en ekki Seðlabankinn. Þegar harðnar á dalnum eins og nú hefur átt sér stað um gjaldeyrisvarasjóð þjóðarinnar og það hefur orðið að eyða honum öllum og meira en það, eins og átti sér stað þegar gengisbreytingin seinni kom til framkvæmda, þá má venjulega segja að staðan í gjaldeyrismálum þjóðarinnar sé þannig þegar gripið er til gengisfellingar, að þá eru uppurnir allir gjaldeyrissjóðir sem um er að ræða.

Ég tel að það sé alls ekki rétt, sem hv. 1. landsk. hélt hér fram áðan, að ríkisstj. þurfi að vera að bæta fyrir einhverja vitleysu sem hún hafi gert í þessu sambandi. Það er alls ekki. Það er verið að koma hér á leiðréttingu í þessu máli. Og ég endurtek það að ég minnist ekki þeirrar hörðu andstöðu sem þm. talaði hér um í sambandi við afgreiðslu málsins 29. ágúst þegar gengisbreytingin átti sér þá stað.

Ég tel svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð og þá fyrst og fremst vegna ræðu síðasta hv. ræðumanns, Jóns Árnasonar, 2. þm. Vesturl.

Ef hv. þm. Jón Árnason minnist ekki harðrar andstöðu gegn gengisbreytingunni, þá er það illa farið. Ef hann hefði orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að verða hennar var á sínum tíma, þá má vel vera að hann hefði lagt sitt af mörkum til þess að koma í veg fyrir hana með þeim afleiðingum sem nú blasa við okkur.

Hér er vissulega verið að leiðrétta misferli af hálfu ríkisstj. og væri vissulega tími til kominn og fullkomin ástæða til að Alþ. gerði ráðstafanir til þess að leiðrétta fleiri mistök af hálfu ríkisstj. í sambandi við stöðu sjávarútvegsins. Má e. t. v. til sanns vegar færa að meiri þörf væri á því fyrir hv. Alþ. að gera ráðstafanir til þess að bæta gjaldeyrisstöðu okkar, bæta stöðu sjávarútvegsins og sjóða sjávarútvegsins með því að koma út til fiskveiða nær þremur tugum stórra nýtiskutogara, sem nú eru bundnir við bryggju, heldur en að þurfa að eyða tíma í að ræða svona innra brask með bókfæsluatriði í sambandi við tóma gjaldeyrisvarasjóði okkar. Sannleikurinn er sá að þegar rætt er um tóma gjaldeyrissjóði, þá er það náttúrlega reginhneyksli að Alþ. skuli ræða önnur mál en stöðu stóru togaranna í dag sem bundnir eru við bryggju í staðinn fyrir að vera að afla okkur gjaldeyris.

Frsm. minni hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég man ekki nákvæmlega hvaða dag það var, en útvegsmenn á Suðurnesjum boðuðu þm. Reykn. til fundar við sig nokkru eftir gengisfellinguna. Það mun sennilega hafa verið fyrri hluta sept. Þá í fyrsta skipti heyrði ég að 1. þm. Reykn., núv. hæstv. fjmrh., lofaði því að vera því jákvæður, sem hann hefur staðið við, að umrædd tala, hvort hún væri rétt undir eða yfir 400 millj., skyldi ekki reiknuð inn eins og var gert ráð fyrir á sínum tíma í sambandi við gengisfellinguna og gefið var út í sambandi við brbl. sem voru sett 20. sept., nærri mánuði eftir að gengisfellingin átti sér stað. Þetta var í fyrsta skipti sem maður heyrði undanlát vegna gagnrýni stjórnarandstöðunnar, hvort sem við viljum kalla hana harða eða ekki. Ég hélt að það væri ekkert hlustað á það sem við erum að segja í stjórnarandstöðunni hér um eitt eða annað. Aðferðin var ákvaðin fyrir því og það var ekkert hlustað á stjórnarandstöðuna. Það átti að borga á tvo vegu, í tvær áttir með sömu krónunum, og hefur engum manni tekist hingað til að framkvæma slíkt. Það er það sem við erum að minna á hér og er viðurkennt með þessu frv. Það var ekki hægt. Spurningin um nokkra daga til eða frá skiptir ekki meginmáli.

Auðvitað er það rétt hjá hæstv. ráðh. að það er í sjálfu sér langt síðan þetta var staðreynd, að peningarnir voru dregnir til baka, þó að frv. sé nú fyrst lagt fram sem endanlega innsiglar þessa gjörð. Það er rétt að ekki var unnt að framfylgja því nema breyta lögum um Verðjöfnunarsjóðinn, eins og ég drap á í nál., vegna þess að hann átti að vera gengistryggður og hafði verið — eins og fram kom við afgreiðslu annars frv. um lagabreyt. á Verðjöfnunarsjóðnum — reiknaður upp og niður eftir hreyfingu á gengi íslenskrar krónu gegnvart erlendri mynt.

Það fer ekkert á milli mála að sú hugsun, sem kom fram í frv., 9. máli hér á sumarþinginu, gat ekki staðist. Þess vegna er lagt til að b-liður

2. gr. sé felldur úr lögum. Hann átti enga stoð í lögum. Það var ekki hægt að framkvæma það — það sáu menn við rólega athugun — nema breyta öðrum lögum samtímis. Um þetta þarf ekki að deila. En ég get alveg samþ. skoðun hæstv. ráðh. um, að það leið ekki langur tími áður en hæstv. ríkisstj. áttaði sig á því að hér voru mistök á ferðinni, en það varð vegna gagnrýni bæði hér á Alþ. og utan Alþ. Það er hægt að fletta upp nægum pappírum til að sjá það. Það er ekki ástæða til að biðja um fundarhlé til þess að geta vitnað í slíka pappíra, því að ég hef hér hluta af þeim í hendinni sem staðfesta það. En þetta er ekki það alvarlegt mál að við eigum að þurfa að karpa um það lengi. Stareyndin er að þessu fé varð ekki úthlutað í tvær áttir samtímis.

Jón Árnason: Aðeins örfá orð, herra forseti. Það er út af ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. þar sem hann talaði um sína hörðu andstöðu í sambandi við gengisbreytinguna sem varð 29. ágúst. Það er alveg rétt. Í sambandi við gengisbreytinguna var hörð andstaða af hálfu stjórnarandstöðunnar. En það var ekki það mál sem við vorum að tala um. Það voru lögin sem komu í kjölfarið á gengisbreyt., það er um ráðstöfun á gengishagnaðinum, það er allt annað mál og það er það mál sem við erum að tala um í dag. Og það var hvorki hv. 1. landsk. þm. né aðrir í stjórnarandstöðu sem höfðu opin augun fyrir þessu á þeim tíma. Það var hæstv. sjútvrh. sem gekk strax í það eftir að þessi lög voru samþ. að láta þetta ekki koma til framkvæmda á þann hátt sem ákvæði var um í lögunum varðandi þessar 400 millj. Hér er um tvö mál að ræða.

Ég held því fram — þó að hv. 1. landsk. segi að við hlustum ekki alltaf á þá — að ég minnist þess ekki, þó að ég hafi verið hér yfirleitt í d. þegar þessi mál hafa verið rædd, að það hafi verið hörð andstaða hjá stjórnarandstöðunni varðandi þetta atriði, ráðstöfun á gengishagnaðinum. Það kann að vera við nána eftirgrennslan og leit í ræðum þeirra frá þessum tíma að það komi skýrt í ljós að það sé rétt sem þeir halda hér fram, og þá er sjálfsagt að hafa það sem sannara reynist.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Félagsráðgjöf, frv. (þskj. 402, n. 624, 625). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um félagsráðgjöf. N. kallaði til sín forstöðumann félagsfræðideildar Háskólans og fékk um frv. umsagnir. Að vandlega athuguðu máli taldi n. að rétt væri að leggja til að 1. og 3. gr. frv. yrði breytt og leggur þess vegna fram svohljóðandi brtt.:

Í fyrsta lagi: „1. gr. orðist svo:

Rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn, sem til þess hefur leyfi heilbrrh.“

Nú hljóðar greinin svo: „Rétt til að stunda félagsráðgjöf hér á landi og kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn sem til þess hefur fengið leyfi heilbrrh.“

Það hefur komið í ljós að allmargir aðilar stunda félagsráðgjöf hér á landi og svo mun verða lengi enn: Læknar, hjúkrunarkonur, sálfræðingar og margir fleiri aðilar verða að stunda félagsráðgjöf, og þar til starfssvið félagsráðgjafa hefur verið skilgreint betur en nú er gert, er ekki talið unnt að hafa 1. gr. óbreytta.

Í öðru lagi leggur n. til, að 3. gr. verði breytt og orðist svo:

„Takmörkuð eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. Slík réttindi má því aðeins veita að fyrir liggi meðmæli þeirrar stofnunar sem umsækjandi vinnur hjá. Jafnframt skal leita umsagnar Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.“ Þetta er aðeins orðalagsbreyt., til samræmis við breyt. við 1. gr.

Þannig breytt leggur n. til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 625,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 625,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Mörk Reykjavíkur og Kópavogs, frv. (þskj. 553, n. 591). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að tala langt mál fyrir því frv. sem hér er til meðferðar, það skýrir sig sjálft. Hv. félmn. þessarar d. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og kemur fram í nál. á þskj. 591. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Seingrímur Hermannsson, Ólafur Ólafsson og Eggert G. Þorsteinsson.

Aðalefni frv. er að það verði breyt. á lögsagnarmörkum Reykjavíkur og Kópavogs, sem er fyrst og fremst afleiðing hinnar nýju Reykjanesbrautar. Með tilkomu hennar þótti eðlilegt og sjálfsögð ráðstöfun að land vestan hennar úr Breiðholtslandi skyldi tilheyra Kópavogi og vera í lögsögu hans. Á sama hátt lá það enn fremur betur við að byggja lengra suður frá Breiðholtinu suður í Fífuhvammsland heldur en mörk þessara jarða sögðu til um. Með tilliti til þessa var það samkomulag gert sem vitnað er til í frv. og þau makaskipti gerð sem þar eru tilgreind: í öðru tilvikinu 30.6 hektarar og í hinu tilvikinu 33.7 hektarar eða svo gott sem jafnar landspildur. En þetta var hagkvæmnisatriði fyrir báða kaupstaðina.

Ég vil, herra forseti, leyfa mér að flytja nú skriflega brtt. við fyrirsögn frv. og fá leitað afbrigða fyrir henni. N. mælir með samþykkt frv. eins og ég hef áður lýst. En ég legg til að

fyrirsögn frv. breytist og verði þannig: „Frv. til l. um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs“ — í staðinn fyrir: um breyt. á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs. Þá eru strax í upphafi tekin af öll tvímæli að þarna er um að ræða breyt. á lögsagnarmörkum. Það mun vera venja, eins og sést ef flett er upp í lögum frá Alþ. um skipti eða breytingu á lögsagnarmörkum sveitarfélaga, að þá er það ávallt tekið fram í fyrirsögn. — Ég hef þessi orð ekki fleiri, en legg þessa brtt. fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 641) samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 641 (ný fyrirsögn) samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka, frv. (þskj. 130, n. 582). — Frh. 2. umr.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri n., sem fékk þetta mál til meðferðar og ég er mjög sammála flm. um nauðsyn þess að efla þá starfsemi sem geri það að verkum að draga úr drykkjusýki í landinu. Þetta frv. er fyrst og fremst flutt af þeim orsökum að Gæsluvistarsjóður hefur ekki reynst þess megnugur að gegna hlutverki sínu. Ég tel eðlilegt að Gæsluvistarsjóður verði efldur og honum gert kleift að gegna hlutverki sínu og tel varhugavert að dreifa kröftunum mjög mikið í þessu sambandi, stofna nýja og nýja sjóði. Hitt er svo annað mál, að ég tel að það sé mjög gott og þarflegt að þetta mál hefur komið hér fram. Það hefur komið í ljós að það er eindreginn vilji alþm. að efld verði sú starfsemi sem miðar að því að koma í veg fyrir drykkjusýki. Ætti það að vera nægilegt til þess að tekið verði tillit til þess við afgreiðslu næstu fjárlaga. Það hefur komið mjög eindregið fram hér að menn eru sammála um það. En þar sem ég tel að það sé ekki rétt að dreifa kröftunum um of mun ég sitja hjá við atkvgr., en vil ekki hindra framgang málsins.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég gerði á sínum tíma hér á hv. Alþ. ítrekaðar tilraunir til þess að efla Gæsluvistarsjóð og lagði fram frv. oftar en einu sinni um að fjármagn Gæsluvistarsjóðs yrði tiltekið hlutfall af sölutekjum Áfengisverslunar ríkisins. Á þetta var ekki hlustað þá og hefur ekki verið hlustað enn. Hins vegar er þörfin óbreytt og ef menn sjá frekar leið til þess að afla tekna til varnar drykkjusýki með því að fara þá leið sem þetta frv. bendir á, þá vil ég styðja þá viðleitni og mun greiða atkv. með frv.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál benti ég á þann möguleika að efla heldur Gæsluvistarsjóð. Mér er ljóst að ekki verða gerðar neinar samþykktir á þessu þingi í þá átt að efla Gæsluvistarsjóð. Ég lýsti þá yfir þeirri skoðun minni að hér væri nauðsynjamál á ferðinni og ég væri því hlynntur, enn fremur er ég þessu máli hlynntur nú.

Sannleikurinn er sá að það liggur við að maður hafi blygðast sín í vetur þegar hv. alþm. hafa með hnyklaðar brúnir og áhyggjuþunga í röddinni verið að ræða hættuna af hassreykingum unglinga í Reykjavík. Hér hefur bókstaflega allt umturnast af óttanum við hassreykingar, þetta ægilega vandamál: hassreykingar unglinga. Það hefur verið skipaður sérstakur dómstóll til þess að fjalla um vandamál sem stafa af innflutningi á hassi í landið, nokkrum grömmum í bréfi. Hundi hefur verið falið fógetavald, heimild til þess að leita á fólki, vegna þessarar óttalegu hættu.

En því hefur verið minna sinnt þó að Reykjavík duni og skjálfi frá föstudagskvöldi fram á sunnudagsnótt af drykkjulátum barna í miðborg Reykjavíkur. Hér er um að ræða raunverulegt þjóðfélagslegt böl. Ég held að sá sjóður, sem hér er hugmyndin að stofna gæti gert mikið gagn ef honum verður varið af skynsemi og í vörslu góðra manna, og mun greiða þessu máli atkvæði.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég tel það alveg sjálfsagða skyldu þjóðfélagsins að verja fjármunum til þeirra hluta sem ákveðið er að styrkja í frv. sem hér er til umr. En ég get ekki að því gert að mér finnst þessi leið til fjáröflunar frekar óviðfelldin að meira sé ekki sagt. Þegar var verið að ræða fjárl. fyrir yfirstandandi ár kom í ljós að markaðir tekjustofnar, eins og það var orðað, voru komnir á 7. milljarð. Það voru margir mætir menn sem bentu á að þessi stefna væri frekar óviðfelldin og hvimleið og það væri frekar ástæða til þess að stöðva þá þróun sem hefði orðið um að ráðstafa með lagaákvæðum fyrir fram til langs tíma ákvenum tekjum samkv. gildandi lögum.

Hér er verið að gera ráð fyrir því að bæta einum bögglinum enn ofan á þessa munaðarvöru og það ekki neitt til bráðabirgða, það á að gera þetta næstu 10 ár. Ég held að hvað sem sé um það sagt, þá sé nú búið að bæta þeim bögglum ofan á þessa munaðarvöru að það sé vægast sagt varla fært að gera það öllu betur. Og hvort sem manni líkar betur eða verr, þá verðum við að hafa kjark til að horfast í augu við þær staðreyndir að það eru í þessu þjóðfélagi einstaklingar sem taka þessa vöru og veita sér hana frekar og neita sér um annað sem er þarfara. Og hversu gott málefni sem hér er verið að ræða um til styrktar, þá verð ég að lýsa því yfir að ég kann ekki við að hafa það á tilfinningunni, vitandi að það er fullt af sjúku fólki sem hefur orðið sjálfu sér, ættingjum sínum og öðrum til skaða vegna misnotkunar á áfengi, að á sama tíma sé þetta fólk, sem er kannske að eyðileggja fjárhag sinn, lífshamingju sína og ástvina sinna, að greiða í sjóð til þess að bjarga sér upp úr þessu. Þetta er sjálfhelda, sjálfsblekking, sem ég kann ekki við og mér finnst ekki sæmandi fyrir hv. Alþ. að nota og auglýsa hvernig það vilji leysa þetta vandamál sem við

erum allir sammála um að er háskalegt vandamál hjá þjóðinni. Ef hv. Alþ. hefur ekki kjark og manndóm í sér til þess að taka á þessum vanda þjóðfélagsins, sem vissulega er mikill, með meiri reisn en gert er í þessu frv., þá get ég ekki verið stuðningsmaður að slíkri stefnu. Ég held að það hljóti að vera markmiðið. Ég segi fyrir mitt leyti að ég skal leggja mitt litla lóð á vogina til styrktar því að þessi sjóður, sem við allir erum sammála um að þurfi að efla, verði efldur. En ég vildi mega fara þess á leit við hv. flm. þessa frv. að hægt væri að leita samkomulags við hann um að leysa þetta mikla vandamál á annan geðfelldari hátt en gert er með ákvæðum þessa frv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég má til að þakka fyrir þann ágæta stuðning sem mér finnst hafa komið hér fram við þetta mál. Ég veit að okkur er öllum ljós þýðing þess. Ég veit að sumir hafa áhyggjur út af fjármálum, en í þessu efni hef ég þá skoðun að hér sé um stórkostlega sparnaðartill. að ræða. Og ég efast ekki um að á sama hátt og ýmsar aðgerðir gegn öðrum sjúkdómum eru til sparnaðar þegar til lengdar lætur, á sama hátt muni það koma fram að þetta verði, ef að lögum verður, til þess að auka vinnuhæfni, til þess að fjölga vinnudögum og til þess að spara heilbrigðisþjónustu okkar stórfé. Þetta er skyldutrygging gegn skaða á öðrum eða þriðja aðila, á sama hátt og skyldutryggingar okkar á bifreiðum. Um leið og við kaupum bifreið erum við skyldugir til að tryggja hana ef við skyldum keyra á einhvern eða valda öðrum skaða. Á sama hátt verður maður, þegar hann kaupir brennivín, skyldugur til að borga sínar 100 kr. En þessum 100 kr. er varið til þess að lækna þá sem þessi brennivínsflaska kynni að skaða og hann sjálfan einnig ef hann yrði fyrir tjóni. Það er svo með aksturinn eins og með brennivínsdrykkju, það skaðar suma, aðra ekki. En aðgerðir hljóta að verða nauðsynlegar til að ráða bót á þeim mikla bölvaldi sem hér er um að ræða.

Varðandi Gæsluvistarsjóðinn vildi ég segja það að við höfum haft þennan sjóð í 10 ár. Allir hafa verið sammála um að vilja stækka hann og gera hann hæfari til að gegna sínu hlutverki, en það hefur bara ekki tekist.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma þá afstöðu sem kom fram hjá hv. þm. 2. þm. Norðurl. e., Jóni G. Sólnes. Ég skil ekki hvað yfir hann hefur komið. Það er lagt á gosdrykki, það er lagt á tóbak og það er lagt á ýmsar aðrar neysluvörur til þess að hjálpa til við góð málefni. Og ég vil endurtaka það sem ég sagði hér fyrr í dag um þetta frv.: Ég álít þetta gott og þarft mál sem á að hljóta hér góðar undirtektir og mun styðja flm., en endurtek þó að ég álít að stærri hlutinn af þeim peningum sem inn koma vegna þessarar tekjulindar, eigi að fara í að byggja dvalarheimili, vinnu- og endurhæfingarstöðvar eða afvötnunar- og ráðleggingarstöðvar og minni hlutinn af þeim peningum, sem inn koma, ætti þá að fara í að veita lán og styrki til þeirra félagssamtaka og annarra sem vinna gegn áfengisbölinu. Ég held að fólk, sem neytir áfengis í það ríkum mæli að það þarf að fara til meðhöndlunar lækna eða annarra, fái þá meðhöndlun sem það þarf í ráðgjöf í slíkum þjónustustofnunum. Og ég endurtek það, sem ég sagði hér fyrr í dag, að ég vona að flm. sjái hugsun mína í þessu máli og kannske að það verði til þess að hann sjálfur breyti þeim hlutföllum sem er minnst á í 2. gr. En þótt hann geri það ekki mun ég styðja þetta góða mál þrátt fyrir það.

Mig langar til að svara hv. 5. þm. Norðurl. e. vegna þess að ég er einn af þeim sem hafa haft hátt í miðborg Reykjavíkur frá fæðingu og átti hér mína æsku og tel mig ekki hafa verið óreglumann. Það er rétt að það er oft frá föstudagskvöldi til sunnudagsmorguns mikið að gera í miðborg Reykjavíkur. Þó er það hrein hátíð hjá því sem áður var þegar ekki voru aðrir staðir en miðborg Reykjavíkur til þess að safnast saman á, skautasvell var á Austurvelli o. s. frv. En ég vil að hv. þm. geri sér grein fyrir tápi og fjöri íslenskrar æsku sem er fallegt og þróttmikið fólk. Það er fyrirferðarmikið og hávært og það á að vera það. En það má ekki dæma alla, sem skemmta sér og eru kátir og glaðir og jafnvel að næturlagi, sem drykkjufólk og ekki heldur láta það berast að fólk geti ekki verið hávært og glaðvært og fyrirferðarmikið án þess að vera undir áhrifum áfengis. Ég hef sjálfur reynsluna af því.

Þessi hávaði vegna áfengisneyslu í æskunni er ekkert staðbundinn við Reykjavík. Það er langt frá því. Það má segja að þar sem æskumenn koma saman til skemmtana er því miður allt of mikið af áfengi meðhöndlað og notað þannig að ég vil afbiðja höfuðborginni einni slíkt. Hitt er annað mál að ég skal viðurkenna að vandamálið er til meðal æskufólks af þessum orsökum, af ofneyslu á áfengum drykkjum.

Ég ætlaði nú rétt að hreinsa höfuðborgina af því að vera ein um að hafa hávaðasama og drykkfellda æsku. Ég held að það sé miklu minni hlutinn af æsku borgarinnar og æsku landsins sem er drykkjusjúkur og háður neyslu áfengra drykkja og því síður öðrum hættulegum efnum, eins og hv. 5. þm. Norðurl. e. gat um og þá sérstaklega hass. En ef hægt er með fógetavaldi handa hundum eða öðrum skepnum, eins og fram kom í hans ágætu ræðu, að koma í veg fyrir frekari innflutning eða útbreiðslu á drykkju og fíknilyfjum, þá held ég að ég vildi frekar auka þann fógetafjölda sem er á fjórum fótum en á tveimur ef það ber betri árangur.

En sem sagt, ég bið hv. 5. þm. Norðurl. e. að hafa það í huga að það er sem betur fer tiltölulega fámennur hópur af íslensku æskufólki sem á við drykkjuvandamál að stríða og hávaðinn, sem frá unga fólkinu stafar, er vegna þess að við eigum tápmikla og hrausta æsku sem á að hafa hátt. En það er stór hluti, miklu stærri hluti, af íslenskum æskumönnum sem hafa hátt sem ekki er undir áhrifum neinna lyfja eða áfengra drykkja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 82. fundur.

Föstudaginn 9. maí, að loknum 81. fundi.

Launajöfnunarbætur o.fl., frv. (þskj. 639). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. flutti hér stutta ræðu í lok 2. umr. og bar fram andmæli gegn þeirri fullyrðingu minni að lífeyrisþegar væru harla hart leiknir af völdum núv. ríkisstj. Ég tel í sjálfu sér ekki þörf á neinum málalengingum um þetta efni, en áður en þetta mál hverfur héðan úr d. vil ég samt leyfa mér að telja hér fram nokkrar staðreyndir, tölulegar staðreyndir, sem ég tel að séu lærdómsríkar og geti skýrt þetta mál eilítið.

Ég vil fyrst leyfa mér að nefna hér þrjár tölur um kaupmátt elli- og örorkulífeyris, tölur, sem ég tel að segi sína sögu.

Á öðrum ársfjórðungi 1971, þ.e.a.s. hálfu ári áður en vinstri stjórnin kom til valda, var kaupmáttur elli- og örorkulífeyris 78.4. Á fyrsta ársfjórðungi 1972, eftir að vinstri stjórnin er búin að vera við völd um hálft ár skeið, er kaupmáttur elli- og örorkulífeyris 97.8. Þetta sýnir að þarna hefur orðið mikil breyting til batnaðar varðandi elli- og örorkulífeyri. Og á öðrum ársfjórðungi 1974 er kaupmáttur elli- og örorkulífeyris kominn í 103.2. En eins og upplýst var hér áður er kaupmáttur elli- og örorkulífeyris hinn 1. maí s.l., þ.e.a.s. á öðrum ársfjórðungi, kominn niður í 81.8.

Nú er það svo að tryggingabætur voru löngum látnar breytast í samræmi við breytingar á kaupgjaldsvísitölu, en kaupgjaldsvísitala hreyfist hægar en framfærsluvísitala af ýmsum ástæðum, bæði vegna þess að laun bóndans koma ekki nema að takmörkuðu leyti inn í kaupgjaldsvísitölu, vegna þess að ýmsir liðir hafa verið teknir út úr vísitölunni þegar kaupgjaldið er reiknað, svo sem áfengi og tóbak, vegna þess að söluskattur hefur ekki verið reiknaður inn í vísitöluna og vegna þess að fjölskyldubætur á fyrsta barn koma þar ekki að fullu með í reikninginn.

Í öðru lagi rýrnar kaupmáttur bótanna á hverjum þremur mánuðum, þannig að hann er hæstur í upphafi ársfjórðungsins, en lægstur í lok hans. Þetta veldur því að meðaltalið fyrir ársfjórðunginn allan verður heldur lægra en ella. Af þessum ástæðum rýrnaði kaupmáttur lífeyrisbóta oft á tíðum nokkuð í tíð vinstri stjórnarinnar, var sem sagt ekki alltaf upp undir 100 eins og tölurnar sem ég nefndi hér áðan, heldur seig á vissum tímabilum niður í 93—94. En það, sem gerðist í tíð vinstri stjórnarinnar, var að leiðréttíng fékkst alltaf fram að tiltölulega skömmum tíma liðnum eða ekki síðar að öllu jöfnu en eftir 6 mánuði. Þá var bilið unnið upp aftur. Hinn 1. mars 1974 voru síðan gerðar ráðstafanir til þess að vinna í eitt skipti fyrir öll upp þann mismun, sem er á þessum tveimur vísitölum, með því að lyfta lífeyrisgreiðslunum mjög verulega og það var þess vegna sem þær fóru 1. mars 1974 upp í 103.6 miðað við grundvöllinn 100 í ársbyrjun 1972 eins og ég sagði.

Þetta hef ég rakið til þess að gera grein fyrir því, að þær tölur, sem hér voru raktar áðan um kaupmátt lífeyrisgreiðslna eins og þær eru í dag, eru sennilega miklu hærri en þær verða fyrir ársfjórðunginn sm nú er að líða.

Þegar ég nefni töluna 81.8 fyrir 1. maí 1975, sem er sem sagt eftir að einn mánuður er liðinn af þessum ársfjórðungi, þá eru allar líkur á því að sjálfsögðu að ef ársfjórðungurinn í heild er tekinn verði hlutfallstalan orðin miklu lægri vegna þeirra hækkana sem augljóslega eiga sér stað og munu eiga sér stað.

Ég vil þessu til viðbótar nefna hér sambærilegar tölur um kaupmátt tekjulágmarksins, en það er elli- og örorkulífeyrir að viðbættri tekjutryggingu. Þá nefni ég fyrst fyrsta ársfjórðung 1971 52.2, — en þessi vísitala er eins og hin fyrri, sem ég nefndi áðan, miðuð við 1. jan. 1972 100 stig, — og þá er hún fyrsta ársfjórðunginn 1971 51.2. Á fyrsta ársfjórðungi 1972 er hún hins vegar 97.8, hefur verið 100 í ársbyrjun, en sígur aðeins niður að meðaltali fyrir ársfjórðunginn í heild og er þess vegna ekki alveg 100, heldur 97.8. En þarna er um tvöföldun að ræða í raungildi lífeyrisgreiðslna á þessu eins árs tímabili. Síðan er vísitala kaupmáttar tekjulágmarks kominn í 103.2 stig á öðrum ársfjórðungi 1974, sem sagt þegar kaupmætti lífeyrisgreiðslanna er sérstaklega lyft upp til að vinna upp mismuninn á þessum tveimur vísitölum, en hefur nú fallið niður í 93 fyrir hjón og mun vafalaust lækka enn frekar þegar tekið verður meðaltalið fyrir þann ársfjórðung sem er að líða.

Ég vildi að þessar tölur kæmu hér fram vegna orða frsm. meiri hl. n., vegna þess að þær eru fengnar frá sömu aðilum og þær tölur sem hann vitnaði til, þ.e.a.s. frá Þjóðhagsstofnun, og þær sýna svo glöggt sem verða má í fyrsta lagi þá geysilegu hækkun á lífeyrisgreiðslum sem varð á fyrstu ævimánuðum vinstri stjórnarinnar sálugu og síðan hversu mikið þessar greiðslur hafa rýrnað.

Eins og kemur fram í þessum tölum hefur að vísu tekjutryggingin rýrnað miklu minna en lífeyrisgreiðslurnar. Kaupmáttur lífeyrisgreiðslna er sem sagt kominn niður í það sem hann var áður en vinstri stjórnin kom til valda, meðan aftur á móti heildargreiðslan, þegar tekjutryggingunni hefur verið bætt við, hangir enn í því sem hún var á sumum skeiðum vinstri stjórnarinnar, þegar hún var hvað lægst á þeim tímum. En allar líkur benda til þess að hún eigi eftir að síga allverulega til viðbótar.

Ég sagði það fyrr í dag að margir aðilar þessa þjóðfélags hefðu orðið fyrir þungum skakkaföllum af völdum núv. ríkisstj., en fáir hefðu þó verið jafnhart leiknir og þeir sem njóta lífeyrisgreiðslna almannatrygginga. Það er að vísu rétt, að þessar tölur, sem ég hef hér nefnt, benda ekki til þess að lífeyrisþegar hafi prósentvís farið verr út úr efnahagsþróuninni en þeir sem hærri laun hafa. En hitt vita allir og ætti öllum að vera ljóst, að einmitt þessir hópar máttu verr við því að missa nokkuð, og það er af þeim sökum sem þeir eru harðar leiknir.

Einnig má benda á og er sjálfsagt að gera það,

að tölur, eins og þær, sem hv. frsm. meiri hl. rakti hér áðan, og þær, sem ég hef nú vitnað til, segja að sjálfsögðu ekki nema hálfa söguna. Vörur hafa hækkað misjafnlega mikið í verði og enginn vafi er á því að brýnustu lífsnauðsynjar fólksins hafa hækkað meira að meðaltali en vöruverð í heild. Þess vegna hafa kjör þeirra, sem minnst hafa, versnað miklu meira en fram kemur í þeim tölum sem ég hef hér vitnað til. Á þeim tíma sem vísitala verðlags og þjónustu hefur hækkað um 53.7 stig, þ.e. á einu ári, eins og ég rakti hér í dag, þá hafa matvörur, algengustu matvörur, alveg vafalaust hækkað talsvert meira og ég vil leyfa mér að fullyrða að þær hafi hækkað um a.m.k. 65—70%. Kjaraskerðingin er því vafalaust miklu meiri en þessar tölur bera vott um.

Ég þarf svo ekki að lengja mál mitt frekar. Ég bar hér fram till. í dag sem miðuðu að því að rétta hlut lífeyrisþega þannig að hlutur þeirra yrði með svipuðum hætti og hann var fyrir einu ári, en þessar till. voru felldar. Það er að sjálfsögðu tilgangslaust að fara að bera fram nýjar till. En mig langar undir lok þessara umr. að bera fram eina fsp. til hæstv. trmrh. Eins og hann mun vita gerir þetta frv. ráð fyrir því að 1. júlí verði hækkun á lífeyrisgreiðslum sem nemur 3%. Hitt veit hann eins og allir aðrir, að á þeim tíma sem líður frá 1. apríl til 1. júlí eru þegar orðnar og eiga eftir að verða miklu, miklu meiri hækkanir á verðlagi en nemur þessum 3% og þarf ekki að útskýra það frekar. Hvernig stendur þá á því að verið er að binda þetta í lögum nú? Á þetta að nægja 1. júlí? Getur hæstv. ráðh. gefið d. nokkrar yfirlýsingar um það hvort þessi hækkun verði látin nægja 1. júlí eða ekki, hvort gefin verði þá út brbl. í samræmi við þær hækkanir, sem eiga eftir að verða, eða hvenær þessum ákvæðum verði næst breytt?

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða efnislega þetta frv. og ekki almannatryggingabæturnar. En aðeins út af fsp. hv. 5. þm. Norðurl. v. vil ég taka það fram, að miðað við þá stefnu, sem ríkisstj. og efnahagssérfræðingar hennar hafa nú markað og telja að verði að fara eftir ef við eigum ekki að raska til muna þjóðarbúskapnum, þá teljum við að þau 3%, sem reiknað er með frá 1. júlí, dugi. Verði veruleg breyt. á því í aðra átt, sem stefni í ógæfuátt, því að við verðum að búa nú við minni þjóðarframleiðslu en áður, þá auðvitað er hægt að taka þetta mál til athugunar og afgreiðslu í ríkisstj. og breyta bótum, almennum lífeyrisbótum almannatryggingana, með einfaldri reglugerð, eins og bæði við í þessari ríkisstj. höfum gert og hefur verið gert af fyrri ríkisstj.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hæstv. ráðh. svaraði því til að gerðist ekkert óvænt, þá yrði ekki um að ræða aðra hækkun en þá hækkun, sem felst í lögunum og nemur 3%. Ég ætla ekki að fara að rökræða um hvort von geti verið á einhverjum óvæntum hlutum, og ég er ekki hissa á því svari hans að ef óvæntir hlutir gerist kunni að vera þörf á hækkun tryggingabótanna. En það þykir mér hins vegar verra, að miðað við það, sem allir sjá, má vænta að á þeim ársfjórðungi, sem nú er að líða, verði mjög verulegar verðlagshækkanir. Þetta veit hæstv. ráðh. í dag og telur sem sagt ekki þá hluti óvænta. Þetta veit hann og sér. Miðað við það að þetta blasir við felst í svari ráðh. að ekki verði um neina aðra hækkun að ræða en þessi 3%. Að öllu óbreyttu þýðir það að kjör lífeyrisþega eiga eftir að rýrna mjög verulega á næstu vikum og mánuðum. Ég sem sagt get ekki dregið neina aðra ályktun af svari ráðh., en ég þakka honum hins vegar fyrir hreinskilnisleg svör.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 545). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 640). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Mörk lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs, frv. (þskj. 643). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Félagsráðgjöf, frv. (þskj. 645). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 546). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 471). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 646).

Tónlistarskólar, frv. (þskj 418, n. 628, 632, 638). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson). Herra forseti. Hæstv. menntmn. hefur fjallað um frv. Eins og fram kemur á þskj. 628 mælir n. með samþykkt þess. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Ingi Tryggvason og Steingrímur Hermannsson. Þá flytur og n. brtt. á þskj. 632, eins og þar stendur. Þar að auki höfum við Ragnar Arnalds leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 638, eins og þar er greint frá.

Í grg. frv. segir að það beri að skoða sem breyt. á gildandi l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og stefnt sé að því markmiði að fella tónlistarnámið að hinu almenna fræðslukerfi.

Ég skal, herra forseti, ekki eyða tíma í að lesa skýringar við frv. að öðru leyti en því, að í stuttu máli verða þær lagabreyt. sem frv. þetta felur í sér, eftirfarandi:

1. Að skólagjöld lækka um ca. helming því að það er álit allra að ef þessi lög ná ekki fram að ganga séu líkur á því að tónlistarfræðsla eða tónlistarskólar starfi ekki á komandi vetri. Samkv. gildandi lögum er ríkið aðeins skyldugt til að greiða ⅓ af rekstrarkostnaði gegn því að viðkomandi sveitarsjóðir greiði ⅓. Því hefur alltaf orðið að ná inn ⅓ gegnum skólagjöld, og það er orðið það há upphæð að ekki tekur tali og eins og ég sagði áður mundi það þýða að miklar líkur væru á því að tónlistarfræðsla í núv. mynd legðist niður.

2. Sveitarfélögin verða virkari þátttakendur í rekstri skólanna ef þetta frv. verður að lögum og kennarar við tónlistarskólana verða ráðnir af sveitarfélögunum og geta þar með öðlast sömu réttindi og aðrir kennarar, þ. e. a. s. aðild að lífeyrissjóðum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég vænti þess að hv. 5. þm. Norðurl. v. geri nánari grein fyrir brtt. okkar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég þarf ekki að ræða um gildi þessa frv. eða nauðsyn þess að það nái fram að ganga. Ég fagna því að sjálfsögðu að það er fram komið og mun eindregið stuðla að því að það verði samþ. hér í þinginu.

En ég get ekki neitað því að viss ákvæði frv. eru dálítið losaralega samin og ógreinileg. Eins og menn vita er hér í mjög mörgum tilvikum um að ræða tónlistarskóla sem eru reknir af öðrum aðilum en ríki eða sveitarstjórnum, og hér er um það að ræða að launin verði greidd af viðkomandi sveitarfélagi og ríkissjóði. Þetta kemur fram í 2. gr. þar sem segir, að sveitarfélögin annist launagreiðslur. Hins vegar kemur í raun og veru hvergi fram hvaða aðili eigi að ráða starfsliðið og með hvaða hætti það gerist. Eins kemur í raun og veru hvergi skýrt fram hver verði réttindi þeirra sem starfa við skóla af þessu tagi. Af þessum sökum höfum við hv. þm. Axel Jónsson leyft okkur að flytja nokkrar brtt. við frv. sem allar eru breyt. á 2. gr.

Vegna þess hversu seint brtt. er fram komin hefur hún ekki verið prentuð á sérstöku þskj., heldur hefur vélrituðu eintaki minu verið dreift meðal þdm. og þar hafði ég fyrir sjálfan mig undirstrikað hverjar væru viðbæturnar frá hinni fyrri grein og ætti það að auðvelda mönnum að átta sig á því í hverju breyt. eru fólgnar.

Þær eru í fyrsta lagi að skotið er inn í setningu sem slær því föstu, að sveitarstjórn ræður skólastjóra og kennara að fengnum till. skólanefndar, og teljast þeir starfsmenn sveitarfélagsins. Ég vil þó taka það fram að einmitt með þessu orðalagi er verið að stuðla að því skipulegi að það sé raunverulega skólanefndin sem hafi með ráðningu starfsmannanna að gera og taki ákvarðanir um hverjir starfi við skólana, en sú ákvörðun sé háð samþykki sveitarstjórnarinnar sem á að borga brúsann, þannig að sveitarstjórnin hefur raunverulegt neitunarvald í þessu tilviki. Hins vegar er að sjálfsögðu eðlilegt að frumkvæðið sé í höndum skólanefndar, og orðalag gr. stuðlar að því.

Í öðru lagi hefur verið skotið inn orðinu „mánaðarlega“ sem, ef samþ. verður, kemur því til leiðar að greiðslur frá ríkinu greiðast mánaðarlgea til sveitarfélaganna, en verða ekki greiddar eftir dúk og disk, eins og oft vill verða, kannske einu ári síðar, sem getur verið mjög þagalegt fyrri fátæk sveitarfélög, og gert þeim bókstaflega ókleift að reka skóla af þessu tagi.

Í þriðja lagi er málsgr. sem ákveður hlutverk skólanefnda. Á slíkar stofnanir er hvergi minnst í frv., en er að sjálfsögðu nauðsynlegt, þannig að þær geti orðið aðilar að ráðningu starfsmannanna, en þar segir:

„Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila skólans, fer með fjárreiður skólans, en viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.“

Þetta er mjög rúmt og teygjanlegt ákvæði eins og menn sjá. Það er ekki tilgreint hversu fjölmennar nefndirnar skuli vera eða hversu marga fulltrúa sveitarfélagið skuli eiga í skólanefndinni og er það eðlilegt þar sem oft kann að standa svo á að mörg sveitarfélög standi að skólarekstri. En það er einmitt breyt., sem felst svo í 3. málsgr., um að eitt eða fleiri sveitarfélög geti staðið að rekstri tónlistarskólanna. Þá brtt. flytur reyndar n. sjálf á sérstöku þskj. þannig að þetta er meira til samræmis að við höfum sett þessa setningu inn í brtt.

En að lokum er svo eftirfarandi setning í lok tillögugreinarinnar:

„Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilt að taka starfsmenn tónlistarskóla, sem starfa samkv. lögum þessum, í tölu sjóðfélaga, sbr. 4. gr. l. um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og önnur ákvæði þeirra laga.“

Ég held að nauðsynlegt sé að hafa ákvæði af þessu tagi til að taka af öll tvímæli um það að þessir starfsmenn eigi rétt á að ganga inn í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. En það er því miður alls ekki ljóst af frv. eins og það liggur fyrir, og veit ég að kennarar og skólastjórar tónlistarskóla hafa haft af þessu nokkrar áhyggjur. Staða þeirra var það losaralega skil-

greind að ekki var hægt að tryggja að þeir ættu aðild að þessum sjóði öðruvísi en það væri skilmerkilega fram tekið. En í 4. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er einmitt heimild til þess að starfsmenn sveitarfélaga geti orðið aðilar að þessum sjóði. Það hefur þó ekki orðið nema í tiltölulega fáum tilvikum, og til þess að auðvelda það að þetta geti orðið er þessi tillögugrein orðuð á þennan veg.

Ég held að ekki þurfi að útskýra þessa brtt. frekar. Ég veit ekki til að nokkur ágreiningur sé um efni till. og vænti þess því eindregið að samstaða geti um hana tekist.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að benda á að það er sveitarfélögunum í sjálfsvald sett í dag hvort þau styrkja eða styrkja ekki tónlistarskóla þá sem fyrir eru. Að vísu hefur skapast sú hefð að sveitarfélögin hafa styrkt tónlistarskóla að því marki sem ríkið sjálft gerir hverju sinni. En það er ekki nein skylda að styrkja eða veita fé til tónlistarskóla.

Ég er ekki með þessum orðum að segja að það sé ekki rétt að styrkja tónlistarskóla. Ég skal viðurkenna að ég hef kannske ekki lesið frv. allt í gegn nógu gaumgæfilega, en ég get ekki fundið í fljótu bragði hvernig á að stofna til skólans og hvernig á að skapa sveitarfélagi skyldu til þess að standa undir rekstri og kannske fjárfestingu líka eins og oft kemur fyrir eins og málin eru í dag. Það er sem sagt hægt að stofna tónlistarskóla hvnær sem er á árinu, hvort sem fjárhagsáætlun sveitarfélaga hefur verið gerð eða ekki eða gerir ráð fyrir tónlistarskóla eða ekki. Að lögum skal sveitarfélagi skylt að taka þátt í ákveðnum kostnaði samkvæmt þessari brtt. sem hér liggur frammi, 50% af launakostnaði bæði skólastjóra og kennara. Ég vil aðeins benda á að þetta getur komið sér afskaplega illa fyrir sveitarfélögin ef tónlistarskóli er stofnaður eftir að fjárhagsáætlun er gerð og sveitarfélagið fær þarna viðbótarbyrði.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Það er alveg rétt sem síðasti ræðumaður tók fram, það er ekki skylda í dag að sveitarfélög styrki tónlistarskóla, því miður vil ég segja. En ég held þau geri það flest því að með því móti ná menn þó einum þriðja af kostnaði frá ríkissjóði. Og ég veit a. m. k. um það sveitarfélag sem ég er kunnugastur í að við höfum orðið að styrkja tónlistarskóla miklu, miklu meira en að einum þriðja, því að hann starfaði ekki í dag ef hann þyrfti að bera þriðjung kostnaðar af skólagjöldum.

Sú aths. sem kom frá Sambandi ísl. sveitarfélaga varðandi þetta mál var það í fyrsta lagi, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. tók fram, að greiðslurnar kæmu mánaðarlega og að starfsmennirnir gætu átt kost á því að gerast aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna þess að í smærri sveitarfélögunum eru ekki starfandi lífeyrissjóðir. Þetta eru þær óskir sem stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga lagði fram um málið nú.

Sveitarstjórn hefur auðvitað í hendi sér að neita að stofna þennan skóla eins og hún getur neitað að stofna skóla á skyldunámsstiginu í dag ef hún veitir ekki til þess fjármagn.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Út af orðum hv. 12. þm. Reykv. vil ég aðeins segja örfá orð til að firra misskilningi. Það er ekki samkv. brtt. þeirri sem við flytjum sem verið er að skylda sveitarfélögin og ríkissjóð til þess að taka þátt í kostnaði við starfsemi tónlistarskóla. Það er einmitt aðalefni þess stjórnarfrv., sem hér hefur verið lagt fram, og brtt., sem við svo flytjum, er einungis til að gera þessi samskipti svolítið gleggri. Hitt vil ég benda á að samkv. 4. og 5. gr. frv. er ljóst að sveitarfélagið getur að sjálfsögðu haft í hendi sér hvort það vill styðja tónlistarskóla eða ekki. Það er ekki skuldbundið til að styðja hvaða skóla sem er því að hér segir alveg skýrt að „nú berst umsókn um styrk til tónlistarskóla sem er að hefja starfsemi, og skal þá styrkur ekki veittur fyrr en viðkomandi sveitarfélag hefur kannað allar aðstæður til að starfrækja styrkhæfan skóla á viðkomandi stað. Ef skilyrði til skólahalds reynast fyrir hendi, þá skal styrkur í fyrsta sinn ákveðinn með hliðsjón af rekstraráætlun.“ Það er sem sagt sveitarfélag sem hefur hönd í bagga um þá rekstraráætlun, og síðan er það að sjálfsögðu endanlega Alþ. sem ákveður hvort það vill veita það mikið fé til tónlistarskólanna í landinu að þeir fái allir óskum sínum fullnægt. Ef menn hafa áhyggjur af því að sveitarfélögin og ríkissjóður geti ekki haft eftirlit með því hve mikil starfsemi verður af þessu tagi, þá er það misskilningur, því að það er alveg ljóst að þessir aðilar hafa ákvörðunarvaldið í sínum höndum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að ég er ekki að mótmæla tónlistarskólum eða tilverurétti þeirra og ekki heldur þátttöku sveitarfélaga í rekstri þeirra á einhvern hátt.

Ég get ekki skilið þessa brtt., sem hér liggur fyrir, öðruvísi. En ég les hana nú. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum,“ segir í 2. gr., „skulu fá styrk úr ríkissjóði og frá viðkomandi sveitarfélagi er nemi launagreiðslum til skólastjóra og kennara skólans.“

Það er verið að skylda sveitarfélögin til þess að taka ákveðinn þátt í kostnaði við skólana og vil ég vara við því. Það er ekkert í frv. sem heimilar sveitarfélögunum að annaðhvort samþykkja eða samþykkja ekki að tónlistarskólar séu settir á stofn.

Þá vil ég benda á þá þróun sem hefur verið hér í Reykjavík undanfarið og komið nokkuð aftan að borgarráði að tónlistarskólar hér hafa án heimildar stofnað útibú víðs vegar um borgina og hefur verið kostnaðarauki fyrir skólana sem þeir hafa ekki getað staðið undir og framlög borgaranna hafa aukist í hlutfalli við það að viðbættum þeim tilkostnaði sem eðlilegur er af þeim aukningum sem hækkanir almennt hafa bætt á kostnaðarliði. Þetta er nú hægt að gera án heimildar sveitarfélaganna. Það er hægt að stofna tónlistarskóla, það er hægt að stofna útibú án þess að hafa nokkur samráð við sveitarfélög eða ríki og

þar með skapa aukakostnað sem ekki er gert ráð fyrir við samningu fjárhagsáætlana eða fjárlaga. Það er það sem ég er að benda á að vanti í það frv. til l. sem hér liggur fyrir um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Mér finnst það ekki koma til mála að hver og einn sem vill geti stofnað til tónlistarskóla, og svo framarlega sem skólinn fullnægir ákvæðum laga, þ. e. a. s. 1. gr., þá skuli, hvort sem sveitarfélög vilja eða vilja ekki eða hvort sem ríkisstj. eða Alþ. vill eða vill ekki, ákveðinn kostnaður falla á opinbera aðila. Það er þetta sem ég er að vara við. Ég er ekki að mótmæla því að tónlistarskólar séu til, heldur vil ég að þeir séu stofnaðir í samráði við þá sem eiga að standa undir kostnaðinum við þá.

Ég vil að lokum segja það, að ef þetta frv. til l. verður samþ. og þá kannske þessi brtt. frá þeim Ragnari Arnalds og Axel Jónssyni, þá finnst mér sjálfsagt að starfsmenn tónlistarskólanna fái aðgang að lífeyrissjóðnum eins og aðrir opinberir starfsmenn því að það eru þeir orðnir ef þetta frv. verður að lögum.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs vegna þess að ég fæ ómögulega betur séð en það sé misskilningur hjá hv. 12. þm. Reykv. að hér sé óvarlega farið í sambandi við hag sveitarfélaganna. Ég lít aftur á móti þann veg á að sú brtt., sem hér er borin fram af Ragnari Arnalds og Axel Jónssyni, sem er árangur af viðræðum, sem við, sem í menntmn. erum, áttum um þessi málefni, og árangur af umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, sé til þess að tryggja að það náist sá árangur sem ætlast er til með frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Að öðru leyti er örugglega í frv. í 5. gr. greinilega tekið fram að slíkir skólar eru ekki styrkhæfir nema sveitarstjórn vilji. Það er greinilega tekið fram: „Nú berst umsókn um styrk til tónlistarskóla sem er að hefja starfsemi, og skal þá styrkur ekki veittur fyrr en viðkomandi sveitarfélag hefur kannað allar aðstæður til að starfrækja styrkhæfan skóla á viðkomandi stað.“ Á öðrum stað er talað um að sveitarfélagið á að samþykkja rekstraráætlanir fyrir tónlistarskóla, svo að ég fæ ómögulega betur séð en tryggilega sé um þessa hnúta búið og því ástæðulaust að ætla að það sé hægt að koma upp með tónlistarskóla og krefjast styrks frá sveitarfélagi án þess að það hafi nokkuð með það að gera. Það er útilokað eftir þessum lögmálum. Það er minn skilningur og áreiðanlega okkar allra sem í menntmn. vorum og fjölluðum um þessi mál.

Ég vil vekja athygli á því að hins vegar eru þessi lög, ef frv. verður að lögum, eingöngu um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, en ekki um skipulag skólans að neinu verulegu marki þó að það séu vissir þættir sem þar koma fram. En ég tel að þannig sé búið um orðalag í þessu frv. og þeirri brtt. sem hér er flutt af Ragnari Arnalds og Axel Jónssyni, sem ég mun styðja, að ekki sé um þá hættu að ræða sem 12. þm. Reykv. hefur hér varað við.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lesa sömu gr. og hv. síðasti ræðumaður gerði ef hún yrði þá kannske skiljanlegri. Í þessari 5. gr. segir: „Nú berst umsókn um styrk til tónlistarskóla sem er að hefja starfsemi.“ Það er sem sagt hægt að stofna til skólans án þess að hafa heimild sveitarfélaga, heimild þeirra sem eiga að standa undir rekstri. Svo framarlega sem sú stofnun, sem þegar er satt á laggirnar án heimildar þeirra sem eiga að standa undir kostnaði við hana, fullnægir þeim skilyrðum sem eru í 1. gr., þá ber sveitarfélaginu og ríkinu skylda til þess að leggja út fé sem þau hafa kannske ekki gert ráðstafanir til að hafa til reiðu fyrir þessa starfsemi við gerð fjárhagsáætlana. Það er hægt að stofna til skólans án þess að hafa nokkurt leyfi til þess. Það er það sem ég er að tala um. Svo framarlega sem hann fullnægir þeim skilyrðum, sem segir í frv., ber skylda til að kosta hann að því marki sem hér er tekið fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 638 (ný 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 632 kom ekki til atkv.
3.—11. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 83. fundur.

Laugardaginn 10. maí, kl. 0.20 árdegis.

Tónlistarskólar, frv. (þskj. 647). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 443). — 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 81. fundur.

Föstudaginn 9. maí, kl. 2 miðdegis.

Fjarskipti, frv. (þskj. 249, n. 488). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
2. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 90, n. 374 og 375). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, var flutt á síðasta þingi og fóru þá fram allmiklar og ítarlegar umr. um málið. Þær umr. er að finna í 24. hefti Alþingistíðinda 1973—74, sem allir hv. þm. hafa hjá sér og ætti þess vegna að vera ástæðulaust að flytja mjög langt mál að þessu sinni um þetta atriði sem allir þekkja. Það er fátt nýtt hægt um þetta mál að segja frá því fyrir tæplega ári að um það var rætt hér í hv. deild.

N. gat ekki orðið sammála um frv. að þessu sinni frekar en áður. Meiri hl. leggur til að frv. verði vísað til ríkisstj. en minni hl. vill samþ. frv.

Síðast þegar þetta mál var til meðferðar á Alþingi var það sent til umsagnar nokkurra aðila, m. a. Búnaðarfélags Íslands, og Búnaðarþing fjallaði um málið og sendi ítarlega umsögn og lýsti eindreginni andstöðu við málið.

Frv. var einnig sent til stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga sem lýsti sig samþykka því ef einni gr. frv. væri breytt þannig, að sveitarfélögin hefðu notkunar- og eignarrétt á jarðhita næstu 15 ár í staðinn fyrir 5 ár. Ég hef heyrt það á ýmsum sveitarstjórnarmönnum að þeir eru ekkert þakklátir stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir að vilja afsala sér öllum réttindum að 15 árum liðnum. 15 ár eru fljót að líða og sveitarstjórnirnar telja nauðsynlegt og eðlilegt að sveitarfélögin hafi þennan rétt ekki aðeins í 15 ár, heldur áfram.

Frv. var einnig sent til umsagnar lagadeildar Háskóla Íslands og sendi lagadeildin allítarlega grg. um málið. Lagadeildin var að því spurð hvort þetta frv. væri, ef að lögum yrði, stjórnarskrárbrot. Niðurstaða lagadeildarinnar varð sú að það væri ekki hægt að líta á það sem stjórnarskrárbrot, enda yrði að ætla að gjald kæmi fyrir þessi réttindi þótt frv. yrði að lögum. Fara menn þá að efast um hvaða þýðingu það hefur að samþ. þetta frv. eða hverju það breytir ef greiðsla á að koma fyrir eftir sem áður. Mönnum hefur skilist á ýmsum, sem hafa gerst talsmenn að þessu frv. að meginástæðan fyrir því að breyta orkulögunum væri sú að það gæti verið dýrt að kaupa réttindin á háhitasvæðunum. Það er svo annað mál að til þess hefur ekki komið að þetta hafi gert mannvirkin dýrari sem neinu nemur heldur en annars hefði orðið, og það hefur ekki til þess komið að núgildandi orkulög hafi ekki nægt til þess að tryggja eðlilegan framgang framkvæmda, sem hefur verið unnið að. Það er t. d. ekki rétt sem hv. þm. Magnús Kjartansson sagði í umr., þegar rætt var um járnblendiverksmiðjuna, að núgildandi orkulög hefðu tafið framkvæmdir á ýmsum stöðum. Það er ekki rétt. Í núgildandi orkulögum er ákvæði um eignarnám og er engin fyrirstaða á að beita því ákvæði. Ég held að það væri raunhæfast til þess að tryggja að þessi réttindi yrðu aldrei of dýr að breyta núgildandi orkulögum eitthvað á þá leið að við eignarnám væri höfð hliðsjón af því hvort eigendur gætu á eigin spýtur notfært sér þau réttindi eða verðmæti sem í jarðhitanum eru og réttindin metin með hliðsjón af því að verðmætin verði því aðeins nýtt að opinberir aðilar komi til, annaðhvort ríki eða sveitarfélög. Þetta væri það raunhæfa og þá væri enginn vafi á því að löggjöfin stangast ekki á við stjórnarskrána og með því væri hægt að tryggja réttindi þeirra aðila sem hlut eiga að máli.

Hv. þm. Magnús Kjartansson minntist á Svartsengi og samningaþóttði sem er á milli sveitarfélaganna á Suðurnesjum og eigenda jarðhita á háhitasvæðinu í Svartsengi. Hann fór nokkrum orðum um hvað mikið tjón væri af þessu þegar orðið. Í tilefni af þessum ummælum hringdi ég í bæjarstjórann í Keflavík og spurði hann hvort framkvæmd hitaveitunnar á Suðurnesjum hefði tafist vegna samningaþófs við eigendur jarðhitans. Svör bæjarstjórans voru þau að sveitarstjórnirnar hafi skrifað eigendum jarðhitans bréf 9. apríl s. l. og bréf frá eigendum hafi komið, þ. e. a. s. svar við þessu bréfi, 21. apríl með fyrirspurn um stærð þess lands og fleira sem sveitarfélögin óskuðu eftir að kaupa. Í þessari viku svöruðu sveitarstjórnirnar þessu bréfi jarðhitaeigendanna um það hversu mikið land þær óskuðu eftir að kaupa og hvað hér er frekar um að ræða. Það er ekki fyrr en svar kemur við þessu bréfi sveitarstjornanna á Suðurnesjum sem hægt er að segja um það hvort eigendur jarðhitans valda töfum á þessu máli eða ekki. Enn sem komið er sýnist allt hafa farið eðlilega fram á milli aðilanna, og það var ekki að heyra á bæjarstjóranum í Keflavík að hann vildi kvarta neitt enn sem komið er um gang málanna. Ég spurði hann að því í morgun hvort hann væri ekki bjartsýnn á að til samninga gæti komið, og hann sagði: „Já, víst er ég bjartsýnn á það.“ Hitt er svo annað mál og það er alveg eðlilegur leikur í þessum samningum að sveitarstjórnirnar hafa bent á að ríkið á land nærri Svartsengi, svokallaðar Eldvörpur í Húsatóftalandi, og hafa bent á að þar væri jarðhiti líka og því engin ástæða til þess að ganga að nemum afarkostum hjá eigendum jarðhitans í Svartsengi. Þess vegna er það fráleitt þegar hv. þm. Magnús Kjartansson er að vitna í þetta sem eitthvert vandræðamál. Ég held að það sé miklu betra að láta hlutaðeigandi viðsemjendur gefa vitnisburð í því máli heldur en að vera með einhverjar staðlausar fullyrðingar hér í hv. Alþ. sem engin stoð er undir. Hv. þm. getur haft sína skoðun á þessu máli jafnt fyrir því og vitanlega má færa rök bæði með og á móti, og það er miklu málefnalegra að halda sig við staðreyndir heldur en að vera að rangfæra mál sem eru til úrlausnar með eðlilegum hætti, eins og samningar á milli eigenda jarðhitans í Svartsengi og sveitarstjórnanna á Suðurnesjum.

Ég minnist þess að Rafmagnsveitur ríkisins gáfu út ársskýrslu 1973 eins og venjulega — Rafmagnsveitur ríkisins gefa ársskýrslu árlega — og þar er minnst á jarðhitann í Svartsengi. Það er minnst á kostnaðinn við Hitaveitu Suðurnesja. Það er beinlínis tekið fram í þessari skýrslu að jarðhitaréttindin í Svartsengi hafi engin umtalsverð áhrif á kostnað við þessar framkvæmdir. Vitanlega ætti enginn að vita þetta betur en þeir

sem þekkja best, jarðhitadeild Orkustofnunarinnar.

Ég minnist á þetta vegna þess að hv. þm. Magnús Kjartansson gerði Svartsengi að umræðuefni hér fyrir fáum dögum, en þá gafst ekki tími til þess að svara vegna þess að þannig stóð á tíma á laugardagsfundi. En ég tel eðlilegt að þetta komi fram.

Hv. þm. Magnús Kjartansson minntist einnig á jarðhitann við Kröflu og dró jafnvel í efa að ríkið hefði ótvíræð jarðhitaréttindi þar, það gæti jafnvel, vegna þess að ekki væri búið að breyta orkulögunum, komið þar upp vandi. Ég minnist þess að í þskj., þegar rætt var um Krófluvirkjun, var vitnað í samning þar sem sagt var orðrétt: „Ríkissjóður er rétthafi jarðhitaréttinda og landsvæða þeirra er hér skipta máli," þ. e. a. s. við Kröflu, „samkv. samningum við landeigendur frá 18. mars 1971." Ég held að við verðum að láta þetta nægja í sambandi við réttindin við Kröflu. Við skulum ekkert efast um það að samningur frá 18. mars 1971 gildir þar, og hvort orkulögunum verður breytt eða ekki, þá breytir það engu þar um.

Hæstv. forseti. Það eru alllangar ræður í þessu Alþingistíðindahefti, sem ég vitnaði í áðan, um þetta mál. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til að orðlengja meira um það, en meiri hl. iðnn. þessarar hv. d. telur eðlilegt að vísa málinu til ríkisstj. til athugunar. Það væri e. t. v. eðlilegt að breyta orkulögunum á þá leið að tryggja að þegar land er tekið eignarnámi á háhitasvæði, þá verði höfð hliðsjón af því í verðmætaákvörðuninni hvort eigendurnir gætu af eigin rammleik notfært sér þau verðmæti, sem í jarðhitanum er, eða hvort jarðhitinn verður því aðeins nýttur að opinberir aðilar komi til, og það gæti haft ákvörðun á það verð sem greitt yrði fyrir réttindin.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Þetta frv. var flutt á þessu þingi af mér ásamt hv. þm. Gunnari Sveinssyni, Benedikt Gröndal og Magnúsi T. Ólafssyni. Það hefur legið fyrir nokkrum fyrri þingum sem stjfrv. Það var samið á sínum tíma samkv. sérstakri ósk Orkustofnunar sem taldi torvelda starfsemi sína mjög að ekki væri um eðlilegar lagalegar reglur að ræða í orkulögum að því er þessi atriði snertir. Frv. var samið af Orkustofnun með tilstyrk lögfræðinga. Því miður var þetta mál aldrei afgr. í tíð fyrrv. ríkisstj., en það lá algerlega ljóst fyrir að þá var þingmeirihluti hér á Alþ. fyrir að afgreiða málið. Ég hygg að ef þm. Framsfl. hafa sömu afstöðu nú og þeir höfðu þá sé ótvíræður meiri hl. fyrir því að afgreiða þetta mál á þessu þingi á jákvæðan hátt.

Í tilefni af því, sem hv. þm. Ingólfur Jónsson sagði um frv., þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um efni þess.

Meginefni frv. er þríþætt: Í fyrsta lagi er skilgreint annars vegar háhitasvæði og hins vegar lághitasvæði. Þetta telja sérfræðingar Orkustofnunar algerlega nauðsynlegt að sé gert vegna þess að eðli slíkra hitasvæða er mismunandi. Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi, vinnsla á einum stað raskar rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt að vinnsla jarðhita á hverju svæði sé í höndum eins aðila. Varmavinnsla úr háhitasvæði er mun erfiðari en vinnsla lághita vegna gufuþrýstings og mikils magns uppleystra efna í háhitavatni. Krefst virkjun þess vandaðri og viðameiri borholubúnaðar, flóknari tækjabúnaðar og meiri tækniþekkingar. Af þessum sökum m. a. er nýting varma á háhitasvæðum svo vandasöm að einstaklingar hafa ekki sóst eftir henni, helst hefur verið um að ræða nýtingu vatns við jaðra svæðanna með svipuðum hætti og nýtingu lághitavatns.

A undanförnum árum hefur verið unnið nokkuð að áætlunum um nýtingu háhitasvæða. Einn þröskuldur í vegi slíkra áætlana hefur verið óvissa um umráðarétt á jarðhita sem unninn er með borunum djúpt í jörðu. Tilgangur þessara laga er að ákveða skýrar en verið hefur eignarrétt slíks jarðhita.

Ég er hér að lesa upp skýringar Orkustofnunar á því hvers vegna nauðsynlegt sé að skilja í sundur lághita og háhita með lagasetningu og skilgreina þennan mun. Ég veit ekki til að það sé neinn ágreiningur um þetta efni meðal hv. þm., að þetta sé nauðsynlegt, að þetta mat sérfræðinganna sé rétt.

Annað atriði í frv. er það, sem felst í 2. gr., en það er um það að til vinnslu jarðhita með borunum á háhitasvæði þurfi leyfi Alþingis. Í gildandi orkulögum er ekki neitt slíkt að finna. Þar er kafli, II. kafli, sem fjallar um vinnslu jarðhita og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Til að reisa og reka raforkuver stærri en 2 þús. kw. þarf leyfi Alþ." Í III. kafla laganna, sem fjallar um vinnslu jarðhita, er engin slík ákvæði að finna. Nú vitum við það öll að til þess að ráðast í meiri háttar virkjanir með jarðhita er verið að leggja í svo stór fyrirtæki að óhjákvæmilegt er að slík mál séu lögð undir Alþ. En það eru engin slík ákvæði í orkulögunum. Það eru engin ákvæði um það í orkulögum að það verði að leggja undir Alþ. eitt eða neitt í þessu sambandi. Og 2. gr. er um að færa þessa ákvörðun yfir á hliðstætt stig og að því er varðar vinnslu raforku með vatni. Ég veit ekki til þess að það sé neinn ágreiningur um þetta heldur.

Þetta eru tvö veigamikil og stór atriði sem ég hygg að hljóti að vera samstaða um í þinginu að eigi að beita í samræmi við óskir jarðfræðinga Orkustofnunar. Eini ágreiningurinn er um setningu í 1. gr. frv.: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita á hitasvæðum og uppleystra efna og gastegunda, sem háhitavatni og gufu fylgja, þó með takmörkunum, sem í lögum þessum greinir."

Það er þarna sem ágreiningurinn er, og ef unnið hefði verið eðlilega að þessu máli hefði hv. þm. Ingólfur Jónsson flutt um það brtt. að þetta atriði yrði fellt niður, en frv. að öðru leyti samþ. sem lög. En hv. þm. skortir uppburði til að sýna hvers vegna hann vill ekki láta afgreiða frv. Hann hefur ekki kjark til að flytja till. um þetta tiltekna atriði vegna þess að hann veit með sjálfum sér að það brýtur í bága við siðgæðisvitund almennings að einstaklingar geti átt þennan jarðhita. Hann hefur ekki uppburði til þess

að flytja slíka brtt., en leggja síðan til að önnur atriði frv., sem enginn ágreiningur er um, verði samþ. í stað þess leggur hann til að frv. verði vísað til ríkisstj. Hann er að drepa málinu á dreif, hann þorir ekki að ræða það sem í raun og veru er deilt um.

Ég freistaði þess mjög í iðnn. að ná samkomulagi um að menn afgreiddu frv., legðu til að það yrði samþ., en kæmu með brtt. um þau atriði sem ágreiningur kynni að vera um. Á þetta vildi hv. þm. Ingólfur Jónsson ekki fallast, hann fékkst ekki til þess að koma með neina slíka brtt. Hann leggur til að málinu verði vísað til ríkisstj. og þar með hafnað og er þannig að hafna alveg augljósum till. sérfræðinga um að farið verði með vinnslu jarðhita á sama hátt og vatnsvirkjanir, að til þess þurfi leyfi Alþ. og að skilgreint sé að greint sé á milli háhitasvæða og lághitasvæða, vegna þess að vinnsla jarðvarmans er gerólík í þessum tilvikum.

Ástæðan til þess að hv. þm. hefur ekki uppburði til þess að flytja brtt. um að fella niður þetta ákvæði, að þjóðarheildin eigi þennan rétt, er sú, að þarna birtist munurinn á gróðahyggju og félagshyggju á ákaflega skýran hátt. Þarna er um að ræða verðmæti sem öll þjóðin hlýtur að nýta í sína þágu, og það er algerlega fráleitt að það veri að borga einhverjum einstaklingum, sem eiga af tilviljun slík landssvæði, verulegar upphæðir, jafnvel óhemjulegar upphæðir, til þess að þjóðin geti nýtt þennan jarðvarma. Ég segi: óhemjulegar upphæðir, vegna þess að ég veit fullvel að að þessum málum vinna nú lögfræðingar sem eru með þær hugmyndir að það eigi að tengja greiðslur fyrir jarðvarma við olíuverð og svokallaðir eigendur geti svo stungið í eigin vasa ótrúlegum upphæðum á kostnað almennings. Þessar hugmyndir eru algerlega siðlausar og ég skil vel að hv. þm. Ingólfur Jónsson eigi dálítið erfitt með að gerast talsmaður þeirra í þessum ræðustól. En þetta eru samt þeir hagsmunir sem hann er að vernda með því að leggja til að frv. verði kastað í ruslakörfu.

Jarðhitinn á Íslandi er, eins og menn vita, hluti af náttúruöflunum í okkar landi og í sjálfu sér er það alveg rétt, sem kom fram í forustugrein í Suðurnesjatíðindum nú nýlega, að ef á að skilgreina það að slík náttúruöfl séu í eigu einstaklinga, þá verði slíkir einstaklingar einnig að bera ábyrgð á tjóni sem hlýst af slíkum náttúruöflum. Ef einstaklingar eiga að eiga náttúruöflin og geta grætt á þeim yrðu þeir einnig að borga bætur þegar náttúruöflin hegða sér þannig að þau valda eyðingu og spjöllum kringum sig, t. d. ef það verður eldgos á landsvæði sem einhver einkaeigandi á. Þetta er í sjálfu sér alveg rökrétt sjónarmið hjá Suðurnesjatíðindum og sýnir ákaflega glöggt hversu afstaða hv. þm. Ingólfs Jónssonar og félaga hans er fáránleg.

Hv. þm. vildi draga í efa að viðræður við svokallaða eigendur Svartsengis hefðu tafið framkvæmdir við hitaveitu Suðurnesja. Hv. þm. veit miklu betur. Hann veit að þetta hefur tafið málið og á ef til vill eftir að tefja málið mjög verulega. Hv. þm. minntist sjálfur á þá leið að ríkið flytti vinnsluna frá þessu svæði, sem er í eigu einkaaðila, yfir á svæði sem ríkið á. Þar með væri verið að kasta á glæ tugum milljóna kr. sem varið hefur verið af almannafé til þess að rannsaka þetta svæði. Tugum milljóna, segi ég, — ætli það mætti ekki fara að reikna það á annað hundrað milljóna miðað við verðlagið eins og það er núna? Af slíkum flutningi mundi að sjálfsögðu hljótast mjög mikil töf því að þá yrði að framkvæma rannsóknirnar á öðrum stað og undirbúa vinnsluna þar. En hv. þm. virtist telja að eðlilegt gæti verið, ef þessir svokölluðu eigendur sýndu óbilgirni, þá bara að færa þetta til, en með því væri verið að tefja málið tvímælalaust um mjög langan tíma.

Það gegnir sama máli um fleiri staði. Við höfum lengi unnið að því að koma upp sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Þar er um afar merkilegt mál að ræða og er búið að kanna það til fullrar hlítar. Ég beitti mér fyrir því meðan ég gegndi störfum iðnrh. að mjög myndarleg skýrsla, sem unnin hafði verið af Rannsóknaráði, fór í gagnrýna könnun hjá óháðum aðilum og þeir staðfestu allt, sem í skýrslunni stóð, og sýndu fram á að þessi áform væru álitlegri en áður hafði verið talið. En einmitt þegar þetta mál var komið á það stig að sýnt þótti að eðlilegt væri að hefja næsta áfanga, þ. e. a. s. koma upp tilraunaverksmiðju, þá beitti ég mér fyrir því að hafnar voru viðræður við einkaaðila, sem eiga helminginn af því svæði sem þarna er um að ræða. Og það kom í ljós að þessir einkaaðilar voru ekki reiðubúnir að selja landið á venjulegu gangverði, enis og það tíðkaðist þá. Þeir vildu geta verðlagt varmann sem var í jörðinni.

Ef við höfum ekki þrek í okkur til þess að ganga frá löggjöf sem sker úr um þetta atriði, þá munu tilvik af þessu tagi halda áfram að aukast á næstunni, því að auðvitað höldum við áfram að reyna að nýta þessa miklu orku, sem við búum yfir og er ein verðmætasta eign þjóðarheildarinnar. Það er algerlega fráleitt og ósiðlegt að örfáir einstaklingar geti gert þessa sameiginlegu nauðsyn þjóðarinnar að gróðalind fyrir sig, en það er um það og það eitt sem þessi ágreiningur snýst.

Hv. þm. sagði að ég hefði minnst á Kröflu í þessu sambandi nýlega. Það er alveg rétt, mér er kunnugt um það að fyrri eigendur Kröflusvæðis hafa snúið sér til stjórnarvalda og farið fram á meiri fjármuni en um var samið á sínum tíma. Ég vona að réttur ríkisins sé þar fullkomlega tryggður. En þetta sýnir bara hvernig þróunin er. Og ef Alþ. tekur ekki í taumana og sker úr um þetta mál, þá verður þetta viðhorf æ sterkara og æ erfiðara að standa gegn því. Og ef við látum hlutina þróast inn á þessa braut, ýmist af gáleysi eða vegna kredduviðhorfa, eins og hv. þm. Ingólfur Jónsson, þá kunnum við að vera að binda okkur bagga og valda okkur erfiðleikum sem geta orðið mjög torleystir eftir tiltölulega skamman tíma. Ég hef rætt mikið um þessi mál áður og hyggst ekki endurtaka það við þessar umr., en ég vona að hv. alþm. séu sama sinnis í viðhorfi sínu til þessa máls og þeir voru fyrir síðustu kosningar því að þá var meiri hl. fyrir þessu máli hér á þingi.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Ég á sæti í iðnn. og hef skrifað undir nál. meiri hl. sem hv. 1. þm. Sunnl. hefur gert grein fyrir, en þar

er megintillagan sú að þessu máli verði vísað til ríkisstj. Þær aths., sem ég kann að gera hér, varða grundvallarafstöðu, en engar kreddur, en hv. frsm. minni hl. vildi gefa okkur andstæðingum þá einkunn að við færum með kreddumál. Hér er um grundvallarafstöðu að ræða, eins og má einnig vera að sé kveikjan að þessu frv. hv. þm.

Ég get vel og auðveldlega tekið undir þá margtuggnu setningu að jarðvarmi sé helsta auðlind Íslendinga eða verðmætasta eign þjóðarinnar, eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði áðan. Um þetta er auðvitað enginn ágreiningur, það er alveg augljóst mál að þessa miklu auðlind ber að nýta til almenningsheilla og í þágu allsherjarhagsmuna á Íslandi. Og vissulega er það líka rétt að það þarf að tryggja það beinlínis að þessi auðlind verði nýtt í þágu allsherjarhagsmuna. Ég held að það sé enginn ágreiningur um þetta. Þess vegna er það enginn sérstakur frumleiki í málflutningi og engin sérstök framsýni þó að menn sífellt hampi áhuga sínum á því að það þurfi að virkja jarðvarma í þágu þjóðarinnar og þetta sé ein af auðlindum þjóðarinnar o. s. frv. Ég held að þar geti enginn sérstakur kennt öðrum neitt sérstakt. En það, sem mér sýnist um þetta mál og hefur raunar sýnst lengi, er að það er borið fram af miklum ákafa, það er næstum því borið fram af ástríðuhita. Það var borið fram hér í fyrra af nokkrum ástríðuhita, það mun hafa verið borið fram á sumarþingi, það lýsir ástríðunni í þessu máli (Gripið fram í: Fyrir þremur þingum kom það fram.) Ef til vill, svona er það, ég er ekki nógu langminnugur, og það sannar enn betur það sem ég er að segja. Þetta mál er flutt af slíkum ástríðuhita og ákafa að ég verð að segja að það gegnir hreinlega furðu. (Gripið fram í.) Hins vegar verð ég að segja það, að mér finnst þetta mál ekki vera borið fram af neinni sérstakri þjóðfélagslegri nauðsyn eða þá af einhverri lagalegri nauðsyn, það fæ ég ekki séð, en hins vegar er alveg augljóst að þetta er gífurlega mikið kappsmál hv. 1. flm., 3. þm. Reykv., og ég lái honum það ekkert. Hann má bera sín mál fram af ástríðu og ákafa, en hins vegar má hann ekki lá neinum það þó að menn taki ekki alveg undir allt sem hann segir í því sambandi.

Ég held að þetta mál sé í rauninni borið fram sem sérstakt pólitískt sannfæringaratriði, — sannfæringaratriði, sem ég hef ekki. Og auk þess kom það mjög greinilega fram núna í ræðu hv. 1. flm. og frsm. minni hl. að hann reiknar með því að það sé meiri hl. eða kunni að vera meiri hl. fyrir þessu máli hér á Alþ. Og hann vísaði til þess áðan að framsóknarmenn mundu styðja þetta mál — ég man nú ekki nákvæmlega hvort hann orðaði það svo, en alla vega virtist hann gera ráð fyrir því að mikill hluti framsóknarmanna styddu þetta mál. En ég vil upplýsa hv. þm. um það að Framsfl. hefur síður en svo tekið nokkra flokkslega afstöðu í þessu. Ef þar finnast einstaklingar sem eru fylgjandi því að fara þessa þjóðnýtingarleið, þá gera þeir það algjörlega sem einstaklingar, en ekki á grundvelli neinna flokkssamþykkta, og að mínum dómi er það í andstöðu við stefnu Framsfl. að taka þannig upp eignir manna. Og ég vil segja það, að ég mun gera það sem ég má til þess að kappgirni hv. 1. flm. beri ekki árangur, jafnvel þó að ágætur flokksfélagi minn og raunar formaður þingflokks Framsfl., samnefndarmaður minn í iðnn., hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, sem ekki er staddur hér nú, jafnvel þó að hann mæli með samþykkt þessa frv.

Ég sagði áðan að þm. Framsfl. stæðu ekki einhuga um þetta og þá sem einstaklingar ef þeir styðja þetta mál, menn hafa um það óbundnar hendur. En hins vegar vona ég að þeir framsóknarmenn, sem verið hafa í vafa, sjái betur hina lagalegu og pólitísku agnúa sem eru á þessu máli, því betur sem þeir lesa þetta mál niður í kjölinn, því að þetta er ekki nándar nærri eins saklaust mál og sumir ímynda sér. Það sem ég hef mest út á þetta frv. að setja, það er að verið sé að gerbreyta efni 9. gr. núgildandi orkulaga, en í 9. gr. orkulaganna segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita úr landareigninni með þeim takmörkunum sem lög þessi tilgreini. En með þessu frv. er verið að gjörbreyta þessari grein, það er verið að takmarka umráða- og hagnýtingarréttinn þannig, að jarðhiti á háhitasvæðum á að verða ríkiseign með lögum. Alþ. ætlar að ákveða það með lögum að jarðhiti á háhitasvæðum verði ríkiseign. Alþ. væri þá að mínum dómi að seilast inn á svið eignarréttar með svo vafasömum hætti að það þarf alveg sérlega sterk rök til þess að ljá því lið. Þetta vil ég að menn hugleiði. Ég fæ ekki séð að nein rök hafi verið færð fyrir nauðsyn svo róttækra aðgerða af hálfu Alþ. Það eru tylliástæður einar sem færðar hafa verið fram af hálfu hv. flm.

Þetta mál er rekið að meira eða minna leyti á röngum forsendum og mjög í skjóli þess að nauðsyn beri til að hagnýta jarðhita í almannaþágu, sem allir eru vitanlega sammála um að gera þurfi. Það er búin til beinlínis sú viðbára að einkaeign jarðhitaréttinda sé þrándur í götu nauðsynlegrar nýtingar jarðhita í almannaþágu. Ég held, þrátt fyrir það sem hér hefur komið til umr. nú á þessum fundi og fyrr um Svartsengi, að það sé ákaflega fátt sem styður þessa kenningu um að einkaeign á jarðhitasvæðum hafi tafið nýtingu jarðhita í almannaþágu. Ég held að sagan sýni bókstaflega allt annað. Ég held að sagan sýni að bændur hafi sýnt bæði lipurð og mikinn skilning í þessum málum bæði fyrr og síðar, og það mætti nefna um það mörg dæmi úr öllum landsfjórðungum og kann ég ekki skil nema á örfáum dæmum þess. En hitt veit ég, að það hefur oft komið fyrir að bændur hafa beinlínis gefið jarðhitaréttindi eða selt þau við svo hlægilega vægu verði að það er varla hægt að tala um að það sé um sölu að ræða, heldur gjöf. (Gripið fram í.) Ég held líka að brask með jarðhitaréttindi sé mjög fátítt hér á landi, og ég fullyrði að bændur standa ekki í slíku braski, en vera má að þau séu til einhverjir lögfræðingar eða aðrir slíkir, sem kaupsýslu iðka, sem reyna að mata krókinn í þessum efnum. En í þessu tilfelli vil ég segja: Það hefur ekkert fram komið um það enn þá að svo sé, að menn hafi virkilega haft af þessu stórfé. Þessi mál, sem nefnd hafa verið, eins og um Svartsengi og fleira kannske, það er ekkert fram komið um það að lögfræðingar,

sem kunna að standa bak við það, eða aðrir kaupsýslumenn komi þar fram vilja sínum um þetta brask, og ég held að Alþ. hafi ýmsar leiðir til að koma í veg fyrir slíkt brask. Það er hæði hægt að gera það með skattalögum og beinum áhrifum á það hvernig mat þessara réttinda er.

En ég var að minnast á bændurna sem gefið hafa hitaréttindin. Ég minnist a. m. k. þriggja bænda sem gefið hafa hitaréttindi úr landi sínu, og ég nefni þá fyrst Sigurjón á Litlu-Laugum í Reykjadal sem á sínum tíma gaf land og hitaréttindi undir Laugaskóla. Ég minnist á Böðvar á Laugarvatni og Gísla á Stóru-Reykjum í Ölfusi, ef ég nefni nafn hans rétt. Þetta, sem menn eru nú að koma með upp, að það séu einhverjir lögfræðingar og kaupsýslumenn að gera tilraunir til að braska með jarðhita suður á Reykjanesi, ég held að það sé engin ástæða til að gera úr því allt of stórt númer. Ég held að það verði að bíða eftir því hver niðurstaðan úr þeim samningum verður, og ég held að menn verði að gæta sín í því að láta ekki þessar hugmyndir snerta saklausa menn sem eru landeigendur almennt í landinu og helstu landeigendur að fornu og nýju, bændastéttina. Ég fullyrði að bændastéttin hefur ekki staðið í braski um jarðhitarétt. Þess vegna sé ég ekki að það sé nein ástæða til þess að Alþ. fari að taka sér slíkt vald í hendur eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Með því værum við að fara út á vafasama braut, að ekki sé meira sagt.

Frv. verður ekki skilið öðruvísi en að verið sé að svipta einstaklinga eða einkaaðila eignaryfirráðum án þess að fébætur komi í staðinn, og það þarf enginn mér að segja að slík eignaupptaka striði ekki gegn 67. gr. stjskr. um friðhelgi eignarréttar. Og þó að fyrir liggi álit lagadeildar Háskóla Íslands þar sem segir að frv. feli ekki í sér stjórnarskrárbrot, ef að lögum yrði, þá er — og ég bið menn að taka eftir því — þá er sleginn varnagli í áliti lagadeildar um það að gera verði ráð fyrir að það geti í einstökum tilfellum haft í för með sér bótaskyldu fyrir ríkissjóð gagnvart eigendum jarðhitaréttinda, ef þetta frv. verður að lögum. Mér finnst ýmsir horfa fram hjá þessum fyrirvara lagadeildar. En ég vil vekja alveg sérstaklega athygli á þessum fyrirvara. Og ég vil líka vekja athygli manna hreinlega á því að lagadeild er enginn dómstóll, hún er enginn úrskurðaraðili í lagaþrætu þó að álit hennar hafi gildi í fræðilegum efnum og hljóti að vera mikilvægur leiðarvísir varðandi skilning á lögum. Þess er líka að geta að í áliti lagadeildar segir orðrétt á einum stað, með leyfi hæstv. forseta: „Þarna“ — þ. e. a. s. það er átt við frv. — „þarna er byggt á því að fyrrgreindar skerðingar á jarðhitaréttindum hafi ekki í för með sér skyldu til greiðslu eignarnámsbóta. Þrátt fyrir það er ástæða til að ætla að frv. verði skýrt þannig, ef að lögum verður, að eignarskerðingar þessar skuli koma til framkvæmda við gildistöku laganna, en hins vegar beri að greiða aðilum bætur, sem sviptir hafa verið réttindum sínum til að hagnýta jarðhita með borunum, ef um verðmæt réttindi er að ræða.“ Þannig segir m. a. í þessu áliti lagadeildar.

Hv. flm. frv. nota álit lagadeildar óspart sér til framdráttar. Ég held aftur á móti að álit þeirra styðji málstað þeirra ekki nema að mjög litlu leyti. Ég held nefnilega að í áliti lagadeildar felist nokkuð ákveðin viðvörun til Alþ. um að fara með gát í þessu máli. Það eru fyrirvarar í álitinu og þeim verður að gefa fullan gaum. Mér þykir miður að hv. flm. skuli ekki fást til að leiða hugann meira að fyrirvörunum en sækja mál sitt af miklu kappi á nokkuð hæpnum forsendum og raunar fölskum forsendum að mínum dómi. Og mig langar enn til þess að menn fái að heyra orðréttan kafla úr áliti lagadeildar, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt núgildandi lögum á landeigandi að jafnaði rétt til hagnýtingar jarðhita og jarðefna, sem eru undir yfirborði lands hans, sbr. 9. gr. orkulaga, nr. 58/1967, og 1. og 4. gr. námulaga, nr. 24 1973. Vafi leikur hins vegar á hve langt hagnýtingar- og umráðaréttur landeigenda nái í jörðu niður. Þar sem ákvæði frv. áskilja hins vegar ríkinu jarðhita undir yfirborði jarðar á háhitasvæðum án tillits til þess hve djúpt hann liggur í jörðu verður að ætla að frv. hafi í för með sér, ef að lögum verður, að eigendur jarðhita á þessum svæðum verði sviptir heimild sinni samkvæmt núgildandi lögum til að hagnýta jarðhita undir yfirborði jarðar með borunum.“ Og í beinu framhaldi segir lagadeild, með leyfi hæstv. forseta: „Eins og eignarskerðingum þessum er háttað“ — takið eftir að lagadeild notar orðið eignarskerðing — „verður að líta svo á að skylt sé samkvæmt 67. gr. stjskr. að láta eignarnámsbætur koma fyrir þær ef á annað borð er um jarðhitaréttindi að ræða sem hafa fjárhagslegt verðmæti við gildistöku laganna.“

Ég vildi því endurtaka það, að ég held að við ættum að lesa álit lagadeildar með aðgæslu. Ég tek það sem viðvörun til mín að fara varlega í þessu máli. Að mínum dómi felur álitið ekki í sér neinn ótvíræðan stuðning við meginkjarnann í því sem mér er andstæðast í þessu frv. Og það er hreinlega eins og ýmsir hafi orðið blindaðir af átoritetstrú í þessu máli, — ég hef orðið þess var — en ég tel það að blindast af átoritetstrú þegar menn ofmeta fræðilegar álitsgerðir eða leggja einhliða skilning í orð sérfræðinga til þess að finna áhugamáli sínu stuðning. Ég fæ ekki betur séð en að jafnvel sumir þeir sem annars eru litlir þjóðnýtingarmenn, svo sem tilteknir flokksbræður mínir, hafi ánetjast þessu áhugamáli hv. 3. þm. Reykv. Og ég held að það hafi orðið m. a. fyrir mjög fljótfærnislega túlkun á álitsgerð lagadeildar. Ég veit ekki hvort mér tekst að hafa áhrif á þessa ágætu menn og þá einkum á samflokksmenn mína, en ég vona hins vegar að þeir, sem vilja fara með gætni í þessu máli, fáist til að hugleiða orð mín. Þess vegna vona ég að sú till., sem ég stend að ásamt meiri hl. iðnn., að málinu verði vísað til ríkisstj., ég vona að sú till. verði samþ. hér í hv. d. Ég er jafnsannfærður og flm. þessa frv. um að jarðvarminn er ein af auðlindum Íslands og hann ber að nota í þágu þjóðarheildarinnar. Ég fellst á það að mikils er um vert að tryggja sem best að jarðhitinn í landinu verði nýttur í þágu allsherjarhagsmuna. Ég get sagt það sem mína skoðun að einkaeign á jarðhitasvæðum á ekki og má ekki koma í veg fyrir að jarðhiti verði nýttur með hagsmuni alþjóðar fyrir augum. En ég tel að viðhafa verði aðrar aðferðir en lagt er til

í þessu frv., a.m.k. tel ég nauðsynlegt að lögmæti þessarar þjóðnýtingaraðferðar verði kannað betur. Ég vil fá tækifæri til að kanna það betur áður en ég gengst inn á að samþ. þetta frv., enda liggur ekki lífið á. Það tapast ekkert við það þótt þetta mál sé kannað betur. Ég þykist sjá bæði pólitíska og lagalega agnúa á þessu máli eins og það liggur nú fyrir. Þess vegna hlýt ég að beita mér gegn samþykkt þessa frv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get ekki talið mig neinn sérstakan þjóðnýtingarmann, en ég vil samt láta í ljós það viðhorf mitt til þess frv., sem hér liggur fyrir, að ég er því samþykkur og hef verið það alltaf, að jarðhiti og jarðhitasvæði ættu að vera almenningseign þegar þeim er þannig háttað að landeigendur geta ekki notfært sér þau án meiri háttar og mjög mikillar tilfæringa. Ég held að það sé heilbrigt. Ég held að það eigi sér nægileg fordæmi í íslenskri löggjöf.

Ég held að það geti ekki verið nokkur deila um það að löggjafarvaldið getur sett þær reglur um hagnýtingar- og umráðarétt jarðhitans sem það kýs. Hitt getur þá aðeins orðið deila, sem oft kemur fyrir, hvort um sé að ræða í því tilfelli almenn takmörk eignarréttar, sem ekki eru bótaskyld, eða eignarnám sem á að greiða bætur fyrir. Hvort tveggja eru eignarskerðingar. Það úir og grúir í okkar löggjöf af eignarskerðingum, en þær eignarskerðingar eru almenn takmörk á eignarrétti, eins og í byggingarlöggjöf og alls konar löggjöf, og þær eru ekki bótaskyldar. Svo er aftur á móti eignarnám, sem er sérstök tegund af eignarskerðingu, og þá á að greiða bætur vegna þess. Hvort hér sé um að ræða, ef t.d. þetta frv. yrði samþ., almenn takmörk eignarréttar eða eignarnám eiga dómstólar úrskurðarvald um, þannig að það þarf ekkert að vera að eiga það undir áliti fræðimanna eða lagadeildar hvort hér sé um að ræða almenn takmörk eignarréttar eða eignarnám. Hverjum þeim, sem ekki vill una þessari eignarskerðingu, sem um er að tefla, án þess að fá bætur fyrir, er frjálst og fullheimilt eftir íslenskum lögum að fara í mál og leita eftir úrskurði dómstóla um það. Þeir, sem hafa trú á því að hér sé um eignarnám að ræða, fara auðvitað þá leið, og það er auðvitað ágætt að fá úrskurð dómstóla um það hvort hér sé um þess háttar eignarskerðingu að tefla eða ekki, þannig að þetta geti legið ljóst fyrir.

Hins vegar er ég alveg ósammála síðasta ræðumanni um að hér sé um eignarnám að tefla. Ég held þvert á móti að hér sé um að ræða almenn skynsamleg takmörk á eignarrétti. Í því efni verður líka að hafa í huga eðli jarðvarmans, sem sé að jarðvarmi er ekki eitthvað sem liggur fyrir á einhverjum ákveðnum bletti. Þetta er sístreymandi, í mörgum tilfellum vatn eða gufa, og ef einn landeigandi tekur upp á því að bora hjá sér á sínu landi, þá getur hann náð þessum jarðvarma e.t.v. öllum upp og þar með svipt alla aðra landeigendur, þar sem hitinn rann eftir þeirra landi og streymdi eftir, möguleika til að ná honum upp — eða þá öfugt, að maðurinn gæti hugsanlega lagt í mikinn kostnað við að gera borholu á sínu landi og borað og náð upp jarðhita, en síðan tæki nágranninn upp á því að bora rétt við landamörkin og bora betur og næði öllum jarðvarmanum úr borholu þess sem áður hafði borað. Það er því þörf á reglum um þetta, einmitt vegna þess hversu þessum náttúruverðmætum er háttað. Þetta er alveg nákvæmlega sama sagan og menn ráku sig á með olíuna. Þess vegna t.d. var talið nauðsynlegt í Bandaríkjunum að setja reglur um olíuboranir, af því að þetta gat skeð, að nágranninn gæti rétt við landamörkin borað nýja holu sem tæki það vatn eða olíu sem var á næstu nágrannaeigninni og e.t.v. var búið að gera ráðstafanir til að ná upp á yfirborðið.

Þess vegna þýðir ekkert að vera of mikill kreddutrúarmaður eða bókstafstrúarmaður í þessu efni, heldur verður að laga reglurnar eftir skynsamlegum nýtingarþörfum. Og ég held að þegar menn skoða þetta mál, þá hljóti þeir að komast að þeirri niðurstöðu að það er þörf á því að setja almennar lagareglur um þetta efni. Nokkrar lagareglur um þetta efni munu reyndar þegar vera settar, ef ég man rétt, líklega í orkulögum.

Ég vildi aðeins taka þetta fram vegna tilteknna ummæla í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að þessi er mín afstaða og þessi var afstaða fyrrv. hæstv. ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Mér þótti dálítið einkennilega að orði komist hjá hv. þm. Ingvari Gíslasyni að ég hefði beitt mér fyrir þessu máli hér á þingi af ákafa og ástríðu. Ég hygg að það séu ein þrjú ár síðan þetta mál var fyrst lagt fyrir þing og það var, eins og ég gat um áðan, samið samkv. beinni ósk Orkustofnunar. Ef hv. þm. vill ekki trúa þessum ummælum mínum getur hann leitað vitneskju um það hjá Orkustofnun sjálfri. Alþ. vann hins vegar ákafelga slælega að þessu máli. Það lá í n., sem ekkert sinnti málinu, ár eftir ár, og það eru vinnubrögð sem því miður eru Alþ. ekki til neins sóma.

Ég hafði hug á því að greina þessum hv. þm. dálítið frá afstöðu Framsfl. til þessa máls, en hæstv. viðskrh. hefur nú tekið það ómak býsna myndarlega af mér. Engu að síður er ástæða til að rifja það enn frekar upp að Framsfl. hefur beitt sér í þessu máli undanfarin 20 ár. Árið 1956 var lagt hér fyrir þing frv. sem samið hafði verið að frumkvæði Hermanns Jónassonar, þáv. form. Framsfl., að jarðhitalögum, um jarðhita, í 66 gr. Í n., sem samdi það frv., voru Jakob Gíslason, Ólafur Jóhannesson, núv. viðskrh., og Gunnar Böðvarsson, auk þess starfaði Baldur Líndal með þessari n. Í því frv. voru mun strangari ákvæði um almannaréttinn á þessu sviði en í því frv. sem nú er hér til umr., því að í frv., sem lagt var fram 1956 af Hermanni Jónassyni fyrir hönd Framsfl., segir svo: „Ríkið á allan rétt til umráða og hagnýtingar jarðhita, sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 m undir yfirborð jarðar.“ Allur jarðhiti sem liggur dýpra eða sóttur er dýpra en 100 metra undir yfirborð jarðar. Þau ákvæði, sem eru í frv. sem við erum að ræða um núna, eru miklu þrengri en þetta. Þau taka aðeins til háhita, þ.e.a.s. svæða sem eru þess eðlis að innan þeirra finnist

200 stiga heitt vatn ofan 1 000 m dýpis. Þetta er miklu takmarkaðri tillaga heldur en það frv. sem Hermann Jónasson lagði hér fram 1956 og unnið var alveg sérstaklega af núv. hæstv. viðskrh.

Hæstv. viðskrh. samdi þá mjög itarlega ritgerð, sem fylgdi þessu frv., um það hvort sú almenna takmörkun á eignarrétti á jarðhita, sem lögð væri til í frv., bryti í bága við ákvæði 67. gr. stjskr. Niðurstaða hans var sú að heimilt væri að setja eignarrétti landeigenda á jarðhita slík almenn takmörk án þess að það bryti í bága við eignarréttarvernd stjskr. Ég held það gæti verið mjög lærdómsríkt fyrir hv. þm. Ingvar Gíslason að lesa þessa ritgerð eftir hæstv. viðskrh. vegna þess að ég hygg að menn geti verið sammála um að hann er öðrum mönnum sérfróðari á þessu sviði, og þá getur líka þessi hv. þm. fengið dálítið gleggri vitneskju um það hver hefur verið og ætti að vera enn afstaða framsóknarmanna til þessa máls.

Það eru fleiri menn sem hafa gert sér þetta vandamál ljóst. Hæstv. viðskrh. minnti á að í Bandaríkjunum hefði verið sett löggjöf vegna olíu, vegna þess að ein borun gæti tekið af boranir á öðrum stöðum í nágrenninu. Till. um þetta efni var flutt hér á þingi 1945 af Bjarna heitnum Benediktssyni. Hann lagði þar til að jarðboranir, sem ná dýpra en 10 m, megi ekki framkvæma án leyfis ráðh., sem skyldi synja leyfis ef hætta kynni að verða á því að með jarðborun væri spillt hagnýtingu jarðhita á eign annars manns, sem þegar er hafin, eða hagnýtingu síðar meir, enda sé sú nýting jarðhitans mun verðmeiri en sú hagnýting sem stefnt er að með hinni fyrirhuguðu jarðborun. Í frv. voru engin ákvæði um bætur í því tilviki að leyfis væri neitað, enda segir svo í grg. með þessari till. Bjarna heitins Benediktssonar: „Hér er aðeins um almenna takmörkun á eignarréttinum að ræða, sem löggjafarvaldinu er heimilt að setja þrátt fyrir ákvæði stjskr. um friðhelgi eignarréttarins.“

Þannig var skoðun Bjarna heitins Benediktssonar, að slík almenn takmörkun væri heimil án bóta, enda þótt henni væri eingöngu ætlað að vernda byrjaða nýtingu eða væntanlega nýtingu jarðhita á landareign grannans. Þarna var gengið miklu lengra í almennri takmörkun á eignarrétti á jarðhita heldur en gert er í því frv. sem hér er til umr. Og þetta var mat Bjarna heitins Benediktssonar, þannig að þetta er mál sem Sjálfstfl. hefur einnig fjallað um. Menn skulu gera sér það ljóst.

Hv. þm. Ingvar Gíslason sagði að bændur, sem ættu jarðhita, hefðu oft sýnt mikinn skilning á nauðsyn almennings í því sambandi. Þetta er vissulega alveg rétt. Sem betur fer hefur það verið ríkjandi afstaða til skamms tíma að líta á alþjóðarheill í sambandi við það, og það eru ákaflega mörg dæmi um að bændur hafa látið af höndum land vegna þess að þeir töldu sig þar vera að stuðla að þjóðþrifamálum. En þessi viðhorf hafa því miður verið að breytast mjög alvarlega nú síðustu árin og það eru komnir inn í þetta mál lögfræðingar og braskarar sem reyna að nýta þessi verðmæti í gróðaskyni. Mér er t. a. m. kunnugt um aldurhnigna og merka konu upp í Borgarfirði sem vill mjög gjarnan að nágranni hennar þar fái að nýta þann mikla jarðhita sem er í hennar eigu. En það eru lögfræðingar sem eru nú að flækja málið og reyna að halda þannig á því að það verði ekki farið að vilja þessarar ágætu konu, heldur verði einvörðungu peningasjónarmið höfð í huga, og þeir hafa nefnt í því sambandi olíuverð. Það er þetta sem hefur verið að gerast síðustu árin.

Hér er ekki um að ræða neina almenna tortryggni á bændastéttina. Vér höfum enga ástæðu til þess. Hins vegar er með því að gera þetta að slíkum verðmætum verið að opna leiðina fyrir alls konar braskara og lögfræðinga sem vilja hagnast á þessu. (Gripið fram í: Lenin var lögfræðingur.) Já, já, það hafa margir merkir menn verið lögfræðingar. (Gripið fram í: Marx líka.) Castró er lögfræðingur. Þegar ég var staddur á Kúbu einu sinni hlustaði ég á ræðu sem Castró hélt við háskólann í San Diego, þar sem hann var að reyna að lýsa framtíðarþjóðfélaginu, sem hann stefndi að. Hann lenti í dálitlum vandræðum með þetta og gat ekki dregið upp almennilega lýsingu þannig að hann endaði ræðu sína á þessu: „Ja, ég á við þjóðfélag þar sem engin þörf er fyrir lögfræðinga“. Nei, því miður eru býsna margir lögfræðingar hér sem eru með gróðasjónarmið fyrst og fremst, líka vegna þess að þeir fá ákveðna prósentu af þeim verðmætum sem þeir geta klófest fyrir skjólstæðinga sína. Þessir menn eru ekki að hugsa um þjóðarhag. Þeir eru að hugsa um persónulegan gróða.

Það er alveg rétt, sem hæstv. viðskrh. sagði áðan, að sú mikla orka, sem er á jarðhitasvæðunum, er allt annars eðlis en þær eignir sem almennt eru túlkaðar heyra undir eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Verðmætin sem í jörðinni eru, jarðvarminn, hafa ekki orðið til fyrir neina mannlega starfsemi. Þetta eru náttúruöfl, eins og ég gat um áðan. Landeigendur hafa almennt hvorki yfir að ráða tæknilegri þekkingu né tækjabúnaði sem þarf til að rannsaka háhitasvæði á viðeigandi hátt til borana og vinnslu. Allt þetta verður ríkisvaldið að gera og hefur ríkisvaldið gert. Við verjum sem betur fer æ hærri upphæðum til þess að rannsaka þetta mál. En það erum við sameiginlega, þjóðin sameiginlega, sem leggur þessi verðmæti fram, ekki þessir aðilar sem koma svo á eftir og vilja fá að skattleggja þessa sameiginlegu eign þjóðarinnar. Og þeir segja mér, sérfræðingar Orkustofnunar, að ef ekki verði settar eðlilegar lagareglur um þetta, þá hljóti Orkustofnun að fara að skoða hug sinn tvisvar um það hvort hún framkvæmi rannsóknir á landi áður en búið er að ganga frá því að sú orka, sem hún kann að finna, verði notuð í almenningsþágu. Það er algerlega óeðlilegt ef rannsóknarstörf stofnunar eins og Orkustofnunar eiga að leiða til þess að einkaaðilar, sem ekkert hafa gert, þykjast allt í einu eiga hundraða milljóna verðmæti.

En sem sagt ég vona að hv. þm. Ingvar Gíslason glöggvi sig dálítið betur á fyrri afstöðu og gerðum flokksbræðra sinna í þessu máli.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt úr hófi. Menn hafa lýst hér skoðunum sínum og það hef ég gert, og þær umr., sem fram hafa farið eftir að ég talaði,

hafa ekki breytt hinu minnsta í sambandi við mína skoðun á þessu. Hæstv. dómsmrh. lýsti sinni skoðun, sem hefur nú raunar verið landskunn í mörg ár um þetta efni, og þó að hann sé form. Framsfl. og sá sem hann er, þá vil ég minna á það að hans einkaskoðanir geta náttúrlega ekki orðið, síst af öllu í lögfræðilegum efnum, skoðanir hvers einasta framsóknarmanns. Ég ætla ekki að hefja hér neinar rökræður, enda stend ég ekki það vel að vígi að ræða við hæstv. dómsmrh. litt við búinn um lögfræðileg efni eins og skilin á milli almennrar takmörkunar eignarréttar og ég vil segja þjóðnýtingar eða sviptingar eignarréttar eða annarrar slíkrar eignarskerðingar. Ég ætla ekki að fara út í það. Hins vegar held ég að það sé æskilegt að menn reyni að gera sér grein fyrir því hvar skilin liggi þarna á milli. Og vissulega er það rétt, sem fram kom hjá hæstv. dómsmrh. og allir þm. vita, að það er hægt að setja ýmiss konar takmarkanir á eignarrétt án sérstakra bóta. Það hefur verið gert margsinnis. Hins vegar held ég að við megum ekki leika okkur neitt að því að gera slíkt og það verður að fara með mikilli gát að því. Við verðum að átta okkur á því hvar mörkin liggja á milli almennra takmarkana á eignarréttinum og svo á því að beita eignarnámi. Ég tel að í þessu tilfelli væri miklu eðlilegra að byggja á eignarnámsheimildinni eins og hún er fyrir hendi í lögum þar um og eins og hún er fyrir hendi í orkulögunum sjálfum, og þess vegna get ég ekki fellt mig við það frv. sem hér er, vegna þess að þarna er að mínum dómi verið að ganga á eignarrétt manna.

Ég tel, að þetta frv. sé þannig úr garði gert að í reyndinni muni það snerta þá hagsmuni sem 67. gr. stjórnarskrárinnar verndar og þess vegna þurfum við að skoða þetta mál miklu betur. Vissulega er rétt að það er hægt að bera mál sín undir dómstóla. Það þarf ekki að segja mér það og það vita allir. En ég held hins vegar að það sé ekki æskilegt að við séum að stofna til þess, sem þetta frv. stefnir að, án verulegra umr. því að það hafa engar umr. í rauninni farið fram um þessi mál — a. m. k. sáralitlar umr. farið fram um þetta mál. Það hefur verið reynt að keyra þetta í gegn með ákafa, hvaðan sem hann er kominn. Hv. 3. þm. Reykv. segir að hann hafi ekki haft minnsta áhuga á þessu, enda hafi hann gert þetta fyrir Orkustofnun. En einhvers staðar að er ákafinn kominn og ákefðin, og ég held satt að segja að hv. þm. Magnús Kjartansson hafi flutt þetta mál nú a. m. k. tvívegis af nokkuð miklum ástríðuhita, einkum nú tvívegis, vil ég segja. Við skulum segja að hv. þm. hafi gert þetta fyrir Orkustofnun í upphafi, en ég held að nú í tvö síðustu skiptin hafi þetta verið hans eigið frumkvæði og áhugaefni.

Ég er alveg sammála hæstv. dómsmrh. og hv. 3. þm. Reykv. um að það er nauðsynlegt að hafa almennar reglur um þessi efni. Ég er ekki á móti því. En mér er ekki sama hvaða aðferð er notuð til þess að setja þessar reglur. Á því er dálítill munur. Og ég er alveg sannfærður um að hv. þm. almennt hafa ekkert skoðað þetta mál. Þeir hafa ekki skoðað þetta mál til neinnar hlítar. (Gripið fram í.) Þeir hafa ekki gert það til neinnar hlítar, og það er einmitt það sem ég er að biðja hv. þdm. að gera, að skoða þetta mál, skoða það í grundvallaratriðum og sjá hvaða agnúar eru á því. Ég sé á því agnúa. Ég sé á því bæði pólitíska agnúa og lagalega agnúa, og á meðan þeir agnúar eru ekki sléttaðir út, máðir burt, þá verð ég á móti þessu máli. E. t. v. á ég eftir að sannfærast um að þetta hafi gildi, en til þess vil ég fá betri tíma og fá að skoða þetta mál betur.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, hæstv. forseti. Ég hef greint alveg nákvæmlega frá því hverjar eru mínar skoðanir á þessu máli eða hver er afstaða mín til þessa frv. — og það skiptir höfuðmáli. En ég vil endurtaka áskorun mína til hv. þdm. að taka undir þá till., sem ég og samnm. minir í meiri hl. iðnn. hafa lagt fram, að málinu verði vísað til ríkisstj. Það felur það m. a. í sér, að tækifæri gefst til þess að skoða þetta mál betur, og þá kann vel að vera að menn sannfærist um að það, sem ég hef verið að segja hér, sé í eðli sínu rangt, en ekki rétt, og er þá ekkert við því að segja. En ég held að það liggi ekki svo á að ákveða þetta að við getum ekki haft þá aðferð, sem meiri hl. iðnn. leggur til, sem sé að vísa því til hæstv. ríkisstj. Hún fær þá málið til frekari skoðunar og það verður hægt að ræða það betur innan þingfl., og þá getur hver og einn hv. þm. rabbað við sjálfan sig í einrúmi um efni frv. og komist að niðurstöðu eftir sína eigin athugun, en ekki látið segja sér neitt fyrir verkum um svo stórt mál sem hér er um að ræða.

Umr. frestað.

Flugleiðir, frv. (þskj. 616). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, leitar ríkisstj. eftir heimild Alþ. til þess að veita Flugleiðum h.f. ríkisábyrgð, þ. e. a. s. sjálfskuldarábyrgð, á lánum að fjárhæð 18.5 millj. bandaríkjadala vegna flugvélakaupa og til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins.

Flugleiðir hf. áforma nú að kaupa til landsins tvær flugvélar af gerðinni DC-8-63 CF sem verið hafa í notkun allt frá árinu 1970 á flugleiðum félagsins. Um vélar þessar hefur gilt kaupleigusamningur þannig að viss hluti verðs vélanna hefur verið greiddur með leigugjaldi.

Eins og fram kemur í aths. með frv. var verðmæti þeirra tveggja véla, sem hér um ræðir, áætlað 21 millj. bandaríkjadala við gerð kaupleigusamningsins, en félagið á nú 13.5 millj. dala ógreiddar af því verði til þess að eignast flugvélarnar.

Forráðamenn Flugleiða hf. sneru sér til ríkisstj. í okt. s. l. og greindu henni frá þessum áformum. Jafnframt gerðu þeir ríkisstj. grein fyrir fjárhagslegum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins síðari hluta ársins 1974 og á árinu 1975.

Rekstur Flugleiða hf. hefur ekki farið varhluta af þeim erfiðleikum sem flugfélög víða um heim hafa átt í á undanförnum mánuðum í kjölfar

aukins rekstrarkostnaðar, einkum af völdum eldsneytishækkana og almenns efnahagssamdráttar sem víðast hefur leitt af sér samdrátt í farþegaflugi. Vegna erfiðrar rekstrarstöðu tóku Flugleiðir hf. rekstraráform sín fyrir árið 1975 til endurskoðunar á síðari hluta ársins 1974. Þessi endurskoðun leiddi til þess að fækkað var um eina DC-8 flugvél í sumaráætlun 1975 og verða þær nú þrjár í stað fjögurra áður. Þrátt fyrir endurskoðuð rekstraráform ársins 1975 til lækkunar útgjalda taldi félagið að til þess að tryggja reksturinn yfir vetrarmánuðina og á þessu ári þyrfti félagið, auk árstíðabundinna lána, lán til 5 ára að upphæð 5 millj. bandaríkjadala.

Ríkisstj. tók áðurnefnda málaleitan Flugleiða hf. til skoðunar og könnuð var fjárhagsstaða fyrirtækisins og önnur þau atriði í rekstri þess sem snerta þetta mál. Það varð meginniðurstaða að fyrirgreiðsla ríkisins við útvegun rekstrarfjármagns yrði ekki skilin frá fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum flugvélakaupum félagsins á þessu ári og með því að nýta ekki kaupréttinn á flugvélunum, sem áður er getið, fyrirgerði félagið þeim möguleika á aukningu á eigin fé sem það hafði þegar greitt í formi leigu á flugvélunum. Það var einnig mat ríkisstj. að áætlanir félagsins um rekstrarfjárþörf væru raunhæfar.

Með hliðsjón af þessu athuguðu ákvað ríkisstj. að leggja fram þetta frv. og óska eftir heimild Alþ. til að veita Flugleiðum hf. sjálfsskuldarábyrgð fyrir hinum umbeðnu lánum, annars vegar til flugvélakaupanna og hins vegar til að bæta rekstrarfjárþörf félagsins svo sem áður er lýst. Það vegur þó þyngst um þá ákvörðun ríkisstj. að leggja fram þetta frv. að sú hefur jafnan verið stefna íslenskra stjórnvalda að tryggja yrði íslendingum forræði í samgöngum við umheiminn. Í samræmi við þessa meginstefnu hefur ríkisstj. komið flugfélaginu til aðstoðar við flugvélakaup og ábyrgð á rekstrarlánum um langt árabil. Flugsamgöngur sem atvinnuvegur og móttaka erlendra ferðamanna eru í dag þýðingarmikill liður í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Þess má geta að á árinu 1974 var hlutur Flugleiða hf. í reglubundnu farþegaflugi yfir Norður-Atlantshafið um 3%. Félagið flutti hingað um 68 000 útlenda farþega og um 13 000 farþegar Flugleiða á leiðinni milli Evrópu og Ameríku höfðu viðkomu í landinu í lengri eða skemmri tíma á árinu 1974. Þessir viðkomufarþegar hefðu varla komið hingað til lands ef þeir hefðu ekki verið farþegar Flugleiða hf. Á árinu 1974 fluttu Flugleiðir hf. samtals yfir 600 000 farþega til og frá landinu og innanlands, þar af rúmlega 400 þús. farþega í millilandaflugi. Í árslok störfuðu hjá félaginu samtals 1 623 starfsmenn við þennan flugrekstur og skylda starfsemi, þar af 1 167 á Íslandi. Ekkert erlent flugfélag heldur nú uppi reglubundnu farþegaflugi til Íslands á eigin spýtur.

Ég vil taka það fram að ríkisstj. telur rétt, þar sem hér er um óvenjuháa ábyrgðarveitingu að ræða, að setja jafnframt skilyrði fyrir henni um eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, ákvörðunum um rekstur og um að hlutafé í Flugleiðum hf. verði aukið.

Frá þessu öllu hefur forráðamönnum Flugleiða verið greint. Um það má deila hver afskipti ríkisvaldsins eigi að vera af rekstri Flugleiða hf. og annarra slíkra fyrirtækja. Ég tel þó að hér sé um svo stórt mál að ræða að ríkisvaldinu sé bæði rétt og skylt að binda ábyrgðarveitingu þeim skilyrðum sem í frv. felast.

Í grg. frv. er nánari útlistun á máli þessu. Ég legg til, hæstv. forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Hér er um ákaflega stórt og ákaflega flókið og mikilvægt mál að ræða, og mér finnst hæstv. ríkisstj. hafa í sambandi við það viðhaft vinnubrögð sem eru í rauninni alger óvirðing við Alþingi Íslendinga. Ég veit ekki betur en að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að Alþ. ljúki störfum nú fyrir hvítasunnu, þ. e. a. s. eftir viku, og þessu máli er kastað hér inn með afbrigðum og ætlast til þess að það verði afgr. í báðum deildum á þessum stutta tíma.

Nú hefur þetta mál verið á vegum ríkisstj. mjög lengi. Það er í okt. í fyrra sem beiðni kemur frá forráðamönnum Flugleiða að fá þessa óhemjulega stórfelldu ríkisábyrgð. Þetta er ríkisábyrgð sem ásamt fyrri ábyrgðum nemur um 4 milljörðum kr. Í grg. segir að hæstv. ríkisstj. hafi látið kanna þessa beiðni flugfélaganna og niðurstöður hafi legið fyrir í febr. Mér er kunnugt um það að síðan voru skipaðar sérstakar nefndir í þingflokkum stjórnarflokkanna til að fara ofan í þetta mál og kanna það, og það var mikil vinna, sem þar var unnin, og margt sem þurfti að skoða. En við stjórnarandstæðingar höfum ekkert fengið um málið að vita.

Við Alþb.-menn snerum okkur til hæstv. forsrh. fyrir nokkrum vikum, vegna þess að við höfðum fregnir af því að það stæði til að leggja fram slíkt frv., og óskuðum eftir því að fá aðgang að þeim gögnum sem þetta mál varða. Hæstv. forsrh. tók þessari málaleitan vel, en gögnin hafa aldrei komið. Það eina, sem okkur hefur borist, var handrit að þessu frv. sem við fengum á miðvikudaginn var og engar frekari upplýsingar um málið.

Í sambandi við þetta hlýtur að verða að skoða ákaflega margt. Þarna er um hrikalega upphæð að ræða, 4 milljarða kr., og það er einkaaðili sem fer fram á það við ríkisstj. að þjóðarheildin gangi í ábyrgð fyrir 4 milljörðum kr. fyrir slíkt einkafyrirtæki. Ég tel að í sambandi við þetta hljótum við almennir alþm., sem höfum ekki tekið þátt í þessari sérstöku athugun ríkisstj., að leita eftir gögnum um ákaflega mörg atriði. Hvernig er t. d. háttað hlutafé í Flugleiðum? Við vitum hvað hlutafé Flugfélags Íslands var, en um hlutafé Loftleiða held ég að viti ekki nokkur maður, því að það á eftir að reikna það út, skilst mér. En alla vega er ljóst að hlutafé þarna er ekki í neinu hlutfalli við þann umfangsmikla atvinnurekstur sem þarna er hafður uppi.

Þetta er auðvitað ákaflega stórt mál fyrir okkur Íslendinga, og ég er algerlega sammála hæstv. fjmrh. um að við Íslendingar verðum að tryggja forræði okkar á sviði flugmála. Það verðum við að gera. En það forræði hefur Flugfélag Íslands fyrst og fremst annast eins og menn vita. Það hefur annast flugsamgöngur hér innanlands og það hefur annast það fyrst og fremst að flytja

okkur íslendinga út til meginlands Evrópu. Starfsemi Loftleiða hefur hins vegar verið á öðrum vettvangi. Þar hafa aðallega verið fluttir farþegar yfir Atlantshaf, sem hafa að miklum meiri hl. til verið erlendir aðilar, auk þess sem félagið hefur starfrækt fyrirtæki sem heitir Air Bahama og snertir að sjálfsögðu ekki íslenskt forræði á sviði flugmála á einn eða neinn hátt. Þetta verðum við að fá vitneskju um líka, því að ef ríkið á að fara að taka svona feiknalega ábyrgð á fjárfestingu í svona fyrirtæki og þar með á rekstri þess, þá verðum við að fá vitneskju um hvaða ábyrgð við erum að leggja á okkur. Ég veit ekki betur en að það hafi komið í ljós á síðasta ári að það hafi orðið halli á flugi Loftleiða yfir Atlantshaf með útlendinga. Dettur mönnum í hug að það geti staðist til frambúðar að við íslendingar förum að borga með ferðalögum útlendinga yfir Atlantshaf? Auðvitað kemur ekkert slíkt til mála. Þess vegna verður að skoða heildarskipan þessara mála í sambandi við hrikalega ákvörðun af þessu tagi.

Nú mér finnst einnig að það þurfi að kanna ýmsa þætti í starfsemi þessara flugfélaga, t. d. hótelrekstur þeirra, þar sem ýmsir afar dularfullir atburðir hafa gerst, og bílaleigu sem rekin er á vegum þessara fyrirtækja. Þarna hafa þessi fyrirtæki verið að koma upp hálfgildings einokunaraðstöðu fyrir sig. Ég veit ekki betur en nú sé verið að verja æðimiklum fjármunum til þess að koma upp mjög fullkominni kaffiteríu á Hótel Esju sem mundi vafalaust drepa fjölmargar smærri kaffiteríur sem eru þar í nágrenninu. Þannig er þessi aðili að reyna að tryggja sér einokunaraðstöðu á okkar litla og þrönga markaði. Um þetta allt saman tel ég að við alþm. eigum heimtingu á að fá vitneskju. Við eigum heimtingu á að fá í okkar hendur öll gögn og að spyrja þá sem gætu veitt okkur fræðslu um þetta efni.

Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. heyrir mál mitt. Ég var að segja, hæstv. fjmrh., að ég tel að við alþm. eigum heimtingu á því að fá nægan tíma til þess að fjalla efnislega um þetta mál, að við fáum að kynna okkur öll grundvallargögn í því sambandi og við fáum til viðræðna við okkur ýmsa embættismenn og sérfræðinga, sem um þetta mál hafa fjallað, þannig að við getum kannað það á fullkomlega eðlilegan hátt og tekið til þess þann tíma sem við þurfum. Ég mótmæli því algerlega ef ætlunin er að reka þetta mál gegnum þn., t. a. m. hér í okkar d., á einum eða tveimur dögum. Þetta mál er miklu stærra en svo að slík vinnubrögð komi til mála. Auk þess er þarna verið að gefa ríkisstj. ákaflega stórar heimildir sem ég tel að Alþ. sjálft eigi að fjalla um. „Ríkisstj. er heimilt“ — segir í 1. gr. — „gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, og með skilyrðum, sem hún ákveður, þ. á m. um hlutafjáraukningu og eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, að veita sjálfskuldarábyrgð“ o. s. frv. Það er verið að veita hæstv. ríkisstj. opna ákvörðun til þess að fjalla um alla þessa þætti. Ég tel ekki að við alþm. getum ráðstafað fjármunum þjóðarinnar á svo gálauslegan hátt að við gerumst ábyrgir fyrir 4 milljörðum kr. án þess að þeirri ákvörðun fylgi þá ákvarðanir af okkar hálfu um það hvernig að þessu máli skuli staðið.

Ég er ekki reiðubúinn til þess að greina frá mínum hugmyndum í þessu sambandi vegna þess að ég hef engin gögn fengið og ég get ekki gert upp mínar skoðanir um þetta fyrr en ég er búinn að fá þessi gögn og fyrr en ég hef fengið ráðrúm til þess að kanna þau. Og ég held að það hljóti að verða afstaða alþm. almennt að svona mál sé ekki hægt að afgr. í neinu hendingskasti. Við þurfum að skoða það mjög gaumgæfilega. Því legg ég enn á það áherslu við hæstv. fjmrh. að sú n., sem fær málið til umfjöllunar, fái eðlilegar upplýsingar og eðlilegan tíma til þess að fullvinna sína afstöðu í málinu.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Frv. það, *sem hér kemur fyrir samdægurs og því er útbýtt* í þingsölum, fjallar um lántöku á ábyrgð íslenska ríkisins fyrir mjög stórum upphæðum í þágu Flugleiða. Það hefur lengi verið á almannavitorði að beiðni um slíka ábyrgð hafi verið borin fram. Hér segir í upphafi grg. að beiðni forráðamanna Flugleiða hafi komið fram við ríkistj. í lok okt. 1974, og ég hygg að ekki hafi liðið langur tími frá því þangað til ráðamenn Flugleiða gerðu fréttamönnum og þar með alþjóð grein fyrir þessu erindi sínu. Nú er það ekki neitt nýmæli að flugfélag, sem stundar millilandaflug, æski ríkisábyrgðar fyrir flugvélakaupum. Það hefur oft borið við áður, að vísu hvergi nærri í eins ríkum mæli og hér er gert né fyrir jafnstórum upphæðum. En hér er meira á ferðinni. Gert er einnig ráð fyrir að veitt sé heimild fyrir ríkisábyrgð á 5 millj. dollara rekstrarfjáraukningu hjá Flugleiðum og það er annað mál og allóskylt í sjálfu sér því hvort ábyrgð er veitt fyrir lántöku til flugvélakaupanna sjálfra.

Eins og hv. síðasti ræðumaður benti á hefur ríkisstj. haft þetta mál lengi til meðferðar, og ég býst við að sú meðferð og þær athuganir sem þar hafa átt sér stað hafi sérlega komið til vegna þess hvernig þessi beiðni er vaxin. Þar er gert ráð fyrir að meira en ¼ ábyrgðarupphæðarinnar sé veittur vegna rekstrarláns.

Þessi athugun og þær ákvarðanir, sem liggja að baki þess að málið er flutt hér á Alþ. hljóta að mínum dómi að felast í frvgr. þar sem segir: „Ríkisstj. er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, og með þeim skilyrðum, sem hún ákveður, þ. á m. um hlutafjáraukningu og eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum er nemi allt að 18.5 millj. bandaríkjadala.“

Ég tel að það felist í þessum orðum að ríkisstj. hafi þegar að lokinni þeirri löngu athugun, sem átt hefur sér stað, tekið ákvarðanir um hvaða tryggingu hún ætlar að krefjast, hvaða skilyrði hún ætlar að setja, sér í lagi um hlutafjáraukningu og eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum Flugleiða. En ég tel það óhafandi að Alþ. sé ekki skýrt frá því hver efnisatriði liggja að baki þessu máli. Að hverju er miðað? Hvað á að setja að skilyrðum fyrir veitingu

þeirrar ábyrgðar sem um er rætt? Ég tel að alþm. eigi heimtingu á því að fá þessar upplýsingar, alveg sér í lagi vegna þess að hér er að stórum hluta um að ræða ríkisábyrgð til að bæta rekstrarfjárstöðu Flugleiða.

Í grg. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var meginniðurstaða trúnaðarmanna ríkisstj. að fyrirgreiðsla ríkisins við útvegun rekstrarfjármagns yrði ekki skilin frá fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum flugvélakaupum félagsins á þessu ári.“

Hér virðist vera um höfuðatriði að ræða í niðurstöðum þeirra athugana sem fram hafa farið á málinu á vegum ríkisstj., en um það kemur ekkert fram, hvorki í grg. með frv. né í málflutningi hæstv. fjmrh., hvað liggur að baki þessari meginniðurstöðu, á hvaða rökum hún er reist. Ég tel nauðsynlegt að Alþ. fái upplýsingar um þetta efni ekki síður en hitt, sem ég áður nefndi, hvaða skilyrðum ríkisstj. telur að ábyrgðin verði að vera háð.

Enn fremur segir í grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Þrátt fyrir endurskoðun rekstraráforma ársins 1975 til lækkunar útgjalda var það mat forráðamanna Flugleiða hf. seinni hluta árs 1974 að til þess að tryggja rekstur fyrirtækisins yfir vetrarmánuðina og út árið 1975 þyrfti félagið auk árstíðabundinna lána, lán til 5 ára að upphæð 5 millj. bandaríkjadala.“

Hvað liggur að baki þessu? Er hér um það að ræða að verið sé að breyta lausaskuldum, sem þegar eru fyrir hendi, í lán til lengri tíma? Það væri mjög æskilegt að fá einnig þetta atriði upplýst.

Ég ber þessar fsp. m. a. fram af því, auk þess sem mér finnst þær sjálfsagðar eðlis málsins vegna, að SF eiga enga fulltrúa í þeim þn. sem líklegt er að fái þetta mál til meðferðar.

Flugleiðir hf. eru stórfyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Flugsamgöngur eru Íslendingum afar mikils virði og það er fylgst af áhuga og mjög náið af stórum hluta þjóðarinnar með því hvernig rekstri þessa stóra fyrirtækis er hagað og hverja þjónustu það veitir. Það er eitt af meginforsendum þess frv., sem hér liggur fyrir, að rekstrarfjárstaða Flugleiða sé svo bágborin að nauðsyn beri til að veitt sé ríkisábyrgð á rekstrarlán til fyrirtækisins sem nemur ¾ úr milljarði kr., en samtímis gerist það, einmitt nú í upphafi ferðamannavertíðar, að ferðaskrifstofa, sem þetta fyrirtæki rekur, auglýsir stórlækkuð gjöld af skemmtiferðum út í lönd, og það liggur í þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, að ferðaskrifstofan geti veitt þessa lækkun og styrkt þannig samkeppnisaðstöðu sína vegna þess að Flugleiðir hafi lækkað fargjöld sín á þessum skemmtiferðaleiðum. Það er ekkert leyndarmál að ein af þeim ráðstöfunum flugfélaganna, sem orkað hafa tvímælis að margra dómi, er þegar þau fóru út á það svið að stofna ferðaskrifstofu og hefja fyrir eigin reikning samkeppni við ferðaskrifstofur sem fyrir voru. Það fer heldur ekki milli mála að þær lækkanir flugfargjalda á fjölsóttustu skemmtiferðaleiðum, er kunngerðar hafa verið, eru ráðstöfun af hálfu Flugleiða og ferðaskrifstofu þess fyrirtækis til að bæta samkeppnisaðstöðu sína á innlendum ferðamannamarkaði. En það er sannarlega ástæða til að athuga hvað að baki býr þegar samtímis er borin fram hér á Alþ. till. um ríkisábyrgð á 750 millj. kr. láni í þágu fyrirtækisins sem greinilega er, með áðurgreinda staðreynd í huga, m. a. tekið til þess að bæta aðstöðu þess til samkeppni á innlendum ferðamannamarkaði. En slíkt þarf ekki í sjálfu sér að vera í beinu sambandi við rekstur áætlunarflugsins sem þarna skiptir höfuðmáli.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er varla von til þess að þm. séu reiðubúnir til þess að ræða svo stórt mál eins og þetta er, margra milljarða mál, í smáatriðum þar sem þeir eru nú rétt nýbúnir að fá þetta á sín borð.

Ég rak ekki augun í þetta fyrr en núna fyrir nokkrum mínútum, og ég undrast dálítið það offors sem sýnt er af hálfu ríkisstj. við að koma þessu máli áfram að til afbrigða þurfi að koma til þess að koma málinu fram, ekki síst með tilliti til þess að beiðni þessa flugfélags var lögð fram á s. l. hausti og eins og kemur fram í grg. er skýrsla trúnaðarmanna hins opinbera tilbúin í febr., fyrir meira en 3 mánuðum. Og ég get ekki séð hvað hefur getað dvalið framlagningu þessa frv. svo langan tíma þar sem mér sýnist á þessu að menn séu alveg ákveðnir í því að veita þessa ábyrgð. Menn, sem leggja þetta fram, hljóta að hafa gert það upp við sig hvaða skilyrði þeir ætli að setja til lánveitingarinnar og í hverju eftirlit ríkisins með fjármálum flugfélagsins á að vera fólgið.

Í grg. er sagt að þessar flugvélar séu keyptar af Seaboard World Airlines í New York, en í næstu málsgr. segir að flugvélarnar hafi Loftleiðir hf. haft á leigu skv. kaupleigusamningi, en ekki sagt af hverjum. Það væri fróðlegt að fá að vita það hjá þeim, sem leggja þetta frv. fram, hvort vélarnar hafi verið leigðar beint af Seaboard World Airlines eða hvort fyrirtækið Hekla Holding í New York hafi verið þar milliliður og þá kannske fleiri. Þetta er aðeins eitt margra þeirra atriða sem ástæða væri til þess að fá vitneskju um áður en þingheimur ætti að vera tilbúinn að afgr. svo stórkostlegar ábyrgðir frá ríkinu.

Nú eru fleiri flugfélög í landinu en þetta sem annast farþegaflug á milli landa. Fyrir ekki löngu var stofnað hér flugfélag sem heitir Air Viking og er rekið, eins og flestir vita, af Guðna í Sunnu. Eins og hv. síðasti ræðumaður fjallaði nokkuð um í sambandi við ábyrgðarbeiðni á rekstrarláni, þá getur vaknað sú spurning hvort ríkið eigi að veita stórkostlegar ábyrgðir fyrir rekstrarfé þessa fyrirtækis til þess að geta slátrað endanlega Air Viking sem þessi flugfélög hafa margsinnis og í langan tíma gert itrekaðar tilraunir til.

Ég undrast það af hverju við hér í þessari þd. fáum ekki í hendurnar um leið og frv. er lagt fram, svo seint sem það er, skýrslu trúnaðarmanna ríkisstj., eins og hér segir, eða þess manns eða þeirra manna sem hafa kannað þessa hluti af hálfu ríkisins. Mér sýnist að það hefði ekki verið til of mikils mælst þó að við hefðum fengið þá þegar í hendurnar öll gögn varðandi málið, ekki aðeins flugreksturinn einan, heldur allt það sem þetta mál varðar. Það væri einnig fróðlegt að fá að sjá hversu mikið yfirbyggingin á þessu fyr-

irtæki kostar, hversu mikill hluti er af rekstrarkostnaði, miðað við það sem gerist hjá flugfélögum annars staðar í heiminum. Mig grunar að hann sé hér óhóflega mikill. Þegar eitthvað hefur á bjátað þegar farið hefur verið yfir í vetraráætlun, þá sýnist manni hvergi vera hægt að spara annars staðar en með því að fækka flugliðum og engum öðrum mannskap. Það er alltaf sami stóri hausinn á fyrirtækinu, en þetta kemur eingöngu niður á þeim. Dótturfyrirtæki Flugleiða eða Loftleiða, Hekla Holding, á annað flugfélag, International Air Bahama, sem annast flugrekstur frá Bahamaeyjum til Bandaríkjanna og víðar. Það flýgur eingöngu með erlendum starfskröftum. Það ætti að vera eitt af því, sem ríkisstj. ætti að leggja áherslu á, og eitt af þeim skilyrðum, sem hún setur fyrir þessum ábyrgðum, að íslenskir starfskraftar verði notaðir við rekstur fyrirtækisins eins og frekast er unnt. Það ætti að vera ein af lágmarkskröfunum sem gera ætti til þess að unnt væri að fallast á að veita ábyrgðina.

Ríkisábyrgð þessi er í rauninni í tvennu lagi, þ. e. a. s. annars vegar fyrir kaupverði vélanna, sem er um 13.5 millj. bandaríkjadala, 2 225 millj. kr., og hins vegar fyrir rekstrarláni sem er 5 millj. bandaríkjadala eða á núgildandi gengi 750 millj. kr. Ábyrgðin í heild er 2 775 millj. og skiptist svona. Það væri að mínum dómi út af fyrir sig vel hægt að skoða það mál hvort ekki væri unnt að veita ábyrgð fyrir vélarkaupunum, en mér sýnist varla koma til greina að veita ábyrgð fyrir svo stórkostlegu rekstrarláni.

Því er haldið hér fram — og það væri gott að fá staðfestingu á því endanlega — að hver vél af gerðinni DC-8-63 CF kosti núna 11 millj. dollara á markaði, þannig að ef félagið getur fengið þessar tvær vélar á 13.5 millj. samtals sparast þar 8.5 millj. bandaríkjadala sem er dágóð upphæð.

Nú getur manni dottið í hug í sambandi við meðferð þessarar ábyrgðarbeiðni hvort ríkisstj. væri jafnfljót að taka við sér og lána öðrum flugfélögum, t. d. Air Viking, sem annast mjög mikilvægan flugrekstur til og frá Íslandi og hefur sannarlega með sínu charter-flugi veitt þessari flugsamstæðu mikið aðhald og orðið til þess að íslendingar hafa átt í vaxandi mæli möguleika á að fljúga leiguflug og ódýrt eins og aðrar evrópubúar.

Ég mun ekki hafa þessi orð miklu fleiri, en ég legg áherslu á að þetta mál þarf að skoða vel, ósköp einfaldlega vegna þess að þarna er um mjög stórar upphæðir að ræða. Það þarf að leggja fyrir hv. þd. sem viðtækastar og jafnframt sem nákvæmastar upplýsingar um allt sem máliö varðar, hvernig leigusamningi hefur verið háttað, hvernig rekstri er háttað, með hvaða aðferðum væri hægt að draga úr rekstrarkostnaði með sömu afköstum, hvort ekki væri hugsanlegt að draga úr yfirbyggingu þessa flugfélags, og margar aðrar upplýsingar þurfum við að sjálfsögðu að fá áður en við getum greitt um það atkv. hér í deildinni.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Ég á sæti í þeirri þn., fjh.- og viðskn., sem ég geri ráð fyrir að fái þetta mál til meðferðar. Hún mun að sjálfsögðu fjalla um það þar. En þar sem nokkrar almennar umr. eru hafnar um málið vildi ég segja örfá orð.

Þingflokkur Alþfl. fékk þetta frv. sent í handriti fyrir um það bil viku og hefur síðan getað kynnt sér þau atriði sem fram koma í grg. Nauðsynlegar viðbótarupplýsingar geri ég ráð fyrir og tel raunar sjálfsagt að fáist við meðferð málsins í hv. fjh.- og viðskn.

Í þeim ríkisstj., sem ég átti sæti í á sínum tíma, kom það fyrir nokkrum sinnum að flugfélögin leituðu eftir ríkisábyrgð með hliðstæðum hætti og hér er um að ræða þótt að vísu hafi aldrei verið um jafnstórar fjárhæðir að ræða og hér er fjallað um. Ég er því nokkuð kunnugur þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð hafa verið varðandi slík mál, og geri ráð fyrir að hæstv. núv. ríkisstj. hafi haft með höndum hliðstæð vinnubrögð.

Meginatriði málsins er að sjálfsögðu að ríkið taki ekki sér á herðar óeðlilega áhættu í þessu sambandi. Það reyndist aldrei vera um að ræða í þau skipti þar sem ég þekkti málavexti náið, og ég treysti því að það komi fram í þeirri n. sem um málið fjallar að það eigi sér ekki heldur stað í þessu tilfelli.

Almennt vildi ég um málið segja, að starfsemi Flugleiða er svo mikilvæg íslenskum þjóðarbúskap og svo mikilvæg fyrir samgöngur Íslands við önnur lönd og fyrir samgöngur innanlands að Flugleiðir eiga allan góðan og eðlilegan stuðning skilið. Slíkum stórrekstri sem hér er um að ræða er varla hægt að halda uppi nema öðru hvoru þurfi að koma til aðstoðar af hálfu ríkisins í sambandi við fjármál eða lánsfjáröflun fyrirtækjanna. Ef ekki er um að ræða neina óeðlilega áhættu í því sambandi, þá tel ég rétt að slík ábyrgðaraðstoð sé veitt.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim umr. sem spunnist hafa í sambandi við þetta frv.

Það er vissulega rétt að hér er um háa ríkisábyrgð að ræða ef veitt verður, og það mun ekki standa á því að sú n., sem um þetta mál fjallar, fái þær upplýsingar sem hún óskar eftir. Sú skýrsla, sem trúnaðarmenn ríkisstj. hafa gert, verður að sjálfsögðu n. til reiðu til þess að skoða þessi mál, og ég efast ekki um að þingflokkur Samtakanna gæti fengið skýrsluna líka til þess að fá tækifæri til þess að skoða hana samtímis því sem n. fjallar um málið.

Að hér sé með einhverjum hætti um óvenjuleg vinnubrögð að ræða kannast ég ekki við miðað við þann tíma sem ég hef átt sæti hér á Alþ. og þá allra síst á ýmsum málum hér á undanförnum árum. Ég held að framlagning frv. og sú afgreiðsla, sem n. hlýtur að hafa á málinu, verði með þeim hætti að það verði algjörlega aðfinnslulaust.

Hv. þm. Magnús T. Ólafsson vék að því að það væri æskilegt að fá upplýsingar um skilyrðin fyrir ríkisábyrgðinni. Það er beint tekið fram um ákveðin atriði í frvgr. og svo að sjálfsögðu kæmi það til upplýsinga hjá n. þegar hún fjallar um þetta mál.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson ræddi um offors. Mér fannst ég tala ósköp rólega í minni fram-

söguræðu. Það, að frv. séu lögð fram þegar kemur undir þinglok og tekin fyrir sama daginn, það er ekkert nýtt fyrirbrigði á Alþ. og varla til þess að orða það sem eitthvert offors.

Þá vék hann að leigu af hálfu þessa fyrirtækis á flugvélunum. Ég skal viðurkenna að mér eru ekki kunnir þeir leigumálar, frá hverjum eða til hvers. Það, sem hér er um að ræða, er sú staðreynd að félagið hefur rétt til kaupa og að það nýtir þá leigu sem það hefur greitt að undanförnu og þar er um að ræða mikinn sparnað fyrir fyrirtækið að geta nýtt sér þann kaupleigusamning sem það hefur gert.

Hann vék að þeim hluta ríkisábyrgðarinnar sem verður vegna rekstrarlána, og hv. þm. Magnús T. Ólafsson vék að því líka hvort hér væri um að ræða breytingu á rekstrarlánum eða lausaskuldum í löng lán. Hér er að sjálfsögðu að einhverju leyti um að ræða breytingu á lausaskuldum fyrirtækisins í dag í það 5 ára lán, sem það hyggst taka til þess að lagfæra sinn rekstrargrundvöll. Það er nú gjarnan svo að þegar hallar undan fæti hjá fyrirtækjum, þá safnast upp skuldir og til þess að lagfæra er þeim breytt stundum í að vísu skammtímalán, en ég mundi halda að hér væri um að ræða 5 ára lán. En allar þessar upplýsingar verða að sjálfsögðu gefnar þeirri n. sem fjallar um málið svo að hún hafi tækifæri til að skoða það eins og skyldi. Og það stendur ekkert á því að þingflokkur Samtakanna fái að skoða þau skjöl og fá þær upplýsingar sem óskað er eftir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Landgræðsla, frv. (þskj. 561). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. á þskj. 561 var flutt í hv. Ed., en eins og kemur fram í grg. frv. var það samið af landgræðslu- og landnýtingarnefnd og er um breyting á lögunum um landgræðslu frá 1965 og er í raun og veru byggt á þeirri reynslu sem fengist hefur síðan lögin voru sett. Enn fremur eru gerð skýrari frekari ákvæði í sambandi við landnýtingu í samræmi við þá landgræðsluáætlun sem afgr. var á hátíðarfundinum á Þingvöllum á s.l. sumri.

Þetta frv. er því ekki veigamikið. Það tók smábreytingum í Ed. Í fyrsta lagi var þar skipt kostnaði af störfum landgræðslunefndar með öðrum hætti en var í upphaflega frv., og í öðru lagi eru sektarákvæði tvöfölduð frá því sem nú er og gerð skýrari ákvæði um girðingar.

Um þetta frv. var samstaða í hv. Ed. og ég vona að það verði einnig í þessari hv. d. og það geti orðið afgr. á þessu þingi.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 604). — 1. umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Það er sama að segja um þetta frv. og frv. það, sem ég talaði fyrir hér áðan, að hér er um að ræða frv. sem er samið af landgræðslu- og landnýtingarnefnd og er í sambandi við þá landgræðsluáætlun sem samþ. var á s.l. sumri. Það hafa ekki verið til lög um varnir gegn landbroti af völdum vatna að öðru leyti en því sem hefur verið í vatnalögunum. Hins vegar hefur þetta mál verið afgr. með fjárlagaafgreiðslu hverju sinni, og hefur þá verið ákveðin fjárveiting til fyrirhleðslna, og svo hafa einnig verið til einstaka vatnsföll sem hafa verið aðsópsmikil í landbroti, eins og Markarfljót og Þverá og Héraðsvötn, sem hafa verið sett sérstök lög um. Hér er hins vegar gert ráð fyrir heildarlögum um þessar landvarnir og er það í samræmi við það sem ég áður sagði um landvarnir og landnýtingu.

Sú breyting var gerð í hv. Ed. á þessu frv. að í staðinn fyrir að héraðsráðunautur ynni að því með Vegagerð ríkisins að gera áætlanir um þetta og meta skemmdirnar, þá er nú gert ráð fyrir að Vegagerð ríkisins og Búnaðarfélag Íslands skipi þessa menn sem annast matsgerðina.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Það fékk góðan byr í hv. Ed., og ég vona að það verði einnig hér svo að það geti orðið að lögum á þessu þingi. Ég leyfi mér svo, hæstv. forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Sérkennslumál, þáltill. (þskj. 115, n. 594). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Menntmn. hefur rætt þessa þáltill. á nokkrum fundum og verið sammála um afgreiðslu hennar. Þeir þrír umsagnaraðilar, sem getið er í nál., skiluðu allir mjög jákvæðum umsögnum og fullkomin samstaða var um afgreiðsluna frá nefndarinnar hálfu. Aðeins ein breyting, sem telja má breytingu, er lagt til að gerð verði, þ.e.a.s. að till. nái til allra grunnskóla landsins, þar sem í upphaflegu till. var miðað eingöngu við grunnskóla landsbyggðarinnar. Þetta er auðvitað sjálfsögð og eðlileg breyting, en till. var fram komin vegna þess að það er augljóst mál að þessum málum er mun skemur á veg komið úti um landsbyggðina en hér í Reykjavík og þess vegna sérstakra aðgerða þörf þar.

Mér er kunnugt um að í menntmrn. hafa þessi mál þegar verið tekin til gaumgæfilegrar athugunar og það er skilningur á nauðsyn þess að þessum málum verði sinnt meira en hingað til og þá enn sérstaklega með skóla landsbyggðarinnar í huga. Ég vænti þess og treysti því að málið fái jákvæða og örugga afgreiðslu og eins skjótar framkvæmdir og unnt er.

ATKVGR.

Brtt. 594 (ný tillgr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 562). — 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Hæstv. forseti. Efni þessa frv. er það, að lagt er til að lögfest verði sú íslenska stafsetning sem í gildi var í 45 ár eða frá árunum 1928—1974. Fyrstu reglur, sem settar voru um stafsetningu íslenskrar tungu, voru settar 1919 af dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins og voru þær reglur settar með auglýsingu. 11 árum síðar birti menntmrn. auglýsingu um gagngera breytingu á þeirri stafsetningu sem áður hafði verið almennast að nota — einnig með auglýsingu. Var sú stafsetning í gildi í næstum hálfa öld. Fyrir rúmu ári gaf fyrrv. menntmrh. enn út auglýsingu um breytingu á þessari stafsetningu og var það jafnframt gert með auglýsingu.

Lögfróðir menn hafa tjáð mér að það sé hæpið að í raun og veru fái nokkur af þessum þrem auglýsingum staðist vegna þess að það séu ekki fyrir hendi nein lög sem veiti ráðh. heimild til þess að mæla fyrir um stafsetningu með auglýsingu einni saman eða með reglugerð. Ég skal þó alveg láta liggja á milli hluta, hvort þessi staðhæfing er rétt eða ekki. Það hefur gerst þrívegis á undanfarinni rúmri hálfri öld að kveðið hefur verið á um stafsetningu með auglýsingu af hálfu eins ráðh., þess ráðh. sem fer með menntamál. En í raun og veru hlýtur það að teljast óeðlilegt að jafnmikilvæg ákvörðun og fyrirmæli um íslenska stafsetningu eru skuli vera gefin með einfaldri ráðherraauglýsingu. Alþ. fjallar um mörg mál sem eru ekki mikilvægari og merkilegri en það, hvernig íslenskri stafsetningu skuli hagað. Þess vegna er orðið fyllilega tímabært að Alþ. taki þetta mál í sínar hendur og setji lög um íslenska stafsetningu og hefði raunar átt að gera fyrir löngu.

Efni þessa frv. er nákvæmlega sú auglýsing sem Jónas Jónsson frá Hriflu, þáv. menntmrh., birti sem auglýsingu árið 1928, að meðtalinni breytingu sem Fræðslumálaskrifstofan gerði samkv. heimild menntmrn. 1934 þar sem þess var ekki krafist í barnaskólum að viss ákvæði auglýsingarinnar frá 1928 skyldu kennd.

Ég ætla í þessu máli mínu ekki að ræða það, hvaða stafsetning sé eðlilegust á íslenskri tungu, enda er það viðfangsefni fræðimanna á sviði íslenskra fræða. Það, sem ég vildi vekja athygli á, er að mjög varhugavert hlýtur að teljast að hringla með stafsetningu, hvort sem hún í sjálfu sér er talin heppileg eða óheppileg, gölluð eða fullkomin, enda forðast menningarþjóðir í lengstu lög að gera breytingar á stafsetningu sinni. Þjóðir, sem búa við margfalt flóknari stafsetningarreglur en við Íslendingar höfum búið í nærfellt hálfa öld, svo sem englendingar og frakkar, hafa ekki látið sér til hugar koma að gera neinar tilraunir til þess að gera breytingar þar á eða gera hana einfaldari, svo stórkostlega flókin sem hún þó er.

Mergurinn málsins er sá, að 1928 eða á árunum þar á eftir komst á tiltekin stafsetning sem hafði náð, að vísu smám saman, algerri fótfestu á Íslandi, í íslenskri menningu, og hafði hlotið fullkomna viðurkenningu. Svo að segja allt prentað mál, sem út hefur verið gefið undanfarin 40 ár, hefur verið gefið út samkv. þessari stafsetningu.

Í þau 15 ár, sem ég gegndi embætti menntmrh., bar það hvað eftir annað á góma í rn. og í ríkisstj. hvort gera ætti breytingar á stafsetningunni og þá fyrst og fremst því atriði hennar sem fólgið er í notkun stafsins z. Ég þrautræddi þetta mál nokkrum sinnum við marga aðila, fræðimenn, kennara, rithöfunda, og niðurstaða mín varð ávallt sú að loknum þessum viðræðum að það væri varhugavert að hrófla við stafsetningu sem áunnið hefði sér jafnviðurkennda og sterka hefð sem þágildandi stafsetning hafði áunnið sér. Með þessu er ekkert um það sagt hvort ég hefði talið rétt að hafa ákvæðin um stafsetninguna 1928 nákvæmlega eins og þáv. ráðh., Jónas Jónsson, kvað á um að hún skyldi vera. Það, sem hér er til umræðu og er meginvandamálið, er ekki það, hvaða stafsetning sé heppileg eða óheppileg, hvort hún sé skynsamleg eða óskynsamleg, heldur hitt, að ekki sé hringlað með stafsetninguna.

Nú gerðist það fyrir rúmu ári að þáv. menntmrh. gerði breyt. á stafsetningunni sem fyrst og fremst var fólgin í því að breyta reglunum um notkun z, auk þess sem hann gerði nokkrar fleiri breyt. sem ég sé ekki ástæðu til þess að rekja nánar hér, enda þm. mætavel ljósar, þótt ekki væri af öðru en rækilegum umr. sem fram fóru um þetta mál á s.l. þingi.

Reynslan af þessari breytingu hefur orðið sú að nú má segja að alger ringulreið sé varðandi íslenska stafsetningu. Það hefur komið í ljós að geysileg andstaða hefur orðið gegn því að breyta stafsetningunni, án tillits til þess í hverju breytingin er fólgin. Það hefur komið í ljós að margir þeir, sem skrifa blöð og bækur, fara ekki eftir hinni nýju auglýsingu um stafsetninguna, heldur halda sig við hina 45 ára gömlu stafsetningu. Þeir opinberu aðilar eru meira að segja til sem hafa neitað að hlíta fyrirmælum auglýsingarinnar frá því í fyrra og styðjast enn við fyrri stafsetninguna.

Í febrúarmánuði s.l. gerðist það enn fremur að 100 af kunnustu mennta- og fræðimönnum þjóðarinnar sendu núv. hæstv. menntmrh. áskorun um að nema úr gildi þá breytingu á íslenskri stafsetningu sem gerð var í fyrra. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa rökstuðning þessara 100 kunnu fræði- og menntamanna og rithöfunda fyrir þessari áskorun sinni. Þeir segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Höfuðástæður okkar fyrir þessari áskorun eru sem hér segir:

Í fyrsta lagi teljum við z-stafsetningu þá, sem gilti á tímabilinu 1929—1974, hafa ýmsa ótvíræða og mikilvæga kosti umfram hina nýju stafsetningu, þar sem er meiri skýrleiki og gleggri vísbending um uppruna, sem í mörgum tilvikum léttir skilning og eykur málþekkingu. Sérstaklega viljum við benda á ókosti þess að samkv. hinum nýju reglum falla einmitt saman í ritmáli germynd og miðmynd sömu sagnar svo og germynd

einnar sagnar og miðmynd annarrar, svo að rita skal t. d. hefur leyst, hvort sem er af leysa eða leysast, hefur ræst, hvort sem er að ræsa eða rætast, hefur þeyst, hvort sem er af þeysa eða þeytast. Getur þessi ritháttur valdið misskilningi, ekki síst í stuttu máli, sem þarf að vera hnitmiðað, svo sem í fyrirsögnum blaða, auglýsingum og sjónvarpstextum. Enn fremur þykir okkur eftirsjá að því að hætta að rita z í stofni í orðum eins og gæzla, þýzka, verzlun vegna þekkingar á orðsifjum, sem þeirri stafsetningu fylgir.

Í öðru lagi teljum við hinar nýju reglur um stóran staf og lítinn stórum óhentugri og flóknari en fyrri reglur, t. d. að rita skal oddverjar með litlum staf, en Sturlungar með stórum; hólsfjallamaður með litlum staf, en Hólsfjallahangikjöt með stórum, bandarikjamaður með litlum staf, en Bandaríkjaforseti með stórum.

Í þriðja lagi teljum við, að valfrelsi um ritun margra orða, sem hafa löngum verið rituð á einn veg, er til þess fallið að valda ruglingi, sem m. a. getur orðið mjög bagalegur í stafrófsröðun, t. d. að rita skuli hvort heldur er, (ár)niður eða (ár)nyður, tékki eða tjekki o. s. frv.

Í fjórða lagi teljum við“ — og nú er ég kominn að meginatriði málsins frá mínu sjónarmiði séð, ég held lestrinum áfram — „að sú festa í íslenskri stafsetningu, sem tókst að koma á undanfarna tæpa hálfa öld, sé til ómetanlegs hagræðis á mörgum sviðum, svo sem í bókagerð, stjórnsýslu, safnstörfum og kennslu, en breyting að sama skapi til þess fallin að valda glundroða og tjóni. Má ekki gleyma því, að tveimur kynslóðum Íslendinga er töm sú stafsetning, sem kennd hefur verið undanfarna áratugi, og eiga margir bágt með að sætta sig við stafsetningu, sem þeir telja óskilmerkilegri og óhentugri.“

Hér lýkur áskorun hinna kunnu 100 íslendinga til núv. hæstv. menntmrh.

Það er þetta fjórða atriði í röksemdafærslunni sem í mínum augum er aðalatriði og er megin ástæða þess að ég hef leyft mér að flytja þetta frv. Ég tel ekki seinna vænna en nú að snúa við á þeirri braut sem farið var inn á í fyrra. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að hið háa Alþ., þótt ekki sé langt eftir af starfstíma þess, einmitt þetta Alþ. taki afstöðu til þessa máls. Ástæða er til þess að ætla, miðað við atkvgr. sem fór fram um þáltill. um málið í fyrra, að meiri hl. alþm. hafi verið andvígur þeirri breytingu sem hæstv. þáv. menntmrh. gerði á stafsetningunni. Það er rétt og í alla staði lýðræðislegt og þingræðislegt að nú á þessu þingi fáist úr því skorið hvort meiri hl. alþm. er fylgjandi þeirri breytingu, sem gerð var fyrir einu ári, eða ekki, þ. e. hvort meiri hl. Alþ. vill hverfa aftur til þeirrar stafsetningar sem hér var í gildi í næstum hálfa öld og hafði náð algjörri fótfestu. Það er í öllu falli eðlilegt að úr því sé skorið með atkvgr. um lög hver skuli vera stafsetning íslenskrar tungu.

Ég er þess fullviss að meginefni þessa máls er svo kunnugt öllum hv. alþm., málið er í raun og veru svo einfalt í gerð sinni og hefur þegar í fyrra verið rætt svo ítarlega, að ég sé ekki ástæðu til þess að leggja til að málinu sé vísað til nefndar. Ég býst við því að allir alþm. hafi þegar ákveðna skoðun á þessu máli. Málið er ekki þess eðlis að ástæða sé til þess að ræða það í nefnd. Það er engra frekari upplýsinga að vænta um málið sem gætu haft áhrif á afstöðu alþm. svo að ég tel eðlilegast að málið sé rætt með venjulegum hætti og um það gangi atkvæði. Ég legg því til að að lokinni þessari umr. sé málinu vísað til 2. umr.

Magnús T. Ólafsson: Hv. forseti. Í frv. á þskj. 562 er í rauninni fjallað um tvennt: Annars vegar um málsmeðferð, hins vegar um efni sama máls.

Eins og fram kemur í grg. er það megintilgangur flm. með flutningi þessa máls að fá því slegið föstu að meðferð stafsetningarmála á Íslandi skuli héðan af færð á annan grundvöll en verið hefur frá öndverðu þegar stjórnvöld tóku að hafa afskipti af slíkum málum. Í stað þess að stafsetningu sé skipað með auglýsingum hlutaðeigandi ráðh., að fengnum þeim ráðum sérfróðra manna sem þeir telja rétt að afla sér, þá sé stafsetningu hér eftir skipað með lagasetningu á Alþ. eða a. m. k. þeim atriðum sem þetta frv. tekur til.

Og þá er komið að hinum þætti málsins. Hv. flm. leggur til að nú verði fest í lög ráðherraauglýsing frá 1928 um þau stafsetningaratriði sem hún fjallar um.

Nú held ég það hljóti að teljast töluvert athugunarverð ákvörðun af hálfu Alþ. að breyta svo gersamlega til um meðferð þeirra mála eins og hér er gerð till. um, hvernig sem menn líta svo á einstök stafsetningaratriði. Eins og hv. frsm. tók fram, hlýtur ævinlega að þurfa að kveðja til þá menn sem fróðastir eru og fjallað hafa bæði á fræðagrundvelli og sem kennarar um stafsetningu og þá málþætti sem hún byggist á. Og þessi þörf væri jafnmikil hvort heldur það væru 60 alþm., sem endanlega ákvörðun tækju með atkvgr. um stafsetningarreglur í lagaformi, eða hvort það er einn ákveðinn ráðh., sem ákvörðun tekur að fengnum þessum ráðum. Ég skal ekki kveða upp úr með það hvor þessara aðferða í sjálfu sér er réttari aðferð, að því máli vandlega athuguðu. En ég tel þó að einnig um þetta atriði, um það hvort heppilegra sé að ákvarða stafsetningu með ráðherraauglýsingu eða lagasetningu, væri einnig rétt að fá ráð og ábendingar hinna fróðustu manna um íslenskt mál og stafsetningu þess og þau sjónarmið sem þar þurfa að ríkja. Því get ég ekki fellt mig við þá málsmeðferð, sem hv. 9. þm. Reykv. lagði til, og tel einsýnt að slíkt mál sem þetta þurfi að ganga til nefndar.

Það, sem ég vil ræða alveg sérstaklega nú við 1. umr. þessa máls, er það atriði, sem gífurleg áhersla er lögð á í grg. og einnig var nokkuð endurtekið í nýfluttri framsöguræðu, að tilgangur með flutningi þessa frv. sé að hindra hringlanda og ringulreið og koma á festu í stafsetningu íslensku. Málið er nefnilega þannig vaxið að þrátt fyrir fullyrðingar um festu og samhengi og samfelldni í stafsetningu íslensku eftir að auglýsingin frá 1928 gekk í gildi, þá er það mála sannast og kemur reyndar fram í 2. gr. þessa frv., að sú stafsetning var aldrei í gildi nema að nokkru leyti. Eitt atriði þeirrar stafsetningar, z-ritunin, var aldrei kennd í almennum skólum

og til þess er ætlast samkv. 2. gr. að það ástand ríki áfram. Það á að lögbjóða með þessu frv. stafsetningu sem ætlast er til að ekki sé kennd fyrr en á síðari stigum skólanna í landinu.

Það er algjört rangmæli hjá hv. 9. þm. Reykv. og hverjum sem því heldur fram að sú ákvörðun um stafsetningarbreytingar, sem tekin var með auglýsingum 1973 og 1974, sem ég gaf út, hafi stuðlað að ringulreið í stafsetningarmálum. Þvert á móti var þar verið að festa í sessi stafsetninguna frá 1928 að því eina atriði undanskildu sem hafði valdið hálfrar aldar glundroða og ringulreið í stafsetningarmálum, því atriði í þeirri stafsetningu sem olli því að þjóðin skiptist í tvo hópa, þá sem höfðu hlotið það langa skólagöngu að þeir nutu kennslu sem þurfti til að tileinka sér z-stafsetninguna, og svo annan hóp sem aldrei tileinkaði sér hana, og ég vil ekkert fullyrða hversu stórir þeir eru hvor um sig. En hér var tvímælalaust um að ræða mjög hættulegt misræmi, mjög alvarlegan glundroða í stafsetningu. Sama máli gegnir væri nú enn, eftir að stafsetningarbreytingin hefur verið í gildi í tvö ár og verið kennd í skólum í samræmi við hana, farið að breyta til. Þá er fyrst verið að leiða glundroða og ringulreið inn í stafsetningarmál.

Hv. frsm. virtist telja það dæmalaust að nokkur þjóð — eða nokkur menningarþjóð, eins og hann komst að orði, hafi breytt stafsetningu sinni í tilteknum atriðum. Ég vil minna á það að á undanförnum 2—3 áratugum — ég vil ekki fullyrða um áratalið nákvæmlega — hafa allar þær þjóðir, sem nánast málsamfélag eiga við okkur, sem sé danir, norðmenn og svíar, þeir hafa allir gert meiri og minni breytingar á sinni stafsetningu svo að sú breyting, sem gerð var nú fyrir fáum árum hér á landi, er síður en svo einsdæmi.

Meginatriði í afstöðu til þessa máls að mínum dómi er það, að hér er síður en svo verið að stuðla að festu og samhengi í meðferð stafsetningarreglna, heldur þvert á móti verið að stuðla að ringulreið og upplausn í þeim málum. Stafsetningin frá 1928 hefur fengið að reyna sig á hálfri öld. Hún reyndist fær um að festast í sessi að einu atriði undanskildu, z-reglunni. Sú regla festist aldrei og hún var gerð að undantekningu frá almennu skólanámi. Því var með auglýsingunum frá í fyrra og hittiðfyrra verið að víkja brott misræmi og ringulreið sem leitt hafði af því að sú stafsetning var aldrei viðhöfð í almennri kennslu í landinu. Með þeim auglýsingum voru sköpuð skilyrði fyrir raunverulegri festu í stafsetningarmálum, og ef nú á að fara að ónýta þær reglur, sem þá voru settar og hefur verið farið eftir í skólum landsins í tvö kennsluár, þá er fyrst verið að stofna til ringulreiðar og glundroða í stafsetningu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er eins og fram kom hjá hv. 9. þm. Reykv., að þetta mál var allmjög rætt á síðasta Alþ., og ég fagna vissulega þessu framkomna frv. enda þótt ég sé því ekki að öllu leyti samþykkur. Ég hafði verið með í undirbúningi að flytja till. til þál. um löggjöf um ritreglur, og munaði minnstu að hún hefði verið lögð fram á hinu háa Alþ., og standa að þeirri till. nú þegar þeir 3 hv. þm. sem voru meðflm. mínir að tillögugerðinni í fyrra um z í ritmáli.

Innihald þeirrar þáltill., sem við hugðumst flytja núna og munum gera nú eftir helgina, er svohljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenskar ritreglur. Þar til lagasetningu er lokið, skal fylgja þeirri stafsetningu sem tók gildi 25. febr. 1929.“

Og grg. — ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hana, hún er stutt, en hún á beinlínis erindi þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., á þskj. 562, er tekið fyrir. Hún er svo hljóðandi:

„Íslenskt mál, talað og ritað, er undirstaða íslenskrar menningar. Því ber að vanda alla meðferð þess sem kostur er. Engar breytingar má á því gera án ítarlegrar umræðu og rannsókna hinna hæfustu manna. Lokaákvörðun um breytingar á að vera í höndum Alþ. Á hinn bóginn er enginn lagabókstafur um íslenskar ritreglur. Fyrir því þykir flm. þessarar ályktunartill. bera brýna nauðsyn til að sett verði löggjöf um íslenskar ritreglur.

Eftir aldagamlar uppstyttulitlar þrætur um stafsetningu sömdu íslendingar frið árið 1929 og undu við hann í hart nær hálfa öld. Sá friður var rofinn s. l. ár með auglýsingu frá menntmrn. um brottrekstur z úr rituðu máli. Alþ. ályktaði vorið 1974 að þeirri árás skyldi hrundið. Sú viljayfirlýsing hefur enn að engu verið höfð. Þvert á móti færðu nýjabrumsmenn sig upp á skaftið og auglýstu nýjar og furðulegar reglur um stóran og lítinn staf. Þar til Alþ. hefur náð vopnum sínum með setningu laga um ritreglur er skylt að fylgja stafsetningu frá 1929 í samræmi við fyrrgreinda viljayfirlýsingu Alþ.“

Ég vil fyrst víkja að því sem segir í grg. með frv. sem hér liggur fyrir til umræðu. Ég held að hv. flm. fari þar mjög villur vegar ef ég skil grg. rétt. Hann segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. hefur fjallað um málið á grundvelli þáltill., þar sem skorað var á menntmrh. að falla frá ákvörðun sinni um afnám z úr ritmáli. Meiri hl. alþm. reyndist styðja þá áskorun. En samkvæmt þeim reglum, sem taldar hafa verið gilda, hefur ráðh. vald til þess að ráða stafsetningunni og tók hann því ekki tillit til þessarar áskorunar. Ýmsir, sem greiddu atkvæði gegn þessari till., gerðu það vegna þess að þeir töldu afskipti Alþ. af máli sem þessu ættu ekki að vera í formi áskorunar á ráðh. sem vitað væri að hann teldi sér ekki skylt að hlíta, en ekki vegna hins, að þeir væru fylgjandi hinum nýju stafsetningarreglum, og átti það t. d. við um flm. þessa frv.“

Ég vek sérstaka athygli á því að þál. frá því í fyrra var ekki um áskorun á ráðh., það var ekki í henni skorað á ráðh. að breyta þessu á nýjan leik. Þvert á móti ályktaði Alþ. að hrundið skyldi þeirri ákvörðun að fella z niður í íslensku ritmáli. Tilgr. öll var einvörðungu þessi:

„Alþ. ályktar, að hrundið skuli þeirri ákvörðun að fella z niður í íslensku ritmáli.“

Og þetta var samþ. á Alþ. 29. apríl 1974. Það var sem sagt ekki um neina áskorun á hæstv.

þáv. menntmrh. að tefla. Þess vegna er það sem ég hef lagt drög að því að fá um það úrskurð lögfróðra manna hvort þessi samþykkt Alþ. mundi ekki vera skoðuð sem lagagildi, þar sem fyrir liggur að engin lög eru til um ritreglur. Eg bíð þessa úrskurðar og þess vegna hafði ég m. a. dregið um hríð að leggja þá þáltill. fram sem ég áðan las upp. Það er þetta sem ég vil leggja áherslu á: Þál. var ekki nein áskorun á hæstv. ráðh., Alþ. ályktaði beinlínis að hrinda þessari ákvörðun. Og ég vænti þess fastlega að það verði niðurstaða lögfróðra manna að þetta verði talið geta haft lagagildi vegna þess að fyrrv. hæstv. menntmrh., Magnús T. Ólafsson, virti þessa ályktun Alþ. að vettugi og núv. hæstv. menntmrh. hefur ekki séð ástæðu til þess að fara að þessari viljayfirlýsingu Alþ., og verður það ekki kallað annað en óvirðing sem Alþ. er sýnd með slíkri framkomu.

Eg get ekki alveg metið til fulls það frv. til l. sem hér liggur fyrir frá hv. 9. þm. Reykv. Ég vil þó taka fram varðandi 2. gr., þar sem segir að þess skuli ekki krafist í barnaskólum að kennt sé að nota z, að ég er henni andstæður. Ég hygg að það hafi verið 1934 sem þáv. menntmrh. — eða kennslumálarh. sem ég hef trú á að hann hafi heitið þá, — Haraldur Guðmundsson, tók ákvörðun um að leyfa að z yrði ekki kennsluskyld í barnaskólum og ég held að það hafi verið misráðið.

Núv. hv. þm. Magnús T. Ólafsson segir að með þessari auglýsingu, sem menntmrn. sendi frá sér, hafi í raun og veru verið að festa í sessi reglurnar frá 1929 og hindra þá ringulreið sem í þessum málum hafi ríkt. Ég verð að lýsa undrun minni á þessum málflutningi. Og málflutning sinn byggir hann á því að vegna þess að það var ekki kennsluskylda um ritun z í barnaskólum, þá hafi ríkt í þessu mikil ringulreið. Það er að vísu rétt að hér fyrr á árum var það mjög svo algengt að fólk sæti ekki lengi í skólum og sumir ekki nema í barnaskólum. Nú er sú tíð löngu liðin þannig að mjög skammt var til þess að allir íslendingar að heita má mundu hafa notið kennslu um ritun z og þar af leiðandi skapast sú festa í ritun þessa stafs sem hv. þm. saknaði svo mjög og vildi kippa í liðinn með auglýsingu sinni. Það er enginn vafi á því að þær auglýsingar, sem hafa birst frá menntmrn. í þessu, þótt gerðar hafi verið í samráði við ýmsa þá sem sérfróðir menn mega teljast, hafa orsakað hina mestu ringulreið og hafa enda þessar ákvarðanir skipt þjóðinni í tvo hópa. Og það er alveg víst að ef ekki verður tekið til hendi í þessum efnum, þá mun sú deila enn eiga eftir að harðna.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er nauðsynlegt að setja löggjöf um ritreglur, og það er nánast furðulegt að svo skuli ekki hafa verið gert. Skýring á því er einföld nú hina síðustu hálfa öld hvers vegna til þess hefur ekki verið gripið. Vegna þess að menn náðu sáttum með ákvörðuninni sem tekin var árið 1929. Allt fram til þess að hv. þm. Magnús T. Ólafsson tók til sinna bragða um að auglýsa breytingu á þeim reglum, sem áður höfðu gilt, ríkti um þetta mál friður og menn fundu enga köllun hjá sér til þess að hefjast handa um lagasetningu né heldur annað sem að þessu laut. Gat varla heitið að það hefði heyrst um það hjá einum einasta manni, að nokkra nauðsyn bæri til að gera á þessu hina minnstu breytingu. Það er að vísu svo um greinamerkjasetningu og setningaskipun og setningafræðina yfirleitt að vel mætti taka það til sérstakrar athugunar, og ekki ætla ég að halda því fram að ekki hafi mátt og ekki þurfi að hafa vakandi auga með íslenskum ritreglum. En segjum svo að til þess séu kallaðir hinir hæfustu menn að rannsaka hvort breytinga sé þörf og komist þeir að þeirri niðurstöðu að svo sé, þá er alveg nauðsynlegt að Alþ. hafi síðasta orðið í því efni. Og ég vænti þess að þorri hv. alþm. hafi sannfærst um nauðsyn þessa eftir þá málsmeðferð sem þessi mál hafa hlotið nú hin síðustu tvö árin.

Það kann vel að vera að meginhluti þess, sem að þarf að keppa, mundi nást fram með samþykkt þessa frv. á þskj. 562, ég skal ekki um það dæma. Og það kann vel að vera að hv. flm. hafi vandað nægjanlega vel til samningar þess, — þó, eins og ég segi, ekki að mínu skapi, þar sem segir í 2. gr. að þess verði ekki krafist í barnaskólum að kennt sé að nota z. Eg held að það sé fullkomin ástæða til þess þegar frá upphafi að kenna ritun þessa sjálfsagða stafs í stafrófi okkar. Þess vegna og úr því líka að mjög er áliðið þings og mjög vafasamt að framlagt frv., sem til umræðu er, nái fram að ganga, þá hefði ég getað fellt mig við það, úr því sem komið er, ef möguleiki væri á því að ná samkomulagi um ályktunartill. frá hinu háa Alþ., þar sem skorað er á eða ríkisstj. falið að undirbúa löggjöf um íslenskar ritreglur. Eg hygg, þótt ég hafi ekki haft tök á að rannsaka það neitt nánar, eins og ég hefði kosið, að það séu fleiri atriði sem fram þyrftu að koma í sambandi við þá lagasetningu heldur en getur í þessu frv. sem hér er borið fram. Þó er það að sínu leyti mjög virðingarvert að það hefur verið flutt, því að það sýnir að æ fleiri snúast til þess vegar að hér þurfi vissulega að setja undir þann leka að menn geti gengið þann veg um undirstöðugrundvöll okkar menningar eins og dæmin sanna nú hin síðustu árin.

Ég verð að segja það, að það hefur undrað mig að núv. hæstv. menntmrh. skuli ekki hafa tekið til sinna ráða í þessum efnum. Ég hef rætt þetta óformlega við hann. Ég hefði viljað sýna þolinmæði og gefa honum ráðrúm til þess að ná áttum í málinu. En úr því sem það virtist engan árangur ætla að bera, þá hófst ég handa um samningu þeirrar þáltill. sem ég hér lýsti og mun leggja fram. En það má alveg ljóst vera og það ætti enginn að skoða sem persónulega árás á verk sín, svo sem hv. þm. Magnús T. Ólafsson, þó að menn muni nú mjög taka til höndum við það að fá samþykkt hér á Alþ. lög, sem kveða á um íslenskar ritreglur. Á því er brýn nauðsyn. Um það hafa atburðir síðustu ára fært okkur heim sanninn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég vil ekki lengja mjög þessar umræður, en ég get ekki látið hjá líða að lýsa yfir einlægum stuðningi mínum við það frv. til l. sem hér liggur fyrir. Það er ekki seinna vænna að það komi fram, svo miklum vandræðum og ringulreið sem

auglýsing ráðh. frá í fyrra er þegar búin að valda. Ég þekki nokkuð inn í raðir kennarastéttar hér í Reykjavík a. m. k., og ég hef ekki hitt fyrir einn einasta kennara sem mælir þeirri breytingu bót sem gerð var í fyrra. Hún virðist í senn órökvís og vanhugsuð.

Það eru vissulega mörg ómerkari mál sem Alþ. hefur talið ástæðu til að setja um löggjöf heldur en íslensk réttritun sem við hljótum að líta á sem eitt af grundvallaratriðum okkar menningar, þ. e. a. s. óaðskiljanlegan hluta íslensks máls, íslenskrar menningar.

Það urðu miklar og harðar umr. um afnám z á síðasta þingi, þ. e. a. s. þinginu í fyrra. Ég skal viðurkenna, að mér var nokkuð ósárt um z, mér finnst hún ekki skipta meginmáli. Og í sambandi við 2. gr. þessa frv., þar sem tekið er fram að þess skuli ekki krafist í barnaskólum að kennd sé z, heldur s, þá vil ég benda á að í námsskrá þeirri, sem íslenskukennarar fara almennt eftir nú, er heimild fyrir því að z þurfi ekki að kenna í seinfærari bekkjum. Mér finnst þetta mjög rétt og eðlileg ákvörðun. Ég vil að gagnvart z fremur en öðrum stöfum e. t. v. í íslensku ritmáli gildi viss sveigjanleiki og umburðarlyndi. Það er óhæfa, hvað z, eftir því sem íslenskukennarar segja, hefur tekið óhæfilega mikinn tíma af íslenskukennslunni, ekki síst meðal þeirra nemenda sem eitthvað áttu bágara með að tileinka sér hana, og það er alger óþarfi að minu áliti að gera hana að þvílíku tortímingaratriði gagnvart einkunnagjöf í íslensku eins og hún hefur verið hingað til.

Ég fyrir mitt leyti tel að það sé engum sæmilega greindum manni ofætlun að læra reglurnar um z. En afstaða min er sú að við verðum að sýna þarna, eins og ég sagði, visst umburðarlyndi og vera ekki allt of einstrengingsleg gagnvart þeim sem vissulega eiga erfitt með að læra hana. Akaflega miklu jákvæðara teldi ég að íslenskukennurum, sem losnuðu við að kenna yfir heilu línuna z, gæfist meiri tími og þeir legðu meiri rækt við ýmsa aðra þætti íslensks máls, eins og t. d. almenna og lifandi notkun málsins. Maður heyrir nú jafnvel af munni háskólamenntaðs fólks hluti sem gefa manni ástæðu til að hafa nokkrar áhyggjur af málkunnáttu íslendinga almennt — eða hve oft heyrist ekki af munni menntaðra manna — jafnvel menntaðra manna — annað eins og það að talað er um að eitthvað sé frábærlega eða framúrskarandi ljótt. Og heyrt hef ég oftar en einu sinni að orðtakið — hið gamla og góða orðtak — að finna smjörþefinn af einhverju hefur verið notað í alrangri merkingu, eins og þeirri að það sé nauðsynlegt að íslensk börn finni smjörþefinn af því að nota bókasöfn, í staðinn fyrir að átt var við sennilega að þau þyrftu að hafa einhverja nasasjón af því — þar kom annað gott íslenskt orðtak. En það er urmull af slíkum atriðum sem ég fer ekki út í hér, en ástæða væri til að gefa meiri gaum en gert hefur verið hingað til og láta frekar tímann fara í heldur en einstrengingslegar reglur um z.

Ég gat um áðan, eins og raunar hefur komið fram í máli þeirra sem hér hafa talað áður, að þessar nýju reglur hafa valdið miklum glundroða og vandræðum í skólum landsins. Þar að auki er það sýnt mál að næðu þær að festast, sem ákvörðun, þá hefur það í för með sér stórkostlegan kostnað, sem við erum ekki búin að gera okkur grein fyrir, í bókaútgáfu á næstu árum.

Það var talandi dæmi um hversu órökvísar þessar reglur eru um lítinn og stóran staf, þar sem hólsfjallamaður skal skrifast með litlum staf, en Hólsfjallahangikjöt með stórum. Og þannig getum við lengi talið upp. Í einu orði sagt, mér hefur liðið illa að lesa í sumum dagblaðanna og sums staðar sem maður hefur séð þessar ritreglur notaðar, — mér hefur liðið hreinlega illa að líta þær augum. Þarna er um að ræða í senn ákaflega kollóttan, litlausan og órökvísan rithátt.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég vil endurtaka að mér finnst að þekking á notkun z ætti ekki að vera úrskurðaratriði um það hvort íslendingur er sendibréfsfær eða ekki, en það er óþarfi að útiloka hana úr málinu samt. Ég held að við getum ekki nógsamlega lagt áherslu á það, hve notkun íslensks máls er okkur mikilvæg og okkur mikið menningaratriði, og ég vil gjalda varhug við skoðun þeirra manna sem vilja gefa allar reglur frjálsar og leyfa mönnum að skrifa eins og þeim best líkar. Við eigum í vök að verjast gagnvart erlendum áhrifum úr öllum áttum og okkur ber skylda til að standa vörð um okkar mál. Og ég tel að ritreglurnar séu það mikill hluti okkar málmenningar að við þær verðum við að leggja rækt og hafa um þær fastmótaðar reglur sem ég tel eðlilegast og réttast að sett sé um sérstök löggjöf.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér þótti mjög vænt um ræðu síðasta hv. ræðumanns. Hún undirstrikaði einmitt kjarna þess máls sem hér er um að ræða. Ég met sérstaklega mikils skoðun hennar á málinu og málflutning hennar vegna þess að hún er ein í hópi þeirra nýju þm. sem tóku sæti nú á þessu þingi, en áttu ekki sæti á þinginu sem um þetta mál fjallaði í fyrra.

Mér var því miður ekki kunnugt um þá fyrirætlun hv. þm. Sverris Hermannssonar að viðhafa þá aðferð til að fá fram eðlilega leiðréttingu á þessu máli að flytja till. til þál. um íslenska stafsetningu. Ef mér hefði verið um þetta kunnugt hefði ég að sjálfsögðu haft samráð við hann í framhaldi af málflutningi hans um þetta mál í fyrra og þeim ákveðnu og skynsamlegu skoðunum sem ég tel hann hafa á málinu. Mér var ekki heldur kunnugt um að hann hefði látið fara fram eða væri að láta fara fram könnun á því hvrot það gæti staðist að auglýsing ráðh. frá því í fyrra hefði gildi þrátt fyrir álytkun Alþ. frá því í fyrra. Ég er ekki lögfróður maður og skal engan dóm um þetta fella, en auðvitað væri mjög æskilegt að fá um þetta úrskurð sem ég treysti þá að núv. hæstv. menntmrh. mundi taka tillit til ef hann færi í þá átt að gildandi auglýsing hefði ekki lengur gildi, fyrst Alþ. hefði ályktað eins og það ályktaði í fyrra. Og þar með væru málin náttúrlega einfaldlega leyst.

Varðandi það að ég tala um till. í fyrra sem áskorun á ráðh. þá er það auðvitað algjörlega rétt hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni að till. var um að hrinda ákvörðuninni. Þetta var mér auðvit-

að ljóst. En ástæðan til þess, að ég notaði samt þetta orðalag, var að fyrrv. hæstv. menntmrh. hafði lýst því yfir að hann teldi sig ekki bundinn af ályktun Alþ. um þetta mál og stóð við það, eins og reynslan hefur sýnt. Hann taldi sig ekki bundinn af ályktun Alþ. Þetta var mér ljóst, þessi hefur reynslan verið og þess vegna var það að ég notaði þetta orðalag sem er í grg., en ekki hitt, að ég hafi nokkra tilhneigingu til að rangtúlka eða vantúlka þá till. sem samþ. var um málið í fyrra.

Mergur málsins er sá, að þeir, sem talað hafa um málin núna, eru allir á einu máli um að eðlilegt sé að breyta hér aftur til og að það megi ekki bíða. Það getur orðið dýrt að láta þetta sumar líða og taka ekki ákvörðun um málið fyrr en á næsta þingi. Skólar hefjast næsta haust áður en Alþ. kemur saman, en það þarf einmitt að liggja fyrir, hver raunverulegur vilji Alþ. er, áður en skólar hefja starf sitt næsta haust. Þess vegna er nauðsynlegt að einmitt þetta Alþ. taki nú ákvörðun um málið.

Þær raddir, sem heyrst hafa við þessa 1. umr., hafa þrjár verið í þá átt að breytingu eigi að gera, hverfa eigi aftur að hinu næstum hálfrar aldar gamla skipulagi í þessum efnum. Það er eingöngu fyrrv. hæstv. menntmrh. sem andmælt hefur þessu, og er það auðvitað skiljanlegt og fullkomlega eðlilegt að hann sé enn sömu skoðunar og hann var þegar hann gaf auglýsinguna út. En vegna tilmæla hans um að málið gangi til menntmn., þá skal ég gjarnan á það fallast og gera till. um að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 75. fundur.

Laugardaginn 10. maí, kl. 2 miðdegis.

Framfærslukostnaður, þáltill. (þskj. 559). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sérmenntað starfslið á sviði hæfingar og endurhæfingar, þáltill. (þskj. 565). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lagning aðflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar, þáltill. (þskj. 607). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, þáltill. (þskj. 581). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Hér er lagt fram af utanrrn. till. til þál. um fullgildingu á samningi þeim sem forseti áðan gat. Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita ríkisstj. heimild til þess fyrir hönd Íslands að fullgilda samkomulag um breytingu á samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar er undirritað var í Kaupmannahöfn 11. mars 1974 og prentað er hér sem fskj.“

Þessari þáltill. fylgja svo hljóðandi aths.:

„Helsingforssamningurinn um norræna samvinnu var gerður árið 1962. Árið 1971 var gerð sú breyting á samningnum að grundvallarákvarðanir um starfsemi Norðurlandaráðs voru teknar inn í hann og norræna ráðherranefndin sett á stofn.

Hinn 11. mars 1974 undirrituðu fulltrúar Norðurlanda aðra breytingu á samningnum með fyrirvara um fullgildingu ríkisstjórna Norðurlandanna. Eins og skýrt kemur fram í þáltill. felur breytingin í sér fjögur meginatriði en þau eru:

1) Ákvæði um samstarf Norðurlandanna á sviði umhverfismála. Er hér gert ráð fyrir að Norðurlöndin samræmi viðleitni sína í umhverfismálum og skipulagningu útivistarsvæða, en sem kunnugt er hafa þessi málefni verið ofarlega á döfinni undanfarin ár.

2) Ákvæði um „sérstaka samninga“. Ástæðan fyrir þessu ákvæði er sú að ekki var álitið hagkvæmt að taka inn í Helsingforssamninginn samninga sem gerðir hafa verið eða gerðir verða á hinum ýmsu sérsviðum. Mundi það hafa í för með sér stöðuga endurskoðun á Helsingforssamningnum. Var álitið nægilegt að vísa til þessara samninga sem vísbendingar um framkvæmd Helsingforssamningsins.

3) Ákvæði um að auðvelda almenningi aðgang að upplýsingum um norræn samstarfsmálefni. Frá því í febr. 1973 hefur verið starfandi norræn embættismannanefnd sem falið var að leggja fram till. um reglur er varða upplýsingaskyldu Norðurlandaráðs. N. var skipuð eftir að nokkrar umr. höfðu farið fram milli stjórnarnefndar og ráðherranefndar Norðurlandaráðs.

4) Ákvæði um hverjir skuli sitja ráðherranefnd Norðurlandaráðs. Í breytingunni frá 1971 var gert ráð fyrir að í ráðherranefnd sæti einn ráðh. frá hverju Norðurlandanna með þeirri undantekningu að íslenski ráðh. mætti tilnefna embættismann sem fulltrúa sinn gæti hann ekki sjálfur setið fundi n. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að ráðh. hinna Norðurlandanna geti einnig tilnefnt embættismenn í stað ráðh. geti þeir ekki setið vissa fundi, en 3 Norðurlandaráðherra þarf til þess að n. sé starfhæf.

Samningurinn tekur gildi með ofangreindum breytingum 30 dögum eftir að fullgildingarskjöl allra landanna hafa verið afhent utanrrn. Finnlands.“

Mér er kunnugt um það að Íslandsdeild Norðurlandaráðs leggur kapp á að þessi þáltill. nái fram að ganga á þessu þingi. Þess vegna mælist ég til þess að hún fái fljóta afgreiðslu og verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og til utanrmn. með 38 shlj. atkv.

Hafnaáætlun 1975—1978, þáltill. (þskj. 408). — Fyrri umr.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 408 er till. til þál. um hafnaáætlun fyrir árin 1975—1978. Ég mun nú gera grein fyrir þessari þáltill. og gera till. um meðferð hennar á þessu þingi.

Í des. s.l. var lögð fyrir Alþ. fjögurra ára áætlun fyrir árin 1975—1978 um hafnargerðir. Till. sú, sem hér liggur fyrir, til þál. um hafnaáætlun fyrir umrædd ár er í samræmi við fyrri áætlun að öðru leyti en því að örfáar breytingar voru gerðar í sambandi við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1975 og eru þær raktar frekar í aths. við þáltill. Síðan hefur sú eina breyting verið gerð að framlag til bryggju í Selárdal hefur verið felld niður, en í staðinn tekið jafnhátt framlag til hafnargerðar í Súðavík.

Í grg. með hafnaáætluninni, sem lögð var fram í des., var m.a. rætt um tilgang með henni, undirbúningsvinnu að áætluninni, rekstur og afkomu hafna, framkvæmd áætlunarinnar o.fl. Ekki er ástæða til að rekja grg. sérstaklega hér, en þó verður komið inn á einstök atriði í henni í því, sem hér fer á eftir.

Þessi hafnaáætlun er samin og lögð fyrir Alþ. í samræmi við hafnalög, nr. 45/1973, sem tóku gildi 1. jan. 1974. Í III. kafla l. segir svo í 10. gr. er fjallar um framkvæmdaáætlanir:

„Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir till. að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn.

Um gerð hafna og staðarval skal jafnan leita álits samtaka skipstjórnarmanna í byggðarlaginu, ef til eru, ella hjá landssamtökum þeirra.

Áður en gengið er endanlega frá áætluninni skal hafnamálastjóri senda stjórn hverrar hafnar till. sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórninni nánar tiltekinn frest til að koma með aths. og brtt.

Hafnamálastjóri skal á sama hátt senda áætlunina í heild stjórn Hafnasambands sveitarfélaga til umsagnar.

Hafnargerðaáætlunin skal miðuð við það fjármagn sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miðað við það heildarfjármagn sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda.

Hafnargerðaáætlunin skal gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir Sþ. sem þáltill.

Áætlunin öðlast gildi þegar Alþ. hefur samþykkt hana. Hafnamálastjóri skal vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðh. skal leggja árlega fyrir Alþ. skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar áður en fjárveitingar eru ákveðnar."

Í hafnal. frá 1967 voru einnig ákvæði um gerð fjögurra ára áætlunar um hafnargerðir, en ákvæðin voru miklu lausari í reipum en nú og m.a. ekki gert ráð fyrir að áætlunin væri samþ. sem þál. Ein áætlun var lögð fram samkv. l. frá 1967, það var fjögurra ára áætlun fyrir árin 1969—1972. Enginn vafi er á að með því að Alþ. afgreiði áætlunina sem þál. hlýtur áætlunin þinglegri meðferð en ella og þar af leiðandi fastara form og aukið gildi.

Brýn verkefni blasa nú hvarvetna við í hafnargerðum. Helstu ástæður eru breyttir útgerðarhættir vegna hins nýja togaraflota, auknar kröfur sem gerðar verða um löndun, meðferð og hreinlæti við fiskvinnslustöðvar, nánari tengsl milli fiskvinnslustöðva og löndunarkants, svo að komist verði hjá notkun flutningabíla, og kröfur fiskiðnaðarins um jafnari öflun hráefnis yfir allt árið svo að hafnir þurfa að veita öruggt skjól á öllum árstímum. Hins vegar hefur ekki verið unnt að sinna nærri öllum óskum í þessari fjögurra ára áætlun. Er talið að óskir hafi borist um framkvæmdir hjá hafnarstjórnum, sem hefðu nægt til 8 ára í stað fjögurra, miðað við þann framkvæmdahraða og það fjármagn sem talið er líklegt að hægt yrði að verja til hafnarframkvæmda. Varð þannig að fresta mörgum framkvæmdum, sem eiga fullan rétt á sér, til næsta áætlunartímabils.

Rétt er að benda á að samkv. áætluninni er um verulega aukningu í hafnarframkvæmdum að ræða miðað við fyrri ár, sbr. línurit á bls. 13 í áætluninni sem lögð var fram í des. Heildarkostnaður framkvæmda þessi 4 ár, 1974—1978, er samkv. fyrirliggjandi þáltill. um 3 450 millj. kr. og er þá miðað við verðlag á s.l. hausti. Nær áætlunin alls yfir framkvæmdir í 61 höfn, en utan hennar eru landshafnirnar þrjár, ferjuhafnir svo og Reykjavíkurhöfn.

Rétt er að taka fram að Hafnamálastofnunin reyndi að byggja áætlunina á óskum einstakra hafnarstjórna að svo miklu leyti sem það var talið réttlætanlegt miðað við þarfir, fjárhag og tæknilegar aðstæður, þótt dæmi kunni að finnast um að svo hafi ekki verið í öllum tilvikum. Ekki verður fram hjá því gengið að áætlanir eins og þessar hljóta að taka einhverjum breytingum á áætlunartímabilinu. Kemur þar m.a. til greina að vegna mannfæðar hjá Hafnamálastofnuninni hefur ekki verið unnt að kanna nægjanlega á öllum áætlunarhöfnunum tæknilegan grundvöll þeirra framkvæmda sem till. eru gerðar um. Er nauðsynlegt að skapa Hafnamálastofnuninni betri aðstöðu á þessu sviði, þannig að áður en hafnarframkvæmdir hefjast liggi fyrir fullkomnar undirbúnnigsrannsóknir, svo sem öldumælingar og botnrannsóknir, þar sem það á við. Með aukinni reynslu starfsmanna stofnunarinnar í áætlunargerð fram í tímann hlýtur öryggi áætlunarinnar einnig að aukast. Hins vegar fer ekki á milli mála að áætlunin hefur sem heildarplagg bætt úr brýnni þörf fyrir upplýsingar um hafnir landsins og verður ómissandi upplýsingarit öllum þeim sem um hafnamál vilja fjalla, svo sem alþm. og hafnarstjórnum.

Ef litið er á einstaka staði í fyrirliggjandi áætlun þar sem hafnaraðstaða er sérstaklega slæm og mikilla átaka þörf á næstu árum má nefna eftirtalda staði: Á Vesturlandi Akranes, Ólafsvík, Grundarfjörð, á Vestfjörðum Flateyri. Á Vestfjörðum hefur mikið átak verið gert í hafnamálum á undanförnum árum. Á Norðurl. v. má nefna Skagaströnd. Á Norðurl. e. Dalvík, Akureyri og Húsavík. Að undanförnu hefur þó verið unnið þar mikið. Á Austfjörðum

eru aðalframkvæmdir áætlaðar á Vopnafirði, Borgarfirði eystra og Breiðdalsvík. Fyrirsjáanlegar eru einnig verulegar framkvæmdir á Neskaupstað, en vegna snjóflóðanna, sem urðu á s.l. vetri, hafa ástæður breyst þar og nú er verið að vinna að hönnun nýrrar hafnar í botni fjarðarins. Liggja ekki fyrir tölur um kostnað við þá hafnargerð enn sem komið er. Á Suðurlandi hefur verið miðað við að gera stórt átak í hafnargerð í Vestmannaeyjum, en það verður ekki fyrr en seinni hluta áætlunartímabilsins þegar talið er að mesta spennan verði farin úr atvinnuástandinu í Vestmannaeyjum vegna framkvæmda í sambandi við gosið.

Hér hafa aðeins verið nefndar örfáar hafnir sérstaklega, en víðast eru mikil verkefni fram undan. Má í því sambandi nefna tilkomu hins nýja skuttogaraflota, en hafnir landsins voru engan veginn viðbúnar að taka á móti honum. Hafnir voru fyrst og fremst sniðnar fyrir bátaútgerð, og þótt strandferðaskip hafi getað notað hafnirnar ber þess að gæta að margir af hinum nýju skuttogurum rista töluvert dýpra en þau. Sums staðar, en ekki alls staðar, er hægt að dýpka hafnirnar þannig að nægjanlegt sé fyrir skuttogarana, en annars staðar, þar sem um fastari botn er að ræða, koma slíkar dýpkanir vart til greina.

Það er mikils virði að hafnargerðaáætlunin sé ekki aðeins upplýsingar um það hvað unnt sé að gera á næstu árum í hafnargerðum, heldur sé hún einnig traustlega undirbyggð tæknilega þannig að af þeim sökum þurfi sem allra minnstar breytingar að gera á henni. Áður hefur verið að því vikið að áætluninni getur verið nokkuð áfátt að þessu leyti og sé þar um að kenna því að Hafnamálastofnunin hafi ekki nægilega góða aðstöðu til tæknilegs undirbúnings, bæði sökum skorts á starfsfólki og fjármagni. Á því 1½ ári, sem er til næstu endurskoðunar á áætluninni, mun verða stefnt að því að bæta úr þessum ágöllum. Jafnframt mun stefnt að því af þeim aðilum, sem að hafnamálum vinna af hálfu samgrn., að halda uppi sem bestu samstarfi og samvinnu við hafnarstjórnir um land allt þannig að þessir aðilar geti sameiginlega unnið að hagkvæmri lausn á hafnamálum á hverjum stað.

Til viðbótar því, sem hér hefur verið sagt, vil ég geta þess að vegna þess að þetta er fyrsta hafnaáætlunin sem lögð er fram, sem gert er ráð fyrir að verði afgreidd sem ályktun Alþingis, hef ég ákveðið að láta ekki afgreiða hana á þessu þingi, enda tel ég ekki tíma til þess og tel hana ekki heldur það vel undirbúna að ástæða sé til þess. Síðan hafnaáætlunin var samin eða sú grg., sem var lögð hér fram í des. í vetur, hafa komið fram ýmsar veilur í áætlunargerðinni sem ég tel brýna nauðsyn til að skoða betur áður en til fullnaðarafgreiðslu kemur. Það hefur einnig gerst síðan að skipuð hefur verið sérstök stjórn fyrir Hafnamálastofnunina. Ég tel því eðlilegt að undirnefnd fjvn. ásamt Hafnamálastofnuninni og stjórn Hafnamálastofnunarinnar vinni að þessu máli til undirbúnings þáltill. um hafnaáætlun næstu ára sem yrði lögð fyrir næsta Alþ. Ég tel að það skipti meira máli að reyna að vinna að því að þessi áætlunargerð verði sem traustust heldur en að hraða afgreiðslu hennar hér. T.d. veldur sú breyting, sem hefur orðið í Neskaupstað síðan upphaflega till. var gerð, því að það verður að miða þar við allt aðrar aðstæður um fjárveitingar á næsta ári en hér er gert ráð fyrir, og svo getur verið um fleiri staði þegar betur er að gáð og verkið er betur unnið en nú hefur verið gert. Enn fremur er þessi till. að hafnaáætlun miðuð við annað verðlag en mundi verða í framkvæmd nú á þessu ári, hvað þá á þeim hluta áætlunarinnar sem eftir kann að verða. Um það kunnum við ekki að segja að sinni.

Ég mun því, herra forseti, leggja til að þessari till. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn., en með þeim fyrirvara að ég óska ekki eftir afgreiðslu málsins nú, heldur að undirnefnd fjvn. vinni að málinu ásamt Hafnamálastofnuninni og stjórn hennar á milli þinga.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á um leið og þessi till. til þál. um hafnarframkvæmdir fyrir árin 1975—1978 er lögð fram, að samkv. niðurstöðutölum, sem geta hækkað, eins og hæstv. samgrh. tók fram, er hugsað að verja samtals 822.6 millj. til hafnargerða 1975, 881.1 millj. 1976 og 1 745.5 millj. 1977 og 1978. Í þessari till., sem hér liggur frammi, kemur fram hvernig verja á þessu fé. Ég vil benda á að það er ekki hugsað framlag til Reykjavíkurhafnar á neinu af þessum árum. Eins og ég hef áður bent á hefur Reykjavíkurhöfn verið sjálfstætt og nokkuð fjársterkt fyrirtæki, en nú er svo komið að Reykjavíkurhöfn á enga sjóði og ekki aðgang að lánsfé til nýbygginga og rekstur hafnarinnar leyfir ekki frekari lántökur. Tekjuafgangur Reykjavíkurhafnar af rekstri með 4—5 milljarða kr. fjárfestingu var áætlaður 18 millj., — það er rétt að ég geti þess að ég á sæti í hafnarstjórn Reykjavíkur, — en þá átti eftir að taka til greina þær hækkanir sem síðast var samið um, launahækkanir o.fl., og náttúrlega þær hækkanir sem hugsanlega kunna að verða við næstu samninga. En ástand hafnarinnar, svo að maður tali nú ekki um nýbyggingar, er þannig að hún er talin stórhættuleg. Við höfum ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að hafa í gangi vinnuflokka til að halda höfninni það vel við að hún geti talist hættulaus. Ég vil aðeins benda á þetta ásamt, sem ríkir í Reykjavík, og tel að það sé ástæða til þess að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á því hvernig ástandið í fjármálum Reykjavíkurhafnar er áður en hún gerir áætlanir langt fram í tímann. Gjaldskrárhækkanir hafa ekki verið leyfðar að neinu marki eða a. m. k. ekki að því marki sem nauðsynlegt er talið til að standa undir lágmarksviðhaldi húsa og mannvirkja. Það er því óhjákvæmilegt að benda á þörfina fyrir að Reykjavíkurhöfn verði ekki lengur útundan þegar framkvæmdafé er deilt til hafnarframkvæmda hér á hinu háa Alþ. Reykjavík er ekki lengur hin ríka mamma, eins og hv. þm. Magnús Kjartansson tók til orða um daginn. Við erum ekki lengur sú ríka mamma sem hægt er að hafa út undan þegar framkvæmdafé þjóðarinnar er skipt á milli byggðarlaga.

Ráðh. gat þess að hann vildi hafa gott samstarf

við hafnarstjórnir. Ég vona að hann ætli sér einhvern tíma til þess að kynna sér ástand fjármála Reykjavíkurhafnar með því að annaðhvort boða á sinn fund hafnarstjórann í Reykjavík eða láta embættismenn sína hafa samstarf við hann og endurmeta þarfir Reykjavíkurhafnar. Ég fagna því að ráðh. ætlast ekki til þess að þessi till. hljóti hér endanlega afgreiðslu, heldur muni hún fá víðtæka endurskoðun, að mér skilst, hjá fjvn. og undirnefnd fjvn. Ég treysti því að fjvn. endurskoði hana að því marki að Reykjavíkurhöfn fái a. m. k. einhverja aðstoð í þeim vanda sem fram undan er, því að ekki getum við verið ábyrgir fyrir því, hvorki við, sem í hafnarstjórn Reykjavíkurborgar sitjum, né heldur á hinu háa Alþ., að stöðva annars vegar eðlilegar gjaldskrárhækkanir hafnarinnar og fyrirbyggja að hún geti á eðlilegan hátt starfað og gegnt sínu hlutverki og svo líka hér á hinu háa Alþ. komið í veg fyrir að fjárveitingum sé beint til Reykjavíkurhafnar eins og annarra hafna sem á fjárveitingum þurfa að halda.

Mér þykir ástæða til að bera fram þá ósk til hæstv. ríkisstj. að hún hætti að verka sem einhvers konar bremsa á eðlilegar gjaldskrárhækkanir sem fylgja eiga eðlilegum rekstrarkostnaðarhækkunum í þjóðfélaginu hverju sinni, en þíni ekki góð fyrirtæki sveitarfélaga, sem hingað til hafa verið sjálfstæð, en nú eru búin að éta upp sína sjóði, éta upp lánstraust sitt hjá innlendum aðilum og hafa neyðst til þess að fara út í erlendar rekstrarfjárlántökur sem gera það að verkum að taxtarnir þurfa þá að vera enn hærri en eðlilegt hefði verið hefðu hækkanirnar fengið sína eðlilegu meðferð á réttum tímum.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Till. til þál. um hafnaáætlun var lögð fyrir hv. Alþ. hinn 3. apríl s. l. Till. kemur til umr. nú fyrst í dag, 10. maí, og þá leggur hæstv. samgrh. til að hún verði ekki afgreidd á þessu þingi, eins og lög þó gera ráð fyrir, heldur verði till. vísað til fjvn. til skoðunar, úrvinnslu og ákvörðunar í sumar. Má þá segja að allvel hafi verið séð fyrir verkefnum handa n. þegar þetta hlutverk bætist við það sem felst í fyrirhuguðum niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs, en um hann á fjvn. að fjalla samkv. nýsettum lögum.

Úr því að hæstv. ráðh. minntist á nýskipaða stjórnarnefnd fyrir Hafnamálastofnunina vil ég aðeins láta það koma fram að ég tel það mjög miður að í þeirri n. skuli ekki eiga neinn sæti úr fjvn. Ég hefði talið að tengsl þyrftu að vera þar á milli, en því miður hefur ekki verið séð fyrir því.

Úr því sem komið er, þegar vika er til þingloka og fjvn. upptekin við afgreiðslu vegáætlunar, þá leiðir af sjálfu sér að hafnaáætlun verður ekki afgreidd á þessu þingi. Er reyndar ekki vanþörf á að nokkur tími verði gefinn til þess að huga rækilega að ýmsum tölum í áætluninni þar sem þegar hefur komið í ljós að þær eru sumar hverjar a. m. k. byggðar á býsna ótryggum grunni, auk þess sem ýmsir atburðir hafa gerst sem valda því og eðlilegar orsakir liggja til þess að endurskoðaðar verði ýmsar tölur eins og hæstv. ráðh. minntist á áðan. Það er ljóst að svo hefur verið á málum haldið að komið verður fram á sumar þegar fyrir liggur að hvaða framkvæmdum verður unnið á þessu ári, bæði að því er varðar hafnarframkvæmdir og aðrar framkvæmdir sem ríkið greiðir að hluta eða öllu leyti, svo sem skólabyggingar, sjúkrahúsbyggingar o. fl., þar sem fjárveitingar samkv. fjárl. hafa nú ekkert raunverulegt gildi lengur eftir að stuðningsflokkar hæstv. ríkisstj. hafa ákveðið að skera niður framlög til framkvæmda í verulegum mæli, og eru þeir embættismenn sem eiga að annast undirbúning og bera ábyrgð á framkvæmdum ekki öfundsverðir af sínu hlutverki. En þessi niðurskurður, sem fyrirhugaður er í krónutölu, kemur til viðbótar stórfelldri rýrnun framkvæmdamáttar fjárveitinga vegna hinnar öru verðbólgu, og í því sambandi má hafa til hliðsjónar að áætlað er að vísitala kostnaðar við vegagerð muni hækka frá því í ágúst s. l. og fram í júní á þessu ári um 59.5%

Við afgreiðslu fjárl. í des. s. l. ræddi ég hafnamál og stöðu hafnarsjóða allítarlega og mun því ekki gera það nú við þessa umr. um hafnaáætlun fyrir árin 1975—1978. Ég ætla aðeins að beina einni fsp. til hæstv. samgrh.

Við afgreiðslu fjárl. fyrir síðustu áramót voru fjárframlög til hafnarsjóða á árinu 1975 samþ. í samræmi við þá áætlun sem hér var lögð fram þá, eða réttara sagt: upphaflegu hafnaáætluninni, sem var lögð fram í des., fyrir afgreiðslu fjárl., hefur nú verið breytt í samræmi við fjárveitingar til hafnargerða í fjárl. fyrir árið 1975. Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. og þar með hæstv. samgrh. nú fengið samþ. á Alþ. lög um efnahagsráðstafanir þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir allt að 3 500 millj. kr. niðurskurði á fjárveitingum ríkissjóðs á fjárl. ársins 1975. Ég tel því ástæðu til þess að óska eftir því að það komi skýrt fram hjá hæstv. samgrh. hvort hann með flutningi hafnaáætlunar endurskoðaðrar varðandi árið 1975 til samræmis við fjárveitingar á fjárl. er í raun að leggja til að þrátt fyrir lög um niðurskurð á fjárl. verði fjárveitingar til hafnarframkvæmda, fjárhæðir til einstakra hafna veittar og greiddar hafnarsjóðum óskertar á árinu 1975, eins og þær eru tilgreindar í þessari hafnaáætlun og í fjárl., eða hvort hæstv. ráðh. telur sig einungis vera að fullnægja formsatriðum með því að gera hv. Alþ. grein fyrir áætluninni og þeim tölum sem þar eru tilgreindar, þ. e. a. s. hvort hæstv. ráðh. ætlast til að raunverulegt mark sé tekið á þessum tölum eða hvort ætlunin sé, hvað þessum upphæðum líður, að framkvæma það sem felst í yfirlýsingu sem birt var í aðalmálgagni forustuflokks ríkisstj., Morgunblaðinu, hinn 9. apríl s. l. Þar er hafnaáætlunin birt með svo hljóðandi yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta, og með þeirri yfirlýsingu er birt mynd af hæstv. fjmrh. svona til staðfestingar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Gera má ráð fyrir, að sá fyrirhugaði samdráttur í ríkisútgjöldum, sem ráðgerður er, eigi eftir að koma fram í umtalsverðri lækkun í þessari grein ríkisframkvæmda sem öðrum."

Þetta sagði málgagn hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Vegna óðaverðbólgu hefur framkvæmda-

máttur eða raungildi þess fjár, sem veitt var á fjárl. til hafnarframkvæmda viðs vegar um landið á þessu ári, nú þegar rýrnað mjög verulega, eins og ég áðan greindi, en það er svo boðskapur Morgunblaðsins að til viðbótar þessari stórfelldu rýrnun á raungildi fjárveitinga til hafnamála eigi að lækka krónutölu fjárveitinga í umtalsverðum mæli í samræmi við það frv. um efnahagsmál, sem stjórnarflokkarnir hafa nú knúið fram samþykkt á. Ég spyr því: Er hæstv. samgrh. með þeirri hafnaáætlun, sem hann hefur lagt fram og þar sem tilgreindar eru ákveðnar upphæðir til einstakra hafna á árinu 1975, að leggja til að þessar upphæðir verði þó veittar í krónutölu á þessu ári, eða er hann samþykkur þeirri staðhæfingu Morgunblaðsins að þessar fjárhæðir í hafnaáætluninni og fjárl. eigi að lækka í umtalsverðum mæli í krónutölu? Hæstv. ráðh. kynni að svara því til að það sé á valdi fjvn., sem fær bæði niðurskurðarheimildina og hafnaáætlunina til meðferðar, að gera till. um raunverulegar fjárveitingar til hafna, hvort þær eigi að standa samkv. þessari áætlun eða þar eigi að skera niður í samráði við boðskap Morgunblaðsins. En ég spyr um till. hæstv. ráðh. sjálfs. Eru þær þessar, sem hann hefur nú gert grein fyrir, eða er hann samþykkur yfirlýsingu aðalmálgagns forustuflokks í ríkisstj. um að þessar tölur um fjárveitingar til hafnarframkvæmda á árinu 1975 eigi að skera niður í umtalsverðum mæli?

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er augljóst mál að þegar óðaverðbólga er í landinu og upplausn í öllu efnahagslífi, þá er mjög erfitt að gera áætlanir um framkvæmdir til nokkurra ára og þótt til styttri tíma væri. Hins vegar höfum við góða reynslu af áætlunargerð, sérstaklega í samgöngumálum, og ég vil benda á að einmitt á þessum tímum er meiri þörf fyrir það en nokkurn tíma endranær að menn geri sér glögga grein fyrir því hvernig á að raða framkvæmdum, því að augljóslega getur þjóðin ekki unnið allt það, sem þörf er fyrir. Upplýsti hæstv. ráðh. að óskir um hafnarframkvæmdir mundu duga til 8 ára með þeim framkvæmdahraða sem gert er ráð fyrir í dag.

Ég legg því áherslu á að þrátt fyrir erfiðleika á framkvæmd áætlunargerðar, þá verði hún að halda áfram og við verðum að reyna að nota hana sem skynsamlegt og eðlilegt hagstjórnartæki til að raða framkvæmdum, finna þær, sem nauðsynlegastar eru, og láta þær ganga fyrir því að við getum ekki unnið allt sem okkur langar til og þörf er á.

Vegna þessa verður að harma það að núv. ríkisstj. virðist hafa misst algerlega vald á áætlunargerð í samgöngumálum. Það er burðast við það á nokkrum síðustu dögum þingsins að reyna að afgreiða vegáætlun, og næsta furðulegt er að lifa það að ráðh. skuli mæla fyrir áætlun um nokkur þúsund millj. framkvæmdir í hafnamálum og segja síðan eins og sá sem valdið hefur í ræðu sinni: Ég hef ákveðið að láta ekki afgreiða þetta mál. Hann notaði örlítið þinglegra orðbragð seinna í ræðu sinni því að væntanlega gerir hann sér ekki neinar grillur um það að þetta sé kurteislegt tal við Alþ. Engu að síður mælir hann fyrir till. með þeim eindregnu óskum, eins og hann sagði kurteislega í seinni hluta ræðu sinnar, að málið verði ekki afgreitt.

Hvað þýðir þetta? Hann lýsti sjálfur mjög vel þeirri þörf, sem er fyrir hafnarframkvæmdir um allt land, og þeim augljósu ástæðum, sem eru fyrir nýjum hafnarframkvæmdum við tilkomu hins nýja togaraflota. Við vitum að um allt land bíða sjómenn og útvegsmenn og raunar byggðirnar allar eftir því að fá að vita hvað verður um þessi mál. Og boðskapurinn, sem héðan berst frá ríkisstj. í dag, er ekkert annað en áframhaldandi óvissa. Það verður engin áætlun fyrr en í haust. Hv. síðasti ræðumaður hefur lagt fram spurningar, sem ég veit að margir óska eftir að heyra svörin við, um það hvað eigi að taka við á framkvæmdatímanum í sumar. Ætlar ríkisstj. sjálf að valsa með þetta fram og aftur og hafa alla landsbyggðina í algerri óvissu?

Ég vil átelja það mjög hvílíkt los er komið á þessi mál, að ríkisstj. skuli algerlega missa vald á nauðsynlegustu áætlunargerð og hafnir um allt land og þeir, sem þær nota, skuli verða í áframhaldandi óvissu um það, hvað muni gerast af um það hvernig niðurskurðaráform kunni að því að áætlunin er ekki afgreidd, og í öðru lagi koma fram á þessu sviði.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 11. landsk. um framkvæmdir í hafnamálum vil ég geta þess að fjárlög hvers árs eru auðvitað áætlun um hafnarframkvæmdir á því ári. Um það hvort verði skorið niður umtalsvert af hafnarframkvæmdum hefur engin ákvörðun verið tekin. Hafnarframkvæmdir verða ekki síður en aðrar framkvæmdir skoðaðar gaumgæfilega áður en til niðurskurðar kemur á þeim. Það vita allir að hér er um mjög nauðsynlegar framkvæmdir að ræða. En þó að enginn niðurskurður yrði gerður á þeim tölum sem eru í fjárl., þá er ekki hægt að koma fram þeim verkum, sem þar er ráðgert, vegna þeirrar verðhækkunar sem átt hefur sér stað síðan fjárl. voru afgreidd. Þess vegna verður einnig að taka þann þátt til sérstakrar athugunar. Hitt get ég svo sagt hv. 11. landsk., að hér er ekki verið að leggja fram neitt óraunhæfari till. að því er varðar árið 1975 en eru í fjárl. Það er verðlagið, sem hefur breytt þeim tölum, sem fyrst og fremst verður að skoða. Hvernig sú athugun kemur út kann ég ekki að segja, en ég get fullvissað hann um að það er enginn áhugi hjá einum eða neinum á að láta hafnargerðir fara verr út úr fjárframlögum en önnur verk, nema síður sé.

Út af því, sem hv. 2. landsk. sagði hér, mátti heyra að hann væri nú hvíldur vel eftir ferð sína til Genfar því að hann var svo hnarreistur og ánægður með sig. (Gripið fram í: Hann er það nú oft.) Já, hann er það alltaf, en þó var farið að draga af honum. En það er þetta venjulega tal þeirra hv. Alþfl.-manna að allt hafi farið úr böndunum síðan þeir fóru úr stjórnarstólum. Þetta kann maður utanbókar og getur sagt fyrir um. En ég sé ekki að reglugerðir eða áætlanir séu neitt betur settar þótt samþykktar séu, ef ekki hefur unnist nógu góður tími til þess að

vinna að undirbúningi. Ég álít að það skipti mestu máli að allar áætlanir séu nógu vel uppbyggðar, og Hafnamálastofnunin hafði ekki nema fyrrasumar til þess að vinna að þessari áætlunargerð og henni er sjálfri ljóst að ýmislegt, sem í áætluninni er, getur ekki staðist, og það hafa komið fram nú á þessum vetri umtalsverðar veilur sem ekki er hægt að horfa fram hjá. Þess vegna var það í samráði við hana sem ég gerði þá till. til hv. Alþ. og fjvn. að málið verði ekki afgreitt. Ef hv. Alþ. vill endilega afgreiða till. þrátt fyrir það, eins og hv. 2. landsk. virtist vilja, þá er ekkert við því að segja. En ég veit að þeir hv. alþm., sem líta raunhæft á málin, munu ekki óska eftir því, því að þeir vilja fá raunhæfar áætlanir, en ekki þær áætlanir sem ekki hefur gefist nógur tími til að undirbúa. Auk þess er það svo að heimamenn eiga að segja sitt um þessar áætlanir, og tíminn, sem þeir fengu til þessara mála, hefur ekki heldur verið nægjanlegur til þess að vinna að þessu sem skyldi. Til viðbótar er svo það sem ég gat um áðan, að verðhækkunin, sem verður á þessu ári, breytir áætlunargerðinni fyrir árið 1975 og hlýtur þess vegna að hafa áhrif á áætlunargerðina fyrir það sem á eftir á að koma.

Ég held því að hv. 2. landsk. þurfi ekkert að vera óánægður út af þessu og það sýnir bara að núv. hæstv. ríkisstj. vill vinna að því að gera áætlanir sem raunhæfastar og þess vegna sé þetta gert, því að það er ekkert gagn að höfn sem sigur eftir að búið er að byggja hana. Það er ekkert unnið við það nema tjónið. Það eru á þessari áætlun, eins og kemur fram í henni sjálfri, ýmsar hafnir með þeim hætti að það hafa ekki enn þá verið teknar ákvarðanir hvort um er að ræða trébryggjur eða stálbryggjur. Þetta verður auðvitað að vera búið að ákveða þegar raunveruleg áætlun er gerð.

Út af því sem hv. 12. þm. Reykv. sagði hér, þá hef ég ekki sýnt Reykjavíkurhöfn minni sóma en það að hafnarstjórinn í Reykjavík er í stjórnarnefnd hafnanna, þeirri sem ég skipaði. Ég veit að það er mjög hæfur maður og hann er formaður Hafnamálasambandsins, og ég taldi sjálfsagt að hann tæki sæti í þessari stjórnarnefnd.

Það er misskilningur að hafnareglugerðum hafi ekki verið breytt. Þeim hefur verið breytt og stjórnarnefndin var að vinna að því máli. Um það má svo alltaf deila hversu langt á að ganga í hækkun á hafnagjöldum. Það orkar tvímælis og það er svo í þetta sinn sem fyrr.

Þetta vildi ég taka fram og sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., var nokkuð rætt við afgreiðslu fjárl. á s. l. hausti, og margt af því, sem hér ætti nú að ræða, var þá allítarlega rætt í ræðum margra þm. Ég vil þó segja það um þetta mál að þessi áætlun, eins og hún var þegar hún var lögð fram á s. l. hausti, er að mínu viti á þann veg að hér er slett inn á ýmsar framkvæmdir, a. m. k. á síðari hluta áætlunartímabilsins, tölum sem eiga sér enga stoð í raunveruleikanum vegna þess að þær koma ekki til með að þjóna neinum eðlilegum áfanga í framkvæmd verka á ýmsum stöðum. Væri hægt að nefna þar um dæmi.

Það verður hins vegar að segjast að það eru furðuleg vinnubrögð að nú skuli vera lagt til að þetta verði ekki afgr. á Alþ., heldur verði enn slegið á frest allri vitneskju um hvaða framkvæmdir á að fara í á komandi sumri, vitandi það fyrir víst — og það ætti a. m. k. hæstv. samgrh. að vita og fleiri — að víðast úti á landsbyggðinni er það svo að það er tiltölulega mjög stuttur framkvæmdatími, það eru 2—3 mánuðir úr sumrinu, sem hægt er að vinna að hafnarframkvæmdum víðs vegar í kringum landið. Ef það á að vera eins og mér sýnist allt benda til, að þetta mál eigi að vera í skoðun langt fram á sumar, þá þýðir það auðvitað ekkert annað en stöðvun framkvæmda í allflestum tilvikum, þar sem svo háttar um sem hér um ræðir að það er ekki hægt að vinna að framkvæmdum nema á tiltölulega skömmum tíma vegna veðurfars. Ég tek því undir það að það er ófremdarástand að ætla sér að enn verði beðið með ákvarðanir í þessum efnum. Nóg er þegar orið og sveitarstjórnarmenn víðs vegar í kringum landið verða að fara að fá úr því skorið hvað það er sem á að framkvæma á þessu ári.

Það var raunar ljóst í sambandi við afgreiðslu fjárl. að þar var um stórkostlegan niðurskurð að ræða í framkvæmdamagni frá því sem áður var, og ég tek a. m. k. svör hæstv. samgrh., sem hann gaf áðan við fsp. frá hv. þm. Geir Gunnarssyni, á þann veg að það, sem hér er lagt til, sé ekkert endanlegt, það séu engar endanlegar tölur til framkvæmda, þær geti lent undir niðurskurðarhnífnum eins og hvað annað. Og þá, ef svo er, er um hreina sýndarmennsku að ræða í vinnubrögðum. Ég taldi að það mundi verða svo, fyrst þessi till. er hér lögð fram til umr., að það mætti marka það a. m. k. að þær tölur, sem settar eru á blað fyrir árið 1975, mundu standa í krónutölu. En eftir því sem hæstv. ráðh. sagði áðan, a. m. k. að mínu mati, þá sýnist mér það vera svo að það sé ekkert að marka það, það geti komið til með að lækka eins og hvað annað, þannig að enn þá meiri óvissa ríkir um það í hvaða framkvæmdir verður farið á komandi sumri í hafnarmálum.

Ég skal ekki fara öllu fleiri orðum um áætlunina sem slíka, en mér finnst það miður að svo skuli vera á málum haldið eins og hér er gert ráð fyrir, og mér finnst það fyllilega aðfinnsluvert og ámælisvert að það skuli ekki vera tekið fastara á bæði þessum framkvæmdum og öðrum ef það er meining hæstv. ríkisstj. á annað borð að einhverjar framkvæmdir verði unnar á yfirstandandi ári. Mér finnst það heldur einkennileg skoðun hjá hæstv. samgrh. að lýsa því hér yfir að það sé ekkert betra að hafa áætlun, sem er samþykkt, en áætlun, sem er í lausu lofti. Það ætti þó a. m. k. að vera auðveldara að átta sig á staðfestum áætlunum og ætti að vera a. m. k. meira mark á þeim takandi en áæltunum sem svífa í lausu lofti á milli ráðh. og stofnana dag frá degi og enginn veit hvað kemur til með að standa upp úr að lokum.

Það er hins vegar rétt, sem hæstv. ráðh. kom hér að í lok sinnar ræðu, að heimamenn hafa

verið tiltölulega lítið spurðir um hvernig þeir vilji haga niðurröðun á hinum ýmsu þáttum framkvæmda í hafnarmálum. Því var lofað af Vita- og hafnamálastofnuninni á s. l. sumri, þegar gert var ráð fyrir því að slík áætlun yrði gerð, að hinar fyrstu till., sem fram kæmu frá þeirri stofnun, skyldu sendar heimamönnum til umsagnar þannig að þeir hefðu nægan tíma og tækifæri til þess að gera sínar aths. þar við. Þegar hin fyrri áætlun, sem við þm. fengum á borð okkar fyrir áramót s. l., sá dagsins ljós, þá hafði í allmörgum tilfellum a. m. k. ekkert tillit verið tekið til óska heimamanna, einfaldlega vegna þess að þeir höfðu ekki fengið tíma né tækifæri til þess að koma óskum sínum á framfæri við viðkomandi stofnun. Áætlunin var því gerð fyrst og fremst að tilhlutan Vita- og hafnamálastofnunarinnar án þess að sjónarmið heimamanna á hinum ýmsu stöðum kæmi þar nokkuð fram. Ég skal ekki um það segja hvort frekar hefur verið tekið tillit til sjónarmiða heimamanna þegar þessi endurskoðaða áætlun var lögð fram, en vil þó segja það að á þeim stöðum, sem ég þekki til, er tiltölulega lítið betur ástatt um það að tillit hafi verið tekið til sjónarmiða heimamanna. En ég vil sem sagt harma það mjög að ekki skuli mega skoða þessa þáltill., a. m. k. að því er varðar árið 1975, sem till. hæstv. samgrh. og ríkisstj. um að ekki verði breytt til lækkunar þeim tölum sem gert er ráð fyrir að framkvæma fyrir. En mér sýnist að það megi því miður búast við hinu versta í sambandi við þessar framkvæmdir eins og margar aðrar, eftir að búið er að samþykkja hér af stjórnarliðum 3 500 millj. kr. niðurskurð á opinberum framkvæmdum varðandi fjárlög.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, en vil aðeins að lokum lýsa undrun minni á því, sem fram kom í ræðu hv. 12. þm. Reykv., að Reykjavíkurhöfn hafi orðið afskipt af fjárveitingum. En hvaðan kemur það fjármagn sem Reykjavíkurhöfn hefur haft til ráðstöfunar og verið rekin sem gróðafyrirtæki á undanförnum árum? Hvaðan kemur það? Kemur það ekki frá hinum almenna þjóðfélagsþegni vegna þess að þetta er höfuðinnflutningshöfnin sem allt fer í gegnum? Og ég sé ekki að Reykjavíkurhöfn þurfi á einu eða neinu stigi að kvarta um að hún hafi ekki fengið nægjanlega tekjustofna til þess að geta staðið undir framkvæmdum, enda hefur það sýnt sig, a. m. k. allt til þessa, að það er sú höfn í landinu sem langbest hefur staðið sig að því er varðar að standa undir rekstri og sýnt gróða þannig að þessir kveinstafir koma úr hörðustu átt. Þeir hefðu vissulega átt miklu meira rétt á sér frá hinum ýmsu stöðum þar sem sveitarfélög og bæjarfélög hafa þurft að leggja millj. kr. fram úr sínum sjóðum til þess að standa undir hafnarframkvæmdum og þjóna þar með þeirri atvinnugrein sem allt annað byggist á, en það er sjávarútvegurinn. Á sama tíma hafa önnur sveitarfélög, sem eru miklum mun betur sett, ekki þurft að setja eyri úr sínum sjóðum til þess að standa undir þessum framkvæmdum. Mitt viðhorf til þessa máls er því það að engin sanngirni né nein rök mæli með því að Reykjavíkurhöfn fái eyri af fjárframlögum eða fjárveitingum á fjárl. til hafnargerða. Hún er sú höfn í landinu sem getur staðið undir þessu án þess að bein fjárframlög séu veitt vegna þess að hún fær það miklar tekjur í sambandi við innflutning og annað að það hefur sýnt sig á undanförnum árum, að það er fyrirtæki sem margborgar sig og hefur borgað sig.

Ellert B. Schram: Herra forseti. Þegar hafnaáætlun er lögð fram og rætt er um skiptingu fjár til hafnaframkvæmda er eðlilegt að margir láti það mál til sinna kasta koma og ekki nema eðlilegt að þess sé beðið með nokkurri eftirvæntingu hvernig þessu fé sé skipt og hvernig áætlunin líti út. Hér er um að ræða eitt stærsta hagsmunamál flestra byggðarlaga á landinu og vissulega rétt að byggð stendur og fellur víðast hvar meðfram ströndum landsins með því hvernig að hafnarmálum er staðið. Þessi staðreynd er flestum ljós, hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli, hvort sem þeir búa í Reykjavík eða annars staðar, og ég hugsa að það sé markmið okkar allra að reyna að bæta úr þar sem vandinn er mestur og þá auðvitað án tillits til þess hvort um er að ræða þéttbýla staði eða staði í dreifbýli. Við reynum að leysa úr þeim vanda sem fyrir er á hverjum tíma og hverjum stað, og þess vegna hef ég mestu skömm á málflutningi eins og þeim sem fram kom í ræðu síðasta ræðumanns. Þetta er hvimleiður málflutningur og ég get fullyrt að hann er ekki til hagsbóta fyrir umbjóðendur hans eða fólk í dreifbýli landsins. Það er ómaklegt að lýsa því hér yfir að það sé engin sanngirni og engin rök til þess að leggja fram fé til hafnarmála í Reykjavík, ef þess gerist þörf, og lýsa því yfir að það komi ekki til greina að einn einasti eyrir gangi til þeirra framkvæmda. Þessum ummælum vísa ég á bug sem ómaklegum og ósanngjörnum.

Ég hafði kvatt mér hljóðs til þess að skýra frá skýrslu eða grg. sem hafnarstjórinn í Reykjavík hafði sent mér og sennilega fleiri þm., og það er enn þá meiri þörf á því að vitna aðeins til þessarar skýrslu eftir síðustu ræðu.

Í þessari skýrslu er rakin nokkuð þróun Reykjavíkurhafnar og bent á að þessi höfn hafi staðið nokkuð undir sínum eigin rekstri og sinni eigin uppbyggingu frá upphafi og er það vissulega lofsvert, en síðan bent á að vegna aukins þrýstings og aukinna viðskipta við þessa höfn hafi þurft að ráðast í Sundahöfnina og ýmsar aðrar fjárfrekar framkvæmdir sem hafi reynst Hafnarsjóði Reykjavíkur erfiðar. En sem dæmi um þýðingu hagkvæmra hafna fyrir Reykjavík er bent á að vegna bættrar aðstöðu hér í Reykjavík hafi afkastageta skipastóls Eimskipafélags Íslands vaxið sem svarar einu skipi hvað snertir afgreiðslu skipanna.

Mikill hluti vöruflutninga til landsins fer í gegnum Reykjavík, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, og þess vegna er það auðvitað áríðandi vegna flutningskostnaðar og vegna flutnings almennt til og frá landinu að hér sé a. m. k. sæmileg aðstaða. Að þessu hefur verið stefnt hjá Reykjavíkurhöfn og er enn.

Nú hefur verið gerð fjárhagsáætlun fyrir árið 1974 og jafnframt er unnið að framkvæmdaáætlun fyrir árin 1974—1978, og til þess að standa

undir þessari áætlun þyrfti Hafnarsjóður að taka að láni um 200 millj. kr. En það er tekið fram í þessari skýrslu að stjórnvöld hafi synjað Hafnarsjóði Reykjavíkur um þessa lántöku. Hafnarsjóður Reykjavíkur hefur, eins og fyrr er sagt, staðið undir sínum eigin rekstri og sínum eigin stofnkostnaði sjálfur og hefur ekki leitað eftir fyrirgreiðslu úr ríkissjóði a. m. k. til skamms tíma. Nú er ljóst samkv. þeim áætlunum, sem fram eru lagðar, að til nokkurra framkvæmda og stofnkostnaðar þarf að koma á næstunni á þessu tímabili og er talið að framkvæmdaféð þurfi að nema 765 millj. kr. og af því þurfi að taka að láni 632 millj. eða um 83%. Ef lán miðuðust við 10 ára afborgunartíma og núv. vaxtakjör mundi Hafnarsjóður á þessu tímabili þurfa að greiða 218 millj. kr. í afborganir og 227 millj. í vexti og augljóst er, segir í grg., að rekstrarstöðu Hafnarsjóðs yrði með þessu stefnt í algert óefni.

Af þessari upptalningu og þessari lesningu má vera ljóst að það er hagsmunamál allra landsmanna að vel sé búið að höfninni í Reykjavík, og það er líka ljóst að hún er komin í miklar fjárhagskröggur og eitthvað meira þarf til að koma en þau gjöld sem hún hefur innheimt nú eins og er. Þess vegna hlýtur það að vera eðlilegt að reykvíkingar og stjórnvöld hér í borginni setji fram þá kröfu að ríkisstj. og Alþ. eða fjárveitingavaldið a. m. k. skoði vandamál Reykjavíkurhafnar, en afgreiði þau vandamál ekki með því að lýsa því yfir að það sé ósanngjarnt að Reykjavík fái fjárveitingar og þar að auki bætt við að hún eigi alls ekki að fá einn einasta eyri. Þetta eru auðvitað fráleitar fullyrðingar. Ég sá ástæðu til að kynna þessi vandamál sem blasa við, eins og reyndar hv. þm. Albert Guðmundsson hefur gert fyrr við þessa umr., og er enn ríkari ástæða til þess eftir þá ræðu sem hér var flutt næst á undan mér.

Það er sett fram sú ósk í grg. hafnarstjórans í Reykjavík að inn í þessa till. til þál. um athafnaáætlun séu settar framkvæmdaáætlanir Reykjavíkurhafnar þannig að stjórnvöld hafi betri yfirsýn yfir fjárþörf til hafnarmála í heild, og ég vil ítreka þessa ósk hafnarstjórans í Reykjavík hér með. Hvort sem það þýddi að fjárveiting yrði ákveðin til Reykjavíkurhafnar í þessari till. eða næstu þáltill. þessa efnis, þá er alla vega held ég nauðsynlegt að framkvæmdaáætlun Reykjavíkurhafnar fylgi með í slíkum þáltill. En síðan hlýtur að koma að því að stjórnvöld, ríkisstj. og fjárveitingavaldið, taki til alvarlegrar og sanngjarnrar athugunar hvernig leysa megi vandamál Reykjavíkurhafnar á allra næstu árum.

Umr. frestað.

Heimildir færeyinga til fiskveiða við Ísland, þáltill. (þskj. 454). — Ein umr.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir till. til þál. um staðfestingu á niðurstöðu viðræðna um heimildir færeyinga til fiskveiða við Ísland. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, staðfestir, ef samþykkt verður, niðurstöður viðræðna milli fulltrúa ríkisstj. Íslands og landsstjórnar Færeyja sem fram fóru dagana 21.—22. febr. 1975 í Reykjavík um aðstöðu færeyinga til fiskveiða við Ísland. Texti niðurstöðunnar birtist hér með lagfæringu varðandi veiðar við Grímsey, sem staðfest var af aðilum með skeytaskiptum hinn 12. mars 1975.

Ég hygg að öllum hv. alþm. sé þetta samkomulag mjög kunnugt þar sem það var birt þegar að því gerðu og hefur verið starfað eftir því síðan. Skipan þessi um veiðar færeyskra skipa á Íslandsmiðum kemur í stað eldra fyrirkomulags um sama efni, gildir til 13. nóv. 1975 og er í öllum aðalatriðum svipað því samkomulagi sem gert var í tíð fyrrv. stjórnar við færeyinga um sams konar veiðar. Eina breytingin, sem máli skiptir, er sú að frá 1. júlí 1975 að telja skal heildarafli færeyskra skipa á Íslandsmiðum á ársgrundvelli eigi fara fram úr 20 þús. smálestum.

Ég viðurkenni að þessi staðfesting er of seint á ferðinni og bið velvirðingar á því fyrir hönd utanrrn. að það hefur láðst að leggja till. fyrir Alþ. fyrr en nú. Ég vona að það komi ekki að sök þar sem mér virðist svo sem allir hv. alþm. hafi verið samþykkir því að þessir samningar við færeyinga voru gerðir.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað eða þegar henni verður frestað verði málinu vísað til hv. utanrmn.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég styð að sjálfsögðu, eins og ég hygg að allir aðrir hv. þm. geri, samþykkt þessa máls. En mig langar til að nota þetta tilefni til að koma á framfæri hér á hinu háa Alþ. hugmynd, sem ég raunar hef hreyft á öðrum vettvangi, um samskipti íslendinga og færeyinga sem varða fiskveiðimálefni.

Nú í sumar hlýtur að því að koma að á ný verði teknar upp viðræður milli landsstjórnar Færeyja og íslensku ríkisstj. um áframhaldandi fsikveiðiréttindi, og ég hygg að þess vegna sé eðlilegt að þessi till. komi fram. En hún er á þann veg að við íslendingar göngum jafnvel ekki skemur en það í tilboðum okkar til færeyinga um fiskveiðiréttindi í nánustu framtíð og jafnvel um alla framtíð að fiskveiðilögsaga þessara tveggja ríkja yrði ein og hin sama. Ég vil a. m. k. hreyfa þeirri hugmynd að þetta mál fái skoðun. Ég legg á það mikla áherslu að samskipti milli þessara tveggja þjóða verði stórum aukin.

Hér var á Alþ. fyrir nokkrum árum samþ. einróma till. um að íslendingar beittu sér fyrir auknum samskiptum þessara grannþjóða, en þar var aðeins um orðin ein að ræða. Við höfum ekkert gert raunhæft í því efni. Hins vegar hafa færeyingar nú í undirbúningi siglingar milli landanna. Þeir vilja leitast við að auka samskiptin við okkur, en við höfum í litlu sem engu sýnt að við viljum auka samskipti við þessa nánustu frændþjóð okkar.

Það má vel vera að einhverjir agnúar kunni að finnast á því að hafa sameiginlega fiskveiðilandhelgi með Færeyjum. Mér hafði raunar dottið í hug að við gætum hugsanlega einnig haft sameiginlega fiskveiðilögsögu með grænlendingum

er tímar liðu. En ef þeir agnúar finnast, þá verða þeir skoðaðir.

Ég held að við eigum ekki einungis að skoða þetta atriði, að færeyingar megi veiða í okkar fiskveiðilandhelgi og við í þeirra, heldur jafnvel líka að um sameiginleg löndunarréttindi yrði að ræða í þessum tveimur löndum. Við höfum tekið upp samvinnu við færeyinga um sölu á þeirra afurðum eins og okkar fiskafurðum á Bandaríkjamarkaði, t. d., og hygg ég að slík samvinna sé báðum þjóðunum til góðs, en tilgangur minn hingað í pontuna var að vekja athygli á þessari hugmynd. Ef einhverjir gagnrýna hana nú eða síðar, þá tek ég auðvitað tillit til þeirrar gagnrýni, en mér finnst að hér á á þessum stað þurfi þessi orð að verða sögð áður en gengið verður til samninga við færeyinga næst og kannske líka með hliðsjón af því að það verði nokkuð ljóst, þegar 200 mílurnar hafa verið samþ., að áhersla verði á það lögð að fiskstofnar verði hæfilega nýttir. Fyrstu árin kann svo að fara að ekki verði talið að við íslendingar getum að fullu einir nýtt öll fiskimið innan 200 mílnanna, og þá liggur auðvitað alveg beint við að mínu mati að það verði færeyingar fyrst og fremst sem þar komi til skjalanna og fái að hagnýta það sem afgangs er. Að því er varðar deilu færeyinga um fiskveiðitakmörk vegna Rockalls, þá eigum við íslendingar að sjálfsögðu að styðja þá í baráttunni gegn því að bretar geti helgað sér þann klett, ef hann yrði þá að grunnlínupunkti sem er ekki heldur ljóst. Við eigum að hafa fulla samstöðu einnig í því efni. Ég veit að þm. allir vilja sem best samskipti við færeyinga og vona þess vegna að það verði ekki tekið óstinnt upp að ég hreyfi þessari hugmynd.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu samþykkja þá till. um staðfestingu á samningi við færeyinga sem hér liggur fyrir. Ég vil til viðbótar að gefnu tilefni láta í ljós ánægju með þann áhuga sem hv. síðasti ræðumaður hefur bæði nú og ávallt áður sýnt á bættri sambúð okkar við færeyinga. Við höfum að vísu haldið uppi flugi þangað og sýnt áhuga á þeim á ýmsan hátt, en ég er honum sammála um að það stendur frekar upp á okkur en þá í þeim efnum.

Færeyingar hafa ávallt verið þeir fyrstu sem við höfum veitt undanþágur til veiða í landhelginni eftir að við höfum fært út, og mun vera almennur vilji þjóðarinnar að í samningum við þá sé farið eins vinsamlega og við framast getum. En um landhelgismálin og fiskveiðiréttindi er það að segja að þau eru stór í sniðum og eru nú á viðkvæmasta stigi sem þau hafa verið svo að við skulum fara mjög gætilega þótt sjálfsagt sé að skoða allar hugmyndir. Ég sé ýmsa annmarka á því að það verði formlega hægt að hafa sameiginlega fiskveiði- eða efnahagslögsögu Íslands og nokkurs annars lands og er ýmislegt sem veldur því. Það er t. d. allt útlit á að það verði að taka ákvörðun um hvað talinn er hámarksafli sem veiða má án þess að hætta fiskstofnum í fiskveiðilögsögu hvers ríkis. Það hefur verið baráttumál sendinefndar okkar á fundunum í Genf að fá inn í texta og væntanlega samninga að strandríkið sjálft ákveði þetta. Þetta eitt gerir erfitt að hafa sameiginlega formlega fiskveiðilögsögu. Við ættum þá að fara að taka slíka ákvörðun fyrir Færeyjar og Grænland, og þeir ættu að koma og taka þátt í því með okkur að ákveða hvað við teljum að megi taka mikinn fisk úr sjó við Ísland. Þetta er feiknalega mikilsvert atriði og snertir auðvitað varðveislu fiskstofnanna.

Annað atriði sem er mjög viðkvæmt í þessum efnum, er hver eigi að ákveða hvað viðkomandi þjóð getur veitt mikið sjálf. Menn eru komnir inn á þá línu, eins og hv. síðasti ræðumaður lét í ljós, að það eigi að fullnýta alla fiskstofna og ef strandríki geti það ekki eitt, þá eigi strandríkið að leyfa einhverjum öðrum að gera það. Við höfum barist fyrir því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að strandríkið sjálft eigi að meta hve mikið það getur veitt af þeim afla sem það sjálft hefur ákveðið að megi taka. Það tókst að fá þetta hvort tveggja inn í það uppkast sem var lagt fram í gærmorgun í Genf, sem betur fer. En við skulum samt ekki ganga frá því sem vísu að þetta verði svo, a. m. k. vandræðalaust, vegna þess að þetta er aðeins uppkast formanns einnar nefndar í Genf. Sá formaður er frá El Salvador og hugsar mjög líkt og við þannig að sjónarmið þeirra, sem eru andstæðir okkur í þessum efnum, eiga eftir að koma fram og þeir eiga eftir að heyja sína orrustu til þess að reyna að hnekkja þessu. Ég vil líka benda á það að takist að fá þetta hvort tveggja fram, þá þurfum við að ákveða hvað við viljum láta veiða mikið innan 200 mílna í kringum Ísland og í öðru lagi hvað við sjálfir treystum okkur til að veiða mikið. Þetta er erfitt ákvörðunarefni, og ég geri ráð fyrir því að það verði mjög vandlega skoðað hér hvort við með þeim mikla flota, sem við höfum nú eignast, förum ekki ærið langt í að geta veitt það aflamagn sem við teljum rétt og öruggt að taka.

Ég bendi aðeins á þetta, en vil á engan hátt draga úr því að menn íhugi sjónarmið hv. síðasta ræðumanns og alveg sérstaklega þann grunntón í ræðu hans að við höfum sérstaklega náið og vinsamlegt samband við færeyinga. Og ég vil að lokum segja það, að ég er sammála því að ég ann færeyingum jafnvel frekar en vinum okkar og frændum, írum, þess að fá yfirráð yfir Rockall, en þetta eyjamál er viðkvæmt og virðast vera fram undan miklar deilur um það. Það var lítið rætt nú á ráðstefnunni, en þó mun textinn sem fram var lagður, vera á þá lund að óbyggilegir klettar eins og Rockall fái ekki fiskveiðilögsögu, og er það í sjálfu sér hagstætt fyrir okkur, því að það getur vel verið að við viljum einhvern tíma seinna sækja á kolmunnamiðin fyrir vestan Rockall.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu undir það að okkur beri í öllum atriðum að hafa sem vinsamlegust samskipti við færeyinga. Þetta er sá aðili sem stendur okkur mjög nálægt og hefur haft við okkur yfirleitt mjög góð og vinsamleg samskipti. Ég mun vissulega standa að þeim samningi sem hér liggur fyrir að staðfesta, þótt ég hefði talið að í honum hefði verið betra að hafa það ákvæði, sem

ég tel að hefði átt að vera í öllum samningagerðum sem gerðar hafa verið, að einhver viðurkenning hefði fengist á útfærslu okkar í 50 mílurnar. En þetta er ekki í þessum samningi og hefur ekki verið í öðrum samningum, þannig að það þýðir ekki að fara að taka það mál upp nú.

En það var það sem hv. 4. þm. Norðurl. v. kom hér inn á varðandi hina gagnkvæmu landhelgi eða fiskveiðimörk íslendinga og færeyinga. Ég hef skilið það þannig að við Færeyjar gilti dönsk fsikveiðilögsaga eða dönsk landhelgi, þannig að ég hygg að það mál þurfi að skoðast mun betur. En það er þó annað sem ég tel að við þurfum að vera mjög vel á verði fyrir, ef okkur dytti í hug að gera slíkan samning við einhverja þjóð, annað hvort færeyinga eða aðra, en það er að við værum þá, að mér sýnist, að skapa möguleika fyrir aðrar þjóðir að opna bakdyr fyrir erlenda útgerð til að fiska hér í íslenskri landhelgi. Ég hygg að ef þetta yrði gert þá mundu bæði kannske bretar og aðrir verða mjög fúsir á að leggja fjármagn í færeyska útgerð og komast þannig eftir þeirri leið inn í íslenska landhelgi ef um gagnkvæma landhelgi á milli þessara tveggja aðila væri að ræða. Það er þetta atriði sem ég tel að útiloki alveg það sem við vildum fyrir færeyinga gera, og hvaða samskipti sem við vildum við þá hafa í þessu sambandi, þá tel ég að þetta mundi útiloka að slíkt kæmi til greina að við gætum gert þetta. Þetta er að mínum dómi þess eðlis að það mál hlýtur að verða að skoða einnig í þessu ljósi. Ef þarna er um nokkra hugsanlega smugu að ræða fyrir aðra að komast inn í íslenska landhelgi, þá auðvitað kemur ekki til greina með slíka sameiginlega landhelgi, hvorki til færeyinga né aðra. Við getum varist því að erlendir aðilar komist gegnum íslenska útgerð inn í íslenska landhelgi. Við höfum það í hendi okkar sjálfir hvað við viljum gera í þeim efnum og getum auðvitað útilokað það eins og við höfum gert í þessu sambandi og örugglega verður haldið áfram að gera. En við höfum engin tök á því að útiloka það ef aðrar þjóðir hefðu hug á að komast á hinn veginn inn í íslenska landhelgi.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 84. fundur.

Laugardaginn 10. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Iðnaðarmálagjald, frv. (þskj. 623). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. felur það í sér að lagt skuli 0,1% iðnaðarmálagjald á allan iðnrekstur í landinu og að óheimilt skuli að leggja gjaldið við útsöluverð á vörum eða þjónustu fyrirtækja. Lögfesting þessa gjalds mundi því ekki hafa hækkun vöru eða þjónustu í för með sér. Tekjum af þessu gjaldi er ætlað að verja til eflingar iðnaðar og iðnþróunar í landinu og er frv. flutt skv. eindregnum tilmælum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands ísl. samvinnufélaga. Standa allir þessir þrír aðilar einhuga að frv. Tilgangurinn er sá, að þessi samtök fái nokkurt fjármagn til þess að vinna að aukinni framleiðni í iðnaði og á þann veg að auka iðnþróun í landinu. Er gert ráð fyrir því að á s.l. ári hefði þetta gjald numið röskum 18 millj. kr. ef slík lög hefðu þá verið í gildi. Hliðstæð lög gilda um aðrar atvinnugreinar sumar, eins og lög um Búnaðarmálasjóð þar sem er ákveðið að greitt skuli gjald af söluvörum landbúnaðarins, en tekjurnar skiptast að jöfnu milli Stéttarsambands bænda annars vegar og búnaðarsambanda hins vegar. Sama gildir einnig um hluta af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skv. l. frá 1966.

Að öðru leyti er mál þetta skýrt í ítarlegri grg. frv., og legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Virkjun Hvítár í Borgarfirði, frv. (þskj. 574). — 1. umr.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til l. um virkjun Hvítár í Borgarfirði er flutt að beiðni stjórnar og eignaraðila Andakílsárvirkjunar, en þeir eru Akraneskaupstaður og Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Þá er, eins og ég mun síðar víkja að, almennur áhugi í öðrum byggðum á Vesturlandi, svo sem í Snæfellsnessýslu og Dalasýslu, fyrir því að þeir verði aðilar að þessu væntanlega orkuveri, en þar með væri myndað eitt allsherjarorkuveitusvæði sem mundi ná yfir allt Vesturlandskjördæmi og yrði þá Vesturlandsveita.

Það hefur oft verið um það rætt að í framtíðarskipan orkumála í landinu beri að stefna að því að komið verði á landshlutaveitum, ýmist á vegum byggðarlaganna sjálfra með aðstoð ríkisins eða þá í sameign ríkis og sveitarfélaga. Þó hefur almennt verið gengið út frá því að meiri hl. stjórnar slíkra orkuveitna væri í höndum heimamanna.

Undirbúningur að virkjun Kláffoss í Hvítá var fyrst hafinn á árunum 1963 og 1964. Virkjunarmat, sem þá var gefið út, var unnið af þeim Rögnvaldi Þorlákssyni verkfræðingi og Ásgeiri Sæmundssyni tæknifræðingi. Umræddar virkjunarrannsóknir svo og allar þær virkjunarrannsóknir, sem síðan hafa átt sér stað varðandi væntanlega virkjun, hafa verið unnar að frumkvæði Andakílsárvirkjunar og á hennar kostnað.

Virkjunarmat það, sem út var gefið í aprílmánuði 1964, bar það með sér að virkjun Hvítár við Kláffoss væri hagstæð virkjun borin saman við aðra valkosti og með tilliti til þess öryggis, sem raforkuverið mundi veita Vesturlandi.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að vatnsaflstöðin verði allt að 13.5 mw. Er sú stærð ákveðin með tilliti til þess að þá fer minna land undir vatn vegna stíflugerðar en

ella ef raforkuverðið væri miðað við t. d. 15 mw. eins og möguleikar eru á með aukinni stíflugerð. Einn af aðalkostum Hvítár til orkuvinnslu er talinn vera sá hvað vatnsstreymið í ánni er jafnt. Eftir 22 ára rannsóknir og vatnsmælingar er orkuvinnslugetan talin vera um 88 gwst. í meðalári. Lægsta framrennsli á þessu 22 ára tímabili var árið 1963 og hefði orkuvinnslan það ár verið um 72 gwst. mælt við stöðvarvegg. Forgangsorka er hins vegar talin vera um 75 gwst.

Nýtt virkjunarmat á Kláffossvirkjun hefur nú verið framkvæmt og er virkjunarkostnaðurinn áætlaður eftir breytingu á skráðu gengi ísl. kr. í febr. s. l. 1 156 millj. kr. Er þá ekki meðtalinn kostnaður við tengingu orkuversins við orkuflutningskerfið í Borgarfirði, ekki greiðslur fyrir land og vatnsréttindi og vextir á byggingartíma. Að þessu meðtöldu verður heildarstofnkostnaður talinn um 1 milljarður 450 millj. kr. Með tilliti til þessa verður kostnaðarverð forgangsorkunnar miðað við 40 ára annúitet og 8% reiknivexti ásamt 0.75% stofnkostnaði í rekstri 1.77 kr. kwst. Sé hins vegar reiknað með 10% vöxtum er kostnaðarverð forgangsorkunnar 2.12 kr. kwst. Eftir gildandi gjaldskrá kaupir Andakílsárvirkjun í dag raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins á 2.58 kr. kwst. Væri orkan hins vegar keypt frá Landsvirkjun beint, milliliðalaust, yrði verðið 2.32 kr. kwst.

Á s. l. ári var komið á tengingu frá Andakílsárvirkjun til Snæfellsness með sérstakri stofnlínu, en með því eru kauptúnin á norðanverðu Snæfellsnesi komin í samband við orkuveitukerfið á Suðvesturlandi. Á þessu ári er síðan gert ráð fyrir að leggja nýja stofnlínu frá Stykkishólmi um Skógarströnd í Dali. Að lokinni þeirri framkvæmd er Vesturland allt frá Hvalfirði til Gilsfjarðar orðið eitt samveitusvæði sem hefur íbúatölu um 14 000 manns. Þar af eru um 9 500 manns í þéttbýli.

Afl orkuvera á þessu samveitusvæði var í árslok 1974 þannig að vatnsorkuverin tvö framleiddu 8 870 kwst., Andakíll 7 920 og Rjúkandavirkjun 950. Þar til viðbótar eru dísilrafstöðvar í Ólafsvík 1 695 kw., Stykkishólmi 1 200 kw. og í Búðardal 1 000 kw., eða samtals orka frá dísilstöðvum 3 895 kw. Samtals er því afl rafstöðva í dag á Vesturlandi 12 765 kw.

Á s. l. ári var raforkuöflun á Vesturlandi sem hér segir: Frá Andakílsárvirkjun 26.9 kw., frá Rjúkanda 8.1 kw. og keypt orka frá Landsvirkjun eða Rafmagnsveitum ríkisins 32.2 kw., eða samtals vatnsorka 67.2 gwst.

Raforka framleidd í dísilrafstöðvum var hins vegar þannig að dísilrafstöðin í Ólafsvík framleiddi 4.7 gwst., í Stykkishólmi 5.6 gwst. og í Búðardal 3 gwst., samtals raforka framleidd með dísilvélum því 13.3 gwst. Heildarraforkunotkun á Vesturlandi hefur þannig verið á s. l. ári um 80.5 gwst.

Á Vesturlandi, eins og annars staðar á landinu, má gera ráð fyrir verulegri aukningu á rafmagnsnotkun. Talið er að aukningin verði ekki undir 10% á ári, og mestur hluti þeirrar aukningar er aukin sala raforku til húshitunar. Þá er einnig talið sennilegt að raforka verði í auknum mæli tekin í notkun sem varmagjafi í atvinnurekstri, eftir því sem tækni þróast og verð raforku verður hagstæðara miðað við olíu eða aðra orkugjafa. Eftir því sem almenningur verður háðari raforkunotkuninni aukast að sjálfsögðu kröfurnar um aukið öryggi varðandi orkuafhendinguna. Húshitun með rafmagni gerir menn viðkvæmari fyrir truflunum en áður, en jafnframt verður mjög kostnaðarsamt að sjá fyrir varaorku með dísilvélum þó að alltaf verði eitthvað af slíkri orku að vera fyrir hendi. Dreifing vatnsaflsstöðvanna um landið verður þannig stöðugt þýðingarmeiri þáttur í uppbyggingu raforkukerfisins um land allt.

Með tilkomu nýrra orkuvera eykst að sjálfsögðu það heildarorkumagn, sem til ráðstöfunar verður. En þá er annar þáttur, sem skiptir miklu máli að leysist jafnhliða, en það eru dreifilínurnar. Þar er mikið verkefni framundan og *gegnir einu máli hvar sem um er að ræða á landinu.* Með virkjun Kláffoss rúmlega tvöfaldast afl orkuvera á Vesturlandi og vatnsorkuvinnslan þrefaldast. Kláffossvirkjun er staðsett í byggð, í miðju Borgarfjarðarhéraði, og eykur það mikið öryggi rafmagnsnotenda á svæðinu og minnkar um leið orkutap í flutningi.

Jafnhliða þeim rannsóknum, sem átt hafa sér stað varðandi orkuvinnslu með vatnsafli á Vesturlandi, hafa einnig átt sér stað rannsóknir og athuganir um hugsanlega hagnýtingu á þeim mikla jarðvarma sem fyrir hendi er á Vesturlandi og þá einkum í Borgarfirði. Gerðar hafa verið áætlanir um kostnað á hitaveitu fyrir Borgarnes, Hvanneyri og Akranes og er talið að fyrir þeim framkvæmdum sé fjárhagslegur grundvöllur. Hvort Akranes fær heitt vatn frá Leirá eða jarðhitasvæðinu í Reykholtsdal er ekki vitað enn þá. Meiri líkur eru taldar á að Leirársvæðið hafi nægjanlega mikið heitt vatn fyrir Akranes, en þar stendur nú yfir framkvæmd á 2 000 m djúpri holu sem gerð er í tilraunaskyni áður en endanleg ákvörðun verður tekin í því máli. Með hliðsjón af þessu má gera ráð fyrir að um helmingur íbúanna á Vesturlandi fái hitaveitur frá jarðvarma. Hinn helmingurinn eða um 7 þús. manns þarf því raforku til hitunar á öllu húsnæði, sem hita þarf til atvinnu og þjónustu og til íbúðar. Talið er að þessi þörf sé um 12 þús. kw. á íbúa á ári. Verður raforkuþörf til húshitunar því um 84 gwst. á ári. Nú þegar er fyrir hendi rafhitun á Vesturlandi um 12 gwst., þannig að viðbótarþörfin er 72 gwst. á ári miðað við fólksfjölda í árslok 1974.

Aðdragandi að flutningi á þessu frv. um Kláffossvirkjun hefur verið nokkur. Eftir að uppkast að frv. lá fyrir hafa sérfræðingar hjá Landsvirkjun og Orkustofnun haft málið til athugunar og skilað álitsgerð. Ég hef hér minnispunkta og aths. verkfræðings Landsvirkjunar um málið, en hann gerir samanburð á Kláffossvirkjun annars vegar og Sigöldu- og Hrauneyjarfossvirkjun hins vegar. Ég tel, að hér sé ekki um raunhæfan samanburð að ræða þar sem um er að ræða orkuver eins og Sigöldu, sem samið var um fyrir tveimur árum og mikil vinna og framkvæmd hefur þar átt sér stað þegar. Að vísu mun það vera svo að vissir þættir í kostnaði við væntanlega Hrauneyjarfossvirkjun eru tengdir þeim framkvæmdum sem búið er að stofna til þegar

Sigölduvirkjun lýkur. Í lok þessa álits er þó viðurkennt að virkjun Kláffoss í Hvítá sé mjög hagstæð smávirkjun, en að það líti ekki út fyrir að framkvæmd sé tímabær um næstu framtíð eins og nú standa sakir.

Það er ekkert nýtt að skoðanir sérfræðinga í þessum málum sem og á öðrum sviðum falli ekki saman. Það hefur jafnan verið svo og við minnumst þess andbyrs sem átti sér stað frá vissum aðilum þegar í virkjun Andakílsár var ráðist. Þar var ekki um stórvirkjun að ræða, en þrátt fyrir það hefur þó sú framkvæmd skilað viðkomandi byggðarlögum ómetanlegum arði á því tæplega 30 ára tímabili sem orkuverið hefur verið starfrækt. Að sjálfsögðu ber að halda áfram með stórvirkjanir til að efla stóriðju og fullnægja aukinni eftirspurn eftir raforku í landinu til húshitunar og almenningsþarfa og leggja með því nýjar stoðir undir efnahagskerfi þjóðarinnar. En þrátt fyrir það ber einnig að hafa í huga að slík orkuver sem hér um ræðir eru þýðingarmikill þáttur í heildarkerfinu og skapa nauðsynlegt öryggi fyrir hin einstöku byggðarlög.

Svo sem kunnugt er eru eigendur Andakílsvirkjunar Akraneskaupstaður, Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Er þetta frv. flutt að beiðni stjórnar Andakílsárvirkjunar og fyrrnefndra eignaraðila, eins og ég hef áður tekið fram. En þess skal og getið að fyrir hendi er alger samstaða eigenda Andakílsárvirkjunar um að eignaraðild að fyrirhugaðri virkjun við Kláffoss verði aukin þannig að Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla verði meðeigendur orkuversins og þannig að því stefnt að öll grunnorkuvinnsla á Vesturlandi verði sameign íbúanna sem sjálfstæð Vesturlandsveita.

Þá er þess að geta að á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á Suðvesturlandi, sem haldinn var á s. l. hausti, var allmikið rætt um orkumál Vesturlands og var þar gerð einróma samþykkt um að skora á Alþ. og ríkisstj. að greiða fyrir því að Kláffoss verði virkjaður og enn fremur áskorun til þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, að þeir myndi sameign um orkuverið.

Af hendi stjórnar Andakílsárvirkjunar og bænda, sem land eiga að Hvítá þar sem landspjöll verða vegna fyrirhugaðrar virkjunar, hafa þegar farið fram viðræður milli aðila um væntanlegar bætur. Á þeim fundi var alger samstaða um málið og samkomulag um málsmeðferð ef til þess kemur að ekki náist samkomulag milli aðila án matsákvörðunar. Fylgir fundargerð þess fundar með frv. þessu sem fskj.

Skv. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að annars vegar sé ríkisstj. heimilt að ábyrgjast fyrir Andakílsárvirkjun lán til framkvæmdanna og hins vegar sé ríkisstj. heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs að hluta til eða að öllu leyti í stað ábyrgðarinnar og endurlána síðan Andakílsárvirkjun. Í hvoru tilfellinu sem um er að ræða skal ríkisstj. ákveða kjör og skilmála fyrir sjálfskuldarábyrgðinni eða endurláni.

Orkuverið við Andakílsárvirkjun hefur nú verið starfrækt um 30 ára tímabil. Það hefur alla tíð reynst hið besta fyrirtæki og stendur nú skuldlítið þrátt fyrir sérstaklega hagstætt verð á raforku til neytenda. Það er m. a. með tilliti til aukins öryggis fyrir fjárhagsgrundvelli á sameiginlegum rekstri þessara tveggja orkuvera að frv. þetta er flutt á þann hátt sem hér er gert. Ég vænti þess að hv. þm. taki vel þessu frv. og greiði fyrir samþykkt og afgreiðslu málsins. Mér er hins vegar ljóst að þar sem málið kemur svo seint til afgreiðslu á þessu þingi er lítil von til að það nái alla leið í gegnum báðar deildir. En vænt þætti mér um ef hv. iðnn. þessarar d. gæti tekið afstöðu til málsins áður en þingi lýkur. Í trausti þess lýk ég máli mínu og legg til herra forseti, að málinu verði vísað til iðnn. og 2. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. fyrri flm., 2. þm. Vesturl., hefur nú gert ítarlega og glögga grein fyrir þessu máli, frv. um virkjun Hvítár við Kláffoss. Ég þarf ekki mörgu þar við að bæta, en vil þó láta nokkur orð falla um málið nú strax við 1. umr.

Ég held að það liggi ljóst fyrir að hér sé um hagkvæma virkjun að ræða og hún standist að því er kostnað snertir fyllilega samanburð við aðrar virkjanir sem teljast hagkvæmar. Gert er ráð fyrir að Orkustofnun láti í ljós álit sitt á virkjunarframkvæmdum áður en þær yrðu festar í lögum, og fyrir nokkru óskaði ég eftir því við Orkustofnun að hún léti í té nú þegar umsögn um þetta mál. Sú umsögn liggur nú fyrir og er rétt að taka fram að þar segir m. a. að miðað við þær stofnkostnaðar- og orkuvinnslutölur sem liggi fyrir virðist hér um hagkvæma virkjun að ræða, einkum þegar stærð hennar er höfð í huga. Ekki er á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga unnt að bera hagkvæmni Kláffossvirkjunar beint saman við t. d. Hrauneyjarfoss-, Blöndueða Krófluvirkjun. Til þess þarf að samræma áætlanirnar. Síðar segir í umsögn orkumálastjóra m.a.:

„Því miður er ekki um marga virkjunarstaði að ræða þar sem saman fer fremur lítil stærð og hagkvæmni, en Kláffoss virðist skera sig úr að þessu leyti. Hér ber því í rauninni allt að sama brunni, að þessi virkjun verður að teljast hagkvæm virkjun.“

Í umsögn Orkustofnunar eru svo hugleiðingar um það hvenær tímabært mundi verða að ráðast í þessa virkjun og talið nauðsynlegt að hafa þar samráð við aðra virkjunaraðila, fyrst og fremst Landsvirkjun, sem framleiðir og selur orku á þessu sama svæði. En síðar segir í lok umsagnar Orkustofnunar að Orkustofnunin sjái ekki neitt því til fyrirstöðu að Alþ. veiti umbeðna virkjunarheimild. Þessi umsögn, sem mér hefur nú alveg nýlega borist, verður að sjálfsögðu lögð fyrir iðnn. þessarar deildar.

Ég held að óhjákvæmilega hljóti orkumál almennt að blandast nokkuð inn í þetta mál og þá m. a. sá ágreiningur sem oft hefur verið uppi um það hvort byggja ætti eingöngu eða aðallega stórar virkjanir og sjá héruðunum fyrir rafmagni með háspennulínum þannig milli landshluta frá þessum stórvirkjunum eða hvort á að gera hvort tveggja, að ráðast í stórvirkjanir, að sjálfsögðu með tengingu milli landshluta fyrir augum þegar tímabært yrði og hægt kostnaðar vegna, en um leið væru einnig byggð orkuver heima í héruðunum, þ. e. a. s. smærri virkjanir. Ég tel alveg hiklaust að beri að fylgja hinni síðari

stefnu, að hinar stóru virkjanir eigi ekki að útiloka smærri virkjanir í héruðunum og þess vegna eigi hiklaust á næstunni að ráðast í þessa virkjun í Borgarfirði sem að allra dómi er hagkvæm virkjun.

Það er rétt að taka það fram að það sem ræður þessari afstöðu er m. a. öryggissjónarmið. Það er ljóst að þegar leiða þarf rafmagn mjög langa vegu er ekki aðeins hætta á því að háspennulínur kunni að bila í stórviðrum að vetrarlagi, heldur getur einnig alltaf eitthvað komið fyrir hinar stóru virkjanir og þá er mikill háski á ferðum. Til þess að skapa meira öryggi fyrir íbúana er því nauðsynlegt að hafa smærri virkjanir einnig heima fyrir. En auk þessa öryggissjónarmiðs kemur annað til. Sú skoðun hefur rutt sér mjög til rúms og henni aukist fylgi að undanförnu, að auka beri sjálfsforræði sveitarfélaganna og héraðanna, auka til þeirra verkefni frá ríkisvaldinu. Ég held það sé ótvírætt að einnig virkjanir heima í héruðunum séu liður í þessari viðleitni og þessari baráttu fyrir auknu sjálfsforræði sveitarfélaganna. Þess hefur líka orðið mjög vart að heimamenn eru mjög áhugasamir, ekki aðeins varðandi þessa virkjun í Borgarfirði, heldur einnig um virkjanir heima fyrir í öðrum landshlutum.

Nú er það svo, eins og hv. 2. þm. Vesturl. kom inn á í ræðu sinni, að það er alger samstaða um þetta mál heima í héraði, ekki aðeins á því svæði sem Andakílsvirkjun nær yfir í þrengri merkingu, en Andakílsvirkjun er eins og kunnugt er eign Mýra- og Borgarfjarðarsýslna og Akraneskaupstaðar, heldur nær þessi áhugi og samstaða einnig til annarra hluta Vesturlandskjördæmis, þ. e. a. s. Snæfellsnes- og Dalasýslu.

Varðandi skipulag orkumála er það allt til skoðunar nú og kemur væntanlega til meðferðar Alþ. á haustþinginu, en ég tel að hiklaust beri að stefna að því að samtök héraðanna, þ. e. a. s. orkuveitur í hverjum landshluta, hvort sem er miðað beint við kjördæmi eða önnur mörk, eigi að hafa með höndum miklu meiri verkefni í þessum efnum en verið hefur.

1. flm. gat um að það væri áhugi á því að færa út Andakílsvirkjun þannig að öll héruðin í Vesturlandskjördæmi verði þar aðilar að.

Varðandi Norðurland er nú unnið að því af sérstakri nefnd, sem skipuð var fyrir nokkru, að kanna stofnun Norðurlandsvirkjunar eða Norðurlandsveitu, og enn fremur er unnið að því að kanna viðhorf sveitarfélaga á Austurlandi til stofnunar sameignarfyrirtækis sveitarfélaganna og ríkisins varðandi Austurland.

Ég vil að þessu öllu athuguðu mæla eindregið með því að þetta frv. um heimild til virkjunar Hvítár í Borgarfirði, sem hér liggur fyrir, verði samþ.

Að lokum vil ég aðeins nefna eitt atriði sem mér finnst ástæða til fyrir hv. n. að athuga, og það er með heitið á þessum fossi, því örnefni sem hér er um að ræða. Í frv. er talað um Kláffoss í Hvítá í Borgarfirði og það heiti er mjög algengt eins og kunnugt er. Hins vegar nota ýmsir heitið Kljáfoss um þennan sama foss. M. a. kemur það fram í bréfi sem mér barst nýlega frá Ungmennasambandi Borgarfjarðar, þar sem 53. þing Ungmennasambandsins skorar á væntanlega ráðamenn að greiða fyrir því að Andakílsárvirkjun geti hafið virkjunarframkvæmdir við Kljáfoss í Hvítá hið allra fyrsta. Nú má vera að það skipti ekki ýkjamiklu máli hvort heitið verður fyrir valinu, og að sjálfsögðu verða héraðsbúar sjálfir fyrst og fremst að ráða þar um. En ég vil aðeins benda á það að í merku riti eftir Harald Sigurðsson bókavörð um Borgarfjarðarsýslu, þ. e. a. s. Árbók Ferðafélags Íslands frá 1954, segir þessi ágæti fræðimaður að rétt neðan við Hurðarbak verði „foss í ánni, sá er Kljáfoss heitir. Fossinn hefur stundum á síðari árum verið nefndur Kláffoss, en það nafn finnst mér vitanlega hvergi í eldri heimildum."

Ég vildi aðeins leyfa mér út af þessum tveimur heitum, sem eru notuð á víxl, að beina því til n. hvort hugsanlegt væri að komast að niðurstöðu í því efni.

Ég vil svo endurtaka það að ég tel að hér sé um merkilegt mál að ræða og æskilegt að Alþ. fallist á frv. og afgr. þá heimild sem farið er fram á.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Raunverulega var það aths. hæstv. iðnrh. varðandi heitið á fossi þessum sem fékk mig til þess öðru fremur að kveðja mér hér hljóðs. Ég sá fyrir skemmstu einmitt þá mynd heitisins sem hæstv. ráðh. notaði, Kljáfoss. Ég sá fossinn nefndan svo í samþykkt sem Búnaðarfélag hvítsíðinga gerði um þetta mál þar sem lagst var eindregið gegn því að virkjað yrði við Kljáfoss, m. a. á þeim forsendum að svo mikið gott, gróið land mundi fara undir vatn við þessa virkjun, að óréttlætanlegt væri að fórna því fyrir jafnlítið rafmagn og þarna fengist.

Að gefnu þessu tilefni, þar eð ég hygg að það sé alveg ugglaust að þeir hvítársíðingar fari rétt með heiti fossins, m. a. vegna þess hversu mikil samskipti þeir hafa haft við hann og mikil not af landinu sem fara mundi undir vatn ef þarna yrði virkjað, þá tel ég ákaflega æskilegt að þegar á umræðustigi yrðu könnuð atriði eins og þessi sem varða það gróna land, sem þarna yrði fórnað, og það yrði rætt til hlítar við heimamenn, við þá sem hagsmuna eiga að gæta í hinu næsta nágrenni, hvað eina sem að þessu máli lýtur, til þess að hjá yrði smeygt að við fengjum enn eitt deilumál eftir að þetta væri komið allt saman á afgreiðslustig. Við höfum af slíku ákaflega slæma reynslu. Og einnig er, eins og gefur að skilja, nauðsynlegt að fyrir liggi óyggjandi upplýsingar um nytsemi virkjunarinnar.

Alþ. samþ. í vetur heimild til virkjunar á fallvatni á Austurlandi, Bessastaðaárvirkjun, þrátt fyrir það að í ljós kæmu við umr. upplýsingar um að þarna skorti oftast nær vatn í Bessastaðaá, og nú skilst mér að komið hafi í ljós að hallinn á ánni sé a. m. k. á vissum árstímum öfugur og erfitt um vatnsmiðlun á þessum slóðum. Ég hygg að við gerðum rétt í því að fresta samþykkt og endanlegum umr. um virkjun við Kljáfoss þar til hvort tveggja liggur fyrir: raunveruleg afstaða heimamanna, þeirra sem þarna eiga hagsmuna að gæta í landi að lokinni kynningarstarfsemi, og eins öruggar upplýsingar um nytsemi virkjunarinnar.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera örstutta aths. út af orðum hv. þm. Stefáns Jónssonar. Ég tel það alveg óþarft og er nóg komið af því að verið sé að gera að því skóna á opinberum vettvangi að virkjun Bessastaðaár sé mjög vafasöm. Það hefur verið gert í fjölmiðlum að undanförnu og ég tel ástæðulaust að það sé gert hér á Alþ. Þessi mál eru öll í könnun og athugun og það hefur enn ekkert komið fram sem bendir til þess að þessi virkjun sé óhagkvæm. (Gripið fram í.) Þessi virkjun byggir fyrst og fremst á miðlun. Ef af þessari virkjun verður, sem ég er fullviss um að verði hrundið í framkvæmd, þá verður miðlun við þessa virkjun fimm mánaða vatnsforði. Þessi virkjun byggist fyrst og fremst á því að safna vatni yfir sumarmánuðina til vetrarins og þar mun verða fimm mánaða vatnsforði.

Ég vil sem sagt endurtaka það að ég tel óþarft að reyna að gera þessa virkjun tortryggilega á opinberum vettvangi.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil taka mjög undir það sem síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Austf., sagði. Þess hefur orðið vart hér, að reynt er að gera þessi virkjunarmál á Austurlandi, þ. e. a. s. virkjun Bessastaðaár, tortrygginleg, eins og hann kom inn á, m. a. í fjölmiðlum. Það er kannske létt verk, en löðurmannlegt að reyna að breiða það út meðal landslýðsins að það sé ekkert vatn í þessari á á sumum árstímum, í þeirri á sem á að virkja. Þessi ummæli eru ákaflega villandi, vegna þess að öllum hefur verið ljóst frá upphafi og komið fram í frumáætlunum og margsinnis í umr. hér á þingi að það sem gerir þessa virkjun mjög álitlega, er ekki sjálft vatnsmagnið í Bessastaðaá, heldur tvennt: annars vegar fallhæðin og hins vegar þeir miklu vatnsmiðlunarmöguleikar sem þar eru. Og það er alveg rétt, sem hv. 5. þm. Austf. tók fram, að þar er gert ráð fyrir að hægt sé að gera slíka vatnsmiðlun að þar sé um að ræða margra mánaða forða, eins og hann sagði, 5 mánaða forða. Þó að það sé vafalaust rétt að áin geti orðið mjög vatnslítil á vissum árstímum, þá er það miðlunin sem tryggir starfsemi virkjunarinnar. Ég tel t. d. að það hafi verið heldur óheppilegt að í sjónvarpi nýlega var reynt með ummælum og myndum þar að gera þetta mál tortryggilegt með því að halda því fram hversu lítið vatnsmagn sé í ánni, án þess að geta um það jafnframt að það er einmitt þessi miðlun og hin mikla fallhæð sem skapar þessa möguleika.

Ég tel alveg nauðsynlegt vegna þessara tilrauna til þess að gera málið tortryggilegt að undirstrika það að að undirbúningi Bessastaðaárvirkjunar er unnið af kappi. Lögin voru samþ. hér fyrir jól. Rafmagnsveitum ríkisins var falinn allur undirbúningur. Fyrirtækinu Hönnun hf. var falið verkið í samráði við Rafmagnsveiturnar, og það var lögð á það áhersla við báða þessa aðila að öllum undirbúningi yrði hraðað sem föng væru á. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 150 millj. kr. í þessu skyni á þessu ári og gert ráð fyrir að því verði varið til undirbúningskostnaðar vegagerðar, jarðvegsrannsókna og annars sem þarf að gera.

Ég vil aðeins bæta því við að nú fyrir nokkru hefur Orkustofnun verið sérstaklega falið að framkvæma rannsóknarboranir og skýrslugerð varðandi niðurstöður þeirra á svæði Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal. Enn fremur hafa verið gerðar ráðstafanir til að flytja vinnuskála frá Lagarfossvirkjun þaðan og upp í Fljótsdal þar sem þeirra er not. Enn fremur vil ég taka það fram að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur fyrir skömmu einnig verið falið að láta nú í vor framkvæma gróðurfarsrannsóknir á fyrirhuguðu vatnasvæði Bessastaðaárvirkjunar í Fljótsdal, þannig að það hefur ekkert breyst í þessum efnum. Að þessu máli er unnið af fullu kappi eins og ótvíræður vilji Alþ. liggur fyrir um, bæði með afgreiðslu laga um virkjunina og með afgreiðslu fjárlaga þar sem ákveðið er að heimila að verja 150 millj. kr. í þessu skyni á þessu ári.

Flm. (Jón Árnason): Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af því sem fram kom hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. varðandi þá samþykkt sem hann gat um frá Búnaðarsambandi hvítsíðinga vil ég, eins og ég taldi að ég hefði gert í framsöguræðu minni fyrir málinu, benda sérstaklega sér stað í Suður-Þingeyjarsýslu þegar í Laxárá það að hér er allt öðruvísi staðið að en átti virkjun var ráðist. Hér liggur fyrir fundargerð fundar sem haldinn var með öllum þeim bændum sem land eiga að meira eða minna leyti sem fer undir vatn ef í þessa virkjun verður ráðist. Þeir hafa allir talið sig samþykka því að verða fyrir þeim landspjöllum, sem hér um ræðir, og komið sér saman um hvernig með skuli fara, að taka ákvörðun um þær bætur sem um verður að ræða vegna þeirra landspjalla sem að sjálfsögðu eiga sér þarna stað.

Með því að virkja aðeins 13.5 mw., eins og ég gat um, er hægt að tala um litla virkjun. En á okkar mælikvarða t. d. á Vesturlandi, þegar við sjáum hvað við tryggjum mikið af þeirri orku sem við þurfum á að halda á þessum landshluta, þá er þar alls ekki um litla virkjun að ræða — ekki fyrir okkur. En ef hv. þm. vill alltaf stefna að því að virkja aðeins fyrir orkufrekan iðnað og semja við útlendinga og annað þess háttar, þá náttúrlega er sjónarmið hans skiljanlegt. En með tilliti til okkar þarfa út af fyrir sig á Vesturlandi er hér um mjög hagstæða stærð að ræða á orkuvinnslufyrirtæki. Eins og fram kemur í fskj. með frv. hefur verið rætt um þau landspjöll, sem um verður að ræða í þessu sambandi, og allir bændur skrifað undir sem náðist til þá. Það eru tveir aðilar sem ekki skrifa undir, en hafa tjáð sig samþykka þó að ekki hafi náðst í nöfn þeirra. Það liggur fyrir. Þess vegna kemur okkur, sem stöndum að þessu máli, eftir að unnið hefur verið þannig að málinu eins og raun ber vitni samkv. þessari fundargerð sem hér liggur fyrir, — þá kemur okkur það kynlega fyrir frá öðrum heimamönnum að slík samþykkt sé gerð sem er rétt höfð eftir hjá hv. þm. Ég hef séð þessa samþykkt einnig. En okkur kemur hún kynlega fyrir eftir að slíkur fundur hefur átt sér stað og algjört samkomulag á milli aðila um hvernig með skuli fara ef ekki næst samkomulag um mat. Þeir telja sem sagt að enda

þótt þeir verði að láta nokkurt land af hendi, sem í þessu tilfelli, miðað við stærð virkjunarinnar, er ótrúlega lítið eða ekki svo mjög mikið með þeirri takmörkun sem hér er um að ræða á stíflugerðinni, þá sé um svo mikið hagsmunamál að ræða fyrir héraðsbúa í heild að þeir telja að það sé réttlætanlegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 524, n. 590). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. félmn. hefur tekið þetta frv. til meðferðar og í nál. á þskj. 590 mælir n. með því að frv. verði samþ. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson, Steingrímur Hermannsson og Ólafur Ólafsson.

Þetta mál, sem kemur frá Nd., tók verulegum breytingum í þeirri d. frá því sem var þegar frv. var lagt fram. Samkv. frv., eins og það var lagt fram, var gert ráð fyrir að hús, sem reist eru og notuð einvörðungu við viðurkennda tómstundaiðju, sem fram fer á vegum félags- og æskulýðssamtaka eða í tengslum við þau, skuli lúta því ákvæði að af þeim sé greiddur fasteignaskattur ½% í staðinn fyrir allt að 1½% sem gildir samkv. núgildandi lögum.

Í meðförum Nd. tók frv. breytingum á þá leið að þar var ákveðið að skipbrotsmannaskýli og sæluhús skyldu vera undanþegin fasteignaskatti, en sveitarstjórnum verði veitt heimild til þess að undanþiggja fasteignaskatti þau mannvirki, sem talað er um í upphaflega frv. Það var enginn ágreiningur um þessa breytingu í hv. Nd. og í þessari mynd kom frv. til þessarar deildar, og það er þetta form á frv. sem hv. félmn. mælir með að verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 421, n. 589). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. félmn. hefur tekið þetta frv. til meðferðar og samþ. að mæla með samþykkt þess svo sem fram kemur í nál. á þskj. 589. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Eggert G. Þorsteinsson, Steingrímur Hermannsson og Ólafur Ólafsson.

Frv. þetta kemur frá Nd. og er um breytingar á lögum nr. 51 frá 1974, um gatnagerðargjöld. Í 3. gr. l. er kveðið svo á að sveitarstjórnum sé heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðh. staðfestir, að innheimta sérstakt gjald sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta. Þegar lög þessi komu til framkvæmda og fyrstu samþykktir á grundvelli þessara laga bárust félmrn. til staðfestingar taldi rn. orka tvímælis, hvort þessu ákvæði í lögunum yrði beitt í þeim tilfellum þegar framkvæmdir við bundið slitlag á götum og gangstéttum hefðu verið gerðar fyrir gildistöku laganna. Það þótti orka tvímælis ákvæði í 4. gr. l., þar sem tekið var fram, að gjöld samkvæmt 3. gr. mætti innheimta af öllum fasteignum við þær götur sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Frv. felur í sér breyt. á þessu orðalagi: „eru lagðar". Í staðinn kemur, eins og frv. var upphaflega lagt fram í Nd.: „hafa verið lagðar". Í Nd. var svo gerð breyt. á frv. á þá leið að þetta ákvæði hljóðar svo: „Gjald samkvæmt 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur sem bundið slitlag hefur verið sett á og þar sem gangstéttir hafa verið lagðar, enda sé eigi lengri tími en 5 ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð." Það er þetta ákvæði, að binda heimildina við það að eigi sé lengri tími en 5 ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð, sem felst í breyt. hv. Nd. Það var enginn ágreiningur um þessa breyt. sem gerð var á frv. í hv. Nd. og í þessu formi hefur frv. komið til þessarar hv. d. Það er þetta form á frv. sem hv. félmn. mælir með að verði samþ.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel eðlilegt að gatnagerðargjöld séu innheimt til að standa undir hluta af kostnaði við gatnagerð og þá endanlegt slitlag á bæði vegi, götur eða þá lagningu gangstétta. En ég tel óeðlilegt að sveitarstjórnum sé veitt heimild til þess að innheimta nú gjöld aftur í tímann eins og gert er ráð fyrir í frv. til l. er hér liggur fyrir. Ég tel að útsvör og opinber gjöld, eins og þau eru lögð á hverju sinni, hafi verið lögð á til þess að standa undir framkvæmdum hvers tímabils, og ég vil því lýsa því yfir að ég mun ekki greiða þessu frv. atkvæði mitt, eins og það liggur fyrir, þó að ég sé hlynntur því að gatnagerðargjöld séu lögð á.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég er í sjálfu sér ekki undrandi yfir því þó að borgarráðsmaður í Reykjavíkurborg geti haldið slíku fram, en þetta er dálítið annað fyrir okkur utan Reykjavíkurborgar. Við eigum svo geysilega mikið ógert í gatnagerð miðað við þann ágæta stað, og gatnagerðargjöldin, þar sem þau eru innheimt, eru hvergi innheimt hærri en svo að þau séu ætluð til þess að standa undir undirbyggingu gatna. Það er svo matsatriði hvort útsvör eigi að ganga til þess að fullgera götur eða ekki. En gagnvart stöðum, sem eru í örri uppbyggingu og eiga allt ógert t.d. í varanlegri gatnagerð, þá hygg ég að það sé til mikilla hagsbóta að fá þetta ákvæði lögfest og það verður síðan verk hverrar sveitarstjórnar að vega og meta hvort hún vill nota þetta ákvæði, og sveitarstjórnarmenn ganga undir dóm sinna kjósenda að loknu hverju kjörtímabili. En ég trúi því að það sé vilji íbúðaeigenda að götunum sé komið í sem best horf sem mögulegt er. Það er hinum smærri sveitarfélögum ákaflega illviðráðanlegt, og þetta er spor í þá átt að viðurkenna að það er fyrst og fremst samfélagsins að gera þetta.

Það eru sett viss mörk um það hvað má innheimta í útsvörum, og það er verið að nálgast það, eins og ég veit að borgarráðsmaður, hv. 12. þm. Reykv., veit, að hinni lögákveðnu hámarksupphæð í útsvarsálögum sé að mestu leyti orðið ráðstafað með löggjöf þannig að þar koma sveitarstjórnir lítt til. Það er ákaflega lítið eftir til ráðstöfunar af hinum almennu útsvörum þó að í fyllsta hámarki sé, — það er lítið eftir til verklegra framkvæmda í því efni. En ég er ekkert óhræddur við að samþykkja þetta að því leyti til, að það hlýtur að verða mat hverrar sveitarstjórnar á hverjum tíma hversu langt sé rétt að ganga í þessu efni. Þær eiga sinn dóm yfir sér.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 12. þm. Reykv. að ég tel óeðlilegt að gatnagerðargjöld séu innheimt aftur í tímann. Hins vegar má fallast á það sem hv. 10. landsk. sagði að hér er um heimild að ræða. Þar segir: Gjald má innheimta af fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag hefur verið sett á" — þannig að það er þá í sjálfsvald sett hverri sveitarstjórn að nota þessa heimild eða ekki.

Ég lít svo til að þessi heimild snerti ekki okkur reykvíkinga þar sem þegar hefur verið í gildi innheimta gatnagerðargjalda í langan tíma, lengur en 5 ár, þannig að það snertir ekki reykvíkinga. Og ég lít svo til að aths. hv. 12. þm. Reykv. hafi ekki verið sett fram vegna þess, heldur einungis í almennum tilgangi, að það sé óeðlilegt að gjöld séu innheimt aftur í tímann. Ég tek alveg undir það. Hins vegar má segja með 10. landsk. þm. að sveitarstjórnirnar eigi um það við sjálfar sig, hvort þær noti þessa heimild og þær hlíta þá dómi kjósenda ef þær hafa farið rangt að. En ég er fremur mótfallinn þessari 4. gr., að hún verði orðuð eins og hér um ræðir, og mun óska eftir því að hún verði borin upp til atkv. sérstaklega.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er rétt að þetta er að miklu leyti til komið vegna þess að þegar mörg hinna smærri sveitarfélaga réðust í sínar umfangsmiklu framkvæmdir og fjárfreku, þá voru þau mörg hver ekki tilbúin með sína reglugerð um gatnagerðargjöld, það er rétt, og þau komust fljótlega að raun um að með óbreyttum tekjum sínum gætu þau ekki ráðið við þetta mikla verkefni. Vitanlega varð svo niðurstaða þeirra flestra eða sennilega allra að þau urðu að leita á náðir þessa, að því er mér fannst frá upphafi, sjálfsagða tekjustofns. En ég tel rétt að upplýsa það hér vegna t. d. Austurlands, þar sem þessi gatnagerðargjöld eru nú fyrst að koma til sögunnar, tveim árum má segja eftir að sveitarfélög þar hófu sínar stórframkvæmdir í þeim málum, þá hefur verið farið mjög hóflega í sakirnar með álagningu þessara gjalda þótt aftur í tímann væri. Þessum gjöldum hefur verið skipt niður yfirleitt hjá þessum sveitarfélögum á 5 ár. Ég tek það alveg skýrt fram að íbúarnir, sem eru yfirleitt ekki mjög hrifnir af því að fá, eins og hv. 12. þm. Reykv. tók fram áðan, gjöld sem koma eftir á, — að íbúarnir á þessum stöðum öllum hafa talið þetta sjálfsagt og gegn þessu hefur ekki heyrst ein einasta mótbára svo að mér sé kunnugt um, enda hafa sveitarstjórnirnar farið eins hóflega í þessa heimild eða ætla sér að fara eins hóflega í þessa heimild og þeim er mögulegt. Hitt er svo annað að þetta gildir aðeins vegna þessara stórframkvæmda sem sveitarfélögin hafa ráðist í nú að undanförnu og vegna þess að þau höfðu ekki, því miður, búið sig nógu vel undir. Það er alveg rétt, þau höfðu ekki reiknað með því fyllilega að þau þyrftu að taka þennan tekjustofn inn, en ég tel sjálfsagt, þar sem vilji íbúanna er svo ótvíræður sem raun ber vitni, að þessi tekjustofn sé nýttur, og ef íbúarnir greiða hann með glöðu geði, þá tel ég sjálfsagt að sveitarfélögunum verði veitt þessi fulla heimild.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal taka undir það með hv. 10. landsk. þm. að tekjuöflun sveitarfélaga er þröngur stakkur skorinn eins og nú er. Því er ég sammála gatnagerðargjöldum og hef ekkert við það að athuga að þau séu innheimt til að standa undir framkvæmdum við gatnagerðir hvort sem þær eru með varanlegu slitlagi eða ekki. Reykjavík hefur ekki innheimt gatnagerðargjöld fyrr en tiltölulega nýlega, — mig minnir að það hafi verið 1972 eða í kringum það, — en Kópavogur t. d. reið á vaðið með gatnagerðargjöld, ef ég fer rétt með, 1958.

Það er eflaust mjög rétt ákvörðun hjá þeim að finna upp þessi gatnagerðargjöld. En það kemur mér spánskt fyrir sjónir, ef maður má orða það þannig, að íbúar almennt úti á landi óski eftir frekari álögum en nú eru þegar á þeim, þeir telji sig færa um að bæta á sig gatnagerðargjöldum sem verka aftur fyrir sig. Ég satt að segja gerði mér ekki grein fyrir því. Ég hef haldið að álagning á fólk og dýrtíðin væri alveg nóg fyrir fólk að greiða almennt. Þetta er nýtt fyrir mig, sérstaklega úr þeim herbúðum sem þessi orð voru töluð. Ég er reiðubúinn til að draga minn málflutning til baka allan ef það er vilji fólksins úti á landi að auka byrðarnar og hækka þá gjöld og láta þau verka aftur fyrir sig, — sérstaklega þó á Austfjörðum, mér skilst að það sé svo ríkt fólk þar.

En ég vil segja það að þegar beint er til mín orðum hér sem borgarráðsmanns í Reykjavík, þá býst ég ekki við að Reykjavíkurborg eða meiri hl., sem nú situr í borgarstjórn Reykjavíkur, mundi nokkurn tíma nota sér slíka heimild þó að hún yrði samþykkt. Okkur finnst reykvíkingar þurfa að borga alveg nóg eins og er. Ég hélt að fólki um land allt fyndist sér misboðið ef nú ætti að fara að taka gjöld til að standa undir framkvæmdum fyrri tíma. En ef það er rétt hjá hv. 7. landsk. þm. að fólkið bókstaflega óskar eftir frekari gjöldum til að standa undir gatnagerð, þá dreg ég minn málflutning til baka og biðst afsökunar á því að hafa eytt tíma þessarar hv. d. í þessar umræður.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:2 atkv.
2. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 439, n. 642). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á hjúkrunarlögum. Frv. er stutt, það hljóðar þannig:

„1. gr. Rétt til að stunda hjúkrun og kalla sig hjúkrunarfræðing hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðh. Þeim, sem þess óska fremur, skal heimilt að nota starfsheitin hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður.

2. gr. Greinar laganna nr. 2—7 breytast þannig, að þar sem orðið hjúkrunarkona eða hjúkrunarmaður koma fyrir, skal nú standa hjúkrunarfræðingur."

Sem aths. við frv. er þess getið að till. hefur komið frá Hjúkrunarfélagi Íslands þess efnis að tekið verði upp starfsheitið hjúkrunarfræðingur og það verði lögverndað, og enn fremur sú ósk að starfsheitið hjúkrunarkona og hjúkrunarmaður skuli njóta sömu lögverndar og áður.

Þetta frv. hefur farið í gegnum Nd. óbreytt, og heilbr.- og trn. hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Ljósmæðralög, frv. (þskj. 46, n. 583). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur rætt þetta frv. á allmörgum fundum. Þar eð breyting á stöðu ljósmæðra er til athugunar hjá sérstakri nefnd á vegum heilbr.- og trmrn., leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að réttindaatriði frv. ljósmæðrum til handa verði tryggð í nýrri lagasetningu.

Sams konar frv. var flutt á þinginu 1971—1972 af hv. þm. Páli Þorsteinssyni og Helga F. Seljan. Þá var málinu vísað til ríkisstj. á þeim forsendum að nýrra ljósmæðralaga væri að vænta. Það komu hins vegar engin ný ljósmæðralög og þess vegna þótti brýn ástæða til þess að endurflytja frv. á þessu þingi. Það hefur hins vegar verið upplýst nú að þetta mál sé í mjög gaumgæfilegri athugun og þess sé að vænta að réttindi þessa hóps, ljósmæðra, verði bætt á næstunni.

Við treystum því að hæstv. ríkisstj. taki þetta mál til sérstakrar meðferðar og tryggi réttindi þessa hóps. Hæstv. heilbr. og trmrh. fór mjög vinsamlegum orðum um þessi mál er hann svaraði fyrirspurn hv. þm. Helga F. Seljans í Sþ. nú fyrir stuttu og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — fá að vitna í orð hans. Hann sagði:

„Ég vil aðeins láta það koma fram að ég tel þennan starfshóp og þessa stétt það mikilvæga að ég vil taka alveg fullt tillit til þeirra óska sem þar hafa komið fram. Þó að breytingar séu að verða, sérstaklega í þéttbýli, og breytingar verði óhjákvæmilega allmiklar á komandi árum með byggingu heilsugæslustöðva, þá á það svo langt í land að þessi stétt er nauðsynleg og verður að viðhalda eðlilegri fjölgun í henni, þannig að hún geti innt af hendi þetta starf í strjálbýli. Ég tel alveg sjálfsagt að þetta hafi þessi nefnd í huga. Þegar hún hefur skilað uppkasti að reglugerð verður auðvitað farið yfir þá reglugerð í heilbr.- og trmrn. og þá mun ekki standa á mér að hafa samband við Ljósmæðrafélagið áður en reglugerð verður sett og gefa félaginu tækifæri til þess að gera athugasemdir við væntanlega reglugerð."

Þessi ummæli hæstv. ráðh. sýna að það er vilji á því að koma þessu í framkvæmd og við treystum því að svo verði gert. En við teljum mál þetta það brýnt að ef ekki gerist neitt í þessu máli á næstunni, þá reiknum við með að við munum endurflytja frv. á næsta þingi.

Ég sagði að þetta mál væri brýnt og hér er um réttindamál að ræða. Hér er um það að ræða að tryggja launakjör skipaðra ljósmæðra og laun þeirra skuli ákveðin með kjarasamningum eða kjaradómi á sama hátt og laun opinberra starfsmanna. Þá er einnig kveðið á um það í frv. að ljósmæður eigi rétt á orlofi ár hvert á sama hátt og aðrir opinberir starfsmenn. Hlýtur að teljast sjálfsagt að þessi réttur sé veittur þessari stétt á sama hátt og öðrum stéttum. En það eru engin ákvæði um þetta efni í núgildandi ljósmæðralögum. Þá er og ljóst að skipting ljósmæðraumdæma, eins og hún er nú í mörgum eða jafnvel flestum sýslum landsins, er miðuð við það að hvert sveitarfélag sé ljósmæðraumdæmi út af fyrir sig. Því teljum við eðlilegt að sú skipting, sem gilt hefur, skuli tekin til endurskoðunar. Þessi skipting var eðlileg þegar samgöngur voru litlar sem engar og því eðlilegt nú að breyta þessari skiptingu.

Það var von okkar í upphafi, þegar þetta frv. var flutt, að það gæti náð fram að ganga og í ljósi þess leggjum við á það mikla áherslu að réttindi þessa hóps verði tryggð með skjótum hætti, og þar með afnumið greinilegt misrétti sem þessi stétt býr við.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég þarf litlu við að bæta það sem hv. 5. þm. Austf. var að enda við að segja hér áðan. En þetta er nú í annað sinn sem ég stend að frv.-flutningi í sama anda og í annað sinn sem ég verð fyrir þeirri reynslu að þurfa að vísa því til ríkisstj. — máli sem ég taldi í upphafi og tel enn að sé svo sjálfsagt að ekki þurfi annað að gera en að renna því í gegnum Alþ. Það má kannske segja mér til afsökunar áður að ég hafi haft mikla trú á því að mín eigin ríkisstj. sinnti þessum málum vel, en það má kannske líka heimfæra það nú að þessi trú mín á núv. hæstv. ríkisstj. sé kannske oftrú frá mínum bæjardyrum séð og það sé í raun óþörf linkind af mér að standa í annað sinn að því að láta vísa þessu máli til ríkisstj., það sé sem sagt rétt að láta sjást hvort svona

sjálfsögð réttindi komast í gegn hér á Alþ. eða ekki. Ég vil þó enn láta reyna hér á, og trú mín á hæstv. ríkisstj., sem reyndar er ekki kannske beysin, er þó byggð gagnvart þessu máli á tilvitnuðum orðum sem hv. 5. þm. Austf. fór hér með frá hæstv. heilbr.- og trmrh. í Sþ. þegar hann svaraði fyrirspurn frá mér varðandi þetta. Þau orð hans styrktu mig í þeirri trú að frá honum mætti góðs vænta í þessu máli.

Hinu er svo ekki að neita að mér hefur þótt hans ráðuneyti, heilbr.- og trmrn. vera heldur neikvætt í þessum efnum. Mér hefur þótt embættismenn þar einblína á þann hluta ljósmæðra sem kemur til starfa á heilsugæslustöðvunum. Við höfum auðvitað engar áhyggjur af þessum konum. Þær ganga inn í störf betur launuð en þær hafa áður haft. En hæstv. ráðh. hefur einmitt lofað því að líta á hinar líka, og það er í því trausti sem ég stend að þessari afgreiðslu ásamt öðrum nm.

Þær konur, sem hér um ræðir, eru í raun að mínu viti án allra réttinda. Þær búa við launakjör sem eru ákveðin á furðulegan máta, samkv. yfir 40 ára gömlum lögum, í engum tengslum við launakjör opinberra starfsmanna yfirleitt þó að launakjör þeirra hafi smátt og smátt batnað að vísu. Þessi réttindi hljóta að vera sjálfsögð þeim til handa. Þær hafa unnið erfitt starf, innt af hendi góða þjónustu. Þetta eru aðallega eldri konur eða konur sem vinna við þessi störf í mjög afskekktum héruðum. Ég bendi á það t. d. sem hefur verið gert áður hér hvað lífeyrissjóður þeirra ljósmæðra er broslegur. Bætur þaðan eru nær engar, og stafar það einmitt af því hvernig þær taka laun.

Eins og hv. 5. þm. Austf. tók fram, þá væntum við þess að niðurlagsorðin í okkar nál.: „í trausti þess að réttindaatriði ljósmæðrum til handa, þau sem felast í frv., verði lögfest“ — að þau niðurlagsorð verði að raunveruleika, þá sætti ég mig við þetta nú, en stend að því með honum að endurflytja þetta frv. ef ekkert gerist. Og allt er þá þrennt er, og þá verður á það að reyna hvað þingið gerir í málinu.

ATKVGR.

Till. á þskj. 583 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 11 shlj. atkv.

Sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka, frv. (þskj. 130, n. 582). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HFS, ÓÓl, OÓ, RA, StJ, AG, EÁ, GeirG.

StG, ÁB, HÁ, ÞK greiddu ekki atkv.

8 þm. (IT, JónÁ, JÁH, JGS, StH, AJ, EggÞ, GH) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Uppsögn fastráðins starfsfólks, þáltill. (þskj. 522). — Frh. einnar umr.

Ólafur Ólafsson: Herra forseti. Eins og ég tók fram í ræðu minni þegar þessi till. kom til umræðu í þessari hv. d. miðvikudaginn 30. apríl, er ég fylgjandi því að sett verði löggjöf um réttindi og skyldur fastráðins starfsfólks og er fylgjandi því að þar verði réttur þess á almennum vinnumarkaði tryggður á eðlilegan hátt þannig að fólki verði ekki mismunað að öðru jöfnu hvað snertir rétt til vinnu og kjara innan þess ramma sem kjarasamningar segja til um. Vil ég þá benda hv. flm. þessarar till. á að ég tel eðlilegt að þeir snúi sér til launþegasamtakanna og óski eftir því að þau gangist fyrir löggjöf um þessi efni í samvinnu við heildarsamtök atvinnurekenda, og þar á ég líka við skyldur fólks við atvinnufyrirtækin. Rétt þeirra þarf líka að tryggja, en til þess þarf að setja reglur t. d. um stundvísi og reglusemi í starfi. Ég er alls ekki að segja að ástandið í þessum efnum sé slæmt á Íslandi þó að allir hljóti að vera sammála um að það mætti vera betra. Sumar þjóðir hafa þegar sett löggjöf um þetta efni, t. d. eins og vestur-þjóðverjar. Atvinnurekendasamtökin hafa rætt þessi vandamál við samtök launþega og launafólks þegar samningar hafa verið gerðir, en ætíð án árangurs.

Ég varð undrandi í umr. um daginn, hinn 30. apríl, þegar ég ræddi um þessar skyldur fólks á Íslandi almennt vegna þjóðarheildarinnar og hæstv. forseti Eggert G. Þorsteinsson misskildi mig og bað mig að ræða mál ekki persónulega. Því fór fjarri að ég væri að sneiða persónulega að einum eða neinum þegar ég ræddi þessi atriði, enda tók ég það mjög skýrt fram. Mér fannst meiri ástæða til að áminna þá hv. þm. sem deildu ómaklega á Kaupfélag Árnesinga án þess að hér væri nokkur frá því til andsvara.

Ræða mín virtist fara mjög í taugarnar á hv. alþm. Helga F. Seljan. Hann hellti úr skálum reiði sinnar yfir mig og samvinnuhreyfinguna og hélt því fram að ég væri að gera árás á verkfallsmenn á Selfossi og jafnvel launafólkið í landinu í heild. Ég varð mjög undrandi á þessu háttalagi þm. sem mér sýnist vera mjög myndarlegur og ágætur maður. Mér fannst það furðulegt þegar ég ræddi um skyldur starfsfólks og talaði um að reglusemi í starfi væri sums staðar ábótavant, ég sagði ekki einu sinni að það væri mikið, heldur of mikið, að þá var ég sakaður um að gera árás á vissan hóp manna og launafólkið í landinu.

Ég verð að segja það að ef ekki má ræða þetta annað aðalatriði þessarar till., þá er flutningur hennar hér á Alþ. ekkert annað en sýndarmennska og áróður. Það er fjarstæða að ég hafi sagt eitthvað ljótt um verkfallsmenn á Selfossi þó að ég gæfi réttar upplýsingar um málið vegna þeirrar árásar á Kaupfélag Árnesinga sem felst í till. Það, sem ég deildi fyrst og fremst á, er að kommúnistar skuli vera að reyna að æsa samvinnufólkið í landinu upp á móti samvinnufélögunum, eins og áróðurinn vegna verkfallsmálsins á Selfossi bendir til og flutningur þessarar þáltill. Þetta er ljótur leikur sem vonandi ber ekki til-

ætlaðan árangur, enda lítil hætta á því vegna þess að samvinnustarfsfólkið í landinu er virkasta aflið í samvinnuhreyfingunni og hluti af samvinnufélögunum sjálfum. Kaupfélögin eru víðast hvar úti á landsbyggðinni burðarásar atvinnulífsins og aðalþjónustufyrirtækin við atvinnulífið. Í Reykjavík er þessu á annan veg farið, því miður. Þar fæst kaupfélagið við mjög lítið annað en verslun. Í Árnessýslu eru kaupfélagið og önnur samvinnufélög langstærstu atvinnufyrirtækin, enda má segja að þau hafi byggt upp bæði Selfossbæ og Þorlákshöfn, tekið virkan þátt í allri uppbyggingu héraðsins og um áratugaskeið verið undirstaða og grundvöllur undir afkomumöguleikann og velmegun fólksins í héraðinu. Þessi félög eru öll vel rekin og vel stjórnað, enda hafa þau yfirleitt mjög góðu og hæfu starfsfólki á að skipa. Og svo eru menn að reyna að gera þessi fyrirtæki og stjórnendur þeirra tortryggileg í augum fólksins með því að æsa til ólöglegra verkfalla og illinda. Að þessu er svo rammt kveðið, að nærri stappar ofstæki og ofsóknum. Svo segja þessir menn að þeir séu að bjarga heiðri og sálarheill samvinnumanna á Íslandi.

Varðandi þær ásakanir hv. 7. landsk. að ég sé andstæðingur launafólksins í landinu vil ég mælast til þess að hann skreppi austur á Rauðalæk eða alla leið austur á Hvolsvöll og kynni sér hvernig Kaupfélag Rangæinga býr að sínu starfsfólki og hvernig það hefur greitt fyrir því og aðstoðað það við byggingu íbúðarhúsa. Kannske veit þessi hv. þm. eitthvað um það ef hann les Þjóðviljann, því að Þjóðviljinn hrósaði einu sinni Kaupfélagi Rangæinga mikið fyrir að byggja stöðluð íbúðarhús á Hvolsvelli og selja þau til fólksins á kostnaðarverði. Nú eiga yfirleitt flestar fjölskyldur á þessum stöðum góð einbýlishús, skuldlítil miðað við verðgildi krónunnar í dag. Því miður hefur þetta ekki gerst á þéttbýlissvæðunum við Faxaflóa með þessum hætti. Ef svo hefði verið væri margur launamaðurinn þar betur staddur með húsnæði en nú er.

Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvernig á því stendur að það skuli vera þingmenn að norðan sem flytja þessa till. Mér hefur ekki gengið vel að finna skýringu á því. Að vísu eiga hv. flm. ekki marga sálufélaga í Suðurlandskjördæmi á þingi, en þó einn, hv. 6. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsosn, ágætan mann, en hann á ekki aðild að því að flytja þetta mál inn á hv. Alþ. (Gripið fram í.) Er ekki hægt að flytja mál í Nd. líka? (Gripið fram í.) Nú, var það svona brátt. Jæja, það er mikil kaldhæðni að þm. úr Norðurl. e. skyldi verða til þess að flytja þessa till. því að þar stóð vagga samvinnuhreyfingarinnar og þar er vegur hennar mestur. Ég er hræddur um að þingeyingum og eyfirðingum og raunar líka skagfirðingum og húnvetningum líki ekki lyktin af þessari till.

Vegna þess að Kaupfélag Árnesinga er sakað um að hafa sagt upp manni að tilefnislausu eins og segir í grg. till., vil ég segja eftirfarandi:

Ég er kunnugur rekstri bifreiðaverkstæða. Kaupfélag Rangæinga, sem ég er framkvæmdastjóri fyrir, rekur tvö bifreiðaverkstæði. Eins og kunnugt er hefur verið mjög slakur grundvöllur undir rekstri bifreiðaverkstæða á Íslandi síðustu árin, einfaldlega vegna þess að verðlagsyfirvöld hafa haldið álagningu á vinnu í svo miklu lágmarki að illa hefur nægt til þess að standa undir rekstrarkostnaði verkstæðanna. Sérstaklega hefur þetta komið illa við þá sem byggt hafa ný verkstæði síðustu árin og þurfa að standa undir miklum vaxta- og fyrningakostnaði. Kaupfélag Árnesinga hefur um áratugaskeið haft með höndum mjög mikinn verkstæðisrekstur, þ. á m. mjög stórt bifreiða- og landbúnaðarverkstæði. Þessi rekstur fór fram í mjög gömlu og slæmu húsnæði sem var orðið mjög slæmt vinnupláss. Fyrir 2—3 árum réðst kaupfélagið í að byggja mjög stórt og vandað hús fyrir þessa starfsemi. Byggingu þessa húss lauk að mestu á s. l. ári og var starfsemi verkstæðanna flutt í það um síðustu áramót. Kostnaður við þessa byggingu var þá kominn yfir 70 millj. kr. Halli á rekstri verkstæðisins varð á síðasta ári nokkrar millj. þótt fjármagnskostnaður væri lítill, fasteignafyrning aðeins 463 þús. og allur vaxtakostnaður 820 þús. Nú er ljóst að vextir og fyrningar hækka geysilega vegna nýja hússins sem búið er öllum fullkomnum tækjum og þægindum sem völ er á. Það má reikna með að aðeins vextir af þessu húsi, miðað við að það kosti 70 millj. séu 12.6 millj. á ári. Ef 30 manns vinna í húsinu eru vextirnir einir 35 þús. kr. á mann á mánuði. Á síðasta ári voru verkefnin ekki næg á þessu verkstæði og var útseld vinna að fjárhæð 1 millj. 730 þús. sem ekki nýttist vegna verkefnaskorts samkvæmt skýrslum verkstæðisins. Þrátt fyrir þetta var mönnum ekki fækkað á árinu 1974. Yfir háveturinn er minnst að gera á svona verkstæðum, og þegar kaupfélagsstjórinn fór að skoða skýrslur yfir þetta fyrir jan. og febr. leist honum ekki á blikuna og taldi óhjákvæmilegt að fækka starfsmönnum.

Ég vil með þessu sýna fram á að það getur ekki verið sanngjarnt að fordæma Kaupfélag Árnesniga og kaupfélagsstjóra þess eins og gert hefur verið og enn síður alla samvinnuhreyfinguna vegna þessa máls. Svona árás er ekki sæmandi í okkar litla frjálsa samfélagi. Ég sé ekki betur en hér sé um pólitíska árás að ræða. Þetta ólöglega verkfall á Selfossi er mjög slæmt fordæmi í íslensku þjóðfélagi og mjög hætt við að það eigi eftir að draga dilk á eftir sér. Við skulum minnast þess að ef við slítum í sundur lögin, þá slítum við og friðinn. Bretar hafa mjög bitra reynslu af svona vinnubrögðum. Þar hafa verið ástunduð meira og minna ólögleg verkföll í 20 ár sem hafa brotið niður breskan iðnað öðru fremur og hafa kannske átt stærstan þáttinn í því að veikja breskt efnahagslíf eins og raun ber vitni.

Herra forseti. Ég skal ekki eyða miklu meiri tíma. Ég hef nú sýnt fram á að sú árás á Kaupfélag Árnesinga og samvinnuhreyfinguna, sem felst í þessari till. og málflutningi flm., er bæði ómakleg og byggð á röngum forsendum. Auk þess vil ég benda á leiðinlega rökleysu í till. þar sem segir að stefnt skuli að því að takmarka rétt atvinnurekenda til þess að segja upp fastráðnu starfsfólki að eigin geðþótta. Við skulum þá fyrst gera okkur grein fyrir hvað geðþótti er. Hann hlýtur að vera vilji, dómgreind, tilfinning og þá um leið samviska mannsins. Ég geri ráð

fyrir að allir, sem hafa mannaforráð og þurfa að ráða fólk til starfa og segja því upp og því miður stundum að láta það hætta störfum fyrirvaralaust, geti ekki hugsað sér að afsala sér öllum ákvörðunarrétti þar um. Verði svona lög sett er stefnt að algjöru stjórnleysi og ringulreið varðandi fólkshald fyrirtækja. Er það kannske það sem flm. vilja?

Ég ítreka svo að ég legg til að till. verði felld. Ég trúi að svo verði, því að ég veit að hv. alþm. greiða atkv. að eigin geðþótta.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Og enn kvað hv. þm. Ólafur Ólafsson og ekki var söngurinn síðri en á dögunum. Ég þakka honum að vísu fyrir ágætt boð austur á Hvolsvöll til að sjá afrek hans þar. Ég þakka honum einnig þá góðverkaupptalningu sem hann var með hér áðan og einnig fróðlegan fyrirlestur um bifreiðaverkstæði og rekstur þeirra. Þetta er allt saman þakkarvert.

En þegar hv. þm. fór að tala um að ég hefði hér hellt úr skálum reiði minnar, þá ætla ég aðeins að benda á eitt atriði og er það alveg nægilegt. Hafi þetta verið svo og ég hafi gert þetta á eins ódrengilegan hátt og hann vildi vera láta, þá ætla ég að benda hv. þm. á það að hæstv. forseti sá enga ástæðu til þess að áminna mig í nokkru fyrir málflutning í þessum ræðustól, en það varð hann að gera því miður tvívegis varðandi þennan hv. þm. sem var að ljúka máli sínu. Og ég held að það segi sína sögu um málflutning okkar hvort um sig í þessum ræðustól.

Ég hef því miður ekki mína ræðu sem ég flutti við upphafi þessa máls, en þó man ég ekki til þess að ég hafi orðað það þannig að hér væri um árás á launafólk í landinu að ræða. Ég talaði, að mig minnir, um hroka gagnvart launafólki, og ég held að það hafi verið mjög vægt til orða tekið að í þessari ræðu hv. þm. hafi komið fram hroki. En það var ekki almenn árás á launafólk í landinu eða það sem hann kallar svo eða það sem ég sagði um hroka í garð launafólks, sem er það rétta, sem varð þess valdandi að ég stóð hér upp og hafði uppi nokkur orð, heldur fyrst og fremst að hér voru rakin mjög ítarlega úr þessum ræðustól persónuleg dæmi sem mér þótti óhæfa og forseti hafði þegar undirstrikað að voru óhæfa í þessum ræðustól. Það var það sem olli því fyrst og fremst að ég stóð hér upp til andmæla. Við getum svo deilt um það hver framdi árás og hver ekki austur á Selfossi, eins og hv. ræðumaður minntist á áðan. Ég hygg að sú niðurstaða, sem fengin er í því máli, sanni allvel hver þar hefur upphafinu valdið.

Mér þykir hins vegar afskaplega leiðinlegt og hef orðið var við það með ýmsa forustumenn samvinnuhreyfingarinnar í landinu, að hvernig sem gagnrýni er sett fram á þessa ágætu hreyfingu og það hef ég oft sett fram, t. d. í mínu kaupfélagi, þá er henni ávallt mætt á einn veg, hversu hreinskilin, hversu hóflega sem hún er fram sett, hún er talin árás. Það er verið að æsa lýðinn, eins og þeir segja, gegn þessum sjálfkjörnu fulltrúum fólksins í samvinnuhreyfingunni. Ég skal fúslega játa að ég hef verið einlægur fylgismaður samvinnuhugsjónarinnar. En svo má brýna deigt járn að biti. Ef þessir forustumenn mega aldrei og á engan hátt heyra neina gagnrýnisrödd, ekki fá neitt orð í eyra, þó að það sé mælt af hreinskilni og sanngirni, án þess að þeir telji það til árása, án þess að þeir telji það til andstöðu við sjálfa hugsjónina, þá fer ég að efast stórlega um að ég eigi mikið sameiginlegt með þessum mönnum. Ég hélt það hins vegar einu sinni og var ákveðinn í þeirri trú. Og málflutningur þessa hv. fulltrúa samvinnuhreyfingarinnar, sem ég kallaði víst hér í ræðustól sérlegan fulltrúa og verður ekki annað betra orðalag, held ég, fundið, háttalag hans og viðbrögð öll sanna mér þetta kannske betur en allt annað sem ég hef hingað til reynt. Ég get nefnilega sagt þessum hv. þm. það að mistök og röng vinnubrögð samvinnuhreyfingarinnar snerta mig miklu meira en röng vinnubrögð og mistök einkafyrirtækja t. d. Mér sárnar miklu meira ef þessi samtök fremja ranglæti á fólki heldur en þótt einhverjir einkaaðilar geri það, og það er einfaldlega vegna þess að ég hef talið mig samvinnumann.

En síðan skal ég ekki hafa þessi orð öllu fleiri. Ég sagði í fyrri ræðu minni að í raun og veru hefði áminning forseta átt að vera nægileg um þann málflutning sem hér var uppi hafður og að full ástæða var til þess að hér væri staðið upp til andmæla og það harðra andmæla. E. t. v. hafa andmæli mín ekki verið nógu hörð þrátt fyrir það að þessi hv. þm. hafi talað um að ég hafi jafnvel hellt úr skálum reiði minnar. Hann veit þá sem betur fer ekki, þó að ég geti verið kannske myndarlegur og ég man ekki hvað hann sagði annað frekar hér, að ég get orðið reiður ef ég reiðist. Og ef ég færi að hella úr skálum reiði minnar varðandi þetta mál, þá mundi ég hafa annan hátt á en ég hafði við fyrri umr. þessa máls.

Allar ásakanir um að kommúnistar, eins og þessi ágæti maður hafði hér uppi um okkur Alþb.-menn og hefur þar sýnilega gengið í góðan skóla Morgunblaðsins, en það var einmitt sálufélag við þá Morgunblaðsmenn, sem ég var að gagnrýna samvinnuhreyfinguna fyrir með allgildum rökum, — allar slíkar ásakanir læt ég mér í léttu rúmi liggja. Ég held áfram hvar og hvenær sem er að halda uppi þeirri gagnrýni á samvinnuhreyfinguna og forustumenn hennar sem mér sýnist og geri það vegna þess að ég vil þessari hreyfingu vel, — fyrst og fremst vegna þess. Annars væri ég ekki að elta ólar við það, ef um fyrirtæki væri að ræða sem skipti mig engu. En í öllum bænum þá ætla ég að biðja forsvarsmenn samvinnuhreyfingarinnar að fara ekki að blanda saman vöggunni og veruleikanum, þ. e. a. s. vöggunni og þar á ég við hugsjón samvinnuhreyfingarinnar eins og hún kom fram hjá forustumönnum samvinnuhreyfingarinnar í árdaga, og þeim veruleika sem blasir við okkur allt of víða og á allt of mörgum stöðum í dag, m. a. eins og ég tók skýrt fram — ef það heitir að hella úr skálum reiði sinnar — í félagi við vafasama aðila einkaframtaksins í hlutafélögum eins og samvinnuhreyfingin hefur gert allt of mikið að. Væri gaman að vita hvort þessi hv.

sérlegi fulltrúi samvinnuhreyfingarinnar mundi vilja mæla slíku bót hjá þessari almenningshreyfingu.

En sem sagt, ástæðan til þess að ég stóð hér upp við fyrri umr., var einfaldlega sú að hér var vegið ómaklega að ég taldi og óréttlátlega að ákveðnum mönnum sem hér gátu ekki og höfðu ekki tök á að svara fyrir sig. Og það var það sem olli minni umtöluðu reiði. Ég skal þá ítreka að sú reiði getur greinilega magnast meira ef forkólfar samvinnuhreyfingarinnar halda áfram svipuðum málflutningi og hér hefur verið uppi hafður og með svipuðum dæmum sem ég gæti rakið ótalin dæmi af hingað og þangað.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki tala langt mál um þessa þáltill. Ég hefði ekki kvatt mér hér hljóðs ef hv. þm. Ólafur Ólafsson hefði ekki vikið sérstaklega að öðrum og aðalflm. þessarar þáltill. sem er hér nú ekki stödd, frú Soffíu Guðmundsdóttur, sem sat hér í hálfan mánuð í fjarveru minni og flutti þá þessa þáltill. um uppsögn fastráðins starfsfólks. Það er ætlan mín að gott samvinnufólk í Norðurl. e. og þ. á m. ekki ófáir samflokksmenn hv. þm. muni þakka frú Soffíu Guðmundsdóttir flutning þessarar þáltill. og alls ekki taka undir það að hér sé um að ræða árás kommúnista á samvinnuhreyfinguna í landinu.

Ég ætla ekki hér í stuttu máli að rekja þá þróun samvinnuhreyfingarinnar, þá vegferð, sem hefur af skiljanlegum ástæðum e. t. v. leitt hana alllangt frá uppruna sínum, því að „sjaldan verður ósinn eins og uppsprettuna dreymir". Ég get tekið undir þau orð ræðumanns að kaupfélögin séu máttarstoðir byggðarlaga úti um land. Vissulega eru þau það. Slíkt vil ég ekki draga í efa. Þau eru það í mörgu tillliti. En sú játning gefur kaupfélagsstjórunum engan rétt til þess að yfirganga umboð sitt í framkomu gagnvart starfsfólki. Geðþótti forstjóra samvinnufélaganna, — ég vil ekki fara neinum hnjóðsyrðum um þann geðþótta, — en geðþótti forstjóra samvinnufélaganna á nú þrátt fyrir allt að vera búinn til úr vilja nokkuð margra samvinnumanna á hverjum stað, og það vil ég fullyrða og hef nú fyrir mér í því orð einstakra samvinnufélaga úr starfsumdæmi Kaupfélags Árnesinga að betur hefði verið öðruvísi staðið að deilumálinu á Selfossi, að betur hefði kaupfélagsstjóri ekki sagt upp þessum starfsmanni með þeim hætti sem hann gerði því að þá hefði Kaupfélag Árnesinga komist í senn hjá tapi og leiðindaþvargi og varanlegri hneisu.

Við höfum vissulega ástæðu til þess að binda verulega miklar vonir við störf samvinnuhreyfingarinnar í framtíðinni, kaupfélaganna. En það fullyrði ég að orðið sé meira en tímabært að huga nokkuð að tengslum forustumanna samvinnuhreyfingarinnar við það fólk í landinu sem þessari hreyfingu er ætlað að þjóna. Með þessu sveigi ég alls ekki að fornkunningja mínum Ólafi Ólafssyni, síður en svo. Ég býst meira að segja við því að hann muni fást til þess að viðurkenna að ekki mundi skaða að huga að þessari hlið málsins.

Ég minnist þess á sínum tíma að ég varð ekki var við beinlínis hrifningu meðal samvinnumanna, kunningja minna, þegar þeir voru t. d. að skoða póstkortin sem prentuð höfðu verið til dreifingar út um víða veröld með teikningu af ættartré eins helsta forustumanns samvinnuhreyfingarinnar þar sem ætt hans var rekin beina leið til goðanna með töluvert eindreginni kröfu um ríkiserfðir í Stóra-Bretlandi. Það má náttúrlega segja sem svo, að fyrst hinum stóru helst uppi að rekja þannig ætt sína til sjálfra goðanna, þá sé kannske ekki einstökum kaupfélagsstjórum láandi þó að þeir í ferli sínu og framferði gagnvart undirmönnum sínum allt að því reki ætt sína til Bakkabræðra, en til fremdar fyrir samvinnuhugsjónina er það ekki. Til annarra starfa voru þeir ráðnir. Og ef þeir halda í raun og veru að með þessu framferði stuðli þeir að fremd samvinnuhreyfingarinnar, þá ætla ég að þeir megi lesa ýmislegt upp á nýtt.

Umr. frestað.

Fisksölusamstarf við belgíumenn, þáltill. (þskj. 210, n. 575). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur haft til meðferðar þáltill. um fisksölusamstarf við belgíumenn.

Þessi till. er nú orðin alllegin. Við ræddum hana, sendum hana til umsagnar, fengum eina umsögn sem var jákvæð, og nefndin hefur gefið út á þskj. 575 svofellt nál.:

„N. var sammála um að mæla með samþykkt till. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Halldór Ásgrímsson."

Þessi till. fjallar um það að fela ríkisstj. eða þeim aðilum er hún til þess kveður, að leita eftir samstarfi við belgíumenn um neðangreind atriði:

1. Um bætta löndunar- og geymsluaðstöðu á íslenskum fiski í Ostende.
2. Um myndun fyrirtækis er hafi það verkefni að dreifa og selja ferskan og frystan fisk í hinum ýmsu Mið-Evrópulöndum.
3. Um möguleika á flugflutningi á fiski milli Keflavíkur og Ostende með dreifingu þaðan um Mið-Evrópu í huga.
4. Um hugsanlega lækkun sölu- og löndunarkostnaðar vegna aukinna umsvifa.

Í sjálfu sér þarf ekki mikið um þetta mál að segja. Okkur hefur orðið það ljóst á síðustu árum að það er hæpið fyrir okkur að treysta á fáa stóra markaði. Breytingar þar geta komið hart við okkur eins og reynslan hefur sýnt. Hins vegar hafa sölumiðstöðvar fyrir íslenskan fisk í Evrópulöndum verið mjög ófullkomnar. Þar er aftur á móti geysimikill markaður og miklir markaðsmöguleikar, ekki aðeins í Mið-Evrópu, heldur er þaðan stutt til staða í Afríku og Asíu, og með breyttum þjóðfélagsháttum, eins og nú er í sunnanverðri Evrópu og í Afríku og Asíu, má ætla að markaðir, sem hingað til hafa verið lokaðir eða ekki til, opnist fyrir okkar framleiðsluvörur. Má t. d. geta þess að nú nýlega hefur komið fram sú skoðun að hægt væri að

hafa áhrif á einn alvarlegasta sjúkdóm Afríku, þ. e. a. s. skort á próteinum, skort á eggjahvituefnum, með því að blanda fiskmjöli í brauð, og viss Afríkuríki hafa lýst áhuga á að fá samstarf við okkur í því efni. Eitt er víst, að okkur er nauðsyn að fá upp bætta aðstöðu til fisksölu bæði í Mið-Evrópulöndum, Afríku og Asíu. Með þetta í huga er þessi till. flutt, vegna slæmrar reynslu af hinum fáu og stóru mörkuðum sem við höfum orðið að treysta á undanfarið.

ATKVGR.

Till. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sérkennslumál, þáltill. (þskj. 644). — Ein umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Af því að það er rólegt í þessari hv. þd. núna, þá held ég að ég segi nokkur orð um þessa till., bíði ekki eftir því að hún fari til n. og komi hér aftur til umr.

Það er af sérstöku tilefni aðallega sem ég kveð mér hér hljóðs, en í leiðinni vildi ég lýsa yfir fyllsta stuðningi við þetta ágæta mál. Það væri gott ef hægt væri að bæta fyrir fyrri syndir okkar í þessum efnum og vanrækslu fjölda ára varðandi sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum landsins, og þá alveg sérstaklega, eins og sagt er í till., í skólum landsbyggðarinnar.

Ég held að það sé gott að fá þessa till. fram til áherslu í kjölfar grunnskólalaganna. Sannleikurinn er sá að þau veittu fyrst möguleika og svigrúm til sérkennslu af þessu tagi, einkanlega í hinum smærri skólum.

Í öllum umr. um grunnskólafrv. hér á Alþ. gleymdist þetta æríð oft hjá allt of mörgum. En einmitt í ljósi þessara möguleika auk margs annars jákvæðs studdi ég það frv. og við aðrir, sem hér voru með, heilshugar. Áður var öll slík kennsla við hina smærri skóla hrein sjálfboðavinna. Sjálfboðavinna getur verið ágæt en auðvitað fór hún í ýmsan veg, var mikil eða lítil eftir atvikum því að þarna var vitanlega eftir áhuganum einum saman farið.

En ég vil benda á það hér að þótt við höfum samþ. þessi lög, þá er framkvæmdahliðin eftir og því full ástæða til þess að ýta vel á eftir því, eins og þessi till. gerir ráð fyrir. En í sambandi við þessa sérstöku till. vil ég aðeins geta þess hér að Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi fór fram á það í sumar að hæstv. menntmrh. skipaði nefnd þar eystra skv. heimild í grunnskólal. til að athuga þessi mál, sérkennslumálin, sérstaklega. Við í stjórn Styrktarfélagsins vorum mjög ánægð með niðurstöður af þessum óskum okkar til hæstv. ráðh. Sú nefnd hefur í samráði við rn. hans unnið mjög gott starf, og nú liggur í raun fyrir ákveðin till. um bráðabirgðalausn á brýnustu vandamálunum varðandi sérþarfir seinþroska nemenda. Það hefur sem sagt verið ákveðið að komið verði upp sérdeild við Nesjaskóla í Austur-Skaftafellssýslu næsta vetur fyrir seinfæra nemendur. Ég tel að það væri rétt — og veit að það verður gert — að hafa þetta starf þessarar nefndar og niðurstöður hennar til hliðsjónar þegar verður farið að framkvæma eftir þessari þáltill. Ég þykist vita að rn. muni gera það. En þótt hæstv. ráðh. sé ekki hér viðstaddur að vísu, þá vil ég hér og nú þakka hæstv. menntmrh. fyrir sérstaklega ágæt viðbrögð og jákvæða niðurstöðu og ákvörðun í þessu máli. Ég veit einnig, að þessi ákvörðun hans verður mjög mikilvæg fyrir þá aðra sem þurfa að sinna svipuðum vandamálum annars staðar í öðrum kjördæmum þar sem þessi mál hafa verið í miklum ólestri. — Þetta vildi ég aðeins taka fram hér nú þegar þessi till. kemur hér til umr.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. Sérkennsla er að sjálfsögðu mjög mikilvægt mál og mikið vandamál hjá okkur.

Þegar grunnskólalögin voru í undirbúningi fór Öryrkjabandalag Íslands fram á það að sérstakur námsstjóri sérkennslu yrði skipaður. Þess var ekki talin þörf. En hins vegar er sérkennsla mjög miklivægt atriði og skapar fjölbreytileg vandamál. Það, sem mest hefur háð okkur og ekki síst úti á landsbyggðinni, er einmitt skortur á þessu sérmenntaða fólki til að stunda þessa kennslu. Kennaraháskóli Íslands og Kennaraskólinn áður hafa reynt að bæta litils háttar úr þessu með námskeiðum, en það hefur þó ekki komið að nægilegu haldi og því fagna ég því að hér er komin fram till. sem ýtir undir við þessa hjálparkennslu. Þeirri uppástungu sem þar er gerð að þetta geti, þar sem fámennt er, verið forkennsla, er ég fylgjandi.

Það verður örugglega alllangt þangað til við getum komið sérkennslumálum í gott lag hjá okkur. En ég held að það kunni að lagast með byggingu sérkennslumiðstöðvar sem hér er í undirbúningi og reyndar er byrjað á núna og mun vafalaust taka að sér verklega kennslu í þessum efnum. En ef allt fer eins og horfir þá er sýnilegt að mörg ár líða þar til við getum verið orðið sæmilega settir í þessum efnum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þetta mál var í menntmn. í Nd. og ég legg til að því verði nú vísað til menntmn. og verður gengið til atkv. um þá till.

ATKVGR.

Till. vísað til menntmn. með 14 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 85. fundur.

Laugardaginn 10. maí, að loknum 84. fundi.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 564). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í húsnæðismálalögunum er ákvæði um að húsnæðismálastjórn sé heimilt að veita lán til kaupa á eldri íbúðum, en þó ekki samtals hærri upphæð

en 80 millj. kr. á ári hverju. Þessi upphæð hefur staðið óbreytt um nokkurra ára skeið. Þetta frv. fer fram á að hækka þá fjárhæð í 160 millj. kr. Brýn þörf er á að rýmka þessa heimild frá því sem nú er. Það er í rauninni öllum aðilum til hagsbóta ef hægt er að veita lán til kaupa á eldri íbúðum, og húsnæðismálastjórn hefur óskað eftir því að þessi heimild yrði rýmkuð. Efni þessa frv. er því aðeins þetta, að hámarksupphæðin sé hækkuð úr 80 millj. í 160 millj.

Ég vænti þess, að hv. þd. fallist á þetta frv., og legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka, frv. (þskj. 130). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 524). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 671).

Gatnagerðargjöld, frv. (þskj. 421). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 672).

Hjúkrunarlög, frv. (þskj. 439). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 673).

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 443, n. 667). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá úthýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til 2. umr., er flutt af landbn. Nd. og er flutt að beiðni veiðistjóra. Efni frv. er einungis um að hækka verðlaun fyrir að vinna refi og minka og farið er fram á þá hækkun með hliðsjón af þeim breytingum sem hafa orðið á verðlagi. Í grg. með frv. og fskj. með því er prentað bréf frá veiðistjóra þar sem hann skýrir þessa beiðni sína, og ég sé ástæðu til, af því að ekki var mælt fyrir þessu frv. hér við 1. umr., að koma aðeins lítillega inn á það sem hann hefur um þetta að segja.

Hann segir m. a. að á nýliðnu ári hafi enn orðið miklar verðhækkanir svo að núgildandi verðlaun, 1 100 kr. fyrir ref og 700 kr. fyrir mink, séu enn lengra frá að ná tilgangi sínum. Þegar lög um eyðingu refa og minka voru samþ. á Alþ. 1957 voru verðlaunin ákveðin 350 kr. á ref og 200 kr. á mink og þótti þá síst of hátt. Miðað við kauptaxta þá, sem var 20—25 kr. á tímann, en er nú um 300 kr. á tímann, ættu verðlaun að vera um 4 500 kr. fyrir ref og 3 000 kr. fyrir mink, en verðmunur á skotvopnum, veiðibúnaði og bílkostnaði er nú margfalt meiri en þetta.

Þó að veiðistjóri skýri frá þessum staðreyndum er þó ekki farið fram á þessa hækkun, heldur er beðið um að verðlaun fyrir að vinna ref verði 2 500 kr. og fyrir mink 1 500 kr. og aðrar upphæðir í samræmi við það.

Að sjálfsögðu mætti spyrja hvort þessar veiðar væru nauðsynlegar. Ég hygg, að menn verði almennt sammála um að það megi ekki láta þær niður falla. Refurinn gerir að vísu öllu minni usla nú en áður í búfénaði bænda. Það er minna um það að hann leggist á sauðfé heldur en áður var. Hins vegar held ég að það fari ekki á milli mála að hann vinnur mikinn skaða í varplöndum þegar hann kemst í þau, og má segja sömu sögu um hann eins og minkinn að varðandi allt fuglalíf í landinu er hann mesti skaðvaldur.

Það er nú svo að eins og stendur virðist fjölgun ekki eiga sér stað í refastofninum en án þess að þó sé nein hætta á því að honum verði útrýmt. Hins vegar hefur síðustu tvö ár sérstaklega orðið nokkur fjölgun að því er varðar villimink og er það trúlega vegna þess að mönnum þykir það minna keppikefli nú að gera ferðir til þess að vinna minkinn fyrir þau verðlaun sem í boði hafa verið undanfarandi. En ég held að allir séu sammála um að það þurfi verulega að halda þeim skaðvaldi niðri, sérstaklega vegna þess, eins og ég sagði áðan, að hann er mikill skaðvaldur í varplöndum og hið sama er að segja um veiðivötn.

Ég hef ekkert frekar að segja um þetta málefni. Ég vildi aðeins láta þessar röksemdir koma hér fram. Það skýrir álit okkar í landbn. sem leggjum til að frv. verði samþ. óbreytt. Þess ber að geta að hv. þm. Jón Árm. Héðinsson var ekki á fundi þegar málið var afgr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 82. fundur.

Laugardaginn 10. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár í tilefni af vinnubrögðum hér á hinu háa Alþ. Það er sitthvað sem hægt er að gera aths. við, eins og stundum vill verða undir þinglok, en það eru tvö mál sem ég vil vekja alveg sérstaka athygli á. Útbýtt var hér í d. 28. febr. s. l. fsp. frá mér til hæstv. iðnrh. þar sem óskað var eftir, að hann gæfi skýrslu hér í d. um áætlanir hæstv. ríkisstj. um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Fsp. var í tveimur þáttum, annar að því er varðar hitaveitur og hinn að því er varðar raforkuframkvæmdir. Þetta var 28. febr. Nú er liðinn 2½ mánuður síðan og hefur ekkert svar borist við þessari fsp.

5. mars s. l. bar ég fram afar einfalda fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um það hvað liði áætlunargerð þeirri sem kveðið er á um í nýju lögunum um heilbrigðisþjónustu. Eins og menn vita á að gera 10 ára áætlun um skipulagningu þeirrar þjónustu og endurskoða hana á tveggja ára fresti og þm. eiga síðan að hafa þessa áætlun til hliðsjónar í sambandi við gerð fjárl. Það var fyrst 5. mars sem fsp. var borinn fram. Síðan eru liðnir meira en tveir mánuðir og ekkert svar hefur borist frá þessum hæstv. ráðh.

Nú má vel vera að þessir tveir hæstv. ráðh. hafi einhverja ánægju af því að virða mig ekki svars, en þessi fsp. var borin fram í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar og var leitað samþykkis Nd. til þess að þessar fsp. væru bornar fram og það samþykki var gefið af d. Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann tryggi það að hæstv. ráðh. gegni skyldustörfum sínum við okkur alþm. eins og við eigum rétt á.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Í tilefni af ummælum hv. 3. þm. Reykv. mun forseti þessarar d. kynna sér hvenær þessar fsp. voru sendar áleiðis til hlutaðeigandi ráðh.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 640). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Með l. nr. 4 frá 27. mars 1973 var Viðlagasjóður stofnaður, en hlutverk hans er að bæta tjón vegna eldgossins í Vestmannaeyjum og var tekjuöflun við það eitt miðuð. Eftir snjóflóðin í Neskaupstað kom upp svipuð staða, stórtjón var orðið, atvinnulíf heils bæjarfélags lá í rústum. Stjórnvöld tóku málið upp á sína arma á sama grundvelli og Vestmannaeyjatjónið og Alþ. samþykkti lög þar sem Viðlagasjóði er falið að bæta þessi tjón og fleiri, en fjár aflað með hækkun á söluskatti. Stjórnvöld og Alþ. hafa því ótvírætt sýnt að fullur vilji er fyrir hendi að bæta slík áföll.

Mér var þó ljóst, þrátt fyrir ofangreinda afgreiðslu þessara mála, að nauðsynlegt er að við séum betur undir það búnir að mæta slíkum tjónum. Sú aðferð að setja lög um bætur og fjáröflun í hvert sinn er tjón ber að höndum er afar seinvirk og þung í vöfum. Auk þess er hætt við að einstaklingur, sem einn og sér verður fyrir tjóni af völdum náttúruhamfara, eigi ekki eins greiðan aðgang að fá bætur á þessum grundvelli og þegar stærri atburðir gerast, en tjón hans er þó jafntilfinnanlegt. Ég ákvað því að skipa n. til þess að gera till. um þessi mál og með bréfi 30. des. á s. l. ári skipaði ég þá Ásgeir Ólafsson forstjóra, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómara og Bjarna Þórðarson tryggingafræðing í n. sem fékk það hlutverk, eins og í skipunarbréfinu segir, „að gera till. um fyrirkomulag skyldutrygginga er bæti tjón á húseignum og lausafé af völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa, snjóflóða, skriðufalla, flóða og ofviðra, og semja frv. til l. um slíkar tryggingar". Þetta frv. liggur hér fyrir.

Tilgangurinn með því að koma á fót viðlagatryggingu þeirri er frv. gerir ráð fyrir er sá að við verðum fyrir fram viðbúnir að mæta hugsanlegum áföllum af völdum náttúruhamfara og að um leið verði tryggt að allir þegnar þjóðfélagsins sitji við sama borð í þessu efni. Frv. þetta gerir ráð fyrir því að sett verði á fót stofnun er nefnist Viðlagatrygging Íslands og skal hún tryggja gegn tjóni af völdum þeirra hamfara sem ég nefndi áðan, að undanskildum ofviðrum, en n. taldi ekki rétt að taka það inn í þessa tryggingu vegna hinna mörgu vandamála sem kynnu að koma upp í sambandi við skilgreiningu á slíkum tjónsatburðum, enda munu slíkar tryggingar orðnar allalmennar einar sér eða sem liður í húseigendatryggingu.

Viðlagatryggingin er fyrst og fremst trygging er bætir meiri háttar tjón. Tjónauppgjör á því ekki að vera daglegur viðburður, heldur vonandi undantekningartilfelli. Eigin áhætta hinna tryggðu verður að vera allhá og í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir að hún verði 5% og ekki bætist tjón undir 100 þús. kr.

Tekjuöflun samkv. þessu frv. á að fara fram á þann hátt að innheimt verði vaxtaiðgjöld af þeim verðmætum sem tryggð eru, og það er lagt til að iðgjaldstaxtinn verði 0.25‰. Til samanburðar má geta þess að iðgjaldstaxti hjá tryggingafélögunum fyrir jarðskjálftatryggingu eingöngu er frá 1‰ upp í 2.50‰ eftir stærð húsa og aðstæðum. Það er því augljóst, að iðgjaldi er mjög stillt í hóf. Þess ber og að geta að þegar tryggingasjóður stofnunarinnar hefur náð ákveðinni upphæð, þ. e. 2‰ af vátryggingarverðmætinu, þá lækkar þessi iðgjaldataxti um helming þannig að iðgjaldið fellur alveg niður þegar upphæð hans

hefur náð 3‰ eða 1.8 milljörðum kr. miðað við áætluð tryggingaskyld verðmæti í dag sem talið er að muni vera um 600 milljarðar kr.

Þá má nefna mjög veigamikið atriði um framkvæmd tryggingarinnar, það að hagnýta tryggingakerfi starfandi vátryggingafélaga og að vátryggingafélögin sjái um innheimtu iðgjalds til Viðlagatryggingarinnar um leið og þau innheimta brunatryggingariðgjald. Þetta verður að teljast mjög hagkvæmt og auðvelt í framkvæmd. Vátryggingafélögin sjá á sama hátt um uppgjör á tjónum hvert við sinn viðskiptamann eins og um brunatjón væri að ræða. Að sjálfsögðu hefur stjórn stofnunarinnar yfirumsjón með þessari starfsemi, en ætlast er til að samið verði við Seðlabanka Íslands um vörslu sjóða og bókhald fyrir stofnunina og verður því komist hjá að ráða starfsfólk og hefur að sjálfsögðu verulegan sparnað í för með sér.

Áætlað er að heildarfjárhæð þeirra verðmæta, sem trygging þessi nær til, verði, eins og ég sagði áðan, 600 milljarðar miðað við verðlag í dag. Hámarksbætur, sem tryggingu er ætlað að ráða við, eru 5‰ eða 3 milljarðar og Viðlagatryggingin ber sjálf fyrstu 2‰ eða 1.2 milljarð í hverju tjóni, en það sem umfram er endurtryggir ríkissjóður. Þá er gert ráð fyrir að viðlagatryggingin leiti endurtryggingar hjá tryggingafélögum, innlendum eða erlendum, á hluta af eigin áhættu sinni, einkum meðan verið er að byggja upp sjóði stofnunarinnar.

Viðlagasjóður var stofnaður til að leysa tiltekin verkefni. Þegar því er lokið gera lögin ekki ráð fyrir frekari starfsemi hans. Má því telja eðlilegt að Viðlagatryggingin yfirtaki eignir og skuldir Viðlagasjóðs með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Viðlagatryggingin er hrein eignatrygging eins og brunatrygging. Það er staðreynd að margs konar óbeint tjón hlýst af þegar byggingar og tæki brenna og sama gildir að sjálfsögðu um tjón á þessum eignum af völdum náttúruhamfara. Minna má á að búnaðardeild Bjargráðasjóðs veitir lán og styrki vegna ýmissa óbeinna tjóna í landbúnaði. Hin almenna deild Bjargráðasjóðs ætti á sama hátt að geta hlaupið hér undir bagga, þar eð með tilkomu þessarar tryggingar er vitað að mjög mun létta á henni á því sviði sem Viðlagatryggingin nær til.

Erfitt eða réttara sagt ógerlegt er að spá fyrir fram um það hvenær jarðskjálfti verður hér í þeim mæli að tjón verði á húsum eða þau eyðileggist, en eins og fram kemur í grg. með þessu frv. hefur þetta þó gerst alltoft. Hvenær verður snjóflóð eða skriðuföll á hinum eða þessum staðnum? Fjöll og þröngir dalir og firðir eru margir hér á landi. Ég tel því ekkert áhorfsmál að við gerum okkur grein fyrir þessum hættum og undirbúum okkur undir að mæta slíkum áföllum. Sú leið, sem lagt er til að farin verði með stofnun Viðlagatryggingar Íslands, er að mínum dómi skynsamleg og hagkvæm lausn á þessu máli. En hitt má öllum ljóst vera, að hér er ekki um neina allsherjarlausn að ræða.

Þetta frv. gekk í gegnum Ed. mjög greiðlega og þar var samstaða um frv. að öðru leyti en því að gerð var breyting á 2. gr. frv., að í stað þess að tveir stjórnarmenn skuli kosnir af Sþ., einn valinn af vátryggingafélögum, en trmrh. skipaði tvo og skal annar vera formaður stjórnarinnar, var því breytt á þann veg að Alþ. kýs 3 fulltrúa í stjórn, trmrh. skipar einn án tilnefningar, en tryggingafélögin kjósa einn í stjórnina. Að öðru leyti gerði Ed. ekki breytingar á frv.

Að síðustu vil ég nefna að samkv. 19. gr. frv. er stjórn stofnunarinnar heimilt að veita styrki til framkvæmda sem ætlað er að afstýra tjóni af völdum náttúruhamfara. Er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við varnir gegn snjóflóðum, skriðuföllum og flóðum. Ég tel þetta mjög jákvætt og veigamikið atriði, en með varnaraðgerðum yrði hægt að afstýra eignatjóni og jafnvel mannslífum.

Það er álit þeirra manna, sem þetta frv. sömdu og unnu í þessari n., að nauðsyn beri til að hafa nokkuð langan undirbúning að stofnun þessarar tryggingar, og þar sem gert er ráð fyrir að hún taki við af Viðlagasjóði þegar lög um hann renna út, þá legg ég mikla áherslu á að þetta frv. fái skjótan og greiðan gang í gegnum hv. þd. Ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. að þessu sinni, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það tjón, sem þjóðin hefur orðið fyrir af náttúruhamförum á undanförnum árum, gefur tilefni til þess að flutt sé hér á Alþ. frv. eins og hér liggur fyrir. Ég tel það mjög vel farið og mun gera mitt til þess að stuðla að framgangi þess.

Eins og fram kemur í 8. gr. frv. verður hér um sjóð að ræða sem getur náð vissu hámarki eða, eins og hæstv. ráðh. sagði, allt að 1.8 milljörðum kr. Vissulega er þarna um verulegt fjármagn að ræða og mun vonandi ná yfir öll hin smærri tjón sem í framtíðinni kunna á okkur að falla. En í sambandi við þetta mál hlýtur að vakna sú spurning, hvað mundi gerast hér á landi ef um mun stærra tjón yrði að ræða en þessi sjóður kemur til með að greiða. Dettur manni þá í hug í fyrsta lagi það sem hér hefur oft verið rætt um í sambandi við orkumál, að svo illa gæti farið að jafnvel orkuver okkar uppi í hálendinu gætu orðið óvirk eða skemmst verulega, jafnvel farið forgörðum af völdum eldgoss. Sama má segja ef svo færi að um eldgos yrði að ræða hér á Reykjanesskaganum, þá gæti hluti af þéttbýlinu hér við Faxaflóa farið undir ösku eða hraun og væri um að ræða í báðum tilfellum tjón kannske upp á tugi milljarða sem af slíkum náttúruhamförum gæti hlotist.

Að gefnu þessu tilefni, þar sem ég var með þessar hugleiðingar og hafði verið með þær nokkuð lengi, átti ég viðræður við formann þeirrar nefndar sem þetta frv. samdi, en hann tjáði mér — sem mér kom heldur á óvart — að það mundi verða mjög erfitt að fá endurtryggingu fyrir slíku tjóni eins og ég hef hér verið að tala um að hugsanlega gæti dunið yfir íslensku þjóðina.

Ég tek alveg trúanlegar þær upplýsingar sem hann veitti mér í þessu sambandi, en ég vildi aðeins vekja athygli á þessu því að reynsla undanfarandi ára hefur sýnt okkur að því miður

búum við við þær aðstæður að við getum kannske orðið fyrir mun meira tjóni en sá sjóður, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að stofnaður yrði, mundi geta greitt. Við skulum þó vona að allt fari betur en ég hef hér verið að tala um sem hugsanlegan möguleika, en slík tjón hefur vissulega borið á góma hér á hv. Alþ. í sambandi við orkumálin. Taldi ég því eðlilegt að á þessu yrði vakin athygli ef hæstv. ráðh. eða sú nefnd, sem hann skipaði til að undirbúa þetta mál, vildi skoða þetta mál nánar hvort þarna væri um möguleika að ræða að þjóðin gæti tryggt sig fyrir viðráðanlegt iðgjald gagnvart tjóni sem hún ætti kannske mjög erfitt með að ráða fram úr ef slíkt bæri að höndum. Á ég þar við tjón sem kannske næmi 10—20 milljörðum eða stærri upphæðum.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég hygg að efnislega séu menn ekki ósammála um að slíkt frv. verði gert að lögum. Hins vegar hefði ég talið æskilegt að þetta mál hefði fengið rýmri tíma til skoðunar heldur en nú er til þingslita. Ég hefði talið nauðsynlegt að lög um Bjargráðasjóð Íslands væru vandlega skoðuð jafnhliða því sem lög yrðu sett um viðlagatryggingu. Mér finnst beint blasa við að samkv. þessu frv. hljóti að myndast ákveðin göt í bótaskyldu, annars vegar bótaskyldu samkv. þessum lögum og hins vegar bætur sem Bjargráðasjóður Íslands veitir. Eins og hæstv. ráðh. minntist á er Bjargráðasjóði Íslands skipt í tvær deildir, búnaðardeildina annars vegar og svo hina almennu tjónadeild hins vegar, en bætur þar eru yfirleitt ekki veittar öðruvísi en í lánsformi enda þótt um vaxtalaust lán sé að ræða.

Við þetta frv. eru margir kostir, m.a. þeir að þarna er gert ráð fyrir því að það verði safnað í ákveðinn sjóð — ekki svo sem er um marga aðra sjóði að þeir verði fjárfestingarsjóðir þegar fram líða stundir og fjármagn eykst — heldur að hann nái ákveðnu marki svo að hann verði fær um að standa undir áföllum hverju sinni.

En ég vil nú strax við 1. umr. vekja athygli á því að samkv. frv. sé ég ekki að mögulegt sé að bæta skaða á ýmsum eignum sem ekki eru brunatryggðar. Ég sé t. d. ekki að það sé mögulegt samkv. þessum lögum að bæta tjón sem e. t. v. yrði í höfn eins og t. d. Vestmannaeyjum eða hvar sem vera skal þar sem hraun rynni og fyllti höfnina vegna þess að slík höfn, slíkt mannvirki yrði ekki bótaskylt þar sem það eru eingöngu brunatryggðar eignir, enda tekin viðbótartrygging á brunatryggingarskyldum eignum. Og þá má nefna fleiri mannvirki eins og t. d. vatnsveitur, brýr og annað því um líkt, hvort sem þetta er í eigu sveitarfélaganna eða ríkisins.

Ég er satt að segja dálítið hissa á því að þetta frv. skuli hafa fengið svo greiðan gang í gegnum hv. Ed. án þess að þessir agnúar hafi verið ræddir eða á þá hafi verið bent svo að ég viti til.

Nú veit ég ekki hvort það tekst, ef meiningin er að gera þetta frv. að l. fyrir þinglok, að gera breytingar á frv. áður en þingi lýkur þannig að við það verði unað. En ef svo verður ekki, þá vil ég taka það skýrt fram að ég tel að þetta frv. verði þá að endurskoða strax á næsta hausti þannig að það séu samræmdar bætur sem viðlagatryggingasjóðurinn greiðir, bætur sem greiddar eru nú samkv. reglum Bjargráðasjóðs, þannig að þarna skapist ekki ákveðið ósamræmi á milli. Ég lít svo á að það þurfi meira að segja að skoða það hvort þetta gæti ekki orðið ein og sama stofnunin, enda þótt ég sjái ýmsa vankanta á því að svo geti orðið.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim aths. sem hér hafa komið fram.

Í sambandi við stórtjón, ef þau verða á meðan Viðlagasjóður er ekki orðin sterkari stofnun en hann verður á fyrstu árum, þá auðvitað verður að grípa til svipaðra ráða og gert var við stórtjónin bæði í Vestmannaeyjum og Neskaupstað. Fyrst um sinn verðum við að reikna með því að hann taki ekki stærri hluta en þetta, en fjáröflun til Viðlagasjóðsins hefjist sem allra fyrst.

Í sambandi við aths. hv. 4. þm. Vestf., þá kannaði nefndin sérstaklega sambandið á milli Bjargráðasjóðs og væntanlegrar Viðlagatryggingar, og hún komst að þeirri niðurstöðu að þetta ættu að vera tvær aðskildar stofnanir með öllu. Viðlagatryggingin er hreint tryggingafélag með tryggingaiðgjöld og engin framlög úr ríkissjóði nema til komi stórtjón, eins og hv. 3. þm. Sunnl. benti réttilega á áðan. En það breytir ekki gangi þessa máls að endurskoðun laga um Bjargráðasjóð þarf að fara fram, og ég hygg að ég megi segja að sá ráðh., sem Bjargráðasjóður heyrir undir, eða þá rn. hefur í hyggju að endurskoða þau lög. Bætur eru ekki beint brunabætur. Það eru bætur af völdum þeirra náttúruhamfara sem frv. gerir ráð fyrir. Undirbúningur þessa máls og stofnun slíks félags þarf að hafa langan aðdraganda. Iðgjöld af brunatryggingu eru einu sinni á ári. Þess vegna er það sem bæði þeir menn, sem sömdu þetta frv., og ég sem ráðh. leggjum áherslu á að það fái greiðan gang ef hv. þd. fellst á það. Hitt tek ég alveg undir og skal ekki standa á mér að endurskoðuð verði þau lög ef til kemur að þar sé um einhverja agnúa að ræða því að alltaf er sjálfsagt að bæta úr því sem kemur fram við framkvæmd málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Út af máli því, sem vakið var máls á utan dagskrár um fsp. í d., vil ég skýra frá því að bréf voru send hlutaðeigandi ráðh. samdægurs og fsp. voru leyfðar í d., þ. e. a. s. 3. mars um fsp. til iðnrh. og 12. mars um fsp. til heilbr.- og trmrh. Tímafrestur er ekki á svörum, en í bréfunum er óskað eftir að hlutaðeigandi ráðh. láti forseta vita þegar þeir eru við því búnir að svara þessum fsp. Vil ég mega vænta þess að sú vitneskja berist við fyrstu hentugleika.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af þeirri kvörtun sem hv. 3. þm. Reykv. hafði hér varðandi aðra þá fsp. þar sem var óskað eftir skriflegu svari — (MK: Það var ekki óskað eftir skriflegu svari.) Ja, skriflegri skýrslu, var það ekki? (MK: Nei.) Þá óskaði ég eftir því við ráðuneytisstjórann í heilbr.- og trmrn. að það væri farið strax í að svara þessu máli. Hann fól það verkefni deildarstjóra, sem hv. 3. þm. Reykv. skipaði rétt áður en hann fór úr ráðherrastól, að ganga frá þessu svari og koma með til mín. Ég hef, ég held í 4—5 skipti ítrekað þetta við ráðuneytisstjórann og síðast í gær kom hann með uppkast til mín að svari upp á 10—11 bls. sem ég bað hann yfir helgina að fara yfir aftur því að ég treysti mér ekki til þess að bera það svar fram eins og það var lagt fyrir. Ráðuneytisstjórinn lofaði mér að vinna yfir helgina þannig að þetta svar lægi hér fyrir. — Þetta vil ég að komi fram.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég held að þetta sé næsta einstæður atburður, að ráðh. komi hér í ræðustól og fari að bera sakir á embættismenn í rn. sínu fyrir að þeir hafi ekki gegnt skyldustörfum sínum. Ég kannast ekki við að þetta hafi gerst áður hér á þingi, a. m. k. ekki þann tíma sem ég hef verið hér. Að sjálfsögðu er það skylda þessa hæstv. ráðh. að tryggja að slíkum fsp. sé svarað innan eðlilegs tíma.

Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh. að það hafi verið óskað eftir skriflegu svari. Það var óskað eftir skýrslu í deildinni, eins og skýrt er kveðið á um bæði í þingsköpum og í stjórnarskránni. Ég bar slíka fsp. upp við einn af hæstv. ráðh., hæstv. utanrrh. Hann svaraði skýrslunni mjög fljótt og gerði það munnlega úr ræðustól og urðu smáorðaskipti okkar í milli í því sambandi. Þannig hefur verið að þessum málum staðið og unnið, og hafi hæstv. heilbr.- og trmrh. misskilið þessi vinnubrögð, þá hefði átt að vera auðvelt fyrir hann að fá rétta vitneskju um það. En hitt tel ég algerlega ósæmandi, að ráðh. komi hér til þess að ásaka embættismenn sína um að þeir gegni ekki störfum sínum eins og vera skyldi.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég skal ekkert um það fullyrða hvort þetta er í fyrsta og eina skiptið sem þetta hefur komið fyrir. En það er búið að bera fram margar fsp. við bæði þau rn., sem ég hef með að gera á þessu þingi í vetur, og mig misminnti það að þetta svar ætti að vera skriflegt — og ég auðvitað bið afsökunar á því — því að það hafa verið nokkrar fsp. sem beðið hefur verið um skriflegt svar við. Þau svör hafa öll verið gefin. Það verk hefur verið framkvæmt af starfsmönnum í rn. undir forustu ráðuneytisstjóra í báðum þeim rn., en það hefur gengið böslulega með þessa fsp. Hins vegar skal ég játa það að ég hef ekki haft tíma til þess að fara sjálfur í að vinna að svari við þessari fsp., og ég hygg að hv. fyrirspyrjandi, sem gegndi þessu ráðherraembætti á undan mér, hafi þurft á því að halda að hafa starfsfólk til þess. Þarna var hafður sá háttur á. Ráðuneytisstjórinn í heilbrrn. er allra manna duglegastur og fljótastur til allrar vinnu og get ég ekki annað en borið honum það allra besta sem hægt er að bera einum starfsmanni. En ég hef kvartað undan þessu vegna þess hvað mér hefur fundist það seint ganga. En þetta er ástæðan fyrir því. Og ef hv. 3. þm. Reykv. reiðist yfir því að það sé sagður umbúðalaus sannleikurinn, þá verður að hafa það.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Það er vissulega rétt sem hæstv. heilbr.- og trmrh. segir, að þegar bornar eru fram fsp. til ráðh., þá leita þeir að sjálfsögðu til embættismanna sinna til þess að hjálpa sér við að útbúa svör við þeim. Ráðh. kemst ekki yfir að svara öllu slíku sjálfur.

Allan þann tíma, sem ég gegndi ráðherrastörfum, kom það aldrei fyrir að fsp. væri ekki svarað innan eðlilegs tíma. Það kom aldrei fyrir að það væri kvartað undan því að fsp. hefði ekki verið svarað. Og það eru algerlega nýir starfshættir sem hér eru teknir upp þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. segir að hann hafi ekki getað svarað þessari fsp. í meira en tvo mánuði vegna þess að embættismenn í rn. hans hafi ekki unnið verkið fyrir hann.

Ég er alveg sannfærður um að ef hæstv. ráðh. hefði einhverja eðlilega verkstjórn á sínu rn., þá hefði verið mjög auðvelt að fá svar við þessari einföldu spurningu á mjög stuttum tíma því að spurningin er afar einföld. Hún var um það eitt hvað liði gerð áætlunar sem gert er ráð fyrir í lögum um heilbrigðisþjónustu og hvenær þess mætti vænta að hægt yrði að nota hana til hliðsjónar við gerð fjárlaga. Það var allt og sumt sem spurt var um. Það þurfti ekki mikla könnunarstarfsemi til að svara þessu, og ég er viss um að hæstv. ráðh. hefði getað svarað þessu af munni fram án þess að fá aðstoð eins eða neins.

Íslensk stafsetning, frv. (þskj. 562). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. visað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 414, n. 637). — 2. umr.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs til þess að óska þess eindregið við hæstv. forseta að hann láti ekki koma hér til umræðu 18. mál á dagskránni, þ. e. atvinnuleysistryggingar — fæðingarorlof. Ég ber þessa ósk fram vegna þess að það var fyrst í gærmorgun sem mál þetta var afgreitt úr nefnd og þá að vísu án þess að við í stjónarandstöðunni teldum að hefði verið fullnægt þeirri lágmarksskyldu eða kröfu að við fengjum í hendur umsagnir þeirra aðila sem leitað var til og vitað var að búnir voru að svara. Þessar umsagnir bárust ekki, a. m. k. mér, fyrr en síðari hluta dags í gær og ég tel að það hafi verið of stuttur tími til þess að ætlast til af okkur að ganga frá nál. og brtt. ef við hygðumst gera það. Vegna þessa

stutta fyrirvara fer ég þess eindregið á leit við hæstv. forseta og vænti þess að hann verði við þeirri beiðni að þetta mál verði ekki tekið til umr. nú á þessum fundi eða nú í dag.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Út af orðum hv. þm. vil ég taka fram að það er ekki óvenjulegt að settur sé frestur til þess að skila umsögnum til nefndar ef nefndin óskar eftir umsögnum. Sá frestur var liðinn fyrir þó nokkrum dögum þannig að fullkomlega var eðlilegt að nefndin tæki málið til afgreiðslu ef ætlunin var að ræða það frekar á þessu þingi sem eins og allir vita á nú senn að ljúka. Og með hliðsjón af því hve mörg stórmál eru tekin hér til umræðu og atkvgr. með litlum fyrirvara, þá get ég ekki séð að sérstöku máli gegni um þetta, að það hafi í neinu verið óeðlileg afgreiðsla viðhöfð við það mál. Ég mun bera þetta mál undir atkv. fundarins.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Það er út af þeim ummælum forseta að það sé ekki ótítt að mál komi hér til umræðu með stuttum fyrirvara, þá er það að sjálfsögðu rétt. Hitt held ég að sé rangt hjá hæstv. forseta, að fyrir nokkrum dögum hafi verið liðinn sá frestur sem gefinn var til umsagnar. Ég hygg að það hafi ekki verið fyrr en 8. maí sem tilskilinn frestur var útrunninn ef ég man rétt — það verður þá leiðrétt af hv. formanni þessarar umtöluðu nefndar fari ég með rangt mál — en ég hygg að fresturinn hafi verið útrunninn 8. maí. Í gær var 9. maí og þá var málið tekið til afgreiðslu í nefndinni, þannig að ég held að ég muni rétt að það eru ekki margir dagar, sem voru liðnir umfram tilskilinn frest sem veittur var. Ég ítreka það og vænti þess að hæstv. forseti verði við þeirri beiðni að þetta mál verði ekki tekið til umr. fyrr en á mánudag.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Það er rétt, það er annarlegur hraði á þessu máli. Ég hef ekkert á móti því að hraði sé á málum sem búið er að afgreiða, en þannig stendur á um þetta mál að við, sem skipum minni hl. n., ég og hv. þm. Karvel Pálmason, höfum ekki ráðrúm til þess fyrr en í dag að ganga frá brtt. við frv., og alla vega er ótækt að hægt sé að ræða það fyrr en brtt. eru komnar á borð hv. þm. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta að umr. fari ekki fram fyrr en þessar brtt. eru komnar.

Jón Skaftason: Herra forseti. Vegna þess að fsp. var til mín beint langar mig til að svara henni örfáum orðum. Ef ég man rétt mun það hafa verið á fundi í heilbr.- og trn., að mig minnir 28. f. m., að ákveðið var að senda þetta mál til umsagnar. Það var algert samkomulag í nefndinni að setja stuttan frest til svara, og ef mig misminnir ekki þá hygg ég að sá frestur hafi verið ákveðinn vika og í bréfi til umsagnaraðila hafi verið sett tilmæli um að umsögn bærist eigi síðar en 6. maí til nefndarinnar. Þegar við svo tókum mál þetta fyrir í heilbr.- og trn. í gærmorgun, 9. maí, hafði borist umsögn frá einum af þeim fjórum aðilum sem málið var sent til umsagnar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafði lokið við að semja sitt svar sem okkur hafði að vísu ekki borist, en sumum okkar a. m. k. í nefndinni var fullkunnugt um hvers efnis það svar var. Á grundvelli þessa var málið afgr. úr n. á þann hátt sem nál. ber með sér. Ég vil því mótmæla því algerlega að af hálfu n. hafi á nokkurn hátt verið viðhöfð afbrigðileg vinnubrögð um þetta frv. umfram það sem mjög er algengt þegar þingi er að ljúka.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Jóni Skaftasyni fyrir að upplýsa þetta hér. Ég minnist þess eigi að síður að formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs mun hafa haft símasamband við hv. þm. Jón Skaftason sem formann heilbr.- og trn. og skýrt honum frá því að þeir væru ekki tilbúnir að skila svari sínu á tilskildum fresti og frestur hafði verið gefinn til viðbótar a. m. k. um einn ef ekki tvo daga. Þetta var ekki komið skriflegt í gærmorgun, eins og hann tók fram, en hann hafði þá fengið vitneskju um hver væri niðurstaða stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gerði lauslega grein fyrir því.

Hitt er mér ekki kunnugt um að ég eða aðrir hafi ásakað n. fyrir að hún hafi verið með einhver óeðlileg vinnubrögð. Það var einungis það að ég óskaði eftir að málið yrði ekki tekið hér til umr. vegna þess hversu stuttur tími hefði gefist til þess að ganga bæði frá nál. og brtt. þar sem málið var ekki afgr. fyrr en í gær og umsögn barst ekki fyrr en síðari hluta dagsins í gær. Það var einungis þetta. Mér er ekki um það kunnugt að nokkur hafi ásakað formann n. eða meiri hl. hennar um að nefndarstörf hafi verið með óeðlilegum hætti. Hitt finnst mér nokkuð hart keyrt ef stjórnarandstöðu í þessu máli sem og öðrum er ekki gefinn kostur á því að ganga frá nál. og brtt. um mál sem ætlast er til að hér séu tekin til umræðu.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég vil taka fram í tilefni af þessu að umrætt nál. og brtt. liggja nú á borðum hv. þm. Afbrigðanna verður leitað.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 545). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Frv. þetta gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á því meginatriði að inneign Verðjöfnunarsjóðs hjá Seðlabankanum sé jafnan gengistryggð. Hins vegar er óhjákvæmilegt að gera Seðlabankanum kleift að framkvæma þar gengistryggingu án þess að ganga á eigið fé sem felur í sér verulega hættu fyrir traust bankans út á við. Er Seðlabankanum því heimilt að stofna til

gengisbundinna lána innanlands, en jafnframt er gert ráð fyrir að ríkissjóður taki á sig vissar skuldbindingar, þ. e. a. s. ef hrein gjaldeyriseign Seðlabankans að viðbættum hinum gengisbundnu útlánum nægir ekki til að fullnægja gengistryggingu Verðjöfnunarsjóðs. Með slíkri breytingu á lögum um Verðjöfnunarsjóð ætti að vera tryggt í framtíðinni að framkvæmd gengistryggingarinnar geti gengið eðlilega fyrir sig án óeðlilegra og óheppilegra peningalegra aukaverkana. Vegna þeirra breytinga, sem gerðar voru á ráðstöfun gengishagnaðar í des. s. l., og þeirrar breytingar á lögum vegna gengisbreytingarinnar í sept. s. l. sem ráðgerð er, er hins vegar nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að ganga endanlega frá greiðslu gengistryggingarinnar vegna gengislækkunarinnar frá því í sept. Vegna hinna sérstöku aðstæðna á árinu 1974, sem leiddu til verulegrar tekjuaukningar hjá Seðlabankanum, féllst bankinn á að greiða það sem á vantar að hrein gjaldeyriseign bankans hrökkvi til að standa undir gengistryggingunni, að það verði greitt í þetta sinn af tekjum bankans.

Það skal svo tekið fram að fullt samkomulag er á milli ríkisstj. og Seðlabankans í þessum efnum. Samræmis vegna er eðlilegt að frv., sem er hér síðar á dagskránni, um breyt. á l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabankans um nýtt gengi, sé afgr. jafnhliða þessu frv.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 546). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan fylgir þetta mál hinu málinu, því að hér er lagt til að b-liður 2. gr. l. um breyt. á l. nr. 78 1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, falli niður, en þessi b-liður 2. gr. l. er um 400 millj. kr. ráðstöfun gengishagnaðar til Verðjöfnunarsjóðsins. Strax eftir gengisbreytinguna kom fram mjög öflug andstaða bæði meðal alþm. og forustumanna í sjávarútvegi gegn því að gengishagnaðurinn yrði skertur á þennan hátt, enda tók ríkisstj. ákvörðun um það að þessum 400 millj. yrði ráðstafað með gengishagnaðinum samkv. gengisbreytingunni í ágústlok sem Alþ. staðfesti skömmu fyrir jól. Þetta er því í raun og veru staðfesting á fyrri ákvörðun Alþ. í þessum efnum sem ég hygg að engin andstaða sé við.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að þessu frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Félagsráðgjöf, frv. (þskj. 645). — 1. umr.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að lögákveða starfsheiti og rétt félagsráðgjafa. Frv. skýrir sig sjálft. Ed. gerði nokkrar breytingar á 1. gr. frv. á þann veg að rétt til að kalla sig félagsráðgjafa hefur sá einn sem til þess hefur leyfi heilbrrh. Sömuleiðis gerði Ed. þá breytingu á 3. gr. frv., að hún orðist þannig:

„Takmörkuð og/eða tímabundin réttindi má einnig veita þeim sem eru í starfi, þegar lög þessi öðlast gildi, en uppfylla ekki skilyrði 2. gr. Slíku leyfi fylgir ekki réttur til að kallast félagsráðgjafi."

Heilbr.- og trn. Ed. varð sammála um að gera þessa breyt. á frv. og Ed. samþykkti hana shlj. Það er trygging fyrir það fólk, sem hefur unnið að þessum störfum án þess að hafa þá menntun sem um er að ræða, að það njóti þessara réttinda ef þetta frv. verður að lögum.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Launajöfnunarbætur o. fl., frv. (þskj. 639). — 1. umr.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Mál þetta var afgreitt í Ed. til Nd., en er staðfesting á brbl. sem sett voru 24. sept. s. l. Efni frv. er hv. þdm. svo kunnugt að ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það.

Í 1. og 2. gr. þessa frv. eru ákvæði um launajöfnunarbætur sem sett voru með brbl. og þykir eðlilegt að staðfest séu með því að þau eru innifalin í launakjörum sem nú almennt ríkja.

Í 3. og 4. gr. eru ákvæði um launajöfnunarbætur til bænda, og eru þau í samræmi við till. nefndar sem sérstaklega fjallaði um reglugerð þar að lútandi, en ætlast er til að með þessum ákvæðum sé það tryggt að launajöfnunarbætur til bænda verði greiddar út samkv. sömu reglum eða svipuðum og ákveðnar eru varðandi launajöfnunarbætur til launþega almennt.

Í þessu frv. er síðan ákvæði um tryggingarbætur og er þar tekið upp í frv. ákvæði um upphæð tryggingarbóta til þess að yfirlit fáist allt frá 1. okt. og breytingu þeirra 1. des. s. l. og loks er sýnt hvernig ætlunin er að þær breytist 1. apríl í samræmi við það bráðabirgðasamkomulag, sem gert var með aðilum vinnumarkaðarins. Höfuðatriði þeirra till. er að bótafjárhæðir grunnlífeyris eru hækkaðar um 9%, en talið er að meðaltalskauphækkun samkv. bráðabirgðasamkomulaginu sé um það bil.

Þá er tekjutryggingin hækkuð allmiklu meir. Hún er hækkuð hjá einstaklingi um 45.9% og hjá hjónum um 37%, ef skattafsláttur er meðtalinn, en sé hann ekki meðtalinn, þá er tekjutryggingin hækkuð hjá einstaklingum um 25.2% og hjá hjónum um 19.8%. Það kom fram í yfirlýsingu ríkisstj., sem gefin var aðilum vinnu-

markaðarins, að þessi tekjutrygging skyldi hækka þannig að lágmarkstekjur yrðu örugglega sambærilegar við hækkun lægstu tekna samkv. því bráðabirgðasamkomulagi sem aðilar gerðu. Miðað við þann grunnlífeyri og þá tekjutryggingu sem lagt er til að verði með þessu frv. er tekjutryggingarmark eða lágmarkstekjur hækkaðar hjá einstaklingum um 22.4% og hjá hjónum um 19.6% ef skattafsláttur er innifalinn, en að honum frádregnum um 15.1% hjá einstaklingum og 13.31% hjá hjónum. Með því að launahækkun til hinna lægst launuðu samkv. bráðabirgðasamkomulaginu er talin hafa numið um 13.1% er fyllilega staðið við það fyrirheit sem gefið var og ívið betur að því er einstaklinga snertir.

Í fskj. I með nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. er tafla sem greinir nánar frá öllum upphæðum í þessu sambandi og hvernig skerðingarákvæðin koma fram í raun svo að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þennan þátt frekar að svo stöddu.

Þá er rétt að það komi hér fram í þeim fáu orðum, sem ég læt fylgja þessu frv. við 1. umr., að ný gr. hefur verið tekin inn í þetta frv. og verður 11. gr. og fjallar um fjárfestingarlánasjóði eða lánskjör þeirra. Aðalatriðið er að heimilt er að fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir njóta sjálfir. Þetta ákvæði er mjög í samræmi við það ákvæði sem var í 5. gr. l. nr. 75 frá 22. ágúst 1974, um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, þótt þessi grein sé nokkru ítarlegri og tekin af öll tvímæli um það að ákvæðið nái til endurlánaðs erlends lánsfjár. Í 2. mgr. þeirrar greinar er nýmæli um árlega endurskoðun á lánskjörum fjárfestingarlánasjóða. Skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta ákvæði að sinni, en vil þó láta þess getið að það er ætlunin að fjalla nánar um lánskjör fjárfestingarlánasjóða í sumar og undirbúa frv. til l. um þetta efni sem lagt yrði fyrir næsta þing.

Það er rétt að vekja athygli á ákvæðunum til bráðabirgða sem gera ráð fyrir því að fram fari könnun á vegum heilbr.- og trmrh. í fyrsta lagi á framfærslukostnaði elli- og örorkulífeyrisþega, bæði einstaklinga og hjóna, og hliðsjón af þessari könnun skuli höfð við ákvörðun elli- og örorkulífeyris og tekjutryggingar hjóna og einstaklinga. Sams konar könnun fari fram á framfærslukostnaði barna einstæðra foreldra í sama tilgangi.

Virðulegi forseti. Ég skal þá láta máli mínu lokið. Ég legg til að frv. þetta verði samþ. til 2. umr. að lokinni þessari umr. og verði vísað til fjh.- og viðskn. þessarar d. sem ég hygg að hafi fjallað töluvert um þetta mál ásamt með fjh.- og viðskn. Ed. Vænti ég þess vegna að unnt sé að hraða afgreiðslu málsins í þeirri nefnd.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég starfa nú í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar hér í deildinni og mun e. t. v. fjalla ítarlegar um það þegar nefndin hefur lokið störfum sínum, en engu að síður vil ég fara um það nokkrum orðum við 1. umr.

Það er satt sem hæstv. forsrh. sagði að það hafa verið haldnir einir tveir sameiginlegir fundir nefndanna sem ég hef verið á, en því fer þó mjög fjarri að ég telji að það hafi verið kannað til hlítar af nefnd þessarar hv. d. og að sjálfsögðu hljótum við dm. að leggja áherslu á að um þetta mál verði fjallað á eðlilegan hátt í deildinni.

Þetta frv. hefur legið fyrir Alþ. frá því í þingbyrjun, og það er til marks um ákaflega undarleg vinnubrögð að það er látið liggja aðgerðalaust í nefnd í Ed. án þess að hreyft sé við því þangað til nú í þinglokin. Á því voru að vísu gerðar þar ýmsar verulegar breytingar, en það er haldið föstum ákvæðum sem ég sé ekki betur en séu höfð áfram í frv. til þess að ögra verkalýðssamtökunum á Íslandi, og þar á ég við bæði 1. og 2. gr. Hæstv. ríkisstj. gaf út brbl., þar sem hún kvað á um kaupgreiðslur á Íslandi, að launajöfnunarbætur mættu ekki vera nema 3 500 kr. til manna, sem væru undir tilteknu tekjumarki, og lagði bann við því að greiddar yrðu vísitölubætur á kaup. Síðan hafa verið gerðir samningar milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda, bráðabirgðasamkomulag sem gert var 26. mars s. l. Í þessu samkomulagi eru að sjálfsögðu meðtalin þau ákvæði sem skömmtuð voru með þessum brbl. á sínum tíma. Þau eru nú samningsatriði í samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda og standa þar að sjálfsögðu óhögguð meðan sá samningur gildir. Hann gildir að vísu aðeins til næstu mánaðamóta, eins og menn vita, en af þessum ástæðum lít ég á það sem hreina ögrun að ríkisstj. skuli halda þessum ákvæðum í þessu frv. Þar segir svo í 1. gr.:

„Frá 1. okt. 1974 til 31. maí 1975 og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar.“

Þessi samningur hefur verið gerður, og það eru mikil undur ef hæstv. ríkisstj. veit ekki um það, svo nátengd sem hún var allri þeirri samningsgerð, þannig að ég held að það hefðu verið miklu eðlilegri vinnubrögð að fella gersamlega niður þennan þátt úr frv., en búa til sjálfstætt frv. um aðra þætti, sem þarna verður að fjalla um, og þá fyrst og fremst bætur til aldraðs fólks og öryrkja og annarra viðskiptavina almannatrygginga. En þetta hefur ekki verið gert, og vegna þess að þarna er verið að fjalla um kaup og kjör, þá er ástæða til að minna á það, þótt við höfum oft gert það hér í vetur, hversu harkalegar árásir hafa verið gerðar á kaup og kjör fólks síðan núv. ríkisstj. tók við. Þær bætur, sem samið hefur verið um og samið var um 26. mars, nema svo sem 40% af þeirri verðhækkun sem orðið hefur á þessu tímabili, og það leið ekki langur tími frá því að þeir samningar höfðu verið gerðir og þar til hæstv. ríkisstj. byrjaði á því að afnema í raun þá tekjuhækkun sem launafólk hafði fengið. Það kom verðhækkanaskriða í kjölfarið. Sama daginn og söluskattur var felldur niður af nokkrum vörutegundum, söluskattar og tollar að upphæð sem nam 600 millj. kr. á ári eftir því hvað það var metið, þá voru hækkaðar reglur um álagningu heildsala og kaupsýslumanna um upphæð sem nemur á annan milljarð kr. á ári. Það var tekið helmingi meira en látið var. Og það var ákveðið einmitt

á þeim sömu dögum að þeir atvinnurekendur, sem eru taldir selja út selda vinnu, fengju að velta allri þessari hækkun út í verðlagið. Sama máli gegnir um alla innlenda atvinnurekendur sem hafa aðstöðu til þess, þeir hafa allir fengið að velta þessari kauphækkun af sér út í verðlagið. Það stendur sannarlega ekki á því að afgreiða þá hluti.

Í því sambandi er ástæða til að minna á að í þessu frv., eins og það liggur fyrir, er 10. gr. þar sem segir að frá 1. okt. 1974 til 31. mars 1975 og þar til öðru vísi verði ákveðið megi ekki hækka verð vöru og þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var 23. sept. 1974 nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega.

Það er í gildi verðstöðvun. Þessi verðstöðvun hefur verið í gildi frá því í fyrrahaust ,og einkenni þessarar verðstöðvunar er meiri verðhækkunarskriða en íslendingar hafa nokkru sinni kynnst — meiri verðhækkunarskriða en íslendingar hafa nokkru sinni kynnst. Hvert einasta atriði í þessum verðhækkunum er samþykkt af ríkisstj. vegna þess að þessi lög kveða svo á að ríkisstj. verði að samþykkja þetta allt saman. Ríkisstj. ber ábyrgð á þessari hrikalegu verðbólgu, og þessi verðbólga er nú þegar búin að hirða aftur þessa litlu upphæð sem um var samið 26. mars. Það er alveg öruggt mál að hver eyri er farinn af því sem þá bættist við launin. Ég sé ekki betur en hæstv. ríkisstj. sé að stefna öllum málefnum vinnumarkaðarins í algert óefni með stefnu sinni í þeim málum. Þar er ekki aðeins um að ræða þá feiknalegu kjaraskerðingu sem ég minntist á áðan og hef oft áður rakið hér á þingi, kauplækkun sem á að nema svo sem eins og fjórðungi að mati ríkisstj. sjálfrar. — Hún talar um að koma kaupmætti launa niður á sama stig og hann var 1971—1972. Við þetta bætist að hæstv. ríkisstj. hefur nú horft á það aðgerðalaus í meira en mánuð að stóru togararnir hafa verið að stöðvast einn af öðrum, 22 mikilvirkustu veiðitæki íslendinga. Það eru 500—600 sjómenn í landi sem hafa unnið að gjaldeyrisframleiðslu á þessum togurum. Það er búið að hrekja beint úr störfum um 1 500 manns sem höfðu atvinnu af því að vinna úr þessum afla, og áhrifin birtast að sjálfsögðu á óbeinan hátt gagnvart miklu fleiri aðilum. Af þessum sökum er að koma upp mjög alvarlegur atvinnuskortur á Íslandi. Það fjölgar á atvinnuleysingjaskrá um hundruð manna á hverjum degi.

Óróann á vinnumarkaðinum má einnig marka af því að það standa nú yfir erfiðar samningaviðræður, eftir því sem ég heyrði í hádegisútvarpinu, a. m. k. við aðila sem vinna á flugvélunum, og það kom til stöðvunar á flugflota íslendinga á miðnætti s. l. nótt. Eru taldar verulegar horfur á því að það kunni að koma til stöðvunar hjá þremur mjög mikilvægum ríkisverksmiðjum, Áburðarverksmiðjunni, Sementsverksmiðjunni og Kísiliðjunni, vegna þessarar stefnu ríkisstj. í kjaramálum. Það er haldið þannig á þessum málum að ég tel ástæðu til þess að spyrja hæstv. ríkisstj. hvort það sé verið að stuðla að því vitandi vits að koma hér á atvinnuskorti á næstu vikum. Verkalýðshreyfingin þarf að gera nýja samninga fyrir 1. júní og hefur hug á því að gera þá varanlega samninga. Mér er spurn: Stefnir ríkisstj. að því vitandi vits að hafa þá komið á alvarlegu atvinnuleysi á Íslandi svo að unnið verði að þeim samningum undir því alvarlega fargi? Þetta er aðferð sem er gamalkunn í mörgum löndum, einnig hér á Íslandi, þetta „hæfilega atvinnuleysi“ sem á að fá fólk til þess að falla frá eðlilegum kröfum um lífskjör sem eru í samræmi við getu þjóðarbúsins. Mér finnst full ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh. um þetta, hvort það sé vitandi vits verið að kalla alvarlegt atvinnuleysi yfir íslendinga á næstu vikum.

Ég vil minna á það að fyrir utan þau atriði sem ég hef rakið hér að framan, þá gerist það einmitt þessar vikur að þúsundir launafólks koma á vinnumarkaðinn og þurfa á því að halda að öll framleiðslutæki okkar séu hagnýtt til hins ítrasta. Ég lít svo á að hér sé um ákaflega alvarlegt vandamál að ræða. Ef ríkisstj. ætlar sér að halda á málum í þeim samningum, sem nú eru fram undan, á sama hátt og hún hefur gert frá því að hún tók við völdum, þá er hún að stefna að mjög hættulegum og alvarlegum stéttaátökum á Íslandi.

Það hefur verið reynt áður að fara í slík átök við verkalýðshreyfinguna. Við þekkjum ákaflega mörg slík dæmi frá síðustu áratugum. En þau dæmi hafa öll sannað að það er ekki hægt að brjóta verkalýðshreyfinguna á bak aftur með slíkum aðferðum. Þetta var reynt á mjög skipulegan hátt í upphafi viðreisnarstjórnarinnar, eins og menn muna, og þá tókst að koma fram alvarlegri kjaraskerðingu. Þá var það heilagt boðorð hjá hæstv. ríkisstj. að það mætti ekki vera um neina kaupgjaldsvísitölu að ræða. Til hvers leiddi þetta? Þetta leiddi til þess að verkalýðsfélögin háðu verkfallsbaráttu og gerðu samninga allt að því þrisvar sinnum á ári, eins og gerðist á árinu 1963 ef ég man rétt, — þrisvar sinnum á ári. Og ég þarf ekki að lýsa því hversu kostnaðarsöm átök af þessu tagi eru fyrir þjóðarbúið. Þau eru kostnaðarsöm fyrir það fólk sem verður að standa í verkföllum og þau eru kostnaðarsöm fyrir þjóðarbúið líka. Í sambandi við þær ytri aðstæður, sem menn eru að lýsa að séu okkur óhagkvæmar og vissulega eru það, þurfum við á öllu öðru að halda en vinnubrögðum af þessu tagi, en ég sé ekki betur en að ríkisstj. sé með stefnu sinni að stuðla einmitt að slíkum átökum og það er mikið alvörumál. Mér finnst að fastheldni hæstv. ríkisstj. við þessar tvær fyrstu greinar, sem hún veit að Alþýðusamband Íslands lítur mjög alvarlegum augum, sé vísvitandi ögrun og ekkert annað.

Í þessu frv. hefur verið bætt við ákaflega flóknu kerfi um það hvernig á að standa að greiðslum til bænda, svokölluðum launajöfnunarbótum til bænda. Það er nú sannast að segja flóknara kerfi en svo að ég fái séð í gegnum það, og ég efast um að nokkur geti gert það á þessari stundu. En hitt er ég alveg sannfærður um, að þarna er verið að búa til kerfi sem er bæði tóm endileysa, leiðir til ótrúlegrar skrif-

finnsku og þar að auki leiðir til þess að menn, sem ekki eiga neinn rétt á bótum, munu fá þær í mjög ríkum mæli.

Það var reynt af hæstv. forsrh. að leggja á það áherslu að hækkunin á greiðslum tryggingabóta á ellilífeyri og örorkulífeyri væri ákaflega myndarlegt framlag, alla vega í þessu frv. Því fer mjög fjarri að svo sé. Staðreyndin er sú að það hefur verið niðst freklegar á þessu fólki, öldruðu fólki og öryrkjum, en nokkrum öðrum þjóðfélagshópum á Íslandi og það er áfram gert með þeim upphæðum sem gerðar eru tillögur um í þessu frv.

Ég vil minna á það að þegar hinar svokölluðu launajöfnunarbætur voru settar í brbl., fjölluðu þær um það að hver einstaklingur undir vissu tekjumarki ætti að fá 3 500 kr. Það var viðurkennt af stjórnarvöldum að þetta væri miklu minni hækkun en jafngilti verðlagshækkunum, en þetta átti að vera aðstoð sem kæmi jafnt til allra og hlutfallslega rétti þá mest hlut þeirra sem höfðu litlar tekjur fyrir og voru vanir að búa við rýran kost. En þarna var fólk undanskilið. Það var aldrað fólk og öryrkjar. Það fékk ekki 3 500 kr. Það fékk, ef ég man rétt, 1 886 kr. Það var ekki nema hálfdrættingar. Þetta fólk var tekið sérstaklega út úr, aldrað fólk og öryrkjar, og því var skammtað svo sem eins og helmingur af því sem annað fólk fékk. Og þessi stefna heldur áfram. Það var samið um það 26. mars að greiðslan 4 900 kr. kæmi til alls verkafólks undir vissu tekjustigi. En hæstv. ríkisstj. ætlast ekki til þess að aldrað fólk og öryrkjar fái þessa hækkun. Það á að koma prósenta, 9%, sem þýðir það að þetta fólk fær ekki nema tæpan helming af þesasri upphæð. Og ég vil hreinlega spyrja um það: Finnst mönnum að staða þjóðarbúsins á Íslandi sé sú þrátt fyrir alla erfiðleika að við þurfum að leysa vandamál okkar með því að ganga á hlut þeirra sem búa við skörðust kjör í þjóðfélaginu? Finnst mönnum að við getum leyst þessi vandamál með því að ganga á tekjur aldraðs fólks og öryrkja? — Það er kannske ástæða til þess að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. alveg sérstaklega um þetta. Hvað telur hann að aldrað fólk og öryrkjar, sem að undanförnu hefur haft rúmar 20 þús. kr. í mánaðarlaun, hvað telur hann að það eigi að spara? Hvar getur það sparað við sig til þess að bjarga þjóðarheildinni, þetta fólk sem hefur á einu ári ámóta tekjur og þessi ráðh. hefur á einum mánuði? Ég lít svo á að þessi meðferð á öldruðu fólki og öryrkjum sé okkur til algerrar vansæmdar.

Ég kynnti mér nú fyrir nokkrum dögum hvernig að þessum málum hefur verið staðið í Danmörku. Menn vita að danir hafa átt við mjög mikla efnahagsörðugleika að etja, miklu, miklu flóknari og margbreytilegri efnahagsörðugleika en við Íslendingar, miklu stærri ytri áföll. Hafa danir leyst þetta með því að skerða kjör aldraðs fólks og öryrkja? Þeir hafa ekki gert það. Þar er enn í lögum ákvæði um að greiðslur til aldraðs fólks og öryrkja breytist samkv. framfæsluvísitölu. Þetta er skoðað tvisvar á ári, en þetta fer eftir framfærsluvísitölu og á að tryggja að þetta fólk haldi óskertum tekjum að því er raungildi snertir. Fullur almennur lífeyrir í Danmörku, sem allir eiga rétt á fyrir utan tekjutryggingu, er nú 32 200 ísl. kr. Það eru lágmarksgreiðslurnar sem allir fá. Það er meira en tvöfallt hærri upphæð en skammta á íslensku fólki, öldruðu fólki og öryrkjum, samkv. þessu frv. Finnst mönnum þetta sæmandi?

Það var lengi blettur á þjóðfélagi okkar hvernig búið var að þessu fólki. Ég tel að það hafi verið Alþ. til mikils sóma þegar úr þessu var bætt á árinu 1971 og Alþ. stóð þá einróma að því að gera þær lagabreyt. sem vinstri stjórnin beitti sér fyrir að gerðar yrðu. Þá varð stökkbreyting á afkomu þessa fólks sem betur fór. En það er búið að taka aftur alla þessa kjarabót. Það get ég reiknað út. Ég skal ekki fara að koma með neinar flóknar tölur hér, en það er mjög auðvelt að sýna fram á að það er búið að taka aftur alla þessa kjarabót og það er aftur verið að festa þennan sama smánarblett á okkur Íslendinga.

Í Danmörku er lífeyrir og tekjutrygging fyrir einstakling 39 100 kr. íslenskar, lífeyrir og tekjutrygging fyrir hjón er 63 300 kr. íslenskar og þar er tekið tillit til frekari aðstöðu manna. T. a. m. er sú regla í Danmörku að ef annar makinn, þ. e. ef karlmaðurinn er orðinn 67 ára og á rétt á ellilífeyri, en konan er yngri, milli 62 og 67 ára og vinnur ekki úti, hefur ekki neinar umtalsverðar tekjur, — þannig getur verið ástatt um margar konur sem hafa komið upp stórum barnahópi og ekki unnið úti á hinum almenna vinnumarkaði, þær eru búnar að koma börnunum upp, þær geta ekki farið að vinna úti á almennum markaði þegar þær eru orðnar sextugar, — þetta fólk fær sömu greiðslur og hjón sem bæði eru orðin 67 ára. Við erum þarna að verða algerir eftirbátar og mér finnst það vera mjög hörmulegt hlutskipti fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. að halda svona á málstað þessa fólks. Þetta er ekki aðeins sá þjóðfélagshópur sem býr við erfiðust kjör í þjóðfélaginu. Þetta er sá þjóðfélagshópur sem hefur ákaflega lítið vald til þess að reyna að hafa áhrif á stjórnarvöld. Þetta fólk hefur ekki verkalýðsfélög. Það getur ekki gert verkföll. Það á allt sitt undir því að það eigi skilning okkar alþm. og sérstaklega að sá ráðh., sem fer með málefni þess, beiti sér í þágu þessa fólks og tryggi að það sé ekki afskipt á óeðlilegan hátt eins og gerst hefur alveg tvímælalaust nú að undanförnu og það mjög alvarlega.

Ég mun í þeirri nefnd, sem fær málið til umræðu, flytja brtt. um þessi atriði, till. um það hvernig ég tel að haga eigi þessum bótum. Ég tel að aldrað fólk og öryrkjar eigi rétt á því að fá sömu láglaunabætur og annað fólk, og ég tel að við eigum að sjá sóma okkar í því að aldrað fólk og öryrkjar með tekjutryggingu fái að halda óbreyttum kaupmætti frá því sem var í fyrra. Það var ekkert afskaplega hár kaupmáttur þó að hann væri að vísu miklu betri en hann var áður, en hann var sannarlega ekki það mikill að við eigum að skerða hann á jafnsiðlausan hátt og gert hefur verið nú að undanförnu.

En um þessi atriði er fjallað í 6. og 7. gr. frv. og ég mun flytja brtt., eins og ég hef áður getið, og mun ekki ræða þær frekar hér við þessa umræðu.

Inn í frv. hefur á seinustu stundu verið bætt

nýrri grein, 11. gr. frv., um starfsemi fjárfestingarlánasjóða, þar sem gert er ráð fyrir stóraukinni verðtryggingu á öllum fjárhagsskuldbindingum sem þeim eru tengdar. Þetta er mál sem hefur ákaflega margar hliðar og ég held að menn eigi að fara sér hægt í því að koma þarna á einhverju steinrunnu kerfi. Finnar gerðu þetta í lok síðustu heimsstyrjaldar, þeir fóru inn á þá leið að verðtryggja allar hugsanlegar fjármunalegar skuldbindingar. En reynsla þeirra af því kerfi var sú að það leiddi til stöðnunar, til samdráttar, til atvinnuleysis, og ég held að menn, sem hafa reynslu og þekkingu á þessum málum, ættu að íhuga vel hvort við erum ekki þarna að fara inn á braut sem kann að reynast hættuleg. Ég held að samdráttareinkennin í þjóðfélagi okkar séu það mikil og alvarleg núna að við eigum ekki að leika okkur að því að gera frekari ráðstafanir til þess að atvinnuvegir okkar og athafnir í landinu dragist saman.

Ég mun, eins og ég sagði í upphafi máls míns, gera frekari grein fyrir þessum sjónarmiðum mínum eftir að málið hefur verið til umræðu í nefnd. En á það vil ég leggja áherslu að nefndin fái eðlilegan tíma til starfa og geti haft tök á því að fá þá vitneskju sem hún hefur áhuga á að fá í þessu sambandi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Sú meðferð, sem það mál, sem hér er nú til umræðu, hefur fengið, er enn eitt dæmið um þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið hér á Alþ. og sýnir reyndar glöggt að stjórnviska núv. hæstv. ríkisstj., hvorki í sambandi við vinnubrögð þings né almennt talað, er ekki, að því er mér finnst, upp á marga fiska. Þetta mál er 11. mál sem lagt er hér fram á Alþ., og það er fyrst núna, þegar nokkrir dagar eru til þingloka, að málið kemur til meðferðar í þessari hv. d. og þá orðið svo umbreytt að varla er eftir tangur né tetur af hinu upprunalega frv. eins og það var, nema að því er varðar kannske það ólíklegasta sem síst hefði átt að vera eftir, þ. e. a. s. 1. gr. frv. eins og hún er nú og eins og hún var. Það verður að teljast vægast sagt undarlegt af hæstv. ríkisstj. að koma með málið eins og það nú er hér til umræðu, þ. e. a. s. 1. gr., eins og var vikið að áðan af hv. 3. þm. Reykv., að eftir að búið er að gera bráðabirgðasamkomulag — að vísu milli aðila vinnumarkaðarins — um enn þá auknar launajöfnunarbætur, þá á að afgreiða hér frá Alþ. lög sem eru á allt annan veg en búið er að semja um milli launþegasamtakanna og atvinnurekenda. Mér a. m. k. finnst að það sé full þörf á því fyrir þá hv. n. sem málið fær til meðferðar að það verði gætt meira samræmis í því sem raunverulega hefur gerst frá því að málið var lagt hér fram á Alþ. á s. l. hausti, og að a. m. k. verði eitthvað í takt við tímann þau ákvæði frv. sem kannske koma til með að skipta meginmáli.

Þetta frv., eins og það nú er, snýr fyrst og fremst að mínu áliti að þeim þjóðfélagsþegnum sem hvað verst eru settir, — verst settir, segi ég, vegna þeirrar stjórnarstefnu í efnahags- og launamálum sem uppi hefur verið höfð af núv. hæstv. ríkisstj. Hér er fyrst og fremst um að ræða með hverjum hætti gera á tilraun til þess að leiðrétta þá gífurlegu kjaraskerðingu sem þessir hópar, þ. e. a. s. elli- og örorkulífeyrisþegar, hafa orðið fyrir í valdatíð núv. ríkisstj. Ég er þeirrar skoðunar að meðferðin á þessum þjóðfélagsþegnum hafi lengst af verið fyrir neðan allar hellur hjá löggjafarsamkomunni og að þó að vissulega hafi fengist þar leiðrétting á og það veruleg leiðrétting á árinu 1971. Eitt af fyrstu verkum þáv. ríkisstj. var einmitt að gera þá breytingu til hagsbóta fyrir þetta fólk sem sennilega mun lengi vera í minnum höfð og núv. forustuflokkur í ríkistj., Sjálfstfl., kallaði veisluhöld af hálfu þáv. ríkisstj. Ég held að menn mæli ekki á móti því að sú breyt., sem gerð var til handa þessum þjóðfélagsþegnum á árinu 1971, er hvað stærsta skrefið sem stigið hefur verið til þess að reyna að rétta hlut þessa fólks.

Það er enginn vafi á því að sú þróun, sem átt hefur sér stað í verðlags- og launamálum, hefur farið hvað verst með þetta fólk. Það hefur orðið harðast úti og eru allar líkur á því að tiltölulega lítilla leiðréttinga sé að vænta af hálfu hæstv. ríkisstj. varðandi þau ósköp sem yfir þetta fólk hefur dunið í verðhækkunarflóði á undanförnum mánuðum.

Mér finnst óskiljanlegt, ef t. d. hæstv. ráðh. eða öðrum þm. kemur til hugar að þetta fólk geti lifað af þeim bótum almannatrygginga, hvort sem talað er um elli- eða örorkulífeyri, sem það hefur orðið að gera á undanförnum vikum og mánuðum. Hitt skal viðurkennt, að sú breyting, sem orðið hefur á þessu frv. eða réttara sagt viðhorfum stjórnarliða til þessa fólks, er jákvæð, en þó að mínu áliti mjög lítið skref til þess að brúa það geysilega bil sem orðið hefur frá því sem var, þegar breytingin var gerð í tíð fyrrv. ríkisstj., og til þess sem nú hefur átt sér stað frá valdatöku hæstv. núv. ríkisstj.

Þetta frv. var fyrst og fremst flutt til staðfestingar á brbl. um launajöfnunarbætur, en, eins og ég hef áður vikið að, er það nú orðið fyrst og fremst frv. um breyt. á greiðslu almannatrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega. Enginn mælir því mót að sú geigvænlega lífskjaraskerðing, sem orðið hefur, hefur vissulega víða komið við, en hún hefur komið hvað harðast við þessa einstaklinga. Það er talið að framfærslukostnaður hafi frá 1. apríl 1974 til 1. mars 1975 hækkað um 46% á einu ári. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að þessir þegnar, sem njóta bóta almannatrygginga, komi til með að fá hækkun samkv. till. núv. stjórnarliða sem nemur um 13.3% í hækkun á móti þeim 46% sem framfærsla hefur hækkað á sama tímabili. Það hlýtur vissulega að leiða huga hv. þm. að því hvort það sé í reynd frambærilegt að bjóða þessum þjóðfélagsþegnum slíkt þegar það er fyrir fram séð að það er gjörsamlega útilokað fyrir þetta fólk að draga fram lífið á þessum tekjum.

Ég hef nú talað almennt um afkomu elli- og örorkulífeyrisþega. Hún er vægast sagt bágborin miðað við þau kjör, sem þeim hafa verið búin, og þau kjör sem virðist eiga að búa þeim í áframhaldi, verði að þessu staðið eins og nú er gert ráð fyrir. Ég skil ekki hvernig í ósköpunum hv. þm. getur t. d. dottið í hug að ætla að bjóða þetta þeim elli- og örorkulífeyrisþegum víðs vegar í kringum landið sem búa við þau skilyrði að hita sín híbýli með t. d. olíukyndingu. Lang-

samlega mestur hluti allrar bótaupphæðarinnar fer í það eingöngu að borga kyndingarkostnað á þessum híbýlum. Það er því æðilítið orðið eftir til annarra nauðsynjaþarfa þegar þetta fólk er búið að standa skil á þeim greiðslum sem það verður að gera þegar búið er að taka tillit til þess gífurlega kostnaðar sem þetta fólk eins og aðrir, hefur orðið að taka á sig vegna olíukreppunnar og þeirrar hækkunar sem orðið hefur á olíuverði. Ég trúi því vart að það fáist ekki tekið tillit til þessara sjónarmiða þegar það liggur fyrir sem staðreynd að stór hluti elli- og örorkulífeyrisþega fer með lífeyri sinn einungis til þess að greiða hitunarkostnað íbúða. Það er orðin mikil breyting bara á þeim kostnaðarlið á tiltölulega skömmum tíma, og ég tel að Alþ. sé ekki sæmandi að skjóta sér undan þeirri ábyrgð að horfast í augu við þessa staðreynd og gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að þessu fólki verði léttar þær byrðar sem á það hafa verið lagðar með þessum hækkuðu olíuálögum. Það má auðvitað segja að hv. stjórnarliðar hafi sýnt hug sinn til þessa fólks við afgreiðslu máls hér ekki alls fyrir löngu í sambandi við greiðslu olíustyrksins svokallaða þegar þeir létu sig hafa það að fella till. þess efnis, að þessir verst settu þjóðfélagsþegnar fengju sem næmi tvöföldum styrk einstaklings varðandi olíugreiðslustyrkinn. Þá kom skýrt fram hugur hv. stjórnarliða til þessa fólks sem við erum nú fyrst og fremst að ræða um.

Ég vil eindregið beina þeim tilmælum til þeirrar hv. nefndar, sem málið fær til meðferðar, fjh.- og viðskn., að hún skoði það rækilega hvort ekki sé réttlætanlegt, ef ekki fæst hækkun, almenn hækkun til handa þessu fólki, að athuga sérstaklega um hækkun til þess fólks sem ég hef hér verið um að tala og sannarlega og staðreyndir sýna fram á að verður að fara með langsamlega mestan hluta síns elli- eða örorkulífeyris bara til þess að kynda íbúðarhúsnæðið. Mér finnst a. m. k. — vel má vera að ég sé einn um þá skoðun, en það verður þá að hafa það, — mér finnst a. m. k. að það sé réttlætanlegt að taka tillit til slíkra staðreynda og sjónarmiða eins og menn almennt ættu svo sannarlega að vera búnir að fá áþreifanlega varðandi þessi mál.

Ég sagði áðan, því skal ekki neitað, að það er vissulega breyting, jákvæð breyting, sem gerð hefur verið till. um af meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed., — breyt., sem ég tel eigi að síður langt frá því að vera til þess nægjanleg að hægt sé, a. m. k. fyrir mig, að standa að samþykkt frv. eins og það nú er. Ég held að það verði að gera þá lágmarkskröfu til meiri hl. hér á Alþ. að hann sjái svo um að þessir þjóðfélagsþegnar, sem engan hafa annan til þess að gæta sinna hagsmuna heldur en Alþ., — að hann sjái svo um að þeir einstaklingar, sem hér eiga hlut að máli, fái þá hækkun sem orðið hefur á framfærslukostnaði á þessu tímabili. Mér a. m. k. finnst það lágmarkskrafa sem hægt er að gera til stjórnvalda og Alþ. að það sjái sóma sinn í því að veita þessum verst settu, langverst settu þjóðfélagsþegnum þessa leiðréttingu sinna mála með því að þeir fái alla þá hækkun sem orðið hefur á framfærslukostnaði. Vel má vera að mönnum þyki sumum hverjum hér frómt talað og betra um að tala en í að komast. En ég er þó þeirrar skoðunar að þó að þessi mál væru afgreidd með þessum hætti, þá geti það ekki verið nein röksemd að hækkun til elli- og örorkulífeyrisþega, t. d. öll hækkun sem samið var um, 4 900 kr. á mánuði, sem láglaunauppbót, — að sú hækkun, þó að hún væri veitt til þessara einstaklinga, gæti sligað þjóðfélagið þann veg að það væri útilokað fyrir ríkisvaldið að standa að slíkri hækkun.

Mér finnst að það verði að taka tillit til þeirrar staðreyndar sem við höfum fyrir augum að það er gjörsamlega vonlaust að ætlast til þess að þessu fólki, ef það á annað borð á að lifa mannsæmandi lífi, sé ætlað að draga fram lífið af þeirri skömmtun sem mér virðist hér vera gerð tillaga um. Mér finnst því ástæða til að beina þeim eindregnu tilmælum til hv. fjh.- og viðskn. að hún a. m. k. geri til þess tilraun að fá breytingar á frv., eins og það er nú, í þá átt að virt verði þau sjónarmið að þessir þjóðfélagsþegnar, sem eru vissulega tilheyrandi láglaunafólki, fái sömu hækkun og samið var um varðandi láglaunabæturnar í því bráðabirgðasamkomulagi sem gert var fyrir stuttu.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég vildi strax við 1. umr. koma þessu á framfæri. Við eigum ekki fulltrúa í þeirri nefnd sem málið fær til meðferðar, og ég vildi þess vegna strax við 1. umr. málsins hreyfa þeim aths. sem ég hef hér gert að umræðuefni og vænti þess að nefndin skoði þær gaumgæfilega.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég á sæti í þeirri þingnefnd, sem fær væntanlega þetta mál til meðferðar, svo að ég skal ekki ræða það í einstökum atriðum við 1. umr. málsins. Þó get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli á því að öll meðferð þessa máls er glöggt dæmi um það stjórnleysi sem ríkir á störfum Alþ. og í raun og veru það stjórnleysi sem um er að ræða af hálfu ríkisstj. á stjórnmálum og efnahagsmálum í landinu. Auðvitað hefði fyrir löngu átt að vera búið að afgreiða þetta frv. sem er flutt til staðfestingar á brbl., fyrir löngu hefði það átt að vera afgreitt. Í stað þess er það látið liggja í nefnd mánuðum saman og síðan er frv. gjörbreytt og tekin inn í það atriði sem í raun og veru eru alveg óskyld upphaflegu efni frv. Þetta eru fáránleg vinnubrögð og í hæsta máta ámælisverð.

Málið hefur verið rætt í tvö skipti á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. beggja d. Þar hef ég látið þessi sjónarmið koma fram. Ég lét þess getið þar að auðvitað hefðu þau ákvæði þessa frv., sem ætlað er að vera staðfesting Alþ. á yfirlýsingu hæstv. forsrh. frá 26. mars s. l. — þeirri yfirlýsingu sem hann gaf samninganefnd verkalýðsfélaganna, — auðvitað hefðu þau ákvæði átt að vera í efnahagsmálafrv. sem Alþ. afgreiddi um daginn því að þau eru í raun og veru alveg óskyld upphaflegu efni þessa frv. En góð ráð um þetta efni vildu fulltrúar stjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn. ekki taka og því er nú komið sem komið er að þetta mál allt fær hina furðulegustu meðferð og ankannalega afgreiðslu.

Að sjálfsögðu mun nefndin taka þau ákvæði, sem lúta að högum gamla fólksins, til athugunar

og ræði ég þau ekki í einstökum atriðum. Ég er sammála þeim sjónarmiðum sem um þetta efni komu fram í ræðum þeirra hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar og Karvels Pálmasonar og munum við ræða nánar um tillögugerð um þetta efni í nefndinni.

Varðandi þau ákvæði þessa frv., sem eru nýmæli, að greiða skuli bændum láglaunabætur, þá er sjálfsagt að bændur með lág laun fái launabætur með sama hætti og launþegar hafa nú samið um fyrir sig. Það er sjálfsagt. En ákvæði þessa frv. eru með þeim hætti að ég held að enginn botni í raun og veru í því hvernig þau muni verða í framkvæmd, auk þess sem þau bjóða upp á svo mikla skriffinnsku að það hlýtur að vera feikilega kostnaðarsamt að framkvæma þetta og þá af sérstakri n. sem á að annast framkvæmd á mjög flóknum lagaákvæðum sem auk þess eru þannig að þau hvorki tryggja að þeir, sem eiga rétt á bótum raunverulega, fái þær né heldur koma í veg fyrir að þeir fái bætur sem engan rétt eiga á því. Hér er í raun og veru um að ræða hliðstæðan galla og komið hefur í ljós við framkvæmd láglaunabótanna sem ákveðnar voru á s. l. ári. Þess eru mörg dæmi að menn, sem vitað er að eru stóreignamenn og hafa háar tekjur, hafa fengið láglaunabætur. Einn fulltrúi Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. þingsins sagði að hann hefði verið um það spurður í sínu kjördæmi hvort tiltekinn stórbóndi — einn þeirra sem mest legði inn í eitt stærsta mjólkurbú landsins, ræki mjög vélvæddan búskap og hefði fjölda fólks í sinni vinnu, — hvort hann mundi eiga rétt á láglaunabótum ef skattframtal hans fyrir s. l. ár sýndi að hann hefði engan afgang haft, hann hefði raunverulega engin laun haft sjálfur út úr búrekstrinum. Það kom svolítið á þá sem þurftu að svara, en þeir svöruðu því að athuguðu máli játandi. Hann fær láglaunabætur ef skattframtalið sýnir að hann hafi engar raunverulegar tekjur.

Þegar þetta var rætt nánar duttu mér í hug ummæli sem einn af atkvæðamestu þm. Sjálfstfl. lét falla á nefndarfundi í fjh.- og viðskn. þegar efnahagsfrv. var til umræðu. Hann sagði — og tók það fram á eftir að hann leyfði mér að hafa þetta eftir sér við það tækifæri sem ég kynni að kjósa — hann sagði um tiltekin ákvæði þess frv. að þau væru svo vitlaus að líklega yrði þau samþykkt. Og þegar ég minnti á þetta, sagði annar fulltrúi Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. um þetta frv. — og hann leyfði mér líka að hafa það eftir sér, annars mundi ég auðvitað ekki gera það — að hann mundi skrifa undir nál. um þetta með lokuð augu. Hann vildi m. ö. o. ekki sjá hvað hann væri að skrifa undir. Það get ég mjög vel skilið því að frv., sérstaklega ákvæðin um láglaunabæturnar til bænda, þótt tilgangurinn sé góður og þótt markmiðið sé réttmætt, þau ákvæði eru með þeim hætti að þingið ætti ekki að samþykkja þau.

Ég vildi aðeins að þessi atriði, fyrst og fremst varðandi málsmeðferðina, kæmu fram þegar við 1. umr. málsins. Um einstök atriði þess mun verða fjallað í nefnd og þar mun ég beita mér fyrir eða styðja sömu sjónarmið og fram komu í ræðum þeirra hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar og Karvels Pálmasonar.

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Ég vildi fá að segja nokkur orð í sambandi við þetta frv. og vil byrja með því að segja að ég get ekki fallist á það sjónarmið hv. 3. þm. Reykv., að 1. og 2. gr. þessa frv. séu ögrun við verkalýðshreyfinguna. Ég geri ráð fyrir því að ég þekki betur til verkalýðshreyfingarinnar en hv. þm. þótt hann hafi verið að nudda sér utan í hana á undangengnum áratugum án þess að vera virkur og beinn þátttakandi í henni. Hins vegar ber að virða þann góða vilja sem stundum hefur birst í verkum hans gagnvart þeirri hreyfingu. Ég held að *ég verði að segja* það að allir viti það raunverulega og óþarft sé að vera að tíunda það hér í þingsal að þessar tvær greinar eru eðlileg afleiðing af yfirlýsingu ríkisstj. s. l. haust, þegar hún átti í viðræðum við verkalýðshreyfinguna um láglaunabætur, og koma þess vegna í beinu framhaldi af þeim brbl., sem þá voru sett. Svo er það aftur annað mál, hvort láglaunabæturnar hafi verið nægilega háar eða ekki. Um það væri aftur á móti hægt að deila og geri ég ráð fyrir að flestir hefðu óskað þess að þær hefðu verið hærri.

Hins vegar hlýt ég að lýsa því yfir varðandi bætur almannatrygginga, að ég tel að frv. stefni í rétta átt og í því felist jákvæðar breytingar til hækkunar á greiðslu ellilífeyris og örorkubóta. En auðvitað þarf að gera betur og mun að sjálfsögðu verða stefnt að því af hálfu hæstv. núv. ríkisstj. þegar bati verður í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar.

Ég mótmæli því sem stuðningsmaður núv. ríkisstj. að það sé stefna stjórnarinnar eða okkar stjórnarstuðningsmanna að níðast á gömlu fólki. Slík stóryrði í garð okkar eru ekki viðeigandi í jafnviðkvæmu máli eins og það er, að ákveða bætur til gamla fólksins, og að segja eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði að það væri verið að leysa efnahagsvandamál þjóðarinnar á kostnað aldraðs fólks og öryrkja í landinu, er ósæmandi.

Hv. þm. bar saman almennan lífeyri í Danmörku og hér. Ég held ég verði að segja að það er algjörlega útilokað að bera saman ellilífeyri hér á Íslandi við það sem greitt er t. d. í Danmörku eða Svíþjóð. Það er allt annað kerfi sem þar er notað í sambandi við þessi mál auk þess sem efnahags- og atvinnulíf þessara þjóða er byggt upp með allt öðrum hætti en okkar efnahagslíf. Það er viðurkennt og það vitum við, sem höfum starfað úti í atvinnulífinu, að við erum háðir miklu meiri sveiflum og meiri áhættu en t. d. atvinnuvegirnir eða ríkisbúskapurinn í Danmörku eða á Norðurlöndum yfirleitt. Hv. 3. þm. Reykv. hristir höfuðið yfir þessu sem er von. Hann viðurkennir ekki að íslendingar séu háðir sjávarafla og séu háðir þeirri áhættu sem er í atvinnulífinu. Hv. þm. Alþb. hafa yfirleitt ekki stundað það að vera virkir þátttakendur í íslensku atvinnulífi. Þetta eru yfirleitt atvinnustjórnmálamenn og líta á vandamálin frá sjónarmiði slíkra.

Um fjárfestingarlánasjóðina og 11. gr. þessa frv. vil ég aðeins segja þetta: Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að fara mjög varlega inn á þær brautir sem 11. gr. gerir ráð fyrir, að tengja vaxtakjör og lánskjör fjárfestingarlánasjóðanna við verðtryggingu. Það er vitað mál að íslenskir atvinnuvegir eiga mikla erfiðleika

að stríða og þeir eiga mjög erfitt með að bæta á sig óhagkvæmum lánum eða lánum þar sem vaxtakjörin eru mjög þung og hvíla þungt á atvinnurekstrinum. Það er rétt, sem fram kom hér áðan í umr., að ef of langt er gengið í þessum efnum gæti það leitt til stöðvunar atvinnufyrirtækja og framkallað atvinnuleysi. En í trausti þess að núv. ríkisstj. sé þeirri meginstefnu sinni trú að viðhalda fullri atvinnu í landinu, þá treysti ég því í afstöðu minni til 11. gr. að hún gæti þess jafnan að beita þessu ákvæði af mikilli varúð, þannig að til þess komi ekki að af þeirri ástæðu verði atvinnuleysi í landinu.

Um þetta frv. og ástæðu þessa þarf ég ekki að fjölyrða mikið. Mér finnst ástæðulaust að það sé verið að gera of lítið úr efnahagserfiðleikum þjóðarinnar. Það er víðar við efnahagsörðugleika að etja en hérlendis, eins og margoft hefur verið talað um, og vil ég í því sambandi vekja athygli á og undirstrika að í Vestur-Evrópu munu núna vera um 4½ millj. atvinnuleysingja, þar er gífurleg verðbólga og þar hefur orðið mikill samdráttur í kaupmætti hjá öllum almenningi. Okkur hefur til þessa tekist að koma í veg fyrir atvinnuleysi, tryggja fulla atvinnu, að vísu með því fráviki sem er afleiðing þess togaraverkfalls sem nú stendur yfir. Það hefur ekki tekist að vinna bug á verðbólgunni, og það hefur því miður ekki tekist að viðhalda þeim kaupmætti sem verkalýðshreyfingin hafði vænst að unnt væri að viðhalda eftir samningana í febr. 1974, en með gætilegri fjármálastjórn og með aðhaldi treysti ég því að það takist.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Það eru nokkur orð í tilefni af því sem hv. síðasti ræðumaður, Guðmundur H. Garðarsson, kom inn á, vegna ummæla hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar um að 1. gr. þessa frv. sérstaklega væri ögrun við verkalýðshreyfinguna. Þessu vildi hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson mótmæla mjög eindregið. Guðmundur H. Garðarsson á sæti í miðstjórn Alþýðusambands Íslands og þar voru þessi mál á sínum tíma rædd mjög ítarlega og miðstjórnin samþykkti mjög harðorð og eindregin mótmæli gegn þessari lagasetningu — þessum brbl. Hins vegar áttu fulltrúar frá Alþýðusambandinu viðræður við ríkisstj. um framkvæmd þessara mála. En þetta voru engin samningamál, það er allt annað. Guðmundur H. Garðarsson mun raunar ekki hafa greitt atkv. þessari ályktun miðstjórnarinnar og var held ég einn á báti um það, hefur sjálfsagt haft í huga hvað hann ætti eftir að gera hér í sölum Alþ. En ég efast ekki um að Guðmundur H. Garðarsson er, eins og aðrir sem í forustu verkalýðshreyfingarinnar eru, algjörlega andvígur því að með lagasetningu, hvort sem það eru brbl. eða lög sett hér á hv. Alþ., séu löglega gerðir samningar verkalýðshreyfingarinnar að engu gerðir. Það er nákvæmlega það, sem gert er með þessum lögum. Með lögunum er numið úr gildi það ákvæði samninga að greiða skuli verðlagsbætur á kaup.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér þær aðstæður, sem voru þegar þessi lög voru sett, en auðvitað hlýtur verkalýðshreyfingin að mótmæla slíku og það gerði hún. Hvers vegna á nú að vera að lögfesta þessi ákvæði þegar aðeins örstuttur tími er eftir af gildistíma brbl. og þeim samningum sem gerðir voru nú fyrir stuttu?

Hvað verkalýðsfélögin og launafólkið áhrærir, þá er það fullkomlega rétt sem hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, sagði í upphafi síns máls að öll launaákvæði, sem felast í 1. gr. laganna, eru þegar samningsbundin hjá verkalýðsfélögunum. Allar þessar tölur eru innifaldar í því kaupi sem gildir í dag, og samningarnir eru að sjálfsögðu í gildi hvort sem þetta verður staðfest með lögum hér eða ekki. En það, sem verið er að gera með þessu og er ögrun við verkalýðshreyfinguna, það er að framlengja þessi ákvæði um óákveðinn tíma eða þar til öðruvísi verður um samið af heildarsamtökum aðila vinnumarkaðarins, þ. e. a. s. það geta sennilega ekki aðrir um þetta samið — það er sú venjulega skýring — en Alþýðusambandið, heildarsamtökin, og svo samtök atvinnurekenda hins vegar.

Nú vitum við að samkvæmt íslenskum lögum, vinnulöggjöfinni, er samningsrétturinn hjá hverju einstöku félagi. Félag það, sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er formaður fyrir, getur ekki samkv. þessu, þótt það sé stórt og öflugt félag, eitt út af fyrir sig samið um að verðlagsbætur skuli greiðast á laun verslunar- og skrifstofufólks, og ekkert annað félag getur það ef 1. gr., eins og hún er nú, verður lögfest. Það er sem sagt verið að takmarka rétt verkalýðsfélaganna til samninga enn frekar en var í upphaflegu brbl.

Ég ætla ekki að gera þessi mál frekar að umræðuefni, en lýsi mig algjörlega andvígan því að 1. og 2. gr. verði samþykktar. Þær eru algjörlega óþarfar, hafa enga praktíska þýðingu, og ég vil undirstrika það sem hér hefur verið sagt af andmælendum frv. um innihald þess og skal ekki rekja það frekar.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka fram vegna þeirrar gagnrýni, sem fram hefur komið um meðferð þessa máls, að hún hefur verið með eðlilegum hætti. Í brbl. sem gefin voru út 24. sept. s. l. og frv. þetta fjallar um að staðfesta, var gert ráð fyrir því að launajöfnunarbæturnar yrðu endurskoðaðar ef framfærsluvísitalan færi fram yfir 358 stig. Það var ákveðið, þegar frv. til staðfestingar brbl. var lagt fyrir þing, að bíða með afgreiðslu þess í fyrri d. þar til séð yrði hver þróun framfærsluvísitölunnar yrði. Þegar ljóst var að hún færi yfir 358 stig og til slíkrar endurskoðunar launajöfnunarbóta kæmi, þá undirbjó ríkisstj. till. til efnda á þessu loforði og hafði þær till. tilbúnar. En forsvarsmenn launafólks og atvinnurekenda, aðila vinnumarkaðarins, fóru fram á að þær till. yrðu ekki lagðar fram, heldur yrði þess freistað að endurskoðunin færi fram með frjálsum samningum aðila á milli. Þessir samningar tókust með bráðabirgðasamkomulaginu og því beið ríkisstj. með meðferð málsins þar til séð var fyrir endann á þessu bráðabirgðasamkomulagi. Ég vil geta þessa til skýringar á því hvers vegna frv. hefur verið látið bíða og kemur ekki fyrr fram í seinni deild en nú.

En annar þáttur brbl. frá því í haust og staðfestingarfrv. þar af leiðandi var ákvörðun á tryggingabótum. Um leið og endurskoða þurfti launajöfnunarbæturnar var sjálfsagt að endurskoða tryggingarbæturnar. Þótt deila megi um og það sé matsatriði hvort endurskoðun tryggingarbótanna hefði átt að vera í efnahagsmálafrv. ríkisstj. eða í þessu frv., þótti eðlilegt að hafa endurskoðun tryggingarbótanna í sama frv. og þær voru upprunalega ákveðnar með samræmi við fyrstu launajöfnunarbætur. Við vildum gjarnan vanda sem best gerð þeirra brtt. og kanna með hvaða hætti unnt væri að endurskoða tryggingarákvæðin sem mest í vil lífeyrisþegum. Í þessum efnum hefur engin töf átt sér stað sem ekki er hægt að skýra. Meðferð málsins ber ekki vitni stjórnleysis, eins og hv. þm., 9. þm. Reykv. sagði, heldur miklu fremur að það var rökrétt meðferð málsins sem var í fyrirrúmi og réð gangi þess.

Ég vil mótmæla því, að 1. og 2. gr. frv. séu ögrun eða móðgun við launþegasamtökin, og ítreka þau orð, sem hv. 6. landsk. þm. viðhafði, og vitna máli mínu til sönnunar til orða hv. 7. þm. Reykv. áðan þar sem hann sagði að vísu að þessi ákvæði hefðu enga praktíska þýðingu. Látum það liggja á milli hluta. En ákvæðin geta varla verið ögrun eða móðgun hvað þá launþegasamtökin tekið þau nærri sér ef ákvæðin hafa enga praktíska þýðingu. En ástæðan til þess, að þessi ákvæði eru í lögunum, er sú m. a. að bráðabirgðasamkomulagið, sem gert var og fól í sér að einnig var tekið tillit til launajöfnunarbótanna samkv. þessum lögum, nær ekki til allra starfshópa eða kaups og kjara allra starfshópa og því er eðlilegt að þessi launajöfnunarákvæði séu staðfest þótt skammur tíma sé þar til þau falli úr gildi.

Um það atriði að þau séu þrengjandi frá því sem var í upprunalegum lögum, eins og hv. 7. þm. Reykv. hélt fram, vildi ég aðeins segja það, að ég hefði haldið, að við værum flestir þm. sammála um nauðsyn einhvers konar tengsla milli launaupphæðar og framfærslukostnaðar, um leið og við höfum mörg hver, að ég segi ekki flest, haft á orði að nauðsynlegt væri að endurskoða fyrr gildandi fyrirkomulag í þessum efnum. Ég held að það sé engin móðgun gagnvart launþegum að fela það á vald heildarsamtaka þeirra að hafa forustu í þeim efnum og samræma afstöðu launþegasamtakanna á svo mikilvægu sviði sem tengsl kaups og verðlags eru.

Varðandi almennar umr., sem hér hafa farið fram um kaupskerðingu og verðhækkanir, vil ég aðeins segja, að það er út af fyrir sig alveg rétt að kaupmáttur launa hefur skerst frá því sem hann var mestur. En á þeim tíma sem hann var mestur var um falskan kaupmátt að ræða sem flestir gerðu sér grein fyrir að gat ekki staðist til lengdar. Þegar við horfum fram á það að þjóðartekjur fara minnkandi, þá verður að draga úr þjóðareyðslu. Úr eyðslu þjóðarinnar í heild verður hins vegar ekki dregið þegar slík áföll eiga sér stað, nema það komi niður almennt á landsmönnum. Þá hefur það verið markmið ríkisstj. að vernda hag hinna lægst launuðu eins og verða má, en jafnvel þeir verða, miðað við það þegar kaupmáttur tekna þeirra var hæstur — og ég endurtek: þá var hann óraunhæfur, að sæta nokkurri skerðingu frá því sem þá var. (Gripið fram í.) Ég kem að ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegum síðar.

Ég ætla mér ekki að svara í raun og veru jafnfjarstæðukenndri fyrirspurn og þeirri hvort ríkisstj. sé vitandi vits að kalla yfir íslendinga atvinnuleysi. Það hefur verið mörkuð stefna ríkisstj. að fyrst og fremst sé tryggð full atvinna, og sem betur fer hefur ríkisstj. hingað til tekist að tryggja fulla atvinnu í landinu. Það verkfall, sem á hefur skollið á stóru skuttogurunum, leiðir auðvitað til atvinnuleysis í þeim stéttum sem vinna úr hráefnum sem þessir togarar bera að landi. En ég legg áherslu á að um leið og dregið er úr þjóðareyðslunni í heild, koma auðvitað upp mikil vandamál í tekjuskiptingu innan þjóðfélagsins sjálfs, og skiptir ákaflega miklu máli að allar þjóðfélagsstéttir sýni þá þolinmæði sem þarf til að leysa þann hagsmunaágreining sín á milli í friði meðan framleiðslutækin eru í fullum gangi, fremur en að stofna öllu í voða með því að stöðva framleiðslutækin og draga úr verðmætasköpuninni og gera þannig þjóðarbúið miður fært um að halda uppi þeim bestu lífskjörum sem unnt er miðað við viðskiptakjör þjóðarinnar út á við. Ég hefði haldið að það væri skylda hv. alþm. að skírskota til þjóðarinnar og allra atvinnustétta að halda frið sín á milli og leysa hagsmunaárekstra og tekjuskiptingarvandamál með rökræðum, með samningaumleitunum, fremur en að örva menn til átaka og verkfalla eins og því miður mér fannst gæta í þeim orðum sem ýmsir hv. þm. létu frá sér fara áðan.

Varðandi þau ákvæði frv., er snerta launajöfnunarbætur til bænda, er það að segja að þau eru í frv. komin til þess að tryggja það einmitt að launajöfnunarbætur gangi til þess hóps bænda sem hefur líka stöðu og láglaunafólk meðal launþega. Eins og ég gat um í framsögu minni hefur nefnd fjallað um reglugerð á þessu sviði. Þessi nefnd starfar undir forustu hagstofustjóra, Klemenz Tryggvasonar. Í henni á m. a. sæti formaður Stéttarsambands bænda. Ég er sannfærður um að þessir menn og þeir aðrir, sem undirbúið hafa þetta mál, hafa gert það samkvæmt bestu sannfæringu og í þeim anda sem löggjöfin ætlaðist til með ákvæðum þessara laga.

Ég vil þá með nokkrum orðum víkja að elli- og örorkulífeyrinum. Það er engum blöðum um það að fletta, að hækkun tekjutryggingar og tekjutryggingarmarks er ýmist mun hærri eða fyllilega á borð við það sem fyrirheit hafa verið gefin um. Þegar hins vegar er um það talað að grunnlífeyririnn hækki ekki nema hlutfallslega það sama og meðalkauphækkun var talin nema og það er gagnrýnt, þá skulu menn hafa í huga að þennan grunnlífeyri fá allir ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar, hvaða tekjur sem þeir ella hafa, m. a. þeir sem eru í verðtryggðum lífeyrissjóði eða hafa tekjur af atvinnurekstri eða eignum og eru því engan veginn í sömu sporum og hinir sem litlar eða engar aðrar tekjur hafa en lífeyri. Þess vegna er eðlilegt að það sé fremur

lögð áhersla á hækkun tekjutryggingar og tekjutryggingarmarks en grunnlífeyris. Hins vegar er fyllilega staðið við það fyrirheit stjórnarinnar að hækka grunnlífeyri um það sama og hækkun almennra tekna nam. Ef við lítum á stöðu einstaklinga og hjóna er hún að vísu ólík. Hjón hafa samkv. tekjutryggingarmarki álíka háar tekjur og lægri Dagsbrúnarverkamenn. En hins vegar hefur einstaklingurinn mun lægri tekjur. Þetta er auðvitað sérstakt vandamál sem þarf að taka til meðferðar þegar endurskoðun þessara mála fer fram, m. a. í tengslum við endurskoðun á skattakerfinu. Í sambandi við áform um að samræma tryggingakerfið og skattakerfið þarf að skapa öllum þjóðfélagsborgurum lágmarkstekjur sem þeir geta örugglega dregið fram lífið á. Enn fremur er um sérstakt vandamál að ræða þar sem eru ellilífeyrisþegar sem hafa hærri tekjur en tekjutryggingarmarkið segir til um. Þar um hefur verið gerð skrá er sýnir hvernig þróunin er í þeim efnum. En tekjutryggingin skerðist ekki að fullu fyrr en heildartekjur eru orðnar 829 þús. kr. fyrir hjón og 476 þús. kr. fyrir einstakling. Það er á þessu tekjubili sem tengja þarf þetta kerfi við almennar tekjur í landinu og skattakerfið í heild sinni.

Það kemur úr hörðustu átt þegar hv. 3. þm. Reykv. fer að gagnrýna það að bótafjárhæðir hækki aðeins hlutfallslega, en ekki um sömu krónutölu og samið var um í bráðabirgðasamkomulaginu eða launajöfnunarbæturnar námu á sinni tíð. Sannleikurinn er sá að þetta er viðtekin venja og var einnig í hans tíð sem trmrh. Það má vel vera að þarna þurfi að breyta, og að vissu leyti er nokkur breyting gerð með þessu frv. því að tekjutrygging einstaklinga er hækkuð nokkru meira hlutfallslega heldur en bráðabirgðasamkomulagið segir til um.

Þá vitnaði hv. þm. til dæma, sem létu lífeyrisbæturnar hækka í hlutfalli við framfærsluvísitölu. Menn skyldu ætla að hann hefði sjálfur reynt að fylgja þessari reglu í sinni ráðherratíð. En þegar engin launahækkun varð 1. júní 1974 og framfærsluvísitalan hækkaði úr 242 stigum í 289 stig voru bætur almannatrygginga óbreyttar. Ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna þetta, en vek athygli á því að hv. þm. gerir meiri kröfur til annarra en sjálfs sín. Ég held líka að það sé fyrir neðan virðingu þessa hv. þm. að jafna bótafjárhæðum í Danmörku við bótafjárhæðir hér án þess að tekið sé tillit til almenns framfærslukostnaðar þar og hér og aðstöðu allrar. Og vegna þess að hann nefndi ráðherralaun í tengslum við tryggingarbætur þá væri fróðlegt eftir þeim tölum, sem hann vitnaði til að hann reiknaði út hlutfallið á milli tryggingarbóta í Danmörku annars vegar og ráðherralauna þar og tryggingarbóta hér hins vegar og ráðherralauna hér. Ég held að þetta hlutfall sé ellilífeyrisþegum mun hagstæðara hér en í Danmörku. En þar með er ekki sagt að nóg sé að gert. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að hækka tekjutryggingarmarkið einkum og sér í lagi og tengja það með rökvísari hætti en nú er gert við aðrar tekjur lífeyrisþega, þannig að þær háu fjárhæðir, sem varið er á fjárlögum til lífeyrisbóta, nýtist þeim best sem þörfina hafa mesta fyrir þær.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. — Eins og ég gat um í ræðu minni áðan hef ég tækifæri til að fjalla um þetta mál í þeirri n., sem kemur til með að vinna að því, og tek væntanlega þátt í síðari umr. um það.

Ég vildi aðeins gera örfáar athugasemdir við það sem hæstv. forsrh. sagði í sambandi við bætur til aldraðs fólks og öryrkja. Hann sagði að ég hefði verið með tillögur um að þessar greiðslur yrðu greiddar öldruðu fólki og öryrkjum án tillits til tekna þeirra. Þetta er ekki rétt, ég var með till. um að aldrað fólk og öryrkjar fengju 3 500 kr. innan sömu marka og ákveðið var um almennt launafólk, fólk, sem byggi við nákvæmlega sömu kjör og almennt launafólk, fengi sömu upphæð, upphæð sem allir vissu að væri aðeins brot af þeim verðhækkunum sem yfir hafa dunið. Og sama máli gegnir um samningana, bráðabirgðasamkomulagið sem verkalýðsfélögin gerðu, það er líka langt undir því sem verðlagsþróunin hefur verið. Það var samið um að þessi greiðsla næði til fólks innan vissra tekjumarka, og það, sem ég hef verið að leggja til, er að þessi regla verði einnig látin ná til aldraðs fólks og öryrkja. Það er því ekki rétt að það hafi verið nein till. um að þetta yrði gert hverjar svo sem tekjur þessa fólks væru.

Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að það hefur verið ríkjandi gömul hefð um það hvernig ætti að greiða til einstaklinga annars vegar og til hjóna hins vegar, og það er alveg rétt sem hann sagði að þessu var ekki heldur breytt í minni tíð. Ég hygg að ég hafi frekar legið undir ámæli fyrir að breyta of miklu í sambandi við tryggingalöggjöfina en of litlu. Mér er ljóst að þar er margt sem betur mætti fara eftir þau störf sem ég vann þar. En tónninn í málgagni hæstv. forsrh. var sá að ég væri þar að efna til veislu. En hitt er alveg ljóst, að þetta gamla kerfi, þessi gamla viðmiðun milli einstaklinga og hjóna, hún er gersamlega úrelt orðin og sérstaklega verður hún það í því ástandi sem við höfum nú lifað síðustu 10 mánuði eða svo. Við skulum gera okkur það alveg ljóst, þegar láglauna- eða jafnlaunabæturnar voru ákveðnar með lögum í fyrrahaust, þá var ekki ákveðið að heimili fengju 3 500 kr., heldur hver einstaklingur sem vinnur utan heimilis. Ef hjón unnu bæði utan heimilis fengu þau 7 000 kr. að sjálfsögðu. Og sama máli gegnir um það sem um var samið í bráðabirgðasamkomulaginu, það var ekki samið um að fjölskylda eða heimili fengi 4 900 kr., heldur hver einstaklingur sem vinnur utan heimilis. Að sjálfsögðu á að heimfæra þessa reglu upp á aldrað fólk og öryrkja þegar um er að ræða bætur sem eru langt neðan við það sem verðbólgan í þjóðfélaginu rökstyður. Í þeirri framkvæmd, sem hæstv. ríkisstj. hefur á þessu, er falin ákaflega alvarleg mismunun að mínu mati — ákaflega alvarleg mismunun.

Hæstv. ráðh. vék að því, eins og fleiri hafa raunar vikið að, að ég hafi staðið að því á sínum tíma að sett voru brbl. í algerri pólitískri sjálfheldu sem upp var komin á síðasta ári, þegar ekki tókst að fá samstöðu um að fjalla málefnalega um eitt einasta atriði sem tengdist efnahagsmálunum hér á þingi. Það er alveg rétt

að ég stóð að setningu brbl. sem fólu í sér að kaup hækkaði ekki í samræmi við kaupgjaldsvísitöluna. En hvernig var þetta framkvæmt? Það var framkvæmt með því ekki síst að stórauka niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Ég er alveg sannfærður um að ef ofan í þetta verður farið, þá mun koma í ljós að aldrað fólk og öryrkjar hafi á þessu tímabili haft betri kjör en nokkurn tíma fyrr vegna þess að þessar niðurgreiðslur, sem að sjálfsögðu hlutu að vera tímabundnar, komu fyrst og fremst til gagns því fólki sem notar tekjur sínar til þess að kaupa sér matvæli. Ég er alveg sannfærður um að það væri auðvelt að sýna fram á með tölum að einmitt á þessu tímabili áður en núv. hæstv. ríkisstj. tók við, meðan þessar miklu og reyndar óraunsæju niðurgreiðslur voru í gildi, þá voru kjör þessa fólks ekki skert að einu eða neinu leyti og ég hygg að þau hafi verið jafnvel betri en þau voru áður.

Það voru aðeins þessar athugasemdir sem ég vildi koma á framfæri á þessu stigi málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 414, n. 637 og 657, 654). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar d. hefur rætt þetta mál og skilar tveimur nál. Ekki svo að skilja að ekki séu allir nm. sammála um nauðsyn þess að koma þessu máli fram, heldur hefur minni hl. n. nokkrar ábendingar að gera sem hann gerir grein fyrir í sérstöku nál. Við í meiri hl. n. mælum hins vegar með því að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

Eins og fram kom í dag var óskað umsagnar ýmissa aðila sem síðan sendu umsagnir sínar, að vísu örfáum dögum eftir að sá frestur var liðinn sem við höfðum tilskilið en engu að síður liggja nú flestar þær umsagnir fyrir. Frá hinum stóru heildarsamtökum ýmissa kvenfélaga í landinu, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands, liggja fyrir jákvæðar umsagnir þar sem sérstök áhersla er lögð á að ekkert megi verða til þess að tefja það að farið verði að greiða fæðingarorlof til allra launaðra kvenna í landinu.

Mér er það ljóst að þótt fæðingarorlof verði eftir samþykkt þessa frv. greitt öllum launuðum konum í landinu, þá er eftir stór hópur kvenna sem ekki nýtur sams konar réttinda. Það er mál sem þarf að leysa í öðru sambandi og hlýtur að koma að einhvern tíma síðar. Menn benda á það að bændakonur þyrftu að eiga einhvern svipaðan rétt, og eru vissulega mikil sannindi í því fólgin. Þær vinna að mikilvægum framleiðslustörfum.

Fjöldi kvenna, sem börn fæða, vinnur ekkert utan sinna heimila, en hefur ærinn starfa fyrir því og sinnir vissulega mjög erfiðum og umfangsmiklum störfum. Víða í öðrum löndum er vandi þessara kvenna leystur með frjálsum tryggingum þannig að unnt er að kaupa sér rétt til fæðingarorlofs sem síðan er svo greiddur út úr almannasjóðum í gegnum almannatryggingakerfi þeirra landa. Þar sem fæðingarorlof er greitt í gegnum almannatryggingakerfi er þess að gæta, að almannatryggingakerfi þeirra landa er fjármagnað með allt öðrum hætti en gert er hér á landi. Þar greiða atvinnurekendur stærri hlut til þeirra sjóða sem um er að ræða heldur en hér er gert. Það hygg ég að sé meginorsök þess að ekki hefur fengist framgengt að fá leiðréttingu á þessu máli sem hér er um að ræða.

Þessa réttar hafa nú notið í 21 ár konur sem vinna hjá hinu opinbera, þ. e. a. s. réttar til launa í þrjá mánuði samtals á því tímabili sem þær fæða barn, — það er um að ræða þrjá mánuði samtals, eftir atvikum fyrir og eftir fæðingu.

Þetta held ég að hér um bil allir landsmenn hljóti að vera sammála um að sé mikið heilsuverndaratriði fyrir konuna, sé mikið réttindaatriði og heilsuverndaratriði fyrir barnið og sjálfsagt kjaramál fyrir þá sem þess njóta.

En það er svo að það hefur þótt allan þennan tíma eðlilegt að þetta mál vegna annarra kvenna á vinnumarkaðinum sé leyst með kjarasamningum. Allur þessi tími, 21 ár og meira til, hefur hins vegar liðið án þess að það tækist, og þess vegna hlýtur niðurstaðan að verða sú, að það verði að hlaupa undir bagga með þessum konum með löggjöf.

Ég skal ekki fara út í neinar meiri háttar hugleiðingar um það af hverju þetta mál hefur ekki leyst í kjarasamningum. Það gæti verið einfaldlega vegna þess að þessi fámenni hópur, sem hér um ræðir, er þannig settur að hann má sín ákaflega lítils í stéttarfélögunum, og það er því miður svo að viss nauðsynleg réttaratriði þessa hóps hafa þokað fyrir pólitískum sjónarmiðum þeirra sem stjórna í launþegafélögunum. Hins vegar veit ég að þeir, sem stjórna í launþegafélögunum, telja það skyldu sína að berjast fyrir rétti þeirra sem í þessum félögum eru, hvort sem það eru konur eða karlar. Þess vegna vil ég treysta því að þeir styðji þetta mál, sem við erum nú hér að ræða, og leggi sitt lóðsinni til þess að þetta sjálfsagða réttaratriði verði fest í lögum landsins.

Ég vil benda á það að við erum eina landið á Norðurlöndum og þótt víðar sé leitað sem ekki hefur fest þetta atriði í lögum. Fyrir nokkrum dögum var lagður hér fram á Alþ. félagsmálasáttmáli Evrópuráðsins. Í honum er eitt ákvæði um að í löggjöf beri að festa rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs minnst. Þetta er eitt af þeim atriðum sem Sameinuðu þjóðirnar leggja mikla áherslu á að leiðrétt sé í lögum landa sem ekki hafa þegar gert það nú á þessu ári.

Bæði ég og sjálfsagt margir aðrir þm. hafa talið að við stæðum allframarlega á sviði félagslegs öryggis og við hefðum hér um bil að öllu leyti komið á fyllstu réttarbótum fyrir kvenþjóðina í landinu til jafns við aðra hópa. Á vinnumarkaðnum hefur þetta lengi verið vandamál. Við munum sjálfsagt öll eftir því þegar menn ræddu fram og aftur árum saman um hvort það væri viðeigandi að lögleiða rétt karla og kvenna til sömu launa fyrir jafnverðmæta vinnu. Menn sögðu lengi vel: Þetta er atriði sem

Alþ. á ekki að vera að skipta sér af. Menn eiga að semja um þetta í frjálsum samningum. — Það var lengi reynt. Það tókst ekki og um þetta voru sett lög og ég býst ekki við að neinn sjái eftir því í dag að hafa staðið að þeirri lagasetningu. Sama held ég að verði uppi á teningnum að því er varðar það réttindamál sem hér er um að ræða.

Mér er alveg ljóst að þetta litla frv. leysir ekki allan vanda allra kvenna í landinu sem þyrftu á einhverri aðstoð að halda. Þessu frv. var aldrei ætlað neitt í þá átt að gleypa sólina. Þetta frv. átti einfaldlega að tryggja að þær konur, sem hafa lægstu launin og vinna erfiðustu störfin af þeim störfum, sem eru unnin utan heimila í landinu, hafi möguleika til og að því sé stutt að þær séu heima hjá nýfæddum börnum sínum, þótt ekki sé nema örfáar vikur. Og hver vika, sem móðir nýfædds barns annast barn sitt, er talin hafa mjög mikla þýðingu sem grundvöllur að lífi þess síðar. Þetta hélt ég sannast sagna að væri atriði sem ekki þyrfti sérstaklega að ræða. Og ég hef gerst svo djörf að segja það að ég gengi út frá því sem sjálfsögðum hlut að öllum þætti nauðsynlegt að þessum hópi kvenna væru veitt þessi réttindi. En ég vil þó sérstaklega vekja athygli á þessu: Þetta er mjög mikið mannréttinda-, heilsuverndar-, menningar- og uppeldisatriði, að gera mæðrum í landinu kleift og stuðla að því með lagasetningu að þær annist nýfædd börn sín sjálfar fyrstu vikurnar af ævi barnanna. Þetta frv. gerir það að mínu viti. Þetta er fjármagnað af þeim sjóði sem mér sýnist að sé eini sjóðurinn í landinu sem hefur bolmagn til þess að gera þetta, um leið og hann er þannig fjármagnaður að það er fullkomlega rökrétt að hann taki þetta verkefni að sér. Þetta tvennt þarf vitanlega að fara saman að fjármögnunin sé með þeim hætti og að sjóðurinn hafi bolmagn til að taka þetta verkefni að sér.

Í því sambandi vil ég nefna að það er mjög orðum aukið hve gífurlegar fjárhæðir gæti verið hér um að ræða. Ég vil benda á það að árið 1973 voru 52.4% giftra kvenna í landinu með einhvers konar launatekjur af vinnu utan heimilis. Ég geri ráð fyrir að menn sjái það í hendi sér að ekki eru allar þær konur á barnsfæðingaaldri. Á ári hverju eða a.m.k. nú tvö síðustu ár hafa verið mun fleiri fæðingar en árin nokkrum árum á undan. Mér er sagt af fróðustu mönnum að fæðingum hafi mjög fjölgað af einhverjum ástæðum í tíð vinstri stjórnarinnar — ef það gæti verið einhverjum, sem mál mitt heyra, til huggunar að heyra minnt á þær upplýsingar — en það mun nú vera svo að fæðingar í tíð vinstri stjórnarinnar, að ég nú ekki tali um að loknum ferli vinstri stjórnarinnar, voru mjög margar, þ.e.a.s. fæðingar í fyrra og áætlaðar í ár eru 4 400—4 500. Við getum ekki gert ráð fyrir að þótt helmingur allra giftra kvenna í landinu vinni utan heimilis, að þá sé það eins stór hluti þeirra kvenna sem eru á barnsfæðingaraldri. Þess vegna tel ég óhætt að segja að það eru töluvert færri konur, sem vinna utan heimilis, af þeim sem eru á barnsfæðingaraldri. Og við það bætist að þær konur, sem hér mundu eiga í hlut, væru aðeins þær sem væru í fastri vinnu. Fjöldinn allur af konum, sem vinna utan heimilis, vinnur aðeins hluta úr vinnudegi eða er í ýmiss konar lausavinnu, þannig að þessar staðreyndir hljóta að færa mönnum heim sanninn um það að hér er ekki um gífurlegar fjárhæðir að ræða. Af öllum fæðingum sem árlega má búast við, hlýtur að vera innan við fjórðung hjá konum í þessum samtökum.

Þetta vildi ég aðeins benda á, vegna þess að hér varð ég einu sinni vör við að það var eins og menn reiknuðu með að þessar bætur færu til allra kvenna sem fæddu börn á ári hverju. En það er mikill misskilningur.

Ég hafði skýrt frá því að þessi tvö stóru heildarsamtök kvenna, sem voru málinu hlynnt, telja að það verði að flýta afgreiðslu málsins, en benda þó á að hér sé um að ræða vissa áfangalausn í stóru og aðkallandi vandamáli. Í sama dúr má segja að sé álit frá Rauðsokkahreyfingunni, þær telja að þetta mál þurfi að leysast, þeim finnst þó vafamál að það eigi að greiða fæðingarorlofið úr þessum sjóði. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs var hins vegar heldur óhress yfir að fá þetta verkefni og ég er satt að segja ekkert undrandi á því. Hvaða sjóðsstjórn mundi ekki fremur reyna að sporna gegn því að þurfa að taka á sig nýjar byrðar heldur en ekki. Mér finnst það ofur eðlilegt. En á það er að líta að tekjur sjóðsins hafa feststst í ýmsum verkefnum úti um land sem sum hver hafa því miður verið verulega hæpin. Þar hafa setið fastar tekjur sjóðsins sem betur hefðu verið komnar til þess að rétta hlut þess fólks sem í verkalýðsfélögunum er.

Ég leyfi mér að vænta þess að hv. alþm. greiði þessu frv. atkv. sitt, og ég held raunar að ég megi trúa því, því að ég hefi oft orðið vör við að alþm. eru manna gleggstir á nauðsyn á almennum réttarbótum í þjóðfélaginu. Hér eru fulltrúar allra flokka sem geta sem betur fer séð dálítið út fyrir þrengstu flokkshagsmuni þegar því er að skipta.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vék að er hér um ákaflega mikið stórmál að ræða, mikið réttindamál fyrir íslenskar konur. Við verðum því miður að viðurkenna þá staðreynd að þrátt fyrir öll lagaákvæði um jafnrétti kynjanna á Íslandi er það ekki þannig í verki að um jafnrétti kynjanna sé að ræða og allra síst á vinnumarkaðinum. Konum er hópað í láglaunastörf, og þær eru svo til eini vinnukrafturinn sem er á vissum slíkum vinnustöðum þar sem lágt kaup er greitt. Þess vegna skiptir ákaflega miklu máli að reynt sé að rétta hlut kvenna á sem allra flestum sviðum, og hefur lengi verið brennandi nauðsyn að allar konur nytu sömu réttinda að því er varðar fæðingarorlof. Konur sem eru í opinberri þjónustu, hafa þennan rétt, verkakonur hafa hann í ákaflega takmörkuðum mæli. Þarna verður að koma á jöfnuði.

Þetta hefur oft verið rætt hér á Alþ. og fluttar um það till. áður, en það er ekki fyrr en nú í vetur sem kemst dálítið kapp í að fylgja þessu máli eftir. Þetta kapp hefur að vísu stund-

um tekið á sig svolítið annarlegar myndir. Sá þm., sem vakti máls á þessu á þessu þingi var hv. þm. Bjarnfríður Leósdóttir, sem flutti till. þar sem skorað var á hæstv. ríkistj. að ganga frá frv. um þetta mál og leggja það fyrir næsta reglulegt þing. Þessi till. Bjarnfríðar Leósdóttur var send heilbr.- og trn. sem ræddi hana nokkrum sinnum. Síðan gerðust þau tíðindi að fram kemur hér í þinginu frv. til l. um breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), og þrír fyrstu flm., hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, Jón Skaftason og Guðmundur H. Garðarsson, eiga öll sæti í heilbr.- og trn. Þau hafa ekki minnst á það einu orði í n. að þau vildu hafa þann hátt á því að framkvæma till. Bjarnfríðar Leósdóttur. Þau höfðu ekki orðað það í n. að breyta þessari áskoðun hennar á ríkisstj. í beina lagasetningu, og væru það þó þau vinnubrögð sem eðlilegust eru hér á þingi og eru yfirleitt notuð, að ef þm. flytur mál þá getur þn. breytt því eftir því sem henni sýnist og flutt till. í breyttri mynd. En þetta var ekki orðað við okkur í n., heldur geysast ýmsir fjölmiðlar af stað og við fáum að sjá elskulegan svipinn á hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur bæði í blöðum og í sjónvarpi dag eftir dag sem ötulli baráttukonu fyrir þessu stórmerka máli. Ég vil síst af öllu hafa nokkurn heiður af hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur í þessu sambandi, en engu að síður eru þetta dálítið einkennileg vinnubrögð, það er ómögulegt að neita því. (Gripið fram í.) Að vinna ekki að þessu máli á þinglegan hátt, eins og gert er þegar einhver maður hefur frumkvæði að flytja mál hér í þingi og það er sent til n. Þá er unnið að þessu innan n. og n. sendir svo frá sér sínar hugmyndir um hvernig að málinu eigi að standa. Það er sá venjulegi háttur sem við höfum hér í þingi, þannig að þetta eru ákaflega óvenjuleg vinnubrögð.

Það er um það ágreiningur, eins og menn vita, hvernig á að standa að framkvæmd þessa máls, þó að um það séu engar deilur að þetta mál verði að ná fram að ganga.

Síðan gerist það að í sambandi við bjargráðin alkunnu, — ég kann nú ekki langa nafnið sem á þeim var, — flutti ég brtt. um að fæðingarorlof yrði tekið upp sem hluti af almannatryggingum, gekk frá till. í einstökum atriðum hvernig að því yrði staðið og enn fremur um fjármögnun í þessu sambandi, þ. e. a. s. að atvinnurekendur greiddu þennan kostnað. Það gerist við atkvgr. um þetta mál að það er fellt að viðhöfðu nafnakalli, þ. á m. af öllum þeim sem standa að þessu frv. sem við erum nú að ræða. Þessir hv. þm. létu sig hafa það að fella það að þetta mál væri leyst í þágu allra íslenskra kvenna á þann eina hátt sem skynsamlegur er. Því verður maður að sjálfsögðu að taka. Þetta er afstaða stjórnarliðsins. Það má ekki leysa þetta mál á þennan hátt.

Sú till., sem við erum hér að ræða, felur í sér miklu takmarkaðri lausn, lausn sem nær til hluta af konum og lausn sem ekki tryggir fullt fæðingarorlof, heldur aðeins 70—80% af því. En vissulega er þetta áfangi. Þetta er mikilvægur áfangi og ég er síst af öllu að gera lítið úr honum. En vegna þess að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vék að því áðan mjög lauslegum orðum að heildarsamtök kvenna hefðu lýst alveg sérstökum stuðningi við þá tilhögun sem hún og fleiri þm. hafa hér lagt til, þá vil ég lesa þessar umsagnir. (RH: Ég tók fram að Rauðsokkahreyfingin gæti hugsað sér aðra tilhögun á greiðslum.) Já, einmitt, og ég held að það sé rétt að ég lesi þessar umsagnir svo að þær séu til í skjölum í umræðuparti þings, með leyfi hæstv. forseta:

Kvenfélagasamband Íslands segir svo:

„Heilbr.- og trn. Nd. Alþ. hefur sent Kvenfélagasambandi Íslands til umsagnar frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), 220. mál.

Stjórn Kvenfélagasambands Íslands telur það mikið nauðsynjamál, að lögfest verði hið fyrsta þriggja mánaða fæðingarorlof til handa öllum konum til að tryggja velferð barna og mæðra, og telur æskilegast, að þær greiðslur verði felldar inn í kerfi almannatrygginga. Sé þess ekki kostur, en hins vegar þyki fært að ná þeim áfanga sem frv. gerir ráð fyrir, með greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði, þá mælir stjórn Kvenfélagasambands Íslands með því að frv. þetta verði samþ."

Kvenfélagasamband Íslands hefur þannig sömu skoðanir og ég flutti till. um fyrr á þessu þingi, en hv. flm. þessa frv. greiddu atkv. á móti.

Kvenréttindafélag Íslands segir:

„Sem svar við bréfi dags. 29. apríl þ. á., lýsir stjórn Kvenréttindafélags Íslands stuðningi við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), sem bráðabirgðalausn á aðkallandi vandamáli. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands lýsir ánægju sinni yfir því að umr. skuli að nýju hafnar á Alþ. um að lögbinda fæðingarorlof fyrir allar konur sem taka laun fyrir vinnu sína. Kvenréttindafélagið hefur ætíð litið svo á að allar konur í launaðri vinnu ættu jafnan rétt til þess að halda launum sínum óskertum í a. m. k. þriggja mánaða fjarveru vegna barnsburðar, en slíkt ætti ekki að vera háð getu einstakra atvinnurekenda. Kvenréttindafélag Íslands telur eðlilegt að fjármögnun til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem af þessu leiðir, komi að einhverju leyti frá atvinnurekendum sjálfum í formi fastra framlaga og að nokkru frá ríkinu sem um leið tryggi þeim konum, sem rétt eiga til þessara launa, öruggar greiðslur."

Rauðsokkahreyfingin segir í sínu svari:

„Í bréfi, dags. 29. apríl s. l., er leitað álits Rauðsokkahreyfingarninar á frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), 220. mál.

Rauðsokkahreyfingin fagnar þeim áhuga á þessu réttindamáli sem fram kemur í frv. svo og í þáltill. Bjarnfríðar Leósdóttur um fæðingarorlof og fæðingarstyrk. Því miður hefur aðeins takmarkaður hópur kvenna náð þessum sjálfsögðu réttindum enn sem komið er. Í umræddu frv. gera flm. ráð fyrir að þriggja mánaða fæðingarorlof verði fjármagnað með atvinnuleysisbótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Skv. l. um atvinnuleysistryggingar yrðu greiðslur úr sjóðnum 70—85% af 2. taxta Dagsbrúnar, og gera flm. ráð fyrir að það, sem á vanti á full laun, komi

úr sjóðum launþegasamtakanna. Flm. gera á engan hátt grein fyrir hvernig fjár verði aflað í Atvinnuleysistryggingasjóð til að standa straum af þessum auknu greiðslum.

Við teljum sjálfsagt að atvinnureksturinn standi undir þessum greiðslum, en ekki Atvinnuleysistryggingasjóður eða aðrir sjóðir launþega. Við viljum benda á samþykkt sem Rauðsokkahreyfingin gerði að Skógum í júní s. l. og á ráðstefnu um kjör láglaunakvenna í jan. s. l. sem hún hélt ásamt ASB, félagi afgreiðslustúlkna í brauð- og mjólkurbúðum, Iðju, félagi verksmiðjufólks, Starfsstúlknafélaginu Sókn og Starfsmannafélagi ríkisstofnana, en þar var þess krafist, að konur njóti fæðingarorlofs í a. m. k. þrjá mánuði og falli þær greiðslur undir tryggingakerfi ríkisins."

Það er þannig alveg ljóst af þessum ályktunum frá samtökum kvenna að þær eru á því að það séu almannatryggingarnar sem taki að sér þetta verkefni og að það verði fjármagnað með greiðslum frá atvinnurekendum.

Fjórða umsögnin, sem barst og ég tel rétt að lesa einnig, er frá Tryggingastofnun ríkisins, þ. e. a. s. það er umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um þetta frv. Umsögnin er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með frv. þessu er lagt til að konur þær, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóti atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals. Áætlun um útgjöld slíks fæðingarorlofs fylgir ekki frv. og liggur ekki fyrir. Ef miðað er við konu með tvö börn nema atvinnuleysisbætur nú frá 1. mars s. l. 1 856 kr. á dag. Fæðingarorlof í samtals 90 daga, eins og kveðið er á um í frv., næmi þá 1 856 kr. sinnum 90, þ. e. a. s. 167 040 kr. Þar eð ekki er vitað hve margar fæðingar mundu falla undir frv. þetta af þeim 4—5 þús. fæðingum sem til falla á ári hverju er ekki unnt að áætla kostnað Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna greiddra fæðingarorlofa ef frv. þetta verður að lögum. Það er hins vegar ljóst að hér er um gífurlega háar fjárhæðir að ræða. Ef breyt. verður á þeim taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sem bætur eru miðaðar við, breytist hið fyrirhugaða fæðingarorlof í réttu hlutfalli við það.

Tilgangur laga um atvinnuleysistryggingar er að greiða því fólki bætur sem verður atvinnulaust. Í því skyni var Atvinnuleysistryggingasjóður myndaður. Ýmsar kvaðir hafa verið lagðar á sjóðinn með lögum, svo sem greiðsla á eftirlaunum aldraðra, sem áætluð eru á þessu ári 113 millj. kr., og skylda til kaupa á verðbréfum veðdeildar Landsbanka Íslands vegna íbúðarlána. Frá upphafi til 31. des. 1974 nema slík bréfakaup 50.3% af öllum lánveitingum úr sjóðnum eða samtals 1 milljarður 457 millj. 639 þús. kr. Að svo miklu leyti sem sjóðurinn er aflögufær þegar hann hefur innt af hendi þær kvaðir, sem á hann hafa verið lagðar með lögum, er eðlilegt og rökrétt að leitast sé við að ávaxta fé hans með þeim hætti að tryggja atvinnuöryggi fólksins í landinu og koma þannig í veg fyrir atvinnuleysi. Þetta er þýðingarmikið verkefni, og að þessu marki hefur stjórn sjóðsins stefnt frá upphafi.

Hér fer á eftir tafla, sem sýnir þau verkefni sem stjórnin hefur leitast við að greiða fyrir með lánveitingum sem hún hefur talið fært að veita frá upphafi til ársloka 1974. Lán til hafnabóta 364 millj. 400 þús. eða 25.26%, til fiskiðnaðar 284 millj. 795 þús. eða 19.74%, til annars iðnaðar 220 millj. 80 þús. eða 15.25%, til atvinnuaukningar ýmisslegrar 197 millj. 760 þús. kr. eða 13.71%, til vatns- og hitaveitu 246 millj. 350 þús. kr. eða 17.14%, til orlofs- og félagsheimila 128 millj. 400 þús. eða 8.9%. Samtals er þetta 1 milljarður 442 millj. 785 þús. kr."

Síðan segir í þessari álitsgerð:

„Verði frv. að lögum eru framangreindar fyrirgreiðslur skertar stórlega ef þær falla þá ekki niður með öllu. Frv. þetta hindrar þannig eðlilega starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs ef það verður að lögum, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Sjóðsstjórnin minnir enn fremur á að lög um atvinnuleysistryggingar voru í upphafi sett fyrir tilhlutan aðila vinnumarkaðarins, og telur stjórnin því varhugavert að á lögunum séu gerðar grundvallarbreytingar án samráðs við þessa aðila."

Eins og kemur fram í þessu bréfi frá Tryggingastofnun ríkisins telur hún sér ekki fært að taka á sig þetta verkefni nema annaðhvort að fá auknar tekjur eða skera niður ýmsa veigamikla þætti í starfsemi sinni.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir komst þannig að orði úr þessum ræðustóli áðan að sjóðurinn hefði varið fjármunum í ýmiss konar verkefni úti um land og skilgreindi það ekkert nánar. En hér er um það umfangsmikla starfsemi að ræða, að ég tel að þeir menn, sem ætla að bæta nýjum verkefnum á sjóðinn án þess að auka tekjur hans, verði að gera grein fyrir því hvað á þá að skera niður.

Við, sem skipum minni hl. n. erum þeirrar skoðunar að það sé ekki fært að skerða verksvið atvinnuleysistryggingasjóðs, allra síst eins og nú standa sakir. Það kann að verða svo ástatt hér í landinu þegar á næstunni að það leggist á sjóðinn miklu meiri greiðslur en verið hefur vegna atvinnuástandsins í landinu, og þá verður sjóðurinn sannarlega að geta staðið undir sínu.

En í sambandi við málið sjálft vil ég segja þetta: Ég tel ekki að við eigum að standa hér í innbyrðis þrætum eða innbyrðis metingi um það hver sé mestur áhugamaður um þetta mál og hver ekki. Þetta er mál sem allir eru sammála um, og fyrst það er stefna flm. þessa frv. og að því er virðist hæstv. ríkisstj. að fara þessa leið, að ná þarna vissum, takmörkuðum áfanga í sambandi við atvinnuleysistryggingar, þá mun ég sannarlega ekki bregða fæti fyrir það. Hins vegar tel ég einsætt að það sé skylda okkar að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði tekjur til að standa undir þessum kostnaði. Þess vegna höfum við, sem skipum minni hl. n., leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 654. Þær fjalla um iðgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Eins og nú er háttað eru iðgjöldin þannig reiknuð að ¼ kemur frá atvinnurekendum, ¼ frá sveitarfélögum og helmingur frá ríkinu. Við leggjum til í þessum till. að aukinn kostnaður vegna fæðingarorlofs komi frá atvinnurekendum, að greiðslur þeirra verði auknar um 150 millj. kr. sem er mat

okkar á því hverju árlegur kostnaður af þessu gæti numið. Það er óljóst mat og það kann að þurfa að breyta þessu, en ekki ætti það að vera mjög fjarri lagi. Við leggjum sem sé til að í stað þess að atvinnurekendur greiði 1%, eins og greinir í 5. gr. laganna, þá greiði þeir 1.9%. Það er reiknað með því að þeir greiði á þessu ári til atvinnuleysistrygginga 170 millj., 150 millj. í viðbót yrðu þá 320 millj. sem þeir yrðu að greiða. Hins vegar leggjum við til að framlag sveitarfélaga og ríkis verði óbreytt. En prósentutölurnar í lögunum lækka að sjálfsögðu við það að prósentutala atvinnurekenda eykst. Með þessu móti teljum við að þessi þáttur atvinnuleysistryggingganna taki á sig að leysa þennan hluta vandans og það sé gert á raunsæjan hátt og séð fyrir nauðsynlegum tekjum þar á móti.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Þingfl. Alþfl. hefur rætt þetta mál og ákveðið að styðja það, að greiða því atkv., þar eð við teljum að hér sé um mikið réttlætismál að ræða, stórt framfaraspor á sviði íslenskra félagsmála og tryggingamála. Við hefðum að vísu kosið að sporið yrði stigið til fulls, þ. e. a. s. að allar íslenskar konur nytu þeirra réttinda sem konur í opinberri þjónustu nú njóta og gert er nú ráð fyrir að einnig taki til þeirra kvenna sem skipa stéttarfélög innan Alþýðusambandsins. Eftir stendur stór hópur kvenna sem ekki nýtur þessara réttinda, en við teljum að ætti að njóta þeirra. Spor í þá átt ætti að stiga sem fyrst.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Ég er einn af flm. þessa frv., en það er búið að gera glögga og ítarlega grein fyrir þeim meginsjónarmiðum sem liggja að baki svo að ég mun ekki þurfa að hafa langt mál hér um.

Hv. 3. þm. Reykv. furðaði sig á því og hneykslaðist nokkuð að þm., þ. á m. flm. þessa frv., hefðu fellt till. í þá átt að þetta fæðingarorlof næði til allra íslenskra kvenna. Sama álit hefur komið frá fleiri ræðumönnum hér, að æskilegra hefði verið að svo hefði getað orðið. Ég hygg að við séum öll sammála um að það hefði verið gott og ágætt að við hefðum getað tekið skrefið það langt.

Það hefur sérstaklega verið minnst á bændakonur í þessu sambandi, og síst vil ég gera lítið úr því að þær væru vel að slíku fæðingarorlofi komnar. Ég vil þó benda á það, sem raunar hefur komið fram, að hér er ekki einungis um fjárhagsatriði að ræða, heldur ekki síður uppeldislegt atriði og mannréttindalegs eðlis. Og það er staðreynd að konur til sveita, sem við bústörf fást, eru öðruvísi settar en konur sem vinna að framleiðslustörfum fjarri heimili sínu og eiga þess engan kost meðan þær eru við vinnu, að skipta sér á milli heimilis og vinnu sinnar. Þetta er atriði sem mér finnst að burfi að taka tillit til.

Ég vil viðurkenna það að ég var nokkuð hikandi fyrst í stað um að styðja þetta frv. Ég vissi mætavel að Atvinnuleysistryggingasjóður, enda þótt það tilheyri ekki upphaflegu verkefni hans, hefur stutt með mjög mikilsverðum hætti atvinnulíf í landinu. Hann hefur veitt lán út á ýmiss konar nauðsynjaframkvæmdir sem í raun og veru lögin um atvinnuleysistryggingar upphaflega gerðu alls ekki ráð fyrir. Þar með er augljóst, að með þessari viðbót við hlutverk sjóðsins hlýtur að sama skapi að skerðast geta hans til þess að sinna þessum verkefnum áfram. Ég lagði þetta einfaldlega niður fyrir mér, og mér fannst allt réttlæti mæla með því að það væru frekar konur sem fæða börn og um leið verða óbeint fyrir atvinnumissi, sem fengju að njóta góðs af greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði heldur en önnur verkefni, þótt þörf væru, sem eðli málsins tilheyra frekar öðrum sjóðum, ýmsum fjárfestingarsjóðum sem styðja undir atvinnulegar framkvæmdir í landinu. Það var á þessari forsendu að mér fannst þetta það aðkallandi réttlætismál til handa þessum vinnandi konum, sem margar hverjar inna af hendi mjög mikilvægt og þjóðnýtt starf í framleiðslulífi landsmanna, að ég ákvað að taka afstöðu og fylgja frv. í trausti þess að bæta Atvinnuleysistryggingasjóði upp það sem til þessa verkefnis fer.

Nú kom það fram við 1. umr. um þetta mál að Atvinnuleysistryggingasjóður er allsterkur sjóður. Höfuðstóll hans var talinn upp á 3 milljarða. Og við þá umr. var ætlað að þetta nýja hlutverk sjóðsins, fæðingarorlofið, mundi kosta hugsanlega um 200 millj. kr. E. t. v. er það ofmetið, eftir því sem mér heyrist koma fram í ræðu hv. 1. flm. frv. Brtt. hafa komið fram við þetta sem ganga í þá átt að framlag atvinnurekenda hækki nokkuð, úr 1% í 1.9%. Mér finnst eðlilegt að þessi leið sem aðrar verði athuguð, hvort hún geti skoðast algerlega réttmæt. Þetta er samningsatriði og ég treysti á góðan vilja atvinnurekenda og annarra sem þetta mál snertir að þeir veiti þessu máli lið.

Ég vil vona að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, þannig að það geti strax komið til framkvæmda.

Í sambandi við aðfinnslur hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við þáltill. sem kom hér fram fyrr í vetur, þá liggur í augum uppi að frv. til l., sem samþ. yrði, flýtir fyrir framgangi málsins miklu frekar en hin leiðin, að þáltill. kvæði á um athugun málsins í n. Ég vil því vona að réttlætiskennd hv. þm. verði til þess að þeir skoði málið þeim augum að það fái framgang á þessu þingi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr. þessa máls þar eð afstaða mín til málsins hefur komið skýrt fram. En það, sem varð þess valdandi að ég kvaddi mér hljóðs, var kannske fyrst og fremst það að mér hefur fundist það eins og skína út úr ummælum hv. aðstandenda þessa frv., sem hér hafa um það talað, að við, sem höfum viljað fara aðra leið til þess að koma málinu í höfn, værum andvígir því að það fólk, sem hér um ræðir, fengi notið þessara réttinda. Þetta er náttúrlega algerlega rangt og að ástæðulausu sem slíkar getgátur eru uppi hafðar, vegna þess

að mér er ekki um það kunnugt að neinn af stjórnarandstæðingum hafi látið orð um það falla að þeir væru andvígir þessu máli. Hér er fyrst og fremst ágreiningur um það hvaða leið á að fara að settu marki.

Það hefur verið vikið að því fyrr í umr. að gerð var til þess tilraun við afgreiðslu efnahagsmálafrv. að tryggja þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, þessi réttindi í gegnum almannatryggingakerfið, og eins og bent var á fyrr í dag var sú till., sem flutt var um það efni, felld af stjórnarliðinu og þar með einsýnt að það er búið að hafna þeirri leið að farið verði með málið, a. m. k. að sinni, inn í almannatryggingakerfið og sú lausn fundin, sem a. m. k. mér og mörgum öðrum finnst langsamlega eðlilegust til þess að leysa þetta vandamál.

Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og trn., hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, sagði í kvöld að sá sjóður, sem hér um ræðir, Atvinnuleysistryggingasjóðurinn, væri eini sjóðurinn sem hefði fjármagn til að standa straum af þessari lagasetningu. Ég held að það sé ljóst af umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að það er víðs fjarri að sá sjóður geti tekið þessar auknu greiðslur á sig öðruvísi en annaðhvort að draga í land með að sinna þeim verkefnum, sem hann hefur sinnt og á hann hafa verið lögð, eða þá í öðru lagi að sjóðnum verði séð fyrir auknum tekjum til þess að standa straum af þessum auknu útgjöldum. Og það er alveg ljóst að það er samkv. lögum sem langsamlega mestum hluta af fjármagni Atvinnuleysistryggingasjóðs er ráðstafað til hinna ýmsu verkefna sem hvert á sínu sviði er mjög nauðsynlegt út af fyrir sig.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sagði að það væri mjög orðum aukið um þann kostnaðarauka sem kæmi á Atvinnuleysistryggingasjóð ef frv. þetta yrði samþ. Hv. þm. hefur haft uppi um það orð að hér væri um 100 millj. kr. bagga að ræða. Annar hv. flm. þessa frv. hefur hins vegar rætt um 200 millj. kr. bagga sem kæmi til með að lenda á Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég skal ekkert um það segja hvor þessara talna er rétt eða réttari. Hins vegar er ljóst að það er talsvert fjárhagsspursmál sem hér er um að ræða sem verið væri þá að leggja á Atvinuleysistryggingasjóð umfram það sem hann nú hefur fjármagn til.

Eins og hér hefur komið fram er ljóst af umsögnum um þetta mál að allar umsagnir eiga það sameiginlegt að þær telja málinu betur komið og eðlilegri leið hefði verið að með þetta hefði verið farið í gegnum almannatryggingakerfið. (RH: Ekki Kvenréttindafélagsins.) Það má vera að það sé rétt hjá hv. þm. að þar sé undantekning að einhverju leyti, umsögn Kvenréttindafélags Íslands. Eigi að síður kemur skýrt fram að sú umsögn ber það ekki með sér að þeir aðilar telji eðlilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður beri þetta algerlega að kostnaðarhluta til. Það held ég að hafi ótvírætt komið fram í þeirri umsögn.

Bæði miðstjórn Alþýðusambands Íslands og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs telja það ótvírætt í sínum umsögnum að með því að setja slík aukin útgjöld á Atvinnuleysistryggingasjóð án þess að sjá honum fyrir auknum tekjustofnum á móti sé verið að stefna fjárhag sjóðsins í talsverða tvísýnu að því er varðar að hann geti séð fyrir þeim grundvallarþörfum sem hann var fyrst og fremst stofnaður til að sinna. Og það virðist því miður allt benda til þess, — ég segi því miður, — að ætla megi ef ástand heldur áfram að versna að því er varðar atvinnu, að þá verði auknar skuldbindingar, sem verði lagðar á herðar Atvinnuleysistryggingasjóðs umfram það, sem verið hefur, og fjárhag hans þar með enn teflt í meiri tvísýnu með því að leggja aukna fjárhagslega bagga á hans herðar án þess að tekjur komi á móti. Auk þess er á það bent í umsögn Alþýðusambands Íslands að hér sé a. m. k. um allfjarskylt verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs að ræða miðað við hans upprunalega tilgang. Og í umsögn miðstjórnar Alþýðusambandsins, sem ég skal ekki um segja hvort hefur verið einróma samþykkt — það kemur ekki fram — en í þessari umsögn er einmitt á það bent að greiðslustaða Atvinnuleysistryggingasjóðs sé nú mjög veik og útlit í atvinnumálum sé á þann veg að það sé mjög ótryggt og gæti því farið svo að stórauka þyrfti útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs með hliðsjón af því. Fer því ekkert á milli mála að verði þetta frv. samþ. án þess að séð sé fyrir auknum tekjustofnum fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, þá er hans fjárhag mjög stefnt í tvísýnu, nema þá því aðeins að horfið verði að því ráði að skera niður fjárframlög til þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur sinnt til þessa.

Og þá kem ég að því sem ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst út af. Það voru þau ummæli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur að fé sjóðsins hefði verið varið í ýmsar framkvæmdir úti á landsbyggðinni sem a. m. k. væri tvísýnt um að verja hefði átt því fé í og þeir fjármunir hefðu verið betur komnir eða þeim betur varið til verkefnis eins og t. d. þessa. Nú veit ég ekki hvað hv. þm. á við þegar hann segir þetta, en mjög gjarnan vildi ég a. m. k. fá frekari skýringu á því hvað hér er átt við, þegar látið er að því liggja að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi veitt fjármagn út á land til einhverra þeirra verkefna sem talið sé mjög vafasamt að eigi rétt á sér. Ég hygg a. m. k. að það þurfi að koma einhver frekari skýring hér á hvað við er átt. Og mér finnst einnig að þegar það liggur ljóst fyrir að það verður annað tveggja að gera: að sjá sjóðnum fyrir auknu fjármagni eða skera niður eitthvað af þeim liðum sem hann hefur áður fjármagnað, þá finnst mér ekki nema eðlilegt að það komi fram um það ábendingar flm. frv. hvað það er sem þeir vilja skera niður í útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem hann hefur notað fjármagn sitt til á undanförnum árum. Það fylgir umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs hér upp sett hvernig fjármagni hans hefur verið varið og ég sé ekki annað en þar sé um að ræða mjög brýn verkefni, kannske mismunandi brýn, en öll eru þau að sjálfsögðu þess eðlis að það er ekki óeðlilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður hlaupi undir bagga. Og mér finnst að fyrst menn eru um það sammála, sem ég held að allir séu, að á Atvinnuleysistryggingasjóð verði ekki bætt fleiri böggum nema þá með því að sjá honum fyrir tekjustofnum á móti, þá a. m. k. komi menn fram með hugmyndir hvað

það er sem á að mæta afgangi af því sem sjóðurinn hefur þó reynt að sinna hingað til.

Eins og ég sagði áðan hafa stjórnarsinnar hafnað þeirri leið, sem lögð var til við afgreiðslu efnahagsmálafrv., að þetta yrði gert í gegnum almannatryggingakerfið. Ég geri ráð fyrir því fastlega að þegar þeirri leið hefur verið hafnað, þá munum við, sem að minnihlutaáliti heilbr.- og trn. stöndum, greiða atkv. með því að þetta verði gert til bráðabirgða. En við teljum okkur skylt að benda á leiðir til þess að standa undir þeim kostnaði sem af þessu leiðir og um það eru brtt. sem við flytjum á sérstöku þskj. Verði því hins vegar hafnað að séð verði fyrir auknum tekjustofnum til þess að mæta þessari kvöð sem á Atvinnuleysistryggingasjóð á samkv. frv. að leggja, þá bera þeir að sjálfsögðu höfuðábyrgð á því sem hafna slíku og verða þá að sjá svo um, hvernig sem þeir gera það, að sjóðurinn geti staðið fyllilega við allar þær skuldbindingar sem hann er fyrst og fremst stofnaður til að sjá fyrir. Ég vil minna á það, að þegar Atvinnuleysistryggingasjóður var settur á fót var það gert í tengslum við lausn harðrar vinnudeilu, sem staðið hafði yfir, og enginn vafi á því að með stofnun Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur fólk látið af þeirri kauphækkun sem það a. m. k. að öllum líkindum hefði fengið, hefði ekki verið farin sú leið að setja á fót Atvinnuleysistryggingasjóð. Það er því a. m. k. álit verkalýðshreyfingarinnar, held ég ótvírætt, að hér sé sjóður sem verkalýðshreyfingin fyrst og fremst á.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta öllu fleiri orðum. En aðaltilefni þess, að ég stóð hér upp, voru ummæli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, frsm. meiri hl. heilbr.- og trn., sem fram komu í framsöguræðu hennar fyrir nál. Ég vil gjarnan óska þess að hún skilgreini frekar við hvað hún á þegar hún segir að ráðstöfun á fé Atvinnuleysistryggingasjóðs til ýmissa framkvæmda úti á landsbyggðinni sé vafasöm og þeim fjármunum hefði mátt verja til ýmissa annarra framkvæmda sem betur hefðu komið að gagni, og eins hitt, hvað er það sem hv. flm. þessa frv. vilja draga úr í fjárveitingum Atvinnuleysistryggingasjóðs ef þeir vilja ekki sjá fyrir fjármagni til þess að standa undir þessum auknu skuldbindingum hans.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það hefur komið fram á Alþ. í vetur að verulegur áhugi er meðal þm. um að koma á fæðingarorlofi kvenna í landinu. Hafa verið flutt, eins og komið hefur fram hér í umr., tvö mál í þessu skyni og í þessum tilgangi: annars vegar það mál, sem hér liggur fyrir um að greiða konum atvinnuleysisbætur í 90 daga vegna barnsburðar, og áður í vetur þáltill. um að leysa þetta mál í gegnum Tryggingastofnun ríkisins eða almannatryggingalöggjöfina.

Ég vil strax taka fram að ég er fylgjandi því að komið verði á fæðingarorlofi kvenna. En ég vil vekja athygli á því að það sem er sameiginlegt báðum þeim málum, bæði þáltill. og þessu frv. sem hér liggur fyrir, er að það er aðeins átt við hluta kvenna í landinu. Það er aðeins átt við þær konur í landinu sem vinna utan heimilis. Ég hygg, að ég hafi tekið rétt eftir því að það hafi komið fram í framsöguræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, frsm. meiri hl., að það væru um 48% kvenna sem mundu vera utan þessa frv., ef svo mætti að orði komast. (RH: Það eru miklu fleiri, miklu meira en 48%, líka allar, sem vinna hjá ríkinu.) Já, ég tek þær með þeim sem vinna úti, því að þeirra réttur er þegar tryggður í lögum. En það, sem ég vildi vekja sérstaka athygli á, er að konur, sem vinna á heimilum og geta ekki af ýmsum ástæðum unnið utan heimila, fá samkv. þessu frv. ekkert fæðingarorlof. Og þá vaknar spurningin: Er þetta réttlátt? Er réttlátt að ganga þannig frá þessu máli að þær liggi þarna óbættar og þeirra hlutur? Nú er það ljóst að hér er um að ræða yfirleitt allar sveitakonur í landinu sem ekki hafa aðstöðu til þess að vinna úti. Þær hafa enga aðstöðu til þess að sækja vinnustað frá sínu heimili. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að konur geta það ekki. Það eru kannske tvær ástæður sem eru veigamestar. Annars vegar eru þær konur sem hafa stór heimili, eiga mörg börn eða hafa stór heimili sem þær þurfa að stjórna og vinna á, og svo í öðru lagi konur sem af heilsufarsástæðum geta ekki komið því við að vinna utan heimilis. Og þá vaknar þessi spurning: Hvers vegna eru þessar konur ekki teknar með þegar um er að ræða að lögfesta fæðingarorlof? Hvers vegna? Ég held að í mörgum tilfellum hátti svo til að einmitt þær konur, sem ekki geta komið því við að vinna úti, eru miklu verr settar en margar konur, sem vinna úti, þótt mér sé það vel ljóst að ýmsar konur, sem vinna utan heimilis, leggja á sig geysilega mikið erfiði. En þá vaknar spurningin: Hvernig stendur á því, hefur það verið skýrt út, hvernig stendur á því að þetta frv. er ekki látið taka til allra kvenna? Hvernig stendur á því? Er það réttlátt? Er það alveg fullkomlega frambærilegt? Ég dreg það mjög í efa að svo sé. Ég álít, að það þyrfti að koma til almenn löggjöf um fæðingarorlof allra kvenna í landinu, og vil leggja áherslu á það að þannig hefði mér fundist að málið hefði átt að leggjast fyrir.

Þá kemur að því hvernig eðlilegt sé að standa að þessu máli, t. d. hvort eðlilegt sé að heimfæra þetta mál undir Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég er þeirrar skoðunar að svona mál eigi heima í almannatryggingakerfinu. Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður í alveg ákveðnum tilgangi á sínum tíma eins og hér hefur verið marglýst. Hann var stofnaður til þess að greiða atvinnuleysistryggingabætur þeirra sem verða atvinnulausir. Svo er einnig þess að gæta að hér er um verulegt fjárhagsmál að ræða og þess vegna kannske vanreifun á málinu að það liggur ekki fyrir hvað þessi fjárhagsvandi er stór, hvað þetta kostar. Það liggur ekki fyrir. Það hafa verið nefndar ýmsar upphæðir. Það hafa verið nefndar 100 millj. og það hafa verið nefndar 200 millj., en það liggur ekki fyrir úttekt á því hvað þetta kostar. (RH: Maður veit þetta með nógu miklum fyrirvara.) Er frambærilegt á Alþ. að afgreiða allstórt fjárhagsmál án þess að það liggi fyrir, hvað það kostar? (Gripið fram í: Hver getur sagt um hve margar fæðingarnar verða?) Nei, en það er hægt að kanna málið þannig að það

liggi fyrir rökstutt álit um það hvers er að vænta í þessum efnum. Ég hef hlustað á umr. og heyrði að frsm. málsins ræddi um að það hefði verið mikil gróska í þessum efnum á vinstristjórnarárunum. Hvort það hafi stafað af lausung eða öðru, það er annað mál sem er erfitt að sannreyna til fulls, en eigi að síður er a. m. k. hægt að athuga, hvernig þessu hefur verið háttað á undanförnum árum, og líta á skýrslur um barnsfæðingar og gera grein fyrir því hér á Alþ. hvaða líkur eru nú á að þetta muni kosta nokkurn veginn. En það hefur sennilega ekki unnist tími til þess að vinna úr gögnum og leggja fyrir sæmilega rökstutt álit um hvað þetta muni um það bil kosta. Og ég álít að könnun á þessu atriði þyrfti að liggja fyrir áður en svona mál er afgreitt.

Það hefur komið fram í umr. að umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs lá ekki fyrir þegar málið var afgr. frá hv. heilbr.- og trn. Hins vegar liggur það fyrir nú, að það eru nokkur atriði sem koma fram þar sem ástæða er til að staldra við. Og það fyrsta, sem er raunverulega gagnrýnt í þessari umsögn, er þetta: það skortir áætlun um útgjöld sjóðsins, um útgjöld slíks fæðingarorlofs, og það er gagnrýnt að slík áætlun skuli ekki fylgja. Og á þessari áætlanaöld finnst mér ekkert ofvaxið að gera sæmilega áætlun í þessu efni til þess að menn geti gert sér grein fyrir því hvað þetta muni kosta. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv. að tekna sé aflað, heldur á að leggja þetta á ákveðinn sjóð sem stofnaður er fyrir mörgum árum í alveg ákveðnum tilgangi sem er annar en sá sem þetta frv. fjallar um.

Það kemur fram í umsögn Atvinnuleysistryggingasjóðsstjórnarinnar að það hafa ýmsar kvaðir verið lagðar á sjóðinn með lögum, og það kemur fram eða skín í gegnum þetta álit nokkur kvíði um það hvort sjóðurinn geti, eins og ástatt er, staðið undir sínum skuldbindingum. Það er vert að gera að umtalsefni í nokkrum orðum þá starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs að lána til uppbyggingar í atvinnulífinu víðs vegar um landið. Ég er þeirrar skoðunar að einmitt þessi starfsemi sjóðsins sé til mjög mikillar fyrirmyndar af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi er hér um að ræða þátttöku í að byggja upp atvinnulífið í landinu sem auðvitað skýtur stoðum undir efnahagslíf þjóðarinnar og tryggir fjárhag hennar. Í öðru lagi er hér alveg sérstaklega á ferðinni viðleitni til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi, auka atvinnu og fyrirbyggja atvinnuleysi og létta þar með á sjóðnum eftir ákaflega æskilegum og heilbrigðum leiðum. Það er ástæða til að minna á það í þessu sambandi að Atvinnuleysistryggingasjóðurinn hefur í mörgum tilfellum haft mikil áhrif á atvinnumál og uppbyggingu víðs vegar um landið á undanförnum árum á ýmsum vettvangi. Og það væri skarð fyrir skildi að mínum dómi ef svo yrði kreppt að sjóðnum, að hann gæti ekki sinnt áfram þessu verkefni sínu, a. m. k. að talsverðu leyti. (Gripið fram í: Hvað um Byggðasjóð?) Það hefur verið ágætt samstarf á milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og Byggðasjóðs, en Atvinnuleysistryggingasjóður hefur hins vegar hagað sínum lánveitingum hreinlega með tilliti til þess hvernig ástatt er í atvinnumálum á hinum ýmsu stöðum víðs vegar um landið, ekkert síður hér sunnanlands en annars staðar um landið.

Það kemur fram í umsögn Atvinnuleysistryggingasjóðs að þetta frv. mundi hindra eðlilega starfsemi sjóðsins ef það yrði að lögum, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Og svo kemur að lokum fram að sjóðsstjórnin minnir á að lög um atvinnuleysistryggingar voru í upphafi sett fyrir tilhlutan aðila vinnumarkaðarins og þess vegna telur stjórnin varhugavert að á lögum þessum séu gerðar grundvallarbreytingar án samráðs við þessa aðila.

Ég vil endurtaka það, sem ég sagði fyrst hér áðan, að ég er fylgjandi jafnrétti kvenna að því er varðar fæðingarorlof, en álít að þetta mál þurfi meiri undirbúning og væri að mínum dómi heppilegast að vísa því til ríkisstj. til frekari undirbúnings og tillögugerðar, þ. á m. til þess að tryggja fjárhagslegan grundvöll málsins og í öðru lagi jafnrétti allra kvenna í landinu. Kvennaárið er ekki liðið þannig að jafnvel þó að þetta mál gangi ekki fram á þessu þingi, þá er enn færi á að taka það fyrir á næsta þingi, á haustþinginu, og koma því í höfn á kvennaárinu því að ég get skilið að það sé nokkurt metnaðarmál kvenna.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég tók það fram við 1. umr. þessa máls að ég fagnaði þeim áhuga sem þm. allra flokka sýndu allt í einu þessu mikilvæga máli, fæðingarorlofi kvenna. Ég harmaði hins vegar að sá áhugi virtist skyndilega hverfa þegar Alþb. flutti brtt. við frv. til l. um efnahagsráðstafanir þar sem gert var ráð fyrir því að allar konur nytu fæðingarorlofs, en allir stjórnarsinnar og allir flm. frv., sem nú er til umr., felldu þessa brtt. (**GHG:** Ég var ekki á þingi þegar atkvgr. fór fram.) Ég var ekki að tala um þennan hv. þm. persónulega. Ég tel tímaeyðslu að telja upp alla 60 þm. með nafni sem þá áttu hér sæti.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur í dag að hún teldi eðlilegt að atvinnurekendur bæru sinn hluta af kostnaði við fæðingarorlof kvenna. Í þessari brtt. Alþb., sem ég var að tala um áðan var gert ráð fyrir framlagi atvinnurekenda í þessu skyni. Ég hef ekki enn heyrt fullnægjandi rök frá þessum hv. þm., úr því að þessum skilyrðum var fullnægt, hvers vegna hún gat ekki greitt því atkvæði eða fallist á þá till. sem hefði tryggt, ef hún hefði verið samþ., öllum konum fæðingarorlof og öllum konum, sem vinna utan heimilis, full laun. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir það ekki. Það markar aðeins vissan áfanga. Það kemur skýrt fram í þeim umsögnum sem borist hafa frá kvennasamtökunum, að hér sé ekki náð hinu endanlega takmarki. Konur fá ekki full laun bætt með þeirri breytingu sem hv. flm. leggja til að gerð verði á Atvinnuleysistryggingasjóði í þessu skyni. Þetta gera raunar hv. flm. sér fullljóst, en virðast í hálfgerðum vandræðum með hvernig eigi að leysa úr og gera raunar enga till. um það. Það næsta, sem þeir komast í þessu efni, er ein setning í grg. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mætti hugsa sér að lífeyrissjóðir stéttarfélaganna stæðu undir þeim greiðslum," þ. e. a. s. þeim greiðslum sem á vantar.

Nú er það vitað mál að slík uppbót kæmi ekki nema stjórnir lífeyrissjóðanna samþykktu hana, og engin kona hefur tryggingu fyrir því að slík samþykkt kæmi til og hún liggur alls ekki fyrir. Lífeyrissjóðir í landinu eru á annað hundrað talsins og flestir þeir, sem hér kæmu við sögu, eru ákaflega vanmegnugir og févana og ólíklegt, þótt konur gerðu kröfu til að fá þá upphæð, sem á vantar, úr þessum lífeyrissjóðum, að hún fengist. Alla vega mundi það kosta þessar konur mikið átak og mikla fyrirhöfn að reyna að fá þetta fram. Og ég hlýt að segja það, að mér finnst vandséð, svo að vægt sé til orða tekið, hvers vegna hv. flm. vilja heldur leggja slíka baráttu á herðar þessum konum, sem hér eiga hlut að máli, en samþykkja till. um greiðslu fæðingarorlofs á vegum almannatrygginga. Hefði sú till. verið samþykkt væri málið leyst nú þegar að fullu, þannig að allar konur í landinu gætu vel við unað.

En hv. flm. þessa frv. hafa því miður kosið að reyna að veita konum þessi réttindi í áföngum og þar með hafa þeir lagt blessun sína á þau örlög, sem hingað til hafa verið hlutskipti í réttindabaráttu þeirra: að fá aldrei sjálfsögð réttindi eða sjálfstæðar réttarbætur nema í áföngum. Þetta gerðist þegar jafnlaunalögin voru samþ. árið 1961. Þá urðu miklar deilur um það hér á Alþ. hvort konur ættu að fá sömu laun og karlar fyrir sömu vinnu í áföngum eða þegar í stað. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir var þá í þeim hópi sem valdi áfangaréttinn. Full réttindi skyldu að vísu koma einhvern tíma endanlega, en ekki strax og ekki allt í einu. Því miður virðist þetta sjónarmið ríkja enn hjá hv. þm.

Því miður hafa hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og meðflm. hennar heldur kosið áfangakerfið í stað þess að greiða atkv. með fullu fæðingarorlofi þegar í stað eins og þeir höfðu tækifæri til fyrir örfáum dögum.

Með því frv., sem hér er til umr., fá konur á hinum frjálsa vinnumarkaði því miður ekki sambærileg réttindi við konur í opinberum störfum. Þetta ber að harma, fyrst og fremst af tveimur ástæðum. Það kann svo að fara að þær konur, sem falla undir þetta frv., ef að lögum yrði, neyddust til þess að taka sér styttra fæðingarorlof en frv. gerir ráð fyrir, einfaldlega vegna þess að þær teldu sig ekki hafa efni á því að missa full laun. Í öðru lagi vil ég benda á það að hér er um að ræða konur sem langflestar vinna líkamlega erfið störf. Það er því mjög trúlegt að einmitt þessar konur mundu neyðast til þess að haga fæðingarorlofi sínu öðruvísi en opinberir starfsmenn, sem flestir hverjir geta stundað sína vinnu allt fram á síðasta dag, ef svo mætti segja. Hinar, sem verða að reyna meira á sig líkamlega yrðu að taka sér fæðingarorlof fyrr og hefðu því minna orlof eftir fæðingu en konur sem vinna léttari störf, og þá er þeim tilgangi ekki náð að fullu sem hér átti að ná.

Ég harma það mjög að hv. flm. skyldu fella brtt. Alþb. við frv. til l. um efnahagsráðstafanir. Ég tel nóg komið af því að láta konur alltaf þurfa að sætta sig við réttindi í áföngum. Og eins og ég gat um áðan er það alveg ljóst af umsögnum kvennasamtaka að þær vita fullvel að þetta er ekki nema áfangi og barátttan verður að halda áfram. Ég ítreka það því enn að hér er ekki um sambærileg réttindi að ræða við opinbera starfsmenn.

Ég vil að lokum segja það að fari svo að ég eigi ekki um annað að velja vegna harðfylgis hv. flm. og ef ekki verður neinum rökum komið við, þá mun ég þó fremur velja það að greiða atkv. með þessum áfanga í trausti þess að áfram verði haldið að vinna að því að tryggja konum full réttindi.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir afstöðu minni bæði efnislega til fæðingarorlofs kvenna og eins og alveg sérstaklega til þeirrar hugmyndar að greiða fæðingarorlof kvenna út Atvinnuleysistryggingasjóði. Í því sambandi gerði ég nokkra grein fyrir Atvinnuleysistryggingasjóðnum, iðgjöldum til hans, lánum o. s. frv. Það var niðurstaða míns máls þá að þetta góða mál, sem hér þetta frv. gerir ráð fyrir, nema því aðeins að þetta frv. gerir ráð fyrir, nema því aðins að starfssvið Atvinnuleysistryggingasjóðs væri verulega skert og það er hlutur sem ég álít að eigi ekki að gera.

Ég ætla ekki að fara að ræða mikið um fæðingarorlof kvenna, hversu gott mál það er í alla staði. Hv. 1. flm. þessa frv., Ragnhildur Helgadóttir, sagði mörg hjartnæm og tilfinningarík orð um það í ræðu sinni fyrr í kvöld og raunar áður. Það er ekkert ofsagt þar út af fyrir sig, en það, sem ég vil enn vekja máls á og undirstrika, er að ég álít að þetta mál eigi ekki að leysa með þeim hætti sem hér er gerð till. um og frv. gerir ráð fyrir.

Hv. 1. flm. talaði um að hún vissi ekki hvers vegna þetta ágæta mál, fæðingarorlof, hefði ekki náð lengra fram, hvorki í samningum né annars staðar. Ég gat um það við 1. umr. þessa máls að atvinnurekendur hefðu ævinlega staðið mjög fast gegn fæðingarorlofi og það hefði verið mjög seinvirkt og erfitt verk að ná þó þangað sem nú er komið, með þriggja vikna fæðingarorlofi fyrir almennar verkakonur, og ég er sannfærður um að á þeirri leið verður ekki lengra farið nema því aðeins að það hafi verulegan vanda í för með sér fyrir vinnandi konur, vegna þess að þær verða hreinlega sniðgengnar til starfa ef hægt er. Þess vegna er ég mjög sammála því að þessi mál á að leysa með löggjöf því að mjög ósennilegt er að atvinnurekendur fáist til að greiða einn fyrir alla og allir fyrir einn til þessara mála, nema því aðeins að þeim verði gert að gera það með löggjöf. En til þess sem sagt að konurnar líði ekki bókstaflega atvinnulega séð, þá álít ég að það sé nauðsynlegt að fæðingarorlof kvenna almennt sé á vinnumarkaðinum. Nokkuð annað er með ríkið, það getur gert eitt og annað, en atvinnurekendur, sem flestir eru frekar smáir, eiga ekki auðvelt með þessa hluti, og það er það sem við verðum að gera okkur ljóst.

Hv. 1. flm., Ragnhildur Helgadóttir, lét að því liggja að verkalýðshreyfingin hefði ekki gert mikið í þessum málum og framlag hennar væri

ekki stórt, og ég ætla ekki að fara í neitt karp um það. En ég held að ég þekki til í þeirri hreyfingu og til samningamála, kröfumála verkalýðshreyfingarinnar, alveg á borð við hv. þm. og þykist því þekkja þessa sögu mjög sæmilega, og ég hef ekki orðið var við, þegar verkalýðshreyfingin hefur verið með þessi mál á oddinum, að mikill liðsauki hafi komið annars staðar frá, og þann eldmóð, sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir leggur nú í þetta mál, hef ég ekki orðið var við fyrr og er hún að mínum dómi nýr liðsmaður í þessu efni og veri hún velkomin því að sannarlega munar um liðveisluna.

Aðeins nokkur orð um fyrirkomulag þessara mála samkv. frv., síðan ætla ég að ræða um Atvinnuleysistryggingasjóðinn sjálfan.

Ég vil undirstrika það, sem hér hefur komið fram og kemur raunar fram í grg. frv. að hér er ekki um full laun að ræða í orlofi og getur munað verulega miklu. Hér er um að ræða 70—80% af næstlægsta taxta Dagsbrúnar, af vinnutekjum hans. Sem betur fer hefur mjög margt fólk hærri tekjur en þarna er um að ræða. Það mætti segja mér að í verulega mörgum tilvikum, t. d. í félagi því sem einn flm. þessa frv. er formaður fyrir, hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, — það mætti segja mér að það væri mjög algengt í hans félagi að þessi greiðsla, sem ætlað er að koma á Atvinnuleysistryggingasjóðinn, næði ekki 50% af launum viðkomandi. Það er algerlega út í hött að tala um að lífeyrissjóðirnir komi hér á móti, — algerlega út í hött, — og það er hvorki að gera till. um, því síður að leysa neinn vanda þótt haft sé orð á því að reglugerðin og hlutverk lífeyrissjóðanna sé býsna mikið annað en hér er látið að liggja. Þetta liggur sem sagt alveg ljóst fyrir, að hér er aðeins um hluta launa að ræða, en engan veginn full laun vegna fjarveru í barnsfæðingu.

Þá vil ég alveg sérstaklega undirstrika það sem kom fram hjá hv. þm. Tómasi Árnasyni, sem spurði hvers vegna sé verið að takmarka sig í þessu efni við þær konur sem eru í verkalýðsfélögum, jafnvel þegar Atvinnuleysistryggingasjóður á í hlut. Rökin, sem færð eru fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður eigi að taka þátt í þessum greiðslum, eru þau að atvinnurekendur greiði iðgjöld til sjóðsins. Vissulega er það rétt. En atvinnurekendur greiða ekki nema ¼ af iðgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs, ¾ greiða ríki og sveitarfélög. Og sannarlega mætti spyrja: Eiga ekki þær konur, sem er eins ástatt um og þær sem um er rætt í þessu frv. jafnan siðferðilegan rétt til greiðslu úr þessum sjóði eins og þær sem ætlast er til að fái þessar greiðslur? Sannarlega mætti spyrja á þá leið.

Nú er það svo að það er mín bjargföst skoðun og hefur verið þau 20 ár, sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur verið til, að þessi sjóður er fyrst og fremst eign verkalýðshreyfingarinnar, — fyrst og fremst. Ég veit að það eru ekki allir sammála um þá fullyrðingu. En það verð ég að segja þrátt fyrir þetta, að ef á annað borð á að láta sjóðinn standa undir jafnfjarlægu verkefni frá sínum uppruna og hér um ræðir, þá má það alveg eins vera til búandi kvenna í sveit eins og þeirra sem hér er gert ráð fyrir. Mér finnst það ekkert fjarlægara.

Ég lét í ljós, þegar ég tók til máls við 1. umr., að ég teldi að hér væri um verkefni almannatrygginga að ræða og við ættum ekki að flaustra málum eins og mér sýnist um að ræða hér, þ. e. a. s. að málið yrði ekki leyst með þessu frv. nema því aðeins að starfssvið Atvinnuleysistryggingasjóðs væri verulega skert. Við ættum miklu frekar að taka saman höndum og reyna að finna leiðir til þess að leysa þessi mál þannig að ekki þyrfti að standa styrr um. Það verður að segjast líka að í þeim umsögnum, sem borist hafa — það var mikið rekið eftir að þær kæmu fljótt — þá er þar yfirgnæfandi skoðun þeirra, sem láta í ljós skoðun sína, að almannatryggingarnar eigi að hafa þetta mál með höndum, og auðvitað er það langeðlilegast.

Það hafa verið lesnar hér upp umsagnir, en umsögn frá Alþýðusambandinu hefur ekki verið lesin og ég leyfi mér nú að gera það, með leyfi hæstv. forseta, því að hún lá ekki fyrir, þessi umsögn, þegar n. afgreiddi málið. Ég verð nú að segja það að ég hefði talið eðlilegt að sá aðilinn, sem ásamt verkalýðsfélögunum stóð að því að Atvinnuleysistryggingasjóður varð til, þ. e. a. s. með samningunum 1955, atvinnurekendasamtökin, — það hefði gjarnan mátt spyrja um álit þeirra. Það er mín skoðun um mál eins og Atvinnuleysistryggingasjóð, sem samið er um í hörðum vinnudeilum, er hluti af lausn í harðri vinnudeilu og var samið um öll grundvallaratriði sem nú eru í lögum, að varðandi grundvallaratriði um slík mál á ekki að ganga fram hjá þeim aðilum sem að málum hafa staðið, þegar um grundvallarbreytingar er að ræða. En í þessu frv., sem hér liggur fyrir, eru grundvallarbreytingar á hlutverki og störfum Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Í stjórn atvinnuleysistryggingganna, sjóðsstjórninni, þar sem fjallað var um þetta mál, voru mættir bæði þeir sem kosnir eru af Alþ., að vísu var einn fjarverandi, en 3 sem kosnir eru af Alþ. og þeir 3 aðrir sem kosnir eru af Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu. Allir þessir menn urðu sammála um það álit, sem lesið var upp hér í kvöld, einróma.

Með leyfi hæstv. forseta er umsögn Alþýðusambandsins á þessa leið, — hún er dags. 6. maí, það var ætlunin að leggja hana fyrir miðstjórnarfund, en þeir eru á fimmtudögum og s. l. fimmtudag var fundardagur, en þar upp á helgidag þannig að ekki var fundur, forseti sambandsins, Björn Jónsson, fékk mér þessa umsögn og hefur eflaust borið sig saman við miðstjórnarmenn eða a. m. k. gerði hann það hvað mig snertir, en á fundi var ekki hægt að afgreiða hana vegna þess hve mikið var rekið eftir og tími var naumur til, en hún hljóðar þannig:

„Óskað er umsagnar Alþýðusambands Íslands um frv. Ragnhildar Helgadóttur o. fl. um breyt. á l. um Atvinnuleysistryggingasjóð, en efni frv. er það að Atvinnuleysistryggingasjóði verði gert skylt að greiða verkakonum, sem eru félagar í samtökum innan ASÍ, laun vegna þriggja mánaða fæðingarorlofs við barnsfæðingar.

Alþýðusamband Íslands er því að sjálfsögðu fylgjandi að jafnrétti kvenna varðandi fæðingarorlof verði bundið í lögum þar sem ekki hefur þrátt fyrir áralanga baráttu tekist að koma því

réttlætismáli í höfn með frjálsum samningum verkalýðsfélaganna og samtaka atvinnurekenda. Á hinn bóginn telur Alþýðusamband Íslands á allan hátt óeðlilegt að þau útgjöld, sem slíkri lögfestingu fæðingarorlofs hljóti að verða samfara, séu lögð á Atvinnuleysistryggingasjóð, en álítur að Tryggingastofnun ríkisins ætti að annast þetta hlutverk. Bendir ASÍ í þessu sambandi á það, að fæðingarorlof og atvinnuleysi eiga harla lítið sameiginlegt, og auk þess á þá staðreynd að greiðslustaða Atvinnuleysistryggingasjóðs án aukinnar tekjuöflunar til hans hefðu mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Í samræmi við framangreint er það því till. Alþýðusambands Íslands að frv. verði breytt á þann veg að Tryggingastofnun ríkisins verði fengið í hendur það hlutverk að tryggja konum það fæðingarorlof, sem þar er gert ráð fyrir, og að jafnframt verði tekjur stofnunarinnar auknar svo að hún hafi til þess fjárhagslegt bolmagn.

Virðingarfyllst,
f. h. Alþýðusambands Íslands.
Björn Jónsson.“

Þetta er umsögn Alþýðusambandsins og hún er mjög á sama veg í raun og veru og komið hefur fram í fleiri umsögnum.

En mig langar þá aðeins að snúa mér örlítið enn að Atvinnuleysistryggingasjóðnum og minna á, til þess að menn hafi það alveg fast í huga þegar þeir fara að greiða atkv. um þessi mál, hver staða Atvinnuleysistryggingasjóðs er í þessum efnum. Iðgjöld eru áætluð á þessu ári 680 millj. kr. og vaxtatekjur um 190 millj. Þetta eru um 870 millj. samtals. Þetta finnst mönnum sjálfsagt býsna há upphæð, en hins vegar vil ég minna á að fastráðstafað af þessari upphæð er í fyrsta lagi helmingur iðgjaldaupphæðarinnar þar sem sjóðnum er gert með lögum að kaupa bréf Byggingarsjóðs ríkisins eða veðdeildar Landsbankans, og eins og fram kemur í umsögn sjóðstjórnarinnar er sjóðnum einnig með lögum, sérstökum lögum, gert að greiða lífeyri til aldraðra í stéttarfélögum og reiknað er með að á þessu ári nemi það 113 millj. Sjóðstjórnin hefur áætlað að á þessu ári mætti búast við að bótagreiðslur gætu numið um 180 millj. kr., og það sem af er þessu ári bendir til þess að hér sé ekki mikið of í lagt.

Hér er um að ræða röskar 630 millj. kr. sem á þennan hátt er strax ráðstafað með lögum, sjóðurinn á beinlínis að gera þetta og á ekki undankomu frá. Þá sjá menn að það eru ekki nein ósköp eftir. En sjóðurinn hefur hins vegar staðið undir margs konar almennum útlánum, sérstaklega til, eins og hv. þm. Tómas Árnason tók hér fram áðan, ýmiss konar atvinnuframkvæmda víða um landið og alveg sérstaklega miðað þar við að tryggja atvinnu á þeim stöðum sem um hefur verið að ræða. Sjóðurinn hefur með því móti, sem er í alla staði æskilegt, í mjög mörgum tilvikum komið í veg fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta. Að sjálfsögðu er það á allan hátt betra, bæði fyrir verkafólkið og að sjálfsögðu fyrir atvinnulífið sjálft. Þessi almennu útlán námu á s. l. ári rösklega 120 millj. kr. og voru þá tiltölulega lág, vegna þess að á því ári var enn verið að greiða framlag sjóðsins til Viðlagasjóðs sem nam 160 millj. kr. og 80 millj. s. l. ár.

Í öðru lagi hefur sjóðurinn alveg sérstaklega greitt fyrir ýmsum framkvæmdum sveitarfélaganna, einkanlega vatns- og hitaveitum, sérstaklega hitaveitunum þar sem þær eru á ferðinni og ekki hvað síst vatnsveitum og öðru sem orðið hefur til þess að gerbreyta hreinlætisaðstöðu, einkum fiskiðjuveranna. Í þessu efni hefur sjóðurinn lánað allverulegt fé.

Það er rétt að ég endurtaki það að ef sjóðnum verður gert ómögulegt að halda áfram þessum almennu útlánum, sem augljóslega verður ef þessar kvaðir verða á hann lagðar, þá er mjög hætt við að ein stoðin sem stendur undir iðgjaldagreiðslunni, þ. e. a. s. greiðslurnar frá sveitarfélögunum, komi ekki með þeim skilum sem þó hefur verið hægt að fá þær með einmitt vegna lánveitinganna, vegna þess að það hefur verið regla hjá sjóðsstjórninni að enginn, hvorki sveitarfélag né aðili í sveitarfélaginu, fær lán úr sjóðnum ef sveitarsjóðurinn er í vanskilum við sjóðinn. Þessi aðferð til innheimtu, sem ég fullyrði að hefur gert kleift að ná inn framlögum sveitarfélaganna, væri þess vegna í mikilli hættu ef sjóðurinn getur ekki haldið þessari almennu lánastarfsemi áfram.

Eins og kom hér fram áðan í yfirliti sjóðsstjórnarinnar, sem gert var um lánveitingar, hefur allriflegt fé m. a. farið til hafnarframkvæmda í landinu nú hin seinni ár, beint til hafnarsjóða. Þau mál voru á dagskrá fyrr í dag og það liggur fyrir núna lánsumsókn frá hæstv. samgrh., hafnamálaráðh., um 60 millj. kr. lán úr Atvinnuleysistryggingasjóði í hafnasjóð. Það er augljóst að sjóðurinn sinnir ekki slíkum þörfum ef þessar kvaðir verða á hann lagðar. Og það kannske kemur vel heim við það, sem var lesið hér í dag úr aðalmálgagni ríkisstj., Morgunblaðinu, að auðvitað hlytu framlög til hafnasjóðs að minnka verulega, svo að mönnum er kannske ekkert illa við það þó að slík aðstoð við hafnasjóð eins og hefur verið undanfarin ár verði ekki að þessu sinni. En það verður ekki til þess að styðja atvinnuöryggið í landinu, eitthvað annað. A s. l. ári veitti sjóðurinn hafnasjóði 40 millj. kr. lán.

Frá Reykjavíkurborg liggur nú umsókn um lán að upphæð 100 millj. kr. Reykjavíkurborg er mjög stór aðili við sjóðinn, ekki aðeins sem sveitarfélag og með tilliti til framlags síns sem slíks, heldur er Reykjavíkurborg einnig mjög stór atvinnurekandi og greiðir að sjálfsögðu iðgjöld sem slíkur. Reykjavíkurborg hefur fengið verulega fyrirgreiðslu úr sjóðnum á undanförnum árum og ég reikna með því að það hefði verið reynt að verða við þeirri beiðni nú eins og áður, en skerðist auðvitað ef þessar kvaðir verða á sjóðinn lagðar.

Nákvæmlega sama er að segja um önnur sveitarfélög, velflest sveitarfélög í landinu. Öll nágrannasveitarfélögin hér hafa nú komið með lánsbeiðnir vegna hitaveituframkvæmda.

Mér finnst í raun og veru að menn eigi að þekkja þetta og ef þeir þekki það ekki, þá verði þeir að afla sér upplýsinga um það. Ef það er ætlunin að skera niður þessa starfsemi Atvinnu-

leysistryggingasjóðs, þá eigi menn, sem flytja svona frv., hreinlega að koma með beinar till. um hvað á að skera niður. Og ef sú till., sem hér hefur verið flutt nú um aukið framlag atvinnurekenda til sjóðsins verður felld, þá mun ég við 3. umr. flytja till. um hvað skuli skorið niður, og þá er rétt að menn fái að standa frammi fyrir því hvað á að skerða, því að hvort tveggja verður ekki gert: að halda áfram starfsemi sjóðsins eins og hún hefur verið og einnig að leggja þessa nýju kvöð á hann. Hvort tveggja verður ekki gert.

Menn spyrja ósköp mikið: Hvað kostar þetta? Og sannarlega hefði verið æskilegt að a. m. k. einhver ágiskun um það hefði legið fyrir. (RH: Það liggur fyrir ágiskun.) Hver er hún? (RH: Innan við 100 millj.) Nú kemur það fram í umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að hvert fæðingarorlof kostar sjóðinn 170 þús. kr. tæpar. (RH: Ef konan á tvö börn.) Já, það munar nú ekki svo mjög miklu, en við skulum bara segja 150 þá, það skiptir ekki öllu máli. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, ég tók eftir því í ræðu hennar áðan að hún reiknaði með að fjórðungur, t. d. ¼ sagði hún, af þeim 4—5 þús. konum, sem fæða börn á hverju ári, yrðu þessa aðnjótandi að áætlað er. Hvað er fjórðungur af þessu? (RH: Innan við fjórðung.) Segjum innan við fjórðung, já. Ég sé ekki betur en fjórðungur af þessu og kannske innan við fjórðung, við skulum bara segja 1 000, er það ekki innan við fjórðung? (GHG: Segjum 1 400.) Við skulum segja að það séu 1 000, hvað eru þetta þá orðnar margar millj. með 150—170 þús. á hvert fæðingarorlof? Ég sé ekki betur en þetta séu 150—170 millj. sem þarna er um að ræða. Og þá er rétt, ef það er ætlunin að fella þá till. sem hér hefur komið fram um auknar tekjur til sjóðsins, að menn geri sér þá fulla grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja skera niður, því að ef um slíkar upphæðir er að ræða, þá lokar þetta hreinlega fyrir alla aðra starfsemi sjóðsins en þá sem hreint er lögboðin.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri. En ég vil mjög undirstrika það sem ég sagði við 1. umr. málsins og vil endurtaka núna og mér skilst að hv. þm. Tómas Árnason gerði líka áðan, en það er að við skoðum þessi mál betur. Við skulum ekki flaustra þessum málum af. Kvennaárið er ekki einu sinni liðið og ef við notum tímann og þau samráð, sem við getum hér um haft, þá er ég alveg sannfærður um að við getum fundið leiðir til að leysa þessi mál og ekki þurfi deilur um að skapast. Hér er um mjög gott mál að ræða. En ég ætla ekki að lýsa því yfir að ef þessar till. verða felldar um fjárauka til sjóðsins eða sú till., sem ég hafði hugsað mér að koma með ef hún yrði felld, þá ætla ég ekki að fara lýsa því yfir að ég ætli að greiða atkv. með þessu máli að lokum, hreinlega ekki. Hér er um að ræða grundvallarbreytingu á hlutverki Atvinnuleysistryggingasjóðs og ég hreint og beint tel mig ekki hafa vilja til þess að gera það, vegna þess að það getur ekki orðið nema á kostnað annarra þeirra starfa sem þessi sjóður á að hafa með höndum. Þess vegna vildi ég nú leggja áherslu á það að við skoðuðum þessi mál rólega og með það fyrst og fremst í huga að leysa þau. Það held ég að væri miklu affarasælla en fara að keyra í gegn þessa till. núna. Það er augljóst, ekki hvað málefnið sjálft snertir, fæðingarorlof, heldur þá meðferð á Atvinnuleysistryggingasjóðnum sem hér um ræðir, að það yrði gert í óþökk mjög margra.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það hefur verið mjög sérkennilegt að fylgjast með þeim umr. sem hafa átt sér stað um það frv. sem hér liggur frammi til breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar. Ég geng þess ekki dulinn að allmikill tviskinnungur hefur verið í þeim málflutningi. Ýmsir hv. ræðumenn hafa lýst því yfir að þeir teldu að þeir mundu greiða þessu atkv. að lokum, hvernig svo sem liði um þá gagnrýni sem þeir beina að fjárhagsatriði málsins, sem í þessu tilfelli snertir Atvinnuleysistryggingasjóð.

Það er auðvitað ljóst að hér er um mikilsvert hagsmunamál að ræða. Og það á a. m. k. ekki við um alla, það sem hv. þm. Svava Jakobsdóttir sagði, að áhugi einstakra þm. á málinu væri alveg nýr. Ég hafði það að atvinnu minni um hálfs annars áratuga skeið að veita forstöðu verkalýðssambandi. Ég hafði hlotið smáskólun áður en ég tók til þess starfa, sem var hjá vinnuveitendasamtökum. Þar kynntist ég strax þeirri staðreynd að fæðingarorlofs nutu konur sem störfuðu hjá því opinbera, og einnig kynntist ég því að sjálf samtökin, sem ég vann hjá, gerðu svo vel við sínar stúlkur sem barnshafandi urðu um þetta leyti og ólu börn sín og nutu kaupgreiðslu frá þessum sömu vinnuveitendasamtökum. Þess vegna var það undireins, að þegar ég gekk í þjónustu verkalýðssamtakanna, þá setti ég þetta fram sem eina höfuðkröfu í kjaradeilu eftir kjaradeilu og allt til loka þess að ég átti að gegna störfum þar. En aldrei náði þetta fram að ganga, þetta sjálfsagða réttlætismál Ég fullyrði ekki að það hafi einvörðungu verið vegna þess að vinnuveitendur voru svo staðir. Auðvitað voru þeir það. Það fór ekki hjá því að mér þætti á skorta einnig nægjanlegt atfylgi við þetta réttlætismál í eigin röðum.

Því betur sem ég skoða hug minn um þetta, þeim mun sannfærðari verð ég um að þetta réttlætismál nær ekki fram að ganga nema með lagasetningu. Og það er kjarni þessa máls sem við erum að ræða hér. Það er af gersamlegri vanþekkingu á sögu verkalýðshreyfingarinnar fyrr og síðar þegar hv. þm. Svava Jakobsdóttir harmar að allur rétturinn skuli ekki nást í einu, skuli ekki nást þessi réttur til handa öllum konum í einu. Það hefur aldrei náðst í sögu verkalýðshreyfingarinnar. Það hefur alltaf náðst í áföngum, smám saman, og nú yrði það gífurlega mikill ávinningur, sem mundi létta alla framtíðarbaráttu, að ná þessu fram til handa konum í verkalýðssamtökunum, — gífurlega mikill ávinningur sem mundi knýja á um að allar konur næðu þessum sjálfsögðu réttindum sem fæðingarorlof er.

Ég nefndi tviskinnung í þessu sambandi, og menn skella hálfpart í góm yfir því að hér sé ekki um full laun að tefla, t. d. ekki eins og hjá skrifstofustúlkum. En þegar kemur að því að eigi að greiða þetta þá þykir þetta vera hniskja í lagi, sem nemur 150—170 millj. kr. Og menn telja allsendis ófært að leggja þetta

á þann sjóð sem hér er gert ráð fyrir, Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég ætla að taka það fram að ég álít að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna, og eftir þeim kunnugleikum sem ég hef af starfsemi hans, sem eru nokkrir, þá er ég í engum vafa um að á hans málum hefur ákaflega vel verið haldið og til fyrirmyndar. Og ég vil ekki leggja neitt það á Atvinnuleysistryggingasjóð sem kemur til með að skerða getu hans til þess að sinna hlutverki sínu, sem hann hefur getað á undanförnum árum, að neinu marki til frambúðar. En ég álít svo mikilvægt að ná fram lagasetningu um þetta réttlætismál að ég mundi samt ekki skoða hug minn um það í bili að gera honum þetta að skyldu, að annast þetta verkefni, en mundi síðan, þegar séð verður hvað raunverulega um ræðir hér í fjárframlögum og álögum á sjóðinn, vera til þess þegar í stað reiðubúinn að stuðla að því að honum yrði aflað þeirra tekna sem nægjanlegar mundu vera til þess að hann gæti áfram haldið að gegna þeim mikilvægu hlutverkum sem hann vissulega hefur gegnt.

En þegar menn eru hneykslaðir yfir þeim álögum, sem með þessari tillögugerð eru lagðar á Atvinnuleysistryggingasjóð, og telja ósvinnu að leggja slíkt til án þess um leið að sjá fyrir nægjanlegum tekjustofnum, þá er það vissulega annar tónn en oft kveður við þegar hv. stjórnarandstæðingar eru að leggja fram till.. sínar um tugmilljóna, ef ekki hundraða millj. kr. álögur á galtóman ríkiskassann. Þá þarf ekki að sjá fyrir tekjustofnum.

Nei, ég legg ekki mjög eyrun við því þótt það sé reynt að nota sem gagnrýni á þessa tillögugerð að hún skuli ekki bera með sér þessi réttindi til handa öllum konum. Vissulega hefur verkakonan eða konur í verkalýðsstéttum nokkra sérstöðu, því verður alls ekki neitað. Og aðalatriðið er þetta, að þótt ekki náist öll réttindin fram til handa allri kvenþjóðinni í einu, þá er þetta þó það stórt skref að enginn vafi er á að ræður úrslitum til þess að áður en líður munu allar aðrar konur ná þessu fram. Og þegar borið er niður hjá Atvinnuleysistryggingasjóði um þessar álögur, þá álít ég það vera að sínu leyti mjög rökrétt, líka af því að ég er sammála hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni um að Atvinnuleysistryggingasjóður er fyrst og fremst eign verkalýðshreyfingarinnar. Þó að hún greiði ekki til hans, heldur sé hann fjármagnaður með öðrum hætti, að ¼ frá vinnuveitendum, að hálfu frá ríki og ¼ frá sveitarfélögum, þá varð þessi sjóður til, þessi lífsnauðsynlegri sjóður, fyrir gífurlega harða baráttu verkalýðssamtakanna og ef ég man rétt í lengsta verkfalli sem hér hefur verið háð, allsherjarverkfalli á árinu 1955. Og enda þótt hann sé ekki alfarið undir stjórn verkalýðshreyfingarinnar, þá lít ég og hef raunar litið svo til frá upphafi að hann væri fyrst og fremst hennar eign. Þess vegna er það að þegar verið er að leggja til að konur í verkalýðssamtökunum njóti þesara réttinda, þá er ekkert eðlilegra en að fyrst sé borið niður hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Mér býður í grun að það ætti að liggja nokkurn veginn ljóst fyrir, t. d. á hausti komanda, hvað miklar álögur á sjóðinn hér yrði um að tefla, og fram til þess tíma getur ekki verið um svo þungar búsifjar honum til handa að ræða að hann fái ekki undir þeim risið. Verði þá hægt að sýna fram á að fenginni reynslu og þeim útreikningum, sem þá er hægt að leggja til grundvallar, að þá þurfi á auknum tekjustofnum að halda, þá skal ég verða fyrstur manna til þess að leggja lóð á þá vogarskál.

Það er ekkert nýtt að það sé mjög fjargviðrast yfir því að hlutirnir kosti mikið. En ég verð að segja það að þegar svona réttlætismál er í boði, þá vil ég ekki í sama orðinu hafa frammi tvískinnungslegt tal um það að þjóðfélagið fái ekki undir því risið því að vitanlega er þessi sjóður almannaeign þó að verkalýðshreyfingin eigi þar fyrsta rétt.

Það var sagt af hv. þm. Svövu Jakobsdóttur að það væri nóg komið af áföngunum. Eins og ég sagði, það er staðreynd og það geta menn kynnt sér í allri sögu verkalýðshreyfingarinnar, að ekkert hefur náðst í einu skrefi. Þetta hefur unnist með harðri og langri baráttu smám saman fram til þess að yfirleitt verða menn að telja að nú sé verkalýðshreyfingin sæmilega sett í réttindamálum sínum, en kannske síst að þessu leyti, hvað varðar greiðslur til kvenna vegna barnsburðar. Þess vegna er það með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, að ég legg til að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson greindi frá fjárhagsástæðum sjóðsins. Það þarf og má e. t. v endurskoða lög um hann líka. T. d. er ég ekki fullkomlega sannfærður um að það sé réttlætanlegt að gera honum að skyldu að verja svo miklu af ráðstöfunarfé sínu til íbúðabygginga eða kaupa skuldabréfa Byggingarsjóðs eins og gert er. Ég held að þessi sjóður sé miklu skyldari atvinnulífinu í landinu en svo, að ástæða sé til að gera honum að skyldu að festa svo mjög fjármögnun í steinsteypu og þá mest á Reykjavíkursvæðinu, sem hefur verið mestur spennuvaldurinn í íslensku efnahagslífi um hríð og dæmi eru til um áður. Samt þóttist ég taka eftir því að mörkuð útgjöld hans væru eftir lögum og þeirra áætlunum 633 millj., en ráðstöfunarfé hans yrði um 870 millj., þannig að þarna væru umfram um 237 millj. Hann gat þess að í mörg önnur horn þyrfti að líta og ekki verður það í efa dregið. En ég kunni ekki við þann tón, þann bankastjóratón sem ég vil kalla, að vera að hafa á orði hálfgildings hótanir um það að ef sjóðnum yrði gert að standa undir þessum álögum, þá skyldi öðrum brýnum umsóknum, sem þar lægju inni til nauðsynlegra verka, verða neitað, bæði frá Reykjavíkurborg og í hafnarsjóð o. fl. Það var heldur óviðkunnanlegur hótunartónn sem greinilega átti að vega þungt í andstöðunni við frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu.

Ég endurtek það að mér finnst höfuðatriði þessa máls að ná því fram að konur í verkalýðsstétt eignist þessi réttindi. Hallist á á fjárhagshliðinni, og það fáum við að sjá áður en líður, þá verður enginn vandi að ná samkomulagi um að rétta þann halla af.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil sem einn af flm. þessa frv. fagna þeim viðtæka stuðningi sem komið hefur fram hjá ræðumönnum við frv. þetta í dag, því að ég hygg að þrátt fyrir allt og allt hafi allir þeir ræðumenn, sem um málið hafa talað, lýst yfir endanlegum stuðningi við það, þó að þeir teldu að æskilegra hefði verið að ná þeim áfanga um fæðingarorlof kvenna í verkalýðsstéttinni, eftir annarri leið en þeirri sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég get verið fyrstur manna til þess að viðurkenna að vissulega eru nokkrir gallar sem finna má við efni frv. og æskilegt hefði verið að geta bætt úr. Ég tel að það sé alveg ástæðulaust að það liggi í láginni að við flm. þessa máls leiddum hugann nokkuð að því hvort ekki væri hægt að bæta úr þeim eftir einhverjum færum leiðum. Það varð niðurstaða okkar að eins og aðstæður voru væri þetta einasta færa leiðin til þess að ná þessu réttlætismáli fram nú, og við töldum það svo stóran atburð og svo mikinn áfanga í réttindabaráttu verkakvenna í landinu að á sig væri nokkuð leggjandi til þess að ná honum. Og ég vil lýsa því sem minni skoðun að ég tel að ef okkur tekst að fá þetta frv. samþ. á þessu þingi, þá hafi þar með unnist nokkur áfangi sem minnst verður og þakkaður í framtíðinni. Ef þeim áfanga verður ekki náð á annan hátt en þann að reynslan sýni að mjög minnki um ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs, þá tel ég eðlilegt, þegar það hefur sýnt sig, að rétt sé að leita úrbóta í þeim vanda Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég skal ekki tefja tíma hv. d. með því að fara mörgum almennum orðum um sjálft frv., en vildi þó nota þetta tækifæri til þess að víkja að nokkrum aths. sem komið hafa fram í umr. í dag. Ég get þó sleppt því að víkja að mörgum þeirra vegna þess að ýmsir hv. ræðumenn, sem talað hafa hér á undan mér, og ekki þá síst síðasti ræðumaður hafa vikið að þeim og svarað þeim.

Hv. þm. Magnús Kjartansson talaði talsvert um að óeðlileg vinnubrögð hefðu verið viðhöfð í sambandi við flutning og rekstur þessa máls í d. og að mér skildist líka í hv. heilbr.- og trn. Nd. sem ég er formaður fyrir. Þessu vil ég algerlega neita. Það skal viðurkennt að við flm. frv. höfum af eðlilegum ástæðum, þeim ástæðum að annars vegar teljum við að hér sé um stórt réttlætismál að ræða sem æskilegt sé að fá lögfest og hins vegar að nú líður mjög að lokum þessa þings, þá höfum við með hliðsjón af þessu hvoru tveggja lagt á það nokkra áherslu að hraða gangi málsins á þinginu. M. a. af þeirri ástæðu var með fullu samkomulagi í heilbr.- og trn. þessarar d. þ. á m. með samþykki Magnúsar Kjartanssonar samþykkt að setja þeim umsagnaraðilum, sem frv. fengu til umsagnar, vikufrest. Um það var því ekki ágreiningur í hv. heilbr.- og trn. Það að fyrir hafi legið í n. þáltill. frá Bjarnfríði Leósdóttur um fæðingarorlof og fæðingarstyrk getur á engan hátt skoðast sem næg ástæða fyrir því að við flm. þessa frv. létum undir höfuð leggjast að flytja frv. um fæðingarorlof þótt þáltill. lægi fyrir í n. Bæði var, að hér var um þáltill. að ræða sem fjallaði ekki einasta um fæðingarorlof, heldur líka fæðingarstyrk, og hún gerði ráð fyrir því að útgjöld vegna þessara greiðslna yrðu greidd af almannatryggingakerfinu. En það var ljóst eftir að það hafði verið skoðað að fyrir því var ekki meiri hl. á hv. Alþ. Þegar af þeirri ástæðu verður að telja eðlilegt að við flm. þessa frv. hugsuðum okkur að reyna að ná þessu takmarki um fæðingarorlofið eftir einhverjum öðrum leiðum sem færar voru og hugsanlegur þingmeirihluti væri fyrir. Það er af þeirri ástæðu sem þetta frv. er flutt, sem gerir ráð fyrir því að útgjöldin vegna fæðingarorlofs verði lögð á Atvinnuleysistryggingasjóðinn, sem er ný leið sem virðist af undirtektum hér í dag vera meiri hl. fyrir að fá lögfest. Skal ég ekki fjölyrða meira um þann þátt málsins.

Ég vil aðeins til viðbótar því, sem hv. síðasti ræðumaður svaraði Svövu Jakobsdóttur hér áðan þar sem hún var að gera lítið úr því að hér væri aðeins um áfanga að ræða í réttindabaráttu verkakvenna þar sem allar konur í landinu, sem ekki nytu þriggja mánaða fæðingarorlofs þegar í dag, væru ekki teknar með í frv., segja þetta: Ég þarf ekki að skýra, hvorki fyrir henni né hv. þm. Tómasi Árnasyni, ástæðurnar fyrir því að á þessu stigi málsins var ekki talið eðlilegt af okkur flm. að ganga lengra eða gera viðfeðmi frv. meira, þ. e. a. s. það taki til fleiri kvenna en efni þess gerir ráð fyrir, af því að það hefur hér verið upplýst hvaða ástæður liggja að baki því. En ég verð að segja það eins og hv. síðasti ræðumaður, að ég veit ekki betur en flestir sigrar launþegasamtakanna í landinu hafi verið unnir með áfangasigrum. Upp í huga minn koma við þetta tækifæri og þegar ég heyrði þessi orð umr. sem fóru fram í hv. Ed. fyrir nokkrum árum þegar verið var að ræða frv., sem þáv. þm. Jón Þorsteinsson flutti um jafnlaunamál kvenna. Þá voru einmitt nokkrir hv. þm., flokksbræður Svövu Jakobsdóttur, sem gerðu lítið úr frv. þessu og fóru raunar sumir hverjir hinum háðulegustu orðum um efni þess. En ég hygg að margir þeirra vildu gjarnan í dag ekki hafa viðhaft þau orð, því að ég hygg að það sé viðtekin starfsaðferð hygginna manna, að þegar þeir horfa fram á að þeir geti ekki náð því, sem þeir keppa að, í einum áfanga, með einum sigri, þá verða þeir oft að sæta því að ná þeim sigri í nokkrum áföngum. Og það er eins með þetta mál, eins og hv. 1. flm. þess sagði reyndar í dag, að það er fjarri því að með samþykkt þess sé réttlæti fæðingarorlofsins flutt til allra kvenna í landinu, sem vissulega væri æskilegt að gæti orðið sem fyrst.

Þá langar mig til þess að víkja að nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. Eðvarðs Sigurðssonar, sem ég hlýddi á með mestu athygli vegna þess að ég veit að hann er mjög kunnugur bæði baráttu verkalýðshreyfingarinnar í landinu fyrir þessu máli og öðrum. Þar að auki hefur hann setið um nokkurra ára skeið, að því er ég best veit, í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það ber því vissulega að hlýða á þau rök sem maður í slíkri stöðu og með þá reynslu sem hann hefur í þessum efnum hefur fram að færa. Mér

þykir verst að ég held að hann sé ekki við og heyri þess vegna ekki það sem ég gjarnan vildi við hann sagt hafa. En það verður þá að hafa það.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson lagði á það megináherslu og endurtók það nokkrum sinnum í ræðu sinni að með flutningi þessa frv. og ef það verður samþykkt væri um að ræða grundvallarbreytingu, eins og hann orðaði það, á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð og starfsháttum Atvinnuleysistryggingasjóðsstjórnarinnar. Nú væri það fíflдirfska af mér að draga slíka staðhæfingu í efa frá stjórnarmeðlimi Atvinnuleysistryggingasjóðs. En ég leyfi mér þó að gera það vegna þess að ég hef hér í höndunum umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þar sem mér þykir koma fram algerlega á ótvíræðan hátt að hér er ekki um fordæmalausa lagasetningu að ræða því að í umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingsjóðs stendur skýrum stöfum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ýmsar kvaðir hafa verið lagðar á sjóðinn með lögum, svo sem greiðsla á eftirlaunum aldraðra sem áætluð er á þessu ári 113 millj. kr.“

Ég vil halda því fram að sú kvöð, sem á sjóðinn yrði lögð með samþykkt þessa frv., sé á allan hátt mjög sambærileg við þau lög sem hér er vitnað til. Þegar af þeirri ástæðu fær sú staðhæfing hv. þm. ekki staðist sem hann lagði mikla áherslu á í ræðu sinni.

Þá sagði hv. þm. að sér hefði fundist eðlilegt að þetta fæðingarorlof næði til allra kvenna sem ekki njóta þess í dag. Hann talaði um bændakonur og e.t.v. fleiri konur sem frv. nær ekki til. Það er vissulega rétt að æskilegt væri ef hægt væri að veita þeim sambærileg réttindi þegar í stað eins og til stendur að veita verkakonum með þessu frv. En það, sem gerir eðlilegt að ekki sé lengra farið í augnablikinu, er að við margir okkar a.m.k. lítum þannig á að Atvinnuleysistryggingasjóðurinn sé að mjög verulegu leyti eign verkalýðsfélaganna í landinu og annarra þeirra, sem í hann greiða, en ekki síst verkalýðsfélaganna í landinu, og því sé eðlilegt að konur í verkalýðsstétt njóti þessara réttinda frekar en aðrar konur sem þau ekki hafa í dag. Hinu vil ég svo lýsa yfir, að ég er að sjálfsögðu mikill áhugamaður þess að fundnar verði sem fyrst leiðir til þess að skipa þeim öðrum konum í landinu, sem börn fæða, í þann sess að þær geti notið hliðstæðra réttinda eftir einhverjum öðrum leiðum.

Þá vildi hv. þm. líka finna að því að frv. hefði ekki verið sent til umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands því að það væri þó aðili að Atvinnuleysistryggingasjóðnum. Það má rétt vera að það hefði verið eðlilegra hjá okkur í n. að gera slíkt, en á hitt ber að líta, að í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs situr fulltrúi frá Vinnuveitendasambandi Íslands og í reynd er þar líka fulltrúi af hálfu verkalýðsstéttarinnar í landinu, og þegar af þeirri ástæðu mætti segja að það hefði verið nóg í þeirri kröppu tímastöðu, sem við vorum í, að senda frv. til umsagnar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, í þeirri veru þá að þeir fulltrúar þessara samtaka, sem þar eiga sæti, hefðu samband við umbjóðendur sína áður en umsögn Atvinnuleysistryggingasjóðsstjórnarinnar yrði send hv. Alþ. Ég fellst á að það hefði verið eðlilegra að senda þetta frv. til stjórnar Vinnuveitendasambands Íslands eins og stjórnar ASÍ.

Þá kem ég að því atriði í ræðu hv. þm. sem mér fannst einna eftirtektarverðast, en það var að hann staðhæfði að með samþykkt þessa frv. væru slíkar nýjar kvaðir lagðar á Atvinnuleysistryggingasjóðinn að ráðstöfunarfé hans til annars en að kaupa skuldabréf íbúðalánasjóðsins og greiða eftirlaun til aldraðra í verkalýðsfélögunum mundi nánast að engu verða. Um þetta atriði er að sjálfsögðu á þessari stundu erfitt að fullyrða af eða á. Í myndinni eru margir drættir sem ekki liggja ljósir fyrir á þessari stundu. Við getum raunar, eins og hér hefur komið fram, ekki með nokkurri nákvæmni sagt hversu há útgjöld samþykkt þessa frv. hefði í för með sér. Og við getum ekki heldur sagt hvort eðlilegt sé að lánum Atvinnuleysistryggingasjóðs til ýmissa þarflegra framkvæmda í landinu sé endilega best fyrir komið í sama farvegi og gilt hefur fram til þessa. Hv. þm. minntist á að mikið hefði verið lánað m.a. til sveitarfélaga, til ýmissa þarflegra framkvæmda þar, og raunar fyrirtækja í atvinnulífinu úti á landi. Vissulega er þarflegt að geta haldið því áfram og ég vona að það verði hægt þrátt fyrir samþykkt þessa frv. En ég vil benda á þá staðreynd að t.d. Byggðasjóður, sem lánað hefur til ýmissa framkvæmda úti á landi, hefur nýverið fengið mjög verulega auknar tekjur, þannig að hann gæti væntanlega lánað meira í framtíðinni til nauðsynlegra framkvæmda víðs vegar um land en hann hefur gert til þessa.

Hv. þm. vék einnig að því að mikið hafi verið lánað til frystihúsa til þess að bæta vatnsveitukerfi þeirra og þar fram eftir götunum. En sannleikurinn er sá að á undanförnum tveimur árum eða lengur hafa staðið yfir miklar framkvæmdir í sambandi við frystihúsin í landinu, þannig að maður gæti ímyndað sér að verkefni á því sviði færu nú eitthvað að minnka. Þannig tel ég að það sé með öllu ósannað nú, að með samþykkt þessa frv. verði svo þröngt um ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs að hann geti ekki sinnt þeim öðrum verkefnum að neinu leyti sem hann hefur gert til þessa. Það er hlutverk okkar alþm. að vera stundum í óþægilegri aðstöðu og þurfa að kveða upp úr um það, þegar ekki er hægt að fullnægja öllum óskum allra, hvað skuli hafa forgang. Ég segi fyrir mig út af því sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði áðan, að hann mundi láta hv. dm. standa frammi fyrir því við 3. umr. hvað ætti að skera niður ef þetta frv. yrði samþ., að ég er reiðubúinn til þess að taka afstöðu til þess þegar þar að kemur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. Ég vil endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að ég tel að ef svo gæfulega ber til að okkur takist að fá frv. lögfest á þessu þingi, þá hafi Alþ. unnið þarft verk og merkum áfanga sé náð í réttindabaráttu verkakvenna á Íslandi. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni að eftir að þetta frv. hefur einu sinni verið í lög leitt, og mér heyrist að allir séu sammála um að eina leiðin til þess að fá réttindi til fæðingar-

orlofs verkakvenna viðurkennd í reynd sé að setja um þau lög, að eftir það verði ekki aftur snúið. Sýni reynslan að ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs skerðist svo mikið við samþykkt þessa frv. að í óefni sé komið, þá mun frekar af hv. Alþ. verða horfið að þeirri leið að auka tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðsins heldur en afnema þau réttindi sem fengust með samþykkt þessa frv. Það er aðalatriðið í minum huga. Ég hygg að þó að við leyfum nokkrum reynslutíma að líða frá samþykkt frv. án þess að leggja Atvinnuleysistryggingasjóðnum til nýja tekjustofna, þá sé ekki hundrað í hættunni þess vegna, og ef reynslan verður sú sem ég var að lýsa, þá muni Alþ. bregðast mannlega við þeirri niðurstöðu þegar hún liggur ljós fyrir.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt, þótt liðið sé á kvöld, að fjalla nokkuð um þann misskilning sem hefur gætt af hálfu andstæðinga þessa frv. varðandi það mál sem hér er til umr. Því miður mun hv. 7. þm. Reykv. vera horfinn úr húsinu, þannig að það verður að svara ýmsum atriðum, sem fram komu í ræðu hans, að honum fjarverandi.

Hv. þm. fór mörgum orðum um störf og afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til málefna kvenna innan þeirrar hreyfingar, og margt af því, sem hann sagði, var rétt. En þó vil ég halda því fram að mikið hafi vantað á að sú mynd væri sem heilust og fullkomnust, þannig að hv. þm. gerðu sér raunverulega grein fyrir því hvernig íslensk verkalýðshreyfing hefur þróast og af hverjum íslensk verkalýðshreyfing er mynduð. Hann drap á það að hann hefði fylgst í fjölda ára með baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir fæðingarorlofi handa konum. Ég vil þó segja það að ég hef ekki orðið var við mjög eldlegan áhuga á þessu baráttumáli hjá hinum hefðbundnu verkalýðsfélögum, og það af skiljanlegum ástæðum, því að satt best að segja eru margar þær konur, sem eru í hinum gömlu verkalýðsfélögum, fyrir löngu komnar úr barneign, en það er önnur saga. Þar er einnig mikið um ungar konur sem vert er að taka tillit til.

Ég held að þótt segja megi að hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, eigi sér sögulega hefð innan verkalýðshreyfingarinnar og sé þar mikið átoritet, þá geti þó aðrir talað með og þá talað vegna þess hluta verkalýðshreyfingarinnar sem þeir eru í forustu fyrir. Og ég vil leyfa mér í þessu máli að tala fyrir þann hluta, sem að mér snýr sem forustumanni í verkalýðshreyfingunni, þ. e. a. s. fyrir þúsundir kvenna í þjónustugreinum sem þetta mál skiptir miklu.

Það var rétt, sem kom fram hjá hv. 3. þm. Austf., Sverri Hermannssyni, að þessi krafa, fæðingarorlof, hefur lengi verið ein aðalkrafa samtaka verslunarmanna. Minnist ég þess þegar hann hafði forustu í þeirri kröfugerð vegna Landssambands ísl. verslunarmanna, en því miður án árangurs, eins og hv. þm. benti hér á og undirstrikaði. En nú er búið að benda á leið sem við flm. álitum að sé fær í þessu máli og tryggi að það komist í höfn.

Varðandi það atriði hjá hv. 7. þm. þegar hann vildi gefa mér þá ábendingu að það frv., sem ég er flm. að, væri ekki fullnægjandi vegna þeirra kvenna, sem taka laun samkv. töxtum þess félags sem ég er formaður fyrir, vil ég segja þetta:

Það er rétt að vissu vissu marki að þannig geta mál skipast. En ég vil benda á að því fer víðs fjarri að þetta dugi ekki meira en sem nemur um 50% miðað við sama taxta þess félags sem hér um ræðir. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni, auk þess sem honum og öðrum, er hafa talað gegn þessu máli, yfirsést það atriði að í kjarasamningum eru nú þegar ákveðin ákvæði um slíkt orlof. T. d. er í kjarasamningum verslunarmanna ákvæði um að konur skuli fá 12 daga orlof, í öðrum samningum er allt að þriggja vikna orlof, þannig að þegar þetta er samanlagt nálgast það það mark að fullt fæðingarorlof í 3 mánuði verði fyrir allar útivinnandi konur, hvar í stétt sem þær eru. En að sjálfsögðu þarf að vinna að því í framtíðinni að tryggja öllum öðrum konum sama rétt. Þetta er baráttumál sem hlýtur að vinnast í áföngum, því að það er, eins og hv. 3. þm. Austf. sagði, staðreynd að öll barátta íslenskrar verkalýðshreyfingra og réttindabarátta yfirleitt vinnst í áföngum, en ekki stórum stökkum.

Þá kem ég að því atriði í ræðu hv. 7. þm. Reykv. þar sem hann talar um að Atvinnuleysistryggingasjóður sé eign verkalýðshreyfingarinnar. Það gætti nokkurrar mótsagnar hjá hv. þm. þegar hann talaði um þetta atriði, að Atvinnuleysistryggingasjóður væri eign verkalýðshreyfingarinnar, því að í sömu andránni talaði hann um að það væri ekki óeðlilegt, vegna þess að ¾ hlutar tekna sjóðsins kæmu frá ríki og sveitarfélögum, að þá ættu heimavinnandi konur og búandi í sveit einnig sama rétt til greiðslna úr sjóðnum. Samkv. því gefur hann ábendingu um að þessi sjóður sé ekki endilega hrein eign verkalýðshreyfingarinnar, heldur beri einnig að líta til þessara greiðslna frá ríki og sveitarfélögum, þannig að hér sé um, eins og hv. 3. þm. Austf. sagði, sjóð að ræða sem er almenningseign, og ég tek undir þau orð. Hins vegar vil ég einnig segja það, að ef maður ætti að halda sig við túlkun hv. 7. þm. Reykv. um hreina eign verkalýðshreyfingarinnar á Atvinnuleysistryggingasjóði þá hlýtur hin fjölmenna og ég vil segja nýja stétt kvenna, sem vinnur við framleiðslustörf í nútíma hraðfrystihúsum, iðnfyrirtækjum, verslunum, skrifstofum, samgöngufyrirtækjum o. s. frv., þ. e. sú nýja vinnustétt sem hefur verið að myndast og þróast á Íslandi síðustu tvo áratugi, að eiga sama rétt til þessa sjóðs og verkalýðurinn úr hinum gömlu hefðbundnu félögum.

Varðandi umsögn Alþýðusambands Íslands, sem að vísu er umsögn forseta Alþýðusambandsins eins og fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykv., vil ég segja þetta:

Það kom fram einnig í ræðu hv. 7. þm. Reykv., sem ég ætla að undirstrika, að þessi umsögn hefur ekki verið lögð fyrir miðstjórnarfundi í Alþýðusambandinu og bar hv. 7. þm. Reykv. þar við tímaleysi. Hins vegar sagði hv. 7. þm. Reykv. annað. Hann sagði: Björn Jónsson forseti ASÍ bar þessa umsögn undir mig, þ. e. a. s. Eðvarð Sigurðsson, formann Dagsbrúnar. Hvað skyldu

vera margar konur í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík? Ekki bar forseti Alþýðusambands Íslands þetta bréf, sem var lesið áðan, undir okkur, undir formann Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem telur um 3 000 konur innan sinna vébanda, og harma ég það og hlýt að líta þannig á að annað hvort hefur forseti ASÍ ekki náð til mín eða honum hafa orðið á þarna mjög slæm mistök. En miðað við þetta hlýt ég að álykta sem svo að umsögnin hafi mjög takmarkað og lítið gildi sem slík.

Um Atvinnuleysistryggingasjóð er að sjálfsögðu hægt að flytja hér langt mál. Það er hægt að rekja sögu sjóðsins. Það er hægt að rifja upp, hæði hvernig sjóðurinn varð til, en það er einnig hægt að rekja söguna út frá því hvenær einstakar stéttir og hvernig einstakar stéttir öðluðust aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði. Við hv. 3. þm. Austf. vitum það gerst hvernig hinar — ég vil segja nýju stéttir, hið nýja fólk í verkalýðshreyfingunni, sem skiptir þúsundum í þjónustugreinum og hinum nýju iðngreinum sem hafa risið upp víðs vegar um landið og þó einkum hér á Reykjavíkursvæðinu og Reykjanessvæðinu, — við vitum hvernig þetta fólk og hvenær það fékk atvinnuleysistryggingar. Það var fyrst og fremst fyrir baráttu þess sjálfs. Það þurfti að fórna töluverðu í samningum til þess að öðlast þennan rétt þótt síðar yrði. Ég get nefnt sem dæmi að Landssamband ísl. verslunarmanna, verslunar- og skrifstofumenn, sem munu vera nú um 7—8 þús. á öllu landinu, öðluðust ekki þennan rétt fyrr en, ef ég man rétt, árið 1965 eða 1966, og þurfti þetta fólk þá að fórna stöðunni í þeim samningum sem þessi réttindi voru til orðin í. Þetta fólk hefur ekki þurft að leita mikið til Atvinnuleysistryggingasjóðs um atvinnuleysisbætur og er það vel. En hins vegar vil ég segja að nú knýr þetta fólk á um það að Atvinnuleysistryggingasjóður komi til móts við þær þarfir sem þúsundir ungra kvenna í þessari stétt og öðrum skyldum stéttum hafa í sambandi við það að fá fæðingarorlof og það sem fyrst.

Ég skal viðurkenna það og styð það sjónarmið að atvinnuframkvæmdir úti á landi séu mjög mikilvægar og í þeim efnum hafi Atvinnuleysistryggingasjóður gegnt veigamiklu hlutverki frá því að sjóðurinn var stofnaður. En ég tel þó að miðað við þá þróun, sem hefur orðið á atvinnuháttum, og miðað við þýðingu kvenna úti í atvinnulífinu sé öllu mikilvægara nú að tryggja konum í atvinnulífinu fæðingarorlof.

Varðandi það atriði, sem mjög hefur verið hamrað á hér af andstæðingum þessa frv., og einnig varðandi þær ýkjur sem ég vil segja að komi fram í umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um það hvað hér sé um háar fjárupphæðir að ræða, vil ég segja þetta:

Samkv. athugun hefur komið í ljós að árið 1973 höfðu 52.4% allra giftra kvenna einhvers konar tekjur utan heimila. Af þeim voru a. m. k. ⅓ á aldrinum 50—67 ára, þ. e. a. s. konur sem eru komnar úr barneign. Þetta þýðir að af rúmlega 4 000 fæðingum kæmu ca. 600—700 konur á ári undir það frv. sem hér er til umr. Hvað þýðir þetta í peningum? Lauslega áætlað mundi þetta þýða útgjöld fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð sem næmu um 80—90 millj. kr. á ári og í hæsta lagi 100 millj. Ég vil einnig í þessu sambandi geta þess að samkv. athugunum, sem hafa verið gerðar í Bretlandi varðandi efri og neðri mörk í sambandi við konur og fæðingar, þá er álitið að helmingur þeirra kvenna, sem vinna úti, séu fyrir ofan og neðan þau mörk sem hér eru til umr.

Ég vil einnig taka undir það, sem hefur komið fram hjá stuðningsmönnum þessa frv. og þ. á m. hjá 3. þm. Austf. og get farið hratt yfir sögu varðandi það atriði, að svigrúm er nægilegt í Atvinnuleysistryggingasjóði til að mæta þeim kröfum og þeirri þörf sem við erum að leggja hér áherslu á að komi til framkvæmda í gegnum framlagt frv. Samkv. eigin orðum hv. 7. þm. Reykv. í umr. hér 17. apríl s. l. er áætlað að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi til umráða árið 1975 það rúmt og það mikið fjármagn að mismunur á skuldbindingum og tekjum sjóðsins sé um 240 millj. kr., þannig að þótt frv. það, sem hér er til umr., væri samþykkt mundu vera enn eftir um 140 millj. til þeirra þarfa sem hv. 7. þm. Reykv. lagði áherslu á að þyrfti að fullnægja, þ. e. a. s. til sveitarfélaga. Auk þess vil ég vekja athygli á því að vegna breyttra viðhorfa í sambandi við fjármögnun framkvæmda sveitarfélaga utan Reykjavíkur- og Reykjanessvæðisins með tilkomu og eflnigu Byggðasjóðs, þar sem sjóðurinn fær um það bil 2% af tekjum ríkissjóðs, þá hafa möguleikar stórbatnað og breyst fyrir sveitarfélögin, þannig að það fjármagn, sem Atvinnuleysistryggingasjóður þyrfti að greiða vegna þessa, 100 millj., skipta í sjálfu sér sáralitlu máli.

Ég vil undirstrika að það, sem við erum hér að berjast fyrir, er sjónarmið um nýjar leiðir til þess að tryggja fólki sem ég vil segja að sé hin nýja stétt verkalýðshreyfingarinnar, þ. e. a. s. konunum úti í atvinnulífinu, — tryggja þessu fólki þau mannréttindi sem aðrar konur hafa hjá hinu opinbera. Ég vil einnig undirstrika það og segja þetta: Hvað skyldi vera búið að greiða mörg hundruð millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð vegna vinnu þeirra kvenna úti í atvinnulífinu sem hér um ræðir?

Nei, hv. þm. — sem virðist nú aðallega vera sjálfstæðismenn hér í salnum í augnablikinu, sem betur fer og er það þakkarvert, — sú upphæð, sem hér um ræðir, er smápeningur í þeirri fjármagnssúpu sem hv. Alþ. fjallar um á hverjum tíma. En hjá andstæðingum þessa frv. kemur enn einu sinni fram hinn knappi hugsunarháttur gagnvart konunni. Menn mikla fyrir sér smáupphæðir á mælikvarða Alþ., þessar 100 millj. En fyrir hverja einstaka konu, sem þetta mál snertir, hefur þetta mikla þýðingu, og get ég trútt um talað, sem hef staðið í baráttu innan míns verkalýðsfélags um þetta mál. Ég get fallist á það sjónarmið að eðlilegt og æskilegt sé að greiða þetta í gegnum tryggingakerfi, en sú leið er ekki fær og hefur ekki þótt fær, sbr. örlög þáltill. Bjarnfríðar Leósdóttur í tíð vinstri stjórnarinnar.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri, herra forseti. En ég vil undirstrika það að framlagt frv. virðist vera eina færa leiðin til að hrinda þessu réttlætismáli í framkvæmd. Við skulum láta hinar ungu konur í verkalýðshreyfingunni

njóta þessara sjálfsögðu mannréttinda og samþykkja frv., sem hér er til umr., þannig að þetta mál komist til framkvæmda hið fyrsta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Leiklistarskóli Íslands, frv. (þskj. 416, n. 633, 634). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Virðulegi forseti. Það eru að vísu ekki margir í salnum, en samt tek ég því fegins hendi að fá að mæla fyrir þessu nál. okkar menntmn.-manna vegna frv. um Leiklistarskóla Íslands.

Þetta frv. var lagt fram 14. apríl og þá lagði hæstv. menntmrh. mjög mikla áherslu á að frv. fengi greiðan gang í gegnum n. svo því var vísað til, menntmn. Menntmn. tók þetta mál til skoðunar strax þegar það hafði borist n. og hefur kannað það mjög ítarlega og varð sammála um að sjálfsagt væri að greiða fyrir samþykkt frv., en þó með allmiklum breytingum sem n. hefur flutt hér á sérstöku þskj.

Þessar breytingar eru að efni til allmargvíslegar vegna þess að okkur virtist að það þyrfti að taka margt betur fram en frv. sjálft gerði ráð fyrir.

Ein efnisbreytingin er sú að við höfum með till. okkar ákveðið hlutverk skólans allmiklu nánar en gert er í frv. sjálfu. Auk þess höfum við lagt til að tekið verði upp í frv. ákvæði um að reka megi undirbúningsdeildir í tengslum við skólann annars staðar á landinu. Okkur bárust um það sérstök tilmæli frá leikurum og einkum frá Leikfélagi Akureyrar að eðlilegt væri að slík heimild væri í lögum. Og ein af brtt. okkar er sem sagt sú að heimilt verði að reka undirbúningsdeild í tengslum við skólann annars staðar á landinu en í Reykjavík.

Þá höfum við líka gert það að till. okkar vegna sérstakrar ábendingar frá samtökum leikara að eðlilegt sé að starfrækja svokallað nemendaleikhús við leiklistarskólann tilvonandi, en þegar talað er um nemendaleikhús er að sjálfsögðu ekki átt við leikhús í venjulegri merkingu þess orðs, heldur er þar um að ræða leiksýningar nemenda eða uppfærslu á leikverkum á vegum nemenda, og er það þáttur í menntun þeirra og þjálfun til leiklistarstarfa. En slík nemendaleikhús, sem svo eru kölluð, starfa yfirleitt við leiklistarskóla.

Þá hefur n. gert það að till. sinni, og er þar um veigamikla efnisbreytingu að ræða, að skólastjóri Leiklistarskólans verði ráðinn til fjögurra ára í senn, en ekki verði um æviráðningu að ræða. Hér er að sjálfsögðu um verulega efnisbreytingu að ræða því að í frv., eins og það var lagt fyrir, var ekki gert ráð fyrir slíku. En okkur fannst í menntmn. eðlilegt að hafa þennan háttinn á og leggjum það því til.

Þá höfum við líka gert að till. okkar að það komi skýrt fram að kennarar verði ráðnir í samráði við skólanefndina, og jafnframt höfum við breytt orðalagi að því leyti til að notað er orðið stundakennari, stundakennarar, í frv. eins og það var lagt fyrir, en við höfum m. a. fyrir ábendingu frá leikurum og fyrir okkar athugun á málinu lagt til að ekki verði notað orðið „stundakennarar“, heldur verði því breytt í „kennarar“, þannig að það verði ekki lögfest að ekki megi starfa við skólann aðrir en stundakennarar.

Þá er sú breyting gerð frá því, sem lagt er til í frv., að í skólanefnd verði bætt tveimur fulltrúum, þ. e. a. s. frá Leikfélagi Akureyrar og frá kennurum skólans. Það þótti eðlilegt og það þóttumst við sannfærast um, menntmn.-menn, eftir að hafa kynnt okkur allar ástæður. Þá þótti eðlilegt að Leikfélag Akureyrar, sem rekur nú fast leikhús, eigi aðild að skólanefnd eins og önnur leikhús sem starfandi eru í landinu. Eins virtist okkur sjálfsagt að kennarar skólans ættu fulltrúa í skólanefnd til jafns við nemendur. Um þetta fjallar ein brtt. eða það felst í brtt. menntmn. að svo verði.

Miklar umr. urðu í menntmn. vegna ákvæðis til bráðabirgða, en ákvæði til bráðabirgða fjallar um rétt nemenda núverandi leiklistarskóla, þ. e. a. s. leiklistarskóla leikhúsanna og leiklistarskóla Samtaka áhugamanna um leiklist, eins og það heitir. Það eru tveir skólar sem starfa, þ. e. a. s. Leiklistarskóli leikhúsanna og svo Leiklistarskóli Samtaka áhugamanna um leiklist. Þessir tveir skólar starfa og okkur þótti nauðsynlegt að tryggja það fullkomlega að nemendur þessara skóla fengju greiðan gang inn í þann skóla sem nú á að stofna með lögum. Þess vegna höfum við í menntmn. gert mjög ákveðna brtt. sem á að tryggja að þeir nemendur, sem nú stunda leiklistarnám við frjálsa skóla, geti örugglega haldið áfram námi sínu í væntanlegum Leiklistarskóla ríkisins og þá verði tekið tillit til þess náms, sem nemandinn hefur þegar lokið, og einnig þess hvort hann hefur staðist hæfnismat í skóla sínum.

Ef við því lítum á þær brtt., sem n. hefur gert, og á frv., sem lagt var fram, þá gengur það að sjálfsögðu allt út á hið sama, en eigi að síður er hér um mjög verulegar efnisbreytingar að ræða og ég hygg að frv. verði miklu fyllra í alla grein heldur en það var eins og það var lagt fram af hæstv. menntmrh.

En sem sagt, menntmn. hefur öll orðið sammála um að leggja til þessar breytingar og að frv. verði samþ. með þeim breytingum sem ég hef nú verið að gera grein fyrir.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka menntmn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Það er auðséð að hún hefur lagt mikla vinnu í að kanna ýmsa þætti þess. Ég vil segja það um þær brtt., sem n. leggur fram, að ég hef ekkert við þær að athuga. Sumar tel ég tvímælalaust til bóta, við aðrar geri ég heldur engar aths. En ég árétta það, sem ég sagði þegar ég lagði þetta mál hér fram í hv. d. á sínum tíma, að ég tel mjög miklu skipta að málið fái afgreiðslu á þessu þingi. Auðvitað skiptir það þá líka miklu máli að það sé í því formi að allir megi vel við una. Ég hygg að n. hafi þokað því enn meir í þá áttina heldur en það kann að hafa verið þegar það var lagt fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, frv. (þskj. 614). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er komið hingað frá Ed. Megintilgangur þess er að samræma ákvæðin um kennslu hússtjórnarkennara ákvæðum í væntanlegum lögum um hússtjórnarskóla annars vegar og svo hin svegar að aðlaga ákvæði um starf og tilhögun í Hússtjórnarkennaraskóla Íslands þeim breyttu viðhorfum ýmsum til hússtjórnar eða heimilisfræðanáms sem vissulega hafa orðið frá því að lög um Húsmæðrakennaraskóla Íslands voru sett á sínum tíma. Ég gerði grein fyrir einstökum atriðum þessa frv. við 1. umr. þess í Ed. Sú ræða liggur nú fyrir í Alþingistíðindum og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka hana hér.

Ég legg til að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hússtjórnarskólar, frv. (þskj. 603). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. er komið hingað frá Ed. þar sem það hefur verið í athugun síðustu vikurnar. Það hefur tekið nokkrum breytingum í hv. Ed. M. a. hefur verið breytt fyrirsögn frv. svo að það heitir nú „Frv. til l. um hússtjórnarskóla". Við það er í sjálfu sér ekkert að athuga, það er ekkert aðalatriði hvað skólarnir heita. Ég sé að hv. d. hefur viljað hafa sama heiti á kennaraskólanum og hinum almenna skóla, líkt og hefur verið til þessa, því að nú eru heitin Húsmæðrakennaraskóli Íslands og húsmæðraskólar.

Í frv. er gert ráð fyrir eins árs námi í hinum almenna hússtjórnarskóla, eins og hann skal nú heita skv. frv. Þá er gert ráð fyrir því, og það er ein af meginbreytingunum sem frv. felur í sér, að eins árs nám í hússtjórnarskóla skuli veita sömu réttindi til framhaldsnáms og eins árs nám í öðrum framhaldsskólum. Þessu fylgir svo nokkur breyting á námsefni til þess að gera þetta mögulegt.

Í annan stað má nefna þá breytingu að nú er gert ráð fyrir að skóarnir verði ríkisskólar, en áður hafa þeir verið kostaðir af ríki og sveitarfélögum, þótt ekki hafi verið um lögbundin skólahverfi að ræða. Mótframlögin heiman að hafa verið frjáls.

Ég vil aðeins láta koma fram hér í sambandi við þessa breytingu að á því ári, sem við höfum síðast upp gert, 1973, var hluti sveitarfélaganna 1/7 af rekstrarkostnaði eða 6.2 millj. kr. af 42.9 millj. kr. sem talið er að rekstur þessara skóla hafi kostað þá.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að aðsókn að þessum skólum hefur verið mjög misjöfn og mjög léleg sums staðar og nýting þeirra þess vegna ekki eins mikil og æskilegt væri. Hér er sú meginbreyting á gerð, að enda þótt lagt sé til að halda sem meginreglu eins vetrar hússtjórnarnámi, eins og ég nefndi áðan, þá er rn. heimilað að ákveða með reglugerð um sérstök verkefni sérhvers skóla. Með þessu móti ætti að vera hægt að koma á töluvert mikilli hagræðingu frá því sem nú er.

Ég rek þetta svo ekki frekar. Það er það langt síðan málið var lagt fram í Ed. að framsöguræða mín þá liggur nú fyrir prentuð í þingtíðindunum. En ég vil aðeins segja það að lokum að ég tel mjög nauðsynlegt vegna mjög þarfra og eiginlega óhjákvæmilegra aðgerða til þess að betur megi nýta þessa skóla en nú er að koma á þeirri breytingu sem þetta frv. felur í sér.

Ég leyfi mér svo að leggja til að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 605). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjarskipti, frv. (þskj. 249). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Það munu vera fleiri þm. í húsinu sem ekki koma hér til fundar þrátt fyrir boð um það. Ég hlýt að átelja þetta mjög harðlega sem og það að á seinustu dögum þingsins sé ekki nægilegt lið í þingsölum til þess að afgreiða mál. Hér bíða á þessum fundi 6 þingmál atkvgr. Og ég hlýt að bæta því við að ef þingheimur ætlast til þess að þingi ljúki fyrir hvítasunnu, þá gerist það ekki með þessum hætti.

Sameinað þing, 76. fundur.

Mánudaginn 12. maí, kl. 2.05 miðdegis.

Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Jón Guðnason fyrrv. sóknarprestur og skjalavörður, varð bráðkvaddur á heimili sínu hér í Reykjavík í gær, 11. maí, hálfníræður að aldri. Hann var alþm. tæpt ár fyrir nær hálfri öld, kjörinn við aukakosningu í Dalasýslu haustið 1926 til loka kjörtímabilsins sumarið 1927.

Jón Guðnason var fæddur á Óspaksstöðum í Hrútafirði 12. júlí 1889. Foreldrar hans voru Guðni bóndi þar Einarsson bónda á Valdasteinsstöðum í Hrútafirði Guðnasonar og kona hans, Guðrún Jónsdóttir bónda í Hvítuhlíð í Óspakseyrarhreppi Jónssonar. Hann lauk prófi í Flensborgarskóla 1908, gagnfræðaprófi utanskóla í menntaskólanum í Reykjavík 1909, stúdentsprófi í þeim skóla 1912 og guðfræðiprófi í Háskóla Íslands 1915. Síðari hluta vetrar 1915—1916 var hann kennari við Flensborgarskólann, en fékk síðla þess vetrar Staðarhólsþing í Dalasýslu, var vígður til þeirra um vorið og sat á Staðarhóli. Vorið 1918 var hann skipaður sóknarprestur í Suðurdalaþingum og sat að Kvennabrekku. Vorið 1928 fékk hann Prestsbakka í Hrútafirði og var sóknarprestur þar til 1948. Jafnframt embætti sínu gegndi hann nokkrum sinnum um skeið prestsþjónustu í nálægum prestaköllum. Hann hafði nemendur í heimakennslu fyrstu prestskaparár sín. Skólastjóri Héraðsskólans á Reykjum í Hrútafirði var hann 1930—1932 og kennari við þann skóla 1934—1948, að undanskildu tímabilinu 1940—1943 er skólahúsið var hersetið og skólinn gat ekki starfað. Vorið 1948 var hann skipaður skjalavörður við Þjóðskjalasafnið, en lét af því starfi vegna aldurs vorið 1959. Hann átti sæti í kirkjumálanefnd 1929—1930 og í sýslunefnd Strandasýslu 1929—1938 og síðar 1943—1948.

Meginþættir í ævistarfi Jóns Guðnasonar voru unnir á þremur sviðum, svo sem ráða má af þessu fáorða æviágripi. Hann var sóknarprestur, kennari og fræðimaður. Hann var vellátinn kennimaður og vann prestsverk í þágu fyrrv. sóknarbarna sinna fram á elliár. Hann var skilningsríkur og laginn kennari og vann á því sviði mikið nytjastarf á tímum og í héruðum þar sem unglingar áttu ekki margra kosta völ um framhaldsnám eftir barnafræðslu. Jafnframt prestskap rak hann bú á prestssetursjörðunum, var góður og glöggur fjárbóndi. Hann starfaði jafnan af miklum áhuga og ósérhlífni að margs konar félagsmálum sveita sinna og héraða. Hann var ákveðinn og hógvær stjórnmálamaður, átti ekki langa dvöl á Alþingi, en Alþingistíðindi bera með sér að hann tók allmikinn þátt í umr. og lét sig einkum skipta menntamál og samgöngumál.

Jón Guðnason var fróðleiksgjarn og langminnugur og í öllum störfum hans komu þeir eiginleikar að góðu haldi. Hann lagði snemma hug á þjóðlegan fróðleik, mannfræði og ættfræði og áhugi hans í þeim efnum var ríkur þáttur í þeirri ákvörðun hans að láta af prests- og kennslustörfum og taka við starfi í Þjóðskjalasafninu í Reykjavík. Jafnframt mikilli skylduvinnu í þágu safnsins afkastaði hann í tómstundum sínum geysimiklu fræðistarfi. Hann samdi mikið rit um æviatriði Strandamanna og Dalamanna. Frá hans hendi komu einnig út safnrit með æviskrám margra merkra íslendinga, bæði lifs og liðinna. Hann sá um útgáfu nokkurra rita annarra höfunda um mannfræði og annan þjóðlegan fróðleik. Að þessum hugðarefnum sínum vann hann langt fram á elliár, en gat ekki sinnt þeim eins mikið og hugurinn girntist síðustu æviárin vegna sjóndepru.

Með Jóni Guðnasyni er horfinn af sjónarsviðinu góður og gegn embættismaður, áhugasamur, vandvirkur og afkastamikill fræðimaður.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Jóns Guðnasonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Efri deild, 86. fundur.

Mánudaginn 12. maí, kl. 2 miðdegis.

Sjóvinnuskóli Íslands, frv. (þskj. 530, 598). — 2. umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur skoðað þetta mál og mælir með samþykkt frv. eins og það er orðið eftir meðferð Nd., eins og fram kemur í nál. á þskj. 598.

Mál þetta á líklega rætur að rekja til þáltill. sem flutt var 1963. Á grundvelli hennar var sett á fót nefnd sem nokkru síðar skilaði áliti eða raunar þremur álitum: Í fyrsta lagi varðandi Stýrimannaskólann. Á grundvelli þess álits var lögum og reglum um Stýrimannaskólann breytt. Í öðru lagi áliti sem var grundvöllur laga um Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum. Í þriðja lagi skilaði sú n. áliti um sjóvinnuskóla sem síðan hefur legið hjá menntmrn. Þessu máli er því hreyft á grundvelli þessa starfs sem þá var unnið, og vil ég segja að það hefði gjarnan mátt vera fyrr fram komið. Þetta virðist mikið nauðsynjamál og er n., eins og ég sagði áðan, á einu máli um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 98, n. 665). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. þetta til breyt. á l. um dýralækna er komið frá Nd. og var afgr. frá þeirri hv. d. shlj. Landbn. þessarar hv. d. hefur kynnt sér málið. Það hefur borist um það umsögn frá yfirdýralækni, og

vil ég að leyfa mér að kynna hv. d. álit hans á málinu. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. er flutt af Gunnlaugi Finnssyni og fjallar um breyt. á núgildandi umdæmaskiptingu á Vestfjörðum. Eru till. þessar til bóta eftir því sem mér er tjáð af kunnugum mönnum, enda hafa samgöngur breyst allnokkuð síðan núv. skipting var fyrst gerð."

Eins og heyra má af þessum tilvitnuðu orðum yfirdýralæknis er hér aðeins um það að ræða að breyta mörkum milli umdæma dýralækna. Landbn. féllst á frv. að þessu leyti og mælir með því að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 502, n. 666). — 2. umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr. og er til l. um breyt. á l. um dýralækna, er einnig komið frá Nd. og var afgr. frá þeirri hv. d. shlj. Það felur í sér skiptingu dýralæknisembættis á Austurlandi. Um þetta frv. hefur borist umsögn yfirdýralæknis og vil ég kynna hv. dm. það sem hann hefur um málið að segja. Frv. er flutt af þremur þm. Austf., þeim Tómasi Árnasyni, Sverri Hermannssyni og Lúðvík Jósepssyni. Yfirdýralæknir segir svo um frv.:

„Hér er gert ráð fyrir að koma á fót nýju dýralæknisumdæmi, Austurlandsumdæmi syðra. Mér er kunnugt um að það hefur lengi verið ósk manna á Austurlandi að fá þangað dýralækni til viðbótar því þegar annatími er mestur síðari hluta vetrar, að vorinu og að haustinu anna tveir dýralæknar á engan hátt þeim verkefnum sem að kalla. Dýralæknir, sem hefði búsetu t. d. á Breiðdalsvík eða sunnar, gerbreytti aðstöðu fólks á þessu svæði til að ná í dýralækni til aðstoðar þegar skepnur veikjast. Eins og skipan þessara mála er nú má það teljast allt að því frágangssök. Ég legg því mikla áherslu á að stofnað verði Austurlandsumdæmi syðra."

Þetta er það, sem yfirdýralæknir hefur um málið að segja. Landbn. fellst algjörlega á þessa skoðun og telur eðlilegt að hér sé skipt dýralæknisumdæmi. Það mun að sjálfsögðu hafa einhvern aukinn kostnað í för með sér, en þess ber þó að gæta að dýralæknir, sem annast hefur þjónustu á þessu svæði, hefur fengið aðstoðardýralækni af og til vegna þess hve það verkefni hefur verið mikið sem hann hefur haft með höndum. Landbn. Ed. er því sammála um það að mæla með því við d. að hún samþykki þetta frv. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Eyðing refa og minka, frv. (þskj. 443). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 683).

Rekstrarlán til sauðfjárbænda, þáltill. (þskj. 505). — Ein umr.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á þskj. 505 flytjum við Helgi F. Seljan, hv. 7. landsk. þm., till. til þál. þess efnis að ríkisstj. geri ráðstafanir til að tryggja bændum viðunandi rekstrarlán út á sauðfjárafurðir.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að bóndinn, sem hefur tekjur sínar af ræktun sauðfjár, fær ekki erfiði sitt launað nema einu sinni á ári. Hann þarf að leggja í mikinn kostnað við búskap sinn að vetri, vori og sumri og þessi kostnaður skilar sér ekki aftur fyrr en varan er komin í söluhæft ástand, hvort sem um er að ræða mjólk eða kjöt. Veitt eru afurðalán til bænda frá Seðlabankanum og viðskiptabönkunum og nema lánin 65—68% af heildsöluverðmæti afurðanna. Þetta dugir þolanlega fyrir mjólkurframleiðendur, en aftur á móti alls ekki fyrir sauðfjárbændur sem þurfa að brúa bilið frá ársbyrjun og þar til þessi afurðalán fást greidd. Úr þessu hefur verið reynt að bæta með lánum úr bankakerfinu á tímabilinu frá mars til ágústmánaðar og hafa þessi lán verið nefnd rekstrarlán, en þau námu á liðnu sumri 900 kr. á slátraða kind og hafa farið hlutfallslega lækkandi um langt skeið og eru því löngu orðin algjörlega ófullnægjandi.

Í þessu sambandi má nefna tölur, sem komu fram á síðasta búnaðarþingi. Þá var upplýst að rekstrarlán til bænda hafi numið 65% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða ársins 1958, en að þessi lán hafi rýrnað mjög verulega síðan, einkum þó á fyrstu árum viðreisnarstjórnarinnar þegar þau rýrnuðu um meira en helming og voru komin árið 1963 niður í 34% af framleiðsluverðmæti afurðanna. En lánin hafa sem sagt haldið áfram að lækka hlutfallslega ár frá ári og voru á árinu 1974 aðeins rúm 21% af framleiðsluverðmæti sauðfjárafurða. Nú er sýnt að á yfirstandandi ári mun rekstrarfjárskortur sauðfjárbænda og viðskiptaaðila þeirra aukast enn mjög verulega vegna stórfelldrar verðbólgu og vegna mikilla vaxtahækkana. Áburðarverð mun t. d. hækka á árinu um a. m. k. 76% og gífurlegar hækkanir hafa einnig orðið á öðrum rekstrarvörum, ekki síst á kjarnfóðri. Það er því fyrirsjáanlegt að bændur, sem stunda sauðfjárbúskap, og þá ekki síður viðskiptaaðilar þeirra, samvinnufélögin, munu lenda á þessu ári í mjög ískyggilegum erfiðleikum vegna skorts á rekstrarfé og það er útlit fyrir að þessi vandi muni enn aukast á árinu 1976. Nú er rétt að taka það fram að vandi samvinnufélaganna er mjög mismunandi mikill og hann er því stórfelldari þeim mun stærri þáttur sem viðskipti sauðfjárbænda eru í rekstri félaganna.

Við flm. höfum látið fylgja sem fskj. með till. þessari yfirlit sem birtist í árbók landbúnaðarins fyrir 1972—1973 þar sem greint er frá því hvernig skipting landbúnaðarframleiðslunnar er víða um land. Kemur þar glöggt fram að á nokkrum svæðum er sauðfjárbúskapurinn yfirgnæfandi þáttur í landbúnaðarframleiðslunni. Má þar alveg sérstaklega nefna framleiðslusvæði Búnaðarsambands Dalamanna, Búnaðarsambands Vestfjarða, Strandirnar. Þessi svæði eru með milli 70 og 90% af framleiðslu sinni í sauðfjárbúskap. Einnig eru Húnavatnssýslurnar, þar sem hlutfallstalan er milli 60 og 70%, og svo alveg sérstaklega Norður-Þingeyjarsýslu, þar sem hlutfallstalan er liðlega 90%, og Austurlandið, þar sem hlutfallstalan er um 76%.

Forráðamenn margra kaupfélaga hafa verið á ferðinni hér syðra á undanförnum mánuðum og átt viðræður við alþm. Einkum eru það forráðamenn kaupfélaga norðan- og austanlands. Þeir hafa með skýrum rökum varað við því að rekstrinum væri stefnt í algjört strand, ef ekki fengist úrlausn mála, og þarf ekki að færa frekari rök að því að ef viðskiptaaðilar bænda, þ. e. a. s. samvinnufélögin á þessu svæði, lenda í mjög miklum erfiðleikum, þá er afkoma hundraða sauðfjárbænda í húfi. Að sjálfsögðu er þetta ekki vandamál sem ógerlegt er að leysa. Þetta vandamál getur ríkisstj. leyst í samvinnu við Seðlabankann og henni ber að gera það. Mér er ekki kunnugt um að enn hafi verið gerðar neinar ráðstafanir til að leysa þennan vanda, en ef svo er væri gott að fá upplýsingar um það.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fylgja þessari till. frekar úr hlaði, en vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. landbn.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta hv. ræðumanns um að rekstrarlán þau, sem sauðfjárbændur njóta, eru og hafa verið ófullnægjandi, og við getum vafalaust sagt að svo er mjög víða í hinum ýmsu atvinnugreinum þjóðfélagsins og hefur verið á undanförnum árum. En nú er búið að ákvarða nokkra hækkun á þessum lánum. Eins og er skiptast þau í nokkra flokka: Svokölluð bein rekstrarlán sem ákveðið hefur verið að hækka um 100%. Viðbótarlán við þessi beinu rekstrarlán sem sömuleiðis hækka um 100%, svokölluð fóðurbirgðalán sem veitt eru til þess að gera verslunarfélögum á þeim hluta landsins, þar sem haffshætta er mest, kleift að liggja með meiri fóðurbirgðir en ella. Ákveðið hefur verið að hækka þau lán um 44%. Og svokölluð uppgjörslán, sem hafa átt að auðvelda verslunarfyrirtækjunum að gera upp við bændur í aðalatriðum á vordögum sauðfjárafurðir frá síðasta hausti. Þau hafa verið hækkuð úr 283 millj. í 408 millj. Ég hef ekki prósenttölu á þeirri hækkun hér. Vegin meðalhækkun á þessu er um 70%. Mér er ljóst að full þörf hefði verið að hækka þessi lán meira, en tel þó sjálfsagt að segja frá þessum hækkunum hér og geta þess að þetta er spor í rétta átt.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Það er öllum ljóst, eins og fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að það eru miklir fjármunir sem til þess þarf að brúa það langa bil sem verður hjá sauðfjárbændum, frá því að þeir leggja upphaflega í kostnað við framleiðslu sína og þangað til hún kemur til greiðslu, og þess vegna óhjákvæmilegt annað en þessir menn fái rekstrarlán. Þó að ég segi þetta, þá er mér jafnframt ljóst að það eru örðugleikar á að veita öllum atvinnuvegum í landinu þá rekstrarfjárlegu fyrirgreiðslu sem þeir vissulega þurfa, og þá fyrirgreiðslu, sem mundi mjög auðvelda atvinnurekstrinn, og vantar mikið á að sú hækkun, sem nú verður, geri þennan atvinnuveg auðveldan. En svo mun vera í nær öllum atvinnugreinum í landinu.

Flm. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir góðar undirtektir hans við þessari till. og fyrir upplýsingar sem hann veitti hér. Í þessum upplýsingum kom fram að ákveðin hefði verði hækkun lána sem næmi að krónutölu, skildist mér, 70% — að þar væri um að ræða 70% aukningu að krónutölu á lánum. Ég tek undir það að sérhver hækkun hlýtur að teljast spor í rétta átt, en ég er hins vegar ósköp hræddur um að þegar á allt er litið og þegar dæmið er reiknað í heild sinni muni þarna vera um að ræða mjög lítið spor til að rétta það sem aflaga hefur farið á liðnum árum. Ég veit ekki einu sinni hvort þessi hækkun nægir til að vega upp á móti þeim kostnaðarhækkunum sem orðið hafa á þessu eina ári, en þó kann það að vera. Ég bendi á það, eins og ég gerði reyndar í ræðu minni áðan, að áburðarverðið eitt hefur hækkað um yfir 76% og margir kostnaðarliðir hafa hækkað álíka, sumir meira, sumir miklu meira, eins og olíukostnaður og bensínkostnaður. Enda þótt það sé ógerningur fyrir okkur hv. þdm. að gera okkur neina grein fyrir því af ágiskun hvort þarna hafi eitthvað áunnist, miðað við það sem áður var, eða hvort þetta sé einungis til að halda í við kostnaðarhækkanir, þá er þó hitt ljóst að ávinningurinn er í öllu falli mjög lítill ef hann er einhver. Staðreyndin er sú að atvinnuvegirnir almennt hafa átt við mikla rekstrarerfiðleika að etja, m. a. vegna skorts á rekstrarfé. En þó er sá munur á hvað snertir það vandamál, sem hér er til umr., að fyrirgreiðslan hefur verið ákveðin í krónutölu og hefur þess vegna farið rýrnandi ár frá ári, jafnvel þótt krónurnar hafi farið hækkandi, en á flestum öðrum sviðum er um að ræða að rekstrarlán séu miðuð við verðmæti framleiðslunnar og þannig verði um sjálfkrafa hækkanir að ræða í kjölfar verðbólgunnar. En þetta hefur sem sagt ekki verið á þessu sviði framleiðslunnar og þar af leiðir að lánin hafa rýrnað. En hvort þau gera það í þetta sinn eða hvort um er að ræða áfanga fram á við, um það treysti ég mér ekki til að slá neinu föstu.

Ingi Tryggvason: Herra forseti. Það er e. t. v. rétt að bæta því við það, sem ég sagði hér áðan, að lán þau, sem veitt eru til landbúnaðar, eru einkum tvenns konar: Svokölluð rekstrarlán og önnur þau lán, sem þeim eru tengd, og svo afurðalánin sem veitt eru út á afurðirnar eftir að þær koma til sölumeðferðar. Og það er rétt

hjá hv. flm. þeirrar till. sem hér um ræðir, að hin svokölluðu beinu rekstrarlán hafa farið hlutfallslega lækkandi að undanförnu. En afurðalánin hafa haldið betur í við verðlagsþróunina heldur en rekstrarlánin. Afurðalánin eru veitt jafnóðum og varan kemur til sölumeðferðar og standa meðan varan er óseld. En þessi rekstrarlán eiga að vera sérstaklega til að greiða götu sauðfjárframleiðenda og þau hafa því miður dregist aftur úr. Ég vil ekki dæma nákvæmlega um það hvernig þessi lán standa sig nú miðað við það sem var á s. l. ári, en ég vil þó segja þetta að þessi svokölluðu beinu rekstrarlán hækka um 100%, og það er alla vega nokkuð miklu meiri hækkun en meðalhækkun kostnaðar við framleiðsluna. Kostnaðarhækkanir eru mjög misjafnar. Einna mestar munu þær vera einmitt á þeim vörum sem hv. flm. gat um, áburði og olíum, en á ýmsum öðrum þáttum er þessi hækkun miklu minni þó að hún sé yfirleitt í stórum stíl.

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 87. fundur.

Mánudaginn 12. maí, að loknum 86. fundi.

Ættleiðing, frv. (þskj. 468, n. 678). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. Ingi Tryggvason: Herra forseti. Allshn. Ed. hefur athugað frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 frá 11. febr. 1953, um ættleiðingu, og varð n. sammála um að leggja til að frv. yrði samþ. óbreytt.

Í viðræðum í n. kom það fram að nm. töldu að heimild sú, sem hér er gert ráð fyrir að veitt verði til að yngri hjón en áður geti ættleitt börn, hljóti einkum að miðast við þau börn sem annað hvort foreldra á, þ. e. a. s. að ef annað þeirra eigi barn, þá geti hitt ættleitt barnið, það hljóti að vera aðalástæðan til slíkrar breyt. sem hér er gert ráð fyrir á lögunum.

Þegar þetta mál var hér til 1. umr. í hv. Ed. komu fram allmargar spurningar varðandi þetta mál og ég vil leyfa mér að gera í aðalatriðum grein fyrir þeim atriðum sem þar var minnst á.

Fjöldi ættleiðingarleyfa og ýmsar tölfræðilegar upplýsingar í því sambandi eru í fyrsta sinn skráðar í hagskýrslum í nýútkomnum mannfjöldaskýrslum fyrir árin 1961—1970. Í þeirri skýrslugerð hafa þó ekki komið fram upplýsingar um aldur ættleiðenda. Möguleiki væri á að gera könnun á aldri ættleiðenda á tilteknu árabili, en mundi taka verulegan tíma. Á tímabilinu frá 1956—1974 hafa ættleiðingar verið allmismunandi að fjölda hin ýmsu ár. Flestar munu ættleiðingarnar hafa verið árin 1959 og 1960 eða 113 hvort ár. Fæstar á þessu tímabili urðu ættleiðingarnar árið 1967, en þá voru ættleiðingar aðeins 53. En á þessu bili er fjöldi ættleiðinga þessi ár frá 53 lægst og upp í 113 hæst. Það sem af er þessu ári, á 4 fyrstu mánuðum ársins, hafa ættleiðingar orðið 22, þannig að það virðist svo sem þarna sé um nokkurt jafnvægi að ræða milli ára og ekki stórar sveiflur á fjölda ættleiðinga. Niðurfellingar ættleiðinga eru nær engar á þessu tímabili. Af hálfu dómsmrn. munu hafa verið tvær eða þrjár niðurfellingar ættleiðinga á síðustu 30 árum, og af hálfu dómstóla hefur ekki komið til niðurfellingar á ættleiðingu svo að vitað sé. Einu sinni hefur verið borin fram krafa um ógildingu leyfisveitingar, en þeirri kröfu var synjað í Hæstarétti. Þeir starfsmenn dómsmrn., sem um þessi mál hafa fjallað, telja að eftirleitunum og fyrirspurnum um leyfi til ættleiðingar frá aðilum, sem ekki hafa náð aldursmarki, hafi fjölgað talsvert á síðustu árum. Í þessu sambandi benda starfsmennirnir á að hjúskaparaldur hefur lækkað hin síðari ár og aldursmunur hjóna mun yfirleitt hafa farið minnkandi.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja öllu frekar um þetta. Ég tel að með þessum upplýsingum sé í aðalatriðum svarað þeim fyrirspurnum, sem komu fram við 1. umr. málsins og endurtek það, sem ég áður sagði, að allshn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki hlýtt á nema hluta af ræðu frsm. hv. allshn., en ég heyrði þó niðurlag ræðu hans þar sem n. leggur til að frv. verði samþ. Vil ég sem flm. þess þakka n. fyrir skjóta og góða afgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 278, n. 675, 676). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu þessa máls milli d. var formönnum allshn. þd. ásamt skrifstofustjóra Alþ. falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust n. Þetta er sama málsmeðferð og verið hefur á afgreiðslu sams konar frv. á undanförnum árum. Að athugunum þessum loknum varð n. sammála um að leggja til að frv. verði samþ. með þeirri brtt. sem flutt er á sérstöku þskj. Í þessari brtt. eru nöfn 36 erlendra ríkisborgara til viðbótar þeim sem áður voru komnir inn í lagafrv. um veitingu ríkisborgararéttar, og telja nm. að allir þessir menn fullnægi þeim skilyrðum sem vant hefur verið að setja fyrir veitingu ríkisborgararéttarins. En þær reglur, sem unnið hefur verið eftir, eru á þessa lund:

1. Að umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur þar sem hann hefur dvalist.

2. Að útlendingar, aðrir en norðurlandabúar, skuli hafa átt hér lögheimili í 10 ár, norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenskum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir 3 ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenski ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eigi íslenskan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir 3 ára búsetu ef annað foreldri er norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerst hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir 1 árs búsetu.
6. Íslensk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlast heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún því yfir að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Samkv. framansögðu mælir n. með því að til viðbótar þeim, sem tilgreindir eru í frv., verði þeim umsækjendum, sem taldir eru upp í brtt. n. á sérstöku þskj., nú veittur íslenskur ríkisborgararéttur.

ATKVGR.

Brtt. 676 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 98). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 686).

Sjóvinnuskóli Íslands, frv. (þskj. 530). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 688).

Dýralæknar, frv. (þskj. 502). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 687).

Framsal sakamanna, frv. (þskj. 406, n. 677). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Allshn. Ed. hefur farið yfir frv. til l. um framsal sakamanna til Norðurlandanna, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Þar er um breyt. að ræða frá fyrri lögum og varð n. sammála um að leggja til að frv. yrði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 564, n. 674, 679). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. félmn. hefur tekið til meðferðar það frv., sem hér er til umr., og mælir með því að frv. verði samþ.

Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum. Það er einfalt. Það gerir ráð fyrir að 80 millj. kr., sem árlega er nú heimilt að veita af Húsnæðismálastofnun ríkisins sem lán til kaupa á eldri íbúðum, verði breytt þannig, að heildarupphæðin megi nema allt að 160 millj. kr. árlega.

Það þarf ekki að fjölyrða um að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða. Þó var það svo að þegar l. voru fyrst sett um húsnæðismálastjórn ríkisins árið 1955, þá var ekki gert ráð fyrir að heimilt væri að lána til kaupa á eldri íbúðum. Það var svo allt fram til þess að breyting var gerð í þessu efni við endurskoðun l. um húsnæðismálastofnun ríkisins árið 1970. Þá var fyrst tekin upp heimild sem var miðuð við allt að 50 millj. kr. Það var hækkað á þeim tíma, sem síðan er liðinn, upp í 80 millj., og nú er gert ráð fyrir að fara feti framar og hækka þessa upphæð um allt að 100% eða upp í 160 millj. kr.

Það má spyrja að því, hvers vegna hafi ekki verið gert meira í þessum efnum áður og hvers vegna hafi ekki verið gert ráð fyrir því í upphafi árið 1955, þegar þessi löggjöf var fyrst sett um húsnæðismálastofnun ríkisins, að heimilt væri að veita lán til eldri íbúða. Það var vegna þess að svo þýðingarmikið sem það er að veita lán til eldri íbúða, þá var hitt talið enn þá þýðingarmeira, að veita lán til nýbyggingar íbúða. Raunar hefur alltaf verið litið svo á og er litið svo á enn í dag.

Það kann að vera að það væri ástæða til þess að hafa hækkun heimildarinnar meiri en frv. gerir ráð fyrir, láta sér ekki nægja að hækka heimildina um 100%. En á það verður að líta, og það er meginvandamál húsnæðismála í dag og hefur verið á undanförnum árum og áratugum að það hefur ekki verið nægilegt fjármagn til

þess að reka þá lánastarfsemi sem hefði þurft að reka. Þetta vitum við allir. Það er ekki gert ráð fyrir í þessu frv. að ráða neina bót á í þessum efnum. Hins vegar hefur í tíð núv. ríkisstj. verið ráðin nokkur bót á, eins og fram kom í máli hæstv. félmrh. er hann mælti fyrir þessu frv. fyrir tveim dögum og okkur er í fersku minni, með því að hækkuð hafa verið lán til nýbygginga hjá Byggingarsjóði ríkisins úr 1 060 þús. kr. í 1 700 þús. kr., þannig að heldur miðar í rétta átt í þessu efni hvað varðar nýsmíði íbúðarhúsa og einnig miðar nú nokkuð í rétta átt hvað varðar lán til eldri íbúða. Við skulum vona að hæstv. núv. ríkisstj. takist að bæta hér betur um, þannig að við sjáum betri árangur í þessum málum en hefur verið að ýmsu leyti á undanförnum árum. En aðalatriðið er að afla meira fjármagns til þessarar starfsemi.

Hér hefur komið fram brtt. við þetta frv. á þskj. 674 frá hv. 7. landsk. þm. Þar er gert ráð fyrir að í staðinn fyrir að hækka heimildina fyrir lánsfé úr 80 millj. upp í 160 millj. kr. árlega til eldri íbúða, þá verði sett nýtt ákvæði inn í lögin þess efnis að allt að 10% af því fjármagni, sem húsnæðismálastjórn hefur til útlána á ári, verði varið til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til meiri háttar endurbóta á eldri íbúðum sem hagkvæmt þykir að endurbyggja að mati tæknideildar húsnæðismálastjórnar eða matsmanna sem hún skipar. Enn fremur er tekið fram í þessari till. að öryrkjar skuli sitja fyrir við úthlutun viðgerðarlána.

Það er engin fjarstæða sem þessi till. fjallar um, síður en svo, og hún gæti vel komið til álita. Það getur verið að það sé réttara að binda við ákveðið hlutfall þá heimild sem hægt er að verja af fjármagni Byggingarsjóðs ríkisins til annarra lána en lána út á nýjar íbúðir. Það kann að vera. En ég hygg að best væri í þessu efni að hafa hvorki hámarksupphæð í krónum, eins og frv. gerir ráð fyrir, né ákveðið prósentuhámark, eins og brtt. hv. 7. landsk. gerir ráð fyrir. Best væri að engin ákvæði væru um þetta, en að það væri heimilt að veita lán til eldri íbúða, til stækkunar á íbúðarhúsnæði, og til viðgerðar á húsum öryrkja og hafa engin ákvæði um það beint í löggjöfinni hvernig skipt er milli þessarra þarfa og nýbygginga, en það sé falið húsnæðismálastjórn ríkisins. Auðvitað hefði þetta verið í þessu formi ef nægilegt fjármagn væri fyrir hendi.

En nú er ekki nægilegt fjármagn fyrir hendi. Því tel ég að sinni að það sé rétt að binda þessi afbrigðilegu lán við eitthvert ákveðið hámark. Ég tel það fyrir mitt leyti rétt í bili, hvað sem síðar skyldi verða ákveðið, að miða þar við ákveðna upphæð, eins og gert er í frv. því sem hér er til umr. Ég tel því að það séu allar efnisástæður fyrir því að samþykkja frv., sem hér er til umr., óbreytt og mun því greiða atkv. gegn brtt. hv. 7. landsk. þm.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þetta fá orð um þetta þó annars mikla mál sem hér er komið á dagskrá, því að í raun og veru í hvert skipti sem við ræðum um einhverjar breyt. á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins komum við eins og hv. frsm. n. að húsnæðismálunum í heild að meira eða minna leyti.

Ég vil taka undir það með hv. frsm. að vitanlega er forsenda þess að hægt sé að standa vel að þessum málum sú að ævinlega sé tryggt nægilegt fjármagn til þessa mikilsverða þáttar. Og ég held að við getum bent á marga merka áfanga á þeirri leið. Hann minnti á orð hæstv. félmrh. og hvað nýlega hefði verið gert í þeim efnum. Ég bendi þá einnig á að s. l. vor voru einnig samþykktir merkir áfangar í þessu efni. Og í raun var þá Byggingarsjóði ríkisins tryggt fjármagn, að ég hygg nálega 15—16 hundruð millj. kr., annars vegar með viðbót við launaskattinn upp á nálega 800 millj., sem sú viðbót mun gefa á þessu ári, og svo aftur í samningum við lífeyrissjóði verkalýðsfélaganna sem munu nema milli 700 og 800 millj. eða nálægt því. En það er rétt hjá hv. frsm. að áreiðanlega þarf að halda þessu máli mjög vel vakandi því að hér er um að ræða eitt brýnasta viðfangsefni okkar.

Ég dreg enga dul á það, að frv. þetta er tvímælalaus bót frá eldri lögum, og fagna því að það er komið fram og þó að fyrr hefði verið. Ég hef hins vegar skrifað undir þetta nál. með fyrirvara og flyt brtt. við frv. sem ég er ekki alveg viss um að skapi aukna fjármagnsþörf út af fyrir sig því að um leið og þessi ákvæði væru rýmkuð og möguleikar fólks, sérstaklega ungs fólks, til þess að kaupa eldri íbúðir eða gera upp eldri íbúðir, þessi heimild og möguleikar til þess væru rýmkaðir, þá gæti minnkað eitthvað ásókn í nýbyggingar. Því þarf að huga, held ég, sérstaklega að þessum þætti.

Ég hef tekið í raun og veru óbreytta till. úr frv. þeirra hv. þm. Kjartans Ólafssonar og Lúðvíks Jósepssonar sem þeir fluttu hér á þinginu í Nd., þar sem segir að húsnæðismálastjórn sé heimilt að verja allt að 10% af því fjármagni, sem hún hefur til útlána á ári hverju, til lánveitinga til kaupenda eldri íbúða og til meiri háttar endurbóta á eldri íbúðum sem hagkvæmt þykir að endurbyggja að mati tæknideildar húsnæðismálastjórnar eða matsmanna sem hún skipar, öryrkjar skuli sitja fyrir við úthlutun viðgerðarlána, og að ráðh. setji með reglugerð nánari ákvæði um úthlutun, lánstíma og tryggingar slíkra lána að fengnum till. frá húsnæðismálastjórn. Ég tel sem sagt rétt að rýmka þessa heimild þannig að hún verði frekar í prósentum af því fjármagni sem húsnæðismálastjórn hefur til útlána. Ég hygg að það yrði samkvæmt áætlun þessa árs eitthvað nálægt 400 millj. sem heimildin yrði í hæsta máta. Mér sýnist að sú breyt., sem er ráð fyrir gert í þessu frv., geri vel það að vega á móti þeim verðhækkunum sem orðið hafa almennt á húsnæðismarkaðnum. Ég veit vel að það hefur verið mjög erfitt um vik hjá húsnæðismálastjórn að sinna lánveitingum í þennan þátt og upphæðirnar, sem hafa verið veittar í þetta, hafa verið hlálega lágar og þær hafa verið víðs fjarri hámarksupphæð. Þarna voru sett á sínum tíma ákveðin hámörk og þessar lánsupphæðir hafa yfirleitt verið nokkuð víðs fjarri því marki sem sett var. Ég hygg að það láti nærri að meðallánsupphæðin hafi verið sem svarar helmingi af þeirri heimild sem húsnæðismálastjórn þó setti sér. Ég held að þrátt fyrir þessa

hækkun nú verði þetta enn ófullnægjandi, einkum með tilliti til hinna miklu verðbreytinga. Því álít ég að húsnæðismálastjórn eigi að fá þarna rúma heimild. Ég er ekki að segja að hún muni nota hana til fullnustu, en hún getur þá notað hana eftir þörf. Ég skal sins vegar taka undir það með hv. frsm. að vafalaust væri eðlilegast að húsnæðismálastjórnin hefði þetta allfrjálst og gæti varið þeim upphæðum, sem hún teldi rétt á hverjum tíma, í þennan þátt og gæti þar með stuðlað að aukinni og meiri hagræðingu varðandi íbúðarhúsanotkun almennt og kaup á íbúðarhúsnæði.

Ég legg nú sérstaka áherslu á lán til meiri háttar endurbóta á eldri íbúðum. Ég veit vel í hvernig formi þetta er í dag að vísu. Veðdeild Landsbankans hefur heimild til ákveðinna lána í þessu efni, en sú heimild er mjög takmörkuð og ég tel að þar sem húsnæðismálastjórn á nú að vera í þessari lánsafgreiðslu yfirleitt þá ætti hún að hafa með þetta að gera, en ekki veðdeildin út af fyrir sig. Ég tel það ranga málsmeðferð.

Ég lýsti því yfir í fyrra þegar þessi heimild til veðdeildarinnar var samþykkt að ég teldi þetta ekki rétta aðferð og húsnæðismálastjórn ætti sjálf að hafa með þetta að gera og meta þarfirnar. Ég er ekki að segja að þetta sé í neinni óreiðu hjá veðdeildinni, síður en svo. Við vitum að það er aðsjáll maður sem þar ræður ríkjum og áreiðanlega samviskusamur embættismaður. Þó er óeðlilegt að þetta sé í raun í höndum nánast eins manns. Þess vegna tel ég að þessar endurbætur á eldri íbúðum eigi að vera á vegum húsnæðismálastjórnar. En mér vitanlega er algjörlega lokað fyrir það í dag, nema viðgerðarlán til öryrkja sem hafa verið veitt til allra þeirra sem sótt hafa um slík lán. En umsóknir hafa verið mjög fáar, þess ber að geta, og þá hafa þeir í húsnæðismálastjórn vitanlega vitnað í það að veðdeild Landsbankans hefði þennan möguleika.

Ég vil aðeins vitna hér — með leyfi hæstv. forseta — örstutt í röksemdafærslu flm. þessa frv. í Nd. fyrir því að fara þessa leið, að lána meira en verið hefur til kaupa á eldri íbúðum. Þeir segja að rökin fyrir því að lána meira og til meiri háttar endurbóta séu þau að slíkt húsnæði ætti í flestum tilvikum að geta verið ódýrara en nýbyggingar og því viðráðanlegra fyrir ungt fólk, sem er að byrja búskap, og aðra þá sem takmörkuð fjárráð hafa. Bæði í Reykjavík og þá enn frekar úti um land er mikið um eldra íbúðarhúsnæði sem með góðu viðhaldi er enn hægt að nýta um langa framtíð og hlýtur slíkt reyndar að teljast þjóðhagslega hagkvæmara en miða allt við nýbyggingar, en láta eldra húsnæði ganga úr sér án endurbóta.

Ákvæði þessarar greinar frv. miða sem sagt að því að auðvelda kaup og sölu á eldra húsnæði og stuðla að betri nýtingu þess með hagsmuni þeirra, sem lítil fjárráð hafa, í huga.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta mál. Eflaust má um það deila hvaða leið á að fara í þessum efnum, en þó tel ég að húsnæðismálastjórn eigi að hafa hér sem rýmsta heimild. Ég veit að þessi lán hafa alltaf verið olnbogabarn hjá húsnæðismálastjórn, hún hefur alltaf verið í vandræðum með þessi lán, og ég hygg að þó að þessi upphæð verði hækkuð svo ríflega sem óneitanlega er gert, verði hún áfram í miklum vandræðum með þessi lán sín og þessi lán komi að alltof takmörkuðu gagni því fólki sem þarna leitar á og leitar á í síauknum mæli. Það var nefnilega svo fyrst að fólk áttaði sig ekki nægilega vel á því að það væri möguleiki á þessum lánum, en þetta hefur verið að aukast mjög síðustu árin sem betur fer. En þá stendur aðeins á því að lánsupphæðirnar eru svo lágar að margir hafa haft á orði við mig að það skipti litlu máli hvort þeir fengju þessar 100 eða 150 þús. kr. eða ekki. Í mjög mörgum tilfellum, jafnvel á síðasta ári, voru upphæðirnar varðandi kaupin á eldri íbúðum 100, 150 og 200 þús. kr. og meðaltalsupphæðin hygg ég að hafi verið eitthvað nálægt 180—200 þús.

Hæstv. félmrh. er nú ekki staddur hér í d. Ég hafði hugsað mér jafnvel varðandi þetta mál að flytja aðra till., þótti hins vegar rétt að láta þetta nægja varðandi þetta frv., eins takmarkað og það var. Ég get þó ekki stillt mig um að minna rétt á það hvílíku vandamáli húsnæðismálastjórn stendur nú frammi fyrir varðandi leiguíbúðir til sveitarfélaganna. Mér er kunnugt um það að húsnæðismálastjórn hefur samþ. lánsloforð til sveitarfélaga út á 145 íbúðir og hún hefur heimilað undirbúning að 132 íbúðum án loforðs um lán á þessu ári. Og ég vildi gjarnan, ef hæstv. félmrh. væri í húsinu, óska eftir því að hann væri hér viðstaddur og svaraði spurningu sem mig langaði að beina til hans varðandi þetta sérstaka mál. Ég veit að þessi sveitarfélög sækja mjög á um þetta, um svör. Og það er rétt, á meðan verið er að athuga hvar hæstv. félmrh. er að finna eða hvort hann er að finna hér í húsinu, að þá víki ég rétt að upphafi þessa máls, þ. e. a. s. því lagaákvæði sem samþ. var hér á Alþ. vorið 1973 um að á næstu 5 árum skyldu byggðar 1 000 leiguíbúðir á vegum sveitarfélaganna. Það varð svo að reglugerðarsetning um þessar leiguíbúðir dróst nokkuð og hún mun fyrst hafa verið tilbúin í fyrravor, í maí 1974 mun hún fyrst hafa verið tilbúin, og margt fleira kom til sem seinkaði þessu, ekki hvað síst þingrofið í fyrra og stjórnarskiptin. Það var eðlilegt að ný stjórn þyrfti nokkurn tíma til að taka þessi mál fyrir, en nú er sem sagt ástandið það greinilega að lánsloforð hafa verið samþ. á öðru ári þessara framkvæmda til 145 íbúða í staðinn fyrir að þessi tvö ár hefðu átt að skila 400 íbúðum til sveitarfélaga. (Forseti: Ég vil aðeins tilkynna hv. ræðumanni að ráðh. er ekki í húsinu.) Já, þá verður ekki við því gert, en ég vona þá a. m. k. að hv. form. félmn. og hæstv. forseti þessarar d. komi því eindregið á framfæri við hann, hæstv. ráðh., að ég hafi vikið hér að þessu máli og hafi viljað spyrja hann beinlínis að því hvernig þessi mál ætti að leysa, á hvaða fyrirgreiðslu þessi sveitarfélög, sem nú bíða svars, bíða loforða um lán, eiga von eða hvort þessar 145 íbúðir eiga að vera heildartala þessara tveggja ára, 1974 og 1975. Ég tel að þá væri illa farið. Það væri vissulega full ástæða til þess að skora á hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. að sjá a. m. k. til þess að hægt væri að veita lánsloforð til þeirra 132 íbúða sem þegar hefur

verið heimilaður undirbúningur að. En við verðum að bíða svara ráðh., eflaust fram yfir þinglok nú, því að mikið gengur nú á og meira stendur þó eflaust til og hraði mála hér er jafnvel slíkur að maður rétt lítur yfir þau, gott ef maður les 1. gr., og verður að láta þar við sitja. Þetta mál er svo einfalt að það hefði þess vegna verið ágætt að geta vikið örlítið nánar að því og einmitt fengið svör við þessu, því að eftir þessum svörum bíða sveitarfélögin víða um land. En sem sagt, ég hafði tilkynnt hæstv. ráðh. áðan að ég vildi spyrja hann að þessu varðandi þessa umr., en hann er eflaust öðrum verkefnum að sinna og verður því ekki við því gert.

ATKVGR.

Brtt. 674 felld með 9:4, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, HFS, RA, EggÞ.
nei: EÁ, HÁ, JónÁ, JHelg, JGS, StG, AG, ÁB, ÞK.
OÓ greiddi ekki atkv.
6 þm. (GH, IT, JÁH, StJ, StH, AJ) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lán vegna Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, frv. (þskj. 615, n. 692). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft frv. þetta, sem hér er til umr., til athugunar og rætt það á fundum sínum. Albert Guðmundsson, 12. þm. Reykv., gerði þar grein fyrir afstöðu sinni og sat hjá við afgreiðslu málsins. Aðrir nm. mæla með því að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 83. fundur.

Mánudaginn 12. maí, kl. 2 miðdegis.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, frv. (þskj. 614). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til menntmn. með 36 shlj. atkv.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 605). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv.

Hússtjórnarskólar, frv. (þskj. 603). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og til menntmn. með 36 shlj. atkv.

Leiklistarskóli Íslands, frv. (þskj. 416, n. 633, 634). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 634,1 (ný 1. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
— 634,2 (ný 2. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
— 634,3 (ný 3. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
— 634,4 (ný 4. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
— 634,5 (ný 5. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
— 634,6—7 (6.—7. gr. falli brott) samþ. með 26 shlj. atkv.
8. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 634,8 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 30 shlj. atkv. og orðalag ákvæðisins þar með ákveðið.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 414, n. 637, 654). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 654 felld með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GF, GÞG, JónasÁ, KP, ÞorstÞ, MK, MÓ, SighB, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG.
nei: GuðlG, GHG, GTh, IngJ, IG, JóhH, JSk, LárJ, MB, MÁM, ÓE, ÓlJ, SigurlB, SvH, TÁ, VH, ÞS, EBS, EKJ, FÞ, RH.
HES, GuðrB, PJ, SV, ÞÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (PS) fjarstaddur.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Hæstv. forseti. Ég tel, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, en tel hins vegar eðlilegt að mál sem þetta sé athugað betur en gert hefur verið og sé til meðferðar á milli þinga, ekki síst þar sem ég þykist muna það að flestar breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar hafi verið gerðar í samráði við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég mun því ekki greiða atkv. í þessu máli.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Fjarskipti, frv. (þskj. 249). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisreikningurinn 1972, frv. (þskj. 458, n. 648). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Fjh.- og viðskn. hefur athugað þetta mál og mælir einróma með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti. Hinn 24. jan. s. l. birti dagblaðið Tíminn stórfrétt um mjög alvarlegt ástand í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Fyrirsögn fréttarinnar, sem birt var efst á forsíðu, tók yfir fimm dálka og hljóðaði svo, með leyfi forseta: „Gjaldeyrisfordinn má heita alveg uppurinn.“ Efni fréttarinnar var frásögn af ræðu sem hæstv. viðskrh. hafði haldið kvöldið áður. Hinn 29. jan., eða fimm dögum síðar, tók Seðlabankinn ákvörðun um að gjaldeyrisbankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, skyldu hætta að mestu gjaldeyrisafgreiðslu svo sem oft hefur gerst þegar gengislækkun hefur verið talin yfirvofandi. Hinn 13. febr. var gengi krónunnar síðan lækkað og eðlileg gjaldeyrisviðskipti hafin að nýju.

Í umræðum, sem orðið hafa um þessi mál í fjölmiðlum að undanförnu, hefur því verið haldið fram að ekki hafi gilt sömu reglur um gjaldeyrisafgreiðslu í Landsbankanum og í Útvegsbankanum síðustu dagana áður en gjaldeyrisviðskiptum var að mestu hætt að fyrirlagi Seðlabankans, þ. e. a. s. á tímabilinu frá 24. jan. til 29. jan. Það hefur t. d. verið sagt að annar bankinn, Landsbankinn, hafi haldið áfram að afgreiða dýra frílistavöru eins og bifreiðar þessa daga, en hinn gjaldeyrisbankinn, Útvegsbankinn, hafi þessa sömu daga neitað að afgreiða þessa sömu vöru. Bankarnir hafa engu svarað til um það hvort þetta sé rétt. Austurbæjarútibú Landsbankans hefur að vísu birt stuttorða yfirlýsingu um að frílistavörur hafi verið afgreiddar með eðlilegum hætti fram til 29. jan. og væntanlega á þetta við um Landsbankann sjálfan, en Útvegsbankinn hefur ekkert látið frá sér heyra um þetta mál, ekki gjaldeyrisdeild bankanna og ekki heldur Seðlabankinn. Hér er hins vegar um að ræða mál sem nauðsynlegt er að upplýst verði til hlítar.

Hér á landi hafa tveir ríkisbankar einkaleyfi til þess að versla með erlendan gjaldeyri. Ef þeir fylgja ekki sömu reglum um gjaldeyrissölu til innflytjenda og ekkert er um slíkt tilkynnt opinberlega, fá sumir keyptan gjaldeyri, en aðrir ekki, og þegar síðan er gerð gengisbreyting, þá skapast gífurlegt misrétti milli viðskiptamanna bankanna. Þeir, sem fá afgreiðslu skömmu fyrir gengislækkunina, hagnast, hinir tapa og getur verið um stórar fjárfúlgur að tefla.

Ég vil taka það mjög skýrt fram í þessu sambandi að með því að vekja athygli á þessu máli er ég alls ekki að gera því skóna að nokkur innflytjandi eða nokkur opinber embættismaður hafi gert nokkra tilraun til þess að hagnast á því, ef það er rétt sem haldið hefur verið fram að viðskiptavinum bankanna hafi verið mismunað, enda hefur slíkt ekki verið sagt í þeim umræðum sem fram hafa farið. Hinu hefur verið haldið fram, að ekki virðist hafa verið um neina samræmda stefnu að ræða í þessum málum umræddа daga, þótt engin staðfesting hafi fengist á því hvort svo var eða ekki og þá ekki heldur hvers vegna. En þetta er kjarni málsins.

Það er sannleikurinn um þetta efni sem verður að fást upplýstur, fyrst og fremst í því skyni að sé það rétt, að Landsbankinn og Útvegsbankinn hafi ekki látið viðskiptavini sína sitja við sama borð síðustu dagana áður en gjaldeyrisviðskiptum var hætt, þá verður að koma í veg fyrir að slíkt geti gerst aftur. Af þessum sökum leyfi ég mér að beina eftirfarandi fyrirspurnum til hæstv. viðskrh.:

1. Fylgdu Landsbankinn og Útvegsbankinn sömu reglum við gjaldeyrisafgreiðslu dagana 24.—29. jan. s. l.

2. Ef svo var ekki, hver tók þá ákvörðun um að svo skyldi ekki gert: Viðskrn., Seðlabankinn eða Útvegsbankinn sjálfur og hver var ástæðan til slíkrar ákvörðunar?

3. Sé það rétt að Útvegsbankinn hafi synjað viðskiptavinum sínum um gjaldeyri fyrir frílistavörum, eins og t. d. bifreiðum, samtímis því sem Landsbankinn afgreiddi umsóknir sinna viðskiptamanna, þannig að stórfellt misrétti hafi skapast milli einstakra innflytjenda og viðskiptavina þeirra, hvaða ráðstafanir hyggst ráðh. gera til þess að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig?

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég kýs að svara 1. og 2. spurningu í einu lagi.

Hinn 29. jan. 1975 var ákveðið af gjaldeyrisyfirvöldum, þ. e. a. s. viðskrn. og Seðlabankanum, að allar umsóknir um gjaldeyri fyrir frílistavörum skyldu fara fyrir gjaldeyrisdeild bankanna til athugunar, en venjulega eru slíkar umsóknir afgreiddar af gjaldeyrisbönkunum sjálfum. Þessi breyting hafði í för með sér verulega töf á afgreiðslu frílistavara og í framkvæmd þýddi hún það að um skeið voru nær engar frílistavörur afgreiddar. Annar gjaldeyrisviðskiptabankanna, Útvegsbankinn, hafði nokkrum dögum áður sjálfur tekið upp aukna aðgæslu við afgreiðslu frílistavara vegna mikillar eftirspurnar eftir gjaldeyri í bankanum og af erfiðleikum bankans á því að mæta henni. Hafði sú ráðstöfun það í för með sér að veruleg töf varð á afgreiðslu frílistavara, þ. á m. bifreiða.

Um 3. lið spurninganna skal þetta tekið fram: Það er rétt að það komi fram að enda þótt um frílistavörur sé að ræða og gjaldeyrisafgreiðsla vegna þeirra gangi við eðlilegar kringumstæður fljótt fyrir sig, jafnvel á einum degi, getur slík

afgreiðsla tekið lengri tíma í gjaldeyrisviðskiptabönkunum þó að aðstæður eigi að vera eðlilegar, t. d. er álag á gjaldeyrisafgreiðslu bankanna mjög misjafnt. Jafnvel við eðlilegar aðstæður getur því skapast misræmi milli gjaldeyrisviðskiptabankanna varðandi það hve fljótt er afgreitt. Við óeðlilegar aðstæður er að sjálfsögðu mun meiri hætta á slíku misræmi og þar getur gjaldeyrisstaða hvors viðskiptabanka um sig haft áhrif. Það var ekki um að ræða neitt misræmi í ákvörðun gjaldeyrisyfirvalda á umræddu tímabili. Allar ákvarðanir gjaldeyrisyfirvalda um aðgát í gjaldeyrisafgreiðslum giltu jafnt fyrir báða gjaldeyrisbankanna.

Af því að hv. fyrirspyrjandi minntist á bifreiðar, þá er rétt að taka það fram að gjaldeyrir vegna bifreiðakaupa er ætíð afgreiddur til umboðanna, en ekki til einstaklinga. Eins og ég tók fram mismunuðu gjaldeyrisyfirvöld ekki einstaklingum eða fyrirtækjum við gjaldeyrisafgreiðslu. Það misræmi er skapaðist, er mun líkara því og sambærilegt við það er einn banki verður að draga meira úr útlánum en annar vegna fjárskorts. Ég sé því ekki ástæðu til neinna sérstakra ráðstafana af minni hálfu vegna þess sem fyrirspyrjandi hefur hér gert að umræðuefni.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi forseti Ég þakka hæstv. ráðh. mjög ljós og greinargóð svör. Það hefur komið fram svar við meginefni spurningar minnar sem var þetta: Átti sér stað á vegum gjaldeyrisbankanna tveggja, tveggja ríkisbanka, tveggja kvista af sama meiði, átti sér stað einhver mismunun í sambandi við afgreiðslu á gjaldeyri til viðskiptamanna bankanna á tímabilinu frá 24. jan. til 29. jan.? Í mjög greinargóðu og ljósu svari hæstv. ráðh. kemur það glögglega fram að annar bankinn, Útvegsbankinn, annar ríkisbankinn, annar gjaldeyrisbankinn, annar kvisturinn af sama meiði, tekur þá ákvörðun að setja á aðgæslu, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, aðgæslu á sölu gjaldeyris, á sama tímabili og liggur fyrir yfirlýsing frá hinum bankanum, Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, að það hafi ekki verið gert af þeim banka. Þetta er mergurinn málsins. Þetta tel ég vera mjög óæskilegt og skapa óeðlilega mismunun milli viðskiptamanna þessara tveggja gjaldeyrisbanka.

Ég vil eindregið skora á hæstv. ráðh. og ríkisstj. að koma í veg fyrir að slík mismunun geti skapast ef til þess kynni að koma einhvern tíma í framtíðinni að gengi íslensku krónunnar yrði breytt, vegna þess að málsmeðferð eins og hér hefur komið fram að viðhöfð hafi verið hlýtur eðlilega að skapa nokkra tortryggni hjá viðskiptamönnum ríkisbankanna þegar annar afgreiðir gjaldeyrisumsóknir án nokkurra takmarkana, en hinn ekki.

Ég vil að lokum aðeins taka það fram að hér er ekki um sambærilegan hlut að ræða eins og bankarnir standi í almennum lánveitingum sem auðvitað verða að ráðast af því, hvaða fé hver banki um sig hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Hér er um að ræða þjónustu við viðskiptavini og það er eðlilegt að viðskiptavinir tveggja ríkisbanka krefjist þess að þeir njóti sambærilegrar þjónustu hjá báðum bönkunum um mál eins og hér er um að ræða.

En ég ítreka enn þakkir mínar til hæstv. ráðh. Það hefur sem sé komið í ljós að það giltu ekki sömu reglur um gjaldeyrissölu á tímabilinu 24. jan. til 29. jan. hjá gjaldeyrisbönkunum tveimur.

Orka og orkusala á Austurlandi, þáltill. (þskj. 347, n. 635). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Iðnn. hafði þessar till. til meðferðar og varð sammála um afgreiðslu hennar, sammála um að breyta till. og færa báða liðina saman. Er breytingin eins og greinir á þskj. 635 og lagt til að tillögugreinin orðist svo:

„1. Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að Orkustofnun ljúki eins fljótt og við verður komið rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.

2. Fyrirsögn tillögunnar verði: „Till. til þál. um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar."

Í sambandi við þessa till. var Orkustofnun beðin um umsögn og hefur umsögnin borist, að vísu eftir að till. var afgr. í nefnd. Tek ég mér rétt — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér nokkur atriði upp úr skýrslu orkumálastjóra:

„Tillagan er í tveim liðum," segir orkumálastjóri. „Fjallar hinn fyrri um rannsókn á Fljótsdalsvirkjun, fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar, hinn síðari um leit að kaupanda að raforku með stóriðju staðsetta á Reyðarfirði fyrir augum.

Varðandi fyrri liðinn er það að segja að Orkustofnun hefur frá árinu 1969 unnið að rannsóknum á svonefndri Austurlandsvirkjun sem vikið er að í grg. með till. Eins og þar er tekið fram, lagði stofnunin fram á því ári, 1969, áætlun um að ljúka svonefndum forrannsóknum á vatnsafli Íslands á næstu 5 árum, þ. e. árunum 1970—74." — Það má geta þess að einn verkfræðingur, sem er kunnugur vatnsaflsvirkjunum hafði þau orð að ef farið hefði verið eftir þessum áætlunum frá 1969, þá væri sennilega hvergi orkuskortur á Íslandi í dag. — „Því miður hafa stjórnvöld eigi séð sér fært að veita svo mikið fé til virkjunarrannsókna undanfarin ár að takast mætti að framkvæma þessa áætlun. Þetta er kostnaðarsamt og var alltaf vitað að það væri ekki unnt að framkvæma þessa áætlun nema ríflegt fjármagn væri veitt á fjárlögum hverju sinni til þessara hluta. Samt hefur allan tímann frá 1969 verið unnið að rannsóknum á Austurlandsvirkjun þótt verkinu hafi miðað hægar en áætlunin um forrannsóknir gerði ráð fyrir. Nú er að heita má lokið landmælingum á virkjunarsvæði Austurlandsvirkjunar, allt vestan frá Jökulsá á Fjöllum og austur á svonefnd Hraun, hálendisrana austur úr Vatnajökli. Eftir er austurkantur Hraunanna þaðan sem vötnum hallar niður á ströndina. Lýkur því vonandi nú í sumar. Teiknun yfirlitskortanna er þegar byrjuð og hin fyrstu þeirra komin af svæðinu upp af Valþjófsstað, þar sem svonefnd Bessastaðaárvirkjun yrði. Jarðfræðirannsóknum á yfirborði er einnig lokið á öllu virkjunarsvæði Austurlandsvirkjunar að heita má og vatnamælistöðvakerfið hefur verið eflt og endurbætt.

Austurlandsvirkjun yrði óhjákvæmilega skipt í nokkra stóra áfanga og hverjum þeirra um sig hugsanlega í smærri, þótt enn sé það ekki ljóst í einstökum atriðum hvernig slík skipting verði heppilegast framkvæmd. Eftir því sem best verður séð getur hver megináfangi staðið sem nokkuð sjálfstæð aðgerð sem ekki hefur mikil áhrif á hina. Einkum á þetta við um fyrsta áfangann, svonefnda Fljótsdalsvirkjun, sem felur í sér virkjun Jökulsár á Fljótsdal ásamt vötnum af Hraunum sem veitt yrði í meginuppistöðu virkjunarinnar við Eyjabakka. Ekki verður betur séð en að Fljótsdalsvirkjun geti verið mikið til óháð því hvernig aðrir áfangar Austurlandsvirkjunar eru gerðir. Þó er rétt að hafa gert sér nokkra grein fyrir samhenginu þarna á milli fyrir lokahönnun Fljótsdalsvirkjunar. Eftir því sem nú verður best séð yrði orkuvinnslugeta Fljótsdalsvirkjunar nálægt 2 000 gwst. á ári eftir að vatni af Hraunum hefur verið veitt í Eyjabakkalón. Uppsett afl virkjunarinnar yrði 250—300 mw.

Um leið og yfirlitskort eru fengin af virkjunarsvæðinu er kominn grundvöllur til að fara að vinna að frumhönnun virkjunarinnar. Hluti af þeirri frumhönnun væri athugun á því hvernig Fljótsdalsvirkjun tengist síðari áföngum Austurlandsvirkjunar, en að langmestu leyti væri um að ræða hönnun á sjálfri Fljótsdalsvirkjun. Þessi frumhönnun er næsta verkefnið í rannsókn hennar. Í framhaldi af frumhönnun þarf svo að koma ítarlegri rannsókn á virkjunarsvæðinu, einkum jarðboranir. Þetta er kostnaðarsamasti hluti rannsóknanna. Orkustofnun vinnur nú að endurskoðun rannsóknaráætlunar um Austurlandsvirkjun þar sem lögð er sérstök áhersla á Fljótsdalsvirkjun. Mun hún verða send iðnrn. strax að þeirri endurskoðun lokinni.

Sem fyrr segir, er hugsanlegt að hverjum megináfanga Austurlandsvirkjunar, svo sem Fljótsdalsvirkjun, verði skipt í smærri áfanga. Einn slíkur smærri áfangi Fljótsdalsvirkjunar gæti verið Bessastaðaárvirkjun ef hún er gerð neðanjarðar. Orkustofnun hefur ætíð lagt áherslu á það sjónarmið að öll hönnun Bessastaðaárvirkjunar og allur undirbúningur þeirrar virkjunar yfirleitt eigi að taka mið af því að hún verði áfangi stærri framkvæmdar. Þetta er að dómi stofnunarinnar alveg nauðsynlegt, nema menn vilji beinlínis slá því föstu nú þegar að Fljótsdalsvirkjun verði ekki gerð fyrr en eftir 15 ár eða meir“ — en skyldu nokkrir vera hér inni í hv. d. sem óska eftir að draga þetta það lengi? — „Af þessum sökum verður það að teljast mjög æskilegt að rannsókn og hönnun Fljótsdalsvirkjunar sé komin lengra á veg en nú er áður en Bessastaðaárvirkjun er fullhönnuð, þannig að hún geti á sem bestan hátt fallið að eðlilegri áfangaskiptingu Fljótsdalsvirkjunarinnar. Til þess þarf að hraða rannsókn hennar svo sem frekast er kostur.

Um síðari lið tillögunnar vill Orkustofnun aðeins segja það að erfitt er að hugsa sér 250—300 mw. virkjun á Austurlandi án þess að umtalsverður hluti þeirrar orku sé notaður á Austurlandi, enda þótt tæknilega sé ekkert því til fyrirstöðu að flytja alla orkuna á brott.“

Ég held nú að það hljóti að vera rétt sem hér er sagt, að það er æskilegt að nota meginhluta orkunnar á Austurlandi. Samsetning Austurlands við aðra landshluta gefur þó mikinn sveigjanleika í vali á stærð og þar með aflþörf stóriðjunotenda á Austurlandi, þannig að hún þarf ekki að falla alveg að virkjunarstærðinni.

Iðnn. varð sammála um að hafa seinni hluta till. ekki með og þess vegna er ekki um það að ræða að nefndin leggi til að ályktun verði gerð um orkunotanda á Austurlandi að þessu sinni, til þess gefst vitanlega nægilegur tími síðar. En ég held að allir ættu að vera sammála um að það ber brýna nauðsyn til að flýta virkjunarrannsóknum á Austurlandi, ekki aðeins Fljótsdalsvirkjun, heldur einnig á fleiri virkjunarstöðum á þessu svæði. Þar sem mikið vatnsafl er á stóru svæði eins og á Austurlandi er erfitt að ákveða heppilegustu og hagstæðustu áfangaskipti í virkjunum nema hafa heildaryfirlit yfir virkjunarmöguleikana.

Nú er það svo að það er mjög kostnaðarsamt að ljúka rannsóknum á Austurlandi og sérstaklega eru boranirnar kostnaðarsamar. Þess vegna hefur komið til orða að fá erlent fjármagn til þess að flýta verkinu vegna þess að það er ekki heppilegt að bíða í 15—20 ár eftir því að gera sér ljóst, hversu mikið afl er hér um að ræða og á hvern hátt er heppilegast að skipta virkjunum í áfanga. Það hefur einnig komið til orða að fá í samráði við erlenda aðila útlenda sérfræðinga til að vinna með íslendingum til þess að flýta rannsóknum, en út í það ætla ég ekki að fara að þessu sinni. Sjálfsagt er að Orkustofnun hafi þessar ransóknir með höndum. Það er ekkert efamál, hvort sem unnið verður eingöngu fyrir fé, sem veitt er á fjárlögum, eða fjármagn, sem tekið væri að láni, hvort sem það eru eingöngu íslenskir verkfræðingar, sem vinna að þessum rannsóknum, eða hvort Orkustofnun fengi sér erlenda sérfræðinga til aðstoðar vegna þess að sérfræðinga skorti hér, þá verður það allt að vera undir stjórn og handleiðslu Orkustofnunar sem unnið er í þessu efni.

Iðnn. þessarar hv. d. er sammála um að deildin geri ályktun, eins og ég las hér upp áðan, og leggi áherslu á að virkjunarrannsónum á Austurlandi verði hraðað eins og unnt er.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það var ekki eðlilegt að hv. iðnn. gerði till. um afgreiðslu síðari hluta hinnar upphaflegu tillögugerðar vegna þess að áður en þáltill. var vísað til hv. nefndar þá hafði flm. till. dregið þann lið til baka, þannig að af sjálfu leiddi að ekki varð afgr. frá n. neitt sem snerti það atriði um að leita eftir kaupanda að orku með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum.

Ég vil ekki lengja þessar umr., aðeins lýsa yfir ánægju minni yfir afgreiðslu hv. n., og vænti þess fastlega að þetta mál fái héðan af hina greiðustu leið gegnum hið háa Alþingi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að þessi till. hefur verið lögð fram af hv. iðnn. í því formi sem hún er.

Ég gerði grein fyrir því í umr. um þetta mál í vetur að ég teldi það vera þrjú atriði sem fyrst

og fremst skiptu máli í sambandi við þessar rannsóknir. Í fyrsta lagi, að gerð yrði rannsóknaáætlun um Fljótsdalsvirkjun eins og hér er lagt til að gert verði, í öðru lagi að sú rannsókn væri framkvæmd undir stjórn íslendinga, og í þriðja lagi að höfð væru náin samráð við heimamenn á Austurlandi um framgang málsins. Það varð samkomulag um það hér í vetur að leggja til að málið yrði afgreitt á þennan veg. Eins og hv. 3. þm. Austurl. gat um áðan dró hann til baka virkjunarþátt málsins að svo komnu máli. Við erum þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að rannsóknin fari fram og þegar niðurstöður rannsóknarinnar liggi fyrir fái menn færi á að staldra við og gera sér grein fyrir því hvernig hagnýtast og skynsamlegast yrði að nýta þá möguleika til orkuvinnslu sem þarna kunna að vera.

ATKVGR.

Brtt. 635,1 (ný tillgr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 635,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 26 shlj. atkv.
Till. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 549). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á árinu 1973 voru samþ. lög um þörungavinnslu við Breiðafjörð. Það verk er þegar komið vel áleiðis. Ný áætlunargerð hefur sýnt að stofnkostnaður verður verulega miklu hærri en áætlað hafði verið í öndverðu og hefur því stjórn verksmiðjunnar talið nauðsynlegt að fá gerðar tvær breytingar á lögunum. Önnur er sú, að hlutafjárframlag ríkissjóðs verði hækkað úr 60 millj. í 90 millj., og hin, að lántökuheimildir verði hækkaðar úr 140 millj. í 340 millj. kr. Varðandi hlutafjáraukninguna er gert ráð fyrir að þessar 30 millj. frá ríkissjóði til viðbótar verði teknar inn á fjárlög á árunum 1976 og 1977.

Mál þetta er að öðru leyti allítarlega skýrt í grg. stjórnar Þörungavinnslunnar sem prentuð er með frv. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og var samþ. þar. Ég legg til að málinu verði vísað til 2 umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 526, n. 649). — 2. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem er á þskj. 526. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samb. með 26 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Mörk lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs, frv. (þskj. 643). — 1. umr.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. er flutt samkv. ósk Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar, en þessi tvö sveitarfélög hafa gert samkomulag sín á milli um nokkra breytingu á mörkum umdæmanna. Frv. var lagt fyrir hv. Ed. og var afgr. þaðan. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Launasjóður rithöfunda, frv. (þskj. 251, n. 664). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Hv. menntmn. hefur skilað svo hljóðandi nál. um þetta frv.:

„Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það liggur fyrir eftir meðferð í Ed.

Frv. er flutt í framhaldi af þál., sem Alþ. samþykkti 18. mai 1972, þess efnis „að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita sem viðbótarritlaun".

Alþ. hefur á fjárlögum veitt fé til rithöfunda í þessu skyni og ljóst er að þessi réttarbót var hugsuð til frambúðar. Umrætt frv. er flutt því til staðfestingar og er eðlilegt að Alþ. fylgi þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið."

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 361, n. 631, 537, 650, 651). — 2. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 frá 10. júlí 1973. Nefndin kvaddi á sinn fund vegamálastjóra, ráðuneytisstjóra í samgrn. og fleiri aðila er þessi mál snerta, m. a. fulltrúa frá sýslumannafélaginu. Gáfu þeir ýmsar góðar ábendingar og upplýsingar.

Í nefndinni eru uppi ólík sjónarmið og skiptar skoðanir á ýmsum þáttum þessara mála eins og verða vill á þessu málasviði. Þó held ég mér sé óhætt að fullyrða að enginn nm. vill láta frv. daga uppi. Eins og nál. ber með sér hafa allir nm. samþykkt að mæla með því að frv. nái fram að ganga, en allir hafa þó áskilið sér rétt til breytinga, enda hafa þegar komið fram brtt. svo sem sjá má.

Frv. þetta á langa leið að baki. Á þessu þingi var það lagt fram í Ed. Þar var það samþ. með

nokkrum breytingum og reynt að samræma sjónarmiðin. Nú líður að þinglokum. Er því sýnilegt að ekki vinnst tími til að gera miklar breytingar á frv. ef það á að verða að lögum. Hefur því sú leið verið valin að hreyfa sem minnst við frv. í þeirri mynd sem það var afgr. frá Ed. Breytingar þær, sem nefndin varð öll sammála um að gera og getið er um í nál., varða nánast aðeins formshlið málsins.

En það er margt sem má segja um þetta mál. Í aths. er sagt að frv. sé flutt m. a. til að efla sýsluvegasjóðina vegna breyttrar tækni við mjólkurflutninga, styrkja gerð þjóðvega í þéttbýli og ná betra samhengi í samgöngukerfið. Allt er þetta góðra gjalda vert. Reynslan sker úr hvort þetta frv., ef að lögum verður, megnar að nálgast þetta markmið. Meðan þörfin er svo brýn fyrir bættar samgöngur, betri og varanlegri vegi um allt land, en á hinn bóginn lítið fé úr að spila, verða skoðanir alltaf mjög skiptar um fjárveitingar til einstakra framkvæmda. Það er svo auðvelt að rökstyðja aðkallandi þörf á hverjum stað. Að sjálfsögðu eru samgöngumálin, bættar samgöngur, mál allra landsmanna, allrar þjóðarinnar meira og minna, hvar sem unnið er á landinu, og verða ekki leyst nema með sameiginlegu átaki allra. En þó er jafnan sá eldur heitastur sem á sjálfum brennur.

Frv. þessu er ætlað að efla sýsluvegasjóðina. Var þar ekki vanþörf á þar sem þeim eru nú falin mjög aukin verkefni. Vafasamt er þó að hér sé nóg að gert, og raunar ljóst að svo er ekki, einkum ef sú hreyfing heldur áfram sem áberandi var á s. l. ári að nokkur fjölmenn kauptún kröfðust kaupstaðarréttinda og fengu þau að lögum. Þetta getur alveg kippt meginstoðunum undan viðkomandi sýsluvegasjóði og gert hann alls vanmáttugan. Athyglisverðar tillögur hafa komið fram til að sporna við vandræðum af þessu tagi.

Það hafa ýmis ágreiningsefni verið á ferðinni í sambandi við þetta mál. Eitt þeirra er hvort að auka skuli hinn svokallaða 10% sjóð, þ. e. a. s. þar er um að ræða breyt. á 11. gr. frv. eða 34. gr. vegalaga. Ég ætla ekki að rekja þær deilur eða þau ágreiningsefni svo mjög, en bendi á að þetta efni er nú í þeim búningi sem um getur á þskj. 361, þ. e. a. s. þar er það orðið svo eða komið þannig frá Ed. að af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25% og skal því fé ráðstafað af fjvn. Alþ. að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum. Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með færri en 200 íbúa.

Eins og menn muna er þetta þannig í vegalögunum að hér er aðeins um að ræða 10% og því fé skal ráðstafað eftir tillögum vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum o. s. frv., þ. e. a. s. að auk þess sem þessi sjóður er nú stækkaður til mikilla muna, þá eru nú aðrir aðilar sem ráðstafa honum. Það voru að vísu sumir þm. í Ed. sem vildu að hér væri lagt enn meira fé til hliðar í þessu skyni eða allt að 35%, en fallist var á þá málamiðlun að haldið skyldi eftir 25% eins og ég gat um.

Ég vek athygli á því að jafnframt því að þessi sjóður er nú stækkaður verður það nú fjvn. Alþ. sem úthlutar fé úr honum að fengnum tillögum vegamálastjóra, í stað þess að áður voru það ráðh. og vegamálastjóri. Þær raddir komu fram í n., að það væri eðlilegra að þarna stæði samgöngunefnd eða samvinnunefnd samgöngumála sem úthlutaði þessu fé heldur en fjvn. sem jafnan er mjög önnum kafin. En þó varð niðurstaðan að láta þetta óbreytt standa eins og Ed. skildi við það, en úthlutunin er í höndum Alþ. samkv. þessu ákvæði.

A þskj. 651 hefur hv. 5. þm. Reykn. ásamt nokkrum öðrum lagt til að 10% sjóðurinn skuli ekki stækkaður upp í 25%, heldur vera óbreyttur og hef ég ekki mörg orð um þá tillögu.

Á þskj. 537 hefur hv. 5. þm. Vestf. og þrír aðrir hv. þm. hreyft brtt. við 32. gr. vegalaga. Ég tel að sú till. sé ekki tímabær eins og á stendur og hef ekki um hana fleiri orð.

Á þskj. 650 hefur hv. 2. þm. Norðurl. v. hreyft nokkrum brtt. Um þessar till. er það að segja að þær eru ekki allar jafnveigamiklar, en nokkrar þeirra eru mjög athyglisverðar. Ég vil sérstaklega benda á að samkv. þeim er lagt til að kauptúnahreppar með 200 íbúa eða fleiri verði undanþegnir gjaldi til sýsluvegasjóðs, en jafnframt verði 28. gr. vegalaga breytt þannig að af tekjum til vegamála samkv. lögum um fjáröflun til vegagerðar skuli árlega veitt til sýsluvega fjárhæð sem sé eigi lægri en þreföld heildarupphæð álagðra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land. Þessar tillögur tel ég mjög athyglisverðar og fyllilega þess verðar að þær verði athugaðar nánar, en til þess gefst ekki tími að þessu sinni.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið sagt, er fullljóst að jafnvel þeir, sem nú vilja samþykkja frv. þetta, telja að vinna þurfi að frekari breytingum á vegalöggjöf hið fyrsta. En allar slíkar breytingar verður vel að vanda og kryfja til mergjar þær tillögur sem þegar hafa komið fram í dagsljósið. Telja nm. því nauðsynlegt að halda áfram endurskoðun á gildandi reglum og löggjöf um þessi efni. Væri vel að slíkar brtt. yrðu undirbúnar fyrir næsta Alþ. Á komandi vetri á að endurskoða vegáætlun fyrir árið 1976—1977. Það er eðlilegt að ákvæði vegalaga séu nokkuð skoðuð þegar vegáætlun er til meðferðar á þingi, þótt ekki sé mælt með of tíðum eða ótímabærum breytingum á vegalöggjöf frekar en öðrum lögum.

Ég læt þessi orð nægja um leið og ég fylgi nál. þessu úr hlaði.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni mælir samgn. með því að það frv., sem hér er til umr., nái fram að ganga, en allir nm. hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Einnig kom fram í máli hans að ég ásamt þremur öðrum hv. þm. stend að brtt. á þskj. 537. Áður en ég kem að því að fara nokkrum orðum þar um, vil ég aðeins minna á það að á sumarþingi, þegar núv. hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir hækkun á bensínskatti, var mjög um það rætt — og ég held að menn

hafi verið nokkuð um það sammála, — að finna þyrfti tekjustofn til handa hinum smærri bæjar- og sveitarfélögum til þess að þau gætu ráðist í varanlega gatnagerð sem er nú brennandi spursmál á hinum ýmsu stöðum víðs vegar úti á landsbyggðinni, — spursmál sem er þess efnis að vart verður lengur hjá því komist að fundin verði leið til þess að þessi tiltölulega fámennu bæjar- eða sveitarfélög geti fjármagnað þær kostnaðarsömu framkvæmdir sem að þessu lúta. Þetta verkefni er nú eitt af þeim meginverkefnum sem blasa við hinum mörgu sveitarfélögum víðs vegar í kringum landið.

Á sumarþinginu, þegar þessi mál voru til umræðu, var ég einn meðal þriggja hv. þm., sem fluttu brtt. þess efnis, að af þeim 7 kr., sem þá stóð til að hækka bensínskattinn um, væri 2 kr. varið til þess að hefja framkvæmdir á hinum smærri stöðum sem á eftir eru varðandi gatnagerð. Þetta var fellt, en sumir núv. stjórnarliða höfðu þá uppi um það orð að þeir teldu nauðsyn til þess bera, þrátt fyrir það að þeir stæðu að því að fella þessa till., að finna einhverja leið til þess að fá fé til slíkra framkvæmda. Nú er það, að ég hygg, öllum ljóst sem eitthvað þekkja til á hinum smærri stöðum að það er gjörsamlega ofviða þessum sveitarfélögum að fjármagna þetta með eigin fjármagni eða að fjármagna það að verulegu leyti með lánsfé. Þarna verður að koma til beint framlag, a. m. k. að nokkru leyti — verulegu leyti tel ég, til þess að hin smærri sveitarfélög geti ráðist í þessar svo mjög nauðsynlegu framkvæmdir. Það er þess vegna engin spurning í mínum huga að það sé rétt, það sem nú er lagt til, að auka hinn svokallaða 10% sjóð í 25%. Það er réttlætismál. Og þó að hærra hefði verið farið í hlutfalli, þá var það vissulega réttlætanlegt. Ég verð hins vegar að segja að það kemur mér undarlega fyrir sjónir að þm. úr kjördæmum, sem eru tiltölulega skammt á veg komin með framkvæmdir í slíku, skuli nú standa að flutningi brtt. hér á hv. Alþ. til þess að lækka þetta 25% hlutfall sem ég taldi að samkomulag hefði verið orðið um á síðasta reglulega þingi, þ. e. a. s. vorið 1974, og að menn væru orðnir um það sammála að það þyrfti að stefna í þá átt að auka þetta. En nú hefur það gerst að komin er fram till. um að færa þetta aftur í hið gamla horf.

Sú brtt. á þskj. 537, sem ég ásamt þremur öðrum hv. þm. stend að, er brtt. við 10. gr. frv., þ. e. a. s. við 32. gr. vegalaga, og er á þá leið að í stað þess að þeim fjármunum, sem koma til vegna 12,5% reglunnar í 32. gr., verði öllum úthlutað eftir höfðatölureglunni, þá verði ⅓ af þeim hluta úthlutað af fjvn. að fengnum tillögum vegamálastjóra og að þeir fjármunir fari til þess að fjármagna framkvæmdir á þeim stöðum sem skemmst eru á veg komnir af hinum smáu bæjar- og sveitarfélögum í gerð varanlegra gatna.

Það hefur lengi verið samdóma álit sveitarstjórnarmanna, a. m. k. í hinum fámennari landshlutum, og fulltrúa og stjórna fjórðungssambanda að hin svokallaða höfðatöluregla væri svo óréttlát gagnvart hinum dreifðu byggðum að brýna nauðsyn bæri til að gera þar leiðréttingu á. Ef menn gæfu sér tíma til þess að skoða þetta mál eins og það í reynd liggur fyrir og menn litu t. d. á úthlutun á þessu fé sem komið hefur inn vegna 12.5% reglunnar, þá kemur í ljós að Reykjavíkurborg, sem t. d. hefur fengið af þessu fé s. l. 10 ár 42.73%, er aðeins með 25.73% af þjóðvegakerfinu í þéttbýli, en önnur bæjar- eða sveitarfélög eða kjördæmi hafa fengið langtum, langtum minni fjárhæðir þó að þau hafi miklum mun lengra þjóðvegakerfi sem þarf að standa undir. Ég held því að vart geti mönnum blandast hugur um að ef á að gera einhverja gangskör að því að leiðrétta hlut dreifbýlisins í þessum efnum verður ekki hjá því komist að gera breytingu á úthlutunarreglum varðandi þéttbýlisféð. Það skal að vísu viðurkennt að ef því verður að breytt verður úr 10% í 25%, þá a. m. k. ætti að mínu áliti að koma eitthvað meira fjármagn til hinna fámennari sveitarfélaga til þess að standa undir þessum framkvæmdum, þ. e. a. s. ef það fæst viðurkennt að þessum fjármunum verði ráðstafað til þeirra framkvæmda, en ekki eingöngu til þjóðvega sem liggja í gegnum kaupstaði eða kauptún. Ég er þeirrar skoðunar eða a. m. k. ég vil skilja þá breytingu, sem hér er verið að tala um, úr 10% í 25%, á þann veg að það sé heimilað að nota þetta fjármagn til þess að standa undir framkvæmdum í varanlegri gatnagerð í hinum fámennari kauptúnum, annarri en þjóðvegum sem koma til með að liggja í gegnum viðkomandi kauptún eða bæjarfélög. En þó að þetta kæmi til, þá er víðs fjarri að það sé búið að finna neina þá leið, sem má telja viðunandi, til þess að hin fámennari og smærri sveitarfélög geti staðið undir þessum framkvæmdum. Einmitt með hliðsjón af því þeitti ég mér fyrir því að flytja brtt. þá, sem ég hef nú gert að umræðuefni og er á þskj. 537, og freista þess með því að reyna að fá frekari leiðréttingu á þessum málum til handa hinum smærri bæjar- og sveitarfélögum.

Eins og ég sagði áðan kemur það í ljós, ef skoðaðar eru tölur fyrir síðustu 10 ár um úthlutun þéttbýlisvegafjárins, að Reykjavík hefur fengið af þessu 42.73%, en er þó ekki nema með þéttbýlisvegi eða þjóðvegi í þéttbýli sem svara til 25.73%. Vestfirðir hafa fengið af þessu fé 3.66%, en eru þó með sem svarar 11.21% af þjóðvegum í þéttbýli. Norðurland vestra hefur fengið 2.86%, en er með sem svarar um 7% af þjóðvegum í þéttbýli, og Austurland hefur fengið 3.76% af þessu fjármagni, en er þó með þjóðvegi í þéttbýli sem nema um 15.55%.

Ég hygg að það þurfi enginn að fara í grafgötur með það eftir að menn hafa skoðað þessar tölur og útdeilingu þess fjármagns sem hefur komið inn samkv. 12.5% reglunni, að hér er auðvitað um óviðunandi ástand að ræða gagnvart hinum smærri og fámennari bæjar- og sveitarfélögum. Það er því réttlætismál fullkomlega að breyta þessu á þann veg að hluta af þessum fjármunum, sem inn koma vegna 12.5% reglunnar, verði varið til að létta undir með hinum fámennari sveitarfélögum svo að þau geti ráðist í þessar geysilega kostnaðarsömu framkvæmdir.

Í upplýsingum, sem fyrir liggja frá Vegagerð ríkisins, kemur í ljós að varanlegt slitlag á þjóðvegum í þéttbýli er eftir kjördæmum rösklega 40% í Suðurlandskjördæmi, 60% rösk í Reykja-

neskjördæmi, um 50% í Vesturlandskjördæmi, 20% í Vestfjarðakjördæmi, 40% í Norðurl. v., um 30% í Norðurl. e., 60% í Austurlandskjördæmi. Meðaltal yfir landið er að um 50% þjóðvega í þéttbýli er með varanlegu slitlagi. Af þessum upplýsingum er einnig alveg augljóst að hinir fámennari staðir hafa verið verulega afskiptir varðandi úthlutun þessa fjár vegna þess að hún byggist á höfðatölureglunni.

Í upplýsingum, sem fram hafa komið frá landshlutasamtökum, kemur í ljós að á síðustu 10 árum, þ. e. a. s. frá 1964—1974, hefur höfuðborgin fengið um 18 400 kr. á hvern km þjóðvega í þéttbýli, en sá landshlutinn, sem er með minnst, hefur aðeins fengið 2 700 kr. á þessu sama tímabili. Þetta eru auðvitað reglur sem er alveg útilokað að a. m. k. fulltrúar hinna dreifðu byggða og smærri kauptúna geti sætt sig við, og er alveg augljóst að þeir hljóta að nota hvert tækifæri og neyta allra ráða til þess að fá breytingu á þessu óréttlæti að því er varðar úthlutun þéttbýlisvegafjárins — sem er óréttlæti vegna höfðatölureglunnar.

Ég a. m. k. vænti þess að fulltrúar þeirra kjördæma, sem eru svo sett eins og hér hefur komið fram, þ. e. að þar er að mestu leyti óunnið það verkefni að koma varanlegu slitlagi á götur, á þessum fámennu stöðum, þeir sýni það í verki nú og standi því saman um það að fá — að ég tel — lágmarksleiðréttingu vegna úthlutunar á þéttbýlisvegafénu, þannig að það verði þótt ekki sé nema ⅛ hluta þessa fjár úthlutað eftir þörf og nauðsyn í þeim sveitarfélögum sem mest þurfa á þessu að halda, þó svo að höfðatölureglan gildi þá áfram um hina ⅞ hlutana, sem ég tel þó óréttlátt með hliðsjón af því sem verið hefur á undanförnum árum og áratugum. Það hefði verið réttlætanlegt að stíga skrefið stærra til þess að rétta hlut þessara fámennu byggðarlaga vegna þess að höfuðborgarsvæðið t. d. hefur á undanförnum áratug — það er sýnt fram á með tölum — setið við svo gott borð í þessum efnum að það er fyllilega réttlætanlegt að eitthvað verði af því tekið til þess að létta byrði hinna fámennu sveitarfélaga og gera þar með viðunanlegri lífsskilyrði til handa því fólki sem býr á þessum stöðum.

Það er talið, eftir því sem mér skilst, að samkv. reglunni um 10%, ef hún væri í gildi t. d. árið 1975, að þá mundu þeir fjármunir, sem kæmu til með að verða til ráðstöfunar vegna hennar, vera um 28 millj., en miðað við 25% regluna mundu það verða um 70 millj. á árinu 1975 sem þarna kæmu til með að verða til ráðstöfunar.

Það vita allir í hvað 10% sjóðurinn hefur verið notaður á undanförnum árum. Það er fyrst og fremst hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er Kópavogsgjáin fræga og umtalaða og að einhverjum hluta, ég veit ekki hversu miklum, á Selfossi. Þetta eru þeir staðir sem fyrst og fremst hafa notið þessarar 10% reglu og fjármuna sem hafa komið inn vegna hennar. (Gripið fram í: Nú er það búið.) Já, nú er það búið, en einkennilegt þætti mér ef hv. þm. Suðurl. gætu ekki fundið eitthvað annað verkefni álíka sem þeir teldu að ætti að ráðstafa þessu fjármagni til, þannig að það er ekkert útséð um það, þó að þessi ævintýri bæði tvö séu búin, að þá verði ekki hægt að finna upp eitthvað nýtt á þessu sama svæði.

Mér sýnist, ef breyting fengist samþykkt á 32. gr. í þá átt sem við hér leggjum til, að þá mundi einnig verða um að ræða einhvers staðar í kringum 70 millj. kr. sem kæmu til ráðstöfunar samkv. reglunni um ⅛ af 12.5%, þannig að samtals væri þarna um 120—140 millj. kr. fjárhæð sem hægt væri að verja til þessa sérstaka verkefnis, — þessa brýna verkefnis sem nú hvílir hvað þyngst á allflestum sveitarfélögum úti á landsbyggðinni. Ég fyrir mitt leyti tel að hér sé tillögum svo í hóf stillt að ég trúi því varla að nokkur einasti þm. fyrir dreifbýliskjördæmi, sem menn svo kalla, treysti sér ekki til þess að greiða atkv. með svo hógværum tillögum til þess að leiðrétta það mikla misræmi og það óréttlæti sem verið hefur í gildi að því er varðar skiptingu þessa fjár.

Ég vil minna á það að allflest þing fjórðungssambandanna í landinu hafa á það minnt í samþykktum á sínum ársfundum eða ársþingum að það sé brýnt verkefni og það verði að krefjast þess að breytt verði þessari svokölluðu höfðatölureglu á þann veg að dreifbýlisstaðirnir verði ekki svo gjörsamlega út undan í þessu dæmi eins og verði hefur á undanförnum árum. Um þetta hygg ég að menn almennt í þessum stofnunum hafi verið sammála, burt séð frá pólitískum skoðunum. Mér finnst því að hér á löggjafarsamkomunni ættu menn að geta verið sammála um svo mikið réttlætismál til handa þessum byggðarlögum, burt séð frá pólitískum flokkssjónarmiðum.

Ég skal ekki nema frekara tilefni gefist til, fjölyrða öllu meira um þetta, en ég vænti þess að hvar í pólitískum flokki sem menn annars eru, þá ljái þeir þessu réttlætismáli lið með því að stuðla að því að brtt. sú, sem við stöndum að á þskj. 537, nái fram að ganga og verði afgr. áður en þing verður nú sent heim, væntanlega, eftir því sem allt bendir til, í lok þessarar viku.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. frsm. samgn. að þessu máli þurfum við að koma í gegn hér á þinginu, þannig að ekki er ráðlegt að tala nú málið dautt þannig að það stöðvist í málþófi þm. um það. Ég get þó ekki látið hjá líða að tjá mig um þetta, vegna þess líka að ég er meðflm. að brtt. á þskj. 537 sem hv. 5. þm. Vestf. hefur mælt fyrir hér rétt áður. Það vantar ekki að sannfæringarkraftur okkar vestfirðinga sé nógu mikill, en hins vegar lítil von um að sannfæra marga þm. hér og nú, svo fáir sem þeir sitja á stólum hér eins og fyrri daginn, þannig að frekara tal um þetta ber líklega lítinn árangur.

Hv. 5. þm. Vestf. benti á að það, sem við förum fram á, er að ⅛ hluti af 12.5% af heildarvegafé takist beint og örugglega til kauptúna og kaupstaða á landinu sem skemmst eru á veg komin. Þetta þýddi, sagði hann, og mun rétt vera, u. þ. b. 70 millj. sem kæmu til skipta í þessum tilgangi af um 285 millj. sem renna í þéttbýlisvegasjóð á þessu ári. Hér er ekki fram á mjög mikið farið, finnst okkur dreifbýlisþm.

Það hefur verið talað um það að landsbyggðin sé í þessu máli að gera aðför að þéttbýlinu

suðvestanlands. Ég vil segja þetta um það atriði: Enginn neitar því að það er eðlilegt að við úthlutun þessa fjár sé tekið tillit til höfðafjölda og umferðarþunga. Þetta er fyllilega réttmætt sjónarmið. En við megum ekki einblína svo á þörf fjöldans hér á suðvesturhorninu að við gleymum að gæta almenns réttlætis í þessu máli. Hv. 5. þm. Vestf. benti á það með tölum hvernig þetta hefur komið út. Það hefur einfaldlega komið út þannig að smærri kauptún og kaupstaðir, þar sem þó þjóðvegur liggur í gegn, hafa algjörlega verið dæmd úr leik og ég get til viðbótar tölum, sem hv. 5. þm. Vestf. nefndi, bent á að í s. l. 10 ár — og nú bið ég þá fáu þm., sem hér sitja, að hlusta á — að undanfarin 10 ár hafa 67.52% af þéttbýlisvegasjóðnum farið til Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis á móti 23.41% sem hafa farið til fimm annarra kjördæma samanlagt, þ. e. a. s. til Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands eystra, Norðurlands vestra og Austurlands. Ég sé ekki hvernig hv. þm. þessara kjördæma hér sunnan til geta vogað sér að telja það óréttmætt að þessi hlutur hinna fimm kjördæmanna hækki nokkuð borið saman við Reykjanes og Reykjavík, þegar við höfum í huga að hingað til hefur hlutfallið verið 67% fyrir tvö kjördæmi á móti 23% fyrir hin kjördæmin.

Ég vil benda hv. þm. á — og það vita þeir flestir sem hafa gert sér það ómak að kynna sér þessi mál — að af almennu vegafé fer ekkert til þjóðvega í gegnum kauptún og kaupstaði. Það er þéttbýlisvegasjóðurinn sem á að sjá fyrir vegum þar í gegn. Hingað til hefur farið svo að það hefur svo til ekki eyrir runnið til þessara staða nema þá þeirra fjölmennari, til Akureyrar, til Ísafjarðar kannske innan við milljón árlega, en til hinna, sem eru með 200—300 íbúa, ekki eyrir sem hægt er að nefna því nafni, — þó að það væru 50—60 þús., þá er það ekki teljandi til þess að vinna að byggingu varanlegra vega og gatna. Þess vegna er svo augljóst misræmi sem þarna hefur viðgengist að hverjum manni, sem reynir að athuga málið ofan í kjölinn, hlýtur að vera ljóst að þarna þarf breyting að koma til. Þessi þorp, sem ég tala um, þessi smærri staðir úti um landið eru í vonlausri aðstöðu eins og er. Þeir eru í algjörlega vonlausri aðstöðu ef þeirra eina von um skaplegan þjóðveg í gegnum hlaðið hjá sér á að byggjast á þessum þéttbýlisvegasjóði. Reyndin hefur sýnt okkur að það hefur allt farið fram hjá garði þarna. Það hafa farið hundruð millj. í framkvæmdir hér í Kópavogi, við Selfoss og í Hafnarfjarðarveginn. Það er eðlilegt að þessir staðir þurfi sitt fé. Það er mikil umferð hér og við viðurkennum fyllilega þörfina. En það má ekki verða til þess að við séum blind fyrir þörfum annarra landshluta þó að þar lifi eitthvað færra fólk á hverjum ferkílómetra en hér. Gerið ykkur í hugarlund þegar bílaeign landsmanna nálgast 100 þús., líklega nú, og ferðafólksstraumurinn verður æ meiri hér innanlands, — gerið ykkur í hugarlund malar- og sandvegi í gegnum smáþorp þar sem bílaumferðin er mikil á sumrin. Þar er vægast sagt ólifandi. Þar er rykmökkur, kæfandi rykmökkur sem drepur allt lifandi eða allt að því, og þegar bleyta er og rigning, þá er aursvað upp um glugga og veggi.

Ég styð þessa brtt. sem hér liggur frammi á þskj. 537 um að taka ⅓ af þessu 12½% beint í þessa smærri staði sem mest eru þurfandi á þessu sviði. Ég vil hins vegar lýsa því yfir hér að verði þessi till. felld, þá mun ég við 3. umr. bera fram aðra brtt. sem ég hygg að mundi koma nokkuð að sama gagni ef hún kæmist í gegn. Í 34. gr. vegalaganna, eins og hún kemur frá Ed., er gert ráð fyrir að 10% sjóðurinn, sem tekinn er undan höfðareglunni, að hann aukist í 25%. Ég væri í rauninni alveg ánægð með það eins og það er ef ég væri viss um að þessi 25% rynnu örugglega til þeirra staða á landinu sem verst eru settir í þessu tilliti og við erum að bera fyrir brjóstinu. En ég tel nauðsynlegt að fenginni reynslu að kveðið sé skýrar á í lögunum en gert er og því mundi mín brtt., verði brtt. á 537 felld nú við 2. umr., hljóða á þá leið, að í staðinn fyrir að þessi 25% renni til óskilgreindra forgangsverkefna, þá mundi ég vilja kveða svo á í greininni að þau renni tvímælalaust til kaupstaða og kauptúna á landinu sem skemmst eru á veg komin og þar sem þörfin er talin mest. Þá tel ég að við séum búin að ná nokkru jafnræði hér og þó ekkert svipað því sem þyrfti til þess að gera þessum málum þau skil sem nauðsynlegt væri.

Ég vil benda mönnum á að blanda hér ekki saman, eins og gert hefur verið, áætlun sveitarfélaganna um gatnagerð. Það er áætlun út af fyrir sig sem miklar vonir eru bundnar við, m. a. við veruleg lán úr Byggðasjóði sem þar koma til. Það eru lán sem þarf að endurgreiða og verða vafalaust sveitarfélögunum allþungbær. Þetta, sem við erum að tala um núna eða ég er fyrst og fremst að leggja áherslu á, er að við fáum þjóðvegina í gegnum þorpin og kauptúnin fullgerða af ríkisfé. Það er hluti af þjóðvegakerfinu og við eigum heimtingu á því að þeir vegaspottar, sem liggja í gegnum þessi smáþorp og kaupstaði, séu ekki settir útundan algerlega miðað við hið almenna þjóðvegakerfi landsins. Ég trúi ekki öðru en að þeir menn, sem vilja stuðla að því í verki að aðstaða fólks sé sem jöfnust hvar sem er á landinu, — ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að þeir skoði ekki hug sinn áður en þeir fella þær till. sem horfa í jafnaðar- og réttlætisátt, og ég leyfi mér að vera nokkuð bjartsýn í því efni.

Umr. frestað.

Tónlistarskólar, frv. (þskj. 647). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Hæstv. forseti. Þetta frv. var lagt fram í hv. Ed. sem nú hefur afgr. það. Ed. gerði nokkrar breytingar á frv. sem ég tel að horfi til bóta. Ég skal ekki endurtaka hér þá ræðu sem ég flutti í Ed., en vil aðeins leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn. sem ég vænti að greiði götu þess eftir föngum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 84. fundur.

Mánudaginn 12. maí, að loknum 83. fundi.

Leiklistarskóli Íslands, frv. (þskj. 416). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ríkisreikningurinn 1972, frv. (þskj. 458). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Launasjóður rithöfunda, frv. (þskj. 251). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 694).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 526). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 414). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Við 2. umr. þessa máls lét ég þess getið að ég mundi við 3. umr. flytja brtt. ef sú fjáröflunartillaga, sem minni hl. heilbr.- og trn. flutti, yrði felld. Mér hefur ekki snúist neitt hugur í þessu efni, en sú tillaga, sem ég hugðist flytja, fjallar um önnur lög en hér er flutt breyting á og það út af fyrir sig er ekkert einsdæmi hér á hv. Alþ. að fluttar séu tillögur í sama máli um breytingar á ýmsum lögum. Hafa allar ríkisstj., held ég, gengið mjög á undan í þeim efnum. Hins vegar er þetta út af fyrir sig ekki sérlega þingleg meðferð.

Í öðru lagi er þannig ástatt að þetta mál er áfram keyrt með sama hraða og verið hefur áður og virðist eins og það liggi allt við að flýta því sem framast er hægt. Hins vegar er mínum málum þannig háttað núna að ég á að vera á öðrum fundi, sáttafundi í einum af þeim vinnudeilum sem nú standa yfir, og get því ekki verið hér viðstaddur við þær umr. sem ég hefði gjarnan viljað að hér færu fram nú við 3. umr. Þess vegna mun ég nú hverfa frá því að flytja þessa brtt., en vona að menn skilji það sem ég hef verið að reyna að segja við þessa umr., að fjármunir Atvinnuleysistryggingasjóðs, þær krónur, sem þar eru til ráðstöfunar, verða ekki á sama tíma notaðar nema til eins verkefnis í einu. Og ef hv. Alþ. ætlar að velja þann kostinn að verja sjóðnum nú í þetta nýja verkefni sem út af fyrir sig er mjög gott mál, ekki er ég neitt að draga úr því, þá er sjálfsagt að menn hafi í huga að það hlýtur að skerða önnur verksvið sjóðsins, og ef hv. þm. Sverri Hermannssyni, sem nú er að ganga út, finnst ég tala með bankastjóratón, þá er þetta bara einfaldur sannleikur sem ég veit að hann skilur manna best, enda má vera að hans aðstæður séu stundum slíkar. Hann hefur fengið svo góða fyrirgreiðslu til sinna mála frá ýmsum sjóðum að vel getur verið að honum finnist að það sé sjálfsagt að sjóðir geti gert svona hluti, en það er nú því miður ekki. Þetta er aðeins lögmál og staðreyndir.

Hins vegar mun ég, eins og ég sagði við 2. umr., greiða atkvæði gegn því að þessar grundvallarbreytingar verði nú gerðar á Atvinnuleysistryggingasjóði sem eru gerðar þvert ofan í ráðleggingar þeirra sem hefur verið leitað umsagna hjá og að öðrum algjörlega forspurðum. Málið er til komið eins og hér var rakið við 2. umr. og öllum hv. alþm. er kunnugt að hér er um að ræða samningamál í einhverri hörðustu vinnudeilu sem verið hefur á Íslandi. Málið er þess vegna býsna viðkvæmt. Það er auðvitað ekki vegna þess að ég sé ekki, eins og ég hef margtekið fram, fyllilega sammála því að það er mjög brýnt úrlausnarefni að konur fái þann rétt sem um ræðir í þessu frv. Það er ekki það málefni sem hér er um deilt, enda vona ég að störf mín að því máli á undanförnum árum sanni hver afstaða mín hefur verið til þeirra efna. Heldur er aðeins það að hér er verið að gera grundvallarbreytingu á Atvinnuleysistryggingasjóði sem ég er andvígur.

Karvel Pálmason: Virðulegi forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég að umræðuefni með nokkrum orðum hvað hv. flm. þessa frv. ætluðu sér að skera niður af þeim verkefnum sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur fjármagnað á undanförnum árum ef ekki yrði séð fyrir sérstökum tekjustofni til þess að mæta þeim útgjöldum sem á sjóðinn á að leggja samkv. frv. Nú hefur það gerst að búið er að fella till. frá minni hl. heilbr.- og trn. þess eðlis að sjá fyrir tekjustofn-

um á móti þessum útgjöldum. Ég varð þess ekki var að fram kæmi í umræðunum við 2. umr., ég skal þó ekki fullyrða það því að ég var ekki til loka umræðnanna, en ég varð þess ekki var að neinar ábendingar kæmu frá hv. flm. um hvað það væri sem þeir teldu að mætti fremur mæta afgangi þegar þessari nýju kvöð yrði bætt á sjóðinn. Mér finnst að það væri æskilegt núna áður en loka atkvgr. um málið fer fram að menn fengju einhverja vitneskju um það, þegar það er sýnt að þessu verður ekki bætt á Atvinnuleysistryggingasjóð nema því aðeins að skerða eitthvað annað — að menn hefðu þá einhverja vitneskju um hvað það væri sem ætti að skerða.

Það kom fram í umræðunum við 2. umr. að t. d. í sambandi við Hafnabótasjóð, þar sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur lánað töluvert stóra upphæð sem hefur farið að mestu leyti til þess að fjármagna hluta sveitarfélaganna í hafnarframkvæmdum, að nú liggur fyrir hjá Atvinnuleysistryggingasjóðsstjórn lánsumsókn vegna Hafnabótasjóðs upp á 60 millj. kr. Mér þætti því fróðlegt um það að vita hvort hv. flm. eða aðrir stjórnarliðar gætu upplýst um það hvort það yrði kannske eitthvað dregið úr þessari fyrirgreiðslu sem ég tel mjög brýna vegna hinna ýmsu sveitarfélaga sem eiga í mjög miklum erfiðleikum með að fjármagna sinn hluta framkvæmdanna. Mér hefði þótt vænt um það ef t. d. hæstv. samgrh. hefði getað eitthvað sagt um það hvort honum þætti ekki illa horfa varðandi fjármögnun á Hafnabótasjóði ef Atvinnuleysistryggingasjóður yrði til þess neyddur að kippa að sér hendinni varðandi lánveitingar til Hafnabótasjóðs. Og svo mætti fleira telja, fleiri liði, svo sem kemur fram í umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um ráðstöfun á fjármagni sjóðsins á undanförnum árum.

Ég lýsti því yfir við 2. umr. þessa máls að þó að svo færi að felld yrði till. okkar í minni hl. heilbr.- og trn. um að sjá fyrir tekjum vegna útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs, þá mundi ég greiða atkv. með málinu við lokaatkvgr. og ég hef ekki breytt afstöðu minni til þess. En mér finnst að það væri æskilegra að einhverjar hugmyndir væru um það gefnar hvað það er sem á að skerða, því að ráðstöfun þess fjár úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem hér liggur fyrir, er með þeim hætti að hér er um mjög brýn og nauðsynleg verkefni að ræða og kannske erfitt að gera upp á milli þessara atriða ef til þess kemur að þurfi að draga úr fyrirgreiðslu. Ég a. m. k. teldi það mjög varhugavert ef þessi aukni baggi, sem setja á á Atvinnuleysistryggingasjóð, yrði til þess að draga úr fyrirgreiðslu til Hafnabótasjóðs. Ég teldi það mjög varhugavert og mér þætti því vænt um ef einhver hv. flm. frv. eða einhverjir aðrir hv. þm. úr stjórnarliðinu og hæstv. ríkisstj. gætu um það upplýst hvað yrði fyrir barðinu á niðurskurði ef og þegar til þess kemur, sem mér sýnist að verði.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en hæstv. samgrh. er ekki kominn í salinn enn. Ég hefði gjarnan viljað fá að heyra álit hans á þessu, hvort honum þyki það ekki slæm tíðindi ef samþykkt þessa frv. verður til þess að skerða lánafyrirgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs til Hafnabótasjóðs. Það er stór hluti sem hefur farið til Hafnabótasjóðs af ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð og ekki tefja umr. frekar, en ég vildi þó ítreka þetta ef hægt væri að fá einhverjar frekari upplýsingar að þessu lútandi.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég tók til máls við 1. umr. þessa máls og lýsti þar viðhorfum mínum til þess í stuttu máli á þá leið að ég hef verulegar aths. að gera við frv. eins og það er lagt fram. Aðallega felast þær þó í því, að hér er gert ráð fyrir að fæðingarorlof nái einungis til kvenna sem vinna úti sem kallað er. Hinar, sem ekki geta með neinu móti komið því við að vinna úti, fá ekkert fæðingarorlof. Hér er verið að leggja fram frv. til l. um að setja í lög almennar heimildir um fæðingarorlof, og þegar um slíkt er að ræða finnst mér að það sé meinbugur á málinu að það skuli ekki ná til allra kvenna.

Annað atriðið, sem ég gerði einnig að umtalsefni, var það að gert er ráð fyrir því að Atvinnuleysistryggingasjóður standi undir þeim kostnaði sem hér um ræðir. Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður, eins og margsinnis hefur verið bent á í þessum umr., eftir einhverjar mestu vinnudeilur sem orðið hafa hér í landinu, árið 1955, og hann var stofnaður með samkomulagi og um sjóðinn og starfsemi hans hefur, að ég hygg, verið pólitískt samkomulag alla tíð. Þess vegna álít ég að það sé dálítið varhugavert nú að ákveða með lögum að breyta verksviði sjóðsins á þá leið sem hér er gert ráð fyrir. Það er rétt að hafa það í huga að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur hagað starfsemi sinni þannig á undanförnum árum að hann hefur verið talsverður lánasjóður. Hann hefur að minni hyggju hagað starfsemi sinni skynsamlega með því að stuðla að atvinnuuppbyggingu, eflingu atvinnulífsins, víða um landið, sérstaklega þó á þeim svæðum og þeim stöðum, sem hafa verið í hættu varðandi atvinnuleysi, og komið þannig í veg fyrir atvinnuleysi, byggt upp atvinnulífið, sem er auðvitað þýðingarmikið fyrir þjóðarhag og efnahagsundirstöðu þjóðarinnar, en einnig sérstaklega komið í veg fyrir að atvinnuleysi skapist. Og þessi lánastarfsemi er á talsvert mörgum sviðum og hún hefur verið veruleg. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur lánað til hafnarbóta. Hann hefur lánað til fiskiðnaðar og annars iðnaðar. Hann hefur lánað til ýmiss konar atvinnuaukningar, t. d. í sambandi við hina miklu uppbyggingu skuttogaraflotans. Þá má segja að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi lagt verulegt lóð á vogarskálina á mörgum þeim stöðum þar sem einmitt þurfti að styrkja atvinnulífið til þess að tryggja að þessir staðir gætu komist yfir skuttogara. Það má nefna marga staði allt í kringum landið í þessu sambandi. Þá hefur hann einnig lánað í vatns- og hitaveitur, í orlofs- og félagsheimili, svo að fleiri dæmi séu nefnd.

Mér er kunnugt um það að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur þegar unnið að því hvernig hún gæti hugsanlega staðið að lánastefnu og lánastarfsemi á þessu ári, og hafa farið fram viðræður, t. d. á milli forráðamanna Byggðasjóðs og Atvinnuleysistryggingasjóðs, um

það hvernig þessir sjóðir gætu staðið að lánastarfsemi á vissum sviðum á þessu ári. Ef þetta frv. yrði samþ. nú fyrir mitt ár yrði auðvitað að endurskoða þessa starfsemi alla frá rótum og það gæti haft talsverð áhrif, sérstaklega eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu. Það er að vísu á stefnuskrá núv. ríkisstj. að stuðla að fullri atvinnu í landinu, eitt þýðingarmesta atriðið á stefnuskrá stjórnarinnar, en eigi að síður, miðað við það ástand, sem verið hefur, og þá þróun, sem við búum við um þessar mundir og ástæða er til að ætla að verði enn um sinn, þá er einmitt hætta á því að það geti skapast atvinnuleysi þrátt fyrir þennan ásetning ríkisstj. Það bryddar á því sums staðar. Þess vegna held ég að það væri mjög miður ef kippt væri stoðum undan fjárráðum Atvinnuleysistryggingasjóðs í þessu sambandi.

Ég hygg að það væri í raun og veru mjög æskilegt ef hægt væri að ná samkomulagi um slíkt mál sem þetta, og ég er ekki viss um nema það sé möguleiki á því, að það sé hreinlega hægt að ná samkomulagi í þinginu um að setja í lög fæðingarorlof kvenna ef það væri reynt. En ég fyrir mína parta vil átelja það að setja svona stórt mál fram í þinglok þegar menn eru að rembast við að reyna að ljúka þingi nú fyrir helgi og sækja það af talsverðri hörku og sóknarþunga. Ég sé að á laugardagskvöldið, frá kl. 9 og allt fram undir miðnætti, fóru fram umr. um þetta mál hér í deildinni. Auðvitað veit ég að þm. eru skyldir til þess að taka þátt í þingstörfum á laugardagskvöldum ef þeir eru boðaðir til þess, en þó verður þetta að teljast óvenjulegt miðað við það að hér er ekki um að ræða stjfrv., heldur þmfrv. Ég er á þeirri skoðun að þetta mál þyrfti meiri undirbúning, og ég held að flm. málsins gætu verið fullsæmdir af því að fresta málinu til hausts og láta fara fram frekari undirbúning og að málið verði flutt hér á þinginu á hausti komanda. Ég álít að það sé út af fyrir sig mjög góðra gjalda vert að sýna málið í þinginu nú. Þá fá menn tækifæri til þess að hugsa það og athuga það nánar fyrir haustþingið, og mér þýðir í grun að það séu möguleikar á því að fá samkomulag milli þingflokkanna um að lögfesta fæðingarorlof í íslenskum lögum. En þá vil ég enn þá leggja á það áherslu að ekki verði gerður á þarna sá hinn mikli munur sem hér er um að ræða — og undirstrika það enn einu sinni — milli kvenna, sem erfiðast eiga að öllu leyti og ekki vinna úti og falla ekki undir þetta frv., eins og það er hér lagt fram, og kvenna, sem vinna úti. Þess vegna álít ég að það væri eðlilegast að vísa þessu máli til ríkisstj. til nánari athugunar og undirbúnings fyrir næsta þing. Ég vil aðeins setja það fram sem ábendingu án þess að ég geri um það beina tillögu.

Frsm. meiri hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það hafa vakið nokkra furðu mína þau ræðuhöld sem fram hafa farið um þetta mál og hafa því miður vakið hjá mér grunsemdir um það að þrátt fyrir allt séu íslendingar ekki eins nútímalega hugsandi að því er varðar jafnrétti karla og kvenna og ég hafði vænst og eins og ég hef raunar hvað eftir annað látið hafa eftir mér á ýmsum vettvangi. Ég hef gerst svo djörf að fullyrða það að afstaða íslendinga gagnvart konum birtist í mjög nútímalegri löggjöf og viðurkenningu á fyllstu réttindum kvenna og barna, jafnrétti kvenna og karla og ýmiss konar bættri félagslegri aðstöðu kvenna frá því sem áður var.

Umr. um þetta mál hafa verið þess eðlis að hér hafa ýmsir ræðumenn sagt í sömu ræðunum: Þetta mál er ekki nógu gott vegna þess að það er of stórt. Þetta mál er heldur ekki nógu gott vegna þess að það er of lítið. Það er of stórt fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð, það er of lítið fyrir það sem þeim finnst vera svipfallegt gagnvart kjósendum sínum. — Niðurstaðan er sú að þessum sömu hv. þm. finnst réttast að gera ekki neitt. Það er von að maður spyrji sjálfan sig: Hver er vilji þessara hv. þm.? Hver er hugur þessara hv. þm. til sjálfsagðra nútíma réttarbóta? Hver er hugur þessara hv. þm. til réttarstöðu nýfæddra barna, sömu hv. þm. og fyrir nokkrum dögum greiddu atkv. með því að leiða það í íslensk lög að félagslegar ástæður einar saman séu fullnægjandi sem heimild til þess að fá fóstri eytt.

Í öllum þeim löngu og miklu umr., sem fram fóru um fóstureyðingamálið, kom oft fram hjá nokkrum hv. þm. sú röksemd að að sjálfsögðu væri það hin mesta hneisa að lögleiða að félagslegar ástæður gætu verið heimild til fóstureyðingar, vegna þess að það væri svo vel búið að íslenskum konum og börnum þeirra á Íslandi að slíkrar lagaheimildar gæti ekki verið þörf. Einstaka mjög varkárir menn bentu á það og kannske ekki síst kaþólskir menn utan úr löndum, að lögfesting ákvæðis um það að félagslegar ástæður gætu verið heimild til fóstureyðingar fælu í sér þá hættu að þjóðfélagið gæti orðið heldur tregt til þess að bæta félagslegar aðstæður þeirra kvenna sem erfiðast ættu með að hugsa um börn sín.

Nú höfum við rétt — á laugardaginn, ef ég man rétt, — lokið við afgreiðslu þessa margumræddu fóstureyðingamáls, leitt þetta nýja fyrirkomulag í lög, að félagslegar ástæður geti verið þannig, að rétt sé að heimila fóstureyðingu af þeim sökum. Í gær var svo í nágrannakjördæmum Reykjavíkur haldinn hátíðlegur mæðradagurinn sem svo er nefndur þar sem menn sýna af fórnfýsi sinni hvern hug þeir bera til mæðra í þeim hópi sem á erfiðast í þessu þjóðfélagi. Á mánudegi og líka á laugardegi fyrir þennan mæðradag ræða menn um það í Alþ. af fyllstu alvöru að það að veita lægst launuðu konunum á vinnumarkaðnum þá réttarbót að þeim verði kleift að vera heima hjá nýfæddu barni í 12 vikur eftir fæðingu þess muni kannske geta sett samgöngumál landsins úr skorðum. Menn eru þá búnir að gleyma því að á laugardaginn samþykktu þeir félagslegar ástæður sem heimild til þess að eyða lífi sem síðar getur orðið að börnum. Það hefur mjög mikla þýðingu, þótt ekki sé nema fáar vikur framan af ævi barns, að móðir þess geti verið heima hjá því. Jafnvel þótt hún eigi fullt hús af börnum, þá hefur það ómetanlega þýðingu fyrir hið nýfædda barn og móður þess líka að hún sé heima hjá því, geti haft það á brjósti og sinnt því sjálf.

Við skulum viðurkenna að þetta gerist ekki hjá þeim konum, sem eru háðar þeim atvinnutekjum sem þær hafa haft, nema þær haldi þessum sömu tekjum á meðan á frii vegna barnsburðar stendur. Mér dettur ekki í hug að halda að sú kona, sem sinnir að öllu leyti heimilisstörfum sínum og þótt hún hafi þunga starfsbyrði og sé heima hjá barni sínu sem hún hefur nýlega fætt, skilji ekki aðstöðu konu, sem aðeins tveim vikum eftir fæðingu á að standa upp á endann frá kl. 9 að *morgni* til kl. 6 að *kvöldi*, e. t. v. við afgreiðslu, og kannske örlítið lengur á meðan hún gengur frá í fyrirtækinu. Það getur verið á mismunandi þægilegum vinnustað, en alla vega sé um að ræða konu með langan og erfiðan vinnudag. Getur konan, sem heima er í þessu tilviki, þá séð ofsjónum yfir því að konan, sem framfærir heimili sitt af þessu erfiði, haldi launum á meðan hún er í frii til þess að jafna sig eftir barnsburðinn eða sinna barni sínu? Það er harla ólíklegt. Ef ég er nýrisin upp frá barnsburði, þá dettur mér ekki í hug að halda að ég eigi kröfu til sams konar launa og konan úr frystihúsinu eða mjólkurbúðinni, sem er sama tíma að jafna sig eftir barnsburð og ég, ef ég hef haft tækifæri til þess að vera heima hjá mínu barni bæði fyrir og eftir fæðingu og ekkert sérstakt er sem knýr mig út á vinnumarkaðinn. Mér dettur ekki í hug að halda að ég eigi rétt til þess sem hin konan vinnur fyrir. Og hún á sama rétt til þess þegar hún er í barnsburðarfrii að halda sínum launum eins og ef hún liggur í inflúensu. Dettur nokkrum í hug að halda því fram að það sé ranglæti gagnvart heimavinnandi konum eða bændakonum að kona, sem vinnur við ræstingu, í verslun eða á skrifstofu, haldi launum sínum þegar hún liggur þrjár vikur í hálsbólgu? Er það ranglæti gagnvart konu sem vinnur að öllu leyti á heimili sínu? Það er það ekki. Það er um tvö mál að ræða. Hitt er rétt, að það þarf vissulega að styðja og styrkja þær konur sem verja ótrúlega löngum *vinnudegi í að sinna heimili sínu af alúð* og hugsa um fjölda barna sinna og eiga mjög erfiða aðstöðu. Það er gert með svokölluðum fæðingarstyrk.

Það kann að vera að þetta nafn, fæðingarorlof, hafi nokkuð verkað til þess að drepa þessu máli á dreif. Það, sem hér er um að ræða, er aðeins að það séu metin lögmæt forföll frá vinnu á vinnumarkaðnum að kona fái frí til barnsburðar og til þess að sinna barni sínu um nokkurn tíma. Þessi kona þarf líka að sinna heimili sínu og öðru því sem til fellur eins og konan sem heima er. Við megum ekki láta þessi tvö mál spilla hvort fyrir öðru. Hitt er annað, að ég er sannfærð um að það er rétt að konur, sem vinna að framleiðslustörfum, t. d. í landbúnaði, eiga vafalaust hægara með að ná réttarbótum að þessu leyti til þegar lögleitt hefur verið að það séu lögmæt forföll og að laun séu greidd í fæðingarfrii öllum þeim konum sem laun taka fyrir vinnu sína, sé um að ræða föst laun eða fullt starf.

Þetta var um þá röksemd, að þetta mál sé of smátt og sagt er að það nái ekki til nægilega margra. Við höfum hér á borðum okkar félagsmálasáttmála Evrópu sem okkur er ætlað að samþykkja að fullgiltur verði fyrir Íslands hönd. Í þessum félagsmálasáttmála er eitt ákvæði, sem segir að lögleitt skuli fæðingarorlof í minnst 12 vikur og er þá tekið þar fram að um sé að ræða almannasjóð eins og þessi er með nokkrum hætti.

Ef vikið er að hinni röksemdinni, að þetta mál sé allt of stórt til þess að sjóður eins og Atvinnuleysistryggingasjóður ráði við það, og farið að ræða um þetta mál eins og part af samgöngumálum eins og hv. 5. þm. Vestf. gerði, þá skýtur þar líka mjög skökku við. Stærð þessa máls hefur verið *mjög ýkt*, og umsögn Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem margir hv. þm. taka mið af, byggist á því að hér sé um að ræða miklu fleiri konur en upplýsingar, sem ég hef nú í höndum, benda til. Umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs ber þess óneitanlega merki að að henni hefur ekki staðið einn stjórnarmaður í Atvinnuleysistryggingasjóði sem er mikill áhugamaður um framgang þessa máls og raunar einn af flm. þess, hv. 8. þm. Reykv. Hann kom því ekki við að vera á þessum fundi, var hér í Alþ. að sinna nefndarstörfum í sjútvn. að ég held, og vissulega gætum við búist við því að þessi umsögn hefði verið öðruvísi ef hans atbeina hefði notið við á þessum fundi.

Nú er það svo að margir hv. þm. hafa lýst því yfir að þeir muni þrátt fyrir ýmsa agnúa, sem þeir sjá á þessu máli, fylgja því við lokaafgreiðslu, — eða svo hefur mér skilist — en vilja nú samt vekja athygli á hve geysilega erfitt sé að leiða þetta sjálfsagða réttaratriði í lög, með því m. a. að leggja til að framlag atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs sé hækkað úr 1% af launum í 1.9%. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það að flm. þessarar till. ætla sér að nota þessar fáu konur, sem eru þær konur sem vinna lægst launuðu og erfiðustu störfin á vinnumarkaðnum, sem svipu á atvinnurekendur. Þeir ætla að segja við atvinnurekendur: Það er þessum konum að kenna að það verður að skattleggja ykkur að nýju. — Þegar konur eiga í hlut, þá haga þeir, sem þykjast bera hagsmuni þeirra *mest fyrir brjósti*, *sér svona gagnvart* þeim. En ef um er að ræða alls kyns greiðslur og af ólíkustu tegundum sem lagðar hafa verið á Atvinnuleysistryggingasjóð, þá heyrast ekki þessar röksemdir. En þegar komið er að því að leysa úr vanda þeirra kvenna, sem eiga erfiðast með að reka réttar síns í kjaramálum, sem hafa reynt það í 20 ár án árangurs, þá stendur upp hv. 3. þm. Reykv. og flytur till. í þingi um að þetta skuli kosta það að atvinnurekendur næstum tvöfaldi iðgjöld sín til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Halda hv. þm. að slík afstaða bæti aðstöðu þessara kvenna gagnvart atvinnurekendum eða á vinnumarkaðnum ef á að kenna þeim um það að það verði að tvöfalda framlag atvinnurekenda í þennan sjóð?

Sama verður upp á teningnum að því er varðar ýmsa aðra hv. þm. Menn segja að það sé óviðfeldið að afgreiða þetta mál utan samninga — mál, er varða Atvinnuleysistryggingasjóð, hafi alltaf verið afgreidd með samningum. Er þetta nú rétt? Þetta er ekki rétt. Mikilvæg breyting á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð var gerð þegar lögleidd var breyting á yfirstjórn hans. Annað er líka sem orkar mjög tvímælis í þessari fullyrðingu, því að um það er að ræða að

stærstu breytingarnar að því er varðar fjárgreiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði hafa gerst fyrir atbeina ríkisstj. Og hvaða samningsaðstaða er það sem ríkisstj. hefur gagnvart sjóði sem ríkið greiðir helminginn af tekjunum í? Auðvitað er ekki hægt að kalla þá aðstöðu samningsaðstöðu á jafnréttisgrundvelli. Það er einfaldlega svo að ríkisstj. hafa verið eins djarftækar til þessa sjóðs og raun er á vegna þess að sjóðurinn hefur verið svo öflugur. En þegar þær konur, sem verst eru settar í atvinnulífinu, leita réttar síns með því að lagt er til að þessi skylda sé felld á þann sjóð, sem viðurkennt er að er eign launþegasamtakanna, og það á að nota tekjur þessa sjóðs, örlítinn part af þeim, til að veita þeim sjálfsagða kjarabót, þá hika menn við. Menn keppast við að segja: Það er auðvitað sjálfsagt að leysa þetta mál og ég fylgi því — mikil ósköp, en bara ekki samþykkja þetta mál.

Það hafa liðið 20 ár og menn segja: Auðvitað viljum við að konurnar hafi fæðingarorlof. — Ef þetta mál verður ekki samþykkt geta eins liðið önnur 20 ár. Við erum eina landið á Norðurlöndunum sem ekki hefur haft manndóm í sér til að lögleiða þessa kjarabót — og þótt miklu víðar væri leitað. Það er verið að ganga frá upplýsingum um réttarstöðu kvenna á öllum Norðurlöndum núna. Þessar upplýsingar eiga að vera uppistaða í farandsýningu sem á að sýna á öllum Norðurlöndunum á mörgum stöðum og í mörgum löndum heims. Menn hafa sagt hver við annan fullir af stolti: Þarna verður hlutur Norðurlanda glæsilegur því að Norðurlönd standa framarlega í félagslegu öryggi og í jafnréttismálum karla og kvenna. — Hver verður hlutur Íslands? Ef þetta mál verður ekki samþykkt hér á Alþ. kemur til með að vera eyða í reit Íslands þar sem getið er um sjálfsagðar réttarbætur fyrir konur og sjálfsagðar réttarbætur þjóðfélagsins fyrir nýfædd börn.

Ég verð að segja að mér sýnist það ekki vera rétt, sem hv. 4. þm. Austf. sagði hér áðan, að við þurfum miklu lengri tíma til að hugsa um þetta mál. Ég spyr: Er þetta í fyrsta sinn sem þessi skynsami, réttsýni hv. þm. heyrir minnst á fæðingarorlof kvenna? Ég veit ekki betur en að það sé full þörf á þessu í hans kjördæmi eins og annars staðar. Sé svo, þá held ég að hann ætti að verja eins og klukkustund til að kynna sér málið og jafnvel til að fylgjast hér með umr., og mundu þá kannske ljúkast upp augu hans fyrir því að þetta er mál sem hefur verið á döfinni áratugum saman. Og ég verð að játa að ég var svo einföld að mér datt ekki í hug annað en allir hv. þm. væru sammála um nauðsyn þess að málið fengi framgang. Ég hef alltaf haldið að það væri rétt, sem hv. þm. hafa oft sagt bæði innan þings og utan, að þeir væru raunverulega hlynntir þessu máli, ástæðan til þess að þetta væri ekki löngu komið í lög hefði verið sú að ríkissjóður hefði ekki haft bolmagn til þess að taka allt það stökk í einu að taka fæðingarorlof fyrir allar konur landsins inn í lög um almannatryggingar. Hugmyndir um það hafa verið uppi öðru hverju hér á Alþ. s. l. 15 ár a. m. k. Það hefur aldrei verið hægt vegna þess að almannatryggingakerfið hefur ekki haft bolmagn til þess og síst nú. Við höfum ekki haft nægilega háar ýmsar bætur aðrar í almannatryggingum og þess vegna vitum við það, þó að það væri glæsilegt að koma á kjósendafundi og segja: Ég vildi fá þetta fyrir allar konur — full 3 mánaða laun fyrir allar konur hvar sem þær vinna, en þm. aðrir voru bara svo slæmir að þeir vildu ekki samþykkja þetta. — Þetta væri ósköp vel hægt að segja, en mér er alveg ljóst, að það hefði ekki verið hægt, og ég kæri mig ekki um að reyna — og hef ekki gert það — að flytja mál um þetta atriði nema ég teldi að það væri nokkurn veginn einsýnt að hægt væri að ljá því fylgi. Ég taldi að svo væri þegar okkur hafði hugkvæmst sjóður sem með rökréttum hætti stæði þarna á bak við, hann væri fjármagnaður af atvinnurekendum sem sumir hverjir telja að eigi að standa undir þessum greiðslum beint. En við horfumst í augu við það að þeir hafa ekki bolmagn til þess. Þess vegna er það svo að sjóður, sem fjármagnaður er af atvinnurekendum, sveitarfélögum og ríki sameiginlega, er eini sjóðurinn sem með rökréttum hætti getur staðið þarna á bak við að því er þennan hóp varðar. Hitt er mér ljóst, að það eru ekki sömu rök fyrir því að þessi sjóður standi á bak við fæðingarorlof í öðrum stéttum kvenna. Mér er alveg ljóst að sá vandi er eftir að því er varðar þær sem ekki starfa á almennum launamarkaði, og fæðingarstyrkur til þeirra þyrfti sannarlega að vera hærri en hann er. En það þyrfti að leysa með öðrum hætti. Ég hef vakið athygli á því áður að í öðrum löndum er fæðingarorlof — ef við notum orðið fæðingarorlof — til þeirra kvenna, sem eru ekki launþegar á almennum vinnumarkaði, fjármagnað í frjálsum tryggingum innan almannatrygginga hvers lands, sjúkratryggingadeildar venjulega, og þá er það fjármagnað með iðgjöldum þeirra sem um er að ræða.

Ég held, herra forseti, að ég hafi getið um helstu atriði sem ég vildi koma á framfæri til leiðréttingar á ýmsu því sem hér hefur verið sagt um þetta mál. Mér er ljóst að tími þingsins er orðinn naumur. Tími þingsins er takmarkaður. En mér er jafnljóst hitt, að nái þetta mál ekki fram að ganga er sómi þingsins takmarkaður.

Jón Skaftason: Herra forseti. Mig langar til þess að segja örfá orð við þessa umr. um frv. um fæðingarorlof. Ég skal ekki vera langorður. Ég flutti nokkuð ítarlega ræðu um þetta mál s. l. laugardagskvöld, skal því láta mér nægja fá orð í þetta skipti. Ég get þó ekki látið hjá líða að benda á þann einstæða tvískinnung sem mér finnst koma fram í ræðum margra hv. þm. sem hver á fætur öðrum hafa lýst ákveðnu fylgi við þetta mál, talið það ágætt mál og þar fram eftir götunum, en það megi bara ekki undir neinum kringumstæðum samþykkja þetta frv.

Ég hef verið að velta fyrir mér þeim röksemdum, sem þessir þm., t. d. þeim sem hv. þm. Tómas Árnason kom með hérna áðan, og ég verð að segja að þær mótbárur vega ekki þungt í mínum huga.

Fyrsta mótbáran hjá honum og raunar fleirum er sú að það sé ómögulegt að samþ. þetta frv.

vegna þess að með því sé ekki tryggt að allar konur njóti fæðingarorlofs. Ég skal taka undir það með hv. þm. Tómasi Árnasyni að vissulega væri æskilegt að við gætum nú tryggt öllum fæðandi konum í landinu fæðingarorlof, og að því verður stefnt. Ég vék að því að verkalýðsbaráttan hér á Íslandi hefði að langmestu leyti unnist með áfangasigrum. Ef maður gæti ekki náð 100% sigri í eitt skipti, þá yrði að sætta sig við að taka sigurinn í nokkrum áföngum. Ég benti á laugardaginn á jafnréttislaunamál kvenna sem flutt var á hv. Alþ. fyrir nokkrum árum og gert var lítið úr af ýmsum sem um það fjölluðu, en þó hefur tryggt launajafnrétti kvenna við karla í sambærilegum störfum. En þessir hv. þm., sem harma það og telja sig ekki geta fylgt frv. af því að það tryggi ekki að allar konur í landinu fái þennan rétt, þeir hafa margir hverjir setið hér á Alþ. í mörg ár og í 20 ár hefur það verið í lögum að konur, sem vinna störf hjá ríki og sveitarfélögum, hafa átt rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs. Sá réttur var veittur þeim með lögum frá Alþ. Það er því rangt hjá hv. þm. Tómasi Árnasyni þegar hann staðhæfði áðan að réttindi sem þessi verði að fást fram fyrir samkomulag þeirra, sem stjórna Atvinnuleysistryggingasjóðnum, þ. e. fulltrúa aðila vinnumarkaðarins.

Annað atriði, sem hann vék að og raunar fleiri þm. hafa vikið að, er að þeir segja að þetta frv. sé ekki nægilega undirbúið. Ekki hafa þeir fært nein rök fyrir því hvað á vanti um undirbúning þessa frv. Það eina, sem ég hygg að hafi komið fram í þessum efnum og ekki hefur verið hægt að svara nákvæmlega, er að við höfum ekki getað sagt hvað þetta mundi kosta upp á krónu af einni og mjög einfaldri ástæðu, þeirri að það er ómögulegt að segja fyrir um hversu mörg börn kunni að fæðast á þessu ári eða næstu árum af konum sem rétt ættu til fæðingarorlofs ef þetta frv. verður samþ. En mér, sem er búinn að sitja á Alþ. í 16 ár, finnst nú bregða nokkuð nýrra við í sambandi við samþykkt á frv. til útgjalda úr ríkissjóði eða öðrum sjóðum í landinu ef það hafa ævinlega verið fluttar nákvæmar upplýsingar um hvað slík frv. hafa í för með sér af útgjöldum. Ég þykist geta fullyrt það að í fjölda dæma hafa slíkar áætlanir ekki legið fyrir.

Þetta um ónógan undirbúning, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vék að áðan, er líka fjarstæðukennt vegna þess að þetta mál er hvergi nærri nýtt og er ekki flutt í fyrsta sinn nú. Mig minnir að árið 1960 hafi hv. þm. Margrét Sigurðardóttir flutt frv. svipað þessu og síðan hefur, má ég segja, a. m. k. einu sinni eða jafnvel oftar verið hreyft svipuðu máli sem þessu, auk þess sem málið hefur legið fyrir á þessu þingi í þáltill. sem Bjarnfríður Leósdóttir hefur flutt. Þessar mótbárur þeirra sem í reyndinni eru á móti þessu frv., en þykjast þó vilja styðja það, eru því í mínum huga afar léttvægar. Mér er vissulega fyllilega ljóst að það að samþykkja þetta frv. kostar nokkurt fé og mér er fyllilega ljóst að það fé verður að taka úr Atvinnuleysistryggingasjóðnum og mér er fyllilega ljóst að við það takmarkast að einhverju leyti möguleikar sjóðsins til þess að ráðstafa fé til annarra verkefna. Ég sé á skýrslu sem við fengum með umsögn Atvinnuleysistryggingasjóðs að á undanförnum árum hefur hann lánað allverulegar upphæðir, ef ég man rétt um 130 millj. kr., m. a. til bygginga félagsheimila víðs vegar um landið. Er það skyldara verkefni Atvinnuleysistryggingasjóðs að lána til slíkra hluta heldur en að veita fé til þess að greiða fæðingarorlof til kvenna úr verkalýðsstétt? Ég dreg það í efa.

Nei, sannleikurinn er sá að við þm. stöndum hér í þeirri aðstöðu, sem við raunar gerum oft, að við þurfum að velja á milli valkosta. Í þetta skipti stöndum við frammi fyrir spurningunni: Viljum við verja nokkrum tugum milljóna á ári til þess að styrkja þær útivinnandi konur í þjóðfélaginu, sem hvað erfiðast eiga, með því að samþ. þetta frv. og veita þeim þriggja mánaða fæðingarorlof sem fjölmennur hópur kvenna í þjóðfélaginu hefur búið að í 20 ár, eða viljum við það ekki? Viljum við samþ. þetta þó að það kosti að það verði að draga úr lánveitingum Atvinnuleysistryggingasjóðs til annarra hluta? Þetta er spurningin sem hv. þm. standa frammi fyrir og verða að svara. Það þýðir ekki að drepa þessu á dreif með því að færa fram tylliástæður gegn frv. eins og ég var hér að víkja að og komið hafa fram í umr.

Ég vil endurtaka að lokum það sem ég sagði á laugardaginn, að ef þetta frv. verður samþ., þá er náð að mínu viti mjög merkum áfanga í sögu verkalýðsréttinda í landinu. Og þau réttindi verða ekki aftur tekin, jafnvel þó að það sýni sig að samþykkt frv. þrengi um ráðstöfunarfé Atvinnuleysistryggingasjóðs, því að ef það kemur í ljós, þá verður heldur vikið að því ráði að efla tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs, svo að hann geti sinnt eðlilegum verkefnum, heldur en að kippa þeim réttindum til baka sem frv. þetta á að tryggja verkakonum í landinu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið frá því sem orðið er, en margt athyglisvert hefur þó komið fram sem ástæða væri til að orðfæra sérstaklega. Ég minnist þess að öll þau ár, sem ég veitti forustu í verkalýðssamtökum, var svar vinnuveitenda ávallt hið sama við þessari miklu réttlætiskröfu um fæðingarorlof kvenna: Hvar á að taka peningana? Og nú endurtekur sig sagan, og svarið er enn hið sama, en að vísu gefið af dálítið öðruvísi aðilum, — gefið af þeim aðilum sem að sínu leyti hafa þóst um árabil verið að berjast fyrir því heilagri baráttu að konur verkalýðshreyfingarinnar fengju fram þessi miklu mannréttindi. Ég orðlengi ekki frekar um þann tvískinnung sem í málflutningi þeirra kemur fram.

Þar er spurt um hvar eigi að taka peningana. Þó að þessir hinir sömu menn séu jafnan tillöguglaðastir að leggja fram till. um auknar fjárveitingar úr ríkissjóði, þá brestur nú í böndunum geta Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að standa undir þessum fjárútlátum að þeirra dómi. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir því hvaða fjárhæð yrði hér um að tefla, ef þetta frv. yrði að lögum. Ég býst við að mér skjátlist ekki mikið í því að þarna kunni að vera um 60 millj. kr. að tefla það sem lifir ársins, — 60 millj. sem hámarkstala. Þó skal ekki fullyrt að

þetta sé hin rétta tala, en hún er ekki mjög fjarri hinu rétta.

Það hefur áður verið tekið fram að menn eru þess albúnir að bæta Atvinnuleysistryggingasjóði upp það fé sem hann með þessum hætti þyrfti að verja til annars en þeirra nauðsynlegu athafna sem hann ella mundi veita fé til. En það verð ég að segja, að ég álít að það sé miklu brýnna og nauðsynlegra mál að verja fjármunum til þess arna heldur en t. d. að lána það til félagsheimila. Og í sambandi við það, sem hv. þm. Tómas Árnason benti á, að sjóðurinn hefði lánað til hafnarbóta, fiskiðnaðar, skuttogara o. s. frv., þá má þess gjarnan geta að við megum vænta þess að það sé liðin tíð að hann þurfi sérstaklega að verja peningum sínum til kaupa á skuttogurum þar sem mjög mun að sjálfsögðu draga úr þeim kaupum.

233 millj. kr. skildist mér á hv. þm. Eðvarð Sigurðssyni á laugardaginn að mundu vera umfram það sem sjóðurinn er bundinn af lögum að verja fé sínu til. Ef hér er um 60 millj. eða lægri fjárhæð að tefla, þá er þetta ekki ofverk Atvinnuleysistryggingasjóðsins.

Það er sama hvernig á málið er litið, hér er sjálfsagt réttlætismál á ferðinni og það er tóm hræsni og yfirdrepsskapur þegar menn telja framgangi þessa máls til foráttu það að allar konur í landinu njóti ekki þessara réttinda. Mestan rétt og nauðsynlegastan eiga konur verkalýðshreyfingarinnar, það fer ekki á milli mála. Og ég endurtek það sem ég áður hef sagt að þessi réttindamál vinnast í áföngum eins og önnur og þeim mun auðveldari verður eftirleikurinn þegar konur verkalýðshreyfingarinnar hafa náð þessum mjög mikilvæga rétti. Ég er sannfærður um að þegar upp verður staðið og þetta orðið að lögum, þá munu menn sjá að ýmislegt af því, sem hér hefur verið teflt fram og að mínum dómi er hreinn fyrirsláttur, hefði betur verið látið ósagt.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Það hafa orðið miklar og langar umr. um þetta mál hér á Alþ. og af beggja hálfu verið lagður mjög mikill þungi í málflutninginn. Því hefur verið dróttað að mönnum að þeir hafi mælt um hug sinn þegar þeir hafa sagt að þeir væru hlynntir málinu í eðli sínu, en séu ekki reiðubúnir til þess að greiða götu frv. hiklaust nú á síðustu dögum þingsins. Ég hef hlýtt á þessar umr. með mikilli athygli, og ég verð að segja það að enda þótt mér kunni eins og öðrum að verða borið það á brýn að mæla hér um hug minn, þá er ég hlynntur þessu máli, en ég hef verið meðal þeirra sem efast um að málið sé nægilega undirbúið til þess að við getum afgr. það hér og nú.

Mér finnst að fram hafi komið nokkrar athugasemdir, sem mér finnst ástæða til að minnast örlítið á, m. a. hjá hv. síðasta ræðumanni og hv. 4. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni. Það hefur verið bent á að þetta væri verðugra verkefni en t. d. að lána til félagsheimila úti um land. Í fljótu bragði virðist þetta næsta eðlileg athugasemd. En ég vil leyfa mér að minna á að þegar atvinnuleysistryggingalögin voru sett í upphafi, þá var gert ráð fyrir því að þessi sjóður yrði ávaxtaður í öllum landshlutum, hann yrði ávaxtaður og varðveittur á þeim stöðum þar sem iðgjöldin voru til hans greidd. Og á sama hátt og litið er á þennan sjóð sem eign verkalýðshreyfingarinnar, þá var til þess ætlast að verkalýðsfélögin á hverjum stað hefðu áhrif á og gæfu umsagnir um hvernig fjármunum sjóðsins yrði varið. Í framkvæmd var þetta þannig að það voru ekki nema tiltölulega mjög fá verkalýðsfélög sem fengu fé sjóðsins til varðveislu og ávöxtunar í sínu heimahéraði. En hins vegar var fé Atvinnuleysistryggingasjóðs ráðstafað af stjórn hans sem var hér í Reykjavík. Og stjórnin hefur alltaf haft þá skoðun, að því er ég best veit, að henni bæri þess vegna skylda til að ávaxta féð að nokkru með tilliti til þess hvaðan það var runnið. Þess vegna hefur það jafnan verið að mínu mati álit stjórnarinnar að sjóðnum bæri skylda til þess, jafnframt bótagreiðslum sem að sjálfsögðu fara um allt land eftir atvikum, að styrkja bæði atvinnufyrirtæki úti um landið og að styrkja félagslegar þarfir viðkomandi verkalýðsfélaga. Og það er nú svo að víða úti um landið eru verkalýðsfélögin einmitt aðilar að félagsheimilum og verkalýðsfélögin hafa notað Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að hjálpa sér til þess að skapa þessa félagslegu aðstöðu fyrir sína félagsmenn.

Það hefur verið sagt hér að sómi Alþ. lægi við að þetta frv. yrði samþ. hér og nú. Það kann að vera nokkuð rétt í því. En ég verð þó að segja það, að ég held að sómi Alþ. yrði mun meiri ef við létum ekki daginn ráða, hvenær þetta mál yrði til lykta leitt, heldur að það yrði tekið á þessum málum í heild. Ég tel nefnilega að nú sé grundvöllur fyrir því að leysa mál allra fæðandi kvenna í landinu. Og það kann að vera að þetta framtak flm. og málflutningur hafi einmitt leitt í ljós að nú er vilji fyrir slíku, og þeirra heiður yrði þá ekki lítill ef sá árangur næðist.

Að mínu mati má skipta honum eftir aðstöðu í 4 hópa. Í fyrsta lagi þær sem eru opinberir starfsmenn og hafa löngu náð þessum réttindum sem ákveðnu samningsatriði í kjörum opinberra starfsmanna. Og þar er það ríkið, sveitarfélög bæjarfélögin sem standa undir þessum greiðslum að öllu leyti. Í öðru lagi er sá hópur kvenna sem verið er að ræða um í sambandi við þessa lagasetningu, og ekki hafa notið þessara réttinda og ég tek fyllilega undir að eru mjög vel að því komnar og tími kominn til að þær njóti þessara réttinda. Í þriðja lagi nefni ég konur sem eru starfandi í atvinnulífinu, en ekki kæmu undir þessa tvo flokka sem ég hingað til hef nefnt, þ. e. a. s. konur sem starfa í landbúnaði. Það er nú svo að konur í sveitum eru allt frá því að starfa sem fullgildir bændur með meira en 8 stunda vinnudag alla daga ársins til þess að starfa sem hver önnur húsmóðir. En þó hygg ég að þær séu harla fáar sem vinna ekki meira eða minna að framleiðslustörfum. Og svo eru í fjórða lagi þær konur, sem eru húsmæður og gegna ekki öðrum störfum.

Við þurfum sem sagt að leysa mál þessara þriggja síðast nefndu hópa og frv. fjallar um að leysa mál hóps nr. 2. Ég man ekki eftir því að það hafi verið lagður á þetta neinn sérstakur þungi

í þeim umr. sem hafa farið fram á milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda. Það kann að vera að það sé hægt að ná þar einhverju samkomulagi. Og þá er spurning um leið hvort ekki sé hægt að ná inn í slíkt samkomulag ákvæði með hliðsjón af væntanlegri lagasetningu, þannig að ef Atvinnuleysistryggingasjóður verður valinn til þess að standa undir þessum greiðslum, þá verði jafnframt gert ráð fyrir því að þessar greiðslur verði e. t. v. ákveðin deild í Atvinnuleysistryggingasjóði og þá hækkuð iðgjöld til sjóðsins bæði frá atvinnurekendum og ríki og e. t. v. sveitarfélögunum.

Ég tel að það sé einmitt upplagt að láta reyna á þetta í þeim samningaumræðum og viðræðum sem fram undan eru. Ég tel að jafnframt þyrfti að líta til þess hvort hægt væri að leysa þetta mál varðandi konur í sveitum. Rétt væri að leita til Stéttarsambands bænda, hvort það hefur ekki ráð til þess að mynda einhvern slíkan tryggingarsjóð, annaðhvort innan stéttarsamtakanna sjálfra eða í samráði við ríkisvaldið, þannig að þær gætu jafnframt komið undir þetta atriði.

En þá er það síðasta og e. t. v. veigamesta atriðið, og það eru þær húsmæður sem gegna ekki öðrum störfum en húsmóðurstörfum. Þar detta mér helst í hug almannatryggingarnar. Það er nú svo að ef við vildum setja þetta allt saman undir þær tryggingar, þá leggjum við þessar byrðar að öllu leyti á herðar ríkisins þar sem niður hafa verið felld persónuleg iðgjöld til trygginga.

Ég er ekki hrifinn af því að taka upp þátt úr tryggingakerfi annarra þjóða þar sem almennar lögbundnar tryggingar eru miklu skemur á veg komnar en hjá okkur, þar sem um er að ræða frjálsar tryggingar mismunandi bóta. Ég tel þess vegna að það væri vel viðunandi fyrir flm. frv. að þeir hafa náð þeim árangri og þeim yfirlýsingum sem hafa komið fram hér á þingi og að það yrði gengið út frá því sem vísu að sumarið yrði notað til þess að leysa þessi mál.

Ég hef sem sagt ekki blandað mér í þessar umr. hingað til en ég vil endurtaka það, að mér þykir að margt hafi komið hér fróðlegt fram undir umr., og ég vildi gera grein fyrir því hvernig ég liti á þessa hluti áður en til atkvgr. kæmi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er alveg furðulegt, að mér finnst, hvernig hv. flm. þessa frv. haga meðferð þess hér á þingi. Þeir taka, hver og einn einasti næstum því, til máls við hverja einustu umr., halda þá langlokuræður hver um sig og halda þannig uppi málþófi, — málþófi, sem miklu frekar hefði mátt ætla að einhverjir úr stjórnarandstöðunni hefðu efnt til, en ekki þeir flm. þessa frv. sem telja heilaga skyldu sína, að því er talið er, að reyna að koma málinu í gegn. Ég fer a. m. k. að efast um að það fylgi jafnmikill hugur máli og þessir hv. flm. hafa látið sér orð um munn fara eftir þeim vinnubrögðum og þeim ræðum sem þeir hafa flutt hér við hverja einustu umr. málsins í deildinni. Ég segi að þetta sé furðulegt vegna þess að það er komið að lokum þingsins og þeir hafa, að því er mér hefur virst, reynt að leggja á það áherslu að málið fengi afgreiðslu, sakað okkur í stjórnarandstöðunni um að við værum að tefja málið, þó að við höfum flutt a. m. k. helmingi styttri ræður samanlagt — a. m. k. það — heldur en flm. sjálfir. Það verður því að teljast furðulegt þegar þessir hv. þm. eru að tala um að stjórnarandstaðan sé að tefja málið. Það er þveröfugt. Þeir eru sjálfir að gera tilraun til þess að tefja það og drepa því þannig á dreif.

Hv. 1. flm. þessa frv. rakti í alllangri ræðu í kvöld nokkuð af því sem fram hefur komið í þeim umr. sem átt hafa sér stað um málið. Ég tel að það sé ástæða til þess að minna þennan hv. þm. á að það eru ekki margir dagar liðnir síðan hann, ásamt tveimur öðrum stjórnarliðum, felldi að taka þetta upp í almannatryggingakerfið og greiða það öllum konum þó að bent væri á leiðir til að afla fjár til að standa straum af kostnaði. Svo kemur þessi hv. þm. ásamt fleiri flm. og segir að við séum andsnúnir málinu og við viljum drepa því á dreif, tefja þannig málið og við séum á móti því að konur almennt fái þessi réttindi. Það er víðs fjarri. Það voru þeir sem stóðu að því að fella þá till. sem var þess eðlis í sambandi við efnahagsmálafrv. að þetta færi inn í almannatryggingakerfið. Það eru þeir sem eru andvígir því að allar konur njóti þessara réttinda.

Það er rétt að rifja það hér upp hvort menn telja þetta eðlilega meðferð, eðlilega leið til þess að sem flestar konur njóti þessara sjálfsögðu réttinda. Nú er það svo, eins og allir vita, að t. d. konur í þjónustu hins opinbera hjá Vinnuveitendasambandi Íslands, og margar fleiri mætti tilnefna, hafa þessi réttindi. Ef þetta mál, sem er nú til umr., næði fram að ganga, þá er hluti af konum á Íslandi búinn að fá þessi réttindi í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Eigi að síður er enn eftir mikill fjöldi kvenna sem nýtur ekki þessara réttinda. Mætti því ætla að næsta skrefið yrði að t. d. bændakonur fengju þessi réttindi í gegnum einhvern sjóð bændastéttarinnar, þ. e. a. s. þá er komin þriðja útgáfa. Þrátt fyrir að þetta gerðist er enn talsverður fjöldi kvenna sem ekki nyti þessara réttinda. Að öllum líkindum yrði að leysa þeirra mál í gegnum almannatryggingakerfið. Það yrði þá í gegnum fjóra aðila, greiðsla á fæðingarorlofi kæmi þá frá fjórum mismunandi aðilum til kvenna á Íslandi. Ég dreg í efa að menn telji þetta jákvæðari leið ef menn hugsa þetta rökrétt, heldur en að setja þetta allt inn í eitt kerfi, almannatryggingakerfið. Ég a. m. k. teldi að það hefði verið æskilegra allra hluta vegna að þetta yrði gert með þeim hætti. (Gripið fram í.) Ja, það veitir ekki af, sumir eru sofandi.

Hv. 1. flm. þessa máls taldi að við hefðum haldið því fram, að málið væri bæði of stórt og of lítið. Ekki kannast ég við að hafa haldið þessu fram. (Gripið fram í.) Já, það var meint til annarra. Það er gott. Þá hefði átt að tiltaka það.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir fór einnig að blanda fóstureyðingamálinu inn í þetta. Ég sá ekki að það ætti neitt frekar heima í umr. um þetta mál heldur en þá samgöngumálin sem hún taldi fjarlæg þessu. En ég kom að því í dag og því hefur ekki enn verið svarað að ég teldi að það gæti verið vá fyrir dyrum ef það ætti að skerða það fjármagn sem Atvinnuleysistrygg-

ingasjóður hefði lánað til Hafnabótasjóðs. Það má vera að þessi hv. þm. skilji ekki tilgang þess, en það skilja a. m. k. þeir þm. dreifbýlisins sem hafa átt hlut að því að reyna að rétta þann hlut sem hin fámennu bæjar- og sveitarfélög hafa orðið að leggja fram til hafnarmannvirkja, — létta byrði þeirra bæjar- og sveitarfélaga, sem hafa þurft að standa undir þeim gífurlegu fjármunum sem hafa farið í kostnað að þessu leyti. Vera má að þessi hv. þm. skilji þetta ekki, en þá ætti hún að kynna sér það.

Þá spurði hún okkur að því, að því er mér skildist þá sem höfum verið reyna að leiðbeina hv. flm. inn á réttar brautir og fara með málið réttar leiðir, hvort við teldum virkilega að aðrar konur, þ. e. a. s. þær sem ekki kæmu til með að fá þessi réttindi í gegnum þetta frv., mundu sjá ofsjónum yfir því að hinar útvöldu fengju réttindi að þessu sinni. Það má alveg eins snúa þessu við. Sá hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir ofsjónum yfir því að allar konur á Íslandi fengju þessi réttindi, eins og lagt var til við afgreiðslu efnahagsmálafrv.? Ég efast um að það hafi verið tilgangur hennar eða meining.

Þá sagði hv. þm. að þetta væri fyrir konur sem hvað höllustum fæti stæðu og ættu minnstan kost þess að leiðrétta sín mál. Ég skal fyllilega taka undir það að hér er um áralangt baráttumál verkalýðshreyfingarinnar að ræða fyrir sína meðlimi sem ekki hefur fengist fram. En það eru þó aðrar konur sem kannske standa enn hallari fæti gagnvart þessu, þ. e. a. s. þær sem standa fyrir utan stéttarfélögin. Ég a. m. k. dreg í efa að hægt sé að benda með rökum á að það séu ekki fleiri konur sem standa höllum fæti að því er varðar það að rétta sinn hlut í þessu máli, — það eru því miður fleiri en þær sem við erum hér um að tala og koma til með að njóta þessa eftir þessu frv.

Þá sagði hv. þm. að þetta væri sjóður sem ætti með rökréttum hætti að sjá um þetta verkefni og hann væri fjármagnaður af atvinnurekendum. Það hefur verið minnst á það fyrr í þessum umr. að Atvinnuleysistryggingasjóður varð til eftir eitthvert harðasta verkfall sem verið hefur, a. m. k. hin síðari ár, og þá með þeim hætti að verkafólk lét af þeim kauphækkunum sem það hefði ella fengið hefði þessi sjóður ekki orðið til. Það er því ekki með neinum rétti hægt að segja að hér sé ekki um að ræða fjármuni sem verkafólk sjálft hefur afsalað sér til þess að það væri borgað í þennan tiltekna sjóð, — fjármuni sem hefur verið undirstrikað að verkalýðshreyfingin á a. m. k. frumrétt til.

Það væri auðvitað hægt að halda hér uppi miklu lengra máli ef það er ósk hv. flm. eins og mér virðist vera á þeirra framkomu. En ég er það hógvær, eins og fleiri hv. stjórnarandstæðingar, að ég vil ekki drepa málinu á dreif með málþófi. Við höfum marglýst því yfir að eftir að okkar till. um tekjuöflun höfðu verið felldar mundum við fylgja málinu við lokaafgreiðslu. Eigi að síður halda flm. áfram endalausum ræðuhöldum og málþófi um málið. (Gripið fram í.) Ég sé ekki að hæstv. sjútvrh. leiðist neitt undir þessum umr. Ég held að hann uni sér vel. Ég hef ekki séð annað.

Hv. þm. Jón Skaftason talaði hér og talaði með meiri þjósti en ég hef heyrt til þessa hv. þm. þau fjögur þing sem ég er búinn að sitja. En það beindist ekki að mér. Það beindist fyrst og fremst að flokksbróður hans, sem talaði rétt á undan honum, hv. þm. Tómasi Árnasyni og hann virtist vera að lesa honum lexíuna. Ég ætla því ekki að eyða neinum tíma til að ræða um málflutning hans að öðru leyti en því að hann kom inn á það, eins og fleiri flm. þessa frv., að við værum með tvískinnung í málflutningi gagnvart þessu máli. Það er allsendis ósæmandi þessum hv. þm. að bera þetta á borð hér í hv. d. Við höfum marglýst því yfir að ef það yrði niðurstaða að ekki yrði fallist á okkar leið í málinu, þá mundum við greiða atkv. með frv. Það er því út í hött hjá hverjum sem það reynir að reyna að telja fólki trú um að við séum með tvískinnung í þessu máli.

Ég ræddi um það við 2. umr. og einnig í dag við 3. umr. að mér fyndist á skorta að þeir, sem ekki vilja afla nýrra tekna til að standa undir þessu, bendi á hvað það er, sem þeir ætli að draga úr í fyrirgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er aðeins einn hv. þm. sem komið hefur inn á þetta og það er hv. þm. Sverrir Hermannsson. Hann sagði að hann teldi að það mætti minnka fyrirgreiðslu til félagsheimila, þ. e. a. s. það mætti minnka fyrirgreiðslu til þeirra stofnana sem verkalýðsfélögin eiga a. m. k. mörg hver hlutdeild í og reka sína starfsemi í. Það er þetta sem má skera niður, segir hv. þm. Sverrir Hermannsson. (SvH: Hvað?) Til félagsheimila. (Gripið fram í.) Draga úr, viltu annað orðalag? Og svo einnig til fiskvinnslunnar og þá sérstaklega togaranna. Þarna er það fyrsta sem fram kemur sem ábending um það úr hverju eigi að draga varðandi fyrirgreiðslu hjá Atvinnuleysistryggingasjóði ef þetta frv. verður samþ.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði að hér væri ekki nema um 60 millj. kr. að tefla. (Gripið fram í.) Það er þriðja útgáfan af tölum þeirra hv. þm. sem talað hafa með þessu máli og bera það mikið fyrir brjósti. Hv. 1. flm., Ragnhildur Helgadóttir, telur að hér sé um 100 millj. að ræða. (Gripið fram í.) Sömu upplýsingar og hv. þm. hefur. Það voru 100 millj. þegar hún ræddi það hér í umr., og það eru þá ekki sömu upplýsingar ef hv. þm. Sverrir Hermannsson er með 60. Þriðja útgáfan af þessu var hjá einum hv. flm. þessa frv., hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. Hann taldi að hér væri um 200 millj. að ræða. (GHG: Hv. þm. hlustaði ekki á umr. á laugardagskvöld.) (Forseti: Ekki samtal.) Það má vel vera að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson hafi sagt eitthvað annað í lok umr. á laugardagskvöld en hann sagði áður í umr. og heldur en það sem hann sagði á fundi í þeirri n. sem fjallar um málið. Þar voru það 200 millj. (Gripið fram í.) Nú, ef þetta er rangt, þá væri gott að fá gefið upp hjá hv. þm. hvaða tala er nú. (SvH: 60.) Er það samþ.? (Gripið fram í.)

Það virðist vera æðimikið á reiki hvaða tölur það eru sem við getum reiknað með að komi til útborgunar verði þetta frv. samþ. Ég hef ekki um þetta tölur. Ég veit ekkert hverju ég á að trúa þegar koma þrjár útgáfur frá flm. sjálfum um upphæðir. En mér kæmi ekki á óvart þó að þessi upphæð væri einhvers staðar á milli 100

og 150 millj. kr. Það er kannske ekki meginmálið. Hitt er aðalspurningin. Það eru allir sammála um að þetta er gott mál svo langt sem það nær. En það eru aðrir, þ. á m. ég, sem telja að það hefði átt að fara aðra leið til þess að leysa málið og leysa það þá fyrir allar þær konur sem eru án þessara réttinda núna og það hefði átt að gerast í gegnum almannatryggingakerfið. Og ég vísa því til föðurhúsanna sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði, úr því að hann er kominn í salinn aftur, að við höfum í málflutningi hér verið með tóma hræsni og yfirdrepsskap. Við höfum marglýst því yfir að við vildum fara aðra leið, en að þeirri leið hafnaðri mundum við styðja frv. við lokaafgreiðslu.

Frsm. meiri hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég ætlaði áður en þessari umr. lýkur að þakka margt það sem fram hefur komið hér í umr. Það hefur komið fram að menn vilja reyna að leysa þetta mál. Menn greinir að sönnu á um leiðir og ég játa að það sótti á mig nokkur dapurleiki þess vegna. Ég vil þó geta þess sem skylt er að einn þingfl. hefur sýnt þann drengskap að taka flokkslega afstöðu og lýst henni hér sérstaklega og það er þingfl. Alþfl. En fyrir hans hönd var því lýst yfir algjörlega án þess að nokkuð væri þar úr dregið að hann muni standa með þessu máli, og það verður að segjast um hvern eins og hann á skilið, að ég minnist þess að það er ekki í fyrsta sinn sem sá þingfl. styður mál er fjalla um jafnrétti karla og kvenna. Nú mega menn ekki halda að með þessu ætli ég að fara að segja mig úr Sjálfstfl. Ég vil einungis lýsa gleði minni yfir því að það kemur fram drengileg og málefnaleg afstaða frá stjórnarandstöðuflokki þegar um er að ræða mikilvægt réttindamál sem þm. stjórnarflokkanna hafa frumkvæði um að flytja. Þetta ber að þakka og slík viðbrögð auka vissulega hróður Alþ., sem ekki er sannast sagna vanþörf á.

Ég vil aðeins bæta við fáeinum upplýsingum vegna efasemda sem fram hafa komið í máli manna um tölur í sambandi við þetta mál. Mér hafa í dag borist mjög áreiðanlegar upplýsingar sem unnar eru upp úr skattframtölum af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar á sínum tíma um það að á árinu 1970 voru giftar konur í öllu landinu 26 042 á aldrinum 16—50 ára. Á aldrinum 50 ára og þar yfir voru 10 475 konur. Eftir þessum sömu upplýsingum liggur það fyrir að aðeins 35% allra giftra kvenna í landinu höfðu á sama tíma atvinnutekjur sem námu á því ári, 1970, 45 000 kr. árstekjum eða þar yfir. Menn sjá af þessu tekjumarki að þessi hópur er engan veginn nærri því allur í fastri vinnu eða í fullri vinnu. Menn hljóta því að sjá að hér hafa menn gert sér í hugarlund, að um miklu stórkostlegri fjárhæðir sé að tefla en raun er á. Það liggur einnig fyrir, eins og oft hefur komið fram hér í umr., að um 4 400 barnsfæðingar var að ræða á síðasta ári. Í hópi kvenna á barneignaaldri eru u. þ. b. 60% af þeim konum sem atvinnutekjur hafa utan heimilis og svo aftur í þessum hópi á þessum aldri eru tiltölulega færri sem vinna fulla vinnu utan heimilis en í hópi þeirra kvenna sem ekki eru á barneignaaldri. Á þessu byggist talan sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Austf. um að það sem eftir væri af þessu ári væri útilokað að útgjöld vegna þessa færu yfir 60 millj.

Þetta vildi ég aðeins láta koma hér fram vegna þess að mér hafa borist nýjar og betur unnar upplýsingar í þessu máli þó að sannarlega sé aldrei fyrir fram hægt að fullyrða um tölur sem þessar með vissu. Svo miklar sveiflur geta verið í barnsfæðingum frá ári til árs.

Ég vil ítreka þakklæti mitt til þeirra, sem sýnt hafa jákvæðan hug til þessa máls, og vænti þess að það hljóti mjög skjótan framgang hjá hv. Ed. eftir þessar ítarlegu umr. hér í Nd.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Það er ekki hægt að skilja svo við þessar umr. að leiðrétta ekki nokkuð af því sem hv. 5. þm. Vestf. sagði og einnig hv. 4. þm. sama kjördæmis.

Það var náttúrlega algjör útúrsnúningur hjá hv. 5. þm. Vestf. að halda því fram að við, sem styddum þetta frv. og erum flm. að því, værum með því að stuðla að niðurskurði á fjárveitingum til félagsheimila eða til fiskiðnaðar úti um hina dreifðu byggð. Hefur hv. þm. gleymt því að með stóraukinni fjármögnun í gegnum Byggðasjóð fer mun meira fjármagn til atvinnulífsins úti á landi en nokkru sinni fyrr, auk þess sem vitað er að fjármögnun í gegnum þann sjóð mun styrkja mjög sveitarfélögin? Ég spyr hv. þm. einnig: Hefur hann gleymt þeirri staðreynd, að lífeyrissjóðirnir hafa undirgengist þá skuldbindingu, þótt ekki sé undirritað, að verja allt að 20% af ráðstöfunarfé sjóðanna til Byggingarsjóðs á þessu ári? Það er vitað mál, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna 1975 verður hið minnsta 4—5 milljarðar og þá geta menn nokkurn veginn gert sér í hugarlund þá miklu aukningu fjármagns sem fer til Byggingarsjóðs og sérstaklega mun vera ætlað að renni til landsbyggðarinnar á þessu ári. Þetta er því ekki niðurskurðarfrv. sem hér er á ferðinni, nema síður sé, enda ekki sambærilegar upphæðir þegar bent er á þá auknu fjármögnun sem á sér stað í Byggðasjóði og Byggingarsjóði, miðað við þær litlu — ég segi litlu fjárupphæðir sem hér er um að ræða, en skipta miklu máli fyrir þær konur sem eiga að njóta fæðingarorlofs.

Það hefur verið mikið talað um hvort hér væri um 100 eða 200 millj. kr. að ræða á ári. Ég hef athugað þessar tölur betur og komist að þeirri niðurstöðu að hér geti verið um að ræða 100—120 millj. kr. miðað við heilt ár. Ef þetta frv. verður samþ. á þingi núna má gera ráð fyrir því að lögin komi til framkvæmda frá og með 1. júlí. Þá er nú líklegast óhætt að helminga upphæðina nema flest börn komi undir fyrri hluta árs og fæðingar séu því óvenjulega miklar seinni hluta árs. Um það ætla ég náttúrlega ekki að fjölyrða á þessu stigi, enda erfitt að sanna það atriði. En ég tel það rétt, eða fara nærri að hér gæti verið um 60 millj. að ræða. Auk þess kæmi einnig til greina, ef staðan er mjög þröng, að bjóða upp á það að gildistaka þessara laga væri t. d. frá og með 1. okt. Það, sem skiptir máli fyrir þær konur sem eiga að njóta þessara réttinda, er að festa það að þær skuli fá fæðingarfrí

og greitt fæðingarfrí, en ekki sú neikvæða afstaða sem kemur fram hjá andstæðingum þessa frv.

Hv. 5. þm. Vestf. ætlaði að leiðbeina okkur flm. um að fara réttar leiðir í þessu máli. Ég spyr: Getur ekki verið og er það ekki rétt leið að sá sjóður, sem konurnar hafa sjálfar tekið þátt í að mynda, standi undir þessum greiðslum? Við flm. teljum það hina einu réttu leið vegna þess að það virðist vera eina færa leiðin. Flestir hv. þm., sem hér eru inni, hafa setið á Alþ. í fjöldamörg ár og þeim hefur ekki enn tekist að koma þessu réttlætis- og sanngirnismáli í höfn. En við höfum bent á leiðina og hún er fær ef velvilji og góðgirni er fyrir hendi. Núna er sem sagt tækifærið að festa málið og tryggja framgang þess.

En varðandi það, sem hv. 4. þm. Vestf. sagði um félagsheimilin og fæðingarfrí og annað í upphafi sinnar ræðu, skal ég ekki fjölyrða, en ég vil vekja athygli á tvennu í sambandi við ræðu hans. Hann sagði: Það var tilgangur laga um Atvinnuleysistryggingasjóð árið 1955 að fjármagn hans skyldi ávaxtað í heimahéraði. — Ég vil bæta við að í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð stendur að það skuli leggja greiðslur vegna hvers félagsmanns inn á sérreikning viðkomandi stéttarfélags. Þetta ákvæði hefur ekki verið framkvæmt. (**Gripið fram í:** Jú.) Þá hefur það verið framkvæmt á mjög hlutdrægan hátt. Ég segi sem formaður í stóru stéttarfélagi hér í Reykjavík: Þetta hefur ekki verið gert vegna þess félags sem ég er formaður fyrir og í eru núna 5 500 manns. Hvernig skyldi sérreikningur þessa félags líta út ef hann hefði verið gerður upp frá því að konur í mínu félagi öðluðust þessi réttindi árið 1966, og hvað skyldu þær vera margar? Þær eru núna rúmlega 3 000. Ég segi þess vegna við ykkur, ágætu þm., hvort sem þið eruð þm. fyrir Reykjavík eða strjálbýlið: Sýnið þið sanngirni í þessu máli og gerið ykkur grein fyrir því í hverju stærðirnar eru fólgnar. Ef sú framkvæmd hefði verið gerð sem lög gera ráð fyrir, þá mundu t. d. félagskonur Verslunarmannafélags Reykjavíkur horfa fram á það að á sérreikningi þess félags væru ekki nokkrir tugir milljóna heldur hundruð millj., ég fullyrði yfir hálfan milljarð. Við höfum ekki gert kröfu til þess að þetta ákvæði kæmi til framkvæmda, en það getur verið ef þetta mál verður tafið eða eyðilagt hér á þingi, að sú ósk komi fram frá stéttarfélögunum að þetta ákvæði komi til framkvæmda. (Gripið inn í.) Við skulum þá sjá um það, Eðvarð Sigurðsson, að það verði gert. Þá koma réttar stærðir í ljós og ég treysti því að hv. 7. þm. Reykv., eins og ég væntanlega, muni sýna fulla sanngirni og ekki hlutdrægni í sambandi við ráðstöfun á því fjármagni sem verður í Atvinnuleysistryggingasjóði á hverjum tíma þó að sérreikningar sýni stórar upphæðir fyrir okkar félög hér á Reykjavíkursvæðinu.

Þess vegna segi ég við ykkur: Konurnar í verkakvennafélögunum og konurnar í blönduðu félögunum hafa ekki verið kröfuharðar. Það hefur sem betur fer ekki verið mikið atvinnuleysi hjá þessum konum. Ég er sannfærður um að ef þessar konur átta sig á því hvað hér er á ferðinni og ef þær hafa fylgst með þeim umr. sem hér hafa verið, þá munu þær vakna til meðvitunar um að krefjast réttar síns.

Varðandi það atriði að taka þetta upp í samningaviðræðum verkalýðsfélaganna núna 1. júní, eins og hv. 4. þm. Vestf. kom inn á, þá vil ég aðeins vekja athygli á því að það er yfirlýst stefna verkalýðshreyfingarinnar að viðræðurnar 1. júní snúist um að fá fullar vísitölubætur á kaup. Ef þetta kæmi inn í þær viðræður mundi það vera túlkað sem aukakröfur og ég vil segja litlar líkur fyrir því að þetta næði fram að ganga í þeim viðræðum. Yfirlýsingar eru ekki fullnægjandi, eins og hv. 4. þm. Vestf. vildi halda fram. Það eina, sem dugir vegna þeirra þúsunda kvenna sem ég hef m. a. félagslega forustu fyrir og ég get skilað til hv. þm., er að þessar konur og kynsystur þeirra í atvinnulífinu vænta þess, að hv. Alþ. tryggi framgang þessa réttlætismáls á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 88. fundur.

Mánudaginn 12. maí, kl. 6.20 síðdegis.

Framsal sakamanna, frv. (þskj. 406). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. sem lög frá Alþingi (þskj. 696).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 564). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fjarskipti, frv. (þskj. 249). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 526). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Leiklistarskóli Íslands, frv. (þskj. 680). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3 umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt í Nd. Það tók nokkrum breytingum. Ég vil geta þess að ég er þeim samþykkur öllum saman. Nú standa þessi mál þannig, þ. e. leiklistarkennslan, að það eru tveir skólar starfandi hér í borg og báðir njóta þeir styrkja af ríkisfé. Þetta frv. miðar að því að koma fastari skipan á þessi mál, og miðað við það ástand, sem nú er og fyrirsjáanlegt væri ef ekki yrði hér breyting á, held ég að sé óhætt að segja að þetta frv. stefni ekki til neinna stórra útgjalda fyrir ríkissjóð.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til hv. menntmn. og vil jafnframt vænta þess að hv. n. geri sitt til að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls eftir því sem auðið er.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég vil mjög fagna því að þetta frv. er fram komið og mun styðja það heils hugar.

Ég vil í tilefni af þessum umr. minna á það að þegar á Alþ. 1968 flutti ég ásamt tveimur öðrum hv. þm. frv. sem ég kallaði: Um Leiklistarskóla ríkisins. Það frv. er mjög í þeim anda sem það frv., sem við ræðum nú, er og ætla ég ekki að fara að gera neinn samanburð á þessum tveim frv. Það er ekki þess ómaks vert því að munurinn er svo sáralítill. Ég hafði að vísu gert ráð fyrir að 5 manna skólastjórn væri nóg, en hæstv. ráðh. hefur lagt til að skólastjórn yrði skipuð 7 mönnum og Nd. hefur nú breytt því í 9 menn. Því betur gefast viturra manna ráð sem þeir koma fleiri saman áreiðanlega svo að ég hef síður en svo neitt við það að athuga.

En örlög þess frv., sem ég flutti árið 1968 ásamt þeim hv. þm. Ólafi Jóhannessyni og Páli Þorsteinssyni, urðu þau að því var í marsmánuði 1969 vísað til ríkisstj. á þeim forsendum að menntmrh. hefði þá fyrir skemmstu ritað tilteknum aðilum bréf og farið þess á leit við þá að tilnefna fulltrúa til að taka sæti í n. til þess að athuga og gera till. um sameiningu þeirra tveggja leiklistarskóla, sem reknir eru af Þjóðleikhúsinu og Leikfélagi Reykjavíkur, og gera í því sambandi áætlun um stofn- og rekstrarkostnað. Þessi n. starfaði árið 1969 og skilaði ítarlegri grg. til menntmrn. í janúarmánuði 1970. En á þinginu 1970 hafði ekkert til þessa máls frekar spurst og þá fluttum við þetta frv. aftur. Þá dagaði það uppi og síðan hefur ekkert til málsins heyrst þangað til loksins nú að menntmrn. eða hæstv. menntmrh. núv. flytur þetta frv. Mér finnst þessi meðgöngutími vera orðin ærið langur og of langur, verð ég að segja, því að það er öllum ljóst að leikmenntun hér á landi hefur dregist aftur úr því sem annars staðar gerist og þeir leiklistarskólar, sem reknir hafa verið, hafa ekki verið þess megnugir að veita þá tilsögn sem nauðsynleg er.

Ég sem sagt fagna þessu frv. mjög og heiti því eindregnum stuðningi.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. utanrrh. að ég fagna sannarlega framkomu þessa frv. Það var tími til kominn að skapa viðunandi skilyrði slíkum skóla sem þessum. Ég tek það fram að ég hafði sitthvað við þetta frv. að athuga í upphafi, en ég sé það að þær breytingar, sem hafa verið gerðar á frv. í Nd., eru mjög til bóta og mjög að mínu skapi.

Ég ætla að segja örfá orð um þetta nú við 1. umr. og þó að það komi kannske ekki beint þessu máli við„ þá snertir það starf þessa skóla óbeint. Ég hef nefnilega ekki í huga fyrst og fremst spurninguna um nægilega mikið af hæfum leikurum fyrir aðalleikhúsin hér þó að ég viðurkenni þörf og endurnýjun á góðum starfskröftum þar. Leiklistin er sú listgrein sem hvað vinsælust hefur orðið og almennust þátttaka í úti á landsbyggðinni. Áhugastarfið hefur verið hið blómlegasta, furðumikill árangur oft náðst, hæfileikar komið í ljós sem ekki var vitað af og flestir eldri leikarar okkar eru einmitt komnir úr þessum áhugajarðvegi.

Það er mest um vert hér hve mikil þátttaka er á þann hátt í listrænni tjáningu, hve margir hafa á þennan hátt komist í snertingu við hvort tveggja, leiklistina sjálfa og góðar leikbókmenntir ekki síður. Varðandi leikbókmenntirnar mætti gjarnan vekja athygli á því mikla verkefni sem bíður okkar í því að vinna að íslenskum leikbókmenntum, ritum ísl. leikverka, sem ber að sinna sem best, en vanrækt hefur verið til þessa, þó að nú hafi leikhúsin hér syðra og á Akureyri tekið sig þar nokkuð á. En það er önnur saga. Hins vegar held ég að Leiklistarskóli Íslands væri um margt heppilegur vettvangur fyrir íslensk byrjendaverk og tilraunir í nýjungum í leikritagerð að nokkru.

En hvað áhugastarfið snertir, þá gildir leiðsögnin framar öðru um árangur. Leikhúsin hafa brugðist, sér í lagi Þjóðleikhúsið sem ætti að hafa sem eitt helsta verkefni sitt að senda leikara sína sem leiðbeinendur út um land til aðstoðar því mikla áhugastarfi, sem þar er, og því í fullri meiningu sagt merkilega áhugastarfi, sem þar er unnið. Góður leiklistarskóli gæti hér úr bætt því að mjög hefur leikstjóraskortur háð áhugastarfinu og gert það einhæfara en vera ætti því að margs konar kennsla í túlkun og framsögn þarf einnig til að koma.

Ég held nú að fátt væri nemendum þessa væntanlega skóla þroskavænlegra og lærdómsríkara á námsferli sínum en að koma út á land, leiðbeina þar og læra jafnframt. Ekki síst tel ég því unga fólki nauðsyn að kynnast einhverju öðru en því allra besta sem boðið er og oft byggist meira á lærdómi og æfingu en upprunalegum hæfileikum, svo mjög að oft hefur mér þótt hér í leikhúsunum sem leikbrögðin og ytri gerð beri hinn innri kjarna túlkunar og tjáningar ofurliði. Oft hættir þessu fólki líka til þess að lokast inni í einangruðum, ímynduðum listheimi án tengsla við iðandi þjóðlíf og aðra menningarstrauma en þá sem koma frá æðstu stöðum ef svo má segja.

Tengsl nemenda Leiklistarskóla Íslands við áhugastarf þurfa og eiga að vera ótvíræð og mikil. Ég legg á það sérstaka áherslu. Ég tel það starf ekki síður frjótt og áhugavert en í atvinnuleikhúsunum og væntanlegum leikurum og leiðbeinendum ekki síður nauðsyn að kynnast því rækilega. Það mætti þá gjarnan minna á starf án endurgjalds eða vona um laun, fórnfrekt og erilsemt, sem þessu unga fólki er líka hollt að kynnast áður en það heldur út á braut atvinnumennskunnar.

Ég skal ekki tíunda frv. sjálft að öðru leyti en því að ég fagna sérstaklega því, sem segir nú í 1. gr. frv., að heimilt sé að reka undirbúningsdeildir í tengslum við skólann annars staðar á landinu. Vonandi verður þess ekki allt of langt að bíða að svo verði í öllum landshlutum. A. m. k. veit ég að það samband leikfélaga á Austurlandi, sem þar starfar með blóma, hefur þar á fullan hug eða stjórn þess, að nýta sér sem fyrst þessa heimild.

Í öðru lagi tel ég það ávinning fyrir þann aðila sem ég ber einkum fyrir brjósti, samband áhugafélaganna, Bandalag ísl. leikfélaga, að eiga aðild að skólanefnd. Ég mun svo sannarlega beita mér fyrir því í stjórn þess að fulltrúi okkar komi því rösklega á framfæri við nemendur skólans að þeir kynnist áhugastarfi sem einum þætti í námi sínu.

Í þriðja lagi ber að fagna ákvæðinu til bráðabirgða þar sem segir svo, að það beri að taka tillit til þess náms sem nemandi hafi þegar lokið í skóla sínum og hvort hann hafi staðist þar hæfnismat. Þetta á við hvort tveggja, Leiklistarskóla leikhúsanna og Leiklistarskóla Samtaka áhugafólks um leiklist. Ég virði alveg sérstaklega og met mikils starfið hjá SÁL eða Samtökum áhugafólks um leiklist og leiklistarskóla þeirra, og ég hefði talið það miður ef við hefðum ekki sýnt það í verki með því að veita þeim þá viðurkenningu sem hér er farið inn á.

Fleiri atriði eru það ekki sem ég ræði. Væntangefst okkur á næsta þingi gott ráðrúm til að ræða hvort tveggja, nýja löggjöf um þjóðleikhús og eins um áhugastarfið. Ég veit að sú löggjöf er í smíðum hjá hæstv. ráðh. og hann hefur góðan hug á að koma henni endurnýjaðri á framfæri, og þá um leið ættum við að ræða sérstaklega stuðning við íslenska leikritun sem ég tel brýna undirstöðu alls leiklistarstarfs — ekki síður, kannske miklu fremur en túlkun erlendra leikverka.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka vinsamlegar undirtektir við þetta frv. En ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess aðeins, heldur vildi rétt í sambandi við þetta mál rifja það upp að n. hafði undirbúið frv. um breyt. á l. eða öllu heldur ný lög um stuðning við áhugaleiklistarstarfsemina í landinu og n. hafði skilað frv. til rn. fyrir alllöngu. Mér líkar ekki alls kostar búningur þess frv. þó að margt sé í því ágætt. Ég hafði um tíma ráðgert — og ég hygg að það hafi kannske komið fram í þingræðu — að leggja frv. fram eigi að síður í litið eitt breyttri mynd, sýna það í þinginu. En ég hvarf frá því. Ég mun í sumar leita samráðs við fulltrúa áhugafólksins um frágang þessa frv. og stefna að því að það geti orðið lagt fram í þingbyrjun í haust ásamt þá með frv. til þjóðleikhúslaga sem auðsjáanlega verður ekki afgr. á þessu þingi. — Mér fannst rétt að láta þetta koma fram hér með tilliti til þess sem ég hef áður sagt um þetta atriði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1972, frv. (þskj. 458). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3 umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1972 liggur fyrir á þskj. 458 og hefur verið afgr. frá hv. Nd. Þá hefur verið lagt fyrir þetta þing frv. til fjáraukalaga vegna sama árs og var gerð grein fyrir því í umr. í Sþ. Aðalyfirlit A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1972 var afhent þm. vorið 1973, og reikningurinn í heild með sundurliðunaryfirlitum A-hlutans og öllum yfirlitum B-hlutans, frágenginn af hálfu ríkisbókhaldsins til meðferðar hjá yfirskoðunarmönnum Alþ., var afhentur þm. í okt. 1973.

Við 1. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1974 var gerð ítarleg grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1972 samkv. ríkisreikningi og jafnframt lögð fram grg. ríkisbókhaldsins þar um. Með fyrrnefndu frv. og frv. til fjáraukalaga fyrir 1972, sem gerð hefur verið grein fyrir í Sþ., gerði ég grein fyrir helstu frávikum í ríkisreikningi og fjárl. ársins 1972. Tel ég því ekki ástæðu til frekari grg. hér. Ég er reiðubúinn til allra upplýsinga fyrir hv. fjh.- og viðskn. sem ég legg til að málinu verði vísað til að lokinni þessari umr.

Ég vonast til þess, enda þótt málið sé kannske síðbúið hér í hv. þd., að þá megi takast að ljúka því og það verði samþ. sem lög frá Alþ. áður en þingi verður slitið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 89. fundur.

Mánudaginn 12. maí, að loknum 88. fundi.

Lán vegna Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, frv. (þskj. 615). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 683). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2 umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 85. fundur.

Mánudaginn 12. maí, kl. 9.50 síðdegis.

Þjóðminjalög, frv. (þskj. 492, n. 659). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Virðulegi forseti. Menntmn. hefur rætt þá breyt. á þjóðminjalögum, sem hér er til umr., en þessi breyt. miðar að því að stofnaður verði sérstakur húsfriðunarsjóður með jöfnu framlagi ríkis og sveitarfélaga. N. hefur leitað umsagnar hjá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og fengið um málið mjög jákvæma umsögn. Stjórn Sambandsins segir í bréfi til menntmn. að hún telji að ákvæði þessu um stofnun húsfriðunarsjóðs séu mjög mikils virði og mælir einróma með samþykkt frv. nú á þessu þingi. Stjórn Sambandsins segir enn fremur að hún telji að samþykkt þessa frv. muni marka tímamót í húsfriðunarmálum hér á landi og að íslendingar minnist þá með stofnun hans á þessu ári á verðugan hátt svokallaðs húsafriðunarárs Evrópu. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er mjög hlynnt þessu máli. Ég vil gera orð hennar að mínum og vænti þess að þetta mál fái greiðan gang í gegnum þessa hv. d. En málið á líka eftir að ræða í Ed., þannig að ég vænti þess, virðulegi forseti, að gert verði allt sem verða má til að hraða afgreiðslu málsins ef svo fer sem líkur benda til að þingi ljúki nú í vikunni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 549, n. 685). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Iðnn. þessarar d. hefur tekið málið til meðferðar og mælir með því að frv. verði samþ. Tveir nm. voru fjarverandi þegar málið var afgreitt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 545, n. 689 og 699). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins á að sinu leyti samleið með öðru frv. sem væntanlega kemur til umr. næst á eftir. Frv. fjallar um breyt. á ávöxtun og verðtryggingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Í ljós kom, þótt menn ætluðu annað, að í l. frá 1969 var ekki fólgin sú gengistrygging, sem menn höfðu ætlað, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins nyti, þar sem líta varð svo á að gjaldeyrisvarasjóðurinn sjálfur væri baktrygging hans, en sú trygging var úr sögunni um leið og gjaldeyrisvarasjóðurinn var uppurinn. Þetta frv. er sem sagt um ávöxtun og tryggingu Verðjöfnunarsjóðsins og ef á skyldi skorta um tryggingu og ávöxtun af hálfu Seðlabankans er ríkissjóði gert að bæta þar um, svo að sjóðurinn verði að jafnaði að fullu tryggður.

N. mælir með samþykkt frv., en hv. þm. Garðar Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nál. en þeir hafa í nokkrum atriðum ýmislegt við málið að athuga og afgreiðslu þess í heild. Hv. þm. Pétur Sigurðsson var eini nm. sem var fjarstaddur afgreiðslu málsins

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Virðulegi forseti. Það var um miðjan dag í dag, sem okkur hv. þm. Garðari Sigurðssyni, sem skipum minni hl. sjútvn., var skýrt frá því að meiri hl. n. hefði orðið sammála um álit sem hér hefur verið gert grein fyrir. Við höfum því ekki fengið nema fundarhléið til að ganga frá okkar nál. í þessu máli og svo hart er nú keyrt á síðustu dögum þingsins að það hefur ekki unnist tími til að vélrita handritið. Ég

verð því að biðja hv. þm. að hafa nokkra biðlund á um að fá að sjá þetta nál. okkar í minni hl., sem erum sammála um afstöðu okkar til þessa máls.

Með lögum nr. 72 frá 28. maí 1969 var stofnaður sjóður, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, með skyldueframlögum aðila í sjávarútvegi. Tilgangur sjóðsins er að tryggja sem jafnast verð á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins með því móti að þegar verðlag á þeim afurðum er hátt erlendis á að leggja hluta af tekjum aðila í sjávarútvegi í sjóðinn, en þegar verð erlendis fer lækkandi hleypur sjóðurinn undir bagga með greiðslu verðuppbóta.

Það fer ekki á milli mála að atvinnugrein eins og sjávarútvegurinn, sem háður er miklum verðsveiflum á afurðum sínum erlendis, þarf að eiga sér slíkan sjóð sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins er til að tryggja atvinnugreininni sem jafnastar ytri aðstæður. Hinu hættir mönnum stundum til að gleyma og ég legg áherslu á að menn virðast hafa gleymt því að sumu leyti sem samið hafa þetta frv. að sjóður þessi er myndaður af aðilum í sjávarútvegi eingöngu og er því óskoruð og óvefengjanleg eign þeirra sem við þann atvinnuveg starfa, raunar eins konar geymslufé þeirra. Að því leytinu til nýtur sjóðurinn nokkurrar sérstöðu umfram aðra sjóði og ætti að vera óheimilt að ráðstafa fé úr sjóðnum til greiðslu eða lánveitinga nema þá í þágu þeirra sem sjóðinn eiga og með fullu samþykki þeirra sem að honum standa.

Það gefur auðvitað auga leið að sjóður eins og Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, sem myndaður er af geymslufé útflutningsatvinnuvega, verður ávallt að halda verðgildi sínu óbreyttu án tillits til gengisfellinga. Það er raunar forsenda fyrir sjóðnum að það fjármagn, sem rennur til hans sem hluti af gjaldeyristekjum sjávarútvegsins, sé varðveitt í erlendri mynt, enda mun það hafa verið tilgangur þeirra sem sömdu gildandi lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Undir stjórn núv. hæstv. ríkisstj. skapaðist hins vegar slíkt ófremdarástand í gjaldeyrismálum þjóðarinnar að þegar síðasta gengisbreyting var gerð mátti heita að Seðlabankinn ætti engan erlendan gjaldeyri. Stóð því engin gjaldeyriseign á bak við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins þar sem sú baktrygging sjóðsins hafði gufað upp sem eyðslufé í óstjórninni. Miðað við tilgang sjóðsins mátti því heita að hann væri aðeins til á pappírnum. Seðlabankinn hefur því ekki getað staðið við að gengistryggja sjóðinn og er nú ætlunin með þessu frv. að létta þeirri kvöð af honum og flytja yfir á ríkissjóð. Er með öllu óvitað hve þungan bagga er hér verið að binda ríkissjóði til frambúðar. Auk þessa má einnig benda á að ríkissjóði er aðeins ætlað að taka við skyldunum þar sem Seðlabankanum er hins vegar ætlað að varðveita sjóðinn áfram, svo og er honum falið það nýja verkefni samkvæmt frv. að ávaxta fé sjóðsins með gengistryggðum lánveitingum til banka og annarra lánastofnana. Og ég bendi sérstaklega á að samkvæmt frv. virðist bankinn t. d. allt eins geta lánað þetta geymslufé sjávarútvegsins til annarra aðila en aðila í sjávarútvegi. Hefur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins þar með talsvert fjarlægst upphaflegan tilgang sinn og er í rauninni orðinn fjárfestingarlánasjóður í umsjá Seðlabankans án tillits til þess að þarna er um að ræða fé sem aðilar í sjávarútvegi hafa safnað, sem tekið er af þeim með skyldueframlögum og þeir eiga.

Verði frv. samþ. óbreytt þá hefur tvennt gerst:

1. Ríkissjóður hefur tekið að sér skuldbindingarnar, þær skuldbindingar að gengistryggja fé sjóðsins.

2. Það er farið að ráðstafa þessari eign aðila í sjávarútvegi af Seðlabankanum til lánveitinga til hinna og þessara fyrirtækja innan sjávarútvegs eða utan, á sama hátt eins og verið væri að fara með venjulega fjárfestingarlánasjóði sem ríkisvaldið legði meginhluta eða a. m. k. stóran hluta af fjármagni til.

Það er þess vegna sem ég sagði að menn ættu að hafa það hugfast, sem virðist hafa gleymst nú, hverjir eiga þennan sjóð, hverjir hafa myndað þennan sjóð og í hvaða skyni hann var stofnaður.

Minni hl. sjútvn. telur að eignir Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins þurfi að varðveita í erlendum gjaldeyri og það hafi átt að gera. Í ljós hefur hins vegar komið að það hefur ekki verið gert. Einnig þessi baktrygging sjóðsins brann til ösku á báli ríkisstj. ásamt öðrum þeim erlenda gjaldeyri sem þjóðin hafði handa á milli. Með frv. þessu er því stefnt að gengistryggingu sjóðsins með öðrum hætti og af öðrum aðilum. Minni hl. n. telur að þær aðferðir séu stórum lakari og umdeildari og mun ekki styðja þær. Ríkisstj. verður sjálf að bera ábyrgð á þeim, eins og hún bar ábyrgð á því stjórnleysi í gjaldeyrismálum þjóðarinnar sem varð til þess að grundvöllur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, innistæður í erlendum gjaldeyri fyrir inneign hans, — þessi grundvöllur hrundi. Minni hl. sjútvn. mun sem sagt ekki greiða atkvæði með þessu frv., styður það ekki, gerir sér hins vegar ljóst að það er rík ástæða til þess að gengistryggja fé sjóðsins með einum eða öðrum hætti. Fyrst ríkisstj. telur sér þennan hátt einan færan, eftir að hún hefur gefist upp við að framfylgja þeim hætti sem settur var í gildandi lögum, þá verður hún að bera ábyrgðina.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Yfirleitt reyna nú stjórnarsinnar að stytta umr. eins og hægt er þegar líður að þinglokum, en svo ofboðslega vitlausar geta þó ræður orðið að það er ekki hægt að sitja undir jafnmikilli vitleysu, og t. d. kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Hann byrjar mál sitt á því að segja, að núv. ríkisstj. hafi eytt gjaldeyrisforða landsmanna og það hafi ekki verið hægt að gengistryggja Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Núv. ríkisstj. tekur við 28. ágúst, þá er gjaldeyrisforði landsmanna búinn. Það er eins og pilturinn, sem var að tala, sé að fæðast í dag. Það hafði ekkert verið gengistryggt. Samkv. breyt. á l. Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins frá 1972 var til þess ætlast að hluti af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins væri gengistryggður. Það var ekki gert. Svo kemur þessi þm. og segir núv. ríkisstj. að henni sé um að kenna og hann fær undir þetta plagg sakleysingja úr Vestmannaeyjum, stuðningsmann fyrrv. ríkisstj. og fyrrv. sjútvrh., 5. þm. Sunnl.

Og hann bindur fyrir bæði augu og skrifar undir þessa endemis vitleysu. Hugsa sér nú þetta að það skuli vera tveir virðulegir fulltrúar stjórnarandstöðunnar í sjútvn. Nd. sem láta slíkt plagg frá sér fara. Hvað eru þessir menn að hugsa — eða hugsa þeir alls ekki neitt?

Hvað er svo verið að gera nú með þessu frv.? Það, sem verið er að gera, er að tryggja Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Gjaldeyrisforði er ekki til, það er ekki um það að ræða. Þess vegna er verið að tryggja hann. Það, sem búið er að gera frá því að gengisbreyt. var gerð í ágústlok, er að það er búið að semja við Seðlabankann að hann greiði vegna hagstæðrar rekstrarafkomu á árinu 1974 400 millj.

Svo er annað endemis plagg á borðinu, sem við vorum að fá, sem á að fylgja næsta frv. frá þessum tveimur vitringum. Og ekki er það betra eða skynsamlegra. Þetta eru alveg endemis vinnubrögð. Og ég held að það væri sama hvað þessir menn hefðu langan umhugsunartíma, þeir virðast ekkert skilja hvað þeir eru að gera. Hér er verið að bjarga því sem bjargað varð, eftir að svikist hafði verið um að gengistryggja Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Ég ráðlegg báðum þessum mönnum, hvort sem þeir vilja vera saman í bekk eða sitt í hvoru lagi, að fara í skóla og kynna sér þessi mál áður en þeir láta svona endemis vitleysu frá sér fara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 119, n. 682). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Hæstv. forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv., en frv. um þetta sama efni hafa oft áður verið flutt á Alþ., m. a. á síðasta þingi, en þrátt fyrir góðar undirtektir þingnefnda og áskorun íþróttasamtakanna eigi náð fram að ganga. Hefur barátta fyrir þessum sjálfsögðu réttindum íþróttafólks staðið í marga áratugi. Það er álit n. að tímabært sé að íþróttafólk njóti þeirra trygginga sem frv. gerir ráð fyrir. Íþróttir og íþróttaiðkanir gegna veigamiklu hlutverki í uppeldiskerfi þjóðarinnar. Ber því að hlúa að þessari starfsemi eftir föngum. Heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt og nái fram að ganga á þessu þingi.

Ellert B. Schram: Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til þess að standa hér upp og þakka n. afgreiðslu málsins eins og frsm. n. hefur lýst henni. Ég ásamt fjórum öðrum hv. þm. stóð að flutningi þessa frv. sem eins og fyrr segir er nokkuð gamalt héðan úr þingsölum að meginefni til. Mér þykir hins vegar miður hversu málið hefur dregist í afgreiðslu n. án þess að ég sé að saka n. um það. En einmitt vegna þess að enginn ágreiningur virðist vera fyrir hendi í n., þá er það miður að það skuli ekki hafa fengið afgreiðslu frá henni fyrr, því að nú er, eins og öllum er ljóst, nokkuð tvísýnt um framgang þess og lögfestingu vegna takmarkaðs tíma.

Þetta mál er gamalt baráttumál íþróttasamtakanna og íþróttamanna, og er að þeirra dómi sanngirnismál og það er fagnaðarefni að hv. n. skuli mæla einróma með því. Ég vænti þess eindregið að n. og þingið í heild taki undir þetta álit með því að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 546, n. 690 og 697). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þar sem ég verð mjög stuttorður vil ég víkja því að virðulegum forseta að sjútvrh. er fjarstaddur, en skammt í það kannske að næsta blaðra springi og vafalaust mun hann vilja hlýða á hvellinn. — En þetta frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 78 frá 1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, er nokkuð síðbúið, — síðbúið vegna þess að það hefði gjarnan átt að lögfesta á hausti er leið þar sem ríkisstj. lýsti þá yfir að hún mundi haga gjörðum sínum á þann veg sem hér er beðið um lögfestingu á.

Þegar í upphafi er ljóst varð að vafi lék á að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins væri tryggður svo sem skyldi, þá þótti bera nauðsyn til þess að ætla af gengishagnaði 400 millj. kr. til að bæta Verðjöfnunarsjóðnum upp skaða sinn. Nú var þetta gert með öðrum hætti, þannig að þeim 400 millj. var ráðstafað til brýnna nauðsynja útvegsins eins og þá þegar eða fljótlega var yfirlýst. Þess vegna er nú nauðsynlegt að lögfesta þetta sem framkvæmt var þótt síðbúið sé, en það er að b-liður 2. gr. tilgreindra laga, þar sem ráðstafað var til verðjöfnunarsjóðsins tilgreindu fé, verði felldur niður. Allir viðstaddir nm. mæltu með samþykkt frv. og ég hélt að með þeirri aðferð hefði sá árangur náðst að sigla hefði mátt fyrir þau sker sem nú virðist mest steyta á. Þetta er sami háttur og var í hv. Ed., að stjórnarandstaðan þar mælti með samþykkt frv., en gerði svo grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nál. En vera kann að hv. frsm. minni hl. feti í fótspor félaga síns, hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem lýsti því yfir áðan að hann væri andstæður framgangi frv. sem hér var til umr. Kom mér það vissulega á óvart þar sem það varð samkomulag okkar í milli allra að mæla með samþykkt frv. enda þótt þeir teldu ástæðu til að gera sérstaka grein fyrir afstöðu sinni þar sem þeir höfðu ýmsar athugasemdir fram að færa.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Hæstv. forseti. Hér er til umr. nokkuð sérkennilegt frv., þ. e. a. s. frv til l. um breyt. á l. nr. 78 frá 1974, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Eins og hv. þm. heyra er þetta nokkuð hátt laganúmer frá síðasta ári sem bendir til þess að þau lög, sem þarna á og stendur til að breyta með þessu frv., séu ekki orðin ýkjagömul. Enda eru þau lög ekki eldri en svo að þau eru frá 30. ágúst á s. l. ári. Þá þótti núv. hæstv. ríkisstj. bráðnauðsynlegt að leggja frv. fram um þessi lög og samþykkja, og ekki síst nauðsynlegt að samþykkja 2. gr. frv. sem var höfuðefni þess. Nokkrum mánuðum síðar er svo gengið fellt í annað sinn. En nú í lok þings sér hæstv. ríkisstj. ástæðu til þess að ómerkja sín eigin lög. Á þessu sést hver vinnubrögð þessarar hæstv. ríkisstj. eru og á þessu sést einnig að a. m. k. hæstv. sjútvrh. hefði þurft að fara á eitt gott og rækilegt námskeið í sjávarútvegsmálum áður en hann gerðist svo djarfur að taka að sér þennan málaflokk, ekki síst þegar tekið er tillit til þess að þessu embætti hefur sinnt mjög fær maður á undanförnum árum. Og það er sannarlega hörmulegt að hæstv. sjútvrh. skuli gefa mönnum tilefni til þess að bera saman verk hans og fyrrv. sjútvrh. Ég vil ekki núv. hæstv. sjútvrh. svo illt að bera saman vinnubrögð þessara tveggja manna og bera saman árangur af þeirra starfi. (**Gripið fram í:** Þakka þér fyrir það.) Ég vil honum ekki svo illt.

Þegar hæstv. ráðh. var að fjalla hér um mjög alvarlegt mál nú fyrir örstuttu, þá var þessi sami hæstv. ráðh. ánægðastur með það, að allir aðilar í atvinnugreininni, allir sem einn og hver út af fyrir sig, voru óánægðir, allir mótfallnir og enginn gat séð ljósan punkt í þeirri ráðstöfun sem hæstv. sjútvrh. var að beita sér fyrir. Fyrrv. hæstv. sjútvrh., hv. þm. Lúðvík Jósepsson, var ánægðastur með þau málalok þegar sem flestir gátu verið ánægðir. Það voru ekki aðeins allir þeir aðilar sem til var leitað í hlutaðeigandi sjávarútvegsmáli sem voru óánægðir. Það er ekki síður öll þjóðin sem hefur þurft að fá að taka út á verk þessarar hæstv. ríkisstj. og ekki síst vegna þeirra frv. sem hefur verið boðað að væru til lausnar á vandamálum útgerðarinnar, en hafa alls ekki orðið til þess. Allt virðist hafa snúist í höndunum á þessum hæstv. ráðh., og ég held að hann ætti að tala varlega um það að við í minni hl. þessarar hv. n. ættum að fara að læra eitthvað í sjávarútvegsmálum. Ég er ekki frá því að við gætum kennt hæstv. ráðh. allnokkuð í sjávarútvegsmálum, og hann hefur vissulega engin efni á því að vera að taka svo stórt upp í sig hér í þessum efnum.

Við í minni hl. n. höfum reynt að sýna ábyrga pólitík í öllum þeim málum sem að okkur hefur verið vikið í n. Og við munum ekki nota tækifærið til þess að halda uppi málþófi og tefja fyrir framgangi mála. Hæstv. ráðh. sagði áðan að stjórnarsinnar reyndu yfirleitt að stytta mál sitt þegar kæmi að þinglokum til þess að auðvelda afgreiðslu mála. Hæstv. ráðh. er oft mjög gamansamur og það er ánægjulegt þegar húmor kemur fram hjá einhverjum hv. þm. hér á Alþ. Og það var svo sannarlega öfugmæli sem hæstv. ráðh. sagði í sambandi við þetta efni, eins og svo margt annað, því að við höfum nú verið að fást við frv. um fæðingarorlof undanfarna daga sem á að fjármagna með skemmtanaskatti eða hvað það nú er og það hefur verið eytt í þetta hverjum deginum af öðrum á alvarlegasta tíma þingsins og haldið uppi málþófi af stjórnarsinnum.

Hæstv. ráðh. þótti illa að sér vikið og skoðanabræðrum sínum og meðhjálpurum í hæstv. ríkisstj. þegar við vildum kenna þeim um nokkurn hluta af ábyrgðinni að hafa eytt gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Við skulum nú aðeins skoða málið. Hver skyldi hafa komið í veg fyrir að hægt var að halda í þann gjaldeyrisvarasjóð sem fyrir var og var nú býsna myndarlegur um áramótin 1973—1974? Það væri ekki úr vegi að rifja aðeins upp hvernig staðan var þá. Um þau áramót var gjaldeyrisvarasjóðurinn rúmlega 7 200 millj. kr., þær birgðir, sem til voru í landinu, voru um 2 850 millj. kr. og sá útflutningur, sem farið hafði fram, en ekki hafði enn skilað gjaldeyri, hann var að verðmæti um 2 000 millj. kr., þannig að gjaldeyrisvarasjóðurinn var þá, um þau áramót liðlega 12 milljarðar kr. Það var sem sagt yfir 12 milljarða kr. í gjaldeyrisvarasjóði um þau áramót. En hvað skeður um þau áramót? Þá skeður það að sú ríkisstj., sem hafði á stuttum tíma gjörbreytt tryggingakerfi landsmanna til hagsbóta fyrir aldrað fólk og öryrkja og þá sem minnst máttu sín, breytt því í sæmilegt horf frá þeim eymdarkjörum sem viðreisnarstjórnin hafði skammtað þessu fólki, var að ljúka valdaferli sínum, — sú stjórn, sem byggði upp öll atvinnutæki landsmanna frá því að hafa tekið við af viðreisnarstjórninni sem lét atvinnutækin drabbast niður. Þá missti þessi stjórn, hæstv. fyrrv. ríkisstj., raunverulega öll tök á landsmálum. Þá brást einn stjórnarflokkurinn og ríkisstj. hafði engan stjórnhæfan meiri hl. Þessi hæstv. ríkisstj., sem þá sat, kom með till. um lausn vandamálanna, en stjórnarandstaðan, sem þá var í landinu, neitaði alfarið að taka nokkurn þátt í því að afgr. mál, hvort sem þau voru góð eða vond. Það eina sem hún hugsaði um, var að komast í valdastólana. Það eina sem hún hugsaði um var að sú ríkisstj. færi frá. Hvort mál væru góð eða vond skipti engu máli. Á þessum tíma var spákaupmennska mikil í landinu. Það var alltaf verið að prédika það í Mogganum, hæstv. ráðh., að nú væri allt að fara á hausinn, nú væri alltaf verið að gera ráðstafanir. Og allir keyptu fyrir allt sem þeir áttu og tóku lán og bankakerfið hljóp undir bagga og á mjög stuttum tíma var mjög miklu af gjaldeyrisvarasjóðnum eytt, en þó ekki meira en svo að í lok júlímánaðar voru 2 600 millj. eftir af þeim sjóði. Það væri vissulega ástæða til að taka þennan hæstv. ráðh. rækilega til bæna. En eins og ég sagði áðan, þá ætlum við ekki að tefja afgreiðslu mála hér á hv. Alþ. með löngu máli eða málþófi. Við sýnum í þeim efnum eins og öllum öðrum, miklu meiri ábyrgð en stjórnarsinnarnir sjálfir. (Gripið fram í.) Svo þóttist hæstv. ráðh. vera að segja hér áðan að núv. hæstv. ríkisstj. hefði tekið við í ágúst til þess að reyna að bjarga

því sem bjargað varð. Sér er nú hver björgunin.

Við skulum þá víkja aðeins nánar að frv. sem hér er til meðferðar.

Eins og ég gat um í upphafi er þetta frv. til þess að breyta lögum, fyrstu lögum sem núv. hæstv. ríkisstj. setti. Þessi lög voru sett í lok sumarþingsins, 30. ágúst, og voru fylgifiskur gengisfellingarinnar, fyrstu stórgengisfellingar þessarar hæstv. stjórnar og ekki síðustu. Að vanda var gert ráð fyrir því að mynda gengishagnaðarsjóð og síðan sagði í grg. með þessu frv., eins og segir í nál. minu og hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að áður en þessu gengishagnaðarfé væri ráðstafað til hinna ýmsu greina og sjóða sjávarútvegsins, þá skyldi fyrst greiða þrennt: Í fyrsta lagi hækkanir á flutningskostnaði og öðru og í öðru lagi gengisbætur, eins og skráð er hér í frv., vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Nú segir í frv. um Verðjöfnunarsjóð, í aths. um það frv., að gjaldeyriseign Seðlabankans hafi ekki verið nema 487 millj. og gengishagnaður af þeirri upphæð hafi ekki dugað til þess að bæta Verðjöfnunarsjóði sitt gengistap. En það var bara miklu meiri gjaldeyrir til en þetta. Það er meiri gjaldeyrir til en gjaldeyriseign Seðlabankans. Það er auðvitað gjaldeyrir til í öllum birgðum sem í landinu liggja, og það er enn gjaldeyrir til í þeim birgðum sem eru fluttar út og ekki hafa verið gerð gjaldeyrisskil fyrir. Þess vegna er eðli málsins samkv. ekki óeðlilegt að Verðjöfnunarsjóði yrði bætt sitt gengistap með í fyrsta lagi gengishagnaði af nettóinneign Seðlabankans og í öðru lagi hluta af gengishagnaði þeirra birgða sem til voru í landinu og fluttar út. Og það var einmitt gripið til þess ráðs með lögunum nr. 78 frá 1974. Það var meiningin að taka þessar 400 millj., sem á skorti, af gengishagnaðarsjóðnum til þess að bæta Verðjöfnunarsjóði sitt tap.

En það var ekki liðinn langur tími frá því að þessi lög voru samþ. og þar til fram kom frv. hér á hv. Alþ. um ráðstafanir þessa margnefnda gengishagnaðar. Aðeins nokkrum vikum eftir að þetta frv. hafði verið samþ. voru ákvæði þessara laga sniðgengin. Lögin voru hreinlega brotin. Og það segir í aths. við frv. á þskj. 546: „Með þessu frv. er lagt til að b-liðurinn verði felldur niður. Ástæðan til þess er fyrst og fremst sú að þörfin fyrir stuðning við útveginn er talin svo brýn, að framlög til hans hljóta að ganga fyrir öðru". Og ekki er ég að andmæla því. En síðan segir: „Enda voru á Alþ. samþ. lög í des. 1974, þar sem við ráðstöfun gengismunarfjár var reiknað með þessari meðferð" — sem sagt að brjóta nýsett lög, að taka 400 millj., sem áttu að fara í Verðjöfnunarsjóðinn, og setja í útgerðina eða í gengishagnaðarsjóðinn áfram.

Það gefur auðvitað auga leið þegar menn skoða og fylgjast með framgangi þessara mála hvílíkt fálm er þarna á ferðinni. Þarna er verið að setja lög í lok ágúst og síðan ákveðið að brjóta þau strax í nóv. Og það er auðvitað ekki það eina sem menn hafa fyrir augunum um vinnubrögð þessarar hæstv. ríkisstj. Allar stjórnarathafnir þessarar hæstv. ríkisstj. eru í svipuðum dúr og þetta. Það er trúlegt að b-liður 2. gr. margnefndra laga nr. 78/1974, hefði ekki haldið vegna þess að þá hefði þurft að breyta lögum um Verðjöfnunarsjóð. Þó getur verið — ég er ekki lögfræðingur — að þau lög hefðu haldið. En alla vega er það hæstv. sjútvrh. sem beitir sér fyrir því að nýsett lög nýinnkominnar stjórnar eru þverbrotin strax á fyrstu vikum stjórnartímabilsins.

Það er dálítið athyglisvert að fletta upp í umr. um þetta mál frá sumarþinginu, og það er ekki síður athyglisvert að skoða svör hæstv. forsrh. við ýmsum þeim spurningum sem beint var til hans og bera svo saman hvað hefur gerst í þeim efnum. Það væri líka mjög forvitnilegt fyrir þá hv. þm. sem ekki hafa kynnt sér þetta mál frá grunni og þyrftu kannske líka að fara á námskeið eins og við hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og hæstv. ráðh. Ég get nefnt sem dæmi að hæstv. forsrh. var spurður að því hvort það væri gert ráð fyrir vegna þessara laga, að hlutaskiptum sjómanna yrði breytt með lögum. Hæstv. forsrh. svaraði því neitandi og sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Það er ekki fyrirhugað." En hver varð svo raunin? Hlutaskiptum sjómanna var breytt með því einfaldlega að hækka um 5% það gjald, sem tekið var af óskiptu í Stofnfjársjóð fiskiskipa. Það þýðir það að tekið er af óskiptum afla meira en áður var gert og þar með hlutaskiptunum raskað. Hæstv. forsrh. var einnig spurður að því m. a. hvað hann gerði ráð fyrir að fiskverð hækkaði mikið. Hæstv. forsrh. svaraði því þannig að það væri í höndum Verðlagsráðs sjávarútvegsins, í höndum yfirnefndar. Af þessu svari hæstv. ráðh. hefði mátt ætla að yfirnefnd sjávarútvegsins hefði átt að ákvarða fiskverð eins og hún átti að gera lögum samkv. Hver varð svo raunin? Það voru sett lög um það að fiskverð mætti ekki hækka meira en um 11%.

Ég nenni ekki að lesa meira úr þessari romsu. Allt er þetta á eina bókina lært. Það er hæstv. ríkisstj. sem brýtur sjálf sín eigin lög. Hún stendur ekki við það sem ráðh. svaraði hér úr ræðustóli. Það gengur á annan veg en þar er sagt.

Ég vil að lokum benda á það að við í minni hl. þessarar hv. n. höfum ekki samþykkt að afgreiða þetta mál. Við sögðum einmitt að við tækjum ekki þátt í afgreiðslu málsins og mundum skila séráliti, enda skrifum við ekki undir nál. meiri hl., — við tækjum ekki þátt í afgreiðslu málsins, hvað svo sem stendur þarna á plaggi hv. þm. Sverris Hermannssonar, það er annað mál. Við bendum á það í okkar nál. að þetta mál, sem hér er til meðferðar, er komið til vegna mistaka ríkisstj. og hennar eigin lagabrota og það er ríkisstj. ein sem ber ábyrgð á öllum þeim ráðstöfunum, sem hún hefur gripið til. Hún ber ábyrgð á afleiðingum sinna mistaka og rangra aðferða sem hún hefur beitt frá upphafi og lýsa sér best í því að gengisfellingar ríkisstj. hafa valdið útgerðinni miklu meiri vanda en þær hafa leyst. Og við vísum til hennar allri ábyrgð af málsmeðferð þessari allri og tökum ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að svara þessari gagnmerku tímamótaræðu sem hv. þm. var að flytja. Hann var að ná sér aðeins á strik. Það verð ég að

virða við hann að hann skammaðist sín nokkuð fyrir frumhlaupið áðan og hann er ekkert minni maður fyrir það. En það, sem ég hef að segja hér, er beint út af frv. sem liggur fyrir.

Þegar frv. um ráðstafanir vegna breytts gengis Seðlabanka Íslands var hér til meðferðar var b-liður 2. gr. þannig að leggja fram gengisbætur vegna innstæðna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þetta tekur Seðlabankinn inn og ríkisstj. og Alþ. og enginn aðili ræðst gegn því hér. Hins vegar kemur það fljótt í ljós þegar farið er að kanna ráðstöfun gengishagnaðarins og undirbúa brbl., sem gefin voru út, hvað skert er sú upphæð sem gengishagnaðurinn átti að nema, og þá er farið að kanna til hlítar hvernig háttað var gengistryggingu Verðjöfnunarsjóðsins. Þá kemur í ljós að Verðjöfnunarsjóðurinn hafði ekki verið gengistryggður þrátt fyrir ákvæði laga um breyt. á lögunum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins frá 1972, en það frv. var flutt af nokkrum þm. Sjálfstfl. og fyrsti flm. þess máls var, að ég örugglega man rétt, 3. þm. Sunnl.

Þegar þetta kemur í ljós hefjast viðræður á milli ríkisstj. og Seðlabankans og ég skal játa að ég átti mikinn þátt í þeim viðræðum. Ég taldi að þarna hefði átt að gengistryggja samkv. lögunum frá 1972 Verðjöfnunarsjóðinn, sem ekki var gert, og því taldi ég ótækt að ganga þannig á ráðstöfunarfé sem sjávarútvegurinn ella ætti rétt á. Og þegar brbl. eru hér til umr. á hv. Alþ., þá er ekki einn einasti þm. sem gagnrýnir það að fram hjá þessum b-lið er gengið. Því er lýst yfir að ríkisstj. muni flytja frv. um að afnema b-lið þessara laga og allir eru ánægðir, allir aðilar í fiskiðnaði og engin óánægjuröddhér á Alþ., að þessu fé sé ráðstafað til sjávarútvegsins, en ekki tekið af gengishagnaði til að verðbæta Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Það halda áfram margvíslegar umr. og viðræður við Seðlabankann. Úrslit þeirra viðræðna eru þau að Seðlabankinn fellst á að greiða þessar 400 millj. af eigin fé bankans til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Það hélt ég að allir þm. væru mjög ásáttir með og ánægðir að sú lausn fékkst. Og þessum 400 millj. var skipt hér á þingi í des. til ráðstöfunar í sjávarútvegi án þess að nokkur maður mælti gegn því. Ef ríkisstj. hefur brotið lög, þá hafa allir þm. brotið þessi lög sem hv. þm. var að tala um, enginn mótmælti þessu lagabroti. Og sá dýrlegi maður, fyrirrennari minn, sjútvrh., sem hv. ræðumaður hneigði sig fyrir, þegar hann nefndi hann hér í ræðustólnum, hann gagnrýndi einmitt alveg sérstaklega þetta atriði svo að nú er hann orðinn honum algjörlega ósammála. Nú vill þessi hv. þm. endilega fría Seðlabankann við að borga þessar 400 millj., en taka þær af sjávarútveginum. Mér finnst þetta alveg óskiljanlegur hringsnúningur. Það getur vel verið að það henti sumum að snúa svona sitt á hvað, en ég tel að hér hafi náðst ákaflega góðir og skynsamlegir samningar og fullt samkomulag við Seðlabankann, sem var höfuðatriði þessa máls, og þar með var þetta mál afgr. á þennan hátt. Mér datt ekki í hug að það væri einn einasti þm. sem setti sig upp á móti því að b-liður þessarar gr. frá því í haust væri felldur niður. En það getur verið að þessum hv. þm. sé meira umhugað um góða útkomu og gróða Seðlabankans heldur en að bæta sjávarútveginum þetta tap.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Við afgreiðslu þessa máls í hv. Ed. skilaði meiri hl. sjútvn. svo hljóðandi áliti:

„Nefndin mælir með samþykkt frv., en Jón Árm. Héðinsson og Stefán Jónsson munu gera í sérstöku nál. grein fyrir afstöðu sinni."

Ég sýndi hv. þm. Garðari Sigurðssyni og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni þennan afgreiðslumáta í hv. Ed. og þeir samþykktu hann, og þegar hv. þm. Garðar Sigurðsson segir að þeir hv. minnihlutamenn beri ekki ábyrgð á og standi ekki að afgreiðslu þessa máls, hvað svo sem standi í nál. frá Sverri Hermannssyni, þá er það álíka mikið að marka eins og allt annað sem hann sagði í ræðu sinni.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Hæstv. forseti. Það virðist ekki vera nóg fyrir hæstv. ráðh. að hann þurfi að fara á námskeið til þess að læra eitthvað í sjávarútvegsmálum. Ég sé því miður ekki annað en að hæstv. ráðh. þurfi líka að fara í heyrnarmælingu. Mér líkar það ekki þegar hv. þm. hlæja að því, því að það er ekki gaman að því þegar skynfæri manna fara að bila. Ég sagði ekkert um það í ræðu minni áðan að ég hefði mótmælt því að þetta fé hefði farið í gengishagnaðarsjóðinn og verið útbýtt til útgerðarinnar. Ég sagði það aldrei. Og hæstv. ráðh. getur flett upp á því sem ég sagði hér, en ég talaði alllangt mál í sambandi við ráðstöfun gengishagnaðar í haust, ég vék hvergi að því orði. Hitt vil ég taka fram, að ég efast um að nokkrum þm. hafi þá verið ljóst hvaðan allir þessir peningar komu. Það var talað bara um gengishagnað, og ég er nokkurn veginn viss um að þeir, sem sáu þann lista, hafi hvergi nokkurs staðar getað séð að þarna hafi verið laumað inn 400 millj. kr. viðbót. Ég segi fyrir mig að ég var auðvitað hlynntur því að sem mest kæmi í þennan sjóð og sem mest yrði gert fyrir útgerðina á því stigi. Hins vegar voru menn ekki sammála um aðferðina, hvernig ætti að fara að því að útbýta þessum peningum. Við vorum ekki sammála því á þeim tíma að taka 400 eða 600 millj. í að breyta stuttum lánum og vanskilaskuldum í 2—3 ára lán. Við gerðum ýmsar aðrar athugasemdir við það hvernig þessum peningum var útbýtt. Og fyrst og fremst beindust athugasemdir okkar að því að við vildum ekki fela allt vald í hendur hæstv. ráðh. Við vildum ekki láta hann hafa allar þessar upphæðir upp á 1 600 millj. kr. eða hvað það nú var til útbýtingar úr eigin vasa að því er virtist. Það var málsmeðferðin og ýmsir liðir í því frv. sem við deildum á, en ekki það hversu miklir peningar voru þarna til ráðstöfunar. Það er rangt hjá hæstv. ráðh. eins og flest annað sem hann sagði hér varðandi mitt mál.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að nokkrum vikum eftir að þeir samþ. þessi lög, blessuð ríkisstj., hæstv. ríkisstj., um að skerða gengishagnaðarsjóð um 400 millj. til þess að bæta upp Verðjöfnunarsjóðinn sem átti að vera gengistryggður

öðruvísi, — þegar þeir fóru að undirbúa brbl. og farið var að kanna til hlítar þessi mál, þá var Verðjöfnunarsjóður ekki gengistryggður. Þetta sýnir nú vinnubrögðin, að þeir skyldu ekki hugsa þetta svolitið fyrr, og það, sem er staðreynd í þessu máli og við deilum helst á, eru vinnubrögð hæstv. ríkisstj. Þeir samþykkja lög í ágúst og sept. og breyta þeim svo aftur í maí. Það eru þessar fálmkenndu aðferðir þessarar hæstv. stjórnar og stjórnleysi og klaufaskapur sem verið er að deila á hæstv. ríkisstj. fyrir. En ég hef aldrei sagt að ég vildi heldur að Seðlabankinn gæti hirt þarna 400 millj. en að þær færu í sjávarútveginn. Það er hreinlega útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh., hreinn útúrsnúningur.

Sighvatur Björgvinsson: Virðulegi foseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hv. þm. Sverirr Hermannsson, frsm. meiri hl. sjútvn., segist ekki skilja í því að það standi í áliti meiri hl. n. að við hv. þm. Garðar Sigurðsson samþykkjum að styðja þetta frv. sem hér er lagt fram, en hins vegar komi það fram frá okkur að við munum ekki styðja þessar ráðstafanir, ekki greiða þeim atkv. þó að við munum ekki greiða þeim mótatkvæði. Það er nú svo með þetta plagg sem hv. þm. hefur tvisvar sinnum komið upp til þess að geta um að það er ekki öruggara en það og ekki haldbetri heimild en það, þetta plagg frá meiri hl. sjútvn., að ef hann les plaggið, þá mun hv. frsm. komast að raun um að af 4 svokölluðum nm., sem eiga að skrifa þar undir, er einn maður sem ekki er í n. Það stendur undir þessu plaggi: „Alþingi 12. maí 1975, Jón Skaftason varaform., Sverrir Hermannsson fundaskr., frsm., Tómas Árnason, Gylfi Þ. Gíslason.“ Gylfi Þ. Gíslason á ekki sæti í sjútvn. Nd. Hv. frsm. n., sem segir að þetta plagg sé einhver merkasta sögulega heimild um afstöðu okkar minnihlutamanna sem um getur, hefur ekki einu sinni veitt því athygli, þessi hv. þm., að plaggið er ekki öruggari heimild en svo að það er ekki einu sinni sagt rétt frá því hverjir skipa meiri hl. hv. n. Hv. þm. er nú búinn að koma tvívegis upp í ræðustólinn og hefur í hvorugt skiptið gert athugasemdir við þetta, e.t.v. hefur hann ekki lesið, hv. þm., sína eigin samningu öllu betur en við minnihlutamenn.

Það er rangt hjá hv. frsm. n. að á fundi n. í dag hafi komið fram og verið samþ. að mæla með þessu frv. Á fundi n., sem haldinn var rétt eftir hádegið í dag, var samþ. að halda annan fund. Það var eina samþykktin sem var formlega gerð á þessum fundi sem haldinn var í sjútvn. Nd. í dag. Hins vegar var þessi fundur ekki haldinn. Hv. frsm. n. kom hins vegar að máli við nm., hvern í sínu lagi, og spurði þá að því hvort það mætti ekki ganga frá þessu máli svona og svona. Hann spurði okkur m. a. að því í minni hl. n. hvort það mætti ekki láta þess getið, eins og í nál. sjútvn. Ed., að við mundum gera sérstaka grein fyrir afstöðu okkar í sérstöku nál. og við sögðum að sjálfsögðu já við því. Hins vegar var þetta aldrei borið upp á fundi n., aldrei gerð samþykkt um þetta formlega á fundi n. Síðasta samþykkt, sem gerð var um þetta mál á síðasta fundi þessarar n., var samþykkt um að halda annan fund. Og þetta margumrædda plagg er ekki öruggari heimild en svo, eins og ég hef áður bent á, að það eru taldir þarna upp 4 nm. í meiri hl. sjútvn. og þar af einn sem ekki er í n., og hv. frsm. meiri hl., sem hefur komið tvívegis hingað upp í ræðustól, hefur ekki einu sinni haft fyrir því að lesa sitt eigið nál. því að þá hefði hann væntanlega orðið þessa var.

Hitt liggur svo auðvitað í augum uppi, að ef menn mæla með samþykkt einhverrar ákvæðinnar till. eða einhvers ákvæðins frv., þá gera þeir það vegna þess að þeir eru reiðubúnir til að greiða því atkv. Menn mæla ekki með því að samþykkja frv. eða till. nema menn séu fúsir til að greiða atkv. með þeim. Við greiðum ekki atkv. með þessu frv., því að við mælum ekki með því að frv. verði samþ. Það gefur auga leið að svona háttur er ekki á hafður, að mæla með frv., till. eða frambjóðanda og greiða honum síðan ekki atkv., nema ef vera skyldi á Austfjörðum. Mér er ekki kunnugt um það hvort sá háttur sé hafður uppi þar, en ég ætla að hann sé ekki hafður uppi í öðrum kjördæmum landsins.

Hæstv. sjútvrh. — það er orðinn fastur liður hjá honum þegar sjávarútvegsmál eru til umr., a.m.k. í þessari hv. d., að hlaupa upp í stól og segja að það hafi engir vit á sjávarútvegsmálum nema hann. Minni hl. sjútvn. hefur að sjálfsögðu ekkert vit á þessum málum. Aðilar í sjávarútvegi, sem alltaf eru að mótmæla því sem ráðh. er að gera, hafa að sjálfsögðu ekkert vit á þeim málum. Og viskan virðist einna helst vera fólgin í því að komast að þeirri niðurstöðu að þá fyrst sé verk vel af höndum leyst þegar allir séu óánægðir með það, eins og hæstv. ráðh. hefur tekið fram og hrósað sér af.

Hæstv. ráðh. virtist vera að bjóða okkur hv. þm. Garðari Sigurðssyni í eins konar sjóvinnunámskeið hjá sér hér í ræðustól áðan. Það er nú svo með það sjóvinnunámskeið, sem hæstv. ráðh. hefur haldið s.l. vetur, þann eina og fyrsta vetur sem hann hefur gegnt embætti, að þangað hefur hann, ef svo má segja, „sjanghajað“ alla aðila í sjávarútvegi og þeir hafa varla gert annað síðan þeir komu á það námskeið en að óska bæði hátt og í hljóði eftir því að sleppa þaðan aftur vegna þess að staðreyndin er sú að hæstv. sjútvrh. kann að vísu að hnýta hnúta, en hann á ákaflega erfitt með að leysa þá aftur, eins og komið hefur í ljós í sambandi við þær ráðstafanir sem hæstv. ráðh. hefur gert t. d. í sambandi við sjóðakerfi sjávarútvegsins. Hann hefur lofað því bæði leynt og ljóst að starfa ötullega að því að leggja þetta óeðlilega millifærslukerfi niður, að leysa hnútinn, en hann hefur haldið áfram að flækja sig og flækja sig í garninu, bæta fleiri og fleiri og fleiri hnútum á reipisspottann, svo að nú er svo komið málum að stuðningsmenn hans í meiri hl. sjútvn. Nd. hrópa hver á annan um að koma nú með hnífog skæri til þess að reyna að brjóta sér brautina út úr allri flækjunni. Ég held því að við mundum ekki verða miklu fróðari í sjávarútvegsmálum, sem skipum minni hl. n., þó að við færum á sjóvinnunámskeið hjá hæstv. sjútvrh.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð í tilefni þeirra ummæla sem féllu áðan hjá hv. síðasta ræðumanni.

Svo vildi til á fundi sjútvn. í dag að form. n. var forfallaður og ég stjórnaði þeim fundi sem varaform. hennar. Á þeim fundi voru 6 nm., og þegar atkv. var leitað um frv. sem hér er verið að ræða, þá voru á þeirri stundu, milli kl. 11 og 12 í dag, ekki nema 3 af viðstöddum nm. tilbúnir til þess að mæla með samþykkt frv. Einn hv. þm. úr stjórnarliðinu, Guðlaugur Gíslason, óskaði eftir fresti til þess að staðreyna nokkur atriði sem hann vildi ganga úr skugga um áður en hann tæki endanlega afstöðu til þess. Því var afgreiðslu málsins frestað á þeim fundi og ákveðið að bíða þess að hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni gæfist tími til að skoða þessi atriði. Hann tilkynnti mér síðan rétt eftir hádegið, um tvö leytið í dag, að hann væri reiðubúinn til að standa að afgreiðslu meiri hl. n. um að mæla með frv. Þegar af þeirri ástæðu hafði ég samband við þá minnihlutamenn tvo, hv. þm. Garðar Sigurðsson og hv. þm. Sighvat Björgvinsson, og skýrði þeim frá þessu og spurði þá sérstaklega hvort þeir teldu ástæðu til þess að hafa annan fund í n., það lægi ljóst fyrir að það væri meiri hl., sem mælti með frv., og þeir minnihlutamenn mundu væntanlega gefa út sitt nál. Hvorugur þessara nm. óskaði eftir því að kvatt yrði til sérstaks fundar í n. út af þessu. Ég tel rétt að þetta komi fram vegna þeirra ummæla sem hv. þm. hafði hér áðan.

Ég hjó eftir einu atriði í ræðu Garðars Sigurðssonar, hv. þm., sem mér finnst gæta nokkurs misskilnings um, og þótt ég vilji ekki verða til þess að lengja þessar umr. mikið, þá finnst mér rétt að vekja athygli á þeim, því að ég hygg þar sé um meiri háttar misskilning að ræða. En ég skildi hv. þm. þannig þegar hann var að fjalla um það að gjaldeyriseign Seðlabankans um það leyti sem gengisfellingin var framkvæmd, þ. e. a. s. um mánaðamótin ágúst-september, hefði ekki verið nægileg til þess að verðtryggja Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, að þá hefði átt að bæta við þá gjaldeyriseign, sem bankinn sjálfur átti, gjaldeyrisverðmæti útflutningsvörubirgða, sem þá voru til í landinu, og þess útflutnings, sem sendur hafði verið út úr landinu, en ekki greiddur. Ég hygg að hv. þm. hafi með þessu átt við að í raun og veru hafi gjaldeyriseign Seðlabankans verið þessum mun stærri en upplýsingar er að finna um í grg. En þarna gætir þess mikla misskilnings að gengishagnaði af vörubirgðum, sem til voru um mánaðamótin ágúst-september og gengishagnaði af útfluttum vörum, sem ógreiddar voru á sama tíma, var einmitt varið til þess að greiða alls konar greiðslur til sjávarútvegsins, þannig að þessum gengishagnaði var ráðstafað með frv. um ráðstöfun gengismunar sem samþ. var hér eftir mánaðamótin ágúst-september. Í þessum efnum gat hvorki Alþ. né raunar nokkrir aðrir gert hvort tveggja í senn, að éta sömu kökuna og eiga hana heila eftir.

Frsm. meiri hl. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hv. þm. Garðar Sigurðsson og Sighvatur Björgvinsson þyrftu að athuga það betur að orð skulu standa. Ég er alveg sannfærður um að öllum sem til þekkja, dettur ekki lifandi í hug að ég hafi misfarið með eitt eða neitt í þessu sambandi, að það, sem segir í nál., var vitanlega samþ. af þeim. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Ég hafði í höndum þskj. 690, þar sem einvörðungu voru á nm. sjútvn., hv. þm. Jón Skaftason, hv. þm. Guðlaugur Gíslason og hv. þm. Tómas Árnason, ásamt mér. Ég veit ekkert og þekki það ekki hvaða forgangs hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nýtur í því að fá útbýtt til sín vitlausum þskj.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal aðeins hafa þetta örfá orð. Það er vegna ummæla hv. þm. Jóns Skaftasonar, að þarna hafi verið um misskilning minn að ræða þegar ég talaði um að það hefði verið meiri gjaldeyrir til. Ég hélt því ekki fram að Seðlabankinn hefði átt þennan gjaldeyri, við vissum báðir hversu há sú upphæð var, hún var, að því er mig minnir, 474 millj. kr. Hann hélt því einnig fram að ég hefði haft þá skoðun eða mælt með því að það hefði átt að fara að eins og lögin sem ríkisstj. samþykkti, gerðu ráð fyrir. Það er misskilningur. Ég var einmitt að lýsa því hvernig ríkisstj. leit á málið. Hún vildi taka einnig tillit til þessa og láta Verðjöfnunarsjóð njóta hluta af gengishagnaðarsjóði. Aðalatriðið í þeim ádeilum, sem ég hef heint að ríkisstj. í þessum efnum — ég sé að hæstv. ráðh. er auðvitað farinn úr salnum um leið og farið er að fjalla um þessi mál, hann tyllir sér hérna niður eins og kría á stein — (**Gripið fram í:** Ég skal ná í hann) — það er það, að með lögunum, sem þeir settu 30. ágúst, gerðu þeir vitleysu, með lögum um ráðstöfun gengishagnaðar brutu þeir lögin og það er ekki fyrr en nú í lok þings að þeir viðurkenna þessi mistök sín.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 684). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er hið venjulega frv. um veitingu ríkisborgararéttar sem liggur fyrir hverju Alþ. Það hefur nú gengið í gegnum hv. Ed. og tekið þar að venju nokkrum breyt., þ. e. a. s. á það hefur verið bætt þeim nöfnum manna sem taldir eru fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru fyrir veitingu ríkisborgararéttar í þeim ályktunum sem um það efni hafa verið gerðar. Ég hygg að báðar allshn. hafi unnið að þessu nokkuð samtímis, eins og venja hefur verið, og þess vegna geti þetta frv. fengið skjóta afgreiðslu hjá hv. allshn. Nd. nú.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til

2. umr. að þessari lokinni og til hv. allshn. og vil mælast til þess, ef mögulegt er að málið fái afgreiðslu, vegna þess að það er æskilegt að þeir, sem ríkisborgararéttinn eiga að fá, þurfi ekki að bíða til næsta Alþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 28 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 393, n. 681). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til athugunar og meðferðar frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 1973, um heilbrigðisþjónustu, sem er 203. mál þessa þings. N. mælir samhljóða með því á þskj. 681 að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að sérstök athugun fari fram á milli þinga á óskum þeirra sveitarfélaga, sem æskja eftir heilsugæslustöðvum, og frv. þar um verði lagt fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Till. á þskj. 681 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 26 shlj. atkv.

Aðsetursskipti, frv. (þskj. 600). — 1. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Þetta frv. til l. er flutt af allshn. að beiðni Hagstofu Íslands. Ákvæði þessa frv. er tiltölulega einfalt, miðar að því að auka svigrúm Hagstofunnar til að ljúka árlegri framfærslu þjóðskrár fyrir áramót. Gert er ráð fyrir að þeir, sem hafa í hyggju að flytja á tímabilinu frá 16. nóv. til 1. des. á ári hverju, skuli tilkynna það eigi síðar en 15. nóv., enda liggi þá fyrir hvert menn flytja. Með þessu mundi lokaátak til árlegrar framfærslu þjóðskrár geta hafist þegar um miðjan nóv. eða tveimur vikum fyrr en hingað til. Af þessu leiddi að unnt yrði að draga verulega úr yfirvinnu við framfærslu þjóðskrár í nóv. og des.

Annar ávinningur af þessari breyttu tilhögun er sá að með henni ættu vinnuóhöpp á Hagstofunni, sem alltaf eru möguleg, ekki að geta leitt til þess að þjóðskráin verði of seint tilbúin til nauðsynlegrar skattvinnslu í janúarmánuði.

Frv. felur ekki í sér neina nýja kvöð á almenning, en tilgangurinn með breyt. er sá einn að heimila að lokað verði fyrir árlega móttöku aðseturstilkynninga um miðjan nóv. í stað þess að halda henni áfram til 1. des. eins og skylt hefur verið að gera hingað til.

Það skal tekið fram að nm. hafa óbundnar hendur um afgreiðslu málsins.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Aðstoð við vangefna og fjölfatlaða, þáltill. (þskj. 539). — Ein umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill., þótt mjög sé orðið áliðið þings, þess efnis að Alþ. skori á ríkisstj. að undirbúa ráðstafanir til þess að auka hjálparstofnanir fyrir vangefna og fjölfatlaða svo og hjúkrunarrými fyrir þá sem haldnir eru þessum vanheilindum á mjög háu stigi.

Ég skal skýra frá því strax að tilefni þessarar till. er ákveðið mál sem vakin var athygli á í fjölmiðlum nú ekki alls fyrir löngu. Svo er mál með vexti, eins og hv. þm. er kunnugt, að farið var í skaðabótamál gagnvart ríkinu af hálfu konu sem fætt hafði mjög vanheilt barn sem hún hafði gengið með er hún hafði fengið rauða hunda í faraldri sem þá gekk yfir landið. Nú ætla ég alls ekki að fara að ræða rök með og móti þeim margumræddu hæstaréttardómi sem féll í þessu máli. Tilefni þess, að þessi till. er flutt, eru hins vegar þeir möguleikar sem börn, vanheil eins og þetta barn, hafa í okkar þjóðfélagi. Það hefur sem sé komið á daginn að foreldrar þessa barns hafa reynt að fá ýmiss konar fyrirgreiðslu, kennslu og umönnun við þess hæfi, en sannleikurinn er sá að fötlun þess er svo saman sett, ef svo má að orði kveða, að það virðist ekki beinlínis eiga heima á neinni stofnun sem til er í þjóðfélagi okkar. Þetta hljómar ákaflega ótrúlega og undarlega. En sagan af baráttu þessara foreldra fyrir því að fá viðeigandi umönnun og aðhlynningu fyrir barn sitt hlýtur að vekja mann til umhugsunar um að það er veruleg þörf á því að auka rými á hjálparstofnunum fyrir foreldra barna eins og þarna um ræðir.

Í raun er hér um að ræða að það vantar stórlega aðstoð við þá foreldra sem hafa vanheil börn á heimilum sínum. Það er alkunna að foreldrar leggja mikið á sig til þess að annast slík börn sjálfir. En hversu mikil umhyggja sem þeim er í té látin og hversu mikla ást sem þessir foreldrar bera til barna sinna, þá er það svo að þreki þeirra verður stundum ofboðið og þá er ekki um annað að ræða en að leita til vistheimila þeirra sem þjóðfélagið hefur að bjóða. Það er ein lausn í þessu máli sem gæti orðið verulega til að létta undir með slíku fólki, en það er að til væri staður í landinu þar sem hægt væri að vista slík vanheil börn um skamman tíma í senn til þess að létta á því álagi sem

foreldrarnir hafa af þessari umönnun og raunar heimili þeirra yfirleitt. Þó ekki væru nema nokkrir dagar í senn sem slíkt heimili gæti tekið við vanheilu barni þá mundi það í mörgum tilvikum afstýra því að foreldrar, sem annast vanheil börn sín heima, gæfust hreinlega upp. Þetta er mér vel kunnugt af upplýsingum foreldra sem svona er ástatt um, þótt að sönnu sé það ótrúlegt hve mikið erfiði þetta fólk getur á sig lagt til þess að hjálpa börnum sínum til nokkurs þroska.

Þetta var önnur hlið þessa máls. Hin hliðin er sú að það er þó nokkuð til af einstaklingum, sem eru svo geysilega fatlaðir, auk þess að vera vangefnir, að það eru ekki til hjúkrunarrými í vistheimilum vangefinna sem geta fullnægt þörfum þessa fólks. Það geta verið til einstaklingar sem bæði eru vangefnir og lamaðir, auk þess ef til vill mállausir eða heyrnarlausir eða blindir, allt saman. Þetta fólk þarf svo flókna og mikla hjúkrun að það er ekki hægt að komast hjá því að mínum dómi að sinna þörfum þessa hóps með því að auka nokkuð það rými sem til er í landinu fyrir slíkt fólk.

Ég held að þetta sé mjög aðkallandi verkefni sem af einhverjum ástæðum hefur tæpast verið vakin nægilega mikil athygli á. Ég held að ríkisstj. vilji vissulega gera allt hið besta í þessu máli, en þó sýnist mér vera fyllsta þörf á því að Alþ. veiti líka aðhald í þessu máli að þarna verði nokkuð um bætt.

Mér er alveg ljóst að það er mjög hæpið að mál þetta fái í báðum deildum algjörlega þinglega meðferð, en ég vil freista þess og óska að því verði vísað til n. og að það komist a. m. k. í gegnum þessa hv. d. ef n. sýnist svo. Alla vega tel ég tímabært að vakin sé athygli á þessum sérstaka vanda hér á Alþ. í þeirri von að hv. þm. hafi það í huga næst þegar unnt reynist að stuðla að því að möguleikar á þessu sviði verði bættir.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að umr. um málið verði frestað og því vísað til heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og trn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 460). — 1. umr.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja hvernig launakjör manna eru ákveðin hér á Íslandi. Almenna reglan er sú að stéttarfélög semji sín á milli um kaup og kjör, samtök launþega semji við samtök vinnuveitenda um það hvert skuli vera kaup og hver kjör launþega sem í þágu vinnuveitenda vinna. Launþegar hafa lögverndaðan verkfallsrétt og vinnuveitendur hafa lögverndaðan verkbannsrétt. Þó að þetta sé grundvallarreglan um það hvernig kaup og kjör séu ákveðin eru samt frá þessu mjög mikilvægar undantekningar og á það í fyrsta lagi við um opinbera starfsmenn, um starfsmenn íslenska ríkisins.

Lengst af gilti sú regla að laun opinberra starfsmanna voru ákveðin með lagasetningu á Alþ. Þessu var breytt fyrir rúmum áratug. Það mun hafa verið árið 1962 sem þáv. hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, beitti sér fyrir lagasetningu um samningsrétt opinberra starfsmanna þar sem horfið var frá þeirri reglu að Alþ. ákvæði laun opinberra starfsmanna með lögum, en samtökum opinberra starfsmanna veittur samningsréttur við vinnuveitenda sinn, ríkisvaldið. Þó var opinberum starfsmönnum ekki veittur verkfallsréttur, en það ákvæði sett í lög, sem enn gildir, að náist ekki samkomulag milli opinberra starfsmanna annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar, þá skuli sérstök stofnun, kjaradómur, kveða upp úrskurð, bindandi úrskurð um það hver skuli vera kjör opinberra starfsmanna.

Eftir að þessari stofnun hafði verið komið á fót, kjaradómi, sem nokkrum sinnum hefur fellt mikilvæga úrskurði varðandi launakjör opinberra starfsmanna, hefur honum einnig verið falið það verkefni að kveða á um launakjör tveggja starfshópa í þjóðfélaginu, að vísu fámennra, en starfshópa sem gegna mjög mikilvægum embættum, þ. e. a. s. annars vegar ráðh. og hins vegar hæstaréttardómara.

Þetta eru þær almennu reglur sem gilda um þá starfsmenn sem vinna í þágu einkafyrirtækja, samvinnufélaga og hins opinbera, að einum hópi manna undanþegnum, en það eru alþingismenn. Um alþm. hefur gilt sú regla að þeir ákvæðu laun sín sjálfir, eða réttara sagt þingnefnd, sem starfar samkv. þingsköpum, þingfararkaupsnefnd, ákveði laun þeirra og annað sem nauðsynlegt er að ákveða í því sambandi.

Fyrir 4 árum var gerð mikilvæg breyting á löggjöfinni um þingfararkaup alþm. Með þeim lögum, sem sett voru 1971, var svo kveðið á að alþm. skyldu vera í sérstökum, ákveðnum launaflokki, en þó voru ákvæði þessara laga ekki endanleg því að í 8. gr. laganna segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins er þfkn. heimilt að hækka eða lækka árslaun samkv. 1. gr. að sama skapi.“ M. ö. o.: það er þfkn., það er nefnd þm. sjálfra sem hefur úrslitaorð um það samkv. gildandi lögum hver skuli vera laun alþm. Sömuleiðis ákveður þfkn. hvernig meta skuli húsnæðiskostnað, dvalarkostnað og ferðakostnað.

Því mun ekki hafa verið hreyft fyrstu árin eftir að lagaákvæðin voru sett um kjaradóm fyrir 13 árum að eðlilegt væri að kjaradómur fjallaði um laun annarra en opinberra starfsmanna ef ágreiningur yrði milli samtaka þeirra annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar um launin. En eins og ég gat um áðan hefur kjaradómi síðar verið falið að ákveða laun ráðh. og hæstaréttardómara. Í framhaldi af því komu þær hugmyndir upp að eðlilegt væri að láta hið sama gilda um laun alþm., það væri ástæðulaust að láta þann 60 manna hóp, sem skipar Alþ., vera eina hópinn í íslensku þjóðfélagi sem kvæði í reynd sjálfur á um eigin laun, fyrst kjaradómur væri komin til skjalanna og fjallaði um laun opinberra starfsmanna ásamt launum ráðh. og hæstaréttardómara væri eðlilegt að fela honum einnig það verkefni að kveða á um laun alþm.

og önnur atriði sem náskyld eru launagreiðslum til þeirra.

Þegar verið var að undirbúa löggjöfina frá 1971 var þessi hugmynd sett fram, að eðlilegt væri að í væntanlegri lagasetningu yrði það ákvæði að kjaradómur skyldi kveða á um kaup og kjör alþm. Ég fyrir mitt leyti var því hlynntur og hefði talið það vera mjög skynsamlegt að sú ákvörðun hefði verið tekin, að sá kaleikur hefði verið tekinn frá alþm. sjálfum eða ákveðinni þn. að kveða á um sín eigin laun, heldur skyldi það gert í kjaradómi sem var þá orðinn næstum áratugsgömul stofnun og hafði til að bera mikla þekkingu og reynslu í þessum efnum. Hefði þá mátt setja almenn ákvæði um að kjaradómur skyldi ákveða laun alþm. í samræmi við þau önnur hliðstæð störf sem unnin væru af hálfu opinberra starfsmanna eða trúnaðarmanna.

Ýmsir þm. voru þessu sjónarmiði þá fylgjandi. Ég minnist þess alveg sérstaklega að hæstv. núv. landbrh. var þeirri skoðun mjög fylgjandi að þetta yrði gert. Ég nefni hann sérstaklega til vegna þess að hann tók skömmu síðar við hinu mikilvæga embætti fjmrh. En þeir voru fleiri en við tveir sem voru á þessari skoðun, að þetta hefði verið rétt að gera á sínum tíma. En það kom í ljós við undirbúning málsins að þessi afstaða átti ekki nægilegt fylgi og þá taldi a. m. k. ég fyrir mitt leyti ekki rétt að bera fram till. um þetta efni til þess að verða ekki til þess að rjúfa þá samstöðu sem orðin var í þeirri n. sem undirbjó það frv. sem síðan var samþ. með shlj. atkv. á hinu háa Alþ. Ég tel hins vegar þau ár, sem liðið hafa síðan, og umr., sem fram hafa farið um þetta mál síðan, hafa staðfest að það hefði verið heppilegra fyrir Alþ. og alþm., að ákvæðin hefðu orðið þessi, að kjaradómur tæki ákvörðun um kaupið og kjörin, en ekki alþm. sjálfir í reynd. Það er þess vegna sem ég hef leyft mér að flytja þetta frv. ásamt hv. 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram.

Þegar þetta mál var undirbúið og í umr. í sambandi við það bar annað mál á góma, í raun og veru launamálinu náskylt, og það var spurningin um það hvort miða eigi launakjör og starfsaðstöðu alþm. yfirleitt við það að þeir gegni einvörðungu þingmannsstörfum eða hvort eðlilegt sé að þeir geti einnig gegnt öðrum störfum í þjóðfélaginu. Um þetta var mikill ágreiningur og fóru fram miklar umr. um hvort eðlilegt væri að þm. yrðu atvinnustjórnmálamenn — og þá væntanlega ekki aðeins þm. einir, heldur einnig þeir sem kepptu eftir þingmennsku. Þessu sjónarmiði var mjög fast haldið fram af þáv. formanni þingflokks Framsfl. og síðar forseta Sþ., Eysteini Jónssyni. Þessu sjónarmiði var hins vegar fastast andmælt og með mestum og að mínu viti gleggstum rökum af hálfu þáv. forsrh., Bjarna Benediktssonar. Ég tók ekki þátt í þeim umr. sem um þetta fóru fram og voru itarlegar, en mér er engin launung á því að það var þá mín skoðun og er enn ákveðnari skoðun mín nú að það væri mjög óeðlilegt að miða störf Alþ. og alla skipun þess, þ. á m. launakjör, við það að menn sinntu ekki öðrum störfum en þeim að vera alþm. eða hefðu ekki annað starf en að keppa að því að verða alþm. Ég tel vera mjög óheppilegt ef hér skapaðist starfsstétt stjórnmálamanna, hvort sem þeir hefðu náð þeim árangri að ná kjöri á Alþ. eða ekki. Ég tel að það mundi vera hættulegt spor aftur á bak ef það færi ekki lengur saman að maður gæti verið alþm. og bóndi, að maður gæti verið alþm. og skipstjóri og maður gæti verið alþm. og kaupmaður, alþm. og kennari og þar fram eftir götunum. Ég tel að það, sem við megum einna síst við að missa nú, séu tengsl milli þeirra manna, sem starfa að stjórnmálum á Alþ. eða í sambandi við þá baráttu sem kostar að verða kjörinn til Alþ., annars vegar og milli hins, að taka þátt í störfum í atvinnulífinu hvort sem það er einkarekstur eða annar rekstur eða að vera einhvers konar opinber starfsmaður. Ég hygg satt að segja að aðskilnaðurinn á milli stjórnmálamanna annars vegar og starfandi fólks í landinu hins vegar sé orðinn meiri en góðu hófi gegnir og eigi ekki á að bæta, heldur eigi þvert á móti að stuðla að því í ríkara mæli en tilhneiging hefur verið til á síðustu árum að menn helguðu sig ekki eingöngu eða svo að segja eingöngu stjórnmálum og tengsl losnuðu á milli stjórnmálamanna annars vegar og þeirra, sem vinna nauðsynleg störf í atvinnulífi eða inna af hendi nauðsynlega opinbera þjónustu, hins vegar.

Vegna þess, hve þetta mál bar mikið á góma í sambandi við umr. um þau lög sem við hv. þm. Ellert B. Schram leggjum til að breytt verði, vildi ég láta þessa skoðun mína persónulega koma fram, ásamt þeirri skoðun að ég tel óeðlilegt að það sé til einn, að vísu mjög mikilvægur, starfshópur í landinu, en aðeins einn sem hefur sjálfdæmi um eigin launakjör. Þetta eru meginrökin fyrir því að þetta einfalda frv. er fram borið, en efni þess er 3 línur í 1. gr. sem hljóða þannig: „Launakjör alþm., að meðtöldum húsnæðiskostnaði, dvalarkostnaði og ferðakostnaði, skulu ákveðin af Kjaradómi að fengnum till. þfkn.“ Í þessu felst enginn dómur um það að í lögunum sjálfum eða ákvörðunum þfkn. felist það að alþm. hafi verið ákveðin of há laun eða gert hafi verið ráð fyrir óeðlilegum reglum í sambandi við húsnæðiskostnað, dvalarkostnað og ferðakostnað. Um slík mál felli ég engan dóm og ræði ekki. Það er ekki efni málsins hvort núgildandi laun eða núgildandi kjör í heild séu óeðlilega há eða óeðlilega lág. Fyrir mér og okkur flm. báðum vakir það grundvallaratriði að alþm. eigi ekki að vera eini hópurinn í þjóðfélaginu sem ákveður eigin kjör, heldur sé eðlilegt að sú stofnun, sem er orðin meira en áratugsgömul, inni þetta verk af höndum, ekki hvað síst af því að hún ákveður kaup og kjör annarra starfshópa sem einna helst má telja hliðstæða alþm., þ. e. a. s. ráðh. og hæstaréttardómara. Mér finnst satt að segja — og það skulu vera síðustu orð mín — að alþm. ættu að vera fegnir því að sá kaleikur sé frá þeim tekinn að þurfa að taka ákvarðanir um jafnviðkvæmt mál og laun þeirra sjálfra hljóta að vera í augum þeirra sjálfra og í augum alþjóðar. Það segja ýmsir, hæstv. forseti Nd. sagði það í ágætri ræðu áðan, að svo virtist komið að nokkuð skorti á að nægilegur trúnaður væri á milli almennings í landinu annars vegar og þm. eða stjórnmálamannanna yfirleitt hins vegar. Ég tel að samþykkt þessa frv. mundi vera mjög vel til þess fallin að auka

trúnað almennings á Alþ. og alþm., á stjórnmálamönnum yfir höfuð að tala. Ég held að sú breyting, sem felst í þessu frv, mundi bæta andrúmsloftið milli alþm. og stjórnmálamanna yfir höfuð að tala og alls almennings í landinu.

Að svo mæltu leyfi ég mér, hæstv. forseti, að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Umr. frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 117, n. 497). — 2. umr.

Frsm. (Karvel Pálmason): Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er á þskj. 117 og er efnislega um að breyta núv. 11. gr. almannatryggingalaga í þá átt að þeir, sem stundað hafa sjómennsku að ævistarfi og stundað hana í 35 ár eða lengur frá 16—67 ára, fái hærri ellilífeyri en hin almenna regla gildir um. Einnig er hér um að ræða breyt. í þá átt að ellilífeyrir til ekkna verði miðaður við 60 ára aldur og þeir, sem hafa stundað sjómennsku í 40 ár sem aðalstarf, fái tvöfaldan ellilífeyri.

Heilbr.- og trn. hefur rætt þetta mál, sendi það til umsagnar þriggja aðila, þ. e. til Landssambands ísl. útvegsmanna, Tryggingastofnunar ríkisins og Sjómannasambands Íslands. Umsagnir bárust frá tveimur þessara aðila, þ. e. a. s. frá Landssambandi ísl. útvegsmanna og Tryggingastofnuninni. En það sem vekur a. m. k. furðu mína er að Sjómannasamband Íslands skuli ekki skila umsögn að beiðni um mál sem er þessa eðlis. Mér finnst það vera athyglisvert þegar leitað er til stéttarsamtaka, heildarsamtaka sjómanna, eins og Sjómannasamband Íslands er, og leitað umsagnar þess um mál sem varðar mjög mikið sjómannastéttina, að þá skuli það ekki láta í té umsögn um málið. Mér þykir það miður og vænti þess að það verði ekki lengi svo að sjómannasamtökin eða önnur heildarsamtök launafólks í landinu virði að vettugi beiðni sem kemur frá Alþ. um umsögn um hin einstöku mál.

Landssamband ísl. útvegsmanna sendi jákvæða umsögn um málið. Að vísu tók það fram að það teldi að athuga bæri hvort réttlætanlegt væri að hafa tvöfaldan ellilífeyri með aðeins fimm ára bili, þ. e. a. s. að þeir, sem væru með 35 ár, hefðu einfaldan, en þeir, sem væru með 40 ára starfstíma sem sjómenn, fengju tvöfaldan. Þetta er vissulega athugunarefni.

Í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins var bent á ýmislegt sem hún taldi að þyrfti frekari umræðu og athugunar við til samræmingar við aðrar bætur sem til greina koma í þessu efni.

Heilbr.- og trn. er um það sammála, eins og fram kemur á þskj. 497, að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að málið fái þar frekari athugun sem leiði til jákvæðrar niðurstöðu þess. Ég tel að með þessari afgreiðslu heilbr.- og trn. sé hún búin að tjá vilja sinn til málsins, en það sé þess eðlis að það þurfi frekari athugunar við og því verði þannig vísað til ríkisstj.

Nú er orðið mjög áliðið þessa þings. Ég vænti þess að þar sem ekki er ágreiningur um þetta mál fái það afgreiðslu þó að fáir dagar séu eftir til þingloka, og vænti ég þess að það geti orðið niðurstaða, sem heilbr.- og trn. leggur til, og við getum þá vænst þess að fá málið frá ríkisstj. í frv.-formi, sem sé í átt til þess sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en vænti þess að málið fái afgreiðslu eins og hér er lagt til áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Till. á þskj. 497 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 30 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 564). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Hæstv. forseti. Í gildandi lögum er veitt heimild til þess fyrir húsnæðismálastjórn að veita lán út á notaðar íbúðir eða íbúðir sem eru ekki nýjar. Þó má hámark þeirra lána ekki vera meira en 80 millj. kr. á ári. Þessi upphæð hefur staðið óbreytt í fáein ár og er nú brýn þörf á að breyta henni. Eftirspurn og þörf er mikil til þess að greiða betur en nú er unnt fyrir því að menn geti keypt og fengið lán út á slíkar íbúðir. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að hækka þessa fjárhæð úr 80 millj. kr. upp í 160 millj. Frv. var lagt fyrir hv. Ed. og samþ. þar. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til félmn. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 86. fundur.

Þriðjudaginn 13. maí, kl. 0.15 árdegis.

Þjóðminjalög, frv. (þskj. 492). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Þörungavinnsla við Breiðafjörð, frv. (þskj. 549). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 704).

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, frv. (þskj. 545). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 705).

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 546). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 706).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 119). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vegalög, frv. (þskj. 361, n. 631, 537, 650, 651). — Frh. 2. umr.

Pálmi Jónsson: Hæstv. forseti. Á þskj. 650 hef ég leyft mér að bera fram nokkrar brtt. við frv. það til l. um breyt. á vegal., sem hér liggur fyrir til umr. Þessar brtt. hafa tvíþættan tilgang. Í fyrsta lagi eru tvær fyrstu brtt. fluttar til þess að kveða skýrt á um það að sýslunefndir hafi umráð yfir sýsluvegasjóðum og ótvíræðan ráðstöfunarrétt á fé sýsluvegasjóða. Þetta er formað í brtt. á þann hátt að við 8. gr. l. bætist orðalag, þannig að hún hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegagerð ríkisins er veghaldari allra opinberra vega samkv. l. þessum, nema sýslunefndir ákveði annað um sýsluvegi.“

Þetta þýðir að sýslunefndir geti ákveðið að þær annist vegahald sýsluveganna ef þær sjálfar kjósa.

B-liður þessarar till. er einungis til samræmis við þetta orðalag.

2. brtt. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Sýslunefndir semja, í samráði við Vegagerð ríkisins, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi til 4 ára í senn.“

Eins og lögin eru nú er það á þá lund að Vegagerð ríkisins semur framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegasjóði til 4 ára í senn, en með þessari breyt. er stefnt að því að sýslunefndir hafi þetta ótvírætt í sínum höndum og hafi úrslitavald enda þótt Vegagerð ríkisins og hennar sérfræðingar verði þarna vitaskuld til aðstoðar.

Segja má að þessi fyrri hluti brtt. sé um minni háttar atriði og einungis til þess fluttur að kveða ótvírætt á um það að sýslunefndir hafi full tök á meðferð sýsluvegafjárins. Seinni hluti þessara tillagna er um nokkru veigameiri atriði, en þar er fjallað um tekjustofna sýsluvegasjóða.

Það er alkunna að á síðasta Alþ. voru afgreidd lög er höfðu þann tilgang að stofna eigi færri en 5 kaupstaði úr kauptúnahreppum. Ég hygg að það fari ekki á milli mála að a. m. k. ein meginorsök þess að horfið var að þessari skipan, að stofna þessa 5 nýju kaupstaði, sé sú að þorp og kauptúnahreppar greiða sýsluvegasjóðsgjald að hálfu til móts við það sem sveitahreppar greiða. Þetta hefur sumum þéttbýlisstöðum blætt í augum vegna þess að þorpin geta lögum samkv. ekki fengið fé úr sýsluvegasjóði til framkvæmda innan sinna umdæma. Ég held að þetta sé a. m. k. ein meginorsök þess að horfið hefur verið að því að stofna til þessara kaupstaða með lögum frá Alþingi.

Ég lýsti því á síðasta Alþ., þegar eitt slíkt frv. var á ferðinni, að mér þætti það ekki frambærileg ástæða og í rauninni næði ekki nokkurri átt að láta slík formsatriði sem þetta verða til þess að sundra lögsagnarumdæmum landsins í vaxandi mæli. Þess vegna þyrfti að breyta þessu á þann veg að þessi þróun héldi ekki áfram af þessum orsökum.

Þær till., sem hér eru fluttar, eru til þess ætlaðar að hér verði breyting á.

Á síðasta ári, 1974, var greitt þéttbýlisvegasjóðsgjald 236 kr. á íbúa í kauptúnahreppum. Ef þetta gjald er fellt niður, eins og 3. brtt. mín fjallar um, þá er augljóst að sýsluvegasjóðirnir missa þarna talsvert fé. Þess vegna fjallar 4. brtt. um það að Vegasjóður skuli bæta sýsluvegasjóðunum þetta upp með því að ekki skuli eins og nú er veita af tekjum vegamála til sýsluvega tvöfalda fjárhæð heildarálagðra sýsluvegasjóðsgjalda um land allt, heldur þrefalda. Með þessum hætti eru sýsluvegasjóðunum tryggðar nokkurn veginn sambærilegar tekjur úr Vegasjóði til viðbótar því sem Vegasjóður leggur nú af mörkum á móti því fé sem kauptúnahrepparnir hafa lagt sýsluvegasjóðunum til fram að þessu. Til þess að Vegasjóður standi nokkurn veginn jafnréttur til þess að annast þetta hef ég í 5. brtt. lagt til að af tekjum vegamála verði veitt þéttbýlisvegafé 12% í stað 12.5% eins og gildandi lög gera ráð fyrir. Þar með er lækkað þéttbýlisvegaféð um 0,5%, og er nokkurn veginn vissa fyrir því að þéttbýlissveitarfélögin standa a. m. k. jafnrétt eftir sem áður, vegna þess að þau þurfa ekki lengur að leggja sýsluvegasjóðunum til sýsluvegasjóðsgjald.

Ég held að það sé ekki ástæða til á þessum kvöldfundi að fara út í þessar brtt. með mörgum fleiri orðum. Ég vil aðeins ítreka það að fyrstu tvær brtt. eru samhangandi og ef önnur þeirra er samþ., þá dugir illa að fella hina. Þrjár síðustu brtt. eru einnig samhangandi út af fyrir sig þannig að samþykkt einnar þeirrar hlýtur að hafa í för með sér samþykkt þeirra allra.

Ég vænti þess að hv. d. sjái sér fært að samþ. þessar breyt. sem hér eru lagðar til og vænti að með því yrði stigið spor annars vegar til þess að tryggja sjálfstæði sýsluvegasjóðanna og full tök heimamanna yfir þeim og á hinn bóginn breyting á fjáröflunarleiðum sýslnvegasjóða sem hafa þann tilgang að þeirri fjáröflun, sem nú er í gildi og hefur reynst verða til þess að kljúfa lögsagnarumdæmin, verði þannig breytt að sú braut verði ekki farin í jafnríkum mæli hér eftir sem hingað til. Held ég a. m. k. að ýmsir gætu orðið sammála um það að þá væri vel farið.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins við þessar umr. taka það fram varðandi þær brtt., sem þegar hafa verið bornar fram, að ég er efnislega á ýmsan hátt samþykkur þeim sumum.

Vil ég gjarnan fyrst víkja að þeirri brtt. sem hv. 5. þm. Vestf. er 1. flm. að. En þar er lagt til að í stað 25% af 12.5% verði prósentin 33.3% eða þriðjungur af þessu gjaldi. Ég tel hins vegar að það hafi tekist að ná samkomulagi um að 25% yrðu undanskilin skiptingu eftir höfðatölureglu. Og ég óttast það að ef aftur verður farið af stað með breyt. hér í Nd. og það verði aftur látið fara til Ed., þá kunni þetta mál að springa þar og þess vegna náum við ekki þeim áfanga sem virðist vera innan seilingar þótt ég vilji ekki fullyrða neitt um hvernig atkvgr. fellur í þessari hv. d. Ég er hins vegar alveg samþykkur síðasta málslið í brtt. þeirra, þar sem kveðið er á um að forgangur skuli viðhafður eftir þörf og eftir því hversu mikið hefur verið framkvæmt.

Í ljósi þess, sem fram kemur í þessum brtt. og brtt. þeim sem hv. þm. Pálmi Jónsson lýsti hér áðan, verð ég að segja að þrátt fyrir það að ég sjái margt athyglisvert við till. hans, þá held ég að það verði ekki ráðrúm til þess á þeim fáu dögum, sem eftir eru, til þess að gera verulegar breyt. á vegal. aðrar en þær sem þegar liggja fyrir í frv. til breyt. á lögunum.

Hv. þm. Pálmi Jónsson var með till. um breyt. á prósentugjaldinu til þéttbýlisfjárins niður í 12%. Það kann rétt að vera að það geri hlut sveitarfélaganna, sem eru með þéttbýli umfram 200 íbúa, ekki lakari en hann er núna og ég gæti ímyndað mér að þetta væri rétt. Hins vegar þyrfti þetta að liggja nokkuð glöggt fyrir. Ég held að í ljósi þess að það hafa komið hér fram yfirlýsingar um að það sé nauðsynlegt að opna vegalögin, helst strax á næsta hausti, þá sé ástæða til að taka bæði þessar brtt. og aðrar til rækilegrar meðferðar þegar vegal. verður breytt.

Það hafa orðið miklar deilur um þessa svokölluðu höfðatölureglu og hafa komið deilur upp um það hvort einhver væri að taka frá öðrum, hvort það væri verið að níðast á einu eða öðru sveitarfélagi til þess að koma fram því sem hefur verið kallað óeðlileg fyrirgreiðsla til annarra sveitarfélaga. Ég viðurkenni út af fyrir sig að þótt aukið fé verði tekið undan höfðatölureglunni, þá er út af fyrir sig ekki tryggt að þessu fé verði varið í ýmis dreifbýlissveitarfélög lögum skv., en ég held að það fallist allir á að tilgangurinn sé sá að hafa möguleika á hraðari framkvæmdum þar sem þær hafa verið litlar. Sem dæmi um það hversu ójafnt þetta hefur verkað til viðbótar við það, sem hv. ræðumenn upplýstu hér fyrr í kvöld, þá blasir það við að þetta fé hefur ekki orðið að raunverulegu framkvæmdafé í hinum smærri sveitarfélögum. Ef við tökum sveitarfélag, sem hefur 400—500 íbúa, og ætlum að athuga að hvaða gagni þetta kæmi þegar þessi sveitarfélög hugsa sér til hreyfings og framkvæma einn áfanga og taka til þess lán upp á svona 10 millj. kr. til þess að ná einhverjum markverðum áfanga, þá ætti vaxtabyrði af þessu að vera a. m. k. 1.5 millj., árleg vaxtabyrði, en framlagið úr þéttbýlissjóðnum yrði um hálf millj. eða u. þ. b. þriðjungur af vaxtabyrði vegna viðkomandi framkvæmda. Ég hygg að þetta skýri nokkuð vel við hvað er þarna að eiga. En ég vildi segja það að ef prósentan verður hækkuð sem ekki kemur til skipta eftir höfðatölureglu, þá skil ég það svo að henni verði varið til samhangandi verkefna, ekki svo sem fram kom í ræðu hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur til gegnumgangandi vega í þéttbýli, heldur líka til þeirra sveitarfélaga sem hafa sameinast um ákveðin verkefni og að það verði metið hverju sinni af vegamálastjóra, Vegamálaskrifstofunni og fjvn.

Ég hafði raunar látið mér detta í hug að með breyt. á vegal. væri hægt að taka upp enn nýja reglu. Við erum að tala um átak í vegamálum. Ég held að við þurfum líka að líta til þess átaks sem þarf að gera í þessum þorpum, og mér hefði ekki þótt úr leið að setja upp nýja prósentu sem kæmi öll til skipta eftir höfðatölureglu annars vegar og svo aðra prósentu þá sem yrði varið eingöngu eftir þörf og framkvæmdastigi og að þetta fé yrði aukið lítillega frá því sem nú er í lögum. Ef við létum okkur detta í hug að taka sem næst 75% af þessum 12.5%, þá hefði það þýtt á þessu ári að til skipta skv. höfðatölureglu, miðað við sömu upphæðir og talað hefur verið um, koma um 210 millj. Ef við hefðum miðað við að auka þessi 12½% upp í 15%, þá kæmu 6% af vegafé til skipta skv. verkefnaframkvæmdum. Og þá hefðum við fengið til þessara verkefna u. þ. b. 135 millj., sem væri veruleg hækkun frá því sem nú er skv. 25% reglunni. Ef menn gætu fallist á einhverja slíka hugmynd mætti segja að ekki væri verið að taka neitt frá neinum innbyrðis í þéttbýlissveitarfélögunum, ef næðist samkomulag um að þetta yrði nokkurn veginn 75% af þeirri prósentu sem nú er veitt til þessara mála.

Ég ætla ekki á þessum næturfundi að gera að umræðuefni þau ummæli og þær umræður sem áttu sér stað á Alþ. við 1. umr. þessa máls. Það voru margar undarlegar ræður fluttar þá þar sem rætt var um stuðning þéttbýlisins við dreifbýlið. Ég ætla að sleppa því að þessu sinni að ræða um það, nema þær umr. verði af öðrum teknar upp og tilefni gefist til.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Gumundi H. Garðarssyni, Eyjólfi K. Jónssyni, Gils Guðmundssyni, Sverri Bergmann og Gylfa Þ. Gíslasyni. Brtt. er við 11. gr. frv. og er þess

efnis að í stað orðanna „25%“ komi „10%“, þ. e. a. s. að þessi hundraðshluti verði færður til hins fyrra horfs. Ég ræddi þetta atriði nokkuð við 1. umr. hér í d. fyrir nokkru og boðaði þá þessa brtt. ef n. sú, sem fékk þetta mál til meðferðar, tæki ekki þessa till. upp. Það hefur hún ekki gert og þess vegna flytjum við brtt. Um rök fyrir henni get ég vísað til þess sem ég áður hef sagt, en ég vil nefna það að með því að færa þetta framlag í 25% er verið að breyta tekjustofni sem sveitarfélögin hafa reiknað með og raunverulega er verið að skerða tekjur allra þéttbýlissveitarfélaganna, það er verið að skerða tekjur þeirra allra í raun.

Það er látið í það skína að hér sé um réttlætismál að ræða fyrir fámenna kaupstaði og kauptún, eins og segir í grg. með frv., en þar segir, þegar rökstutt er hvers vegna farið er upp í 25%, að þetta sé lagt til til þess að auðvelda fámennum kaupstöðum og kauptúnum að flýta gerð þéttbýlisvega með bundnu slitlagi o. s. frv. Í frv. heitir þetta hins vegar annað, þ. e. „til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfanga“ o. s. frv. Hér er ekki talað um fámenna staði, eins og talað er um í grg. Þetta fé, hvort sem um er að ræða 10% eða 25% sjóð, á að nota að mínu áliti þar sem umferðin er mest. Það er sá þáttur sem vegur mest í mati á því hvar eigi að ráðast í vegaframkvæmdir þótt að sjálfsögðu komi þar til fleiri þættir. Skv. þessu sýnist mér það á misskilningi byggt að hér sé verið að bæta hag hinna fámennari sveitarfélaga almennt. Hins vegar er ljóst, eins og ég áður sagði, að hlutur allra er rýrður nema þeirra örfáu sem framlaga mundu njóta úr þessum sjóði á ári hverju. Hér er um það litla fjárhæð að ræða að skammt dregur þegar hafðar eru í huga þær mörgu framkvæmdir sem vinna þarf að. 10% sjóðurinn gefur 28.5 millj. kr., en 25% 71.2 millj. Mismunur er því 42.7 millj. og gefur auga leið að sú upphæð getur ekki komið að skynsamlegu gagni ef skipta á henni milli margra. Hins vegar er, eins og ég áðan sagði, dregið af öllum þannig að raunverulega fær hver þéttbýlisstaður 20% minna í sinn hlut ef brtt. okkar verður ekki samþ.

Ég nefndi hér við 1. umr. hverju hér munar í tölum talið og ég skal endurtaka það að nokkru leyti. Miðað við 10% sjóðinn yrði framlag á hvern íbúa 1 335 kr. rúmar, en miðað við 25% yrði framlag á hvern íbúa 1 112 kr. rúmlega. Í sveitarfélagi, sem telur 1000 íbúa, er því um að ræða rýrnun tekna sem nemur 223 þús. kr., þ. e. 10% sjóðurinn gefur hverju sveitarfélagi 20% meira, eins og ég sagði áðan, ef till. okkar verður samþ. Það breytir hér engu um þótt Alþ. fái nú að ráðstafa þessu fé í gegnum fjvn., en áður var þetta í höndum ráðh. eins. Mér finnst það í sjálfu sér ekki nema eðlilegt að Alþ. fari ekki að afsala sér fjárveitingavaldinu alfarið í hendur ráðh., eins og raunar verið hefur, þegar um er að ræða slíka hækkun sem lagt er til í frv. eins og það er komið frá Ed.

Hæstv. samgrh. tók fram við 1. umr. að vegamálastjóri mundi ekki misnota það vald sem honum er hér fengið. Mér hefur aldrei dottið í hug að vegamálastjóri mundi gera það. En fé er bara það lítið að það dugir ekki nema á örfáa staði, eins og ég áðan sagði. Hæstv. ráðh. nefndi einnig að hækkun þessa sérstaka framlags væri alveg í samræmi við hans hugsun þar sem hann væri andvígur höfðatölureglunni sem farið er hér eftir. En þetta bætir bara ekki úr ágöllum þeirrar viðmiðunar vegna þess að úthlutun fjárins verður háð mati og því er ég andvígur. Ég tel skynsamlegast að hafa þetta eftir föstum reglum þótt ég sé alls ekki að segja með því að sú regla, sem nú gildir, þ. e. höfðatölureglan, sé hin eina rétta. Þvert á móti hef ég bent á það áður að það þurfi að taka upp nýja viðmiðunarreglu, þótt ég geri það ekki að till. minni núna, og þar eigi að vega mest umferðarþunginn.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar hér og mun ekki við þessa umr. ræða um aðrar þær brtt. sem hér hafa verið fluttar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er nú ekki ýkjamargt sem ég ætla að gera hér að umræðuefni af því sem fram hefur komið. Það eru aðeins örfá atriði og það er þá í fyrsta lagi það sem hv. 9. landsk. kom inn á í dag.

Ég hugsa að hv. þm. hafi eitthvað misreiknað sig þegar hann sagði að ef sú till., sem hann ásamt þremur öðrum hv. þm. stæði að, yrði felld, þá mundi hann flytja brtt. við 3. umr. um að 25% gjaldinu yrði ráðstafað í aðrar framkvæmdir en þjóðvegi gegnum þéttbýli. Er þetta ekki rétt skilið? (**SigurlB:** Nei, nei alveg öfugt.) Á bara að ráðstafa 25% í þjóðvegi gegnum þéttbýli? (**SigurlB:** Fyrst og fremst.) Fyrst og fremst í það. Ef það er rétt, þá get ég ómögulega skilið að sú brtt. komi í staðinn fyrir þá sem við erum hér að tala um í sambandi við breyt. á 32. gr. (Gripið fram í.) Ekki ég, hv. þm. líka. (Gripið fram í.) Við erum hér að skera úr. (**Forseti:** Þótt næturfundur sé vil ég biðja þm. að forðast sem mest samtal í d.) Það eru svo fáir að það gerir ekkert til.

Ég held að það sé alveg ljóst að með þessari brtt. okkar erum við að fara fram á að það verði veitt meira fé en þessi 25% regla kæmi til með að gefa. Og því fé yrði ekki ráðstafað eftir höfðatölureglunni nema að 2/3. 1/3 yrði ráðstafað eins og hv. síðasti ræðumaður var að tala um, eftir þörf. Mér kemur því á óvart ef hv. 9. landsk. getur lýst ánægju með það að að okkar brtt. felldri yrði bara staðið við 25%, því að eins og vegal. nú eru, þ. e. a. s. 32. gr., þá er heimilt að ráðstafa af þéttbýlisvegafé til sérstakra framkvæmda eftir að lokið er gerð þjóðvega í gegnum þéttbýli, þannig að það þarf enga breyt. þar á. Ég lýsti því í dag og sami skilningur kom fram hjá hv. 4. þm. Vestf. að við virðumst skilja þessa breyt., þ. e. a. s. aukninguna í 25%, á þann veg að það sé einnig heimilt að nýta það fjármagn til annarra framkvæmda en þjóðvegaframkvæmda, ef það sýnist hagkvæmt, og tengja saman framkvæmdir þannig. Þannig skil ég þessa breytingu. Þangað til annað kemur fram vil ég meina að þessi breyt. kæmi til með að fela það í sér að það væri hægt að ráðstafa meiru fé til annarra verkefna en þjóðvegagerðar gegnum þéttbýli.

Hins vegar kom mér á óvart sú afstaða sem hv. 4. þm. Vestf. tók í þessu máli. Ég minnist þess þegar umr. voru um þetta hér á s. l. sumri að þá tók hann einnig til máls og það, sem hann taldi ábótavant við þá brtt. sem ég ásamt fleirum hv. þm. stóð að, að finna tekjustofn til þessara framkvæmda, var að hann taldi að það væri ekki nægilega tryggt til hverra framkvæmda þessu fé yrði ráðstafað, það þyrfti að fá betri tryggingu þar um. Og hann rökstuddi sitt mál með því í lokin að hann mundi ekki styðja þetta m. a. vegna þessa, en stuðla að því að þetta mál yrði tekið föstum, ákveðnum tökum og séð fyrir fjármagni af hálfu Alþ. á næsta ári. Þetta er sagt 1974, það er þá á árinu 1975. Það kemur mér því heldur spánskt fyrir sjónir að hv. þm. skuli ekki treysta sér til þess að standa með þessari brtt. Að vísu tók hann líka fram að hann teldi að með því væri málinu stefnt í hættu, ef það ætti að fara milli deilda. Ég sé ekki að það sé nein hætta á ferðinni með það. Annað eins hefur nú gerst og annað eins á líklega eftir að gerast áður en þingi lýkur, að mál fari milli deilda. Og enginn talar um að því sé stefnt í hættu bara þess vegna. Hér er fyrst og fremst um það spurning, hvort menn eru velviljaðir þessu máli, þessari breyt., eða ekki.

Ég heyrði ekki betur en hv. 4. þm. Vestf. væri efnislega sambykkur þessari breytingu, enda getur ekki annað verið vegna þess að hér á í hlut maður sem verið hefur í forsvari og forustusveit fyrir sveitarstjórnarmálum um árabil. Það kemur mér því ekki á óvart þó hann lýsi sig sammála megniefni eða tilgangi till. þó að hann á þessu stigi telji kannske hæpið að hann geti greitt henni atkv. Ég er ekki trúaður á það, hvað sem menn um það segja, að vegalög verði opnuð aftur á hausti komanda. Í mínum huga er það spurningin hvort þessi breyt. fæst nú, fáist hún ekki nú megi a. m. k. reikna með því að það þurfi að bíða nokkurn tíma eftir því að vegalög verði aftur opnuð, þannig að það mál verður þá óbreytt um nokkurn tíma.

Varðandi það, sem hv. 5. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson sagði áðan, að hér væri verið að breyta tekjustofni sem sveitarfélög hefðu reiknað með, er það að segja að það var orðið um það samkomulag á síðasta þingi, þ. e. a. s. vorið 1974, að hækka þessa prósentu úr 10% í 25%, þannig að það er um enga breyt. þar að ræða. Sveitarfélög hefðu samkv. því samkomulagi getað reiknað með því að þessi breyt. yrði gerð þegar þingmeirihluti skapaðist fyrir að framfylgja því sem orðið var samkomulag um. Auk þess sé ég ekki betur en öll bæjar- eða sveitarfélög verði að endurskoða tekjuáætlanir sínar með hliðsjón af ástandi sem ríkir. Ég sé því ekki að það séu nein rök sem mæla með því að þessu megi ekki breyta vegna þess að sveitarfélög hafi reiknað með þessum tekjustofni til sín.

Þá sagði hv. 5. þm. Reykn. að það væri látið í það skína að hér væri um að ræða réttarbót hinna fámennu kauptúna. Ég vil meina að það sé meira en látið í það skína, að mínu áliti er það beinlínis tilgangurinn með þessari breyt. að hin fámennari sveitarfélög fái meira í sinn hlut en áður. Þess vegna koma mér ákaflega einkennilega fyrir sjónir þeir útreikningar eða a. m. k. uppsetningin á þeim útreikningum sem hv. 5. þm. Reykn. setti hér upp, þ. e. a. s. 10% sjóðurinn gefur hverju sveitarfélagi 20% meira, segir hann, heldur en 25% sjóðurinn. (**ÓE**: Já.) Og það er rétt, segir hann. Hvert fer mismunurinn? Hvaða sveitarfélög fá mismuninn á því að 10% gjaldið yrði greitt eða 25%? Er hann inni í þessu? (**Gripið fram í**: Það er það sem enginn veit.) Nei, hann er ekki inni í þessu. Hv. þm. þarf því að endurskoða útreikninga sína. Einhvers staðar hljóta þessi 15% að koma niður. Það er hins vegar rétt að það eru meiri líkur fyrir að það komi ekki á Reykjaneskjördæmi eða Reykjavík heldur en var áður. Það er mergurinn málsins og þess vegna hefur þessi hv. þm. andófi gegn málinu. Það er það sem um er að ræða, það er verið að breyta, eins og hann réttilega gat um. Breytingin er byggð á því að rétta hlut hinna fámennari staða, það er staðreynd málsins, enda las hann það upp úr grg. frv. Ég geri ekki ráð fyrir að þeir, sem frv. sömdu, hafi verið að meina annað í grg. en frv. á að túlka. (**Gripið fram í**: Það ber ekki saman grg. og lagagrein.) Það hefur engin skýring fengist á því hvort á þá að gilda.

Nei, allt andóf gegn þessari breyt., hvaðan sem það kemur, það er andóf gegn því að það verði tekin upp réttlátari skipting á þéttbýlisvegafénu. Það er það sem um er að ræða. Og það verða mér mikil vonbrigði ef nokkur þm., sem telur sig málsvara og fulltrúa hinna fámennari bæjar- og sveitarfélaga dreifbýliskjördæma, ef nokkur þm. í þeirri stöðu greiðir atkv. gegn brtt. þeirri sem við flytjum á þskj. 537. Þeir, sem greiða atkv. gegn slíkri leiðréttingu, hafa ekki meint mikið með því sem þeir hafa sagt á undanförnum árum að því er varðar að fá leiðréttingu á úthlutunarreglum. Spurningin er um það hvort menn vilja á borði gera þá breyt. til leiðréttingar sem þeir hafa haft á orði að undanförnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 77. fundur.

Þriðjudaginn 13. maí kl. 2 miðdegis.

Yfirvinna og aukagreiðslur í opinberum rekstri, fsp. (þskj. 287). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 287 hef ég leyft mér að flytja fsp. til hæstv. fjmrh. um yfirvinnu og aukagreiðslur í opinberum rekstri. Fsp. hljóðar svo:

„Hve hárri upphæð námu yfirvinnugreiðslur á árinu 1974: a) hjá fjmrn. og stofnunum þess, b) hjá menntmrn. og stofnunum þess, c) hjá samgrn. og stofunum þess, d) hjá iðnrn. og stofnunum þess, e) hjá heilbr.- og trmrn. og stofnunum þess?

Hverjar voru heildaryfirvinnugreiðslur ríkissjóðs á árinu 1973?“

Þessi fsp. var flutt fyrir u. þ. b. tveimur mánuðum og eru nú kannske ekki alveg sömu forsendur og þá voru til slíkrar fsp. því að ýmislegt hefur upplýst síðan. En það er vitað mál að á undanförnum árum hefur ríkisbáknið hlaðið mjög utan á sig og nú þegar mikið er talað

um sparnað, þegar mikið er talað um samdrátt og niðurskurð á framkvæmdum hins opinbera, þá finnst mér ekki ófróðlegt að við fáum hugmynd um hvernig varið er launagreiðslum ríkisins. Þessi fsp. er flutt til að beina athygli að því hvort nokkurs staðar sé mögulegt að spara, ekki aðeins í framkvæmdum ríkisins, heldur einnig í rekstri.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Spurt var um yfirvinnugreiðslur á umráðasviðum 5 tiltekinna rn. á árinu 1974. Ég hef látið taka saman yfirlit um greiðslur þessar í öllum rn. og er nú verið að leggja á borð hv. þm. grg. þar að lútandi. Ég sé því ekki ástæðu til þess að eyða tíma hv. þm. í að lesa þær tölur allar upp sem þar koma fram. Yfirvinnugreiðslur hjá ríkissjóði eru um 26% af því sem greitt er í mánaðarlaun. Þar sem yfirvinnustundir eru greiddar 60% hærra verði en dagvinnustundir, samsvarar þetta því að yfirvinnustundirnar séu 16% af dagvinnustundafjöldanum eða m. ö. o. að meðaltalsvinnuvikan sé 46.5 vinnustundir. Sé yfirvinnan hins vegar mæld í krónum verður það uppi á teningnum að fyrir hana eru greiddar um 1576 millj. kr. á ári ef reiknað er með þeim launatöxtum sem nú gilda. Nú eru samtals greiddir um 6 milljarðar í dagvinnulaun á ári og samkv. starfsmannatali því, sem gert hefur verið og ég áður hef getið um, eru 11 425 starfsmenn hjá ríkinu og ríkisstofnunum.

Ég vil að lokum geta þess að nú fer fram sérstök athugun á því hvernig draga megi úr yfirvinnu hjá hinum einstöku stofnunum ríkisins án þess að bæta þurfi við nýjum starfsmönnum.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. glögg og góð svör og greinagóða skýrslu. Ég held að það geti verið fróðlegt að athuga þessa skýrslu. Við fyrstu sýn rekur maður t. d. augun í það að yfirvinna er geysimisjöfn hjá hinum ýmsu ríkisfyrirtækjum. Þannig má lesa í skýrslunni að í skólunum er allt frá því að vera engin yfirvinna upp í 56% af launagreiðslum. Á skattstofum er allt frá 6% upp í 29% yfirvinna. Hjá sjónvarpi eru yfirvinnugreiðslur 55%, hjá útvarpinu 47%; Póstur og sími greiða 329 millj. kr. á ári í yfirvinnu og grunnskólinn 215 millj. Allt eru þetta fróðlegar tölur og er mér sérstök ánægja að heyra að hæstv. fjmrh. hefur á prjónunum að athuga hvort ekki megi draga úr þessari yfirvinnu og framkvæma þar með eitthvað af þeim sparnaði sem ráðgert er.

Snjómokstur á þjóðvegum, fsp. (þskj. 461). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um snjómokstur á þjóðvegum. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt hafa snjóalög verið með mesta móti í vetur um allt landið og þess vegna kannske eðlilegt að menn forvitnist um það hvernig háttað er kostnaði við snjómokstur á þjóðvegum. Ég hef því leyft mér að bera fram svofellda fsp.:

„Hver var kostnaður við snjómokstur á þjóðvegum landsins árin 1971, 1972, 1973 og 1974? Hvernig skiptist kostnaðurinn á hvert ár um sig? Á hvaða þjóðvegum var hann mestur? Hvaða reglur gilda um snjómokstur hjá Vegagerð ríkisins?“

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af fsp. þeirri á þskj. 461, sem hv. 4. þm. Austf. gerði hér grein fyrir, vil ég vekja athygli hv. þm. á því að yfirlit um snjómokstur eða vetrarviðhald og annað er að finna á bls. 5 í skýrslu þeirri sem ég gerði grein fyrir hér á hv. Alþ. um vegaframkvæmdir á árinu 1973. En út af þessu sérstaka, sem hv. þm. spyr um, er svarið þetta:

Kostnaður við vetrarviðhald þau ár, sem spurt er um, er eins og hér segir: 1971 52.7 millj. kr., 1972 55.2 millj., 1973 99.1 millj. og 1974 157.5 millj. kr.

Í kostnaði við vetrarviðhald er auk snjómoksturs, sem er langstærsti liðurinn, einnig talinn kostnaður við dreifingu á salti og sandi til varnar gegn hálku.

Á árunum 1974 var kostnaður hæstur við snjómokstur, talið í þús. kr. á km, á eftirtöldum 6 stöðum: Norðfjarðarvegur, Oddsskarð, vegalengdin er 17 km, kostnaður er 5.2 millj. eða 306 þús. á hvern km. Ólafsfjarðarvegur, vegalengdin er 18 km, kostnaður er 2.9 millj. eða 161 þús. á km. Austurlandsvegur, Lónsheiði, 14 km vegalengd, þar koma 2 millj. eða 157 þús. á km. Bíldudalsvegur, Hálfdán, 15 km vegalengd, 2.3 millj. eða 153 þús. á km. Siglufjarðarvegur, Haganesvík—Siglufjörður, 24 km, 3.3 millj. kr. eða 138 þús. á km. Norðurlandsvegur, Öxnadalsheiði, 35 km, 2.6 millj. eða 74 þús. á km.

Þær reglur, sem gilda um greiðslu kostnaðar Vegagerðarinnar við snjómokstur á þjóðvegum, voru samþ. af rn. í des. 1967 og tóku gildi 1. jan. 1968. Mjög margar beiðnir hafa borist víða af landinu um endurskoðun á þessum reglum, en slík endurskoðun hefur að sjálfsögðu í för með sér aukinn tilkostnað við snjómokstur. Í till. til þál. um vegáætlun fyrir árið 1974—1977, sem nú liggur fyrir Alþ., er gert ráð fyrir því að kostnaður við vetrarviðhald verði tekinn upp sem sérstök fjárveiting á liðnum „vegaviðhald“. Enn fremur eru fjárveitingar til vetrarviðhalds árin 1975—1977 miðaðar við að endurskoðaðar reglur um snjómokstur taki gildi á hausti komanda. Það mun gert ráð fyrir því í þessari till. að hátt í 200 millj. kr. fari í vetrarviðhaldið á þessu og næsta ári og er sjáanlegt að á árinu 1975 mun þar ekki af veita, svo mikill er kostnaðurinn orðinn nú þegar að hann er kominn yfir 150 millj. kr.

Þetta svar vona ég að nægi við fsp.

Fyrirspyrjandi (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir skýr og góð svör við fsp. minni. Ég vil aðeins segja frá því, af því að ég hef þær upplýsingar við höndina, að snjómokstursskostnaður ýmissa sveitarfélaga er verulega mikill. Ég hef aflað upplýsinga hjá nokkrum sveitarfélögum á Austur- og Norð-

urlandi um snjómoksturskostnað í vetur. Hann hefur verið óvenjulega mikill:

Reyðarfjörður hefur þurft að eyða 850 þús. kr. í snjómokstur, Eskifjörður 2 millj. 5 þús., Neskaupstaður 2 millj. 751 þús., Seyðisfjörður 2 millj. 410 þús. kr., Fáskrúðsfjörður 1400 þús. kr., Egilsstaðir 1121 þús. kr., Akureyri 15 millj. 700 þús. kr., Húsavík 2 millj. 760 þús. kr. og Sauðárkrókur 275 þús. kr. Þessar staðreyndir benda til að mörg sveitarfélög á landinu, sem búa við mikil snjóþyngsli og mikil snjóalög, verða að verja verulegum fjármunum í snjómokstur og spurning hvort þetta mál þarf ekki að taka upp til frekari athugunar í sambandi við sanngjarna þátttöku ríkisins í snjómokstri.

Jarðhitarannsóknir við Varmahlíð í Skagafirði, fsp. (þskj. 380). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 380 hef ég leyft mér að bera fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„a. Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á jarðhitasvæðinu við Varmahlíð í Skagafirði?

b. Er vitað hvort þar er um að ræða fullnægjandi varmaorku fyrir nærliggjandi umhverfi, þar á meðal grænfóðurverksmiðju, sem ákveðin hefur verið í Vallhólmi?"

Tilefni þessarar fsp. er vitaskuld í fyrsta lagi að fá upplýst hvaða rannsóknir hafi verið framkvæmdar á þessu jarðvarmasvæði og hvort sú vitneskja, sem þar liggur fyrir, bendi til þess að um næga varmaorku muni vera að ræða fyrir byggðina, sem þarna er að rísa, og næsta nágrenni hennar, og svo ekki síður á hinn bóginn að fá um það vitneskju hvort þarna muni vera um að ræða nægan jarðvarma sem gæti orðið til notkunar þegar reist verður grænfóðurverksmiðja í Vallhólmi svo sem ákveðið hefur verið.

Fyrir nokkrum árum eða árið 1972 var staðfest áætlun um byggingu grænfóðurverksmiðja á landinu. Þar var gert ráð fyrir að byggðar yrðu þrjár nýjar verksmiðjur. Við eina er þegar nokkuð langt komið framkvæmdum, þ. e. í Flatey í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu. Hinar tvær eru í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og eru framkvæmdir þar hafnar, en ekki vitað hvenær þær muni taka til starfa vegna þess að fjármagn er nokkuð af skornum skammti til þessara framkvæmda. Hins vegar hefur það komið upp við hækkandi olíuverð að hagkvæmt kunni að vera að nota jarðhita til þurrkunar grænfóðursins, grassins, og þess vegna er mikilvægt að fá um það vitneskju hvort jarðhiti er nægur á þeim stöðum sem hér er um að tefla. Ég lít svo á að það sé mjög þýðingarmikið ef hægt verður að haga svo framkvæmdum í sambandi við byggingu þessara verksmiðja að nota megi innlenda orkugjafa og þá er frumskilyrði þess að af því geti orðið að fá vitneskju um magn þess jarðvarma sem fyrir hendi er.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrri fsp. hv. þm. er á þessa leið: „Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á jarðhitasvæðinu við Varmahlíð í Skagafirði?"

Jarðhitadeild Orkustofnunar gerði yfirlit yfir jarðhitarannsóknir við Varmahlíð í okt. 1971. Yfirlit þetta var byggt á segul- og viðnámsmælingum sem gerðar voru á árunum 1964—1967 og mæltu niðurstöður þeirra með frekari rannsókn, einkum í nágrenni Reykjarhóls. Árið 1972 voru gerðar víðtækari rannsóknir á þessu svæði með segul- og viðnámsmælingum. Samkv. þeim niðurstöðum, sem þar fengust, var gerð borhola við hverina rétt austan Reykjarhóls. Þessi borhola var boruð í sept. 1972. Rennslis- og hitamælingar í lok borunar gáfu 16—17 sekúndulítra af 86 stiga heitu vatni. Margt bendir til þess að fá megi allt að 100 stiga heitt vatn. Ráðgerð er víðtæk jarðhitarannsókn fyrir Seyluhrepp, Staðarhrepp og Skarðshrepp í Skagafirði nú á þessu sumri. Er von til þess að sú rannsókn veiti nánari upplýsingar um jarðhitasvæðið umhverfis Varmahlíð.

Síðari fsp. hv. þm. er á þessa leið: „Er vitað hvort þar er um að ræða fullnægjandi varmaorku fyrir nærliggjandi umhverfi, þ. á m. grænfóðurverksmiðju, sem ákveðin hefur verið í Vallhólmi?"

Ekki er enn fyllilega ljóst, hver varmaþörfin á svæðinu muni verða. Lausleg athugun á orkuþörf grænfóðurverksmiðju, eins og rætt hefur verið um í Vallhólmi, bendir til þess að það varmamagn, sem nú er fyrir hendi við Varmahlíð, sé ekki nægilegt fyrir slíka verksmiðju. Á hitt ber þó að líta að áframhaldandi rannsókn á jarðhitasvæðinu gæti skapað grundvöll að rekstri slíkrar verksmiðju.

Rétt er að benda á að samkv. athugunum, sem gerðar hafa verið, er ekki fullljóst að hve miklu leyti sé hagkvæmt og tæknilega framkvæmanlegt að nýta jarðhita til grænfóðurframleiðslu og talin þörf ítarlegri rannsókna á þessu sviði, en eins og ég gat um, fara fram frekari mælingar á jarðhitasvæðinu nú á þessu sumri.

Fyrirspyrjandi (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Þau báru með sér að sú orka, sem vitað er um í dag, mun naumast vera fullnægjandi fyrir grænfóðurverksmiðju sem rísa á í Hólminum. En með tilliti til þeirra rannsókna, sem fyrirhugaðar eru á þessu svæði og í nærliggjandi sveitarfélögum, má gera ráð fyrir því að orkuþörf þessarar verksmiðju verði fullnægt.

Ég hef engu við þetta að bæta. Ég aðeins fagna því að þessar rannsóknir verða nú gerðar og nýtt sú orka sem þarna kann að finnast, en eins og kunnugt er, er varmaorka víða í Skagafirði og nauðsynlegt að nýta hana eftir því sem hagkvæmt kann að reynast.

Eignarráð yfir jarðhita, fsp. (þskj. 490). — Ein umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fsp. þessi er flutt á þskj. 490 til forsrh. hæstv. og hljóðar svo:

„Hefur ríkisstj. markað sér ákveðna stefnu og þá hverja um eignarráð yfir jarðhita, sem borað

er eftir á kostnað ríkisins: a) háhita, b) lághita?“

Fsp. þessi var flutt af hv. þm. Braga Sigurjónssyni sem sat hér um skeið á Alþ. í forföllum Benedikts Gröndals og hafði hann hugsað sér að flytja eftirfarandi grg. fyrir þessari fsp.:

Fleirum en mér mun leika mikil forvitni á svari við framangreindri spurningu. Fyrir Nd. hefur nú legið nær daglega um a. m. k. mánaðartíma frv. til l. um breyt. á orkulögum. Megininntak breytinganna er það að öll svonefnd háhitasvæði, nánar tiltekið þar sem 200 gráðu hiti finnst ofar 1000 m dýpis, skuli vera undir umráða- og hagnýtingarrétti ríkisins. Frv. hefur komið til 1. umr. eða raunar komið til 2. umr. — þó að þeirri umr. sé ekki lokið — og meðferð þn., en meiri hl. n. leggur til, að því sé vísað til ríkisstj.

En hver er þá stefna ríkisstj. í málinu hlýtur margur að spyrja? Ég er einn í hópi þeirra fjölmörgu manna sem sýnist virkjunarmálum okkar varðandi vatnsorku og jarðhita stefnt í algert öngþveiti sé ekki umráða- og hagnýtingarréttur ríkisins eða segjum þjóðarinnar yfir þessum þjóðarauði skilgreindur skýrlega og síðan lögfestur. Því tel ég umrætt frv. spor í rétta átt þótt ég hefði kosið það enn afdráttarlausara. En mér sýnist á öllum sólarmerkjum að það bögglist fyrir brjósti hv. þd. Mér er tjáð að fyrir dómstólum landsins séu nú a. m. k. 15 mál í gangi varðandi eignarráð á landi, flest í sambandi við vatnsvirkjanir. Mig grunar að mörg hver ef ekki öll verði talin prófmál og síðan verði ríkið látið borga brúsann. Er óséð hvílíkan kostnað og fyrirhöfn ríkið kann að hafa af slíkum málum um næstu framtíð verði eignarmörkin ekki þegar dregin skýrt og lögformlega.

Enn hefur borið minna á lögbönnum og málaferlum varðandi jarðhitann en vatnsorkuna, en það mun aðallega stafa af því að við erum skemmra eða a. m. k. óviðar komnir þar á veg með beislun heldur en með vatnsorku. Þó hafa menn ugglaust fylgst með svonefndu Svartsengismáli, sem ekki verður betur séð en stefni í sjálfheldu eins og horfir. Hvernig á að standa að umráða- og nýtingarrétti jarðhitans í Reykjahverfi í Suður-Þingeyjarsýslu ef Akureyri fer að leita þangað eftir hitaveitu og húsvíkingar og heimamenn eru fyrir? Hvernig á að búa svo um að hver skaði ekki annan eða árekstrar verði? Hver á jarðvarmann á Laugum í Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu ef borholan í landi ríkisskólans þar tæmir laugar bændanna í kring?

Þannig vakna upp fleiri og fleiri vandamál við núverandi óljósa löggjöf um eignarráð yfir þessum dýrmæta þjóðarauði okkar. Þess vegna m. a. tel ég sjálfsagt að leita skoðunar núv. ríkisstj. á þessu máli. Hún hefur svo mikinn þingmeirihl. að baki sér að hún hefur í hendi sér að setja um þessi mál afdráttarlaus lög ef hún vill.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Þetta umfangsmikla mál er til meðferðar og athugunar í einstökum ráðuneytum sem undanfari stefnumörkunar á þessu sviði af hálfu ríkisstj., en niðurstaða liggur enn ekki fyrir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Það er ljóst að ríkisstj. hefur enn ekki myndað sér stefnu í þessu mjög svo afdrifaríka máli. Ég legg áherslu á það og vek athygli á því að einn flokkanna, þingflokkur Alþfl., hefur þó myndað sér skoðun á málinu fyrir nokkrum árum og lagt fram till. um það hér á hv. Alþ. ár eftir ár, sem síðan hafa legið fyrir hv. Alþ. og þingflokkum þar. Þjóðinni hefur verið kynnt þetta mál og eftir því sem lengra líður, eftir því ganga fleiri til fylgis við þau sjónarmið sem fram koma í stefnu Alþfl. í þessu máli.

Ég vil aðeins að lokum hvetja mjög eindregið til þess að ríkisstj. hafi hraðar hendur við að undirbyggja skoðun sína og stefnu í þessu máli, vegna þess að eftir því sem lengra líður, eftir því verða vandamálin stærri og risavaxnari og eftir því verður meiri hætta á að þjóðin þurfi að borga stórfé fyrir orkuréttindi, fyrir vinnsluréttindi á náttúruauðlindum sem ég held að hver einasti skynsamur maður geri sér fulla grein fyrir að þjóðin sjálf á a. m. k. siðferðilegt tilkall til.

Beitingarvél, fsp. (þskj. 451). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á þskj. 451 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um íslenska uppfinningu að beitingarvél.

Hér er um að ræða beitingarvél sem hafnfirskur hugvitsmaður, Garðar Ástvaldsson, hefur unnið að í mörg ár. Vél þessari er ætlað að gera það sem þarf að gera við fiskilínuna frá því að hún er dregin úr sjó og þar til hún er á ný lögð í sjó. Þar er í fyrsta lagi að taka línuna af línuspilinu eða dráttarskífunni, í öðru lagi snúa taumana ofan af línunni, í þriðja lagi hreinsa af slitna tauma og bæta nýjum á, í fjórða lagi laga gallaða öngla, í fimmta lagi stokka línuna upp og í sjötta lagi leggja línuna beint úr stokk og skera beituna og beita um leið og línan fer í sjóinn.

Málum er nú svo komið að búið er að finna upp aðferðir og tæki sem hvert fyrir sig svara til þeirra verkefna sem vélinni er ætlað. Hins vegar er eftir að samhæfa vélina og vinna að stjórnbúnaði hennar. Þegar því er lokið þarf að sannprófa vélina við veiðar á fiskiskipi. Og loks, ef hagnýti vélarinnar reynist eins og vonir standa til, þarf að gera gaumgæfilegar athuganir til undirbúnings á framleiðslu þessarar beitingarvélar til nota við línuveiðar landsmanna.

Það þarf ekki að lýsa fyrir hv. alþm., hve mikilvægt það er að þessi uppfinning að beitingarvél takist og komi að tilteknum notum. Þessi nýja tækni gæti skapað möguleika til að fækka um helming skipshafnar á línubátum í útilegu og samsvarandi á landróðrarbátum. Þarf ekki að fara orðum um rekstrarlega þýðingu slíks fyrir útgerðina eða raunar þjóðhagslega þýðingu slíkra tæknilegra framfara í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna.

Með tilliti til mikilvægis þessa máls hef ég, herra forseti, gert fsp. til hæstv. sjútvrh. um, hvort hann vilji beita sér fyrir aðgerðum til að

flýta fyrir að fullgerð verði og sannprófað hagnýti þessarar beitingarvélar svo að vélin mætti sem fyrst verða hagnýtt við línuveiðar landsmanna. Mér er kunnugt um að skilningur hefur verið hjá opinberum aðilum á því starfi sem hér er um að ræða og Fiskimálasjóður hefur styrkt það með fjárframlögum. En nú er að ræða um hersluátakið svo að einskis má láta ófreistað til að leiða málið til farsælla lykta án tafar. Þess vegna er fsp. þessi borin fram.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Framvinda hönnunar og smíði beitingarvélarinnar hefur í meginatriðum verið eins og hér greinir:

Á árinu 1972 var lokið við smíði geymslu fyrir nýja tauma, síðar var taumageymslunni breytt og lauk endurhönnun í jan. 1975. Á árinu 1973 var lokið við smíði nokkurra tækja: tækis til þess að bæta á nýjum taumum, þ. e. taumaábót, í febr. afsnúningatækis til þess að snúa tauma af línuás, í maí afskurðartækis til þess að skera af slitna tauma, í okt. tækis til þess að stokka línu. Í jan. 1974 var lokið við önglabeygju, tæki til þess að lagfæra bogna öngla. Jafnframt smíði vélahlutanna var unnið að hönnun á burðargrind og stjórnbúnaði. Vann tæknifræðingur að hönnuninni fram til 31. mars á s. l. ári, en þá hætti hann störfum. Á þessu ári hefur starfið einkum beinst að því að hanna og smíða stjórnbúnað og drif. Jafnframt var tekið til við prófanir á tækjunum og leiddi það til þess að gerðar voru breytingar á taumageymslu eins og ég sagði áðan. Hefur aðeins einn maður unnið að þessu síðan tæknifræðingurinn hætti.

Fiskimálasjóður hefur árlega veitt styrki til þessa starfs frá árinu 1966 og hafa þeir numið sem hér segir: Það ár 215 þús., 1967 386 þús., 1968 365 þús., 1969 350 þús., 1970 310 þús., 1971 500 þús., 1972 1 millj. og 600 þús., 1973 1600 þús. og á s. l. ári 1400 þús. Samtals er búið eð verja til þessarar tilraunar og smíði 6 millj. 126 þús. kr. Síðasta upphæðin nægði ekki til þess að unnt væri að ráða tæknifræðing á ný, en fram til þessa hefur smíðakostnaður og efni numið um það bil 40% af kostnaði.

Vélaþættirnir, sem eftir er að vinna, eru burðargrind, samstilling, prófanir og breytingar, en þá er lokið fyrri vélareiningunni. Síðari vélareiningin hefur að hluta verið smíðuð áður, en þarfnast endurskoðunar, þ. e. beituskurður, beiting, stjórnbúnaður, burðargrind, prófun og breytingar. Má gera ráð fyrir því að vinnumagnið, sem eftir er, sé um 12 mánuðir við fyrri vélareiningu og 15 mánuðir við síðari vélareiningu eða samtals um 27 mannmánuðir.

Ég þekki þetta mál mjög náið sem fyrrv. stjórnarmaður í Fiskimálasjóði og hef fylgst mjög ítarlega með þessum tilraunum. Hafa margir aðilar skoðað þessar vélar, svo langt sem þær ná, og skipstjórar, sem hafa mikla tækniþekkingu jafnhliða, hafa lokið miklu lofsorði á þessa uppfinningu og telja að hún muni, þegar henni verði lokið, standa mun framar en norska uppfinningin sem hefur verið reynd hér á landi með því miður mjög lélegum árangri. Færeyska beitingarvélin, sem er fyrst og fremst fyrir minni báta, getur gengið í þessum litlu bátum, en afköst hennar eru engan veginn sambærileg við þau afköst sem gert er ráð fyrir að þessi vél komi til með að ná. M. ö. o.: Það eru mjög bjartar vonir tengdar við það að þessi uppfinning muni geta breytt verulega gangi línuveiða hér á hinum stærri bátum sem línuveiðar stunda.

Ég skal svo að síðustu svara því að ég mun, eins og ég gerði á meðan ég var stjórnarmaður í Fiskimálasjóði, beita mér fyrir því að aukið verði framlag til þess að hraða lokavinnu við þessa merku uppfinningu, þannig að þá verður séð hvort hér verður um mjög mikla breyt. að ræða sem oltið getur á hvort veiðar fiskibáta með línu eiga framtíð fyrir sér. M. ö. o.: ég skal beita mér fyrir því, að aukin verði framlög Fiskimálasjóðs á þessu sviði, í samráði við þann eftirlitsmann sem Fiskimálasjóður hefur ráðið til þess að fylgjast með gangi verksins frá hendi uppfinningamannsins.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svar hans. Ég vissi raunar áður að hann var áhugamaður um þetta mál og hafði stutt að framgangi þess áður en hann fór í ráðherrastól. Þeim mun meira fagna ég nú yfirlýsingu hans um að hann ætlar að halda áfram að beita sér í málinu og beita sér á þann veg að hækka fjárframlög til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Gat ég ekki óskað mér betra svars af hálfu hæstv. ráðh. en einmitt þessa og þakka honum fyrir það.

Rekstrarlán iðnfyrirtækja, fsp. (þskj. 358). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að rekstrarkostnaður iðnfyrirtækja hefur aukist mjög að undanförnu, m. a. vegna verðhækkanna á hráefnum og vegna kauphækkanna. Fyrir nokkru voru svo að frumkvæði Seðlabankans settar auknar hömlur á útlán viðskiptabankanna. Í tilefni af þessu hef ég talið rétt að spyrjast fyrir um hvort gerðar hafi verið af opinberri hálfu ráðstafanir til að tryggja iðnfyrirtækjum næg rekstrarlán með tilliti til sívaxandi rekstrarkostnaðar þeirra að undanförnu.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp. hv. þm. hljóðar svo:

„Hafa verið gerðar af opinberri hálfu ráðstafanir til að tryggja iðnfyrirtækjum næg rekstrarlán með tilliti til sívaxandi rekstrarkostnaðar þeirra að undanförnu?“

Á undanförnum missirum hafa átt sér stað verulegar hækkanir á framleiðslukostnaði iðnfyrirtækja. Þessi þróun hefur valdið sívaxandi rekstrarfjárþörf. Þessar hækkanir framleiðslukostnaðar má rekja til ýmissa ástæðna, en þær helstu eru:

1. Verðhækkanir á innfluttum og innlendum hráefnum.
2. Breytingar á gengi íslensku krónunnar.
3. Ýmsar aðrar hækkanir innlends framleiðslukostnaðar.

Í nóv. átti iðnrh. viðræður við bankastjórn Seðlabanka Íslands um þau vandamál sem þá var við að etja í þessum efnum. Síðan hafa frekari bréfaskipti, viðræður og fundir átt sér stað við bankastjórn Seðlabankans. Eftir þá gengisbreytingu, sem tók gildi 2. sept. s. l., var af hendi Seðlabankans tekin ákvörðun um sérstaka lánafyrirgreiðslu til framleiðsluiðnaðarins vegna gengislækkunar þeirrar sem þá var nýlega afstaðin. Var fyrirgreiðsla þessi í því formi að Seðlabankinn endurkeypti skuldabréf vegna gengistapa af innflutningi hráefna til iðnaðar sem flutt voru inn með gjaldfresti eða gegn ábyrgð og því ekki greidd fyrr en eftir gengislækkunina. Þessi skuldabréf voru til þriggja ára og nam samanlögð upphæð þeirra 152 millj. kr. Eftir gengislækkun þá, sem framkvæmd var 14. febr. s. l., var ákveðið að veita sams konar fyrirgreiðslu vegna gengistapa af iðnaðarhráefnum og er sú lánveiting hafin. Af hálfu iðnrn. hefur verið bent á nauðsyn iðnfyrirtækja á breytingu lausaskulda í löng lán, fyrst og fremst hjá þeim iðnfyrirtækjum sem hafa með höndum viðskipti við fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Af hálfu Seðlabankans voru þessi vandamál tekin til sérstakrar athugunar í sambandi við breytingu á lausaskuldum sjávarútvegsins í lán til lengri tíma og reynt að sjá til þess að skuldir iðnfyrirtækja falli undir þær skuldbreytingar sem framkvæmdar verða fyrir sjávarútveginn. Stendur framkvæmd á þessum skuldbreytingum nú yfir.

Það er augljóst að þótt gengisbreyting sú, sem framkvæmd var í febr., hafi bætt samkeppnisaðstöðu iðnaðarins gagnvart innflutningi, þá hefur hún haft viss vandamál í för með sér, einkum að því er varðar rekstrarfé. Rn. er kunnugt um að ýmis iðnfyrirtæki eiga nú við verulega greiðsluerfiðleika að etja.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur tilkynnt iðnrn. að Seðlabankinn taki upp að nýju endurkaup á rekstrarlánum til framleiðsluiðnaðarins á grundvelli greiðsluáætlana. Í bréfi Seðlabankans varðandi þessa ákvörðun segir m. a.:

„Við þær aðstæður, sem nú eru að því er varðar útlánagetu viðskiptabankanna, má gera ráð fyrir að aukin lánafyrirgreiðsla þeirra til framleiðsluiðnaðarins verði miklum erfiðleikum háð, en hins vegar er þörf iðnaðarins ótvírætt fyrir hendi, m. a. vegna stórhækkunar á verði hráefna og hækkunar rekstrarkostnaðar af öðrum ástæðum. Það er með hliðsjón af þessu að Seðlabankinn hefur ákveðið að taka upp endurkaup á rekstrarlánum þeim sem að framan greinir. Er ætlað að lánafyrirgreiðsla þessi verði fyrst og fremst til þess að aðstoða við lausn mikilvægra rekstrarfjárvandamála, sérstaklega hinna stærri fyrirtækja, og er þá gert ráð fyrir að bankarnir eigi auðveldara með að leysa úr eðlilegri lánsfjárþörf minni fyrirtækja.“

Í framhaldi af bréfi iðnrn. frá 12. mars hafa frekari viðræður átt sér stað um þessi vandamál. Í þeim viðræðum hefur verið lögð áhersla á rýmkun gildandi reglna um endurkaup framleiðslu- og rekstrarlána iðnaðarins, m. a. með þeim hætti að í vaxandi mæli verði tekið tillit til þeirra framleiðslugreina sem njóta enn nokkurrar tollverndar, en munu lenda í mjög harðnandi samkeppni á næstunni af völdum tollalækkana. Enn fremur er lögð áhersla á sérstaka lánsfyrirgreiðslu til iðnfyrirtækja vegna gengistapa við innflutning hráefna, eins og að framan getur. Enn fremur er lögð áhersla á fyrirgreiðslu við iðnfyrirtæki sem hafa með höndum viðskipti við fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskiðnaði, en hafa lent í greiðsluerfiðleikum vegna hallarekstrar þessara greina.

Ég tel mjög brýnt með tilliti til stöðu þjóðarbúsins að innlend iðnaðarframleiðsla verði efld, ekki aðeins tímabundið á meðan við erum að komast úr þeim mikla efnahagsvanda sem við eigum nú við að etja, heldur einnig til frambúðar. Því er nauðsynlegt að gera iðnaðinum bæði fjárhagslega og á annan hátt kleift að nýta svigrúm sem nú er fyrir hendi til framleiðsluaukningar.

Að lokum er rétt að skýra frá því að rn. hefur nú þegar átt viðræður við heildarsamtök iðnaðarins um æskilegar aðgerðir til þess að auka enn frekar og til frambúðar almennan skilning þjóðarinnar á mikilvægi iðnaðarins fyrir þjóðarbúskap okkar. Einnig er fyrirhugað að samtökin með stuðningi iðnrn. hvetji til aukinna kaupa á innlendri framleiðslu. Sú hvatning á ekki eingöngu að ná til almennings heldur einnig þeirra fjölmörgu opinberu aðila sem hafa innkaup og framkvæmdir með höndum.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Þau gáfu það til kynna að hann hefur sýnt fullan áhuga á því að reyna að fá bætt úr þeim örðugleikum sem iðnaðurinn á við að glíma vegna aukins rekstrarkostnaðar. Nokkuð hefur áunnist í þeim efnum, m. a. það að iðnfyrirtæki hafa fengið aukin lán vegna gengistapa og lausaskulda í samræmi við það sem sjávarútvegurinn hefur fengið.

En það var eigi að síður ljóst af ræðu hæstv. ráðh. að vandinn í þessum efnum er mikill og hvergi nærri hefur enn verið leyst úr þeirri þörf sem iðnfyrirtækin hafa fyrir aukin rekstralán vegna þeirra ástæðna sem m. a. komu fram í ræðu hæstv. ráðh. Ég vil þess vegna leggja áherslu á það, að af hálfu ríkisstj. verði kappsamlega unnið áfram að því að leysa úr þessum vanda iðnaðarins og tryggja að hann geti, eins og ráðh. komst að orði, notað það svigrúm, sem gengislækkanirnar hafa gefið honum, til bættrar samkeppni við erlendar iðnaðarvörur. Þó að bankarnir sýni að vísu nokkurn vilja til úrbóta í þessum efnum þekkir maður það, að þar er alltaf um nokkra tregðu að ræða og sérstaklega hefur þess gætt hjá Seðlabankanum, og þess vegna þarf ríkisvaldið og ríkisstj. að vera vel á verði í þeim efnum. Ég legg því aftur aukna áherslu á að ríkisstj. fylgi þessu máli vel fram og tryggi hlut iðnaðarins sem best í sambandi við rekstrarlánaþörfina.

Ég vil svo taka undir það sem hæstv. ráðh. sagði að síðustu, að það sé mikil nauðsyn á því að landsmenn auki kaup sín á innlendum iðnaðarvörum. Og það er ekki síst ástæða til að leggja það fyrir opinbera aðila að þeir láti íslensk iðnfyrirtæki ganga fyrir erlendum í þess-

um efnum. Ég hygg að það sé alveg rétt, eins og lesa mátti út úr ræðum hæstv. ráðh., að ýmsar ríkisstofnanir hafi ekki gætt eins vel og skyldi þeirrar skyldu sem á þeim hvílir í þessum efnum.

Greiðsla sjúkrasamlaga vegna tannlækninga, fsp. (þskj. 538). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. 8. maí 1974 voru samþ. hér á Alþ. lög um breyt. á l. um almannatryggingar sem fólu í sér ákaflega merkilegt nýmæli að minni hyggju, þ. e. a. s. að tannlæknaþjónusta skyldi tekin inn í sjúkratryggingakerfið í áföngum. Það var tekin upp ný grein í lögin um almannatryggingar, 44. gr., og hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjúkrasamlög greiða að hálfu þá tannlæknaþjónustu, sem veitt er á heilsugæslustöðvum, hjá skólatannlæknum eða á stofum tannlækna sem Tryggingastofnun ríkisins semur við um þjónustu í þágu sjúkratrygginga.

Meðan uppbygging tannlæknaþjónustu á heilsugæslustöðvum samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu stendur yfir skulu ákvæði 1. málsgr. aðeins gilda fyrir tiltekna þjónustu og tiltekna hópa fólks.

Frá 1. sept. 1974 skulu ákvæði 1. málsgr. gilda fyrir börn og unglinga 6—15 ára, enda leggi sveitarfélög 50% á móti. Greiða skal alla þjónustu, sem þessum aldursflokkum er veitt, hjá skólatannlækni eða á heilsugæslustöð. Sé ekki kostur á slíkri þjónustu á vegum viðkomandi sveitarfélags er heimilt að greiða þjónustu fyrir þessa aldursflokka hjá hverjum þeim tannlækni sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samið við.

Frá 1. jan. 1975 skulu ákvæði 1. málsgr. taka til barna 3—5 ára og 16 ára unglinga, ellilífeyrisþega, öryrkja samkv. 12. gr. og vanfærra kvenna. Fyrir þessa hópa skal þó ekki greiða kostnað við gullfyllingar né krónu- og brúargerðir.

Ráðh. er heimilt að auka með reglugerð þá þjónustu sem greiðslur samkv. 1. málsgr. taka til, eftir því sem uppbyggingu heilsugæslustöðva miðar og fé er veitt til á fjárl."

Það eru sem sé tveir áfangar í þessu merka nýmæli sem eiga að vera komnir til fullnaðarframkvæmda. Sá fyrsti frá 1. sept. á síðasta ári og annar áfangi frá síðustu áramótum. Mér er kunnugt um að framkvæmdin á þessari lagaskyldu hefur því miður tafist og því hef ég spurt hæstv. ráðh. um það hvað líði framkvæmd á þessari grein.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Sú grein almannatryggingalaga, sem hér er til vitnað, kom, eins og fyrirspyrjandi sagði, inn í lögin um almannatryggingar, breyt. á l. nr. 67 1971, en það eru lög nr. 62 1974. Hv. fyrirspyrjandi las upp þessa grein laganna svo að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, þannig að þm. hafa það þá fyrir sér hvað hér er um fjallað.

Þessi lagaákvæði áttu að taka gildi 1. sept. 1974. Þau tóku gildi þá að því er tekur til tannlæknisþjónustu sem veitt er hjá skólatannlæknum, þ. e. a. s. þar sem sveitarfélög hafa komið skólatannlækningum í það gott horf að þau ná til skólabarna í heild. Hvað viðvíkur að tannlæknisþjónusta sé veitt á heilsugæslustöðvum, þá eru enn ekki neinar stöður til fyrir tannlækna í heilsugæslustöðvum og er því ekki um að ræða greiðslur í því sambandi.

Svo sem í 1. málsgr. 44. gr. segir, þá er gert ráð fyrir því að Tryggingastofnun ríkisins semji um þjónustu í þágu sjúkratrygginganna við tannlækna. Samningaumleitanir við Tannlæknafélag Íslands hófust ekki fyrr en á s. l. hausti og varð mjög margt til þess að samningar drógust á langinn. Það er í sjálfu sér eðlilegt að fyrstu samningar við heilbrigðisstétt, sem Tryggingastofnun ríkisins gerir samning við, séu vandasamir og taki langan tíma, og það var raunar vitað þegar lögin voru samþykkt á s. l. vori að svo mundi verða. Það er því óraunhæf bjartsýni að gera ráð fyrir því að samningar hefðu tekist fyrir 1. sept. s. l., þegar ákvæði laganna áttu að taka gildi, og reyndist einnig svo því að samningum var ekki fullokið fyrr en í byrjun mars og voru þeir undirritaðir hinn 19. mars s. l.

Samningar við Tannlæknafélag Íslands eru með mjög svipuðu sniði eins og hafa verið gerðir við Læknafélag Reykjavíkur um sérfræðiþjónustu lækna, þannig að til grundvallar samningum liggur gjaldskrá Tannlæknafélags Íslands um einstök verk, og jafnframt því að samningurinn var gerður þurfti að endurskoða þá gjaldskrá og bæta inn í hana fjölmörgum liðum sem í raun voru ekki í gjaldskrá og Tannlæknafélagið hafði aldrei tekið afstöðu til, hvernig ættu að koma inn í gjaldskrána. Þannig má t. d. nefna gjaldtöku fyrir tannréttingar, tannholdsaðgerðir, rótarfyllingar o. fl. Við samningsgerðina komu því upp fjölmörg erfið og vandasöm matsatriði sem þurfti að leysa áður en samningurinn gat gengið í gildi. Þá gerir samningurinn ráð fyrir því á sama hátt og þeir samningar sem gerðir hafa verið við lækna, að einstakir sérfræðingar þurfi ekki, ef þeir velja þann kost, að starfa eftir samningnum, geti sagt sig undan honum og sé þá sjúkratrygging ekki skuldbundin til að greiða þau verk sem þeir vinna.

Það sem ólíkt er með samningum lækna og tannlækna er það, að í samningi tannlækna er gert ráð fyrir því að sjúklingur greiði tannlækni að fullu, fái kvittun fyrir greiðslunni og fái síðan endurgreitt frá samlagi. Þessi aðferð var gerð vegna mjög ákveðinna óska tannlækna um að svo yrði, þar eð þeir töldu vinnu við annað fyrirkomulag meiri en þeir gætu sætt sig við án sérstakra greiðslna.

Mál standa því þannig í dag að það hafa tekist samningar á milli Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hönd sjúkrasamlaga og Tannlæknafélags Íslands. Tryggingastofnun ríkisins er nú að íhuga á hvern hátt greiðslur vegna tannlæknisþjónustu, sem veitt var á tímabilinu frá 1. sept. 1974 til 31. des. 1974 og aftur frá 1. jan. 1975 og þar til samningur tók gildi, verða inntar af hendi af sjúkrasamlögum. Er þess að vænta að bréf verði sent frá Tryggingastofnun ríkisins þar að lútandi þegar tryggingaráð hefur tekið afstöðu til málsins. Það má telja víst að allir reikningar, sem fólk hefur greitt á þessu tímabili og eru

vegna þjónustu sem 44. gr. tekur til, verði greiddir í samræmi við hinn nýja samning.

Þegar samningur var undirritaður var ekki að fullu vitað, hve margir tannlæknar mundu kjósa að starfa utan samningsins, en líkur benda til að allflestir tannlæknar muni kjósa að starfa innan samningsrammans. Fari hins vegar svo að einhverjir fámennir hópar sérfræðinga innan tannlæknastéttar telji sér hag í því að vinna ekki innan ramma samningsins, þá geta skapast vandamál sem reyna þarf að leysa þegar upp koma, en of snemmt er að segja til um það á þessu stigi málsins.

Meðan á samningum stóð reyndi samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins að gera sér grein fyrir því, hvað sú tannlæknisþjónusta mundi kosta sem hér er verið að semja um. En sannleikurinn er sá að upplýsingar eru ekki fyrir hendi um kostnað við tannlæknisþjónustu að því marki að hægt sé að gera neinar nákvæmar áætlanir um þennan kostnað. Ráðuneytið mun því kappkosta að sjúkratryggingar afli þegar á þessu ári glöggra gagna um kostnað vegna tannlæknisþjónustu svo að hægt verði með nokkurri nákvæmni að áætla þennan kostnað almannatrygginganna við gerð næstu fjárlaga og þá jafnframt að gera sér grein fyrir því hvort og hvenær hægt er að auka þessa þjónustu sem 44. gr. ræðir um, því að lokamálsgrein greinarinnar gerir ráð fyrir því að ráðh. geti aukið með reglugerð þessa þjónustu eftir því sem uppbyggingu heilsugæslustöðva miðar og fé verður veitt til á fjárlögum.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svörin sem voru skýr. Ég hlýt að harma það hversu langan tíma það hefur tekið að ná samningum við tannlækna. Þessi lagagrein átti að taka gildi, fyrsti áfangi hennar, 1. sept. í fyrra, en samningar tókust ekki fyrr en 19. mars í ár og þetta hefur að sjálfsögðu valdið ákaflega miklum óþægindum. Ég hef enga aðstöðu til að meta það, af hverju þessi mikla töf stafar, en ég hlýt sem sagt að harma hana mjög. Hæstv. ráðh. hefur sýnt það á öðrum sviðum að hann getur átt það til að vera mjög röskur til starfa, en þarna hafa greinilega orðið fyrir einhverjir erfiðleikar sem hæstv. ráðh. hefur ekki getað unnið bug á. (**Sjútvrh.:** Þeir eru nokkuð margir.)

Hæstv. ráðh. greindi frá því, að enda þótt þessir samningar hefðu ekki tekist fyrr en 19. mars, þá ætti fólk rétt á því að fá greiddan kostnað samkv. ákvæðum 44. gr. frá 1. sept. á síðasta ári, en til þess þurfa menn að sjálfsögðu að hafa haft forsjálni til þess að halda til haga reikningum og er ég ansi hræddur um að æðistór hluti fólks, sem þessi réttindi áttu að ná til, hafi hreinlega ekki vitað um þetta mál og að það kunni að verða ákaflega lítill hluti af því fólki, sem rétt á, er hafi aðstöðu til að hagnýta sér hann af þessum ástæðum. Á hitt vil ég svo leggja áherslu, að ég vænti þess að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því að ákvæði greinarinnar í heild hljóti fullt gildi eins fljótt og aðstæður leyfa, því að eins og ég sagði áðan tel ég þetta ákaflega mikilvægan áfanga í almannatryggingakerfinu íslenska. Þarna er um að ræða kostnað sem er ákaflega tilfinnanlegur, sérstaklega fyrir lágtekjufólk, og mjög mikilvægt að hann komi inn í þetta félagsmálakerfi.

Mengunarhætta í Njarðvíkurhreppi og Keflavík, fsp. (þskj. 464). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 464 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. um mengunarhættu í Njarðvíkurhreppi og Keflavík. Fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður rannsókn á mengunarhættu vatnsbóla í Njarðvíkurhreppi og Keflavík vegna olíu frá Keflavíkurflugvelli og hve viðtæk er rannsóknin? a) Hafa vatnshæðarmælingar farið fram? b) Hafa verið teknir borkjarnar til efnarannsókna? c) Hafa verið gerðar ísótópamælingar á vatnsrennsli? d) Er orðið ljóst, hve langt jarðvegsmengunin er komin? e) Hafa hættusvæði verið kortlögð?“

Á fundi hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps 3. mars s. l. var gerð eftirfarandi samþykkt samhljóða:

„Hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps lýsir yfir megnri óánægju með þann drátt sem orðið hefur á rannsóknum á mengunarhættu vatnsbóla í Njarðvíkurhreppi og Keflavík og krefst þess að unnið verði af fullum krafti að þessu máli og ríkisvaldið sjái til þess að fjármagn skorti ekki til rannsóknanna.“

Njarðvíkingar hafa um langa hríð haft þungar áhyggjur af hugsanlegri mengun vatnsbóla sinna vegna gálauslegrar meðferðar olíu og annarra skyldra efna á Keflavíkurflugvelli og staðsetningar aðaltankasvæðis Keflavíkurflugvallar skammt frá vatnsbólum njarðvíkinga.

Árið 1968 var Jóni Jónssyni jarðfræðingi falið að gera athugun á vatnsbólum í Ytri-Njarðvík með tilliti til mengunarhættu frá olíugeymum varnarliðsins. Í skýrslu hans, sem er dagsett 10. apríl 1969, segir svo um mengunarhættu, eftir að gerð hefur verið grein fyrir lítilli hættu af efnafræðilegri mengun, með leyfi forseta:

„Hins vegar er því ekki að leyna að hætta getur verið á mengun frá olíum, bensíni og þess háttar efnum sem mjög mikið eru höfð um hönd á þessum slóðum. Hættan er því meiri sem þarna er um stórt, meira og minna samfellt grunnvatnssvæði að ræða. Mengist það af þessum efnum getur það þýtt að mörg vatnsból á svæðinu ónýtist að fullu og öllu.“

Hinn 6. okt. 1970 kaus svo hreppsnefndin þriggja manna nefnd til að kanna réttarstöðu hreppsfélagsins, einstaklinga og fyrirtækja varðandi tryggingar og tjónabætur, ef slys yrði af völdum flugumferðar, einnig varðandi yfirstandandi hættu á mengun vatnsbóla frá olíusvæðum varnarliðsins og annarra. Nefndin skilaði mjög ítarlegu áliti í júlí 1972 og þar kemur m. a. fram, að mörg þúsund tonn af olíu og öðrum skaðlegum efnum hafa runnið út í jarðveg Keflavíkurflugvallar á umliðnum áratugum. Landi hallar til norðurs frá vallarsvæðinu að vatnsbólum keflvíkinga og njarðvíkinga. Rakin eru erlend dæmi þess að grunnvatn hafi spillst af olíuleka sem varð þrem áratugum áður.

Það sem m. a. kom fram í skýrslu Jóns Jónssonar var að gamlir olíutankar þarna eru búnir að leka árum saman, að á svæðinu við stóra flugskýlið hefur mikið farið niður af olíu, að um tíma var steinolía, sem flugvélar voru þvegnar upp úr, látin fara niður í holræsin, en vegna mikillar gasmyndunar í holræsum var hætt við þá aðferð og olían látin fara út í jörðina. Þessi dæmi eru tekin af handahófi í skýrslunni, en þar eru mörg dæmi um slíkt sem tekin eru fram.

Það, sem lítið er á að þurfi að gera þarna, er að velja borholu til vatnshæðarmælingar, að framkvæma vatnshæðarmælingar, að samræma hæðarkerfi á Rosmhvalanesi, að taka borkjarna til efnarannsókna og gera ísótópamælingar á vatnsrennsli. Heilbrigðiseftirliti ríkisins hefur verið falið að annast þessa rannsókn og hefur hún að nokkru leyti verið framkvæmd, en njarðvíkingum finnst að þetta hafi bæði gengið hægt og rannsóknin ekki verið fullnægjandi og hafa því mikinn áhuga á að úr þessu verði bætt hið skjótasta.

Sjútrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar er rétt að upplýsa að þetta mál var fyrst tekið upp í rn. fyrir rúmlega tveimur árum og var tilefnið það að hinn 16. mars 1973 birtist í blaðinu Suðurnesjatíðindum grein undir nafninu „Vatnsból Rosmhvalaness í bráðri hættu“ og í þessari grein var rætt um umbúnað olíugeyma neðanjarðar á svæði Keflavíkurflugvallar. Hinn 26. mars 1973 ritaði rn. Heilbrigðiseftirliti ríkisins og vakti athygli þess á þessari grein og óskaði eftir að Heilbrigðiseftirlitið kannaði málið. Jafnframt ritaði rn. varnarmáladeild utanrrn. og vakti athygli þess á greininni og skýrði frá því að Heilbrigðiseftirlitinu hefði verið ritað um málið.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins svaraði rn. með bréfi, dags. 27. mars, og upplýsti, að það hefði þegar hinn 20. mars ritað varnarmáladeild utanrrn. um þetta mál, og skýrði frá því að það hefði þegar hafið könnun á málinu.

Svar við bréfi rn. frá varnarmáladeild utanrrn. barst hins vegar 26. apríl 1973 og var þar skýrt frá því að varnarmálanefnd hefði þegar verið tekin að kanna þetta mál áður en bréf heilbrrn. barst og hefði óskað eftir sérstakri umsögn varnarliðsins um málið. Niðurstöður þessarar könnunar voru afhentar varnarmáladeild 25. apríl 1973 og voru þær sendar með fyrrgreindu bréfi sem fskj.

Í bréfi varnarmáladeildar kom fram að forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða einhver sérfræðingur frá þeirri stofnun gæti hvenær sem er sett sig í samband við varnarliðið fyrir milligöngu varnarmáladeildar og fengið þær upplýsingar sem óskað yrði eftir. Heilbrigðiseftirliti ríkisins var sama dag og rn. ritað um málið.

Með nýju bréfi, 27. sept. 1974, ritar varnarmáladeild rn. enn um þetta mál. Í þessu bréfi er rakið hvað gerst hafi í málinu, en óskað eftir því, að starfsmenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins taki málið til athugunar, og því lýst yfir að varnarliðið og varnarmáladeild séu sem fyrr reiðubúin til hvers konar aðstoðar í málinu.

Vegna þessarar beiðni varnarmáladeildar ritaði rn. Heilbrigðiseftirlitinu bréf 3. okt. 1974 og óskaði eftir því að gerð yrði könnun á olíumengun á Keflavíkursvæðinu, einkum með tilliti til þeirrar hættu sem vatnsbólum á þessu svæði stafaði frá olíumengun. Rn. barst niðurstaða af þeirri könnun, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerði, með bréfi 19. febr. 1975. Þar skýrir Heilbrigðiseftirlitið frá því, að eftir að þessi tilmæli bárust hafi það unnið að þessum málum í samráði við sveitarstjórnarmenn á þessu svæði. Það, sem einkum var gert, var að kanna sérstaklega staðsetningu olíugeyma á flugvallarsvæðinu og í næsta nágrenni, bæði þeirra, sem enn eru í notkun, svo og hinna sem lagðir hafa verið niður. Þá segir í þessu bréfi að í ljós hafi komið að mikil olía og fljótandi eldsneyti af ýmsum gerðum hafi farið niður í jarðveg á öllu þessu svæði og sums staðar hafi komið fram olíumengun í neysluvatni og þvottavatni, eins og t. d. við hraðfrystihúsið í Keflavík, en þar hafi orðið að leggja niður borholu af þessum sökum. Jafnframt skýrir Heilbrigðiseftirlitið frá því að á sjálfu flugvallarsvæðinu hafi borholur mengast og hafi flugvallarmenn, t. d. varnarliðið, orðið að flytja nokkrar borholur fyrir sig út fyrir vallarsvæðið. Niðurstaða Heilbrigðiseftirlitsins er sú, að í raun ríki hættuástand á þessu svæði og hugsanlegt sé að grunnvatn, sem í notkun er, kunni að mengast fyrr eða síðar.

Í þessu fyrrgreinda bréfi gerir Heilbrigðiseftirlitið tillögur um ákveðnar aðgerðir og rannsóknir til þess að geta gert sér betur grein fyrir því, hvers vænta megi. Tillögur þess eru þannig:

1. Könnun á því, a. m. k. í nánd við þær borholur sem nú eru í notkun, hvað olíumengun kunni að vera komin nálægt þeim í jarðvegi og jarðlögum. Til þess að framkvæma þessar rannsóknir telur Heilbrigðiseftirlitið að þurfi aðstoð Orkustofnunar ríkisins til að taka borkjarna.

2. Að kanna heildargrunnvatnsstöðu á Rosmhvalanesi með hæðamælingum yfir allt þetta svæði til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir hvar og hvenær beri að bora nýjar holur ef það sýnir sig að þær eldri séu í yfirvofandi hættu vegna aðsteðjandi olíumengunar.

3. Að gera meiri kröfur en nú er um aðgát og meðferð á olíu á vallarsvæðinu, þar með að gamlir olíugeymar, sem faldir eru í jörðu, verði teknir upp og fjarlægðir.

Bréf Heilbrigðiseftirlitsins upplýsti einnig að þær rannsóknir og aðgerðir, sem rætt var um, mundu taka 4 menn 2 mánuði, auk þeirrar vinnu sem Orkustofnun tæki að sér í sambandi við borkjarnatöku.

Að fengnu þessu bréfi Heilbrigðiseftirlits ríkisins ritaði rn. 24. febr. s. l. utanrrn. eða varnarmáladeild þess bréf, þar sem sent var með ljósrit af bréfi Heilbrigðiseftirlitsins. Heilbrrn. sendi þau tilmæli til varnarmálanefndar að hún tæki tillögur Heilbrigðiseftirlitsins um frekari rannsóknir svo og aðgerðir til athugunar. Þá lýsti rn. því sem skoðun sinni að tafarlaust þyrfti að gera þær aðgerðir sem Heilbrigðiseftirlitið legði til, og rn. taldi eins og málum væri háttað eðlilegt að þessi aðgerð færi fram á vegum varnarmáladeildar en í samráði við Heilbrigðiseftirlitið og heilbrrn. eftir því sem kostur væri. Þá gerði rn. ráð fyrir því að allur kostnaður við þessar rannsóknir yrði greiddur

á sama hátt og annar kostnaður við framkvæmdir innan varnarliðssvæðisins.

Rn. leitaði 21. apríl símleiðis til varnarmáladeildar utanrrn. og spurðist fyrir um hvort kannanir, sem fyrr eru nefndar, hefðu verið gerðar og fékk þær upplýsingar að svo væri ekki, málið væri enn í athugun hjá varnarmáladeild og lægi enn ekki fyrir að varnarmáladeild samþykkti að kostnaður af aðgerðunum yrði greiddur þann veg sem heilbr.- og trmrn. hafði talið eðlilegast.

Sú grg., sem hér var flutt, svarar í raun öllum þeim spurningum frá hv. þm. sem hann hefur borið fram. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur gert tillögu um að þær rannsóknir, sem upp eru taldar í þessum fsp. frá a—e, verði gerðar. Heilbrrn. hefur fyrir sitt leyti talið að hér væri um að ræða kostnað sem greiðast ætti á sama hátt og annar kostnaður vegna framkvæmda innan varnarliðssvæðisins, en varnarmáladeild utanrrn. hefur enn ekki formlega tekið afstöðu til málsins og framkvæmdir við rannsóknirnar hafa því ekki farið af stað, því miður.

Fyrirspyrjandi (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. mjög ítarlega skýrslu og greinagóða. Þar kom fram að þarna er um hreint hættuástand að ræða, svo mikið hættuástand, að í raun og veru má segja að það ógni byggð á Suðurnesjum. Og ég get sannarlega fallist á einmitt þá tillögu sem rn. hafði gert til varnarmáladeildar, það er það sem þarf að gera. En því miður hafa framkvæmdir ekki hafist enn þá og verð ég því að skora á hæstv. utanrrh. að sjá til þess að þetta mál verði tekið upp að nýju sem allra fyrst og gerðar þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru. Ég held að þarna mætti jafnvel bæta við einni bráðnauðsynlegri aðgerð og hún er sú að leita eftir öðrum vatnsbólum, sem fjær liggja, vegna þess að ég sé ekki fram á annað en þar sem vitað er að a. m. k. hundruð eða jafnvel þúsundir tonna af olíu hafa farið niður í jarðveginn þarna á undanförnum áratugum, þá sé nokkuð ljóst að það ástand, sem nú er, muni stórversna á næstu árum og því sé fullkomin ástæða til að leita eftir öðrum möguleikum en nýta þau vatnsból sem eru í nágrenni vallarins og notuð eru nú.

Viðbótarritlaun, fsp. (þskj. 556). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 556 fsp. til hæstv. menntmrh. um viðbótarritlaun til rithöfunda. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hver hafa orðið viðbrögð menntmrh. við áskorun 16 rithöfunda til Alþ. og ráðherrans 10. mars s. l. um endurskoðun á störfum úthlutunarnefndar viðbótarritlauna 1973 og 1974, og hvers má vænta af hálfu ráðherra sem andsvars við beiðni sextánmenninganna um leiðréttingu mála sinna?

2. Hvaða leið er fær til leiðréttingar?

3. Dugir ákvæði í væntanlegri reglugerð um úthlutun fjárins, t. d. að úthlutunin í ár megi ná til verka útgefinna 1970—1974, eða þarf til að koma breyting á fjárlögum?“

Þannig hljóðar þessi áskorun sem við alþm. höfum allir fengið í hendur. Ég ætla mér ekki hér að leggja neinn dóm á réttlæti eða ranglæti sem viðhaft hefur verið í úthlutun umræddra viðbótarritlauna og því síður að fara út í samanburð á einstökum rithöfundum, sem hlutu náð fyrir augum úthlutunarnefndar, og hinum, sem afskiptir urðu. Hér er annars vegar ákaflega viðkvæmt og vandasamt mál. Hitt finnst mér augljóst, þegar svo stór hópur þekktra og vel virtra listamanna leitar áheyrnar hv. Alþ. um leiðréttingu á óviðunandi ranglæti sem þeir telja sig hafa verið beitta, að þá sé okkur alþm. litt sæmandi að láta ábendingar þeirra og umkvartanir sem vind um eyru þjóta. Hér er ekki einungis um metnaðarmál umræddra rithöfunda að ræða heldur einnig verulegt fjárhagslegt hagsmunamál.

Ég vil benda á og leggja áherslu á það að þessi viðbótarritlaun eru í eðli sínu hvorki verðlaun né viðurkenning hliðstæð hinum almennu listamannalaunum, heldur einfaldlega lögboðin eign þeirra höfunda sem samkv. ákvörðun Alþ. áttu rétt til að fá endurgreiddan söluskatt af bókum sem seldar voru á ákveðnu tímabili. Hér eru í rauninni nokkuð hreinar línur.

Spurt er, hvaða leið sé fær til leiðréttingar og hvort hugsanlega megi koma henni við þannig að viðbótarritlaun á fjárlögum yfirstandandi árs geti eftir endurskoðun og endurmat á síðustu úthlutun einnig náð til ritverka útgefinna á árunum 1970—1974.

Ég treysti því að hæstv. menntmrh. taki þetta mál til vandlegrar athugunar og að fundin verði lausn sem hinir 16 rithöfundar, sem í hlut eiga, geti við unað.

Ég vil einnig láta í ljós þá ósk mína og von að lagafrv. það um Launasjóð rithöfunda, sem hið háa Alþ. er nú um það bil að afgreiða sem lög, muni þýða batnandi tíð fyrir íslenska rithöfunda og ritmennt í landinu og að framkvæmd þeirra laga megi markast af sanngirni og menningarlegri yfirsýn.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fsp. hv. fyrirspyrjanda vil ég svara á þessa leið:

Í fyrsta lagi: Rn. hefur ekki ákveðið að láta fara fram endurmat á þessari tilgreindu úthlutun. Hins vegar hefur rn. skipað nefnd til að gera úttekt á stöðu lista og listafólks í þjóðfélaginu. Mun sú nefnd ljúka störfum innan eins árs. Hlutverk þessarar nefndar er m. a. að leitast við að gera sér grein fyrir því hvort listin, listafólkið og starfsemi þess njóti nú eðlilegrar hlutdeildar í þjóðartekjunum, hvort skipt sé með eðlilegum hætti á milli hinna ýmsu listgreina, og jafnframt að gera sér grein fyrir, hvort eðlilega hafi verið staðið að úthlutun þeirra fjármuna sem bundnir eru einstökum mönnum. Það er ekki ætlunin að þessi nefnd geri till. um úrbætur. Þetta er könnunarnefnd og hún mun skila sínum niðurstöðum til menntmrn. sem seinna mun beita sér fyrir því í samráði við listafólkið í landinu að fram fari athugun og tillögugerð um hugsanlegar úrbætur á þessu sviði.

Annarri spurningu vil ég svara þannig, að þetta viljum við gera með því að leita réttlætis almennt

í úthlutunum, en alveg sérstaklega með því að setja ljós ákvæði í væntanlega reglugerð. Svo er það auðvitað á valdi okkar allra þm. sem og annarra borgara að veita almennt og öflugt aðhald þeim er starfa að úthlutun listamannalauna hverju sinni.

Varðandi 3. spurninguna vil ég minna á þetta: Í gær voru afgr. á Alþ. lög um Launasjóð rithöfunda. Reglugerð hefur að sjálfsögðu ekki enn þá verið sett um framkvæmd þessara laga og hlýtur að taka sinn tíma að undirbúa hana, en ég álít að slíka reglugerð þurfi að undirbúa vandlega. Ég treysti mér því ekki til þess á þessu stigi að tjá mig nánar um hugsanleg ákvæði sem tekin kynnu að verða upp í þessa reglugerð.

E. t. v. þykir hv. fyrirspyrjanda þessi svör ekki nógu ljós, en þetta eru þau svör sem ég tel mig geta gefið á þessu stigi málsins.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég verð þó að viðurkenna að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum af svörum hans, því að ég sé ekki að í þeim hafi falist nein fyrirheit um leiðréttingu mála þessara sextánmenninga sem ég tel að með nokkrum rökum hafi sýnt fram á að úthlutunarnefnd sú, sem gegndi þessu hlutverki undanfarandi ár, hafi ekki farið það vel úr hendi og ástæða sé til þess að endurskoða mat hennar og fullnægja þar með réttlæti gagnvart þessum 16 rithöfundum.

Það er allt gott um það að segja að könnunarnefnd hefur verið sett á laggirnar til að athuga um þessi mál í framtíðinni. Ég held að það sé í rauninni nauðsynlegt að skapa meira aðhald en ríkt hefur hingað til í störfum slíkra úthlutunarnefnda. Ég vil benda á að þessi sérstaka úthlutunarnefnd, sem hér er um að ræða, er dálítið sér á blaði og ég hygg að hennar störf muni verða nokkurs konar millibilsástand, því að varla munu þessi viðbótarritlaun halda áfram í sama formi eftir að Launasjóður rithöfunda tekur til starfa.

Ég hygg að sú leiðinlega deila, sem orðið hefur um úthlutun þessara viðbótarritlauna, gefi beint tilefni til að íhuga hvort ekki sé eðlilegt og nauðsynlegt að einhver fulltrúi almannavaldsins sé með í ráðum við úthlutun fjár er ríkissjóður veitir til skálda og listamanna. Það yrði að vera glöggur og umfram allt grandvar og heiðarlegur maður sem þar ætti hlut að máli, maður sem gætti fyllstu óhlutdrægni og réttsýni í starfi og beinlínis vekti yfir því og varnaði því að ýmis annarleg sjónarmið og klíkuháttur geti komið upp og jafnvel ráðið miklu um skiptingu slíkra sjóða. Ég segi þetta ekki hvað síst með tilliti til væntanlegs Launasjóðs rithöfunda. Það þarf að vanda mjög vel til starfa þeirrar nefndar sem þessa skiptingu mun hafa með höndum, og það þarf að gera kröfur til strangheiðarlegra vinnubragða.

Ég vil enn láta í ljós þá ósk mína, enda þótt svör hæstv. menntmrh. gæfu ekki tilefni til þess, að þessir 16 rithöfundar, — þetta eru allt vel virtir og þekktir rithöfundar — Tómas Guðmundsson og Halldór Laxness eru efstir á blaði og við höfum hingað til tekið mark á þeim nöfnum og sama má segja um þau nöfn sem á eftir koma, — ég vil láta í ljós þá ósk að hæstv. menntmrh. sjái sér fært að verða við ósk þeirra og kröfu með þeim hætti að þeir geti sæmilega við unað.

Framkvæmd grunnskólalaga, fsp. (þskj. 556). — Ein umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Fsp. þessi var borin fram af Sverri Bergmann meðan hann sat sem varamaður minn á þingi. Fsp. er um það, hvenær megi vænta reglugerðar um kennslufyrirkomulag og sérstofnanir samkv. 52. gr. l. um grunnskóla til kennslu barna á skyldunámsstigi, sem talin eru víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að þau fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum samkv. skilgreiningu í 50. og 51. gr. sömu laga.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Fsp. hv. 4. þm. Reykv. vil ég svara á þessa leið:

Reglugerðarnefnd sú, sem starfað hefur að þessu máli síðan í fyrra, skilaði reglugerðaruppkasti 5. þ. m. Hún undirbýr nú kostnaðar- og framkvæmdaáætlun. Ekki er hægt að tilgreina útgáfudag þessarar reglugerðar nákvæmlega að svo stöddu, en það er unnið fullum fetum að þessu máli. Hér þarf bæði að ákvarða um aðgerðir á næsta skólaári og svo um framtíðarskipan, og í raun og veru hefur þessi nefnd unnið miklu víðtækara starf en það eitt að undirbúa téða reglugerð. Þetta mál er ákaflega umfangsmikið og vandasamt. Sem dæmi um það, sem nú er í bígerð á vegum menntmrn. í meira og minna samstarfi við áhugafélögin, skal ég nefna eftirfarandi:

Að koma upp greiningarstöð er meti þarfir barnanna og möguleika til úrbóta og veiti leiðbeiningar fyrir foreldra og skóla. Vísir að slíku starfi er raunar þegar til, en það hefur ekki verið skipulega útfært.

Að leysa húsnæðisvandamálin, t. d. skólans fyrir fjölfötluð börn sem núna er rekinn í Kjarvalshúsi á Seltjarnarnesi við þröngan kost. Hér er um að ræða húsnæðisþörf, bæði fyrir næsta skólaár og svo að því er framtíðina varðar vitanlega, og fleiri mál af því tagi, þ. e. a. s. varðandi húsnæðismál fyrir þessa starfsemi, liggja fyrir til meðferðar og úrlausnar. Þau eru þó nú á síðustu missirum umfangsminni en þau voru í hugum manna fyrir nokkrum árum, vil ég segja, því að nú er meginstefnan sú að sem allra flestir geti sem allra lengst numið og starfað innan skólakerfisins sjálfs án þess að þurfa að fara á sérstofnanir. En samt sem áður er þörfin mikil.

Ákveðið hefur verið að gera sérstakt átak til að leysa sérkennslumálin á tilteknu landssvæði næsta vetur með samræmdum aðgerðum, þ. e. með könnun á þörfinni, með námskeiði í leshjálp og annarri hjálp fyrir börn með sérþarfir, fyrir kennara frá stærstu skólunum á svæðinu, með stofnun deildar við einn heimavistarskóla fyrir þau börn á svæðinu, sem ekki geta notið

kennslu í almennum skólabekkjum grunnskólans, og loks með því að hjálpa til þess að þeir einstaklingar, sem verst eru á vegi staddir, en geta þó notið tilsagnar, geti dvalist um stund a.m.k. við Höfðaskólann hér í Reykjavík þar sem völ er á hæfustu kennurum sem við höfum á að skipa í dag.

Ég vil skjóta því hér inn að þetta svæðisbundna átak er í raun og veru byrjun á framkvæmd viðkomandi ákvæða grunnskólalaganna að því er landsbyggðina varðar. Þessi framkvæmdaáætlun nær til Austurlands, og Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi á sinn góða þátt í því að þetta er nú komið á rekspöl sem byrjun á framkvæmdum á landsbyggðinni. En eins og gefur að skilja er ekki unnt að taka fyrir allt landið í einu á þennan hátt, m.a. vegna skorts á sérþjálfuðu fólki og svo af fjárhagsástæðum. Verðum við því, m.a. af þessu tvennu að innleiða þetta smátt og smátt.

Þá vil ég geta þess að það er fyrirhugað að ráða sérstakan fulltrúa að rn. til þess að annast fyrirgreiðslu varðandi sérkennslumálin.

Þetta, sem ég nú hef nefnt, er aðeins nokkur dæmi um þau verkefni sem nú er unnið að á vegum menntmrn. á þessu viðkvæma, vandasama og yfirgripsmikla sviði. Mér fannst rétt að láta þessar upplýsingar fylgja með beinum svörum við fsp. hv. 4. þm. Reykv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir greinargóð svör.

Breytingar á íslenskum rithætti, fsp. (þskj. 354). — Ein umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þessi fsp. er ekki frá mér komin, en varamaður minn, sem hér sat um tíma á þingi, bar fram þessa fsp. sem er þannig, með leyfi forseta:

„Vill menntmrh. taka til endurskoðunar þær breytingar á íslenskum rithætti er menntmrn. hefur nýlega sett reglugerð um?“

Heimir Hannesson lét fylgja eftirfarandi um þessa spurningu:

Á þskj. 354 hef ég beint þessari fsp. til hæstv. menntmrh. Við fyrstu sýn virðist e.t.v. að hér sé ekki um stórmál að ræða í samanburði við fjölmörg þau mál sem hið háa Alþ. fjallar um þessar vikurnar og mun fjalla um. En þegar betur er að gáð er hér vissulega um mjög mikilvægt mál að ræða þar sem um er að ræða opinbera ákvörðun um hvernig haga skuli íslensku ritmáli, sem skiljanlega snertir alla þegna þessa lands þó að það sé mismunandi mikið, ekki síst námsfólk og svo alla þá sem tengdir eru bókum og öðru rituðu máli á einn eða annan hátt.

Formlegt upphaf þessa máls kom fram með birtingu auglýsingar menntmrh. í Stjórnartíðindum B, nr. 132/1974, og var fyrirsögn þess boðskapar: Auglýsing um íslenska stafsetningu. Umtalsverðustu breytingarnar á íslensku ritmáli voru einkum þrenns konar: um z og afnám hennar; nýjar reglur um stóran staf og lítinn, valfrelsi um ritun margra orða o.s.frv.

Aðdraganda 1. kaflans um umrædda z þekkja margir hv. alþm. Þrátt fyrir skýlausan vilja Alþ. með samþykkt þáltill. ákvað fyrrv. hæstv. menntmrh. að hann skyldi eftir sem áður halda þessu til streitu. Mér er ekki grunlaust um að hæstv. fyrrv. menntmrh. hefði komist upp með þetta a.m.k. um sinn ef hann og rn. hans hefði ekki í leiðinni boðað enn nýjar breyt., e.t.v. sýnu róttækari, en um leið fyrirvaralausari og sýnilega enn fljótfærnislegar undirbúnar. Verður ekki séð að rn. hafi leitað umsagnar nokkurs aðila utan þeirrar fámennu nefndar sem till. gerði til rn., t.d. ekki Landsbókasafns, Örnefnastofnunar, bókasafnanna, útgefenda né nokkurra þeirra aðila annarra sem vissulega er málið mjög skylt, svo sem skólastjóra, samtaka blaðamanna, ritstjóra og annarra sambærilegra aðila, enda kom að því að mælirinn varð loks fullur eins og flestir hv. alþm. vita.

Það á ekki að nota íslenskt ritmál í einhverja tilraunastarfsemi fámenns hóps manna sem hefur þau varanlegu áhrif að allt málskyn manna slævist og hvorki nemendur né fullorðnir viti í raun og veru lengur hvað er rétt og hvað er rangt í þessu efni. Þegar mistök á borð við þessi eru gerð, er afar mikilvægt að dregið sé í land hið fyrsta. Því lengri tími sem líður áður en það er gert, þeim mun meiri verður ruglingurinn og enn meiri fjármunir fara í súginn. Þetta er vissulega mikið fjárhagslegt atriði, eða hvað skyldi hann nema mörgum milljónum eða milljónatugum, kostnaðurinn við að endurprenta bækur, stór ritverk o.s.frv. Og þannig mætti lengi telja. Þó að Ríkisútgáfan hafi e.t.v. látið prenta tvær, þrjár bækur er það smáræði miðað við það sem eftir ætti að koma ef ekki verður snúið við. Treystir núv. hæstv. menntmrh. sér til að bregða skjótt við og nema úr gildi þá breytingu á íslenskri stafsetningu sem hér hefur verið gerð að umtalsefni?

Þetta var sú grg. sem Heimir Hannesson lét fylgja þessari fsp.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af þessari fsp. vil ég taka þetta fram:

Fyrir allnokkru barst mér bréf frá 100 mönnum varðandi íslenska stafsetningu. Ég hef leitað umsagnar þeirrar nefndar sem undirbjó nýlega gerðar breytingar á stafsetningunni. Sú umsögn liggur nú fyrir í menntmrn. ásamt með áskorun 100-menninganna. Fleiri hafa ritað rn. um þetta efni, auk þess sem margt hefur verið um það rætt og ritað á opinberum vettvangi nú í seinni tíð og nýlega hefur verið lagt fram frv. hér á hv. Alþ. varðandi íslenska stafsetningu. Ég tel nauðsynlegt að huga nánar að þessum málum, en ég ætla að geyma mér að gefa aðrar yfirlýsingar um málið að svo stöddu.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég tek ekki upp orðaskipti um efni þessa máls að fjarverandi þeim fyrirspyrjanda sem fsp. bar fram og samdi grg. sem lesin var af öðrum í hans stað. Aðeins get ég ekki látið hjá líða að visa gersamlega á bug svigurmælum sem ég tel felast í þeirri grg. sem hér var lesin fyrir fsp.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mér þótti mjög vænt um þann eindregna stuðning sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., Stefáni Valgeirssyni, við þann málstað að aftur verði horfið að þeirri stafsetningu sem gilt hafði næstum hálfa öld, frá árinu 1929 til 1971. En varðandi þau ummæli hæstv. ráðh. að hann kysi ekki að láta uppi skoðun sína á þessu máli að svo stöddu, þá vil ég vekja athygli á að það eru aðeins nokkrir dagar eftir af fyrirhuguðum starfstíma Alþ. og ber til þess brýna nauðsyn að Alþ. ljúki ekki án þess að tekin verði endanleg ákvörðun um hvort sú ringulreið, sem nú hefur skapast, skuli haldast eða hvort aftur sé komið lagi á þessi mál. Ástæðan er sú að þegar Alþ. hefst næst munu skólar þegar hafa hafið starfsemi sína. Allur undirbúningur skólastarfs mun þá vera um garð genginn og þá er orðið einu ári of seint að snúa aftur eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson lagði svo greinilega og skörulega áherslu á í sinni ræðu að ekki mætti eiga sér stað. Það er því nú tækifæri til þess að leiðrétta það sem úrskeiðis hefur farið. Það verður orðið — ég segi ekki of seint, en það verður mikill skaði skeður ef það frestast til næsta þings.

Í framhaldi af því, að ég hef gerst flm. að frv. að lagasetningu um þessi efni, vil ég láta þess getið að það kom fram hjá hv. þm. Sverri Hermannssyni við 1. umr. þess máls að hann og fleiri þm. höfðu, án þess að mér hefði verið kunnugt um, haft í undirbúningi flutning þáltill. sem efnislega fól það sama í sér og frv. mitt, en við höfðum ekki vitað hvorir af öðrum. Við höfum nú undanfarna daga átt viðræður um með hverjum hætti mætti tryggja að Alþ. lyki ekki án ákvörðunartöku um málið og mun það væntanlega koma til umræðu á fundi Sþ. á morgun eða fimmtudaginn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans, þó að ég hefði æskt þess að hann hefði getað sagt okkur hvað hann hugsaði í þessu efni. Þegar maður lítur á áskorun til ráðh. sem var send honum frá 100 manna hópnum sem hefur verið mikið getið um í blöðum, þá kemst maður ekki hjá því að finnast ýmislegt fáránlegt í þessum reglum, eins og þar kemur fram, t. d. að oddaverjar skuli vera skrifaðir með litlum staf, en Sturlungar með stórum, hólsfjallamaður með litlum staf, en Hólsfjallahangikjöt með stórum, bandarikjamaður með litlum staf og Bandarikjaforseti með stórum. Þannig mætti lengi telja, t. d. að Englandsdrottning skrifist með stórum staf, en danadrottning með litlum. Þessi dæmi sýna auðvitað að þessar reglur eru þannig að eftir þeim er ekki hægt að fara.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég átti þess ekki kost að heyra svar hæstv. ráðh., en mér skilst á þeim sem hér hafa talað að það hafi verið magurt mjög. Ég gat þess við umræður um fram komið frv. frá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni að ég hefði beitt mér fyrir því að leitað yrði álits hinna færustu lögfræðinga um það hvort sú ályktunartillaga, sem samþykkt var hér á hinu háa Alþ. í fyrravor, hlyti ekki að hafa lagagildi þar sem ekki er að finna neinn lagabókstaf um íslenska stafsetningu. Hvort sem úrskurðurinn verður á þá lund að ályktunin hafi lagagildi eða ekki, þá getur hann ekki orðið á annan veg en þann, að sú ályktun hlýtur að ganga fyrir auglýsingu frá menntmrn. um íslenskrar ritreglur.

Ég ætla ekki að orðlengja nú um þetta mál, en hv. þm. Magnús T. Ólafsson lagði lykkju á leið sína og vildi mótmæla svigurmælum sem hefðu komið fram í grg. með þáltill. sem ég ásamt fleirum hv. þm. hyggst flytja. Ég vænti þess að nú á næstu mínútum muni verða útbýtt hér í Sþ. þessari þáltill. og til þess að mönnum gefist kostur á að ræða þetta og vegna hinnar brýnu nauðsynjar sem er á því að ekki dragist úr hömlu að taka ákvörðun um þetta mikilsverða mál, þá leyfi ég mér að vænta þess fastlega að hæstv. forseti gefi færi á því að sú till. komi hér fyrir til afgreiðslu áður en þingi lýkur nú.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. sumra, sem hér hafa talað, vil ég láta koma fram að ég álít að sú breyting, sem gerð var á íslenskri stafsetningu nú fyrir skömmu, hafi alls ekki verið nægilega vel undirbúin. Ég álít að það sé mjög viðurhlutamikið að breyta íslenskri stafsetningu og það reglum og hefð sem búin er að standa hálfa öld. Það hefði þurft að ætla sér til þess meiri tíma og kanna málið á breiðari grundvelli en ég tel að hafi verið gert. Á sama hátt lít ég svo á að þetta mál í heild sé þannig vaxið að það sé naumast unnt að taka það til afgreiðslu eða a. m. k. ekki skynsamlegt að taka það til meðferðar og afgreiðslu í flaustri. Það hlýtur þó að verða ef á að afgr. það á síðustu tveimur til þremur dögum þingsins. — Þetta vildi ég aðeins láta koma fram.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég fagna síðustu ummælum hæstv. ráðh., og einmitt vegna þess að ekki er skaplegt á síðustu dögum þingsins að afgreiða lagafrv. með þeim hætti sem það er lagt hér fram af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, þá höfum við nú breytt til í þá veru að bera fram þáltill., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu. — Þar til slík lög hafa verið sett, skal fylgja þeirri stafsetningu sem í gildi var áður en menntmrn. gaf út auglýsingar sínar nr. 272 frá 4. sept. 1973 og nr. 132 frá 3. maí 1974.“

Þarna er verið að fela ríkisstj. að undirbúa að setja þessa löggjöf (Gripið fram í.) Meðflm. mínir eru Gunnlaugur Finnsson, Helgi F. Seljan, Gylfi Þ. Gíslason og Ellert B. Schram. Þetta er einmitt í þá veru sem hæstv. menntmrh. segir. Það má ekki flana að þessu, nógu oft hefur það verið gert. Þess vegna mundi samþykkt slíkrar þáltill. gjörsamlega falla í þann farveg sem hann gat um að nauðsynlegt væri að þetta mál rynni í.

Sameinað þing, 78. fundur.

Þriðjudaginn 13. maí, að loknum 77. fundi.

Kaup ríkissjóðs á húsakost á Flatey á Skjálfanda, þáltill. (þskj. 30, n. 668). — Síðari umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur athugað till. og rætt málið á fundum sínum. Leitað var umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og hreppsnefndar Hálshrepps um málið. Nefndin leggur til að till. verði vísað til ríkisstj., en bendir jafnframt á ákvæði í ábúðarlögum varðandi greiðslur til ábúenda lögbýla. Telur nefndin ekki óeðlilegt að kannað sé hverjir af eigendum umræddra húsa hefðu áhuga á að selja húsin og þá með hvaða skilmálum.

Nefndin leggur sem sagt einróma til að málinu verði vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnumál aldraðra, þáltill. (þskj. 40, n. 658). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til athugunar till. til þál. um atvinnumál aldraðra. Nefndin mælir með samþykkt till. með þeirri breytingu, að í stað orðanna „launþegasamtök landsins" komi „aðila vinnumarkaðarins".

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Jón G. Sólnes og Steingrímur Hermannsson.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að tefja þennan fund með neinni ræðu, en ég get ekki látið hjá líða, fyrir hönd okkar flm., að þakka hv. varaformanni nefndarinnar og nm. öðrum, sem hér eiga hlut að máli, fyrir afgreiðslu þessa máls og skilning þeirra á mikilvægi þess. Ég vil einnig lýsa því yfir fyrir hönd okkar flm. að við höfum ekkert að athuga við þá breytingu, sem nefndin leggur til að gerð verði, og getum sætt okkur við hana. Ég ítreka þakklæti mitt til nefndarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipan opinberra framkvæmda, þáltill. (þskj. 173, n. 636). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft till. um endurskoðun á lögum um skipan opinberra framkvæmda til athugunar og leggur til að till. verði samþykkt með nokkurri breytingu. Breytingin er svo hljóðandi:

„Síðasti málsliður tillgr. orðist svo:

„Ríkisstj. skal leggja fram á næsta þingi lagafrv. um þetta efni, ef athugun leiðir í ljós að tilefni sé til."

Nefndin leggur til að till. verði samþykkt með þessari breytingu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hafís fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 303, n. 652). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar till. til þál. um viðbrögð gegn hafískomum að Norðurlandi. Nefndin mælir með að till. verði samþykkt með nokkurri breytingu. Brtt. er á þskj. 652 og er svo hljóðandi:

Tillgr. orðist því svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna afleiðingar truflana á vöruflutningum til byggðarlaga á Norðurlandi, ef hafís kynni að leggjast þar að landi, og gera áætlun um hvernig bregðast skuli við slíkum vanda."

Nefndin leggur til að tillgr. verði samþykkt í þessu formi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri, þáltill. (þskj. 352, n. 653). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft till. til þál. um ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri og eflingu útflutningsstarfsemi til athugunar. Nefndin mælir með því að till. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skýrsla um utanríkismál (þskj. 587).

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mun nú, eins og venja hefur verið undanfarin ár og ákveðið er í málefnasamningi ríkisstj., gefa Alþ. skýrslu um utanríkismál bæði á sviði alþjóðamála og eins að því er varðar tvíhliða og marghliða samskipti Íslands við aðrar þjóðir.

Það sem einkennt hefur þróunina í alþjóðamálum eru áframhaldandi tilraunir stórveldanna til þess að draga úr spennu í heiminum. Bandaríkin og Sovétríkin halda áfram tilraunum sínum til að draga úr spennu. Æðstu menn þessara stórvelda hafa hist í Vladivostok og viðræður um afvopnunarmál þeirra á milli halda áfram. Í Genf er rætt um takmarkanir á framleiðslu og útbreiðslu langdrægra vopna og í Vínarborg fara fram samningaviðræður milli austurs og vesturs um jafnan og gagnkvæman samdrátt þeirra afla í Mið-Evrópu. Mál þessi eru afar flókin svo hægt miðar áfram, en ég álít að þessar viðræður séu mjög mikilvægur liður í þeirri viðleitni að koma á samkomulagi um raunverulega afvopnun í heiminum. Þótt árangur hafi náðst, er ennþá óvíst um margt.

Alvarlegt ástand hefur ríkt undanfarið 1½ ár á sviði efnahagsmála í heiminum. Erfiðleikar þessir hafa fyrst og fremst orðið vegna orkukreppunnar sem skapaðist þegar olíuframleiðendur í Mið-Austurlöndum gripu til hins svonefnda olíuvopns og hækkuðu verð á olíu. Þessi ákvörðun þeirra bitnaði ekki einungis á iðnþróuðu löndunum, heldur urðu afleiðingar hennar mun alvarlegri fyrir þróunarlöndin. Allur hagvöxtur í þessum löndum og aðstoð til þeirra urðu nær að engu vegna verðhækkana, en ástandið þar er þannig, að þau þola ekki slíkar sveiflur.

Augljóst er því að efnahagsmálin og sérstaklega erfiðleikar þróunarlandanna verða meira og meira á dagskrá hjá flestum eða öllum alþjóðastofnunum. Sjöunda auka-allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, sem saman kemur í byrjun september, mun t. d. fjalla eingöngu um þessi mál.

Skipan mála innan Sameinuðu þjóðanna hefur vakið nokkurn ugg manna á meðal. Eru það einkum hópskiptingarnar sem orðið hafa með þeim afleiðingum að stærri hópurinn knýr í gegn samþykktir sem oft á tíðum þykja fljótfærnislega unnar og jafnvel brjóta í bága við sáttmála Sameinuðu þjóðanna eða er í ósamræmi við anda hans, eins og t. d. þegar vafasamar túlkanir á fundarsköpum Allsherjarþingsins eru notaðar til að útiloka aðildarríkin frá fullri þátttöku í störfum þess.

Sérstökum áhyggjum veldur einnig ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs og á Kýpur, og loks er nú lokið í Vietnam hernaðarátökum sem staðið hafa nær samfleytt í 35 ár. Verður síðar fjallað um einstök framangreind atriði auk fleiri þátta utanríkis- og alþjóðamála.

Annar áfangi ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu með þátttöku Bandaríkjanna og Kanada heldur áfram í Genf og undirbýr þriðja og lokaáfangann. Þótt hægt hafi gengið hafa umræður þær, sem fram hafa farið bæði á fundum og utan funda, þó m. a. haft það gott í för með sér að nú má segja með töluverðum rétti að flest mál liggi ljós fyrir. Gangur ráðstefnunnar héðan af mun því byggjast nær eingöngu á samkomulagsvilja og veltur endanlegur árangur á því hvort hann reynist mikill eða lítill. Þótt samkomulag hafi náðst á ráðstefnunni um ýmis atriði, þá eru því miður enn þá óbrúuð bil. Ég leyfi mér samt sem áður að álíta að það, sem þegar hefur áunnist, gefi góðar vonir um að hægt verði að ljúka þessum áfanga innan skamms svo að lokafundur ráðstefnunnar geti komið saman með þátttöku æðstu manna hlutaðeigandi ríkja sem allra fyrst. Stefnt er að því að halda lokafundinn í Helsingfors í júlímánuði í sumar, en þá verða liðin rétt tvö ár síðan hún formlega hófst.

Tilraunir utanrrh. Bandaríkjanna til að finna lausn á deilumálum landanna fyrir botni Miðjarðarhafs hafa nú farið út um þúfur, a. m. k. um sinn. Hann reyndi að fara skref fyrir skref leiðina, eins og það var kallað, vinna að lausn eins þáttar þessara flóknu deilumála í einu þannig að grundvöllur samkomulags væri fundinn áður en komið væri saman að nýju í Genf og heildarsamkomulag gert.

Við höfum stutt á alþjóðavettvangi allar tilraunir til að koma á samkomulagi á þessu svæði og styðjum að sjálfsögðu að Genfarráðstefnan verði kölluð saman sem fyrst með þátttöku allra hlutaðeigandi aðila.

Það er álit mitt að nauðsynlegt sé að framkvæma samþykkt Sameinuðu þjóðanna varðandi þessi mál og réttlátur og varanlegur friður í þessum heimshluta hlýtur að byggjast á að fullt tillit sé tekið til allra aðstæðna sem máli skipta, þ. á m. lögmætra réttinda palestínumanna og að tilveruréttur allra ríkja á svæðinu verði virtur.

Fyrir atbeina Sameinuðu þjóðanna sátu fulltrúar þjóðarbrotanna tveggja á Kýpur nýlega ráðstefnu í Vínarborg. Undirnefndir á vegum þessarar ráðstefnu starfa nú áfram að lausn vandamálanna.

Ísland mun styðja allar tilraunir Sameinuðu þjóðanna og aðalritara þeirra til að finna réttláta lausn sem báðir aðilar geta unað við. Slík lausn verður að byggjast á fullu tilliti til sjálfstæðis, fullveldis og óskertra yfirráða Kýpurlýðveldisins yfir landssvæði sínu.

Nú virðist lokið hernaðarátökum í Indó-Kína. Segja má að styrjöld og hörmungar hafi hrjáð þjóðirnar á þessu svæði í nærfellt 35 ár.

Það er von mín að takast megi að koma á varanlegum friði svo að endurbyggingarstarfið geti hafist sem allra fyrst. Ríkisstj. hefur ákveðið að veita 1 millj. 500 þús. kr. til mannúðar og líknarstarfsemi á vegum Alþjóða Rauða krossins í Indó-Kína.

Það er skoðun mín að þar sem Ísland hefur stjórnmálasamband við löglega ríkisstj. í Suður-Vietnam er ekki nauðsynlegt að viðurkenna formlega bráðabirgðabyltingarstjórnina.

Ef sú ríkisstj., sem tekur við stjórn af hernaðaryfirvöldum, óskar að skipta um sendiherra á Íslandi munum við að sjálfsögðu veita nýjum sendiherra viðurkenningu. Nýlega var leitað álits Íslands á því hvort nýja stjórnin í Suður-Vietnam ætti að fá aðild að Alþjóðaveðurmálastofnuninni og studdum við það að sjálfsögðu.

Senn verða liðin 30 ár frá því að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður í San Francisco, hinn 26. júní 1945, en samtökin tóku formlega til starfa þá um haustið eins og kunnugt er — og rúmu ári síðar gerðist Ísland aðili. Mörg hnjóðsyrði hafa fallið í garð samtakanna á þessu árabili, en þegar grannt er skoðað munu þó flestir vera sammála um að án slíkra samtaka væri heimurinn verr settur. Sameinuðu þjóðirnar hafa löngum átt erfitt uppdráttar við gæslu friðar og öryggis í heiminum, sem er meginhlutverk þeirra. Þó vil ég halda að með töluðum orðum á vettvangi samtakanna eða fyrir þeirra tilstilli hafi oftar en sannað verður óyggjandi tekist að hindra að vopnin væru látin tala. Þá má eigi heldur gera of lítið úr starfi samtakanna til að vinna bug á hungri og fátækt og auka frelsi og velmegun. En á öllum þessum sviðum er því miður enn þá gífurlega margt óunnið og gerir það miklar kröfur til þeirra þjóða allra sem að samtökunum standa.

29. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stóð yfir í New York frá 17. sept. til 18. des. s. l., eða um 3 mánaða skeið eins og venja er orðin. Ég sótti þingið í byrjun og flutti þar ræðu í almennum umræðum hinn 30. sept. Þar leitaðist ég við að gera grein fyrir afstöðu okkar til helstu alþjóðamála, en notaði jafnframt tækifærið til þess að fjalla allítarlega um hafréttarmálin og ryðja frekari braut sjónarmiðum okkar á því sviði. Þar sem ræðan var birt hérlendis þegar eftir að hún hafði verið flutt þykir mér ekki ástæða til að rekja hana nánar hér.

Þetta þing Sameinuðu þjóðanna var eitt hið gustmesta um langt skeið. Það bar glögg merki þeirrar breytingar á valdahlutföllum sem fylgt hefur fjölgun aðildarríkja úr 51, sem þau voru í byrjun, í 138, sem þau eru orðin nú, en 3 ný

aðildarríki bættust í hópinn að þessu sinni, Bangladesh, Grenada, og Ginea Bissau. Kurt Waldheim framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lét svo ummælt í lok þingsins að Sameinuðu þjóðirnar væru fyrst og fremst stjórnmálaleg samtök sem endurspegla og taka mið af pólitískum straumum og breytingum í heiminum. Slíkt hefur aldrei gerst á eins áberandi hátt og á 29. Allsherjarþinginu. Ég hygg að framkvæmdastjórinn hafi þarna mikið til síns máls. Hin nýrri ríki samtakanna virtust sér nú meira meðvitandi en áður um það vald sem hin mikla fjölgun þeirra innan samtakanna hefur lagt þeim í hendur. Þessu valdi var nú beitt meira en margir töldu góðu hófi gegna. Var sú valdbeiting á vissan hátt bergmál og bar keim af undanfarandi baráttu Arabaríkja á sviði olíumálanna, enda hittist nú svo á að þingforsetinn var úr þeirra hópi.

Meðal hörðustu deilumála þingsins, þar sem þessarar nýju valdbeitingar gætti á mest áberandi hátt, voru tvímælalaust Palestínumálið og Suður-Afríkumálið. En nú eins og stundum áður var einnig deilt hart um Kóreu, Kambódíu og Kýpur. Palestínumálið olli bitrustum deilum. Jarðvegur fyrir hagstæða afgreiðslu þess frá sjónarmiði Arabaríkjanna var nú betri en nokkru sinni fyrr og því máske skiljanlegt að þau létu til skarar skríða. Pólitísk áhrif þessara landa höfðu aukist gífurlega á skömmum tíma vegna samvinnu olíuframleiðslulandanna um framleiðslutakmarkanir og verðhækkanir á olíu til þeirra ríkja sem þau töldu sér ekki vinsamleg, en þær aðgerðir sýndu að þeim var full alvara að nota olíuvopnið til hins ítrasta. Þá voru Arabalöndin orðin stórveldi á fjármálasviðinu vegna olíugróðans og voru orðin aflögufær um lánsfjármagn í stórum stíl. Aðstaða Arabalandanna styrktist einnig pólitískt eftir að þeim tókst á fundi sínum í Rabat í okt. 1974 að ná samkomulagi um frelsishreyfingu Palestínuaraba (PLO) sem hinn eina lögmæta fulltrúa Palestínu-þjóðarinnar.

Fyrir forgöngu Arabaríkjanna var samþ. með yfirgnæfandi meiri hl. á þinginu að bjóða frelsishreyfingu Palestínu-araba sem fulltrúa Palestínuþjóðarinnar, að taka þátt í afgreiðslu Palestínumálsins á sjálfu þinginu. Einungis 4 ríki greiddu atkv. gegn þessari ákvörðun, en Ísland og Danmörk voru í hópi 20 ríkja sem sátu hjá. Finnland, Noregur og Svíþjóð greiddu atkv. með. Sú afstaða byggðist einkum á því að það hefur verið viðtekin regla hjá Sameinuðu þjóðunum að aðeins fulltrúar aðildarríkja hafi heimild til að ávarpa Allsherjarþingið eða taka þátt í umræðum þar og því varhugavert fordæmi að brjóta þá reglu. Yasser Arafat, leiðtogi PLO, ávarpaði síðan þingið 14. nóv. og talaði hálfan annan klukkutíma. Hefur ræða hans verið túlkuð á ýmsa vegu, en varla þykir fara hjá því að út úr henni megi lesa það að markmið PLO sé að stofna Palestínuríki á landsvæði sem nú er Ísrael. Fulltrúi Ísraels talaði síðar sama dag og var mjög harðorður í garð PLO og Arafats. Samkv. úrskurði þingforseta, sem hlaut staðfestingu þingsins með 75 atkv., var Ísrael síðan útilokað frá frekari umr. um málið. Öll Norðurlönd voru í hópi 25 ríkja sem greiddu atkv. gegn úrskurðinum, en 18 ríki sátu hjá.

Í lok mjög einhliða umr. um Palestínumálið voru samþ. tvær till.: Önnur almennt um réttindi Palestínu-araba í Palestínu, þ. á m. rétt til sjálfsákvörðunar, sjálfstæðis og fullveldis, auk þess sem í till. var lýst yfir viðurkenningu á rétti þeirra til að hverfa aftur til fyrri heimkynna og eigna og neyta til þess allra tiltækra ráða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hvorki var beint né óbeint í till. vikið að tilverurétti Ísraels. Þótti mörgum þannig vera enn aukin óvissan í hinum viðkvæmu deilumálum fyrir botni Miðjarðarhafs, ekki síst þegar tekið var tillit til vaxandi harðýðgi í málinu. Áður hefur verið kappkostað að gæta jafnvægis í ályktunum Sameinuðu þjóðanna um þetta vandleysta deilumál, en allar tilraunir nú til þess að fá till. breytt í jafnvægisátt voru árangurslausar. Fór því svo að 37 ríki, þ. á m. Danmörk, Finnland og Svíþjóð, töldu sig knúin til að sitja hjá og 8 ríki, þ. á m. Ísland og Noregur, til að greiða atkv. gegn henni, en till. hlaut samþykki 89 ríkja.

Ég hafði þegar í ræðu minni við almennu umr. lagt áherslu á það að lausn deilunnar í Mið-Austurlöndum yrði að fela í sér tillit til réttinda Palestínu-araba. Að lokinni atkvgr. um framangreinda till. var þessi afstaða áréttuð enn frekar af fastafulltrúa Íslands. Hann lýsti því yfir á þinginu í grg. fyrir mótatkv. Íslands gegn till. að þá afstöðu bæri á engan hátt að túlka sem synjun á lögmætum réttindum Palestínu-þjóðarinnar, heldur væri hún grundvölluð á þeirri sannfæringu að sérhver till., sem Sameinuðu þjóðirnar létu frá sér fara um málefni Palestínu, ætti ekki eingöngu að fjalla um réttindi og hagsmuni Palestínu-araba, heldur um réttindi og hagsmuni allra íbúa á svæðinu. Lausn vandamálanna í Austurlöndum nær yrði að grundvallast á ályktunum Öryggisráðsins nr. 242 frá 1967 og nr. 338 frá 1973 og staðfesta yrði réttindi allra ríkja á svæðinu, þ. á m. ísraelsmanna, til að lifa í friði öruggra og viðurkenndra landamæra.

Hin till. var um að veita frelsishreyfingu Palestínu-araba (PLO) áheyrnarfulltrúastöðu hjá Sameinuðu þjóðunum. Ísland, Noregur og Danmörk voru meðal 17 ríkja, sem greiddu atkv. gegn þeirri till., og Svíþjóð eitt af þeim 19, sem sátu hjá, en Finnland í hópi 95 ríkja sem studdu þessa ákvörðun. Til þessa hefur aðeins ríkjum og samtökum fullvalda ríkja verið veitt áheyrnarfulltrúastaða hjá Sameinuðu þjóðunum. Þeir sem ekki greiddu till. atkv. töldu að hér væri farið inn á nýja og hættulega braut. Var talið að ákvörðun sem þessi gæti dregið dilk á eftir sér með tilliti til annarra frelsishreyfinga sem tilkall gera til viðurkenningar.

Afgreiðsla Palestínumálsins varð þannig Arabaríkjunum og frelsishreyfingu Palestínu-araba mjög í vil. Reynslan ein mun skera úr um hvaða áhrif þetta kann að hafa. Að því er frelsishreyfingu Palestínu-araba snertir ber að vona að hún reynist verðug þeirrar auknu viðurkenningar sem henni hefur hlotnast og að hún komi fram af fullri ábyrgð við áframhaldandi tilraunir til

lausnar deilumálanna í þessum hrjáða heimshluta.

Hitt málið, sem umdeildast var hvað beitingu forseta- og meirihlutavalds snertir var ákvörðunin um að meina Suður-Afríku að taka þátt í störfum 29. Allsherjarþingsins. Löng og bitur umr. átti sér stað um það mál. Öll Norðurlöndin voru meðal 22 ríkja sem greiddu atkv. gegn þessari ráðstöfun, 19 sátu hjá, en úrskurður þingforseta um þetta var staðfestur með 91 atkv. Slík réttindasvipting er ekki samkv. stofnskrá Sameinuðu þjóðanna á valdi Allsherjarþingsins, heldur þarf til að koma atbeini Öryggisráðsins. Í stjórnmálalegu tilliti er ráðstöfun af þessu tagi einnig mjög umdeilanleg svo að ekki sé meira sagt, og samræmist ekki þeim skoðunum sem Norðurlönd hafa aðhyllst um sem víðtækasta aðild að samtökum Sameinuðu þjóðanna. Að sjálfsögðu á framangreind afstaða til brottvísunar fulltrúa Suður-Afríku af Allsherjarþinginu ekkert skylt við stuðning við kynþáttastefnu þarlendra stjórnvalda, enda gefst við meðferð málsins tækifæri til þess að árétta eindregna andstöðu Norðurlandanna allra við þá stefnu sem Suður-Afríkustjórn hefur fylgt í þeim málum langa hríð. En hér er raunar ástæða til að geta þess, að nú þykir örla á eilítið meiri samkomulagsvilja Suður-Afríkustjórnar í þeim málum — og ber vissulega að vona að það leiði til umtalsverðra úrbóta sem allra fyrst.

Ég skal nú víkja í fáum orðum að Kóreu, Kambódíu og Kýpur.

Í Kóreumálinu var samþ. ályktun sem Ísland studdi, þar sem ríkin tvö í landinu voru hvött til að halda áfram viðræðum í því skyni að þau verði sameinuð með friðsamlegum hætti. Einnig var í ályktuninni gert ráð fyrir að Öryggisráðið fjallaði um það hvort rétt væri að leysa upp herstjórn Sameinuðu þjóðanna í Kóreu. Um þetta síðarnefnda atriði vildu norður-kóreumenn að gengið yrði feti framar, þ. e. a. s. að þingið slægi því föstu að draga bæri til baka allt erlent herlið frá Suður-Kóreu sem þar er undir fána Sameinuðu þjóðanna. Háðu norður-kóreumenn og stuðningsríki þeirra harða baráttu fyrir því máli. Með hliðsjón af því mikilvæga hlutverki, sem lið Sameinuðu þjóðanna hefur gegnt við friðargæslu í landinu, er vandséð hvernig brottflutningur þess gæti bætt ástandið. Einn mikilvægasti þáttur Kóreudeilunnar nú er að sjálfsögðu sá að reyna að koma í veg fyrir að þar brjótist fram vopnuð átök á ný. Mikil nauðsyn er jafnframt á að samningaviðræðum ríkjanna verði haldið áfram, en því miður eru horfur á því efni ekki góðar eins og sakir standa.

Í Kambódíumálinu var deilt um tvennt, hvort lýsa ætti yfir viðurkenningu á útlagastjórn Nordom Sihanouks sem löglegri stjórn Kambódíu og veita þeirri ríkisstjórn fyrirsvar landsins hjá Sameinuðu þjóðunum og reka um leið fulltrúa stjórnar Lon Nol — eða samþykkja ályktun þar sem deiluaðilar í landinu væru hvattir til að hefja viðræður í þeim tilgangi að reyna að finna friðsamlega lausn á Kambódíuvandamálinu þar sem fullt tillit væri tekið til vilja þjóðarinnar. Í till. um síðari leiðina var jafnframt gert ráð fyrir að fela framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að veita aðstoð sína til þess að markmiði hennar yrði náð. Þessi síðari kostur hlaut stuðning 56 ríkja, en 54 voru á móti, 24 ríki sátu hjá, þ. á m. Ísland og önnur Norðurlönd nema Danmörk sem greiddi atkv. með. Fulltrúar stjórnar Lon Nol héldu þannig sætum sínum á þinginu, en öllum er kunnugt nú hvað er að gerast heima fyrir í landi þeirra þessa dagana.

Í slæmu ástandi á Kýpur, sem hófst með stjórnarbyltingunni þar í júlí 1974, kom einnig til kasta Allsherjarþingsins. Samkomulag um vopnahlé hafði verið undirritað 30. júlí, en það dugði illa og var margsinnis brotið. Þingið samþ. ályktun þar sem öll ríki voru hvött til að virða fullveldi og sjálfstæði Kýpur og forðast íhlutun og árásir á landið. Hvatt var til þess að allt erlent herlið hyrfi hið bráðasta brott frá eynni og að samningaviðræður færu fram með aðstoð Sameinuðu þjóðanna. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna var beðinn að halda áfram aðstoð við íbúa landsins og skorað var á öll ríki að leggja af mörkum til þeirrar aðstoðar. Þótt varanleg lausn á Kýpurvandamálunum eigi enn langt í land hefur öldurnar lægt og tækifæri skapast til viðræðna milli þjóðarbrotanna, ekki aðeins um mannúðarmál, heldur einnig um stjórnmálaleg samskipti. Þessum viðræðum er stöðugt haldið áfram með aðstoð sérstaks fulltrúa framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á Kýpur og er hér glöggt dæmi um mikilvægt hlutverk samtakanna á sviði friðargæslu.

Eftir 6. sérstaka Allsherjarþingið, Mannfjöldaráðstefnuna og Matvælaráðstefnuna, var eðlilegt að Allsherjarþingið nú fjallaði í ríkum mæli um hin mjög alvarlegu vandamál, sem skapast hafa, og þann glundroða sem ríkir á sviði efnahags- og félagsmála í heiminum. Samkomulag varð um nokkrar merkar ákvarðanir varðandi þessi vandamál, svo sem stofnun Alþjóðamatvælaráðsins, en um önnur vandamál, einkum efnahagslegs eðlis, urðu hatrammar deilur. Samþ. var að vísu einnig sáttmáli um efnahagsleg réttindi og skyldur ríkja, en því miður skorti töluvert á að nægur samkomulagsandi ríkti við frágang á efni hans og orðalagi. Upphaf þessa sáttmála má rekja til 3. viðskipta- og þróunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í maí 1972. Þar var ákveðið að setja á fót vinnuhóp 31 ríkis, (sem síðar var fjölgað í 40 ríki, til að gera uppkast að sáttmála um efnahagsleg réttindi og skyldur þjóða. Um tíma á árinu 1974 þóttu líkur benda til samkomulags, en síðar dró í sundur með iðnvæddum ríkjum og hinum vanþróuðu. Einkum ollu ágreiningi ákvæði um þjóðnýtingu erlendra eigna og skaðabótagreiðslur í því sambandi svo og ákvæði um vísitölukerfi er tengdi verðlagningu hráefnis og útflutnings vanþróuðu ríkjanna. Litið þokaðist því í átt til samkomulags á sjálfu Allsherjarþinginu og töldu því margir hyggilegt að ætla rýmri tíma til þess að ljúka gerð sáttmálans, þar sem raunhæft gildi hans væri að verulegu leyti komið undir því að flest eða öll ríkustu og áhrifamestu aðildarríkin gengju til fylgis við hann. Hinn nýi meiri hl. innan samtakanna kaus hins vegar að leiða málið til lykta nú og var sáttmálinn því samþ. á þinginu og hlaut að vísu yfirgnæfandi meiri hl. atkv. Ísland, Finnland og Svíþjóð voru meðal þeirra ríkja sem greiddu atkv. með honum.

Auk þeirra mála, sem ég hef nú getið, fjallaði Allsherjarþingið um marga hefðbundna dagskrárliði, t. d. á sviði afvopnunar, félagsmála, kynþáttamála og nýlendumála. Léttara var yfir umræðum um nýlendumálin nú en oft áður vegna stefnubreytingar portúgala og ákvörðun nýrra ráðamanna í því landi um að veita nýlendum landsins í Afríku frelsi. Ætla má að þrotlaust starf að þessum málum innan vébanda Sameinuðu þjóðanna eigi sinn þátt í þessari þróun. Fækkar nú þeim löndum sem ekki hafa hlotið sjálfstæði.

Sú þeiting meirihlutavalds á þinginu, sem ég hef vikið að, skapaði óneitanlega spennu er mjög gætti í störfum þess lengst af. En undir lokin gerðist það svo að þessi breyttu viðhorf innan samtakanna urðu sérstakt umræðuefni. Tókust um málið allsnarpar deilur. Hygg ég að þær hafi orðið til þess að hreinsa nokkuð andrúmsloftið. Er því ekki útilokað að aftur muni komast á meira jafnvægi í störfum samtakanna, enda er heillavænlegur árangur af þeim mjög kominn undir því að samkomulagsvilji sé ráðandi.

Ég skal ekki gera störf síðasta Allsherjarþings að frekara umræðuefni, enda hef ég nú þegar varið til þeirra ríflegri tíma en áður. Fulltrúar þingflokkanna sátu þingið eins og undanfarin ár. Síðustu vikur Allsherjarþinganna eru þar miklar annir þegar nefndir eru að ljúka afgreiðslu mála og þau eru tekin til lokaafgreiðslu á fullskipuðum fundum Allsherjarþingsins sjálfs. Mér er kunnugt um að í hópi fulltrúa þingflokkanna hafa heyrst raddir um að æskilegt væri að þeir væru ekki eins bundnir við setu á nefndarfundum og þingfundum og nú er raunin, heldur hefðu frjálsari aðstöðu til að kynna sér þingmál og alþjóðamálefni. Hefur í þessu sambandi verið bent á að t. d. þm. í sendinefndum hinna Norðurlandanna hafi rýmri aðstöðu að þessu leyti. Ég tel að þetta sjónarmið eigi við nokkur rök að styðjast. En meðan utanríkisþjónustunni er ekki sköpuð aðstaða til að hafa við þingstörfin fleiri fulltrúa en verið hefur er óhjákvæmilegt að slíkar fundarsetukvaðir fylgi þátttöku þingflokkanna í störfum Allsherjarþingsins, þar sem hinar 7 föstu þingnefndir sitja tíðum að störfum samtímis auk alls kyns funda ríkja og annarra sem sinna þarf. Ég er hins vegar fús til að íhuga fyrirkomulag þessara mála nánar með fulltrúum þingflokkanna ef þess væri óskað.

Burtséð frá Allsherjarþinginu vildi ég í sambandi við Sameinuðu þjóðirnar geta hér um samstarf Íslands við Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, áframhaldandi setu Íslands í Auðlindanefnd samtakanna og víkja að Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Samkv. yfirstandandi áætlun um samstarf Íslands og Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem nær yfir árin 1972—1976, fær Ísland að jafnaði 200 þús. dala framlag á ári frá Þróunarstofnuninni, eða sem svarar um 30 millj. kr. á ári á núv. gengi, þ. e. nálægt 150 millj. kr. á tímabilinu öllu. Innan ramma þessarar áætlunar hefur verið unnið að yfir 20 verkefnum á margvíslegum sviðum þjóðlífsins, þ. á m. málmleit, ferðamálum, útflutningsstarfsemi iðnaðarins, lax- og silungsrannsóknum, fiskvinnslurannsóknum, nýtingu og vernd beitilanda, loftmynda- og kortagerð, ylrækt, endurskipulagningu og margs konar framförum á sviði iðnaðar og þannig mætti fleira telja. Hygg ég nú að u. þ. b. hálfnuðu tímabilinu sé farinn að koma í ljós ýmis árangur þessarar starfsemi. Það er gagnlegt fyrir Ísland að geta þannig notið sérfræðiaðstoðar og leiðbeininga frá og fyrir milligöngu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. En því er ekki að leyna að hinar háu meðaltekjur á mann hérlendis gera það að nokkru samviskuspursmáli að þiggja frá stofnuninni meira fé en við sjálfir leggjum til hennar. Á fjárlögum þessa árs nemur okkar skerfur til Þróunarstofnunarinnar 9.6 millj. kr. Ég tel að við þurfum að stefna að því að árlegt framlag okkar hækki svo að það sem fyrst svari til þess sem við hljótum frá stofnuninni, enda er henni fyrst og fremst ætlað að ráðstafa fé sínu til hinna svonefndu þróunarríkja.

Ísland var endurkjörið í Auðlindanefnd Sameinuðu þjóðanna frá 1. jan. 1975 til næstu 4 ára. Nefndin gegnir því hlutverki að gera till. til Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna um stefnumörkun varðandi nýtingu og varðveislu náttúruauðlinda. Nefndin heldur fundi annað hvert ár og hún kom nýverið saman í Tókíó. Þar var samþ. till. frá Íslandi, Indlandi, Ítalíu, Japan og Kenýa þar sem m. a. var bent á mikilvægi jarðhitans sem orkugjafa og lagt til að hinn nýstofnaði Háskóli Sameinuðu þjóðanna annist rannsóknir og gengist fyrir hagnýtri fræðslu á þessu sviði.

Háskóli Sameinuðu þjóðanna hefur nú verið settur á fót, rektor verið kjörinn og skólanum valinn staður í Tókíó. En jafnframt var gert ráð fyrir að hann gæti staðið að starfsemi víðar um heim. Er nú unnið að frekari undirbúningi að starfsemi skólans. Ef skólinn lætur jarðorkumál til sín taka kemur fyllilega til álita að starfsemi skólans á því sviði verði valinn staður hér á landi. Sömuleiðis hefur verið ræddur sá möguleiki að hérlendis fari fram vísinda- og rannsóknastarfsemi í haf- og fiskifræðum á vegum skólans. Þessi mál þurfa nú nánari athugunar við af Íslands hálfu, en að sjálfsögðu veltur einnig mikið á því hvernig fer um fjármögnun til starfsemi skólans. Nýlega svaraði menntmrh. fsp. hér á Alþ. um þetta mál og vísa ég til þess að öðru leyti.

Kaflann um hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna ætla ég ekki að lesa. Þessi kafli er ritaður fyrir 10 dögum og er að mestu leyti sögulegs eðlis og þm. þekkja hann. Ég mun sleppa að lesa hann, en vísa til skýrslunnar. Um hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna vil ég því aðeins segja þetta: Fundum hafréttarráðstefnunnar í Genf lauk hinn 9. maí. Ákveðið var að næsti fundur verði haldinn í New York frá 29. mars til 21. maí 1976 og að á þeim fundi verði ákveðið hvort nauðsynlegt verði að halda fleiri fundi áður en til undirritunar kemur. Á fundinum í Genf var gengið frá uppkasti nefndarformanna að heildartexta alþjóðasamnings um hafréttarmál sem lagður verður til grundvallar við framhald málsins. Textinn er í þrem köflum, þ. e. 1. kafli í 75 gr. um alþjóða hafsbotnssvæðið, 2. kafli í 137 gr. um lögsögu ríkja, þ. á m. um allt að 12 mílna landhelgi, sund, landgrunn, efnahagslögsögu allt að 200 mílum og fiskveiðar á út-

hafinu, og 3. kaflinn í 81 gr. um mengun og vísindalegar rannsóknir. Ég mun gera ráðstafanir til þess á utanrmn.-fundi, sem haldinn verður á morgun, — og gerði raunar ráðstafanir til þess í dag á landhelgisnefndarfundi sem haldinn var áðan, — að útbýta miðkaflanum úr þessum ályktunum, þeim kafla sem mest varðar okkar mál.

Í gr. um efnahagslögsöguna eru m.a. þau ákvæði að strandríkið sjálft skuli ákveða leyfilegan hámarksafla innan efnahagslögsögunnar svo og möguleika sína til að hagnýta aflamagnið. Enda þótt hér sé um að ræða frv. að heildarsamningi er ljóst að mikilvægum áfanga hefur verið náð.

Ég hleyp þá yfir kaflann um hafréttarráðstefnuna, eins og áðan sagði, og hef lesturinn að nýju á bls. 20 um fiskveiðilögsöguna.

Ríkisstj. hefur sem kunnugt er á stefnuskrá sinni útfærslu fiskveiðitakmarkanna í 200 mílur fyrir árslok 1975. Hafa margvísleg tækifæri verið notuð til kynningar á þessari ákvörðun meðal annarra þjóða og til þess að ávinna henni skilning og stuðning. Nánari ákvörðun um útfærsludag mun verða tekin síðar. Í febr. s.l. áttu sér stað í Reykjavík viðræður við fulltrúa landsstjórnar Færeyja um fiskveiðiréttindi færeyinga við Ísland. Staðfesting á niðurstöðum viðræðnanna var til meðferðar hér á Alþ. fyrir fáum dögum og skal ég því ekki fjölyrða um málið hér, heldur einungis láta þess getið að nú var í fyrsta sinn sett hámark á aflamark færeyinga hér við land, 20 þús. smálestir, en það er svipað og afli þeirra hefur verið allra síðustu árin. Færeyingar hafa um langt skeið notið sérstöðu til fiskveiða við Ísland, enda hygg ég að allir stjórnmálaflokkar og reyndar þjóðin öll eða því sem næst a.m.k. hafi verið þeirri ráðstöfun sammála af ástæðum sem óþarfi er að rekja hér. Slíkrar sérstöðu njóta færeyingar enn um sinn samkv. hinu nýja samkomulagi sem gerir ráð fyrir áframhaldandi handfæra-, línu- og togveiðum þeirra innan hinna almennu fiskveiðimarka hér við land — með nokkrum takmörkunum vegna friðunarráðstafana og af tilliti til íslenskra sjómanna, auk aflahámarksins er ég nefndi. Því er ekki að leyna að færeyingar kusu að hafa hér enn þá rýmri réttindi, einkum að vera án aflahámarks, en þó hygg ég að þeir eftir atvikum uni vel hinu nýja samkomulagi.

Ákveðið var að hið nýja samkomulag við færeyinga skyldi gilda til 13. nóv. n.k. Það er stefna ríkisstj. að hafa alla samninga um réttindi erlendra fiskiskipa til veiða innan fiskveiðimarkanna lausa á þeim degi, þ.e. um leið og fiskveiðisamkomulagið við breta rennur út. Í samræmi við þetta hefur nú einnig norska sendiherranum í Reykjavík verið tilkynnt uppsögn samkomulagsins milli Íslands og Noregs frá 10. júlí 1973, sem heimilaði norskum skipum takmarkaðar fiskveiðar innan 50 mílna markanna. Í samkomulaginu var ákveðið um að hvor aðili um sig gæti fellt það úr gildi með 6 mánaða fyrirvara. Miðast uppsögnin af Íslands hálfu við áðurnefndan dag, 13. nóv. n.k.

Árið 1974 voru 25 ár liðin frá undirritun Atlantshafssáttmálans og stofnun Atlantshafsbandalagsins. Í því tilefni var vorfundur utanrrh. bandalagsins haldinn í Ottawa í júnímánuði s.l. Á fundi þessum var gengið frá og samþ. yfirlýsing um samband Atlantshafsríkjanna. Yfirlýsingin var síðar undirrituð á fundi æðstu manna í Brussel í júlímánuði. Ég tel rétt að lesa hér upp síðustu gr. í þessari yfirlýsingu, en þar koma skýrt fram markmið bandalagsins og meðlimaríkja þess:

„Nú á þessu ári, þegar 25 ár eru liðin frá því að Norður-Atlantshafssamningurinn var undirritaður, lýsa aðildarríki bandalagsins enn á ný yfir stuðningi sínum við þau markmið og þær hugsjónir sem sá samningur byggist á. Aðildarríki bandalagsins líta til framtíðarinnar af öryggi og eru þess fullviss að þjóðir þær, sem lönd þeirra byggja, búa yfir þeirri lífsorku og sköpunarmætti sem gera mun þeim kleift að ráða fram úr þeim vandamálum er þær standa frammi fyrir. Þau lýsa yfir þeirri staðföstu ályktun sinni að Norður-Atlantsbandalagið muni hér eftir sem hingað til gegna sínu ómissandi hlutverki við að skapa þann varanlega frið sem þau eru ákveðin í að koma á og viðhalda um ókomin ár."

Alþ. hefur þegar verið gerð grein fyrir samkomulagi ríkisstj. við stjórn Bandaríkjanna um varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og hafa farið fram umr. um það hér á hv. Alþ. svo að ég mun því ekki dvelja við það atriði. En þess má geta að viðræður embættismanna um framkvæmd samkomulagsins ganga eins og ráð var fyrir gert.

Norræn samvinna skipar nú sem áður háan sess í samskiptum okkar við önnur lönd. Þetta kemur m.a. fram í tíðum norrænum viðræðum um hin margvíslegustu málefni og sífellt fleiri samningagerðum á ýmsum hagnýtum sviðum. Af meiri háttar norrænum skoðanaskiptum er skemmst að minnast þings Norðurlandaráðs hér í Reykjavík, auk hinna reglubundnu ráðherrafunda. Og á samningasviði er nú síðast að geta Norðurlandasamnings um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsburðar sem undirritaður var í Kaupmannahöfn nýlega.

Norðurlönd hafa komið ár sinni vel fyrir borð með nokkuð mismunandi hætti í milliríkjasamskiptum, en þau eru einhuga að því er viðvíkur eflingu norræns samstarfs. Mismunandi fyrirkomulag á samskiptum þeirra við önnur ríki er að sjálfsögðu fyrst og fremst sprottið af viðleitni Norðurlanda hvers um sig til að gæta sem best eigin hagsmuna, en um leið hefur þessi fjölbreytni á vissan hátt orðið þeim sem heild styrkur. Og með hinu nána samstarfi sín í milli um alþjóðamál hefur þeim oft tekist að hafa áhrif til farsællar þróunar langt umfram það sem ætla mætti um ekki fjölmennari ríki. Þess er að vænta að norrænt samstarf haldi áfram að eflast og dafna.

Starfsemi Evrópuráðsins og þátttaka Íslands í henni var með svipuðum hætti á árinu 1974 og áður var.

Þær urðu helstar breytingar á starfsemi og rekstri Evrópuráðsins að nýr aðalframkvæmdastjóri tók þar við störfum. Er það Þjóðverjinn Georg Kahn-Ackermann úr hópi sósialdemókrata. Átti hann um árabil sæti á þjóðþingi Sambandslýðveldisins Þýskalands sem þingmaður úr flokki sósíaldemókrata og var jafnframt lengi einn af fulltrúum Vestur-Þýskalands á Evrópuþinginu.

Hann hlaut kosningu til þessa embættis á maífundi Evrópuráðsins og tók við störfum í september.

Hinn nýi aðalframkvæmdasjóri hefur að undanförnu heimsótt ýmis aðildarríki Evrópuráðsins. Eins og venja mun vera, þegar nýr maður tekur við því embætti, mun hann hafa í hyggju að ljúka við þær heimsóknir á þessu ári. Hefur hann m. a. boðað komu sína hingað til Íslands einhvern tíma á þessu ári, er enn ekki ákveðið nánar hvenær það kann að verða.

Á stjórnmálasviðinu má það til tíðinda teljast, að því er Evrópuráðið varðar, að eftir að stjórnarskiptin urðu í Grikklandi, þegar herforingjastjórninni var velt af stóli og ný og lýðræðislegri stjórn tók við völdum, þóttu stjórnarhættir þar í landi hafa breyst í nægilega lýðræðislegt horf aftur, þannig að unnt væri að veita Grikklandi á nýjan leik fulla aðild að Evrópuráðinu. Gerðist það á fundi ráðherranefndarinnar í París á s. l. hausti, en áður hafði Evrópuráðsþingið gert samþykkt um að veita Grikklandi aðild að ráðinu á nýjan leik.

Evrópuráðið lét Kýpurdeiluna mjög til sín taka, einkum eftir að átök hörðnuðu þar á árinu. M. a. beitti Evrópuráðið sér fyrir fjársöfnun til aðstoðar flóttafólki á Kýpur og lagði Ísland nokkra fjárhæð, 800 þús. kr., í söfnun þessa.

Í Mannréttindadómstól Evrópu á nú sæti af Íslands hálfu prófessor Þór Vilhjálmsson, en fulltrúi Íslands í Mannréttindanefndinni er dr. Gaukur Jörundsson prófessor.

Fulltrúar Íslands, aðallega frá ýmsum rn. stjórnarráðs og sérstofnunum ríkisins, sóttu fundi á árinu í ýmsum hinna fjölmörgu nefnda sem á vegum Evrópuráðsins starfa að athugunum og skoðanaskiptum á fjölmörgum sviðum stjórnsýslunnar. Fulltrúar þeir, sem slíka fundi sóttu, voru m. a. frá dóms- og kirkjumrn., heilbr.- og trmrn., félmrn., menntmrn., viðskrn., samgrn. og fleiri stofnunum. Er ekki fjarri lagi að fjöldi þeirra nefndarfunda, sem íslenskir embættismenn hafa tekið þátt í, séu a. m. k. 40—50 að tölu og fóru þeir fram ýmist í Strasbourg eða einhverju aðildarríkjanna. Skal það tekið fram að Evrópuráðið greiðir öll fargjöld og dvalarkostnað þeirra fulltrúa sem af Íslands hálfu hafa sótt fundi þessa.

Fríverslunarsamningur Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu tók gildi 1. apríl 1973. Verndartollar á iðnaðarvörum frá aðildarríkjum bandalagsins hafa síðan verið lækkaðir þrívegis, fyrst um 30% við gildistöku samningsins, síðan um 10% 1. jan. 1974 og loks um 10% í ársbyrjun 1975. Umsamin tollalækkunaráætlun gagnvart Efnahagsbandalaginu er hin sama og í samningnum við EFTA, en samkv. henni er gert ráð fyrir að verndartollar á iðnaðarvörum lækki hérlendis gagnvart aðildarríkjum þessara samtaka á tímabilinu fram til 1. jan. 1980 og verði þá að fullu afnumdir. Við framkvæmd tollalækkananna hefur þess jafnframt verið gætt að tollamismunurinn milli EBE og EFTA-landa annars vegar og landa utan þessara samtaka hins vegar aukist ekki frá því sem hann var við upphaf tollalækkananna.

Að því er snertir tollfríðindi fyrir íslenskar iðnaðarvörur sem fluttar eru út til Efnahagsbandalagsins, þá hafa tollar á þeim lækkað þrívegis, samtals um 60%, í samræmi við ákvæði fríverslunarsamningsins. Hins vegar hafa umsamin tollfríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir enn ekki komið til framkvæmda vegna þess ákvæðis í samningnum að gildistaka þeirra sé bundin því skilyrði að viðunandi lausn náist fyrir aðildarríki Efnahagsbandalagsins á sviði fiskveiðiréttinda. Þar sem þjóðverjar hafa ekki enn náð samkomulagi, þá hafa þeir lagst gegn því að ákvæði samningsins um tollfríðindi fyrir sjávarafurðir taki gildi. Þar af leiðandi hefur samningurinn ekki enn haft verulega þýðingu fyrir útflutninginn í heild. Tollar á sjávarafurðum í gömlu efnahagsbandalagslöndunum hafa því ekki enn þá lækkað eins og samningurinn kveður á um og af sömu sökum hafa tollar verið lagðir að nýju á sjávarafurðir, eins og t. d. frysta rækju, freðfiskflök og lagmeti, í Bretlandi og Danmörku frá 1. jan. 1974, sem fara hækkandi í áföngum fram til 1. júlí 1977, þegar þeir verða hinir sömu og ytri tollar Efnahagsbandalagsins. Vörur þessar urðu tollfrjálsar í Bretlandi og Danmörku við aðild okkar að EFTA 1. mars 1970. Við þetta bætist svo að vestur-þjóðverjar settu óformlegt löndunarbann á ísfisk í okt. 1974. Þeirri aðgerð var mótmælt af Íslands hálfu í GATT svo og í OECD og enn fremur við Efnahagsbandalagið.

Á reglulegum fundi með Efnahagsbandalaginu, þar sem fjallað er um framkvæmd fríverslunarsamningsins, hefur af Íslands hálfu verið lýst óánægju með að jafnvægi það, sem samningurinn gerir ráð fyrir milli kvaða og hagsbóta samningsaðilanna, sé alls ekki fyrir hendi meðan fríðindi fyrir sjávraafurðirnar koma ekki til framkvæmda.

Ráðherraráð EFTA hefur látið málið til sín taka er það samþykkti á fundi sínum í nóv. 1974 að lýsa áhyggjum sínum yfir því að fríverslunarsamningur Íslands við Efnahagsbandalagið væri ekki að fullu kominn til framkvæmda. EFTA-ríkin áréttuðu þessa afstöðu með reglulegum viðræðum sínum við bandalagið í des. s. l.

Framkvæmd áætlunar um lækkun verndartolla á vörum frá EFTA-löndum er nú hálfnuð, en tollfrelsi fyrir íslenskar vörur í EFTA-löndum fékkst þegar við aðild að samtökunum 1. mars 1970. Meginverkefni samtakanna er samræming á framkvæmd fríverslunarsamninga aðildarríkjanna við Efnahagsbandalagið. Þá fer og fram athugun á því hvort heppilegt sé og á hvern hátt auka megi samráð aðildarríkjanna um efnahags- og viðskiptamál á alþjóðavettvangi.

Sökum þess hversu þýðingarmikil utanríkisviðskiptin eru fyrir efnahag okkar, þá hlýtur það að vera okkur hagsmunamál að alþjóðleg viðskipti séu sem frjálslegust. Þess vegna er rík ástæða að taka þátt í alþjóðasamstarfi á vegum GATT sem hefur afnám hindrana á viðskiptum þjóða í milli að markmiði. Á ráðherrafundi GATT í Tókió í sept. 1973 var ákveðið að hefja nýjar viðræður um frekara afnám hindrana á viðskiptum. Viðræður þessar virðast nú vera að komast á nokkurt skrið, enda hafa bæði Bandaríkin og Efnahagsbandalagið markað stefnu sína í þeim í höfuðdráttum. Upphaflega var gert ráð fyrir

að þessum viðræðum yrði lokið á árinu 1975, en vafalítið eiga þær eftir að taka nokkru lengri tíma.

Ég hef sótt fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna vor og haust og einnig hina reglubundnu NATO-fundi í apríl og desember, eins og venja er til. Enn fremur sótti ég Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna að vanda.

Ég tel þátttöku í þessum fundum mjög gagnlega, ekki einungis vegna mála þeirra sem fjallað er um, heldur einnig vegna persónulegra kynna við starfsbræður mína sem þar þróast og nauðsynleg eru á þessum tímum snöggra breytinga og aukinna samskipta.

Í febrúar þáði ég og kona mín boð um opinbera heimsókn til Sovétríkjanna. Sú ferð átti sér að vísu ekki stað fyrr en í apríl, en við dvöldumst þar ásamt ráðuneytisstjóra utanrrn. í 9 daga. Móttökur allar voru með ágætum og tel ég að ferðin hafi verið til gagns fyrir samskipti Íslands og Sovétríkjanna. Ég bauð André Gromyko utanrrh. Sovétríkjanna — fyrir hönd ríkisstj. Íslands — að koma í opinbera heimsókn til Íslands þegar tækifæri gæfist.

Ég hef eins og áður leitast við að hafa náið samband við utanrmn. Alþ. Ég hef setið flesta fundi nefndarinnar og gert henni grein fyrir gangi utanríkismála og skýrt afstöðu ríkisstj. til þeirra. Vil ég bera fram þakkir mínar til nefndarinnar fyrir samstarfið, svo og þakkir til þeirra þm. sem sæti áttu á þingi Sameinuðu þjóðanna fyrir Íslands hönd. — Ég hef þá lokið að lesa þessa skýrslu.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Sú hefur verið venja nokkur hin síðari ár að hæstv. utanrrh. flytti einu sinni á ári hverju skýrslu um utanríkismál sem síðan væri tekin til umr. hér á hv. Alþ. Þessi háttur var tekinn upp, ef ég man rétt, í utanríkisráðherratíð Emils Jónssonar og er ég honum jafnan þakklátur fyrir að hann skyldi verða við tilmælum um þetta því að ég tel að hér sé ekki aðeins um að ræða góða reglu heldur sjálfsagðan hátt sem ekki má niður falla. Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók það ákvæði upp í málefnasamning sinn að slík skýrsla skyldi lögð fyrir Alþ. Hefur hæstv. núv. utanrrh. jafnan gefið slíka skýrslu í sinni ráðherratíð og heldur því enn áfram svo sem sumu öðru frá tíð vinstri stjórnarinnar, einkum að því er til vinnubragða tekur, hvað sem utanríkisstefnunni sjálfri líður, en að því kem ég dálítið síðar.

Það er ekki ýkjaoft sem umr. um utanríkismál fara fram hér á hv. Alþ. Við alþm. erum býsna uppteknir dag hvern af innanlandsþvarginu, þar er um mörg úrlausnarefni að ræða, og er í sjálfu sér skiljanlegt að hugur þm. sé nokkuð bundinn við þau mál. En þó hygg ég að væri full þörf að gefa sér nokkru meiri tíma til þess að sinna alþjóðamálunum og glöggva sig á þeim heldur en gert er gjarnan hér á hv. Alþ. Það eru engin ákvæði mér vitanlega í neinum lögum eða í þingsköpum um það að slík skýrslugerð sem hér hefur nú verið lögð fyrir þingið skuli fyrir það lögð eða umr. um hana skuli fram fara. Ég tel að ákvæði um slíka skýrslu og ákvæði um umr. um utanríkismál, helst tvisvar á hverju þingi, ættu að komast inn í þingsköp næst þegar þau verða tekin til endurskoðunar. Ég tel — og byggi þar á talsverðri reynslu af þessari skýrslugerð og umr. um hana — að þar þurfi að sníða af vissa agnúa, sem komið hafa fram, og setja m. a. skýr ákvæði um það hvenær á þingtíma slík skýrsla skyldi lögð fram og rædd.

Þessi skýrsla um utanríkismál, sem lögð hefur verið fram nú í nokkur ár, hefur oft, a. m. k. síðustu árin, verið of seint á ferðinni og raunar allt of seint, hún hefur ekki komið fram fyrr en nálgast þinglok og það hefur verið borin von hver tími gæfist til umr. um skýrsluna og jafnvel hefur svo farið að hann hefur enginn verið. Ég athugaði síðustu tvö árin, fór ekki lengra aftur í tímann, en ég fletti upp á því að árið 1973 fara umr. um skýrslu utanrrh. fram 16. apríl, næstsíðasta starfsdag Alþ., en þá var því slitið 18. apríl. Var í það skipti að vonum undan því kvartað hve seint skýrslan var á ferðinni og hve lítið tóm gafst til almennra umr. Í fyrra, vorið 1974, var skýrslan einnig lögð fram mjög seint á þingi, og ég hygg að ég muni það örugglega rétt að þá féllu umr. um skýrsluna algerlega niður. Þannig var, eins og hv. þm. muna, að það var heldur óhægt um vik í hinu sérkennilega andrúmslofti sem hafði myndast síðustu daga þingsins áður en Alþ. var rofið og efnt til nýrra kosninga.

Sú skýrsla, sem hér nú liggur fyrir og ég vil leyfa mér að þakka hæstv. utanrrh. fyrir að hann hefur nú flutt, kemur einnig að minu viti of seint og vegna þess er hún nú rædd í mestu þingönnunum rétt fyrir þingslit þegar hætt er við að hugir margra hv. alþm. séu töluvert bundnir af öðrum efnum.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta, en vil aðeins ítreka að ég tel æskilegt og rétt að leitt verði í lög að utanrrh. skuli á hverjum tíma leggja skýrslu sína um utanríkismál fyrir á ákveðnum tíma, t. d. fyrir 1. dag marsmánaðar ár hvert, og væri þá ekki óeðlilegt að einnig væri um það ákvæði í þingsköpum að um skýrsluna skyldu fara fram umr., t. a. m. innan hálfs mánaðar frá útbýtingu hennar. Ég hygg að þetta sé að mörgu leyti góður tími þó að hugsanlegt væri að einnig mætti finna aðra tímasetningu, svo sem nokkuð snemma á þingi, í nóv., fyrri hl. nóvembermánaðar til að mynda, en þó hygg ég að hitt sé öllu betra. Slíka skýrslu sem þessa þurfa alþm. að geta rætt í nokkuð góðu tómi þegar hugurinn er hvorki bundinn við afgreiðslu fjárlaga né menn komnir á lokasprett undir þingslit eins og t. d. nú. Það er einnig að sjálfsögðu æskilegt að forðast að umr. um slíka skýrslu og utanríkismálin yfirleitt drukkni í hinum árvissu bjargráðafrv. sem að vísu geta dunið yfir á öllum tímum. En ég held að reynslan sýni þó að oft sé nokkurt stormahlé í síðari hluta febrúarmánaðar eða fyrri hl. marsmánaðar.

Áður en ég vík að þeirri skýrslu, sem hér liggur nú fyrir, vil ég sem fulltrúi Alþb. í utanrmn. ræða nokkur atriði sem varða utanrrn. og utanrmn., annan aðilann eða báða. Ég skal geta þess strax að hæstv. núv. utanrrh. hefur í mörgum efnum og raunar í flestum efnum haft

meira og nánara samstarf við utanrmn. heldur en áður hefur tíðkast og þakka ég honum það. Hann hefur tekið upp þá reglu, sem er til fyrirmyndar, að ýmist hæstv. ráðh. sjálfur eða ráðuneytisstjórinn í utanrrn. gerir n. með vissu millibili grein fyrir helstu málum sem eru á döfinni eða til úrlausnar hjá rn. í það og það skiptið. Með þessu hefur hæstv. núv. utanrrh. sýnt n. meiri trúnað en áður hefur verið gert, og ég hygg að mér sé nokkurn veginn óhætt að fullyrða að það hafi ekki komið að sök og raunar hafi það stundum eytt eða komið í veg fyrir tortryggni sem annars kynni að hafa upp komið. En stundum og raunar helst til oft er hér nokkur hængur á. Málin eru, stundum a. m. k. lögð fyrir utanrmn. og tekin þar til umr. þegar búið er af hæstv. ríkisstj. að taka hinar formlegu ákvarðanir og jafnvel farið að framkvæma það sem á döfinni hafa verið. Að vísu er utanrmn., má e. t. v. segja, að mjög verulegu leyti ráðgefandi að því er ríkisstj. varðar, en hún er þó fyrst og fremst tengiliðurinn milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Og því aðeins kemur starf n. að þessu leyti að gagni sem ráðgefandi n. fyrir ríkisstj. og í sumum tilvikum aðvarandi aðili og vísbending um vilja þingflokka Alþ. — því aðeins kemur slíkt starf n. að gagni að hún geti fjallað um málin áður en ákvarðanir hafa verið teknar. Ég veit að hæstv. utanrrh. er þetta ljóst. Og ástæðan til þess að ærið oft verður það nú svo að utanrmn. er að fjalla um mál, sem eru kannske komin á lokastig, eða fær fregnir af málum, sem þegar hafa verið teknar ákvarðanir um, er m. a. og e. t. v. ekki hvað síst sú að utanrmn. kemur að mínu viti of sjaldan saman og er of laus við það að hafa frumkvæði um eitt og annað sem ástæða væri til að hún hefði afskipti af. Ég vil þess vegna leggja á það áherslu við þetta tækifæri að ég tel að utanrmn. Alþingis eigi og þurfi að starfa meira en hún hefur gert, að hún eigi að hafa frumkvæði miklu meira en hún hefur haft um könnun mála, hún eigi að gefa sér miklu meiri tíma en gert hefur verið til að sinna ýmsum mikilvægum þáttum utanríkismála. Þetta getur n. gert án lagabreytinga að því er mér sýnist. N. er ætlað að starfa árið um kring, þ. e. a. s. einnig þegar Alþ. er ekki að störfum, en því miður er það svo um okkur nm. flesta, eða alla, eins og raunar þm. yfirleitt, að á þá hlaðast mörg störf og þeir hafa ekki síst þess vegna tæplega getað sinnt þessu verkefni sem skyldi. En ég held að það sé fyllilega tími til þess kominn að á þessu verði nokkur breyting og utanrmn. gefi sér meiri tíma til að sinna utanríkismálunum og kynna sér vissa þætti þeirra.

Þetta, sem ég nú segi, á ekki að skiljast á þann veg að starf utanrmn. hin síðustu ár hafi verið minna en einatt áður. Þvert á móti þori ég að fullyrða að á tímum síðustu stjórnar, vinstri stjórnarinnar, starfaði n. til muna meira og betur en löngum áður, þótt töluvert skorti á að hún sýndi það sjálfstæði í störfum sem ég tel að n. þurfi tvímælalaust að stefna að. Þess er svo að geta svona innan sviga að nú í vetur, sérstaklega síðari hluta vetrar, hafa verið helst til strjálir fundir í utanrmn. og er skýringin vafalaust löng fjarvera formanns, sem hefur verið að sinna öðrum mikilvægum störfum á erlendri grund. En hvað sem því líður tel ég að það sé mjög óheppilegt að störf jafnmikilvægrar n. eins og utanrmn. leggist að mestu eða jafnvel öllu leyti niður þó að þannig sé ástatt, jafnvel um allt að tveggja mánaða skeið. En þetta kemur nú til með að lagast.

Ég vil aðeins bæta því við þessar hugleiðingar um starfshætti utanrmn. að mér er um það kunnugt að utanrmn. annarra þjóðþinga, t. a. m. hér á Norðurlöndum, starfa á allt annan hátt en okkar n. gerir, á miklu sjálfstæðari hátt, og nm. telja það skyldu sína að leggja í þetta starf miklu meiri vinnu en enn sem komið er hefur verið krafist af nm. hér eða þeir hafa krafist af sjálfum sér. Verkefnin eru að mínu viti vissulega næg og þeim getur n. ekki hvað síst sinnt utan þess tíma sem Alþ. stendur. Í því sambandi er ástæða til að nefna það að nú fáum við alþm. kaup allt árið. Það er að mínu viti ekkert of hátt, en við erum að sjálfsögðu ekki of góðir til að vinna fyrir því allt árið.

Það má heita, og mun vera nýmæli í samskiptum utanrrn. og utanrmn., að nú fær n. orðið ársskýrslur allra íslenskra sendiráða og skýrslur um flesta meiri háttar fundi og ráðstefnur sem utanrrn. hefur einhver afskipti af. Nú er það gjarnan svo að við lestur þessara skýrslna, sumra hverra a. m. k., vakna hjá nm. ýmsar spurningar sem fróðlegt væri að fá svör við, fróðlegt og gagnlegt að ræða um við þá sem skýrslur þessar semja. Spurningar geta að sjálfsögðu vaknað að því er varðar verkefni sem sendiráðin sjálf hafa verið og eru að glíma við, spurningar geta vaknað um starfshætti sendiráða og annað þess konar, en einnig getur verið og væri fróðlegt og gagnlegt fyrir utanrmn.-menn að fá nánari vitneskju um eitt og annað sem í skýrslum þessum segir um innri mál þeirra þjóða og þeirra fjölþjóðastofnana, sem sendiherrarnir starfa hjá og gera nokkra grein fyrir málefnum þessara þjóða og stofnana í skýrslum sínum.

Ég hef alloft á það minnst að ég teldi æskilegt að taka upp þann hátt að sendiherrar Íslands komi á fund utanrmn. að jafnaði einu sinni á ári og veiti n. upplýsingar, sitji þar fyrir svörum eins og það er orðað. Af þessu ætti ekki að þurfa að verða neinn aukakostnaður, að ég hygg, því að sjálfsagt er að grípa tækifærið þegar sendiherrarnir eru hér á landi, en ég þykist vita að þeir koma hingað og veit raunar að þeir koma hingað öðru hvoru, a. m. k. árlega og raunar oftar en það. Þetta hefur ekki komist í framkvæmd enn þá, en ég vil nú enn beina því til hæstv. utanrrh. og til hv. formanns utanrmn. að þeir ekki aðeins hugleiði þetta atriði, heldur hrindi nú þessu í framkvæmd.

Þá ætla ég að víkja að öðru atriði að því er varðar utanrrn. Eins og flestum mun kunnugt gildir um það rn. sú regla, sem ég hef jafnan talið afar hæpna og allt að því fráleita, að utanrrn. eitt er með lögum undanþegið frá því að þurfa að auglýsa stöður sem þar losna, svo sem ríki og ríkisstofnunum er annars skylt að gera. Þarna er aðeins gerð þessi eina undantekning og hún er alger að því er þetta rn. varðar. Þetta undantekningarákvæði er í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og

til þessa ákvæðis er vitnað í lögum um stjórnarráðið. Eina skýringin, sem ég hef á því fengið hvernig á þessari undantekningu stendur, er sú að það hafi ekki þótt viðkunnanlegt og jafnvel ekki eðlilegt að auglýsa stöður sendiherra, m. a. af því að forminu til a. m. k. þá þurfa viðkomandi erlend ríki að samþykkja útnefningu sendiherra. Einnig hefur verið á það bent að stundum kunni að vera rétt að velja sendiherra með hliðsjón af einhverjum sérstökum mikilvægum verkefnum sem þeim væri öðrum mönnum fremur treystandi til að leysa. Hefur m. a. verið bent á Sigurð prófessor Nordal og handritamálið í því sambandi. En látum það vera þótt þessi undantekning væri í lögum, undantekning varðandi sendiherrana sjálfa. En hvaða ástæða er til þess að slík undantekning gildi um annað starfsfólk, t. d. um skrifstofufólk utanrrn. starfsmenn á Keflavíkurvelli, sem í þjónustu þess eru, og þar fram eftir götunum? Ég tel þessa undantekningarreglu, svo viðtæk sem hún er fráleita og tel að hana ætti að nema úr lögum eða a. m. k. þrengja svo mjög að undantekningin tæki til sendiherranna einna. Þetta mál hefur komið, ekki mjög nýlega, en fyrir nokkru, einum þremur árum, til umr. í utanrmn., og ég held að ég muni það rétt að hæstv. utanrrh. léti þá orð falla eitthvað á þá leið að hann ætlaði sér að fylgja fram þeirri reglu, hvað sem þessu undantekningarákvæði liði, að auglýsa almennt stöður í utanríkisþjónustunni aðrar en sendiherrastöður að því er mér skildist, ef ég man þetta rétt. Ég skildi a. m. k. hæstv. ráðh. þannig, og hann leiðréttir mig þá síðar ef þetta er misminni mitt. En nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hver hefur verið meginreglan í þessu efni hjá utanrrn. undanfarin ár? Hafa stöður við utanrrn. eða á vegum þess yfirleitt verið auglýstar? Hefur svo verið um allar stöður eða sumar þeirra og þá — eftir hverju hefur verið farið? Eða hefur jafnvel engin staða við þetta rn. verið auglýst á undanförnum árum? Það er vissulega fróðlegt að vita þetta og eins og ég sagði áðan, ég held að það sé tímabært að gera þarna á lagabreyt. og þrengja þetta undantekningarákvæði mjög.

Fjöldi og staðsetning íslenskra sendiráða og allt skipulag íslenskrar utanríkisþjónustu hefur oft verið til umr. bæði í utanrmn. og hér á Alþ. og í fjölmiðlum og svo meðal þjóðarinnar. Það má segja að þær umr. hafi staðið öðru hvoru um margra ára skeið, og nú hin síðari árin hefur einkum verið rætt um tvennt í þessu sambandi: Í fyrsta lagi það að mörgum hefur fundist óeðlilegt og í raun og veru óheppilegt að langflest sendiráðin skuli vera í tiltölulega þéttum hnapp á litlum bletti í Norður- og Vestur-Evrópu, en hins vegar ekkert sendiráð í þremur heimsálfum. Í öðru lagi hefur verið allmikið um það rætt að sendiráðin kynnu að vera orðin býsna úrelt að formi og skipulagi og þetta gilti þá um sendiráð almennt, ekki okkar íslensku sendiráð eingöngu, heldur nokkuð almennt um sendiráð þó að það sé kannske dálítið misjafnt, þau séu föst í gömlum tíma, föst í úreltum formum og komi þess vegna að takmörkuðu gagni. Í því sambandi hefur verið um það rætt, hvort þessi sendiráð gætu ekki orðið að meiri notum ef þau skiptu sér meira af viðskiptahlið málanna og hefðu fulltrúa sem væru sérfróðir að því er viðskiptamál snertir. Um þetta kunna að hafa verið nokkuð skiptar skoðanir og skal ég ekki fara út í þá sálma, en vil aðeins minna á það að menn hafa orðið sammála um það, held ég, að það væri rétt og eðlilegt að láta fara fram endurskoðun á skipulagi utanríkisþjónustunnar. Ég er að vísu eitthvað byrjaður að ryðga í Ólafskveri, en mig minnir að þar sé ákvæði um slíka endurskoðun. Hitt man ég glöggt, að hæstv. utanrrh. hefur fyrir alllöngu valið tvo mæta menn svo sem sína sérstöku trúnaðarmenn til þess að kanna ýmsar hliðar þessa máls, til þess að safna gögnum og semja skýrslur og e. t. v. koma með till. og ábendingar. Þessir mætu menn eru annars vegar Ólafur Ragnar Grímsson prófessor og hins vegar Pétur Eggerz sendiherra. Ég hygg að þessir mætu menn hafi ekki átt að vinna saman, heldur algjörlega sjálfstætt. Um verkaskiptinguna veit ég ekki gjörla, en hygg þó að próf. og dr. Ólafur Ragnar Grímsson hafi átt að kanna sérstaklega hugsanleg tengsl og aukið samstarf utanríkisþjónustunnar og útflutningsatvinnuveganna, en Pétur Eggerz hafi hins vegar fremur átt að kanna og gaumgæfa hina hefðbundnari þætti þjónustunnar og hvaða breyt. skyldu á þeim gerðar. Nú held ég að það séu nokkrir mánuðir — ég hygg að það hafi verið á fundi utanrmn. í nóv. eða des. — síðan frá því var skýrt að þessir ágætu könnuðir hefðu hvor um sig skilað skýrslu um störf sín til utanrrn. Mér vitanlega hafa þessar skýrslur ekki verið sendar t. a. m. utanrmn.-mönnum nema þá ef það væru einhverjir útvaldir úr því liði sem hafa fengið að sjá þær og þó efast ég um það. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. hvernig á þessu standi, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að utanrmn. a. m. k. fái skýrslur þessara ágætu manna og till. þeirra um breyt. á utanríkisþjónustunni til athugunar og umfjöllunar. Ég efast ekki um að þessar skýrslur eru fróðlegar og sé enga ástæðu til þess að þær verði leyniplögg.

Þá mun ég snúa mér að þeirri skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur nú flutt. Ég nefndi það áðan að mér þætti skýrslan helst til seint fram komin þar sem nú líður svo mjög að þinglokum. Og þrátt fyrir það að allgóður tími hafi gefist til þess að semja skýrsluna verð ég að segja það að mér þykja sumir kaflar hennar dálítið flaustурslega unnir og einn þeirra jafnvel með þeim hætti eða einhvern veginn í þeirri tóntegund að ég er dálítið hissa á því að hæstv. utanrrh. skuli hafa látið hann frá sér fara í þessari tóntegund, að hann skuli ekki hafa aðeins breytt þar um. Ég á hér við blæinn sem einkennir þann hluta skýrslunnar sem fjallar um Sameinuðu þjóðirnar, Allsherjarþing þeirra, ríki þriðja heimsins og afstöðu Íslands til mála þar. Áður en ég vík nánar að þessu vil ég gjarnan gera eina aths. og æskja dálítið gleggri upplýsinga um það, sem stendur í hinni prentuðu skýrslu á bls. 4, sbr. tvær síðari málsgr. á þeirri síðu, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skoðun mín að þar sem Ísland hefur stjórnmálasamband við löglega ríkisstj. í Suður-Vietnam sé ekki nauðsynlegt að viðurkenna formlega bráðabirgðabyltingarstjórnina. Ef sú ríkis-

stj., sem tekur við stjórn af hernaðaryfirvöldum, óskar að skipta um sendiherra á Íslandi munum við að sjálfsögðu veita nýjum sendiherra viðurkenningu.“

Þetta er dálitið skrýtin þula, herra utanrrh., og er æskilegt að fá á henni nokkru nánari skýringu. Rétt er það að það mun hafa verið eitt af fyrri verkum hæstv. utanrrh. í þjónustu núv. ríkisstj., jafnhliða því að gera nýjan herstöðvasamning, að veita viðtöku sendiherra frá Thieu karlinum í Saigon, núv. gustukamanni á Formósu. Og samkv. orðanna hljóðan í þeirri skýrslu, sem ég var nú að vitna til, þá er því líkast sem hæstv. utanrrh. standi í þeirri meiningu að þarna í Suður-Vietnam hafi nú á dögunum átt sér stað ósköp venjuleg, hversdagsleg stjórnarskipti, líkt og þegar Anker Jörgensen tekur við af Hartling eða Geir af Ólafi. En það var nú töluvert annað sem var að gerast þarna í Suður-Vietnam, og þess vegna vil ég spyrja: Hvernig á að skilja þessa dularfullu setningu í skýrslunni að ef sú ríkisstj., þ. e. í Suður-Vietnam, sem tekur við stjórn af hernaðaryfirvöldum, óskar að skipta um sendiherra á Íslandi, munum við að sjálfsögðu veita nýjum sendiherra viðurkenningu? Lítur hæstv. ráðh. svo á að maður sá, sem Thieu útnefndi okkur til handa, sé enn sendiherra Suður-Vietnams á Íslandi og að hann verði það þangað til ný stjórn kynni að óska eftir að skipta um sendiherra? Ég spyr einnig: Felst í þessari véfrétt að ríkisstj. Íslands hafi eitthvað í áttina viðurkennt í raun núv. stjórn í Suður-Vietnam eins og svo mörg lönd hafa þegar gert, þ. á m. þrjú Norðurlanda að ég hygg? Ég held að í þessu geti ekki verið nein viðurkenning fólgin. En þá spyr ég enn: Táknar orðalag það, sem hæstv. ráðh. hefur hér viðhaft, það að ríkisstj. Íslands sé með því að gefa eða hafi gefið fyrirheit um að slík viðurkenning verði veitt ef hin nýju stjórnarvöld í Suður-Vietnam fara fram á slíkt? Ég teldi æskilegt að fá dálitið skýrara hvað við er átt með þessu dularfulla orðalagi á bls. 4 um stjórnmálaasmband Íslands og Suður-Vietnams og þau sendiherraskipti hugsanlegu sem þar er gert ráð fyrir.

Frá því er einnig greint í skýrslunni á bls. 4 að hæstv. ríkisstj. hafi ákveðið að veita 1.5 millj. kr. til endurreisnarstarfsins í Indókína og að það fé muni ganga til líknarstarfsemi á vegum Alþjóða Rauða krossins. Þetta er að sjálfsögðu mjög góðra gjalda vert og ég efast ekki um að það muni koma að góðum notum þetta fé, við hin mikilvægu störf sem Alþjóða Rauði krossinn innir af höndum. En ég vildi í þessu sambandi aðeins nefna að það er sjálft uppbyggingarstarfið í þessu stríðshrjáða landi sem er ákaflega mikilvægt og ekki þá síst að atvinnuvegum landsmanna verði sem allra fyrst komið í sæmilegt horf. Það hljóta allir vel hugsandi menn að vilja leggja eitthvað af mörkum til þess að það geti orðið. Ég hygg að ég muni það rétt að Norðurlönd, önnur en Ísland, halda þegar uppi myndarlegu uppbyggingarstarfi í Indókína og þau hafa um þetta starf samvinnu, og ég hygg að farið sé eftir nokkuð svipuðum reglum um útgjöld til þessa uppbyggingarstarfs eins og gilda gjarnan um aðra norræna samvinnu, svo sem á vegum Norðurlandaráðs. Ég held það væri full ástæða til að athuga og vil beina því til hæstv. utanrrh., hvort Ísland ætti ekki að æskja þess að fá að taka þátt í þessari norrænu samvinnu og leggja þar með sinn skerf af mörkum til uppbyggingarstarfsins. Ég hygg að ekki síst á sviði fiskveiða getum við Íslendingar orðið þarna að verulegu liði og lagt til menn sem hafa sérfræðiþekkingu á því sviði.

Eins og ég sagði áðan hef ég sitthvað við kaflann um Sameinuðu þjóðirnar að athuga eða þann blæ sem mér finnst yfir honum vera. Í stuttu máli er allur blær frásagnarinnar, að því er mér finnst, á þá lund að hann er heldur þungur í garð þróunarlandanna eða þriðja heimsins svonefnda þegar á átök er minnst milli þeirra og hinna auðugu ríkja. Mér finnst í kaflanum að verið sé að taka bæði með beinum og þó einkum óbeinum hætti undir dóma ýmissa fulltrúa vestrænna ríkja um þróunarlöndin, að þau eða fulltrúar þeirra kunni ekki almennilega að hegða sér meðal siðaðra manna, þessir halanegrar og hottintottar séu að eyðileggja Sameinuðu þjóðirnar og þar fram eftir götunum. Þessi tónn heyrist stundum. Vissulega er hæstv. utanrrh. alveg saklaus af að nota svona leiðinlegt orðbragð. Hann er kurteis maður og alls enginn orðhákur. En mér finnst samt of mikill keimur af því að þeir, sem samið hafa þennan kafla skýrslunnar — mér þykir ólíklegt að hæstv. ráðh. hafi gert það sjálfur nema þá að litlu leyti — þeir séu haldnir helst til mikilli vesturlenskri dómgirni þegar lönd þriðja heimsins eiga í hlut. Dæmi vil ég taka úr skýrslunni, ofarlega á bls. 6 segir svo:

„Hin nýrri ríki samtakanna“ þ. e. Sameinuðu þjóðanna, „virtust sér nú meira meðvitandi en áður um það vald sem hin mikla fjölgun þeirra innan samtakanna hefur lagt þeim í hendur. Þessu valdi var nú beitt meira en margir töldu góðu hófi gegna.“

Hverjir eru þessir sem hér eru nefndir margir! Eru það e. t. v. fulltrúar hinna fáu og auðugu ríkja sem finnst orðið nóg um aukna samstöðu og þar með aukið áhrifavald hinna mörgu og smáu? Vonandi þarf ekki að minna hæstv. utanrrh. á það að hinir mörgu og fátæku og smáu í hópi þjóðanna hafa flestir verið og eru samherjar okkar og vopnabræður í baráttunni fyrir góðri og viðhlítandi hafréttarlöggjöf, fyrir þessu mikla lífshagsmunamáli íslensku þjóðarinnar sem aldrei verður nógsamlega útmálað hversu mikilvægt er. Það hefur nokkuð skort á skilninginn hjá ýmsum hinum stóru og ríku þótt ögn sé það að lagast núna í seinni tíð. Sýnu verri e. t. v. en þessi leiðindatónn, sem ég hef gert hér örlítið að umtalsefni, er sú staðreynd að eftir að núv. stjórnarflokkar gengu í eina ríkisstjórn hefur afstaða Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna tekið þó nokkrum breytingum. Og þær breytingar eru fyrst og fremst í þá átt að taka afstöðu með Bandaríkjum Norður-Ameríku og nánustu fylgiríkjum þeirra, en þá gegn þróunarlöndunum og nýfrjálsum ríkjum í ýmsum tilvikum. Meðan hæstv. núv. utanrrh. var utanrrh. í vinstri stjórninni var vissulega höfð uppi nokkur viðleitni til að móta hér sjálfstæða utanríkisstefnu og það tókst að vissu marki. Utanríkisstefna okkar Íslendinga á tímum vinstri

stjórnarinnar var dálitið lík manni sem lengi hafði staðið álútur og hokinn í hnjánum. Svo fór hann að rétta úr sér og líta upp öðru hverju. En sú dýrð stóð ekki lengur en sú ríkisstj. Nú heykist maðurinn að nýju og gerist helst til niðurlútur.

Frá því greinir í skýrslu þeirri sem hér er til umr. að hvað eftir annað á síðasta Allsherjarþingi hafi Ísland skipað sér á fámennan bekk hörðustu andstæðinga þróunarlandanna, stundum er Ísland jafnvel að finna í innsta hring þeirra Pentagon-manna. Í skýrslunni er þess getið neðarlega á bls. 6 að samþ. hafi verið með yfirgnæfandi meiri hl. atkv. að bjóða frelsishreyfingu Palestínu-araba að taka þátt í umr. um Palestínumálin á Allsherjarþinginu. 3 Norðurlandanna voru þessari till. fylgjandi, Finnland, Noregur og Svíþjóð. Ísland og Danmörk sátu hjá. Á 7. bls. getur þess að yfirgnæfandi meiri hl. 89 ríki hafi samþ. till. um réttindi Palestínu-araba í Palestínu. Allmörgum ríkjum, 37 að tölu, þótti sú till., sem þarna var verið að fjalla um, of einhliða og sátu þess vegna hjá, en 8 ríki, þ. á m. Ísland, greiddu atkvæði á móti. Þriðja dæmi: Á 8. bls. greinir frá því að 95 ríki hafi samþ. að veita frelsishreyfingu Palestínu-araba, PLO, leyfi til að hafa áheyrnarfulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum. Ísland var meðal 17 ríkja sem greiddu atkvæði gegn þessari till. — Ég skal ekki fara lengra út í þessa sálma enda á ég von á því að annar talsmaður af hálfu Alþb. fjalli rækilegar um sum þau atriði sem ég hef nú nefnt varðandi Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna.

Að því er varðar kaflann í skýrslunni um hafréttarráðstefnuna hef ég engar sérstakar athugasemdir að gera aðrar en þá, að eins og hæstv. ráðh. vék raunar að er þessi kafli og raunar fleiri í skýrslunni að stofni til saminn fyrir nokkrum vikum og síðan skotið inn viðaukum á stöku stað. Um Genfarfundinn, hafréttarráðstefnufundinn í Genf, sem nú er nýlokið, mætti að sjálfsögðu sitt hvað segja. Mat manna á honum og þeim árangri, sem þar náðist, virðist vera nokkuð misjafnt. Sumir eru svartsýnir, telja jafnvel að vonlítið sé um nokkur hafréttarlög fyrst þau hafa ekki verið sett á þessum fundi. Ég hygg að svartsýnastir séu þeir menn nú, sem voru e. t. v. bjartsýnastir áður og töldu að ekki skorti nema herslumuninn til þess að hafréttarlög yrðu sett. Ég er ekki í þessum svartsýna hópi. Ég hef frá upphafi, eftir að ég fór að kynnast þessum málum eitthvað að ráði, gert mér ljóst að þetta mikla verkefni, svo margbrotið sem það er, hlyti að taka nokkuð langan tíma. Hér er verið að reyna að byggja upp svo að segja frá grunni. Það er í rauninni ekkert eða sáralítið á mörgum sviðum við að styðjast í því sem verið er að reyna að byggja upp á þessari hafréttarráðstefnu. Og mitt mat er það, og ég held að í því sé fólgið töluvert raunsæi, kannske hófleg bjartsýni að menn megi gera sér vonir um viðhlítandi alþjóðalög um hafréttarmál innan tveggja ára, e. t. v. um eða upp úr miðju næsta ári, ef vel gengur, tæplega fyrr.

Það er rétt að hinir óánægðu í sambandi við seinagang hafrétatrmála geri sér ákveðið atriði ljóst. Jafnvel þótt svo fari að ekki náist allsherjarsamkomulag á þessari ráðstefnu, jafnvel þótt ekki takist í bráð að setja allsherjarlög, heldur fari ráðstefnan út um þúfur, eins og það yrði kallað, þá mun það eftir standa, að ráðstefnan hefur þrátt fyrir það borið mjög umtalsverðan árangur og það nú þegar. Á þessari ráðstefnu, fyrst á undirbúningsfundum hennar og síðar á ráðstefnunni, hafa þroskast og dafnað býsna vel hugmyndir um 200 mílna auðlindalögsögu. Og nú er það á vitorði manna um allan heim, þeirra sem láta sig þessi mál nokkru skipta, að það er þessi hugmynd sem nýtur fylgis verulegs meiri hl. þjóða, það er þessi hugmynd, sem er bókstaflega hið eina sem hugsanlegt er að samþ. verði í þessum efnum, í fiskveiðiréttarmálum, eða gerð að alþjóðalögum í náinni framtíð.

Ef við lítum einungis tvö eða þrjú ár aftur í tímann og minnumst viðhorfa margra þjóða þá, þegar þessi hugmynd var fyrst að mótast að ráði, þá er ljóst að hér er um mjög jákvæða framvindu mála að ræða og í þessu efni hefur nú þegar í dag náðst afar jákvæður árangur. Þá er það og mikilvægt frá sjónarmiði okkar íslendinga að í þeim frumvarpsdrögum, sem nú liggja fyrir eftir fundinn í Genf, eru mjög veigamikil atriði um rétt strandríkis til að ákveða sjálft hámarksafla og áætla eigin getu til að hagnýta leyfilegt aflamagn innan eigin auðlindalögsögu. Mér er vel um það kunnugt að formaður íslensku sendinefndarinnar, Hans G. Andersen, hefur unnið þarna sem og að öðrum þáttum þessara mála ágætt starf, enda hefur það nú þegar borið sýnilegan og mikinn árangur.

Á bls. 20 í skýrslunni er með örfáum orðum drepið á það stefnuskráratriði hæstv. ríkisstj. að færa fiskveiðitakmörkin út í 200 mílur fyrir lok þessa árs. Þar segir aðeins stutt og laggott að ákvörðun um útfærsludag verði tekin síðar. Nú vil ég einungis spyrja hæstv. utanrrh. eða hæstv. forsrh.: Er nokkuð nýtt af þessu máli að frétta? Er ráð fyrir því gert að það komi til kasta Alþ. nú, áður en því verður slitið, eða er ráð fyrir því gert að einungis verði um málið fjallað í landhelgisnefnd eða utanrmn., annarri eða báðum? Nú er það að vísu svo að fyrir hendi er almenn heimild Alþingis til útfærslu í 200 mílur, en ég vil leyfa mér að spyrja: Telur ekki hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir þessa heimild, sem er skýlaus, sterkara út á við að Alþ. ákveði útfærsludaginn, að það taki slíka ákvörðun í einu hljóði, eins og allt bendir til að orðið geti? Annars skal ég ekki fjölyrða meira um þetta atriði.

Næst staldra ég við síðustu bls. þeirrar skýrslu sem hér er til umr. Þar greinir hæstv. utanrrh. frá því með fáeinum orðum að hann hafi nýlega gist Sovétríkin í boði þarlendra og hlotið hinar bestu móttökur. Sannleikurinn er sá að þessi austurför hæstv. utanrrh. er nú sennilega lesendum íslenskra blaða í nokkuð fersku minni, a. m. k. lesendum helstu stuðningsblaða núv. hæstv. ríkisstj. En blaðaskrifin um þessa frægu austurför og alveg sérstaklega skrif stjórnarblaðanna vekja óneitanlega ýmsar spurningar sem æskilegt væri að fá svör við, og ég þykist vita að þeir hæstv. utanrrh. annars vegar og hæstv. forsrh. hins vegar verða fúsir til að upplýsa

ýmis atriði sem mér þykja ekki liggja alveg ljóst fyrir, en þyrftu að skýrast til nokkurrar hlítar.

Þar er þá til máls að taka að hæstv. utanrrh. heldur með friðu föruneyti austur í Garðaríki. Líður ekki á löngu uns um það taka að berast fregnir að hann muni þar allvel haldinn, hafi hann viðurgerning góðan og þyki aufúsugestur. Virðist hér allt fara fram, að breyttu breytanda, eins og segir í kvæðinu um Rússlandsför Ólafs Friðrikssonar, það er orðið nokkuð gamalt:

„Ólafur fór í Austurveg,
öll var sú för in glæsileg.
Hann talaði við hvern tiginn mann
og Trotsky og Lenin kysstu hann."

Frá þessum ágætu móttökum, sem hæstv. utanrrh. fékk þar í Austurvegi, skýrðu íslensk blöð, að vísu að einu undanteknu sem einhvern veginn hafði misst af þessum fréttum. Nú lýkur þessari sæmdarför, og er þá birt samtímis í Reykjavík og Moskvu sameiginleg fréttatilkynning eða öllu heldur yfirlýsing — mér sýnist það réttara og virðulegra heiti — utanrrh. beggja þeirra landa sem hér áttu hlut að máli. Öll dagblöðin nema eitt virðast hafa fengið þessa yfirlýsingu og birtu hana hinn 10. apríl, eða a. m. k. kjarnann úr henni. Það var hins vegar Morgunblaðið sem hafði orðið útundan og birti þess vegna ekki þessa ágætu yfirlýsingu. En í þessari yfirlýsingu segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„það er álit beggja aðila að samskipti ríkja eigi að grundvallast á friðsamlegri sambúð. Í þessu sambandi kom fram að Ísland og Sovétríkin telja áframhaldandi þróun alþjóðasamvinnu sem grundvallast á gagnkvæmum hagsmunum, algeru jafnrétti og án afskipta af innanríkismálum hvors annars" — menn taki eftir — „mjög þýðingarmikla, einkum á sviði viðskipta og efnahagsmála."

Sitt hvað fleira athyglisvert segir í þessari yfirlýsingu, bæði um góð verslunarviðskipti landanna og menningarsamskipti. M. a. er frá því skýrt að undirrituð hafi verið áætlun um samstarf Íslands og Sovétríkjanna í menningar- og vísindamálum á tímabilinu 1975—1979. Loks segir, og vitna ég nú orðrétt í yfirlýsinguna:

„Það kom fram að afstaða beggja aðila til margra mikilvægra alþjóðamála er hin sama eða svipuð."

Nú gefur auga leið og ég þarf ekki einu sinni um það að spyrja að ævinlega þegar utanrrh. tveggja þjóða gefa út slíkar sameiginlegar yfirlýsingar að loknum viðræðum, þá er þar ekki um að ræða einhverjar einkaskoðanir viðkomandi ráðh., heldur getur þar að sjálfsögðu að líta sameiginlega niðurstöðu, sameiginlega stefnu tveggja ríkisstj. Þeir ágætu kollegar, Gromyko og Einar Ágústsson, tala hér að sjálfsögðu fyrir hönd ríkisstj. sinna, fyrir hönd ríkisstj. Alexeis Kosygins og Geirs Hallgrímssonar. Það var bæði synd og skömm að Morgunblaðið skyldi ekki frétta þetta. Enda fór svo fyrr en varði að slys hlaust af þessari vanþekkingu Morgunblaðsins og verður það nú lítillega rakið.

Föstudaginn 11. apríl, daginn eftir að fréttatilkynningin birtist, þar sem hátíðlega er yfirlýst að ríkisstj. Geirs og Kosygins séu hjartanlega sammála um mjög mörg atriði alþjóðastjórnmála, birtist í Morgunblaðinu nokkuð áþreifanlegur vottur þess að ritstjórarnir höfðu þó þrátt fyrir allt veitt því athygli að hæstv. utanrrh. hafði skroppið til Sovétríkjanna. Þennan dag birtist nefnilega í Morgunblaðinu leiðari sem nokkuð lengi mun í minnum hafður, einkum þegar það er haft í huga að þar talar stjórnmálaritstjóri aðalmálgagns núv. ríkisstj. og alveg sérstaklega aðalmálgagns hæstv. forsrh. Þessi leiðari heitir „Ísland og Sovétríkin" og er hvort tveggja í senn — með leyfi að segja — fádæma rætin árás á hæstv. utanrrh., krydduð svívirðingum og aðdróttunum í garð þess ríkis sem ráðh. hafði gist og mun annað eins nokkuð vandfundið. Morgunblaðinu farast m. a. orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Einar Ágústsson utanrrh. hefur að undanförnu dvalist í Sovétríkjunum í opinberri heimsókn. Ferð utanrrh. er í alla staði eðlileg og sjálfsögð og þáttur í nútímaviðskiptum ríkja. Því er hins vegar ekki að neita að ferðin hefur vakið meiri athygli en títt er um slíkar kurteisisheimsóknir. Þær móttökur, sem utanrrh. Íslands naut í Moskvu, voru mun veglegri en almennt gerist í heimsóknum af þessu tagi og ber ekki að lasta þá gestrisni Sovétmanna. Hins vegar bendir sú staðreynd, að Kosygin forsrh. tók á móti utanrrh. Íslands, öllum að óvörum og án þess að gert væri ráð fyrir því, til þess að Sovétríkin hafi af einhverjum ástæðum lagt mun meiri áherslu á þessa heimsókn en fyrir fram mátti ætla. Og þá vaknar sú spurning, hvað fyrir þeim vakir."

Nokkru síðar í leiðaranum segir: „Á sama tíma og þetta gerist verða sendiherraskipti hér á Íslandi. Fyrrv. sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi var nátengdur einum mesta valdamanni Sovétríkjanna og var hann sendur til Noregs, en Noregur hefur borið meginþunga þess þrýstings sem Sovétríkin hafa að undanförnu lagt á Norðurlönd. Í hans stað er gerður að sendiherra á Íslandi maður sem vitað er að hefur starfað að njósnum í þágu sovésku leyniþjónustunnar og hefur langa reynslu af svonefndri Finnlandisering, þar sem hann var um margra ára skeið næstæðsti maður sovéska sendiráðsins í Finnlandi. Þegar þessi heildarmynd er skoðuð hlýtur sú spurning óhjákvæmilega að vakna, hvort þær óvenjulega veglegu móttökur, sem utanrrh. Íslands hlaut í Moskvu, og sú mikla áhersla, sem lögð var á heimsókn hans þar, boði að Sovétríkin muni nú leggja stóraukna áherslu á að efla áhrif sín á Íslandi með stjórnmálalegum samskiptum, heimsóknum listamanna og vísindamanna og hvort sú vinsemd að lækka olíuverðið til íslendinga um hvorki meira né minna en 2½% sé þáttur í nýrri herferð sovétmanna til þess að efla áhrif sín á Íslandi. Þetta skulum við íslendingar hafa í huga á næstu mánuðum og misserum í samskiptum okkar við Sovétríkin."

Og í lok þessa leiðara segir: „Látum okkur ekki detta annað í hug en að lokamarkmið Sovétríkjanna sé að innlima Ísland í áhrifasvæði sitt, og minnumst þess að ef við ekki erum á varðbergi kann sú ógæfa að verða örlög okkar þjóðar."

Mér þótti rétt að kjarni þessa leiðara geymdist í þingtíðindum.

Daginn eftir að þessi leiðari birtist, hinn 12.

apríl, svarar Tíminn, málgagn hæstv. utanrrh., þessum leiðara og það er ritstjóri blaðsins sem birtir leiðara um málið. Ritstjórinn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ísland og Sovétríkin heitir forustugrein sem birtist í Morgunblaðinu í gær og er ritsmíð af því tagi að henni verður ekki annars staðar á bekk skipað en meðal grófustu furðuskrifa í íslenskri stjórnmálasögu. Þar eru hafðar uppi magnaðar dylgjur eftir verstu forskrift, meðfram byggðar á getgátum og slúðursögum í garð þjóðar sem íslendingar hafa lengi átt við mikil viðskipti og yfirleitt hagstæð og eiga alls engar sakir við. Þarna er að verki höfuðmálgagn forsrh. landsins og óhróðurinn er fluttur þegar Einar Ágústsson utanrrh. hefur nýlokið opinberri heimsókn í Sovétríkjunum og náð þar hagstæðari samningum en áður um jafnmikilsvert viðskiptaatriði og olíukaup okkar."

Þetta og margt fleira sagði Tíminn, ritstjóri Tímans, í forustugrein daginn eftir að Morgunblaðsgreinin birtist. Enn þá hvassari forustugrein birti þó ritstjóri Tímans í blaði sínu þremur dögum síðar, hinn 15. apríl. Þar segir m. a. á þessa leið, og er þá að fjalla um Morgunblaðið:

„Uppi hafa vaðið hvers konar getsakir, dylgjur og fullyrðingar, fyrst og fremst ofnar og spunnar út af forsendum sem þessir sérkennilegu greinarhöfundar hafa sjálfir gefið sér, og jafnvel verið gengið svo langt að staðhæfa að lokamarkmið Sovétrkjanna sé að innlima Ísland. Þegar von var á nýjum sovéskum ambassador til landsins var það dymbilvikudund Morgunblaðsins að stimpla hann með harla vafasömum heimildum njósnara leynilögreglunnar rússnesku. Mun slík aðdróttun fáséð við þær kringumstæður í málgagni sjálfs forsrh. hvar sem leitað er í síðuðum löndum. Slíkt er að sjálfsögðu ber móðgun af grófasta tagi. En jafnframt var þetta klámhögg í garð utanrrh. okkar, Einars Ágústssonar, sem samþ. hafði útnefningu ambassadorsins eins og títt er við sendiherraskipti."

Leiðara ritstjóra Tímans lýkur á þessum orðum:

„Miklum meiri hluta þjóðarinnar stendur stuggur af æði Morgunblaðsins sem ekki verður kallað annað en þjóðfjandsamlegt. Í ljósi þess, á hve gálauslegan hátt þar er leikið með íslenska hagsmuni, verður að krefjast þess að forsrh. landsins, Geir Hallgrímsson, geri hreint fyrir sínum dyrum og láti alþjóð vita hvort þessi háskalegu sorpskrif eru birt með vitund hans og vilja."

Þetta voru orð annars aðalstjórnarblaðsins, Tímans. Ég hirði ekki að lesa fleiri tilvitnanir úr þessum tveimur aðalmálgögnum núv. hæstv. ríkisstj., Morgunblaðinu og Tímanum, enda þótt af nógu sé að taka. Það er að sjálfsögðu langt fyrir neðan virðingu okkar allra alþm. að fara að elta ólar við ruslakisturnar í Morgunblaðinu, svo sem Staksteina- og Velvakandaskrifin. En um leiðara í málgagni sjálfs forsrh. gegnir allt öðru máli. Þegar ritstjóri Tímans var að gefnu tilefni að því spurður hvort það væru einkaskoðanir hans sem kæmu fram í ádeilunum á Morgunblaðið og forsrh., hvaðst hann að sjálfsögðu í leiðaraskrifum gera sér far um að túlka ríkjandi sjónarmið í sínum flokki og hann gerði það í samráði við forustu flokksins. Svipuðu *máli þykir mér trúlegt*, meðan ég veit ekki annað, að gegni um ritstjóra Morgunblaðsins. Sé svo ekki væri vissulega fróðlegt að heyra það af munni forustumanna flokksins og þá einkum af munni hæstv. forsrh. hvort hér hefur aðeins verið um einkaskoðanir ritstjóra Morgunblaðsins að ræða.

Nú er ég enginn aðdáandi ríkjandi stjórnarfars í Sovétríkjunum og hef aldrei verið það. Ég er sannarlega ekkert uppnæmur fyrir gagnrýni á það stjórnarfar sem þar hefur ríkt og ríkir, jafnvel þótt sú gagnrýni sé hörð og óvægin. Mörg sjónarmið valdhafa í því ríki og margir starfshættir þeirra eru afar fjarlægir þeim hugmyndum um sósíalisma sem ég aðhyllist. En hamagangur Morgunblaðsins undanfarnar vikur í garð Sovétríkjanna — og þar er ekkert lát á, það er haldið áfram á hverjum degi — á ekkert skylt við eðlilega gagnrýni á þjóðskipulag og stjórnarfar þessara ríkja. Hér er um að ræða mjög heiftarlega árás á opinber samskipti Íslands og Sovétríkjanna, árás á viðskipti þessara ríkja, árás á samstarf þeirra á sviði menningar, vísinda og rannsókna. Allt á þetta að vera af hinu illa. Munu þó flestir menn með nokkurn veginn óbrjáluða dómgreind viðurkenna að samskipti þessara tveggja landa, jafnt á sviði viðskipta sem menningarmála, hafi yfirleitt verið *góð og Íslandi fremur hagstæð* heldur en hitt. Þetta ætti að vera hægt að viðurkenna, hvaða skoðanir sem menn hafa á stjórnarfari því sem í Sovétríkjunum er.

Öllu öðru fremur má þó segja að skrif Morgunblaðsins um íslensk-rússnesk samskipti svo og skrif þess margfræg um hið svonefnda Kleifarvatnsmál og þó ekki síst skrif þess um núv. sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi séu um leið mjög heiftarleg árás á hæstv. utanrrh. Íslands. Um það er hvað eftir annað dylgjað í skrifum þessa blaðs, aðalstjórnarblaðsins. Og stundum liggur við að hæstv. utanrrh. sé nokkurn veginn berum orðum borinn þeim sökum að hann hafi heimilað Sovétríkjunum að stunda njósnir hér á landi svo að segja að vild, hann hafi fallist á að starfsmaður leyniþjónustu Sovétríkjanna yrði sendiherra á Íslandi. Og hvað eftir annað er látið að því liggja a. m. k. að hagstæður árangur þeirra tveggja ráðh. Framsfl., sem hafa farið í erindum til Sovétríkjanna, hæstv. viðskrh. í haust og hæstv. utanrrh. nú, að þessar viðræður og sá árangur, sem þær báru, ekki síst um viðskiptamál landanna, væru í rauninni ekkert annað en eins konar mútur.

Nú vil ég leyfa mér í þessum umr. að beina nokkuð svipuðum fyrirspurnum til hæstv. forsrh., eins og ritstjóri Tímans hefur gert, en hæstv. ráðh. hefur enn, að því er ég best veit, hliðrað sér hjá að svara. Þetta eru aðeins mjög einfaldar spurningar og ég vænti þess að hæstv. forsrh. sjái sér fært að svara þeim skýrt og greinilega:

„1. Er hæstv. forsrh. í meginatriðum samþykkur þeim skoðunum sem koma fram í leiðara Morgunblaðsins 11. *apríl s. l.* og *ritstjóri Tímans* telur þjóðfjandsamlegar og klámhögg í garð hæstv. utanrrh.?

2. Er hæstv. forsrh. sömu skoðunar og ritstjóri Morgunblaðsins, aðalmálgagns þessarar hæstv.

ríkisstj., sem fullyrðir að lokatakmark Sovétríkjanna sé að innlima Ísland?

3. Ætlar hæstv. forsrh. með þögninni að láta menn draga þá ályktun að hann leggi blessun sína yfir skrif Morgunblaðsins um samskipti Íslands og Sovétríkjanna jafnt á sviði viðskipta sem menningarmála og að þau samskipti séu þannig gerð tortryggileg með öllu hugsanlegu móti?

4. Hver er skoðun hæstv. forsrh. á endurteknum dylgjum Morgunblaðsins um hæstv. utanrrh., ráðh. í hans eigin ríkisstj.? Ætlar hæstv. forsrh. með þögninni að láta sér það vel líka að málgagn hans brigsli utanrrh. um óþjóðhollt athæfi, dylgi jafnvel um það að hann kunni að vera flæktur í einhvers konar samsæri sem að því miði að brjóta niður sæmd og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar?

Ég skora á hæstv. forsrh. að taka afstöðu til þessara og þvílíkra skrifa ritstjóra Morgunblaðsins. ég tel skyldu hans að gera það.

Herra forseti. Um herstöðvamálið og aðild Íslands að NATO mun ég verða stuttorður að þessu sinni. Ástæðan er þó síður en svo sú að ég telji það lítilvægara mál en áður að losna við herinn og að losa okkur úr hernaðarbandalagi. En þessum málum báðum voru gerð nokkuð rækileg skil af hálfu okkar Alþb.-manna fyrr á þessu þingi, þegar umr. fóru hér fram um hinn nýja herstöðvasamning hæstv. núv. ríkisstj. Ég veit líka að stefna Alþb. í þessum málum er öllum kunn og hún hefur ekki breyst hætishót. Við Alþb.-menn munum hér eftir ekki síður en hingað til berjast af alefli fyrir því að Ísland verði herlaust land og laust úr viðjum hernaðarbandalags. Það kann að vera að ýmsum þyki ekki blása byrlega í þeim efnum nú um stundir þegar tveir stærstu stjórnmálaflokkar landsins hafa tekið höndum saman og framkvæma nú ómengaða hersetustefnu með öllu óduldara og blygðunarlausara peningasjónarmiði í huga en oftast áður. En við vitum að einnig er brotalöm á þessu samstarfi, eins og fleiri þáttum þessa samstarfs, auk þess sem stóru flokkarnir báðir standa á leirfótum og geta fyrr en varir hlotið örlög Mökkurkálfa. Herstöðvaandstæðinga bíður mikið starf, en það starf mun verða unnið, það mun bera árangur, jafnvel fyrr en margur hyggur.

Ég mun nú ljúka máli mínu. Ég hef gert ýmsar aths. við skýrslu hæstv. utanrrh. Eins og löngum vill verða gerist maður langorðari um það sem miður þykir fara heldur en um hitt sem maður er sammála og vel er gert. Ég vil að lokum þakka hæstv. utanrrh., Einari Ágústssyni, fyrir gott samstarf við utanrmn. og mig sem nm. Ég á ekki aðra ósk betri hæstv. utanrrh. til handa en þá að hann eigi eftir, þótt eitthvað síðar verði, að stuðla að framkvæmd þeirra þátta utanríkisstefnu vinstri stjórnarinnar 1971—1974 sem af ýmsum ástæðum hafa ekki orðið að veruleika enn þá.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur flutt þinginu um utanríkismál. Hún var vel gerð og samviskusamlega, svo langt sem hún nær. Ég kemst þó ekki hjá því að hefja mál mitt á því að gera nokkrar aths. við málsmeðferð og formsatriði í sambandi við skýrslu þessa.

Það er mjög þakkarvert að hæstv. utanrrh. hefur fylgt því fordæmi, sem fyrirrennari hans í embætti, Emil Jónsson, gaf fyrir tæpum áratug, að utanrrh. gæfu skýrslu um mál sín til Alþ. Fyrir 15—20 árum hefði þetta verið óhugsandi, og er mikil framför að þetta skuli nú gerast og vera talinn sjálfsagður hlutur. Hitt er þó galli á göfugu þingi að nú, eins og nokkrum sinnum fyrr, kemur þessi skýrsla fram ákaflega seint á þingi og hún er rædd í þeirri viku þingstarfa sem síst skyldi, síðustu vikunni, þegar hér ríkir að vanda upplausn, — raunar ekki að vanda því að svo langt sem mitt minni nær hér á Alþ. hafa önnur eins upplausn og annað eins stjórnleysi á störfum Alþ. sem nú tíðkast aldrei komið fyrir.

Þetta hefur þá galla í för með sér að ómögulegt er að gera slíkri skýrslu og því sem hún fjallar um, utanríkismálum þjóðarinnar, þau skil sem þyrfti að gera. Um þessi mál er ég algjörlega sammála hv. síðasta ræðumanni, en hann kom að þessu einhvers staðar framarlega í heljarslóðarræðu sinni, ef einhverjir viðstaddir muna svo langt aftur í tímann.

Það nær ekki nema broti af tilgangi þess að gefa skýrslu um utanríkismál að gera það svo seint sem nú er orðið, ekki aðeins vegna þingsins sjálfs. Það er rétt, sem hv. 3. þm. Reykn. sagði í ræðu sinni, að þm. eru óhjákvæmilega mjög uppteknir þessa síðustu viku af ýmsum innlendum vandamálum sem verður að leysa fyrir næstu helgi. Hitt tel ég þó öllu mikilvægara, að umr. um mál eins og utanríkismál, og það ættu raunar að gilda um flest mál sem fyrir þingið eru lögð, eru ekki aðeins til þess að þm. geti deilt um þau og rætt hverjir við aðra, heldur eiga hér að fara fram umr. sem allir landsmenn, er einhvern áhuga hafa á, eiga að geta fylgst með til þess að kynnast viðhorfum þeirra, sem hér sitja, til þessara mála og geta fengið upplýsingar til þess að gera sér sjálfir grein fyrir því hvernig þessi mál standa. Við alþm. erum oft ákærðir fyrir það, að við séum eingöngu að hugsa um að auglýsa sjálfa okkur þegar við nefnum fjölmiðla. En það er ekkert hégómamál að einu verulegu umr. Alþ. um utanríkismál skuli vera troðið inn í síðustu þingvikuna þegar allt er fullt af öðrum pólitískum fréttum, þannig að þessum málum verða aldrei gerð sómasamleg skil í fréttum. Það er ekki vansalaust af þeim sem stjórna þingstörfum, — og nú bið ég minn ágæta vin, hæstv. forseta þingsins, velvirðingar, — að haga þannig málum að besta tíma dagsins skuli vera eytt í ótímabundnar fsp., margar hverjar nauðsynlegar og ágætar, en ekki tímabundnar, en þessi eina umr. þingsins um utanríkismál skuli vera sett á síðdegi eftir kl. 5. Vitum við þó að umr., sem fara fram síðdegis um það leyti, að ég tali nú ekki um kvöldin, geta aldrei fengið sómasamlega meðferð fjölmiðla eins og almennar umr. um utanríkismál hljóta að eiga heimtingu á, enda var það svo t. d. í hinum öflugu ríkisfjölmiðlum nú í fundarhlénu að þar var í fréttatímum eytt löngum tíma í að ræða um fsp. um tiltölulega staðbundin innanlandsmál, sem ég ber fulla virðingu fyrir og hafa þýðingu á sínum stað, en

þar var nálega ekki eitt orð um utanríkismálin, um þriggja kortera skýrslu utanrrh. um stöðu þjóðarinnar í heiminum eða viðhorf hennar til umheimsins, hvað þá um hina gagnmerku hálfs annars tíma ræðu sem talsmaður stærsta stjórnarandstöðuflokksins flutti, að ég ekki nefni það, að talsmenn þriggja af 5 þingflokkum fá að tala yfir áhugasömum og ágætum sálum sem vilja hlusta á þá í salnum fram eftir nóttu. En ef að líkum lætur fer þetta ekki lengra en inn á segulbandið og verður einhvern tíma eftir dúk og disk prentað, þannig að það getur e. t. v. talist til sögulegra skjala með tímanum, en hefur ekki þá þýðingu sem umræður á Alþ. um utanríkismál eiga að hafa varðandi þau mál á meðan þau eru að gerast og á meðan stefna um þau er í mótun.

Annað formsatriði, sem ég gagnrýni harðlega varðandi þessa skýrslu, er að hún nær yfir allt of langt tímabil, og þetta er auðvitað nátengt því hversu seint hún kemur fram. Í þessari skýrslu er talað um ráðstefnuna í Caracas sem var fyrir 8—10 mánuðum og Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem var fyrir 6—8 mánuðum. Þetta eru ágæt og nauðsynleg viðfangsefni, en ég hygg að hæstv. utanrrh. hafi sjálfur í ræðu sinni í kvöld notað þau orð, að a. m. k. önnur þessi frásögn hefði nú nánast sögulegt gildi, enda lagði hann hana til hliðar, taldi ekki ástæðu til að eyða tíma í að lesa hana, en las síðustu fréttir um þau mál. Hefði raunar verið miklu eðlilegra að þessi skýrsla hefði verið rædd fyrir löngu og við hefðum nú fengið að eyða kvöldstund í að heyra síðustu fréttir frá Genfarráðstefnunni og gefa þinginu einhverja hugmynd um, hvað þar gerðist í raun og veru, áður en það fer heim á laugardag. Hjól sögunnar snúast svo hratt að það er ekki hægt að bjóða upp á það að ræða utanríkismál á grundvelli frásagna af viðburðum sem gerðust fyrir 6—10 mánuðum. Það hefur svo margt gerst í millitíðinni og ef menn ætla sér að hafa þær umr. á einhverju sviði, sem hefur þýðingu fyrir samtíðina eða næstu framtíð, þá verður að gera einhverja breytingu á þessu.

Ég skal nú víkja að efnisatriðum málsins. Tel ég skylt að byrja á að ítreka það, sem fram hefur komið áður af Alþfl. hálfu, að flokkurinn er í nokkrum grundvallaratriðum samþykkur utanríkismálastefnu núv. ríkisstj. Flokkurinn er samþykkur því að byggja utanríkismál Íslands að miklu leyti á þátttöku í Sameinuðu þjóðunum, í trú á vaxandi mátt þeirra samtaka, þó að sá vöxtur sé hægur, og þær hljóti að verða meginvettvangur okkar í samskiptum við umheiminn. Í öðru lagi erum við sammála núv. ríkisstj. um að íslendingar eigi að ástunda mjög náin samskipti við Norðurlöndin í utanríkismálum og líta á það sem eitt af grundvallaratriðum í utanríkismálum. Ég fagna því að hæstv. ráðh. kom að því í skýrslunni að samskipti okkar við Norðurlöndin á sviði utanríkismála eru allt annað en sú veislugleði sem almenningur hefur tilhneigingu til þess að tengja við norrænt samstarf. Á sviði utanríkismálanna er samstarf okkar við Norðurlöndin raunverulegt og hefur verulega þýðingu fyrir okkur. Við erum þar ekki ein af smæstu einingum veraldarinnar, heldur hluti af stærri heild sem með samstöðu sinni er, eins og hæstv. ráðh. segir í skýrslunni, miklu sterkari en hin einstöku lönd gætu verið. Við erum að lokum sammála því að Ísland verði að halda áfram þátttöku í Atlantshafsbandalaginu og halda uppi varnarsamstarfi þangað til samkomulag næst um annað varnarkerfi í Evrópu og á Norður-Atlantshafi sem við getum talið betra og traustara en það sem fyrir er.

Eftir að hafa lýst yfir samstöðu um þessi grundvallaratriði kem ég að því að ég hef margvíslegar aths. og gagnrýni fram að færa um hin og þessi atriði í skýrslu hæstv. utanrrh., sum þeirra jafnvel stefnuatriði. Skal ég nú koma að nokkrum þeirra þó að hvorki sé tími, aðstaða né ástæða til þess að fara mjög ítarlega út í þau öll.

Hæstv. ráðh. byrjar skýrslu sína á því að tala almennt um stöðu heimsmála og setur þar á oddinn hina bættu sambúð á milli risaveldanna í austri og vestri sem hefur mjög sett svip sinn á alþjóðastjórnmál nú undanfarið. Hann flytur þennan boðskap ómengaðan eins og sanntrúaður kristniboði, og skal ég í sjálfu sér ekki lasta það á neinn hátt vegna þess að það hlýtur að vera von okkar eins og allra smáþjóða að þessi stórveldi geti komið sér nógu vel saman til þess að tryggja að aldrei komi til kjarnorkustyrjaldar þeirra í milli. Engu að síður hefðu gjarnan mátt fylgja skýrslunni einhverjar vangaveltur um það að þessi bætta sambúð hefur ekki verið snurðulaus með öllu. Að vísu halda hinir annáluðu gestgjafar hæstv. ráðh. í austurvegi, sem svo fagurlega var lýst hér fyrr í kvöld, sér mjög fast við hugmyndina um „detente“, eins og það er kallað, en það er ekki hægt að líta fram hjá því að miklar breyt. hafa orðið hjá hinum aðilanum, vestan við okkur í Bandaríkjunum, og höfundur þessarar vináttuhreyfingar þeim megin, utanrrh. Bandaríkjanna, hefur ekki þá stöðu, völd eða þann almenna stuðning sem hann hafði fyrir hálfu eða einu ári. Þannig er margt í raun og veru óvíst um framvindu þessara mála.

Langstærsti viðburður utanríkismála á undanförnum mánuðum er það sem gerst hefur í Indókína. Um þetta er ekki hægt að deila og það er fávísi ein að halda fram að viðburðir eins og þeir, sem gerst hafa í Suðvestur-Asíu, hafi ekki áhrif á alla jörðina og nokkur þjóð, jafnvel smáþjóð á eylandi í Atlantshafi, geti látið eins og hún sjái ekki það sem þar hefur gerst nú hinar síðustu vikur.

Það hafa verið skiptar skoðanir í sambandi við 30 ára borgarastríðið í Indókína. En ég hygg að nálega allir hljóti þó að fagna því að þessum þriggja áratuga hildarleik skuli vera lokið. Eftir að honum er lokið hljótum við að viðurkenna þau úrslit, sem þar hafa orðið, og taka því á þann eina hátt sem hægt er fyrir þjóð eins og okkur, að viðurkenna hina nýju ríkisstj. í Saigon. Ég verð að taka undir það með hv. 3. þm. Reykn. að mér finnst blaðsíðan, þar sem fjallað er um Indókína og viðhorf okkar til hinnar nýju stjórnar í Saigon, vera véfréttarleg og næsta furðuleg. Ég get ekki betur séð en að þarna hafi fengið ráðið einhver diplómatísk brögð sem hafa klætt málið í þennan skrýtna búning að því er okkur áhugamönnum finnst. Ég skal ekki fullyrða að

þessi afstaða geti ekki staðist. Mundi ég segja, vegna þess að ég treysti bæði hæstv. ráðh. og ráðgjöfum hans, að vafalaust standist þetta eftir diplómatískum kokkabókum. En það er ekki sama hvernig stjórnarskipti verða, en þegar þau verða með óvenjulegum hætti, t. d. að loknu löngu borgarastríði, þá mun það vera algengust venja að þjóðir láti í ljós viðhorf sitt fyrr eða síðar með beinni yfirlýsingu. Rauðu Khmerarnir voru varla komnir inn í höfuðborg Kambódíu þegar forseti Frakklands viðurkenndi þá sem löglega stjórn landsins. Það hafa orðið á öðrum stöðum byltingar sem náðu fram að ganga, en stórveldi hafa streist gegn í áratugi að viðurkenna byltingarstjórnina. Ég hygg að það hafi verið 14—15 ár frá því að rússnesku byltingunni lauk þangað til Roosevelt Bandaríkjaforseti braut odd af oflæti landa sinna og viðurkenndi sovétstjórnina, og ég er satt að segja ekki viss um að Bandaríkjastjórnin í Washington sé búin að viðurkenna Castro-stjórnina á Kúbu, formlega enn þá.

Það er því augljóst, þegar hvert ríkið á fætur öðru hefur gefið út yfirlýsingar um að það viðurkenndi hina nýju stjórn í Saigon, að það hefði verið miklu hreinlegra að gefa út viðurkenningu, en ekki að vera með þetta diplómatíska klúður um að ef þeir nái valdi á sendiráðinu í Bonn, að þá skuli þeir náðarsamlegast taka á móti honum og veita viðurkenningu. Þetta finnst mér vera hálfkæringur sem sæmi okkur ekki. Við eigum hreinlega að segja það sem við viljum segja í þessu máli og senda skeyti um viðurkenningu á þessari stjórn, segja henni að hún geti sent sendiherra hingað þegar henni þóknast, því að diplómatískt samband okkar við Suður-Vietnam muni halda áfram eftir stjórnarskiptin.

Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða hvern kafla í skýrslunni enda yrði það allt of langt mál. Ég kem næst örlítið að þeim kafla, sem er um Sameinuðu þjóðirnar, og vil þá fyrst og fremst benda á að sá kafli er að lengd og umfangi ekki í neinu samræmi eða samhengi við aðra kafla skýrslunnar. Það, sem gerist á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, hefur ekki svo mikla þýðingu í alþjóðamálum að það sé þess virði að helga því ⅛ hluta af þessari skýrslu, sem á að fjalla um öll utanríkismál okkar. Þetta þýðir ekki að ég vanmeti Allsherjarþingið. Það hefði að minni hyggju verið ástæða til að það væri gefin sérstök skýrsla um það, ekki síst vegna þess að þetta er nálega eini vettvangur alþjóðamála þar sem íslendingar þurfa að kasta atkv. sínu og beinlínis segja álit sitt á málefnum sem oft á tíðum eru tengd fjarlægum löndum og skipta okkur ekki beinlínis hagsmunalega máli, heldur aðeins hugsjónalega. Ég ætla ekki að fara í gegnum þessa skýrslu, en ég las hana með mikilli athygli. Mér þótti í fyrsta lagi merkilegt að samstaða Norðurlandanna á sviði Allsherjarþingsins virðist vera að leysast upp því að það er varla getið um tvær atkvgr. í röð í þessari skýrslu þar sem Norðurlöndin skiptast á sama hátt í afstöðu sinni.

Ég get að vissu leyti tekið undir það að við íslendingar þurfum að gæta okkar á því að vera ekki of fylgispakir við aðra nágranna okkar þó að ég telji og viti raunar af reynslu að hið norræna samstarf á sviði Sameinuðu þjóðanna er mjög náið og okkur mjög gagnlegt. Til skamms tíma hafa Norðurlandaþjóðirnar verið ákaflega róttækar í málefnum þriðja heimsins og þá voru ríkisstj. hér á Íslandi með töluverðum rétti ákærðar um að fylgja ekki hinum norrænu bræðrum eftir, heldur hafa tilhneigingu til þess að fylgja stórveldum í nágrenni okkar. Nú virðast hinar norrænu þjóðir bæði vera að sundrast og eitthvað að linast í málunum, og skapar það okkur að sjálfsögðu einhvern vanda. En ég tel að við eigum að halda áfram að hafa afstöðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem byggist á því að við erum nýsjálfstæð þjóð, m. ö. o. við erum í flokki þjóða sem hafa lotið nýlendustjórn öldum saman, en erum nýlega búnir að fá frelsi okkar. Við unum ekki því skipulagi sem er á veröldinni um það bil sem við fáum fullt frelsi. Ég þarf ekki að nefna annað en landhelgismálið eitt því til sönnunar. Við erum því þjóð sem krefst breytinga á alþjóðamálum, og við verðum því að hafa hugrekki til að skipa okkur að jafnaði í flokk annarra þjóða sem smám saman eru að vinna að slíkum breytingum. Ég er ekki byltingarsinni, en vil þó ekki mæla með því að við setjum formlegar diplómatískar reglur — það er nóg til af þeim — sem leiðarvísi fyrir okkur að öllu leyti. Einhvern tíma verður að brjóta hefðir ef á að breyta því ástandi sem verið hefur. Það var raunar gert þó að umdeilanlegt sé varðandi Palestínu-araba á þessu Allsherjarþingi. Hv. ræðumaður Alþb. kvartaði undan þeim tón sem væri í þeim kafla. Ef ég hefði fundið þann tón hefði ég tekið undir umkvartanir hans. Mér þótti hitt athyglisverðara, að í þessum kafla kemur í fyrsta skipti, a. m. k. í opinberum skjölum um íslensk utanríkismál, fram viðurkenning á tilveru Palestínu-araba og að þeir séu staðreynd sem verður að taka tillit til. Við íslendingar höfum haft ákaflega sterka tilhneigingu til þess að sýna samúð með gyðingum í baráttu þeirra og styðja þá. Þetta hefur bæði verið vegna þess að það sköpuðust af ýmsum ástæðum nokkur tengsl milli forustumanna hér og þar suður frá. Stöfuðu þau m. a. af því að þeir voru að reyna að brjótast út úr einangrun og ná persónulegum samböndum eða pólitískum við aðrar þjóðir og leituðu þá mjög til Norðurlanda. Þetta er allt eðlilegt og ég hef ítrustu samúð með Ísrael. Það verður að tryggja tilverurétt þess, en það verður líka að finna mannlega og eðlilega lausn á málefnum araba. Mér fannst, þegar ég las þennan kafla, það vera athyglisverðast við hann hversu mikill skilningur kemur þó fram á málefnum Palestínu-araba enda þótt íslendingar hafi verið í þeim fámenna hópi sem greiddi atkv. á móti því að Arafat fengi að tala. Það má deila um þingsköp. Eigum við að leyfa forsetum Alþýðusambandsins og atvinnurekenda eða eigum við að leyfa kvenfélagasamtökunum að senda fólk inn á Alþ. og flytja ávarp til alþm. úr þessum stól? Eða eigum við ekki að gera það? Ég er hræddur um að það gætu orðið töluverðar umr. um það hvort þessi braut væri æskileg eða ekki.

Það eru svona hugmyndir sem eru rökstuðningur fyrir því að vera á móti því að Palestínuarabar fengju að mæta á Allsherjarþinginu sem áheyrnarfulltrúar, og ég verð að játa að mér

finnst vera sterk rök á móti því, ekki þeirra vegna, heldur vegna fordæmisins. En meiri hlutinn kaus að brjóta heiðir og gera þetta, og ég er frekar þeirrar skoðunar að það muni hjálpa til við lausn þessara mála þegar fram í sækir að Allsherjarþingið tók þó þessa afstöðu, þó að gegn atkv. Íslands væri.

Það er freistandi að ræða um kafla skýrslunnar um hafréttarmálin og fiskveiðilögsögu Íslands. En í raun og veru er það allt of stórt mál til að taka sem kafla í öðru máli og það hlýtur að njóta hjá okkur þeirrar algeru sérstöðu að við getum ekki látið það vera undirlið undir almennu yfirliti um utanríkismál. Hæstv. utanrrh. gat ekki heldur skilað skýrslu um utanríkismál án þess að nefna þessi mál. Hafréttarráðstefnan í Genf, sem nýlega er lokið, er það stórt mál að við gætum rætt hana í alla nótt og fulltrúar þingflokkanna, sem þar hafa verið, eru sumir hverjir komnir heim, sitja hér og hafa frá mörgu að segja. Ég mun tímans vegna leiða þetta hjá mér þó að það sé freistandi að hefja umr. um þessi mál, en það mundi á þessu stigi taka of mikinn tíma og ég tel það vera skyldu ríkisstj., sem hún mun sjálfsagt gegna í samráði við alla flokka, að ákveða hvenær og hvernig hlutur Alþ. kemur til í sambandi við framhaldsaðgerðir okkar.

Ég kem næst að kafla þeim sem heitir Öryggismál og er á bls. 21 í skýrslunni. Undir þessu stóra orði er nálega eingöngu talað um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu og vísað í nýgert varnarsamkomulag með fáorðri skýringu á þá lund að viðræður embættismanna um framkvæmd samkomulagsins gangi eins og gert hefur verið ráð fyrir.

Ég tel að þetta sé algerlega ófullnægjandi skýrsla um málið þegar þess er gætt að það er nú alllangur tími liðinn síðan þetta samkomulag var gert og hér er um að ræða einu skýrslu ríkisstj. til Alþ. um utanríkismál sem fær almenna umr. Það er að vísu rétt að umr. almennings eða barátta um þessi mál hefur verið í lágmarki nú undanfarið og kann að vera freistandi frá hendi ráðamanna í ríkisstj. að reyna að vekja ekki upp drauginn. Engu að síður get ég ekki að því gert að mér finnst að í þessari skýrslu hefðum við átt að fá nákvæmari frásagnir af því hvernig framkvæmd eða viðræður um framkvæmd varnarmála ganga, hvað er verið að ræða um, hvað á að gera og hvers er að vænta á þessu sviði á næstunni. Það eru draumórar ef einhver heldur að þetta mál sé útdautt, því er víðs fjarri, það geri ég mér alveg eins ljóst og þeir hernámsandstæðingar sem hér hafa talað. Ég tel því að það sé ekki rétt að sofa á þessu máli þó að minna sé um það rætt en var t. d. fyrir kosningar. Við hefðum gjarnan þurft að fá miklu ítarlegri frásögn um hvað þarna er að gerast, hvernig þetta samkomulag, sem gert var, verður framkvæmt vegna þess að það var satt að segja að mörgu leyti losaralegt og erfitt jafnvel fyrir þá, sem líta á það frekar vinsamlegum augum, að gera sér ljóst hvernig framvinda þeirra mála yrði. Við skulum vona að það verði ítarlegar um þetta rætt í næstu skýrslu og hún komi fyrir maímánuð á næsta ári.

Þá tel ég að það sé allt of þröngur skilningur hjá hæstv. utanrrh. að fella undir „öryggismál“ eingöngu varnarmál Íslands vegna þess að öryggismál Íslands verðum við að skoða í miklu stærri sjóndeildarhring heldur en Reykjanesið og Hornafjörðurinn gefa okkur. Það hafa orðið stórkostlegar breytingar í heimsmálum nú á síðustu vikum og þessar breytingar hafa áhrif um alla jörðina. Atburðirnir í Suðaustur-Asíu, þróun mála varðandi Efnahagsbandalagið í Evrópu, breytt viðhorf í Bandaríkjunum eftir það sem þar hefur gengið yfir undanfarið, allt þetta eru stórviðburðir í sögunni sem hljóta að draga slóða á eftir sér, og það er fásinna ein ef menn halda að við hér uppi á Íslandi getum horft á allt þetta sem eitthvert fjarlægt stjörnufyrirbrigði sem komi okkur ekkert við. Þess vegna tel ég að tal um öryggismál Íslands í dag ætti að snúast í fyrsta lagi um það sem snertir okkur hér heima á hólmanum og í næsta nágrenni okkar og í öðru lagi hver staða okkar er í þessum heimi sem er að taka stöðugum og stórum breytingum. Hvaða áhrif hafa þessar breytingar? Hvaða áhrif hefur bergmálið frá Suðaustur-Asíu yfir Bandaríkin, á Vestur-Evrópu og norðanvert Atlantshaf? Hvaða áhrif hefur bergmálið frá Suðaustur-Asíu þegar það kemur hina leiðina, yfir meginlandið mikla og síðast Sovétríkin og hér út á Atlantshaf? Þessar spurningar finnst mér að við hefðum átt að leggja fram eða hæstv. ráðh. hefði átt að minnast á, til þess að við gætum gert okkur grein fyrir því hvað er fram undan. Er veröldin, sem við höfum búið í, að breytast þannig að við verðum að taka tillit til þess? Eða halda menn að við lifum enn þá í sama kaldastríðsheiminum eins og var þegar við gengum í Atlantshafsbandalagið?

Næsti kaflinn er um Norðurlandasamvinnu og fer vel á því að hann komi í beinu framhaldi af því sem ég nú hef sagt um íslensk viðhorf til öryggismála í heiminum. Kafli hæstv. ráðh. um Norðurlandasamvinnu er ágætur svo langt sem hann nær. Hann byrjar á almennum orðum sem við þekkjum vel, en kemur síðan að því að gefa okkur í skyn að þátttaka okkar í norrænu samstarfi hafi allt aðra og miklu meiri þýðingu fyrir okkur í raunhæfri framkvæmd utanríkismála en flestir gera sér grein fyrir. Þetta er alveg rétt. Með tvo karlmenn og tvær þrjár stúlkur hjá Sameinuðu þjóðunum í New York gætum við aldrei nokkurn tíma staðið sómasamlega í stöðu okkar sem þátttakandi í bandalagi Sameinuðu þjóðanna ef við hefðum ekki hið norræna samstarf, sem þýðir að við eigum aðgang að upplýsingum frá fjórum öðrum þjóðum á sameiginlegum vettvangi og fáum að vita hvað er að gerast þar sem við getum ekki fylgst með nema rétt yfir þingtímann á haustin, ef það tekst þá á þeim tíma. Það er okkur ómetanlegur stuðningur að geta fylgst með því hvernig Norðurlöndin bregðast við og ætla sér að greiða atkvæði. Þetta megum við ekki vanmeta. Og það sem stendur í skýrslu hæstv. ráðh. um vangaveltur ýmissa ríkra stórvelda um þróun Allsherjarþingsins hygg ég að hafi af hans hálfu ekki verið skrifað af neinni vanvirðu við þriðja heiminn, heldur hafi hann verið að lýsa þar pólitískri staðreynd. Við getum ekki tekið afstöðu með hinum fáu ríku þjóðum í þeim efnum,

en það er alveg eins nauðsynlegt fyrir okkur eins og vanþróuðu ríkin, þessi 77, sem eru orðin yfir 100, að gera okkur grein fyrir því að það er hugsanlegt að Allsherjarþingið geti orðið algjörlega þýðingar- og áhrifalaust. Eitt af því, sem oft hefur komið til greina þar, er gagnrýni einmitt á það sem kallað er „mini-state", örsmá ríki eins og Ísland sem eru eins og brot úr einni stórborg, að þessi ríki skuli hafa eitt atkvæði á Allsherjarþinginu til jafns við stórveldin. Þetta er ekki nýtt mál þó að deilur um það séu að magnast, og við þurfum að fylgjast vel með þeim einmitt vegna þess að það hafa komið fram ýmsar hugmyndir um að það sé fráleitt að 215 þús. manns á Íslandi skuli hafa eitt atkvæði en 8 eða 9 hundruð millj. kínverja skuli aðeins hafa eitt atkvæði líka. Þetta mál er þess eðlis að það getur orðið úr þessu hreyfing sem verður til þess að smáríkjunum verði skákað til hliðar, ekki af peningalega ríkum þjóðum, heldur af hinum, sem eru bæði peningalega rík og hafa fólksfjölda. Þetta mál hefur átt sér nokkurn aðdraganda, en virðist hafa soðið dálítið upp úr og orðið að pólitísku deilumáli sem ég tel alls ekki óviðeigandi að hæstv. utanrrh. bendi okkur á, því að við erum að verulegu leyti aðilar að málinu og ef gagnsóknin gegn þróun Allsherjarþingsins verður að alvöru, þá verðum við meðal þeirra sem verða skornir.

Í sambandi við Norðurlandasamvinnu og öryggismál sakna ég þess að það er eins og vanti framhald, sem er plúss fyrir á síðunni. Það gæti a. m. k. byrjað kafli sem mér finnst að ætti að vera um það sem hefur gerst á Norðurlöndum undanfarna mánuði. Mér finnst að við á Alþingi íslendinga ættum ekki að ræða um utanríkismál eða norræna samvinnu í ramma utanríkismála án þess að nefna að það hafa orðið nýjar umr., sem í raun og veru eru pólitískar sviptingar, á Norðurlöndum undanfarna mánuði. Á vissan hátt má segja að þetta hafi byrjað á sviðinu í Þjóðleikhúsinu hér í Reykjavík þegar Norðurlandaþing sat hér og einn kornungur finnskur þingmaður kastaði þar sprengju er leiddi til þess að sjálfur forsrh. Finnlands varð að taka málið upp. Það, sem virðist vera að gerast, er að frá finnum kemur vaxandi gagnrýni á hin Norðurlöndin fyrir þeirra utanríkismálastefnu, á dani fyrir það að vera að sökkva niður í Efnahagsbandalagið, á norðmenn fyrir nýja olíupólitík, á svía fyrir að bjóða Atlantshafsbandalaginu orrustuflugvélar til sölu. Af kurteisi vorum við ekki nefndir, en við getum rétt ímyndað okkur hvað við mundum fá að heyra.

Í þessu sambandi hafa finnar vakið máls á nýjan leik á Kekkonen-tillögunum um að Norðurlöndin verði öll að kjarnorkulausu svæði. Þetta er stórt mál sem við höfum þekkt lengi, kom upp fyrir nokkrum árum, hjaðnaði, en er nú komið upp fyrir tilstilli finna á nýjan leik.

Samtímis því, sem þetta gerist innan Norðurlandanna, gera blöð í Sovétríkjunum sér ákaflega tíðrætt um pólitska stöðu á Norðurlöndum og bólar jafnvel á þeirri hugmynd að Sovétríkin eigi rétt á að taka þátt í norrænu samstarfi. Ég held að það sé ekki hægt að túlka þessa viðburði öðruvísi en sem diplómatíska sókn Sovétríkjanna gagnvart Norðurlöndunum, enda gerir enginn blaðamaður, sem um þetta skrifar erlendis, neitt minna úr þessu, og í sannleika sagt getum við ekki leitt það hjá okkur. Við höfum orðið varir við þessa sókn hér uppi á Íslandi. Hér hafa sovéskar skipakomur verið miklu tíðari en áður og ýmiss konar starfsemi er aukin. Nú vil ég taka það skýrt fram að ég ætla mér ekki að tala um þetta af neinni móðursýki og vara menn við að gera það. Ég tel að vissum blöðum hér á landi hætti mjög til þess að tala þannig að það er ekki bjóðandi af málgögnum ríkisstjórnar, og ég er ekki með þessu að taka afstöðu með þeim. En ég bið menn um að líta á þetta sem staðreyndir. Ég bið menn um að íhuga að þegar stórveldi hafa aðstöðu til að gera slíka hluti, það er alveg sama hver í hlut á, þá gera þau það. Við verðum að taka því eins og staðreyndum, en ekki eins og árás á okkur, sem það er í sjálfu sér ekki. Stórveldi reyna alltaf að auka áhrif sín og breiða úr sér, það held ég að sé sögulegt lögmál. Ef það er einhver veikur punktur landfræðilega eða pólitískt í kringum þau, þá sækja þau gjarnan í þá átt.

Ég tel að þessi diplómatíska sókn Sovétríkjanna, sem hefur áhrif á mat manna á öryggismálum um öll Norðurlönd og allt Norður-Atlantshaf, byggist aðallega á tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi á því að Sovétríkin eru búin að byggja upp stórfelldan herflota, kaupskipaflota og fiskiflota, sem er á hafinu allt í kringum okkur, og jafnvel vel metnir norskir sérfræðingar tala um það að Norður-Atlantshafið frá Íslandi og norður úr sé að verða sovéskt áhrifasvæði. Þetta er ekki nýtt, þetta höfum við heyrt undanfarin tvö ár, og það er engin ástæða til að hneykslast á því. Ég tel að það eina, sem er merkilegt við þessa þróun, sé að það skyldi ekki gerast miklu fyrr. Sovétríkin voru þriðja stærsta flotaveldi heims þegar á tímum keisaranna 1890. Líklega er fávisku Stalíns að kenna að þetta gerðist ekki 20—30 árum fyrr. En við verðum að gera okkur grein fyrir þessu með jafnaðargeði og með því að reyna að meta þetta skynsamlega, taka því sem er, af því að við verðum að sigla skútu okkar í gegnum þá sjóa sem fram undan eru. Við ráðum því ekki hvernig sjólagið verður.

Umr. þær, sem hafa siglt í kjölfar funda Norðurlandaráðs hér í Reykjavík s. l. vor, eru mjög athyglisverðar og ég tel það skyldu okkar íslendinga bæði að fylgjast vel með þessu og reyna að gera okkur grein fyrir því hvaða áhrif þær breytingar, sem eru að verða, kunni bæði í næstu framtíð og í lengri framtíð að hafa á viðhorf okkar, lífsbaráttu, sjálfstæði og utanríkismál, og sambúð okkar við aðrar þjóðir.

Herra forseti. Ég hef nú gerst helst til langorður um þessi mál, en hér er um vítt svið að ræða þar sem má taka nálega hverja síðu og gera að margra klukkutíma umr., ef menn vilja. Ég vil að lokum leggja á það áhreslu að í utanríkismálum bíða okkar íslendinga í næstu framtíð stórbrotin verkefni, líklega þau stærstu sem við höfum nokkurn tíma tekist á við. Þar á ég við útfærslu fiskveiði- og efnahagslögsögu íslendinga í 200 mílur eða að miðlínum til næstu landa. Enn þá virðist ekki vera tímabært að hefja ítarlegar umræður um þetta mál hér á Alþ. Ríkisstj. og landhelgisnefnd, þar sem allir flokkar

eiga sæti, er rétt að fá fyrstu skýrslur frá Genfarfundunum, og ég vænti þess að ég brjóti engan trúnað þó að ég skýri frá því að hæstv. forsrh. sagði við okkur á fundi í þessari n. í dag að hann gerði ráð fyrir mjög tíðum fundum nú á næstunni til að ræða allar hliðar þessa máls og að komast að niðurstöðum um það hvernig við ætlum á því að halda. Spurningarnar, sem geta ráðið miklu um sambúð okkar við önnur lönd, um okkar utanríkismál, eru, hvernig við munum halda á þessu máli, og ekki síður, hvernig aðrar þjóðir muni bregðast við aðgerðum okkar. Um það vitum við í raunianni sáralítið í dag. En ég vona að við munum á næstu vikum, bæði fram að ákvörðun og ekki síður eftir að ákvörðun hefur verið tekin um útfærsluna, fá nánari fregnir um það. En mér segir svo hugur um að þá munum við þurfa að taka á öllu því sem við eigum til og standa saman, eins og við höfum best gert áður í landhelgismálum, til þess að lýðveldið okkar komist farsællega í gegnum það mál.

Við lifum á tímum mikilla breytinga. Valdajafnvægi, öryggismál, orkumál, efnahagsmál, auðlindamál, allt er þetta að taka stökkbreytingum. Sífellt verðum við að fylgjast með þessum málum, meta hvað af því, sem er að gerast, hefur þýðingu fyrir okkur, hvað ekki. Við verðum að halda vöku okkar, gæta frelsis okkar, vinsamlegrar og friðsamlegrar sambúðar við allar þjóðir, sem er grundvallaratriði í utanríkisstefnu okkar. En við skulum minnast þess að í utanríkismálum er enginn endir, aðeins áfangar.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Út af því sem hv. 2. landsk. þm. sagði og beindi til mín sem forseta þegar hann sagði að Alþ. væri í upplausn og þar ríkti algjört stjórnleysi, þá er þetta mikið sagt. Það er lágmarkskrafa, sem hægt er að gera til hv. 2. landsk. þm. og ekki síst þar sem hann er flokksforingi, að hann rökstyðji ummæli þessi.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Í skýrslu sinni um utanríkismál ver hæstv. utanrrh. allmiklum tíma í umr. um Sameinuðu þjóðirnar og afstöðu Íslands til mála á síðasta Allsherjarþingi. Það er að mínum dómi lofsvert í sjálfu sér og ekki vanþörf á að oftar og ítarlegar sé rætt um þátttöku Íslands á þeim vettvangi hér í þinginu. Að þessu leyti er ég ósammála hv. síðasta ræðumanni, sem taldi að of miklum tíma væri varið í skýrslu um Sameinuðu þjóðirnar að þessu sinni. Á hitt legg ég þó ekki dóm hvort að það sé hlutfallslega of mikið miðað við annað. Mörg mál, sem koma fyrir Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna skipta okkur íslendinga miklu máli og eru hagsmunamál okkar, auk þess sem mál þar tengjast óhjákvæmilega afstöðu okkar til alþjóðamála í heild. Er því varla hægt að líta á þátttöku Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum sem sérmál óviðkomandi alþjóðamálum að öðru leyti. Ég hlýt þó að finna að því að hin árlega heildarskýrsla um störf síðasta þings og þingnefnda Sameinuðu þjóðanna skyldi ekki vera tilbúin fyrir þessar umr. Hún var ekki tilbúin til afhendingar þm. eða þeim fulltrúum sem þing Sameinuðu þjóðanna sátu, en hún er vitaskuld nauðsynleg til glöggvunar og upprifjunar og til þess að fá heildarsýn yfir málin. Því mundi það spara þm. mikla fyrirhöfn og mikinn tíma að fá þá skýrslu í hendur. Mér er þó í þessu sambandi ljúft og skylt að geta þess að ég hef notið mjög góðrar fyrirgreiðslu hjá deildarstjóra utanrrn., Ólafi Egilssyni, og fengið hjá honum þá hjálp sem honum var unnt að veita með svo stuttum fyrirvara. Þessi heildarskýrsla, sem ég er að tala um, mun útbúin af fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, og ég beini eindregið þeim tilmælum til hæstv. utanrrh., að hann sjái til þess að skýrsla þessi liggi fyrir framvegis áður en umr. um utanríkismál fara fram hér á þingi.

Ég er sammála þeim sem hér hafa fundið að því að umr. um utanríkismál skuli ekki fara fram fyrr en á síðustu viku þings. Ég er þó þeirrar skoðunar að þær eigi ekki að fara fram fyrr en að þingi Sameinuðu þjóðanna loknu. Svo virðist þó að ástæðan fyrir því að hæstv. utanrrh. fer fleiri orðum nú um afstöðu íslendinga í málum Sameinuðu þjóðanna en áður sé hið fræga og margrædda Palestínumál, en afstaða Íslands í því máli vakti umr. og gagnrýni hér heima.

Útskýringar hæstv. utanrrh. á afstöðu Íslands í málefnum Palestínuþjóðarinnar á sér aðfararkafla, afar fróðlegan og athyglisverðan fyrir þá sök að hann ræðir þær breytingar á valdahlutföllum hjá Sameinuðu þjóðunum sem fylgt hafa fjölgun aðildarríkja úr 51 í 138. Langflest þeirra ríkja, sem hafa bæst í hóp Sameinuðu þjóðanna frá stofnun þeirra, eru, eins og allir vita, nýfrjáls ríki, fyrrv. nýlendur, sem hafa háð harða baráttu fyrir sjálfstæði sínu, — ríki sem hafa mörg hver í hörðum átökum og með miklum mannfórnum varpað af sér oki kúgunar- og nýlenduvelda, — þjóðir sem hafa átt það eitt takmark að ráða landi sínu sjálfar. Það ætti því að vera hverjum heilbrigðum íslendingi einhlítt fagnaðarefni þegar þessi ríki bætast í hóp aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. En svo undarlega bregður við í skýrslu hæstv. utanrrh. að hann talar um þennan nýja ríkjahóp í skýrslu sinni eins og hann væri bandarískur hershöfðingi eða fyrrv. eða núv. nýlendukúgari. Það er ekki hægt að firra hæstv. ráðh. ábyrgð á þeim tóni sem er í þessum kafla. Hann flutti hann hér í eigin nafni fyrr í dag og hlýtur því að vera samþykkur þeim sjónarmiðum sem þar koma fram.

Áður en ég vík nánar að þessu vil ég taka undir orð hv. síðasta ræðumanns um að það sé mjög varhugavert af íslendingum að taka afstöðu gegn þessum ríkjum. Það hefur, eins og kom fram í ræðu hans, verið allmikið rætt um að rétt væri að takmarka atkvæðisrétt smáríkja að einhverju leyti og þess varð jafnvel vart á síðasta Allsherjarþingi að andstaða var að myndast gegn því að smáríki hlytu sjálfsstjórn og frelsi. Fór ekki milli mála að þetta andóf eða þessi andstaða var réttlætt með því, að hin breyttu valdahlutföll væru óheppileg og ekki bætandi í hóp þróunarlanda sem fyrir væri. Þetta er fyrir okkur íslendinga afar athyglisvert og getur verið mjög hættulegt.

Um samstöðu þróunarlandanna, hinna nýfrjálsu ríkja hjá Sameinuðu þjóðunum, og bar-

áttu þeirra fyrir réttindum sínum og þeirra þjóða, sem enn þurfa að búa við órétt og kynþáttamisrétti, notar hæstv. utanrrh. hvað eftir annað orðið „valdbeitingu“ í skýrslu sinni. Þessi málflutningur heyrist í rauninni aðeins hjá bandaríkjamönnum og gömlum nýlenduveldum sem eru að missa tök sín til valdbeitingar á þessum þjóðum sem öðrum. Það er sannarlega smánarlegt að mínum dómi að heyra íslenskan utanrrh. taka undir slíkan málflutning og gera hann að sínum. Vissulega hafa þessar þjóðir nú meiri hl. hjá Sameinuðu þjóðunum, og það þarf engan að undra þótt þau hafi önnur sjónarmið en fyrrv. og núv. kúgarar þeirra. Það, sem raunverulega er að gerast á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, er að stefna nýlendukúgunar og heimsvaldasinna er að bíða ósigur í hverri atkvgr. á fætur annarri. Um þessa skipan mála, þennan ríkjahóp, þróunarlöndin, segir hæstv. ráðh. í skýrslu sinni, með leyfi hæstv. forseta: „Þessu valdi var nú beitt meira en margir töldu góðu hófi gegna.“ Það er því ástæða til að spyrja í framhaldi af því, sem ég hef áður sagt, við hverja sé hér átt. Hvaða fjöldi eða hópur telur valdbeitinguna meira en hóflega? Hverra sjónarmið er hæstv. ráðh. hér að túlka og bera á borð fyrir Alþ.? Á öðrum stað segir hann enn fremur, að hópskiptingin, þ. e. a. s. hin breyttu valdahlutföll, veki nokkurn ugg manna á meðal. Enn spyr ég: Við hvaða menn er hér átt? Hjá hvaða mönnum vekur þetta ugg? Hjá hæstv. utanrrh. Íslands eða bandaríkjamönnum eða hverjum, og um hvað eru þessir ótilteknu menn uggandi? Raunar þurfti ég ekki að spyrja þessarar síðustu spurningar. Auðvitað eru þeir uggandi um þá þróun mála að þeir eru nú óðum að missa forréttindi sín og aðstöðu til að ráðskast með aðrar þjóðir. En þetta er auðvitað ekki sagt beinum orðum. Nei, það er látið að því liggja að hin mikla vá liggi í því að stærri hópurinn, þróunarlöndin, knýi í gegn samþykktir sem brjóti í bága við sáttmála Sameinuðu þjóðanna eða séu í ósamræmi við anda hans. Vissulega get ég á það fallist að það hefur komið fyrir að þau hafa staðið að samþykktum á Allsherjarþinginu sem væri réttara að Öryggisráðið gerði. En ef við viljum líta á þessi mál af fyllstu sanngirni hljótum við að viðurkenna að Öryggisráðið speglar engan veginn valdahlutföll á þinginu.

Dæmi hæstv. utanrrh. um þetta eru þó mjög fá og lítt rökstudd. Í skýrslunni er vikið að því að þessi ríki hafi notað sér vafasamar túlkanir á fundarsköpum Allsherjarþingsins til að útiloka aðildarríki frá fullri þátttöku í störfum þess. Það er rétt að útilokun að vissu marki hefur átt sér stað. Nægir þar að minna á útilokun Suður-Afríku vegna kynþáttamisréttisins þar í landi. Auðvitað eru skiptar skoðanir um hvort slíkar aðgerðir nái tilgangi sínum. En ég vil benda á að slíkt er ekki fordæmalaust. Það þarf ekki lengra að líta en til Evrópuþjóða, og raunar kemur hæstv. ráðh. inn á það dæmi í skýrslu sinni, dæmið um Evrópuráðið og Grikkland, er Evrópuráðið áformaði að reka Grikkland úr ráðinu. Hæstv. ráðh. segir í skýrslu sinni að stjórnarhættir í Grikklandi þyki hafa breyst í nægilega lýðræðislegt horf aftur og því sé unnt að veita því á nýjan leik fulla aðild að Evrópuráðinu. Í þessu sambandi er ekki vikið einu orði að valdbeitingu af hálfu meiri hl. í Evrópuráði.

Það er affarasælla að líta á þessi mál íslenskum augum í stað þess að taka undir með deyjandi kór og bera svo þungar sakir á þróunarlöndin sem hæstv. ráðh. gerir. Við eigum samstöðu með þessum þjóðum, þær hafa stutt málstað okkar í landhelgismálinu dyggilega og af einurð. Stundum hafa þær raddir heyrst, sérstaklega á tímum vinstri stjórnar þegar breyt. varð á atkvgr. Sameinuðu þjóðanna, að við Íslendingar værum að ganga of langt í stuðningi okkar við þróunarlöndin og við værum með því að gera nokkurs konar hrossakaup til að tryggja stuðning þeirra við okkur. Þeir, sem þannig tala, hugsa af mikilli skammsýni. Landhelgismálið er ekki einangrað mál í sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga. Samstaða okkar og þessara ríkja helgast ekki af landhelgismálinu einvörðungu, heldur af sögu okkar allri. Við höfum orðið að búa við þau örlög að vera nýlenda og barátta okkar fyrir eigin yfirráðum yfir auðlindum okkar og lögsögu er sama eðlis og barátta þessara þjóða fyrir tilverurétti sínum. Samstaða okkar við þessi ríki nær svo djúpt niður í innstu kviku þjóðarsögu að það sæmir okkur ekki að bergmála ásakanir annarra á hendur þessum þjóðum.

Því miður var vart á síðasta þingi breyttrar afstöðu til þróunarlandanna í ýmiss konar atkvgr. Ég segi ekki að það hafi orðið stökkbreyting, en það má greina að núv. ríkisstj. er hægt og sígandi að ganga aftur á bak. Þar sem vinstri stjórnin greiddi atkv. með þróunarlöndunum situr núv. ríkisstj. hjá, þar sem vinstri stjórnin sat hjá greiðir núv. ríkisstj. atkvæði á móti. Dæmi um þetta er till. um málefni Suður-Ródesíu, þar sem skorað er á Breta að koma minnihlutastjórn Ian Smiths frá vegna kynþáttastefnu sem hann heldur þar uppi. Nú var greitt atkv. gegn þessari till. Ég held að það sé rétt með farið hjá mér að það hafi verið greitt atkvæði gegn fremur en hjáseta. Nú virtist frekar ráða tillitssemi við breta en stuðningur okkar við íbúa landsins, sem hafa orðið að sæta kúgun, misrétti og ofbeldi.

Þegar hæstv. ráðh. talar um valdbeitingu meiri hl. á þingi Sameinuðu þjóðanna nú, þá virðist gleymdur fyrri meiri hl. og gerðir hans. Meirihlutavald í sjálfu sér hjá Sameinuðu þjóðunum er ekkert nýtt fyrirbæri. En það hefði verið hollt fyrir hæstv. ráðh. að rifja upp misbeitingu valds þess meiri hl. áður en hann lét frá sér fara þessar dæmalausu fullyrðingar um valdbeitingu núv. meiri hl.

Vegna þess að tilefni hefur gefist til mun ég nefna hér nokkur dæmi um misnotkun valds fyrir meiri hluta hjá Sameinuðu þjóðunum. Nærtækasta dæmið er kannske Alþýðulýðveldið Kína sem var árum saman haldið utan við Sameinuðu þjóðirnar fyrir atbeina hins fyrri meiri hl. En leppstjórn Bandaríkjanna sat sem fulltrúi Kína bæði á þinginu og í Öryggisráðinu. Viðreisnarstjórnin íslenska barðist lengur og hetjulegar en Bandaríkjastjórn sjálf til að halda þessari leppstjórn inni hjá Sameinuðu þjóðunum. Og svo mikið lá við þegar fréttist að vinstri stjórnin ætlaði að greiða atkvæði með því að Alþýðulýðveldið Kína fengi sitt réttmæta sæti

hjá Sameinuðu þjóðunum, að hv. 11. þm. Reykv., Ellert B. Schram, kvaddi sér hljóðs utan dagskrár til þess að mótmæla þessum ósóma. Mig minnir jafnvel að það hafi verið jómfrúræða hans hér á þingi.

Fleiri dæmi um misbeitingu valds fyrr á tímum mætti nefna. Grænland t. d. var undir vernd Sameinuðu þjóðanna þegar danir innlimuðu það í ríki sitt. Dönum bar skylda til þess að hafa samráð við Sameinuðu þjóðirnar áður en þeir létu til skarar skríða. Þeir gerðu það ekki og Sameinuðu þjóðirnar stóðu frammi fyrir gerðum hlut. Danir höfðu þannig skýlaust brotið gegn sáttmála Sameinuðu þjóðanna, en meiri hl. þá hrósaði þeim fyrir góða nýlendustjórn. Íslenski fulltrúinn sagði ekki orð í þeim umr. Örfá ríki úr þáverandi minni hluta mótmæltu þessari aðferð.

Í þriðja lagi skal nefna þann hátt er Sameinuðu þjóðirnar höfðu á um stofnun Ísraelsríkis á sínum tíma. Landinu Palestínu var skipt þrátt fyrir kröftug mótmæli og heiftúðlega andstöðu þeirra íbúa sem búið höfðu í landinu í þúsundir ára og algjörlega að þeim fornspurðum. Á þeim tíma er innflutningur sionista til Palestínu hófst, rétt um síðustu aldamót eða um það bil, voru arabar yfir 92% alls íbúafjölda landsins og áttu yfir 97% alls landsins. Það er ekki hægt að mótmæla því að skipting lands eða stofnun nýs ríkis innan landamæra annars ríkis án samþykkis íbúa þess sé brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna sem skuldbundu sig til að virða sjálfsákvörðunarrétt hverrar þjóðar. Hér er ekki tími til að rekja alla forsögu Palestínuþjóðarinnar frá því að hún laut tyrkjum meginið af síðustu öld og Palestína varð verndarsvæði breta eftir fyrri heimsstyrjöldina. En þeim þætti sem Sameinuðu þjóðirnar áttu í því að Ísraelsríki var stofnað, má ekki gleyma og hvernig það var gert má ekki gleyma þegar rætt er um málið nú því að þetta er sjálf undirrótin að þeim deilum sem nú er verið að reyna að leysa. Í skjóli Sameinuðu þjóðanna hafa ísraelsmenn neitað því að nokkuð það væri til er kallast gæti Palestínuþjóð, er ætti rétt til nokkurra heimkynna, og í framhaldi af því hafa þeir stöðugt neitað að viðurkenna hana sem samningsaðila um lausn deilunnar fyrir botni Miðjarðarhafs. Jafnvel þótt frelsishreyfing Palestínu, PLO, hafi nú hlotið viðurkenningu sem eini lögmæti fulltrúi Palestínuþjóðarinnar sitja ísraelsmenn við sinn keip. En það er viðurkennt af öllum að tvennt sé nauðsynlegt ef á að takast að leysa deilurnar fyrir botni Miðjarðarhafs og koma þar á friði: annars vegar að ísraelsmenn skili herteknu svæðunum frá 1967, hins vegar að tilvist Palestínuþjóðarinnar sé viðurkennd og þar með réttur hennar til sjálfsákvörðunar og sjálfstæðis. Fjölmargar samþykktir hafa verið gerðar hjá Sameinuðu þjóðunum um þetta hvort tveggja, en ísraelsmenn hafa haft þær að engu. Þeir hafa getað gert það vegna þess að þeir hafa notið stuðnings og verndar bandaríkjamanna.

Frægasta samþykktin og sú sem vitnað var mest til í umr. í haust, þ. á m. af hálfu íslenska sendiherrans, er samþykkt Öryggisráðsins frá 1967. Þar er skýrt kveðið á um að ísraelsmenn skuli hverfa frá herteknu svæðunum og þar er skýrt kveðið á um sjálfstæði ríkja á svæðinu og rétt þeirra til að búa þar við frið. Samkvæmt skilningi ísraelsmanna nær síðari liðurinn alls ekki til Palestínuþjóðarinnar, einfaldlega vegna þess að þeir viðurkenna ekki að hún sé til. Þetta hafa talsmenn ísraelsmanna, t. d. Golda Meir, sagt hvað eftir annað opinberlega. Í ljósi þessa er afstaða Íslands varðandi aðaltillöguna á síðasta þingi Sameinuðu þjóðanna um rétt Palestínuþjóðarinnar algjörlega óverjandi og siðferðilega fordæmanleg, en Ísland ásamt bandaríkjamönnum og 6 öðrum ríkjum greiddi atkv. gegn till. svo sem frægt er orðið. Ísland var þar með enn á ný orðið eitt örfárra ríkja sem lafði aftan í bandaríkjamönnum. Viðreisnardraugurinn gekk aftur ljósum logum í salarkynnum Sameinuðu þjóðanna.

Áður en ég vík að sjálfri till. vil ég gagnrýna sérstaklega tvö atriði sem koma fram í skýrslunni varðandi till. og afgreiðslu hennar hjá Sameinuðu þjóðunum. Annað er ónákvæmt og villandi orðalag. Hitt atriðið varðar beinlínis rangar upplýsingar. Og ég tel nauðsynlegt að gera aths. við þessi atriði af því að mér virðast þau þjóna þeim tilgangi einum að sverta málstað þróunarríkjahópsins og gera samþykkt till. tortryggilega. Á bls. 7 er sagt varðandi umr. málsins í þinginu, að Ísrael hafi verið útilokað frá frekari umr. um málið. Þetta mætti skilja á þann veg að Ísrael eitt hafi verið útilokað frá frekari umr. Hið rétta er að takmörkun umr. náði til allra ríkja jafnt. Hitt er svo annað mál, að það má kannske segja að þetta hafi bitnað meira á ísraelsmönnum en öðrum vegna þess hvað þeir áttu fáa bandamenn og það segir sína sögu.

Hitt atriðið sem ég vil gagnrýna varðar sjálfa till. Á bls. 7 stendur að í till. hafi verið viðurkenndur réttur Palestínuþjóðarinnar til að neyta allra tiltækra ráða til að hverfa aftur til fyrri heimkynna og eigna. Þeir, sem þekkja til starfs Sameinuðu þjóðanna, vita að þetta orðalag: að neyta allra tiltækra ráða, hefur verið túlkað svo af vestrænum ríkjum og hinum gamla meiri hl. að með því væri verið að viðurkenna rétt til árása, styrjalda og vopnaviðskipta. Með einstrengingslegri túlkun þessa orðalags greiddi Ísland, allt þar til vinstri stjórnin tók við, atkv. gegn eða sat hjá við sjálfsagðar tillögur um réttindi til þróunarlandanna og afnám kynþáttamisréttis. Fulltrúum vinstri stjórnarinnar hjá Sameinuðu þjóðunum tókst að brjóta á bak aftur þessa einstrengingslegu bókstafstúlkun með þeim árangri að sum Norðurlöndin fylgdu á eftir, og var öllum orðin ljós afstaða íslendinga í þessum efnum. Því miður hafa íslendingar nú horfið aftur til þeirra tíma er þetta haldreipi var notað til þess að unnt yrði að fylgja bandaríkjamönnum að málum. Og nú sjáum við dæmi þess í skýrslunni að þessu orðalagi er bætt inn ranglega. Ég vona að þetta séu mistök af hálfu hæstv. ráðh. og ekki gert viljandi til þess að afsaka atkvgr. Íslands í málinu. Í till. stendur orðrétt um rétt Palestínuþjóðarinnar og viðurkenningu á endurheimt þess réttar, með leyfi hæstv. forseta, og nú verð ég að vitna í þetta á ensku:

„By all means in accordance with the purposes and principles of the Charter of The United

Nations," sem á sæmilega skiljanlegri íslensku þýðir: „Með öllum þeim ráðum er samrýmast markmiði og grundvallarreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna." Hér er því ekkert sem stríðir gegn anda og stefnumiðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ísland greiddi atkvæði gegn till. um sjálfsákvörðunarrétt og réttindi Palestínuþjóðarinnar á þeim forsendum að till. hefði ekki kveðið á um tilvist Ísraelsríkis. Það er rétt að það var ekki kveðið sérstaklega á um það. En það var ekki heldur kveðið á um að leggja skyldi Ísraelsríki niður. Sameinuðu þjóðirnar hafa gert fjölmargar samþykktir um tilverurétt Ísraels og þessi samþykkt um réttindi Palestínuþjóðarinnar ógildir ekki fyrri samþykktir Sameinuðu þjóðanna. Það hefði því verið fyllilega rökrétt og siðferðilega rétt að sitja hjá, eins og ég gerði sérálit um, en mótatkv. verður ekki túlkað öðru vísi en sem einhliða stuðningur við Ísrael, enda kom það skýrt fram í öllum fréttaskýringum eftir þessa sögulegu atkvgr.

Hæstv. utanrrh. reynir að afsaka þessa atkvgr. og vill raunar sem minnst úr gildi hennar gera með því að vísa til ræðu sinnar á Allsherjarþinginu og grg. sendiherra, þar sem mótatkv. var réttlætt með því að ekkert væri kveðið á um tilverurétt Ísraels. En allur þorri þeirra ríkja, sem sátu hjá, rökstuddi afstöðu sína með einmitt þessum sömu rökum og þau ríki sem vildu viðurkenna rétt palestínubúa, en ekki taka afstöðu einhliða með Ísrael, völdu hjásetu. Rökstuðningur hæstv. ráðh. fyrir atkvgr. fær því að mínum dómi ekki staðist.

Í sambandi við þessa atkvgr. langar mig til að beina til hæstv. ráðh. nokkrum spurningum:

1. Hvernig var ákvörðun um atkvgr. Íslands tekin?

2. Á hvaða upplýsingum og forsendum byggðist sú ákvörðun?

3. Var utanrmn. Alþ. látin fjalla um málið áður en endanleg ákvörðun var tekin?

Ég spyr að þessu síðasta vegna þess að ég veit að sá háttur var hafður á í öðrum Norðurlandaríkjum. Þar var málið lagt fyrir utanríkismálanefndir þjóðþinganna og er að mínum dómi sjálfsagt að hafa þann hátt á um svo mikilvæg málefni.

Því miður hlýt ég að segja það að mér finnst að með þessari atkvgr. hafi Ísland ekki stuðlað að friðsamlegri lausn deilunnar fyrir botni Miðjarðarhafs. Breyta þar engu um fögur orð í ræðu eða grg. Atkvgr. hefur meira gildi en nokkrar yfirlýsingar.

Í skýrslu utanrrh. er fjallað lítillega um stöðu fulltrúa þingflokkanna hjá Sameinuðu þjóðunum. Hann lætur þess getið að sumir fulltrúanna séu óánægðir með að þurfa að vera bundnir við fundarsetu í stað þess að hafa frjálsari aðstöðu til að kynna sér þingmál og alþjóðamálefni. Ég vil lýsa ánægju yfir því að hann skuli hafa tekið þetta upp í skýrslu sinni, og hann tekur það fram að hann sé fús til að íhuga fyrirkomulag þessara mála nánar með fulltrúum þingflokkanna ef þess sé óskað. Ég er þeirrar skoðunar að rangt sé að binda fulltrúa við setu í sérstökum nefndum í stað þess að gefa þeim það frelsi að fylgjast með þeim málum sem þeir hafa áhuga á eða með almennum umr. yfirleitt, enda þótt ég hafi fullan skilning á því að fastafulltrúar Íslands hafa meira en nóg að gera meðan á þinginu stendur. Í þessu sambandi vil ég lýsa því yfir að þeir tveir sendiherrar, sem ég hef starfað með á þingi Sameinuðu þjóðanna, hafa haft fullan skilning á þessari afstöðu og reynt að hliðra til eftir föngum. En ég tel rétt að það sé komist að fullu samkomulagi við þingflokkanna um hvernig þessu skuli hagað.

Mig langar til að víkja að öðru sem ég tel raunar enn mikilvægara varðandi stöðu þingmannanna hjá Sameinuðu þjóðunum. Hæstv. utanrrh. tók upp þann sið fyrir, að ég held tveim árum, að fá þingfulltrúum í hendur 10 boðorð er þeir skyldu fylgja. Fyrsta boðorðið er mjög almenns eðlis, eins og títt er um boðorð, og það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. ákvarðar í höfuðdráttum stefnu Íslands í utanríkismálum, en framkvæmd þeirra mála er í höndum utanrrh." Ég hef nú raunar vitnað til þessa fyrsta boðorðs meira í gamni en alvöru, en mér finnst mjög þakkarvert að veita þm. og stjórnmálamönnum þessar upplýsingar því að það er varla sæmandi að senda þá úr landi ef þeir hafa ekki vitað þetta áður. En annað er alvarlegra í þessu sambandi og það er sú þagnarskylda sem þingmenn verða að lúta meðan þeir sitja þing Sameinuðu þjóðanna. Þingmenn eru kjörnir fulltrúar umbjóðenda sinna, en með undirritun þagnarskyldu og hinum 10 boðorðum liggur við að það sé verið að gera þá að starfsmönnum utanrrn. eða utanrrh. Þetta tel ég mjög varhugavert og ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh. að hann taki þessi mál upp með utanrmn. þingsins til þess að ræða einmitt þetta mál og hver eðlilegt sé að staða þm. sé á þingi Sameinuðu þjóðanna. Vissulega er mér ljóst að það kunna að koma fyrir þau mál er þarf að binda þagnarskyldu, en ég álít þá réttara að það sé á valdi formanns sendinefndarinnar að ákvarða slíkt hverju sinni, fremur en láta þagnarskylduna vera svo gagngera.

Herra forseti. Ég hef kosið að einskorða mig við þann kafla í skýrslu hæstv. ráðh. sem fjallar um Sameinuðu þjóðirnar, og þó að ég hafi gagnrýnt þar ýmislegt, þá vil ég ítreka það að ég er honum þakklát fyrir að verja þó þessum tíma í þann málaflokk. Ég vil aðeins víkja að örfáum atriðum öðrum.

Eins og komið hefur fram hjá öðrum ræðumönnum hér í kvöld þykir kaflinn um Indókína heldur rýr. Og ég verð að segja það að mér hefði þótt betur viðeigandi um svo heimsögulegan viðburð sem sigur þjóðfrelsisaflanna er að honum hefðu verið gerð betri skil og raunar fagnað innilegar en hér er gert. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að það eigi að vera frumkvæði íslensku ríkisstj. að bjóðast til að viðurkenna sendiherra bráðabirgðastjórnar Vietnams. Mér er kunnugt um að Noregur ætlar að hafa frumkvæði að því, og við heyrðum í kvöldfréttum í kvöld að breska stjórnin hefur skýrt bráðabirgðastjórninni frá því að hún mundi taka við sendiherra frá henni. Ég tel ekki annað sæmandi fyrir íslendinga en að gera eins.

Um sigur þjóðfrelsisaflanna í Vietnam mætti segja margt. Ég ætla þó að minnast hér aðeins

á eitt atriði sem er mjög athyglisvert og varðar raunar Sjálfstfl. og málgagn hans, málgagn hæstv. forsrh., meira en hæstv. utanrrh.

Hinn 1. maí, þegar allir réttsýnir menn fögnuðu sigri og friði í Indókína, birtist rammagrein í Morgunblaðinu með þessari fyrirsögn, með leyfi hæstv. forseta: „Fall Indókína þýðir aukinn þrýsting á Ísland.“ Þetta var nokkuð stór fyrirsögn á grein eftir bandarískan blaðamann, og var látið líta svo út sem hann talaði þar fyrir munn bandarískra ráðamanna í Washington, og þar var fullyrt að ein afleiðing þess, að Indókína væri að falla í hendur kommúnistum, yrði sú að pólitiskur og hernaðarlegur þrýstingur Sovétríkjanna á Ísland mundi stóraukast. Hér eru sjálfstæðismenn við sama heygarðshornið. Sigurinn í Indókína varð Morgunblaðsmönnum tilefni til þess að magna enn kaldastríðsdrauginn, og nú er svo komið að það er ekki bara ófriðurinn sem er hættulegur okkur íslendingum og réttlætir tilveru erlends hers hér á landi, það er líka friðurinn.

Í síðasta lagi langar mig að víkja að málefni sem hv. þm. Gils Guðmundsson gerði raunar rækilega skil. Hann rakti skrif Morgunblaðsins um meinta landráðastarfsemi hæstv. utanrrh. í Sovétríkjunum meðan hann var þar gestur. Þessi blaðaskrif ætla ég ekki að ræða, en ég ætla að minna hér á að sögunni var ekki lokið með þessum blaðaskrifum. Átökin héldu áfram í sjónvarpssal 18. apríl í þættinum Kastljósi. Umsjónarmenn þáttarins höfðu kallað þangað hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og tvo ritstjóra. Sá eini, sem mætti, var hæstv. uatnrrh. Skilaboð komu frá hæstv. forsrh. sem voru á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef ekki hugsað mér og tel enda ekki ástæðu til að gefa neinar yfirlýsingar í tilefni þessara skrifa.“ Þetta var haft eftir hæstv. forsrh. í sjónvarpinu. Hins vegar sagði hæstv. utanrrh. sjálfur í þessu viðtali, með leyfi hæstv. forseta: „Ég vildi gjarnan að forsrh. sæi sér fært að mótmæla slíkum skrifum.“

Nú gerðist það í dag að hv. þm. Gils Guðmundsson fór þess á leit við hæstv. forsrh. að hann kæmi í þennan ræðustól til þess að lýsa því yfir hvort hann væri samþykkur þessum skrifum eða ekki. Og mér virðist tilmæli hv. þm. Gils Guðmundssonar vera slíkur stuðningur við hæstv. utanrrh. að ég fæ ekki séð að hæstv. forsrh. geti vikið sér undan því að svara þar sem hann hefur fengið tilmæli bæði frá þm. og frá hæstv. utanrrh. gegnum sjónvarpið. Að öðru leyti var þessi sjónvarpsþáttur afar fróðlegur. Þetta var nokkurs konar rannsóknarréttur í ætt við það sem miðaldakirkjan tíðkaði hér forðum. Hæstv. utanrrh. var stillt upp við vegg eins og sakamanni og látinn svara því hvort dylgjur Morgunblaðsins væru réttar. Hann var að því spurður m. a. hvort hann teldi þá hagstæðu viðskiptasamninga, sem gerðir hefðu verið, þátt í nýrri herferð sovétmanna til þess að efla áhrif sín á Íslandi, og var í sambandi við þessa spurningu vitnað í forustugrein Morgunblaðsins 11. apríl. Það er svar hæstv. utanrrh. sem ég vil vekja athygli á í lok máls míns. Hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Nei, það tel ég alls ekki. Enda skil ég ekki hvaða ástæða ætti að vera til þess nú með það stjórnarfar, sem nú ríkir hér á landi, að halda að það sé einmitt tækifæri til þess núna að kaupa landið. Það hefði kannske frekar mátt ætla að það hefði verið á öðrum tíma.“

Þetta eru stór orð. Það eru fleiri en þm. sem eiga rétt á því að vita hvað hæstv. utanrrh. á hér við. Það er þjóðin öll. Og ég vildi ljúka máli mínu með þessari spurningu:

Hvað á hæstv. utanrrh. við þegar hann segir: „Það hefði kannske frekar mátt ætla að það hefði verið á öðrum tíma.“

Guðmundur H. Garðarsson: Virðulegi forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. utnarrh. fyrir skýrslu um utanríkismál. Áður en ég vík að henni efnislega vildi ég fara nokkrum orðum um hugtakið „sjálfstæð utanríkisstefna“.

Einn hv. ræðumaður talaði um það áðan að hæstv. utanrrh. hefði vikið frá hinni — eins og hann mun hafa átt við — sjálfstæðu utanríkisstefnu vinstri stjórnarinnar. Það er mikill misskilningur hjá viðkomandi hv. alþm. ef hann heldur að hugtakið sjálfstæð utanríkisstefna hafi átt eitthvað frekar við í tíð vinstri stjórnarinnar en í tíð annarra ríkisstjórna á Íslandi frá stofnun lýðveldisins árið 1944. Allt frá þeim tíma hafa íslendingar rekið sjálfstæða stefnu í utanríkismálum.

Í hverju er sjálfstæð utanríkisstefna fólgin? Í stuttu máli má segja að fyrir sjálfstætt og fullvalda ríki hljóti sjálfstæð utanríkisstefna að vera fólgin í því að viðkomandi þjóð ráði sjálf sjálfstætt og óháð stefnumörkun og framkvæmd utanríkismála, geti hagað málum sínum á þessu sviði eins og best hentar viðkomandi ríki í samræmi við vilja meiri hl. þjóðarinnar. Á grundvelli sjálfstæðrar utanríkisstefnu ákveður þjóðin og forráðamenn hennar síðan tilhögun nánari samskipta við aðrar þjóðir, svo sem á sviði efnahags- og viðskiptamála, öryggis- og varnarmála, stjórn- og menningarmála o. s. frv. Við framkvæmd hinnar sjálfstæðu stefnu hafa stjórnmálamennirnir sér við hlið innlenda fagmenn og ráðgjafa í utanríkisrn., sendiráðum erlendis og í viðskrn. Í þessar stöður hafa valist margir hæfir menn á síðustu áratugum, góðir íslendingar sem ásamt til þess völdum stjórnmálamönnum eru útverðir þjóðarinnar í framkvæmd utanríkismála á grundvelli þeirrar stefnu sem Alþ og þjóðin ákveður á hverjum tíma.

Meðal frjálsra þjóða hlýtur árangur sjálfstæðrar utanríkisstefnu að takmarkast af gagnkvæmum rétti aðila, þ. e. a. s. ríkja, til frjálsra og óþvingaðra samninga í þessum efnum. Tillitssemi, heiðarleiki og gagnkvæm virðing fyrir rétti annarra hlýtur á þessu sviði mannlegra samskipta sem öðrum að vera það leiðarljós í mótun á framkvæmd sjálfstæðrar utanríkisstefnu sem íslendingar keppa að. Segja má, að höfundur íslenskrar, sjálfstæðrar utanríkisstefnu á framangreindum grundvelli hafi verið Bjarni Benediktsson Í utanrrh.-tíð Bjarna Benediktssonar á árunum 1974—1953 var mótuð sú stefna sem skapað hefur virðingu meðal frjálsra þjóða fyrir Íslandi og íslendingum. Þá voru gerðir samningar á sviði efnahags-, viðskipta- og öryggismála, svo að nokkuð sé nefnt, er byggðust á gagn-

kvæmum hagsmunum og raunsæi á því hvað kæmi íslensku þjóðinni best. Árangur þessara jákvæðu stefnu er sérhverjum íslendingi augljós. Íslendingar hafa búið við frið og öryggi samfara mikilli velmegun í þrjá áratugi, eins og aðrar vestrænar bræðraþjóðir okkar hafa gert. Þessu verður ekki á móti mælt. Þá má vekja athygli á því, að á grundvelli gagnkvæmra samninga vestrænna ríkja hefur ríkt fullt ferðafrelsi fyrir þegna þessara ríkja, menningarsamskipti hafa verið frjáls og óþvinguð og unnið hefur verið að afnámi viðskiptatálmana, svo að nokkuð sé nefnt.

Því miður hefur þessi ekki orðið þróun mála víða annars staðar í heiminum og er nærtækt dæmi að benda til þeirra þjóða sem búa í Austur-Evrópu. Utanríkisstefna vestrænna þjóða og íslendinga hefur miðað að auknu frelsi á sem flestum sviðum og stórauknum samskiptum þjóða og einstaklinga Þetta er sjálfstæð utanríkisstefna friðar og öryggis, manneskjulegra samskipta fólks í vestrænum ríkjum, — stefna sem er laus við „dogma", öfga eða útskúfunarkenningar. Þetta er sjálfstæð stefna er stefnir að aukinni mannlegri reisn og friðsamlegri sambúð ríkja í milli á grundvelli gagnkvæmra hagsmuna. En vert er að minnast aðvörunarorða Bjarna heitins Benediktssonar er hann sagði: „Sá sem ekki vill vera sjálfstæður og leggja nokkuð af mörkum til þess, ýmist einn eða í samvinnu við aðra, hann getur ekki til lengdar haldið sjálfstæði sínu." Fyrir frjálst fólk er vill byggja á lýðræði og frjálsum samningum, hlýtur tillitssemi og virðing fyrir hagsmunum gagnaðilans að ráða miklu um endanleg úrslit mála og samskipta. Á það jafnt við á sviði utanríkismála sem á öðrum sviðum mannlegra samskipta.

Utanríkisstefna núv. ríkisstj. er áframhald þeirrar stefnu um tryggingu friðar og öryggis á norðurhveli jarðar og frjálsra samskipta þjóða sem mörkuð var af vestrænum ríkjum um og eftir 1950, en að sjálfsögðu með þeim óhjákvæmilegu breytingum sem þróun tímans og breyttar aðstæður hafa krafist Þetta er sú stefna í utanríkismálum sem alþýða manna, íslenska þjóðin, hefur aðhyllst og mun aðhyllast um ókomna framtíð, hvað sem líður ókvæðisorðum örfárra manna um vestrænar þjóðir og það þjóðskipulag, sem þær búa við og eru reiðubúnar til að verja fyrir utanaðkomandi hættum.

Vil ég þá víkja nokkuð að skýrslu hæstv. ráðh. Hér hefur verið talað um m. a. af hv. 5. landsk þm., Svövu Jakobsdóttur, að nýverið hefðu verið gerðir, eins og hún orðaði það, „hagkvæmir viðskiptasamningar við Sovétríkin." Eigi skal því á móti mælt að þessir samningar geti verið íslendingum hagkvæmir, en einmitt vegna þessara orða vaknar sú spurning hvers vegna ekki er í skýrslunni fjallað nánar um þann þátt mála sem heitir „viðskiptamál". Ég er ekki að gagnrýna þann kafla sem slíkan í skýrslunni, heldur finnst mér full ástæða til í framtíðinni að þessi hluti í skýrslu utanrrh. verði ítarlegri. Það hefði verið mjög fróðlegt fyrir þingheim og þjóðina alla, ef í skýrslunni hefði verið ítarlegt yfirlit yfir viðskipti Íslands við einstök ríki og einstök viðskiptasvæði ásamt mati hæstv. utanrrh. á þýðingu og gildi þessara viðskipta fyrir íslenskan **þjóðarbúskap.**

Ég þekki nokkuð til utanríkisviðskipta. Það er ekki einhlítt að miða viðskiptin við tonn eða magn, heldur er það verðmætið á bak við magnið, þ. e. a. s nettóverðmætið, sem þjóðin fær til baka, sem skiptir mestu máli svo að ekki sé talað um kaupmátt þess gjaldmiðils sem útflutningsvaran lætur okkur í té. Þá hefði verið mjög þýðingarmikið einmitt nú og mikils um vert að heyra eða lesa í skýrslunni spár hæstv. ráðh. um hvernig þróa ber utanríkisviðskiptin í nánustu framtíð með sérstöku tilliti til ákveðnari stefnumörkunar ef Vestur-Evrópa verður áfram jafnlokað markaðssvæði fyrir mikilvægar útflutningsafurðir og hún hefur verið síðustu árin. Við stöndum frammi fyrir því að færa út efnahagslögsöguna í 200 mílur og má þess vegna jafnvel búast við, miðað við fyrri reynslu vegna útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 50 mílur, að það geti orðið enn erfiðara að ná hagstæðum viðskiptasamböndum aftur í Vestur-Evrópu. Þess vegna hlýtur að vera óhjákvæmilegt að stefnumörkun verði ákveðin varðandi utanríkisviðskipti íslendinga og þær mikilvægu afurðir sem við þurfum að selja og þá helst til þeirra markaða sem gefa mestan árangur.

Þeir, sem eitthvað hafa t. d. kynnst viðskiptum við Austur-Evrópuríkin, gera sér e. t. v. betur grein fyrir því en þeir, sem einkum hafa stundað hin frjálsu viðskipti í vestri, að í utanríkismálum austrænna þjóða skipta viðskiptamálin mjög miklu máli. Þau eru afar mikilvæg, og það er ekkert leyndarmál að af hálfu þessara svokölluðu skipulögðu sósíalistísku ríkja eru viðskiptamálin raunverulega hluti af þeirra stjórnmála- og utanríkispólitík. Það er mjög þýðingarmikið fyrir smáþjóð að gera sér fullkomlega grein fyrir þessu bæði í samskiptum sínum við slík ríki sem og auðvitað í samskiptum sínum við öll önnur ríki.

Vert er að vekja athygli á því, að íslendingar þurfa að vera sérstaklega vel á verði nú vegna þess að margir óttast að erfiðleikar geti orðið miklir á þeim mörkuðum sem við höfum oft getað notað við og við í Vestur-Evrópu. Það hlýtur þess vegna að verða að leggja mikla áherslu á það að stefna íslendinga í utanríkismálum og utanríkisverslun sé opin og sveigjanleg. Það hlýtur einnig að vera mjög mikilvægt að forðast það að þjóðin verði um of háð einu eða fáum stórveldum eða stórum ríkjum í tvíhliða og mjög bindandi samningum. Á þetta auðvitað einkum við þar sem tvíhliða samningar eru notaðir sem pólitískt tæki af hálfu þeirrar þjóðar eða þjóða sem við þurfum að eiga stórviðskipti við. Þessi hætta er ekki eins fyrir hendi gagnvart viðskiptum við þær þjóðir sem reka frjáls viðskipti, en þó ber einnig að hafa þetta í huga gagnvart þeim. Þá hljótum við íslendingar að leggja aukna áherslu á að ástunda viðskipti við þær þjóðir sem gefa íslendingum sem mest svigrúm til að annast framkvæmd mála sjálfir á mörkuðunum erlendis. Reynslan hefur sýnt og sannað að samskipti íslendinga við slíkar þjóðir, þ e. a. s. þjóðir sem bjóða þann möguleika að við getum sjálfir fylgt eftir okkar sölumálum úti á mörkuð-

unum, hafa skilað íslensku þjóðinni langsamlega mestu í aðra hönd bæði í efnahagslegu og menningarlegu tilliti. Ber að hlúa að slíkum viðskiptum.

Ég vil svo að lokum þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög gott samstarf í utanrmn. og ég vænti góðs af frekari samstarfi við hæstv. ráðh. á þessu sviði í þeim anda góðvildar og vinsemdar sem mér finnst hafa einkennt störf hans í sambandi við utanríkismál.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er sjálfsagt að þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýrslu þá um utanríkismál er hann flutti þingheimi síðdegis í dag. Jafnframt er skylt að þakka honum gott samstarf við utanrmn. og alla samvinnu. Í þingsköpum segir að til utanrmn. skuli vísað utanríkismálum. Utanrmn. starfar einnig milli þinga og er ríkisstj. til ráðuneytis um meiri háttar utanríkismál, enda skal ríkisstj. ávallt bera undir hana slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma. — Umr. um utanríkismál eru að sjálfsögðu mjög gagnlegar enda eru þau veigamikill þáttur í lífi og starfi hverrar sjálfstæðrar þjóðar. En það er ekki á hverjum degi sem þm. gefa sér tíma til umr. af þessu tagi Mikill tími fer löngum í efnahagsmálaþras, ekki síst þegar illa árar og á móti blæs. Þetta er eðlilegt þar sem stefna Íslands í alþjóðamálum verður jafnan að vera við það miðuð að tryggja efnahagslegt fullveldi landsins því að efnalegt sjálfstæði tryggir hið stjórnarfarslega fullveldi og er í raun alger forsenda þess. Í þingsköpum segir enn fremur að nm. í utanrmn. séu bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju sem þeir fá í n., er formaður eða ráðh. kveður svo á. Þetta ákvæði ætti að geta stuðlað að meiri trúnaði milli utanrrh. og nm. en oft á tíðum hefur viðgengist, svo sem hv. 3. þm. Reykn. gerði nokkuð að umtalsefni í ræðu sinni hér áðan, þegar hann benti á að æskilegt væri að málum yrði þann veg skipað að utanrmn. yrði nokkurs konar tengiliður milli löggjafar- og framkvæmdavalds. Ég tek undir þessi orð, en bendi jafnframt á, að sérhverri fullvalda þjóð er einkar nauðsynlegt að marka meginatriði utanríkisstefnu sinnar þannig að sem flestir landsmenn geti í þeim efnum staðið einhuga saman út á við sem einn maður gagnvart öðrum þjóðlöndum.

Það hefur oft verið á þetta bent, að umr. um utanríkismál þurfi að reyna að lyfta nokkuð upp yfir hið þraskennda þóf dægurmála og návígi efnahags- og innanríkismála. Sannleikurinn er og sá að margar þjóðir, sem búa að langri reynslu í meðferð utanríkismála, fylgja lítt breyttri stefnu, þó að mismunandi stjórnmálaflokkar skiptist á um forustu í ríkisstjórn. Þannig skapaðist ákveðin festa í utanríkisstefnu viðkomandi lands. Þessi stefna getur, þegar best lætur, orðið svo vel mótuð og markviss að sú þjóð, sem henni fylgir, öðlist viðurkenndan rétt til frelsis og fullveldis í augum annarra þjóða. Slík viðurkenning léttir þann róður sem í raun og veru verður að þreyta dag hvern til þess að gæta fengins fjár og þeirra verðmæta sem aflast hafa og varðveita skal Ég held að okkur íslendingum, sem erum að fást við stjórnmál, sé alveg nauðsynlegt að hafa þetta hugfast. Orð hv. 3. þm. Reykn. áðan ættu að geta gefið nokkrar vonir í þessa átt, þegar hann ræddi um að utanrmn. þyrfti að koma oftar saman, hún þyrfti að hafa meira frumkvæði í málum, gefa sér rýmri tíma til að starfa allt árið um kring o. s frv. Allt er þetta góðra gjalda vert ef hugur fylgir máli og athafnir orðum.

Skýrsla hæstv. utanrrh., sem hann las yfir þm. í dag, er allmikið rit, upp á 27 bls., og kemur víða við. Sjálfsagt má eitt og annað að henni finna, ef hún er lesin með gagnrýni og nákvæmni, og enn fleira um hana ræða þar sem hún er fyrst og fremst yfirlit yfir mörg hin stærstu mál sem við er að fást um þessar mundir. Það er því hvorki tími né aðstæður til að ræða hana í einstökum atriðum á þessum kvöldfundi né heldur víkja að ýmsu efni sem komið hefur fram í löngu máli margra ræðumanna sem lagt hafa út af greinargerð ráðh. með ýmsum hætti. Sumir ræðumanna hafa þóst kenna þar ákveðna tóntegund, dúr eða moll, sem lætur þeim miður þægilega í eyrum að því er virðist. Að mínum dómi er skýrslan hófsamleg þótt alltaf megi um það deila hvort eyða hefði átt fleiri eða færri blaðsíðum í skrif um ákveðin efni.

Við íslendingar verðum að hafa vakandi auga á þróun alþjóðamála og öryggi heimsbyggðarinnar. Víða eru viðkvæm vandamál á döfinni sem virðast óleysanleg með öllu. En viðleitni þjóðanna til friðsamlegrar sambúðar heldur áfram. Sameinuðu þjóðirnar hafa nú senn starfað í 30 ár, þær hafa háð sitt 30 ára stríð, ef svo má segja, með misjöfnum árangri og við harða gagnrýni oft á tíðum. Það hefur oft andað kalt og hvasst um háhýsið á bökkum Austurár í New York. Samt heldur viðleitnin áfram og þjóðum undir merki Sameinuðu þjóðanna fjölgar. Aldarfjórðungur er nú liðinn frá stofnun Atlantshafsbandalagsins og hafa aðildarríki þess enn á ný lýst yfir stuðningi sínum við þau markmið og þær hugsjónir sem það samstarf byggist á. Norræn samvinna skipar nú sem áður háan sess í samskiptum okkar við önnur lönd, segir í skýrslu utanrrh., og er það vel. Þátttaka Íslands í Evrópuráði og samstarf Evrópuríkja er með svipuðum hætti og verið hefur.

Um hafréttarmál, fiskveiðilögsögu og viðskiptamál er allmikið rætt í skýrslu ráðherra, svo sem eðlilegt er, svo og um öryggis- og varnarmál að nokkru. Verður ekki nánar út í þessi málefni farið í þessum fáu orðum. Á hitt skal bent að lokum að íslendingar vilja eiga frið við allar þjóðir, frið um alla veröld eins og eitt sinn áður var sagt. Þeir þurfa að eiga góð skipti við margar þjóðir, smáar og stórar, víðs vegar um heim. Þeir verða hvarvetna að koma fram af fullri einurð og festu og miða öll sín störf við að styrkja og varðveita efnalegt og andlegt frelsi og fullveldi þjóðarinnar.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr. um skýrslu utanrrh. um utanríkismál að þessu sinni, en að gefnu tilefni vildi ég segja nokkur orð.

Ég get verið hv. 3. þm. Reykn. mjög sammála

að ýmsu leyti varðandi það er hann fjallaði um starfshætti utanrmn., utanrrn. og umr. um utanríkismál hér á hv. Alþ. Einkum hið síðast nefnda er mér ofarlega í huga, að ástæða er vissulega til þess að gefa utanríkismálum meiri gaum hér á hv. Alþ. en gert hefur verið. Við íslendingar þurfum að meta stöðu okkar í heiminum sífellt og hafa vakandi augu með þeim breytingum sem eiga sér stað í kringum okkur. Það verður ekki gert svo að vel sé nema við hér á Alþ. fylgjumst vel með málum, skiptumst á skoðunum og mörkum þá stefnu sem þjóðin fylgir á þessum vettvangi.

En um leið og ég fagnaði þessari skoðun hv. 3. þm. Reykn., þá varð ég fyrir vonbrigðum þegar hann fór efnislega að ræða utanríkismálin. Uppistaðan í þeirri umr. hans var nokkurra vikna blaðadeilur sem hann taldi m. a. í og með að bæru vitni um hve öðrum deiluaðilanum, Morgunblaðinu í þessu tilviki, væru mislagðar hendur og hvernig það blað drægi hið sanna undan því að það hefði ekki birt yfirlýsingu Einars Ágústssonar utanrrh. og Gromyko utanrrh. Sovétríkjanna að aflokinni opinberri heimsókn Einars Ágústssonar utanrrh. til Sovétríkjanna. Nú minntist ég þess að ég þóttist hafa séð þessa fréttatilkynningu birta í Morgunblaðinu, og í matarhléinu aflaði ég mér ljósrits af þessari fréttatilkynningu sem birtist í Morgunbl. og hv. þm. sagði að Morgunblaðið hefði látið undir höfuð leggjast að birta og byggði síðan meira og minna málflutning sinn, það sem eftir var ræðunnar, á því sem hann taldi vera, en er svo víðs fjarri sannleikanum. Um leið og ég get afhent hv. þm. þetta ljósrit get ég ekkert annað sagt en að ég ráðlegg honum að lesa Morgunblaðið betur hér eftir en hingað til.

Það var haft á orði af hv. þm. að þessi yfirlýsing væri ekki eingöngu yfirlýsing utanrrh., heldur væri þetta einnig í raun og veru yfirlýsing ríkisstj. Kosygins og Geirs Hallgrímssonar, eins og hann komst að orði. Jafnframt lét hann í veðri vaka, að fyrir þessa yfirlýsingu hefði hæstv. utanrrh. sætt miklum og harðvítugum árásum frá Morgunblaðinu Ég sé ekki betur en ég hljóti um leið að taka þessar árásir til mín samkv. því sem hv. þm. túlkaði þessi skrif Morgunblaðsins. Nú vil ég segja það sem mína skoðun að ég tek hvorki þessi skrif sem árás á hæstv. utanrrh. né mig og þess vegna er alveg óþarfi og ástæðulaust að gera þau að uppistöðu í umr. um utanríkismál á hv. Alþ.

Ég hef áður greint frá því, sem hér hefur fram komið, að vegna þessara blaðaskrifa sé ég enga ástæðu til neinna yfirlýsinga og geri það ekki frekar eftir ræðu hv. þm. en áður. Hins vegar gefur ræða hv. þm. tilefni til að vara við þeim hugsunarhætti sem þar kom fram og ég hefði talið að væri fjarlægur hv. þm. Það var eitthvað á þá leið að við mættum ómögulega stofna viðskiptahagsmunum Íslands í hættu með skrifum, eins og hann taldi að skrif Morgunblaðsins væru fallin til. Ég hygg að fyrst allra hagsmuna beri að taka tillit til þess að vernda prentfrelsi, ritfrelsi og skoðanafrelsi hér á Íslandi, og við getum aldrei gefið það í skyn að við viljum með nokkrum hætti takmarka skoðanafrelsi, prentfrelsi eða ritfrelsi til þess jafnvel að vernda viðskiptahagsmuni okkar. Ég vonast til þess a. m. k. að hv. þm. sé mér sammála að þessu leyti að athuguðu máli.

Við höfum auðvitað þá skyldu í orðaskiptum hér innanlands að gæta hófs í öllu og fylgja rökum og réttu máli. En að svo miklu leyti og ef út af því bregður, þá ætti skoðanafrelsið sjálft og þau skoðanaskipti, sem fram fara til lengdar, að skapa það almenningsálit sem eitt er fært um að kveða upp réttan úrskurð í málum. Þess vegna þurfum við ekki eða ættum ekki að þurfa að hafa neinar áhyggjur af því þótt í frjálsu ríki hvessi í blöðum eða orðaskiptum milli manna, jafnvel um málefni erlendra ríkja, og alla vega ekki að ætla erlendum ríkjum að þau taki tillit til slíkra orðaskipta eða frjálsra umr. þegar þau eiga viðskipti við okkur. Ég minnist þess ekki að þessi hv. þm. hafi verið neitt uppnæmur fyrir því þótt trúnaðarmenn og embættismenn annarra þjóða væru gagnrýndir og skammaðir, eins og kallað er hér, á opinberum vettvangi, enda engin ástæða til. En með einhverjum hætti var eins og blóðið rynni til skyldunnar þegar rætt var um skrif Morgunblaðsins að þessu leyti nú nýverið. Mér finnst það algerlega ástæðulaust, og sannast best að segja, þá hygg ég, að hér sé um langtum meiri móðgun að ræða við Sovétríkin af hálfu hv. þm. heldur en Morgunblaðið hefur nokkurn tíma gert sig sekt um. Að því er túlka mátti orð þm., þá var á honum að skilja að viðskipti okkar við Sovétríkin væru í hættu ef menn skrifuðu frjálst og óhikað m. a. um þau. Ég vil ekki ætla Sovétríkjunum það að þau láti okkur njóta lakari viðskiptakjara eða minni viðskipta en efni standa til af þessum sökum. En ég fæ ekki skilið hv. þm. öðruvísi en hann sé þessarar skoðunar. (Gripið fram í.)

Ég vildi svo aðeins segja það að gefnu tilefni að ég held að sá þm. og raunar sá íslendingur geri sér ekki raunverulega grein fyrir gangi utanríkismála sem ekki viðurkennir að sjálfstæði lands eins og Íslands getur verið í hættu og Ísland og íslendingar geta á öllum tímum orðið fyrir þrýstingi að utan til þess að hafa áhrif á gang mála meðal okkar landsmanna. Eitt meginmarkmið utanríkisstefnu er að tryggja sjálfstæði lands og þjóðar, tryggja það að skoðanafrelsi ríki innanlands og að stefnumótun í innanlandsmálum og utanríkismálum byggist eingöngu á okkar eigin hagsmunum eins og við sjálfstæðir og óháðir þrýstingi utan að sjáum þá hagsmuni. Ég vil að þessu leyti taka undir að ýmsu leyti mjög athyglisverða ræðu hv. 2. landsk. þm. er hann flutti hér um utanríkismál. Og ég vil endurtaka það enn á ný að við hljótum að verða að fylgjast vel með gangi mála umhverfis okkur, þróun alþjóðamála og skiptast á skoðunum, hvernig við snúumst við þeim á hverjum tíma, hvernig við tryggjum öryggi lands okkar og sjálfstæði.

Hv. 3. þm. Reykn. spurðist fyrir um það hver ætlunin væri um meðferð útfærslu fiskveiðilögsögunnar eða efnahagslögsögunnar á yfirstandandi ári. Í dag var haldinn fundur í landhelgisnefnd til þess að mönnum gæfist kostur á að bera saman bækur sínar eftir lok fundanna í Genf á hafréttarráðstefnunni, og ætlunin er að

halda annan fund þegar í næstu viku og halda slíkum fundum áfram þar til kannaðar hafa verið þær grg. sem okkur berast um gang mála á þessum fundum frá fulltrúum okkar á þeim. Við munum á vettvangi landhelgisnefndar hafa samráð við þingflokka og ákveða með þeim hætti hvernig að verður farið svo og hvenær tilkynnt verður um útfærslu fiskveiðilögsögunnar eða hvaða dag útfærslan muni eiga sér stað. Eins og fram hefur komið hér liggur það ljóst fyrir að full heimild er fyrir stjórnvöld og ekki síst með slíku samráði að ganga til verks í þessum efnum og hefjast handa um framkvæmdir. En vera kann að á einhverju stigi málsins þyki ástæða til að Alþingi fjalli sérstaklega um málið þótt það verði ekki á þessum stutta tíma nú sem eftir er þings, ef þingi verður slitið fyrir lok þessarar viku. Um þetta voru allir fundarmenn á fundi landhelgisnefndar sammála nú í dag. Munum við kosta kapps um að fullt samráð verði að öllu leyti haft við þingflokkana og alla þm. um hverja og eina framkvæmd í máli þessu sem fyrir höndum er.

Það er engum blöðum um það að fletta að mesta og mikilvægasta viðfangsefnið á sviði utanríkismála er nú á næstunni að tryggja viðurkenningu annarra ríkja á útfærslu okkar í 200 mílur á þessu ári, tryggja raunveruleg yfirráð okkar yfir öllu þessu hafsvæði til þess að við ráðum nýtingu þeirra auðlinda sem þar eru og hvernig þeim skuli háttað. Ég fagna þeim einhug og samhug sem ríkir meðal þm. og allrar þjóðarinnar í þessu hennar mesta lífshagsmunamáli, og vonast til að sú eining megi haldast og leiða til þess að fullur sigur verði unninn í útfærslu fiskveiðilögsögunnar.

Utanrrh. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja þessar umr. að neinu marki, en þó eru nokkur atriði sem mig langar til þess að fjalla um í örstuttu máli.

Þessi skýrsla mín um utanríkismál hefur verið gagnrýnd fyrir margt og auðvitað má um það deila hvernig svona skýrsla á að vera, ég skal fúslega viðurkenna það. Það er vandasamt að ákveða hvað taka skuli með í svona skýrslu og hverju eigi að sleppa, og má vel vera að okkur í utanrrn. hafi sést yfir nokkur atriði sem þarna hefðu gjarnan mátt vera með.

Það hefur verið gegnrýnt að skýrslan sé seint á ferðinni. Má það til sanns vegar færa. Hins vegar var það sjónarmið mitt að gefa Alþ. sem nýjasta skýrslu áður en það færi heim. Ef mönnum hins vegar sýnist svo að slíka skýrslu eigi að gefa fyrr á Alþ., þá er mér það auðvitað algjörlega meinalaust og það kemur sjálfsagt vel til greina að hafa þessar skýrslur t. d. tvær á hverjum vetri og þá umr. tvær, þannig að málin væru ferskari þegar þau koma hér til umr. Þetta er allt saman athugandi. Þetta er ég fús til að taka til athugunar með utanrmn. og öðrum þm., hvort það er vilji fyrir því að hafa skýrslurnar tíðari. Og eftir þeim áhuga á utanríkismálum sem mér virðist hafa komið fram nú fyrr í kvöld og í dag, þá má vel vera að réttara væri að gefa skýrslur oftar og taka þá kannske minna fyrir í einu.

Ég held að við höfum út af fyrir sig nægan tíma til þess að ræða skýrsluna. Klukkan er nú ekki orðin nema rúmlega 11 og þm. eru orðnir svo vanir að vaka að þá munar ekki um nokkra klukkutíma í viðbót. A. m. k. skal ég ekki telja það eftir mér að vera hér eitthvað fram á nóttina ef ástæða þykir til.

Ég þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir þau ummæli sem hann viðhafði í minn garð um samstarfið við utanrmn. Það er, eins og ég hef margsinnis tekið fram úr þessum ræðustól, fullur hugur minn að hafa sem best samstarf við utanrmn. og hvenær sem utanrmn. kann að vilja boða mig til fundar er ég reiðubúinn að koma. Ég hef alltaf verið það þegar þannig hefur viljað til og það stendur enn. Núv. formaður utanrmn. hefur haft þann sið að hafa fund einu sinni í hverjum mánuði þar sem utanrrn. gæfi skýrslu um þau mál sem efst eru á baugi í það og það skiptið. Þetta hefur, held ég, gefist vel. Það hefur gefist tækifæri fyrir okkur til þess að skýra frá því við hvaða viðfangsefni við erum að fást, og það hefur gefist tækifæri fyrir hv. utanrmn.-menn að bera fram spurningar og eins og hv. þm. sagði að eyða þá þeim misskilningi sem kynni að rísa að öðrum kosti. Auk þessa hefur utanrmn. að sjálfsögðu haldið aðra fundi þegar ástæður hafa verið til, og ég hygg að starfsemi utanrmn. hafi verið með miklum blóma síðustu árin og meiri krafti en áður var.

Hv. 3. þm. Reykn. minnti á að það gæti verið gagnlegt að eiga viðræður við þá menn, sem sendiskýrslurnar gefa, þ. e. a. s. sendiherrana. Þessu er auðvitað auðvelt að koma fyrir vegna þess, eins og hann benti á, að þessir menn eru hér á ferð oftast einu sinni á ári, stundum kannske oftar. Það er þess vegna áreiðanlega gott tækifæri til þess að halda þessa fundi. Ef utanrmn. óskar þess, þá veit ég að sendiherrar eru mjög fúsir til þess að koma til viðræðna við n. Ég hygg að það gæti verið gott að taka upp þennan sið því að það er oft svo að fólk almennt álítur að sendiráðin geri lítið og hafi lítið fyrir stafni og það væri þá kannske eitt tækifæri þarna til þess að eyða þeim misskilningi.

Hv. 3. þm. Reykn. minnti á að ég hefði talað um það hér fyrir nokkrum árum að ég mundi sjá til þess að stöður í utanrrn. yrðu auglýstar þrátt fyrir þá undanþágu sem þetta rn. hefur eitt allra frá því að gera það. Þetta hefur verið gert að verulegu leyti. Það hafa allar fulltrúastöður og ritarastöður verið auglýstar. Hins vegar hefur þetta fyrirkomulag ekki verið tekið upp viðkomandi störfum á Keflavíkurflugvelli, það skal játað. Stöður sendiherra hafa ekki verið auglýstar, og ég hygg að þær muni ekki verða auglýstar. Þær eru þess eðlis. En aðrar stöður í rn. hef ég þó jafnan látið auglýsa. Það hefur þó komið fyrir að ráðið hefur verið úr fyrri umsóknum án þess að auglýsa stöðu á ný þegar hún losnar og umsóknir hafa legið fyrir um fyrri stöður sem auglýstar hafa verið. En aðalreglan er sú að þessar stöður eru auglýstar.

Það hefur oft verið rætt um staðsetningu sendiráða og ég minnist þess að hér urðu nokkrar umr. á hv. Alþ. einmitt um það efni í tilefni

af fyrirspurn frá hv. 3. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni. Það hefur líka farið hér fram nokkur umr. um verkefni sendiráða, og það er alveg rétt sem hv. 3. þm. Reykn. minnti á að ég fól á sínum tíma tveim mönnum, Ólafi Ragnari Grímssyni og Pétri Eggerz, að gefa mér skýrslu um þessi mál, hvorum í sínu lagi, auk þess sem allir sendiherrar Íslands hafa gefið skýrslur um það sem þeir töldu að betur mætti fara í þjónustunni. Ég viðurkenni að staðsetning sendiráða er að mörgu leyti óheppileg. Við þurfum vissulega að hafa sendiráð í Asíu og Afríku, þó að maður kannske sleppi nú Suður-Ameríku í bili, og ég hef, eins og ég hef áður minnst á, farið fram á fjárveitingar í því skyni án árangurs.

Þá vil ég víkja nokkuð að þeirri gagnrýni, sem hv. 3 þm. Reykn. hafði uppi um kaflann á bls. 4 um Indókína. Það getur auðvitað verið til athugunar að við eigum að hafa frumkvæði að því að viðurkenna nýja stjórn í Suður-Víetnam. Ég skal ekki neita því. Hins vegar höfum við litið svo á að við hefðum fullt stjórnmálasamband við þá stjórn sem hefur vald í landinu og þess vegna út af fyrir sig þyrfti ekki að gera neinar sérstakar ráðstafanir til þess að viðurkenna þessa nýju stjórn. Þetta er sama afstaða og danir hafa haft. Önnur Norðurlönd hafa hins vegar, að ég hygg, haft frumkvæði að því að viðurkenna bráðabirgðabyltingarstjórnina. Þetta getur verið til athugunar enn. Það er enn verið að viðurkenna byltingarstjórnina í Víetnam. Hún er enn þá ekki tekin við völdum eftir því sem ég best veit. Eftir því sem ég best veit er herinn enn þá þar við völd og þess vegna alls ekki úrhendis að viðurkenna nýja stjórn þegar hún sest að völdum.

Hv. þm. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., hafði uppi sams konar gagnrýni um kaflann um Indókína og talaði um að við ættum að hafa frumkvæði að því, að viðurkenna þá stjórn. Ég minni þennan hv. þm., að vísu nú fjarstaddan, á það að þegar breytingin varð á Kúbu, ég hygg að það hafi verið í tíð Alþýðuflokksráðh. sem utanrrh., þá var hafður sami háttur á og nú. Það var ekki gefin nein sérstök viðurkenning á ríkisstj. á Kúbu, en því lýst yfir að við nýjum sendiherra mundi verða tekið. Og ef það kemur ósk frá byltingarstjórninni í Suður-Víetnam um viðurkenningu, þá verður hún samstundis veitt. Eins og ég sagði í skýrslu minni áðan höfum við þegar stutt það að nýja stjórnin í Indókína fengi aðild að Alþjóðaveðurmálastofnuninni.

Það hefur verið mikið gagnrýndur hér blærinn á kaflanum um Sameinuðu þjóðirnar, þ. e. a. s á viðhorfinu til ríkja hins svokallaða þriðja heims. Ég viðurkenni ekki að hér sé um vísvitandi lítilsvirðingu að ræða á þriðja heiminum. Hins vegar er bent á staðreyndir, og staðreyndin er sú að þessi ríki tóku mikið vald á síðasta Allsherjarþingi. Á það er bent í skýrslunni og jafnframt gefið í skyn að þau hafi á stundum farið óviturlega með það vald. Ég hef margsinnis undirstrikað samstöðu við þjóðir þriðja heimsins, og ég ætlast alls ekki til þess að skýrsla mín nú verði tekin sem neinn afturkippur í því efni. Ég hef ekki talað um halanegra og hottintotta, að þeir séu að eyðileggja Sameinuðu þjóðirnar. Það eru ekki mín orð. Það stendur hvergi í minni skýrslu. Það hef ég aldrei sagt. En ef það má ekki benda á og gagnrýna þessar þjóðir eins og aðrar, þá er vandlifað. Ég viðurkenni ekki heldur að við í núv. ríkisstj. séum aftaníossar Bandaríkjanna. Við höfum reynt að taka okkar ákvarðanir sjálfstætt, en ekki eftir ábendingum frá bandaríkjamönnum.

Hv. 3. þm. Reykn. spurði um ákvörðun um útfærsludag landhelginnar. Því hefur forsrh. þegar svarað og ég mun ekki þurfa að eyða frekari orðum að því. Ég mun ekki heldur gera að umtalsefni austurför mína til Sovétríkjanna að öðru leyti en því að staðfesta það hér, sem ég hef áður sagt, að ég fékk hinar bestu móttökur og ferðin var í alla staði að mínu mati vel heppnuð. Ég viðurkenni ekki heldur að í tíð þessarar stjórnar séu alls ráðandi peningasjónarmið í varnarmálunum. Það hefur verið gert visst samkomulag um aðskilnað hermanna og íslenskra ríkisborgara. Þetta kostar nokkurt fé sem ameríkanar eru skyldir til þess að leggja af mörkum, en að um eitthvert sérstakt peningasjónarmið sé hér að ræða, það viðurkenni ég ekki, heldur einungis hitt, að við teljum að það sé til bóta, meðan þetta herlið er hér, að það sé þá a. m. k. einangrað og hafi ekki þann mikla samgang við íbúa Suðurnesja sem það hingað til hefur haft.

Hv þm. Benedikt Gröndal, 2. landsk. þm., deildi á það að í skýrslu minni væri of mikil bjartsýni um frið í okkar heimshluta. Ég bendi á það að á fyrstu síðu í þessari skýrslu er sagt beinlínis: „Þótt árangur hafi náðst er enn þá óvíst um margt.“ Það er greinilega gefið í skyn að langt sé ennþá þangað til fullur friður og tryggur friður ríki í þessum heimshluta. Hann talaði einnig um að skýrslan næði yfir of langt tímabil, og ég hef áður vikið að því að hugsanlegt væri að flytja hana tvisvar á ári. Hann talaði um það, hv. þm., að samstaðan við Norðurlöndin væri eitthvað að riðlast. Það kann að vera að Norðurlöndin séu ekki eins samstæð heild nú og þau voru fyrir nokkrum árum í atkvgr. á þingi Sameinuðu þjóðanna, en ég held þó að ég geti fullyrt að við höfum alltaf í öllum málum haft samstöðu með einhverju þeirra. Meira að segja í því margrædda máli um réttindi Palestínuaraba höfðum við samfylgd eins Norðurlandanna, þ. e. a. s. Noregs. Ég minnist þess a. m. k. ekki að það séu neinar atkvgr. á þingi Sameinuðu þjóðanna þar sem við höfum ekki haft samstöðu með einhverju Norðurlandaríkjanna. Og það er ljóst, sem raunar hefur komið fram í þessum umr., að við höfum mikið gagn af samstarfinu við Norðurlöndin. Það geta þeir borið um sem hafa verið fulltrúar á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Þar eru haldnir daglegir fundir með hinum Norðurlöndunum og það væri nánast algjör ógerningur fyrir okkur að fylgjast með öllum þeim aragrúa mála sem þar koma á dagskrá ef við hefðum ekki þetta nána samstarf við Norðurlöndin. Og ég vil segja að það er óbreytt. Hins vegar hefur það komið fyrir, sérstaklega á þessu þingi, að leiðir fara ekki alveg alltaf saman í afstöðu til einstakra mála.

Ég ætla ekki að gera hafréttarráðstefnuna hér að umtalsefni þó að margir hafi vikið að henni,

vegna þess að það er svo mikið mál og mönnum hafa borist svo góðar fregnir af því í blöðum hvernig þessari hafréttarráðstefnu lyktaði að ég tel ástæðulaust að eyða tíma þingsins nú á síðkvöldi til þess að gera því skil. En vissulega væri ómaksins vert fyrir Alþ. að ræða það mikla mál og verður vonandi gert í sambandi við útfærsluna.

Hv. 2. landsk. þm. talaði um að það væri snubbóttur kaflinn um öryggismál sem svo er kallaður og að þar væri einungis sagt að gangur viðræðna við herinn gengi eins og áætlað hefði verið. Ég sá ekki ástæðu til þess að gefa hér sérstaka skýrslu um það hvernig framgangur mála er í þessum flokki. En ég get að sjálfsögðu fullvissað hv. þm. um að það, sem verið er að ræða um, er samkomulagið sem gert var í Washington 30. sept. sl. l.

Ég tek alveg undir það með hv. 2. landsk. þm. að útfærsla landhelginnar er okkar stærsta mál, og ég fagna því að allir þingflokkar hafa viljað hafa samstöðu um þetta mál með þátttöku í landhelgisnefnd. Eins og forsrh. gat um áðan verða margir fundir haldnir í þeirri n. á næstunni og vonandi berum við gæfu til þess að hafa samstöðu og standa fast saman um þetta mikilvæga lífshagsmunamál.

Ég ætla þá að víkja örfáum orðum að ræðu frú Svövu Jakobsdóttur, hv. 5. landsk. þm. Það er alveg rétt hjá henni að skýrslan um Allsherjarþingið er ekki tilbúin, og ég harma það. Hún er nú í fjölritun og verður tilbúin, eftir því sem skrifstofustjóri segir mér, eftir 10 daga og verður þá send öllum hv. alþm. Það hefði auðvitað verið til bóta að þessi skýrsla hefði legið fyrir nú við þessar umr., ég skal fúslega viðurkenna það. En umr. gat ekki farið seinna fram og af einhverjum ástæðum er skýrslan ekki tilbúin fyrr en þetta. Verður við það að sitja að þessu sinni, en reynt að gera ráðstafanir til þess að skýrslan verði fyrr tilbúin í framtíðinni þó að hún verði væntanlega tæpast tilbúin fyrir umr. um utanríkismál ef þær eiga að fara fram í febr. Þó má vera að það sé hægt.

Ég hef áður vikið að tóninum gagnvart þriðja heiminum, sem hv. þm. gagnrýndi mjög eindregið og með hörðum orðum. Hún viðurkenndi þó sjálf sumt af því sem vikið er að í skýrslunni, fannst mér, að e. t. v. hefði verið fulllangt gengið í einstaka tilvikum. Það má auðvitað alltaf deila um það hvernig á að setja fram slíka gagnrýni og ég skorast ekkert undan ásökunum í þessu efni, en aðeins endurtek það að afstaða min gagnvart þriðja heiminum er alveg óbreytt. Við höfum viðurkennt samstöðu með þróunarlöndunum hvað eftir annað, en það hlýtur að mega benda á það sem maður telur að miður hafi farið.

Um Ródesíutillögurnar vil ég segja það, að það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði að afstaða okkar breyttist lítið eitt. Við sátum hjá nú við báðar till., en greiddum atkv. 1973 með annarri þeirra. Ástæðan fyrir þessu er sú að við töldum nú að við vildum ekki standa að því að skora á einn eða annan að beita valdi sem almennt er skoðað að leiði til þess að beita vopnavaldi. Ég ætla ekki að taka að mér að verja misbeitingu valds fyrri meiri hl. hjá Sameinuðu þjóðunum. Hún hefur eflaust átt sér stað, a. m. k. er það rétt sem hv. þm. sagði að Pekingstjórninni var allt of lengi haldið utan við þing Sameinuðu þjóðanna, og ég hef áður sagt það og segi enn að Sameinuðu þjóðirnar risu ekki undir nafni meðan stærsta veldi heims var útilokað frá þátttöku í þeim. En við höfum nú sem betur fer löngu viðurkennt Pekingstjórnina og það er liðin tíð.

Hv. þm. minntist á, að það væri ekki rétt frá skýrt í skýrslunni á bls. 7 eða villandi frásögn að Ísrael hafi verði útilokað frá frekari umr. um málið. En þetta er staðreynd. Ísrael var útilokað frá frekari umr. um málið. Enn fremur gagnrýndi hún það að villandi væri sagt frá till. um Palestínumálið, rétt til sjálfsákvörðunar, sjálfstæðis og fullveldis, og las upp enska textann og þýðingu á honum. En ég sé ekki betur en að á bls. 7 sé einmitt þessi texti prentaður. (Gripið fram í.) Það er hér á miðri síðu, ef ég má lesa, með leyfi forseta: Það eru „tvær till. Önnur almennt um réttindi Palestínu-araba í Palestínu, þ. á m. rétt til sjálfsákvörðunar, sjálfstæðis og fullveldis, auk þess sem í till. var lýst yfir viðurkenningu á rétti þeirra til að hverfa aftur til fyrri heimkynna og eigna — og neyta til þess allra tiltækra ráða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna.“ Þetta er á bls 7 í minu eintaki, á miðri síðu. Ég held að þetta sé alveg sama og hv. þm. var að benda á. (Gripið fram í.) Já, í till. sjálfri segir þetta sem ég var að lesa, auk þess sem í till. var lýst yfir viðurkenningu á rétti þeirra til að hverfa aftur til fyrri heimkynna og eigna og neyta til þess allra tiltækra ráða í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta stendur hér. Er þetta röng þýðing? (Gripið fram í.) Það er einmitt það, en mér finnst endilega að þetta sé sama orðalag og hv. þm. hafði á sinni eigin íslenskun á þessari till. En sérfræðingar athuga þetta.

Hv þm. vildi sitja hjá við þessa till. Það gat auðvitað komið til greina og því var mikið velt fyrir sér hvort við ættum ekki að sitja hjá. Hvernig var ákvörðunin tekin? spyr þm. Ákvörðunin var tekin af mér og meiri hl. sendinefndarinnar. Ég hygg að öll sendinefndin hjá Sameinuðu þjóðunum hafi verið samþykk þessari afstöðu, að hv. þm. einum undanskildum, eða er það ekki rétt? Það er rétt, já. Og hún getur þá talið sér það til tekna, ef svo vill verkast. Og ákvörðunin var tekin á þeim forsendum sem skýrslan greinir. Ég hygg að það sé greint alveg frá því í skýrslunni á hvaða forsendum ákvörðunin var tekin. Svo var spurt hvort utanrmn. hefði verið kvödd til ráða og svarið við því er því miður nei. Utanrmn. var ekki kvödd til ráða um þessa atkvgr. frekar en margar aðrar sem ber að með skjótum hætti hjá Sameinuðu þjóðunum. Það er oft mjög erfitt hér heima að taka ákvarðanirnar því að þær verður yfirleitt að taka í flýti af því að beiðnir um afstöðu berast seint frá sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Mér dettur ekki í hug að halda því fram eitt andartak að afstaða min sé alltaf sú rétta og það megi ekki við betri skoðun komast að því að öðruvísi hefði mátt greiða atkv. Og ég get alveg viðurkennt það, að í þessu tilviki kom það vel til álita að sitja hjá, þó að hin leiðin yrði valin, m. a. vegna ráðleggingа

sendinefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, sem var einhuga í þessu máli, að undanskildum hv. 5. landsk. þm.

Ég skal, eins og ég segi í skýrslunni, mjög gjarnan taka það til athugunar með sendifulltrúum Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og með utanrmn að reyna að stilla svo til, að þingmannasendinefndin sé ekki jafnbundin af fundarsetum og hún hefur verið. Það er erfitt að koma því fyrir með svo fámenna nefnd sem við höfum af embættismönnum, en það er sjálfsagt að taka þetta til athugunar. Ef þm. vilja vera frjálsari og hafa betri möguleika til þess að fylgjast með einstökum atriðum, þá mun ekki standa á mér að veita liðsinni til þess, ef það er talin heppilegri leið en sú sem farin hefur verið, að einstakir þm. ættu sæti í tilteknum nefndum og fylgdust alfarið með störfum þar. Það má gjarnan ræða líka stöðu þessara þm. við hv. utanrmn. Ef Alþ. vill meira sjálfstæði fyrir sína sendinefnd, þá er sjálfsagt að taka það til athugunar hvort ekki er hægt að verða við því.

Ég man ekki eftir fleiru í ræðu hv. 5. landsk. þm. sem voru beinar spurningar, að undanskildum síðustu orðum hennar þar sem hún spurði mig að því hvað ég hefði átt við með tilteknum ummælum í sjónvarpi. Ég vil taka það fram hér af þessu tilefni að það var ekki meining mín að sneiða að einum eða neinum með þessum ummælum. En ég sá það eftir á að það mætti hugsanlega skilja ummælin á þann veg, og ég vil gjarnan nota þetta tækifæri til að leiðrétta það, að það var ekki meining mín. Þetta er eins og hver önnur óhugsuð setning sem sjálfsagt hefði betur verið ósögð. En það er nú svo, a. m. k. með mig, að í hita umræðna og fyrir framan sjónvarpsvélar er ekki alltaf tími til að íhuga það sem maður segir. Og ég vil gjarnan endurtaka það, að þetta átti ekki að vera sneið til eins eða neins, og leiðrétta það hér með að þessu gefna tilefni.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að ég fagna þeim áhuga, sem þm. almennt hafa sýnt á utanríkismálum með þeim umr. sem farið hafa fram hér í dag og kvöld, og ég fagna þeim áhuga sem komið hefur fram á utanríkismálum og vonast til þess að við getum sem oftast átt málefnalegar umræður um þessi mál eins og þær sem farið hafa fram hér í kvöld.

Ég sé svo ekki ástæðu til, herra forseti, að lengja mál mitt frekar nema önnur sérstök tilefni gefist til.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör þau sem hann gaf við fsp. í ræðu minni. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna misskilnings okkar á milli varðandi orðalag í till. um Palestínumálið þar sem hann fullyrti að ég hefði farið rangt með og það væri rétt, sem í skýrslunni stæði, að viðurkennt væri í till. að Palestínuþjóðin hefði rétt til þess að endurheimta réttindi sín með öllum tiltækum ráðum. Það er orðið „tiltækur“ sem er þarna aðalatriðið vegna þess að það hefur alveg sérstaklega merkingu í till. Sameinuðu þjóðanna og samþykktum, eins og kom fram hjá hæstv. utanrrh. Það er þetta orð sem hefur verið túlkað sem allt að því heimild eða leyfi til að hefja styrjaldir. Mér skilst að hæstv. utanrrh. hafi ekki sjálfa till. Nú, þá vil ég biðja hann um að líta á tölul. 5, þar sem stendur, með leyfi hæstv. forseta: „By all means,“ sem þýðir „með öllum ráðum“. Ef hin íslenska þýðing „með öllum tiltækum ráðum“ væri rétt, þá mundi standa í enska textanum, með leyfi hæstv. forseta: „by all available means“.

Fjáraukalög 1971, frv. (þskj. 35, n. 655). — 2. umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft frv. til fjáraukalaga fyrir 1971 til athugunar. Samkv. frv. hafa viðbótargreiðslur umfram gjöld samkv. 2. gr. fjárlaga það ár, reynst 2 milljarðar 519 millj. og 48 þús. kr.

Svo sem venjulega hafa yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna gert ýmsar fyrirspurnir varðandi umframgreiðslur til viðkomandi rn. og talið sig fá fullnægjandi svör. Hér er um verulegar umframgreiðslur að ræða miðað við heildarupphæð fjárlaga fyrir það ár sem hér um ræðir. Stærstu fjárupphæðirnar eru svo sem oftast áður vegna heilbrigðis- og tryggingamála, 462 millj. 688 þús. kr., vegna viðskrn., m. a. vegna aukinna niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum, 517 millj. 37 þús. kr., vegna menntamála 345 millj. 205 þús. kr. og vegna vegamála 643 millj. 911 þús. kr., en þessir liðir samtals eru tæplega 2 000 millj. kr. Verulegur hluti af þessum auknu útgjöldum ríkissjóðs er til kominn vegna ýmissa efnahagsbreytinga, sem átt hafa sér stað á árinu. Kemur þar til m. a. breyting á kjarasamningum, auknar niðurgreiðslur á búvörum, lífeyrisbætur o. fl. sem ég sé ekki ástæðu til að ræða sérstaklega. Það, sem ég vildi þó taka fram og fjv. er ekki alls kostar ánægð með, er að komið hefur fyrir að rn. hafa leyft sér að greiða úr ríkissjóði fjárupphæðir til ákveðinna málefna, sem fjvn. hafði hafnað við afgreiðslu fjárlaga og Alþ. ekki samþ. Slík vinnubrögð má ekki viðhafa.

Eins og fram kemur í aths. við þetta frv. hafa yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna lagt til að þær aukafjárveitingar sem hér um er að ræða samkv. frv., verði samþ. Það er einnig till. fjvn. að frv. verði samþ. óbreytt. .

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjáraukalög 1972, frv. (þskj. 427, n. 656). — 2. umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft fjáraukalög fyrir árið 1972 til athugunar. Frv. ber það með sér að viðbótarútgjöld við það, sem ákveðið var í 2. gr. fjárlaga fyrir það ár, hafa reynst 1 milljarður 914 millj. 275 þús. kr. Verulegur hluti af þessum umframgreiðslum stafar af tiltölulega fáum málaflokkum, sem ekki hefur verið komist hjá að greiða að mati ríkisstj. Eru þar stærstu liðir, eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. fyrir frv. til vegagerðar rúmlega 629 millj., vegna aukinna niðurgreiðslna á búvöru 495 millj., vaxtagjöld fóru fram úr áætlun

fjárlaga um 238 millj. kr. og greiðslur til landhelgisgæslu fóru 195 millj. kr. fram úr fjárlögum. Samtals eru umframgreiðslur samkv. þessum liðum um 1 milljarður 560 millj. kr.

Endurskoðendur ríkisreikninga hafa gert ýmsar fyrirspurnir varðandi útgjöld ríkisins eins og venja er og fengið svör við þeim sem þeir hafa talið fullnægjandi.

N. hefur borið niðurstöðutölur frv. saman við ríkisreikning og ekkert fundið athugavert og leggur því til að frv. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi, þáltill. (þskj. 53, n. 669). — Síðari umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Fjvn. hefur haft til athugunar till. til þál. um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi í Vestur-Barðastrandasýslu. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að heimila væntanlegri Vestfjarðavirkjun eða öðrum aðila að virkja Suður-Fossá á Rauðasandi í Vestur-Barðstrandarsýslu í allt að 2 mw. raforkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Patreksfjarðar til tengingar þar við aðalorkukerfi Vestfjarða. Jafnframt er ríkisstj. falið að gera nú þegar af sinni hálfu ráðstafanir til að hraðað verði eins og frekast er unnt framkvæmdum þessum. Stefnt skal að því að ljúka virkjunarframkvæmdum fyrir lok ársins 1976."

Fjvn. sendi till. þessa til umsagnar orkuráðs. Hinn 11. febr. s. l. barst fjvn. svar frá Orkustofnun um málið. Koma þar ýmsar upplýsingar og þar segir m. a.:

„Á árunum 1971—1972 var gerður rækilegur samanburður á hagkvæmni virkjunar í Suður-Fossá og Mjólká II sem næsta skrefs í virkjunarmálum Vestfjarða. Varð niðurstaðan sú að Mjólká II væri mun hagkvæmari, sérstaklega ef búast mætti við að notkun á raforku til húshitunar ykist ört. Reynslan hefur síðan sýnt að ásókn í rafhitun er jafnvel enn meiri en þá var reiknað með. Á árinu 1973 fól iðnrn. Orkustofnun að láta fram fara frekari rannsóknir á Suður-Fossá í því skyni að unnt væri að gera traustari áætlun um virkjun hennar. Áður hafði Orkustofnun komið upp vatnshæðasírita við ána þannig að nú liggja fyrir nokkurra ára sírennslisskýrslur."

Þá segir einnig í þessu bréfi Orkustofnunar:

„Rannsókn sú, sem rn. fól Orkustofnun, var framkvæmd sumarið 1974. Var þar fyrst um að ræða landmælingar af virkjunarsvæðinu og gerð yfirlitsskorts af því svo og jarðfræðirannsóknir á yfirborði. Mælingum þessum er nú lokið og búið er að teikna yfirlitskortið. Orkustofnun hefur nú falið Virki h. f. að gera nýja áætlun á grundvelli þeirra gagna er nú liggja fyrir, og búist er við að sú áætlanagerð taki um tvo mánuði. Fyrr en niðurstöður hennar liggja fyrir er ekki unnt að gefa neina þá umsögn um virkjun þessa er marktæk geti talist."

Síðan er vikið að því í þessu áliti Orkustofnunar að Virki hafi verið falið að gera áætlun um virkjun af þeirri stærð er þarf til að nýta orkuvinnslugetu Suður-Fossár, sem búist er við að verði nálægt 10 gwst. Það er áætlun um grunnorkustöð. Sú virkjunarstærð verður líklega um 2 þús. kw. Jafnframt hefur þeim verið falið að áætla hver kostnaðaraukinn yrði af því að auka afl stöðvarinnar í 4—5 þús. kw., en orkuvinnslugetan verði óbreytt, en sú stærðaraukning mundi auka að mun gildi stöðvarinnar sem varastöðvar.

Skv. orkuspá fyrir landið allt, er Orkustofnun vinnur nú að í samvinnu við fleiri aðila, má gera ráð fyrir að afl- og orkuþörf á Vestfjörðum öllum og í Dalasýslu verði sem hér segir: Áætlað er að árið 1980 verði orkuþörfin 123 gwst. og aflþörf 29 mw. 1985 er hins vegar gert ráð fyrir að orkuþörfin verði 222 gwst. og aflþörf þá 53 mw. Til samanburðar má geta þess að árið 1974 var orkuvinnslan á þessu sama svði 38.4 gwst., þar af 11.3 með dísilvélum eða 29.4%. Samanlagt afl vatnsaflsstöðva á svæðinu var 5.8 mw. í árslok 1974. Með aukningu þeirri á Mjólkárvirkjun, sem nú er á lokastigi, eykst afl vatnsaflsvirkjana á svæðinu um 5.7 mw., úr 5.7 mw. í 11.5 mw.

Þessar tölur sýna að mikilla aðgerða er þörf til þess að mæta væntanlegri raforkuþörf Vestfjarða í næstu framtíð. Hin mikla aukning orkuþarfarinnar stafar að verulegu leyti af hitun með raforku, en einnig vegna þarfa atvinnulífsins ef mannfjöldi á Vestfjörðum verður í samræmi við mannfjöldaspá Framkvæmdastofnunairnnar, enda er orkuspá sú, sem framangreindar tölur fyrir 1980 og 1985 eru teknar úr, unnin á grundvelli þeirra áætlana um mannfjölda á Vestfjörðum sem Framkvæmdastofnunin reiknar með í sínum landshlutaáætlunum.

Eins og fram kemur í grg. fyrir þessari þáltill. er aðdragandi þessa máls nú orðinn alllangur. Þegar á árinu 1951 var gerð áætlun á vegum raforkumálastjóra um litla virkjun í Suður-Fossá. Var það einn liður í heildarkönnun á orkuöflun fyrir Vestfirði. Kom þá þegar í ljós að hér var um einn hagstæðasta möguleikann að ræða. Af skiljanlegum ástæðum hefur virkjun Mjólkár, sem nú er að komast á lokastig, verið látin sitja í fyrirrúmi hvað framkvæmdaröð snertir, og enda þótt hér sé ekki um stóra virkjun að ræða getur hún samt sem áður verið þýðingarmikill þáttur í heildarraforkukerfinu á Vestfjörðum.

Eins og fram kom í þessu áliti Orkustofnunarinnar er verið að ljúka seinni áætlun í sambandi við þetta mál og gert ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir nú alveg á næstunni. Komi hins vegar í ljós við endanlega athugun þessa máls að hér sé ekki um hagstæða virkjun að ræða í sambandi við aðra valkosti, þá hefur ríkisstj. að sjálfsögðu aðstöðu til endurmats á málinu í heild.

Fjvn. mælir með því að till. til þál. um virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi verði samþ.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustólinn til þess að þakka hv. síðasta ræðumanni, form. fjvn., og fjvn. í heild fyrir jákvæða afgreiðslu á þessu máli. Hér er um þýðingarmikið mál að ræða fyrir Vestfirði. Ég hef hér oftar en einu sinni í þessu sambandi

rætt raforkumál Vestfjarða, framtíðarþörf og möguleika á virkjunum til að mæta þeirri þörf, sem Vestfirðir munu hafa fyrir raforku í framtíðinni.

Till. sú, sem hér um ræðir, gerir ekki ráð fyrir stórri virkjun, það er talað um 2 mw. virkjun, og þessi virkjun svarar ekki miklu af framtíðarþörf Vestfjarða fyrir raforku. En samt sem áður er þessi virkjun þýðingarmikil í raforkumálum Vestfjarða. Henni er ætlað að framleiða orku sem er meiri en orkunotkun sú sem nú á sér stað á rafveitusvæði Vestfjarða sunnan Arnarfjarðar, og hún á að framleiða orku sem nemur ⅓ af þeirri raforkuframleiðslu sem í dag á sér stað á orkusvæði Vestfjarða. Af þessu má nokkuð marka hversu þýðingarmikið mál þetta er þó að hér sé aðeins um lítið mál að ræða þegar við höfum í huga framtíðarþörf Vestfjarða í þessum efnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hafnaáætlun 1975—1978, þáltill. (þskj. 408). — Frh. fyrri umr.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það var aðeins varðandi lítið mál í minu kjördæmi sem mig langaði til að segja örfá orð. Það er liður nr. 42 í till. um hafnaáætlun fyrir árið 1975—1978, Bakkafjörður. Það er gert ráð fyrir því, að á árinu 1976 verði löguð niðurkeyrsla að hafnarbakka á Bakkafirði, en frekari áform er ekki að finna í áætluninni um framkvæmdir þar á árunum 1975—1978. Ég vildi leyfa mér að beina því til hæstv. samgrh. hvort hann gæti látið athuga það, þegar framhaldsathugun fer fram í sumar á frekari undirbúningi að gerð hafnaáætlunar, að bæta nokkuð hafnaraðstöðu á Bakkafirði, ekki með tilliti til þess að þar sé um að ræða stórframkvæmd, heldur með tilliti til hins, að bæta við hafnargarðinn, sem þar er fyrir, t. d. einu keri eða tveimur, á þann veg sem talið er æskilegt og skynsamlegt á þessu tímabili sem hafnaáætlunin mun ná yfir.

Það væri að vísu freistandi að ræða dálítið um hafnamálin. Þetta er stór málaflokkur og býsna þýðingarmikill vegna þess að víða háttar svo til úti um landsbyggðina að hafnaraðstaðan er undirstaða atvinnulífsins og byggðarlögin verða víða að treysta á höfnina sem aðalundirstöðu að atvinnulífi viðkomandi staðar. En ég ætla ekki að lengja umr. með því að ræða almennt um málið, heldur vildi ég leggja áherslu á það að áætlanagerðin, sem hefur vaxið í ýmsum efnum á undanförnum árum, hefur að minni hyggju orðið til gagns og nytsemdar: áætlunargerð í samgöngumálum, t. d. samgönguáætlun í vegamálum fyrir Vestfirði, samgönguáætlun í vegamálum fyrir Austurland svo og fyrir Norðurland, svo og þegar tekinn var upp sá háttur að gera sérstaka vegáætlun, almenna vegáætlun, til nokkurs tíma og einnig sá háttur að gera sérstakar áætlanir um hafnamálin. Ég er þeirrar skoðunar, að hér hafi orðið framför og það sé þýðingarmikið, það séu skynsamleg vinnubrögð að haga málum í þessum efnum á þann veg að gera vandaðar áætlanir um framkvæmdir til nokkurs tíma.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það hefur af einhverjum ástæðum gleymst að setja hér eina höfn inn á Norðurlandi, þ. e. a. s. Tunguleindingu á Tjörnesi. Fyrir nokkuð mörgum árum var þar gerð bryggja og þar eru gerðar út einar 8 eða 9 trillur og er að því mikill stuðningur fyrir þessa sveit. Ef þessi útgerð ætti sér ekki stað mundu þeir bændur, sem þarna eru, þurfa að auka bústofn sinn og fara í miklar byggingarframkvæmdir. Þarna er að vísu ekki hugsað um stóra framkvæmd á næstunni, en það má til að bæta þessa aðstöðu til að gera þessum mönnum mögulegt að halda áfram sinni smábátaútgerð. Ég vil mælast til þess, þegar þessi áætlun verður nú athuguð fyrir næsta þing, að það gleymist ekki að þarna er útgerðarstaður og þarna er bryggja, sem þarf að veita svolítið fjármagn í þó að ekki sé um stóra upphæð að ræða.

Enn fremur hefur orðið sú breyting með Kópasker að þar eru komin tvö skip, 66 tonna skip og 24 tonna bátur. Það er þess vegna enn þá meiri þörf að gera þar skjólgarð fyrir vestanáttinni til þess að gera höfnina tryggari. Ég vil koma því hér á framfæri að þetta þarf að skoða vegna þess að þarna eru breyttar aðstæður og brýn þörf á að laga þarna höfnina. Það er gert ráð fyrir því að það þurfi að dýpka þarna, en ég held að heimamenn telji þó enn þá brýnna að fara í þennan varnargarð.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég ætlaði nú ekki að hafa mörg orð um þessa till. til. þál. um hafnaáætlun og alls ekki að fara út í skiptingu milli hafna. Það urðu miklar umr. um það við fjárlagaafgreiðslu í vetur. Ég vil þó ekki láta hjá líða að tjá ánægju mína yfir hinni einu breyt. sem hefur orðið í þessari þáltill. miðað við hafnaáætlunina eins og við fengum hana um áramótin í vetur. Hún hefur orðið að minu mati til mikilla bóta, þ. e. a. s. að höfn í Súðavík fær nú fjárveitingu sem áður var ætluð til Selárdals. Ekki þar fyrir að ég unni ekki Selárdal alls hins besta, en ég tel að Súðavík hafi enn meiri þörf fyrir þessa fjárveitingu en Selárdalur.

Það, sem ég vildi fyrst og fremst vekja máls á nú, eru vinnubrögð við gerð fjárlaga, eins og þau hafa verið hingað til. Það fer ekki á milli mála að þarna er Hafnamálaskrifstofan valdamesti aðilinn. Það er til þess ætlast að hún hafi samráð og samband við sveitarstjórnir, en það mun mála sannast að sú samvinna og samband er ekki með þeim hætti sem æskilegt væri, og staðreynd er það varðandi svokallaða óskalista hafna utan af landi, sveitarstjórna utan af landi, sem hafa sent óskir inn til Hafnamálastofnunar, að mjög hefur verið kvartað undan því að í sumum tilfellum jafnvel hafi óskalistanum verið snúið við og Hafnamálaskrifstofan hafi sett efst á blað það sem var neðst í óskum sveitarstjórna. Ég vildi eindregið mælast til þess við hæstv. samgrh. að tekið yrði til athugunar hvort ekki væri hugsanlegt að Hafnamálaskrifstofan hefði eitthvað svipuð vinnubrögð og gerist hjá Vegagerð ríkisins, sem í sjálfu sér er mjög jákvæð vinnuaðferð, að þm. viðkomandi kjördæma hafi

aðstöðu til þess að fara yfir óskir kjördæma sinna í samráði við vegamálastjóra. Ég tel ákaflega æskilegt að þarna gilti það sama um Vita- og hafnamálaskrifstofuna, að þm. kjördæmanna væri gert fært að fylgjast með því hvernig Hafnamálaskrifstofan afgreiðir óskir hlutaðeigandi sveitarstjórna.

Það hafa líka komið fram mjög eindregnar óskir utan af landi um að starfsháttum Hafnaskrifstofunnar yrði breytt í þá átt að hún hefði sína fulltrúa, sérstakar deildir úr Hafnamálaskrifstofunni, við hinar ýmsu hafnir. Ég á þá ekki við hverja höfn, heldur hugsanlega eina aðalhöfn í hverjum landshluta. Ég vitna aftur í Vegagerðina. Vegagerðin hefur sent út á land sína menn, sína umdæmisstjóra, sem eru í náinni snertingu og sambandi við viðkomandi heimamenn um þarfir og framkvæmdir á sviði vegamála. Ég sé ekki annað en að þarna séu nákvæmlega sömu þarfir fyrir hendi hvað snertir hafnaframkvæmdir.

Mér er ljóst að samin hefur verið nýlega reglugerð um starfshætti Hafnamálaskrifstofunnar og hún er vafalaust nokkuð til bóta. Þar kemur inn í fulltrúi sveitarfélaganna sem er hafnarstjórinn í Reykjavík sem ég treysti til alls hins besta. En ég vil eindregið mælast til að þetta verði tekið til nánari athugunar, hvort kleift væri að breyta starfsháttum Hafnamálaskrifstofunnar í þá átt sem ég gat um.

Við fyrri umr. um þetta mál kom Reykjavík til umr. og hvað hún hefði orðið afskipt miðað við aðrar hafnir landsins. Ég veit að þarfir Reykjavíkur eru miklar og mikilvægar á þessu sviði. Eftir því sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. hefur Reykjavíkurborg verið synjað um erlenda lántöku, ef ég man rétt. Finnst mér það slæmar fréttir að henni skuli settur stólinn fyrir dyrnar í því efni. Ég vil hins vegar benda á þá staðreynd, sem okkur er öllum kunn, að enda þótt Reykjavíkurhöfn njóti ekki beinna framlaga úr ríkissjóði til jafns við aðrar hafnir úti á landi, þá er hennar aðstaða gerólík að því leyti að hún situr að svo til öllum hafnar- og aðflutningsgjöldum á öllum vörum sem til landsins koma. Þau hafnar- og aðfutningsgjöld koma fram aftur sem hækkað vöruverð á höfnum úti á landi svo að ég held að hlutur Reykjavíkurhafnar samanborið við aðrar hafnir, fiskihafnir, sem standa undir meginútflutningsframleiðslu okkar, sé ekki verri en efni standa til, án þess að ég vilji á neinn hátt standa í vegi fyrir að greitt sé fyrir hafnarframkvæmdum í Reykjavík sem ég veit að eru mikið nauðsynjamál. En þetta, sem ég benti á, finnst mér það þungt á metunum að Reykjavík sæmi ekki að kvarta á þessu sviði þegar tekið er tillit til hvað þörfin er knýjandi og mikið lífsspursmál fyrir staði úti á landi sem eiga alla afkomu undir fiskveiðum og undir hafnarskilyrðum fyrir fiskiskip.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég leyfði mér að benda á það við fyrri umr. um þetta mál, till. til þál. um hafnaáætlun fyrir árið 1975—1978, að ekki væri tekið tillit til þarfa Reykjavíkurhafnar. Um þetta spunnust nokkrar umr. og ég hafði nú ætlað mér að láta það nægja hér úr ræðustól að lýsa furðu minni á málflutningi ... (Gripið fram í.) Nei, ekki var það nú 9. landsk. í þetta sinn, en það er best ég geri það í leiðinni vegna þess að hún er fyrrv. borgarfulltrúi í Reykjavík og á að vita betur þarfir Reykjavíkur og Reykjavíkurhafnar heldur en flestir aðrir hér inni. En ég held að ég megi segja að það sé 5. þm Vestf., og það út af fyrir sig er furðulegt. Það kom fram í hans málflutningi þegar hann beinlínis óskaði hér í míkrafóninn að Reykjavík ætti hvorki skilið að fá nokkurt framlag á fjárl. og kannske því síður og síst af öllu Reykjavíkurhöfn. Ég skil ekki þennan málflutning. Ég held að Reykjavík og reykvíkingar séu reiðubúnir til þess að hlaupa undir bagga með hverjum þeim stað á landinu sem á þarf að halda, en að sjálfsögðu ætlast Reykjavík ekki til þess að það sé svo hart að henni gengið að hún standi einungis eftir með fyrirtæki, sem einu sinni voru fjárhagslega sterk, gátu áður fyrr staðið undir sér bæði rekstrarlega og svo líka undir nýbyggingu, en séu nú allt að því gjaldþrota. En þannig hafa málin þróast á undanförnum árum. Og ég leyfi mér, herra forseti, að endurtaka það sem ég sagði hér úr ræðustól síðast, að það er ekki bara að Reykjavíkurhöfn eða Rafmagnsveita Reykjavíkur, svo að við förum svolítið út fyrir hafnamál, hafi étið upp sína fyrri sjóði, hafi notað að fullu sitt lánstraust og fengið fyrirmæli frá ríkisstj., að vísu fyrrv. ríkisstj., ég skal ekki segja um það hvort Reykjavíkurhöfn hefur fengið neitun fyrir erlendri lántöku að þessu sinni, eins og kom fram hjá hv. 9. landsk., heldur beinlínis verið neydd til að taka erlend rekstrarlán í staðinn fyrir að fá gjaldskrárhækkun á réttum tíma og þar með gert þörfina í dag meiri fyrir hærri gjaldskrárhækkanir en eðlilegt er, vegna þess að í dag þurfa gjaldskrárhækkanir að standa undir gengismun á þessum erlendu lánum, sem við vildum ekki taka, en urðum að taka að viðbættum vöxtum að sjálfsögðu. Það er þetta sem ég er að benda á. Rekstur Reykjavíkurhafnar í dag leyfir ekki að taka erlend lán þó að við fengjum þau, vegna þess að rekstur á þeim mannvirkjum, sem Reykjavíkurhöfn er talin eiga og eru metin á 4—5 milljarða í dag, skilaði arði um 18 millj. kr., eins og ég upplýsti fyrir nokkrum dögum héðan úr þessum ræðustól, og á þá eftir að taka með í reikninginn launahækkanir núna síðast. Hvað verður eftir 1. júní veit enginn. Á sama tíma eru hafnarmannvirki í mjög slæmu ásigkomulagi — allt þetta upplýsti ég hér fyrir nokkrum dögum — og má segja í sumum tilfellum hættulegu. Ég verð að harma það sjónarmið, sem hefur komið hér fram hjá hv. 5. þm. Vestf., að Reykjavík eigi hreint ekkert skilið. Ég trúi því ekki að hann hafi meint það, heldur frekar að hann hafi sagt meira en hann ætlaði sér að segja. Ég vil fullyrða að hugur reykvíkinga til annarra landsbyggða er allt annar og þveröfugur við það sem virðist koma fram hjá þeim hv. þm. í garð reykvíkinga.

Að sjálfsögðu sæmir það kannske ekki Reykjavík að kvarta. Reykjavík er ekki að kvarta. Ég er að benda á að reykvíkingar eru hluti af þjóðinni og Reykjavík er hluti af landinu og við erum

að deila á fjárl. út fé ríkisins sem að mestu leyti er frá innheimtu í Reykjavík og hér á Suðurlandinu, við skulum vera alveg sammála um það. Það hljóta allir að vita. En við erum ekki að fara fram á eðlilegan prósentuhlut, miðað við það sem hér er innheimt, langt frá því. Við erum bara að benda á að við þurfum líka einhvern skerf af fjárl. Og nú er verið að gera áætlanir sem ná fram til 1978. En við vitum að mannvirki hér liggja undir skemmdum og tekjurýrnun er þetta mikil vegna þess að við höfum ekki fengið heimild ríkisstj. til eðlilegra gjaldskrárhækkana á eðlilegum tíma, þegar sótt hefur verið um. Þá erum við að benda á að fyrirtæki standa ekki lengur undir nauðsynlegasta viðhaldi, hvað þá nýbyggingum. Og á meðan reksturinn er öfugur, þá þýðir ekkert að bæta erlendum lánum á hann, jafnvel þótt þau fengjust. Það hlýtur hver og einn að sjá. En hitt er svo annað mál, ég er ekkert viss um að allir staðir eða jafnvel þó að við hugsuðum okkur bara einn stað í hverjum landshluta vildu hafa innflutningshöfn. Ég efast stórlega um að þau vildu það. Það hefur mikinn aukakostnað í för með sér. Það er ekki sama hvort varan er flutt í stórum stíl á einn stað eða hvort hún er flutt í smáskömmtum út í önnur byggðarlög. Verðið fer eftir magninu sem flutt er á hvern stað, svo að ég giska á að það væri hagkvæmara þjóðhagslega að flytja miklar vörubirgðir á sama stað og dreifa þeim svo innanlands. Ég held að það hljóti að vera.

En ég vil sem sagt ítreka það að ég harma ef það er almennur þankagangur til Reykjavíkur sem kom hér fram hjá hv. 5. þm. Vestf. Ég vona að svo sé ekki. Ef svo er, þá held ég að þm. Reykv. verði að taka upp baráttu á Alþ. fyrir Reykjavík.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð og þá fyrst og fremst út af því, sem fram hefur komið í ræðum hv. 12. þm. Reykv. og hv. þm. Ellerts B. Schram hér fyrir nokkrum dögum. Báðir þessir hv. þm. virðast hafa tekið nærri sér ummæli þau sem ég viðhafði hér við 1. umr. þessa máls og vörðuðu framlög til hafna, annars vegar til almennra hafna úti á landsbyggðinni og hins vegar Reykjavíkurhafnar.

Ég get fullvissað hv. 12. þm. Reykv. um að ekkert einasta orð af því sem ég sagði, af því sem hann var að vitna til, var vanhugsað eða nein ástæða fyrir mig til að taka það aftur. Það, sem ég hélt fram, var að miðað við þær aðstæður, sem hinar almennu fiskihafnir, útflutningshafnirnar, búa við víðs vegar í kringum landið, hafa búið við og allar líkur eru á að verði að búa við enn um sinn a. m. k., þá sé ég ekki neitt sem réttlætir það að Reykjavíkurhöfn njóti, eins og mál standa nú, neinna beinna framlaga á fjárlögum. Vel má vera að hagur Reykjavíkurhafnar hafi versnað. Það má vel vera. En hvað með hina staðina. Ég veit ekki betur en nokkuð mörgum sveitarstjórnarmönnum víðs vegar í kringum landið hafi verið stefnt fyrir dómstóla vegna vanskila sem viðkomandi hafnarsjóðir hafa staðið í í nokkur ár, bókstaflega vegna þess að það er útilokað að þessi tiltölulega fámennu sveitarfélög geti staðið undir öllum þeim skuldbindingum sem á þau hafa verið lögð til þess að byggja upp fiskihafnir og skapa þannig gjaldeyri fyrir þjóðina sem hún lifir á. Fjöldi sveitarstjórnarmanna hefur því staðið fyrir framan tugthúsdyr í nokkur ár einmitt vegna skulda sem á þessum hafnarsjóðum hvíla, vegna þess að ríkið hefur vanrækt að veita nægilegt fjármagn til þessara mikilsverðu undirstöðuatvinnutækja, vil ég kalla, sem fiskihafnirnar eru fyrir landsheildina. Og það er þetta sem ég byggi afstöðu mína á. Meðan ekki er betur sinnt lífsnauðsynjum fyrir þessar hafnir sem staðið hafa í þessum erfiðleikum í áraraðir, þá sé ég ekki að það mæli neitt með því að Reykjavíkurhöfn komi nú, eins og málum er nú háttað, til þess að njóta fjárframlaga á fjárlögum ríkisins. En það verður vitanlega endurskoðað komi betri tímar.

Það skal vissulega viðurkennt að það var gert stórátak til hins betra varðandi framlög ríkisins til hafna í tíð fyrrv. ríkisstj. Það var stórt skref og ekki skal ég vanmeta það. En ég hef sagt og segi enn að mér finnst að allflestar ríkisstj. hafi vanrækt þá skyldu sína að sjá einmitt þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar fyrir nægilegu fjármagni til þess að geta framleitt meira, og það er aðalatriðið í þessu máli. Ég get því endurtekið að meðan svo illa er séð fyrir fjárframlögum eða stuðningi ríkisvaldsins við uppbyggingu á þessum stöðum í hafnargerð, þá sé ég ekki að það sé neitt sem réttlæti það, eins og málum er nú háttað, að Reykjavíkurhöfn komi til með að njóta fjárframlaga á fjárlögum ríkisins. Þetta er mín ákveðin skoðun, hvort sem hv. 12. þm. Reykv. eða hv. 11. þm. Reykv. tekur það nærri sér. Þeir verða þá að hafa það. Þetta er mín skoðun og við hana stend ég.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma að hv. 5. þm. Vestf. skyldi ekki nota tækifærið, sem ég gaf honum til þess að biðjast afsökunar og viðurkenna að hann hafi sagt eitthvað vanhugsað því að ég get ekki komist hjá því að hugsa með mér að það hlýtur þá að vera eitthvað annað að.

Útflutningshöfn í Reykjavík er ekki lítils virði fyrir fiskiþorp úti á landi eða fiskihafnir úti á landi. Reykjavíkurborg hefur fengið ósk frá einmitt útflutningsaðilum, sem eru samtök frystihúsa og fiskframleiðenda um land allt, um aðstöðu við Reykjavíkurhöfn til þess einmitt að gera hana að safnhöfn fyrir útflutning afurða sem framleiddar eru úti á landi. Það eitt ætti að vera nóg til þess að Reykjavíkurhöfn hlýtur þá í hlutfalli við það að eiga rétt á einhverjum framlögum af fjárlögum umfram það sem hún þarf að leggja sjálf til vegna eigin þarfa. En ég vil taka fram að það hefur ekki komið, hvorki frá mér né heldur hv. 11. þm. Reykv., svo að ég viti til, neitt sem hægt er að túlka sem andstöðu frá okkur við þátttöku í uppbyggingu á fiskihöfnum úti á landi, nema síður sé. Við höfum fengið í Reykjavík óskir um að byggja hér mjög mikil mannvirki fyrir Ríkisskip, aðstöðu til þess að flytja vörur frá Reykjavík út á land, og við

töldum alveg sjálfsagt að verða við því og hófum framkvæmdir og héldum þeim áfram meðan peningar entust. Það var ekki til þess að fullnægja þörfum Reykjavíkur vegna reykvíkinga, og það er mannvirkjagerð sem var algjörlega gerð á kostnað Reykjavíkurhafnar. Við höfum líka fengið óskir um að leggja í fjárfestingu vegna Akranesferjunnar sem að engu leyti á að þjóna reykvíkingum, nema þá að þeir vilji spara sér að keyra fyrir Hvalfjörð þegar þeir fara út á land. En að öðru leyti er þetta til þess að tengja Akranes og Reykjavík. Reykjavíkurhöfn hefur enga peninga til þess að fara í þær framkvæmdir.

Reykjavíkurhöfn þjónar miklu meira og stærra hlutverki en því sem hún þarf að gegna af nauðsyn fyrir reykvíkinga, og það vona ég að hv. 5. þm. Vestf. skilji hvað líður.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki tefja þessar umr. mikið og ekki gera Reykjavíkurhöfn að verulegu umtalsefni. Það gera sér allir grein fyrir því að Reykjavíkurhöfn er ein af tveimur höfnum í landinu, sem hefur hingað til staðið undir sér, vegna þess að þar hefur aðalinnflutningurinn farið fram og rekstur þeirrar hafnar er ekkert sambærilegur við aðrar hafnir í landinu.

En það var annað sem olli því, að ég bað hér um orðið. Það voru orð hv. ræðumanns varðandi hlut Reykjavíkurborgar í fjárveitingum og hversu mjög hallaðist á um fjárveitingar til Reykjavíkurborgar annars vegar og þau skattgjöld sem Reykjavík og Suðurland og ef við teljum Reykjanes með greiddu til ríkisins. Það gera sér allir ljóst að ef við ætlum að líta á þessa þætti eina, þá er hlutur Reykjavíkurborgar slakur. En ef það hefur alltaf verið níðst svo á höfuðborginni um fjárveitingar af hálfu ríkisvaldsins áratug eftir áratug, hvernig getur þá staðið á því að í dag horfum við á það, að hlutur Reykjavíkur og þessa svæðis hér hefur orðið slíkur varðandi þá verðmætasköpun sem hefur átt sér stað í landinu á undanförnum áratugum? Ég vil endilega mælast til þess að þeir, sem vekja nú upp andstöðu við eðlilegar skiptingar, þeir hugleiddu að það er önnur skipting en eingöngu sú sem fer eftir fjárlögum. Ég vildi mjög eindregið óska eftir því, að það væri reynt að líta á þessa mynd í heild.

Sannleikurinn er sá að á undanförnum árum, í þessu verðbólgunnar landi, hefur þetta svæði hér verið einn höfuðverðbólguvaldur í landinu, og þar sem þenslan hefur verið mest. Þangað hefur auðvitað straumurinn leitað. Þess vegna hefur fjármagnið leitað hingað eftir öðrum leiðum en eingöngu í gegnum fjárveitingar ríkisins, og það er verulegt atriði líka. Þess vegna er það að ef við lítum á þessa mynd í heild, allan þann straum einkafjármagns sem hefur runnið eftir ótal farvegum, þá hefur fjármagnið hnappast saman hér. Og það er ekki fyrr en á síðustu árum, að þegar tekst að skapa eftirspurn úti um landið, að þjóðfélagið virðist ætla að ríða til falls að mati sumra manna.

Ég vil eindregið óska eftir því þegar menn vekja upp harðnandi andstöðu gegn því sem hefur verið talin byggðastefna, að þeir séu þá jafnframt fúsir til þess að meta þessa hluti eftir þessum sjónarmiðum í heild, en ekki eingöngu eftir skatttekjum ríkisins af þegnunum á viðkomandi stað. Þetta var það eina sem ég vildi bæta við hér.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki þreyta menn með langri ræðu. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm. fyrir þau innlegg sem þeir hafa lagt inn í þetta mál og mun beita mér fyrir því að þeir aðilar, sem vinna að þessum málum, kynni sér þessar umr. og geti því betur metið þessi verkefni sem hafnagerðir í landinu eru.

Ég vil líka taka það fram, að ég vona að sú till. mín að fresta afgreiðslu þessa máls til haustsins reynist happadrjúg. Þá gefst starfsmönnum Hafnamálastofnunarinnar, heimamönnum og þm. kostur á að fylgjast með þessum málum og vinna að þeim sameiginlega í undirbúningi undir þessa áætlunargerð. Ég álít að það skipti meginmáli að til hennar sé vel vandað því að þetta er grundvöllur að áætlunargerð sem hér er verið að gera um hafnargerðir, og þess vegna tel ég að flaustur eigi ekki við. Auk þess hef ég sem ráðh. hafnamála ekki haft þann tíma sem ég tel nauðsynlegan til þess að kynna mér einstaka þætti á því tímabili sem ég hef sinnt því starfi en ég taldi að brýna nauðsyn bæri til að ég ætti kost á því.

Ég vil svo segja það út af því sem hv. 9. landsk. þm. sagði, að einmitt tel ég það rétt og vel farið að vinna í sameiningu að þessum málum með heimamönnum og hv. þm. á þeim svæðum, sem þeir eru þm. fyrir og hef einnig verið með áætlanir um að athuga möguleika á því að setja upp verkfræðiskrifstofur úti um landsbyggðina, í landshlutum, til þess að vinna að hafnargerðum. Það getur auðvitað ekki farið með neinum hraða vegna kostnaðar og fleiri atriða sem þarf að athuga áður en þetta er gert.

Ég vil svo segja það út af því sem hefur komið fram, að nokkru leyti sem skemmtiþáttur hjá hv. 12. þm. Reykv. og 5. þm. Vestf. sem leggur venjulega mikið inn af efni í þá grein í umr., að auðvitað erum við ekki að deila um landsbyggðina og höfuðborgina því að hvort tveggja er jafnnauðsynlegt. Eðlilegt samstarf á milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar er það sem gerir þessa þjóð sjálfstæðari bæði fjárhagslega og stjórnarfarslega og það þurfum við að efla. Ég vona að á það sé litið sem stefnumörkun af minni hendi að hafa valið hafnarstjórann í Reykjavík í stjórn Hafnamálastofnunarinnar. Hann er formaður Hafnasambands Íslands og ég tel mjög áríðandi að ná góðu samstarfi á milli Hafnamálastofnunarinnar, Hafnamálasambandsins og samgrn. Þetta vona ég að takist með þessari nýju skipan og ég lít á það björtum augum að sú tilhögun muni verða hafnamálunum í heild til farsældar. Og samstarf á milli landsbyggðarinnar og Reykjavíkur á að efla því að það er þjóðinni fyrir bestu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Félagsmálasáttmáli Evrópu, þáltill. (þskj. 551, n. 663). — Síðari umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Í stofnskrá Evrópuráðsins segir að markmið þess sé að koma á nánari einingu meðal þátttökuríkja í því skyni að vernda og koma í framkvæmd þeim hugsjónum og meginreglum sem eru sameiginleg arfleifð þeirra þjóða svo og að stuðla að framförum á sviði efnahags- og félagsmála. Að þessu yfirlýsta markmiði Evrópuráðsins hefur verið unnið með ýmsu móti og einn þátturinn í því starfi er gerð félagsmálasáttmála Evrópu sem undirritaður var 18. okt. 1961 eftir langt undirbúningsstarf. Sáttmáli þessi gekk í gildi í febr. 1965, en enn hefur Ísland ekki undirritað þennan samning.

Nú hefur verið lögð hér fram till. til þál. um fullgildingu á félagsmálasáttmála Evrópu þess efnis að Alþ. veiti ríkisstj. heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda sáttmálann. Allshn. hefur skoðað þessa till. og mælir einróma með samþykkt hennar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ellilífeyrisgreiðslur til lífeyrissjóðsfélaga, þáltill. (þskj. 75, n. 660). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 75 er till. til þál. um auknar ellilífeyrisgreiðslur til lífeyrissjóðsfélaga óverðtryggðra lífeyrissjóða. Í till. segir að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta kanna hvort grundvöllur sé fyrir því að breyta lífeyrisgreiðslukerfi óverðtryggðra lífeyrissjóða þannig, að eftirlaunagreiðslur þessara sjóða fullnægi eðlilegri framfærsluþörf sjóðfélaga og við framkvæmd þessarar þál. skuli haft samráð við heildarsamtök vinnumarkaðarins og landssambönd lífeyrissjóða.

Þessari till. var vísað til hv. fjvn., en sú n. óskaði eftir því að þetta mál væri tekið til meðferðar í hv. allshn. Sþ. Sú beiðni barst allshn. nú á síðustu dögum þessa þings. N. hefur því ekki haft mikinn tíma til þess að skoða þessa till., en lítur þó svo á að hér sé um eðlilegt réttlætismál að ræða sem eðlilegt sé að skoðað verði og unnið að því að koma þessu í framkvæmd. Því leggur n. til að till. verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar og framkvæmda.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum, þáltill. (þskj. 247, n. 610). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Till. til þál. um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum er flutt af hv. þm. Tómasi Árnasyni og gerir till. ráð fyrir því, að ríkisstj. láti fara fram athugun og rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum. Þessari till. var vísað til hv. allshn. og telur n. sjálfsagt að slík athugun fari fram og þarf ekki að orðlengja um það með hliðsjón af þeim náttúruhamförum og slysum sem átt hafa sér stað á s. l. árum. N. leggur því til að þessi till. verði samþ. með þeirri breytingu að niður falli úr 2. málsgr. till. orðin „eðli þeirra og orsökum“ og hljóði þá málsgr. þannig: „Áhersla verði lögð á gagnasöfnun og rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, enn fremur hvort unnt sé að sjá fyrir og hindra snjóflóð og skriðuföll og hvaða vörnum og viðvörunum verði við komið. Ríkisstj. leggi fyrir Alþ. niðurstöðu þessara athugana ásamt till. til úrbóta.“

N. mælir einróma með samþykkt þessarar till. með þessari breytingu.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Í örfáum orðum vil ég fagna þessari þáltill., en jafnframt geta þess að undirbúningur er þegar hafinn að þessari rannsókn. Vonandi verður samþykkt þessarar till. til þess að fjármagn fæst til þess starfs. Hér hefur nýlega verið svissneskur sérfræðingur, með þeim fremstu sem til eru hygg ég, og veitt mjög athyglisverðar grundvallarupplýsingar. Þegar er sett á fót nefnd sem er að undirbúa rannsóknarprógram. En þetta er mjög viðamikið mál, mjög viðamikið, og vil ég ekki á þessum tíma sólarhringsins fara að rekja hina fjölmörgu þætti sem þar koma inn í, en þeir eru margir og er vafalaust að rannsókn á þessu öllu verður mjög kostnaðarsöm. Væntanlega verður samþykkt þessarar till. til þess að tryggja fjármagn til þeirra rannsókna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skipunartími opinberra starfsmanna, þáltill. (þskj. 345, n. 611). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 345 er lögð fram till. til þál. um skipunartíma opinberra starfsmanna. Þar segir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka upp þá reglu við skipun háttsettra opinberra starfsmanna að skipunartími þeirra verði miðaður við 4—6 ár í senn. Ríkisstj. beiti sér fyrir nauðsynlegum lagabreyt. í samræmi við þessa ákvörðun.“

Umsvif ríkisins og stofnana á þess vegum hafa vaxið jafnt og þétt á síðari árum. Við getum í sjálfu sér deilt um hvort sú þróun sé jákvæð eða neikvæð. En það skiptir ekki máli í þessu sambandi vegna þess að við erum sjálfsagt flest sammála um að vegna þessarar þróunar, vegna þessara auknu umsvifa og fleiri verkefna og vaxandi áhrifa ríkisstofnana sé nauðsynlegt að veita þeim meiri athygli hvað innviði þeirra snertir. Hvort sem okkur líkar betur eða verr að völd og verkefni safnist á hendur opinberra stofnana, þá getum við sameinast um það markmið, að viðkomandi stofnanir séu virkar og veiti þá þjónustu og sinni þeim verkefnum sem lög bjóða og almenningur þarfnast. Stjórnsýsla þarfnast aðhalds og aðgáts og það er engri stofnun og engum embættismanni til góðs að sleppa við umræður og eftirlit eða þá að þeir njóti þeirrar aðstöðu að vera yfir gagnrýni hafnir. Hér dugar ekki til almenningsálit, heldur verður stjórnkerfið

sjálft að fela í sér möguleika til aðhalds og breytinga. Það þarf að vera opið og í samræmi við lýðræðislega stjórnarhætti án þess þó að það sé á kostnað öryggis og festu.

Ein af þeim leiðum, sem bent hefur verið á, er að takmarka ráðningartíma opinberra starfsmanna og þá einkum þeirra sem ábyrgðar- og forustustörfum gegna. Slík regla ætti að afstýra því að menn dagi uppi í stjórnsýslunni, staðni eða verði svo vissir með sig að þeir gerist værukærir eða duglausir. Þessi regla, sem hér kemur fram í till., er ekki hugsuð til þess að henni verði beitt í pólitísku skyni, heldur sem aðhald fyrir embættismennina sjálfa og þær stofnanir sem þeir starfa við.

Hv. allshn. hefur skoðað þessa till. og hún mælir einróma með samþykkt hennar með þeirri breyt. að til viðbótar komi, að hún eigi jafnframt við um starfsmenn ríkisstofnana, þannig að upphaf till. hljóði þá svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka upp þá reglu við skipun háttsettra opinberra starfsmanna og starfsmanna ríkisstofnana.“ N. vísaði þessu máli til umsagnar Bandalags háskólamanna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fékk jákvæðar umsagnir frá báðum þessum aðilum, en Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vakti athygli á að sérstök nefnd hafi verið skipuð af fjmrh. til að endurskoða lög nr. 38 frá 1944, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og telur eðlilegt að umrætt mál verði tekið þar til athugunar. N. er þeirri málsmeðferð samþykk og kemur þessari ábendingu á framfæri um leið og hún, eins og fyrr segir, mælir með samþykkt till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kaupþing, þáltill. (þskj. 400, n. 661). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. 207. mál Alþ. er till. til þál. um kaupþing: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að sett verði á stofn kaupþing á vegum Seðlabanka Íslands.“

Í lögum um Seðlabanka Íslands er heimild til að stofna og reka kaupþing, en sú heimild hefur enn ekki verið nýtt. Flm. þessarar till. telja að nú sé grundvöllur fyrir því að setja á fót kaupþing sem jafnframt sinni sölu verðbréfa og annarra hliðstæðra skuldabréfa. Allshn. telur að þessi till. og þessar forsendur eigi við rök að styðjast og telur rétt fyrir sitt leyti að þrýsta á að slíkt kaupþing verði sett á fót og því mælir n. einróma með því að þessi till. til þál. verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afnotaréttur þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum, þáltill. (þskj. 457, n. 662). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Á þskj. 457 er lögð fram till. til þál. um afnotarétt þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum. Hún er flutt af 6 hv. þm. úr öllum þingflokkum. Þar segir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hefja undirbúning að því að skipulögð verði sumarbústaðalönd á ríkisjörðum til afnota fyrir þéttbýlisbúa og láta semja frv. að lögum um þetta efni sem lagt verði fyrir næsta Alþingi“.

Allshn. Sþ. hefur tekið þessa till. til meðferðar og hefur skilað frá sér svo hljóðandi nál.:

„Í vaxandi mæli hefur komið til átaka milli þeirra, sem búa í þéttbýli, annars vegar og þeirra, sem til sveita eru, hins vegar, vegna eignar- og þó einkum afnotaréttur á lítt nytjuðum landssvæðum. Afstaða beggja er skiljanleg. Þéttbýlisbúar vilja njóta útivistar og sumardvalar í sambýli við náttúruna, en hinir, bændur og dreifbýlisfólk, vilja vernda gróðurlönd og afréttir fyrir ágangi.

Þessi till. er flutt til að sætta sjónarmiðin. Hún á að gera fólki kleift að fá til einkaafnota nokkurt land sem þó yrði háð skilyrðum um gróðurvernd, ræktun og hóflega umgengni. Ríkissjóður á nú um 900 jarðir sem sumar hverjar eru lítt eða ekki nytjaðar, og styður n. þá hugmynd að þær jarðir, sem ekki eru í ábúð og hentugar eru til skipulagningar sumarbústaðalanda séu til þess nýttar.

N. mælir með samþykkt þáltill. Fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Jónas Árnason.“

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í sambandi við þessa till. vil ég lýsa stuðningi við hana, en geta þess jafnframt að landbrn. hefur látið vinna nokkra undirbúningsvinnu að þessu máli og er tilbúið að verulegu leyti með svæði í sambandi við jörð þá sem það keypti austur við Gunnarsholt, að nokkur hluti af því landi verði notaður í þessu skyni. Á öðrum stað hefur þetta einnig verið tekið upp, en mest hefur þó verið unnið að þessu máli þarna austur frá. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að að þessu verði unnið og tel þetta mikið nauðsynjamál.

Eyjólfur K. Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins fá tækifæri til að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessarar till. og jafnframt hæstv. landbrh. fyrir orð hans og stuðning við þetta mál. Það gleður mig að heyra að nokkuð skuli hafa verið að þessu unnið. Þessi hugmynd kom fram á síðasta þingi og till. var þá ekki útrædd, en væntanlega verður hún nú samþ. á þessu þingi. Ég held að þetta sé mál sem landsmenn allir eigi að geta sameinast um, en það ber til þess nauðsyn að setja um þetta fastar reglur í lögum, að ég hygg og síðan þá reglugerðarákvæði jafnvel líka, og gjarnan mætti sú löggjöf fjalla um nokkru víðara svið þ. e. a. s. um umgengnisreglur, umgengnisrétt á landssvæði, óbyggðu landssvæði. Það þarf nauðsynlega að koma þar á föstum reglum vegna þess að hætt er við vaxandi árekstrum milli þeirra, sem um landið vilja ferðast, og hinna, sem telja sig hafa afnotaeða eignarrétt á landinu. Brýna nauðsyn ber til þess að leitast við að sætta sjónarmið manna í þessu efni og koma í veg fyrir árekstra sem ella er hætt við að gætu orðið en ekki þurfa að

verða. Ég held þess vegna að það sé eðlilegt að sérstök löggjöf verði um þetta sett og treysti því að hæstv. landbrh. beiti sér fyrir því að frv. að henni verði tilbúið nú í haust og þá gjarnan nokkuð viðtækari en eingöngu um þessi sumarbústaðalönd, afnotarétt af þeim og hvernig þeim málum verði fyrir komið, eins og ég áður gat um.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir efni þessarar till. og ég er, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, á sama hátt þakklátur fyrir hans undirtektir við málið. En ég vil benda á það hér að mér sýnist, að þótt sú úrlausn sé góðra gjalda verð, sem hér er áformað að gera og væntanlega verður samþ., þá er þetta mál miklu stærra og í sambandi við það mjög nauðsynlegt að setja heildarlög um sumarbústaði yfirleitt, ekki einungis um að setja upp sumarbústaðahverfi á ríkisjörðum, heldur alhliða löggjöf um sumarbústaði. Og þegar maður hugleiðir þessa þörf sem ég veit að alþm. almennt eru hér sammála um að sé fyrir hendi, þá hlýtur það jafnframt að koma í hugann að skipulagning á löndum dreifbýlisins er nauðsynjamál nú orðið og þyrfti að taka þetta málefni allt í einu til athugunar og semja lög um skipulagningu þess eins og þéttbýlissvæða.

Ég vildi aðeins við þessa umr., fyrst tækifæri gafst, benda á þetta nauðsynjamál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lagning aðflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar, þáltill. (þskj. 607). — Ein umr.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Hæstv. forseti. Sú þáltill., sem liggur hér fyrir hæstv. Alþ., er um aðflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar. Fyrir frumkvæði fyrrv. orkumrh. var lagður grundvöllur að samtengingu raforkusvæðanna og gerð áætlun um nýtingu innlendrar orku til húshitunar. Í þeim landshlutum, þar sem jarðvarmi var ekki finnanlegur, þótti einsýnt að raforkan ein kæmi til greina. Á Austurlandi varð því að treysta á stórauknar framkvæmdir í raforkumálum, og með virkjun Lagarfoss var reynt að bæta úr brýnustu þörf í því efni. En mikið vantar á að markinu sé náð. Með ákvörðun um virkjun Bessastaðaár hillti undir mikilvægan áfanga til lausnar á orkuvanda Austurlands en því miður virðist þar hafa komið í ljós að rannsóknir á virkjunarmöguleikum á þessum stað séu ekki nógu ítarlegar. Þessum rannsóknum þarf að hraða svo að leitt verði sem fyrst í ljós hvort hagkvæmt sé að reisa virkjun á þessum stað eða horfið verði til einhverra annarra ráða. Það virðist samt einsýnt að flutningslínu verður að leggja t. d. milli Norðurlands og Austurlands og það mjög fljótlega, þó að það hljóti að ráðast að nokkru af því hver framvinda mála verður um byggingu orkuvera á Austurlandi hvenær í slíka framkvæmd verður ráðist.

Í skýrslu, sem áætlunardeild Rafmagnsveitna ríkisins gerði á s. l. hausti um orkuöflun og orkudreifingu á Austurlandi, var gert ráð fyrir því að Hornafjarðarveita og Vopnafjarðarsvæðið yrðu tengd meginsvæðinu á Austurlandi strax á árinu 1976, en hagkvæmara er talið að tengja Bakkafjörð við Laxárvirkjunarsvæðið.

Eins og fram kemur í grg. með till. eru svæðin fjögur eða fjórar einingar, en langsamlega er þó það svæði stærst þar sem Grímsár- og Lagarfossvirkjun starfa, en það spannar allt frá Borgarfirði eystra til Lónsheiðar.

Í þessari þáltill. er lagt til að háspennulína, aðalflutningslína, verði lögð milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar, eins og ég sagði áðan, um Djúpavog. Á Hornafirði er nú þann veg komið að leyfi til húsahitunar með rafmagni fæst ekki lengur. Þeir húsbyggjendur, sem standa í byggingarframkvæmdum, verða að leita annarra ráða, miklum mun dýrari, við uppsetningu hitunarkerfis í húsin en ef um væri að ræða rafhitun. Venjuleg olíukynt vatnsmiðstöð er t. d., að talið er, þrisvar sinnum dýrari í uppsetningu en rafmagnsofnar. Þetta hefur reynsla undanfarinna ára sýnt.

Þegar Smyrlabjargaárvirkjun kom til sögunar voru öll ný hús, sem byggð voru eftir það, höfð með rafmagnshitun og rafhitun sett í nokkur hinna eldri húsa, einkum í sveitunum. Þegar sú sjálfsagða þróun að rafhita hús er rétt að komast á rekspöl, þá er vélaraflið þrotið, Smyrla, eins og hún er kölluð, fullnýtt og óvissa hvernig úr verði bætt á varanlegan hátt. Með dísilvélum er að sjálfsögðu leystur allra brýnasti vandinn, en rekstrarkostnaður, sem af því leiðir, óheyrilega mikill. Það kostar líklega um 12 kr. að framleiða 1 kwst. með þessum hætti.

Á s. l. ári var framleiðsla raforku á Hornafjarðarsvæðinu með dísilvélum um 1,5 gwst. og beinn framleiðslukostnaður 15—17 millj. kr. Í vatnsaflsstöðinni á Smyrlabjörgum var orkuframleiðslan um 8.4 gwst. og framleiðslukostnaðurinn rúmar 14 millj., ef hver kwst. er reiknuð á 1.70, eins og hún er talin kosta samkvæmt útreikningum frá Rafmagnsveitum ríkisins.

Á þessu ári má gera ráð fyrir að aukning á notkun raforku verði um 20% og ársframleiðslan verður þá um 11.9 gwst. Samkv. orkuspám fram til 1980 mundi dæmið þá líta þannig út að 1976 yrði um 15% aukningu að ræða og orkusalan þá um 13.6 gwst., næsta ár, 1977, 13% aukning frá árinu áður og svo er reiknað með 13%, síðan 11% 1979 og 10% 1980. En þá er talið að orkuframleiðslan muni vera um 21.5 gwst. ef að líkum lætur.

Allri þessari aukningu yrði að sjálfsögðu að mæta með aukinni dísilvélanotkun ef ekkert annað kæmi til. Þessi framleiðsla mundi þá kosta að óbreyttu verðlagi á olíu rúmar 500 millj. kr., auk þess að á árinu 1978, strax á árinu 1978, yrði vafalítið um vöntun á afli að ræða þrátt fyrir það að tekin verði í notkun ný 2 mw. dísilvél á þessu ári.

Samkvæmt staðgóðum upplýsingum er sala á olíu til húsahitunar um 250 þús. lítrar á mánuði í Austur-Skaftafellssýslu, að Öræfasveit undanskilinni. Það kostar þá 5 millj. kr. á mánuði eða 60 millj. á ári og þessi tala mun að sjálfsögðu hækka frá ári til árs þegar húsbyggjendur fá ekki lengur rafmagn til upphitunar.

Með þessum tölum hér að framan er ég ekki að opinbera nein ný sannindi, þessi feikna kostnaður er að sjálfsögðu öllum ljós, og þó að ég taki hér dæmi úr mínu byggðarlagi þá gerist þetta víðar á landi hér.

Með þeirri línulagningu, sem till. þessi gerir ráð fyrir, verður um leið leyst annað vandamál sem nú þegar er fyrir hendi, það er öryggið á syðri hluta núv. veitusvæðis Austurlands, svæðinu frá Fáskrúðsfirði til Djúpavogs. Á þessu svæði er nú um verulegt spennufall að ræða svo að hafa verður dísilvélar í gangi a. m. k. um háálagstímann. Flutningsgeta línunnar er afar takmörkuð á þessari leið og möguleikar til aukningar á rafmagnsnotkun því takmarkaðir.

Þáltill., sem hér liggur fyrir, er flutt til að fara fram á úrbætur á aðkallandi vanda. Verkefni sem þessi eru að hrannast upp víðs vegar um landið, einkanlega eftir að olían margfaldaðist í verði. Þrátt fyrir það skortir okkur upplýsingar um áætlanir í raforkumálum úti á landsbyggðinni, hvað sé áætlað um rafhitun húsa í næstu framtíð. Á þessari stundu bíðum við eftir haldgóðri áætlun í þessu efni og sú bið hefur orðið með meiri óþreyju eftir að samþykkt var að reisa málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Landsbyggðin beið ekki eftir þeirri framkvæmd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framfærslukostnaður, þáltill. (þskj. 559). — Ein umr.

Flm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þm. í svonefndri mþn. um byggðamál leggja fram á þskj. 559 till. til þál. um athugun á framfærslukostnaði. Þetta eru þm. úr öllum flokkum, nema Alþfl., en meðlimur n. úr þeim flokki á ekki setu á Alþ.

Í þessari till. er lagt til að ríkisstj. feli Hagstofu Íslands að reikna út framfærslukostnað a. m. k. á einum stað í hverjum landsfjórðungi, þessari athugun verði hraðað, þannig að niðurstöður liggi fyrir um endurskoðun á vísitölugrundvelli.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þær deilur sem eru stöðugt við samanburð á framfærslukostnaði í Reykjavík og hinum ýmsu landshlutum. Ýmsir hlutir eru að sjálfsögðu kostnaðarmeiri á landsbyggðinni, eins og t. d. vöruverð og margt fleira, það er óumdeilanlegt. Hins vegar er einnig kostnaður að öðru leyti meiri hér í höfuðborginni.

Byggðanefnd telur ákaflega mikilvægt að fá þetta skoðað og telur raunar að skoðun á þessu sé nokkur grundvöllur að áframhaldandi störfum n. Hún mun leggja áherslu á að skila endanlegu áliti sínu fyrir áramótin n. k. Þetta hefur verið skoðað af n. og raunar reynt að fá þennan samanburð gerðan en því miður hefur það ekki tekist, fjármagn hefur ekki fengist til þess. Þetta er kostnaðarsöm athugun ef einkaaðilar eru fengnir til þess að annast hana. Hins vegar ætti Hagstofa Íslands að geta gert þetta mjög auðveldlega. Slík athugun er í hennar verkahring. Og þar liggur allur grundvöllur og öll þekking fyrir.

Það er einlæg von n. að þessi þáltill. fáist afgreidd nú, þannig að slíkur samanburður geti legið fyrir fljótlega, ekki aðeins, eins og kemur fram í till., vegna endurskoðunar vísitölugrundvallarins, heldur einnig, eins og ég sagði áðan, vegna áframhaldandi starfs nefndarinnar.

Ég hefði að sjálfsögðu getað flutt um þetta langa ræðu og hefði gjarnan viljað rekja þetta mál nokkuð ítarlega, en það vil ég ekki gera nú. Ég met það við hæstv. forseta að fá að koma till. til n., og í þeirri einlægu von, að hv. formaður allshn. vilji koma einu sinni enn í ræðustólinn áður en þingi er slitið, ætla ég að leyfa mér að leggja til að þessari till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 79. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Íslensk stafsetning, þáltill. (þskj. 715). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjáraukalög 1971, frv. (þskj. 35, n. 655). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1972, frv. (þskj. 427, n. 656). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Kaup ríkissjóðs á húsakosti á Flateyri á Skjálfanda, þáltill. (þskj. 30, n. 668). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 668 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 40 shlj. atkv.

Atvinnumál aldraðra, (þskj. 40, n. 658). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 658 samþ. með 41 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 745).

Afnám vinveitinga á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 47, n. 527, 84). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 527 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 32:10 atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, þáltill. (þskj. 173, n. 636). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 636 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 746).

Hafís fyrir Norðurlandi, þáltill. (þskj. 303, n. 652). — Frh einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 652 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 747).

Ráðstafanir til spærnaðar á gjaldeyri, þáltill. (þskj. 352, n. 653). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 748).

Virkjun Suður-Fossár á Rauðasandi, þáltill. (þskj. 53, n. 669). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 749).

Hafnaáætlun 1975—1978, þáltill. (þskj. 408). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og til fjvn. með 39 shlj. atkv.

Félagsmálasáttmáli Evrópu, þáltill. (þskj. 551, n. 663). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 757).

Ellilífeyrisgreiðslur til lífeyrissjóðsfélaga. þáltill. (þskj. 75, n. 660). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 660 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 36 shlj. atkv.

Rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum, þáltill. (þskj. 247, n. 610). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 610 samþ. með 40 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 758).

Skipunartími opinberra starfsmanna, þáltill. (þskj. 345, n. 611). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 611 samþ. með 43 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 759).

Kaupþing, þáltill. (þskj. 400, n. 661). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32:6 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 760).

Afnotaréttur þéttbýlisbúa af sumarbústaðalöndum, þáltill. (þskj. 457, n. 662). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn till. samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 761).

Lagning aðflutningslínu milli Grímsárvirkjunar og Hornafjarðar, þáltill. (þskj. 607). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framfærslukostnaður, þáltill. (þskj. 559). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 90. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, að loknum fundi í Sameinuðu þingi.

Ættleiðing, frv. (þskj. 468). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnaðarmálagjald, frv. (þskj. 623, n. 732). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um iðnaðarmálagjald, 286. mál, og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim breyt. sem koma fram á nál. á þskj. 732. Þó eru nm. með þann fyrirvara að þeir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt. og Stefán Jónsson er með sérstakan fyrirvara.

Það er best að segja það umbúðalaust að þetta er eitt af þeim vandræðamálum sem rekur á okkar fjörur á síðustu dögum Alþ.

Raunar finnst mér sem form. iðnn. óafsakanlegt að afgreiða það með þeim flýti sem áhersla er lögð á. Hér er um nýtt gjald og nýjan stofn, frádráttarbæran frá sköttum, að ræða og enn eitt gjaldið sem ekki skal leggjast við vöruverð eða þjónustu iðnfyrirtækja, og allt hlýtur þetta að krefjast allumfangsmikillar endurskoðunar á ýmsum eyðublöðum og öðru sem þessu fylgir. Hitt er hins vegar staðreynd, að frv. þetta var tilbúið þegar 94. löggjafarþing sat, en ekki lagt fram vegna formgalla sem á því komu fram.

Það er einnig staðreynd að þrír aðilar iðnaðarins, Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna og Samband ísl. samvinnufélaga, leggja allir ríka áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga.

Í fáum orðum felst í þessu frv. 0.1% gjald, iðnaðarmálagjald, sem skal leggjast á allan iðnrekstur í landinu sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald, og skal þetta gjald samkv. frv. síðan skiptast á milli Sambands ísl. samvinnufélaga að því leyti sem nemur greiðslum iðnaðarfyrirtækja Sambandsins og kaupfélaganna, en eftirstöðvar iðnaðarmálagjalds skiptast að jöfnu á milli Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna. Fram er tekið í lögunum að þessu gjaldi skuli varið til þess að efla íslenskan iðnað hjá þessum aðilum öllum og upplýst er í grg. frv. að á árinu 1974 hefði gjald þetta numið 18.2 millj. kr.

Ég fyrir mitt leyti er því sammála að þessi samtök þurfi sannarlega að taka til höndum og vinna ötullega að eflingu iðnaðar. En hins vegar sýnist mér að um það megi deila hvort ekki sé í raun og veru hér um tekjur til rekstrar þessara samtaka að ræða. Segja má að öll starfsemi þessara samtaka stuðli að eflingu iðnaðar og þar fari þetta tvennt saman. Á það er bent í grg. með frv. að svipaður háttur sé á hafður bæði í landbúnaði og sjávarútvegi þar sem innheimt er annars vegar sérstakt gjald og hins vegar hluti af útflutningsgjöldum sem renna til samtaka þessara atvinnugreina. Hér er því í raun og veru verið að lögbinda ákveðið gjald iðnaðarins til þess að standa undir kostnaði við sameiginleg samtök iðnaðarins.

Þetta frv. er í megindráttum undirbúið af Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna og Sambandi ísl. samvinnufélaga, og eins og ég sagði áðan liggur fyrir bréf frá þessum samtökum, dags. 1. mars 1974, þar sem þessi samtök leggja á það ríka áherslu að frv. verði samþ. hið fyrsta. Segir þar, með leyfi forseta, í síðustu málsgr.:

„Samtökin vænta þess að með þessum breytingum hafi svo verið úr bætt að unnt verði að leggja málið sem fyrst fram á Alþ. sem stjórnarfrumvarp.“

Þarna er vísað til þess sem ég sagði áðan, að á upphaflegu frv. kom fram formgalli. Því var vísað aftur til þessara samtaka og þau gerðu með bréfi þessu brtt. í þremur liðum sem hafa verið teknar inn í frv. Frv. hefur síðan verið yfirfarið af lögfræðingum og öðrum trúnaðarmönnum iðnmrn. og lagt fram í því formi sem það er nú.

Mér sýnist ekki ástæða til að rengja að þessi þrjú meginsamtök iðnaðarins leggi áherslu á að þetta frv. verði samþ. Undirskriftir forustumanna þessara samtaka liggja fyrir. Hins vegar vöknuðu ýmsar spurningar í meðferð iðnn., eins og t. d. þær hvort ýmsum iðnfyrirtækjum væri ekki með þessu gert að skyldu að greiða þetta gjald sem síðan rynni til félagssamtaka sem þau væru ekki aðilar að. Það var upplýst á fundi sem hæstv. iðnrh. mætti á með fulltrúa frá Landssambandi iðnaðarmanna og ráðuneytisstjóra iðnrn. að svo væri. N. taldi því nauðsynlegt að kanna nokkru betur hve víðtækt þetta væri. Fyrir hönd n. hafði ég samband við Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, en innan hennar vébanda munu vera veigamestu félögin sem eru utan þessara samtaka. Staðfest var í því samtali að ekki hefur verið haft samband við Sölustofnun lagmetisiðnaðarins. Framkvæmdastjóri þeirra samtaka lagði áherslu á, þó með fyrirvara um viðhorf sinnar stjórnar, að samtökin vildu gera kröfu til þess að þau fengju þá að sínum hluta þetta gjald til sín, enda yrði því varið til eflingar lagmetisiðnaðarins í landinu. Ég hef einnig leitað upplýsinga um aðrar iðngreinar og ekki fundið að aðrar iðngreinar sem slíkar séu utan þessara samtaka. M. a. hafði ég samband við Samband málm- og skipasmiðja sem eru mjög stór samtök og raunar að ýmsu leyti stærri en Félag ísl. iðnrekenda. Upplýst var að samráð hefur verið haft við þau samtök. Aðilar að þeim samtökum eru aðilar að Landssambandi iðnaðarmanna og mæla eindregið með því að þetta frv. verði samþ.

Iðnn. ákvað, að fengnum þessum upplýsingum, að gera þá breyt. sem talin er upp í 2. lið brtt., að við bætist nýr liður, svo hljóðandi:

„Upphæð, sem svarar til iðnaðarmálagjalds lagmetisframleiðenda sem eru aðilar að Sölustofnu lagmetisiðnaðarins, skal renna til þeirra samtaka sem ráðstafa þeim hluta til eflingar lagmetisiðnaðinum í landinu.“

Auk þess taldi iðnn. við yfirferð á frv. að í tveimur minni háttar atriðum væri rétt að gera till. til breyt. og eru þær í fyrsta lagi við 1. málsgrein 1. gr. þar sem segir í frv.: „fyrirtæki í einkaeign opinberra aðila eru undanþegin“ o. s. frv. komi: fyrirtæki að öllu leyti eign opinberra aðila. Þetta er orðalagsbreyting. Við kunnum ekki við að tala um einkaeign opinberra aðila. Í síðustu málsgr. 1. gr. segir: „Óheimilt er að leggja gjaldið við útsöluverð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja“. Okkur sýnist óljóst hvað þarna er við átt, t. d. hvort með þessu væri þá heimilt að leggja þetta gjald á framleiðsluverð eða verð frá verksmiðju þótt það fengist síðar ekki tekið inn í útsöluverð til neytenda. En eftir viðræður við hæstv. iðnrh. og hans menn sýnist okkur ljóst að hér muni vera átt við það að þetta gjald leggist hvergi á verð vörunnar og viljum því breyta þessu svo að í stað „við útsöluverð“ komi: við verð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja.

Eins og komið hefur fram í mínum orðum, þá er ég ekkert sérstaklega hress yfir því að afgreiða slíkt frv., nýtt gjald, með svo stuttum fyrirvara og verð að átelja það harðlega að þetta frv. skuli ekki vera lagt fram langtum fyrr. Bréf umræddra aðila iðnaðarins liggur fyrir frá 1. mars 1974, en frv. er ekki lagt fram fyrr en nú á síðustu dögum þingsins. Þótt ég fallist á að afgreiða þetta mál í þeirri sannfæringu, að hér sé fyrst og fremst verið að verða við ósk þessara aðila, og í þeirri von, að okkur hafi tekist að leiðrétta það sem betur mátti fara í frv., verð ég að taka það skýrt fram að ég er alls ekki sannfærður um að við höfum skoðað þetta frv. svo vel sem skyldi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. iðnn. með fyrirvara svo sem formaður n. greindi frá. Ég er formanni fyllilega sammála um að frv. það, sem hér um ræðir, hafi alls ekki verið nógu vandvirknislega undirbúið og hvergi nærri svo. Það kom fyrir iðnn. þessarar hv. d. eftir að hafa legið heilt ár í endursmíð hjá rn. og að því er sagt er fengið vandlega yfirferð þriggja lögfræðinga rn., en þó var það meira að segja þann veg orðað að í meginatriðum var ekki auðvelt fyrir meðalgreinda menn, eins og ég hygg að nm. í iðnn. séu, að skilja það. Iðnn. gafst ekki heldur tækifæri til að ganga úr skugga um það hvernig á því stendur að aðalfundir þeirra samtaka, sem samkvæmt bréfi standa að frv., hafa ekki beinlínis samþykkt þetta 0.1% gjald á félagsmenn? Til þess hefur okkur ekki gefist tækifæri til að ganga úr skugga um þetta. Þar af leiðandi er iðnn. alls ekki ljóst hvort hér er um að ræða vafasamt uppátæki af hálfu stjórna þessara samtaka, uppátæki án samþykktar eða vilja meiri hl. samtakanna, eða hvort hér býr að baki vilji samtakanna sjálfra. Ég hef rökstudda ástæðu til þess að ætla að hér sé beinlínis um að ræða að það sé verið að fá hæstv. Alþ. til þess að samþ. þá kvöð á ríkissjóð að hann taki að sér að rukka inn félagsgjöld fyrir illa skipulögð samtök sem kynnu þá kannske að verja þessu fé eftir því. Ég er þeirrar skoðunar að þrátt fyrir allmikla eftirgangsmuni, þó einkum af hálfu Landssambands iðnaðarmanna, um að málið verði samþ. á þessu þingi, enda þótt iðnn. hafi ekki einu sinni gefist sómasamlegur tími til þess að athuga frv., þá liggi ekkert á að afgr. þetta frv., það sé ekki hundrað í hættunni, nema síður sé, að láta það bíða haustþingsins, þannig að n. fái eðlilegan tíma og eðlilega möguleika til að athuga efni frv.

Það er ekki að öllu leyti notaleg tilhugsun að þeim brögðum kunni að verða beitt að leggja fram frv. af þessu tagi á allra síðustu starfsdögum þingsins, beinlínis vegna þess að það er vitað að þá gefst ekki tóm til þess að athuga málið nógu rækilega. Hér er að vísu um að ræða 0.1% álag, en þess ber að geta að þegar búið er að færa þetta álag í lög, þá kann að verða auðveldari eftirleikurinn að fá álagið hækkað. Ég er persónulega þeirrar skoðunar að miklu réttara hefði verið að taka inn þetta fé með hækkun á iðnlánasjóðsgjaldi, það hefði verið hægt að ná því inn á þann veg ef vilji hefði verið fyrir hendi. Ég er sem sagt hræddur um að hér sé undirbúningurinn svo tæpur að ekki sé forsvaranlegt að samþ. frv. á þessu þingi, það þurfi nánari athugunar. Ég lýsi yfir samúð minni með formanni iðnn. þessarar hv. d. sem hefur lent í þeirri klemmu að þurfa að mæla með afgreiðslu frv. á þessu stigi. Af þessum sökum mun ég þrátt fyrir þau meðmæli frá stjórn samtakanna, sem frv. fylgja, greiða atkv. gegn því.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég þakka hv. iðnn. fyrir skjóta afgreiðslu málsins og hv. frsm., 2. þm. Vestf., fyrir framsögu hans í málinu.

Það, sem veldur því að ég tel rétt að segja nokkur orð, er ræða hv. 5. þm. Norðurl. e. sem er einn nm. Það er í fyrsta lagi að hann skrifar undir nál. með fyrirvara, en n. í heild mælir með samþykkt frv. Þegar menn skrifa undir meðmæli með frv., en hafa fyrirvara, er gert ráð fyrir að menn hugsi sér kannske að flytja brtt. við það, en þessi hv. þm., sem mælir með frv. með fyrirvara, lýsir svo yfir í ræðustól að hann muni greiða atkv. á móti því. Þetta er, held ég, nokkuð óvenjuleg afstaða. Látum það vera. Hitt er lakara, að í ræðu hans kom fram margvíslegur misskilningur á gangi þessara mála og óskiljanlegar fullyrðingar. Hann talar um að það sé verið að beita Alþ. brögðum með flutningi þessa máls. Ég tel rétt að skýra frá því að þetta mál var undirbúið af fyrrv. ríkisstj., þannig að þau þrenn samtök sem hér eiga hlut að máli, Landssamband iðnaðarmanna, Félag ísl. iðnrekenda og Samband ísl. samvinnufélaga, höfðu sameiginlega óskað eftir því við fyrrv. ríkisstj. að málið yrði flutt. Fyrrv. ríkisstj. var búin að samþ. að málið skyldi flutt, en áður en það yrði kom í ljós nokkur formgalli á frv. þannig að ekki varð af því. Sá formgalli var svo lagaður og frv. lagt fram nú eftir að þetta hafði verið lagfært. Ummæli í þá átt að verið sé að beita Alþ. brögðum með framlagningu frv. eru óskiljanleg með öllu.

Varðandi það atriði hjá hv. þm. að það séu aðeins nokkrar stjórnir eða ráðamenn sem óski

eftir þessu, en ekki félagsmenn almennt, þá er rétt að taka fram í fyrsta lagi að þetta frv. er mjög hliðstætt lögum sem áður hafa verið samþ. varðandi búnaðarmálasjóðsgjald sem leggst ekki á verð vöru, heldur er greitt af bændum sjálfum, og það gjald rennur til Stéttarsambands bænda og búnaðarfélaganna. Þetta var lögfest á sínum tíma eftir beiðni samtakanna, og mér er ekki kunnugt um að farið hafi fram allsherjaratkvgr. meðal allra bænda í landinu um stuðning við það. Á sömu lund er með hluta af útflutningsgjaldi á sjávarafurðum sem rennur til samtaka útvegsmanna og einnig var ákveðið eftir beiðni þessara samtaka. Mér er ekki kunnugt um að fram hafi farið allsherjaratkvgr. meðal þeirra sem þar eiga hlut að máli. Er því ekki fremur ástæða til þess nú í þessu tilviki en varðandi hin fyrri hliðstæðu tilvik, búnaðarmálasjóðsgjald og útflutningsgjald. Þegar hv. þm talar um að þetta sé háskalegt fordæmi og þó að það sé nú aðeins um 0.1% að ræða, þá sé viðbúið að það hækki síðar, þá gleymir hv. þm. því ger samlega að þetta gjald á alls ekki að leggjast á vöruna, það kemur alls ekki fram í verði hennar, heldur eru það framleiðendur sjálfir sem taka þetta gjald á sig, þannig að það, sem þetta frv. felur í sér, er eingöngu innheimtuaðferðin. Það eru því ekkert sérstaklega sterkar líkur fyrir því að þeir aðilar, sem eiga sjálfir að greiða gjaldið án þess að mega taka það inn í verð vörunnar, fari svo að óska eftir verulegum hækkunum á því gjaldi. Ég tel það heldur ólíklegt.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið, en aðeins taka fram að þær brtt., sem fluttar eru af n., eru fyrst og fremst orðalagsbreytingar, þ. e. a. s. 1. a og b, en brtt. í 2. tölulið er efnisbreyting og hún er í samræmi við óskir frá Sölustofnun lagmetisiðnaðarins um að það gjald, sem fellur til af þeirri atvinnugrein, renn til þeirrar sölustofnunar, og tel ég það eðlilega ósk. Ég vænti þess, um leið og ég endurtek þakklæti til n. og frsm. hennar, að hv. d. fallist á að samþ. frv.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef rökstuddan grun um að hæstv. iðnrh. hafi ekki verið miklu ánægðari með það en ég hversu seint þetta frv. kom fram og hvernig málið var raunverulega í pottinn búið. Það þóttist ég skilja á máli hans á fundi með okkur í iðnn., að hann hefði gjarnan viljað að allt þetta hefði verið betra. Ég þarf víst að kveða skýrar að orði um það en ég gerði í fyrri ræðu minni að ég er alls ekki viss um að þetta mál sé slæmt, en ég tel aftur á móti að iðnn. hafi ekki gefist nægur tími til þess að fjalla um þetta mál og kynna sér það. Ég er þeirrar skoðunar eða a. m. k. hef ekki verið sannfærður um annað en að réttara væri að fresta málinu til haustþings, eins og ég sagði fyrr, þannig að n. gefist tími til að kynna sér þetta mál.

Ég ítreka það að ég er alls ekki viss um, ég hef ekki fengið tækifæri til þess að kanna það, að þetta mál sé slæmt. Það kann vel að vera að málið sé raunverulega þess eðlis að ég vildi styðja það. Hitt þykir mér dálítið tortryggilegt, að ekki skuli liggja fyrir samþykkt frá aðalfundi Landssambands iðnaðarmanna þar sem mælt er með gjaldi á borð við þetta.

Allsherjaratkvgr. fór ekki fram meðal bænda á sínum tíma um samsvarandi gjald af landbúnaðarvörum, en ég man ekki betur en að tillaga þar að lútandi væri samþykkt með miklum meiri hl. atkvæða á aðalfundi Stéttarsambands bænda þannig að fyllilega eru þessi mál ekki sambærileg. Ég segi sem svo að ég treysti mér ekki til þess að lýsa yfir því að ég telji þetta frv. rangt og að ég sé efnislega á móti því, en ég tel rangt að afgr. það nú með þessum flýti. Vegna málsmeðferðarinnar mun ég því greiða atkv. gegn því á þessu þingi.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega um þetta mál, en ég vildi gera eina stutta aths. sem ég kom á framfæri við n., en sé að hún hefur ekki séð sér fært að taka til greina.

Það hefur verið unnið að því að undanförnu og verður unnið að því í framtíðinni að fækka þeim gjöldum sem eru lögð á, og reynt að sameina þau. Hér fáum við nýtt gjald, iðnaðarmálagjald, sem er lagt á sama gjaldstofn og iðnlánasjóðsgjald. Að mínum dómi hefði verið mun einfaldara að sameina þetta gjald iðnlánasjóðsgjaldinu — iðnlánasjóðsgjald er 0.5% — og þessir aðilar fengju þá 1/6 hluta af því gjaldi. Eftir því sem fleiri gjöld eru lögð á þeim mun meiri skriffinnska, þeim mun meiri útreikningar. Það þarf nýjan dálk í allar skattskrár, það þarf nýjan reit á alla skattseðla til fyrirtækja og einstaklinga með rekstur. Ég hefði talið að það færi betur á því, þegar slík smágjöld eru lögð á, að hugað sé að því að sameina þau við önnur gjöld sem eru reiknuð af sama gjaldstofni.

Ég vildi biðja hæstv. ráðh. að taka þetta til athugunar því að ég veit að allir alþm. hljóta að vera sammála um að okkur beri að stuðla að því að það sé sparnaður í opinberum rekstri.

ATKVGR.

Brtt. 732, 1 a samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 732, 1 b samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 272,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fljótsdalsvirkjun, þáltill. (þskj. 695). — Ein umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég vil nú fyrst benda á það, þó að það skipti ekki máli hér varðandi dagskrá, að nafnið á þessari ágætu till., eins og það er í dagskránni, er rangt því að fyrirsögn till. frá Nd. er till. til þál. um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar, en ekki um beislun orku og orkusölu á Austurlandi. Hlýtur það að teljast réttara og till., svo breytt, getur hlotið minn stuðning þó að ég hafi allan fyrir-

vara á um stuðning við þá virkjun sem þarna kæmi til athugunar þegar könnun eða rannsókn lægi fyrir.

Þessi till. var flutt á þinginu í fyrra. Ég mælti þá gegn þessari till. mjög ákveðið og það gerði reyndar einnig hv. 1. þm. Austf. þáv., Eysteinn Jónsson. Í þeirri till. var í fyrsta lagi, reyndar eins og nú einnig í upphaflegu gerðinni, bent á Fljótsdalsvirkjun sem fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar en þar taldi ég einmitt og var raunar ljóst að þar var komið inn á þá stórvirkjun sem ég hef lýst mig algjörlega andvígan og færði þá allgild rök gegn þeirri virkjun sem ég tel óþarft að fara út í hér. Slík risavirkjun hefur of mörg óheppileg atriði í för með sér, ókönnuð að vísu, en þó hygg ég að þau séu engu að síður fyrirsjáanleg staðreynd. Of mörg hættuatriði eru varðandi landspjöll og fleira, jafnvel að miklum hluta Fljótsdalshéraðs yrði hreinlega sökkt með þeirri stórvirkjun sem þetta átti að vera fyrsti áfanginn að. Slíkt gæti ég aldrei samþ. hversu mörg megawött og mikil arðsemi, auðvitað meira og minna ímynduð eins og venjulega þegar þessi mál eru rædd, sem fylgdi í kjölfarið.

Hinn liðurinn, sem nú er fallinn endanlega út og ég fagna, var um að leitað verði eftir kaupanda að raforku með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum. Þetta átti auðvitað við um stórvirkjun í raun, miklu stærri, eins og ég gat um áðan, en ég gat sætt mig við, og ég fagna þeirri breytingu að þessi liður skuli niður felldur. Það bendir til þess að hér sé um rannsókn á hæfilegri Fljótsdalsvirkjun að ræða. Ég vil þakka flm., fjarstöddum þó, fyrir að hafa til samkomulags fellt þetta brott og einnig varðandi það sem stóð í sviganum í fyrsta liðnum: fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar. Ég vil ítreka það um leið að með þessu og þrátt fyrir þetta hef ég allan fyrirvara á um samþykki við væntanlega virkjun sem út úr þessari könnun kæmi og held mig enn við það þar til annað sannara kemur nægilega skýrt fram, að Bessastaðaárvirkjun sé næsti áfangi okkar þar eystra. Verði hún ekki talin möguleg, sem ég leyfi mér að vona þrátt fyrir allar hrakspár og ýmsar fullyrðingar nú upp á síðkastið, þá ber vitanlega að hyggja að öðrum álitlegum virkjunum, þó að smærri séu, á Austurlandi til að leysa brýnustu þörf m. a. í Vopnafirði, Seyðisfirði og í Berufirði. Rannsóknir eru hins vegar nauðsyn og eins og till. er orðuð nú, þá er aðeins ályktað að skora á ríkisstj. að hlutast til um að Orkustofnun ljúki eins fljótt og við verður komið rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Ég held að rannsóknir varðandi Bessastaðaárvirkjun komi þarna af eðlilegum ástæðum beint inn í. Ég get þess vegna samþ. þetta þó að ég hafi allan fyrirvara á um Fljótsdalsvirkjun eins og það er teygjanlegt hugtak að mínu viti. Rannsóknir eru hins vegar nauðsyn, ekki síst vegna Bessastaðaárvirkjunarinnar sem við höfum hingað til viljað skoða sem góðan kost og ég vil enn trúa að hann sé það.

Ég endurtek það aðeins sem ég hef áður sagt, við eigum sjálfir og einir að standa að þessum rannsóknum, ráða þeim að fullu og í ljósi þeirra niðurstaðna, sem þá liggja fyrir, er hægt að taka ákvörðun varðandi virkjunarmöguleikana.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Það er rétt sem hv. 7. landsk. þm. tók fram að í útbýttri dagskrá hafa orðið þau mistök að þar er greint frá þessu máli með þeirri fyrirsögn sem var á till. þegar hún var lögð fram í hv. Nd. En þar var gerð breyting, eins og hv. þm. gat um, og till. er nú um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Það er beðið afsökunar á þessum mistökum. Hér er um að ræða undantekningu, sem staðfestir þá reglu að dagskrá frá skrifstofu Alþingis er lýtalaus.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að það hefur verið um mistök að ræða í dagskrárprentun. En ég vildi aðeins segja það að ég er samþykkur till. eins og hún liggur nú fyrir. Það er mjög nauðsynlegt að það fari fram rannsókn á þeim miklu auðlindum sem eru á Austurlandi, þeim auðlindum sem liggja í óbeislaðri orku, og sú rannsókn hlýtur að vera forsenda þess að bæði menn þar og annars staðar geti tekið ákvörðun um á hvern hátt þessi mikla orka skuli virkjuð og á hvern hátt hún skuli nýtt.

Varðandi stóriðju á Austurlandi sem var reiknað með í þáltill. eins og hún lá upphaflega fyrir, vil ég aðeins segja það að byggðir á Austurlandi eru mjög smáar og það er mjög varhugavert að setja á stofn mjög stóran atvinnurekstur í smáum byggðum. Slíkt hlýtur að hafa í för með sér eyðileggingu á byggðunum í kring. Slíkur atvinnurekstur togar til sín og það er mikil hætta á því að þar muni verða veruleg röskun. Ég vil því segja það að ég vænti þess að öll slík áform verði athuguð af hinni mestu varúð og að það verði ekki komið á stofn slíkum rekstri sem verki til eyðingar á byggðum umhverfis hann.

ATKVGR.

Till. vísað til iðnn. með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þjóðminjalög, frv. (þskj. 492). — 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þetta er stjórnarfrv. sem var flutt í Nd. og fékk þar ágætar undirtektir.

Árið 1975 hefur verið kallað húsafriðunarár hér og í nálægum löndum. Íslendingar hafa vissulega í mörg horn að líta um varðveislu bygginga, sögulegra minja og verðmæta. Þeim málum hefur áður verið sýndur skilningur með því að fella inn í lög um Þjóðminjasafn Íslands ákvæði um húsafriðunarnefnd. Þessi n. hefur haft yfir mjög litlu fjármagni að ráða til þessa, en með þessu frv. er lagt til að stofna svokallaðan Húsafriðunarsjóð er starfa mundi undir stjórn þessarar n. og þar með undir hatti Þjóðminjasafns Íslands.

Ég vil leyfa mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Leiklistarskóli Íslands, frv. (þskj. 680, n. 713). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara um þetta frv. nokkrum orðum því að það er áhugamál mitt þó að ég sé þar einungis áhugamaður, en ekki atvinnumaður. Við erum allir leikendur á leiksviði lífsins og það er stundum sagt um okkur stjórnmálamennina, að við séum góðir leikarar, og því miður vil ég segja, er það oftast sagt í niðrandi tón. Ég tel þetta hins vegar vera mikið hrósyrði. Þeim, sem taka að sér að túlka persónur sem skáldin búa til, er viss vandi á höndum. Þeim tekst misjafnlega vel að leysa sín hlutverk, og þess vegna segi ég að það er ekki í mínum huga niðrandi þó að ég heyri að sagt sé: Þessi stjórnmálamaður er góður leikari. Leikari er fyrst og fremst í mínum huga sá sem getur túlkað þær skoðanir, sem hann vill láta koma fram, og þann persónuleika sem hann vill túlka hverju sinni. (Gripið fram í: En ef stjórnmálamaður er vondur leikari?) Það mega ávallt allir kveða upp sinn dóm um það hvort þessi eða hinn sé góður leikari og hvort þessi eða hinn sé góður stjórnmálamaður. Það er á valdi hvers og eins og hver og einn verður að hlíta þeim dómi.

Menntmn. þessarar hv. d. hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess eins og fram kemur á þskj. 713. Ég vildi samt, herra forseti, fara um þetta nokkrum orðum vegna þess, eins og ég sagði, að þetta er eitt af mínum hjartans áhugamálum, og vildi gjarnan, að örfá orð um sögu leiklistar á Íslandi yrðu hér fest á blað í Alþingistíðindum.

Það fyrsta, sem vitað er um leiklist hér á landi, er leikur Herranætur skólapilta, fyrst í Skálholtsskóla og eftir að skólinn var fluttur þaðan á Hólavelli í Reykjavík, síðan að Bessastöðum og svo aftur í Reykjavík og gekk skólinn þá undir nafninu Lærði skólinn. Fyrsta íslenska leikritið var Sperðill eftir Snorra Björnsson á Húsafelli, skrifað um 1760, og tvö næstu þar á eftir eftir Sigurð Pétursson, Hrólfur fluttur 1796 og Narfi 1799.

Þegar upp úr 1800 fara borgarar Reykjavíkur að sinna leiklistinni og leikritun meira, en það var leikið á dönsku. Sigurður Guðmundsson málari barðist mjög fyrir því frá því um 1850 og sér í lagi til 1874 að leikið væri á íslensku fyrir íslendinga. Flestöll leikritin voru þá dönsk, en mikill munur þótti Sigurði og fleirum þegar þeim var þó snúið yfir á íslenska tungu. Síðan koma Útilegumenn Matthíasar Jochumssonar, leikrit sem betur er þekkt undir nafninu Skugga-Sveinn, og er fyrst flutt 1862 af skólapiltum og í svolitið annarri mynd en við nú þekkjum það. Það var svo fullgert 1898 sem Skugga-Sveinn. Nýársnótt Indriða Einarssonar er fyrst flutt 1871.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á þátt Sigurðar Guðmundssonar málara sem gerði leiktjöld að flestum þeim fyrstu leikritum sem sýnd voru hér í Reykjavík og sjóður, sem kallaður var Kúlissu-sjóður og átti öll þessi merku leiktjöld, var stofnaður eftir fyrstu opinberu sýninguna í Reykjavík sem Jón Guðmundsson, þáv. ritstjóri Þjóðólfs, stóð fyrir 1850.

Töluvert var leikið í Reykjavík á 19. öldinni og um og rétt eftir 1890 voru hér starfandi tveir leikflokkar, annar í húsi sem kallað var í daglegu tali Gúttó og þar sem m. a. hin fræga íslenska leikkona Stefanía Guðmundsdóttir kom fyrst fram á leiksviði, en hinn staðurinn bar nafnið Fjalakötturinn. Sameining þessara tveggja leikflokka varð 11. jan. 1897 þegar Leikfélag Reykjavíkur er stofnað. Aðalhvatamaðurinn að sameiningunni og stofnun félagsins var Þorvarður Þorvarðarson prentari og var hann formaður félagsins fyrstu 7 árin. Stofnfélagar voru þá 19 og voru í fyrstu stjórn auk Þorvarðar, sem var formaður, Borgþór Jósefsson, maður Stefaníu, og Friðfinnur Guðjónsson, viðkunnur leikari um áratuga skeið.

Leikfélag Reykjavíkur erfði eigur hins svokallaða Kúlissu-sjóðs sem ég nefndi áðan. Árið 1899 eða tveimur árum eftir stofnun þess sótti Leikfélag Reykjavíkur um styrk til Alþ. Það er ákaflega fróðlegt að lesa umr. í Alþingistíðindum frá þeim tíma. Það eru mismunandi skoðanir í fyrsta lagi meðal þéttbýlis- og dreifbýlismanna og einstaklinga á gildi þessarar greinar okkar lista og menningar. En á þessu þingi var samþ. 300 kr. framlag til Leikfélags Reykjavíkur gegn því að bæjarstjórn Reykjavíkur legði fram 150 kr., sem sé 300 kr. frá Alþ. og 150 kr. frá Reykjavíkurborg. Þetta var veruleg fjárveiting miðað við fjárlög Alþ. og fjárhagsáætlun Reykjavíkur á þeim tíma.

Fyrsti styrkurinn, sem Alþ. samþ. til leikara til náms erlendis, var til Stefaníu Guðmundsdóttur og það var einmitt ein af fyrstu till. Ólafs Thors að flytja till. um þennan styrk eftir að hann var þá nýkominn til setu á Alþ.

Ýmsir mætir menn störfuðu hjá Leikfélagi Reykjavíkur árum saman. Ég nefni aðeins Indriða Einarsson, Einar Hjörleifsson Kvaran, sem voru leiðbeinendur og þýðendur margra verka, Bjarna frá Vogi, sem var þýðandi m. a. margra okkar stærstu erlendu verka, sem þýdd hafa verið á íslenska tungu, ásamt mörgum fleirum sem of langt væri upp að telja.

1907 eru þáttaskil í sögu Leikfélags Reykjavíkur, og standa raunar fram yfir heimstyrjöldina fyrri eða fram til 1918, hvað snertir það að frumflytja íslensk leikrit. 1908 er Skugga-Sveinn fluttur og fyrsta verk Jóhanns Sigurjónssonar, Bóndinn á Hrauni, og síðan gengur þetta svo áfram koll af kolli, hvert nýja íslenska verkið er flutt eftir annað: 1911 Fjalla-Eyvindur Jóhanns Sigurjónssonar, 1913 Lénharður fógeti Einars Hjörleifssonar Kvarans og 1914 Galdra-Loftur Jóhanns Sigurjónssonar. Síðan verður, að segja má, fremur hlé á frumflutningi íslenskra verka hjá Leikfélagi Reykjavíkur. 1933 er svo Maður og kona í leikgerð Emils Thoroddsens samkv. sögu Jóns Thoroddsens flutt og árið eftir, 1934, Piltur og stúlka eftir sömu höfunda. Og þannig væri hægt að telja áfram eftir þann tíma. 1934—1935 verða að vissu leyti aftur þáttaskil. Þá er fyrst ráðinn leikstjóri til Leikfélagsins, erlendur maður, Gunnar Hansen, sem vann hér ómetanlegt starf fyrir þessa listgrein. Lárus Pálsson, hinn mikilhæfi listamaður, kom til starfa um 1940 og 1941 leikstýrði hann frumsýningu á Gullna hliði Davíðs Stefánssonar.

Eins og hv. alþm. mun vera kunnugt tekur

síðan Þjóðleikhúsið til starfa 20. apríl 1950 og þá voru 14 af leikurum Leikfélags Reykjavíkur þegar fastráðnir þar. Fyrsta hugmyndin um stofnun þjóðleikhúss, svo að vitað sé um, var rædd að frumkvæði Indriða Einarssonar 1906 og því þótti m. a. tilhlýðilegt að sýna eitt hans fyrsta verk, þ. e. a. s. Nýársnóttina, við opnun Þjóðleikhússins 1950, en þá voru einnig sýnd, eins og kunnugt er, Íslandsklukka Halldórs Laxness og Fjalla-Eyvindur Jóhanns Sigurjónssonar.

Ég hef hér aðeins, herra forseti, vikið að eldri sögu Leikfélagsins og leikritahöfundum og þeim sem fyrst og fremst mótuðu þessa listgrein okkar í upphafi. Yngri leikritahöfunda má svo nefna, eins og t. d. Jónas og Jón Múla Árnasyni, Jökul Jakobsson, Agnar Þórðarson, Svövu Jakobsdóttur. Þannig mætti lengi telja.

Frv. felur það í sér, eins og fram kemur, að stofnaður sé skóli sem fyrst og fremst á að verða til þess að efla þessa listgrein í landi okkar. Menntmn. Nd. gerði nokkrar breyt. þar á, allar að mínu mati og n. hér í Ed. til þess að gera frv. fyllra.

Vil ég fyrst og fremst vekja athygli á 1. brtt. þar sem tekið er fram að heimilt sé að reka undirbúningsdeildir í tengslum við skólann annars staðar á landinu en í Reykjavík og að heimilt sé að starfrækja nemendaleikhús á vegum skólans.

Brtt. við 2. gr. er nánast víðtækari útfærsla og skal ég ekki, herra forseti, eyða frekari tíma í að ræða hana.

En við 3. gr. var gerð sú breyt., að skólastjóri skyldi ráðinn til 4 ára í stað þess að það var ótiltekið í frv. áður.

4. brtt., við 4. gr., frá hv. menntmn. Nd., er um að bæta tveimur við í skólanefnd þessa skóla, einum frá Leikfélagi Akureyrar, sem rekur fast leikhús, og öðrum frá kennurum Leiklistarskólans.

Ég vísa síðan, herra forseti, að öðru leyti til frv. og grg. sem þar fylgir með og nál. menntmn. Nd. varðandi það sem ég hef látið ógetið í sambandi við brtt. þeirrar hv. nefndar.

Aðstaðan úti um landsbyggðina hefur vissulega mikið batnað á síðustu árum. Ég fullyrði að áhuginn var fyrir hendi áður en það hefur skapast betri aðstaða. Þrátt fyrir það vantar enn ýmislegt á að hægt sé að halda þeirri starfsemi uppi sem áhugi manna úti á landsbyggðinni stendur til og raunar aðstaða að ýmsu leyti er fyrir hendi til að það geti verið.

Það er von mín og trú að þetta frv., ef að lögum verður, megi stuðla að því að þarna geti orðið breyting á til bóta. Og það er ákaflega athyglisvert hversu mikill áhugi er á leiklist úti á landi og hér á höfuðborgarsvæðinu. Það sýnir best hin mikla aðsókn sem er að leiksýningum úti um landsbyggðina og leiksýningum hér í Reykjavík, hvort heldur er hjá Leikfélagi Reykjavíkur eða Þjóðleikhúsinu.

Í grg. með frv. segir svo, með leyfi forseta: „Frv. þetta mótast af reynslu undangenginna ára og er samið í samráði við þá aðila sem gerst eiga þar til að þekkja. Reynslan ein getur skorið úr um hvort það nær þeim tilgangi sem því er ætlað að ná.“

Ég sagði í upphafi, herra forseti, að þetta væri mikið hjartans áhugamál mitt, og þó að ég standi ekki í leiklist, þá hef ég kannske sem áhugamaður einhvern tíma úti í sveit komið fram sem slíkur. Ég tel þetta svo nátengt okkar bókmenntum og listum að það komi þar fljótlega á eftir. Við höfum átt mjög mikilhæfa leikritahöfunda og höfunda sem hafa samið verk sem síðan hefur verið búið til leikrit eftir eða verið flutt í leikritsformi. Við höfum átt mikilhæfa menn sem hafa snúið frægustu leikverkum veraldarinnar á íslenska tungu. Við höfum átt leikendur sem hafa flutt þessi verk með hinni mestu prýði.

Ég vil svo, herra forseti, ljúka máli mínu og vonast til þess að þetta frv. nái fram að ganga og verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1972, frv. (þskj. 458, n. 709). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1972 til athugunar og mælir með því að það verði samþ. Jón Sólnes og Ragnar Arnalds voru fjarstaddir þegar málið var afgr.

Ég vil láta það koma fram að það kom fram í umr. í n. að það er nokkur óánægja með hvernig þessum málum er komið fyrir. Við alþm. fáum hér í hendur ríkisreikninga áritaða af yfirskoðunarmönnum. Það var álit okkar í n. að það væri eðlilegra að ríkisendurskoðunin heyrði beint undir Alþingi íslendinga og að ríkisendurskoðunin gæfi okkur þm. skýrslu um rekstur og afkomu hinna ýmsu stofnana ríkisins á hverju ári. Með því væri ríkisendurskoðunin gerð að hlutlausri stofnun sem ætti að skrifa sínar skýrslur hingað beint til þingsins, en ekki til rn. Það eru miklar deilur hér á hverju þingi um það hvernig fjárveitingar skuli vera í það og það skiptið, og það er ekki minna mál hvernig þessum fjárveitingum er varið, á hvern hátt þær nýtast og hver verður árangur af þeim. Því er nauðsynlegt að gefnar séu yfirgripsmiklar skýrslur til Alþ. um þessi mál, og því vil ég leggja áherslu á þá skoðun sem kom fram í n. að þessum málum yrði betur fyrir komið í framtíðinni.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Sérkennslumál, þáltill. (þskj. 644, n. 712). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Menntmn. Ed. hefur rætt till. þá til þál. um sérkennslumál sem hér er til framhaldsumr. N. hefur orðið sammála um að mæla með því að hv. Ed.

samþ. till. eins og hún kom frá hv. Nd. Um till. bárust umsagnir frá Sambandi ísl. sveirarfélaga, frá Félagi ísl. sérkennara og Kennaraháskóla Íslands. Allar þessar umsagnir eru jákvæðar og taka mjög undir efni till. Nægir í því efni að benda á eftirfarandi: Ég hef hér fyrir mér þær umsagnir sem menntmn. Nd. bárust, nema frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Ég hirti ekki um að hafa hana með mér hingað í ræðustól því að hún var eingöngu um að Sambandið mælti með því að till. yrði samþ., en rökstuddi það ekki frekar.

Í svari Kennaraháskólans segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Um aðgerðir og skyldur Kennaraháskólans, sem að er vikið í 3. málsgr. þáltill., leyfi ég mér að senda hér með upphaf að stuttri skýrslu, sem gerð var, frá menntmrn. 19. júlí 1971, svo og yfirlit um fjölda þeirra kennara er sótt hafa nám í Kennaraháskólanum í kennslu afbrigðilegra barna frá því haustið 1968 og enn fremur gögn um viðfangsefni og framkvæmd kennslu á þessu sviði, einnig nál. er skýrir stefnu skólans á næstu árum.

Ég leyfi mér að biðja yður að færa flm. till. þakkir skólans fyrir áhuga þeirra á þörfu málefni og er að sjálfsögðu fús að veita frekari upplýsingar ef þess er óskað.

Með virðingu,
Broddi Jóhannesson.“

Ég tel ekki þörf á því að kynna þessa umsögn eða skýrslu mjög náið. Ég vil aðeins geta þess að það hafa verið haldin námskeið í Kennaraháskólanum fyrir kennara til þess að geta sinnt þeim störfum sem gert er ráð fyrir hér við sérkennslu, og eru það 88 kennarar sem á árabilinu frá 1968—1974 hafa sótt námskeið og lokið prófum frá þeim við Kennaraháskólann. Það er því augljóst að nokkur tök munu vera á því að veita þá fræðslu sem tillgr. gerir ráð fyrir að innt verði af hendi, þó að trúlega þurfi að halda þarna vel vöku sinni um það að sérmennta kennara á þessu sviði.

Ég vil leyfa mér einnig að benda hér á kafla úr umsögn Félags ísl. sérkennara sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Félag ísl. sérkennara hélt félagsfund þann 5. mars s. l. þar sem þessi þáltill. var rædd. Lýstu fundarmenn ánægju sinni yfir framkominni till. um sérkennslumál og töldu hana spor í rétta átt. Félagið mælir eindregið með því að ráðinn verði starfsmaður innan menntmrn. sem hafi yfirumsjón með sérkennslumálum alls landsins og telur að skjótra úrræða sé þörf úti á landsbyggðinni. Fundurinn taldi jafnframt nauðsynlegt að kanna möguleika á aukinni menntun sérkennara við Kennarahúskóla Íslands og ekki síður að námskeið verði haldin fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna. Aukin þekking og skilningur almennra kennara á þessum málum er forsenda þess að sérkennsluþjónustan flytjist út í almenna skólakerfið.“

Þetta er ályktun Félags ísl. sérkennara.

Ég þarf litlu við þetta að bæta, en vil vekja athygli hv. dm. á því að þótt grunnskólalögin séu nýsett, þá hefðu þau þó mátt taka meira til vanda þeirra nemenda sem haldnir eru einhverri vöntun, andlegri eða líkamlegri. Stærð þessa vanda er mönnum allajafna ekki ljós nema við nána skoðun. Stundum er lausn hans ekki ýkjakostnaðarsöm ef nægilega snemma er tekið til að leysa hann. Það hefur komið í ljós t. d. af starfsemi fræðsluyfirvalda Reykjavíkurborgar, en á fræðsluskrifstofu borgarinnar starfar sérstakur sérkennslufulltrúi sem skipuleggur og leiðbeinir um hinar ýmsu greinar sérkennslu. Þá hafa í ýmsum skólahéruðum úti um sveitir landsins verið reyndar nýjar leiðir í þessum málum með athyglisverðum árangri í formi farkennslu, skiptikennslu og námskeiðahalds Þetta er fremur sjaldgæft, enda hafa ekki komið til neinar samræmdar aðgerðir stjórnvalda til örvunar eða stuðnings þessari nauðsynlegu starfsemi. Ég vil minna á í þessu sambandi að á árabili beitti fræðsluráð Árnessýslu sér fyrir því að leiðbeinandi í sérkennslu gengi milli skólanna á Suðurlandi, og þó að það væri í mjög ófullkomnu formi fer ekki á milli mála að með því var mörgu barninu bjargað áfram með litlum aukakostnaði sem annars hefði setið eftir og kannske aldrei beðið bætur þeirrar vanrækslu sem það var undirorpið.

Eins og till. liggur nú fyrir hv. Ed. er með henni hvatt til þess að sérstökum starfsmanni innan menntmrn. verði falið að skipuleggja þessa starfsemi, en ekki er gert ráð fyrir að ráða nýjan mann til starfa, heldur aðeins að rn. taki upp þetta sjálfsagða þjónustustarf við hina strjálu byggð með því að fá þessu efni nokkurn forgang í verkefnaröðun innan rn.

Ég get látið máli mínu lokið um till., en árétta það, sem fram kemur í nál. á þskj. 712, að menntmn. mælir með því að þáltill. um sérkennslu verði samþ. eins og hún birtist á þskj. 644.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 784).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 526, n. 710). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af þm. allra stjórnmálaflokka og er um það algjör samstaða. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til athugunar og mælir eindregið með því að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 119). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins, frv. (þskj. 613, n. 707 og 730, 708, 731). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til athugunar frv. til l. um ráðstafanir gengismunar í þágu sjávarútvegsins samkv. lögum nr. 2/1975 og ráðstafanir vegna hækkunar á brennsluolíu til fiskiskipa og rætt málið á fundum sínum. Við afgreiðslu málsins í n. fékk hún á sinn fund forstjóra Hagrannsóknastofnunarinnar, Jón Sigurðsson, og aðstoðarmann hans, einnig fékk n. á sinn fund Einar Ingvarsson aðstoðarmann hæstv. sjútvrh. og fékk hjá þeim margvíslegar upplýsingar um ýmis atriði málsins og hugsanlega framkvæmd á vissum þáttum frv.

Eins og fram kom við 1. umr. málsins ber að harma að ekki skyldi eiga sér stað samvinna á milli sjútvn. beggja þd. á meðan málið var til meðferðar í hv. Nd. En allt fyrir það tel ég að n. hafi fengið upplýsingar um allt sem máli skiptir varðandi frv. og óskað var eftir að fá vitneskju um. Hitt er svo annað mál, að menn geta haft skiptar skoðanir um málið í heild og þá framkvæmd sem í frv. felst varðandi ráðstöfun á þeim gengismun sem til kominn er vegna síðustu gengislækkunar.

Það voru einnig skiptar skoðanir um það ákvæði þessa frv. sem kveður á um sérstakar ráðstafanir til að draga úr áhrifum hinnar miklu verðhækkunar á brennsluolíu til fiskiskipa sem að undanförnu hefur átt sér stað. Víst er það rétt að menn eru almennt á þeirri skoðun að frekar beri að draga úr því sjóðakerfi sem að undanförnu hefur farið vaxandi sem grundvallarþáttur í rekstri sjávarútvegsins. Í því sambandi ber að fagna að báðir aðilar, sjómenn og útgerðarmenn, hafa fallist á að taka þátt í skipun n. sem endurskoði skiptagrundvöll fiskveiðanna með það fyrir augum að komið verði á nýjum skiptum á aflaverðmæti, þannig að öll verðmæti komi til skipta á einn eða annan hátt. Það fer ekki hjá því að slíkt fyrirkomulag sem nú á sér stað býður upp á tortryggni og innbyrðis deilur á milli sjómanna og útvegsmanna. Samkv. 2. gr. þessa frv. er lagt til að tekið sé sérstakt útflutningsgjald til Olíusjóðs fiskiskipa af útflutningsverðmæti aðalútflutningsafurðanna og þannig brúað það bil sem átti sér stað við síðustu verðhækkun olíunnar og til að halda fyrri grundvelli olíuverðsins. Sú niðurgreiðsla, sem hér á sér stað á olíuverðinu, þ. e. úr 11.70 kr. pr. lítra í 5.80, er talin nema um 950—1 000 millj. kr. á ársgrundvelli.

Það er með tilliti til þess sem ég áðan sagði varðandi nefndarskipun til endurskoðunar á skiptagrundvelli sjávarútvegsins sem ég hef fallist á þessar ráðstafanir og í von um að þeirri endurskoðun ljúki í tæka tíð fyrir komandi vetrarvertíð. Með þessu frv. eða þeim hluta þess, sem veit að skiptingu á sjálfum gengishagnaðinum sem varð við síðustu gengislækkun, má segja að að verulegu leyti séu farnar troðnar slóðir. Þó eru hér nokkur atriði sem segja má að séu nýmæli um ráðstöfun gengishagnaðar þó að nú sem fyrr sé meginhluta gengishagnaðarins ráðstafað í þágu sjávarútvegsins á einn eða annan hátt.

Samkv. A-lið 1. gr. frv. er um nýmæli að ræða þar sem lagt er til að 75 millj. kr. gangi til eflingar lífeyrissjóða sjómanna. Hér er verið að efna fyrirheit sem hæstv. forsrh. gaf við setningu laga nr. 2/1975, um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar sem þá átti sér stað. Þá kemur, samkv. b-lið, till. um ráðstöfun á 950 millj. kr. framlagi sem varið verður til að létta stofnfjárkostnað fiskiskipaeigenda vegna erlendra gengistryggðra skulda. Gert er ráð fyrir að þessi upphæð nægi til þess að bæta útvegsmönnum gengistapið sem nemur um 6%. Af þessari upphæð er heimilt að ráðstafa á yfirstandandi ári allt að 400 millj. kr. sem láni til að bæta lausafjárstöðu fiskvinnslutækja. Skulu lánin endurgreiðast á 2—3 árum og vera að öllu leyti á ábyrgð viðkomandi viðskiptabanka, eftir því sem hæstv. sjútvrh. upplýsti við 1. umr. málsins, en hér er um reglugerðaratriði að ræða. Hér er um algjört nauðsynjamál að ræða eins og greiðslufjárstöðu, sérstaklega hraðfrystihúsanna, var komið í árslok 1974.

Samkv. c-lið er lagt til að verja 300 millj. kr. til Fiskveiðasjóðs til endurlána til útgerðarmanna vegna tækjakaupa og endurbóta á fiskibátum. Hér er einnig um nýmæli að ræða í sambandi við ráðstöfun á gengismun, og eftir þeim upplýsingum, sem hæstv. sjútvrh. gaf um málið mun á yfirstandandi ári vanta allt að 400 millj. kr. til þess að Fiskveiðasjóður geti orðið við þeim lánsbeiðnum sem fyrir hendi eru í þessu skyni. Hér verður því um verulegar úrbætur að ræða hvað þetta snertir. Það hefur oft verið um það rætt að nauðsyn beri til að koma á einhverjum sjóði sem hefði því hlutverki að gegna að bæta mönnum það tjón sem á sér stað þegar bátur er tekinn út af skrá vegna aldurs eða dæmdur ónothæfur. Hér er að vísu ekki um stóra fjárupphæð að ræða til þessa verkefnis, en það var þó vísir að lausn sem miklu máli skiptir að byrjað sé á. Að sjálfsögðu þarf að setja reglugerð um framkvæmd og framtíðarskipulag sjóðsins sem sýnist eðlilegast að verði tengdur Fiskveiðasjóði Íslands.

Um næstu tvo liði er það að segja að þar er verið að minnka greiðsluhalla tveggja sjóða sem eru hluti af rekstrargrundvelli sjávarútvegsins, og á meðan þetta kerfi helst er nauðsynlegt að sjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar.

Að síðustu eru tvær minni upphæðir sem hæstv. sjútvrh. gerði sérstaka grein fyrir í framsögu fyrir málinu og vísa ég til þess sem fram kom í því sambandi.

Eins og kemur fram í nál., þá náðist ekki samkomulag innan sjútvn. um afgreiðslu málsins. Minni hl. hefur skilað séráliti og brtt. við frv. Þar kemur m. a. fram að þeir leggja til að Alþ. ákveði að Verðlagsráð sjávarútvegsins auglýsi nýtt fiskverð sem sé 13% hærra en það verð sem gilt hefur á s. l. vertíð. Skal þetta nýja verð gilda frá 14. febr. s. l. Þá er í brtt lagt til að verja úr ríkissjóði allt að 200 millj. kr. til Olíusjóðs fiskiskipa til að auka niðurgreiðslur á olíuverði. Ég held að öllum sé ljóst að með tilliti til afkomu ríkissjóðs og efnahagsástands þjóðarinn-

ar og þegar um það er rætt að skera niður fjárveitingar á yfirstandandi ári um allt að 3½ milljarð kr., þá sé hér um algjöra sýndarmennsku að ræða í tillöguflutningi. Þá er till. þeirra um að fella niður útflutningsgjald af söltuðum smáfiski. Hér er um mál að ræða sem allskiptar skoðanir eru um. Við verðákvörðun á smáfiski var samkv. upplýsingum Verðlagsráðs tekið tillit til þess lága verðs sem á saltfiskinum er. Allir eru hins vegar sammála um að hér er um mikið vandamál að ræða með tilliti til þeirra afleiðinga sem það hefur fyrir fiskstofninn að mikið smáfiskadráp eigi sér stað. Það er því álit margra að ekki eigi að ýta undir þá þróun með því að gera þessa fiskverkun hagstæðari.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn. mæla undirritaðir nm. með samþykkt frv. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson taka þó fram að þeir áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Við hinir, sem undir nál. skrifum, mælum með því að frv. verði samþ. óbreytt. Mér er það ljóst að afgreiðsla þessa máls þolir enga bið. Daglega eiga sér stað afskipanir á sjávarafurðum sem nemur stórum fjárupphæðum. Það leiðir því af sjálfu sér að sá grundvöllur, sem upphaflega var byggt á, hefur nú þegar raskast. Ég vil því, herra forseti, leyfa mér að leggja til að frv. verði samþ. og því vísað að lokinni þessari umr. til 3. umr.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram hjá frsm. meiri hl. varð ágreiningur í n. og skilum við tveir nál. á þskj. 707 og brtt. á þskj. 708. Frsm., sem var fyrirhugaður hv. þm. *Stefán Jónsson*, varð að fara í rannsókn á sjúkrahúsi nú síðdegis og er ekki kominn til baka svo að ég hleyp hér í skarðið fyrir hann um að hafa framsögu fyrir málinu.

Það er alveg rétt, eins og frsm. meiri hl. drap á, að hér er um mikið mál að ræða og raunar ekki nýtt, en það verður jafnan ágreiningsmál hvernig skipta eigi gengismun. Þar sem ekki getur verið um neinn ótvíræðan réttan mælikvarða að ræða og um stórar upphæðir er fjallað — í tveimur gengisfellingum er mismunurinn um 3.7 milljarðar kr. — er eðlilegt að ýmsir hagsmunahópar, sem í blaðagreinum hafa verið kallaðir þrýstihópar, reyni að toga eitthvað til sín, hver eftir bestu getu. Því ber að harma það eins og fram hefur komið, að hv. sjútvn. Ed. var ekki gefinn kostur á því að heyra í þessum mönnum, sem vildu hver verja sína hagsmuni, og að nm. höfðu ekki tíma til þess að tala við forsvarsmenn þessara hópa. Hefði verið fróðlegt að heyra margvísleg rök frá þeim með því að hver hagsmunaeining fengi sem mest út úr þessum gengismunartölum. En hvað um það, þetta er liðið og þýðir ekki að vera að fjalla um það of lengi og hægt að snúa sér beint að því að gera grein fyrir því hvers vegna við teljum að annar háttur eigi hér á að vera heldur en frv. gerir beint ráð fyrir.

Hér er ráðstafað upphæðum sem eru hátt í tvo milljarða og er þeim skipt á allmarga liði og fleiri liði en oft hefur verið, og er það jákvætt út af fyrir sig að sjá góða sundurgreiningu á því efni. En brtt. okkar í minni hl. á þskj. 708 fjalla um að síðari málsgr. b-liðar orðist svo, að í staðinn fyrir 400 millj., sem frv. gerir ráð fyrir, þá viljum við skipta því upp í 330 millj. með sama hætti og frv. gerir ráð fyrir, en eiga 70 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga til 2—3 ára til fiskverkunarstöðva til framkvæmda við að bæta hreinlætisaðstöðu og aðra aðbúð verkafólks. Þýðing þessa þáttar er óumdeilanleg. Spurningin er aðeins um það með hvaða hætti við tryggjum fjármagn í þessu skyni, en gengisfelling hefur einnig íþyngjandi áhrif fyrir þessa þætti framleiðslunnar alveg eins og bátaflotann þar sem margir hafa tekið gengistryggð lán undanfarið og fá nú á sig nokkurn skell í því sambandi. Einnig er það alþekkt að mjög vantar aðstöðu fyrir verkafólk í hinum ýmsu verstöðvum og sérstaklega úti um allt land og veitti ekki af að fá smámöguleika til að bæta úr þeirri aðstöðu sem er varðandi fyrst og fremst íbúðarþátt verkafólksins.

B-liður till. okkar er, að í stað orðanna „12 millj." komi: 20 millj. — sem er til orlofsheimilishúsa sjómannasamtakanna, aðeins hækkuð skipting fjárins vegna vaxandi verðbólgu og aukins kostnaðar við að koma slíkum húsum upp.

Síðan er afgangs tala sem er að vísu ekki stór, en við leggjum til að Alþ. fái að vita um slíkar tölur og til þess að setja það ákveðið setjum við orðið „Alþingis" í stað „sjútvrn." Þessi tala er að vísu ekki stór. En fyrst er verið að gera Alþ. á annað borð grein fyrir því með hvaða hætti skipta á öllum gengismuninum, þá er rétt að hafa það í lokin að Alþ. fái um þetta að fjalla, hvort sem talan er stór eða lítil, er til lokaskipta kemur.

Stærsti ágreiningurinn er eðlilega um 2. gr. í frv. Það var, eins og síðasti ræðumaður drap á, um það samkomulag á sínum tíma að stefnt yrði að því að ekki skyldi eiga sér stað aukning í sjóðakerfinu, jafnvel byrjað að höggva þar niður. En svo reyndist annað upp á teningnum þegar frv. kom í ljós.

Það hefur verið mjög rætt um að nauðsynlegt sé að hækka fiskverð og fiskkaupendur geti borgað hærra fiskverð og eru um það ýmsar sögur á lofti. Það eru lögð hér mikil gjöld á fiskverkendur í landinu og flokkað eftir því hvað menn meta fiskverkunina sterka og mismunandi útflutningsgjöld því réttlætanleg samkv. þeirri forsendu. En ég persónulega dreg í efa að rétt sé að mismuna eftir vinnuaðferðum vegna slæmrar reynslu af því í mörg, mörg undanfarin ár. Ég tel að hér hefði átt að stokka hreint upp eins og um var rætt. Og þrátt fyrir það að sérstök n. sé samkomulagsatriði hjá aðilum í þessu máli sem skuli vinna að því að þetta kerfi taki á sig smækkandi mynd gagnvart framtíðinni eða jafnvel hverfi alveg úr sögunni, þá leggjum við til að 2. gr. gjörbreytist og verði orðuð upp að nýju og fiskverð hækkað og komi þá hlutir til skipta eins og skiptasamningar gera ráð fyrir. En annað geri útgerðinni mögulegt að greiða hærri rekstrargjöld og þá auðvitað almennt.

Hv. 2. þm. Vesturl. býsnaðist yfir því að við skyldum orða það að hafa heimild til þess að ríkissjóður mætti hlaupa undir bagga með allt

að 200 millj. kr. ef illa tækist til. Þetta finnst honum óguðleg hugsun í dag. En við vorum nú að tala hér um 1% söluskattshækkun og þá stóðum við að því í stjórnarandstöðunni að tala um að hafa heimild ríkisstjórnar til að hlaupa undir bagga í því sambandi og skal ég ekki rekja það nánar. En þá lögðum við til að heimild væri fyrir því, að ríkissjóður mætti styðja það verkefni allt að 400 millj. Þá kom hann inn á að það væri óguðleg heimild og taldi hana óverjandi með öllu. En nokkru síðar skeði aðeins það að það þurfti skyndilega að hjálpa annarri grein í landinu, landbúnaðinum, og þá var ákveðið í skyndi að 600 millj. kr. væru til til þess að greiða niður áburð og auka einnig niðurgreiðslur á matvælum. Þá var nóg til í ríkissjóði, þannig að stundum finnast nú leynihólf ef réttir menn leita í þeim stóra sjóði og þeim stóra kassa. En ef við í stjórnarandstöðunni förum fram á einhverja heimild ætlar allt af göflunum að ganga í því efni. Ég vísa þessum aths. hv. þm. því heim til föðurhúsanna. En það er ekki gott að sjá fyrir hver heildarniðurstaðan verði, jafnvel þó að þröngt sé í búi í dag, og það skal viðurkennt og er ekki annað en það sem við í stjórnarandstöðunni höfum margsinnis bent á að sé. En þá væri líka hægt að spara með ýmsu móti á öðrum liðum.

Síðan eru tveir minni háttar liðir. Við bætum við og tökum undir það sem var breytt í Nd. að hæstv. sjútvrh. yrði heimilað að fella niður gjöld af verkuðum fiski og það komst í gegn í Nd. Hins vegar voru deilur um það að hjálpa með saltfiskinn sem væri minni vegna mikilla söluerfiðleika á þeirri vöru. Fyrst og fremst er framleiðslan úr togurunum og það mun ekki breyta nokkru um málið hvort litið verði á þennan þátt sem gefur 8—10—12 millj. í heild, en skiptir máli fyrir vissa staði á landinu. Og ef þetta verður ekki samþ., þá vil ég a. m. k. mælast til þess að á annan veg verði munað eftir þessum svæðum sem hafa enga möguleika aðra en að verka sinn fisk í salt. Þar býr dugnaðarfólk við þröng kjör og þrengri aðstæður en yfirleitt gerist annars staðar á landinu og ýmsa erfiðleika, atvinnuleysi á vissum árstímum og þarf að leggja hart að sér á bjargræðistíma, og þess vegna verður að muna eftir þessu fólki. Það á ekki kost á öðru en að róa til fiskjar á litlum bátum og handvinna afla sinn að langmestu leyti og bjargar þannig verðmætum í land eins og það hefur gert um árabil. Þessi afli er ekki stór í sniðum, alls ekki, svo að það skiptir engum sköpum hjá einum eða neinum. Ég vil miklu heldur nefna hér dæmi sem skeði fyrir rúmri viku í kjördæmi frsm., en það er á þessa leið og sýnir hvert við stefnum í togaraútgerðinni.

Togari kom þar að landi og einn verkandi keypti 50 tonn af togarafiski. Hann fullyrti í samtali við mig að í þessum 50 tonnum hefðu verið fleiri fiskar — og ég bið hv. þdm. að taka eftir þessu — það hefðu verið fleiri fiskar í þessum 50 tonnum en í 500 tonna afla hjá öðrum bát hjá sér, sem sagt um 1200 fiskar í tonninu í staðinn fyrir um 120—150. Það kann því að hljóma sem mótsögn að við skulum vera að gera það mögulegt að salta eitthvað af þessum fiski. En ég er hér að drepa á vandamál fárra lítilla staða á vissum svæðum á landinu. Og ég óska eindregið eftir því ef þetta verður ekki samþ. í heildarformi að hæstv. ráðh. líti þá til þessara staða eftir því sem aðstæður leyfa í gegnum annað sjóðakerfi því að þessir staðir eiga þess ekki kost undir neinum kringumstæðum að velta auknum álögum af sér sem eru gerðar til þess að togaraúthaldið í landinu geti gengið. Ég er ekki að mæla með auknum möguleikum í saltfiskverkun á smáfiski, öðru nær. En ég aðeins minni á vandamál vissra staða sem komast ekki hjá því að bjarga fiskinum í landi eins og hann er, í næsta nágrenni og sóttur á litlum bátum, og hafa enga möguleika til að bjarga sér á annan hátt en að salta fiskinn eða hengja hann upp á vissum tíma árs, þó heldur skamman tíma. Þetta er kjarninn í okkar málflutningi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að karpa um þetta mál í heild sinni. Það er komið svo að samkv. útreikningi Þjóðhagsstofnunar verða útflutningsgjöld nú á frystum fiski, frystum flökum 15.1%, ef þetta frv. fer óbreytt í gegn, á humri, rækju og hörpudiski 15.9%, óverkuðum saltfiski 18.3%, skreið 14.9%, fiskmjöli 16.9%, loðnumjöli 17.9% og loðnulýsi 17.9%. Slík er upphæð útflutningsgjalda orðin. Það fer í marga staði þetta gjald og fengum við sundurliðun í því efni. En aukin þróun í hærra og hærra gjald með sífelldum mismun er ekki rétt stefna og kannske er hér lokaþáttur stiginn í þessari þróun miðað við orð flestra eða allra manna sem um það tala í báðum deildum og er það vel ef svo reynist. Það hefur verið reynt á mörgum undanförnum árum að afla Tryggingasjóði og fleiri sjóðum tekna með útflutningsgjaldi, þá miklu lægra en nú er greint, og oft gripið til þess að mismuna eftir vinnuaðferðum. En það vita allir af reynslu s. l. 10 ára að verðlag á sjávarafurðum sveiflast það mikið að þetta er ekki tryggur tekjustofn og þess vegna er þetta ekki heilbrigt. Og við vitum það mætavel að frystur fiskur hefur oft náð hámarki á undan öðrum tegundum, saltfiski og skreið. Svo byrjar frysti fiskurinn að falla, hinir halda sér nokkuð vel og svo falla þeir á eftir, kannske heilu ári á eftir og svo þarf að hreyfa milli tegunda með breytingu á útflutningsgjaldinu. Þetta hefur skeð með síldina einnig og þess vegna eru breytingar á þessum gjöldum sífellt að koma hér inn á Alþ. meðan við höldum þessu kerfi.

Þess vegna fagna ég því ef samstaða er nú fyrir hendi að vinna að því að stokka þetta allt upp, koma skiptaprósentu á hreint aftur, því að með þessu frv. lækkar raunveruleg skiptaprósenta niður fyrir helming af afla upp úr sjó þó að kjarasamningar geri ráð fyrir því að skipshöfn njóti hálfvirðis á móti útgerð af afla upp úr sjónum. Það er því að vonum að hagsmunaaðilar fyrir skipshöfnina séu óánægðir með þessa þróun. Þó að þeir sætti sig við þetta í bili, þá er þetta ekki til frambúðar.

Ég vænti þess að það verði a. m. k. munað eftir þeim minnstu í þessu efni, þeim aðilum sem eiga við sérstakt vandamál að stríða, og á ég þar við þá aðila sem eru úti um land á erfiðum stöðum. En hitt væri miklu betra ef hv. d. vildi samþykkja að breyta 2. gr. í það form sem við leggjum til.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð frsm. meiri hl. að mér er ljóst að þetta mál þolir ekki bið og hefði verið betur ef það hefði verið afgr. fyrr frá Alþ. En ég hins vegar harma það að n. beggja d. skyldu ekki hafa þann hátt á eins og flestar aðrar stærri n. þingsins að halda sameiginlega fundi um þetta mál. Það hefði mjög getað flýtt fyrir afgreiðslu þessa máls og orðið til þess að auðvelda afgreiðslu þess í þessari deild.

Ég mun ekki gera að umtalsefni frv. þetta í heild, heldur fyrst og fremst gera grein fyrir þeim brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Steingrími Hermannssyni, enda hefur frsm. meiri hl. gert ítarlega grein fyrir málinu.

Það má skipta frv. þessu í þrennt:

Í fyrsta lagi er skipting þess fjármagns, sem kemur á reikning ríkissjóðs skv. ákvæðum 2. gr. l. nr. 2 1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar um breyt. á gengi íslenskrar krónu. Um réttmæti þessarar skiptingar má lengi deila og ætla ég ekki að rekja það frekar hér. Það er hins vegar mjög jákvætt og stefnubreyting sem felst í ákvæðum 1. gr. í b-lið þar sem stendur að 950 millj. kr. skuli ráðstafað til þess að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, með skilyrðum sem rn. setur. Það mun vera ætlun rn. að þessum upphæðum verði þinglýst sem kvöð á þessi skip þannig að þessar upphæðir komi til greiðslu sérstaklega ef skipin eru t. d. seld úr landi og þessar upphæðir komi til með að hvíla á skipunum sem kvöð alla tíð. Þarna er verulega komið til móts við það sjónarmið að rétt væri að jafnvel lána þetta fé með lágum vöxtum til langs tíma.

Á þskj. 731 flytjum við brtt. við ákvæði d-liðar. Þessi liður fjallar um það að bæta skuli eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir ef skip þeirra eru dæmd ónýt, enda sé tjónið ekki bætt með öðrum hætti. Okkur þykir rétt að kveðið sé á um það að þetta fé skuli greitt til Fiskveiðasjóðs og leggjum því til, að upphaf gr. orðist svo: „Til Fiskveiðasjóðs Íslands til að bæta eigendum fiskiskipa."

Hér er í fyrsta skipti viðurkennd sú staðreynd að það eru miklir erfiðleikar fyrir þá aðila sem eru með ónýt fiskiskip, en þau eru ekki bætt með tryggingu, að halda áfram útgerð. Þetta er vissulega spor í áttina, en því miður hrekkur þessi upphæð sjálfsagt skammt. En aðalatriðið er í upphafi að viðurkenna þessa erfiðleika.

Í öðru lagi fjallar frv. þetta um útflutningsgjald í því skyni að greiða niður olíu til fiskiskipa. Með þessari ákvörðun er aukið við sjóðakerfi sjávarútvegsins sem þegar er orðið verulegt vandamál. Sjómenn og útvegsmenn hafa iðulega samþ. að freista þess að draga úr hinu mikla sjóðakerfi. Það er að mínum dómi eðlilegt að sjómenn og útvegsmenn freisti þess að leysa þessi mál innan sinna eigin vébanda, og ég legg traust mitt á það að þeim takist það á þessu ári. En ef það tekst ekki hlýtur að koma til kasta Alþ. að finna skynsamlega leið að hinu reyndu. Ég vil hins vegar taka það fram að það er vissulega alvarlegt — ef rétt er — ef um miklar tilfærslur er að ræða milli hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, þ. e. a. s. milli bátaflota, *milli minni skuttogara og milli stærri skuttogara.* Ég hef beðið um upplýsingar um það hversu mikið bátar leggja í þennan olíusjóð og fái hins vegar úr honum, en því miður ekki fengið þær enn. En ég óttast að þar sé um verulegar færslur að ræða frá bátaflotanum sérstaklega yfir á stærri togarana.

Kjör bátasjómanna eru fremur slæm. Þeir skila erfiðum vinnudegi og eiga mjög góð kjör skilið. Það verður ekki skilið í milli manns og báts og þess vegna verðum við að hafa það í huga að kjör þessara manna séu sem allra best svo að þessi útgerð, bátaútgerðin, megi blómstra í framtíðinni.

Í þriðja lagi fjallar frv. þetta um nokkur ákvæði til bráðabirgða. Þar er ákvæði sem ekki hefur verið áður í tilsvarandi lagasetningu. Það er 3. tölul. sem er á þessa leið, eins og hann kemur breyttur frá Nd., með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði b-liðar 1. málsgr. 2. gr. l. nr. 2 13. febr. 1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breyt. á gengi íslenskrar krónu, um 20% frádrátt vegna gengismunar skulu taka til afurða framleiddra úr loðnu sem landað hefur verið fyrir 16. febr. 1975. Sjútvrn. skal setja reglur um framkvæmd þessa liðar þar sem m. a. verði kveðið á um hvernig meta skuli það afurðamagn sem framleitt hefur verið úr hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja eins og þær voru um miðnætti 15. febr. 1975."

Við flm. brtt. við þessa málsgr. leggjum til að þar við bætist: „Reglur þessar skulu við það miðaðar að ofangreindur frádráttur verði ekki hærri en sem svarar mismun á hráefnisverði *fyrir og eftir 16. febr.*" — *til þess að hér verði* tekin af öll tvímæli.

Í lögum um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breyt. á gengi íslenskrar krónu, sem samþ. voru á Alþ. 13. febr. s. l., segir svo í upphafi 2. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi sem í gildi er þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum gengismun, sem hér segir:

a. Fyrir afurðir framleiddar fyrir 1. sept. 1974 skal frádráttur nema 34%.
b. Fyrir afurðir framleiddar á tímabilinu 1. sept. 1974 — 15. febr. 1975 skal frádráttur nema 20%.

Undanþegnar eru þó afurðir þorskveiða sem framleiddar eru frá og með 1. jan. 1975."

Hér er sem sagt eingöngu rætt um afurðir sem eru framleiddar á tímabilinu 1. sept. — 15. febr. Hráefni í þróm loðnuverksmiðja og óunninn fiskur í húsi er ekki framleiðsla og er því vafasamt að lögin nái til þessa hráefnismagns. Ákvæði 3. liðar í ákv. til brb. stangast því á við ákvæði l. frá 13. febr. 1975. Það er ætíð vandasamt að draga mörk og á það ekki síst við í þessu tilfelli. Sú regla hefur ætíð gilt við svipaðar ráðstafanir að draga mörkin við birgðamagn fullunninna afurða. Breyting í þessu efni krefst aðgæslu og fyllstu vandvirkni, ef sanngirni skal gætt. Eins og lögin voru lögð fram í upphafi var gert ráð fyrir að 20% frádrátturinn skyldi ná til allra afurða sem framleiddir eru eftir 15. febr. hafi hráefnis verið aflað fyrir 15. febr. Verksmiðja

með 2 þús. tonna afkastagetu og 2 þús. tonna þróarrými skildi þannig skila 20% af verðmæti afurðanna sem framleiddar voru daginn eftir gengisfellinguna en verksmiðja með 7 þús. tonna þróarrými og 5 þús. tonna afkastagetu skyldi skila 20% af verðmæti afurðanna sem framleiddar voru í 14 daga eftir gengisfellinguna. Ef til væri verksmiðja með 20 þús. tonna þróarrými og 500 tonna afkastagetu hefði hún átt að skila 20% af verðmæti afurðanna í 40 daga eftir gengisfellinguna. Þessi ákvörðun er rökstudd þannig á bls. 6 í aths. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Sú loðna, sem á land var komin 16. febr. s. l., var greidd á eldra verði sem miðaðist við eldra gengi og aðföng til vinnslunnar voru einnig keypt með sama hætti á eldra gengi fyrir þennan tíma. Telst því sanngjarnt að afurðir framleiddar úr loðnu sem landað hefur verið fyrir 16. febr. s. l., greiðist á eldra gengi."

Við fyrstu sýn virðast vera færð fremur gild rök, en við nánari athugun kemur í ljós að hér er ekki gætt þeirrar vandvirkni sem er nauðsynleg við slíkar ákvarðanir. Það hráefnismagn, sem komið var í þrær fyrir 16. febr. og var ónunið, var u. þ. b. 80 þús. tonn. Verð á loðnu hækkaði við gengisfellinguna úr 1.90 kr. á hvert kg í 2.45 kr., þ. e. 55 aura hvert kg, eða 63 aura, ef bætt er við framlagi í Stofnfjársjóð. Það er því staðreynd sem ekki verður á móti mælt að gengishagnaður er á þessu hráefni og nemur sá hagnaður 63 aurum á hvert kg eða 50.4 millj. kr. Varðandi aðföng til verksmiðjanna gegnir öðru máli. Hæsti kostnaðarliður vegna vinnslu loðnuverksmiðju er vinnulaun ef ekki er tekið tillit til stofnkostnaðar, afskrifta, vaxta og þess háttar kostnaðarliða. Vinnulaun breyttust ekki, hvorki hjá verksmiðjum sem keyptu hráefni daginn fyrir eða daginn eftir gengisfellingu. Þar var engin breyt. á eins og hv. alþm. er kunnugt um. Olía er hins vegar mjög hár kostnaðarliður og stór þáttur aðfanganna. Verksmiðjurnar áttu í miklum erfiðleikum á s. l. ári. Það var erfiðleikum háð að koma þeim af stað og því ekki um það að ræða að safna birgðum af rekstrarvörum. Flestar verksmiðjurnar kaupa olíu eftir mæli og olíufélögin eiga birgðirnar. Síldarverksmiðjur ríkisins munu hins vegar hafa átt einhverjar birgðir af olíu. Í flestum tilfellum hækkar því olían við gengisfellinguna. Umbúðir og rotvarnarefni og fleiri slíkir liðir eru ekki stór þáttur í heildarkostnaði, en í því sambandi vil ég vísa til bréfs nokkurra fiskmjölsframleiðenda til hæstv. ráðh. sem sjútvn. Ed. barst afrit af, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Flestar verksmiðjurnar, sem á annað borð voru með loðnu í þróm 10. febr., höfðu verið í fullri starfrækslu í u. þ. b. 3—4 vikur. Umbúðir, rotvarnarefni og önnur aðföng, sem til höfðu verið í byrjun vertíðar og keypt höfðu verið á eldra gengi, hafa einmitt notast að verulegu leyti upp á fyrstu vikunum og hafa flestar þess vegna verið farnar að nota aðföng sem enn voru á ógreiddum erlendum víxlum þar sem fjárhagur verksmiðjanna hafði ekki að undanförnu leyft birgðasöfnun rekstrarvara."

En jafnvel þótt eitthvað smávægis hafi verið til að þessum vörum, sem ég get því miður ekki fullyrt um — til þess hefur skort tíma að afla slíkra fullnægjandi upplýsinga — þá er hér um frekar óverulegan lið að ræða í heildarkostnaði vinnslunnar. En það er hins vegar ljóst að þær fullyrðingar, sem lagðar voru fram um að aðföngin væru keypt á eldra gengi, hafa verið settar fram án þess að náin athugun hafi verið framkvæmd í þeim efnum. Er það miður. En hins vegar var að sjálfsögðu mögulegt að koma breytingum að í meðferð frv.

Það var viðurkennt í meðferð málsins í Nd. að hér væri ekki rétt að farið. Augljóst væri að 20% frádrátturinn legðist misþungt á verksmiðjur eftir því hversu miklu magni hefði verið tekið á móti í þrær. Það hefði því augljóslega verið hagkvæmt fyrir verksmiðjur að taka á móti minna magni ef ákvæði þessi hefðu náð fram að ganga. Sem betur fer er sú hugsun rík og efst í huga í öllum sjávarþorpum í landinu að það sé skylda íbúanna að bjarga eins miklu á land og hægt er. Ef mikið berst á land, þá er unnið sleitulaust og unglingar fá frí í skólum. Þennan hugsunarhátt á þjóðfélagið að þakka og virða og gæta þess að hegna mönnum ekki fyrir slíka hugsun.

Nd. tók ákvæði 3. liðar ákv. til brb. til endurskoðunar og gerði nokkrar breytingar á, en sú túlkun, sem fylgdi með, er að mínum dómi vafasöm og því flyt ég ásamt hv. þm. Steingrími Hermannssyni brtt. á þskj. 731 í því skyni að taka hér af allan vafa. Það ákvæði ásamt aths., sem bætt var við í meðförum Nd., hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa liðar þar sem m. a. verði kveðið á um hvernig meta skuli það afurðamagn sem framleitt hefur verið úr hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja eins og þær voru um miðnætti 15. febr. 1975."

Eftirfarandi aths. voru gerðar við þetta ákv. til brb., og ætla ég að lesa þær upp hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði þetta er nokkuð óvenjulegt þar sem það felur nánast í sér túlkun á því hvað felist í orðinu „framleiðsla" í skilningi l. nr. 2 frá 1975, um ráðstafanir vegna gengisbreytingarinnar 14. febr. s. l.

Þegar þess er gætt að af þeim 155 þús. tonnum af loðnu, sem á land voru komin að kvöldi hins 15. febr. s. l., eru allt að 80 þús. tonn talin hafa verið í þróm verksmiðjanna er eðlilegt að sett séu sérstök ákvæði um meðferð þeirrar framleiðslu sem rekja má til þessa magns sem allt var að sjálfsögðu verðlagt á hráefnisverði sem miðaðist við eldra gengi."

Síðan segir:

„Vitaskuld verður framleiðslan ekki til á örskotsstund og því margs að gæta í þessu sambandi."

Þetta er að sjálfsögðu rétt. En framleiðsla hráefnis í þróm verður aldrei kölluð framleiðsla að mínum dómi og er því komin, ef svo er, algjörlega ný skilgreining á hugtakinu „framleiðsla".

„Enginn vafi er á því að framleiðslan" — ef ég held áfram lestri mínum — „úr þessum 80 þús. tonnum hefur orðið til við skilyrði afar lík

þeim sem giltu fyrir þá framleiðslu sem komin var í birgðir eða hafði verið flutt út fyrir 15. febr. 1975, þótt nokkuð af aðföngum til vinnslunnar kunni að hafa verið greidd eftir gengisbreytinguna. Því er lagt til að settar verði sérstakar reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Gert er þannig ráð fyrir að reglurnar verði í aðalatriðum reistar á tvenns konar heimildum. Annars vegar verði byggt á skýrslum Fiskifélags Íslands um móttekið hráefnismagn á miðnætti 15. febr. 1975 og um fullunna framleiðslu og birgðir loðnuafurða hverrar verksmiðju á sama tíma. Með því að áætla það hráefnismagn, sem farið hefur í fullunnar afurðir skv. framleiðsluskýrslum, og draga það frá tölum um móttekið hráefnismagn fæst áætlun um hráefni í birgðum. Hins vegar verði byggt á upplýsingum loðnunefndar um laust þróarrými hjá hverri verksmiðju á þessum tíma. Sé þessi stærð dregin frá áætluðu heildarþróarrými fæst áætlað magn hráefnis í þrónum."

Síðan segir:

„Vegna óhjákvæmilegrar óvissu um þessar áætlanir og til þess að fyllstu sanngirni sé gætt er reiknað með því að hráefnismagnið verði í þessu skyni metið sem ⅔ þess magns sem beinar áætlunartölur, samkv. því sem áður sagði, gefa sem niðurstöður. Síðan verði áætlað afurðamagn úr þessu hráefni metið á grundvelli þeirrar nýtingar talna sem taldar voru gilda um vikuna 9/2—15/2 1975, þ. e. a. s. 15% mjöl og 5.3% lýsi. Því afurðamagni, sem þannig fæst, verði síðan bætt við birgðamagnið hjá hverri verksmiðju og það magn allt gert upp á eldra gengi við gjaldeyrisskil."

Gengismunur, sem áætlaður er af þeim afurðum sem framleiddar voru úr hráefni sem var í þróm þann 16. febr., er talinn verða u. þ. b. 116 millj. kr. Í aths. um breyt. Nd., sem ég hef nú rétt upp lesið, sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna óhjákvæmilegrar óvissu um þessar áætlanir og til þess að fyllstu sanngirni sé gætt er reiknað með því að hráefnismagnið verði í þessu skyni metið sem ⅔ þess magns sem beinar áætlunartölur, samkv. því sem áður sagði, gefa sem niðurstöður."

Samkv. þessu skal hráefnisverðið metið sem ⅔ af 116 millj. kr. eða tæplega 80 millj. kr., en samkv. því, sem ég sagði áður, er gengismunur á hráefninu sjálfu u. þ. b. 50 millj. kr.

Rökstuðning fyrir ⅔ hlutum er ekki að finna í aths. að öðru leyti en því að vísað er til óvissu um þessar áætlanir og að fyllstu sanngirni skuli gæta. Bak við allar áætlanir hlýtur að vera einhver hugsun ef á þeim á að byggja. Hinn raunverulegi verðmunur fyrir og eftir gengisbreytingu er 63 aurar pr. kg, en samkv. aths. með samþykkt Nd., sem ég hef áður rakið, skal þessi munur talinn 1 kr. Þessi verðmunur er fenginn á eftirfarandi hátt: Hráefnisverðbreytingin, sem varð eftir gengisfellinguna tók mið að því að verð á mjöli hafði lækkað úr 4.25 dollurum í 4 dollara og lýsi hafði einnig lækkað úr 513 dollurum í 450—460 dollara tonnið. Ef þessi verðlækkun hefði ekki átt sér stað hefði verðbreytingin orðið a. m. k. 1 kr. Hins vegar var þessi verðlækkun staðreynd og því augljóst að verðlækkun á hráefni hefði orðið hvort sem gengið hefði verið fellt eða ekki.

Því hefur verið haldið fram í þessu sambandi að sala afurðanna verði í svipaðri röð og öflun hráefnisins, þannig selji verksmiðjurnar, sem afla hráefnisins fyrst, sínar afurðir fyrr en aðrar verksmiðjur. Þessu vil ég mótmæla sem rökum fyrir þeim útreikningum sem ég hef áður rakið, og hef ég fengið það staðfest af starfsmanni í viðskrn. Allir skynsamir framleiðendur selja eitthvað magn fyrir fram. Fyrirframsölur gengu illa á s. l. ári. Minna hlutfall af áætlaðri framleiðslu var selt nú en oft áður. Í júlímánuði á s. l. ári eru seld ca. 9 þús. tonn af mjöli og eru það fyrstu fyrirframsölur. Verksmiðjur við Faxaflóa áttu um 2 500—3 000 tonn í þessari sölu, Vestmannaeyjar ca. 4 þús. tonn og verksmiðjur á Suðurnesjum, Austfjörðum og annars staðar eitthvert magn. Þessar fyrirframsölur sýna að verksmiðjur alls staðar á landinu selja fyrir fram og því ekki raunhæft að blanda sölumálum inn í ákvörðun um gengismun á hráefni.

Brtt. mín og hv. þm. Steingríms Hermannssonar gengur út á að það skuli kveðið skýrt á um það að frádráttur vegna hráefnis verði einungis sem svarar verðmismun á hráefninu sjálfu. Við teljum að önnur regla valdi mismunun á milli framleiðenda eftir því hvað mikið magn var í þróm, en hins vegar teljum við eðlilegt að verksmiðjurnar greiði gengismun sem svarar verðmun á hráefninu sjálfu.

Það má kannske spyrja í framhaldi af þessu hvaðan það fjármagn, sem þarna um ræðir og er u. þ. b. 30 millj., skuli fengið. Ég hafði gert ráð fyrir því að það mundi reynast nauðsynlegt að lækka þá skiptingu, sem felst í ákvæðum 1. málsgr. Hins vegar verður ekki annað séð á útreikningi á gengismun en þar sé reiknað með því að birgðir sjávarafurða samkv. birgðaskýrslum séu um 4.5 milljarðar. Sú birgðaskýrsla, sem þessi tala er byggð á, er heldur hærri og er það sjálfsögð varfærni. Þar er gert ráð fyrir allmiklu magni af loðnulýsi og loðnumjöli, sem virðist samsvara nokkurn veginn því magni sem hafði verið unnið úr á þessum degi, eða um 75 þús. tonnum. Í þessari áætlun er hvergi gert ráð fyrir gengismun af afurðum sem eru framleiddar úr loðnu, sem var í þróm, eftir þennan tíma, en hins vegar skal þess getið, að það hefur orðið allveruleg verðlækkun á einhverjum liðum þessara útreikninga frá því að þeir voru gerðir og ber að sjálfsögð uað taka tillit til þess. Verði lögð fram gögn sem sanni að sú upphæð sé meiri en sem nemur þeim 50 millj. kr. sem við leggjum til að renni í gengismunarsjóð er ég að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að leggja fram till. í því skyni að þess verði gætt að þetta fjármagn sé fyrir hendi.

Herra forseti. Ég hef nú lokið máli mínu. Ég tel að hér hafi verið farið inn á nýja braut sem ég vil ekki mótmæla að neinu leyti í sjálfu sér, að það sé tekinn gengismunur af hráefnismagni þar sem um svo gífurlegt magn var hér um að ræða. En menn verða að gæta þess þegar svo er gert að þar sé gætt vandvirkni og sanngirni því að satt best að segja hafa áður verið sett lög, þann 13. febr. 1974, þess efnis að það skuli eingöngu tekinn gengismunur af framleiðslunni

sjálfri. Ef ekki er farið að með fyllstu varkárni hér, þá er mikil hætta á því að slíkt muni draga málaferli á eftir sér.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég er búinn að ræða efnislega þetta frv., bæði í þessari d. og eins í Nd., svo að ég ætla aðeins að segja hér örfá orð.

Ég þakka n. fyrir afgreiðslu málsins og sömuleiðis hv. 1. landsk. þm. sem talaði fyrir minni hl. n. Hann talaði af skilningi um margt. Okkur greinir á um leiðir eins og gerist og gengur. Þeir í minni hl. vilja fara aðra leið í þessum efnum. Við hinir stöndum aftur að því eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Út af því sem hann sagði og raunar fleiri þm. úr sjútvn. varðandi þá staði sem eiga svo að segja eingöngu afkomu sína undir söltun fisks, þá skal ég fúslega játa að hér er auðvitað um mjög hátt útflutningsgjald að ræða sem er sjálfsagt að reyna að taka tillit til, þó að það verði með öðrum hætti en hv. minni hl. leggur til að gert verði. Það er a.m.k. ákveðin stefna mín að vilja halda sem mest niðri verðlagi á smæsta fiskinum og sýna á þann hátt að stjórnvöld og forustumenn þessa atvinnuvegar vilja stefna að því að minnka sem allra mest smáfiskadráp. Við erum að fara út í útfærslu landhelginnar í 200 sjómílur. Við höfum haldið því fram, bæði hér heima og eins í viðræðum við aðrar þjóðir, að við viljum aukna friðun fiskstofna og viljum stuðla að því að íslendingar hætti smáfiskadrápi, og sömuleiðis gerum við kröfur til þess að erlendar þjóðir, sem veiða á Íslandsmiðum drepi ekki smáfisk. Hinu verður ekki neitað að á einstaka stöðum þar sem litlir bátar eru sem geta ekki sótt nema tiltölulega skammt, þar verður auðvitað alltaf nokkuð um minni fisk að ræða á tilteknum svæðum. Þetta sjónarmið vil ég hafa í huga, en þá með öðrum hætti en hér er gert ráð fyrir, þó að ég telji æskilegt eins og raunar flestir að stefna að því að minnka og helst að hætta með öllu smáfiskadrápi.

Eins og ég sagði við 1. umr. urðu þau mistök að n. héldu ekki sameiginlega fundi. Hins vegar er það ekkert leyndarmál að fulltrúar stjórnarflokkanna í báðum sjútvn. héldu marga fundi um þetta mál áður en frv. var lagt fram. Þetta eru erfið mál og flókin og það eru auðvitað mjög misjafnar skoðanir eins og eru í raun og veru hjá atvinnugreininni í heild. Því taldi ég víst að um þetta mál næðist full samstaða. En nú hafa tveir þm. flutt hér brtt., tvær brtt. Önnur brtt. er ekki stór, heldur er það upphaf d-liðar 1. gr.: „til Fiskveiðasjóðs Íslands til að bæta“, en í gr. er „til að bæta eigendum fiskiskipa“. Ég er með fyrir framan mig drög að þessu frv. sem allir sjútvn.-menn stjórnarflokkanna fengu í hendur 10. apríl með þessu orðalagi sem er núna í frv., og mér finnst ekki ástæða til að fara að breyta þessu og senda frv. til Nd. þegar það er yfirlýst af mér sem sjútvrh. að ég ætlaði mér og ætla að hafa þann hátt á að óska eftir því við Fiskveiðasjóð að hann semji reglugerð í sambandi við úthlutun á þessu fé. Hér er aðeins um byrjunarframlag að ræða og vantar mjög mikið inn í. Það vantar auðvitað að skapa einhvern tekjustofn því að 50 millj. eyðast ef ekkert kemur á móti. Þetta hefði ég haldið að ætti að duga. Ég vil líka segja að það getur eitthvað komið fyrir að Fiskveiðasjóður vilji síður hafa með þessa úthlutun að gera. Þá verður að reyna einhverjar aðrar leiðir. En þetta er mín skoðun í sambandi við þetta mál og því er ég andvígur þessari tillögu.

Hin tillagan, sem liggur fyrir á sama þskj., er auðvitað mun stærri og veigameiri því að ef hún væri samþ., þá mundi það kosta um 30 millj. kr. hærri upphæð til síldarverksmiðjanna. En ég tel að með þeirri breyt., sem gerð var á ákvæði til bráðabirgða við 3. lið í Nd. hafi verið komið svo mjög til móts við verksmiðjurnar. Er samkvæmt því orðalagi heimilt að greiða þeim til viðbótar allt að 30 millj. kr. Ræða hv. síðasta ræðumanns breytir ekki skoðun minni í þessum efnum.

Ég vil bæta aðeins við þessa ræðu. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem hann sagði, en ég vil bæta því við að loðnuframleiðendur, loðnumjölsverksmiðjurnar eiga engin viðbótarútflutningsgjöld að greiða samkv. þessu frv. og það kemur ekki til framkvæmda fyrr en 1. okt. á næsta hausti, svo að þarna er komið allmjög til móts við verksmiðjurnar. Sömuleiðis vil ég geta þess að í sambandi við síðustu verðákvörðun á loðnu, síðasta tímabilið, þá eru ætlaðar 25 millj. kr. til þess að halda loðnuveiðunum áfram, sem er helmingur af þeim 50 millj. sem hér eru lagðar til samkv. 1. gr. g-lið. Þetta gerði ég í samráði við ríkisstj. til þess að ná samkomulagi í Verðlagsráðinu og þannig að veiðarnar héldu lengur áfram, þannig að nýtingartími verksmiðjanna væri betri. Ég hygg því að það sé búið að gera allvel við eigendur loðnuverksmiðjanna í þessum efnum. Þetta verða menn að hafa í huga.

Það er rétt, að það var ekki tekin inn í áætlunina sú loðna sem var í þrónum. En verðfall hefur orðið mikið, það er sjáanlegt á öllu að við erum með þessu frv. óbreyttu búin að stefna í þá átt að okkur kemur til með að vanta fjármagn til þess að standa undir ákveðnum sjóðum þar sem tekjur hafa brugðist. Þar bendi ég á að á Olíusjóðinn kemur til með að vanta enn meira, þó að hér sé ekki lagt til að taka nema 80 millj. kr. til þess að standa undir halla Olíusjóðsins fram að gengisbreytingu. En þó hef ég enn meiri og stærri áhyggjur af Tryggingasjóði fiskiskipa. Þar er reiknað með að taka 100 millj. kr. í þessu augnamiði. Það er sennilega ekki nema um þriðjungur af því sem vantar, og það er reiknað með því að greiðslustaða þess sjóðs verði um sex mánuði á eftir þrátt fyrir þessar 100 millj. kr. Sú greiðslustaða má ekki skekkjast meira, það kemur þá út yfir útgerðina í sambandi við greiðslu tjóna því að tryggingafélögin geta auðvitað tafið og verða að tefja greiðslu tjóna þegar iðgjöldin koma ekki fyrr en eftir kannske 6 og upp í 10 mánuði. En tjónin láta ekki á sér standa.

Miðað við þær upplýsingar, sem Þjóðhagsstofnunin gaf um lauslega athugun á hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja frá 16. febr. er talið, samkv. upplýsingum loðnunefndar að hér sé um 80 þús. tonn að ræða. Gengismunurinn er brúttó upp á 140 millj. kr., en skilaverðsgengis-

munur er að frádregnum gjöldum 116 millj. kr. Ef við tökum með hið endurmetna hráefnisverð, þá eru það 80 millj. kr. Mismunur á því yrði 30 millj. kr. sem ég taldi eðlilegt og gekk inn á við sjútvn. Nd. að yrði greitt með þeim hætti. Þá hefði ég talið og tel að sé vel gert við framleiðendur á loðnumjöli og loðnulýsi.

Það er því minn ákveðni vilji að þessi till. verði felld. Ég tel að það sé teflt á mjög tæpt vað að samþykkja þessa till. Ég þarf auðvitað ekki að taka það fram að ég er andvígur till. minni hl. n., alveg eins og ég sagði í Nd., því að þetta er nákvæmlega það sama sem hér er flutt og var þar fellt.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það eru örfá orð aðeins, enda er ég allt of illa að mér í sjávarútvegsmálum yfirleitt til þess að ég hætti mér út á þann hála ís að fara náið þar út í. Ég vil þó taka undir það sem hér hefur komið fram varðandi gagnrýni á sjóðakerfi sjávarútvegsins yfirleitt. Það væri gott ef um það gæti náðst samkomulag milli þeirra aðila sem þarna eiga mestra hagsmuna að gæta að skipulagi þess kerfis yrði komið í annað og hagfelldara form, a. m. k. á þann hátt, að allt venjulegt fólk, jafnvel menn sem eru eins illa að sér og ég er í þessum efnum, gæti skilið eitthvað smávegis í því kerfi.

Ég þarf ekki að taka það fram að ég styð brtt. minni hl. og tek undir þá gagnrýni sem þar hefur komið fram. Mér heyrðist ekki hæstv sjútvrh. og hv. frsm. vera alveg sammála um hana, því að hæstv. sjútvrh. talaði um aðrar skoðanir minni hl. en hv. frsm. talaði um sýndarmennsku. Ekki veit ég hvort er réttara. (Gripið fram í.) „Nema hvort tveggja sé", segir fulltrúi úr minni hl. Gæti verið, já.

Ég vildi svo aðeins gera grein fyrir afstöðu minni varðandi þá brtt. sem hér er á þskj. 731, þ. e. a. s. síðari lið hennar, till nr. 2. Ég varð fljótlega, eins og fleiri, var við gagnrýni frá loðnuverksmiðjunum, sérstaklega eystra, varðandi það hvernig þessu fé yrði ráðstafað og hvernig með það yrði farið. Þessar verksmiðjur eru, eins og allir vita, ýmist í eigu ríkisins eða í félagslegri eign og því eðlilegt að maður taki nokkurt tillit til þeirra. Ég tel að þessum aðilum sé of mikið mismunað ef frv. verður samþykkt óbreytt, þrátt fyrir þær breyt. sem á frv. hafa verið gerðar í Nd. Og ég tel, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson rakti hér allnákvæmlega áðan, að það sé ekki búið nógu vel að þeim verksmiðjum sem áttu mjög mikið magn af loðnu í sínum þróm þegar þessar ráðstafanir gengu í gildi. Og ég tek það fram af þessum ástæðum að ég mun styðja síðari lið brtt. á þskj. 731 og tel þar mjög hóflega gengið í sanngirnisátt gagnvart þessum aðilum.

Frsm. minni hl. (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki leggja orð í belg um þetta síðasta dæmi um ágætt samstarf og samstarfsvilja ríkisstjórnarflokkanna að því er varðar loðnu í þró og úr þró í þessu sérstaka máli. Ég hefði aftur á móti fagnað því meira að þeir hefðu komið sér saman um annað og miklu brýnna verkefni fyrir íslenskan sjávarútveg en afgreiðslu þessa frv., það verkefni að koma togurunum okkar, þeim stærstu og afkastamestu, til veiða.

Ég gekk hér upp í ræðustólinn aðeins til þess að víkja lítils háttar að orðum sem hæstv. sjútvrh. lét falla um þá stefnu að halda niðri verði á smáfiski sem hann útskýrði mjög eðlilega á þá lund að að því verði að miða af verndarástæðum, að koma í veg fyrir smáfiskadráp. Ég tel yfirlýsingu hæstv. ráðh. góðra gjalda verða um það að hann hyggist bæta sjómönnum á smástöðunum sérstaklega utan umfangs þessa frv., sjómönnum sem róa á smáum bátum og eru þannig settir við miðin að tiltölulega mikill hluti af afla þeirra verður smáfiskur sem hlýtur að fara í salt vegna þess að ekki er aðgangur að frystihúsum. Þessa yfirlýsingu hans, þótt lausleg sé, tel ég góðra gjalda verða og hef rökstudda ástæðu til þess að ætla að hann hafi þegar séð leið til þess að bæta þessum sjómönnum það sem þeir missa í sambandi við gengishagnaðinn. Þessir staðir eru fáir og fámennir, en íbúarnir eiga afkomu sína gjörsamlega undir sjávarfangi og ef við athugum framlag þeirra í þjóðarbúið á liðnum árum, þá hygg ég að það hljóti að teljast varhugaverð stefna að miða að lágu verði í smáfiski. Ég vil mótmæla því að 54 cm fiskur af línu veiddur fyrir norðan og austan og kominn í frystingu eða salt 8 tímum seinna sé miklu verðminni en 85 cm fiskur sem hirtur er úr neti hér á Selvogsbanka á þriðja eða fjórða degi eftir að hann festist í netinu.

Og ef við hugleiðum af nokkurri alvöru þessa frasa sem menn tyggja hver upp eftir öðrum varðandi smáfiskadrápið og ráðstafanir í verndarskyni, þá hef ég ekki orðið var við það að hvorki okkar ágætu fiskifræðingar né ræðumennirnir hjá L.Í.Ú. hérna syðra hafi minnst á þá hliðina sem snýr að drápi á hrognfiski hér syðra, á hrygningarfiskinum á hrygningarslóðunum hérna syðra — jafnvel þó að þessum fiski væri skilað í sæmilega vinnslu. En ég vil beina þeirri ósk til hæstv. sjútvrh. þó að ekki gefist tími til þess nú fyrir þinglok að hann geri ráðstafanir til þess í vetur — og skelfing mundi það gleðja mín gömlu eyru ef hann vildi láta það verða eitt af sínum fyrstu verkum á haustþingi, ef hann verður þá enn þá sjútvrh. — að veita okkur upplýsingar um hversu mikill hluti af vertíðarfiskinum hérna syðra, netafiskinum, telst vera tveggja til þriggja og upp í fjögurra nátta, hversu stór hluti af þessum fiski er raunverulega markaðshæf vara. Hér kemur nefnilega fleira til en aðeins það af hvaða stærð fiskurinn er þegar hann er drepinn. Mér er það enn þá minnisstætt veturinn 1963, þegar kapparnir hérna syðra luku við að drepa stóra Grænlandsþorskinn sem taldist frá 80 og niður í 50 í tonnið. Hann var tekinn í nót, hann kom sannarlega ferskur um borð. En mér er það minnisstætt þegar 50 tonn af 83 tonna afla Eldborgar fóru í gúanó vegna þess að það hafði ekki verið séð fyrir salti í fiskinn. Verkunin á fiskinum kemur hér mjög til álita líka og ég vil aðeins varpa fram þeirri spurningu hvort þið haldið að það sé af tilviljun að fiskiðjuverið á Húsavík, sem verkar að ákaflega miklu leyti millifisk og smáan millifisk, hefur getað borgað frá 12 og upp í 17% ofan á umsamið fiskverð til sjómanna á sama

tíma og verkendurnir hérna syðra, sem verka þennan stóra, fína fisk sem er allt að því, að því er manni skilst á sumum mönnum, göfugt starf að drepa, mega varla vatni halda yfir því að þurfa að borga umsamið fiskverð. Líkurnar benda til þess að millifiskurinn og smái millifiskurinn fyrir norðan sé þrátt fyrir allt betri markaðsvara og kunni e. t. v. að borga sig betur að nýta hann á þeim slóðum ef sæmilega er staðið að verkuninni heldur en stóra Skagamannafiskinn hérna syðra.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. En varðandi þá till. okkar að orða aðeins skýrar að það fjármagn, sem á að greiða til vegna ónýtra eldri skipa, fari í gegnum Fiskveiðasjóð er í sjálfu sér ekki mikilvægt mál, ég tek undir það með ráðh. En okkur þótti rétt að kveða skýrar á í því efni og eðlilegast að Fiskveiðasjóður sæi um slíka hluti. Hins vegar treysti ég hæstv. ráðh. til þess að búa svo um þau mál að það verði gert á sanngjarnan máta, enda hefur hann látið þess getið í framsöguræðu í Nd., að hann muni fela Fiskveiðasjóði þetta verkefni og treysti ég því að það verði gert. En okkur þótti réttara að það væri kveðið á um það í lögunum sjálfum. Hæstv. ráðh. gat þess að það hefði verið bætt eða gefið eftir eða greitt til loðnuverksmiðjanna 36 millj. Ég vil taka það fram að hér er ekki um að ræða að greiða neitt til neins. Hér er um það að ræða á hvern hátt skuli tekin afstaða til þess hvernig gengismunur skuli tekinn af hráefni. Það hefur aldrei verið gert áður. Það er vissulega í flestum tilfellum eitthvert hráefni í frystihúsum landsins, það hefur aldrei verið gert að reikna gengismun á þetta hráefni, það er í fyrsta skipti nú sem það er gert, varðandi loðnuverksmiðjur, og það skiptir að sjálfsögðu gífurlegu máli að þarna sé tekin rétt stefna. Það er sem sagt um það að ræða að reikna þennan gengismun á skynsamlegan hátt og rökstuddan og það hefur sem sagt ekki verið rökstutt í mín eyru hvernig þessi tala er réttmæt, 80 millj. kr. Það er talað um að sé gefið eftir, það er talað um að það sé greitt til þeirra. Hér er ekki um það að ræða, heldur að marka þarna stefnu. Það dettur sjálfsagt engum í hug í framtíðinni að fara enn þá lengra og fara niður í bátana og reikna gengismun á það hráefnismagn sem var í bátunum, ég reikna með að allur flotinn hafi legið við bryggjur fullur af loðnu þegar þetta varð. Þegar slík stefnubreyting verður, að reikna gengismun á hráefnismagn, þá hefur það gífurlega þýðingu að gera það vandvirknislega og á skynsamlegan máta. Það er þá nefnt, að það var ekki lagt útflutningsgjald á loðnuverksmiðjur. Hér er ekki heldur um það að ræða að taka tillit til þess. Það, sem um er að ræða, er að þetta verði reiknað skynsamlega og verksmiðjum verði ekki mismunað eftir því hversu mikið hráefnismagn þær hafa í þróm sínum. Það er það sem um er að ræða. Það er ekki verið að tala hér um útflutningsgjöld eða önnur gjöld sem ekki eru lögð á verksmiðjurnar, það er aðeins um það að ræða að reikna þetta á rökstuddan hátt. Það má vel vera að það vanti fjármagn til þess að standa undir öðrum sjóðum. Og ég hefði flutt um það till. að lækka einhvern af þessum liðum í 1. gr. ef ég hefði fengið um það gögn hvað vantaði mikið fjármagn. Það var upplýst og hæstv. ráðh. gat þess að með þessum afurðum, sem verða til af loðnu sem var í þróm, með þeirri upphæð var ekki reiknað í þessari tölu. Og nú er ráðgert að taka 80 millj. af þessum aðilum, þannig að verðfallið, sem getið var um, er þá a. m. k. sem svarar því ef vantar til þess fjármagn. En ég er vissulega tilbúinn að endurskoða þá afstöðu mína, verði lögð fram gögn sem sanna að það muni vanta verulegt fjármagn í þennan sjóð. Og ef það er staðreynd að það vanti jafnvel í dag fjármagn í þennan sjóð, þá þætti mér rétt að taka þessar upphæðir til endurskoðunar. Það er sem sagt ekki spurning hér um það hvort það er vel gert við verksmiðjur, hvort það er vel gert við einn eða neinn, það er aðeins um það að ræða að móta þarna skynsamlega stefnu, því að væntanlega gæti komið að því í framtíðinni að slíkt yrði gert aftur.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki teygja lopann mjög um þetta mál, enda hef ég gert grein fyrir almennri afstöðu minni til þessa máls við 1. umr. Þó komu nokkur atriði fram hjá hæstv. sjútvrh. sem ég tel mér skylt að fjalla um. Fyrst og fremst það viðhorf hans sem ég skil svo að okkur tveimur flm. úr meiri hl. sem flytjum brtt. við þetta frv., ætti ekki að vera þörf á slíku vegna þess undirbúnings sem málið hefur fengið áður. Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh. að málið var rætt af meiri hl. Ég held ég fari rétt með að tveir fundir voru haldnir á skrifstofu hans, sá síðari 9. apríl kl. 10. Á fyrri fundinum kom fram mikil gagnrýni á þau drög sem lágu fyrir. Tekið var tillit til þeirra ábendinga og skýrt frá því á síðari fundinum að verulegar breyt. yrðu gerðar. Ég er hér með blað, þar sem ég skrifaði þessar breyt. Síðan fengum við drög að frv. sem er prentað 10. apríl og ræddum það í okkar hóp, framsóknarmenn, 14. og 15. apríl. Þá komu þegar fram ýmsar athugasemdir, eins og t. d. við b-lið, annað orðalag á honum. Sá liður var runninn undan rifjum okkar framsóknarmanna, þ. e. a. s. 50 millj. kr. til að bæta eigendum fiskiskipa sem ekki fengju tjón sitt bætt að öðru leyti þegar þau væru dæmd ónýt. Og sömuleiðis komu fram ýmsar spurningar. Ég gerði ráð fyrir því að annar fundur yrði til þess að ræða þessi mál. Það getur verið misskilningur hjá mér því að svo varð ekki og frv. var lagt fram 21. apríl, á mánudegi, þannig að um það var ekki rætt frekar.

Ég er ekki út af fyrir sig að áfellast neinn fyrir þetta, en ég legg þessar upplýsingar hér fram til þess að skýra það, að við töldum ekki að fullu útrætt í meiri hl. um þetta mál þegar það var lagt fram. Enda bendir ýmislegt til þess, að svo hafi einnig verið litið á málið í Nd. því að fulltrúar meiri hl. þar gera sannarlega brtt. við frv., þrátt fyrir þennan undirbúning og umr. sem áður fóru fram. Spurningin er því í raun og veru sú hvort sjútvn. þessarar d. leyfist sem síðari n. að gera brtt. við frv. Ég sem formaður þeirrar n. held því skýlaust fram að henni beri skylda til þess að skoða frv. og

leggja fram þær brtt. sem meðlimir hennar telja réttar.

Hv. 5. þm. Austf. hefur gert það ítarlega grein fyrir brtt. okkar að ég þarf ekki að fjalla um þær. Ég hef hlustað með mikilli athygli á það sem fram hefur komið í sambandi við brtt. okkar við ákvæði til bráðabirgða, bæði á nefndarfundum og hér, og hef sannfærst um að sá grundvöllur, sem við leggjum til, sé sá eini heilbrigði og rétti í stöðu sem ég viðurkenni þó að verður aldrei fyllilega metin, því að óvissa er mikil. Mér þykir undarleg sú ákvörðun eða sú yfirlýsing hjá meðlimum sjútvn. Nd. og eiginlega líkjast helst sleggjudómi, það sem þeir leggja fram um frádrátt frá sannanlegum birgðum og hér hefur verið rakið. Ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að ræða það. Mér sýnist í till. okkar byggt á eina rökrétta grundvellinum sem finnanlegur er í þessari stöðu.

Ég skal ekki lengja þetta en ég vil að lokum aðeins segja eftirfarandi um brtt. minni hl.: Ég hef mikla samúð með þeirri brtt. minni hl. að veita heimild til þess að undanskilja einnig saltaðan smáfisk. Ég get nefnt dæmi sem ég held að sé fróðlegt fyrir dm. að heyra. Í Grímsey á árinu 1974 var söluverðmæti saltaðs fisks 29 millj. 750 þús. kr. Það voru 254 tonn. Af því voru 163.5 smálestir smáfiskur. Þessir menn borga í Olíusjóð með þeirri hækkun, sem nú verður samkvæmt þessu frv. 3 millj. 420 þús. kr. á þessum grundvelli 1974. Viðbótin verður 1.8 millj. kr. En þeir nota samtals 35 294 lítra af olíu og fá því til baka 508 233 kr., þ. e. a. s. þessir litlu trillukarlar þarna borga nálægt því 3 millj. kr. styrk til blessaðra togaranna okkar. Þetta er ekki fallegt dæmi og það er sannanlegt að atvinnuvegur og atvinnulíf í Grímsey hvílir algjörlega á þessu. Hitt er svo annað mál, sem ég hef lýst í n., að ég tel mjög vafasamt í lögum frá Alþ. að verðlauna smáfiskadrápið. Við reynum að draga úr því á annan máta, og ég tel hættulegt m. a. með tilliti til málflutnings okkar á alþjóðlegum grundvelli að láta slíkt út berast. Þetta hef ég rætt við hæstv. sjútvrh. og hann hefur mætt á fundi með mér og nokkrum öðrum og rætt þetta mál og tjáð sig fúsan til að leita að öðrum leiðum, og ég legg allt traust mitt á að það verði gert. Ég vona að þær tölur, sem ég fór með hér áðan, sannfæri hann, ef hann hefur ekki verið sannfærður áður, um það hvað þetta er nauðsynlegt. Ljóst er að varla verður saltað lengur í Grímsey ef þessi byrði verður lögð óskert á þá, sem þar búa. Þetta er mikilvægt mál, en ég mun þó greiða atkv. gegn þessari brtt. En ég geri það í trausti þess að leitað verði að leiðum til þess að bæta slíkum stöðum þessa miklu byrði.

ATKVGR.

Brtt. 708, 1.a felld með 12:4 atkv.
— 731, 1 felld með 11:3 atkv.
— 708, 1.b felld með 14:5 atkv.
— 708, 1.c felld með 14:5 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 708,2 felld með 14:4 atkv.
2. gr. samþ. með 14:5 atkv.
3 gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 708.3 felld með 13:4 atkv.
— 731,2 felld með 14:4 atkv.
Brtt. 708,4 felld með 13:5 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 637). — 1. umr.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Mig langar til þess að segja fáein orð við þessa umr. hér því að ég vil hafa hið besta samstarf við hæstv. forseta og reikna með því að þegar þetta frv. kemur til 2. umr. muni kannske verða enn meiri hraði hér á hlutunum og enn meiri þörf skjótra viðbragða, svo að það sé best að vera sem fyrst í þessu og gera þetta frv. að nokkru umtalsefni. Ég ætla þó að vona að það verði ekki talið á nokkurn hátt mér til andstöðu við hugmyndina í sjálfu sér þó að ég taki hér til máls og geri ýmsar athugasemdir við málið í heild eins og það kemur mér fyrir sjónir.

Þetta mál kemur að vísu til þeirrar n. sem ég á sæti í og þar mun ég ræða það, en reyni svo að forðast að fara í það nánar aftur við 2. umr. að svo miklu leyti sem hjá því verður komist.

Svo hlynntur sem ég er fæðingarorlofi eða barneignafríi kvenna, eins og Skúli Guðjónsson á Ljótunnarstöðum vill heldur láta orða þetta, og þá allra kvenna, þá hefur mér frá því ég sá þetta frv. fyrst ekki fundist það samrýmast nægilega vel hugmyndum mínum um þessi mál. Ég hef einfaldlega talið málið heyra beint undir tryggingar, ekki vegna atvinnuleysis, heldur almannatrygginga í landinu af tveim ástæðum aðallega. Í fyrsta lagi af því að málið heyrir beint og óumdeilanlega undir þennan málaflokk ríkisútgjalda. Eðli barneignafrís hlýtur að flokkast til beinna tryggingamála. Í öðru lagi og enn frekar, þó að skemmra yrði e. t. v. gengið gagnvart lengd frísins í upphafi, þá hlýt ég að telja fullt jafnrétti öllum konum til handa tryggt með því einu móti að okkar alhliða tryggingakerfi taki þetta mál að sér að fullu, í áföngum e. t. v. eins og fleira sem þar hefur áunnist. Þetta geri ég af alhliða jafnréttisástæðum sem ég hélt að við ættum framar öllu öðru að hafa að leiðarljósi hér sem annars staðar. Þannig hefur málið verið flutt og túlkað áður, m. a. nú á þessu þingi, og því mjög að vonum, að nokkur umr. og athugun fari fram þegar málið er allt í einu flokkað undir einhvers konar atvinnuleysisbætur.

Í Nd. urðu umr. býsna langar og merkilegar eins og þar er títt og munu hv. flm. ekki hafa þar látið sitt eftir liggja að tefja fyrir málinu eins og sagt hefur verið um þá aðra sem þar ræddu málið. Ég minni enn einu sinni á till. þá frá Bjarnfríði Leósdóttur, sem var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera þær breytingar á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, að þar verði konum tryggt 3 mánaða fæðingarorlof á fullum launum. Enn fremur að fæðingarstyrkur verði greiddur hverri konu, en dvöl á fæðingarstofnunum verði ókeypis.“

Hér þótti mér um mjög athyglisverða og um leið rökrétta aðferð að ræða og var henni mjög fylgjandi. Óumdeilanlega á svona mál heima innan ramma okkar almennu tryggingalöggjafar. Það er því ekki að undra þó að ýmsar athuga-

semdir og ábendingar hafi komið fram um þetta mál í Nd. og þær athugasemdir hafa í fyllsta máta verið eðlilegar og málefnalegar. Hins vegar dreg ég ekkert úr gildi þessa máls og eflaust góðum hug þeirra flm. sem að þessu máli standa.

Ef litið er til baka til upphafs Atvinnuleysistryggingasjóðs, þá fer ekkert á milli mála hvaða hlutverki hann átti að þjóna og hvernig hann var til kominn. Einfaldlega skiptu launþegar í landinu í lok hins harða og langa verkfalls 1955 á almennri kauphækkun og fengu sömu prósentur í sjóð til að bæta ástand kjara þeirra í atvinnuleysi, taka þar sárasta broddinn úr með nokkrum bótum. Að minni skoðun er þetta því óumdeilanlega sjóður launþega sjálfra. Sem betur fer hefur ekki þurft að ganga stórkostlega á þennan sjóð allt til þessa, þótt t. d. nú séu nokkrar blikur á lofti og alltaf eigi að hafa þar á fulla gát. En sjóðurinn fékk fljótt önnur verkefni, tengd atvinnulífinu í landinu, til að hindra atvinnuleysi með fyrirgreiðslu til ýmiss konar aðila, og oft hefur sjóðurinn gripið þann veg inn í mál að fyrirsjáanlegu atvinnuleysi hefur verið bægt frá. Ríkisvaldið hefur eðlilega einnig leitað til sjóðsins um fyrirgreiðslu ýmiss konar og þá oftast varðandi atvinnulífið almennt eða mál því nátengd. Sama er að segja um sveitarfélögin sem reyndar greiða sinn hlut til þessa sjóðs. Og í dag veit ég að fyrir liggja umsóknir — margar mjög brýnar — frá ýmsum aðilum um aðstoð, m. a. til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, og formaður sjóðsstjórnar, sá góði og grandvari maður Hjálmar Vilhjálmsson, hygg ég að fari ekki dult með áhyggjur sínar nú, þar sem hann sér fram á erfiðleika sjóðsins við að standa í skilum með þau verkefni sem fyrir eru þótt ekki sé á bætt án nýrra tekna.

Ég vil eindregið mælast til þess, í þeim tilgangi að fá sem bestar og gleggstar skýringar um þetta, svo að það geti á engan hátt sett óeðlilegan þröskuld í veg þessa máls, að til þess verði séð að Hjálmar Vilhjálmsson verði fenginn á fund heilbr.- og trn. þegar hún tekur þetta mál fyrir. Ég veit að formanni er ljóst að þess er þörf. Þessum manni og fleirum úr sjóðsstjórninni, sem hér hafa viljað fara að öllu með gát og ekki rasa um ráð fram, treysti ég of vel til að halda þá fara með fleipur.

Menn hafa gjarnan spurt, m. a. flm. þessa frv., hvort lánagreiðslur ýmsar úr sjóðnum í dag ættu meiri rétt á sér en þetta brýna verkefni. Mér finnst að um það sé í raun þarflaust að spyrja. Staðreyndin um brýn verkefni sjóðsins til margvíslegra hluta, ónóg fjárráð til að standa nógu vel að þeim verkefnum, segir sína sérstæðu sögu en á ekki hér beint skylt við.

Við verðum því, ef þessa leið á að fara, að gera annað tveggja: ákveða hvaða verkefnum á að létta af sjóðnum, hverju á hann að neita, og ef við ekki viljum segja það hreint út, þá eigum við að afla sjóðnum þeirra tekna til viðbótar sem standi undir þessum greiðslum, ekki síst þegar atvinnuleysi er staðreynd vegna togaraverkfallsins og ýmis merki um það að atvinnuleysisbætur kunni að verða með mesta móti á þessu ári, þótt hið besta skuli vonað. Þetta hefur verið svo rækilega rætt og rökstutt í Nd. að ég skal forðast miklar endurtekningar þess hér. Ég sagði: „þessa leið, sem hér er lagt til að farin sé". Ég legg á það áherslu að það er þessi aðferð, en ekki málið sjálft, sem um hefur verið deilt. Um það virðast nú allir sammála þótt till. Bjarnfríðar Leósdóttur hafi litlar undirtektir fengið hjá sumum og nýfelldar séu hér í þinginu till. um barneignafrí allra kvenna. En gott og vel, ef menn hafa hér komist að samkomulagi um grunninn, þá ætti að vera hægara um uppbygginguna. En þá vakna ýmsar spurningar um leið, hver eigi að vera sá aðili, sem grunninn leggur, og um það er rætt og um það hygg ég að öll umr. í Nd. hafi snúist.

Ég skal ekki tala öllu lengur hér um þetta mál, en bendi á þessi atriði til umhugsunar og ætlast engan veginn til, að þau séu neinn farartálmi í vegi þessa frv.:

Í fyrsta lagi er hér óumdeilanlega um að ræða hreint tryggingamál, sem á að falla inn í okkar almannatryggingakerfi, og mun jafnvel hafa verið viðurkennt af einhverjum flm. að þetta, sem hér er lagt til, væri nær því að vera bráðabirgðalausn mála.

Í öðru lagi tel ég Atvinnuleysistryggingasjóð ótvíræða eign launþega og beinar greiðslur úr þeim sjóði hljóta því að vera þeirra mál fyrst og fremst, til þeirra á því að leita um samþykki við nýjar greiðslur. Ég veit ekki hvort það hefur verið gert eða hvaða umsagnir liggja fyrir, en það verður vitanlega skoðað í nefnd.

Í þriðja lagi er hér um takmarkaðan hóp kvenna að ræða, að vísu allstóran hóp sem ég hef mikla og ríka samúð með. En það er eðlilegt að spurt sé hvort jafnrétti eigi hér ekki að vera sem mest, þ. e. a. s. að eðlilegast hlyti að vera að allar konur nytu hér sama réttar, jafnvel þótt skemmra yrði gengið í upphafi.

Í fjórða lagi virðist fullljóst, fyrr en annað liggur þá fyrir, að annað tveggja þarf að gera: Létta af Atvinnuleysistryggingasjóði ýmsu því sem á honum hvílir í dag og allir ætlast í raun til af honum að hann sinni, ríkisvald, sveitarfélög og ýmsir aðilar atvinnulífsins, og það meira að segja í ríkari mæli en sjóðurinn er fær um. Þá álít ég að við eigum að ganga hreint til verks og segja ákveðið til um það hvað eigi niður að falla og þá hvaða byrðum eigi að létta af sjóðnum og gera það í sérstöku ljósi þess hve atvinnuástand í dag getur orðið ótryggt, atvinnuástandið getur orðið eins og allt bendir til í dag. Hin leiðin er svo sú að auka tekjur sjóðsins sem þessu nemur og till. hafa komið fram um í Nd. Þá leið má vissulega hugsa sér, en að öllu óbreyttu finnst mér að hér rekist ýmislegt á og það alló̧þyrmilega að dómi ýmissa þeirra sem gerst til þekkja. Ég nefni formann stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðsins, sem enginn vænir um neinar öfgar í þessu máli, alveg sérstaklega þessu til staðfestingar.

Ég hygg að um málið sjálft, barneignafrí til allra kvenna, sé nú orðin full samstaða. Því ætti að sameina kraftana að því marki sem óumdeilanlegt yrði og finna þá leið sem eðlilegust og sjálfsögðust hlýtur að teljast, þ. e. a. s. innan ramma almannatryggingakerfisins. Sé þess ekki kostur, þá hlýt ég að fylgja þessum áfanga sem hér er farið fram á, að því tilskildu að Atvinnuleysistryggingasjóður geti sómasamlega séð fyrir þessum greiðslum. Og ég vil jafnframt tryggja það,

að ekki sé þrengt óeðlilega að öðrum eðlilegum þáttum í starfsemi sjóðsins, og mun freista þess í n. að fá þetta skýrar fram. Ég sem sagt álít — jafnmörg verkefni og þessi sjóður hefur haft að undanförnu, og mér hefur virst menn vera tregir til að benda á það hvað niður ætti að falla eða þá hvort það þyrfti þá ekki nýjar tekjur þarna — að fyrir því verði að vera mjög greinargóðar upplýsingar. Ég lýsi því ákveðið yfir að þetta er mál sem er með þeim brýnni í okkar tryggingamálum almennt og að því ber að vinna af alefli. Og ég lýsi því enn yfir að ef engin önnur leið finnst um þetta mál, þá mun ég styðja það sem áfanga, sem bráðabirgðalausn. Ég vil ekki bregða á neinn hátt fyrir þetta mál fæti ef menn sjá enga færa leið aðra þó að ég hafi haft á því ýmsa fyrirvara. Eftir athugun, sem ég tel nauðsynlega, og hugsanlegar brtt., ef annars verður ekki úrkosta og hætta verður t. d. á því að þetta mál dagi uppi í heild, þá tel ég þetta mál þó það mikilvægt, þó að leiðin sem þarna er farin sé ekki sú eðlilega og rétta að mínum dómi, að ég hlýt að styðja þennan áfanga engu að síður.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að skýra afstöðu mína sem stjórnarmanns í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, kosinn af Alþ. Ég er þar nýliði og ég hlaut að taka verulegt mið af hinum reyndari og eldri mönnum þar og alveg sérstaklega þeim sem geta með réttu bent á að þessi sjóður er stofnaður á sínum tíma, 1955, með samkomulagi milli atvinnurekenda og launþegasamtakanna. Þegar fulltrúar þessara aðila lögðu til ákveðnar ákvarðanir í þessu, þá fannst mér sem nýliða, að það sæti ekki á mér að vera að setja mig á háan hest. Ég er hins vegar ákaflega hlynntur þeirri hugmynd sem þarna kemur fram, en sem stjórnarmaður í þessari stofnun, án þess að Alþ. hafi fyrir fram gefið mér skipun um það af því að ég er þaðan kosinn, þá tel ég samt að þetta sé í verkahring annarra. Ég bendi á að það eru miklu fleiri konur sem eiga vissulega rétt á því sem hér er farið fram á, og ég vil nú bæta við, þar sem alltaf er verið að tala um fæðingarorlof og án þess að draga nokkuð úr því sem þar er haldið fram, að þær konur, sem taka að sér kornabörn, eiga líka að mínum dómi vissan rétt til þess að geta verið samvistum við sín börn nokkrar vikur eða mánuði á eftir. Og í kringum okkur er jafnvel talin nauðsyn að konur séu samvistum við börn sín allt að 9 mánuði eftir fæðingu eða að þær taki þau að sér.

Ég held hér hafi, herra forseti, verið minnst sérstaklega á sveitakonurnar. Ég viðurkenni að þær geti verið samvistum við sín börn fremur en þær konur sem þurfa að vinna í þéttbýlinu úti við. En það getur verið erfitt samt sem áður fyrir þær að leysa þetta mál þarna án aðstoðar. Og vissulega er það eitt af grundvallaratriðum í bættri félagsmálaþjónustu okkar að gera konum auðveldara að vera heima og stunda sín börn, ekki aðeins nokkrar vikur, heldur nokkra mánuði eftir fæðingu.

Það var álit fulltrúa launþegasamtakanna og atvinnurekenda í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að þetta væri ekki samkv. því samkomulagi sem gert var 1955. Við þá hefur ekki verið talað um þetta, má vera að það hafi verið mistök, en ég lýsi því hins vegar yfir að þó að þetta sé sterkur sjóður, þá er hans handbæra fé ákaflega takmarkað. Stjórnin var að gera rammaáætlun um úthlutun til fiskveiðanna, þar með fiskiðnaðarins, til sveitarfélaganna, þar eru fyrst og fremst hafnir, vatnsveitur og hitaveitur, til iðnaðarins, verslunar og orlofsheimila alþýðusamtakanna. Við höfum hins vegar ekki þorað, nánast ekki þorað að úthluta nema sáralitlu til þessa af ótta við það að ef til atvinnuleysis kæmi, þá streyma milljónatugir út á viku og þá þýðir ekkert fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð að eiga góð verðbréf og tryggingar í fasteignum. Hann verður að eiga handbært fé. Það er þetta sem ég aðeins vil vara við, að þegar lagðar eru á sjóðinn nýjar skuldbindingar sem ég held að raunverulega fáir séu sammála um hvað muni í felast, en er á vissan hátt réttmætt að komist í framkvæmd, hverjir sem eiga að greiða þær, þá þurfi að hugsa dæmið til enda. Ég tek fram að það er ekki búið að lofa neinum af þessum lánveitingum, en þessi hugsun á skiptingu þessa innan við 240 millj. lánsfjármöguleika, sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur, hlyti að raska þeim ramma sem þar var hugsaður til skiptingar. Látum það vera út af fyrir sig. En það getur hins vegar leitt af sér vissa erfiðleika annars staðar sem menn sjá ekki fyrir í dag. Og ég er sannfærður um að enginn úr stjórn sjóðsins getur í dag treyst sér til þess að segja að meira að segja þessi rammi fái staðist því að samkv. grundvallarreglum þessa sjóðs verður hann að standa undir greiðslum ef til atvinnuleysisbóta kemur. Það er nr. 1. Nr. 2 og það sem ætti að vera aðalhlutverkið er að vera fyrirbyggjandi fyrir atvinnuleysi og að því hefur sjóðurinn, að mér skilst, miðað starfsemi sína til þessa og reynt að haga sínum lánveitingum samkv. því.

Ég vildi aðeins, herra forseti, vekja athygli á þessu við 1. umr. Þetta var einróma afstaða stjórnar sjóðsins, af ótta við að ástandið væri þannig í dag að það væri vissara að fara að öllu með gát. Ég mundi telja allt annað mál ef þetta þyrfti ekki að taka gildi á þessu ári þannig að það væri hægt að skapa möguleika til þess að hafa lengri tíma til þess að átta sig á því að þarna væri komið nýtt viðfangsefni. En ég tek það fram að ef það er vilji Alþ. að Atvinnuleysistryggingasjóður taki þetta að sér, þá bregð ég ekki fæti fyrir framgang málsins.

Oddur Ólafsson: Herra forseti. Þar eð ég sit í þeirri n., sem mun fá þetta mál til meðferðar, ætla ég ekki að fjölyrða um það nú, en langar þó til að segja hér nokkur orð.

Menn virðast vera einhuga um það að hér sé um gott mál að ræða. Aðeins greinir menn á um fjármögnun. Ef við hugum lítils háttar að tilgangi Atvinnuleysistryggingasjóðs er hans tilgangur fyrst og fremst að tryggja þeim launþegum framfærslulífeyri sem verða af vinnutekjum sínum vegna annars en sjúkdóma og slysa, og að mínu áliti er hér einmitt um að ræða þá aðila vinnumarkaðarins sem missa sínar atvinnutekjur tímabundið vegna annarra orsaka en sjúkdóma og slysa. Mér virðist því ekki alveg

einsýnt að hér sé endilega um tryggingamál að ræða, þ.e. mál almannatrygginga, heldur geti alveg eins komið til greina að það sé rökrétt að atvinnuleysistryggingar taki þetta verkefni að sér. Hitt er svo annað mál, að að sjálfsögðu verður Atvinnuleysistryggingasjóður að hafa öryggi fyrir því að hann geti sinnt sínum höfuðhlutverkum, fyrst og fremst útborgun bóta vegna atvinnuleysis. Það er aftur á móti ráðstöfun tekna sjóðsins að öðru leyti sem þar ræður mestu um.

Varðandi þetta frv. ber öllum saman um að nú í dag gæti misréttis í þjóðfélaginu í þessu efni. Vissir launþegar njóta þessara réttinda, að fá þriggja mánaða fæðingarorlof, en aðrir ekki. Verði þetta frv. að lögum minnkar sá hópur sem utan stendur, og má því segja að þetta verði áfangi að því marki að allar konur fái þessa fyrirgreiðslu eftir barnsburð. Það er í vaxandi mæli álit þeirra, sem vit hafa á, að það sé æskilegt að konan geti dvalið hjá barni sínu fyrstu mánuðina eftir burð, og talið að þetta hafi áhrif til góðs bæði á konuna og barnið og geti haft allmikla þýðingu fyrir framtíð þess. Það eykst nú aftur að börn séu höfð á brjósti, en einmitt ásóknin í það að konur færu til vinnu á vinnumarkaðnum hefur breytt þessu hlutfalli mjög mikið þannig að fram undir þetta hefur mikill minni hl. kvenna haft sín börn á brjósti nema þá um mjög stuttan tíma.

Menn greinir nokkuð á um það hver mundi verða fjöldi þeirra mæðra sem kynnu að njóta þessara hlunninda ef að lögum yrðu. Og eitt er víst, að í fyrstu munu menn hafa álitið að hér væri um stærri hóp að ræða en raunin er. Hér eru um 4400 fæðingar á ári en talið er ólíklegt að þær konur, sem mundu njóta þessarar fyrirgreiðslu, fari yfir 700 á hverju ári. Þetta mundi þýða 70—80 millj. kr. útgjöld fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð á ársgrundvelli, og enda þótt þetta sé ekki há prósenttala af hans 640 eða 650 millj. kr. árstekjum, þá er því ekki að neita að í því árferði, sem nú er, ber að hafa alla gát á og rannsaka gaumgæfilega hvernig fyrirbyggt verði að sjóðurinn geti lent í greiðsluþrotum til útborgunar bóta. Ég hef því boðað form. sjóðsins, Hjálmar Vilhjálmsson, til fundar við heilbr.- og trn. í fyrramálið og vonast til að hjá honum fáum við þær upplýsingar um stöðu sjóðsins og hans framtíðarverkefni, að við getum eftir það rætt um möguleika til þess að koma þessu máli í höfn, — máli sem í raun og veru allir vilja styðja, en greinir aðeins lítillega á um leiðir.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það mun rétt, eins og síðasti ræðumaður sagði, að hér er hreyft réttlætismáli út af fyrir sig sem slíku, en ef við lítum á grg. stendur í 1. málsgr.:

„Allir viðurkenna nú á dögum að þriggja mánaða fæðingarorlof hið minnsta sé nauðsynlegt til að tryggja heilsu nýfædds barns og móður þess.“

Hvers vegna er þá verið að leggja til að aðeins hluta af þeim konum, sem fæða börn, sé tryggt þetta sem frv. gerir ráð fyrir? Hvers vegna er verið að leggja það til þá? Ég verð að segja það að ég tel miklu eðlilegra, ef þetta er viðurkennd staðreynd í dag í þjóðfélaginu, að stytta þá tímann úr 90 dögum í 2 mánuði t. d. og veita þetta öllum konum. Ég gagnrýndi það hér í vetur að við værum hér æ ofan í æ með frv. sem við kölluðum réttarbót, en það væri í raun og veru verið að mismuna þegnum þjóðfélagsins æ ofan í æ með því að veita aðeins vissum hluta þegnanna aukinn rétt. Þá erum við í eðli sínu að mismuna þegnunum. Og ég vil spyrja þá sem harðast tala fyrir þessu frv., hér stendur í 1. gr., það er reyndar ein málsgr. aðalfrv. og svo um gildistöku: „Þá skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga.“ En kona sjómannsins? Er það ekki vinna fyrir hana að vera ein á heimilinu með mörg börn og maðurinn langdvölum í burtu? Hvað er meiri vinna? Mætti maður líka minna á vinnu bóndakonunnar sem tekur yfirleitt í dag, þrátt fyrir mjög mikla tæknivæðingu í búskapnum, mikinn þátt í framleiðslunni, og er það ekki lífsnauðsynleg réttarbót fyrir þá konu að fá 60 daga í staðinn fyrir ekki neitt? Ef kostnaðurinn er, eins og hér hefur komið fram, um eða yfir 100 millj. á þessar 700 konur, haldið þið að þjóðfélagið kikni þá undna því að veita öllum konum, sem eftir eru, fæðingarorlof í 2 mánuði og viðurkenna það sem sæmilegan áfanga og lögin taki gildi 1. jan. 1976? Ætli það sé ekki meiri sómi í því fyrir hv. þm.? Ég trúi því ekki að þetta verði afgr. eins og það liggur fyrir núna til 1. umr. hér í Ed. Ég trúi því ekki, og ég beini því til síðasta ræðumanns, sem er form. í heilbr.- og trn. að hann athugi þennan möguleika mjög vel og þá getum við tryggt á komandi hausti nægilegt fjármagn fyrir allar konur sem njóta ekki fulls fæðingarorlofs í dag, þ. e. a. s. þær konur sem eru ekki í þjónustu hins opinbera, fæðingarorlof í 2 mánuði, og það eru miklu sómasamlegri vinnubrögð en að rétta sumum konum, þó að þær séu vel að því komnar út af fyrir sig, þennan áfanga og gleyma öllum hinum. Það hlýtur að vera miklu geðfelldara fyrir alla landsmenn eða alla hv. alþm.

Það á ekkert að blanda hér inn í hvað Atvinnuleysistryggingasjóður er í sjálfu sér. Þó að hann sé í þessu frv. sem tekjuöflunarleið til þess að borga fyrir þessar konur, þá eru ædimargir sem gera tilkall til þessa sjóðs og réttinda sem hann veitir. Og hvað um fátæka heimilið ef hann hefði ekki nægilegt fjármagn í atvinnuleysi? Hvað um fátæka heimilið ef það finnur til öryggisleysis? Skapar það ekki vanlíðan með einu eða öðru móti, — ég er hræddur um það og það og það mikla vanlíðan að það gæti orðið alvarlegt mál fyrir það heimili, bæði foreldrana og börnin, ef fyrirvinna heimilisins hefur ekki nægilegt að bíta og brenna? Hér er ekkert smámál á ferðinni, að tryggja ekki nægilegar tekjur samtímis því sem við leggjum á sjóðinn miklar kvaðir.

Það er svo um mörg góð mál að það vill enginn vera á móti þeim, jafnvel þó að þau leysi ekki nema hluta af vandanum, en kunni að skapa verulega aukinn vanda um leið og við föllumst á svona einfalda lausn, — vanda, sem er alls ekki eftirsóknarvert að búa til — öðru nær.

Ég vildi aðeins, herra forseti, vekja athygli á þessu í upphafi þessa máls, þar sem það er orðið það áliðið þingtímans og e. t. v. á að keyra það í gegn óbreytt. Ég er mjög óánægður með

slík vinnubrögð og legg eindregið til að n. athugi gaumgæfilega hvað það muni kosta að veita öllum konum fæðingarorlof í 2 mánuði og hvað það væri mikið álag fyrir tryggingakerfið hjá okkur að takast slíkt á hendur. E. t. v. mætti skipta byrðinni eftir fleiri leiðum á fleiri bök. En ég vil eindregið mælast til þess að þessi leið sé rækilega athuguð því að frv., eins og það liggur fyrir núna, veitir vissum konum að vísu mikilvæg og eftirsóknarverð réttindi, en forsenda þess er, eins og segir í grg., 1. málsgr., að tryggja heilsu nýfædds barns og móður þess og það er mat allra manna að það sé nauðsyn. Það á ekki að skilja neinn hóp eftir, heldur verður þá að ná 3 mánaða orlofinu — við skulum segja í tveimur áföngum. Það eru að mínu mati skynsamlegri vinnubrögð en að afgr. þetta mál nú í skyndi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 91. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, kl. 9.55 síðdegis.

Ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins, frv. (þskj. 613). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IT, JónÁ, JHelg, JGS, OÓ, StG, AJ, ÁB, EÁ, ÞK.

HÁ, JÁH, EggÞ greiddu ekki atkv.

7 þm. (HFS, RA, StJ, StH, AG, GeirG, GH) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 778).

Ríkisreikningurinn 1972, frv. (þskj. 458). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 780).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 526). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 781).

Leiklistarskóli Íslands, frv. (þskj. 680). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 782).

Iðnaðarmálagjald, frv. (þskj. 750, 751). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Við 2. umr. benti hv. 5. þm. Austf. á að heppilegra væri að skýrt kæmi fram í lögunum að iðnaðarmálagjaldið skyldi innheimt með iðnlánasjóðsgjaldi eða jafnvel yrði hluti af því. Sú brtt., sem ég hef lagt hér fram, er til þess að taka af öll tvímæli um að skattyfirvöld skuli leggja iðnaðarmálagjaldið á með iðnlánasjóðsgjaldinu og ætti það þá að vera alveg tvímælalaust.

ATKVGR.

Brtt. 751 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar, frv. (þskj. 141, n. 727, 469, 718). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til athugunar frv. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg, það er 15. maí. Málinu var vísað til n. skömmu fyrir jól og þá rætt á tveimur fundum n., en afgreiðslu þá frestað vegna óska um að senda málið til umsagnar Framkvæmdastofnunar, Seðlabanka Íslands og viðskiptabankanna. Umsagnir þessara aðila bárust svo nm. eftir að þing kom saman að nýju eftir þinghlé.

Þessi fjáröflunarleið hefur nú verið notuð um alllangt skeið hér á landi, en síðustu árin hefur það verið fyrst og fremst til öflunar fjármagns til vegagerðar, fyrst til þess að ljúka við hringveginn á Skeiðarársandi, en síðan við lagningu Djúpvegarins. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að halda áfram á þessari sömu braut og hv. Alþ. hefur nú farið síðustu árin.

Í lögum um fjáröflun til vegagerðar, sem sett voru á s. l. sumri, er gert ráð fyrir heimild til þess að halda áfram að gefa út happdrættisskuldabréf í því skyni að afla fjár til hringvegar um landið. Það sem liggur til grundvallar þessu er að Alþ. vill leggja áherslu á þann áfanga sem það telur vera næstan í vegagerð, þ. e. a. s. eftir að tengingu er lokið á Skeiðarársandi. Það er annars vegar að halda áfram gerð

vega með bundnu slitlagi, eins og þegar hefur verið byrjað á, og hins vegar að byggja jafnframt upp þá kafla hringvegarins sem helst er hætta á að lokist, svo að reynt sé að tryggja eins og unnt er að hægt verði að halda honum opnum allt árið. Um nauðsyn þessara verkefna munu ekki vera mikið skiptar skoðanir.

Í nál. fjh.- og viðskn. er bent á að það sé eðlilegt að líta á hringveginn sem eina heild og því sé að sumu leyti ekki rétt að taka út einstaka kafla hans. En þar sem það mun verða veitt til hans á næstu árum meira fjármagn en aflað verður á þennan hátt, þá ætti að vera hægt að ráðstafa því í þá kafla sem ekki er gert ráð fyrir í þessu frv. eftir því sem ástæða þykir til.

Í n. kom hins vegar fram sú skoðun að það væri þörf á að athuga kosti og galla þessarar aðferðar við fjármagnsútvegun, a. m. k. áður en farið væri út í það að nota þessa fjáröflunarleið til annarra hluta, þar sem hún hefur tvímælalaust sína kosti og galla. Það sem einkum er rætt um í því sambandi er verðtryggingin og svo vextir í formi happdrættisvinninga. Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að vexti megi greiða bæði í formi happdrættisvinninga og á venjulegan hátt, og það kom fram í n. að það væri eðlilegt að nota þá heimild. Það hefur nokkuð verið rætt um það að verðtrygging valdi því að þarna sé verið að binda stóra bagga fyrir framtíðina, en sú stefna virðist nú eiga vaxandi fylgi að fagna að taka upp verðtryggingu lána almennt í nokkrum mæli, þannig að þetta hefur þá ekki orðið eins mikla sérstöðu og áður.

Eins og ég sagði áðan er heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar um útgáfu happdrættisskuldabréfa til fjáröflunar til hringvegar. Með þessu frv. má því segja að Alþ. sé fyrst og fremst að lýsa því yfir í hvað ríkum mæli það vilji að þessi heimild sé notuð á næstu fjórum árum, til ársins 1979, án þess þó að það sé í þessu frv. bundið um of við hvert ár þar sem það hlýtur að fara að einhverju leyti eftir ástandi í þjóðfélaginu að öðru leyti hversu langt verður gengið. Í þeirri vegáætlun, sem liggur fyrir Alþ. er gert ráð fyrir að aflað sé 300 millj. kr. á þennan hátt.

Fjh.- og viðskn. mælir með samþykkt frv. eins og það kom frá hv. Nd. Ragnar Arnalds og Jón G. Sólnes voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, en Albert Guðmundsson skrifar undir nál. með fyrirvara sem hann væntanlega gerir nánari grein fyrir hér í umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Á þskj. 469 flyt ég ásamt Inga Tryggvasyni brtt. við það mál sem nú er til umr., happdrættislán til Norður- og Austurvegar. Ég ræddi þetta nokkuð ítarlega við 1. umr. og gerði þá grein fyrri því að með þessu móti og þessari fjáröflun verða vissir landshlutar mjög utangarðs. Ég gerði grein fyrir því þá að ég væri að vísu ekki mótfallinn því að taka happdrættislán til vegagerðar þótt ég viðurkenni að þau geti orðið nokkuð kostnaðarsöm í endurgreiðslu. Hins vegar er mín skoðun sú að ef við getum með þesu flýtt vegagerð og notið arðsins af bættum vegum, þá sé það rétt. En aðalatriði mitt var hins vegar að með þessu móti væri mjög verið að mismuna landshlutum og taldi ég tvennt koma til greina í þessu máli: Annars vegar að slík fjáröflun sem þessi rynni beint í Vegasjóð og yrði þá skipt til hinna almennu þjóðbrauta og landsbrauta eða ráðstöfun þessa fjár yrði með þeim hætti að hennar nytu allir landshlutar. Við nánari athugun á málinu eftir 1. umr. komst ég að þeirri niðurstöðu að líklega væri seinni þátturinn líklegri til árangurs og því fluttum við Ingi Tryggvason fyrrnefnda brtt. á þskj. 469.

Ég vildi gjarnan gera með örfáum orðum grein fyrir því sem ég tel varasama stefnu í vegáætlun og kemur fram í því sem hér er til umr. Ég veit að hv. þm. vita það allir að vegáætlun eða fjármagn til nýrra þjóðvega skiptist í nokkra meginliði. Þar er fyrsti liður hraðbrautir. Síðan koma þjóðbrautir og landsbrautir og síðan má segja að það sem eftir er séu fyrst og fremst ýmsar séráætlanir. Segja má að fjármagn til nýrra þjóðvega skiptist í þessa þrjá meginþætti.

Svo að ég afgreiði fyrst síðasta þáttinn, þ. e. a. s. ýmsar séráætlanir, þá eru þær hugsaðar til þess að bæta landshlutum upp það, sem þessir landshlutar kunna að hafa dregist aftur úr í þessu sambandi, og setja þar inn sérstaka áætlun til þess að ná þeim upp á svipað svið og aðra landshluta. Þannig var Vestfjarðaáætlun fyrst samþ. og framkvæmd á árinu 1965—1966. Náði það, sem framkvæmt var, fyrst og fremst til vega sem tengja kjarna á Vestfjörðum þéttbýlissvæðum, fyrst og fremst Patreksfirði og Ísafirði.

Norðurlandsáætlun kom inn á svipuðum grundvelli og þar er Strandasýslan tekin með þar sem hún var ekki með í því, sem framkvæmt var af Vestfjarðaáætlun, og Austfirðirnir loks sem sérstök áætlun. Auk þess komu sérstök meiri háttar átök, eins og Skeiðarársandur, sem bar eiginlega eins konar ægishjálm yfir framkvæmd síðustu vegáætlunar. Einnig kom þar smávegis fjáröflun til Djúpvegar. En allt einkenndist þetta af því að þetta er sérstök fjáröflun til þess að lyfta ákveðnum þætti vegamála upp á hið almenna stig.

Hraðbrautir ákvarðast með sérstökum lögum, og fer það eftir talningu eða eftir umferð hvort þjóðbraut getur talist hraðbraut eða ekki. En það, sem einkenndi fyrri vegáætlun, var að hraðbraut náði aldrei meiru en 20—22% heildarfjármagnsins til nýrra þjóðvega, en þjóðbrautir og landsbrautir voru öll árin frá 1972—1975 með meira fjármagn til framkvæmda en hraðbrautir og töluvert meira sum árin, nálgaðist 25—30% heildarfjármagnsins. Fjármagn til hraðbrauta er að mestu leyti ákveðið að fenginni till. vegamálsstjóra, en fjármagn til þjóðbrauta og landsbrauta skiptist hins vegar á kjördæmin í ákveðnum hundraðshluta. Það hefur nú undanfarið numið 16% til hvers kjördæmis, nema til Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis sem fá minna, Reykjavík ekkert og Reykjaneskjördæmi, ef ég man rétt, 3—4%. Síðan hafa þm. viðkomandi kjördæmis verið ábyrgir fyrir því að skipta þessu fjármagni til hinna ýmsu þarfa innan kjördæmisins og þar er óskalistinn æðilangur. Mér sýnist því rétt að segja að vegáætlun hafi einkennst af því að reyna að koma vegakerfi landsins, þ. e.

a. s. þjóðbrautum og landsbrautum, í viðunandi horf þannig að það séu færir vegir mestallt árið, fremur en að leggja áherslu á hraðbrautir, nema hér á Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu þar sem umferð er ákaflega mikil og þörf fyrir hraðbrautir óvefengjanleg.

Þegar fram kom till. til þál. um vegáætlun fyrir 1974—1977 var sýnileg allmikil breyting. Þar var gífurleg aukning á hraðbrautafénu. Fer það gjarnan upp í 30—35%. Þar er einnig mjög eftirtektarverð sérstök áætlun: Norður- og Austurvegur, 500 millj. 1975, 1976 og 1977. Með öðrum séráætlunum leiðir þetta að sjálfsögðu til þess að fjármagn, sem er til ráðstöfunar í þjóðbrautir og landsbrautir, er hverfandi að verða og stórum minna en áður hefur verið, yfirleitt ekki yfir 25%. Þetta þýðir m. ö. o. að hraðbrautirnar, hinar sérstöku brautir sem því nafni hafa náð eins og ég sagði áðan, með sérstakri talningu, og fyrrnefnd séráætlun, sem að sjálfsögðu fellur raunar nánast undir hraðbrautaáætlunina, taka, þegar þetta tvennt er lagt saman, um 55—60% heildarfjármagns. Nú er það að vísu rétt að á þessu hafa orðið töluverðar breytingar og ég ætla ekki að lengja tímann með því að ræða um það. Til þess vinnst tími við umr. um vegáætlun í Sþ. og mun ég gera það þar. En ég dreg þetta fram til þess að vekja athygli á því að með þessari sérstöku fjáröflun til Norður- og Austurvegar sem ég sannarlega ann alls góðs, er verið að hvarfla frá þeirri stefnu sem hefur verið ríkjandi, að koma þjóðbrautum og landsbrautum í viðunandi horf. Hundraðshlutinn, sem þar er til skiptanna, er óbreyttur, 16% af því fjármagni á hvert kjördæmi, en fjárupphæðin hins vegar nokkurn veginn sú sama, á sama tíma og vegáætlun stóreykst að magni og það er orðið svo að ekki er nema um örfáa km að ræða sem gera má fyrir þetta fé. Sérstaklega verður þetta óréttmætt þegar vissir landshlutar, eins og Vestfirðirnir og Norðausturlandið, komast ekki undir þessa séráætlun og ekki undir hraðbrautakaflann, þá eru þessir landshlutar nánast orðnir annars flokks, það er eiginlega orðið annars flokks fólk sem byggir þessa landshluta. Það fær lítið sem ekkert af þessu mikla fjármagni, 60% vegáætlunar. Þar eru ekki hraðbrautir og þar er ekki þessi sérstaki flokkur vega: Norður- og Austurvegur, eða mestur hluti hringvegar.

Þetta teljum við, sem flytjum þessa till., ákaflega varhugaverða þróun, mjög varhugaverða vægast sagt, og slíka að ekki verði við unað. Við höfum því leitast við með þessari brtt. á þskj. 469 að ná þessu fjármagni til ráðstöfunar fyrir landið allt — ekki aðeins fyrir hluta af landinu — þar með talið Vestfirðina og Norðausturlandið sem verða út undan. Þetta teljum við að gera megi með því að breyta 7. gr. þannig að hún orðist svo:

„Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið til að greiða kostnað við gerð hringvegarins“ — þ. e. a. s. þá er það komið alveg í kringum landið, Norðausturlandið með — „og þjóðbrauta sem tengja landshluta þeim vegi, skv. nánari ákvörðun Alþ. við gerð vegáætlunar.“ Að sjálfsögðu vísar síðasti þátturinn til Vestfjarðanna sem eru mjög sér á báti.

Alþt. 1974 B. (96. löggjafarþing).

Ég ætla ekki að fara að flytja hér langt mál um vegamál Vestfjarða. Ég ræddi allítarlega um þau við 1. umr. þessa máls og gerði grein fyrir því að þar er þörf á stóru átaki. Ég skaut þar á tölu eins og 500—600 millj. til að tengja Vestfirðina þessum hringvegi, og ég teldi ekki óeðlilegt þó að til þess kæmi nokkur hluti af þessu happdrættisláni.

Annars vil ég segja það, að ég tel vegamálin forgangsmál í okkar þjóðfélagi og sjálfsagt að afla til þeirra meira fjármagns og því get ég fallist á þessa leið, þó að ég viðurkenni að við séum kannske komnir út á ystu nöf. Ég tel gagnlegt að fá þetta fjármagn til veganna.

Ef þessi till. verður ekki samþ., þá mun ég að sjálfsögðu leita allra leiða til þess að auka hlut Vestfjarða af þjóðbrautafénu. Ég held að hv. þm. hljóti að telja það eðlilegt þegar svo að segja allir aðrir landshlutar nema Vestfirðir og Norðausturlandið eru komnir með sérstakar áætlanir sem bera ægishjálm yfir þetta fjármagn allt. Það hlýtur að vera sanngjarnt að þessi hundraðshluti, sem skiptist nú jafnt á öll kjördæmin nema Reykjavík og Reykjanes, breytist og þá verði tekið tillit til þess að vissir landshlutar hafa sáralítið af hraðbrauta- og Norður- Austurvegarfjármagni.

Ég sagði það við 1. umr. að ég væri raunar hlynntastur því að þetta rynni í Vegasjóð. Komin er fram brtt. um það. Ég mun fylgja henni. En ég taldi þó líklegra, þar sem menn eru mjög hraðbrautarsinnaðir og ég tala nú ekki um hringvegarsinnaðir í dag, að það fengi meiri stuðning að halda þessu við hringveginn, en um leið á þann hátt, sem ég hef lagt til, nokkurn hluta af fénu til þessara óumdeilanlega nauðsynlegu verkefna í þeim tveimur landshlutum sem verða utangarðs.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um mikilvægi vegamálanna. Ég hygg að það sé ekki um það deilt að eitt af brýnustu og þýðingarmestu verkefnum, sem almannavaldið hefur við að glíma hér á Íslandi, sé að koma á betri samgöngum. En okkur er sniðinn stakkur eftir vexti í því efni eins og öðrum. Það er sama sagan í þessum efnum og víða í öðrum málum, að það, sem ræður ferðinni, eru fjármagnsmöguleikarnir.

Og þá komum við að því hvaða fjáröflunarleiðir sé eðlilegt að hafa til þess að fjármagna þessar mikilvægu framkvæmdir sem vegagerðin er. Við höfum að stofni til fyrst og fremst byggt á því að skattleggja bílaeigendur í landinu með bensínskatti, gúmmígjaldi og þungaskatti, og enn fremur er gert ráð fyrir því í lögum að árlega sé nokkru fjármagni af fjárl. ríkisins varið í þessu skyni. Ég held að það sé ekki margra kosta völ í þessum efnum og þó að það kunni að mega finna kannske eitthvað að þessum fjáröflunarleiðum þá er mér ekki kunnugt um að það hafi verið bent á aðrar sem séu hagkvæmari eða eðlilegri. En auðvitað hlýtur það alltaf að eiga að vera opið að gera breyt. í þessum efnum ef þær geta orðið til bóta, geta eflt fjáröflun til vegagerðarinnar og gert hana traustari og öruggari.

Fyrir nokkrum árum var farið inn á aðra leið með því að gefa út happdrættisskuldabréf. Það var gert til þess að ljúka ákveðnu verkefni, að leggja veg yfir Skeiðarársand og koma á svokölluðu hringvegarsambandi umhverfis landið. Ég þarf ekki að minna á þetta, en þó minni ég á þetta vegna þess að mér finnst að menn megi ekki missa sjónar af því að þessi fjáröflunarleið var tekin upp í sérstökum tilgangi, við sérstakar aðstæður og til þess að fást við sérstakt verkefni. Og það, sem var sérstakt og einstætt við þessa framkvæmd, var að það var ákveðið að leggja veg þar sem enginn vegur hafði verið áður. Þessi fjáröflunarleið var ekki farin til þess að bæta vegi, sem fyrir voru, eða koma slitlagi á vegi, sem fyrir voru, heldur til þess að leysa úr vanda sem var einstakur í sinni röð.

Það, sem næst skeður í þessu efni varðandi þessa sérstöku fjáröflunarleið til vegagerðar, er það sem skeði í sambandi við Djúpveginn. Það voru einnig sett lög um fjáröflun til Djúpvegarins með happdrættisskuldabréfum ríkissjóðs. Þar stóð einnig sérstaklega á. Þar stóð eins á og um Skeiðarársandinn. Það var enginn vegur fyrir þar sem Djúpvegur átti að leggjast. Þar voru engar samgöngur. Það var til þess gert að bæta úr þessu einstaka tilfelli sem að mínu viti var hliðstætt því tilviki sem um var að ræða þegar þessi leið var farin í sambandi við Skeiðarársandinn.

Þegar frv. til l. um happdrættisskuldabréf ríkissjóðs vegna Djúpvegarins var til umr. á sumarþinginu s. l. sumar hér í þessari hv. d. og 1. umr. fór fram í þessari hv. d. um það frv., sem hér er um fjallað, vék ég að þessum atriðum, sem ég hef nú komið að, til þess að leggja áherslu á að það væri sitt hvað að efna til fjáröflunar með happdrættisskuldabréfum ríkissjóðs þegar um afmörkuð verkefni væri að ræða sérstaks eðlis, eins og Skeiðarársandurinn og Djúpvegurinn, eða fara inn á þá braut að taka upp þessa aðferð til víðtækrar fjáröflunar fyrir vegagerð landsmanna, til þess að bæta vegakerfið og vegi landsins almennt sem vissulega er ekki vanþörf. Mér þykir þessi aðferð, þegar henni er beitt almennt, vera nokkuð varhugaverð og ég sagði það í umr. hér s. l. sumar og í des. s. l. þegar ég ræddi þessi mál. Ég er enn sömu skoðunar. En ef menn vilja ekki gera stórátök, sem þarf að gera í vegamálum landsins, á annan hátt en með því að grípa til þessarar nýju fjáröflunarleiðar, þá virðist mér úr nokkuð vöndu að ráða fyrir þá sem eru sömu skoðunar og ég, og það hygg ég að séu flestir ef ekki allir hv. þm., að það megi láta einskis ófreistað til þess að efla vegagerð landsmanna. Ég vil því á þessu stigi málsins ekki algjörlega fordæma þessa aðferð, með sérstöku tilliti til þess að ég verð að gera þá kröfu til hæstv. ríkisstj. og ber raunar það traust til hennar að hún haldi vel og skynsamlega á þessum málum ef þetta frv. verður samþ.

Hins vegar tel ég að það sé ekki hægt að samþ. þetta frv. óbreytt. Ef það er hugsunin að taka upp aðferð happdrættisskuldabréfa ríkissjóðs til þess að fjármagna vegagerðina almennt, þá hlýtur að leiða að því að það er ekki hægt að binda þær fjármögnunarleiðir við einstaka hluta landsins. Ef fjáröflunarleiðin er almenn, þá verður að vera hægt að veita því fé, sem fæst með þessu móti, til vegagerðar almennt um allt landið. Það eru engin rök fyrir því að skilja eftir einstaka landshluta, eins og Vestfirði eða Norðausturland, svo sem þetta frv. gerir ráð fyrir í núverandi mynd sinni eins og það berst hingað til okkar í þessari hv. d. Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 718 þar sem lagt er til að því fjármagni, sem inn kemur fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skuli ráðstafað þannig að það renni til greiðslu kostnaðar skv. vegal., þ. e. a. s. að allar tekjur af þessari fjáröflun renni í hinn almenna sjóð, Vegasjóðinn, og verði ráðstafað eftir sömu leiðum og öðru fé sem skv. lögum rennur í Vegasjóð. Þetta þýðir það, að ef till. mín verður samþ., þá eru Vestfirðir og Norðausturland jafnhlutgeng til þessa fjár og aðrir landshlutar. Það er lágmarkskrafa, sem verður að gera, að allir standi jafnt að vígi í þessum efnum vegna þess að um allt land er vangert í þessum efnum.

Mér líkar ekki alls kostar till. á þskj. 469 frá Steingrími Hermannssyni og Inga Tryggvasyni. Þar er ekki gengið afdráttarlaust til verks í breyt. á sama hátt og ég geri með minni brtt. Þar er lagt til að vísu að fjármunir þeir, sem inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skuli renna til Vegasjóðs, en það er tekið fram að þeim skuli varið til að greiða kostnað við gerð hringvegarins og þjóðbrauta sem tengja landshluta þeim vegi. Þetta er að vísu nokkur bót. Ef við tökum t. d. Vestfirðina, þá mundi þetta geta þýtt, ef till. hv. 2. þm. Vestf. væri samþ., að það mætti verja einhverju af þessu fé í vegarspotta frá Borgarfirði og í Gilsfjörð. En það er ekki rétt að breyta frv. á þennan veg. Þetta er ekki nema hálfköruð breyt., fylgir engu „prinsipi“ og hefur þá þýðingu fyrir landshluta eins og t. d. Vestfirði, sem við hv. þm. Steingrímur Hermannsson þekkjum báðir vel, að skv. hans till. kæmi ekkert af þessu fjáraflafé til greina í vegi á Vestfjörðum sjálfum. En skv. minni till. kæmi þetta fé þar að notum einnig. Mér kom því ekki á óvart að hv. þm. Steingrímur Hermannsson skyldi taka það fram, að mér skildist, að hann fylgdi minni till., og ég þykist vita að hann hafi ekki minni áhuga á því en ég að fara hinn rétta veg í þessu efni svo að Vestfirðir sitji við sama borð og aðrir landshlutar. Vona ég af þessum ástæðum og almennum ástæðum, sem ég er búinn að skýra hér og túlka, að till. mín verði samþ.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara í þessu sambandi við þetta mál út í almennar umr. um vegamálin. Það gefst alltaf tækifæri til þess að gera slíkt og því skal ég ekki fjölyrða frekar um málið.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Ég skal ekki tefja meðferð þessa máls hér í þingi með langri ræðu eða fara að tefja störf hæstv. þd. þar sem mér skilst að hér hafi átt að reyna að hraða störfum og ekki afgr. nú á síðustu tímum þingsins nema hið allra nauðsynlegasta.

Eins og kemur fram í nál. var ég fjarverandi afgreiðslu þessa máls sem stafar af því að ég hafði ráðstafað tíma mínum á annan fund og

gat því ekki mætt á þeim fundi þar sem þetta mál var tekið til afgreiðslu. Ég get tekið það fram aðeins að þegar þetta mál var hér í hv. d. til 1. umr., þá gerði ég grein fyrir skoðun minni til þessa máls. Ég lýsti áhuga mínum á almennri vegalagningu hjá þjóðinni mikilli nauðsyn slíkra framkvæmda, en lýsti jafnframt áhyggjum mínum og andstöðu við þá stefnu sem felst í því að afla í síauknum mæli fjár til þessara framkvæmda og svo margra annarra með hinum svokölluðu verðsveifluskuldabréfum.

Það kemur fram í nál. virðulegrar fjh.- og viðskn. að n. hefur athugað frv. og rætt það á nokkrum fundum. Umsagnir bárust frá Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnun og viðskiptabönkunum. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef reynt að afla mér í sambandi við þessar umsagnir, þá held ég að allar þessar umsagnir hafi verið á einn veg. Þær voru neikvæðar, þær mæltu gegn þessari fjáröflunaraðferð og í þeim fólst, að ég hygg, öllum undantekningarlaust mjög alvarleg aðvörun frá þeim aðilum, sem leitað var til, um að komið væri út á ystu nöf þess sem leyfilegt væri að fara í þessum málum án þess að beinlínis hættuástand skapaðist. Ég verð að segja það, að ég átel að umsagnir eins og þessar og skoðanir sem felast í slíkum umsögnum skuli hvergi koma fram í nál. eins og þessu þar sem jafnveigamikið mál er á ferðinni.

Ég þarf ekki að vera að ítreka það, að mér stendur stuggur af þeirri þróun sem hefur átt sér stað á undanförnum tímum og fer alltaf sífelt vaxandi, þeirri einokun hins opinbera á því að geta fjármagnað framkvæmdir sínar með því að gefa út verðtryggð skuldabréf. Það er eindregin skoðun mín að þessi mál verði að taka til gagngerðrar endurskoðunar ef ekki á að fara illa fyrir efnahagslífi þjóðarinnar almennt. Ég hef oftlega getið þess arna bæði í ræðu og riti og ummælum hér á hinu háa Alþ. En aðvörunarorð í þessa átt virðast ekki fá hljómgrunn meðal meiri hl. hv. þm. og það virðist því vera eins konar rödd hrópandans í eyðimörkinni að vera að tönglast á slíku. Ég mun því ekki bregða fæti fyrir samþykkt þess frv., sem hér liggur fyrir með tilliti til þess að hér er um mjög þarft mál að vissu leyti að ræða, hinar auknu framkvæmdir í vegagerð þjóðarinnar og mun því taka þann kostinn að sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég gat þess, er mál þetta kom fram hér í Ed. í vetur, að ég mundi því aðeins greiða þessu frv. atkv. að því yrði breytt á þá lund að Norðausturland, svæðið frá Vaðlaheiði til Egilsstaða, yrði ekki undanskilið, og hið sama gildir um Vestfirðina.

Nú hefur hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson lagt fram brtt. á þá lund að happdrættisfénu fyrirhugaða verði varið til Vegasjóðs. Þessa till. mun ég styðja og mun í félagi við hv. þm. Ragnar Arnalds bera fram viðaukatill. við brtt. Þorv. Garðar Kristjánsson á þá lund að þessu fé verði ekki varið til þess að leggja bundið slitlag á vegi, heldur til þess að byggja upp vegina og gera þá vetrarfæra. Verði brtt. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar um að fé þessu verði varið í Vegasjóð þannig að það komi til nytja fyrir alla landsmenn felld mun ég greiða atkv. gegn frv.

Hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði í ræðu sinni áðan að vegamálin ættu að hafa forgang. Undir þetta sjónarmið hans get ég tekið. En að mínu mati vega hin ýmsu atriði í vegagerðinni misþungt. Mín skoðun er sú að t. d. í Norðurlandskjördæmi eystra sé gott vegasamband milli byggðarlaganna og aðalþjónustukjarna þessa landshluta miklu þýðingarmeira en skotvegasamband við Reykjavík.

Ég dreg ekki dul á það að ég er ekki hrifinn af fjáröflunarleiðinni sem hér er mælt með. Mér eru allt of minnisstæð þau missiri fyrir nokkrum árum þegar gerð var hríð að svonefndum okrurum í Reykjavík og einn þeirra a. m. k. dæmdur til tugthúsvistar fyrir að lána fé með 5% vöxtum á mánuði. Það þýddi að sá sem lánaði fékk höfuðstólinn til baka á 18 mánuðum. Fyrir þetta var hann dæmdur til fangelsisvistar samkv. okurlögunum. Kjörin, sem löggjafanum er nú ætlað að bjóða þegnum þessa lands, eru þau að lána fé með þess háttar vöxtum til vegagerðar að okrararnir, sem nú er skírskotað til að lána fé, mundu fá höfuðstólinn til baka á 11 mánuðum. Ég veit að hér er ekki um lögbrot að ræða við þessa lagasetningu, en hlutföllin í siðgæðinu, sem reiknað er með í gömlu okurlögunum, verða nokkurn veginn rétt á milli 5% á mánuði og þeirra kjara sem góðum þegnum þessa lands er nú ætlað að njóta í lánaviðskiptum við hið opinbera.

Ég legg eindregið til að hugað verði að öðrum leiðum til þess að fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir en að gera þeim, sem fé hafa aflögu á landi hér, slík gylliboð. Þó mundi þessi fjáröflunarleið ekki koma í veg fyrir það að ég greiddi þessu frv. atkv., ef fólkinu, sem er ætlað að endurgreiða þetta lán, sem er ætlað að greiða þessa okurvexti, væri ætlað að njóta framkvæmdanna sem á að vinna með þessu fé að jöfnu. En svo er ekki. Þau rök, að síðar muni koma að því að vegur verði lagður fyrir atbeina sams konar fjármögnunar á Norðausturlandi og Vestfjörðum, nægja ekki í þessu tilfelli því að ofan á allt annað bætist það við að hér er verið að gera íbúa Norðausturlands, svæðisins frá Vaðlaheiði til Egilsstaða, annars vegar og íbúa Vestfjarða hins vegar, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði, að annars flokks borgurum sem mega bíða. Þá var því svarað til að einhvers staðar yrði svona vegur að byrja og þá var sjálfsagt að vegagerðin byrjaði til beggja átta frá Reykjavík.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan um gildi góðra vega sem einnig eru færir við sæmilegar aðstæður á vetrum og í vorleysingum fyrir byggðarlögin sjálf svo að menn innan héraðs komist hver á annars fund og til þeirra staða þar sem þeir sækja sína þjónustu í daglegri önn. Ég sé ekki að það hljóti að vera alveg ófrávíkjanleg og skýlaus skynsemd í þeirri ákvörðun að leggja slíka vegi endilega út frá Reykjavík. Hví skyldi ekki mega byrja á gerð slíkra vega til beggja handa t. d. út frá Akureyri, fara þá Vaðlaheiði austur um til Egilsstaða og þaðan til Reykjavíkur ef hér á að verða um hringveg að ræða áður en lýkur til nytja fyrir alla lands-

menn? Og svo þetta enn, svo að það fari ekki á milli mála, ég mun styðja brtt. Þorv. Garðars Kristjánssonar, hv. þm., með þeim viðauka sem ég gerði grein fyrir áðan, till. sem við Ragnar Arnalds munum flytja á þá lund að þessu fé verði ekki, eins og nú horfir, varið til þess að setja varanlegt slitlag á þessa vegi, heldur til þess að byggja þá þannig upp að þeir megi heita vetrarfærir og komast megi um þá í vorleysingum.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég skal reyna að hafa þetta stutt, enda orðið áliðið og eflaust margir sem vilja ræða þetta mál enn þá. Ég verð þó að harma það að þetta mál skuli fyrst núna á allra síðustu dögum alþingis vera að koma hér til 2. umr. Það er orðið æðilangt síðan það var hér til 1. umr. og ég hlýt að harma það að nú skuli það vera komið á dagskrá, sérstaklega vegna þess að það var vitað að þetta var ekki samkomulagsmál eins og það reyndist vera að mestu leyti í Nd., heldur kom það í ljós hér í Ed. strax við 1. umr. að hér voru um þetta frv. mjög skiptar skoðanir. Hefði þurft annaðhvort að reyna að samræma þær sem allra best og jafnvel breyta þá þessu frv. eitthvað eða þá hreinlega að láta það ekki koma meira fram á þessu þingi eins og ég var reyndar farinn að halda og var nærri orðinn viss um.

En í sambandi við þetta mál er rétt að ég taki hér örfá atriði til umr. og geri um leið grein fyrir því hvers vegna ég stend þannig að málinu sem raun ber vitni. Þar hefur ekkert breyst frá því að ég talaði hér við 1. umr. um almennan stuðning minn við þetta mál, enda um samkomulagsatriði að ræða sem ég hélt reyndar að ætti að vera almennt samkomulagsatriði allra þm. eða sem allra flestra, en annað hefur því miður komið í ljós.

Ég sagði við 1. umr. þessa máls, að ég legði mest upp úr því, eins og ég geri reyndar enn, að við allar okkar vegaframkvæmdir miðuðum við fyrst og fremst við það brýnasta verkefni okkar að gera sem víðast góða og akfæra vegi áður en við huguðum að svokölluðum hraðbrautum með varanlegu slitlagi. Ekki það að ég vilji ekki láta vinna að því einnig, en ég hélt einmitt að sú breyting, sem varð á þessu frv. í Nd., hefði átt að fara í þá átt, að a. m. k. hluti af þessu fé rynni ekki beint í hraðbrautir, heldur í aðra vegagerð hraðbrautaframkvæmdunum nauðsynlegri.

Vegáætlunin, sem við höfum nú fyrir framan okkur, lofar ekki góðu í þessum efnum, vægast sagt, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson rakti í skýrum dæmum áðan, þegar hraðbrautarframkvæmdirnar eru komnar upp í 890 millj. á þessu ári í vegáætlun á móti 440 millj. í þjóðbrautir og landsbrautir eða tæpum þriðjungi allrar upphæðarinnar. Mér sýnist, miðað við það sem við vorum áður búnir að sjá í sambandi við vegáætlunina, að mestur hluti þeirrar upphæðar, sem þar stóð í Norður- og Austurvegur, hafi hreinlega farið í þessar hraðbrautir, ég sé ekki annað, kannske nær allt því að þarna komu viðbótarupphæðir aðrar til sem m. a. við austfirðingar nutum góðs af, enda ekki vanþörf á þar sem fyrri áætlun, Austurlandsáætlun, var svo gjörsamlega óraunhæf og svo fjarri öllu raungildi sem upphaflega till. um vegáætlun bar vitni um. Þó að Austurlandsáætlunin standi nú í dag í 145 millj., þá er það engu að síður staðreynd að ef hún hefði átt að halda framkvæmdagildi miðað við s. l. ár og taka mið af þeim verkefnum sem þar voru, þá hefði hún þurft að vera enn þá hærri, og ef hún hefði átt að standast samanburð við þá till. sem kom fram hér s. l. vor og lögð var fram af þáv. samgrh., þá hygg ég að þessi upphæð hefði ekki átt að vera í dag 145 millj., heldur milli 210 og 215 millj. Það er því ekki verið með þessari hækkun á Austurlandsáætluninni og þeirri kolvitlausu tölu, sem stóð í upphaflegu till., að gera neitt góðverk á okkur þó að þessi tala sé færð til örlítið meiri raunveruleika en hún var í upphaflegu till. þar sem stóðu 75 millj. einar.

Reynslan af hraðbrautunum í þessari nýju vegáætlun lofar sem sagt ekki góðu um það til hvers þessir peningar, sem verða fengnir með þessari sérstöku fjáröflun, fara. Og þó að ég standi vitanlega við áður gert samkomulag um þetta mál sem gert var á milli þm., og ekkert leyndarmál á að vera þm. þeirra kjördæma sem þarna áttu mestra hagsmuna að gæta, þá verð ég einnig að taka undir það að ég hefði talið eðlilegst og réttast, úr því að það kom fram mikil gagnrýni á þessa leið, að reynt hefði verið að sætta þau sjónarmið. Ég viðurkenni fúslega að það er hæpið, svo að ekki sé meira sagt, að skilja eftir viss landssvæði eins útundan og gert er hér og harma að það skyldi ekki geta tekist samkomulag um það. Ég hefði verið reiðubúinn að standa að því þó að það þýddi það að við austfirðingar hefðum fengið eitthvað minna úr þessum 500 millj. sem hér er verið að ræða um.

Ég hef efast æ meira um það hversu rétt þessi fjáröflun er. Ég hef efast æ meira um það hversu rétt væri hér að farið þó að hið stóra verkefni Skeiðarársandurinn væri tekinn á þann hátt. Hann var vitanlega gerður til þess að opna öllum veg um landið, en ekki aðeins fyrir einn einstakan landshluta eins og reyndar heyrðist þó ærið oft. Þetta var sérstakt verkefni og ekki sambærilegt við það sem hér er á ferðinni.

Sem sagt, ég verð að harma það að svona skuli hafa verið unnið að málinu nú eftir að þessi mikil ágreiningur kom í ljós, eftir að það var ljóst að þm. Norðurl. e. og þm. Vestf. voru sáróánægðir yfir þessu og töldu sig réttilega afskipta og þegar það kemur svo í ljós að það, sem við héldum að færi að verulegum hluta í að gera slæma vegi, t. d. í okkar kjördæmi, að góðum eða vel akfærum vegum, það stenst ekki heldur, heldur er hraðbrautastefnan eins ákveðin og mér virðist hún vera þarna í þessari áætlun nú. Mér sýnist fljótt á litið, ég hef ekki reiknað það nákvæmlega, að 47% af framlögum til nýrra þjóðvega samkv. till., sem við vorum að fá áðan, renni beint til hraðbrauta og þá eflaust með varanlegu slitlagi. Þarna blandast vitanlega hin fræga Borgarfjarðarbrú inn í og sjálfsagt allhressilega, það er sjálfsagt enginn í efa um það.

En sem sagt, ég tel mig bundinn af því samkomulagi, sem ég hef áður gert, og mun þess vegna styðja þetta frv. Ég sný ekki til baka

með það þó að ég harmi að það skuli ekki hafa tekist betri og meiri samstaða um þetta mál en raun ber vitni og þessi fjáröflun kunni að vera meira og minna röng.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég benti á það við 1. umr. um þetta frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg, að ég sæi þar í ákveðnar hættur og sérstaklega þá í fjáröflunaraðferð þeirri sem hér er gert ráð fyrir. Ég minntist þess líka að í þessu frv. er eingöngu talað um Norðurveg. Síðan hlaut þetta meðferð í Nd. og þá er talað um framkvæmdir við Norður- og Austurveg. Sem sagt það er búið að afla fylgis við till. með þeim skilyrðum að Austurvegur verði þar með. Síðan kemur þetta aftur til umr. hér í d. svo breytt og þá er lögð á það öll áhersla að upphæðin, 1200 millj., verði hækkuð vegna Austurvegar upp í 2000 millj. og svo að hún verði hækkuð enn einu sinni upp í 2500 millj. og fylgi Vestfjarðaþm. tryggt ef Vestfirðirnir komi þar inn líka. Svona vinnubrögð og kaup á fylgi við till. eru mér alveg jafnandstæð nú og var við þær umr. Ég lýsi hreinlega furðu minni á slíkum vinnubrögðum og tel að þau eigi alls ekki að eiga sér stað.

Annars er ég farinn að furða mig meira og meira á því að það er eiginlega sama hvaða till. þm. bera fram, Vestfjarðapólitíkin skal alltaf koma á dagskrá í hvorri d. sem er eða hvort það er í Sþ., Vestfjarðaþm. raða sér á mælendaskrá og vilja alltaf fá sneið af því sem aðrir eru með sem hagsmunamál sinna kjördæma. Þetta er áberandi í mínum augum sem byrjanda hér á hv. Alþ. Ég gat ekki betur skilið en að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, 3. þm. Vestf., sé reiðubúinn til að samþ. þessa fjáröflunarleið, sem hann annars lýsti sig frekar andsnúinn, gegn því að upphæðin renni í Vegasjóð og það yrði þar með tryggt að Vestfirðirnir fengju einhvern skerf. Þetta álít ég að séu alls ekki rétt vinnubrögð. Ef menn eru á móti fjáröflunarleiðinni eða þeir telja að þarna sé ekki rétt að staðið þá eru þeir á móti því hvort sem kjördæmi þeirra fá einhverja sneið af því eða ekki.

Ég benti á það við fyrri umr. hér að það væri mikil hætta á því, að skuldabréf, sérstaklega verðtryggð skuldabréf, væru í það mikilli samkeppni við vinnufé landsmanna að viðskiptabankarnir væru þegar í mjög miklum vandræðum með að starfa eðlilega og þar væri óheiðarleg og óeðlileg samkeppni af hálfu ríkisvaldsins sjálfs við ríkisbankana. Ég er enn þá þessarar skoðunar. Og vegna þeirra ummæla minna og fullyrðinga, sem þá voru viðhöfð og eru nú staðreynd, að frá 1964—1974 hafa þessi skuldabréf meira en tífaldast og sumir segja tólfeða þrettánfaldast í meðförum á meðan erlend lán í dollurum hafa tæplega þrefaldast, þá óskaði ég eftir því að bæði seðlabankastjórar og viðskiptabankastjórar svöruðu því skriflega hvort þeir álitu að hér væri um heppilega fjáröflunarleið að ræða eða ekki og þá hvort þeir teldu að þjóðarbúið þyldi þetta. Þeir svöruðu allir skriflega og töldu að þjóðarbúið þyldi ekki frekari útgáfu á happdrættislánabréfum eða verðtryggðum bréfum yfirleitt, enda kemur það fram í þessu nál., sem ég samþ. með fyrirvara, að nm., sem ekki samþ. þetta nál. með fyrirvara, eru líka hræddir við þá fjáröflunarleið sem hér er farin þó að n. fallist á þessa leið nú. Þeir vilja gera það fyrir flm. að fallast á þessa till. þeirra nú, en það þýðir líka helst aldrei oftar.

Ég furða mig á því að þegar þm. bera fram ágætar till., sem hægt er að framkvæma einu sinni eða kannske oftar, en með löngu millibili, þá skuli svo fljótt vera hlaupið til þeirra sömu hugmynda. Ég held að það hafi verið þm. að austan, þó að ég sé ekki alveg viss um að ég fari með rétt mál, sem bar fram þá hugmynd að fjármagna á þennan hátt framkvæmdir við Skeiðarársand. Og þjóðin öll var samþykk þeim framkvæmdum og tók myndarlega undir fjárfestingu í þessum skuldabréfum. En hér segir í grg. að framkvæmdum á Skeiðarársandi sé nú lokið og sé þá eðlilegt að við taki nýtt stóråtak í vegagerð og rétt að nota m. a. þá fjáröflunarleið sem felst í útgáfu á happdrættisskuldabréfum. Og þetta er skrifað á þeim tíma sem við vitum að ríkissjóður þarf að gefa út, ef ég man rétt, 1700—1750 millj. kr. í nýjum bréfum til þess að standa í skilum með þær skuldbindingar sem hvíla á herðum ríkisins til endurgreiðslu á þeim skuldabréfum sem þegar voru að falla í gjalddaga. Svona fjármálapólitík get ég hreint ekki skilið.

Sem sagt, ég álít að þetta séu óheppileg vinnubrögð og óheppileg fjáröflunarleið. Ég er hræddur við hana, ég hef lýst því hér áður. En ég vil stuðla að því að varanlegt slitlag komi á sem flesta vegi úti um land og það sem fyrst. Ég lít ekki svo á að þessir vegir verði neitt greiðfærari á vetrum, eins og hv. þm. Stefán Jónsson kom að í sínu máli. Ég álít ekki að þeir vegir, sem hljóta þá meðferð sem hér er um getið, sem sagt endanlegt slitlag, verði neitt greiðfærari á vetrum. Ég held að þegar vegir eru komnir á kaf í snjó séu þeir ekkert greiðfærari, hvort þeir eru malbikaðir eða ekki malbikaðir, það skiptir ekki öllu máli. (Gripið fram í). Þá hef ég misskilið, fyrirgefið, þeir eru greiðfærari, ég leiðrétti það þá hér með aftur. En aftur á móti ef þm. allra kjördæma vilja sneiða af þessari köku, sem hér er verið að baka, og rífast um þær tekjur landsmanna sem af þessum bréfum koma, af hverju þá ekki að bjóða út skuldabréf fyrir þessa upphæð þar sem hver og einn, sem leggja vill peninga í vegi kringum landið, kaupir þá bréf sem tilheyrir þeim vegarkafla sem um er að ræða? Þá fær þjóðin sjálf að ráða í hvað hún eyðir sínum peningum, hvort það er þá Austurvegur, Norðurvegur eða Vestfjarðavegur, ef það eru sérbréf fyrir hvern kafla fyrir sig, og látum þá reyna á það hvar þjóðin vill sjálf byggja. (**StJ:** Þá er bara best að hver maður leggi sinn veg.) Ég held að það sé langbest að hv. þm. kveðji sér hljóðs. (**StJ:** Ég ætla að gera það.)

Þessi aðferð er mér semsagt ekki beint hjartfólgin og ég ætla ekki að fylgja henni, hvorki í þessu máli né öðrum. Þegar þm. eins og sá þm., sem bar þessa fjáröflunarhugmynd fyrst fram gera það og hugmyndin reynist vel, en er

íþyngjandi fyrir greiðsluþol þjóðarinnar, þá held ég að við verðum að passa okkur á að misnota ekki aðferðina, nota hana ekki það oft að hún verði ofnotuð og við komumst í greiðsluþrot eins og á sér stað nú um þau bréf sem eru fallin í gjalddaga.

Ég las hér smákafla úr grg. sem fylgdi frv. í upphafi og ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að vitna hér í tvo stutta kafla til viðbótar þar sem allt bendir í sömu átt. Hér á bls. 2 stendur: „Æskilegt væri að ljúka þessum framkvæmdum á 2—4 árum og hefjast þá handa við enn aðrar stórframkvæmdir í vegamálum einmitt með því m. a. að hagnýta happdrættisskuldabréf. En fjáröflun með þessum hætti til meiri háttar vegaframkvæmda gerir það að verkum að meira fjármagn verður til annarra aðkallandi framkvæmda í vegamálum.“

Við vitum að þetta er íþyngjandi fjáröflunaraðferð og við ætlum samt sem áður að halda henni áfram.

Neðar á sömu bls. stendur: „Þess vegna er auðveldast að afla fjár til þessara framkvæmda með skuldabréfaútgáfu. Ef útgáfa þeirra bréfa, sem hér er gert ráð fyrir, gengur vel má hefja ný útboð vegna annarra vegaframkvæmda.“ Þetta er margítrekað. Það er eins og að reynslan kenni okkur ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég skal nú ekki lengja þesar umr. um of. Ég skrifaði undir nál. á þskj. 727 með fyrirvara, eins og þar stendur: „N. mælir því með samþykkt frv., en Albert Guðmundsson skrifar undir með fyrirvara þar sem hann er andvígur þeirri fjáröflunarleið sem hér er gert ráð fyrir.“ Þessi fyrirvari felst í því að ég er samþykkur vegagerðinni, en ég er andvígur fjáröflunarleiðinni. Ég vil ekki spilla fyrir framkvæmdunum með því að vera á móti frv. og mun því sitja hjá við atkvgr. um þetta mál.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls ræddi ég nokkuð um meginatriði og þá einkum tvær hliðar þess sem mestu máli skipta frá minu sjónarmiði séð. Í fyrsta lagi er þar um að ræða til hvers fé verður notað og hvar því verður varið. Í öðru lagi er það fjáröflunaraðferðin, hvernig fjárins er aflað.

Svo að ég víki fyrst að hinu fyrra atriði, þá held ég að í vegamálum okkar íslendinga séu bersýnilega þrjú stór verkefni sem við hljótum að leggja hvað mesta áherslu á. Í fyrsta lagi er það verkefni að byggja trausta og örugga vetrarvegi milli allra helstu byggðarlaga á landinu, vetrarvegi sem eru þannig úr garði gerðir að þeir eru færir flesta daga ársins og aðeins í undantekningartilivkum í allra verstu veðrum tepptir. En eins og menn vita er þessu ekki svo varið með þá vegi sem við búum víðast hvar við í dag. Þetta eru mestan part niðurgrafnir vegir, ekki upphækkaðir eða breiðir eins og þeir þurfa að vera, vegir sem safna á sig miklum snjó og eru því oft ófærir að vetrinum — oft dögum saman ef ekki vikum saman. Ég tel að þetta sé sem sagt fyrsta verkefnið og ég undirstrika að þetta er stærsta verkefnið, að byggja upp slíka vegi um allt land.

Annað viðfangsefnið er að koma varanlegu slitlagi á götur og stræti helstu þéttbýliskjarna á landinu. Þetta er líka geysilega mikilvægt mál frá bæði heilbrigðissjónarmiðum og félagslegum sjónarmiðum séð. Fólk nú til dags gerir þær kröfur að hafa hreinlegt í kringum sig. Höfuðborgin hefur náð þessu marki, að flestar götur hér um slóðir eru lagðar malbiki. Og einmitt það, hvað höfuðborgin hefur náð langt á þessu sviði, hefur skapað einn mesta mismuninn sem orðinn er í þéttbýli á Íslandi, annars vegar milli höfuðborgarinnar og hins vegar bæja og þorpa víðs vegar um land. En hér er um geysilega kostnaðarsamt og erfitt verkefni að ræða, því að allir útreikningar benda til þess að lagning slitlags í bæjum og þorpum víðs vegar um land muni kosta þjóðina ekki hundruð millj. og ekki þús. millj., heldur tugi þús. millj. En þetta er verk sem verður að vinna á næstu árum, að sjálfsögðu ekki í einni svipan, heldur með markvissum hætti á alllöngum tíma. En ég legg áherslu á það að frá mínum bæjardyrum séð er þetta verkefni nr. 2 í röðinni, það næstmikilvægasta, það sem verður að hefjast nú þegar handa að glíma við, jöfnum höndum sem vegauppbyggingin í dreifbýlinu á sér stað, uppbygging þjóðveganna. Þegar þessum stóru og miklu verkefnum er lokið að mestu eða a. m. k. þau eru mjög langt komin, þá er raunverulega tímabært og eðlilegt að snúa sér að þriðja stóra verkefninu sem er lagning varanlegs slitlags á þjóðbrautir og þjóðvegi utan þéttbýlis. Ég vil sem sagt leggja á það sérstaka áherslu hér að þetta verkefni er líka geysilega kostnaðarsamt og mun kosta, jafnvel þótt ekki væru teknar nema þjóðbrautirnar sem svo eru nefndar í vegal., ekki hundruð og ekki þús., heldur einnig tugþúsundir millj. En ég lít svo á að þetta verkefni eigi að vinna þegar hin tvö eru langt á veg komin og ekki sé tímabært eins og á stendur að ráðast til atlögu við það.

Þegar frv. það, sem hér er til umr., kom fram á Alþ. var það rækilega kynnt af 1. flm. þess og hæstv. samgrh. Halldóri E. Sigurðssyni sem báðir lögðu mjög þunga áherslu á að fé þetta yrði notað í því skyni að leggja varanlegt slitlag á ýmsa vegakafla á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur. Báðir þessir menn, hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson og hæstv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, tiltóku hvaða verkefni þeir teldu að ætti að hafa forgang í þeim efnum. Þeir höfðu á takteinum upplýsingar frá vegamálaskrifstofunni um þá hraðbrautarspotta, sem væru tilbúnir undir lagningu varanlegs slitlags og það mátti skilja orð þeirra svo að í þessi verkefni yrði ráðist fyrir það fjármagn sem þarna yrði til ráðstöfunar. Skv. frv. eins og það kom frá Nd., var gert ráð fyrir því að 1335 millj. eða þar um bil rynnu til vegagerðar á Norðurlandi og Vesturlandi, þ. e. a. s. í svokallaðan Norðurveg, en aftur á móti 666 millj. eða einhvers staðar þar í kring til vegagerðar um Suður- og Austurland. Og ef litið er á það verkefni, sem ég hef hér verið að gera grein fyrir, lagningu varanlegs slitlags á u. þ. b. 70—80 km vegaspotta milli Reykjavíkur og Akureyrar, þá var þar um að ræða verkefni sem kostað hefði líðlega 900 millj. kr. Það var því ljóst af ræðum hæstv. samgrh. og hv. þm.

Eyjólfs K. Jónssonar að þeir gerðu beinlínis ráð fyrir því, og gæti ég hér vitnað í orð þeirra frá þessum umr. í Nd. og reyndar blaðaskrif í Morgunblaðinu í því sambandi, að ⅜ hlutar af þessu fjármagni rynnu til lagningar varanlegs slitlags á þessari leið, þ. e. a. s. 900 millj. af milli 1300 og 1400 millj. Þá hefðu aðeins verið eftir um 400 millj. og er víst óhætt að fullyrða að lítið hefði þá verið unnið við gerð malarvegar á þessari leið því að kostnaður við lagningu km mun vera kominn upp í u. þ. b. 10 millj. kr. og upphæðin hefði því í mesta lagi dugað til að leggja svo sem eins og 40 km spotta af uppbyggðum malarvegi á þessari leið. Þessa stefnu gagnrýndi ég mjög harðlega við 1. umr. þessa máls og taldi fráleitt með öllu að við ættum að fara að taka stórlán til vegagerðar, dýrasta og óhagkvæmasta lán sem ríkissjóður gæti átt kost á, til þess að leggja að mestu leyti í varanlegt slitlag á þessari leið, smávegarspotta sem ferðalangar á þessari leið gætu að vísu haft ánægju af að skoppa eftir í nokkrar mínútur í senn á hverjum spottanum, en þarna yrði um að ræða verk sem kæmi hinum almenna manni, sem byggði sveitir og þorp á þessum slóðum, að tiltölulega litlum notum á þeim tímum þegar vegir bregðast hvað helst hér á landi, þ. e. a. s. að vetrinum.

Ég tel að í þeirri vegáætlun, sem lögð hefur verið fram hér í þinginu, gæti sams konar villu og kom fram við flutning þessa frv. og umr. um það í Nd. Ég tel að til þess verkefnis að leggja varanlegt slitlag og byggja brýr, svo sem eins og brúna yfir Borgarfjörð, sé varið allt of miklum fjármunum. Ég tel það fjarstæðu á sama tíma og vegaframkvæmdir um allt land eru skornar mjög stórkostlega niður, þær þyrftu að hækka um u. þ. b. 40% til þess að vegáætlunin héldi verðgildi sínu, að halda alveg stíft og fast við það að eyða á tveimur árum 500 millj. í brú yfir Borgarfjörð, sérstaklega þar sem menn vita að þetta er aðeins helmingurinn af kostnaðinum. Eftir er þá að leggja annað eins fram á árunum sem þar fylgja á eftir. En þetta er einmitt dæmi um þá röngu stefnu sem uppi er í vegamálum nú, að það er farið að leggja áherslu á viðfangsefni í vegagerð sem ættu að koma í þriðju röð, á eftir hinum tveimur verkefnum sem enn hefur ekki verið sinnt sem skyldi og enn er býsna langt í land með að við eygjum að verði sinnt á næstu árum.

Ég er enn þeirrar skoðunar að í sambandi við afgreiðslu þessa frv. skipti í raun og veru mestu máli hvernig fénu verði varið, og ég harma það að frv. hefur litlum breytingum tekið í þá átt að upplýsa mig eða aðra um það hvernig fénu verði varið. Enn fráleitara finnst mér þó það að í frv. virðist gert ráð fyrir því að Alþ. sé svipt sjálfsögðum ákvörðunarrétti sínum um skiptingu þessa fjár vegna þess að ef það verður að lögum nú, þá vinnst ekki tími til þess að skipta fjárhæðinni hér á Alþ. Þar af leiðir að ráðh. mun fá næstum að segja einræðisvald til þess að ákveða hvort fé þetta fer að mestu leyti til viðbótar því, sem fyrir var, í brúna yfir Borgarfjörð eða til einhverra annarra gagnlegri framkvæmda. Það er að vísu áskilið í vegáætlun að ef um frekari fjáröflun verði að ræða til vegagerðar, þá eigi fjvn. að hafa þar íhlutunarrétt. En þar sem hún getur ekki vísað ágreiningi til Alþ., eins og er við venjulega afgreiðslu á vegáætlun, þá sýnist vald hennar ekki ýkjamikið.

Ég var að vonast til þess að þetta mál yrði vandlega athugað við meðferð þess í n. vegna þess að hér er um býsnastórt mál að ræða og þegar málið kom fyrst til meðferðar í n. var ákveðið að gera rækilega úttekt á ýmsum hliðum þess, bæði þeirri, sem ég hef nú gert að umtalsefni, og þá ekki síður fjáröflunarleiðinni sem mjög var gagnrýnd hér í þinginu og á það bent að hér væri ríkið í enn frekara og ríkara mæli en áður að leggja á sig bagga sem fælu í sér óhagkvæmari fjármögnun og fjáröflun en nokkur kostur væri að finna með öðrum hætti. Það var ákveðið strax á fyrsta fundi n. að senda þetta mál til umsagnar ýmissa aðila og þeim ætlaður allgóður tími til þess að skila þeim umsögnum. En hins vegar brá svo við að eftir að umsagnirnar voru fengnar var málið aldrei tekið á dagskrá. Það lá hjá n. mánuðum saman án þess að virtist vera nokkur hugur í formanni n. að afgreiða þetta mál, og gengu menn því út frá því sem vísu að það væri væntanlega samkomulag við ríkisstj. um að láta málið liggja, þess vegna væri málið aldrei tekið til umr. í n. Svo er það í fyrradag þegar haldinn er fundur í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins á þriðjudagsmorgni og við erum þar staddir, hv. þm. Jón G. Sólnes og ég, sem báðir höfðum haft uppi ýmsa gagnrýni um mál þetta við 1. umr., að haldinn er fundur í n., en ekki á venjulegum fundartíma hennar og án þess að a. m. k. mér væri kunnugt um það að til stæði að taka þetta mál á dagskrá, og þar er málið bara afgreitt: einn, tveir, þrír, án þess að nokkrar umr. færu þar fram að því er mér hefur skilist. A. m. k. veit ég ekki til þess að menn hafi rætt að neinu ráði efni þeirra umsagna sem lágu fyrir n. Þó er kannske rétt að aðrir en ég geri grein fyrir þeim umr., sem þar fóru fram. Því að ég átti þess sem sagt engan kost að vera þar viðstaddur. Þetta tel ég vinnubrögð fyrir neðan allar hellur, einhver verstu vinnubrögð sem maður hefur orðið vitni að hér í þinginu um langa hríð og aldeilis óafsakanleg með öllu. Ef það var ætlun nm. að afgreiða þetta mál, hvers vegna í ósköpunum var þá ekki hægt að gera það fyrir svo sem viku eða hálfum mánuði og gefa okkur öllum nm. kost á því að taka þátt í þeirri afgreiðslu og freista þess að hafa áhrif á afgreiðsluna. Ég heyrði það að vísu, þegar ég spurði hv. formann n. nú fyrir nokkrum dögum hvort til greina gæti komið að þetta frv. yrði afgr., að hann taldi það ekki með öllu ólíklegt og vildi ekki útiloka þann möguleika. En að mér dytti þá í hug í framhaldi af því að hann læddist til þess að afgreiða málið án þess að það væri tekið fyrir með eðlilegum hætti og tekið til umr. í n., eins og ævinlega hafði verið talað um og allir gerðu ráð fyrir, það kom mér svo sannarlega ekki í hug.

Það var sem sagt ekki að ástæðulausu að mál þetta var sent til umsagnar aðila sem um það kynnu eitthvað að vilja segja, og vil ég þá fyrst nefna að það var sent til umsagnar bankastjórnar Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Þessir aðilar sendu n. all-

ítarlega greinargerð og í þessari grg. er tekin afstaða gegn frekari útgáfu happdrættisskuldabréfa en orðið er. Ég vil leyfa mér hér, herra forseti, að lesa þessa skýrslu og reyndar fleiri umsagnir aðila sem borist hafa vegna þess að mér hefur skilist að þær hafi ekki verið lesnar hér upp fyrr í umr. En ég tel að þegar stjórn Búnaðarbankans, Landsbankans og Útvegsbankans taka sig saman um að senda Alþ. sameiginlegt bréf um tiltekið, mikilvægt fjárhagsmálefni, þá verði Alþ. þó að gefa sér tíma til þess að hlusta á hvað þessir aðilar hafa að segja. (**Forseti:** Má ég segja eitt orð við hæstv. ræðumann.) Með ánægju. (**Forseti:** Það er sterkur vilji hjá okkur að koma hér að þýðingarmiklu máli í kvöld og setja nýjan fund, en ég hafði hugsað mér að halda áfram umr. um þetta mál. Mundi hæstv. ræðumaður vilja gera hlé á ræðu sinni núna og við tækjum hana upp á eftir?) Ég — hv. mundum við nú kannske segja — hv. ræðumaður er alveg reiðubúinn að gera hlé á ræðu sinni og halda henni áfram síðar. (**Forseti:** Ég vona að mér verði ekki talið það til lasts þó að ég hafi sagt hæstvirtur.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Neðri deild, 87. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umferðarlög, frv. (þskj. 586). — 1. umr.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., um breyt. á umferðarlögum er samið af umferðarlaganefnd að tilhlutan dómsmrn. Meginefni frv. þessa felur í sér þær breyt. á ákvæðum umferðarlaga að gert er ráð fyrir því að hætt verði að umskrá ökutæki vegna flutninga milli lögsagnarumdæma svo og því að Bifreiðaeftirlit ríkisins annist skráningu ökutækja í stað lögreglustjóra.

Samkv. gildandi ákvæðum umferðarlaga skal skrá öll skráningarskyld ökutæki hjá lögreglustjóra þar sem eigandi ökutækisins er búsettur. Þá er eigandaskipti verða á skráðu ökutæki og hinn nýi eigandi er búsettur í öðru lögsagnarumdæmi skal tilkynna lögreglustjórum beggja umdæma eigendaskiptin. Skal ökutæki þá skráð að nýju, en afskráð í umdæminu sem það fluttist frá. Ef eigandi ökutækis flyst búferlum með ökutæki sitt í annað lögsagnarumdæmi skal eigandi senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal ökutæki þá afskráð í því umdæmi sem það fluttist frá, en skráð að nýju í umdæminu sem flutt er í. Gildir þetta þó eigi þegar um skemmri dvöl er að ræða. Auk þess sem þannig hefur verið lögskylt að umskrá ökutæki vegna flutnings ökutækja milli umdæma hefur tíðkast að umskrá ökutæki að ósk eigenda þótt eigi hafi það verið skylt að lögum.

Með auknum bifreiðafjölda hefur umskráningum farið mjög fjölgandi og umsvif tengd þeim hafa aukist ár frá ári hjá hinum ýmsu lögreglustjóraembættum svo og við Bifreiðaeftirlit ríkisins. Voru umskráningar þannig 19 800 á árinu 1973 og í fyrra, 1974, voru þær 27 340. Bifreiðafjöldi er talinn hafa verið um síðustu áramót 70 159.

Þessi auknu umsvif hafa kallað á fjölgun starfsliðs og aukinn rekstrarkostnað. Á undanförnum árum hefur því verið til athugunar á hvern hátt draga megi úr kostnaði á þessu sviði og gera skráningarkerfið einfaldara, bæði fyrir þegnana og hið opinbera. Fór upphaflega fram rækileg athugun á þessu máli á vegum norsks hagfræðingafyrirtækis, Industrikonsulent, og var þá lagt til að tekið yrði upp fast númerakerfi þar sem ökutæki haldi óbreyttum skráningarmerkjum frá því það er fyrst skráð og þar til það er tekið af skrá sem ónýtt. Till. þessar hafa síðar verið til meðferðar hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og einnig í undirnefnd fjvn., sem lagði til að tilhögun ökutækjaskráningar yrði breytt á þann veg sem lagt er til í frv. þessu, en með því er lagður grundvöllur að því að skráningu ökutækja verði breytt á þann veg að tekið verði upp fast númerakerfi fyrir allt landið.

Kostir við þessa breytingu eru fyrst og fremst sparnaður í vinnu og aðstöðu, þar sem hætt yrði að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma eða annarra ástæðna. Jafnframt mundu falla niður þær skoðanir sem nú er skylt að framkvæma við umskráningu. Sparnaður þessi mundi ekki einungis koma fram hjá þeim opinberu stofnunum sem hlut eiga að máli, lögreglustjórum, Bifreiðaeftirliti og þinglýsingardómurum, heldur einnig hjá eigendum ökutækjanna svo og öðrum, t.d. vátryggingarfélögum. Breytt skráningarkerfi mundi og auðvelda viðhald ökutækjaskrár og skýrsluvélavinnu og draga úr hættu á misskráningu.

Yfirgnæfandi fjöldi nýrra ökutækja er í dag skráður í Reykjavík, þar sem þau eru flutt inn, annaðhvort lögreglustjóranum í Reykjavík eða Bifreiðaeftirlitinu í umboði viðkomandi lögreglustjóra. Með breyttu skráningarkerfi mundi þeim ökutækjum fjölga að mun sem þar verða skráð án tillits til þess hvar eigandi er búsettur. Þegar þessa er gætt svo og þess að hætt verður að umskrá ökutæki vegna flutnings milli umdæma þykir eðlilegast að Bifreiðaeftirlitið, sem ekki er bundið við einstök lögsagnarumdæmi, taki við skráningarhlutverki lögreglustjóranna. Hefur og verulegur hluti skráningarstarfa farið um hendur bifreiðaeftirlitsmanna í umboði lögreglustjóranna.

Með þessari breyt. mundu falla niður þau auðkenni á ökutækjum sem leiðir af umdæmaskiptingu landsins. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því að hver lögreglustjóri haldi skrá yfir ökutæki í umdæmi sínu skv. gögnum frá Bifreiðaeftirlitinu þar sem haldin verður allsherjarspjaldskrá sem embættin að öðru leyti hafa aðgang að.

Nokkur undirbúningur að nýju skráningarkerfi er þegar hafinn, m.a. með kaupum á skráningarvél sem skráir upplýsingar um ökutæki vegna spjaldskrár og áskráningarskírteini, auk þess sem hún gatar á strimil upplýsingar til úrvinnslu í skýrsluvélum. Er gert ráð fyrir því að hvert ökutæki verði auðkennt með tveimur bókstöfum og þremur tölustöfum og er það talið

geta gefið möguleika á um 670 þús. númerum. Rétt er að taka fram að þessi undirbúningur er í sjálfu sér óháður því hvort skráningarmerkjum verður breytt eða ekki, en kemur að notum ef horfið verður að því ráði að breyta þeim, en ekki er nauðsynlegt að skipta um merki á öllum ökutækjum samtímis.

Með tilliti til breytts hlutverks Bifreiðaeftirlitsins, er það tekur við ökutækjaskráningunni, eru lagðar til nokkrar breytingar á ákvæðum umferðarlaganna að því er Bifreiðaeftirlitið varðar. Brýn nauðsyn er orðin að bæta starfsaðstöðu Bifreiðaeftirlitsins bæði í Reykjavík og einnig úti á landi. Er nú unnið að undirbúningi byggingar skoðunarstöðvar Bifreiðaeftirlitsins hér í Reykjavík, þar sem stofnunin hefur búið við mjög þröngt húsnæði og að öllu leyti frumstæða aðstöðu til skoðunar.

Frv. þetta hefur auk þessara breyt. á skráningarkerfi ökutækja, sem hér hafa sérstaklega verið gerðar að umræðuefni og e.t.v. koma til með að vekja mesta athygli og umr. í sambandi við þetta mál, að geyma nokkur önnur ákvæði. Ber þar fyrst að geta ákvæða um skráningu og notkun beltabifhjóla sem svo eru nefnd í frv., en þar er einkum átt við vélsleða eða snjósleða. Á undanförnum árum hafa verið flutt til landsins allmörg þess háttar ökutæki. Er talið að fluttir hafi verið til landsins a.m.k. 1 200 vélsleðar. Vélsleðarnir eru margir hverjir mjög hraðskreiðir. Eigi hafa vélsleðarnir verið skráðir og nokkur óvissa hefur ríkt um hvaða reglur skuli um þá gilda. Er lagt til hér að tekin verði upp sérstök skráning fyrir ökutæki þessi og önnur skyld og þau nefnd beltabifhjól. Jafnframt er gert ráð fyrir sérstökum reglum um þessi svonefndu beltabifhjól, svo sem skráningu, vátryggingu og ökuréttindi. Skilgreining frv. er í samræmi við hliðstæða skilgreiningu í norskri og sænskri umferðarlöggjöf.

Vélsleðarnir eru til margra hluta nytsamleg samgöngutæki þar sem snjóalög eru mikil og umferð annarra ökutækja teppist af þeim sökum. Hafa þeir án efa breytt til muna aðstöðu margs bóndans. Vélsleðarnir eru og hentugir til ýmiss konar þjónustu, svo sem vegna viðgerða og ýmiss konar hjálparstarfs. Ýmis vandkvæði hafa hins vegar orðið af notkun þeirra víða um landið, bæði í þéttbýli og eins í skíðalöndum, vegna hávaða og vegna slysahættu. Að nokkru hefur verið reynt að takmarka notkun vélsleða með ákvörðun lögreglustjóra skv. heimild í umferðarlögum. Þær ráðstafanir hafa þó ekki reynst fullnægjandi og lögfesting þeirra ákvæða, sem í frv. þessu felast, mun naumast leysa öll vandamál sem koma til greina í sambandi við notkun vélsleða, en miða þó í áttina. Þessi vandamál bar m.a. á góma á nýlega afstöðnu náttúruverndarþingi sem gerði ályktun um efnið.

Frv. hefur og að geyma nýmæli þar sem eru ákvæði um hámarkslengd ökutækja. Er nauðsynlegt að hér á landi séu lög um takmarkanir á lengd ökutækja og er ákvæði frv. í samræmi við það sem víða tíðkast erlendis.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að rekja hin ýmsu ákvæði frv. frekar, hvað ég vil aðeins geta ákvæðis um vátryggingarfjárhæðir, en lagt er til að þær verði hækkaðar vegna verðlagsþróunarinnar frá í fyrra, en þá voru fjárhæðirnar síðast hækkaðar. Miðað við nokkra hækkun á eigin áhættu er talið að hækkun vátryggingarfjárhæðanna þurfi ekki að hafa í för með sér hækkun iðgjalda.

Mér er að sjálfsögðu ljóst að þetta frv. nær ekki afgreiðslu á þessu þingi og ég fer að sjálfsögðu alls ekki fram á það. En þó að það væri ljóst taldi ég rétt að leggja það fram svo að þm. gætu haft það til athugunar yfir sumarið. Hér er um mál að tefla sem vel má vera að talsvert skiptar skoðanir verði um á meðal manna og gott að þeir fái þá tækifæri eða svigrúm til þess að láta álit sitt í ljós.

Ég leyfi mér að óska eftir því að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari og til hv. allshn., en tek aftur fram, eins og ég áður sagði, að ég ætlast auðvitað ekki til þess að hún skili áliti á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Lán vegna Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, frv. (þskj. 615). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Hæstv. forseti. Með lagafrv. því, sem hér liggur fyrir, er leitað heimildar fyrir ríkisstj. til að taka erlent lán að jafnvirði 1 260 millj. kr. Til lántöku þessarar er stofnað til að greiða þann hluta af skuld ríkissjóðs á viðskiptareikningi við Seðlabankann sem til hafði orðið í árslok 1974 vegna skulda Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins við ríkissjóð. Síðar á þessu þingi, þ.e.a.s. n.k. föstudag, mun verða lagður fram A-hluti ríkisreiknings fyrir árið 1974. Af honum má sjá að skuld ríkissjóðs á viðskiptareikningi í Seðlabankanum nam 2.9 milljörðum kr. um s.l. áramót. Af þessari fjárhæð er tæplega helmingurinn vegna tveggja fyrirtækja, þ.e. 931 millj. kr. skuld sem til varð á s.l. ári vegna rekstrar og framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins umfram fjárhagsáætlun og 326 millj. kr. lausaskuldir Vegagerðar ríkisins sem safnast höfðu upp á undanförnum árum án þess að frá þeim væri gengið á formlegan hátt. Til þess að ríkissjóður gæti staðið undir þessum skuldbindingum endurlánaði Seðlabankinn ríkissjóði fé af svokölluðu olíuláni sem tekið var hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á s.l. ári. Frá þessum skuldum þarf að ganga og til þess er leitað heimildar Alþ. með frv. þessu.

Ég vil svo, hæstv. forseti, leggja til að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 640, n. 716). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til laga um Viðlagatryggingu Íslands. Það er álit

meiri hl. n. að hér sé um veigamikið og þýðingarmikið mál að ræða sem æskilegt sé að koma í höfn sem fyrst og þess vegna mælir meiri hl. með því að frv. verði samþ. óbreytt. Minni hl. hefur hins vegar skrifað undir með fyrirvara.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Vinnubrögðin hér á síðustu dögum þingsins eru ákaflega ruglingsleg og undarleg, eins og oft vill verða þegar þingi lýkur, og ekki laust við að einstakir hæstv. ráðh. noti þetta tækifæri til þess að ýta á eftir málum á annarlegan og óeðlilegan hátt. Því máli gegnir um þetta frv. til l. um Viðlagatryggingu Íslands. Það var lagt fram á þingi fyrir tiltölulega fáum dögum og Ed. Alþ. fékk ekkert ráðrúm til þess að ræða það við neina sérfræðinga eða senda það neitt til umsagnar. Henni var fyrirskipað að afgreiða málið án nokkurra slíkra vinnubragða og það var gert í Ed.

Ég fór þess á leit við form. heilbr.- og trn. í Nd., hv. þm. Jón Skaftason, að þegar málið kæmi til umr. hjá okkur yrðu kvaddir til tveir sérfróðir menn, form. Viðlagasjóðs, Helgi Bergs, og Erlendur Lárusson tryggingastærðfræðingur sem er formaður Tryggingaeftirlits ríkisins. Og hv. þm. Jón Skaftason var svo vinsamlegur að hann varð við þessari beiðni og þessir tveir sérfróðu menn mættu á fundi n. og gerðu grein fyrir mati sínu á frv. Það var að sjálfsögðu mat þeirra, eins og er mat okkar allra hv. alþm., að mikil nauðsyn sé að setja á laggirnar stofnun af þessu tagi, um það er enginn ágreiningur. Hins vegar gerðu þeir athugasemdir við að ég hygg aðra hverja grein frv. og bentu þar á atriði sem voru þess eðlis að allir nm. töldu einsætt að það yrði að gera breytingar á þeim. Þegar þessir tveir sérfræðingar voru búnir að gera grein fyrir sínu máli komu fram óskir um það í n. að einn eða fleiri af höfundum frv. kæmu á næsta fund til þess að ræða einmitt þessar athugaemdir svo að við nm. gætum kynnst mati sérfræðinga frá báðum hliðum, ef þarna væri um að ræða ágreiningsatriði. En þá gerðust þau tíðindi að það komu fyrirmæli frá hæstv. ríkisstj. um að ekki mætti breyta einum einasta stafkrók í þessu frv. Það mátti ekki gerast að frv. færi aftur til Ed., það skipti engu máli hvers konar breyting það var. Þetta eru vinnubrögð sem ég vil mótmæla algjörlega. Með þessu er verið að sýna Alþ. alveg staka óvirðingu, gera Alþ. að ómerkilegri afgreiðslustofnun. Og satt að segja er það furðulegt að þessi hæstv. ráðh., sem hefur ekki komið því í verk á tveimur mánuðum að svara einfaldri fyrirspurn sem Nd. Alþ. heimilaði að hann svaraði, skuli teljast þess umkominn að skipa alþm. fyrir um vinnubrögð af þessu tagi. Ég er alveg undrandi á því að alþm. skuli sætta sig við slíkar fyrirskipanir frá ráðh.

Ég skal láta getið nokkurra þeirra athugasemda sem fram komu frá þessum sérfróðu mönnum sem ég var að greina frá hér áðan, til þess að menn átti sig á um hvað er hér að ræða.

Það var bent á það í sambandi við 4. gr. að það er talað um að vátryggja skuli gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Þessi trygging er ekki látin ná til ofviðra og skýrt með því að erfitt sé að skilgreina hvað ofviðri er. En ég held að það sé engan veginn neitt erfitt að skilgreina það. Ég held að það sé mjög auðvelt í samráði við Veðurstofu Íslands og í sambandi við þann mælakost, sem nú er kominn upp víðs vegar um land, að skilgreina slíkt, og ég held að í tryggingu af þessu tagi eigi ofviðri alveg tvímælalaust heima.

Í 5. gr. eru ákvæði sem vert er að vekja alveg sérstaka athygli á. Þar stendur: „Tryggingarskyldan nær einnig til lausafjár.“ Tryggingin er látin ná til húseigna og lausafjár. Eins og menn vita er brunatrygging af húseignum skyldutrygging, en komið er undir mati hvers um sig, hvernig hann tryggir lausafé sitt. Sumir tryggja lausafé sitt sómasamlega, aðrir vantryggja það mjög stórlega eins og menn vita. Ef þessi gr. stæði eins og hún er þarna mundi það gerast, t. a. m. í sambandi við atburði eins og þá sem gerðust í Vestmannaeyjum, að t. a. m. annar hver íbúi fengi lausafjármuni sína bætta sæmilega að fullu, en annar hver íbúi ekki. Dettur nokkrum manni í hug að þannig sé hægt að standa að þegar um náttúruhamfarir er að ræða eða um hamfarir eins og t. d. í Neskaupstað í sambandi við snjóflóð, að þetta fari eftir því hvort menn hafa haft framsýni eða framtak í sér til þess að tryggja lausafjármuni á eðlilegan hátt eða ekki? Ég tel að þessi athugasemd eigi greinilega fullan rétt á sér.

Það komu fram aths. við 8. gr. um það hversu fljótt þessi sjóður ætti að vaxa. Það er vafalaust álitamál hvernig á það ber að líta og hefði verið eðlilegt að menn hefðu fengið eitthvert ráðrúm til að gera það upp við sig. Ég skal ekki fara að rekja röksemdirnar fyrir því að sjóðurinn vaxi örar en þarna er gert ráð fyrir. Það voru veigamiklar röksemdir, en það hefði vafalaust átt að koma með röksemdir þar á móti.

Í 9. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Telji vátryggður að gerst hafi bótaskyldur tjónsatburður skal hann tilkynna það vátryggingarfélagi því, er selt hefur honum vátrygginguna, svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi innan 30 daga frá því að atburðurinn gerðist. Geri hann það ekki er niður fallinn allur réttur hans til bóta.“

Ég tel ákaflega hæpið að setja ákvæði af þessu tagi um að rétturinn falli niður ef hann sé ekki tilkynntur formlega innan 30 daga. Ef um er að ræða meiri háttar náttúruhamfarir þar sem um er að ræða almenna ringulreið og hugur manna er bundinn við allt annað en ýmislegt slíkt, þá getur það áreiðanlega misfarist hjá fólki að tilkynna á formlegan hátt um slíkt innan 30 daga. Ég tel að við eigum ekki að hafa slík ákvæði í lögum sem geta leitt til þess að fólk, sem getur verið miður sín af mörgum ástæðum í sambandi við náttúruhamfarirnar, hafi ekki komið því í verk að fullnægja þessum formlegu kröfum.

Í 10. gr. er búin til ný n. sem ber hið merkilega nafn hamfaranefnd. Það er kannske ekki alveg út í hött að n., sem tengd er hæstv. ráðh. Matthíasi Bjarnasyni, geti borið nafnið hamfaranefnd. En í 14. gr. er svo önnur n. Hún heitir uppgjörsnefnd. Þarna er sem sé um tvær n. að ræða, 3 menn

í hvorri og 3 varamenn í hvorri, 12 menn. Er nokkur ástæða til þess að hafa tvær n. í þessu? Er ekki miklu einfaldara að hafa bara eina nefnd, hvort sem menn kalla hana uppgjörsnefnd eða hamfaranefnd. Það skiptir ekki máli. En mér finnst þarna verið að búa til skriffinnskukerfi sem er algjörlega ástæðulaust. Mér finnst að þarna eigi að vera um eina og sömu nefnd að ræða.

Það kom fram í þessum athugasemdum að mönnum fyndist að tryggingafélögin ættu að bera einhverja ábyrgð, einhverja sjálfsáhættu, í þessu sambandi. Það er líka atriði sem ég tel að ástæða sé til þess að gefa gaum.

Í 13. gr. frv. er ákvæði sem er algjörlega fráleitt og brýtur í bága við eðlileg tryggingasjónarmið og heilbrigða skynsemi. Segir svo í 13. gr.: „Heimilt er að lækka eða synja alveg um bætur: a) þegar hús, sem tjón verður á, er reist á stað sem almennt var vitað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til snjóflóða, skriðufalla eða vatnsflóða“ og einnig „þegar styrkleiki húss, byggingarlag og byggingarhættir eru óforsvaranlegir miðað við þær aðstæður, sem algengar eru á byggingarstað, og ljóst er að tjón hefur orðið meira af þessum sökum.“

Þarna á að synja um bætur. En auðvitað er ekki hægt að hafa þennan hátt á. Slíkum húsum verður að synja um tryggingu. Það verður að synja þeim um tryggingu. Það er ekki hægt að bjóða upp á það að fólk borgi iðgjald árum saman af slíkum fasteignum, en síðan verði það fyrir tjóni og fólkið fer og ætlar að sækja bætur sínar, en þá er því neitað um þær. Ef þarna á að vera um einhverja slíka undantekningu að ræða, þá verður hún að ná þannig til að þetta fólk borgi ekki tryggingu. Fyrst það fær ekki að njóta tryggingarinnar á það ekki að greiða til hennar. Það liggur í hlutarins eðli. Um þetta voru allir nm. að sjálfsögðu sammála og það eru firn mikil ef það má ekki breyta ákvæði eins og þessu.

Í sambandi við 17. gr., þar stendur: „Bótaskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers tjónsatburðar takmarkast við 5‰ af heildarvátryggingarfjárhæð í upphafi hvers árs. Nemi heildarfjárhæð bótaskyldra tjóna vegna eins tjónsatburðar hærri fjárhæð skal hlutur allra tjónþola skerðast í sama hlutfalli.“

Þetta held ég að sé illframkvæmanlegt og ástæða til þess að kanna nánar hvernig á þessu skuli haldið.

18. gr. ber það með sér að ákvæði hennar eru ekki miðuð við stórslys ein og þau sem því miður hafa yfir okkur dunið á seinustu árum, og ég tel það einnig hæpið að trygging af þessu tagi geti ekki tekið til slíkra stóratburða.

Í 21. gr. er ákvæði um það að Viðlagatrygging Íslands eigi að taka við eignum og skuldum Viðlagasjóðs hinn 1. jan. 1977. Mér sýnist það vera einsætt að Viðlagatrygging Íslands á þegar í stað að taka við störfum af Viðlagasjóði. Viðlagasjóður kemur sem betur fer til með að eiga allverulegar eignir. Þó að rekstrarfjárstaðan sé erfið, þá á hann allverulegar eignir. Og mér finnst einsætt að þessi nýja stofnun taki við störfum Viðlagasjóðs um leið og hún tekur til starfa. Og alla vega þarf að fella úr gildi þegar í stað 6. gr. laga nr. 5 frá 28. febr. nú í vetur, gr., sem við erum nýbúnir að samþ. hér á hinu háa Alþ., en þar segir að Viðlagasjóður verði að bæta tjón sem verða af öðrum ástæðum en þeim sem okkur er kunnugt, þ. e. eldgosin í Vestmannaeyjum og snjóflóðin á Neskaupstað, þ. e. a. s. við erum áður á þessu þingi búnir að fela Viðlagasjóði slíkt verkefni. Það er auðvitað algjörlega fráleitt að verkefni af þessu tagi séu höfð í tveimur sjóðum og lágmarksnauðsyn að þetta ákvæði verði fellt úr lögunum um Viðlagasjóð.

Þetta eru þau atriði sem sérfræðingarnir gagnrýndu við okkur, og ég hygg að þm. allir hljóti að geta orðið sammála um að þarna er vikið að svo veigamiklum þáttum að það er ótækt með öllu að ætlast til þess að þetta frv. verði afgr. á þennan hátt á þessu þingi án þess að það megi breyta stafkrók. Ég er alveg sannfærður um að hv. heilbr.- og trn., sem hefur unnið myndarlega í allan vetur, mundi treysta sér til þess að sníða verstu agnúana af þessu frv. á tiltölulega skömmum tíma eftir þær ábendingar sem komið hafa ef hún fengi leyfi til þess. En hún hefur ekki fengið slíkt leyfi hingað til og því vil ég skírskota til hv. alþm. hvort þeir telji vinnubrögð af þessu tagi eðlileg.

Ég endurtek það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að hér er um að ræða algera nauðsyn sem allir þm. hljóta að vera sammála um. Hins vegar breytir það ákaflega litlu hvort við samþ. þetta frv. núna eða á þinginu í haust og látum endurskoða það í sumar með tilliti til þeirra athugasemda sem fram hafa komið. Ég held að það skipti meira máli, að þessi trygging, sem við erum þarna að koma á laggirnar, verði traust og standi undir verkefnum sínum, en að reynt sé að hraða þessu í gegnum þingið á ákaflega óeðlilegan hátt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál. Ég geri ráð fyrir að þm. allir séu um það sammála að hér er nauðsynjamáli sem þarf að koma á, en í mínum huga er þetta fyrst og fremst spurningin um það hvernig að þessu er staðið. Það hefur komið fram hjá hv. síðasta ræðumanni að í heilbr.- og trn. þessarar d. komu fram á fundi, einum stuttum fundi, það margar og að mér finnst mikilvægar aths. við svo margar gr. þessa frv., að það hefði vissulega átt að vera ástæða til þess að tími hefði gefist til að fá gagnrök frá þeim aðilum sem sömdu þetta frv.

Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að það hljóta að vera fyrir því takmörk hvað hv. þm. geta látið bjóða sér að því er varðar vinnubrögð, þó að sé á síðustu dögum þings. Hér er um svo geysilega stórt mál og fjölþætt að ræða að það hlýtur að verða að gefa eðlilegan tíma til þess að málið sé skoðað, þrátt fyrir það að allir séu sammála um efnislega að það þurfi að koma málinu í gegn. Mér hefði fundist tilhlýðilegt af hv. frsm. meiri hl. n. að hann hefði a. m. k. getið þess að á fundi n., þ. e. a. s. öðrum fundi sem um þetta mál var fjallað, gerði formaður stjórnar Viðlagasjóðs, Helgi Bergs, fjöldamargar aths. við margar gr. þessa frv. sem hann

taldi a. m. k. að væru þess eðlis að hann teldi nauðsynlegt að skoða betur áður en frv. yrði gert að lögum. Og ég a. m. k. fyrir mitt leyti lít svo á að hér hafi um talað maður sem hefur reynslu í efnum sem þetta frv. lýtur að. Ég fyrir mitt leyti treysti mér vart til þess að gera mér grein fyrir svo flóknu og fjölþættu máli eins og hér er um að ræða, án þess að fá upplýsingar frá sérfróðum mönnum þar um. Og mér finnst það alveg furðuleg vinnubrögð ef þm. láta bjóða sér það, eins og sagt er að hafi gerst í hv. Ed., að það hafi ekki mátt kalla menn til fundar í heilbr.- og trn. þeirrar d. til þess að fá upplýsingar varðandi málið, ég tala nú ekki um að það væri neinn tími til þess gefinn að senda málið til umsagnar einna eða neinna aðila. Slík vinnubrögð eru náttúrlega fráleit og ekki sæmandi þingi og þm. að láta bjóða sér það.

Eins og hér hefur komið fram eru margar aths. við frv., aths. sem allir nm., að ég hygg, í heilbr.- og trn. eru sammála um að sumar hverjar eigi fullan rétt á sér. Hefði því verið eðlilegt að fá höfunda frv. til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi þær fjölmörgu aths. sem komu fram í þeim viðtölum þeirra tveggja gesta sem heilbr.- og trn. kvaddi á sinn fund til þess að ræða við. Og það var einmitt þetta sem m. a. mér fannst eðlilegt og óskaði því eftir að a. m. k. einhverjir af höfundum frv. yrðu kvaddir á fund n. til þess að gera grein af sinni hálfu fyrir þeim aths. sem höfðu fram komið. En þetta fékkst ekki. Og ég er alveg viss um að þó að þetta hefði verið gert, að nm. í heilbr.- og trn. hefðu fengið nokkurn tíma til þess að afla sér frekari upplýsinga varðandi málið, þá hefði það ekki þýtt að það hefði þurft að fresta málinu á þessu þingi. Það hefði verið hægt að afgr. það eigi að síður. Ég a. m. k. treysti mér ekki til þess að fella neinn dóm um réttmæti þeirrar gagnrýni sem kom fram hjá þessum tveimur mönnum sem til voru kvaddir, og ég taldi því alveg ótvírætt að okkur bæri skylda til þess að fá á fund n. höfunda frv., þannig að þeir gætu svarað gagnrýni. Þetta fékkst ekki og ég harma það mjög. Ég er viss um að hv. form. heilbr.- og trn. og ég hygg allir nm. þeirrar n. eru okkur sammála um að slík vinnubrögð er vart hægt að þola. Það verður að gefa þm. eðlilegan tíma til þess að fjalla um mál, ekki síst svo stór og flókin mál eins og hér eru á ferðinni.

Ég skal ekki fara út í að rekja hér aths. þær sem fram komu. Það er búið að verulegu leyti að gera það af hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni. En ég ítreka það að mér finnst þetta mál þannig vaxið að það sé óeðlilega að því staðið, vinnubrögð við málið óhæf og að það sé vart hægt að ætlast til þess að þm. almennt geti á nokkurn hátt gert sér eðlilega grein fyrir því hvað felst í þeim aths. sem gerðar hafa verið nú þegar við frv. Og ég vil benda á það að Viðlagasjóður hefur nú samkv. nýsamþykktum lögum heimild til þess að grípa inn í á a. m. k. svipaðan hátt og þetta frv. gerir ráð fyrir að gert verði ef eitthvað slíkt kemur upp á sem menn eru að tala um, þannig að það er ekkert sem kemur í veg fyrir það að Viðlagasjóður geti fram til hausts-ins gripið inn í þau tilfelli sem upp kunna að koma á þessum tíma.

Mér sýnist á öllu að hæstv. heilbr.- og trmrh., sem mál þetta ber fram, ætli sér að láta málið fara hér í gegn á þinginu og ekki skal ég standa í vegi fyrir því. En ég vil ítreka það að ég mótmæli slíkum vinnubrögðum eins og hér hafa verið viðhöfð og ég tel ekki sæmandi Alþ. og alþm. að láta bjóða sér slíkt.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál í þessari hv. þd. benti ég á ýmsa galla sem mér sýndust augljósir vera á þessu frv. Ég benti á að samkv. því kæmu engar bætur t. d. fyrir hafnarmannvirki, ekki fyrir raforkumannvirki nema þau hús sem eru brunatryggð, ekki fyrir vatnsveitur, ekki fyrir samgöngumannvirki og ekki fyrir neitt land, og ég taldi að hér væru slíkir agnúar á ferðinni að það væri vart stætt á því að setja um þetta lög ef ekki yrði reynt að finna aðferð til iðgjaldagreiðslu vegna þessara eigna, sem tryggðu það, að fyrir skemmdir eða eyðileggingu á þeim kæmu bætur. Ég vænti þess þá að heilbr.- og trn. hefði aðstöðu til þess og gæti tekið frv. til meðferðar og freistað þess að koma inn þessum breytingum, en úr því hefur ekki getað orðið.

Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt. Í fyrsta lagi að það er algjör samstaða um þetta mál í eðli sínu að mínu mati og í öðru lagi að hér er á ferðinni svo yfirgripsmikið, viðamikið og þýðingarmikið mál að það er vart fært að afgr. það með slíkum hraða á svo stuttum tíma. Ég benti á það um daginn að það mundu ekki falla saman á nokkurn hátt þær reglur sem bætur yrðu greiddar eftir annars vegar frá Viðlagatryggingunni og hins vegar frá Bjargráðasjóði Íslands. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það mundi mjög erfitt að fella saman þessa tvo sjóði eða þessi tvenn lög í ein lög og leggja niður þá t. d. Bjargráðasjóð Íslands vegna þess að veigamikill þáttur í störfum Bjargráðasjóðs er að bæta skaða — sérstaka stórskaða sem verða í landbúnaði, bæta að nokkru marki, ef bændur verða fyrir sérstöku tjóni á bústofni sínum. Hins vegar kann að vera að það sé hægt að samræma aðrar bætur Bjargráðasjóðs, úr hinni almennu bótadeild, Viðlagatryggingarsjóði, en það þyrfti miklu meiri könnun til. Og ef það yrði gert og Bjargráðasjóður lagður niður, þá væri það ekki hægt nema því aðeins að setja lög um búfjártryggingar á Íslandi.

Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt, ef þessi lög verða sett, að þau ásamt lögum um Bjargráðasjóð verði endurskoðuð strax á næsta hausti. Ég undraðist að vísu nokkuð yfirlýsingu hæstv. heilbr.- og trmrh. að það væri til þess hugsað að Viðlagasjóður eða ríkið stæði undir bótum á næstunni ef tjón yrði á þeim eignum sem ég minntist á áðan að væru undanþegnar bótaskyldu. Ég undraðist þetta vegna þess að gert er ráð fyrir þessu í lögunum og ég hef skilið slíka lagasetningu þannig að tryggingin ætti einmitt að standa undir þessu, en ekki þyrfti að koma til kasta ríkisins eða sérstakra aðgerða af þess hálfu.

Ég vil þess vegna freista þess áður en umr. um þetta mál lýkur, herra forseti, að fá fram yfirlýsingu, bæði frá hæstv. félmrh. varðandi Bjargráðasjóð og frá hæstv. heilbr.- og trmrh. vegna Viðlagatryggingarsjóðs, um að þeir beiti sér fyrir því að lög um viðkomandi sjóði verði endurskoðuð á næsta hausti. Ég tel það ekki nóg sem fram kom hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. um daginn þegar hann lýsti því yfir að hann mundi ekki hafa á móti því að lögin yrðu endurskoðuð. Ég tel það ekki nóg. Ég tel nauðsynlegt að hann lýsi því yfir, að hann muni hafa frumkvæði um að þau verði tekin til endurskoðunar strax á næsta hausti og þá mun ég una við það að lögin verði sett eins og nú stendur til.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mikið, en vil þó segja hér nokkur orð vegna ummæla hv. 5. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Reykv.

Vegna ummæla hv. 5. þm. Vestf. um að það sé verið að hraða þessu frv. með óeðlilegum hætti gegnum þingið og það hafi ekki hlotið þá meðferð, sem æskilegt sé að það fái, þá vil ég vekja athygli á því að við undirbúning þessa frv. störfuðu mjög hæfir menn sem heilbr.- og trmrh. skipaði til þeirra starfa með bréfi dags. 30. des. 1974. Voru það þeir Ásgeir Ólafsson forstjóri, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari og Bjarni Þórðarson tryggingafræðingur. Ég vil einnig vekja athygli á því að Ed. hefur fjallað um þetta frv. og fékk það mjög góðar undirtektir í þeirri d. (Gripið fram í.) Án þess að draga í efa hæfni Helga Bergs bankastjóra á ýmsum sviðum, þá dreg ég stórlega í efa að hans orð ein eða umsögn hafi meira gildi en störf þeirra þriggja manna, sem hafa undirbúið frv., eða afgreiðsla Ed. á þessu máli. Ég leyfi mér að draga það stórlega í efa, enda vil ég ekki gera ráð fyrir því að þótt til séu kvaddir bankastjórar ríkisbankanna og þó að þeir hafi starfað sem slíkir við ákveðin störf, eins og hv. bankastjóri á vegum Viðlagasjóðs, þá þurfi þm. yfirleitt í n. að fara einfarið eftir þeirra ráðum eða fyrirmælum. Ég veit að hv. 3. þm. Reykv. er mér algjörlega sammála um þetta. (**Gripið fram í:** Það komu engin fyrirmæli frá þeim.)

En varðandi það atriði, að ekki hafi verið til kvaddir á okkar fund þeir þrír menn sem undirbjuggu frv., þá verð ég að segja það að þegar betur var að gáð og litið til þeirra aths. sem Helgi Bergs og Erlendur Lárusson komu fram með á nefndarfundi í heilbr.- og trn., þá voru þær ekki svo flóknar að ástæða væri til að kalla til þessa þrjá sérfræðinga. Ég segi fyrir mitt leyti, að þær aths. voru frekar léttvægar og alls ekki það tæknilega flóknar, að nm. heilbr.- og trn. gætu ekki um þær aths. fjallað óstuddir. Hér var yfirleitt um matsatriði að ræða, ákvörðunaratriði, en ekki flókin tæknileg atriði.

Þess vegna held ég að hv. þm. í Nd. sé algjörlega óhætt að treysta á dómgreind nm. í heilbr.- og trn. og svo á eigin dómgreind. Það getur verið að sumir hv. þm. treysti sér ekki til þess, svo sem 5. þm. Sunnl., en þá verður hann að eiga það við sig, en ég beini þessum orðum mínum til annarra hv. þm.

Ég vil taka það fram strax vegna ummæla hv. 3. þm. Reykv. að ég var algjörlega ósammála þeim Helga Bergs sérstaklega og Erlendi Lárussyni um flestar aths. sem þeir komu með á nefndarfundi í heilbr.- og trn., að undanskildu einu atriði sem er ákvæði 13. gr. Ég get tekið undir þá aths. hv. 3. þm. Reykv. að það er ekki hægt að leggja á mann skyldur án þess að hann fái rétt á móti. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að miðað við gildistöku laganna sé unnt og frambærilegt að endurskoða þetta ákvæði strax í upphafi þings í haust. Að mínu mati er aðalatriðið það að yfirstandandi Alþ. samþykki þessi mikilsverðu lög og festi þar með þá mikilvægu tryggingu sem lögin gera ráð fyrir. Og það er mín skoðun einnig og ég veit að það hlýtur að vera skoðun meiri hl. hv. þm. í Nd. að með þessu lagafrv., ef samþ. verður, verði stigið merkilegt spor í tryggingamálum þjóðarinnar. Ég efast ekki um að allir hv. alþm. verði sammála um það þrátt fyrir minni háttar ágreining.

Garðar Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það hefur nú gerst sem enginn bjóst raunar við að hæstv. ráðh., sem er ráðh. yfir þessum málum sem verið er að ræða, er kominn í salinn aftur. En með því að hann er nú aldrei þessu vant að hlusta á umr. um sín mál, þá langar mig til að segja um þetta mál örfá orð og þarf ekki að vera langorður vegna þess að hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, gerði grein fyrir þeim aths. sem Helgi Bergs og Erlendur Lárusson komu á framfæri við nefndina.

Þetta frv. hefur verið nokkuð til umr. í stjórn Viðlagasjóðs. Stjórnin bjóst reyndar við því að það yrði sent Viðlagasjóði til umsagnar og var þess vegna búin að ræða frv. nokkuð og þær aths., sem hv. 3. þm. Reykv. gerði hér grein fyrir frá Helga Bergs, voru niðurstöður okkar stjórnarmanna í Viðlagasjóði varðandi þetta frv.

Ég hygg að flestir ef ekki allir alþm. séu samþykkir því að þetta frv. fái afgreiðslu og ég er alveg viss um að það er engin hætta á því að þetta frv. dagi uppi þótt það fari nú aftur til n. til nánari skoðunar og verstu agnúarnir verði sniðnir af. Ég er viss um að allir hv. þm. í mínum flokki og væntanlega þm. stjórnarflokkanna muni leggjast á eitt og hjálpa til að þetta frv. hljóti afgreiðslu nú þegar á þessu þingi, ef tillit verður tekið til þeirra aths. sem borist hafa um frv. frá hæfum mönnum.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson flutti hér ákaflega sérkennilega ræðu áðan. (**Gripið fram í:** Auðvitað.) Og það er reyndar ekki fyrsta ræða hans sem er dálítið öðruvísi en almennir þm. halda og þá ekki aðeins fyrir sérstakan málflutning, heldur fyrir einstaklega furðulegar skoðanir og merkilegar fullyrðingar.

Þessi hv. þm. talar um að það sé ekki verið að hraða þessu máli óeðlilega í gegnum þingið. Það sér hver maður að það er verið að þræla þessu áfram nú á síðustu annadögum þingsins og það er hreinlega bannað að gera við það nokkrar aths. Ef þetta er ekki óeðlileg meðferð, þá er ekki til óeðlileg meðferð á lagafrv. Það gefur

auga leið og það er alveg sama hversu margir færu hérna í stólinn og segðu að þetta væri eðlilegt, það er óeðlilegt samt.

Í ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar nefnir hann Helga Bergs bankastjóra, það sé ekki svo merkilegt að kalla á fund n. bankastjóra til þess að gefa leiðbeiningar um meðferð slíks máls. Helgi Bergs kemur ekki á þennan fund sem bankastjóri Landsbankans, heldur sem formaður stjórnar Viðlagasjóðs, og hefur meiri reynslu í meðferð slíkra mála en nokkur maður hefur vegna þess að hann hefur glímt við þessi erfiðu verkefni, sem Viðlagasjóður hefur átt að annast, allt frá því að eldgosið hófst í Vestmannaeyjum. Þar er ekki á ferðinni bankastjóri Landsbankans, þar er einfaldlega á ferðinni forstöðumaður stofnunar sem hefur einmitt verið að fjalla um mál sem eru náskyld þessu frv., formaður stofnunar sem á að falla síðan inn í væntanlega stofnun sem lagt er til að komið verði á fót með þessu frv. Aths. slíks manns hljóta að vega mjög þungt. Ég held að flestir hv. alþm. hljóti að samþ. það. Og ég vil einnig benda á að það, sem Helgi Bergs hafði um þetta mál að segja í n., er afrakstur þeirra umr. og þeirrar skoðunar sem frv. fékk hjá stjórn sjóðsins sem hefur einnig verið að fjalla um þetta mál.

Hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni þótti engin ástæða til að kalla á neina sérfræðinga á fundinn og þm. hefðu ekki þurft neina aðstoð. Ég er ekki að halda því fram að hv. nm. séu neitt verri, síður en svo, en aðrir hv. þm. Hins vegar leyfi ég mér að draga mjög í efa að hv. nm. hafi svo mikla þekkingu í þessu máli að þeir þurfi ekki á neinum leiðbeiningum eða aths. að halda, að þeirra dómgreind ein sé nægileg til þess að gera þetta mál upp við sig.

Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði, eins og ég bjóst reyndar við af honum, að honum þættu aths. færustu og völdustu manna í þessum efnum ákaflega léttvægar og einfaldar, tæknilega einfaldar. Við hv. þm. vitum allir að honum vaxa ekki erfið mál í augum, þessum hv. þm., hvorki tæknileg né annars eðlis. Hitt er annað mál, að það gefur ósköp einfaldlega auga leið að það hlýtur að verða til þess að mál fái betri meðferð ef til eru kvaddir menn sem hafa unnið að þeim málum, mennirnir, sem sömdu frv., og aðrir slíkir menn sem geta orðið til þess að bæta frv.

Ég vil lýsa því yfir hér sem minni skoðun, að mér finnst frv. í höfuðatriðum allgott og ég vil leggja á það áherslu að það fáist samþykkt hér sem fyrst. Ég segi fyrir mig og ég held mér sé óhætt að tala fyrir alla stjórn Viðlagasjóðs að ég held að við værum ósköp fegnir að losna heldur fyrr en seinna út úr því verkefni sem við höfum glímt við. Þeim mun fyrr sem hægt er að ganga frá öllum lausum endum í þeim málum þeim mun betra. Hitt er svo annað mál að menn hafa bent hér á mjög greinilega ágalla sem er auðvelt að laga, og ég held að ég megi fullyrða að brtt. við þetta frv. séu tilbúnar. Þær eru tilbúnar. Allar hugmyndir, sem komið hafa fram við skoðun frv., eru komnar meira eða minna á blað og ég hygg að það taki mjög stuttan tíma að semja brtt. og er viss um að ef þetta mál fengi skynsamlega meðferð og yrði vísað aftur til n. sem fengi síðan til sín bæði höfunda frv. og þá menn sem hafa unnið að slíkum hlutum og kæmu til n. með sínar hugmyndir, þá væri ekki lengi verið að setja saman hóflegar brtt. Ég er enn vissari um að allir hv. þm. munu leggjast á eitt í því að koma málinu í gegn, jafnvel á þessu þingi þó að stuttur tími sé eftir. Og ég vil eindregið mælast til þess að n. fái málið aftur í hendur, að n. fái til sín höfunda frv., að n. ræði við sérfræðinga í þessum efnum, að n. geri fljótt nauðsynlegustu brtt. og að n. skili þeim til þingsins svo fljótt að málið geti fengið eðlilega afgreiðslu.

Karvel Pálmason: Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þess sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar, 6. landsk. Honum fannst, að því er mér finnst á hans ræðu, að það væri óþarfi af okkur að vera að gera aths. við meðferð málsins, það væri að hans áliti eðlilegt þar sem þm. væru með það góða dómgreind almennt til mála að þeir ættu að geta melt þetta á svona skömmum tíma.

Mér datt í hug atvik sem kom fyrir í einum kaupstað hér á landi ekki alls fyrir löngu, þar sem tveir menn voru að ræða saman og rökræddu allharkalega. Þegar komið var í lok þeirra rökræðna og öðrum þeirra fannst hann vera að verða undir í rökræðum, þá afgreiddi hann andstæðing sinn á þann hátt að hann lauk máli sínu með því að segja: „Mér er alveg sama þó að það sé satt, það er lygi fyrir það.“ Mér fannst eitthvað álíka hljóð vera í hv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni. Hann er ekki sannfærður um það — greinilega ekki — að hér sé eðlilega á málum haldið.

Hann tók það fram að þetta frv. hefðu samið færir menn. Það hefur enginn efast um það, enginn dregið í efa að það hafi verið færir menn sem sömdu þetta frv. En það er væntanlega hægt að finna færa menn til þess að semja sennilega öll frv. sem lögð eru fyrir Alþ. þannig að þm. þurfi þá ekkert um þau að hugsa, embættismennirnir geti afgreitt þetta á einu bretti án þess að það komi til þess að þm. þurfi að fjalla um málin eða setja sig inn í þau. Það er þetta sem við erum að gagnrýna, að það sé matreitt svo fyrir þingið að þm. sé ekki gefinn eðlilegur tími til þess að athuga málin, og það er aðalatriðið. En kannske í og með vegna þess, að við erum sjálfsagt allir sammála, nm. í heilbr.- og trn., um að það hafi verið færir menn sem sömdu frv., þá var eðlilegt að gefa þessum færu mönnum kost á því að hrekja þær aths. sem fram höfðu komið bæði frá Helga Bergs sem formanni stjórnar Viðlagasjóðs svo og Erlendi Lárussyni. Þeim hefði væntanlega ekki orðið skotaskuld úr því að koma með gagnrök og sannfæra þá væntanlega hv. nm. heilbr.- og trn. um að frv. væri gott eins og það er. Og það var kannske þetta í og með sem var grundvöllur að því að sumir hverjir nm. í heilbr.- og trn. vildu fá viðræður við höfunda frv.

Ég hef ekkert við það að athuga þó að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson dragi í efa viðhorf Helga Bergs, að þau séu rétt. Það hefur enginn dómur verið á það lagður, hvorki af mér né öðrum. Hins vegar fannst okkur það veiga-

miklar aths. sem hann kom með að það væri ástæða til þess að fá málið skoðað betur. Það má vel vera að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sé þeirrar skoðunar að þetta mál sé ekki flókið. En ég man ekki betur en að hann væri okkur sammála, og Helga Bergs og Erlendi Lárussyni um ákvæði 13. gr., þar sem segir að heimilt sé að lækka eða synja alveg um bætur, — ég man ekki betur en þessi hv. þm. væri okkur um það sammála eða kannske réttara sagt að hann hafi sannfært okkur um það ásamt Helga Bergs að þetta stæðist ekki tryggingalega séð. Eigi að síður á að lögfesta það þrátt fyrir það að hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson er sammála Helga Bergs og fleirum um að þetta standist ekki. Ekki einu sinni því má breyta. (**Gripið fram í:** Ég skýrði mína afstöðu til þess.) Hún er sú að þetta stenst vart tryggingalega séð, sagði hv. þm. Eigi að síður má ekki breyta. Svo kynni að vera um fleiri þeirra aths. sem fram komu hjá þessum tveimur mönnum.

Það hefði verið sjálfsagt, það fannst a. m. k. mér, að fá höfunda frv. til þess að koma með sínar aths. við aths. hinna og sannfæra þá heilbr.- og trn.-menn um það, gætu þeir það, að málum væri ekki betur komið á neinn veg annan en þennan, a. m. k. að þau væru ekki það miklir ágallar á að það væri ekki eðlilegt að frv. færi í gegn eins og það liggur fyrir. Og það er einmitt þetta sem hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson sagði í lokin: „Það er ekki hægt að leggja skyldur á menn án þess að þeir fái rétt á móti.“ En það er það sem verið er að gera með ákvæðum 13. gr. eins og hún er nú. Það er verið að skylda menn til þess að borga tryggingu þrátt fyrir það að þeir geti átt á hættu að fá ekkert á móti. Og það er þetta sem stenst ekki. Eigi að síður má engu breyta. Þetta er meðferð sem ég fyrir mitt leyti tel að sé ósæmandi Alþ., að haga vinnubrögðum með þeim hætti og afgreiða mál á þann hátt að það sé a. m. k. fullkomið vafamál hvort það standist. En eigi að síður er svo mikil áhersla á það lögð að keyra málið í gegn, ekki bara fyrir lok þingsins, heldur strax. Það hafa engir sagt það mér vitanlega að þeir vildu tefja þetta mál þannig að það næði ekki fram að ganga á þessu þingi. Það eina, sem óskað hefur verið eftir, er að menn fái hæfilegan tíma til þess að athuga það.

Ég skal ekki lengja þessar umr. frekar, en ég vildi að þetta kæmi fram vegna ummæla hv. þm. Guðmundar H. Garðarssonar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—23. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Félagsráðgjöf, frv. (þskj. 645, n. 700). — 2. umr.

Frsm. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Þetta frv. var lagt fram á síðasta reglulega þingi og hafði þá verið samið samkv. ítrekaðri ósk Stéttarfélags ísl. félagsráðgjafa. Það náði ekki fram að ganga á síðasta þingi, m. a. vegna þess að þá var dregið í efa hvort það væri formlega rétt að heilbr.- og trmrh. flytti slíkt frv., hvort það ætti ekki fremur heima hjá félmrh. En það virðist nú vera orðin samstaða um að það sé eðlilegt að það eigi heima hjá heilbrrn. Við töldum að vísu í heilbr.- og trn. að gerðar hefðu verið breytingar á frv. í Ed. sem varla væru til bóta, auk þess fannst okkur síðasta setningin í 3. gr. ekki fullkomlega viðkunnanleg. Þar er veitt heimild til þess að veita takmarkað og tímabundið starfsleyfi fólki sem er í starfi, en hefur ekki lokið fullu námi. Mér finnst það vera hálfleiðinlegt að fólkið, sem hefur starfað í þessu og er búið að fá í því langa reynslu og hefur reynst hæft í sínu starfi, skuli ekki fá að kalla sig þessu starfsheiti á þeim tíma sem líður á meðan þau ákvæði eru að komast í fullt gildi að menn verði að hafa lokið tilteknu námi. Engu að síður erum við í n. það hlynntir því að verða við óskum hæstv. heilbr.- og trmrh. um að málið nái fram að ganga á þessu þingi að við mælum einróma með því að það verði samþ. Ef menn kunna að vilja gera breytingar á þessum atriðum sem ég hef vikið að, þá er hægt að gera það síðar. N. mælir sem sé með frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Flugleiðir, frv. (þskj. 616, n. 703 og 728, 714). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf., lán að upphæð 18.5 millj. bandaríkjadala, vegna kaupa félagsins á tveimur flugvélum af gerðinni DC-8-63 CF og til þess að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins.

Álit meiri hl. n. er stutt af öllum nm. nema einum, hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, sem skilar séráliti og flytur brtt. Nm. eru raunar allir sammála um að veita heimild til ríkisábyrgðar, en greinir hins vegar á um skilyrði og þó einkum það, hvort ríkið skuli eignast hlut í Flugleiðum hf., en brtt. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar gengur einmitt í þá átt.

Nokkur gagnrýni hefur komið fram vegna þess hve seint þetta mál kemur fyrir þingið. Má vissulega segja að betra hefði verið ef frv. hefði komið fyrr fram. Ég hygg þó að það komi ekki að sök þar sem málið hefur fengið ítarlega athugun í n., en sameiginlegir fundir voru haldnir með fjh.- og viðskn. beggja d. og voru þeir sumir hverjir alllangir og haldnir á helgum dögum sumir. Ég vil þakka nm. öllum fyrir þolinmæði þeirra á nefndarfundum og málefnalegar umr. þar.

Manna á meðal og í fjölmiðlum hefur ýmislegt verið sagt um fjárhagslega stöðu Flugleiða hf. og rekstur yfirleitt svo og um þá sérstöku aðstöðu sem félagið hefur að því er tekur til flutninga á ferðamönnum til landsins og þjónustu við þá hér. Með viðtölum við fjölmarga

aðila. sem á einhvern hátt koma þar við sögu, reyndu nm. að mynda sér skoðun á þeim atriðum öllum, á þýðingu þess að félagið geti starfað með sem tryggustum hætti, og á þýðingu þess að sem styrkustum stoðum verði skotið undir það að íslendingar geti treyst á sterkt félag sem annist áætlunarflug milli Íslands og annarra landa. Jafnframt hefur n. haft í huga að sú sérstaða, sem Flugleiðir hf. hafa að því er tekur til ýmiss konar þjónustu við ferðamenn, leiði ekki til þess að aðrir, sem hliðstæða starfsemi stunda, fái ekki notið sín. Auk þess sem mál þetta hefur verið rætt á nefndarfundum undanfarna daga hafa nm. fengið í hendur ýmis gögn sem varða fjárhag og rekstur Flugleiða hf.

Ég mun ekki í máli mínu ræða að neinu marki ástæður þess að félaginu er nú nauðsyn á ríkisábyrgð til þess að geta keypt nefndar flugvélar og til þess að geta tekið rekstrarlán. Sú var tíðin að Loftleiðir hf. a.m.k. gátu tekist á hendur meiri háttar fjárskuldbindingar án ríkisábyrgðar, en síðan hefur margt breyst. Þróunin á síðustu árum hefur orðið rekstri sem þessum mjög óhagstæð. Nægir þar að nefna miklar hækkanir á eldsneyti, en þær munu hafa numið um 5½ millj. dala á síðasta ári fyrir félagið. Það má nefna tregðu stjórnvalda til að leyfa hækkun fargjalda sem er m.a. orsök fyrir 50 millj. kr. tapi á innanlandsfluginu árið 1974. Það má nefna óheppilega þróun í launamálum innanlands þar sem eru um 1 500 starfsmenn á vegum Flugleiða, en 600 starfsmenn erlendis. Innanlands hefur launahækkun orðið um 50% á sama tíma og hún hefur orðið 7—8% erlendis. Og svona mætti sjálfsagt lengur telja. Allt hefur þetta valdið stórfelldum taprekstri að undanförnu.

Ég vil taka það fram að nm. hafa að sjálfsögðu ekki haft möguleika til þess sjálfir að setja sig inn í hinn viðtæka rekstur sem félag þetta hefur með höndum. Ákvörðun nm. um að mæla með því að félaginu verði veitt ríkisábyrgð, byggist því að nokkru leyti á athugunum sem aðrir hafa gert. En upplýsingar þær, sem forstjórar Flugleiða hf. hafa veitt nm., styðja hins vegar niðurstöðu þá sem vinnuhópur fjmrn., samgrn. og Seðlabanka sendi frá sér í ítarlegri skýrslu til nefndra rn. 11. febr. s.l. Ég mun ekki rekja skýrslu þessa nú að neinu ráði. Verkefni vinnuhópsins fólst í athugun á rekstri og stöðu Flugleiða hf. í árslok 1974 svo og athugun á rekstraráætlun félagsins fyrir árið 1975. Þá var einnig könnuð eigna- og skuldastaða félagsins og veðhæfni eigna þess. Niðurstöður þessarar könnunar voru þær að rekstrarvandi félagsins væri ekki vanmetinn af forstöðumönnum þess.

Í upphafi var af hálfu Flugleiða hf. einungis farið fram á ríkisábyrgð og aðstoð vegna útvegunar rekstrarláns. Hins vegar varð strax ljóst að ábyrgðir þær yrðu ekki skildar frá fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum flugvélakaupum félagsins á þessu ári og þeim ríkisábyrgðum sem þeim kynnu að fylgja. Flugvélakaupin eru nauðsynleg af fleiri en einni ástæðu. Í fyrsta lagi rennur kaupleigusamningurinn út 1. júní n.k. Inn á kaupin hafa þegar verið greiddar 7.5 millj. dala, en eftirstöðvar eru 13.5 millj. Það, sem greitt hefur verið, mundi tapast ef ekki yrði af kaupunum. Söluverðmæti vélanna er talið vera 20—22 millj. dala. Auk þessa eru flugvélakaupin nauðsynleg til þess að létta greiðslubyrði félagsins, en hún léttist um 1 millj. dala á þessu ári eða um 150 millj. ísl. kr. við þessa aðgerð. Ljóst er því að félaginu er mjög mikilvægt að af þessum kaupum geti orðið, en til þess þarf ríkisábyrgð.

Nm. eru sem sagt sammála um að mæla með því að þessi ábyrgð verði veitt. En auk þessa er félaginu nauðsyn á að taka 5 millj. dala lán til þess að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins. Tillögur vinnuhópsins frá 11. febr. s.l. voru þær að lán þetta yrði tryggt með 1. veðrétti í flugvélunum sem keyptar yrðu. Nú er hins vegar ljóst að lán þetta fæst vart nema ríkisábyrgð komi til og öruggt er að lánskjör eru mun hagstæðari ef um ríkisábyrgð er að ræða. Að öllu þessu athuguðu er því lagt til að Flugleiðir hf. fái ríkisábyrgð fyrir 18.5 millj. dala, eins og í frv. segir, það er 13.5 millj. dala vegna flugvélakaupa og 5 millj. dala vegna rekstrarláns, en þetta nemur tæplega 2.8 milljörðum ísl. kr.

Hér er um miklar upphæðir að ræða á okkar mælikvarða og því eðlilegt að spurt sé hvort nægar tryggingar séu fyrir hendi ef greiðslur kynnu að falla á ríkissjóð svo og að sett séu ákveðin skilyrði af hálfu stjórnvalda þegar fyrirgreiðsla sem þessi er veitt.

Varðandi tryggingar er það að segja að hótel- og skrifstofubyggingar félagsins mega teljast fullveðsettar og hið sama gildir um flugvélaeign félagsins, þ.e. flugflota Flugfélags Íslands, en rekstrarlán sem tekið var í nóvembermánuði s.l. að upphæð 4 millj. dala var tekið með veði í þessum flugvélum. Hins vegar er söluverðmæti hinna tveggja véla, sem keyptar verða, talið vera, eins og ég sagði áðan, 20—22 millj. dala, og verður því ekki annað sagt en veð séu fullnægjandi.

Hér er, eins og ég áðan sagði, vissulega um háar upphæðir að ræða. En það er rétt að geta þess, að heildarábyrgðir ríkissjóðs yrðu um 29% af áætlaðri veltu Flugleiða árið 1975. Til samanburðar má nefna fyrri aðstoð ríkisvaldsins við Flugfélag Íslands hf. þegar fyrsta þotan var keypt árið 1967. Þá var ríkisábyrgðin 6.2 millj. dala eða 314 millj. ísl. kr. á þáv. gengi, en það var 71% af brúttóveltu Flugfélags Íslands 1967. Gengið var síðan fellt bæði 1967 og 1968 og var ríkisábyrgðin 1968 orðin 119% af veltu Flugfélagsins þá, þannig að miðað við þessar tölur er sú aðstoð, sem nú er verið að veita, til muna lægri.

Eins og fram kemur í áliti meiri hl. n. á þskj. 703 er lagt til að stjórn Flugleiða hf. undirriti yfirlýsingu áður en ríkisstj. notar heimild þá sem í frv. felst. Í þessari yfirlýsingu, sem prentuð er á þskj., gengst þá stjórn Flugleiða undir ákveðin skilyrði, sem ég skal nú fara örfáum orðum um.

Í 1. tölulið segir: „Flugleiðir hf., Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf., skuldbinda sig til þess að halda áfram skipulögðum aðgerðum til þess að bæta fjárhagsstöðu sína og auka hagkvæmni í rekstri.“ Hér er um almenna og sjálfsagða yfirlýsingu að ræða sem ekkert sérstakt er um að segja.

2. töluliður er svo hljóðandi: „Ríkisábyrgða-

sjóður og samgrn. tilnefna tvo fulltrúa til að fylgjast með fjárhagslegum ákvörðunum félaganna. Skulu þessir trúnaðarmenn eiga rétt á því að sitja fundi með framkvæmdastjórn (stjórnarnefnd) Flugleiða hf. þegar þeir óska, og heita félögin því að veita þeim allar þær upplýsingar um rekstur fyrirtækjanna sem óskað er eftir á hverjum tíma, þar með að leggja fyrir þá fjárhagsáætlanir, skýrslur um fjármál og rekstur og fyrirætlanir um meiri háttar fjárskuldbindingar.“ Með þessu ákvæði er ríkissjóði veitt hin nauðsynlega aðstaða til þess að hafa eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins. Þetta eftirlit er sjálfsagt vegna hinna miklu upphæða, sem ríkissjóður hefur hér ábyrgst.

Í 3. tölulið segir svo: „Stjórn Flugleiða hf. skuldbindur sig til að bjóða út hlutafé félagsins í hámark þess sem samþykktir leyfa, þ.e. 600 millj. kr., eins fljótt og aðstæður leyfa að dómi Seðlabankans og Landsbankans.“ Það er mjög eðlilegt að flugvélakaupunum fylgi aukning eigin fjár félagsins. Samkv. gildandi samþykktum þess er hámark hlutafjárins, sem bjóða má út, 600 millj. kr. Eignarmat félaganna liggur ekki enn fyrir og skipti á hlutabréfum geta ekki farið fram fyrr en matinu er lokið. Talið er að að þeim skiptum gerðum gæti hlutfé Flugleiða numið 360 millj. kr. hið mesta og hlutafjáraukning, sem boðin yrði út þegar matinu er lokið, yrði því um 240 millj. kr. Í þessum tölulið er tekið fram að hlutafjárútboðið skuli fara fram eins fljótt og aðstæður leyfa, að dómi Seðlabankans og Landsbankans. Þetta ákvæði er eðlilegt og raunar sjálfsagt, þar sem hér kemur til mat hlutlauss aðila, — aðila sem skal meta hvort markaður sé fyrir hlutabréfin. Þetta mat verður því ekki í höndum Flugleiða, heldur þessara bankastofnana. Það er enginn vafi á því, að bankarnir, Seðlabankinn og Landsbankinn, sem er viðskiptabanki Flugleiða hf., hafa áhuga á því að hlutaféð verði aukið við fyrsta tækifæri. Aukning hlutafjárins minnkar áhættu viðskiptabankans um leið og það styrkir eigin fjárstöðu félagsins.

4. tölulíður er svo hljóðandi: „Stjórnarnefnd Flugleiða mun láta gera athugun á því hvort hagkvæmt sé að koma upp fullkominni viðgerðarmiðstöð fyrir flugvélar hér á landi á vegum félaganna.“ Þetta atriði er sjálfsagt að kanna.

5. tölulíður er svo hljóðandi: „Stjórn og stjórnarnefnd félaganna skuldbinda sig til þess, á meðan ábyrgð stendur, að ráðast ekki í verulega fjárfestingu í flugrekstri né öðrum rekstri eða taka á sig verulega fjárskuldbindingu nema að fengnu leyfi Ríkisábyrgðasjóðs.“ Hér skuldbindur félagið sig til þess að ráðast ekki í verulega fjárfestingu, hvorki í flugrekstri né öðrum rekstri, nema að fengnu leyfi Ríkisábyrgðarsjóðs. Þessu fylgir raunverulega tvenns konar trygging, annars vegar fyrir ríkissjóð og hins vegar fyrir þá aðila sem telja að samkeppnisaðstaða félagsins sé óeðlilega sterk að því er tekur til annarra þátta en flugrekstrarins. Þá mun félagið heldur ekki taka á sig verulega fjárskuldbindingu nema að fengnu leyfi Ríkisábyrgðasjóðs. Það má kannske spyrja hvað sé veruleg fjárskuldbinding í svo viðamiklum rekstri sem þessum. Það er ljóst, að matið á því fer eftir því hvort fjárfest er í flugrekstri eða einhverri hliðargrein, sem félagið hefur með höndum, eins og t.d. bílaleigu. En þar sem talið er í greininni flugrekstur og annar rekstur er matið að sjálfsögðu breytilegt eftir því um hvað er að ræða.

Um næstu tölulíði er lítið sérstakt að segja.

6. tölulíður er svo hljóðandi: „Stjórnir félaganna fallast á að gera svo oft sem óskað er, en eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, ítarlegar fjárhagsáætlanir 12 mánuði fram í tímann til afnota fyrir Ríkisábyrgðasjóð og samgrn. Ríkisábyrgðasjóður og samstarfsaðilar samkv. 2. tölul. hér að framan skulu einnig fá árlega efnahags- og rekstrarreikninga félaganna og dótturfyrirtækja.

7. tölulíður: „Til viðbótar veði í flugvélum þeim, sem keyptar verða og ríkissjóði verður veitt, skulu standa að handveði öll hlutabréf vor. Verða bréf þessi í vörslu Landsbankans eða Ríkisábyrgðasjóðs að handveði meðan ábyrgð ríkissjóðs stendur.“

Og 8. liður: „Flugvélar þær, sem keyptar verða samkv. ríkisábyrgð þessari, skulu skráðar á Íslandi.“

Þetta er sú yfirlýsing sem stjórn Flugleiða hf. mundi undirrita áður en ríkisábyrgðin yrði veitt. Auk þessa yrðu að sjálfsögðu greidd þau vanskil sem félagið er í við Ríkisábyrgðasjóð svo og vegna lendingargjalda á Keflavíkurflugvelli.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín öllu fleiri. Ég leiði hjá mér, a.m.k. nú, að ræða um till. hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar. Þar er um að ræða þann ágreining sem varð í n., hvort ríkið eigi án þess beint að þurfa þess að okkar mati í meiri hl. að gerast hluthafi í Flugleiðum hf. Ég vona svo að frv. þetta verði afgr. frá hv. Nd. í dag. Það hefur verið skoðað ítarlega í n., eins og ég áðan sagði, og ætti þess vegna ekki að þurfa eins ítarlega umr. í hv. þd. og ella væri.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég sé nú ekki hæstv. fjmrh. hér í salnum, en ég kynni betur við að hann væri viðstaddur þegar rætt er um svona mikilvægt mál og jafnvel hæstv. samgrh. einnig. — Já hæstv. forseti, þetta er eitt af þeim málum sem kemur ákaflega seint á borð okkar alþm., einmitt á þeim tíma þegar annir okkar eru hvað mestar. A.m.k. á þetta við um okkur sem í stjórnarandstöðunni erum.

Það kemur fram í aths. við lagafrv. að þetta stóra mál var tekið upp við hæstv. ríkisstj. þegar í október á síðasta ári. Þá var skipaður sérstakur starfshópur til að kanna þessi miklu vandamál sem tengd eru rekstri Flugleiða. Í þeim starfshópi voru þrír menn: Ólafur Steinar Valdimarsson, fulltrúi samgrn., Sigurgeir Jónsson, fulltrúi Seðlabankans, og Hallgrímur Snorrason, fulltrúi fjmrn. Þessi nefnd skilaði ríkisstj. skýrslu um könnun sína á þessu máli 11. febrúar og síðan tók við sérstök athugun sem fram fór innan stjórnarflokkanna beggja.

Við Alþb.-menn fréttum um það að þetta mál væri einhvers staðar á leiðinni. Við fréttum af því að um það væri verið að fjalla í öðrum þingflokkum hér á Alþ. Við bárum fram þau tilmæli við hæstv. forsrh. fyrir svo sem mánuði að við fengjum í okkar hendur gögn sem gerðu okkur kleift að búa okkur undir afgreiðslu þessa

máls ef það skyldi koma það seint fyrir þingið að ekki gæfist eðlilegt ráðrúm til að fjalla um það hér. Okkur var lofað þessu fyrir mánuði, en við fengum ekki neitt nema handrit af frv. sjálfu fáeinum dögum áður en því var útbýtt hér á þingi, engin gögn, enga almenna vitneskju. Það eru algerlega ótæk vinnubrögð að hespa stórmál af þessu tagi gegnum þingið örfáum dögum fyrir þinglok á sama tíma og almenn starfsbyrði þm. er meiri en þeir fá risið undir með góðu móti.

Ég tel ástæðu til að víta hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega fyrir þessi vinnubrögð. Ég vil leggja áherslu á það að ég er að víta hæstv. ríkisstj., ég er ekki að víta samnefndarmenn mína í fjh.- og viðskn. eða formann hennar, hv. þm. Ólaf G. Einarsson. Hann hefur lagt á það áherslu að n. hefði sem besta aðstöðu til þess að starfa á þeim skamma tíma sem henni var skammtaður og ég tel að n. hafi unnið ákaflega mikið verk. Hv. þm. reyndi að fullnægja öllum þeim óskum sem ég bar fram við hann og fleiri nm., bæði um gögn og um viðræður við einstaklinga, þannig að ég er ekki að bera fram neinar ásakanir á störfin í n. innan þessara þröngu marka. En ég er að ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir hitt, að hún sýni Alþ. óvirðingu með vinnubrögðum í þessu máli eins og því miður mörgum öðrum nú á þessum síðustu dögum.

En þetta mál, sem hér er til umr., um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs á lánum sem nema allt að 18.5 millj bandaríkjadala, er risavaxið. Hér er um risavaxið mál að ræða. Í frv. er, eins og ég sagði, ákvæði um 18½ millj. bandaríkjadala eða um 2000 millj. ísl. kr. Áður hefur Alþ. samþ. einfalda ábyrgð á fjárlögum fyrir 7 millj. dollara láni og af því eru 6 millj. dollarar ógreiddir nú enn í dag. Í nóv. í vetur veitti Landsbankinn ábyrgð á 4 millj. dollara láni. Alls eru því ábyrgðir ríkissjóðs og ríkisbanka, bæði þær sem fyrir eru og þær sem gert er ráð fyrir í frv., 28.5 millj. dollara eða 4300 millj. kr. Það er meira en 20 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu. Ég vil minna á það í sambandi við þetta mál að ég hef heyrt því haldið ákaflega mikið fram, ekki síst af ýmsum forustumönnum Sjálfstfl.„ að skuldir og skuldbindingar íslenska ríkisins gagnvart útlöndum væru orðnar mjög alvarlegt vandamál. Og við skulum gera okkur grein fyrir því að þegar þessi vandi bætist við, þá táknar hann að lánstraust ríkisins skerðist að sama skapi. Við erum hér að taka ákvarðanir um ákaflega stóra fjárupphæð og menn verða að horfast í augu við að þetta er mikið alvörumál.

Það er félagið Flugleiðir sem á að fá þessa ríkisábyrgð. Og hvernig er þá háttað eigum þeirra félaga sem að Flugleiðum standa, þ. e. Flugfélagsins og Loftleiða? Í skýrslu þess starfshóps, sem ég nefndi áðan, segir svo orðrétt um ósk félagsins um 5 millj. dollara rekstrarlán, með leyfi hæstv. forseta: „Veð vegna slíkra skuldbindinga eru ekki fyrir hendi í núv. eignum félagsins. Hótel- og skrifstofubyggingar félagsins mega heita fullveðsettar og hið sama gildir um flugvélaeignir félagsins, flugvélaflotann, en 4 millj. dollara lánið í nóv. var tekið með veði í þeim. Eru möguleikar á veðsetningu í núv. eignum félagsins því að mestu fullnýttir.“ Þannig eru hinir raunverulegu veðsetningarmöguleikar í sambandi við þetta mál fólgnir í möguleikum Flugleiða til þess að kaupa tvær DC-8 flugvélar, sem Loftleiðir hafa kaupsamning um og geta keypt núna. Það er hægt að kaupa þessar vélar á 13.5 millj. dollara, en markaðsverð þeirra er talið vera á bilinu 20—22 millj. dollara. Þarna er að finna eina veðið fyrir ríkisábyrgðinni, eins og hæstv. frsm. meiri hl. lét getið í ræðu sinni. Og öryggi ríkisins á að vera fólgið í þeim mismun sem er á milli þeirra 18,5 millj. dollara, sem frv. fjallar um, og markaðsverðsins, sem er metið á 20—22 millj. dollara. Þetta er ákaflega naumur munur ekki síst þegar þess er gætt, að markaðsverð á flugvélum hefur verið og er enn háð ákaflega miklum sveiflum. Meðan olíukreppan var voru flugvélar seldar á útsöluverði, og óvissan í flugferðum á heimsmarkaði er slík að enginn getur sagt um það hvernig markaðsverð kann að verða á slíkum vélum eftir hálft ár eða heilt ár. Einnig þarna er því um mjög verulega óvissu að ræða í sambandi við veðsetningu.

En hvernig er þá rekstrarstaða Flugleiða? Einnig hún er mjög alvarleg. Á árinu 1973 var tap félagsins 2.9 millj. dollara eða 435 millj. kr. Á árinu 1974, í fyrra, var tapið 2.1 millj. dollarar eða 315 millj. kr. Tapið á þessum tveimur árum var þannig 750 millj. kr. Þetta tap var fyrst og fremst á rekstri Loftleiða. Og það var þannig borgað mjög verulega á þessum árum með því að flytja erlenda farþega á flugleiðum sem íslendingar hafa sáralítið notað. Og horfurnar á þessu ári og næstu árum eru mjög ótryggar. Í skýrslu vinnuhópsins, sem ég nefndi áðan, segir svo um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar er ljóst að rekstrarerfiðleikar félagsins eru ærnir og óvissa í efnahagsmálum í markaðslöndum félagsins og í flugrekstrarmálum er það mikil að engan veginn er víst að erfiðleikar félagsins séu eins tímabundnir og vonast er til.“ Við skulum horfast í augu við þessa erfiðleika á fullkomlega raunsæjan hátt. Sérfróðir menn, sem ég hef talað við, telja á því ákaflega miklar líkur, sem nálgast vissu, að fyrsta afborgun eða fyrstu afborganir af þeim lánum, sem hér er fjallað um, muni falla á Ríkisábyrgðasjóð. Þetta verða allir að gera sér ljóst, hvaða ákvarðanir hér er verið að taka og hvaða áhættur fylgja þeim. Þessi lán eru til tiltölulega stutts tíma, til fimm og sjö ára, þannig að afborganir eru miklar og örar og vextir eru óeðlilega háir, miðað við fullkomna ríkisábyrgð, eða 8—10%.

Ég vék að því áðan að allar eignir Flugleiða mættu heita veðsettar að fullu að mati starfshópsins og þetta staðfesti starfshópurinn í viðræðum við n. En hvað eru þessar eignir miklar? Um það gat n. ekki fengið neina vitneskju.

Hvað halda menn, að hlutafé Loftleiða sé mikið, þessa umfangsmikla fyrirtækis sem um skeið hasladi sér myndarlega völl á alþjóðlegum flugmarkaði? Hlutafé Loftleiða er 24 millj. kr. — eins og eitt einbýlishús. Hlutafé Flugfélags Íslands er 124 millj. kr., þar af ca. 50 millj. kr. með útgefnum jöfnunarhlutabréfum. Þegar félögin voru sameinuð 1973 var skipuð matsnefnd til þess að meta eignir félaganna á réttu verðlagi þegar sameiningin fór fram og skyldi matið miðað

við 1. ágúst 1973. Í n. voru Ragnar Ólafsson hrl., Guðlaugur Þorvaldsson háskólarektor og Guðmundur Björnsson prófessor. Allt eru þetta hinir mætustu menn. En þeir eiga það sammerkt að þeir eru mjög störfum hlaðnir. Í upphafi var talið að þeir gætu lokið mati sínu á hálfu ári að sögn starfshópsins. En þegar n. kallaði þá fyrir sig nærri tveimur árum eftir að þeir höfðu hafið störf kom í ljós að störf þeirra voru naumast hafin. Þeir gátu ekkert sagt um raunverulegar eignir félagsins. Reikninga, sem félögin sjálf höfðu sett upp, fengu þeir nú fyrir fáeinum dögum, 12. maí. Þeir kváðust ekki geta gefið n. neina vitneskju um eignir eða skuldir félagsins.

Það er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi að taka ákvarðanir um stórfelldar fjárhagsábyrgðir, án þess að eiga kost á slíkri grundvallarvitneskju. N. fékk ákaflega takmarkaða vitneskju um erlendar eignir Loftleiða, fyrirtækið Hekla Holding Company, sem er pappírsfyrirtæki, og um flugfélagið Air Bahama eða um félagið Cargolux, en Loftleiðir eiga um helminginn af flugvélum þess, eða um hótel það sem Loftleiðir eiga að fimmta hluta í Lúxemborg. Um þessar erlendu eignir og þennan erlenda rekstur skortir alla raunverulega vitneskju enda þótt þetta séu mál sem mikið hafa verið rædd manna á meðal. Ég tel að það hefði verið ákaflega æskilegt að hægt hefði verið að gera hreint borð gagnvart Alþ. og gagnvart almenningi hvað þennan rekstur varðar, ekki síst fyrir Flugleiðir sjálfar, en þess er því miður ekki kostur.

Sú mynd, sem ég hef hér dregið upp, er rétt og raunsönn og hún hlýtur að valda miklum áhyggjum. Á hitt ber ekki síður að líta, að hér er um að ræða ákaflega umsvifamikið fyrirtæki, fyrirtæki sem er þjóðarbúinu mjög mikilvægt og tryggir miklum fjölda íslendinga atvinnu. Og þáttur í starfsemi þessa félags er sú lífsnauðsyn að tryggja forræði íslendinga á sviði flugmála, að flugsamgöngur okkar við umheiminn séu í höndum okkar sjálfra.

Saga flugmála á Íslandi er ekki íkjalöng, en hún er mjög merkileg og þróunin hefur í rauninni verið einstaklega ör. Hún hefur mótast af sviptingum milli flugfélaga sem stundum hafa orðið mjög annarlegar og hreinlega hættulegar. Þá sögu ætla ég ekki að rekja. En svo fór á sínum tíma að Flugfélag Íslands tók að sér þann þátt, sem snertir forræði íslendinga á þessu sviði, og hefur í meginatriðum starfað myndarlega. Loftleiðir hösluðu sér hins vegar völl í alþjóðlegri samkeppni og náðu ótrúlegum árangri um skeið með áræði, dugnaði og að sjálfsögðu heppni, komu upp miklum eignum og starfsemi án þess að þurfa að leita ábyrgðar íslenska ríkisins. Loftleiðir nutu þess á þessum tíma að þær komu sér á laggirnar meðan mikil gróska var í alþjóðlegum flugsamgöngum. En þegar samdráttarstig hófst á þessu sviði með olíukreppunni og almennri fjárhagskreppu í viðskiptalöndum félagsins hallaði þegar undan fæti. Þá var farið inn á þá óheillabraut að fara á nýjan leik í grimmilega samkeppni við Flugfélag Íslands um Skandinavíuferðir. Loftleiðir töpuðu um 200 millj. kr. á því ævintýri á árinu 1972. Og það gróf að sjálfsögðu einnig mjög alvarlega undan rekstri Flugfélags Íslands.

Ég hef ekki fengið neina viðhlítandi skýringu á því hvers vegna Loftleiðir fóru í þessa samkeppni við Flugfélag Íslands sem varð báðum aðilum til tjóns. Þessi samkeppni leiddi, svo sem kunnugt er, til þess að félögin voru sameinuð 1973. Og fyrirkomulag sameiningarinnar var það að þessum félögum var í rauninni hrært saman. Fjárhagur þeirra var gerður sameiginlegur þannig að þau eignast hlutafé hvort í öðru þótt þau séu að formi til tvö félög út á við þar sem annað er talið vera í IATA og hitt utan þess. En fjárreiðum þessara félaga var slengt saman. Þetta var gert í tíð fyrrv. ríkisstj. undir forustu þáv. hæstv. samgrh. Ég gegndi þá einnig ráðherrastörfum og ég ber að sjálfsögðu ábyrgð á þeirri tilhögun sem höfð var á þessari sameiningu og mun ekki skjótast undan því. Engu að síður er ég þeirrar skoðunar eftir að hafa kannað þessi mál betur að þessi aðferð hafi verið algerlega röng. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði átt að hafa á þessu þann hátt að taka einvörðungu upp stjórnunarfélag sem kæmi í veg fyrir óeðlilega samkeppni á milli félaganna eins og þá sem var seinast í sambandi við Skandinavíuferðir, en að fjárhagur félaganna ætti að öðru leyti að vera gjörsamlega aðskilinn. Þá gátu Loftleiðir haldið samkeppnisbaráttu sinni áfram af eigin rammleik og á eigin ábyrgð. Nú hefur þessu öllu því miður verið hrært saman.

Sá þáttur, sem varðar forræði íslendinga á sviði flugmála, er á örjúfandi hátt tengdur við samkeppnisstarfsemi á erlendum flugleiðum. Ég hef ekkert við það að athuga að einstaklingar stundi áhætturekstur af þessu tagi og vissulega verð ég ánægður ef hann gengur vel. En með fyrirkomulaginu á sameiningunni er íslenska ríkið orðið ábyrgðaraðili að þessari alþjóðlegu samkeppnisstarfsemi, eins og þessi ábyrgðarbeiðni, sem við fjöllum hér um, ber greinilega með sér. Ef illa fer lendir tapið á íslensku þjóðinni í heild. Það má vissulega segja að flugstarfsemi af þessu tagi sé gjaldeyrisstarfsemi, atvinnurekstur, sem eigi að afla gjaldeyris. En ég tel að flest svið hljóti að vera nærtækari fyrir okkur í sambandi við gjaldeyrisöflun. Á þessu sviði, við flugmálasamkeppni, er við slíka risa að kljást að samkeppnisaðstaðan hlýtur að vera ákaflega hæpin, miklu fremur háð heppni en raunsæjum áætlunum. Og ég tel það vera rangt að gera afkomu íslenska þjóðarbúsins háða slíku fjárhættuspili.

Þrátt fyrir allt þetta, sem ég hef hér rakið, er ég sammála öðrum nm. um að við getum ekki undan því komist að verða við beiðni Flugleiða um þessa ríkisábyrgð eins og málum er komið, einmitt vegna þess að þarna er m. a. um að tefla forræði íslendinga sjálfra á sviði flugmála. Hins vegar kom upp í n. ágreiningur um skilyrði þau sem setja yrði í þessu sambandi. Okkur voru í n. afhent drög að yfirlýsingu, sem hafði verið samin 23. apríl um þá skilmála sem ríkisstj. setti í sambandi við veitingu þessarar ábyrgðar. Sú yfirlýsing var æðiloðin og óljós að orðalagi í mörgum köflum. Nm. voru allir sammála um að það yrði að herða skilyrðin og það hefur verið gert í þessari yfirlýsingu. Hins vegar tel ég að þarna hafi verið gengið allt of

skammt. Ég er þeirrar skoðunar að eins og fjárhagsstaða Flugleiða er nú sé óhjákvæmilegt að aukning hlutafjár fari fram þegar á þessu ári. Það er vissulega í samræmi við almennar reglur banka og lánastofnananna sem oft fá hliðstæð mál til sín og gera þá ævinlega kröfur um að hlutafjárstaða eða eiginfjárstaða fyrirtækisins verði aukin á skynsamlegan hátt.

Þegar við ræddum þetta í n. var okkur tjáð af forsvarsmönnum Flugleiða að þetta væri ekki hægt vegna þess að þetta stangaðist á við stofnsamninginn. Þetta reyndist hins vegar ekki vera rétt. Í 13. gr. stofnsamningsins segir svo, með leyfi forseta: „Stofnsamningi þessum né samþykktum má ekki breyta fyrr en á aðalfundi 1976 nema samþykki a. m. k. 8 stjórnarmanna, þ. e. fjögurra frá hvoru félagi, komi til. Eigi má heldur nota heimild til aukningar á hlutafé samkv. 2. málsgr. 4. gr. nema sams konar samþykki komi til.“ Það er sem sé hægt að auka þetta hlutafé á þessu ári ef þessir 8 forstjórar, 4 frá hvoru félagi, fallast á það. Og þetta er hægt að gera á tiltölulega skömmum tíma. Ég tel að hér sé um að ræða ákaflega eðlileg og sjálfsögð skilyrði af hálfu Alþ. og stjórnvalda. Það er svo stjórnarmannanna að meta það hvort þeir vilja ganga að þessu skilyrði og ég á satt að segja erfitt með að skilja hvaða röksemdir ættu að geta mælt gegn því. Það hefur að vísu heyrst sú röksemd að hlutafé muni ekki fást þó að slíkt hlutafjárútboð fari fram. Þess vegna hef ég lagt það til í till. minni að ríkið kaupi ¼ hluta af heildarhlutafénu eða sem svarar 150 millj. kr. Sameiginlegt hlutafé félaganna er talið vera metið á 360 millj. kr. Þá vantar 90 millj. kr. upp á 600 millj. og það er bil sem hlýtur að vera hægt að brúa.

Till. mín um hlutafjáreign stafar af því að ég tel að ríkinu nægi ekki að sitja á stjórnarfundum sem einhver annars flokks aðili sem megi fylgjast með, eins og gert er ráð fyrir í hinum almennu skilyrðum, heldur eigi ríkið að eiga beina aðild að stjórn og öllum ákvörðunum. Í því er að sjálfsögðu fólgið það eina raunhæfa eftirlit sem við getum beitt. Þannig hefur þessu verið háttað í Flugfélagi Íslands um mjög langt skeið. Þar hefur setið einn fulltrúi ríkisins vegna þess að ríkissjóður hefur átt þar hlutafé. Ég spurði aðalforstjóra Flugleiða, Örn Johnson, um það hver væri reynsla hans af þessu fyrirkomulagi, hvað honum fyndist um þennan hátt og hvort hann teldi að slíkur háttur gæti komið að gagni í sambandi við Flugleiðir einnig. Örn Johnson sagði að hann hefði aðeins góða reynslu af þessu fyrirkomulagi og hann hefði ekkert við það að athuga að sama skipan yrði tekin upp í sambandi við Flugleiðir. Þetta sagði sá maður sem hefur mesta reynslu og nýtur mest trausts í sambandi við flugrekstur á Íslandi.

Með þessu er ég ekki að gera till. um þjóðnýtingu, eins og allir hljóta að átta sig á. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé ástæða til að fara í þjóðnýtingu gagnvart Flugleiðum. Flugrekstur er mjög vandasamur. Við eigum þarna völ á mönnum sem hafa sýnt mikla hæfileika og hafa mikla reynslu. Og við eigum að nýta forustu þeirra og þekkingu á meðan kostur er á henni. Hitt skulum við svo gera okkur ljóst, að beiðnin um ríkisábyrgð, það er hún sem felur í sér möguleika á þjóðnýtingu eftir tiltölulega skamman tíma og það án þess að nokkur taki ákvörðun um það hér á hinu háa Alþ. Við skulum muna eftir því að flugstarfsemi er svo umfangsmikil og fjármagnsfrek að hvarvetna um lönd verður ríkið aðili í sívaxandi mæli alveg án tillits til þess þjóðfélagskerfis sem þær þjóðir aðhyllast. Við þekkjum dæmin frá frændum okkar á Norðurlöndum, frá SAS flugfélaginu, sem hefur staðið sig mjög vel við erfið skilyrði og skilaði t. a. m. hagnaði, eitt af örfáum félögum, á síðasta ári. Sama máli gegnir um Finnair, finnska félagið, þar á ríkið 73% hlutafjárins þó að fyrirtækið sé rekið sem algerlega sjálfstætt fyrirtæki og á arðsemisgrundvelli. Ég tel vera miklar líkur á því að hér verði um sömu þróun að ræða, að menn fari inn á þessa leið, nauðugir eða viljugir, og ég er ekki síst þessarar skoðunar eftir að þessi beiðni um ríkisábyrgð hefur komið fram, en hún getur öll fallið á íslenska ríkið.

Það er nauðsynlegt að halda mjög fast á öllum skilyrðum í þessu sambandi. Í þeim skilyrðum, sem meiri hl. n. hefur sett á blað, er m. a. fjallað um hagkvæmni í rekstri og þar verður vissulega að halda fast á. Í athugun n. kom það m. a. fram að einstakir stórhluthafar í Loftleiðum hafa tryggð árslaun sem nema hálfum öðrum flugstjóralaunum án þess að gegna störfum fyrir félagið. Á þennan hátt er tekið út úr rekstrinum milli 10 og 20 millj. kr. á ári. Ég nefni þetta sem dæmi um það að á þessum málum verður að taka af fullri festu.

Ég kem þá að þáttum sem snerta ekki sjálfan flugreksturinn, en bar æðimikið á góma í störfum n. Þar er m. a. um að ræða hótelbyggingar þær sem Flugleiðir eiga nú. Það er nú svo ástatt að Flugleiðir ráða yfir 70% af öllu hótelrými á Íslandi og eru komnar þar hreinlega í einokunaraðstöðu. Loftleiðir byggðu sitt stóra og glæsilega hótel, eins og menn vita, og Flugfélag Íslands eignaðist síðan Hótel Esju á ákaflega einkennilegan hátt. Það gerðist þannig, eins og menn muna, að fyrirtæki, sem hét Kr. Kristjánsson, réðst í að byggja stórbyggingu við Suðurlandsbraut, en strandaði í miðjum klíðum og gjaldþrot vofði yfir. Þá skarst Seðlabankinn í leikinn, lagði fram fé til þess að hægt væri að fullgera þetta hús og stuðlaði síðan að því að Búnaðarbanki Íslands lánaði Flugfélaginu fé til þess að kaupa þetta hús og taka þar upp hótelrekstur. Þetta er ákaflega einkennileg fyrirgreiðsla og það eru ekki allir sem njóta fyrirgreiðslu af þessu tagi. Afborganir og vextir af Hótel Esju nema 90 millj. kr. á þessu ári. Og rekstur Esju verður baggi á félaginu á þessu ári. N. fékk sérstakar kvartanir frá Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda í sambandi við einokun Flugleiða á hótelrými og matsölu hér í borginni. Þeir héldu því fram að nú þegar væri orðið um algera einokunaraðstöðu að ræða. Það þýddi ekkert að bjóða þjónustu fyrir aðra aðila. Þeir sögðu, að Hótel Saga hefði nýlega boðið erlendum ferðamannahópi gistingu og mat. Þá gerðist það að Hótel Loftleiðir buðu lækkun sem nam hvorki meira né minna en 50%. Og það voru færð rök að því að með þessu væri ekki verið að selja gistingu og mat á kostnaðarverði, heldur væri

þarna verið að lækka flugferðina, flugfargjaldið sjálft, eftir krókaleiðum. Forstjóri Flugleiða viðurkenndi við okkur að þetta gæti verið rétt, en hann kom með þá gagnröksemd að aðeins með þessu móti næðu Flugleiðir í erlenda farþega sem að öðrum kosti mundu ekki ferðast með okkar vélum. Það má vel vera að þetta sé rétt, en engu að síður er þarna um að ræða einokunaraðstöðu sem ber að gjalda mjög alvarlega varhug við.

Eins og ég gat um áðan verður Hótel Esja baggi á Flugleiðum á þessu ári og til þess að bæta tekjur þess húss er nú rætt um að koma þar upp stórri kaffiteríu sem talið er að muni kosta 60 millj. kr. Aðilar, sem reka hliðstæða veitingastarfsemi í hverfinu umhverfis og eru með tiltölulega ný fyrirtæki sem njóta vinsælda óttast að þessi smærri fyrirtæki verði hreinlega drepin, að einokunaraðstaðan nái einnig inn á þessi svið.

Þessi einokunaraðstaða er ákaflega hættuleg á okkar litla markaði. Þess vegna hef ég í brtt. minni haft það orðalag, sem ég veit ekki hvort menn hafa veitt athygli, að þá fjármuni, sem Flugleiðir taka að láni með ábyrgð ríkisins, megi nota til kaupa á flugvélum og til að bæta rekstrarfjárstöðu flugrekstrar félagsins. Þá má einvörðungu nota þessa upphæð í þessu skyni. Það má ekki nota hana í hótelrekstur eða kaffiteríur eða bílaleigustarfsemi eða ferðaskrifstofustarfsemi eða annað slíkt. Ég tel hér vera um að ræða algerlega sjálfsagt skilyrði af hálfu Alþ., að þessi einokunarþróun, sem er tvímælalaust orðin mjög hættuleg, haldi ekki áfram. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á það einnig að þessir þættir í starfseminni, sem þarna er um að ræða við hliðina á flugstarfseminni, þ. e. a. s. hótel og veitingasala, bílaleiga, ferðaskrifstofurekstur og annað slíkt, þetta eru ekki sjálfstæðir aðilar í skattframtölum, nema Hótel Esja sem er sjálfstætt hlutafélag. Hinir aðilarnir telja ekki fram til skatts á eðlilegan hátt þannig að það er hægt að færa á milli tekjur og töp eftir því sem hentar og í því skyni þá að skattar verði félaginu sem hagkvæmastir. Einnig þetta er algerlega óeðlileg skipan. Þarna á að skilja á milli.

Enn einn þátturinn, sem við fjölluðum um í n., var starfsemi ferðaskrifstofa og leiguflugs. Til okkar kom forstjóri Sunnu, Guðni Þórðarson, og rakti fyrir okkur mörg dæmi um það sem hann taldi vera óeðlilega samkeppni af hálfu Flugleiða og annarlega meðferð á íslenskum hagsmunum. Hann rakti fyrir okkur þar dæmi sem komið hefur fram í blöðum og menn þekkja að gerðir voru samningar á sínum tíma milli Alþýðuorlofs og BSRB annars vegar og hliðstæðra norrænna ferðaskrifstofa verkalýðssamtaka á móti, aðallega Reso í Svíþjóð. Þessir sænsku og norsku aðilar, sem ætluðu að koma hingað, óskuðu eftir því að fá flugvélar Sunnu til leiguflugs. Þessari ósk var hafnað af íslenskum stjórnvöldum með þeim afleiðingum að þessir ferðamenn komu hingað með dönsku félagi, Sterling Airways, og við missum þarna af viðskiptum sem hafa verið metin á 50 millj. kr., og af gjaldeyri í því sambandi að sjálfsögðu. Guðni Þórðarson forstjóri Sunnu rakti fyrir okkur ýmis hliðstæð dæmi og hann hélt því fram í viðræðum við okkur að þær ferðir, sem Flugleiðir hefðu boðið upp á nú um páskana í sambandi við ferðir til svokallaðra sólarlanda hefðu verið bein undirboð, að þar hefði verið boðið verð sem væri sannanlega undir kostnaðarverði og að tilgangurinn gæti ekki verið annar en sá að reyna að fá einokunaraðstöðu á þessu sviði og losna við samkeppni við íslenska keppinauta. Yfirleitt er þessi þáttur í starfsemi flugfélaganna ákaflega einkennilegur, vægast sagt. Ég veit t. d. ekki betur en að einn stjórnmálaflokkur, Framsfl., bjóði á morgun flugferð til Vínarborgar og verðið fram og til baka er 15 000 kr., frá Reykjavík til Vínarborgar og til baka. Þetta er ferð sem Framsfl., stjórnmálaflokkur, stendur fyrir og hæstv. samgrh. hefur nú hvíslað því að mér að hann sé ekki viss um að það séu allt saman framsóknarmenn sem í ferðinni verða. (Gripið fram í.) Sama er að segja um aðra stjórnmálaflokka. Ég get ósköp vel greint frá því hér, að einn ágætur Alþfl.-maður, sem er mikill áhugamaður um alþýðuorlof og hefur unnið ágætlega í því máli, greindi mér frá því að dóttir hans þurfti nýlega að komast til Danmerkur og kannaði á hvern hátt hún gæti gert það á ódýran hátt, og niðurstaðan varð sú að hún gekk í Sjálfstæðiskvennafélagið Hvöt. Þá fékk hún þessa ferð á hlægilegu verði.

Þetta er herfileg misnotkun og mér er spurn: Eru Flugleiðir að reyna að hafa áhrif á stjórnmálaflokkana með því að gera slík tilboð? Ekki á Alþýðuorlof kost á neinum slíkum tilboðum, ekki neinum tilboðum af þessu tagi. Þegar ég ræddi þetta á nefndarfundi við Örn Johnson forstjóra Flugleiða, þá viðurkenndi hann að þetta væri orðið algjörlega ósæmandi og að þetta ætti að skera niður.

Ég talaði áðan um hættuna á einokun á þessu sviði og að það yrði að gæta þess að Flugleiðir, þetta stóra fyrirtæki, tækju ekki upp óeðlilega samkeppnishætti í viðskiptum við smærri aðila. Á þetta vil ég leggja mikla áherslu. En hitt vil ég einnig segja, að þetta er ekki vandalaust mál. Við íslendingar verðum að tryggja áætlunarflug allan ársins hring, einnig á þeim tímum sem menn eru ekki að þeytast í ferðalögum sér til skemmtunar eða hvíldar. Við verðum að tryggja að það sé fjárhagslegur grundvöllur undir slíku áætlunarflugi. Og við megum ekki halda þannig á málum að leiguflug geti grafið undan eða eyðilagt fjárhagsgrundvöll áætlunarflugs. Þessa verðum við að gæta. Við verðum að halda þarna mjög erfiðu jafnvægi, forðast einokun, en tryggja samt áætlunarflugið. Einmitt þess vegna held ég að það sé ákaflega mikilsvert að ríkið eigi aðila í stjórn þessa stóra félags.

Ég er búinn að ræða alllangt mál um þetta, enda er málið ákaflega stórt, eins og ég vék að áðan. Ég hef nú lokið máli mínu í meginatriðum. Ég er, eins og ég hef tekið fram, sammála því að ábyrgð verði að veita, en ég vil að menn geri sér fulla grein fyrir þeirri áhættu sem þeir eru að taka á sig í þessu sambandi. Þau skilyrði, sem ég geri till. um á sérstöku þskj., eru svo veigamikil í mínum huga að ef þau verða ekki uppfyllt, þá tel ég að sé verið að leiða yfir okkur nýjar hættur. Ég mun því ekki sjá mér fært að greiða atkv. með frv. ef svo skyldi fara, heldur mun ég sitja hjá.

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka formanni fjh.- og viðskn. þessarar d. fyrir það hversu ljúfmannlega hann vékst undir bón okkar samtakamanna að leyfa að við fengjum að fylgjast með meðferð þessa máls í n. Í þessari n. var sannarlega, eins og síðasti ræðumaður lýsti nokkuð, að mörgu leyti ákjósanleg samvinna og vinnubrögð sem ég vil telja til fyrirmyndar. Ég álít að þar hafi fulltrúar þjóðarinnar leitast við að tryggja almannahagsmuni, hagsmuni heildarinnar, eins og kostur var gagnvart stórri skuldbindingu í þágu umfangsmikils einkafyrirtækis. Niðurstaðan af þessu starfi liggur fyrir í nál. hv. meiri hl. fjh.- og viðskn. og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hl. leggur auk þess til að áður en ríkisstj. notar heimild frv. um ríkisábyrgð til Flugleiða hf. undirriti stjórn Flugleiða hf. svofellda yfirlýsingu vegna ríkisábyrgðar á láni til Flugleiða hf.“ Og síðan kemur yfirlýsingin, sem hv. frsm. rakti.

Þarna liggur fyrir ótvíræður vilji nm. og nú vil ég fara þess á leit að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að tjá sig um það í þessum umr. hvort ríkisstj. fyrir sitt leyti ætlar að verða við þessu — við þeim vilja n. að setja þá skilmála sem tilgreindir eru í nál. fyrir ríkisábyrgðinni í þágu Flugleiða hf. Ég tel það skipti mjög miklu fyrir afstöðu manna til þessa máls að það liggi fyrir skýrt og skilmerkilega að hér sé ekki aðeins vilji n. á ferðinni, heldur sé það ásetningur hæstv. ríkisstj. að virða þann vilja og fara eftir honum.

Þær þrengingar, sem Flugleiðir hafa lent í á undanförnum árum og eru forsendan fyrir því að beðið er um stórfellda ríkisábyrgð fyrirtækinu til handa, eru beint framhald af því sem þegar var farið að gæta á flugmarkaði fyrir tveim-þrem árum og var þá til þess ásamt sérstaklega heiftúðugri samkeppni Loftleiða og Flugfélags Íslands á Norðurlandaleiðum að háv. ríkisstj. beitti sér fyrir sameiningu flugfélaganna í það fyrirtæki sem hlaut nafnið Flugleiðir. Þá var m. a. gert ráð fyrir því að við sameiningu mætti koma við ýmiss konar hagræðingu miðað við það að flugmál íslendinga væru í höndum tveggja aðskildra fyrirtækja. Því er afar mikilvægt að mínum dómi að ríkt sé eftir því gengið ekki síst nú eftir að ríkið tekur á sig þær miklu ábyrgðir sem um er að ræða, að fylgt sé fram mjög rækilega 1. og 2. tölul. í skilmálunum sem fjárh.- og viðskn. er sammála um.

Flugrekstur á áætlunarleiðum milli Íslands og annarra landa er eftir þessa sameiningu á einni hendi. Því var lýst yfir af hálfu háv. ríkisstj. að hún mundi fyrir sitt leyti stuðla að því að Flugleiðum yrði auðveldað að halda þeim flugrekstri uppi á eðlilegan og heilbrigðan hátt. Og það er eindreginn vilji minn og raunar allra sem ég veit til að við þær skuldbindingar verði staðið.

En hins er ekki að dyljast, að við þessa sameiningu er kominn til sögunnar afar sterkur aðili í íslensku atvinnulífi sem ræður yfir einum þýðingarmesta þætti í athafnalífi landsmanna, flugsamgöngum. Slíkri einokun á einu sviði fylgir ætíð hætta á að sá, sem hana hefur fengið, freistist til að teygja sig út á skyld svið, efla áhrifasvið sitt, treysta sína stöðu með því að ná einnig í sínar hendur þjónustu sem að meira eða minna leyti er tengd þeim rekstri sem er hans aðalviðfangsefni og upphafleg orsök að tilveru fyrirtækisins. Því er ekki að leyna að það mun flestra mál að þessarar tilhneigingar gæti um of — einkum á síðari árum — og það beri að gjalda varhug við að lengra sé haldið á þeirri braut, og þeir eru til — og ég tel mig í þeirra hópi — sem álíta að þegar hafi verið gengið fulllangt. Slíkar svokallaðar lóðréttar samsteypur, þar sem hver rekstrarhlekkurinn tekur við af öðrum á heilu athafnasviði, hljóta að vera afar viðsjárverðar, ég vil segja hættulegar í okkar atvinnulífi. Þá er þeirri hættu boðið heim að allur almenningur verði þegar frá líður, ef einokunarvaldið verður nógu sterkt, að sæta þeim kjörum sem því sýnist í þeim greinum sem það hefur náð tökum á. Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að halda því fram að það sé ásetningur forráðamanna Flugleiða að koma á slíkri einokun, en það liggur í eðli málsins að það er nokkur hvati fyrir forráðamenn svo stórs fyrirtækis í okkar takmarkaða hagkerfi að færa út kvíarnar, að breiða úr sér, og ég tel þörf á að vera betur á verði gagnvart þessu en hingað til ef ekki á að bjóða einokunarhættu heim.

Ég tel að það sé þó einkum í verkahring ríkisvaldsins að fylgjast með því að í slíkum efnum sé ekki um að ræða óheilbrigða samkeppni, undirboð í því skyni að losna við keppinauta svo að einokun náist. Það er tvímælalaust hlutverk ríkisvaldsins að stemma stigu við slíkum viðskiptaháttum. Sú skoðun mín, að ríkið eigi ekki, án þess að brýna nauðsyn beri til, að rugla reytum við rekstraraðila sem veikari aðilinn í rekstri eða sameign, veldur því að ég get ekki léð fylgi brtt., hv. 3. þm. Reykv. Hún mundi, ef samþ. yrði, gera íslenska ríkið að meðeiganda í Flugleiðum í mjög ríkum mæli, þar sem það hins vegar væri að settum þeim skilyrðum, sem hv. n. setti fram, að vísu smávegis meðeigandi í fyrirtækinu, en fyrst og fremst eftirlitsaðili og kröfuaðili. Og það tel ég heppilegast bæði fyrir fyrirtækið sem í hlut á, fyrir ríkið og fyrir almannahagsmuni. Það er ekki hollt að rugla saman reytum einkarekstrar og opinbers rekstrar nema mjög brýna nauðsyn beri til, eins og við þekkjum dæmin þegar hefur verið leitast við að bjarga við t. d. atvinnulífi á tilteknum stöðum því að ef til ríkisrekstrar á að koma tel ég að ríkið eigi þar að vera hinn sterki aðili, ekki einkaaðilar sem gengið er til samstarfs við, og ekki síst í þessu tilviki, vegna þess að ferðamál eru einmitt tilvalinn vettvangur fyrir alla helstu kosti eðlilegrar samkeppni. Í ferðamálum eru nær ótakmarkaðir möguleikar til fjölbreytni í framboði og þjónustu. Stór og vaxandi hluti þjóðarinnar notar ferðalög landa í milli ýmist sér til skemmtunar eða af nauðsyn. Því á hvert mannsbarn í landinu nokkuð í húfi að saman fari traustar og öruggar áætlunarflugferðir milli Íslands og annarra landa, en að jafnframt sé ferðaþjónusta og fargjöldin þá þar á meðal verðlögð á grundvelli heilbrigðrar samkeppni og þar hlýtur að vera eðlilegt að leiguflug eigi sitt eðlilega **svigrúm.**

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þeim stutta tíma, sem ég hef farið með samgöngumálin hér á landi, hafa komið upp æði mörg og erfið og mér er næst að segja leiðinleg mál til meðferðar er varða flugmálin. Það er ekkert undarlegt, þó að frv. það, sem hér er nú til 2. umr., sé rætt í þessari hv. d., og í því sem ég hef heyrt af ræðum manna — því miður varð ég að hverfa að öðru áðan og gat því ekki fylgst með því sem skyldi — hefur mér fundist gæta þar mikillar hófsemi og margar ábendingar komið fram sem ég tel athyglisverðar.

Ég vil í sambandi við málið í heild, að því leyti sem það snýr að ábyrgðinni, geta þess að ekki er því að neita að mér hefur fundist bæði í þann tíma, sem ég var fjmrh., og undan og eftir hafi ríkisábyrgðir verið gefnar hér á landi kannske nokkuð frjálslega. Við megum gæta að okkur í þeim efnum. Við höfum fyrr gefið út stórar ábyrgðir. Það orkar ekki tvímælis að það hafa verið verulega stórar ríkisábyrgðir sem við höfum gefið út í sambandi við skipakaup á undanförnum árum. Þetta hafa Alþ. og ríkisstj. gert til þess að tryggja atvinnurekstur á þeim sviðum, sem um ræðir hverju sinni, og talið að nauðsyn bæri til þess að það yrði gert af þeim sökum. Það sama er raunar á ferðinni nú. Hv. Alþ. er að tryggja þann atvinnurekstur sem hér er til umræðu, flugferðirnar, millilandaflugið og innanlandsflugið, við erum að tryggja þann atvinnurekstur með þessum ábyrgðum sem nú er ætlast til að veittar verði. Hinu er ekki að neita að þegar er um endurteknar ábyrgðir að ræða eins og nú hefur átt sér stað hjá flugfélögunum, þá verður að gjalda varhug við og setja um það ákveðnar reglur hvernig með skuli farið. Það er óhugsandi að það geti endurtekið sig að slíkar ábyrgðir séu gefnar út án þess að mjög mikilli aðgæslu sé beitt í því sambandi.

Ég held að það sé líka rétt sem fram hefur komið að hv. fjh.- og viðskn. þessarar d., formaður hennar og aðrir nm., hefur lagt mikla vinnu í þetta mál og fjh.- og viðskn.-menn hv. Ed. hafa einnig verið þar að verki því að þessir aðilar hafa unnið að málinu fyrir ríkisstj. og fyrir Alþ. um alllangt skeið.

Þegar beiðni kom um það á s. l. hausti að tekin yrði upp ríkisábyrgð fyrir Flugleiðir, þá var samgrn. og fjmrn. ljóst að hér var á ferðinni stórmál sem yrði að skoða mjög rækilega áður en það yrði afgreitt. Þetta var gert með því að skipuð var nefnd sem var samansett af fulltrúum frá samgrn., fjmrn. og Seðlabanka Íslands. Þessi nefnd vann mikið starf á þeim tíma sem hún hafði til umráða, og henni voru ljós ýmis vandkvæði á því að ríkissjóður gengi í þessa ábyrgð og að setja yrði starfsemi Flugleiða hf. undir eftirlit til þess að það væri forsvaranlegt að ganga frá þessu máli eins og hér er stefnt að. Nú vil ég taka það fram sem mína persónulegu skoðun í sambandi við aðild ríkissjóðs, eignaraðild ríkissjóðs að þessu fyrirtæki, að ég hef ekki mikinn áhuga á því að ríkið gerist þar eignaraðili. Það á aðild að Flugfélagi Íslands og á enn fulltrúa í stjórninni, en ég held að sé afskaplega hæpið að ríkissjóður geti verið eignaraðili að þessu fyrirtæki nema það sé þá í verulegum mæli. Ég óttast að einmitt með því að ríkissjóður gerðist meiri þátttakandi sem hluthafi í Flugleiðum, þá sé tvennt sem skapi þar hættu:

1. Sú aðild verði notuð til þess að ganga lengra inn á þá braut að aðstoða fyrirtækið fjárhagslega ef með þarf.

2. Það geti orðið til þess að ríkisvaldið og þá það rn., sem fer með samgöngumálin, og fjmrn. fari að gera meira í því en góðu hófi gegnir að tryggja rekstur þessa fyrirtækis.

Þess vegna held ég að sé ljóst að það form, sem hér er ætlast til að fara inn á, að setja eftirlitsmenn með starfseminni, það sé heppilegra. A. m. k. þangað til það sýnir sig að það reynist ekki svo, þá er það mín skoðun að það sé heppilegri leið. Ég tek þetta fram vegna þess að sumir álíta að það sé eðlilegt að ríkið gerist meiri eignaraðili í sambandi við þessa ábyrgðarafgreiðslu, en það tel ég ekki vera. Ég er ekki heldur á því að það sé heppilegt að ríkið fari að annast flugreksturinn og þannig að tryggja landsmönnum samgöngur í lofti. Það má vel vera að ég geti sagt eins og sagt var um einn þekktan og snjallan stjórnmálamann þegar hann var búinn að lýsa skoðunum sínum á máli, að þá bætti hann við: „En ég áskil mér rétt til að snúast.“ Nú má vel vera að það verði eins með mig síðar meir. En eins og er hef ég ekki fundið rök fyrir því að það væri heppilegt.

Það, sem hins vegar hefur komið inn í þessi mál á síðari árum, var m. a. það sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar, að á árum fyrrv. ríkisstj. var samkeppnin á milli Flugfélags Íslands og Loftleiða orðin það hörð um Norðurlandaflugið að ríkisstj. óttaðist að það gæti leitt til þess að bæði félögin eða fyrirtækin grönduðu sér og við yrðum án samgangna við aðrar þjóðir, nema þá með erlendum aðilum. Það hefur hins vegar alltaf verið kappsmál hjá íslendingum og á að vera það, að þeir verði virkir þátttakendur í millilandaflugi og í flugi hér innanlands. Af þeim ástæðum, til þess að forðast að slíkt slys kæmi fyrir, þá var gengið í það af þáv. ríkisstj. að sameina þessi fyrirtæki í eitt fyrirtæki í þeim tilgangi að tryggja rekstur þeirra og tryggja þar með loftsamgöngukerfi milli Íslands og annarra landa og innanlands. Ég lít svo á að það sé skylda stjórnvalda að tryggja þetta, það eigi að vera skylda þeirra að tryggja að við höldum uppi eðlilegum flugsamgöngum bæði innanlands og utan og við verðum að hafa á þessu nokkur tök. Í því sambandi hlýtur það að koma fram að um einka- eða ákveðin rekstrarleyfi verði að ræða á vissum sérleyfisleiðum eins og við höfum orðið að gera hér á landi í sambandi við sérleyfisferðir bifreiða allt síðan 1935. Þá var einnig þannig ástatt að það var talið að nokkur hætta yrði á því að reglubundin áætlunarferðalög á landi yrðu ekki tryggð hér nema gefin yrðu út sérstök sérleyfi til þess arna. Þetta sama hefur átt sér stað með flugið. Þetta hefur hvort tveggja í senn valdið erfiðleikum og á þó í leiðinni að verða til þess að tryggja að þessi starfsemi, áætlunarflug, bæði milli landa og innanlands, geti verið hér til staðar. Þetta var á sínum tíma þannig að samkeppnin á milli Flugfélags Íslands og Loftleiða um innanlandsflugið var með þeim hætti að það var horfið að því ráði að veita Flugfélagi Íslands einu

sérleyfi í innanlandsfluginu, þó að nú hafi smærri flugfélög einnig fengið slík leyfi, sérstaklega á hina minni staði þar sem flugvélar Flugfélags Íslands henta ekki eins til flugferða.

Því er ekki að neita að upp geta komið margs konar vandamál í sambandi við að vernda áætlunarflugið, svo sem talið er að nauðsyn beri til, og þau hafa svo sem komið upp á þessu ári. Það verður að vernda það, en þarf að sjálfsögðu að hafa eftirlit með því að til einokunar komi ekki.

Út af því, sem m. a. kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., vil ég segja það, að það er ýmislegt í starfsemi Flugleiða sem ég hef aths. við að gera. Og tel ég að það sé ýmislegt í þeirri starfsemi sem þurfi að taka til mjög gaumgæfilegrar athugunar til þess að fyrirtækið lendi ekki í alvarlegri hættu. Þessi hætta getur verið hvort tveggja í senn, að við getum verið komin með einokunarhring sem við ætluðum okkur ekki að lenda í, og svo einnig að fyrirtækið Flugleiðir geti sett sig í fjárhagslegan vanda meira en góðu hófi gegni með því að vera að fara í alls konar verkefni sem ég álít að enga nauðsyn beri til vegna flugrekstrarins. Ég hef í samtölum mínum við þá Flugleiðamenn, sem ég hef átt nokkuð miklar umr. við, gert aths. við kaup þeirra á Hótel Esju. Ég tel að sú ráðstöfun hafi alls ekki verið hyggileg og hún hafi ekki heldur verið skynsamleg eftir þá aðstoð sem ríkisvaldið var búið að veita þessu fyrirtæki við að sameina flugfélögin, Loftleiðir og Flugfélag Íslands. Ég tel að það sé afskaplega hæpið að flugfélögin séu að fara svo inn í hótelrekstur inn eins og gert var með þeim hætti. Ég vil líka segja það að ég hef verulegar aths. að gera við starfsemi hjá ferðaskrifstofunum, og það skefjalausa stríð, sem nú hefur verið tekið upp með undirboði á undirboð ofan, er að minni hyggju alveg óverjandi.

Ég tek undir það með hv. 3. þm. Reykv. að ég tel ferðalög pólitískra félaga sem og annarra félaga slíkra vera afskaplega hæpin og mér dettur ekki í hug að trúa því að á vegum Framsóknarfélags Reykjavíkur eða Sjálfstæðisfélags eða annarra slíkra félaga fari bara félagsbundið fólk þessara félaga. Og ég hef hina mestu skömm á því að hafa séð sigla á vegum pólitískra félaga Framsfl. stórpólitíska andstæðinga mína. Og það er fjarri því að mínu áliti að stjórnmálaflokkarnir eigi að vera að leika sér að svona glingri. Og ég hef enga ánægju af eða áhuga á að hvorki minn flokkur né aðrir flokkar reki slíka starfsemi.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst það orka mjög tvímælis að Flugleiðir eigi að vera aðili að ferðaskrifstofu. Mér finnst það orka mjög tvímælis og ég hef ákveðið að taka þessi ferðamál flugfélaganna og ferðaskrifstofanna í sambandi við loftferðir, til sérstakrar athugunar. Og mér finnst afskaplega hæpið að horfa upp á það þegjandi og hljóðalaust eða hlusta á það á degi hverjum að ferðaskrifstofurnar séu sífellt að lækka fargjöldin þegar kostnaðurinn er að aukast. Ég sé ekki að það sé hægt að finna nokkra glóru fyrir slíkri skefjalausri samkeppni. Og það þykir kannske broslegt á tímum verðbólgunnar og verðhækkananna að maður hafi löngun til þess að fara að setja ákvæði um lágmarksfargjöld. En satt að segja finnst mér að það verði að vera nánar til athugunar. Við skulum hugsa málið út frá því að við erum hér að afgreiða stórmál sem ég fylgi og tel nauðsyn bera til að fylgja. Að öðrum kosti lendum við í stórvandræðum með okkar áætlunarflug sem leiddu af því ef Flugleiðir stöðvuðust. Jafnvel þó að ríkið kæmi inn í rekstur þeirra, þá erum við ekki búnir að gera það á einum degi og ekki átakalaust fyrir þjóðfélagið, auk þess sem það mundu tapast stórir fjármunir sem eru greiðsla á þeirri leigu sem Flugleiðir hafa innt af hendi af þeim vélum, sem þær eru nú að kaupa. Mér finnst hins vegar afskaplega óhuggulegt að hlusta á að það sé verið að auglýsa fargjöld sem er alveg ljóst mál að er tap á, um leið og verið er að taka lán m. a. vegna taprekstrar af flugi sem hefur þó verið með skynsamlegri hætti en svona skefjalaus samkeppnisstarfsemi. Þess vegna tek ég undir það að fyrirgreiðsla, sem hér er verið að gera, miðast við að tryggja flugvélakaupin og flugreksturinn, en hún miðast ekki við það frá minni hendi a. m. k. að halda uppi skefjalausri samkeppni ferðaskrifstofanna, sem er orðin fyrir neðan allar hellur, eða styðja aðra þætti sem eiga ekki í raun og veru skylt við flugið. Þetta álít ég að sé meginmál.

Ég veit, að eins og kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., að samgrn. hefur tekið þátt í því með sínum aðgerðum að neita ferðaskrifstofu, sem hefur flugvélar á sínum vegum, um að flytja ferðahópa frá Danmörku og m. a. einnig að flytja íslendinga til Danmerkur. Ástæðan til þess, að samgrn. gerði þetta, var sú að það taldi sér skylt að vernda flug Flugleiða vegna áætlunarflugsins þar sem þeim ber skylda til þess að fljúga þó að farþeginn sé einn og jafnvel þó að enginn farþegi sé. Það fylgir áætlunarfluginu og þá verður rétturinn að vera sá að samkeppni sé þá ekki þannig að aðrir aðilar hafi möguleika til þess að fá hópana sem er nokkuð gott að fljúga með, en hinir sitji svo eftir með skarðan hlut í sínu áætlunarflugi. Samgrn. tók áhættu í vetur í sambandi við sænska ferðamenn og fleiri aðila sem ætluðu að koma hingað á vegum alþýðusamtakanna. Ég gerði mér grein fyrir því að hún var veruleg. Hún var fólgin í því að við réðum ekki við það að þessir aðilar ferðuðust með Flugfélagi Íslands eða Flugleiðum eins við ætluðumst til. Nú mun það hafa verið svo að þessir aðilar voru búnir að gera samning við danska flugfélagið Sterling. Ég hygg hins vegar að úr þessum ferðum verði lítið. Því er borið við að flugvallarskatturinn, sem hér hefur verið settur á, geri það að verkum að áhugi þeirra fyrir ferðinni hafi minnkað, og má vel vera að svo sé.

Hins vegar höfum við í samgrn. orðið reynslunni ríkari um þá hluti, að við verndum ekki Flugleiðir með þessum hætti, því að þegar á reyndi var ekki talið fært að neita þessu danska fyrirtæki um lendingarleyfi hér. Það mundi stofna meiru í hættu en nemur því sem við töpum. Þessa reynslu höfum við nú og verðum því að skoða málið frá öðrum sjónarmiðum síðar meir. (Gripið fram í.) Og ekki var það nú öruggt og ekki gerði það neitt til þó að það væri reynt

hvernig með slíkt skyldi fara því að það hefði náttúrlega verið hinsegin af ríkisstj. á sínum tíma, sem við hv. 3. þm. Reykv. sátum báðir í, að sameina þessi fyrirtæki ef við hefðum svo ætlað að leyfa öðrum að heyja við Flugleiðir sömu samkeppni og við vorum að forða þeim frá. Það megum við ekki gera. Hins vegar hefur það verið reglan að það hefur ekki verið neitað um lendingarleyfi fyrir þá farþega sem hafa komið með flugvélum frá sínu heimalandi.

Ég hygg samt að úr þessu verði minna en gert var ráð fyrir. En það eitt sýnir að þessi mál eru ekki vandalaus, að það hefur náttúrlega einnig orðið að fjalla um þessi mál varðandi hópferðir hér innanlands þar sem farið var fram á sérstaka samninga inn á þau svið sem Flugleiðir höfðu áætlunarflug á. Hins vegar höfum við í samgrn. reynt að beina flugvélum þess aðilans, sem er í samkeppni við Flugleiðir, inn á önnur svið og færa þannig út kvíarnar. Við höfum að sjálfsögðu mestan áhuga á því að svo geti orðið og höfum orðið í þeim efnum að fara mjög nærri jaðrinum í áætlunarfluginu, eins og varðandi leyfi frá Þýskalandi ber með sér. En öll eru þessi mál margslungin og umfangsmikil.

Vegna þess að hér er ekki í raun og veru tími til þess að ræða þessi mál í einstökum atriðum, þá skal ég ekki hafa þessi orð mín miklu fleiri. En ég vil að lokum undirstrika það að ég tel að brýna nauðsyn beri til að afgreiða þetta mál á þann hátt sem meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til. Ég vil líka taka það fram að þau atriði, sem hann tekur fram í sínu nál., sem fjmrh. mun að sjálfsögðu svara, er mér kunnugt um að eru atriði þar sem þegar liggja yfirleitt fyrir fyrirheit um að að verði gengið. Ég álít að það sé nauðsynlegt að herða eftirlit með þessari starfsemi meðan fyrirtækinu vegnar eins og það hefur gert, og ég álít líka, eins og fram kom hjá hv. 3. landsk. þm., að það beri nauðsyn til þess að gæta þess að hér geti ekki komist upp einokunarhringur í gegnum þá starfsemi sem rekin er í sambandi við flugið, það megi ekki vernda það á þann hátt að það geti gerst. Þess vegna endurtek ég það, að ég mun beita mér fyrir því í samgrn. að taka þessi mál til verulegrar athugunar. Ég tel að þetta skefjalausa undirboð á markaðnum um hópferðalög sé komið út í algerar öfgar og verði ekki hægt að láta afskiptalaust frekar en önnur mál sem geta stefnt hagsmunum þjóðarinnar í heild í stóra hættu.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, vék ítarlega að því máli sem hér er til umr. Í upphafi ræðu sinnar vildi hann víta ríkisstj. og þá sér í lagi fjmrh. fyrir það með hvaða hætti þetta mál væri lagt fyrir og að ekki hafi verið orðið við þeirri beiðni sem fram kom frá þeim Alþb.-mönnum um að þeir fengju í sínar hendur skýrslur og greinargerðir varðandi þetta mál á þeim tíma sem þeir óskuðu eftir. Hv. þm. fékk í sínar hendur frv. og grg., en ekki aðeins drög að eða uppkast að frv. eins og hann orðaði það, heldur handrit að frv. og grg., og ástæðan fyrir því, að það barst honum síðar í hendur en ætlað var, var einfaldlega sú að formaður þingflokks Alþb. var fjarstaddur úr bænum nokkra daga og handritið í umslagi til hans þannig að þessi hv. þm. hafði ekki tækifæri til að sjá það.

Ég tel að þetta mál hafi verið unnið fyrir framlagningu mjög vel, það hafi verið skoðað af ríkisstj. og þeim aðilum, sem hún fól, með þeim hætti að n. sú, sem fékk málið til meðferðar í þessari hv. þd., gat skoðað málið. Og það var ekki á ræðu þessa hv. þm. að heyra að hann hefði ekki fengið fullkomnar upplýsingar og honum hefði ekki unnist tími til þess að skoða málið ofan í kjölinn. Og ég fullyrði að vinnubrögð við framlagningu þessa frv. eru síður en svo óvenjuleg. Þau eru með þeim eðlilega hætti sem ég þekki til og að mínum dómi undirbúningur undir málið kannske miklu betri en stundum áður hefur gerst.

Hv. þm. vék síðan að þeirri ríkisábyrgð, sem hér er farið fram á, og rakti forsögu þessa máls. Hann vék að þeim sjónarmiðum sem hann teldi í dag að hefðu átt að vera þegar sameining þessara flugfélaga átti sér stað árið 1973. Ég er honum í mörgu sammála. Ég var þessarar skoðunar þegar þessi mál voru til meðferðar. Ég fjallaði þá um þetta mál í bankaráði Landsbanka Íslands og þar sat einnig einmitt einn af ágætum flokksbræðrum hv. þm., núv. formaður bankaráðsins, fyrrum alþingisforseti, Einar Olgeirsson, og við vorum mjög sammála um það með hvaða hætti best væri að koma þessum málum fyrir. En því miður hafði þessi ágæti bankaráðsmaður ekki þau áhrif í þáv. stjórn landsins að hann fengi skoðunum sínum fram komið. Þess vegna stöndum við hér í dag með krógann eins og hann var skapaður af m. a. hv. 3. þm. Reykv. En hann sér í dag hvernig hann hefði átt að vera miklu skynsamari í þessum málum fyrir tveimur árum. Og svo endaði hann þessar umr. með því að gerast talsmaður samkeppninnar, og ég segi: guð láti gott á vita, þegar Magnús Kjartansson, hv. 3. þm. Reykv., hefur tekið það hlutverk að sér hér á Alþ.

Hér er um að ræða mikla ríkisábyrgð, rúmlega 80% af kaupverði eða söluverði þessara flugvéla sem hér er um rætt. Það er ekki langt frá þeirri prósentu sem veitt er í sambandi við kaup á togurum, þannig að hér er að vísu ekki um neitt einsdæmi að ræða um hlutfall á ríkisábyrgð í sambandi við kaup á flutningatækjum.

Í sambandi við það, sem hv. 3. landsk. þm., Magnús T. Ólafsson, sagði, þá er það eins og fram kom hjá hæstv. samgrh. að sjálfsögðu fyrirætlan í sambandi við ríkisábyrgðina að hún verði ekki veitt nema að uppfylltum þeim skilyrðum sem þar eru fram sett, enda var þetta undirbúið af hálfu ríkisstj. og lögð fram í fjh.- og viðskn. drög að yfirlýsingu sem fulltrúar Flugleiða, Flugfélagsins og Loftleiða, voru reiðubúnir til þess að undirrita. Og eftir meðferð málsins í hv. fjh.- og viðskn. verður að sjálfsögðu tekið fullkomlega tillit til þeirra breytinga sem þar voru gerðar á þeirri yfirlýsingu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um þetta mál. Ég vil þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir störf hennar og vonast til þess að þessi hv. d. geti lokið afgreiðslu þess máls nú í kvöld þannig að hægt verði að ljúka afgreiðslu þess fyrir þinglok.

Umr. frestað um stund.

Umræður utan dagskrár.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Fyrir skömmu var frv., sem ég hef flutt um skákkennslu í skólum, vísað til hv. menntmn. þessarar d. Frv. hafði fengið mjög góðar undirtektir við 1. umr. hér í þessari hv. d. og af viðtölum við þm. úr öllum flokkum tel ég mig hafa vissu fyrir því að meiri hl. þm. er samþykkur efni frv. og því, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Í morgun var haldinn fundur í hv. menntmn. þessarar d. og hafði ég fastlega gert ráð fyrir því eða talið raunar sjálfsagt að málið yrði tekið fyrir á þeim fundi, þar sem mér var kunnugt um að á fyrri fundi hafði n. sent frv. til umsagnar Skáksambands Íslands og stjórn Skáksambandsins hafði á fundi sínum fyrir nokkrum dögum einróma mælt með því, að frv. yrði afgreitt á þessu þingi, og taldi það vera merkt spor til stuðnings skákíþróttinni og til eflingar heilbrigðu skólastarfi. En mér til mikillar undrunar varð ég þess vísari síðdegis í dag að frv. hefði alls ekki verið tekið fyrir í n. á fundi hennar í morgun og nm. ekki gert kunnugt, að þegar lægi fyrir umsögn frá þeim eina aðila sem frv. hafði verið sent til umsagnar til.

Mér þykir þetta vera mjög aðfinnsluverð vinnubrögð og ég vil leyfa mér að beina því til hv. formanns menntmn. að greina þessari hv. d. frá umsögn Skáksambandsins um frv., fyrst nm. fengu ekki vitneskju um umsögn Skáksambandsins á fundi sínum í morgun. Jafnframt vil ég beina þeim eindregnu tilmælum til hv. formanns að hann, að því loknu að d. hafi verið gert kunnugt um efni umsagnarinnar, boði til annars fundar í n. og kanni hvort þar er ekki meiri hl. fyrir því að mæla með því að frv. ái fram að ganga.

Ingvar Gíslason: Virðulegi forseti. Út af því, sem hér hefur komið fram hjá hv. 9. þm. Reykv., langar mig að gefa hér örlitla skýringu.

Þessu frv., sem hann gerði að umtalsefni, var vísað til menntmn. fyrir viku og tók frv. þá þegar til meðferðar á fundi sínum og þar var samþykkt að skrifa Skáksambandi Íslands bréf og leita umsagnar þess um þetta mál. Auk þess kom fram krafa frá nokkrum úr n. síðar að þessu máli yrði vísað til Skólastjórafélags Íslands og þessu máli hefur einnig verið vísað þangað til umsagnar.

Nú er það rétt, sem hv. þm. sagði, að umsögn Skáksambandsins hefur borist. Samkv. því, sem hér er bókað, er komudagur erindisins 12. maí, þ. e. a. s. í fyrradag, og þetta erindi er stílað til menntmn. Nd. Alþ., c/o Ingvar Gíslason formaður. En hvern sem um er að saka — líklega er það mig einan um að saka — þá er það nú fyrst í dag að ég fæ að vita um þetta erindi, þetta bréf Skáksambandsins. Að sjálfsögðu hef ég ekki haft minnstu löngun til þess að liggja á þessu erindi eða leyna því fyrir samnm. mínum, en ég tek á mig alla sök á því að hafa ekki vitað um þetta erindi. En ég hefði nú talið það eðlilegast, þar sem þessu bréfi er beint til mín persónulega, að það hefði borist mér í hendur strax í fyrradag. En ég ætla engan að ásaka í því efni, þá sök tek ég á mig. Auðvitað hefði það verið eðlilegast trúlega að ég hefði kannað betur þau skjöl, sem kynnu að hafa borist nefndinni.

Í morgun hélt menntmn. fund og þar voru til umr. samkv. áður boðaðri dagskrá fundarins þrjú mál og þau voru öll afgreidd. Málefni þetta, sem hér hefur sérstaklega verið til umtals nú utan dagskrár, kom þar einnig nokkuð til tals, en þá kom í ljós að þeir sem á fundinum voru — það voru að vísu ekki alveg allir menntmnm. mættir, ég hygg að það hafi tveir verið fjarverandi — þeir voru ekki við því búnir að afgreiða málið, og það skal játað fúslega að þá lá ekki fyrir til umræðu álit Skáksambandsins. En fyrir tilmæli og vegna þeirra orða, sem hér hafa fallið frá hv. flm. umræddrs frv., þá mun ég að sjálfsögðu verða við því að lesa hér fyrir þingheimi það bréf sem menntmn. hefur borist frá Skáksambandinu, og vil ég þá leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þetta bréf. Það er skrifað í Reykjavík 10. maí 1975:

„Skáksambandi Íslands er ljúft að verða við beiðni yðar um umsögn varðandi frv. til l. um skákkennslu. Skáksamband Íslands fagnar þessu frv. og lýsir fyllsta stuðningi sínum við það. Jafnframt lýsir Skáksamband Íslands sig reiðubúið að verða ráðh. til samráðs og aðstoðar um framkvæmdaatriði þessa máls, sem óskað yrði eftir.

Fyrir hönd Skáksambands Íslands.
Gunnar Gunnarsson forseti."

Bréfið er stílað til menntmn. Nd. Alþ., til Ingvars Gíslasonar, formanns.

Þá hef ég lesið þetta erindi og er ljóst hvernig það er. En ég vil endurtaka það að þetta barst mér ekki í hendur eða varð mér kunnugt fyrr en nú síðdegis í dag. En vegna þessara orðaskipta og vegna tilmæla hv. flm. mun ég að sjálfsögðu verða við því að kalla menntmn. saman til þess að ræða málið, þó að það takist ekki í kvöld. Vegna þess að a. m. k. einn ef ekki tveir af menntmn.-mönnum hafa fjarvistarleyfi eða ég veit að verða fjarverandi, þá tel ég mig ekki geta boðað fundinn í kvöld, en ég mun gera það á morgun svo fljótt sem auðið er.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég þakka hv. formanni menntmn. fyrir góðar og drengilegar undirtektir undir mál mitt.

Flugleiðir, frv. (þskj. 616, n. 703 og 728, 714). — Frh. 2. umr.

Garðar Sigurðsson: Hæstv. forseti. Þetta mál, sem hér er til meðferðar, er býsna stórt í sniðum. Ég fjallaði nokkuð um þetta mál við 1. umr. og minntist á ýmsa þætti þess sem hafa komið enn skýrar í ljós við athugun málsins í n. og í þeim umr. sem nú hafa þegar farið fram við 2. umr. Það er sama um þetta mál að segja eins og svo mörg önnur sem hv. alþm. þurfa að glíma við núna síðustu daga þingsins, að þessu máli upp á nokkur þús. millj. kr. ábyrgð er kastað hér inn á borð alþm. rétt fyrir þinglok algerlega skýringarlaust. Hitt er annað mál að sú n., sem málið fékk til meðferðar, hefur fengið skýringar á nokkrum þeirra hluta sem nauðsynlegt var að kanna áður en málið var afgreitt.

En hinn almenni þm. hefur hins vegar ekki fengið ýkjamiklar skýringar á þessum hlutum öllum því að málið er flókið og fyrirtækið, sem lánið tekur og ábyrgðina fær, er margsamansett og starfar víðar en hér á Íslandi og hefur dótturfyrirtæki í öðrum heimsálfum.

Ég held að það sé vægt að orði komist þegar maður segir að það sé óhætt að átelja þessa málsmeðferð. Sannleikurinn er sá að það er ætlast til þess að hinn almenni þm. afgreiði þetta stóra mál án þess að vita nokkurn skapaðan vegna þeirrar gömlu reglu að þeim verði fyrirgefið af því að þeir viti ekki hvað þeir gera?

Ég legg áherslu á það að mér er ljós nauðsyn flugrekstrar á Íslandi og nauðsyn þess að flugsamgöngur séu greiðar á milli landa. Hins vegar er mér ekki alveg ljóst hver nauðsyn er fyrir íslenska ríkið að styrkja með stórkostlegum fjárhæðum flug milli Lúxemborgar og Ameríku eða flug félagsins Air Bahama, sem mun vera í eigu Hekla Holding Company í New York. Og það mál allt saman væri þess virði að það væri rætt hér nánar.

Hæstv. samgrh., sem talaði hér við umr. fyrr í dag, var greinilega ekki allt of hress í sambandi við afgreiðslu þessa máls og ég heyrði ekki betur en hann reyndi í sínu máli að koma með ýmsa fyrirvara sem þó var hvergi að finna í frv. sjálfu. Hæstv. ráðh. ræddi þar ýmsa hluti og m. a. að það væri nauðsynlegt að vernda áætlunarferðir Flugfélags Íslands og Flugleiða og það væri nauðsynlegt að koma í veg fyrir að leiguflugfélög tækju kúfinn ofan af þegar margir farþegar væru til flutnings, en létu svo áætlunarflugfélögin um að sjá um það, þegar um minna væri að flytja. Hann minntist einnig á ákveðið mál sem rætt hefur verið nokkuð hér í fjölmiðlum að undanförnu. Það var þegar flugfélagi nokkru hér á landi var neitað um að flytja hóp skandinava hér á milli og það var gert í þeim tilgangi að vernda Flugleiðir. Það kom hins vegar á daginn, eins og hæstv. ráðh. sagði, að það var leiguflugfélag í Danmörku sem fékk flutningana. Slíkt má alls ekki koma fyrir. Það má ekki passa svo vel upp á þetta óskafyrirtæki vissra aðila að komið sé í veg fyrir að eðlilegt leiguflug geti verið á höndum íslendinga einnig.

Það má líka geta þess að Flugfélag Íslands eða Flugleiðir hafa nú einkaleyfi til þess að fljúka til Kanaríeyja á þeim forsendum að þeir reki þar fastar áætlunarferðir á milli. Þeir, sem skoða það mál, eru fljótir að sjá að þessar föstu áætlunarferðir Flugfélagsins til Kanaríeyja eru ekki til, heldur er þar um hreint leiguflug að ræða, sem er verndað fyrir þetta félag. Og ég get ekki séð að það samrýmist skoðunum hv. sjálfstæðismanna, a. m. k. sem þeir segjast hafa stundum á hátíðlegum stundum í þinginu, um frjálsa og eðlilega samkeppni.

Hér er hins vegar um ábyrgðarspursmál að ræða, hvort eigi að veita þessu fyrirtæki svo mikla ábyrgð sem nemur á 3. milljarð kr. Þegar veittar eru ábyrgðir fyrir lánum skoðar venjulega sá, sem ábyrgðina ætlar að veita og á að vera ábyrgur fyrir ef eitthvað fer úrskeiðis, hvernig fjárhag þess fyrirtækis er háttað sem lánið fær. Það kom fram í umr. í dag að veð félagsins væru búin og ekki væri um neitt veð að ræða nema sem næmi verðmismun á flugvélunum, þ. e. a. s. muninum á því verði sem Flugleiðir geta keypt vélarnar á, og hins vegar á því verði, sem nú í dag er talið markaðsverð. Slíkt markaðsverð getur breyst mjög fljótt og það er enginn vafi á því, að markaðsverð þessara véla fer lækkandi, þótt ekki væri nema vegna þess að það er hætt að framleiða þessa tegund fyrir þremur árum. Það er kannske ekki höfuðatriðið í sambandi við þetta mál, vegna þess að flugvélarnar geta verið í fullu gildi og nothæfar nokkuð mörg ár í viðbót, og haldið sínu notagildi. En söluverðmætið hins vegar fer örugglega hraðlækkandi þar sem aðrar mjög vinsælar flugvélategundir af sömu stærð eru komnar í gang um allan heim.

Með þessari ábyrgð er verið að hækka ábyrgð ríkisins á skuldum Flugleiða hf. upp í upphæð sem nemur samtals yfir 4 000 millj. kr. Ég hélt að það væri dálítið forvitnilegt fyrir hv. alþm. að reikna lauslega út hversu mikið flugfélagið þarf að greiða í vexti og afborganir af þessu láni einu sem nú að veita ábyrgð fyrir þó að horft sé fram hjá álika háum skuldum fyrirtækisins. En vextir og afborganir af þessu láni eru lauslega reiknaðir á ári fyrstu 5 árin um 700 millj. kr. Það er hins vegar tala sem maður kannast nokkuð við vegna þess að á tveimur undanförnum árum hefur félagið tapað einmitt upphæð sem nemur þessari tölu. Tap félagsins á undanförnum tveimur árum er jafnmikið og félagið þarf að greiða af þessu láni einu á ári. Það er þess vegna sýnilegt að ef ekki verður breyting til batnaðar í flugrekstri og ef ekki verður meiri og betri útkoma hjá fyrirtækinu á þessu og næstu árum, þá stendur félagið alls ekki undir vöxtum og afborgunum af þessu stórkostlega láni. Það þýðir ósköp einfaldlega að Ríkisábyrgðasjóður verður að taka á sig baggann og sá baggi er ekki lítill. Hann er mörg hundruð millj. kr. árlega. Það þýðir aftur að ríkið er hreinlega að styrkja Flugleiðir sem nemur þessari upphæð á ári hverju. Það er ekki aðeins að styrkja Flugleiðir til þess að halda uppi eðlilegum flugrekstri innanlands og milli landa, heldur er öllum ljóst sem fylgst hafa með þessu að þeir eru jafnframt að styrkja Flugleiðir til þess að hafa betri samkeppnisaðstöðu við keppinauta sína hér á landi.

Mér finnst einhvern veginn að þessar staðreyndir séu í nokkuð miklu ósamræmi við allt tal manna hér í hv. d. um frjálsa samkeppni og heilbrigða samkeppni o. s. frv. Og ég er viss um það að ef hv. þm., fulltrúi einokunarhringsins, Sverrir Hermannsson, væri á móti þessu máli, þá hefði hann verið fljótur að grípa til samþykkta landsfundar Sjálfstfl. og stefnuskrár eins og hann gerði hér í vetur sem frægt er orðið. (Gripið fram í.) Af þessari upphæð eru 5 millj. bandaríkjadala í beint rekstrarlán handa fyrirtækinu, ég vil undirstrika það. Það eru 5 millj. dollara í beint rekstrarlán handa fyrirtækinu. Hvernig er staða samkeppnisaðilanna þegar keppinauturinn fær upp í hendurnar og að því er má segja frá ríkinu 750 millj. ísl. kr. til þess að geta staðið betur í samkeppni við þá? Ég átti ekki von á því að sumir hv. þm. mundu vilja standa að því að styrkja einokunaraðstöðu

Flugleiða. En síst átti ég von á því, að eftir að hafa fylgst með auglýsingasamkeppni ferðaskrifstofa, þ. e. a. s. auglýsingasamkeppni Flugleiða og ferðaskrifstofa sem það félag rekur og annarra, vildu menn nú endilega láta ríkið koma þessum sterkasta aðila til aðstoðar með því að styrkja rekstur inn með svo háu rekstrarláni.

Virðulegi forseti. Ég ræddi þessi mál allnokkuð við 1. umr. og ég vil ekki verða til þess að tefja mjög þann stutta tíma þingsins sem eftir er. Þó vil ég endurtaka það, sem ég sagði í upphafi, að þetta mál er aðeins eitt af þeim sem hægt er að finna að hvernig farið er með hér inn á mesta annatíma þingsins. Hverju stórmálinu er kastað inn af öðru sem þm. eiga að afgreiða og það hlýtur að hafa í för með sér að venjulegir þm. hafa alls ekki tíma til þess að kanna málin nægilega rækilega. Og það læðist að manni sá grunur þegar maður skoðar þetta mál í heild að sú aðferð hafi verið vísvitandi notuð einmitt til þess að koma í veg fyrir nægilega góða skoðun á málinu í heild.

ATKVGR.

Brtt. 714 felld með 26:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvJ, EðS, GilsG, JónasÁ, ÞorstÞ, MK.

nei: SighB, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, BGr, EBS, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, GÞG, HES, IngJ, IG, LárJ, MB, MÁM, ÓE, PS, RH.

JSk, KP, GuðrB greiddu ekki atkv.

5 þm. (GS, JóhH, MÓ, ÓlJ, PJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 24 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Landgræðsla, frv. (þskj. 561, n. 725). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er um breyt. á l. um landgræðslu, sem eru frá árinu 1965, og eru þessar breytingar gerðar vegna þeirrar reynslu sem af lögunum hefur fengist á þessum tíma. Lagt er til að kveðið verði skýrar á um að það sé hlutverk landgræðslunnar að hafa eftirlit um meðferð og notkun gróðurlendis, rýmkaðar eru heimildir til þess að ráða sérfróða starfsmenn til þess að sinna gróðurvernd, gróðureftirliti og sandgræðslu. Ákvæðunum er varða gróðurverndarnefndir, er nokkuð breytt. Það er nú fastkveðið á um að þær skuli starfa í hverri sýslu. Eftir gildandi lögum eiga sýslurnar að greiða helming af funda- og ferðakostnaði gróðurverndarnefnda, en í þessu frv. er lagt til að þessi kostnaður verði þannig að Landgræðslan greiði ⅔, en sýslurnar ⅓. Þá eru gróðurverndarnefndir skyldaðar til að skila árlegum skýrslum, bæði til Landgræðslunnar og viðkomandi búnaðarsambanda.

Þetta frv. var sent frá Ed. til Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélagsins og landgræðslustjóri kom til fundar við n. og umsagnir allra þessara aðila voru mjög jákvæðar. Voru gerðar smávegis breytingar í Ed. á frv. Landbn. Nd. hefur athugað frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með áorðnum breytingum, sem eru á þskj. 567. Hv. þm. Benedikt Gröndal var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

2.—12. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Hefting landbrots, frv. (þskj. 604, n. 726). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta er líka Ed.-mál og var leitað þar eftir umsögnum frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Eins var vegamálastjóri kvaddur til fundar við n. Hann gaf ýmsar upplýsingar og leiðbeiningar og nokkrar breytingar, sem voru ekki veigamiklar, voru gerðar á frv. í Ed.

Á þskj. 726 er nál. frá landbn. N. athugaði frv. og varð sammála um að mæla með samþykkt þess með áorðnum breytingum sem eru á þskj. 604. Hv. þm. Benedikt Gröndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Það er mér mikil ánægja að geta talað hér fyrir þessu nál. því að 1969 fluttum við Ágúst Þorvaldsson frv. sem er efnislega alveg það sama og þetta frv. er. Við endurfluttum frv. á þinginu 1972—1973, en það náði ekki fram að ganga á því þingi. En nú sem sagt er búið að afgreiða þetta frv. í Ed. sem er efnislega eins, og það er mér mikil ánægja að þetta mál skuli nú loksins komast í höfn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

2.—11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 684, n. 723). — 2. umr.

Frsm. (Ellert B. Schram): Herra forseti. Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar var lagt fram í Ed. og hefur verið skoðað af formönnum beggja hv. allshn. Er lagt til að frv., eins og það liggur fyrir eftir meðferð í Ed., með þeim viðbótarnöfnum, sem sett eru inn í frv., verði samþykkt óbreytt. N. mælir einróma með þeirri samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Aðsetursskipti, frv. (þskj. 600). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Aðstoð við vangefna og fjölfatlaða, þáltill. (þskj. 539, n. 721). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Till. þessi til þál. um aðstoð við vangefna og fjölfatlaða hefur legið fyrir í heilbr.- og trn. Nd. Efni till. er á þá leið, að Alþ. skori á ríkisstj. að undirbúa hið fyrsta ráðstafanir til að bæta aðstöðu vangefinna og fjölfatlaðra, m. a. með aukningu hjálparstofnana vegna þeirra sem dveljast í heimahúsum og aukningu hjúkrunarrýma fyrir þá sem eiga við þessi vanheilindi á háu stigi að stríða. N. varð einróma sammála um að mæla með því að þáltill. verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 512). — 1. umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. mars 1961. Það hefur dregist mjög úr hömlu, að mál þetta yrði tekið fyrir hér í þessari hv. þd. Ég hafði vænst þess að frv. þetta yrði að lögum fyrir lok þingsins, en það virðast nú dofna mjög vonir um að svo geti orðið.

Mál þetta er ekki stórt í sniðum og ég hygg að um það sé ekki mikill ágreiningur. Hér er hins vegar um að ræða réttlætismál. Löggjafinn hefur í sveitarstjórnarlögum ákveðið kjör oddvita og fyrst og fremst þeirra sem í senn eru oddvitar og raunverulegir framkvæmdastjórar sveitarfélaga sinna, þ. e. a. s. þeirra sveitarfélaga sem eru minni en svo að lög og reglur heimili ráðningu sveitarstjóra. Þess hefur ekki verið gætt að breyta kjörum þeirra í samræmi við gerbreyttar kröfur til hæfni og starfs þeirra. Stjórnvöld hafa lagt þeim mjög auknar skyldur á herðar. Samskipti og samstarf einstakra sveitarfélaga hefur farið vaxandi sem og virk þátttaka í störfum landshlutasamtaka sveitarfélaga og Sambands ísl. sveitarfélaga. Hér er um að ræða um það bil 180 manna hóp.

Lagt er til í frv. þessu að oddvitarnir fái nú sem laun 6% af rekstrartekjum sveitarfélaganna í stað þess að þeir fengu áður 4% af þeim tekjum, sem þeir innheimtu, auk ákveðins gjalds á hvern íbúa í sveitarfélaginu. Þetta gjald var s. l. ár 195 kr. Nú er gert ráð fyrir að þetta gjald falli niður. En það gerir meira en að vinnast upp með hækkun prósentunnar sem auk þess leggst á allar tekjur sveitarfélagsins í staðinn fyrir aðeins innheimtu útsvara og fasteignagjalda áður. Samband ísl. sveitarfélaga hefur reiknað út hvernig þessi breyting mundi verða í raun. Er það sýnt á fskj. með frv. og sé ég ekki ástæðu til þess að gera nánar grein fyrir því, enda geta menn þar lesið sér til um það.

Ég hafði ekki hugsað mér að fylgja þessu frv. úr hlaði með langri ræðu nú í þessum miklu önnum, en ég vil ítreka það sem ég sagði áðan. Þetta er að mínu mati mikið réttlætismál, að löggjafinn komi að nokkru til móts við þessa aðila sem hafa óhjákvæmilega orðið að taka að sér miklu víðara starfssvið en áður var. Og hvað sem um málið verður á þessu þingi þar sem virðist vera orðið mjög þröngt um tíma, þá vænti ég þess þó að mál þetta fái sem allra fyrst góðan framgang og mun svo ekki tefja tímann frekar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til félmn. með 31 shlj. atkv.

Mörk lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs, frv. (þskj. 623, n. 720). — 2. umr.

Flm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Félmn. fjallaði um þetta mál á fundi sínum og fékk til viðræðu við sig bæjarstjórann í Kópavogi til þess að skýra í hverju þessi breyting væri fólgin, enda liggur fyrir á fskj. með frv. samþykki bæði fulltrúa Reykjavíkurborgar og fulltrúa Kópavogskaupstaðar um þessa breytingu. N. leggur til að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 564, n. 719). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um þetta mál á fundi sínum og orðið sammála um það að leggja til að frv. verði gert að lögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Fiskveiðasjóður Íslands, frv. (þskj. 450, n. 724). — 2. umr.

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. d. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands. N. varð sammála um að leggja til að frv. yrði vísað til ríkisstj. þar sem hún fékk upplýsingar um að n., sem nú er að endurskoða lög um Fiskveiðasjóð, muni taka upp brtt. við lögin sem er efnislega shlj. því frv. sem þetta nál. er gefið út vegna.

ATKVGR.

Till. á þskj. 724 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 32 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, þáltill. (þskj. 267, n. 670). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti Heilbr.- og trn. hefur rætt þetta mál sem hefur stundum áður verið flutt á Alþ. Hér er hreyft mjög merku og stóru máli. En vegna þess að ríkisstj. er með almannatryggingalögin til endurskoðunar og þar eru m.a. til athugunar hugmyndir um að koma á sameiginlegu kerfi lífeyrissjóða og almannatrygginga, en það er ein leiðin til að framkvæma hugsunina um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, þá telur n. rétt og er sammála um að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. með ósk um jákvæða athugun. N. væntir þess að ríkisstj. leggi till. um þetta mál fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Till. á þskj. 670 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 29 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 361, n. 631, 547, 650, 651). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 650 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 537,1 felld með 24:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SigurlB, SvH, BGr, JónasÁ, KP, LárJ, ÞorstÞ, MB, SighB.
nei: SV, SvJ, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, EðS, EBS, EKJ, FÞ, GS, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HES, IG, JSk, MK, MÁM, ÓE, PS, RH.
GF, GuðrB greiddu ekki atkv.
5 þm. (IngJ, JóhH, MÓ, ÓlJ, PJ) fjarstaddir.
Brtt. 537,2 felld með 24:4 atkv.
10. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 651 felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EðS, EBS, EKJ, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, JSk, MK, MÁM, ÓE, PS, SvJ, SvH, ÞÞ, RH.
nei: BGr, FÞ, GS, GF, HES, IG, JónasÁ, KP, LárJ, ÞorstÞ, MB, GuðrB, SighB, SigurlB, SV, TÁ, VH, ÞS.
5 þm. (IngJ, JóhH, MÓ, ÓlJ, PJ) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Þetta fé hefur víst ekki lukkast okkur dreifbýlismönnum svo vel að ástæða sé til þess að auka þann sjóð og segi ég því já.

11.—14. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 631,1 samþ. með 31 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 631,2 samþ. með 34 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 460). — Frh. 1. umr.

Eyjólfur K. Jónsson: Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að andmæla máli því, sem hér er á dagskrá, og ýmsu því, sem fram kom í máli hv. flm., þótt ég hins vegar sé sammála sumu því, sem hann sagði, og þ. á m. því meginatriði er varðar starfshætti Alþ. sem ég leyfi mér að koma að nokkru síðar.

Að undanförnu hefur allmikið verið rætt um kjör alþm. og nokkuð sýnst sitt hverjum. Og varla leikur á því vafi að frv. þetta er fram komið í tilefni þeirra umr., enda er það rökstutt með því að óeðlilegt sé að þm. einir manna ákveði launakjör sín, eðlilegt sé að kjaradómur fjalli um þau eins og önnur laun hins opinbera. Á það hefur raunar verið bent að ekki sé ástæða til þess að ætla að kjaradómur mundi ákveða laun þm. lægri en þingið sjálft gerir og það hygg ég, að sé rétt skoðun.

En meginástæðurnar fyrir því að ég er andvígur frv. þessu, eru tvær. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að Alþ. ræður sjálft starfsháttum sínum og hlýtur að gera ef það vill ekki glata í senn virðingu landslýðs og sjálfsvirðingu sinni. Þingið hefur það þess vegna í valdi sínu að ákveða lengd þingtíma á ári hverju, starfstíma í hverri viku og á hverjum degi. Það getur m. ö. o. ráðið vinnutíma þm. Og þm. sjálfir vita gerst hve mikill hann er og ættu þess vegna að vera til þess hæfastir að úrskurða um þingfararkaup og vera menn til að gera það. Kaleikurinn ætti ekki að vera tekinn frá þm., svo að vitnað sé til orða hv. flm., sem taldi að þennan kaleik ætti frá þm. að taka. Ég tel að hann eigi ekki frá þeim að taka. Hann sagði einnig að þm. ættu að vera því fegnir að þurfa ekki að ákveða laun sín sjálfir. Ég efast ekki um að sumir væru því fegnir að þurfa ekki að gera það, en ég tel, eins og ég sagði áðan, að þeir eigi að vera menn til að gera það.

Og þar er komið að hinni ástæðunni, þeirri að þm. eiga ekki sífellt að vera að færa ábyrgð frá sér og þar með áhrif og völd. Auðvitað orkar allt tvímælis sem hér er gert og auðvitað eru þm. gagnrýndir fyrir ákvarðanir um þingfararkaup eins og allt annað. Ég hef skilið það svo að við þm. værum kjörnir til að bera ábyrgð og axla gagnrýni eða eins og Bjarni Benediktsson einhvern tíma orðaði það eitthvað á þessa leið: Stjórnmálamenn eru til að skamma þá og þeir fá laun fyrir. — Min skoðun er sú að þm., hver einstakur þeirra og þingið í heild, eigi að bera meiri ábyrgð, en ekki minni en nú tíðkast og vera reiðubúnir að rísa undir gagnrýninni, ekki að þverskallast við, ef rangt hefur verið gert, eða berja hausnum við steininn, heldur hlýða á raddir, skiptast á skoðunum og breyta um stefnu ef þeir sannfærast um að í ranga átt horfi. Og það hygg ég raunar að sé nú um starfshætti Alþ., því miður.

Þegar ákvörðun var tekin um það árið 1971 að stórhækka laun þm. og greiða þeim laun allt árið var ég staddur í þessum sal sem varaþm. og leyfði mér þá að bera fram brtt. um nokkru lægri laun þm. en ákveðin voru, en jafnframt

að því ákvæði, að þm., sem embættum gegndu úti á landi, fengju aðeins greidda 3/7 hluta embættistekna sinna, yrði breytt. Ég lagði til, að þm. sem þannig væri ástatt um, héldu helmingi tekna sinna og þar með embættunum í raun réttri og væri þá til þess ætlast að þeir sinntu embættunum sem svaraði helmingi eðlilegs vinnutíma. Benti ég á að í nýmæli því, sem verið væri að lögfesta, fælist yfirlýsing af löggjafans hálfu um að líta bæri á þingmannsstarfið sem 8½ mánaða starf á ári hverju, en þeir, sem önnur störf hefðu með höndum jafnframt þingmennsku, gætu ekki sinnt þeim nema sem svaraði til 3½ mánaðar árlega ef ekki er tekið tillit til eðlilegra sumarfría, en ella væri þingmannsstarfið um 8 mánuðir og tími til annarra starfa rúmir 3. Við þessar umr. sagði ég það m.a. skoðun mína að það væri mjög óheillavænleg þróun ef þingtími yrði verulega lengdur. Þvert á móti teldi ég ástæðu til að leitast við að stytta hann, bæði þann heildartíma, sem þing situr að störfum ár hvert, og eins mætti gjarnan koma við meiri störfum í þinginu á færri dögum vikunnar en nú er ef skipulega væri að unnið. Hvort tveggja þetta mundi mjög auðvelda þm. að sinna öðrum störfum en þingmennskunni, ekki einungis þeim sem búa í Reykjavík og nágrenni, heldur einnig þm. sem eiga heima fjær, og mun það þó einkum verða svo í framtíðinni er samgöngur fara stórlega batnandi.

Hv. flm. gat þess að lögin 1971 hefðu verið samþ. hér í þingi shlj. Ég var þá í þinginu, eins og ég gat um áðan, og andmæli þeim skoðunum sem þá voru uppi. Með hliðsjón af þeim orðum sem hann lét falla og gáfu til kynna að engin rödd hefði um annað heyrst en þann hátt sem þá var upp tekinn, þá leyfi ég mér að vitna hér í örstuttan kafla úr þeirri ræðu, sem ég þá flutti, orðrétt, með leyfi forseta. En þar segir:

„Hin mikla launahækkun þm. er rökstudd með því að störf þeirra fari nú stórum vaxandi. Ég hygg að hitt sé sönnu nær, að kjörin hafi verið allt of rýr og þm. réttilega til þess fundið að þeir bátu ekki úr býtum laun á borð við aðra sem svipaða vinnu leggja af mörkum og svipuðum hæfileikum eru gæddir, enda útgjöld þm. margvísleg og mörg dæmi eru þess að menn hafi ekki treyst sér til að takast stjórnmálastörf á hendur af fjárhagsástæðum. Á þessu er sjálfsagt að ráða bót. En slík ákvörðun má undir engum kringumstæðum leiða til þess að grundvallarbreyting verði á aðstöðu manna til stjórnmálaafskipta. En sem betur fer hefur það verið svo að þm., sem ekki gegndu sérstökum trúnaðarstörfum í stjórnmálum umfram þingmennskuna, hafa allir eða a.m.k. flestir haft með höndum hin margbreytilegustu störf í þjóðfélaginu og ekkert dregið af sér við þau, hvort heldur hefur verið búskapur eða skrifstofustörf. Ég tel að það hafi verið til mikillar gæfu að þm. flestir hafi verið í nánum tengslum við atvinnuvegi þjóðarinnar og hin margháttuðu störf í þjóðfélaginu. Ég held að það hafi verið þeim styrkur og þar með löggjafarsamkundunni. Og ég dreg meira að segja í efa að það hafi íþyngt mönnum eða gert þeim lífið erfiðara að sinna hálft árið öðrum störfum en stjórnmálavafstri. Þvert á móti hygg ég að sjóndeildarhringur þm. mundi þrengjast ef þeir eiga ekki að ganga til annarra starfa, og ég held líka að þeir mundu þá þreytast fyrr en ef þeir geta gengið að öðrum störfum en stjórnmálum verulegan hluta ársins. Mér er ljóst að ekki eru allir sammála þeirri skoðun minni að nauðsynlegt sé að reyna að takmarka lengd þingtímans og gera þm. kleift í sem ríkustum mæli að sinna öðrum störfum en stjórnmálum. Hefur þeim rökum jafnvel verið hreyft gegn þeim skoðunum, sem ég hér flyt, að embættismannavald styrkist nú svo að nauðsyn beri til að þm. hafi aðstöðu til þess mestan hluta ársins að fylgjast með störfum embættismanna og koma í veg fyrir að þeir, sem ekki hafa verið kjörnir til þess fulltrúar af þjóðinni, ráði ráðum hennar í stöðugt vaxandi mæli.

Mér er spurn: Er það líklegast til þess að draga úr embættismannavaldi að bæta við nokkrum tugum embættismanna, að allir þm. yrðu einungis embættismenn og sinntu ekki öðrum störfum? Menn svara því sjálfsagt til að frv. taki einungis til þeirra sem hvort eð er gegni embætti, annars vegar sem þm. og hins vegar sem embættismenn í öðrum ríkisstofnunum, ekkert segi þar um það hvernig fara skuli um launakjör þeirra þm., sem störf hafa hjá einkafyrirtækjum eða sveitarfélögum og ekki heldur hjá hálfopinberum stofnunum eða fyrirtækjum. En hætt er við því að stjórnendur stórra fyrirtækja, sem ógjarnan vildu liggja undir gagnrýni, hneigðust til þess að styðjast við reglur ríkisvaldsins í þessu efni, og er ekki nokkurn veginn ljóst að sú stefnuyfirlýsing, að ekki sé gerandi ráð fyrir því að alþm. geti sinnt öðrum störfum nema svo sem eins og í ársfjórðung, leiði til þess að þingtíminn lengist jafnt og þétt og menn hverfi frá öðrum störfum, a.m.k. ábyrgðarstörfum? Eða hví skyldi embættismaður úti á landi vera að halda í embætti sitt ef hann á ekki nema tveggja kosta völ, annað hvort að sinna því eins vel og honum er unnt samhliða þingmennskunni, þ.e.a.s. nota a.m.k. helming starfskrafta sinna í þágu embættisins og vinna þá helming þess tíma launalaust, eða hinn kostinn, að gegna embættinu aðeins sem svarar ársfjórðungi og sitja þá í óþökk flestra því að slík embættisfærsla yrði auðvitað gagnslítil, en auk þess stæði hann í vegi fyrir því að aðrir fengju viðkomandi embætti? Mergurinn málsins er að mínu viti sá, að það væri mjög óæskileg þróun og ég vil segja hættuleg þróun ef eingöngu ættu að sitja á þingi svokallaðir atvinnustjórnmálamenn og hver sá, sem til þingmennsku veldist, ætti þegar í stað að hverfa með húð og hári inn í þann ágæta hóp sem þar situr, en úr sinni stétt í sveit eða bæ."

Hér lýkur þessari tilvitnun. Eins og þeir, sem hlustuðu á frsm. hér í fyrradag, vita, þá var hann mjög á þessari sömu skoðun og ég setti fram fyrir nokkrum árum. Og ég er enn í einu og öllu sömu skoðunar og þegar ég mælti þessi orð. Og það sem verra er, þróunin hefur verið og er að verða sú sem ég óttaðist og tel að til mikilla óheilla horfi. Nú er t.d. flutt um það þáltill. af hv. þm. Sigurði Blöndal og Helga F. Seljan að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að undirbúa lög og reglur sem feli í sér að alþm. sitji ekki í fastlaunuðum embættum eða störfum

á vegum hins opinbera. Þessi till. er raunar táknræn um málatilbúnað hér á hv. Alþ. á síðustu tímum. Menn leggja það ekki lengur á sig að ganga sjálfir frá lagafrv., heldur fela það ríkisstj. og embættismannavaldi með þál. Þetta á ekki við um flm. þess máls sem hér er til umr. því að þeir flytja um það frv. En ég get ekki stillt mig um að vekja á þessu athygli til gamans, ekki vegna þess að þeir hv. þm., sem þáltill. flytja, hagi sér eitthvað öðruvísi hér en við hinir, heldur einmitt til að undirstrika að ábyrgð og vinnusemi Alþ. hefur ekki vaxið með hinu nýja fyrirkomulagi og árslaununum.

Ég hef nú um 8 ára skeið verið gestur hér á hinu háa Alþ., setið á hverju þingi í nokkrar vikur sem varamaður. Einhvers staðar segir að glöggt sé gests augað, og í von um að það sé það í þessu tilfelli eins og öðrum leyfi ég mér að láta í ljós þá skoðun að starfshættir Alþ. hafi ekki batnað síðan ákvörðun var tekin um hið nýja launafyrirkomulag á árinu 1971. Mér er nær að halda að þeir hafi því miður versnað.

Ég get auðvitað ekki fullyrt að þetta stafi af hinum breyttu háttum um launagreiðslur og þeirri stefnu að þm. eigi helst ekki að sinna öðrum störfum en þingmennskunni, en ég hygg þó að það eigi ríkan þátt í þessari þróun. Raunar geta menn bent á það að bæði hér á landi og í öðrum lýðræðisríkjum hafi vandamál hrannast upp á undanförnum árum sem gert hafi það að verkum að stjórnmálamenn jafnt sem aðrir eigi erfiðara með að fóta sig en áður var þegar meiri stöðugleiki ríkti og festa í stjórnmálum. Þetta kann að orka einhverju um það hve störf margra þjóðþinga og ríkisstj. hafa verið laus í reipum. Aðrir kunna á það að benda að kjördæmaskipun okkar leiði fremur til lausungar en festu, og raunar hallast ég að því og tel að tímabært sé að taka kjördæmamálið til rækilegrar skoðunar og leitast við að hagnýta kosti einmenningskjördæma og þá ábyrgð, sem með þeim er lögð á hvern einstakan þm., samhliða því sem réttlætis sé gætt gagnvart minnihlutaflokkum, t. d. með fyrirkomulagi á borð við það sem tíðkast í Frakklandi eða Þýskalandi. En um kjördæmamálið skal ég ekki ræða að sinni, enda er það ekki beint á dagskrá.

En það er annar háttur sem mér virðist nú tíðkast í ríkara mæli en áður var og ég vil hér gera að umræðuefni, enda hygg ég hann vera í nánum tengslum við þá stefnu að þjóðnýta alla alþm., ef ég má svo að orði komast. Mér virðist nú meira gert að því en áður var að fela þm. margvísleg störf í nefndum og ráðum og stofnunum utan þings og er það einn liðurinn í því að búa til 60 atvinnustjórnmálamenn, hvort sem það er nú beinlínis haft í huga í hverju einstöku tilfelli eða ekki. Hitt er ljóst, að það ber við að þm. beinlínis bítast um bitlingana, ekki einungis af hugsjónum eða til að láta gott af sér leiða, heldur til að treysta aðstöðu sína og bæta launakjör. Þeir eru í vaxandi mæli nauðugir viljugir að verða háðir þingmannsstarfinu til lífsframfæris og þeir helga sig, eins og það er orðað, stjórnmálunum í stöðugt vaxandi mæli. Það hlýtur að vera framtíðin að styrkja sjálfa sig í hinu pólitíska völundarhúsi, segja þeir og hugsa, úr því að stjórnmálin eiga að verða ekki einungis aðalstarf, heldur eina starf þeirra sem að þeim gefa sig. Ég held að hollt sé að við séum ekkert að fara eins og kettir í kringum heitan graut. Það stefnir í þá átt að mynda hér hina nýju stétt, stétt atvinnustjórnmálamanna sem óhjákvæmilega einangrast meir frá íslensku þjóðlífi en vera mundi ef þm. almennt sinntu öðrum störfum hálft árið eða svo. Mér liggur við að segja að hætta sé á því að Alþ. verði klúbbur, enda er það nú tíska að helst þurfa allir að vera í klúbbum og hví þá ekki þm. eins og aðrir?

Ég held, að fjöldi þeirra, sem sæti hafa átt í þessari virðulegu stofnun, hafi litið á störf sín hér sem þjónustustörf, en ekki bisniss. Ég held að menn hafi yfirleitt ekki hugsað sér að hagnast á þingmannsstörfum né heldur gert það, þvert á móti hafi menn tekið þátt í stjórnmálum af hugsjónum þótt þeir hafi vitað að þeir sköðuðust á því fjárhagslega. Sumir hafa boðið sig fram til þings vegna þess að þeir hafa talið að þeir hafi þar mál að flytja, en aðrir vegna áskorana og hvatningar þeirra sem best treystu þeim. Menn hafa hér ekki orðið háðir þingmannsstarfinu af fjárhagsástæðum heldur þvert á móti. Þeir hafa getað hugsað sér að staldra hér við eitt eða tvö kjörtímabil, en snúa sér síðan á ný eingöngu að þeim störfum, sem þeir þekktu eða höfðu sérmenntað sig til að sinna. En hræddur er ég um að á þessu sé að verða breyting og teiknin um það leyna sér ekki ef grannt er skoðað.

Flutningur frv. þess, sem hér er til umr., og þáltill. þeirrar sem ég áðan gat um, er gott tilefni til frjálslegra umr. um þessi efni, enda stendur það engum nær en þm. sjálfum að ræða opinskátt bæði um starfshætti Alþ. og launakjör alþm. Og mín skoðun er enn sem fyrr sú að breyta ætti starfsháttum Alþ. Í fyrsta lagi hygg ég að þing ætti á ári hverju að standa skemur en nú er, t. d. 2—2½ mánuð að hausti og aftur að vori. Þá væri unninn fastur vinnutími, t. d. frá 9 á morgnana og til 7 á kvöldin, e. t. v. með hléi milli 11 og 2 þar sem þm. gætu sinnt ýmiss konar erindum og rætt við umbjóðendur sína. Nefndarstörfin yrðu sem fyrr unnin á morgnana, en skipulögð miklu betur en nú er gert, en þingfundir og þingflokksfundir stæðu síðari hluta dagsins. Lengst af þingtímanum væri nægilegt að starfa í 3 daga með þessum hætti, þ. e. a. s. mánudag, þriðjudag og miðvikudag, en síðan gæti þorri þm. horfið til annarra starfa samhliða stjórnmálaþátttöku síðari hluta vikunnar, þar með taldir utanbæjarþm., eftir því sem samgöngur batna. Ef svo væri litið á að laun þm. væru nú hæfileg árslaun ber að lækka þau, enda þá gert ráð fyrir að þm. hafi af öðrum störfum tekjur sem svara nokkurn veginn til hálfs árs launa. En ég vil taka skýrt fram að ég er ekki einn þeirra sem telja laun þm. of há nú miðað við það að þeir sinni litt eða ekki öðrum störfum, því að vissulega hafa þm. margháttuð útgjöld sem aðrir þurfa ekki að bera.

Ég minnist þess að um þessi mál urðu miklar umr. hér á hinu háa Alþ. fyrir nokkrum árum. Ég hygg að það muni hafa verið árið 1968. Þá benti Bjarni Benediktsson á þau sjónarmið sem ég hér hef gert að umræðuefni og hv. flm. þessa

máls einnig ræddi um. Þessi mikli leiðtogi þings og þjóðar sá þá þegar á lofti teikn þess sem síðar hefur orðið og varaði við þeim. Nú er að mínu mati tímabært að þingið stingi við fótum og komi í veg fyrir að Alþingisklúbburinn verði að raunveruleika. Auðvitað er mér ljóst, að helstu forustumenn flokka geta naumast sinnt öðrum störfum en stjórnmálum, en það á hins vegar alls ekki við um fjölda þm. Þvert á móti væri það betra fyrir þeirra eigin sálarheill og hamingju þjóðarinnar að þeir sinntu margháttuðum þjóðnýtum störfum samhliða þingmennsku og yrðu ekki háðir stjórnmálunum, heldur reiðubúnir að sinna ýmsum þýðingarmiklum störfum jafnt utan þings sem innan. Ég hygg að ábyrgð þm., starfsgleði og afköst mundu aukast, en ekki minnka, ef slíkur háttur yrði upp tekinn.

Ég hygg, eins og ég sagði í upphafi máls míns, að samhliða því sem þm. skipuleggja betur starfshætti Alþingis, þá eigi þeir að bera ábyrgð á þeim launakjörum sem þm. hafa hverju sinni, og þess vegna er ég andvígur frv. Hitt er aftur á móti alveg ljóst, að engin launung má hvíla yfir launagreiðslum til alþm. eða þeim sérstöku greiðslum sem þeir hafa til ferðalaga, dvalarkostnaðar o. s. frv. Allt slíkt á að vera aðgengilegt fyrir hvern og einn og að mínu mati ekki einungis hinar almennu reglur sem gilda, heldur beinlínis að hver sem er geti kynnt sér hvað hver einstakur þm. og einstakur varaþm. hefur fengið greitt af opinberu fé vegna ferðalaga, dvalarkostnaðar, símakostnaðar o. s. frv., enda hygg ég að handahóf ráði að nokkru í því efni, ekki vegna þess að starfsmenn Alþingis vilji mismuna mönnum, heldur af hinu, að þm. gangi misjafnlega ríkt eftir því að fá slíkar greiðslur af hendi inntar. Allt þetta á að mínu mati að liggja ljóst fyrir og enginn að kinoka sér við því að grein sé gerð fyrir fjárheimtu hans úr ríkissjóði. Almenningur á vissulega heimtingu á að vita ekki aðeins eitt, heldur allt í því efni og þessar upplýsingar þurfa að liggja fyrir á hverjum tíma, en ekki seint og um síðir.

En úr því að ég á annað borð hér að framan hef talsvert fjallað um starfshætti Alþingis langar mig til að víkja að einu furðufyrirbæri. Eins og menn vita er það meginregla helguð af stjórnarskránni að fundir Alþ. skuli haldnir í heyranda hljóði, auðvitað vegna þess að landslýður á heimtingu á því að fá að vita hvað sagt er og gert í þinginu. En þrátt fyrir þetta stjórnarskrárákvæði er framkvæmdin sú að þeim mönnum, sem eiga að koma á framfæri því sem í þinginu gerist, fréttamönnunum, er gert eins erfitt fyrir og frekast er hægt að hugsa sér. Þeir hafa að vísu nú allra síðustu árin sæmilega vinnuaðstöðu hér uppi á lofti, en þeim er stranglega bannað að nota hjálpartæki. Þeir mega ekki taka upp umr. á segulbönd nema starfsmenn útvarpsins. Á alla hina fréttamennina er litið sem njósnara og afbrotamenn ef þeir dirfast að reyna að taka upp umr. þannig að þeir séu hæfari til að skýra rétt og satt frá öllu sem gerst hefur. Og starfsmenn útvarps og sjónvarps þurfa raunar að leita sérstaks leyfis til þess að taka upp umr. og útvarpa þeim hverju sinni. En ekki nóg með þetta. Í viðbót eru um það reglur að fréttamenn geti ekki fengið útskrift af ræðum þm. frá skrifstofu Alþingis þótt búið sé að vélrita þær nema með sérstöku leyfi viðkomandi þm. Þessi afstaða er einna helst rökstudd með því að þm. hafi leyfi til að leiðrétta málvillur og mismæli sem okkur þm. öllum verða að sjálfsögðu á. Slíkur fyrirsláttur er auðvitað alveg út í bláinn. Í fyrsta lagi getur það engan drepið þótt honum verði það á að misstíga sig í orðavali. Í öðru lagi eru blaðamenn ekki þannig gerðir að velta sér upp úr slíkum saklausum mistökum, nema þá til gamans, og einnig það eigum við „virðulegir“ þm. að þola. Í þriðja lagi er alveg ljóst að miklu meiri hætta er á því að rangt sé skýrt frá umr., þegar fréttamaðurinn þarf að styðjast einungis við það sem hann heyrir einu sinni, en vera mundi ef hann hefði ræðuna skrifaða fyrir framan sig. Og raunar er þess að gæta að blöðin hafa ekki mannafla til þess að hafa hér að staðaldri tvo fréttamenn sem fylgst geta með umr. í báðum deildum, þannig að fréttamennirnir þurfa sífellt að vera að skipta á milli þess að hlýða á umr. í Nd. og Ed.

Sú þröngsýni að leyfa fréttamönnum ekki að notast við segulbandstæki og meina þeim aðgang að vélrituðum ræðum þm., jafnvel þótt þær hafi verið yfirlesnar, er að mínu mati með öllu óverjandi. Þvert á móti ætti að sjá til þess að allar fréttastofur hefðu aðgang að umr. hér í þinginu strax og þeim er lokið, að vélritun færi fram jafnharðan og enginn hörgull yrði á fréttamiðlun. Ég vona að forsetar þingsins, hv. forsetar eða hæstv. forsetar á ég víst að segja, taki þetta mál til athugunar og beiti sér fyrir umbótum. Skulu það verða mín lokaorð, að öðru leyti en því að mig langar til að koma á framfæri við fólk þeirri málaleitan að það hætti að titla þm. og ráðh. utan þings hv. og hæstv. þótt okkur sé ætlað að gera það hér í þingsölunum. Á vinstristjórnartímunum færðist allt titlatog mjög í vöxt, enda voru þá meðal ráðamanna þeir sem mest gangast upp við hvers kyns snobbi þótt þeir þykist sérstakir umboðsmenn alþýðunnar. En mál er að linni.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í raun og veru finnst mér að það sé tæplega tími til þess að ræða þetta mál að þessu sinni þar sem annríki síðustu þingdagana er svo mikið sem raun ber vitni um. En fyrst þetta mál er hér til umr. langar mig að segja mína skoðun á því og hef til þess sérstaka ástæðu.

Þegar þingi lauk í sumar hafði ég setið 20 þing, og mér var það hugstætt þegar ég fór þá heim frá þingslitum að ég hef aðeins setið í tveim þn. Önnur þn. var að mínu mati eftirsóknarverð og ánægjuleg, það er fjvn. Það er sú n. sem ég hef alltaf borið mesta virðingu fyrir af n. þingsins og hef alltaf litið mjög upp til og haft ánægju af störfum í þeirri n. Hin var þfkn. og þangað var ég neyddur af flokksmönnum mínum af því að ég sat ekki í öðrum nefndum. Að sjálfsögðu tók ég þátt í störfum þeirrar n. eins og hinir, en var óskaplega atkvæðalítill þar um og það var reglulega leiðinleg nefnd. Ég var því einn af þeim þm. sem undirbjuggu lög um þingfararkaup alþm., þau sem nú gilda.

Ég minnist þess að þegar ég fór á þann fund hafði verið rætt í flokki okkar um afstöðu til þess hvort við skyldum vera með því að Alþ. ákvæði sjálft launin eða setti þau í kjaradóm. Ég þori nú ekki að fullyrða um afstöðu þm. þar yfirleitt, en a. m. k. var það svo að ég hafði fullt umboð til þess að fylgja minni skoðun í því að vera með málinu um að það yrði látið ganga til kjaradóms. Ég stóð því að till. í þfkn. um að slíkt yrði gert. Þáv. forseti þingsins, Birgir Finnsson, og nokkrir aðrir þfkn.-menn voru andstæðir þessu og töldu að þingið ætti ekki að afsala sér þessum rétti frekar en öðru. Ég er því fylgismaður þessa frv. Ég hef ekki skipt um skoðun á því þótt ég sitji nú öðrum megin við borðið en ég sat þá.

Ég ætla ekki að fara að segja frá hugmyndum mínum um launakjör þm. á þessum nefndarfundi því að blaðið, sem ég var með í vasanum og var búinn að skrifa á hugmyndir mínar, dró ég aldrei upp því að ég sá að ég yrði mér til hálfgerðs athlægis ef ég sýndi það. Það voru aðrir sem höfðu forustu um þessi mál á fundinum og út í það fer ég ekki. Ég ætla ekki heldur að fara að ræða sérstaklega um launakjör alþm., en hef þó, að ég tel, allmikla reynslu af þeim, m. a. af kjörum þm. utan af landsbyggðinni og þeirra sem hér búa. Það var þannig 15 ár, sem ég sat á þingi, að þá var fjölskylda mín uppi í Borgarnesi. Ég var því hér eins og einhleypur maður að því leyti að heimilið var ekki hérna. Ég varð því að fá mér fæði á veitingastöðum hér og þar og kann í sambandi við það eina dálítið góða sögu og ég held að það sé nú orðið svo á kvöldið liðið að ég segi frá henni. En eins og hv. þm., sem hér hafa setið, þekkja, þá er maður allvel í holdum þótt nokkuð hafi af mér gengið nú upp á síðkastið.

Stundum kom það fyrir mig að ég fór að reyna að halda í við mig út af holdafarinu og borðaði því bara hádegismat og annað ekki. Þetta gekk illa til megrunar og ég mæli ekki með þessari leið til þeirra verkana. Hins vegar gerðist það að Björn bóndi á Löngumýri, sem þá sat hér á þingi, var spurður að því í heimabyggð sinni — en menn þar kunna að meta hvort menn eru efnaðir eða ekki — hvort þeir væru efnaðir, þingbræður hans í Framsókn. Hermann Jónasson sat þá hér á þingi og Björn sagði að þar væri enginn efnaður nema hann og Hermann. Þá spurðu þeir um einstaka menn og þ. á m. um mig. Þá sagði Björn: „Nei, ég held að hann sé nú ekki ríkur, étur einu sinni á dag.“ Þetta hafði ég út úr þessari megrunaraðferð og það var ekki lítils virði.

Hins vegar er eitt af því sem ég tel nauðsynlegt að við breytum þessari aðferð, að þingmenn ákveði sjálfir sín launakjör. Ég er ekki á þeirri skoðun að það sé nein niðurlæging fyrir þingið, eins og ég er ekki á þeirri skoðun að það sé niðurlæging þó að maður breyti afstöðu til mála ef maður sjálfur er sannfærður um að betri kantur komi upp en maður hugði. Og ég lít svo á, að eins og kom fram í ræðu hv. fyrri flm., þá sé það ekki óeðlilegt þó að kjaradómur fjalli um þessi mál eins og um mál ráðh. og hæstaréttardómara. Ég álít að það væri í raun og veru mjög eðlilegt að hann gerði þetta eins og hann fjallaði um mál þeirra.

Það er líka önnur ástæða fyrir því að ég legg verulega upp úr þessu. Sú ástæða er að það umtal, sem orðið hefur um þetta mál, er hreint ekki lítið. Við skulum gera okkur grein fyrir því, hv. alþm., sem viljum vega Alþ. og viljum búa við þingræði og höfum þá lífsskoðun að ekkert stjórnarfar sé betra en þingræðið, að við verðum að gera allt sem við getum til þess að halda virðingu þess og veldi í landinu. En þegar tæki eins og sjónvarp og útvarp eru komin, þá er ekki víst að hægt sé að koma svo til skila þessum málum að þjóðin sé sannfærð um að þm. geri rétt með því að ákveða sjálfir laun sín. Ég minnist þess frá sjónvarpsþáttum í vetur að meðal þeirra, sem þar tóku þátt í, var einn af þeim mönnum sem að mínu mati eru með færustu sjónvarpsmönnum okkar — ég hef oft lent í þáttum hjá þeim manni — þessi maður er Eiður Guðnason. Ég hef alltaf treyst honum og mér hefur fundist hann vera harður spyrjandi, hann vissi um hvað hann var að tala og það var yfirleitt gott að fá spurningar frá honum. Það er eitt skipti sem ég hef horft á Eið Guðnason ræða mál í sjónvarpi þar sem mér fannst hann ekki vera samkvæmur sjálfum sér. Mér fannst hann ekki hafa fullt vald á skapgerð sinni eða spurningum og t. d. fannst mér það afar mikið lýti á svo ágætum sjónvarpsmanni eins og honum að hann virti forseta Alþingis ekki sem skyldi í þeim þætti, að láta hann t. d. gera fyrst grein fyrir þessum málum sem var auðvitað sjálfsagt fyrst hann var með í umræðunum. Og það eru mjög slæmir hættir hjá sjónvarpi og útvarpi, sérstaklega er það leiðinlegt í sjónvarpi, þegar þeir, sem fyrir svörum sitja, verða að troða sér áfram eins og fé á jötu. Þetta eru siðir sem góðir sjónvarpsmenn eiga að forðast. Þessi þáttur var með þeim hætti að það var ekki það gagn að honum fyrir Alþ. sem skyldi. Og það var m. a vegna þess að það voru allt of margir menn, bæði spyrjendur og svarendur. Það hefði verið langeðlilegast, að þar hefðu verið forseti þingsins og formaður þfkn. og í hæsta máta að skrifstofustjórinn hefði þá verið líka — en þó er það mikil spurning — til þess að þetta kæmi eðlilega til skila. Og ég er alveg sannfærður um að slíkir þættir, þótt ágætismenn séu í þeim, geti, ef þannig er á þeim haldið, orðið til tjóns fyrir Alþ.

En Alþ. er, eins og ég sagði áðan, stofnun sem þjóðin þarf að virða. Eins og nú er komið hafa menntaðir og ágætir menn í okkar þjóðfélagi ótal möguleika og það er fullt af mönnum sem væru reiðubúnir til þess að taka þátt í þingstörfum, en kæra sig ekki um að gera það vegna þess hvað þm. eru útataðir og þeim lýst eins og hálfgerðum misindismönnum og hafa í raun og veru ekki rétt til þess að verja sig sem skyldi. Menn vilja þess vegna ekki leggja sig í þetta. Ég óttast að þróunin geti orðið sú að það einmitt hverfi inn á þessa braut ef ekki er haldið svo vel reisn Alþ. sem nauðsyn ber til. Og við megum, hv. alþm., gæta okkar í því efni. Þótt við séum kappsfullir og deilum hart sem andstæðingar, þá megum við gæta okkur á því að vera alltaf að tala um þessi og þessi vinnubrögð Alþ. Allir flokkar, sem nú eru á Alþ., hafa átt aðild að ríkisstj. og allir hafa lent í því að verða að afgreiða mikil málefni á síðustu stundu

fyrir þinghlé og þingslit. Enda vitið þið það, hv. alþm., að þá er búið að sitja í þessum málum í n. og aftur n. og vinna þar aðalstörfin og þetta er lokaþátturinn sem við sjáum um. Þess vegna þurfum við að gæta okkar á því að gera ekki lítið hver úr öðrum þó að okkur mislíki eða höfum út á þetta að setja. Tímans vegna má ég ekki fara langt út í þau mál sem ég hefði þó gjarnan viljað koma að í þessum umr.

Ég vil í samræmi við það, sem ég sagði hér áðan um afstöðu mína til alþm., geta þess að þegar lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var breytt í minni fjmrh.-tíð og tekin var upp sú regla að þegar búið var að gera rammasamning, þá var samið við einstök félög fyrir sína hópa, þá bauð ég Alþ. að starfsfólk Alþ. kæmist inn í lögin og fengi þar sín réttindi og skyldur og við það væri samið á þennan hátt. Því miður var sú ákvörðun ekki tekin hér að það yrði gert. Hins vegar hefur þróunin orðið sú síðan að það er farið að semja fyrir starfsfólk Alþ. með því að taka mið af þessum launaflokkum og hliðstæðu starfsfólki. Ég held að það hefði betur farið að þetta hefði verið gert eins og ég lagði til.

Ég vil svo segja það í sambandi við það, sem hér hefur komið fram um atvinnupólitíkusa og ekki atvinnupólitíkusa, að ég er alveg sammála hv. 1. flm. og því, sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, að það sé ekki æskilegt að þm. hafi þingsetu eingöngu að starfi. Ég hef ekki þá skoðun. En ég hef hins vegar þá reynslu að það er afskaplega erfitt að sameina þetta, a. m. k. fyrir menn utan af landsbyggðinni. Ég var 12 ár sveitarstjóri og þm. og ég tel mig meðalþrekmann, en ég gafst í raun og veru upp á því af því að mér fannst þetta orðið óframkvæmanlegt, að sinna þessu hvoru tveggja var svo mikið erfiði og að mínu viti svo mikil áhætta. Ég átti svo mikið undir því komið hvernig starfsmenn ég fékk, því að ég taldi mig bera höfuðábyrgð á öllum fjármálum þau 12 ár sem ég var einnig þm., að ég ákvað að hætta þessu, enda óttaðist ég eftir því sem ég tók meiri þátt í þingstörfunum og flokkurinn kvaddi mig til fleiri starfa að fyrir þetta gæti starf mitt liðið. Hins vegar verð ég að segja það að umskipti mín um launakjör í þessu sambandi voru ekki æskileg og auðvitað kemur það ekki málinu við því að ég réð þar mestu um sjálfur. En það er mikill misskilningur að halda að embættismenn utan af landsbyggðinni séu vel haldnir með 30% launa. Ég t. d. vil í þessu sambandi nefna einn samþm. minn úr Vesturl. sem er sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Ég þekki það að það er afskaplega langt frá því að hann gegni ekki störfum í sýslumannsembættinu nema um sumartímann. Hann fer heim um hátíðir og helgar og hann vinnur í þeim hér. Í umtali og öðru þar vestra er hann talinn bera höfuðábyrgðina á þessu embætti og af því að gera það fyrir 30% af launum er enginn maður ofhaldinn. Þess vegna er það nú mitt mat að við ákvörðun á þessu, þegar þetta var ákveðið síðast, þá hafi þarna verið misráðið.

Ég vil líka segja það að enda þótt ég sé fylgismaður þess að menn þurfi að sinna öðrum störfum, þá endurtek ég að það er afskaplega erfitt að koma því fyrir og menn þreytast afar mikið á því þegar fram líða stundir og flestir gefast í raun og veru upp á þessu. Þarna kemur annað sem er líka nokkurt mál í sambandi við launakjör þm., og það er að í tvennum síðustu kosningum hafa fallið menn við kosningarnar sem voru þá algerlega atvinnulausir. Þeir voru farnir út úr öllum þeim störfum, sem þeir höfðu sinnt, og sátu eftir atvinnulausir þegar þeir voru farnir sem þm. Við þessu er auðvitað ekkert annað að segja en það að menn velja þetta og þá verða þeir að gangast undir það. En á þessu vil ég nú vekja athygli því að þetta er ekki neitt smár þáttur. Hins vegar er ekki nokkur vafi á því að það er afskaplega mikils virði að vera í tengslum við atvinnuvegina. En það er erfitt að vera bóndi eða skipstjóri eða framkvstj. fyrir fyrirtæki og vera jafnframt þm. Allt þetta er afskaplega erfitt að sameina. Þess vegna fer það svo, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að þeir menn, sem fara verulega í pólitíkina, lenda í þessu sem aðalstarfi og það er erfitt að komast fram hjá því.

Ég skal svo fara að stytta mál mitt, en vil að lokum segja það að menn hafa rætt hér — m. a. kom það fram í þessum nefnda sjónvarpsþætti — um kjör sem þm. utan af landi höfðu í sambandi við fæði og annað þess háttar. Það kom t. d. ekki fram í þessum þætti sem ég heyrði í fyrra í fyrsta sinn af því að ég er ekki vel að mér í verkalýðs- og stéttarmálum hér, að eitt af þeim atriðum, sem var deilt um við kjarasamningana þá og mér þótti broslegt þegar ég heyrði það, það var línan um Fúlalæk. Það er lækur hér austur í bæ, ég veit ekki vel hvar hann hefur verið, en búið er að byrgja hann. En þeir, sem vinna fyrir austan þann læk, hafa rétt á fullu fæði hjá vinnuveitanda sínum, en ef þeir vinna vestur í bæ hafa þeir það ekki. Sjálfsagt er talið, að ef opinberir starfsmenn eða aðrir fara í ferðalög út um landsbyggðir á vegum síns fyrirtækis, þá fái þeir borgað fæði og annað því um líkt á þessum ferðalögum og dettur engum í hug að hafa neitt við það að athuga, enda mundu margir þessir menn eyða öllum sínum launum ef þeir hefðu ekki þennan rétt. Sama er um bílakeyrsluna og annað því um líkt. Ferðakostnað fá menn greiddan þegar þeir fara vegna starfs síns. Og ef, eins og kom fram hjá forseta sameinaðs Alþingis í vetur, kannaður yrði akstur þm. vegna starfs síns og þeim greiddur bílakostnaður eins og öðrum opinberum starfsmönnum, þá held ég að fáir yrðu fyrir neðan þá upphæð sem þm. er nú ætluð þessa vegna. Og ég get sagt það, þó að það komi ekki þessu máli við í raun og veru, en ég hef reynslu fyrir því, að þau ár sem ég var hér einhleypur og heimilislaus, þá var minn kostnaður við fæði og þess háttar eins mikill og konu minnar og þriggja krakka heima. Þó held ég að ég geti sagt það með nokkrum rétti að ég sé ekki eyðslumaður um daglegar nautnir í sambandi við hótel eða þess háttar. En ég hafði engan hagnað af þessu. Þetta er hins vegar erfitt að sannfæra menn um.

En ég vil að lokum segja það að ég tel fulla ástæðu til að þm. hugsi það með mikilli gætni

að þeir eiga ekki að vera að streða við það að ákveða sjálfir sín kjör. Þeir eru með því að stofna þingræðinu sjálfu í hættu og það megum við síst af öllu gera. Þess vegna eigum við — þótt það verði ekki á þessu þingi, það dettur mér ekki í hug — að taka menn, einn mann úr hverjum flokki, og láta taka þessi mál til athugunar og endurskoða lög um þingfararkaup og þess háttar. Það ber brýna nauðsyn til þess því að okkur ber höfuðskylda til þess að verja Alþ. svo að þingræðinu sé ekki hætta búin. Ég tek undir það að við eigum að reyna að halda í það að menn geti sinnt öðrum störfum. Þó eiga að vera viss störf eins og bankastjórastörf og dómarastörf, ef dómaskipuninni yrði breytt þannig, eins og ég tel eðlilegt, að dómarar yrðu yfir stærri svæðum og væru ekki bundnir við sýslumannssvæðin eins og þau eru núna, — það eru viss störf þar sem menn yrðu að velja á milli þingmennskunnar og starfsins, en almennt eiga þeir að vera í starfi og þá á að reyna að tryggja þeim það. Þetta er afstaða mín til málsins, og ég mun fylgja þessu máli hver sem kann að verða flm. að því meðan ég sit á Alþingi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 88. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, að loknum 87. fundi.

Flugleiðir, frv. (þskj. 616). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 460). — Frh. 1. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að setja á langa ræðu um þetta mál. Mig langaði þó í fyrstu til að víkja aðeins að tveimur atriðum sem hafa komið hér fram í ræðum hv. þdm.

Annað er nú smálegt, það kom fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., um ávörpin sem notuð eru hér á Alþ., hæstv. og hv. Mér finnst alveg sjálfsagt að halda þessari gömlu hefð hér innan þingveggja, en ég er hv. þm. hjartanlega sammála um að það sé ekki ástæða til að halda henni áfram utan þingsala og mér finnst t. d. sjálfum ofurlítið broslegt þegar grannar mínir og góðvinir fyrir austan ávarpa mig hæstv. ráðh. á fundum þar í heimahögum.

Annað, sem hér hefur verið minnst á og af fleiri ræðumönnum, eru hin æskilegu tengsl þm. við lífið og störfin í landinu í hinum ýmsu starfsgreinum. Ég get tekið undir allt sem hér hefur verið sagt um að æskilegt sé að þessi tengsl séu sem allra mest. Hins vegar álít ég að það sé nálega eða alveg ósamrýmanlegt í mörgum tilvikum að þm. hafi með höndum alvörustörf í þjóðlífinu á meðan þeir sitja á þingi. Hv. flm. nefndi t. d. að það væri æskilegt að þm. væru bændur, kennarar og skipstjórar. Mér er nú sem ég sjái kennsluna hjá t. d. — ja, hvað eigum við að segja — hv. 5. þm. Vesturl. (KP: Já, hann er hérna.) Sá held ég að kenni þó! Og svipað hefði verið um þann sem hér stendur ef hann hefði haldið embætti sínu sem skólastjóri austur á Mjóafirði. Ég held að þeir hefðu lítið kennt. — Já, skipstjóri, hvað um það? Ætli það sé nokkur útgerðarmaður á landinu svo heillum horfinn að honum dytti í hug að ráða alþm. fyrir skipstjóra hjá sér? Ég þekki svo sjálfur þetta með búskapinn. Eins og nú er komið sögu, þá byggist búskapur alþm., þeirra sem búa í alvöru, á því, mér liggur við að segja að níðast á fjölskyldu sinni ellegar þá að fá til dýran starfskraft utan fjölskyldu. Annaðhvort nægir þá afrakstur af meðalbúi rétt til þess að borga þau laun ellegar þá að greiða verður með því sem búið gefur. En slíkt er tóm vitleysa. Auðvitað búa menn ekki búi sínu með því að sitja hér á Alþ. allan veturinn og vera svo á ferð meira og minna um sín kjördæmi og sinna ýmsum félagsmálastörfum á sumrin. Því miður er þetta svona, að það er ósamrýmanlegt í flestum tilvikum að stunda störf eins og þessi, sem ég hef hér nefnt sem dæmi, í alvöru a. m. k. á meðan viðkomandi gegnir þingmennsku. Eigi að síður vildi ég segja það að tengsl alþm. við atvinnu- og athafnalíf í landinu eru æskileg og góð þar sem mögulegt er að koma þeim við. Og það er sem betur fer svo, að flestir alþm. og ég vil nú segja allir hv. alþm. koma til starfa hér á Alþ. beint úr hinum margvíslegu störfum í þjóðfélaginu, hvort sem þau eru unnin við framleiðslustörf, á skrifstofum eða annars staðar. Og það er þó alltaf nokkur bót í máli, þó svo að erfitt sé og mörgum tilvikum ógerlegt að halda þessum tengslum við með beinni og virkri þátttöku í hinum ýmsu störfum á meðan setið er á Alþingi. Það er engin regla án undantekninga og einstaka menn gera þetta nú samt með feiknalega miklum dugnaði og af ótrúlegum myndarskap, en hitt er það almenna.

Þá vil ég aðeins segja það varðandi meginefni þessa frv., þ. e. a. s. að breyta nú til og fela kjaradómi að ákveða kaup og kjör alþm., að ég er því algerlega andvígur. Alþ. hefur frá fyrstu tíð ákveðið sjálft laun og kjör þm. Þetta er orðin hefð og ég er það íhaldssamur að ég vil þegar af þeirri ástæðu halda þessari venju. Þar að auki lít ég svo á að þar sem Alþ., löggjafarsamkoman, eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. drap hér á, það ákveður sjálft um störf sín og starfshætti að öllu leyti sé það í fullu samræmi að það ákveði einnig kaup og kjör. Alþm. eiga að bera — og bera auðvitað — ábyrgð gagnvart kjósendum sínum og skulu standa þeim reikningsskil ekki sjaldnar en fjórða hvert ár og þar hafa þeir aðhaldið. Laun alþm. eiga vitanlega að vera öllum kunn, enda hefur aldrei verið ætlast til annars. Og ég minni á það að í Alþt.

hvers árs er prentuð nákvæm skrá yfir greiðslur til hvers einstaks þm. Útgáfu á Alþt. hefur seinkað og þess vegna liggur þessi skrá ekki fyrir frá allra síðustu árum. En þetta hefur verið gert og verður gert enn jafnóðum og lokið er hverjum árgangi. Alþt. verða gefin út jafnharðan og þá hafa menn þetta þarna sundurliðað alveg nákvæmlega, laun og allar aðrar greiðslur til alþm. Og þannig á þetta að vera.

Það hefur verið minnst á það í þessum umr. að með því að fela þetta kjaradómi losni alþm. við leiðinlegt umtal um kaup sitt og kjör. En ég álít þetta ekki rétt. Menn halda auðvitað áfram að tala um kaup og kjör alþm. sem eru sífellt undir gagnrýni og eiga að vera það öllum öðrum mönnum fremur vegna þess að þeir ganga undir kosningar. Auðvitað halda menn áfram að tala um þetta þó að aðrir ákveði launin. Það verður ofurlítið á annan hátt, en það verður rétt stigmunur, en ekki eðlismunur á því umtali, enda þýðir ekkert fyrir alþm. að ætla að koma sér hjá umtali, illu eða góðu eftir atvikum — það held ég að þýði ekki neitt. Þess vegna vil ég árétta það að ég tel rétt að halda gamalli hefð og sé enga ástæðu til þess fyrir alþm. að mæla sig undan ábyrgð af þessu starfi, að ákveða kaup og kjör alþm., alveg eins og starfstíma þingsins og alla starfshætti.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég verð að játa það eins og það er að ég varð meira en lítið undrandi þegar ég sá að þetta frv. hafði verið lagt fram sem hér er til umr. Á öndverðum vetri varð nokkurt upphlaup blaðamanna og að undanförnu hefur svo sýnst sem margur í þeim hópi vilji vera Washington Post-blaðamaður í Watergate. En ekki tókst það nú að sinni varðandi alþm. og launakjör þeirra. En undir þetta jarðarmen vilja hv. flm. þessa frv. ganga.

Þetta mál kom upp í því brumi þegar hæst stóð í stönginni í áflogum við þessa þokkapilta og því var vísað til þingflokkanna til athugunar. Það var farið fram á það að þfkn. fengi þetta mál til athugunar, og það var veitt. Þfkn. ræddi þessi mál tvívegis á fundum sínum og samþykkti einróma í bæði skiptin að vísa því allsendis frá að fallast á að slík breyting yrði á gerð sem lagt er til með þessu frv. — einróma og alfarið. Og hvers vegna? Í fyrsta lagi vegna þess að þfkn. áleit að með því nú — einmitt nú — meðan blaðamenn reyndu til hins ýtrasta að færa sönnur á eða skjóta fótum undir þann grun að hið háa Alþ. væri að mismuna sjálfu sér til handa, þá væri síst ástæða til þess að hlaupa til þess að axla af sér þeirri ábyrgð að taka um þetta ákvörðun sjálfir, kjörin, því að langt er um liðið síðan kaupið hefur verið ákveðið af öðrum aðila, — allra síst einmitt þá að hlaupa fyrir horn undan þessari ásókn, — og í hinu fallinu, að það má leiða að því sterk rök að það að fá embættismanni þetta í hendur mundi leiða til þess að stórbæta kjörin, enda gat ég ekki betur fundið en það væri tilgangur hæstv. samgrh. með fylgi sínu við þetta frv. Hann hafði ekki einu sinni efni á að éta nema einu sinni á dag og hann taldi það allt of við nögl skorið að þm., sem eitt sinn var embættismaður, hefði auk þess 30%. Fyrir liggur að embættismenn, sem fara inn fyrir Fúlalæk, hafa í húsnæðiskostnað og uppihaldspeninga meira en alþm. úrskurða sér svo að töluverðum fjárhæðum nemur. Fram á þetta var sýnt í þessum sjónvarpsþætti þar sem hæstv. samgrh. líkaði ekki við blaðamanninn Eið Guðnason, líkaði ekki við hann, sennilega vegna þess að Eiður tapaði þeim fundi af því að hann hafði vondan málstað, og það var í fyrsta skipti sem hann hafði verulega vondan málstað. Að vísu hafði hann ekki góða fylgisveina og hann tapaði líka á þeim.

Hér er frv. til l. um að breyta þeirri hefð, sem verið hefur frá endurreisn Alþ., að Alþ. ákveði sjálft kjör sín. Enginn rökstuðningur er með í grg. þessa frv. Það er hér endalaust prentað upp úr þingfararkaupslögunum og endað svo á því að segja að lögin hljóði eins og þar segir.

„Þá telja flm. þessa frv. eðlilegt að kjaradómi verði falið þetta ákvörðunarvald.“

Það eru endurprentuð lögin öll og af því að þau hljóða svona, þá telja flm. frv. eðlilegt að kjaradómi verði þetta falið, ákvörðunarvaldið. Engin rök eru að þessu leidd, en það kemur fram í máli manna, eins og hv. fyrri flm., hvers vegna hann, hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason, taldi að í umr., sem fram hafa farið síðan þetta blaðamannaupphlaup varð hafi sannast að heppilegra hefði verið að aðrir ákvæðu kjör þm. Hvers vegna hefði það verið heppilegra? Sannaðist eitthvað óheiðarlegt á þm. í þessu dæmi? Reyndust þm. ekki menn til þess að svara fyrir sig þegar þeir mættu fyrir opnum tjöldum? Ef þm. eru ekki þess umkomnir að ráða fyrir þessum málum sjálfir, þá eru þeir ekki þess umkomnir að ráða fyrir þjóðinni allri.

Það, sem með þessu frv. er gert, er að hlaupa til og leggjast á fjóra fætur fyrir framan það sem þessir hv. þm. álíta almenningsálit, af hræðslu við almenningsálit sem þeir ímynda sér að sé með þessum hætti, og biðja um það með þessu frv. að embættismenn beri þá um í mjölsekkjum sínum. Það er lagt til, eins og segir hér í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Launakjör alþingismanna að meðtöldum húsnæðiskostnaði, dvalarkostnaði og ferðakostnaði skuli ákveðin af kjaradómi“ — og svo kemur þessi makalausa viðbót: „að fengnum tillögum þingfararkaupsnefndar.“

Hver er sá sem ætlar að taka sæti í þeirri n., setja niður á blað og senda með náðarsamlegri beiðni til embættismanna um það hvort þeir gætu nú hugsað sér að fallast á þetta til handa þm. sjálfum? Og ef það væri nú að áliti blaðamanna of í lagt, hvernig mundu þá embættismennirnir verja sig eftir úrskurð sinn? Jú, að sjálfsögðu með því að þetta hefðu þm. sjálfir lagt til og þess vegna hefðu þeir neyðst til þess að gera þetta. En ef þeir skyldu nú úrskurða hærra til handa lítillátum þm. — því að hinir lítillátustu yrðu í þeirri þm.-nefnd, það er alveg víst, allra lítillátustu — og þeir mundu úrskurða enn og miklu hærra en þeir þá legðu til, þeir sem þá verða í þfkn., hvað mundi þá verða sagt? Mundi verða talað af blaðamönnum um hógværð þm.? Það yrði kannske nefnt fyrst að þeir væru hræddir og þyrðu ekki að leggja til mannsæmandi laun. En ef það þætti of í lagt, þá yrði

ugglaust sagt að þarna væru embættismenn að úrskurða til handa Alþ., að við hefðum sérstakra hagsmuna að gæta í þeim hópi manna.

Hvers vegna er þetta frv. flutt nú? Sannleikur er að Alþ. hafði að meginhluta til tekist að hrinda þessari ásókn sem á hendur þess var gerð og það hélt virðingu sinni. Og það er misskilningur hjá hæstv. samgrh. þegar hann talar um að þm. ættu að hætta að streða við að vilja fá að ákveða um þessi laun. Það hefur enginn beðið um það og streðar enginn eftir því að taka ákvörðun um þetta. En það er eins og í öðru og fleiru að öll verk eru ekki ánægjuleg þótt vinna þurfi, og ef Alþ. ætlar að halda reisn sinni og virðingu, þá á það ekki að hlaupa undan ásókn blaðamanna, víkja sér undan að taka þær ákvarðanir sem það hefur alltaf gert og það á að vera í stakk búið til þess að standa við sínar gerðir.

Þetta mjölsekkjafrv., sem hér er borið fram, er af þeim hvötum fram borið, það er af hræðsluhvötum fram borið, af hræðslugæðum gert. En það fer ekki hjá því að þeim, sem seildust um hurð til lokunnar að sanna á þm. mismunun sér til handa, þyki að þarna fái þeir þó uppbót á erindisleysu sína því að að hálfu sé með þessu sannað eða játað að þarna hafi eitthvað misjafnt verið gert. Ég veit að það fer ekki fram hjá hinu háa Alþ. að þetta hefur komið í ljós. Ég hef orðið þessa var.

Það var næsta furðuleg ræða sem hæstv. samgrh. hélt, þótt ég geti satt að segja ekki að því gert að mér sýnist, þegar heildin væri tekin, að hans fylgi við þetta frv. lægi aðallega í þeirri von sem hann gerði sér um það að embættismennirnir mundu vera ríflegri í þessum sökum heldur en þfkn. Hann upplýsti að hann hefði átt sæti í þfkn., en verið þar atkvæðalítill og þótt það leiðinleg nefnd. Var það furða þar sem hann gat ekki étið nema einu sinni á dag fyrir þær niðurstöður sem þar urðu, maður með hans holdafar, eins og hann sagði? Og þó var það nú svo að hann var 12 ár sveitarstjóri á fullum launum. En hann er þriðji maðurinn, sem vitað er til, af 60 sem ljær fylgi sitt við þetta makalausa frv.

Hann lagði áherslu á að Alþ. héldi virðingu sinni og þm. væru ekki að troða skóinn hver niður af öðrum. Ég tel alveg undir þetta. En það, sem okkur skilur í milli, er þetta, að ég álít það alveg ranga aðferð til þess að hið háa Alþ. haldi virðingu sinni að alþm. víki sér undan og af hræðslusökum biðji embættismenn ásjár um að taka ákvarðanir sem þeim ber sjálfum að taka, þótt það séu jafnviðkvæm mál og þeirra eigin laun, þeirra eigin kjör. Dettur einhverjum í hug að embættismenn, svo að maður víki að því, mundu ákveða alþm. lægri laun en mjög mörgum starfshópum þeim sem njóta nú hærri launa en alþm.? Af hverju skyldu alþm. ekki vera í hærri launaflokki eða jafnháum og t. d. ráðuneytisstjórar? Hvar eru rökin fyrir þessu? Á sínum tíma tók þfkn. ákvörðun um og Alþ. sjálft, hvar það vildi skipa sér í flokk. Og enginn getur með neinum rökum fært sönnur á það að þar hafi verið of í lagt. Sannfæring mín stendur til þess að embættismenn teldu að skipan alþm. í launaflokk væri ekki hin rétta miðað við aðrar stéttir sem hljóta hærri laun eftir kjaradómi en alþm. Og hvað skyldu þeir gera varðandi ferðapeninga og uppihaldskostnað? Er líklegt að þeir mundu úrskurða okkur lægra en það sem embættismenn njóta þegar þeir leggja land undir fót í embættiserindum? Er það líklegt? En ef svo er ekki að þeir mundu í neinu mismuna í þeim efnum, þá liggur alveg ljóst fyrir að þetta mundi verulega hækka frá því sem nú er ákveðið. Það liggur alveg ljóst fyrir. Nei, hæstv. samgrh. hefði átt að draga miðann upp úr vasanum sem hann kveðst ekki hafa þorað að gera þar sem hann hefði þá orðið sér til minnkunnar, þá hefði hann áreiðanlega getað étið tvisvar á dag.

Það er talað um sjálfdæmi um eigin laun. Alþ. hefur sjálfdæmi um ótal, ótal hluti, miklu, miklu mikilsverðari en að ákveða kjör sín. Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason margmismælti sig í því þegar hann talaði um laun. Ég veit ekki hvort hann hefur gert það viljandi. Hér er um kjör önnur en laun að tefla. Það er langt um liðið síðan alþm. tóku ákvarðanir um launin sjálf. Þau heyra undir kjaradóm. Að vísu höfum við heimild til þess að sjálfsögðu að setja ný lög sem breyta þessu.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þetta. Eftir að það lá ljóst fyrir að þfkn. hafði samþykkt einróma að hafna þessari aðferð, sem lögð var til af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, og þar sem allir þingflokkar utan einn eiga fulltrúa í þessari n. og þeir tóku að sér að gera grein fyrir afstöðu n. alfarið neitandi í þessum efnum, þá átti ég ekki von á því að Alþ. yrði lítillækkað með frv. gerð eins og þessari hér. Ég vænti þess þó að þetta verði klámhögg eitt, að Alþ. hljóti ekki af því lítillækkun. En söm er þeirra gerð og flumbruháttur sem að þessu standa.

Umr. frestað.

Neðri deild, 89. fundur.

Miðvikudaginn 14. maí, að loknum 88. fundi.

Iðnaðarmálagjald, frv. (þskj. 766). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og hefur verið afgreitt þaðan. Efni þess er það að leggja skuli á gjald, iðnaðarmálagjald, er nemi 0.1% á allan iðnrekstur í landinu sem iðnlánasjóðsgjald er greitt af. Þetta gjald skal renna til þess að efla íslenskan iðnað, kynna hann og veita honum tækniþjónustu.

Þetta frv. er undirbúið og flutt að tilmælum Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands ísl. samvinnufélaga og standa öll þessi samtök að frv.

Það er sérstaklega rétt að taka fram og benda á niðurlag 1. gr. frv. þar sem segir að óheimilt sé að leggja gjaldið við verð á vörum eða þjónustu iðnfyrirtækja. Þetta gjald verður því ekki

til þess að hækka verð á vörum eða þjónustu. Það er bannað samkv. lagaákvæðinu, þannig að iðnaðurinn tekur sjálfur á sig þetta gjald.

Gert er ráð fyrir því í grg. að hefði þetta gjald gilt á s. l. ári, þá hefði það skilað samtals fyrir þessi þrjú samtök rúmlega 18 millj. kr.

Það er rétt að taka fram að hliðstæð ákvæði hafa verið lögtekin áður varðandi samtök bænda, þar sem er búnaðarmálasjóðsgjald sem rennur til Stéttarsambands bænda og búnaðarsamtakanna, og enn fremur er hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem rennur til samtaka útvegsmanna og sjómanna.

Í Ed. var gerð sú breyting á frv. að í 2. gr. var ákveðið að upphæð sem svaraði til iðnaðarmálagjalds lagmetisframleiðenda, sem eru aðilar að Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, skuli renna til þeirra samtaka, þannig að eins og frv. er nú verða fern samtök sem hér njóta góðs af.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Landgræðsla, frv. (þskj. 561). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 771).

Hefting landbrots, frv. (þskj. 604). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr sem lög frá Alþingi (þskj. 772).

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 640). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Við 2. umr. fór ég þess á leit að forseti sliti ekki umr. nema því aðeins að hæstv. ráðh., heilbr.- og trmrh. og hæstv. félmrh., gæfu yfirlýsingu um að lög um Bjargráðasjóð Íslands og lög um hina nýju viðlagatryggingu yrðu tekin til endurskoðunar á haustþingi. Ég vil nú, áður en kemur til afgreiðslu við 3. umr., freista þess enn hvort ekki er hægt að fá þessar yfirlýsingar.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég skal með ánægju undirstrika það, sem hv. 4. þm. Vestf. tók fram, að fyrir haustþingið mun fara fram endurskoðun á lögum um Bjargráðasjóð. Það er ekki vegna þess að ég vildi skorast undan að gefa þessa yfirlýsingu sem ég hef ekki gert það, heldur hélt ég að það væri alveg nægilegt að hv. þm. skýrði frá því að hann hefði rætt við mig um þetta mál og ég mundi gera ráðstafanir til þess. En sem sagt, þessi lög verða endurskoðuð fyrir haustið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 773).

Mörk lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Kópavogs, frv. (þskj. 643). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 774).

Húsnæðismálastofnun ríkisins, frv. (þskj. 564). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 775).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 684). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 776).

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 460). — Frh. 1. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Kaup og kjör þm. hafa verið í sviðsljósinu allverulega á undanförnum árum og kannske einna mest nú hina síðustu mánuði. Ég tek undir með öðrum hv. þm., sem á það hafa bent, að það er ekki nema eðlilegt að þessi mál séu rædd opinberlega og vissulega á ekki að vera neitt á huldu hvað hér er um að ræða, hvert hið raunverulega kaup þm. og

kjör eru á hverjum tíma. Ég tek einnig undir það að ég tel það mjög miður farið að frv. það, sem hér liggur fyrir, skuli hafa verið hér lagt fram. Ég tel að það mundi setja virðingu Alþ. mjög niður ef það yrði gert að lögum, sem ég er þó ekki hræddur um að verði. En ég harma að það skuli hafa verið gengið það langt að þm. skuli hafa fundið hvöt hjá sér til þess að bera fram slíkt frv. Og ég tek einnig undir það, að ég tel verst af öllu að það skuli vera borið fram nú þegar þm. liggja undir nokkru ámæli hjá þjóðinni af misskilningi sem fram hefur verið settur um kaup þeirra og kjör.

Ég tel að það beri að undirstrika að það er mjög hæpin túlkun að halda því fram, eins og fram hefur komið í blöðum og fjölmiðlum, að þm. sjálfir ákveði laun sín og kjör. Það hefur verið bent á það hér að laun þm. eru samkvæmt tilteknum launaflokki sem er samkv. lögum frá árinu 1964, og a. m. k. þeir þm., sem eftir þann tíma hafa komið inn á þing, verða varla gerðir ábyrgir fyrir því að þeir séu sjálfir að skammta sér laun sín. Það er einnig í lögum frá 1964 svo ákveðið að þfkn. skuli ákveða kjör þm. og þau hlunnindi sem þm. eru í té látin. Ég vil undirstrika það og benda á að það hefur, frá því að Alþ. var endurreist, verið svo að Alþ. sjálft hefur ákveðið kaup og kjör þm. og mun þfkn. ætíð hafa haft með höndum að taka slíkar ákvarðanir.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að það komi fram hver þróun þessara mála hefur verið, tel það nauðsynlegt vegna Alþ. sjálfs, því að ef sá misskilningur á að halda áfram hjá þjóðinni eins og nú er að þarna sé um eitthvað óeðlilegt að ræða, þá ber að sjálfsögðu að leiðrétta það. Eftir að ég heyrði það í fjölmiðlum, í sjónvarpi og útvarpi, að laun þm. væru frá 200 til 250 þús. kr. á mánuði þá hlaut maður að hrökkva við og fara að athuga hvað væri hið raunverulega rétta í þessum málum. Ég harma það að opinberir fjölmiðlar, eins og útvarp og sjónvarp, skuli fara með villandi upplýsingar um mál eins og hér er um að ræða, því að það er engum til góðs, en þjóðinni í heild til tjóns, þegar er verið að afflytja og gefa rangar og villandi upplýsingar eins og gert var í sjónvarpsþætti sem hér hefur verið minnst á, þar sem þar var haldið fram að kaup þm. væri 200—250 þús. kr. á mánuði. Að vísu var því bætt við, að segja má með smærra letri: a. m. k. þeirra sem einhver aukastörf hefðu. En ég hygg að almennt hafi verið skoðað svo að þetta væri hin fasta regla, að þetta væri hið raunverulega kaup þm., sú upphæð sem þar var nefnd, 200—250 þús. kr. á mánuði, sem gera þá yfir árið 2.4—3 millj. kr.

Hvert fastakaup þm. er vita allir orðið. Það hefur verið birt og er það gott. Ég hygg að það sé engin deila um það eða menn telji þá ákvörðun neitt óeðlilega þótt þm. hafi verið settir í launaflokk með forsvarsmönnum og forstjórum hinna ýmsu ríkisfyrirtækja. Það, sem hefur valdið meira umtali, eru hlunnindi sem þm. utan Reykjavíkur, þm. utan af landsbyggðinni hafa nú og hafa haft áður. Ef það er skoðað hver þróun hefur orðið í þessum málum, þá sýnir það sig að í dag eru þessi hlunnindi, miðað við verðbreytingar síðan þau fyrst voru ákveðin, nokkru minni en þau hafa áður verið. Ég fletti upp fundargerðabók þfkn. og vil t. d. benda á það að árið 1955 voru dagpeningar þm. ákveðnir 115 kr. á dag eða röskar 3000 kr. á mánuði. Það er að sjálfsögðu ekki gott að ákveða við hvað á að miða ef gerður er samanburður við verðlagsþróun, en ef tekin er sú þróun sem hefur orðið í launamálum, t. d. hjá verkalýðsfélögunum, þá sýnir það sig að þessi hlunnindi þm. eru mun minni en þau voru þegar þau voru fyrst ákveðin árið 1955. Þau munu í dag vera um 34 þús. kr. og þó að húsaleigupeningum, sem nú eru 23 þús. kr., sé bætt þar ofan á, þá kemur samanlagt út hlutfallslega lægri upphæð í dagpeninga og húsaleigupeninga en þfkn. ákvað árið 1955.

Það atriði, sem mjög hefur verið haldið á lofti, að þm. sjálfir ákvæðu þetta, það er eins og ég segi mjög hæpin túlkun því að ég held, að það hafi verið alla tíð föst regla, að þfkn. hefur verið látin ein um að úrskurða þetta. A. m. k. veit ég það síðan ég tók sæti á Alþ. að þá hafa aldrei verið bornar upp í þingflokki Sjálfstfl. ákvarðanir þfkn., heldur hefur hún tekið sínar ákvarðanir sjálf og tilkynnt það síðan til skrifstofu Alþ. sem hefur tekið þær þá til meðferðar og framkvæmdar. Það verður því ekki sagt með neinum rétti að þm., ekki heldur í þessu tilfelli, séu að ákveða kjör sín sjálfir, heldur er þetta gert af þeirri n. sem lögum samkv. ber að gera þetta. Það hefur ekki mér vitanlega, a. m. k. í Sjálfstfl., nokkurn tíma verið borið undir flokkinn eða þm. hvort þeir teldu ákvörðun n. rétta eða ekki. Auðvitað bera þm. ábyrgð á gerðum þfkn., þannig að að því leyti má segja að þeir beri ábyrgð á þessu. En að þeir hafi tekið um það beina ákvörðun, eins og mjög hefur verið látið að liggja, það er ekki rétt.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði í upphafi máls míns og hefur mjög greinilega komið fram hjá öðrum þm. sem um þetta hafa rætt, að ég mundi telja mjög miður farið og mundi beinlínis telja að Alþ. setti mikið niður ef það færi inn á þá braut að láta einhvern aðila utan Alþ. taka um þetta ákvarðanir. Það hefur réttilega verið á það bent að Alþ. ber að taka miklu viðameiri ákvarðanir og stærri ákvarðanir en hér er um að ræða, og ég tel að það sé höfuðnauðsyn að það sé í meðvitund þjóðarinnar að Alþ. sé æðsta stofnun þjóðarinnar á hverjum tíma og að þeir menn, sem þar sitja, eigi að vera þess umkomnir að ákveða þetta sjálfir, en Alþ. verði ekki sett undir neina aðra stofnun til þess að taka ákvarðanir eins og hér um ræðir. Við það mundi að mínum dómi Alþ. sem stofnun setja mjög niður og væri það illa farið.

Ég benti á það áðan að ég tel mjög miður að það skyldu vera ríkisfjölmiðlar sem urðu til þess að koma því umtali af stað sem undanfarna mánuði hefur verið um þessi mál, af því að þar er byggt á ónógri þekkingu og röngum forsendum. Ég get ekki fallist á það sem hv. 3. þm. Austf. sagði hér að sá útvarpsþáttur, sem þar mætti í sem formaður þfkn., hefði snúið þessu máli við, sem sagt að Alþ. hefði verið hreinsað af öllu þessu, því að ef menn hafa hlustað á leiðara hinna ýmsu landsmálablaða undanfarna mánuði, þá hefur þar mjög verið áberandi sú afstaða, sem kom fram hjá fjölmiðlum upphaflega, að þarna væri ýmislegt athugunar-

vert frá hendi þm. og að það væri ekki nóg að þeir ákvæðu kaup sitt og kjör sjálfir, heldur jafnvel að þessi hlunnindi þeirra og kaup þeirra og kjör kæmu ekki fram á skattaframtölum eins og ætti að vera og almennt væri hjá starfsmönnum sem laun tækju hjá ríkinu. Alþ. liggur nú undir þessum ásökunum og hefur ekki tekist að mínum dómi nægilega að gera grein fyrir hinu rétta í þessu máli, hvert hið raunverulega kaup og kjör þm. eru og að þetta er ákveðið nú eins og hefur verið gert frá fyrstu tíð, af Alþ. sjálfu og af þeirri nefnd sem til þess er kjörin og ég lít á sem nokkurs konar kjaradóm fyrir þm. því að hún hefur fengið um það algert sjálfdæmi á hverjum tíma að ákveða kaup og kjör þm.

Það er nú orðið það framorðið að ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. En ég vona að frv. eins og hér um ræðir sjái ekki dagsins ljós aftur á komandi hausti eða nokkurn tíma síðar því að ég tel að virðing Alþ. mundi setja mikið ofan í augum þjóðarinnar ef þm. sjálfir litu svo á að þeim væri ekki treystandi til að taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegt er að gera í sambandi við kaup þeirra og kjör á hverjum tíma.

Flm. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., það er komið fram yfir miðnætti, en þó finnst mér ég verða að segja örfá orð við lok þessarar umr.

Þau rök, sem fram hafa komið gegn frv., eru að mínum dómi mjög lítilvæg. Meginrökin hafa verið þessi: Þetta hefur verið svona og þess vegna á það að vera svona. M. ö. o.: hér er um að ræða hreint afturhaldssjónarmið, að vegna þess að málum hafi verið skipað á vissan hátt undanfarið, þótt um langan tíma sé, þá séu það rök fyrir því að þannig eigi skipan mála að vera í framtíðinni. Þetta eru auðvitað engin rök. Aðstæður breytast, skoðanir manna breytast og þá á að gera breyttar ráðstafanir.

Í þessu sambandi vil ég aðeins minna á eitt! Ég gæti nefnt mörg dæmi því til skýringar, til rökstuðnings því að þessi afstaða er ekki einungis röng, heldur beinlínis varhugaverð. Ég skal láta nægja tímans vegna að taka aðeins eitt dæmi.

Það hafði tíðkast um langan aldur að engin takmörk væru á því hvaða embættismenn tækju sæti á Alþ., nema hvað sumir dómarar gátu ekki átt þar sæti lögum samkv. Það var orðið mjög algengt að bankastjórar ættu sæti á Alþ. Ég var í hópi þeirra sem töldu slíkt vera mjög óeðlilegt og hreyfði því margoft í þeim ríkisstj., sem ég átti sæti í á árunum 1956—1971 að þetta væri óeðlilegt og bæri að gera einhverjar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að stjórnendur banka ættu sæti á Alþ., þau störf færu ekki saman, það færi ekki saman að vera bankastjóri annars vegar og að vera alþm. hins vegar. Þessu sjónarmiði var andmælt harkalega og um það var mjög deilt. Það var greinilega meiri hl. alþm. sem fannst Alþ. setja ofan ef væri verið að leggja þau bönd á alþingismennsku og störf á Alþ. að t. d. bankastjórar ættu ekki að eiga þar sæti. Mér var ljóst að það væri miklum vanda bundið og óeðlilegt að binda slíkt í lögum, en taldi hins vegar að menn ættu að koma sér saman um að þannig skyldi þetta ekki vera. En allt kom fyrir ekki. Það var greinilegur meiri hl. a. m. k. í þáv. stjórnarflokkum fyrir því að þetta skyldi ekki gert.

Eins og kunnugt er eru bankastjórar ríkisbankanna kosnir af bankaráðum, en bankastjórar Seðlabankans eru skipaðir af ráðh. Þegar það kom í minn hlut í eitt skipti að skipa í sæti seðlabankastjóra og um það sótti alþm., þá sagði ég í ríkisstj. að það væri að mínum dómi tvímælalaust hæfasti maðurinn sem til greina kom. En ég sagði: Ég skipa hann ekki nema hann segi af sér þingmennsku. Það gat vel verið að þetta hafi þá verið gegn vilja meiri hl. Alþ. En ég hvarflaði ekki frá þessari skoðun og hlutaðeigandi maður og hlutaðeigandi flokkur varð að gera það upp við sig hvort þeir vildu fá skipunina upp á þessi býti eða ekki. Mér varð ekki haggað í þessu efni. Sá kostur var tekinn að hlutaðeigandi maður, sem er einn af hæfustu mönnum í okkar bankakerfi, sagði af sér þingmennsku og tók að sér stöðu í Seðlabankanum. M. ö. o.: það var mín ákvörðun sem þessu réð á sínum tíma, áreiðanlega gegn vilja meiri hl. Alþ. Hvað finnst mönnum um þetta núna? Nú þykir það sjálfsagt. Það eru liðin ein 7—8 ár síðan og þessi 7—8 ár hafa sannfært næstum alla menn um að þetta var það eina rétta, það gæti ekki farið saman að gegna embætti seðlabankastjóra og sitja á Alþ. Og enn fremur hafa menn síðan komist að því, að það fer ekki heldur saman að vera bankastjóri ríkisbanka né stórs einkabanka og eiga sæti á Alþ., enda er það svo að bankastjórar eru horfnir úr sölum Alþ. og það tel ég vera mjög vel.

Ég nefni þetta eitt sem dæmi um hversu því fer víðs fjarri að hægt sé að beita röksemdafærslu eins og þeirri að af því að eitthvað hafi verið svona um langan tíma, þá hljóti það að verða svona áfram, og einnig hvað menn geta lagt rangan skilning í það í hverju sannur metnaður alþm. á að vera fólginn, í hverju sönn virðing Alþ. er fólgin. (GuðlG: Má ég spyrja, sat ekki bankastjóri á þingi fyrir Alþfl.?) Jú, jú, mikil lifandis ósköp. Það voru allir sammála um að það var ekki hægt að gera það að skyldu um þá menn sem sátu á Alþ. þá. Sú breyting, sem ég beitti mér fyrir, var að skipa ekki menn í slík embætti ef þeir voru alþm. Auðvitað er ekki hægt að víkja þeim mönnum af Alþ. sem eru komnir þangað eftir þeim reglum sem þá giltu, það gefur auga leið. Auk þess er venjulega gerður munur á bankastjórum annars vegar og útibússtjórum hins vegar.

Hin rökin, sem beitt hefur verið, eru að Alþ. setti ofan, að virðing Alþ. minnki ef það afsalaði sér þessu valdi. Hér er um misskilinn metnað að ræða eins og dæmi það, sem ég nefndi áðan, ber líka vott um. Ef Alþ. setur ofan við að ákveða ekki sjálft kjör sín, heldur að hafa launakjör þm. ákveðin af kjaradómi, hvað má þá segja um ráðh.? Er það einhver vanvirða fyrir ráðh. að laun þeirra séu ákveðin af kjaradómi? Og hvað má segja um hæstaréttardómara? Er það einhver vanvirða fyrir þá að laun þeirra séu ákveðin af kjaradómi? Auðvitað ekki. Auðvitað á sama

að gilda. Engir tveir starfshópar eru jafnskyldir og vinna jafnlík störf og ráðh. annars vegar og þm. hins vegar. Og því á ekki sama að gilda um þá? Eða dettur nokkrum í hug að það kæmi til mála að láta ráðh. ákveða laun sín sjálfa? Þá till. hef ég aldrei heyrt, enda er hún fráleit. En það er í sjálfu sér jafnfráleitt að alþm. skuli ákveða laun sín sjálfir.

Það, sem mér þótti eiginlega lakast í málflutningi andstæðinga frv., var það, og það kom sérstaklega fram í ræðu hv. 3. þm. Austf., Sverris Hermannssonar, að hann talaði beinlínis með fyrirlitningu um almenningsálitið, það kæmi ekki til mála að gera hluti eins og þessa vegna þess að þá væri verið að hopa fyrir almenningsálitinu. Hann talaði einnig með fyrirlitningu um blaðamannastéttina, um fréttamannastéttina og það mætti enn síður gera þetta vegna þess að núv. skipun hefði verið gagnrýnd af blaðamönnum, af fréttamönnum, og talaði um hræðsluhvatir í því sambandi. Sannleikurinn er sá að þeir þm., sem telja sig hafa efni á að tala með fyrirlitningu um almenningsálitið, þekkja ekki sinn vitjunartíma. Þeir þekkja sannarlega ekki sinn vitjunartíma. Það er einmitt skylda þm., stjórnmálamanna, að taka tillit til almenningsálitsins ef það er heilbrigt. Á því er ekki nokkur vafi, eins og kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, hann vitnaði þar í greinar í landsmálablöðum, það er enginn vafi á því hvert almenningsálitið er í þessu máli. Það er skoðun mín að það almenningsálit sé heilbrigt og þess vegna vil ég taka tillit til þess.

Ég vil átelja það að fleiri en einn hv. þm. hafa nefnt nafn tiltekins fréttamanns, Eiðs Guðnasonar, haft uppi gegn honum og málflutningi hans í sjónvarpinu ádeilur. Það á ekki að tíðkast hér á hinu háa Alþ. að nefnd séu nöfn manna utan Alþ. og deilt á störf þeirra þar sem þeir geta auðvitað ekki svarað fyrir sig. En ekki meira um það að þessu sinni til þess að lengja ekki þetta mál.

En þegar ég segi að almenningsálitið í þessu efni sé heilbrigt, þá á ég m. a. við það — og skal aðeins nefna eitt dæmi til þess að stytta mál mitt sem allra mest — að skipan mála, sú sem menn vilja halda í af því að hún hefur verið óbreytt svo afskaplega lengi, er langt frá því að vera gallalaus. Ég skal nefna eitt dæmi um þetta efni. Þfkn. birtir aldrei ákvarðanir sínar. Meira að segja þm. vita ekki almennt hvaða reglur gilda um kjör þm. Þeir vita hver launaflokkurinn er, en að öðru leyti fá þm. enga vitneskju um það hvað þfkn. gerir, þannig að hún gerir hvað eftir annað breytingar á kjörum þm. án þess að þær séu tilkynntar. Þetta er auðvitað ámælisvert í hæsta máta og þetta er ein af ástæðunum fyrir þeirri tortryggni, sem skapast hefur í kringum þetta mál og skaðar Alþ., að því er ég tel ómaklega. Og það er einmitt frá þessu tjóni sem ég vil forða Alþ. og alþm. með því að láta hlutlausan aðila taka þessar ákvarðanir í stað þess að láta þingnefnd gera það sem starfar í laumi, ef ég svo mætti segja, þar eð hún tilkynnir ekki ákvarðanir sínar.

Mér vitanlega er hvergi til á prenti hvaða reglur raunverulega gilda um kaup og kjör alþm. í heild. Það er hvergi til nema í gerðabók þfkn. og þangað verða menn að fara og skoða hana til þess að vita hvaða reglur raunverulega gilda. Þegar menn vita ekki einu sinni hvenær hún heldur fundi, þá er ekki von að menn geti farið og skoðað hverjar reglurnar raunverulega eru. Þetta er ekki að skipan mála sé eins og hún ætti að vera. Það liggur við að ég taki nærri mér að þurfa að segja þetta, en hjá því verður ekki komist þegar málflutningur er hafður uppi eins og sá sem er hafður uppi af hv. 3. þm. Austf., Sverri Hermannssyni.

Að síðustu vil ég svo segja þetta: Meginrök okkar tveggja flm. fyrir þessu frv. eru þau að 60 alþm. eigi ekki að hafa algera sérstöðu meðal opinberra starfsmanna íslensku þjóðarinnar. En það er alger sérstaða þessa 60 manna hóps að ráða sjálfir kaupi sínu og kjörum. Þá aðstöðu hefur enginn annar hópur í þjóðfélaginu og þeirri aðstöðu eiga hinir 60 alþm. að afsala sér í hendur kjaradóms, þeirrar stofnunar sem ákveður laun fyrir hliðstæð störf og þar á ég fyrst og fremst við ráðherrastörfin.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þó að nokkuð sé nú áliðið kvölds vil ég fara nokkrum orðum um það mál sem hér er til umr. Ég held að menn ættu að sleppa öllum æsingi og galsa varðandi umr. um þetta mál hér á Alþ. Ég held að það þjóni engum tilgangi hjá einum eða neinum. En eins og fram kom áðan hjá hv. 3. þm. Austf., þá erum við blessunarlega lausir við að eiga fulltrúa í þfkn., þ. e. a. s. við eigum ekki fulltrúa í þeirri n. sem síðasti hv. þm. var að beina spjótum sínum að í lok sinnar ræðu.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta, en ég ætla fyrst að víkja að því sem komið hefur fram í þessum umr. og það er hvort þm. eigi sjálfir að ákveða sín laun. Ég skal strax segja það sem mína skoðun að ég tel það óæskilegt að þm. ákveði sjálfir sín laun. En ég geri greinarmun á því hvort um beinar launagreiðslur er að ræða eða hvort verið er að ræða um það sem hér kemur fram í þessu frv., þ. e. í sambandi við húsnæðiskostnað, dvalarkostnað og ferðakostnað. Mér finnst munur á þessu tvennu: annars vegar beinum launum, launagreiðslum til þm., og hins vegar því sem þeim er borgað til þess að standa straum af dvalarkostnaði, ferðakostnaði eða öðru slíku. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar að það sé heldur óviðkunnanlegt að þm. ákveði sjálfir beinar launagreiðslur til sín og það væri betur komið í höndum t. d. kjaradóms. En að því er varðar hitt málið, þá finnst mér þetta ekki snúast eingöngu um það hvort Alþ. sé að setja ofan við breytingu eða slíkt. Menn verða að vega og meta hvað þeir telja réttast, og a. m. k. þegar ég hef velt þessu fyrir mér, þá hefur það verið sem hvað mest hefur mælt á móti því í mínum huga að gera þessa breytingu varðandi dvalarkostnað, ferðakostnað og annað því um líkt, það er það hvort Alþ. væri ekki að sleppa hendi af afskiptum af málefnum sem geta skipt þinghaldið sem slíkt máli og varðar eðlilegar breytingar á þróun á þinghaldi í framtíðinni. Mér finnst það a. m. k. vera spurning þegar síðast var gerð hvað mest breyting á þessu sem við erum nú að tala um, ekki beinlínis launagreiðslum, heldur t. d. ferðakostnaði í kjördæmi eða

öðru slíku, hvort kjaradómur hefði tekið þá ákvörðun sem tekin var af þfkn. fyrir tveimur árum í sambandi við ferðir í kjördæmi. Mér finnst þetta vera miklu meiri spurning um það hvort Alþ. sjálft er að afsala sér rétti eða víkja sér undan að taka ákvörðun um málefni sem beinlínis varða þinghaldið sjálft, því að ég get ekki betur séð en að á þær greiðslur, sem hér um ræðir, sé litið sem rekstrarkostnað Alþ., en ekki sem launagreiðslur. Og þetta er miklu meiri spurning í mínum huga heldur en hitt, hvort menn séu að hopa undan almenningsáliti eða hvort Alþ. sé að setja ofan við þetta.

Ég er ekki sannfærður um að það sé rétt hjá Alþ. að sleppa hendinni af þessum hlutum. Ég er ekki sannfærður um það. Og það, sem mér finnst a. m. k. vanta í þetta ef menn á annað borð vilja að Alþ. afsali sér þessum hlutum, þá er það í fyrsta lagi það að taka allt með. Í þetta frv. er t. d. ekki tekinn með einn verulegur kostnaður sem alþm. fá nú greiddan, það er símakostnaður. Ef eðlilega ætti að standa að þessu máli og afsala sér þessum rétti, þá ætti auðvitað þessi kostnaður líka að fylgja með í því afsali. En ég veit ekki hvers vegna hv. flm. frv. hafa ekki tekið þennan kostnaðarlið með í sínum till. Og í öðru lagi, ef menn á annað borð vilja að kjaradómur ákvarði þessa hluti, sem ég er ekki á þessu stigi endilega að mæla gegn, en ef menn vilja það á annað borð, þá finnst mér að eigi að gera það hreint og þar með að láta þfkn. hætta öllum afskiptum af málinu. Hún á ekki að vera neinn umsagnaraðili eða tillöguaðili til þeirra sem endanlega ákvarða þetta. Annaðhvort á Alþ. að gera þetta sjálft og eitt eða þá, ef menn vilja breyta til, láta kjaradóm um það algerlega.

En vegna þess sem var rætt hér um þfkn. áðan, þá vil ég taka undir það sem hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason sagði. Að vísu er ég nýliði hér á Alþ., en ég tel mig vita vel að það var fjöldi þm. sem var búinn að vera lengi á þingi þegar ég kom hér til þings sem hafði ekki hugmynd um hvað hann átti að hafa samkv. ákvörðunum þfkn. Og verði þessari aðferð haldið, þá finnst mér að það sé alveg ófrávíkjanleg breyting sem verði að gera að þfkn. birti þær ákvarðanir sem hún tekur, þannig að ekki bara þm. sé um þær kunnugt, heldur og öllum öðrum, því að ég held að þetta eigi ekki að vera neitt leyndarmál. Það er til skaða, ekki bara fyrir Alþ., heldur og alla aðila sem hlut eiga að máli, að leynd hvíli yfir þessu. Það á að vera öllum opið að fá allar upplýsingar um það með hverjum hætti launafyrirkomulagi þm. eins og annarra er fyrir komið. Á hitt verður að minna auðvitað, að hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason eða réttara sagt þingflokkur Alþfl. á fulltrúa í þessari n. og auðvitað gæti hann gert grein fyrir þessu. En það á að gera þetta opinbert, ég er alveg sammála því.

En fyrst verið er að ræða um kjör þm., þá get ég ekki stillt mig um að koma hér inn á einn þátt þess máls vegna þess að ég hef átt í allmiklum örðugleikum með að losa mig við greiðslur, að losna undan því að taka kaup fyrir störf sem ekki eru unnin. Það er svo í lögum um þingfararkaup að þeir aðilar, sem stunda önnur störf ásamt þingmennsku hjá hinu opinbera, eiga rétt á annars vegar 3/10 af launum og hins vegar 3/5 af launum, þ. e. a. s. þeir sem eru í starfi og ekki getað stundað það daglega, fá 3/10, en hinir fá 3/5. Ég var þannig í sveit settur þegar ég varð þess heiðurs aðnjótandi að verða kosinn þm. að ég var í starfi hjá hinu opinbera og var þá flokkaður undir það að ég ætti að halda 3/10 af launum. Nú hef ég ekki komið nálægt þessu starfi í nærri 4 ár, en eigi að síður alltaf á launum fyrir það að þessum hluta. Og það eru slík atriði sem Alþ. á auðvitað að leiðrétta. Það er fráleitt að borga laun þeim þm. sem geta ekki komið nálægt því starfi sem þeir fá borgað fyrir. Nú segja menn auðvitað: Þú gast auðvitað sagt af þér hinu fyrra starfi. — En það er engin lækning. Það á að gilda sama regla fyrir alla og þessu á auðvitað að breyta. En það fylgir sá galli því ef menn segja af sér starfinu, að þá segja þeir sem ráða og úrskurða: Ef þú ekki tekur launin, þá missir þú líka stöðuna. Þ. e. a. s. ef þú hættir að þiggja launin, segir upp starfinu, en óskar að halda launalausu starfi, þá átt þú ekki rétt til þess lengur. Annaðhvort verður þú að vera á þessum launum og halda þar með starfinu eða ef þú tekur ekki launin, þá verður líka tekið af þér starfið. — Þetta finnst mér vera rangt. Það þarf enginn að lýsa fyrir þm. að þeir eru kannske sú stétt manna sem er kannske hvað ótryggust í starfi, og mér finnst að það eigi að gera greinarmun á því annars vegar að menn geti haldið starfi einhvern tiltekinn tíma, en launalausu ef þeir geta ekki sinnt því, en það sé fráleitt að borga mönnum laun fyrir starf sem þeir geta ekki komið nálægt. En um þetta skortir úrskurð og þessu þarf að breyta.

Þá kem ég að því sem líka hefur komið inn í þessar umr.: Eiga þm. að gegna öðrum störfum? Ég er alfarið þeirrar skoðunar að þm. eigi einungis að gegna þingmennsku. Mín reynsla af þingmennsku þau 4 ár, sem ég hef sinnt henni, er sú að ég tel það fullkomið starf ef menn ætla á annað borð að sinna því að einhverju leyti. En þá hlýtur að vakna spurning á móti: Þeir, sem halda því fram að þm. eigi að gegna einhverjum öðrum störfum með þingmennsku, telja þeir það þá réttlætanlegt að þeir haldi fullu þingmannskaupi eða ætlast menn til þess að vera á fullu þingmannskaupi og jafnframt kannske 30% eða 60% kaupi fyrir annað starf? Ef menn fá borgað fullt fyrir þingmannsstarfið, þá eiga þeir auðvitað að sinna því að fullu. Menn geta ekki, að því er ég tel, sinnt svo að í lagi sé meira en því starfi að vera þm. ef á að rækja það. Ef menn eru í fleiru, þá hlýtur það að koma niður á öðru hvoru starfinu sem þeir eru í eða einhverju ef þau eru fleiri en tvö. Þetta er mín skoðun. Það má vel vera að þetta sé breytilegt. Það má t. d. vel vera og mér þykir ekki ólíklegt að t. d. þm. Reykv. séu betur settir að þessu leyti heldur en þm. dreifbýliskjördæma, þannig að það má vel vera að þarna þyrfti einhvern greinarmun að gera á milli. En það, sem ég held að hafi valdið hvað mestu fjaðrafoki hvað varðar launakjör þm., það eru þær óeðlilegu reglur sem gilda um t. d. ferðakostnað eða dvalarkostnað. Og þá snýr dæmið aftur að þm. Reykv. og hér í nágrenninu. Það er óeðlilegt að þm., sem á heima uppi í Breiðholti, fær ekki

aukagreiðslur, en þm., sem á heima í Kópavogi eða Hafnarfirði, fær aukagreiðslur. Þetta er auðvitað óeðlilegt og þessu á að breyta. Og það þarf ekkert annað til þess að breyta þessu heldur en bara einfalda samþykkt þfkn., og þetta ætti auðvitað fyrir löngu að vera búið að gera. Það er þetta sem ég held að fólk horfi hvað mest á og gagnrýni hvað mest, það er ósamræmið í því, hvernig þessum aukagreiðslum er háttað og fyrir komið. (SvH: Hvar eru mörkin?) Menn vita nú hvar þau eru núna, það væri frekar spurning hvar þau eigi að vera? (SvH: Já, ég meinti það.) Þú meintir það, já. Það er svo annað mál, hvar mörkin eiga að vera. Ég á ekki von á því að ég geti sett fram reglu sem allir telji hina einu réttlátu, en ég er a. m. k. ekki það blindur að ég sjái ekki að þetta er ekki réttlát regla eins og nú er, að því er mér finnst.

Ég sem sagt hef kannske ekki tekið allt fram sem ástæða væri til. En niðurstaða mín af þessu er sú að ég er ekki sannfærður um að Alþ. eigi að afsala sér þessum rétti. Ég er samþykkur því að beinar launagreiðslur verði ákveðnar af öðrum aðilum en Alþ. og í reynd er framkvæmdin svo nú ef ég skil rétt. En ég er ekki viss um að það sé rétt af Alþ. að sleppa þessum ákvörðunum úr sinni hendi.

Hitt vil ég segja: Það er alltaf hægt að deila um hvort þm. hafi of mikið kaup eða ekki. En ef t. d. þm. Reykjavíkur eru of illa launaðir, hvað má þá segja um hina? Það held ég að allir geti verið sammála um, að það er margfalt meiri kostnaður hjá þm. dreifbýliskjördæmis heldur en þeim þm. sem eru hér á Reykjavíkursvæðinu. Um þetta geta menn endalaust deilt og er auðvitað sanngjarnt og eðlilegt að menn deili um og ekki síst þá almenningur. Hann veitir þessu athygli eins og öðru sem varðar þm. og á auðvitað að gera það, og þm. þurfa ekkert að kveinka sér undan því þó að um þá sé rætt eða á þá deilt á hvaða sviði sem er. Hitt er höfuðnauðsyn, að engin leynd hvíli yfir einu né neinu að því er varðar launakjör alþm. Það á að vera öllum opið og allir eiga að því greiðan aðgang. Verði það, í hvaða formi sem menn svo vilja setja það fram, þá held ég að muni minnka það aðkast sem þm. telja sig hafa fengið frá hinum ýmsu stéttum. Ég vil ekki nafngreina hér einn eða neinn, ég tel það ekki við eiga, ég tel að það sé öllum heimilt að gagnrýna alþm. eins og hvern annan og ekki síður. En ég hygg sem sagt að það beri til þess brýna nauðsyn að þfkn., meðan engin breyting er gerð, lagfæri þá verstu ágalla sem ég og margir aðrir eru sannfærðir um að eru á þeim reglum sem nú gilda og það sé gert opinbert á hvern hátt þessu er hagað. Það hefur að mínu áliti verið of mikil leynd yfir þessu og leynd sem einungis er til þess fallin að vekja tortryggni og getsakir, getgátur um þessi mál, og það ætti a. m. k. að vera akkur þm. sjálfra að koma í veg fyrir að það haldi áfram. En fyrst og síðast: Það er auðvitað nauðsynlegt og ég vænti þess, hver sem kemur til með í framtíðinni að hafa þessi mál með höndum, að það verði leiðrétt þessi meginvilla sem ég tel vera að borga mönnum ár eftir ár kaup fyrir störf sem þeir geta ekki sinnt. Því tel ég að verði að breyta.

Gunnlaugur Finnsson: Herra forseti. Ég er víst sá eini sem hér er staddur í salnum núna, auk hæstv. forseta, sem á sæti í þfkn. Mér þykir þess vegna eðlilegt að ég komi hér upp vegna þeirra nánast saka sem á þfkn. hafa verið bornar, að hér væri um eitthvert pukurmál að ræða og þm. almennt fengju ekki að vita hvaða ákvarðanir þar væru teknar.

Nú er það að vísu rétt að SF eiga ekki fulltrúa í þfkn., og það kann vel að vera að það sé sök þfkn. ef þeirra flokki hefur ekki verið tilkynnt um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í þfkn. Hitt er svo aftur annað mál, að allir aðrir þingflokkar eiga þar fulltrúa og af hálfu þfkn. hefur verið út frá því gengið að fulltrúi viðkomandi flokks tilkynnti ákvarðanir þfkn. í viðkomandi þingflokki. Ég tel það ekki sök þfkn. í heild ef fulltrúar einstakra flokka hafa annaðhvort ekki mætt á fundum né heldur kynnt sér þær ákvarðanir sem þar voru teknar og þaðan af síður kynnt þær í viðkomandi þingflokki. Þetta vildi ég fyrst og fremst sagt hafa.

Ég ætla ekki að eyða næturtíma í almennar umr. um þetta mál. Ég get tekið undir margt af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði í sambandi við það. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið kynnt, að þfkn. hefur lagt til og óskað eftir því að þeir, sem ekki geta sinnt störfum á neinn hátt árið um kring, þ. e. a. s. kennarar, vegna þess að starfstími þingsins fer saman við starfstíma kennaranna, þeir verði ekki látnir taka laun, en þeir fái að halda stöðuréttindum sínum. Verður hvorki sökuð þfkn. né Alþ. um það ef ekki verður við þeim óskum orðið.

Ég er sammála því að þingið á ekki að sleppa úr höndum sér ákvörðunum um það hvernig Alþ. sjálft greiðir útlagðan kostnað, hvernig það endurgreiðir beinan kostnað sem þm. hafa af þingstörfunum. En ég vil taka undir það að þar sem þessi kostnaður nægir sumum þm. ekki fyrir því sem þeir verða að leggja út, þá verða þessi sömu kjör líka til þess að þetta verður öðrum að fríðindum. En um hitt hefur ekki náðst samkomulag né n. treyst sér til þess að gera upp, hvar eigi að draga mörkin. Það hefur ekki náðst niðurstaða í því. Hitt læt ég mér svo í ákaflega léttu rúmi liggja, þær umr. sem fara hér fram um í hverju virðing Alþ. sé fólgin. Ég held að hún sé ekki fólgin í því hvort Alþ. ákveði sjálft kaup og kjör þm. eða hvort það verða aðrir. Ég held, að virðing Alþ. sé fólgin í allt öðru.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 92. fundur.

Miðvikudaginn 14 maí, kl. 11.55 á miðnætti.

Flugleiðir, frv. (þskj. 616). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, leitar ríkisstj. eftir heimild Alþ. til að veita Flugleiðum hf. ríkisábyrgð, þ. e. a. s. sjálfskuldarábyrgð á lánum að fjárhæð 18.5 millj. bandaríkjadala vegna flug-

vélakaupa og til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins.

Flugleiðir áforma nú að kaupa til landsins tvær flugvélar af gerðinni DC-8-63, sem verið hafa í notkun frá árinu 1970 á flugleiðum félagsins. Um flugvélar þessar hefur gilt kaupleigusamningur þannig að viss hluti verðs vélanna hefur verið greiddur með leigugjaldi. Eins og fram kemur í aths. með frv. var verðmæti þeirra tveggja véla, sem hér um ræðir, áætlað 21 millj. bandaríkjadala við gerð kaupleigusamningsins, en félagið á nú 13.5 millj. dala ógreiddar af því verði til þess að eignast flugvélarnar.

Forráðamenn Flugleiða hf. sneru sér til ríkisstj. í okt. s. l. og greindu henni frá þessum áformum. Jafnframt gerðu þeir ríkisstj. grein fyrir fjárhagslegum erfiðleikum í rekstri fyrirtækisins síðari hluta ársins 1974 og á árinu 1975. Rekstur Flugleiða hf. hefur ekki farið varhluta af þeim erfiðleikum, sem flugfélög víða um heim hafa átt í á undanförnum mánuðum í kjölfar aukins rekstrarkostnaðar, einkum af völdum eldsneytishækkana og almenns efnahagssamdráttar sem víða hefur leitt af sér samdrátt í farþegaflugi.

Vegna erfiðrar rekstrarstöðu tóku Flugleiðir hf. rekstraráform sín fyrir árið 1975 til endurskoðunar á síðari hluta ársins 1974. Þessi endurskoðun leiddi til þess að fækkað var um eina DC-8 flugvél í sumaráætlun 1975 og verða þær nú þrjár í stað fjögurra áður. Þrátt fyrir endurskoðuð rekstraráform ársins 1975 til lækkunar útgjalda taldi félagið að til þess að tryggja reksturinn yfir vetrarmánuðina og á þessu ári þyrfti félagið auk árstíðabundinna lána lán til 5 ára að upphæð 5 millj. bandaríkjadala.

Ríkisstj. tók áðurnefnda málaleitan Flugleiða hf. til skoðunar og kannaði fjárhagsstöðu fyrirtækisins og önnur þau atriði í rekstri þess sem snerta þetta mál. Það var meginniðurstaða ríkisstj. að fyrirgreiðsla ríkisins við útvegun rekstrarfjármagns yrði ekki skilin frá fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum flugvélakaupum félagsins á þessu ári. Með því að nýta ekki kauparéttinn í flugvélunum, sem áður er getið, fyrirgerði félagið þeim möguleika á aukningu á eigin fé sem það hafði þegar greitt í formi leigu á flugvélunum. Það var einnig mat ríkisstj., að áætlanir félagsins um rekstrarfjárþörf væru raunhæfar.

Með hliðsjón af niðurstöðu framangreindrar athugunar ákvað ríkisstj. að leggja fram þetta frv. og óska eftir heimild Alþ. til að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir hinum umbeðnu lánum, annars vegar til flugvélakaupanna og hins vegar til að bæta rekstrarfjárþörf félagsins svo sem áður er lýst. Það vegur þó þyngst um þá ákvörðun ríkisstj. að leggja fram þetta frv. að sú hefur jafnan verið stefna íslenskra stjórnvalda að tryggja yrði forræði íslendinga á samgöngum sínum víða um heiminn. Í samræmi við þessa meginstefnu hefur ríkissjóður komið flugfélögunum til aðstoðar við flugvélakaup og ábyrgð á rekstrarlánum um langt árabil.

Flugsamgöngur sem atvinnuvegur og móttaka erlendra ferðamanna eru í dag þýðingarmikill liður í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Þess má geta að á árinu 1974 var hlutur Flugleiða hf. í reglubundnu farþegaflugi yfir Norður-Atlantshafið um 3%. Félagið flutti hingað um 68 þús. útlenda farþega og um 13 þús. farþegar Flugleiða hf. á leiðinni milli Evrópu og Ameríku höfðu viðkomu í landinu í lengri eða skemmri tíma á árinu 1974. Þessir viðkomufarþegar hefðu varla komið hingað til lands ef þeir hefðu ekki verið farþegar Flugleiða hf. Á árinu 1974 fluttu Flugleiðir hf. samtals yfir 60 þús. farþega til og frá landinu og innanlands, þar af rúmlega 400 þús. farþega í millilandaflugi. Í árslok störfuðu hjá félaginu samtals 1 623 starfsmenn við þennan flugrekstur og skylda starfsemi, þar af 1 167 á Íslandi. Ekkert erlent flugfélag heldur nú uppi reglubundnu farþegaflugi til Íslands á eigin spýtur.

Ég vil taka það fram að ríkisstj. telur rétt, þar sem hér er um óvenjuháa ábyrgðartryggingu að ræða, að setja jafnframt skilyrði fyrir henni um eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, ákvörðunum um rekstur og um að hlutafé í Flugleiðum hf. verði aukið. Um það má deila hver afskipti ríkisvaldið eigi að hafa af rekstri Flugleiða hf. og annarra slíkra fyrirtækja. Ég tel þó að hér sé um svo stórt mál að ræða að ríkisvaldinu sé rétt og skylt að binda ábyrgðarveitingu þeim skilyrðum sem í frv. felast.

Eftir að frv. þetta var flutt í Nd. og fjh.- og viðskn. Nd. tók málið til meðferðar, þá voru á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. beggja d. lagðar fram þær skýrslur og þau gögn sem ríkisstj. hafði undir höndum til að upplýsa þetta mál og veita þm. þær upplýsingar sem hægt var og þeir höfðu óskað eftir. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. kemur fram hvaða skilyrði það eru sem n. telur að ríkisstj. skuli setja Flugleiðum hf. í sambandi við þá ríkisábyrgð sem hér er farið fram á og skal því hér lýst yfir að þau skilyrði, sem þar eru upp tekin, voru að meginstofni til lögð fram í yfirlýsingu frá Flugleiðum til n., en hefur að vísu verið breytt þar. Mun fjmrn., áður en ríkisábyrgðin verður veitt, láta undirrita þá yfirlýsingu og munu aðilar, þ. e. a. s. Flugleiðir, Flugfélagið hf. og Loftleiðir, vera reiðubúnir til að undirrita þá yfirlýsingu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið hér. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Um leið og ég þakka forseta d. og hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir liðlegheit þeirra hér í kvöld, þá vonast ég til þess að þau störf, sem þegar hafa verið unnin af báðum n. þingsins, hafi verið með þeim hætti að þessi hv. d. sjái sér fært að taka þetta mál til endanlegrar afgreiðslu þannig að hægt verði að samþykkja frv. sem lög frá Alþ. áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Þjóðminjalög, frv. (þskj. 492, n. 752). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Ég skal fylgja fordæmi menntmrh., sem mælti fyrir málinu í dag og reyna að vera stuttorður.

Hv. menntmn. þessarar d. hefur tekið málið til afgreiðslu og eins og kemur fram á þskj. 752 er hún sammála um að mæla með samþykkt þess. Þar fylgir og fskj. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, en í frv. felst fjárhagsleg kvöð á sveitarfélögin, þ. e. a. s. 20 kr. á íbúa, til þess að gera kleift að varðveita þær minjar og byggingar sem ástæða þykir til.

Má vera að við Íslendingar höfum vaknað of seint til þess að varðveita okkar byggingar. Okkar elstu byggingar eru að vissu leyti ungar miðað við það sem tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar. En betra er seint en aldrei og þetta er viðurkenning, ef að lögum verður, á nauðsyn þess að frekar verði aðhafst í málinu.

Herra forseti. Ég vitna til þeirrar ræðu, sem hæstv. menntmrh. flutti, og þeirra skýringa, sem fylgja með frv., ásamt með fskj. frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og legg til að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Gatnagerðargjald á Akureyri, frv. (þskj. 722). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Flm. (Jón G. Sólnes): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í samráði við þm. Norðurl. e. í Nd. og að beiðni bæjarstjórnar Akureyrar og er í reynd endurskoðun á lögum nr. 66 frá 1917, um gjöld til holræsa og gangstétta á Akureyri, sbr. lög um breyt. á þeim lögum, nr. 45 frá 1970, og lög nr. 87 frá sama ári.

Bundið slitlag var fyrst sett á götur á Akureyri fyrir u. þ. b. 50 árum. Var fyrst í stað einungis lagt bundið slitlag, malbik, á götur í miðbæ Akureyrar og til suðurs frá miðbænum. Við þetta var látið sitja, enda hvergi verulega betra ástand að þessu leyti á þeim árum. Snemma á síðasta áratug urðu algjör þáttaskil í þessum efnum er bifreiðafjöldi landsmanna fór að vaxa margfalt örar en áður. Um það leyti var gerð 10 ára áætlun um varanlega gatnagerð í Reykjavík, 1963. Voru þá gerðar ráðstafanir til að Akureyri gæti fylgt í kjölfar höfuðborgarinnar og keypt tæki til malbiksframleiðslu og malbikunar árin 1964—1966. Framkvæmdir við varanlega gatnagerð fóru nú mjög vaxandi, en þó hvergi nærri í samræmi við möguleg afköst. Hefur skortur á framkvæmdafé valdið þessu, en þó er Akureyri eitt þeirra sveitarfélaga sem hvað best hafa nýtt þá tekjustofna sem lög heimila og gatnagerðargjöld vegna undirbyggingar gatna hafa verið tekin síðan 1967.

Á undanförnum árum hefur Akureyrarbær látið sitja fyrir að ljúka gerð með bundnu slitlagi á götum í miðbæ, á aðalumferðargötum, á götum við meiri háttar atvinnufyrirtæki, skóla og fjölbýlishús. Eftir er að ljúka gerð á meginhluta aðalíbúðagatna bæjarins. Ljóst er að útilokað er, ekki síst með tilliti til annarra framkvæmda, að ljúka þessu verkefni á þeim tíma sem almenningur getur sætt sig við, með þeim tekjum sem núgildandi tekjustofnakerfi getur gefið. Þess vegna er það að þetta frv. er borið fram, til þess að hægt verði að afla nauðsynlegs fjármagns til að koma svo miklum framkvæmdahraða á þessi mál að hægt verði að verða við almennum óskum bæjarbúa í sambandi við þessar framkvæmdir.

Lagafrv. þetta fjallar einnig um byggingargjald og holræsagjald þar sem rétt þótti að endurskoða lögin um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götur á Akureyri, nr. 87 frá 1970, í heild og færa til nútímahorfs.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til afgreiðslu hv. félmn. deildarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar, frv. (þskj. 141, n. 727, 469, 718). — Frh. 2. umr.

Ragnar Arnalds (frh.): Herra forseti. Eins og ég nefndi í upphafi míns máls eru það einkum tvær hliðar á þessu máli sem þurfa athugunar við. Í fyrsta lagi til hvers fénu verði varið og í öðru lagi hvernig fjárins er aflað. Ég hafði rætt allítarlega um það sem þyrfti að hafa forgang í vegagerð hér á Íslandi og mun víkja nánar að því á eftir, en vil nú víkja að þeim þætti málsins sem snertir fjármögnunina og hina fyrirhuguðu útgáfu happdrættisskuldabréfa.

Ég vil þá byrja á því að kynna hér umsagnir sem bárust um frv., en þar var um að ræða að bankastjórn og bankaráð Búnaðarbankans, Landsbankans og Útvegsbankans sendu sameiginlega umsögn um frv., sem er harla óvenjulegt í þingstörfum, en átti sér stað í þessu tilviki vegna þess að viðkomandi aðilar töldu málið vera það brýnt. Mun ég nú lesa umsögnina:

„Á undanförnum 10 árum hefur ríkissjóður árlega selt almenningi verðtryggð spariskírteini og hefur þessi sala verið mjög aukin á undanförnum árum. Þá var einnig hafin sala verðtryggðra happdrættisskuldabréfa vegna vegagerðar á Skeiðarársandi. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er ráð fyrir því gert að sala verðtryggðra skuldabréfa verði enn stórlega aukin og heimiluð útgáfa slíkra bréfa vegna vegagerðar um allt að 2 000 millj. kr. á næstu 4 árum.

Þegar sala skuldabréfa er aukin er að sjálfsögðu ekki unnt að gera ráð fyrir að sparnaður aukist að sama skapi. Meginhluti andvirðis bréfanna kemur frá tilfærslu eldri sparnaðar, þ. e. menn taka innistæður úr sparisjóðsbókum og öðrum bankainnistæðum og verja þeim til kaupa á bréfunum. Að einhverju leyti stafa fjármunirnir einnig frá tekjum ársins, sem varið er í þessu skyni. En það má jafnframt gera ráð fyrir að sá sparnaður hefði hvort eð er komið fram í öðrum myndum og þá fyrst og fremst sem aukning bankainnstæðna. Það er því fullvíst

að aukin sala skuldabréfa muni að yfirgnæfandi hluta ganga út yfir aðra myndun sparnaðar og þá fyrst og fremst bankainnistæður.

Í þessu sambandi er einnig vert að benda á um hversu háar upphæðir er að ræða. Árleg útgáfa verðbréfa samkv. frv. er 500 millj. kr., sbr. að aukning spariinnlána í öllum viðskiptabönkum er 5 200 millj. kr. á árinu 1974. Nú greiða bankarnir 22% af innlánsaukningu sem bindifé til Seðlabankans og lána Framkvæmdasjóði 10% samkv. samningum. Þeir hafa því ekki nema 68% af innlánaaukningunni til ráðstöfunar eða um 3 500 millj. kr. Hin fyrirhugaða árlega verðbréfaútgáfa samkv. frv. er 14% þessarar upphæðar og kemur hún að sjálfsögðu til viðbótar sölu spariskírteina og happdrættisverðbréfa vegna framkvæmda á Skeiðarársandi. Horfur eru á því að verði þetta frv. samþ. muni heildarútgáfa verðtryggðra skuldabréfa á árinu 1975 geta numið yfir 1 600 millj. kr. sem samkv. ofansögðu er nærri því helmingur af þeirri aukningu spariinnlána sem bankarnir höfðu til ráðstöfunar á árinu 1974.

Þegar um sölu verðtryggðra skuldabréfa er að ræða standa bankarnir illa að vígi í samkeppni um sparifé þar sem þeim er ekki heimilt að bjóða viðskiptavinum sínum hliðstæð kjör. Eina tæki bankanna í slíkri samkeppni eru vextirnir. Má því gera ráð fyrir að aukin sala verðtryggðra skuldabréfa leiði m. a. til þess að halda verði hærri vöxtum en ella hefði verið ástæða til.

Hlutverk bankanna í miðlun sparifjár er alkunnugt. Rekstrarfé fyrirtækja í öllum greinum kemur frá bönkunum að öðru leyti en því sem það myndast innan fyrirtækjanna sjálfra. Þar að auki miðla bankarnir miklu fé til fjárfestingarfyrirtækja, einkum á byggingartíma áður en lán fæst úr fjárfestingarlánasjóðum. Það, sem til opinberra framkvæmda og starfsemi fjárfestingarsjóða er varið, kemur frá bönkunum með reglubundnu framlagi þeirra til Framkvæmdasjóðs ríkisins, sem um mörg undanfarin ár hefur numið 10% af aukningu innistæðna. Þá sjá bankarnir sveitarfélögum fyrir árstíðabundnu rekstrarfé og styðja þau til margs konar framkvæmda. Síðast en ekki síst lána bankarnir hluta af ráðstöfunarfé sínu til almennings vegna íbúðabygginga og margs konar persónulegra þarfa.

Á árinu 1974 námu lán til atvinnulífsins 81% af heildarútlánum viðskiptabankanna, lán til almennings 13% og til sveitarfélaga og annarra opinberra aðila 6%. Eru þá ekki talin með samningsbundin lán til Framkvæmdasjóðs.

Verði sala verðtryggðra skuldabréfa aukin hlýtur það að rýra getu bankanna til að sjá fyrir þeim þörfum sem að framan hefur verið gerð nokkur grein fyrir. Þar að auki stendur svo á að á þessu ári og á næstu tveimur árum munu sumir bankanna þurfa að endurgreiða Seðlabankanum háar upphæðir sem þeir fengu að láni frá honum á s. l. ári þegar hröð aukning verðbólgu skyndilega jók þörf rekstrarfjár í atvinnulífinu, en dró jafnframt úr aukningu sparifjár. Bankarnir munu því á næstunni eiga mjög örðugt með að sinna eðlilegri eftirspurn eftir lánsfé og sérhver dráttur í myndun bankainnistæðna mun því skipta enn meira máli en við aðrar aðstæður. Það, sem um er að ræða við afgreiðslu áðurnefnds frv., er því blátt áfram hvort Alþ. kýs að stórauka vegaframkvæmdir á kostnað starfsemi atvinnuveganna og þarfa almennings sem sinnt hefur verið með aðstoð bankanna. Eins og ævinlega verður í þessu efni að velja og hafna.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið sagt, vilja bankastjórnir neðangreindra banka hvetja til ítrustu varfærni í öllum ákvörðunum um sölu skuldabréfa og í veitingu heimilda til slíkrar sölu. Þeirrar varfærni er vissulega ætíð þörf, en þó aldrei frekar en nú.

Virðingarfyllst,
f. h. bankastjórnar Búnaðarbanka Íslands,
Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.
Jónas Haralz. Jóhannes Elíasson.
Stefán Hilmarsson.“

Líklega er það ekki algengt að bankastjórnir þriggja voldugra ríkisstofnana sendi Alþ. bréf og hafi uppi mjög eindregin tilmæli í ákveðna átt sem ekkert tillit er síðan tekið til við afgreiðslu málsins og erindið jafnvel tæplega kynnt í þinginu. Það mun ekki oft sem slíkt gerist. En það er einmitt það sem hefði gerst hér ef ég hefði ekki kynnt þetta bréf hér.

Ég vil snúa mér að öðru bréfi sem n. barst, en það er frá bankastjórn og bankaráði Iðnaðarbankans og fjallar um sama mál, en bankastjórn og bankaráð Iðnaðarbankans óska eftir því að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við Alþ.:

„1. Með frv. þessu er stefnt að stórauknum lántökum ríkisins hjá almenningi með því að bjóða lánskjör sem öðrum er ekki unnt að keppa við. Gera verður ráð fyrir, meðan annað ekki sannast, að slíkar lántökur auki ekki á sparnað landsmanna. Það fé, sem almenningur notar til kaupa á slíkum verðtryggðum bréfum til ríkissjóðs, er því tekið af öðrum sparnaðarformum og þá fyrst og fremst innistæðum í bankakerfinu. Langmestur hluti þeirra fer til fjármögnunar atvinnulífsins og er því með skuldabréfaútgáfu ríksins verið að færa lánsfé frá atvinnulífinu til opinberra framkvæmda. Miklar lántökur ríkisins hjá almenningi geta því raskað stórlega fjármagnsmarkaðnum í landinu.

2. Engar áætlanir eru til um arðsemi þeirrar vegagerðar sem hér um ræðir. Almennt séð eru vegabætur taldar arðvænleg fjárfesting, en nauðsynlegt er að skipta vegakerfinu eins og öðrum opinberum framkvæmdum í álags- eða notkunarsvæði og miða framkvæmdir við arðsemi hvers svæðis.

3. Það er að voru mati mjög varhugavert að leggja jafnmikla greiðslubyrði á ríkissjóð á jafnfáum árum og hér um ræðir. Nauðsynlegt er að dreifa greiðslum vegna svo mikilla framkvæmda á miklu fleiri ár.

4. Vér erum andvígir þeirri stefnu að Alþ. ákveði skattlagningu á skattgreiðendur framtíðarinnar án þess að nokkur viti hve mikil hún verður.

5. Eins og fram hefur komið leggjum vér ekki dóm á skynsemi þeirra framkvæmda sem lagt er til að ráðist verði í, enda eru upplýsingar um kostnað og arðsemi ekki til. Hins vegar erum

vér mjög andvígir þeirri fjármögnunaraðferð sem lögð er til í frv. og leyfum oss því að mæla eindregið gegn samþykkt frv. í þessari mynd.“

Ég vil gera þá aths. við það bréf, sem ég hef hér lesið frá stjórn Iðnaðarbankans, að þarna er haldið fram mjög líkum röksemdum og ég hafði gert við 1. umr. þessa máls. Bankastjórnin hefur ekki neitt við það að athuga að meira fjármagni sé varið til vegagerðar en ella yrði ef frv. yrði ekki samþ., en leggur áherslu á það að mestu máli skiptir um hvaða verkefni yrði þarna að ræða, og það er einmitt það sem ég hef lagt þunga áherslu á.

Í öðru lagi leggur stjórn Iðnaðarbanka Íslands og bankaráð þunga áherslu á það, sem ég hafði einmitt rætt við 1. umr. málsins, að verið væri að leggja þunga byrði á skattgreiðendur framtíðarinnar án þess að nokkur viti hve mikil þessi byrði yrði. Og í þriðja lagi er verið að benda á það að ríkissjóður getur tæplega valið sér fjármögnunaraðferð sem verður honum jafnþungbær og einmitt þessi fjármögnunaraðferð. Í fjórða lagi er svo lögð áhersla á það sama og hinar bankastjórnirnar höfðu gert í bréfi sínu, þ. e. a. s. að með þessu sé verið að draga verulega úr því fjármagni sem bankarnir hafa til útlána til annarra þarfa og verði því að sjálfsögðu að meta þá fjárfestingu, sem hér sé verið að ráðast í, með hliðsjón af því sem dregst saman við það að bankarnir hafa ekki eins mikið fjármagn til útlána.

Ég sný mér þá að umsögn Seðlabanka Íslands, en sú umsögn er einan jákvæðust af þeim umsögnum sem bárust um frv. Ég sleppi hér upphafsorðum bréfsins, en Seðlabanki Íslands segir um þetta efni:

„Fjármögnun opinberra framkvæmda með visitölutryggðum lánsútboðum innanlands hefur færst í aukana á undanförnum árum. Sala slíkra verðtryggðra skuldabréfa hefur almennt gengið vel, enda hefur verið um takmarkaðar upphæðir að ræða. Þó er þegar fengin reynsla af því að þessi markaður er háður miklum sveiflum eftir almennu efnahagsástandi. Á þenslutímum, þegar mikill uppgangur er innanlands í atvinnulífi og íbúðabyggingum, virðast önnur fjárfestingartækifæri keppa mjög bæði við happdrættisbréf og spariskírteini og sala þeirra gengur því treglegar en ætla mætti. Einnig virðist mikill almennur samdráttur hafa óhagstæð áhrif á sölu.

Nú fyrst í ár er svo komið að endurgreiða verður samtals rúmlega 700 millj. kr. af spariskírteinum sem fallin eru endanlega í gjalddaga. Ætlun stjórnvalda er að endurfjármagna þessa endurgreiðslu með útgáfu nýrra spariskírteina, en ekki er útlit fyrir að nema þriðjungur endurgreiðslufjárins verði festur í nýjum skírteinum þótt slíkt standi nú til boða. Þó má vel búast við að á næstu árum muni endurgreiðslur spariskírteina vega að talsverðu leyti upp á móti útgáfu nýrra spariskírteina happdrættisbréfa. Þó er ekki svo árið 1976, en þá fellur engin útgáfa endanlega í gjalddaga.

Af framangreindu má sjá að ekki er hægt að slá því föstu að hægt verði að selja happdrættisskuldabréf fyrir 2 milljarða kr. á næstu 4 árum, enda mundi sú upphæð koma til viðbótar við fyrirhugaða útgáfu ríkissjóðs á spariskírteinum til alls konar framkvæmda. Er því ráðlegra að setja ekki nein tímamörk á útgáfu happdrættisbréfa vegna Norður- og Austurvegar, en í stað þess verði útgáfa bréfanna ákveðin árlega í sambandi við frágang framkvæmda- og fjáröflunaráætlana þannig að hún falli jafnan inn í heildaráætlanir um framkvæmdir á vegum ríkisins.“

Ég vil gera þá athugasemd nú þegar í sambandi við það, sem ég nú las seinast í bréfi Seðlabankans, að hann kemur hér fram með ákveðna tilhögun, ákveðna brtt. við frv., og óskar eftir því að orðalagi sé þar hagað á annan veg. En það er að sjálfsögðu alveg eins með þessa ábendingu utanaðkomandi aðila eins og allar aðrar að það er ekkert mark á þeim tekið. Þær eru hvorki teknar til umr. innan n. né eru þær kynntar af þeim sem hafa framsögu fyrir málinu hér við 2. umr. málsins. Hefur vist áreiðanlega einhvern tíma fyrr verið tekið svolítið meira mark á stjórnendum Seðlabankans heldur en gert er í þetta sinn.

Ég held svo áfram lestri bréfs Seðlabanka Íslands:

„Varðandi þá stefnu umrædds frv. að marka ákveðinni framkvæmd tiltekna verðbréfaútgáfu teljum við reynsluna hafa sýnt að hagur sé að því í sölustarfi að um sé að ræða framkvæmd sem nýtur almenns stuðnings og vinsælda, sbr. bréf vort til fjh.- og viðskn. Nd. dags. 1. febr. 1974. Til viðbótar viljum við þó benda á að um það verður aldrei sagt með vissu að hve miklum hluta útgáfa happdrættisbréfa hvetur til nýs sparnaðar og að hve miklum hluta sé um tilfærslu sparnaðar að ræða frá öðrum formum, svo sem sparifé í bönkum og spariskírteinum. Hver sem niðurstaðan verður keppir þessi fjáröflunarstöfun beint eða óbeint við aðrar framkvæmdir sem Alþ. kann að bera fyrir brjósti og verður því að meta hvort slíkur forgangur er réttlætanlegur. Um þetta atriði er ekki ætlunin að fjalla í þessari umsögn, en þó er augljóst að endurbætur einstakra kafla hringvegarins eru mismunandi mikilvægar sé hreint arðsemismat lagt til grundvallar. Einnig eru vitanlega til ýmsir vegakaflar utan hans þar sem endurbætur mundu gefa jafnmikinn arð.

Til svara við sérstökum spurningum yðar fylgja hér með 6 töflur sem sýna útgáfu og núvirði spariskírteina og happdrættisskuldabréfa. Tafla 1 svarar spurningum 1 og 2, tafla 2 vísar til 3. spurningar, töflur 3 og 4 vísa til spurningar 4a og töflur 5 og 6 til spurningar 4b.“

Gallinn er að sjálfsögðu sá að hér eru spurningarnar ekki tilgreindar. En ég held áfram lestri bréfsins:

„Að öðru leyti viljum við taka eftirfarandi fram um samanburð þann sem gerður er í þessum útreikningum:

Í fyrsta lagi er það hæpið að bera saman lántökur með spariskírteinum og happdrættisskuldabréfum innanlands annars vegar og erlendar lántökur hins vegar. Kemur þar til að vextir erlendis eru mjög mismunandi, enda hefur umræddur samanburður verið gerður þannig að erlendar lántökur eru reiknaðar á þeim vöxtum sem ríkissjóður hefur almennt orðið að greiða fyrir erlendar lántökur sínar. Þá er þess og að geta að erlent lánsfé er aðeins fyrir hendi í

takmörkuðum mæli. Þá gefur það ekki heldur rétta mynd að nota eingöngu stofngengi dollars til erlends samanburðar þar eð lán í dollurum er ekki nema takmarkaður hluti af heildarlántökum erlendis. Lán í öðrum myntum, svo sem þýskum mörkum eða svissneskum frönkum, eru einnig algeng, en gengi þessara mynta gagnvart ísl. kr. hefur breyst mun meira en gengi dollarsins. Því hefur í töflu 3 verið reiknað með tvenns konar gengisstuðlum, þ. e. miðað við dollar annars vegar og við vegið gengismeðaltal hins vegar.

Í öðru lagi ber að benda á að þótt nafnvextir af fyrstu spariskírteinunum kunni nú að sýnast háir, þá reyndust þeir vart nógu háir í fyrstu til að bréfin seldust. Því teljum við rangt að álykta að umrætt lánsfé hefði getað fengist með öðrum og betri kjörum þá. Það tók langan tíma að vinna þessu sparnaðarformi markað, en eftir því sem spariskírteini urðu kunnari og útbreiddari hafa vextir verið lækkaðir. Í nýjustu útgáfu bréfanna, sem nú er að fara á markað, eru vextir lækkaðir enn eða úr 5% niður í 4%.

Virðingarfyllst,
Seðlabanki Íslands,
Jóhannes Nordal. Davíð Ólafsson."

Ég hef talið sjálfsagt að kynna hér bréf Seðlabanka Íslands en þótt því fari víðs fjarri að ég sé að öllu leyti sammála þeim sjónarmiðum sem þar koma fram. Ég bendi hins vegar á að margt, sem kemur fram í bréfi Seðlabanka Íslands, er athugunarvert og það er síður en svo að umsögnin sé eingöngu jákvæð, heldur koma þar fram ýmsar ábendingar sem því miður hefur ekkert tillit verið tekið til við afgreiðslu þessa máls.

Ég vil hins vegar benda á það jafnframt að þó að ég beri hina dýpstu virðingu fyrir bankastjórum Seðlabankans, þá geri ég mér nú grein fyrir því eins og allir aðrir, að faðirinn er alltaf dálítið veikur fyrir afkvæmi sínu og í þessu tilviki vill svo til að það eru einmitt bankastjórar Seðlabankans sem staðið hafa að útgáfu spariskírteina, verðtryggðra spariskírteina, um mjög langt skeið og bera því fáir jafnmikla ábyrgð á þessari gegndarlausu útgáfu spariskírteina og happdrættisskuldabréfa eins og einmitt þeir. Það þarf því sem sagt engan að undra þótt nokkuð annað hljóð sé í þeim, sem rita bréf til Alþ. frá Seðlabanka Íslands, en þeim sem rita bréf frá viðskiptabönkunum.

Ég er sammála þeim ábendingum sem fram koma hér um að ekki sé einfalt mál að bera saman gengislán annars vegar og verðtryggð lán hins vegar vegna ýmissa vankanta sem þar kunna að vera á. En ég vil þó benda á að þetta er hægt að gera og er mjög eðlilegt að það sé þá miðað við einhverja fasta mynteiningu og vegna þess að á alþjóðlegum peningamarkaði hefur einmitt verið mikið um dollaralán, þá er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að miða við þau lán og er þá hægt að fá nokkurn samanburð á því hversu miklu hagstæðari slík lán væru eða hefðu verið en vísitölulánin hafa reynst.

Ég verð að viðurkenna það að ég treysti mér ekki til að gera hv. d. grein fyrir þeim töflum, þeim margháttuðu og viðamiklu töflum, sem Alþ. hafa borist frá Seðlabankanum, enda yrði ég í alla nótt að lesa þessar töflur ef ég ætti nú að byrja á því og að sjálfsögðu aldrei ætlun mín að tefja tíma hv. dm. um of. En ég vil leyfa mér hins vegar að segja hv. d. frá því í stuttu máli hver er meginniðurstaðan af þeim töflum, sem við höfum fengið í hendur, og þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá starfsmönnum Seðlabankans.

Ef við viljum bera saman þrjár fjármögnunarleiðir, þ. e. a. s. í fyrsta lagi spariskírteini, í öðru lagi venjulegt bankalán og í þriðja lagi venjulegt erlent dollaralán, þá getum við tekið 3 dæmi og hugsum okkur í öllum tilvikum að lán hafi verið tekið árið 1964. Á árinu 1964 voru gefin út spariskírteini sem á að greiða á næsta ári, á árinu 1976, og þau voru að nafnverði 53 millj. kr. Ef þessar 53 millj. kr. hefðu verið teknar að láni beint úr bankakerfi ríkisins og reiknað væri með meðalvöxtum 10% ætti ríkissjóður nú að endurgreiða lánið með 137½ millj. kr. Þetta er sem sagt niðurstaðan af þeirri spurningu sem fjh.- og viðskn. lagði fyrir starfsmenn Seðlabankans. Niðurstaðan er sem sagt sú að endurgreiðslan hafi vaxið 2.6 sinnum frá því að upphaflega lánið var tekið. Ef lánið hefði hins vegar verið tekið erlendis og það hefði verið miðað við dollar og reiknað væri með þeim vöxtum sem þá tíðkuðust á lánum til íslenska ríkisins — það eru að sjálfsögðu einu vextir þess sem eðlilegt er að miða við og ég sé ekki að það sé í sjálfu sér neitt vandamál að verja þá viðmiðunartölu, en þá voru vextir á erlendum lánum 5% — þá næmi endurgreiðslan, þegar að henni kemur, 237.4 millj. kr. Niðurstaðan er sem sagt sú hvað þessa lánategund snertir að endurgreiðslan væri 5.5-föld á við upphaflega lánið, þ. e. a. s. að lánið væri líðlega tvöfalt óhagkvæmara en innlent bankalán með venjulegum vöxtum, jafnvel þótt innlendu vextirnir hefðu verið allmiklu hærri eða tvöfalt hærri en erlendu vextirnir. En þetta liggur að sjálfsögðu í þeim gengisfellingum sem átt hafa sér stað í millitíðinni.

Mér er kunnugt um það að gengistryggð lán hafa verið með afbrigðum óvinsæl hér á landi um langt skeið og er það í sjálfu sér ekkert furðulegt þegar menn hafa gjarnan átt kost á helmingi hagstæðari lánum en gengistryggð lán eru. En ef þessi lán eru hins vegar borin saman við verðtryggðu lánin munu menn fljótt sjá að þar er um stórkostlegan mun að ræða. Á árinu 1964 valdi ríkissjóður sér nýja leið til fjáröflunar sem var reynd í fyrsta sinn þá, að verðtryggja skuldabréfin. Hann þarf nú að greiða 700.9 millj. kr. fyrir þessar 53 millj. Endurgreiðslan er sem sagt 13.2 sinnum hærri en upphaflega lánið. Þetta er sá samanburður sem fram kemur í bréfi Seðlabankans, að vísu í miklu ítarlegra og flóknara máli en ég hef hér dregið saman í meginstaðreyndir. Og það kemur sem sagt fram að miðað við bankalán, innlend bankalán, þá er gengistryggða lánið líðlega tvöfalt óhagstæðara en verðtryggða lánið. Það er hvorki meira né minna en 5 sinnum óhagstæðara en innlenda bankalánið.

Það þarf ekki að segja neinum það, að þegar kemur að endurgreiðslu þessara verðtryggðu

lána, þá verður að afla fjár til þeirra með sköttum. Það þarf því ekki að útskýra það fyrir neinum að þegar þau falla í gjalddaga, þá leggst mjög þung greiðslubyrði á ríkissjóð.

Í upplýsingum Seðlabankans kemur einnig fram hvað raunvextir eru á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs og í þeim upplýsingum kemur glött fram að um er að ræða 28—67% raunvexti á því 12 ára tímabili sem liðið er frá því að spariskírteinin voru gefin út árið 1964. Þeir hafa sem sagt verið lægstir 28%, en eru hæstir á þessu ári, 67% samkv. útreikningum Seðlabankans. Oft hefur verið rætt um okurvexti í þessu þjóðfélagi, en mér er til efs að nokkru sinni hafi nokkur íslenskur okrari lánað fé með jafnofboðslegum vöxtum og þeim sem ríkissjóður er tilneyddur að greiða fyrir þau spariskírteinalán sem hann hefur tekið á undanförnum árum og falla á verðbréfaskuldir ríkissjóðs á þessu ári.

Ég vil þá snúa mér að umsögn Þjóðhagsstofnunar, en Þjóðhagsstofnun sendi einnig umsögn um málið og ræddi þar um hvort tveggja, annars vegar sjálfar framkvæmdirnar, gerð Norðurvegar, og hins vegar þá sérstöku till. um fjármögnun sem frv. felur í sér. Í grg. Þjóðhagsstofnunar segir m. a.:

„Undanfarin ár hafa ýmsar athuganir verið gerðar á gildi vegaframkvæmda í landinu, einkum á vegum Efnahagsstofnunar, áætlanadeildar Framkvæmdastofunar ríkisins og Vegagerðarinnar. Á leiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur hafa athuganir verið gerðar á Hvalfjarðarleið, vegi og brú yfir Borgarfjörð og í sambandi við samgönguáætlun Norðurlands á leiðinni frá Bifröst í Borgarfirði til Akureyrar. Í ljós hefur komið að framkvæmdir við vegakafla þá, sem athugaðir hafa verið, hafa reynst fullnægja lágmarksarðsemiskröfum, þ. e. að samfélagslegur ávinningur, sem með þeim fengist, svari til a. m. k. 10% vaxta af stofnkostnaði miðað við framkvæmd 1973, auk þess að nægja fyrir afskriftum sem miðast við 30 ár. Framkvæmdir fyrir allmarga þessa vegakafla virðast jafnvel munu skila 15—25% vöxtum af stofnkostnaði og er arðsemi nokkurra vegakafla á Norðurlandi mest, svo sem á Öxnadalsheiði, í Hrútafirði og á Hrútafjarðarhálsi. Hins vegar eru allmargir vegakaflar annars staðar á aðalvegakerfi Norðurlands þar sem framkvæmdir væru jafnarðbærar eða arðbærari en á miklum hluta vegarins milli Akureyrar og Reykjavíkur."

Ég staðnæmist sem sagt við þessar upplýsingar sérstaklega vegna þess að hér er á það bent að alls ekki sé það sjálfgert mál að vegurinn milli Reykjavíkur og Akureyrar sé endilega arðbærasta vegaframkvæmdin sem hægt sé að ráðast í á Norðurlandi um þessar mundir. Hér er beinlínis bent á það að fyrir utan nokkra heiðakafla, — ég veg athygli á því að það eru einkum heiðakaflar sem Þjóðhagsstofnunin leggur sérstaka áherslu á, ekki þeir vegaspottar sem hæstv. samgrh. og hæstv. 1. flm. frv., Eyjólfur K. Jónsson, hafa lagt þunga áherslu á að yrði ráðist í, heldur eru það heiðakaflarnir sem Þjóðhagsstofnunin leggur sérstaka áherslu á, en að öðru leyti segir hún að á miklum hluta vegarins séu framkvæmdir arðminni en vera mundi á öðrum hlutum aðalvegakerfis Norðurlands. Þar er að sjálfsögðu átt við það að tengibrautirnar, sem tengja Norðurveg við helstu þéttbýlisstaðina, séu enn mikilvægari en Norðurvegurinn sjálfur.

Einnig segir í bréfi Þjóðhagsstofnunar:

„Á veginum milli Reykjavíkur og Egilsstaða um Suðurland hafa jafnframt verið gerðar talsverðar athuganir, en gera má ráð fyrir að opnun Skeiðarársandsvegar hafi breytt niðurstöðum athugana þessara talsvert. Því er þeim vart að treysta lengur. Hins vegar virðist sýnt að hið sama yrði þar upp á teningnum og á Norðurlandi, þ. e. að framkvæmdir við allmarga vegakafla annars staðar í aðalvegakerfi Suðurlands en á Austurvegi reyndust arðbærari en á miklum hluta þessa vegar. Hið sama á eflaust við um vegi í öðrum landshlutum."

Hér er aftur það sama uppi á teningnum, að sú stofnun, sem mest hefur rannsakað og mest hefur kynnt sér þessi mál, bendir hv. alþm. á að það sé kannske ekki svo einfalt mál að slá því föstu að alla áherslu eigi að leggja á einhvern tiltekinn veg, heldur kunni að vera að með því að leggja áherslu á þennan veg einn sé verið að sniðganga aðra vegi í sömu landshlutum sem séu í reynd miklu þýðingarmeiri. En þessar ábendingar, sem byggðar eru á vísindalegum útreikningum starfsmanna Framkvæmdastofnunar á undanförnum árum, eru að sjálfsögðu sniðgengnar og hefðu ekki komið hér fram ef ég hefði ekki tekið að mér það hlutverk að kynna þessi gögn hér. Og ég vil enn undirstrika að þetta er að sjálfsögðu hið mesta hneyksli hvernig Alþ. ætlar sér að afgreiða þetta mál. — En ég held áfram með lestur ábendinga Þjóðhagsstofnunar í þessu sambandi:

„Rétt er að benda á að frumathuganir gefa til kynna að lagning bundins slitlags sé arðbær á ýmsum vegaköflum á Norðurlandi og Suðurlandi, bæði utan þeirra vega, sem hér eru nefndir, Norðurvegar og Austurvegar, og á þeim vegum. Virðist því skynsamlegt að við ákvörðun um vegalagningu sem þessa verði tekin afstaða til lagningar bundins slitlags svo að komist verði hjá tvíverknaði eða að nokkru tvöföldum kostnaði við lagningu slitlags."

Ég vil sem sagt undirstrika það hér að þessi orð ber ekki endilega að túlka svo að Þjóðhagsstofnun leggi áherslu á að hafin verði lagning bundins slitlags í stórum stíl nú þegar, heldur er fyrst og fremst verið að benda á það að við ákvörðun vegastæðis og við gerð góðs upphækkaðs malarvegar sé vitað fyrir fram hvort um verði að ræða slitlag á þessum vegi að skömmum tíma liðnum eða ekki. Og ég held áfram í bréfinu frá Þjóðhagsstofnun, en þar segir:

„Þá ályktun virðist helst mega draga af þessum athugunum að eins og vegakerfi okkar er nú háttað geti ekki talist skynsamlegt að ákveða mjög löngum samfelldum vegaköflum forgang í heild, heldur velja fyrst arðgæfustu vegakaflana hvar sem þá er að finna á landinu."

Þetta er sem sagt mjög eindregin ábending um að samþykkt þessa frv. óbreytts sé ekki ýkjaskynsamleg frá vísindalegu og fjárhagslegu sjónarmiði. En það er enn með þessa aths. eins og aðrar, sem fram hafa komið, að þeim er lítið

sinnt og þær hefur átt að fela við afgreiðslu þessa máls. — Í grg. Þjóðhagsstofnunar segir enn fremur:

„Frv. gerir ráð fyrir að framkvæmdir við gerð Norður- og Austurvegar verði fjármagnaðar með lánsfé sem fáist með útgáfu happdrættisskuldabréfa að upphæð allt að 2000 millj. kr. og er þetta önnur megintill. frv. Þjóðhagsstofnun lítur svo á að á fjármögnunartill. frv. séu nokkrir annmarkar. Í fyrsta lagi þarf að athuga að útgáfa happdrættisskuldabréfa verður ekki skilin frá öðrum lántökum innanlands. Þannig er ljóst að möguleikar ríkissjóðs til lántöku innanlands með útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa til almennings eru takmarkaðir á hverjum tíma hvort sem um er að ræða verðtryggð spariskírteini eða happdrættisskuldabréf. Ljóst er að hér skiptir heildarútboð ríkisskuldabréfa meginmáli, en ekki útboð hverrar tegundar ríkisskuldabréfa, þ. e. á hverjum tíma er aðeins unnt að selja ríkisskuldabréf fyrir takmarkaða upphæð og skiptir þá sennilega minna máli hvort báðar tegundirnar eða einungis önnur þeirra er í boði. Hér á landi er þegar fengin af því reynsla að sala happdrættisskuldabréfa á fyrst og fremst í samkeppni við sölu hinna verðtryggðu spariskírteina ríkissjóðs, þannig að aukning á sölu happdrættisskuldabréfa getur falið í sér samdrátt eða takmörkun á sölu spariskírteina og öfugt. M. a. virðist þetta hafa komið allgreinilega fram við útboð happdrættisskuldabréfa vegna Skeiðarársandsvegar. Sú fullyrðing, sem fram er sett í grg. frv., að „fjáröflun með þessum hætti til meiri háttar vegaframkvæmda gerir það að verkum, að meira fjármagn verði til annarra aðkallandi framkvæmda í vegamálum," virðist því fremur hæpin, ekki síst þegar um er að ræða fjáröflun til almennrar vegagerðar í mörgum landshlutum án þess að hún tengist einstökum sögulegum áfanga í vegagerð eða ákveðnu héraði, ólíkt því sem var um Skeiðarárbrúargerðina og hringvegarhugmyndina. Samþykkt fjármögnunartill. frv. hefði þannig fremur í för með sér talsverða takmörkun á möguleikum ríkissjóðs til lántöku á innlendum markaði til annarra þarfa. Með fjáröflunartill. frv. er enn fremur gert ráð fyrir að verulegum hluta þess heildarlánsfjár, sem unnt er að afla á almennum lánsfjármarkaði innanlands, sé ráðstafað fram í tímann. Í þessu felst hvort tveggja: binding stórrar sneiðar lánsfjáröflunar ríkissjóðs við ákveðna framkvæmd og ákveðið form fjárskuldbindingar fram í tímann.

Sé fyrst hugað að fjárhæðinni er lagt til í frv. að aflað verði með útgáfu happdrættisskuldabréfa 500 millj. kr. til jafnaðar á ári næstu 4 árin. Heildarútboð og sala ríkisskuldabréfa, þ. e. bæði happdrættisskuldabréfa og spariskírteina, nam 880 millj. kr. á árinu 1974, en hafði numið 580 millj. kr. 1973 og 460 millj. 1972. Í fjárl. fyrir árið 1975 hefur þegar verið gert ráð fyrir 180 millj. kr. útgáfu happdrættisskuldabréfa vegna Skeiðarársandsvegar og Djúpvegar, 600 millj. kr. annarri innlendri verðbréfaútgáfu, svo og um 1070 millj. kr. innlendri lántöku vegna vegamála og orkumála."

Ég skýt því hér inn í upplýsingar Þjóðhagsstofnunar að allar hafa þessar upphæðir hækkað allverulega síðan Þjóðhagsstofun ritar bréf sitt og m. a. hafa verið teknar inn í nýsamþ. frv. hér í þinginu einar 500 millj. kr. sem ætlaðar eru til vegagerðar og búið er að úthluta í till. til breyt. á þáltill. um vegáætlun sem lögð hefur verið fram hér í þinginu, þannig að þótt ég hafi nú ekki töluna sundurliðaða, þá er óhætt að fullyrða að bara spariskírteinaútgáfan hefur aukist mjög verulega frá því sem fyrirhugað var þegar Þjóðhagsstofnun ritar sitt bréf, fyrir svo utan allar aðrar lántökur sem hafa verið ákveðnar síðan þetta var. En ég held áfram bréfi Þjóðhagsstofnunar. Þar segir:

„Á þessu ári kemur enn fremur til endurgreiðsla fyrstu spariskírteina ríkissjóðs sem samkv. fjárl. er áætluð nema 715 millj. kr. í ár. Endurgreiðslur þessar munu síðan aukast ár frá ári og hafa vaxandi áhrif á fjáröflun ríkissjóðs og ráðstöfun. Ljóst er því að svigrúm til viðbótarfjáröflunar skv. frv. mun í ár og næstu árin verða næsta lítið." Ég endurtek þessa setningu. „Ljóst er því að svigrúm til viðbótarfjáröflunar skv. frv. mun í ár og næstu árin verða næsta lítið."

Þetta ritar Þjóðhagsstofnun áður en ákveðið er að bjóða út enn eitt 500 millj. kr. skuldabréfalánið, sbr. nýsamþ. frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum, en ég held áfram lestrinum á bréfi Þjóðhagsstofnunar:

„Í öðru lagi ber að athuga að með fjáröflunartilhögun þessari er allsendis óvíst hvort besta nýting hins erlenda lánsfjármarkaðs sé möguleg á hverjum tíma þar sem hér hefur lánsfjáröflun ríkissjóðs verið bundin ákveðnu formi fjárskuldbindingar í verulegum mæli nokkuð fram í tímann, þannig að ekki gefst færi á að leita á hverjum tíma heppilegustu lántökuleiða frá sjónarmiði opinberrar fjáröflunar í heild. Því verður það að teljast óhyggileg stefna," segir Þjóðhagsstofnun, „ef upp yrði tekið að binda fjáröflunarleiðir ríkisins yfirleitt við einstakar framkvæmda sem þetta gæti haft. Þess ber einnig þeim ófyrirséðu áhrifum á forgangsröð framkvæmda sem þetta gæti haft. Þess ber einnig að gæta að með samþ. till. um útgáfu verðtryggðra happdrættisskuldabréfa í þeim mæli sem hér um ræðir væri af hálfu ríkisins verið að ákveða lánskjör fyrir umtalsverðar fjárhæðir nokkur ár fram í tímann með þeim hætti sem ekki er víst að teljist heppilegur til frambúðar. Á þetta bæði við um happdrættisformið og verðtryggingarformið, sem hvort tveggja orkar tvímælis sem almennt fordæmi lánskjara.

Hér að framan hefur verið fjallað um fjáröflunarmálið frá sjónarhóli lánsfjáröflunar ríkissjóðs til opinberra framkvæmda. Áhrif frv. þessa á forgangsröðun framkvæmda eru engu síður mikilvæg. Ljóst er að sú fjáröflunartilhögun, sem gert er ráð fyrir í frv., hlýtur að hafa veruleg og sennilega oftast nær ófyrirsjáanleg áhrif á forgangsröðun framkvæmda í landinu. Í fyrsta lagi yrði forgangsröðun og framkvæmdahraði háður sölu happdrættisskuldabréfanna, þannig að ef að því væri stefnt að veita ákveðnum framkvæmdum sérstakan forgang með þessum hætti væri það til lítils ef bréfin reyndust ekki seljast í þeim mæli sem gert væri ráð fyrir. Í öðru lagi og að því gefnu

að ekki reyndust vandkvæði á sölu skuldabréfanna virðist tæplega skynsamlegt að ákveðnum vegaframkvæmdum sé veittur slíkur forgangur sem gert er með frv. þessu án tillits til samfélagslegs ávinnings og arðsemi þeirra í samanburði við aðrar vegaframkvæmdir og opinberar framkvæmdir aðrar. Þegar hefur komið fram að ýmsar vegaframkvæmdir á Norðurlandi og Suðurlandi og sennilega víðar, aðrar en uppbygging Norðurvegar og Austurvegar, geta reynst arðbærari en þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í frv. Í ljósi þessa verður það að teljast óeðlilegt að gerð Norðurvegar og Austurvegar í heild sé veittur forgangur t. d. fram yfir arðbærari vegaframkvæmdir einstakra vegakafla víðs vegar um land eða aðrar opinberar framkvæmdir sem ekki eru síður brýnar, svo sem í orkumálum.

Fjórða: Hér að framan hafa verið leidd að því nokkur rök að ekki sé alls kostar heppilegt að fara þá fjáröflunarleið sem lagt er til með frv. þessu, og má þá sérstaklega tilfæra þá þrengingu á svigrúmi og möguleikum ríkissjóðs til lánsfjáröflunar innanlands sem felst í bindingu einstakra fjáröflunarleiða við tilteknar framkvæmdir og þeim áhrifum á forgangsröð framkvæmda sem í þessu gæti falist. Auk þess væri með frv. verið að ákveða lánskjarastefnu fyrir mikinn hluta árlegrar lántöku ríkissjóðs án samhengis við almenna stefnumótun um lánskjör. Eðlilegast virðist að fjáröflun ríkisins til framkvæmda sé yfirleitt almenns eðlis með sköttum eða almennum ríkislántökum innanlands og ekki tengd einstökum framkvæmdum eða málaflokkum.

Virðingarfyllst,
f. h. Þjóðhagsstofnunar,
Jón Sigurðsson.“

Hér er sem sagt í bréfi Jóns Sigurðssonar forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar flutt niðursallandi gagnrýni á það frv. sem hér er til meðferðar, bent á fjöldamargar röksemdir gegn því að það sé samþ. óbreytt, en sú n., sem um þetta fjallar hér í þinginu, telur ekki einu sinni ómaksins vert að ræða þessar röksemdir forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar. Hún lætur ekki svo lítið að kynna bréfið, annaðhvort sem fskj. með nál. eða með lauslegu yfirliti yfir þær eindregnu röksemdir sem Þjóðhagsstofnunin hefur gegn þessu frv. Gegnir þar svipuðu máli og um allar hinar neikvæðu umsagnirnar um þetta frv. að það er ekkert tillit til þeirra tekið, þær eru ekki einu sinni ræddar og engin tilraun gerð til að ganga til móts við þær, jafnvel þó að menn vildu nú samt sem áður koma málinu í gegn. Þetta kalla ég auðvitað ekkert annað en þinghneyksli sem er stærra en mörg þau hneyksli sem verið hafa á ferðinni um skeið.

En það er ekki nóg með að menn neiti algjörlega öllum lagfæringum á þessu frv., neiti því að taka til greina nokkrar hugsanlegar breyt., heldur gerist það furðulega að þetta frv. um 2000 millj. kr. fjáröflun til vegagerðar virðist á engan hátt skoðað í neinu samhengi við þá vegáætlun sem þó er til umr. hér á nákvæmlega sama tíma og mun ætlunin að afgreiða á morgun. Það virðist enginn vita með vissu til hvers þetta fé verður notað. Ég hef spurt ýmsa stuðningsmenn þessa frv. um það hvort þetta fé verði notað og til hverra verka það verði notað, en ég fæ aldrei nein ákveðin svör við þeirri spurningu. Sumir segja mér að í raun og veru séu þetta sömu 500 millj. og fólust í frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum sem var afgr. hér í þinginu fyrir nokkrum vikum og að það séu hraðbrautarframkvæmdirnar í vegáætluninni sem þar sé raunverulega átt við. Aðrir segja að þetta sé misskilningur, ef frv. verði samþ., þá verði um það að ræða að 500 millj. til viðbótar á þessu ári komi til hraðbrautarframkvæmda. Ég hef t. d. spurt ráðh. að þessu og þeir hafa svarað mjög ólíkt, sumir á þennan veginn, aðrir á hinn veginn. Ég hef spurt fjvn.-menn að þessu og þeir svara mjög til skiptis. Ég verð því að segja að það er meiri fljótaskrift á afgreiðslu þessa frv. en dæmi eru til um flest þau mál sem hér hafa verið til meðferðar í seinni tíð.

Um þessa fjármögnunarleið ætla ég svo ekki að orðlengja miklu frekar en ég hef nú gert. Ég ræddi þessi mál allítarlega við 1. umr. málsins og sé ekki ástæðu til að endurtaka þau orð, en sérstaklega vil ég þó koma því hér á framfæri og leggja á það áherslu að ég er alls ekki andvígur því að aflað verði 500 millj. kr. til þess að hraða framkvæmdum við leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur og við hringveginn umhverfis landið. En ég tel að fjáröflunarleiðin sé fráleit, að við séum búnir að ganga allt of langt í útgáfu þessara gífurlega óhagstæðu spariskírteinalána og happdrættisskuldabréfalána, að lengra verði ekki gengið í þeim efnum og miklu skynsamlegra væri hreinlega sagt að taka erlent lán í þessu skyni og þá að gera að sjálfsögðu ráð fyrir því að lánið verði síðan greitt upp á ákveðnum tíma, t. d. 7 árum eða 10 árum, og afla til þess fjár með einhverjum tilteknum, ákveðnum hætti á hverju ári, t. d. með einhverri ákveðinni vegaskattlagningu eða bensínskattlagningu eða ferðamannaskattlagningu — eða með hvaða hætti sem það yrði gert — sem ætlað væri til að standa undir þessu erlenda láni, þannig að að 7 árum liðnum eða að 10 árum liðnum, ef um 10 ára lán væri að ræða, þá væri þessi fjármögnun úr sögunni, þá væri þjóðin búin að borga þennan reikning í eitt skipti fyrir öll. Hitt tel ég aftur á móti fráleitt, að ætla sér að fara út í þessa framkvæmd nú sem sjáanlega er fjármögnuð á þann hátt að hún verður þjóðinni a. m. k. tvöfalt ef ekki þrefalt dýrari en ella væri ef hún væri fjármögnuð með öðrum hætti, að ætla að fara út í þetta með þessum hætti og gefa þannig ávísun 10 ár fram í tímann, ávísun sem ekki verður greidd fyrr en með skattlagningu á þjóðina eftir heilan áratug. Enginn veit hvernig þjóðin verður í stakkinn búin til þess að byrja að borga þessa skuld sem þá mun hafa tvöfaldast og sennilega þrefaldast að raungildi, sennilega a. m. k. tífaldast ef ekki tuttugufaldast að krónutölugildi. Það veit sem sagt enginn hvernig þjóðin verður í stakkinn búin þá til þess að greiða þá skuld. Þetta tel ég sem sagt hið fráleita. Hitt tel ég ekki fráleitt, að afla þessara fjármuna, en hefði þá viljað ganga frá því með tryggari hætti í frv. til hvaða framkvæmda fjármagninu er varið. Og þá

teldi ég rétt að skoða það rækilega, eins og Þjóðhagsstofnunin nefnir mjög ákveðið í sínum umsögnum og eins og fram kemur í áliti Seðlabankans og eins og kemur reyndar fram í öllum álitsgerðunum, hvort ekki er raunverulega um að ræða ýmsar vegaframkvæmdir á Norðurlandi og Austurlandi og Vesturlandi sem eru miklu brýnni í svip og væri því eðlilegra að eyða þessu fjármagni í.

Þá vík ég sem sagt aftur að þessari hlið málsins, og fer ég nú, herra forseti, að ljúka máli mínu senn, en þá vík ég sem sagt að þessari hlið sem snertir notkun fjármagnsins. En áður en ég vík að því atriði vil ég eindregið mælast til þess við forseta — ég hef hugsað mér að flytja brtt. við frv. og það yrði að sjálfsögðu skrifleg brtt., en áður en ég flyt hana vil ég fá upplýsingar hjá hæstv. samgrh. í sambandi við vegamálin og ég held að hann geti ekki veitt mér þær öðruvísi en að hann sé viðstaddur, þannig að ég tel alveg óhjákvæmilegt að óska eftir því að hann verði sóttur því að öðruvísi get ég ekki fengið þessum fsp. svarað. Ég tel, herra forseti, að ég hafi ekki verið strangur við hæstv. samgrh., að hann skuli leyfa sér að vera fjarverandi við þær umr. sem hér fara fram í kvöld, og væri þá sem sagt lágmarkskrafa að hann yrði hér til að svara þessum fsp. (**Forseti:** Já, ég skal gera ráðstafanir til þess að það verði athugað hvort ráðh. er í húsinu. Það er ekki á mínu valdi að fá hann hingað, en ég mun athuga það. En ég bendi á að það hefði verið heppilegra ef hv. ræðumaður hefði athugað þetta fyrr en nú, að hafa ráðh. við. Þá hefði í tíma verið unnt að gera betri ráðstafanir e. t. v.) Já, herra forseti, ég skil vel aths. þá sem gerð var og viðurkenni það að hugsanlegt hefði verið að hyggja að þessu fyrr, hvenær háttatími hæstv. ráðh. væri, en ég reiknaði satt að segja fastlega með að þegar um það er að ræða að verið sé að ráðstafa 2000 millj. kr. til framkvæmda sem hann ber ábyrgð á, að þá sæi hann sóma sinn í því að vera hér viðstaddur. En ég veit að herra forseti gerir það besta sem hann getur til að hafa upp á ráðh., og náist ekki í hann, þá verður svo að vera og virðist þá ekki annað að gera en að fresta fsp. til morguns. (**Forseti:** Ráðh. er ekki í húsinu, er upplýst.) Já, ég tel þess vegna ástæðulaust að bera fsp. upp.

Ég á sem sagt eftir að flytja brtt. við frv. sem snertir það hvernig fénu verði ráðstafað, en áður en ég flyt þá till. verð ég að fá einhverjar upplýsingar um hvað ráðh. hefur í huga í sambandi við ráðstöfun fjárins. Þess vegna vil ég óska eftir því að umr. verði frestað til morguns og ég fengi tækifæri til að bera fsp. þá upp. (**Forseti:** Það var ætlunin að freista þess að ljúka þessari umr., en ég vil benda hv. ræðumanni á að sú leið er í þessu máli að hann beri fram brtt. sínar við 3. umr. Ég mun láta hæstv. samgrh. vita um þá ósk sem hér hefur verið borin fram, og vænti ég þess að þá verði öllu réttlæti fullnægt.) Herra forseti. — (**Forseti:** Já.) Já, eins og ég gerði grein fyrir áðan, þá hafði ég hugsað mér að bera hér fram brtt. sem snertir það til hvers konar framkvæmda þessu fé yrði varið. Ég ætlaði að bera þessa brtt. fram við 2. umr. málsins þegar fram fer atkvgr. um hverja frvgr. fyrir sig, og ef till. næði ekki samþykki, þá hafði ég hugsað mér að freista þess að bera fram aðra till. við 3. umr. sem væri kannske annars eðlis. Þess vegna er mér ómögulegt að fallast á þessa uppástungu hæstv. forseta, vegna þess að ég tel óhjákvæmilegt að fá fsp. svarað áður en till. er flutt. Ég get ekki séð, herra forseti, að það breyti í sjálfu sér einu eða neinu hvort þessar umr. fara fram nú við 2. umr. og verði þá úr sögunni eða hvort þetta gerist við 3. umr. En sem sagt, ég get, herra forseti, ekki fallist á þessi tilmæli, en að sjálfsögðu er æðsta vald hér í þessu húsi a. m. k. í höndum forseta.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun verða sérlega stuttorður að þessu sinni. Ég ætlaði aðeins að svara hv. 12. þm. Reykv., Albert Guðmundssyni, nokkrum orðum. Svo vildi til að hann beindi raunar gagnrýni sinni á viðhorf mitt til frv. þess, sem hér liggur frammi, til hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, sem hefur svipuð viðhorf mínum sem þm. Vestfjarða. Það er nefnilega ekkert hégómamál í þessu tilfelli sú staðreynd að vestfirðingum og íbúum Norðausturlands á svæðinu frá Vaðlaheiði til Egilsstaða er ætlað að borga það okurlán, sem hér um ræðir til vegagerðar, til jafns við aðra landsmenn sem þessarar vegagerðar munu njóta. Nú er því ekki að leyna að íbúar þessara landssvæða munu geta klöngrast eins og fyrri daginn um meira og minna torfæra vegi yfir á þær hraðbrautir, sem hér er ráðgert að byggðar verði, þegar þeir þurfa að fara til Reykjavíkur, en í daglegri önn og amstri og flutningum í þessum landshlutum koma þessar vönduðu milljarðabrautir ekki að gagni.

Hugmynd hv. þm. Alberts Guðmundssonar að þeir, sem skuldabréfin keyptu, þeir, sem lánin veittu, fengju að tilnefna þá vegarspotta, sem peningarnir þeirra eru lagðir í, er kannske ekki að öllu leyti fráleit. En það vil ég ætla að það yrði þá tilskilið ef menn fengju þessa heimild að vextirnir yrðu öllu lægri. Ég gæti vel hugsað mér að veita mætti með lögum einstökum þegnum heimild til þess að leggja eigið fé í vegagerð án vaxta og jafnvel án endurgreiðslu, a. m. k. þar sem ekki verða landspjöll af.

Hér er um allt annað að ræða en þetta. Hér er um það að ræða að bjóða svo háa vexti fyrir fé að menn fáist til þess að leggja þessa peninga af mörkum án tillits til notanna, án tillits til framkvæmdanna sem á að standa straum af með þessum peningum. Hér er notuð raunverulega ákaflega ófélagsleg aðferð. Hérna er boðið í peningana og þeir fást með því að boðið sé nógu hátt. Jú, það er ekki að furða þótt þm. úr hinum ýmsu kjördæmum láti sig það mál skipta hvernig almannafé er varið og hvar því er varið til framkvæmda. Þm. eru fulltrúar kjósenda sinna í hinum ýmsu kjördæmum og til þess er ætlast af þeim að þeir komi í veg fyrir það, hafi þeir máttinn til, að gengið sé á rétt umbjóðenda þeirra.

Ég ítreka það sem ég sagði fyrr að ég tel æskilegt að peninga verði aflað á annan hátt en með þessum hætti, með svona tilboði til vegagerðar hér á landi, en fjáröflunaraðferðina læti ég ekki

standa í vegi fyrir því að ég greiddi þessu frv. atkv. ef það verður tryggt að engir hlutar landsins, engir af íbúum þessa lands verði settir hjá, endanlega settir hjá við útdeilingu þessa fjár. Ég tel að komið verði í veg fyrir misrétti á þessu sviði með því að samþykkja till. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar með þeim viðauka við þá till. sem er ætlun okkar hv. þm. Ragnars Arnalds að flytja hér. En fáist þessar till. ekki samþ., þá ítreka ég það að ég mun greiða atkv. gegn frv. og kosta öllu til í þokkabót að telja þeim hv. þm. hughvarf sem ákváðu strax í vetur að styðja þetta frv. Sannleikurinn er sá að þegar þetta frv. var lagt fram hér í hv. Alþ. í vetur voru viðhorfin nokkuð önnur en þau eru nú. Ég hygg að það verði ekki notalegt fyrir samþm. mína t. d. í Norðurl. e., eins og nú er búið að vegamálum þar með vegáætlun, að koma heim í kjördæmi sitt, a. m. k. á svæðinu austan Vaðlaheiðar, með það á bakinu að hafa greitt atkv. með frv. þar sem ráðgerðar eru tveggja milljarða kr. fjárveitingar á næstu árum í önnur kjördæmi og það til þess að koma upp hraðbrautum með varanlegu slitlagi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að taka undir margt af því sem ég heyrði hv. 5. þm. Norðurl. v. segja í sinni ítarlegu ræðu, en ég vil þó milda hann svolítið og reyndar mótmæla þeirri ádeilu sem mér fannst koma á form. n., hv. 5. þm. Austf. Ég held að form. n. hafi útvegað af mikilli samviskusemi allar þær upplýsingar sem um hefur verið beðið á nefndarfundum, bæði skriflegar og munnlegar. Ég hafði gagnrýnt fjáröflunarleiðina, en lýst fylgi með vegalagningunni sem hér um ræðir.

Ég hef áður talað um að að mínu mati beri að standa að vegalagningu um land allt á sama hátt og staðið er að orkumálum. Ég ætla ekki að fara að rekja það aftur hér. Hér þarf að gera stórátak með stórfelldum löngum erlendum lánum og byggja landið upp, þ. e. a. s. byggja landið allt í einu, á ég þar fyrst og fremst við þá hringbraut sem hér hefur verið rædd, láta svo aftur deiliskipulag vegalagninga bíða betri tíma. Þetta ætla ég ekki að gera hér að frekara umræðuefni, en ég vil ítreka það að ég lýsi því yfir að ég tel að form. hafi unnið sitt starf af mikilli samviskusemi þótt ekki sé tilgreind niðurstaða bréfanna sem bárust eða umsagna bankastjóra Seðlabankans, Þjóðhagsstofnunar og viðskiptabankanna, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. gat um að hefði verið æskilegt. En ég tel að hann hafi kynnt innihald allra bréfa og allra svara sem bárust af samviskusemi og dreifði flestum þeirra til nm. Þau, sem hann ekki dreifði, las hann upp á fundum n. og ég held að það séu nægjanlegar upplýsingar, ef nm. þá á annað borð mæta á nefndarfundum, en það er nú eins og það er. Það eru oft boðaðir fleiri en einn fundur á sama tíma svo að það eru kannske eðlilegar skýringar fyrir því að fjh.- og viðskn. var ekki alltaf fullskipuð þegar form. las þær umsagnir sem honum höfðu borist. Það er talsvert mikið verk að vera form. n. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því áður en ég kom inn í þessa ágætu stofnun, hv. Alþ. En ég ítreka það að ég lýsi fullum stuðningi við þau vinnubrögð sem form. fjh.- og viðskn. hefur viðhaft.

Umr. frestað.

Efri deild, 93. fundur.

Miðvikudaginn 15. maí, kl. 2 miðdegis.

Þjóðminjalög, frv. (þskj. 492). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 806).

Gatnagerðargjald á Akureyri, frv. (þskj. 722). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Kvikmyndasjóður, frv. (þskj. 187, n. 754). — 2. umr.

Frsm. (Axel Jónsson): Herra forseti. Kvikmyndagerðarlist er tiltölulega ný listgrein hér á landi og hefur til þessa ekki notið fjárhagslegs stuðnings hins opinbera, og er ég ekki með þessu að gera neinn samanburð í hlutföllum á við aðrar listgreinar. Kvikmyndagerðarlist er hins vegar mjög kostnaðarsöm og læt ég í því sambandi nægja að vísa til þess sem segir í grg. með frv. Í nágrenni okkar hafa þessi mál verið tekin fastari tökum. Hérlendis er hins vegar vaxandi áhugi á þessari listgrein og ég legg áherslu á að ég tel þetta listgrein. Þetta er ein sú listgrein sem nútímaframfarir og tækni hafa gert hvað áhrifamestra allra listgreina í því að ná til fjöldans og á ég þar ekki aðeins við kvikmyndahús, heldur miklu fremur sjónvarpið. Árið 1972 safnaði menntmrn. upplýsingum fyrir milligöngu sendiráða Íslands í Vestur-Evrópu um opinbera fyrirgreiðslu við innlenda kvikmyndagerð í Evrópulöndum og vísa ég einnig til þess sem um það er að finna í grg. með frv.

Má vera að einhvers staðar heyrist raddir um að við þurfum ekki að apa allt eftir öðrum og það þó að um nágranna okkar sé að ræða. Ég tek fram að þessar raddir hef ég ekki heyrt innan veggja hv. Alþ. Þessum röddum, ef einhverjar eru, vil ég svara fyrir fram á þessa leið: 1) Kvikmyndun er vinsælasta og áhrifamesta tjáningarform, skýringar- og upplýsingamiðill sem nútímaþjóðfélög hafa yfir að ráða. Þetta eru ómótmælanlegar staðreyndir. 2) Íslensk náttúra er svo stórbrotin að vissu marki að hún á sér fáar ef nokkrar hliðstæður. 3) Og það er kannske kjarni

málsins: íslendingum eru í blóð bornir frábærir tjáningarhæfileikar, það sannar öll okkar saga gegnum aldirnar. Ég er sannfærður um það að þeir, sem leggja fyrir sig kvikmyndagerðarlist, eru þar engir eftirbátar og gætu gegnum þessa listgrein vakið enn frekari athygli á bókmenntum okkar, málaralist, tónlist og fleiri listgreinum auk sérkenna Íslands, íslensku þjóðarinnar í lifi og starfi. Þetta verður aldrei til fjármagns metið.

Málið var lagt fyrir hv. Alþ. á s. l. vetri, náði þá ekki fram að ganga. Það var endurflutt á yfirstandandi þingi og nál. er að finna á þskj. 754 og er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt frv. og kynnt sér þær umsagnir sem borist hafa. Nefndin telur tilgang frv. þess verðan að Alþ. setji um þetta lög. Nefndin er hins vegar ekki sammála um fjáröflunarleið til að standa undir þeim kostnaði, sem þessu er samfara, og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að hún semji löggjöf um aðstoð við kvikmyndagerð og leggi fram í upphafi næsta reglulegs Alþingis.“

Undir þetta skrifa allir 7 nm. og 4 af þessum 7 eru flm. umgetins frv.

Ég persónulega vildi fremur ná samstöðu um þessa afgreiðslu málsins en að þurfa að kljúfa nefndina. Menntmn. hv. Ed. hefur ekki klofnað hvað nál. snertir í vetur. Ég vil reyna á það að hæstv. ríkisstj. taki þessar ábendingar hv. menntmn. þessarar hv. d. til greina, en ef ekki, þá skal ekki standa á mér að fylgja því eftir sem hér er um getið, sér í lagi niðurlag nál., meðan ég er formaður þessarar nefndar. Á næsta reglulega Alþ. verður nefndin máske að kjósa annan athafnasamari og duglegri formann til að koma málum nefndarinnar áleiðis.

Herra forseti. Ég vil láta það vera mín síðustu orð að ég treysti því að samþykkt þessarar till., sem í nál. er, verði til þess að á þessum málum verði tekið af festu. Þessi listgrein er þess virði að við íslendingar viðurkennum hana sem einhverja sterkustu nútímalistgrein og styrkjum hana. Hún er dýr í framkvæmd eins og allir vita og á ekki síður en aðrar listgreinar rétt á því að þjóð, sem metur listir jafnmikið og íslendingar, sinni þessum málum.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil sem fyrsti flm. þessa frv. þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Enda þótt ég hefði að vísu kosið að frv. hefði náð að verða samþykkt á þessu þingi, þá tel ég það þó eftir sem áður talsvert merkilegan áfanga ef sú ályktun, sem menntmn. hefur hér gert till. um, verði samþykkt í þessari hv. d. Ég tel að orðalag till. sé með þeim hætti að miklar vonir eigi að vera bundnar við það að á næsta ári verði með tilstyrk menntmrh. og menntmrn. og í krafti frv., sem hann lét flytja hér í þinginu, sett löggjöf um aðstoð við kvikmyndagerð. Og ég fagna því alveg sérstaklega að í orðalagi ályktunartill. frá menntmn. er áhersla lögð á að frv. um þetta efni verði lagt fram þegar í upphafi næsta reglulegs Alþingis.

Eins og kunnugt er, þá er frv. þetta flutt til þess að skapa íslenskum kvikmyndaiðnaði fjárhagslegan grundvöll. Þar er fyrst og fremst um það að ræða að veita þessum iðnaði, sem enn er í fæðingu og hefur ekki raunverulega náð neinni fótfestu hér á landi, hjálp til sjálfshjálpar. Frv. miðar að því að veita framleiðendum íslenskra kvikmynda nauðsynleg lán og fjárstyrki þannig að þeir geti staðið undir hinum gífurlega stofnkostnaði sem fylgir gerð kvikmynda og gera þeim þá væntanlega kleift að koma myndunum í það horf að af þeim megi hafa nokkrar tekjur og af þeim tekjum megi síðan endurgreiða þau lán, er veitt verða úr sjóðnum, á nokkrum árum. Í frv. er einnig ákvæði um það hvernig fjár til sjóðsins skuli aflað og var þar reynt að komast hjá því að um verulega hækkun á aðgangseyri að kvikmyndasýningum yrði að ræða. Í frv. er gert ráð fyrir því að aðgangseyrir að kvikmyndasýningum hækkaði aðeins um 3.5%, en að öðru leyti féllu til sjóðsins tekjupóstar sem þar eiga réttilega heima.

Um frv. komu allmargar umsagnir ýmissa aðila og þær voru langflestar jákvæðar, þ. á m. var mjög jákvæð umsögn menntmrn. sem virtist reiðubúið að taka að sér stjórn og umsjón þessa sjóðs, einnig var umsögn fjmrn. tvímælalaust jákvæð, því að í þeirri umsögn kemur skýrt fram að ekki yrði um nema mjög óverulega tekjurýrnun að ræða hjá Félagsheimilasjóði og Sinfóníuhljómsveit Íslands þrátt fyrir samþykkt þessa frv., vegna þess hvernig tekjuöfluninni er hagað, meira að segja dregið í efa að þar verði um nokkurn tekjumissi að ræða. Var því ekki annað að skilja á umsögn fjmrh. en að það hefði ekkert við það að athuga að frv. næði fram að ganga. Eins er óhætt að fullyrða að umsögn Félags kvikmyndagerðarmanna var ákaflega hvetjandi og jákvæð og á það bent að mál af þessu tagi hafi lengi verið til umræðu manna á milli án þess að nokkurt raunhæft átak væri gert fyrr en hugsanlega með samþykkt þessa frv.

Þessu til viðbótar er rétt að benda á að allir hv. þm. munu hafa fengið í hendur áskorun frá norrænu þingi kvikmyndagerðarmanna, þar sem alþm. voru minntir á það, að Ísland væri eina landið í Norðurálfu sem ekki ætti sér neinn kvikmyndasjóð eða neina stofnun sem sérstaklega væri til þess fallin að styðja innlenda kvikmyndagerð, og á það bent, að þetta ástand væri ekki vansalaust, og ályktunarorðin voru þá að sjálfsögðu þau að brýna nauðsyn bæri til að Alþ. samþykkti það frv. sem hér lægi fyrir þinginu.

Það verður að segja hverja sögu eins og gengur, að það virðist vanta herslumuninn á að þetta frv. fái greiða leið gegnum þingið. Þar er á ferðinni tregðulögmál sem er alkunnugt í störfum Alþ. og verður að kenna við íhaldssemi. En út af fyrir sig skal ég ekkert vera með ásakanir í garð hv. meðnm. minna þó að þeir séu sumir hverjir varkárir og vilji skoða málið vandlega. En niðurstaðan hefur sem sagt orðið sú að málið verði ekki samþykkt á þessu þingi, heldur verði því vísað til ríkisstj. í trausti þess að hún semji löggjöf um aðstoð við kvikmyndagerð og leggi málið fram í upphafi næsta reglulegs Alþ. Ég hefði talið eðlilegast að frv. hefði verið samþ. núna vegna þess eindregna og ótvíræða stuðnings sem það hefur hlotið úr ýmsum áttum og

vegna þess að ég hef grun um að meiri hl. alþm. sé þeirrar skoðunar að þörf sé á að frv. nái fram að ganga. Þetta er annað árið sem frv. er á ferðinni hér og er svo sannarlega kominn tími til að taka af skarið um þennan sjálfsagða stuðning við íslenska kvikmyndagerð. En eins og ég hef sagt, við verðum að láta nægja þann áfanga sem nú er í vændum hugsanlega með samþykkt þessarar till. Ég endurtek að ég tel að þessi afgreiðsla sé þó, þrátt fyrir allt, alljákvæð, og ég þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu málsins.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég lýsi mig samþykkan því að styðja að íslenskri kvikmyndagerð og tel rétt að svo sé gert á myndarlegan hátt. Hlutverk þessa kvikmyndasjóðs, sem um ræðir í frv. til l. á þskj. 187, get ég vel hugsað mér að styðja, en ég vil þó gera aths. við þá skattheimtu sem á að eiga sér stað þessu ágæta máli til framdráttar. Ég vil benda á það að þegar fólk er búið að standa skil á sínum opinberu gjöldum til réttra aðila, þegar búið er að skattleggja tekjur þessa fólks af eðlilegri vinnu og afrakstri, þá lít ég það illum augum að skattleggja tómstundir fólks og ánægjustundir sem það veitir sér í hvíld frá önnum dagsins sér til upplyftingar. Ég vil benda á að hér er enn þá einu sinni verið að miða við verð á íslensku brennivíni eins og það er hjá útsölu Áfengisverslunar ríkisins, það er verið að skattleggja skemmtanir fólks, þegar það fer á böll og annað. Ég vil mótmæla þessari skattheimtu af þeim ánægjustundum sem fólk veitir sér til upplyftingar frá vinnu.

ATKVGR.

Till. á þskj. 754 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 11 shlj. atkv.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar, frv. (þskj. 141, n. 727, 469, 718). — Frh. 2. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Á kvöldfundi í gærkvöld urðu allmiklar umr. um það frv. sem hér er til umr. og sýndist þar sitt hverjum. En eitt var þó það atriði, sem bæði ég og ýmsir aðrir töldum mest um vert að fá á hreint í þessu máli, og það var hvað ætti að gera við það fjármagn sem inn kæmi fyrir sölu happdrættisskuldabréfa ef frv. yrði samþ. Ég var að vonast til þess að hæstv. samgrh., sem fær í hendur litlar 2000 millj. með samþykkt þessa frv., hefði það mikinn áhuga á því hvernig þessu máli reiddi af, að hann fylgdist með umr. hér og leiðrétti misskilning sem fram kynni að koma ellegar svaraði fsp. En þegar til átti að taka og óska eftir svörum ráðh. við tilteknum spurningum, þá reyndist hann ekki nálægur og varð því að fresta umr.

Bakgrunnur þess, að ég legg fram fsp. þessar, er sá að frá mínu sjónarmiði séð er ekki sama ef aflað er mikils fjár til Vegasjóðs í hvað fjármunirnir fara, því að það er geysilega mismunandi hvaða verkefni þola bið og hvaða verkefni verður að ráðast í með litlum fyrirvara. Ég færði rök að því á fundinum í gærkvöld að það, sem ætti að hafa algeran forgang í vegaframkvæmdum á Íslandi, væri uppbygging traustra vetrarvega á allri hringleiðinni umhverfis landið svo og uppbygging tengibrauta frá þeim hringvegi til allra helstu þéttbýlisstaða. Þetta væri verkefni sem yrði að hafa algeran forgang, en hitt kæmi svo í annarri, jafnvel þriðju röð, að leggja varanlegt slitlag á þjóðbrautir og jafnvel hraðbrautir ellegar að byggja brýr sem eru svo kostnaðarsamar að þær gleypa mjög verulegan hluta af því fé sem tiltækt er, og mun ráðh. að sjálfsögðu gera sér grein fyrir um hvaða mannvirki þar er að ræða. Ég sagði: í annarri eða þriðju röð, vegna þess að ég tel að jafnvel þegar búið væri að afgreiða það mikla verkefni að byggja upp trausta og góða vetrarvegi á hringveginum kringum landið og tengibrautum út frá honum, þá sé þar að auki annað verkefni sem verði að hafa forgang á undan varanlegu slitlagi og öðrum framkvæmdum sem ekki eru jafnbrýnar í svip, en það er varanlega slitlagið í þéttbýlisstöðum víðs vegar kringum landið. Ég þarf hvorki að segja hæstv. samgrh. né hv. þm. það að þetta verkefni er algjörlega eftir í okkar framkvæmdaáætlunum á sviði vegamála og furðulegt í raun og veru hvað þetta mikilvæga mál hefur lent í skugganum af mörgum öðrum framkvæmdum og hvað lítið virðist á döfinni í því sambandi. Þó verð ég að viðurkenna að það er að komast svolítill skriður á, en alls ekki nægilegur. En það er mín skoðun að lagning varanlegs slitlags á þjóðbrautir eigi ekki rétt á sér fyrr en búið er að ganga frá varanlegu slitlagi í þéttbýlisstöðum yfirleitt víðs vegar um landið, og ég vona að hæstv. ráðh. geti verið mér sammála um þetta atriði.

Eins og ég vék að áðan er þetta náskylt hinu, hvort einstakar framkvæmdir, eins og brúin yfir Borgarfjörð, geta átt rétt á sér á því ári þegar verið er að skera niður vegaframkvæmdir víðs vegar um land allt og ekki er nægilegt fé til að sinna allra brýnustu viðfangsefnum í uppbyggingu venjulegra malarvega, t. d. á Norðurvegi og Austurvegi. Eins og hv. alþm. mun kunnugt er fjárveiting á núv. vegáætlun til þessa mikla mannvirkis hvorki meira né minna en rúmar 500 millj. kr. á tveimur árum og mun þó aðeins hálf sagan sögð með þeim fjárveitingum því að mannvirkið mun kosta nokkuð á annað þús. millj. kr. En á sama tíma leggur hæstv. samgrh. fram vegáætlun hér í þinginu og gengur frá henni í samvinnu við fjvn. — sem er með þeim hroðalega annmarka gerð að nær ekkert fjármagn er ætlað til þess að byggja upp nauðsynlegustu heiðavegi landsins, svo sem veginn yfir Holtavörðuheiði, veginn yfir Öxnadalsheiði, eða til að ljúka veginum yfir Oddsskarð. Öll þessi verkefni sitja eftir. Vegurinn yfir Oddsskarð verður að vísu kláraður á næsta ári, en hefði mátt klára hann á þessu ári ef fjármagn hefði verið til þess. Öxnadalsheiðin fær að vísu nokkrar millj. kr., ekki ýkjamargar, ég hef það víst ekki hjá mér hvað þær eru margar, en þær eru sem sagt hverfandi miðað við þarfirnar. Og Holtavörðuheiðin fær bókstaflega talað ekki neitt,

eða a. m. k. er það þá hverfandi lítið ef einhvers staðar er hægt að finna einhverja tölu sem hana snertir, mér er ekki kunnugt um það. Þetta er að sjálfsögðu stórhneyksli.

Ég veit að vísu að það er ekki með öllu sanngjarnt að velta ábyrgðinni af þessu yfir á hæstv. samgrh., þarna eiga þm. einnig nokkra sök. Vandamálið í sambandi við Holtavörðuheiðina er að sjálfsögðu því tengt að heiðin er fyrst og fremst mjög þarfur vegur fyrir norðlendinga, en hún tilheyrir öðru kjördæmi, þ. e. a. s. fyrst og fremst Vestfjörðum og að nokkru leyti Vesturlandi, og þm. þessara kjördæma virðast ekki hafa viljað sjá af neinum fjármunum til þess að leggja í heiðina og þar af leiðandi verður hún út undan ár eftir ár. En ég vonast til þess að hæstv. ráðh. geti verið mér sammála um að á þessu þarf að verða grundvallarbreyting. Það þarf sem sagt að stefna að því að þjóðvegurinn og þjóðbrautin hringinn í kringum landið verði tekin algjörlega út úr og verði metin sem ein heild og athugaðir þeir vegakaflar á henni sem er brýnast að fara í, þannig að þröng landshluta- eða kjördæmasjónarmið verði þess ekki valdandi að einstakir vegakaflar og þá sérstaklega vegakaflar á mótum tveggja kjördæma verði algjörlega út undan eins og raunin er. Ég tel hins vegar að hæstv. samgrh. verði ekki með öllu firrtur ábyrgð í þessu sambandi. Hann hefði átt að sjá það vandamál sem þarna er að rísa og ætla sérstaka fjárveitingu til vega á mótum landshluta, eins og t. d. í Holtavörðuheiðina eða Öxnadalsheiðina, og til annarra brýnustu fjallvega, og a. m. k. ekki láta það henda sig á því ári, þegar þessir vegarkaflar eru algerlega vanræktir, að þá sé verið að ráðast í mestu vegaframkvæmd Íslandssögunnar, brúna yfir Borgarfjörð, sem að vísu er afskaplega mikilvæg fyrir kjördæmi hans og fyrir þann stað sem honum er hjartfólgnastur, en það er að sjálfsögðu lítill og ágætur staður hér fyrir norðan okkur. En þarna er hins vegar bersýnilega um að ræða viðfangsefni sem er verið að hraða um of á kostnað geysilega margra annarra brýnna framkvæmda.

Menn kynnu nú kannske að segja og þ. á m. hv. forseti d., að þessar orðræður mínar ættu frekar heima við umr. um vegáætlun. En í sjálfu sér tel ég að sú aths. ætti ekki fyllsta rétt á sér öðruvísi en að við hreinlega vísuðum til þess að öll umr. um happdrættislánin ætti heima við umr. um vegáætlun, því að það er út af fyrir sig rétt að þar ætti málið heima og þar ætti að ræða það, í samhengi við vegáætlunina. En ég hef sérstaklega gert að umtalsefni brúna yfir Borgarfjörð í þessu sambandi vegna þess að ég óttast að óeðlilega mikið fé til viðbótar við það, sem ætlað er af vegáætlun, kynni kannske að renna til þessa verkefnis og til þess að tengja það frv. um happdrættislán ríkissjóðs ef það yrði samþ. Í öllu falli hef ég enga tryggingu fyrir því að svo verði ekki.

Það vill svo einkennilega til að á sama tíma og við erum að afgreiða hér vegáætlun þar sem sundurliðað er krónu fyrir krónu hvað á að renna í einstakar vegaframkvæmdir, þá er verið að afgreiða hér í Ed. frv., sem á einu bretti hefur í sér fólgna fjárveitingu upp á 2000 millj. kr., án þess að alþm. sé ætlaður nokkur réttur til þess að ráðstafa þessu fjármagni. Ég veit að vísu að í vegáætlun er smáklausa þar sem segir að fjvn. eigi að hafa með það að gera hvernig viðbótarfjármagni yrði varið. En er það réttur Alþ. að vera gjörsamlega sviptur ákvörðunarrétti í þessu efni og gefa bara ráðh. og fjvn. auða ávísun sem þessir aðilar geti útfyllt að eigin vild. Ég ber fyllsta traust til samverkamanna minna hér í þinginu, svo langt sem það nær með pólitiskum takmörkunum, en ég verð að segja að ég tel að það að svipta Alþ. rétti til að ráðstafa þessum fjármunum sé ekki með nokkrum hætti réttlætanlegt.

Ég hef síður en svo ætlað mér að tefja afgreiðslu þessa máls, en hef hins vegar viljað benda á það að margir þættir þess væru lítt ræddir enn. Og ég hef m. a. tekið að mér það hlutverk að kynna hér þessari hv. d. umsagnir sem borist hafa um frv. Ég veit ekki hvort hæstv. samgrh. hefur kynnt sér þessar umsagnir, en ef svo kynni ekki að vera, þá þykir mér eðlilegt að segja honum frá því að umsagnirnar eru nær allar mjög neikvæðar og sumar með eindæmum neikvæðar, eins og t. d. umsögnin frá Þjóðhagsstofnuninni, þegar um er að ræða mál sem er um það bil að hljóta samþykki Alþ.

Ég ætla ekki að orðlengja miklu frekar um þann þátt málsins sem ég gerði hér helst að umtalsefni í gær, þ. e. a. s. hvernig fjárins er aflað. Ég veit hins vegar að það er ekki aðeins að ýmsar stofnanir utan Alþ., eins og t. d. allir ríkisbankarnir ásamt Iðnaðarbanka, eru mjög mótfallnir þeirri fjáröflunarleið sem gert er ráð fyrir í frv. og þar að auki mælir Þjóðhagsstofnun mjög eindregið á móti þessari leið og telur hana mjög varhugaverða frá efnahagslegu sjónarmiði séð, auk annarra aths. sem þessir aðilar gera, heldur virðist mér sýnt af einkaviðræðum mínum við mjög marga hv. alþm. að þeir séu tortryggnir á þá fjáröflunaraðferð sem hér er um að ræða enda þótt þeir treysti sér ekki margir hverjir vegna vinskapar og annarra tengsla við aðstandendur þessa frv. að standa beinlínis á móti því og munu því láta afskiptalaust að það fljóti hér í gegnum þingið.

En um hinn þátt málsins, hvernig fénu verði varið, tel ég óhjákvæmilegt að hér fari fram nokkrar frekari umr. en orðið hafa. Ég læt þess aðeins getið varðandi það, sem ég hef rætt hér um Borgarfjarðarbrúna og þá hlið málsins, að ég mun væntanlega flytja við umr. um vegáætlun brtt. þess efnis, að framkvæmdum við Borgarfjarðarbrúna verði frestað um eitt ár og fjármagnið verði notað til annarra og þarfari verkefna á þessu andartaki, og ég er sannfærður um það og hef heyrt það á undirtektum þm. að mjög margir eru mér innilega sammála um þetta efni. Ég tel að þetta fjármagn væri betur komið í nokkrum helstu fjallvegum landsins, svo sem Holtavörðuheiði og Öxnadalsheiði sem algjörlega eru vanræktar að þessu sinni eins og kunnugt er. En nóg um það. Víkjum nánar að því máli við umr. um vegáætlun seinna í dag.

Ég vil þá víkja aftur að hinu, til hvers því fjármagni verði varið sem hér er um að tefla. Ég get upplýst hæstv. samgrh. um það að hér í þinginu ríkir mikil ringulreið um það hvernig

þessu fé verði varið. Ég hef spurt marga ráðh. um það hver sé þeirra skilningur á því, hvort þarna verði um að ræða viðbótarfjármagn ef frv. nái því að verða samþykkt, en ég hef fengið mjög misjöfn svör. Eins er um hv. þm. sem eiga sæti í fjvn., þeir virðast ekki hafa skilið það einum og sama skilningnum hvort um verði að ræða viðbótarfjármagn eða ekki. Einn hv. þm. benti mér á að e. t. v. mætti finna svar við þessu flókna vandamáli, hvað frv. þetta felur raunverulega í sér í umr. sem áttu sér stað um vegáætlun við 1. umr. Ég fór því og fletti upp hvað hæstv. ráðh. hefði sagt um það mál, en hann mun hafa sagt:

„Í sambandi við hraðbrautirnar vil ég geta þess að 500 millj. kr. á þessari vegáætlun er ekki skipt á neinn höfuðflokk vegaframkvæmdanna, hvorki hraðbrautir, þjóðbrautir, landsbrautir, en að sjálfsögðu mun verulegur hluti eða nokkur hluti af þessari fjárhæð ganga til hraðbrauta, og ég geri ráð fyrir því að öll þessi fjárhæð gangi til hraðbrauta og þjóðbrauta við skiptingu á síðara stigi."

Þetta var það eina sem hæstv. ráðh. sagði um þetta mál við kynningu á vegáætlun, og veit ég ekki hvort margir hv. þm. eru mér miklu nær um það hvað hann átti við með þessum orðum. Í öllu falli er þetta sama gestaþrautin fyrir mér eftir sem áður. En í till. fjvn., sem lagðar hafa verið fram, er liður í áætluninni um fjáröflun sem heitir „Aðrar framkvæmdir" og er upp á 500 millj. kr., þ. e. undir liðnum „Sérstök fjáröflun". Mér hefur skilist það og ég fæ ekki betur séð en að þessum 500 millj. sé þegar ráðstafað og að ráðstöfun þeirra felist aðallega í ráðstöfun til ýmissa vegaframkvæmda undir kaflanum um hraðbrautir, en um þetta atriði væri ágætt að fá hér nánari skýringar hæstv. samgrh.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta mál frekar, en vil leyfa mér að lokum að spyrja hæstv. samgrh. eftirfarandi spurninga:

1. Ef frv. þetta verður samþ. óbreytt, bætist þá eitthvert nýtt fé við í Vegasjóð?

2. Til nánari skýringar: Verður 500 millj. kr. meira til ráðstöfunar til vegaframkvæmda heldur en nú eru uppi till. um af hálfu fjvn.?

3. Ef um er að ræða það, að samþykkt frv. geti falið í sér 500 millj. kr. viðbótarframkvæmdir á þessu ári, mun ráðh. nota sér þá heimild sem í frv. felst þannig að um verði að ræða 500 millj. kr. meiri framkvæmdir en ella hefði verið?

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Út af upphafi ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. komu mér í hug gömul ummæli. Það hefur verið svo þessa undanfarna daga að ég hef verið hér alla tíma þingfunda fram á nætur og fór héðan úr þinghúsinu milli kl. 1 og 2 s. l. nótt og hafði þá ekki veður af því og hafði einmitt spurt um það hvort nokkuð hefði verið óskað eftir því að ég yrði viðstaddur eða hvort nokkrum spurningum hefði verið beint til mín í sambandi við þetta mál, vegna þess að ég þurfti að fylgjast með umr. í Nd. Þá datt mér í hug að um þennan hv. þm. mætti e. t. v. segja: Enginn frýr þér vits, en meir ertu grunaður um græsku. Það þarf enginn mér að segja að það hafi verið tilviljun, að hv. þm. bar fsp. sínar til mín svo seint fram og honum hafi ekki verið ljóst að ég var úr þingi farinn. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja þó að menn hafi sitt eðli til vinnubragða. Hef ég ekkert við það að athuga.

Nú ætla ég ekki tímans vegna að fara út í almennar umr. um vegamál, en verð þó að víkja að nokkru sem fram kom í ræðu hv. þm.

Hv. þm. taldi að hann vildi fyrst tryggja það að upp verði byggðir í landinu vetrarvegir og þá líka vonandi vorvegir í kringum landið allt. Nú hefur það skeð og núna á þessum vordögum hefur það verið svo, að settar hafa verið mjög strangar umferðartakmarkanir. M. a. hefur þetta verið gert nokkur undanfarin ár til þess að verja vegina gegn því að þeir yrðu algerlega eyðilagðir eða stórskemmdir af hinum þungu bifreiðum. Hér er um að ræða aðalvegina. Til mín hafa komið bifreiðastjórar, m. a. úr kjördæmi sem þessi hv. þm. er fulltrúi fyrir hér á hv. Alþ., og beðið mig að ganga í það að þessum takmörkunum yrði aflétt. Þeir hafa talið að það væri óhætt að gera það, en hins vegar ekki haft neina vissu fyrir því. Þessar takmarkanir hafa verið settar víða á landinu og m. a. hér á milli Reykjavíkur og Borgarfjarðar. Þá hafa bílstjórar mjólkurbílanna úr Borgarfirði komið til mín á undanförnum vikum og beðið mig að reyna að hafa áhrif á það að þessar takmarkanir yrðu ekki svo strangar sem þær væru, vegna þess að þeir gætu ekki farið með nema hálft hlass. Og sama sögðu norðanbílstjórarnir. Ég sagði þeim að það væri mitt hlutverk að taka í spotta með Vegagerðinni og verja vegina fyrir stórfelldum skemmdum. Þess vegna er það ljóst að í þessu fyrsta takmarki, sem þessi hv. þm. telur sig þó þurfa að gera að sínu máli, þarf mikið átak til þess að hringvegurinn sé fær. Og það, sem er höfuðtilgangur þessa frv., er að afla fjár í þetta verk. Ég fæ því ekki skilið af hverju þessi hv. þm. er ekki stuðningsmaður þess að þetta sé gert, fyrst það er áhugamál hans að gera aðalvegi landsins færa. Það er einmitt það sem á að nota þessa og aðra fjármuni Vegagerðarinnar í, að því leyti sem þeir hrökkva til.

Annað verkefni, sem hv. þm. talaði um að hann vildi vinna að, er lagning varanlegs slitlags á vegi í þéttbýlisstöðum landsins. Frv. það, sem afgr. var til hv. Ed. úr Nd. áðan vegna smávægilegrar breytingar, gengur í þá átt að reyna að gera þetta. Það er hins vegar ljóst að þetta fjármagn, eins og annað, er það lítið að okkur verður of lítið ágengt í vegagerðinni. Þess vegna erum við, sem að þessu vinnum og höfum áhuga á málinu, að reyna að gera tilraun til þess að ná í meira fjármagn til vegagerðar í landinu almennt, vegna þess að aukið fjármagn til vegagerðarinnar hefur áhrif á vegagerð í öllu landinu.

Út af fyrir sig ætla ég ekki að fara að eyða löngum tíma í það að ræða við hv. þm. um brúna yfir Borgarfjörð. Hins vegar hef ég mikla ánægju af ummælum formanns Alþb. þar um og ég mun koma þeim á framfæri á þeim stöðum sem það hentar. (Gripið fram í.) Já, það er ástæða til þess. Hitt vil ég segja þessum hv. þm.

að það hentar að koma því á framfæri í Norðurlandi vestra, á Vestfjörðum, á Vesturlandi og Norðurlandi eystra, vegna þess að hann fer ekki veginn norður yfir Holtavörðuheiði nema fara í gegnum Borgarfjörð. Þar eru nú brýr sem eru orðnar tuga ára gamlar og allir vita, sem vilja vita, að þær munu hrynja fyrr en seinna ef ekki verður af þeim létt. Þessi hv. þm. keyrir ekki norður í sitt kjördæmi nema fara í gegnum Borgarfjörð. Hitt verð ég að segja, að ef hv. þm. eru svo þröngsýnir kjördæmismenn að þeir halda að þeir séu að vinna sínu kjördæmi gagn með því að staglast aðeins á vegum þar, en ekki á heildarlínunni, þá muni seint ganga að koma heildarlínunni á.

Ég hef hér fyrir mér yfirlit yfir fjárveitingar til vega frá og með árinu 1965 til og með þeirri áætlun sem við nú erum að afgreiða fyrir 1976. Ef ég tek hlutfall í fjárveitingum til kjördæma á þessu tímabili, þá er hlutfallið þetta — og þá er komin með fjárveitingin sem vex svo í augum þessa hv. þm., til brúarinnar yfir Borgarfjörð, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa niðurstöðu þessarar athugunar: Reykjaneskjördæmi 28.3% af heildarfjárveitingu til framkvæmda á þessu tímabili, þetta er allt miðað við það. (**Gripið fram í: Á hvaða tímabili?**) Frá 1965—1975, miðað við till. að vegáætlun nú. — Vesturlandskjördæmi 9.8%, Vestfjarðakjördæmi 10.3%, Norðurlandskjördæmi vestra 10.3%, Norðurlandskjördæmi eystra 11.7%, Austurlandskjördæmi 16.2% og Suðurlandskjördæmi 12.8%. Þetta er metið á verðlagi í júní 1975 allt saman. Hér er því um sambærilegar tölur að ræða og þá sjá hv. þm. hvað um er að ræða og hvort það er nokkur goðgá þó að vegum í Vesturlandskjördæmi væri nú sinnt, ekki síst þegar það er á aðalleiðinni. Hv. þm. Ragnar Arnalds má halda áfram mín vegna að tala um Borgarfjarðarbrúna. Ég mun hvorki blikna né blána fyrir að standa að þeirri framkvæmd. Hér er um það mál að ræða að vegagerðin inn fyrir Borgarfjörð verður ekki látin eiga sig lengur, það er nógu lengi búið að trassa það, og rannsóknir, sem gerðar hafa verið, sýna að þessi leið er heppilegri.

Út af því, sem hv. þm. talaði um Holtavörðuheiði, þá hafa þeir þm. norðlendinga haft sérstaka fjárveitingu sem þeir hafa ráðið meira um en aðrir menn, a.m.k. en alþm. hafa ráðið um og Alþ., í Norðurlandsáætlun. Af hverju hefur þessi hv. þm. ekki beitt sér fyrir því að láta nota af þessu fé í vegagerð á Holtavörðuheiði? Ef ég man tölur rétt, þá held ég að það hafi verið mjög takmarkað. Það, sem hins vegar hefur gerst, er að við Vesturlandsþm. höfum beitt okkur fyrir því að bæta veginn á Holtavörðuheiði og skortir þó mikið á að hann sé sæmilegur, eins og okkur er báðum kunnugt um, það skal fúslega viðurkennt. Ég tel því að þetta frv., sem hér er verið að ræða um, sé einn liðurinn í því að greiða úr og bæta um veginn á Holtavörðuheiðinni, því að enginn tekur hann út úr hringveginum um Norður- og Vesturland. Þess vegna fæ ég ekki skilið samhengið í því að hv. þm. hafi þennan áhuga fyrir Holtavörðuheiðinni og þeim öðrum heiðum sem hann nefndi, en ætli svo að snúast gegn fjáröflun í þessu skyni.

Í sambandi við Oddsskarð vil ég geta þess að það hefur nú meiri fjárveitingu en áður hefur verið og það nýtur þess eins og aðrir vegir í landinu að lánsfjár er aflað til vegagerðar.

Það er ekki hægt að koma þessum málum áfram án þess að til þess fáist fé, og það er það sem um er að ræða í þessu sambandi, að fá fé til framkvæmda í vegunum og þá fyrst og fremst í aðalvegunum. Ég held að hv. þm. hafi því mistalað sig eða ég hef þá misskilið hann eða hann er á móti þessari fjáröflun. Hins vegar varðandi það að bæta aðalvegina kringum landið, eins og hann talaði um, það verður ekki gert án fjármagns. Hv. þm. veit að til þessarar vegáætlunar, sem við ætlum nú að fara að framkvæma, verðum við að fá lán, verðum við að nota lánsfé sem er um 900 þús. og höfum heimild til þess samkvæmt samþykkt efnahagsfrv. Þar er gert ráð fyrir happdrættisfé sem nemur 300 millj. kr. Ef þetta væri ekki til staðar, þá hefðum við haft minna til skiptanna í vegamálunum en að öðrum kosti hefði verið.

Út af því, sem hv. þm. spurði um, vil ég leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp úr frv., þar sem talað er um að „ríkissjóður gefur út happdrættisskuldabréf að upphæð allt að 2000 millj. til sölu innanlands á næstu fjórum árum.“ — Það er engin ákvörðun í því að þetta þurfi að vera jafnt árlega og það mundi ekki verða það, vegna þess að í efnahagsfrv. er búið að ákveða að gefa út 300 millj. kr. happdrætti og það er m. a. af því að ekki var vitað hvort þetta mál yrði afgr. hér.

Um ráðstöfun á þessum fjármunum þarf hv. þm. ekki að spyrja, um það segir svo, með leyfi hæstv. forseta, á þskj. 141:

„Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til Vegasjóðs og skal þeim varið að ⅔ hlutum til að greiða kostnað við gerð Norðurvegar milli Akureyrar og Reykjavíkur og að ⅓ hluta til að greiða kostnað við gerð Austurvegar milli Reykjavíkur og Egilsstaða, um Suðurland. Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.“

Hér er það skýrt tekið fram, hvert þetta fé fer. Það er skýrt tekið fram í vegalögunum að það er Alþ. sem afgreiðir vegáætlun og þar með skiptir því fé sem Vegasjóður hefur til umráða. Það er ekki verið að útvega fé handa samgrh. til ákvörðunar, heldur eru það þm. sem ráða skiptingu þessa fjár og ef ráðh. hefur áhrif á þá, þá kann hann að hafa áhrif á þessi mál í afgreiðslu á Alþ. Þess vegna er ekki verið að rétta honum neinar 2000 millj. til þess að skipta í vegi á landinu, það er Alþ. sem skiptir. Það, sem hér er fyrst og fremst verið að gera, er að verið er að tryggja tekjumöguleika til áframhaldandi starfa í uppbyggingu vega í landinu á næstu árum og þá fyrst og fremst höfuðveganna, vegna þess, eins og kom fram í ræðu hv. þm., að þeir hafa setið frekar á hakanum vegna þeirra áhrifa sem þm. hafa á það og áhuga þeirra á að skipta vegafénu heima í sínum kjördæmum. Þessu held ég að hv. þm. geri sér grein fyrir og það hafi komið fram í hans ræðu og hér er því verið að ræða um það.

Út af því hvort þetta kynni að vera notað á þessu ári, vil ég segja það, að vegáætlunin ligg-

ur fyrir og hvernig vegaféð verður notað á þessu ári liggur því fyrir. Hins vegar er ég ekki alveg öruggur um að sú lánsútvegun, sem þarf til vegamálanna á þessu ári, sé fullkomlega tryggð, þó held ég að hún sé það að mestu og mundi því vera hægt að hugsa sér að grípa til einhvers hluta af þessu í því skyni. En auðvitað verður ekki farið að búa til neina áætlun af samgrh., því að það er ekki hans verk. Hins vegar er hér, ef þessi bréf seljast, trygging fyrir fjáröflun til vegagerðar á næstu árum og það er ekkert sem segir að það megi ekki alveg eins selja 700 millj. í happdrætti á næsta ári eins og 500 millj. í ár. Það er ekki um það að ræða. Það er búið að afgreiða það með efnahagsfrv. og það verður ekki farið að gefa út neina nýja vegáætlun í sambandi við þetta mál. Þessu held ég að hv. þm. geti gert sér grein fyrir með því að kynna sér lögin þar um, því að samgrh. hefur ekki þann möguleika að hann geti búið til neina vegáætlun. Hins vegar er þetta trygging gegn fjárvöntun sem kynni að verða á þessu ári og fyrir því að hægt verði að marka stefnu í uppbyggingu á aðalvegum landsins á næstu árum.

Þetta vona ég að nægi hv. þm. sem svar við þeim spurningum sem hann bar hér fram. Út af öðrum atriðum ætla ég ekki fleira að segja.

Umr. frestað.

Flugleiðir, frv. (þskj. 616, n. 783 og 787). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það mál, sem ég mæli hér fyrir, er þess efnis að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugleiðir hf. að upphæð 18.5 millj. dollara. Hér er um að ræða ábyrgð vegna kaupa á tveimur flugvélum af gerðinni DC8-63-CF að upphæð 13.5 millj. dollara og 5 millj. dollara til að bæta rekstrarfjárstöðu félagsins.

Nefndin hefur rætt þetta mál á fjórum fundum og voru þrír fundir sameiginlegir með nefndum beggja deilda. Málið kemur að vísu seint fram, en ég tel hins vegar að nefndin hafi athugað málið allítarlega og lögðu nm. allir á sig mikla vinnu nú yfir síðustu helgi vegna þessa máls. Þeir aðilar, sem komu til fundar við nefndina og veittu margvíslegar upplýsingar og svöruðu fsp., voru ráðuneytisstjórarnir í samgrn. og fjmrn., einnig komu fulltrúar frá Ferðamálaráði og í þeim hópi var einn fulltrúi frá hótel- og gistihúsaeigendum. Einnig komu fulltrúar frá vinnuhópi sem vann að athugun á rekstri Flugleiða hf. vegna þessarar beiðni. Þá kom framkvæmdastjóri Flugfélagsins Air Viking, matsnefnd vegna sameiningar flugfélaganna Loftleiða og Flugfélags Íslands hf., sem fór fram vegna forgöngu þáv. ríkisstj., og að síðustu komu til fundar við nefndina tveir forstjórar Flugleiða hf.

Nm. urðu ekki sammála um endanlega afgreiðslu þessa máls. Þó hygg ég að það hafi komið fram á sameiginlegum fundum nefndanna að allir væru sammála um að það bæri að veita þessa ábyrgð, en nm. urðu ekki sammála um það með hvaða skilyrðum það skyldi gert. Meirihl. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það var afgr. frá Nd., með því skilyrði, að áður en ríkisstj. notar heimild frv. — það er prentvilla hér í nál. — notar heimild frv. um ríkisábyrgð til Flugleiða hf., þá undirriti stjórn Flugleiða hf. yfirlýsingu sem er prentuð í nál. fjh.- og viðskn. Nd.

Ég ætla aðeins í örstuttu máli að fara yfir þessi atriði sem eru sum tæknilegs eðlis, en önnur eru bein skilyrði.

Í fyrsta lagi er það gert að skilyrði, að í yfirlýsingu Flugleiða hf. sé setning að félagið skuldbindi sig til að halda áfram skipulegum aðgerðum til þess að bæta fjárhagsstöðu sína og auka hagkvæmni í rekstri. Í grg., sem þeir aðilar gerðu sem unnu fyrir hönd ríkisins að athugun á rekstri félagsins, kemur fram, að það sé nauðsynlegt að athuga og gera ýmsar breytingar á starfsemi félagsins. Þau atriði, sem þeir nefna, eru m. a. fækkun starfsliðs, hlutafjáraukning, þátttaka í flugrekstri erlendis, eignamat flugfélaganna og samdráttur og endurskipulagning flugrekstrarins. Þetta fyrirtæki er mjög mikilvægt fyrir samgöngur þjóðarinnar og þess vegna er enn mikilvægara að haldið sé uppi skipulegri starfsemi til áframhaldandi hagkvæmni í þessum rekstri.

Í öðru lagi er það gert að skilyrði að Ríkisábyrgðasjóður og samgrh. tilnefni tvo fulltrúa til að fylgjast með fjárhagslegum ákvörðunum félaganna. Skulu þessir trúnaðarmenn eiga rétt á því að sitja fundi með framkvæmdastjórn Flugleiða hf. þegar þeir óska, og heita félögin því að veita þeim allar þær upplýsingar um rekstur fyrirtækjanna sem óskað er eftir á hverjum tíma, þar með að leggja fyrir þá fjárhagsáætlanir, skýrslur um fjármál og rekstur og fyrirætlanir um meiri háttar fjárskuldbindingar. Hér er um miklar ábyrgðir að ræða og þess vegna eðlilegt, að Ríkisábyrgðasjóður og samgrn. hafi eftirlit og fylgist með starfsemi félagsins, enda er hér um gífurlega hagsmuni að ræða.

Þá skuldbindur stjórn Flugleiða sig til að bjóða út hlutafé félagsins í hámark þess sem samþykktir leyfa, þ. e. 600 millj. kr., eins fljótt og aðstæður leyfa að dómi Seðlabanka Íslands og Landsbanka Íslands. Það varð ljóst að eiginfjárstaða þessa fyrirtækis er fremur veik og þess vegna nauðsynlegt að bæta hana. Það er hins vegar annmörkum háð að auka hlutafé nú þegar vegna þess að sameiningu flugfélaganna er ekki lokið. Það var skipuð matsnefnd til að meta eignir félaganna í því skyni að komast að niðurstöðu um hver eignarhlutur þeirra aðila, sem félögin eiga, yrði og er þessu mati ekki lokið. Það er algjör forsenda þess að hægt sé að auka hlutafé í félaginu að þetta liggi fyrir, svo að þeir aðilar, sem hefðu áhuga á að kaupa hlutabréf, hefðu vitneskju um hvað þeir væru að kaupa.

Þá mun stjórnarnefnd Flugleiða láta gera athugun á því, hvort hagkvæmt sé að koma upp fullkominni viðgerðarmiðstöð fyrir flugvélar hér á landi á vegum félaganna.

Og í fimmta lagi mun stjórn og stjórnarnefnd félaganna skuldbinda sig til þess, meðan ábyrgðin

stendur, að ráðast ekki í verulega fjárfestingu í flugrekstri né öðrum rekstri eða taka á sig verulega fjárskuldbindingu nema að fengnu leyfi Ríkisábyrgðasjóðs.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja önnur atriði sem prentuð eru hér í nál., en þau eru flest tæknilegs eðlis og þykja sjálfsögð í slíkum tilfellum, þ. á m. að til viðbótar flugvélunum sem settar eru að veði, skuli einnig standa að handveði öll hlutabréf félagsins. Þetta þýðir að það muni standa að handveði öll hlutabréf í dótturfyrirtækjum Flugleiða hf., sem eru m. a. flugfélagið Air Bahama, Cargolux og einnig dótturfyrirtækið Hótel Esja og fleiri fyrirtæki.

Mikilvægi ríkisábyrgðar er mjög mikið, sérstaklega í litlu þjóðfélagi eins og okkar. Það hljóta hins vegar að vera takmörk fyrir því í hverju tilfelli hvort hægt er að veita ríkisábyrgð, og þá vaknar sú spurning: hvað ræður því hvort ríkisábyrgð er veitt?

Í fyrsta lagi tel ég að það, sem ráði slíku, sé þjóðhagslegt mikilvægi. Mikilvægi samgangna fyrir okkur íslendinga bæði innanlands og utanlands er gífurlegt og er ekki ástæða til þess að rekja það hér. Þess vegna hljótum við að leggja á það áherslu að hér sé til fyrirtæki sem geti haldið uppi þessum samgöngum til hagsbóta fyrir alla þjóðina. Ríkisstj. þær, sem setið hafa á undanförnum áratugum, hafa margoft lýst því yfir að mikilvægi þessara félaga, Loftleiða og Flugfélags Íslands, væri gífurlegt. Ég vil aðeins vitna hér í bréf frá samgrn. um þessi mál, þar sem fram kemur hversu mikilvæg ríkisstj. telur þessi félög vera, en hið opinbera hafði forgöngu um það að þessi félög væru sameinuð. Vil ég aðeins vitna í þetta bréf með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytinu virðist að einkum sé um eftirgreinda þrjá þætti réttinda til flugstarfsemi að ræða sem óskað er staðfestingar rn. á að nýtt sameinað félag mundi njóta:

1. Að hið sameinaða félag fái einkarétt á öllu áætlunarflugi til útlanda.
2. Að hið sameinaða félag fái sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðumm innanlands.
3. Að hið sameinaða félag fái forgangsrétt til leiguflugs til og frá útlöndum eftir því sem við verður komið.“

Hér er sem sagt ljóst að þetta félag fær vilyrði fyrir gífurlegum réttindum í samgöngumálum íslendinga, og vil ég halda áfram að vitna í þetta bréf:

„Ráðuneytið minnir á að opinber stjórnvöld hafa átt frumkvæði að sameiningartilraunum flugfélaganna og hlýtur rökrétt afleiðing þeirrar stefnu að vera sú að sameinað flugfélag eða núv. flugfélög, sem verða undir þess yfirstjórn, verði tilnefnd til að njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs á erlendum flugleiðum sem Ísland hefur samkv. loftferðasamningum og það eða þau vilja nýta.“

Og að lokum segir í þessu bréfi, að sameining félaganna sé talin það mikilsvert skref til að tryggja samgöngur íslendinga bæði innanlands og við önnur lönd að ráðuneytið muni að sjálfsögðu leggja sig fram til að koma til móts við sanngjörn sjónarmið sameinaðs flugfélags til að tryggja því nægileg viðfangsefni og sem traustastan rekstrargrundvöll. Það er því alveg ljóst af þessum ummælum, að það hafa verið gefin loforð um að standa við bakið á þessu félagi.

Annað atriði, sem hlýtur að ráða því hvort ríkisábyrgð er veitt, er efnahagsstaða þess fyrirtækis, sem ríkisábyrgðina fær, og trygging fyrir því að greiðsla falli ekki á ríkissjóð.

Síðustu reikningar þessa félags voru birtir í árslok 1973 og þá voru gerðir reikningar fyrir öll þessi félög. Þá voru eignir félagsins sem hér segir: Veltufjármunir 13 millj. 278 þús dollarar. Verðbréf 410 þús. dollarar. Fastafjármunir 39 millj. 375 þús. dollarar. Aðrar eignir 1348 þús. dollarar. Samtals 54 millj. 313 þús. dollarar. Hins vegar eru skuldir félagsins: Skammtímaskuldir 28 millj. 591 þús. dollarar. Langtímaskuldir 21 millj. 732 þús. dollarar og eigið fé 3 millj. 990 þús. dollarar. Er því ljóst að staða félagsins er ekki alls kostar hagstæð. Veltufjármunir eru sem sagt 13 millj. 278 þús. dollarar og skammtímaskuldir 28 millj. 591 þús. dollarar. Það er því alveg ljóst að það er mjög nauðsynlegt að þessi rekstrarfjárstaða verði tryggð, eigi að tryggja áframhaldandi hagkvæman rekstur. Eiginfjárstaða félagsins er þá 3 millj. 990 þús. dollarar sem er fremur lágt hlutfall miðað við eignir félagsins.

Nefnd sú, sem athugaði þau mál sem varða rekstur félagsins, skilaði mjög ítarlegri grg. Þm. geta að sjálfsögðu ekki tekið ákvörðun um þessi mál nema á grundvelli slíkrar athugunar og engin leið fyrir þá að setja sig inn í hvert einasta atriði í málefnum félagsins. Það kemur fram í þessari grg., sem er meginatriði, hvernig er reiknað með því að rekstrarafkoma félagsins verði á þessu ári og í framtíðinni. Það hlýtur að vera meginmál ef þetta félag á að geta staðið við þessar fjárskuldbindingar að það skili hagnaði, skili afgangi til að greiða þessa miklu fjármuni.

Rekstraráætlanir Flugleiða fyrir árið 1975 sýna um 1340 þús. dollara rekstrarhagnað í millilandaflugi eftir að þá hafa verið afskrifaðar 3 millj. 570 þús. dollarar. Hins vegar er búist við því að um 45 millj. ísl. kr. halli verði á innanlandsflugi. Að sjálfsögðu er aðeins skammt liðið á rekstrarár félagsins og því erfitt um það að segja hvort þessar áætlanir muni standast. Hins vegar er í þessari rekstraráætlun gert ráð fyrir 10% fækkun farþega á Ameríkuflugleiðum og 5% fækkun á Evrópuleiðum. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin fékk, er rekstrarafkoma heldur hagkvæmari en gert var ráð fyrir í rekstraráætlunum það sem liðið er af árinu. Hins vegar er aðalannatími félagsins eftir og því nokkur óvissa um það hvort hún muni standast.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vitna frekar í þessa grg., en ég vil aðeins láta þess getið að með þessum kaupum mun greiðslubyrði félagsins vegna þessara flugvéla léttast um 1 millj. dollara.

Ég hef nú rakið í stuttu máli meðferð nefndarinnar á þessu máli. Til n. hafa borist ýmis gögn sem ég sé ekki ástæðu til að rekja hér. Hins vegar er eitt mál sem bar mjög á góma í nefndinni. Það kom mjög til umræðu í n. sem ekki er minnst á í skilyrðum varðandi þessa ríkisábyrgð og það er samkeppnisaðstaða þessa félags í flug-

rekstri og öðrum rekstri. Þessu félagi hafa verið veitt mikil réttindi af íslenskum stjórnvöldum og félagið hefur jafnframt tekið á sig ýmsar skyldur í því sambandi. Það hafa oft komið upp mál hér á Íslandi þar sem stjórnvöld hafa gripið inn í ef um hefur verið að ræða óhefta og óheilbrigða samkeppni á þessu sviði. Þetta gerðist þegar Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. voru bæði í innanlandsflugi og voru þar í harðri samkeppni. Þá gripu stjórnvöld inn í og upp úr því fékk Flugfélag Íslands einkarétt á vissum áætlunarleiðum. Á árinu 1971 kom einnig til mjög hörð samkeppni milli Flugfélags Íslands og Loftleiða hf. á Norðurlandaflugleið. Þá gripu stjórnvöld inn í það mál, þar sem þau töldu að það væri þjóðhagslega óhagkvæmt að standa að svo gífurlegri samkeppni á þessari leið, og upp úr því máli voru flugfélögin sameinuð. Það hefur ekki verið talin ástæða til þess varðandi þessa ríkisábyrgð að setja bein skilyrði varðandi samkeppnisaðstöðu félaganna. Nefndin hefur litið svo á að það sé verkefni samgrn., sem hefur með þessi mál að gera, að fylgjast mjög náið með starfsemi flugfélaganna, og ef þar kemur upp óheft eða óeðlileg samkeppni, ber rn. að sjálfsögðu að grípa þar inn í, enda hefur það vald til þess þar sem það veitir viðkomandi flugrekstrarleyfi. Það hlýtur að vera óhagkvæmt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði ef um er að ræða óhefta og óeðlilega samkeppni á þessu sviði. Það kemur niður á þjóðfélagsþegnunum síðar meir, því að tap þarf að greiða síðar og þess vegna ber rn. að grípa þar inn í ef það er að dómi þess ástæða til þess.

Þetta flugfélag, Flugleiðir hf., hefur einnig skapað sér mikla sérstöðu í þjónustu ferðamanna hér á landi, og hefur komið fram hjá forráðamönnum félagsins að það hafi í sjálfu sér ekki verið ósk þeirra að reka hér mikla þjónustu við ferðamenn, en þeir hafi séð sig til neydda til þess að geta skapað farþegum sínum aðstöðu hér innanlands. Það er greinilega mikil séraðstaða sem félaginu er sköpuð með einkaleyfum á áætlunarflugi og í framhaldi af því skapast einnig séraðstaða í þjónustu ferðamanna. Það er mikilvægt að félög, sem fá slík réttindi, misnoti þau á engan hátt, og við höfum litið svo á líka að það sé verkefni samgrn. að fylgjast með því og gera ráðstafanir til að grípa þar inn í ef það sér ástæðu til.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta mál. Það er niðurstaða n. að veita beri þessa ábyrgð með vissum skilyrðum og meiri hl. n. mælir með því að svo verði gert, en minni hl., sem er hv. þm. Ragnar Arnalds, skilar séráliti, en hv. þm. Jón Árm. Héðinsson skrifar undir nál. meiri hl. með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Með frv. þessu er farið fram á 2 800 millj. kr. sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, en þessi ábyrgð kemur til viðbótar ábyrgð á lánum sem ríkissjóður og Landsbanki Íslands hafa áður veitt, hvor í sínu lagi, og nema um 1500 millj. kr. Þetta frv. hefur verið rætt á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. beggja deilda þingsins og málið hefur verið ítarlega kannað með viðræðum við forustumenn Flugleiða, fulltrúa fjmrn., Seðlabankans og ýmissa annarra aðila.

Það mun vera upphaf þessa máls, að hinn 25. okt. s. l. báru forráðamenn Flugleiða fram beiðni um aðstoð ríkissjóðs við útvegun rekstrarláns að upphæð alls um 9 millj. dollara. Þetta lán hafa þeir að hluta til fengið nú þegar, þ. e. a. s. 4 millj. 5 millj. fara þeir fram á nú og því til viðbótar 13.5 millj. til kaupa á flugvélum. Allt er þetta reiknað í dollurum. Á vegum ríkisstj. fór fram athugun málsins og það var skoðun vinnuhóps sem kynnti sér þetta mál, að einsýnt væri, eins og segir í grg. um þetta mál, að Flugleiðir þyrftu tafarlaust á verulegri fjárhagsfyrirgreiðslu að halda. Lögðu þeir fram bráðabirgðaálit þar sem fram kom, eins og segir í skýrslunni, að ef forða ætti frá meiri háttar rekstrarerfiðleikum félagsins teldu þeir nauðsynlegt að Flugleiðum yrði þegar veitt aðstoð við útvegun lánsfjár. Þessar setningar rifja ég hér upp til þess að benda á hvað menn hafa talið að málið væri alvarlegt. Síðar kemur fram í þessari skýrslu að ríkisstj. hafi ákveðið að leita eftir lagaheimild fyrir 4 millj. dollara láni, en af því mun aldrei hafa orðið og er það lán sem Landsbankinn veitti ábyrgð fyrir að upphæð 4 millj. dollara eins og áður er sagt. Í þess stað fór fram framhaldskönnun á vegum ríkisstj. sem skýrðist nokkuð undir árslok 1974, og segir í skýrslunni að fyrstu niðurstöður þessarar könnunar hafi verið þær að rekstrarvandi fyrirtækisins væri ekki vanmetinn af forstöðumönnum þess. Áætlað var að tap Flugleiða hf., án Hekla Holding og Hótel Esju, næmi 3.1 millj. dollara á árinu 1974, en jafnframt yrði rekstrarfjárstaða félagsins í árslok neikvæð um 10 millj. dollara. Að auki var ljóst að félagið ætti í verulegum greiðsluerfiðleikum á tveimur síðustu mánuðum ársins. Hér kemur sem sagt fram að Flugleiðir hafa tapað á s. l. ári hvorki meira né minna en tæpum 500 millj. kr.

Ef litið er á erfiðleika fyrirtækisins verður að gera meira en að vísa til ársins 1974. Þessir erfiðleikar verða raktir mörg ár aftur í tímann og þeir eru áreiðanlega af ýmsum toga sprottnir. Bent hefur verið á að stóraukinn kostnaður við olíur og bensín eigi þarna nokkra sök og þar með um leið minnkandi kaupgeta almennings, minnkaðir flutningar yfir höfin og þá síðast en ekki síst seinleg viðbrögð félagsins að bregðast við nýjum aðstæðum og draga saman seglin. Sérstaklega mun það vera samkeppnin í Norðurlandafluginu, sem hv. talsmaður meiri hl. n. réttilega nefndi, sem á stóra sök í því hvernig komið er. Árið 1971 mun Norðurlandaflug Loftleiða hafa verið aðeins 7% af rekstri fyrirtækisins, en aftur á móti var svipuð hlutfallstala um 40—45% af rekstri Flugfélags Íslands, og það er um þessar mundir, á árinu 1971 og þó frekar á árinu 1972, sem Loftleiðir demba sér út í það að fara í mjög harða samkeppni við Flugfélag Íslands í Norðurlandafluginu og það er sem sagt upphafið á hinum stórfellda taprekstri flugfélaganna sem síðan hefur fylgt í kjölfarið. Talið er að tap Loftleiða einna á Norðurlandafluginu hafi verið 200 millj. kr. á árinu 1972, og fékkst þessi tala staðfest af forstjóra Flugleiða á fundi sem hann átti með fjh.- og viðskn.

Eins og ég gat um áðan, er talið að tapið á árinu 1974 hjá Flugleiðum hafi numið 500 millj. kr., en þar af var upplýst á fundi n. að tap á innanlandsflugi Flugfélags Íslands hefði verið 50 millj. kr. með fullum afskriftum eða aðeins 1/10 hluti af þessari upphæð. Það er því ljóst öllum að erfiðleikarnir, sem nú steðja að, stafa fyrst og fremst af taprekstri Loftleiða.

Ég tel rétt að skoða svolítið hvað gerst hefur við sameiningu þessara félaga á undanförnum árum og hvað þar er í bígerð, vegna þess að ég tel að bæði hv. alþm. og reyndar þjóðin öll eigi að fá miklu betri upplýsingar um þessi mál en hún hefur fengið fram að þessu. Sumt af þessu hefur komið fram nú þegar í þessum umræðum, en annað ekki.

Flugfélag Íslands mun hafa að hlutafé 125 millj. og hluthafar munu vera þar 600 talsins. Ríkið mun eiga 13% af hlutafénu í Flugfélaginu og Eimskipafélag Íslands um 40%, en sem sagt einstaklingar aðrir eiga afganginn. Hlutafé Loftleiða mun vera 25 millj. kr. aðeins, en eignir fyrirtækisins eru geysimiklar, eins og mönnum er nú kunnugt, og má þar helst nefna dótturfélögin: Air Bahama sem var keypt árið 1969, að því er sagt var til að tryggja hagsmuni Loftleiða á suðurhluta Atlantshafsleiðarinnar, og mun hafa kostað 751 þús. dollara. Komið hefur til tals að selja þetta hlutafélag aftur og er upplýst að söluverð gæti orðið um 800 þús. dollarar. Annað fyrirtæki, sem telst dótturfélag Loftleiða, er Hekla Holding hf. sem á öll hlutabréfin í Air Bahama og er einhvers konar milliliður á milli Loftleiða og Air Bahama. Air Bahama mun hafa verið búið að starfa í aðeins eitt ár þegar það var keypt af Hekla Holding, en samkv. þeim upplýsingum, sem veittar hafa verið, er Hekla Holding aðeins pappírsfélag og hefur ekki neinn raunverulegan rekstur með höndum. Þriðja fyrirtækið, sem er starfandi og Loftleiðir eiga hlut í, er Cargolux sem Loftleiðir eiga að ⅓ hluta. Flugfloti Cargolux mun vera byggður upp af 5 flugvélum sem áður voru í eigu Loftleiða og eru þær nú reknar af Cargolux, en eru þó eftir sem áður að hálfu eign Flugleiða. Flugleiðir munu svo þar að auki eiga ⅓ hluta í stærsta hóteli Lúxemburgborgar, en það er 150 herbergja hótel og er talið glæsilegasta hótel þar um slóðir.

Það, sem verið er að gera með breytingunni og sameiningu flugfélaganna, er að nýtt félag er stofnað sem mun hafa hlutafé 320 millj. kr., og gert hefur verið ráð fyrir því að breytingin verði komin á á aðalfundi félagsins 1. júlí 1976. Eins og áður hefur komið fram hjá mér, þá er mikill munur á hlutafé í þessum tveimur fyrirtækjum, Loftleiðum og Flugfélagi Íslands, en að sjálfsögðu verða þau metin upp og mun vera starfandi þriggja manna nefnd sem hefur með höndum endurmat á eignum félaganna. Ákveðið hefur verið í stofnsamningi að annað félagið geti fengið allt að 65% af hlutabréfum í hinu nýja félagi, en hitt ekki minna en 35%, og gera menn þá ráð fyrir því — þó að þetta sé nú orðað á þennan veg — að þá sé sem sagt um það að ræða að Loftleiðir séu hinn stærri aðili. Ætlunin er að þeir, sem eru nú hluthafar í Flugfélaginu og í Loftleiðum, verði nýir hluthafar í Flugleiðum, en svo verði þessu aftur snúið við þannig að Flugleiðir eignist öll hlutabréf í Flugfélagi Íslands og Loftleiðum. Þó mun ætlunin að Loftleiðir og Flugfélag Íslands verði sjálfstæð fyrirtæki áfram hvort um sig og verði rekin með sérstaka efnahags- og rekstrarreikninga hvort um sig á hverju ári. Þar að auki hefur verið upplýst, að ætlunin er að Loftleiðir verði utan við alþjóðasamband flugfélaganna, IATA, en Flugfélagið haldi áfram að vera í samtökunum, jafnvel þótt svo standi á að Flugleiðir eigi bæði félögin og annist ýmiss konar sameiginlegan rekstur sem muni skiptast á félögin í ákveðnum hlutföllum. Þetta hefur mörgum þótt æði glæfraleg stefna af fyrirtækjunum, að ætla að slá sér saman í eitt félag, sem er í raun og veru steypt saman eins og nokkur kostur er að steypa saman tveimur félögum, en eftir sem áður verði þessi fyrirtæki bæði í og utan IATA. Skal ég að vísu ekki dæma um það hvort þetta er framkvæmanlegt eða ekki, en kunnugir, sem reynt hafa að kynna sér hina lögfræðilegu hlið þessa máls, telja sumir hverjir að þarna sé farið út á æðihálan ís.

Kostir þess, að félögin eru sameinuð, eru auðvitað augljósir. Enginn vafi er á því að fyrirtækin hefðu mátt þola meira tap á liðnu ári ef hin harða samkeppni, sem var þeirra í milli, hefði haldið áfram. En hitt blasir að sjálfsögðu við, að það er annað félagið, Loftleiðir, sem fyrst og fremst tapar gífurlegum fjármunum á undanförnum árum, og hættan er að sjálfsögðu sú, ef svo heldur áfram, að það félag geti dregið hitt félagið með sér í fallinu.

Í viðræðum fjh.- og viðskn. við ýmsa þá aðila, sem komu á fundi nefndarinnar, kom fram það sjónarmið hjá æðimörgum aðilum að sameiningin hefði einnig aðra ókosti en þá sem ég hef nú talið og þá fyrst og fremst þann að um væri að ræða hættulega hringamyndun fyrirtækja sem skapað gætu sér varhugaverða einokunaraðstöðu í ferðamannaiðnaðinum. Eins og kunnugt er, þá eru á vegum þessarar fyrirtækjasamsteypu mörg önnur fyrirtæki en þau sem ég nú hef nefnt og eru öll starfandi á erlendri grund. Hér innanlands er um að ræða tvö hótel sem ráða yfir 70% gistirýmisins í höfuðborginni, bílaleigu, Ferðaskrifstofuna Úrval og svo að sjálfsögðu þá aðstöðu sem fólgin er í því að Flugleiðir ráða yfir nær öllu millilandaflugi frá Íslandi. Sérstaklega kom það sterklega fram á þessum fundum að gistihúsaeigendur telja þá aðstöðu, sem Flugleiðir hafa skapað sér, afar varhugaverða og óeðlilega. Kom það m. a. fram að ekki væri nú allt fram komið með því að Flugleiðir hefðu eignast 70% af gistirýminu í Reykjavík, heldur væri nú fyrirhugað að reisa heljarmikla kaffiteríu, sem mundi kosta 60 millj. kr., og þau þrjú veitingahús, sem væru í grennd við þessa kaffiteríu, væru mjög uggandi um sinn hag eftir að hún væri risin. Ekki eru síður miklar áhyggjur hjá þeim sem eru í þeim viðskiptum að flytja íslenska ferðamenn til annarra landa, og á það ekki hvað síst við fyrirtækin Alþýðuorlof og Sunnu, en frá forráðamönnum Sunnu komu fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar um viðskiptahætti Flugleiða, sem þeir fullyrtu að ástunduðu undirboð á þessum markaði sem væru til þess eins gerð að knýja keppinautana til uppgjafar. Ekki skal

ég hér fella neinn dóm á það hvort þær ásakanir, sem ég nefndi nú, eiga rétt á sér. Til þess þyrfti ég og aðrir nm. að hafa miklu betri tíma til að kanna þessar ásakanir. En hitt fer auðvitað ekkert á milli mála, að um er að ræða mjög magnaða fyrirtækjasamsteypu sem er að hlaða utan á sig, og þarf ekki frekar að orðlengja það að slíkur aðili getur skapað sér þá einokunarstöðu sem talað er um í þessu sambandi, hvort sem hægt er að segja að hún sé orðin til nú þegar eða ekki. En því dreg ég þetta hér fram, að í fyrsta lagi er að sjálfsögðu rétt að þetta komi fram í umræðunum og að fólk almennt geri sér ljóst hvað þarna er á seyði, en einnig hitt, að hagsmunir opinberra aðila kunna að vera í húfi að þessi fyrirtækjasamsteypa geti ekki haldið áfram og starfað með þeim hætti sem hún hefur gert án þess að breytingar verði gerðar á. Þar á ég við skattahlið málsins.

Það segir sig nokkuð sjálft að með því að steypa saman mjög mörgum fyrirtækjum er að sjálfsögðu verið að koma í veg fyrir það að fyrirtækin greiði þá skatta sem þau ella mundu gera, vegna þess að mikill hagnaður á einu fyrirtæki gengur upp í taprekstur á öðru og alls kyns tilflutningar á fjármagni geta komið í veg fyrir að fyrirtækin greiði nokkurn skatt að ráði til hins opinbera. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að þetta séu mínar hugmyndir, heldur kom þetta fram á viðræðufundunum sem fjh.- og viðskn. átti við ýmsa aðila, að þessa hlið málsins þyrfti að athuga. Og ég hef beinlínis dregið þessa hlið málsins fram í þeirri brtt. sem ég flyt hér, þar sem ég geng út frá því að það verði eitt af skilyrðunum, sem sett verði í sambandi við þessa ábyrgðarheimild, að allir þessir aðilar sem starfa á innlendri grund, verði taldir sjálfstæðir skattaðilar, bæði Loftleiðir, Flugfélagið, bílaleiga, Hótel Esja, Hótel Loftleiðir og Ferðaskrifstofan Úrval.

Ég ætla svo ekki að orðlengja um þessa hlið málsins. Um hana mætti fjöldamargt segja og hef ég um þetta efni miklar upplýsingar í höndum sem sjálfsagt gæti verið fróðlegt að koma á framfæri, en verður ekki gert að þessu sinni því að ég sé enga ástæðu til að þessar umr. verði óhóflega langar.

Ég sný mér þá að þeirri hlið málsins sem snýr að því hvort veita eigi þessa ábyrgðarheimild. Þá er að sjálfsögðu fyrst að líta á það hversu mikil áhætta er þarna á ferðinni og hvort fyrirtækið raunverulega á fyrir skuldum eða ekki. Ég verð að segja það strax, að þegar þessar viðræður hófust datt mér ekki annað í hug en að unnt yrði á nokkrum nefndarfundum að fá það á hreint hvort fyrirtækið Flugleiðir ætti örugglega fyrir skuldum eða ekki. En þegar þessum sameiginlegu fundum lauk lá það ekki fyrir og vantaði mikið á. Hins vegar hevrði ég það á máli hv. frsm. fjh.- og viðskn. að hann hafði aflað sér einhverra viðbótarupplýsinga um þessa hlið málsins, og verð ég að játa að ég fylgdist ekki nægilega vel með hans máli til þess að grípa hver væri niðurstaðan í þessu efni, en kannske var þarna einungis um að ræða nokkrar tölur sem fengnar voru úr bókhaldi fyrirtækjanna og segja að sjálfsögðu ekki nema hálfa sögu. Þó tók ég eftir því að hann talaði um að skammtímaskuldir fyrirtækisins væru 28 millj. dollarar og að eiginfjárstaða fyrirtækisins væri 3 millj. dollara. Þessar tölur hefði að sjálfsögðu verið ágætt að skoða í næði, en það hef ég ekki gert og er að vísu efins um að þær segi í sjálfu sér alla söguna. En hvernig sem það er, þá var það niðurstaða þess vinnuhóps, sem rannsakaði þetta mál, eins og segir á bls. 7 í skýrslunni, að staða fyrirtækisins væri greinilega það erfið að ekki þyrfti mikið út af að bera í áætlun Flugleiða til þess að duglega slægi í bakseql. Svo segir hér síðar:

„Hótel- og skrifstofubyggingar félagsins mega teljast fullveðsettar og hið sama gildir um flugvélaeignir félagsins, en 4 millj. dollara lánið í nóv., var tekið með veði í þeim. Eru möguleikar á veðsetningu í núverandi eignum félagsins því að mestu fullnýttir. Flugvélakaupin eru því forsenda frekari fyrirgreiðslu til félagsins að öðru óbreyttu."

Á fundi félagsins voru forráðamenn Flugleiða beðnir að gefa lauslega hugmynd um hverjar væru eignir félagsins og það er einmitt sú hliðin sem ég býst við að vanti inn í dæmið. En þeir neituðu að gefa þær upplýsingar og báru það fyrir sig að þeir treystu sér ekki til að gera þar neinar áætlanir um. Voru þá kallaðir til þeir menn sem fengnir hafa verið til að meta eignir félagsins og hófu störf fyrir tveimur árum, en þeir urðu að tilkynna n. að á þessum tveimur árum hefði þeim ekki tekist að komast að niðurstöðu um það hverjar talist gætu eignir félagsins. En þó var það svo, að reikningana voru þeir að ljúka við og áttu þá eftir að færa eignirnar upp til núgildandi verðlags og býst ég því við að það verk hafi enn ekki verið unnið.

Lánin, sem ætlunin er að taka, eru að upphæð 18.5 milli. dollara. Annað þeirra er til 7 ára með 8% vöxtum — það mun vera um helmingur lánsins — en hitt er til aðeins 5 ára með 9—10% vöxtum. Er því augljóst að greiðslubyrði af þessum lánum verður gevsilega mikil, enda hefur það komið fram hjá ýmsum aðilum að menn eru mjög efins um það, eins og sakir standa, að fyrirtækið muni geta staðið við skuldbindingar sínar hvað snertir þessi lán á fyrsta og öðru ári og því séu verulegar líkur á því að lánið falli á Ríkisábyrgðasjóð. Þessar ábyrgðir eru taldar 29% af veltu Flugleiða á árinu 1975. Þær vélar, sem teknar eru sem ábyrgð í þessu láni, eru orðnar nokkuð gamlar eða 7 ára, þær eru frá árinu 1968, og þær eru í dag metnar á 11 milli. dollara hvor um sig að hámarki, en sumir hafa þó nefnt lægri upphæðir, t. d. 10 milli. dollara, samtals 20 milli., og má sjá að veðsetningin í flugvélunum kemur til með að nema 92.5% af áætluðu hámarksverði vélanna í dag. Þarf áreiðanlega ekki að segja nokkrum alþm. það, að ekki mundi nokkur banki taka svo mikið veð hlutfallslega í nokkurri eign. Þetta er hámarksverð, eins og ég nefndi hér áðan, en engin vitneskja og enginn spádómur er um það í raun og veru á hvaða verði þessar vélar verða eftir eitt eða tvö ár því að enginn getur um það sagt. Hitt er vitað, að framleiðslu vélanna hefur verið hætt. Þær eru ekki lengur framleiddar, þessar vélar, og reynslan hefur sýnt það, bæði á sviði bílaframleiðslu og flugvéla-

framleiðslu og á mörgum öðrum sviðum vélaframleiðslu, að þegar hætt er framleiðslu á ákveðinni vélategund fer hún að lækka töluvert mikið í verði, þ. e. eldri vélar. Hvort þær lækka þá hraðar en nemur afborgunum af láninu, það getur að sjálfsögðu enginn sagt neitt um í dag, en það þarf ekki að benda neinum á að hér er greinilega teflt á allra tæpasta vað hvað snertir veð fyrir þessum skuldum.

Erfiðlega gekk í n. að fá upplýsingar um það eða staðfestingu á því hversu lengi þessar vélar mundu duga. Eins og ég sagði áðan, hafa þær verið notaðar nú í 7 ár og flugvélaverkfræðingur, sem mætti á fundi n., áætlaði að ævitími þessara véla muni nú vera hálfnaður, en eins og ég sagði þá eru lánin til allt að 7 ára. Forráðamenn Flugleiða fullvissuðu hins vegar nm. um að ævitími vélanna gæti talist lengri en þetta og nefndu 10—15 ár.

Í þessu sambandi er að vísu rétt að viðurkenna það, að þótt sagt sé að eignir félagsins séu fullveðsettar, ekki sé hægt að fá veð í þeim frekar en orðið er, má þó reikna með að söluverð eignanna væri eitthvað dálítið hærra en nemur því veði sem á þeim hvílir. Spurning er þá bara sú, hve miklar skuldirnar eru sem ekki eru bundnar veðum í eignunum. En hér er rétt að upplýsa það að Loftleiðahótelið er talið vera 1500—2000 millj. kr. að brunabótamati. Þetta var áætlunartala þeirra sem upplýsingarnar gáfu, og nákvæma tölu er að sjálfsögðu hægt að finna, en 900 millj. kr. munu vera áhvílandi á Loftleiðahótelinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þessa hlið málsins. Það leynir sér ekki af þeim upplýsingum sem ég hef hér dregið fram, að hér er um mikið áhættulán að ræða, sem verið er að taka, og mikla áhættuábyrgð. Enginn veit hvernig félaginu reiðir af á næstu 2—3 árum og er því alveg eins hægt að búast við því að talsverður hluti af þessu láni lendi á ríkissjóði. Ég vil nefna það hér, að í skýrslu þess vinnuhóps, sem undirbjó þetta mál af hálfu Seðlabankans og ríkisstj., kemur fram eftirfarandi málsgrein.

„Hins vegar er ljóst, að rekstrarerfiðleikar félagsins eru ærnir og óvissa í efnahagsmálum í markaðslöndum félagsins og í flugrekstrarmálum er það mikil, að engan veginn er víst að erfiðleikar fyrirtækisins séu eins tímabundnir og vonast er til. Það er því afar nauðsynlegt að stöðugt sé hugað að breytingum á rekstri félagsins, bæði til að draga úr rekstrarkostnaði, en þó ekki síður með tilliti til hugsanlegrar endurskipulagningar á flugrekstri félagsins vegna breytinga ytri aðstæðna."

Það leynir sér sem sagt ekki að þeir hagfræðingar, sem rannsakað hafa þetta mál, eru harla kvíðnir um framtíðina og hvetja eindregið til þess að reynt verði að beita ítrustu hagræðingu innan fyrirtækisins. En staðreyndin er hins vegar sú að sameining félaganna hefur enn sem komið er ekki haft í för með sér þá hagræðingu í rekstri þeirra sem vonast var til, og var það viðurkennt á þessum viðræðufundum að svo væri.

Ég hef hér reynt að draga upp mynd af þeirri áhættu sem ríkið er að taka á sig með þessari ábyrgðarheimild og þar er myndin í grófum dráttum nokkuð dökk, en að nokkru leyti í algerri óvissu. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar eins og margir aðrir, að í grundvallaratriðum sé það rétt afstaða að veita þessa ábyrgðarheimild. Ég tel að það sé mikið í húfi fyrir íslendinga að flugsamgöngur við önnur lönd séu áfram jafngóðar og þær hafa verið á undanförnum árum og að þær séu áfram í höndum innlendra aðila, og það virðist ekki unnt að tryggja að svo verði öðruvísi en að Flugleiðum sé veitt hjálp til að standast þá erfiðleika sem félagið á nú í. Það er sem sagt með hliðsjón af almennu þjóðhagslegu gildi þessa rekstrar sem ég er í grundvallaratriðum jákvæður gagnvart því að ábyrgðarheimildin sé veitt. En ég tel að miðað við það, sem ég hef hér dregið fram, miðað við áhættuna, sem ríkið tekur á sig, og miðað við hugsanlega bagga, sem lenda á ríkinu á næstu árum af völdum þessarar skuldbindingar, þá sé eðlilegt að ríkisvaldið verði beinni aðili að þessum rekstri en verið hefur, beinni aðili en tillaga er gerð um af hálfu meiri hl. nefndarinnar.

Það hefur verið upplýst, svo að ég bæti því aðeins við, að á undanförnum árum hefur þetta fyrirtæki verið harla skuldseigt. Það hefur látið hvert lánið af öðru, stórlánið, falla á Ríkisábyrgðasjóð, og það eru milljónatugir í dag sem fyrirtækið skuldar Ríkisábyrgðasjóði, t. d. er hér bara ein skuld, sem ég sé á blaði, við Ríkisábyrgðasjóð að upphæð 58 millj. kr. Þær munu vera fleiri. Og félagið hefur ekki greitt lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli um langt skeið og hefur þar af leiðandi hlaðist þar upp mikill skuldahali. Þetta nefni ég bara til að minna og benda á að þegar þar að kemur, þá þarf í raun og veru engum að koma á óvart að erfitt geti orðið að láta fyrirtækið standa í skilum með það lán sem ríkið er hér að taka ábyrgð á. Með þetta í huga tel ég að ríkið eigi að vera beinni aðili að rekstrinum, og till. mín er hin sama sem fulltrúi Alþb. í fjh.- og viðskn. Nd. gerði þar, að ríkið eigi 1/4 hlutafjár. Ég tel að engin rök séu fyrir því að ekki sé hægt að koma þessu í kring fyrir lok þessa árs, ársins 1975, ef nægur vilji er fyrir hendi af hálfu stjórnenda fyrirtækisins, og ég tel að þetta þurfi að gerast hið fyrsta þannig að þessi mál komist á hreint, en að bíða í meira en eitt ár eftir því að hlutafjáraukning eigi sér stað, það eru vinnubrögð sem ég kann ekki við og eru allt annars eðlis heldur en þau kjör sem fyrirtæki almennt í þjóðfélaginu hafa orðið að sætta sig við. Þegar um hefur verið að ræða fjárhagslega endurskipulagningu eða lánveitingar úr opinberum sjóðum til fyrirtækis, sem staðið hefur illa, og gerð hefur verið krafa um að hlutafé verði aukið, þá hefur að sjálfsögðu verið ætlast til þess að sú hlutafjáraukning ætti sér stað innan skamms og á næstu mánuðum, en ekki að beðið væri með það um mjög langt skeið, eins og hér er gert ráð fyrir, kannske í meira en eitt ár.

Eins og ég hef áður sagt frá, þá er það sett sem viðbótarskilyrði fyrir samþykkt þessarar ábyrgðarheimildar í þeirri brtt. sem ég flyt á þskj. 787, að þrátt fyrir ákvæði 4. gr. l. nr. 30 27. mars 1974, um ráðstafanir vegna sameiningar

Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf., en þar er minnst á það að fyrirtækið skuli teljast einn skattaðili, þrátt fyrir þetta ákvæði skuli væntanleg dótturfyrirtæki Flugleiða hf., þ. á m. Flugfélag Íslands hf., Loftleiðir hf., Loftleiðahótelið, Bílaleiga Loftleiða og Hótel Esja, teljast sjálfstæðir skattaðilar að því er varðar álagningu opinberra gjalda. Ég sé það nú eftir á að hér hefði að sjálfsögðu verið eðlilegast að bæta einu fyrirtæki við þar sem er Ferðaskrifstofan Úrval, en það má vera að hún sé hvort eð er sjálfstæður skattaðili þar sem fleiri aðilar eiga það fyrirtæki en Flugleiðir, og mundi þá sú till. ekki eiga rétt á sér.

Ég þarf þá ekki að orðlengja þetta mál frekar, herra forseti, og tel mig hafa gert grein fyrir þeim meginrökum sem ég styð með þá brtt. sem ég hef hér flutt.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég verð að byrja á því að lýsa undrun minni yfir því, með hvaða hætti þetta mál bæði kemur inn í þessa d. og til Alþ. í heild, og enn fremur því, að hæstv. fjmrh. skuli ekki sýna d. þá virðingu að sitja hér og hlusta á umr. og ekki forsrh. heldur og er þó verið að biðja um stærri ríkisábyrgð en nokkru sinni áður mér vitanlega. Þetta er slík lítilsvirðing gagnvart störfum þm. að ekki tekur nokkru tali. Ég tel þetta hreina móðgun gagnvart okkur í d. og mér er skapi næst að standa hér kyrr og steinþegja þangað til annar hvor ráðh. kemur inn. Við eigum að afgreiða þessi mál án þess að fá að kynna okkur þau á eðlilegan hátt. Þau eru búin að veltast hjá ríkisstj. svo að mánuðum skiptir. Það er þá tilgangslaust að vera að biðja okkur um að kanna mál og fara yfir þau þegar þannig er staðið að. Það væri miklu eðlilegra að við stæðum hér hver á fætur öðrum og héldum uppi málþófi sleitulaust þangað til ríkisstj. gæfist upp við að koma málinu í gegn. Það væri mér miklu geðfelldara úr því að okkur er sýnd slík lítilsvirðing. Við þm. eigum að gæta hagsmuna ríkissjóðs ekkert síður en fjmrh. þó að hart sé á okkur sótt. Við eigum oft að vera örlátir á fé, en nú er sótt svo hart á og tryggingar svo hæpnar að það er vel þess virði að hæstv. fjmrh. hlusti á aths. okkar ef við eigum ekki að skrifa undir þetta gjörsamlega blindandi. En það hefur kannske verið ætlunin að við gerðum það, af því að málið er svo hæpið eins og fram hefur komið bæði í ræðum og á nefndarfundum. En það er hæstv. ríkisstj. ekki til sóma. Það vil ég að sé á hreinu. Nóg um það og læt ég það vera mál forseta hvort hann hlustar á beiðni mína eða ekki, og mun ég þá snúa mér að efni málsins. (**Forseti:** Ég vil taka fram að ég færði það í tal við hæstv. fjmrh. hvort hann gæti verið viðstaddur þessa umr. og hann tjáði mér að hann mundi gera það. En eins og okkur er kunnugt er fundur einnig í hv. Nd. þar sem ráðh. á sæti og síðustu fréttir sem ég hef af hæstv. ráðh. eru að hann sé þar við atkvgr. Ég vænti þess að hann muni koma hingað þegar hann getur komið því við.) Herra forseti. Ég tek þetta til greina og skil að það er ekki neinum fært að sinna þingstörfum samtímis í báðum d. og er ekkert við því að segja út af fyrir sig. En ég kemst ekki hjá því að gera þessa aths. til aðvörunar gagnvart framtíðinni a. m. k. þótt ekki sé meira sagt.

Þetta mál er búið að velkjast lengi hjá opinberum aðilum, kom fyrst á fjörur opinberra aðila í okt. s. l. haust og var þá rætt á óformlegum fundi 25. okt., bæði við hæstv. fjmrh. og samgrh., að nauðsyn væri á að veita Flugleiðum ábyrgð allt að 9 millj. dollara til þess að bæta rekstraraðstöðu fyrirtækisins. Í áframhaldi af þessum viðræðum var málið undirbúið betur og settar fram nýjar áætlanir og nýjar lánsbeiðnir þar sem nauðsynlegt þótti að líta nánar á málið eftir þennan fund. Og í bréfi, sem okkur nm. var fengið og dagsett er 5. febr. 1975, virðist mér að sé sótt formlega um ríkisábyrgð vegna kaupa á tveimur flugvélum af gerðinni DC-8-63-CF og það er undirritað af stjórnarnefnd Flugleiða. Þar segir:

„Hafa vélarnar verið í notkun á flugleiðum félagsins milli Bandaríkjanna og Luxemborgar og einnig til Skandinavíu og Stóra-Bretlands. Er gert ráð fyrir að þær verði notaðar með sama hætti í framtíðinni."

Áður nefndur kaupleigusamningur rennur út nú á miðju þessu ári, þ. e. a. s. yfirstandandi ári. Það er sem sagt reiknað með því að að veittri þessari ábyrgð verði rekstur þessara véla í svipuðu formi og verið hefur. En þar í liggur hættan fyrst og fremst að mati okkar margra, vegna þess að þegar farið er í gegnum öll þessi skjöl kemur í ljós að Loftleiðir hafa átt kost á því að hafa vélarnar á leigu í 5 ár, en hefur aðeins tekist að greiða 1/3 af hugsanlegu kaupverði á 5 ára tímabili, á því tímabili þegar flugið hefur verið í mestri þenslu og gefið mestan arð í heiminum. En nú er fyrirhugað á 7 árum að borga 2/3, þegar allir vita að næstu tvö árin er gefið að á þeim leiðum, sem þessar vélar ætla að keppa á, verða a. m. k. miklir erfiðleikar svo að ekki sé sagt dúndrandi tap.

Að mínu mati er því hér fyrir fram verið að afhenda hundruð millj. kr. úr ríkissjóði, og það eina sem réttlætir þessa afhendingu er að komast gegnum væntanlega erfiðleika í náinni framtíð og velja á milli þess að hætta þessari þjónustu eða ekki. Mér skilst að flestir séu á því að taka þessa áhættu, og hef ég skrifað undir nál. með fyrirvara. Þess vegna mun ég eyða nokkrum orðum að þessu máli í heild vegna þess að ef það er réttlætanlegt að taka þessa áhættu, þá verðum við að gera okkur grein fyrir því hvers vegna við viljum það.

Það er ekki verið að veita þessa ríkisábyrgð til þess að halda uppi samgöngum frá Íslandi til hinna Norðurlandanna. Ég vil að menn geri sér grein fyrir því. Það er undirstrikað af stjórnarnefnd Flugleiða að sú er ekki ætlunin. Það er því ekki verið að tryggja það að íslendingar eigi sem besta og öruggasta leið að komast til Norðurlandanna því að við séum hér úti á eyju og séum eyþjóð. Öðru nær, miklu fremur er verðlag nú komið svo hátt frá Reykjavík eða Keflavík til Norðurlandanna að það er að verða ógerningur fyrir venjulegt fólk að hagnýta sér það, og mun ég koma að því síðar. En á leið, sem er þrisvar sinnum lengri og þessar

vélar eiga að fljúga á, er mjög svipað fargjald. Hvorum þjóna nú þessir ágætu menn betur, íslendingunum eða útlendingunum? Ég er ekki með þessu að gagnrýna það sem gerzt hefur á undanförnum 20 árum eða lengra tímabili. Ég lít á stöðuna í dag og næstu ár fram í tímann og okkur ber að líta á hana.

Það mun enginn annað en lofa athafnasemi og dugnað þeirra manna sem stofnuðu Loftleiðir og hafa rekið þær mismunandi góð tímabil. Það er ekki til umræðu í dag hér. Til umræðu er að veita ákveðna ríkisábyrgð með vissri áhættu og sú áhætta er sannarlega mikil. En hún kann að vera réttlætanleg ef við höfum þá sannfæringu að það sé til heilla fyrir þjóð okkar að tapa ekki þessari áætlunarleið. En þá hefði átt að sýna Alþ. þann sóma að gefa alþm. miklu meira tækifæri til þess að fara í gegnum margvísleg skjöl og upplýsingar sem við urðum áskynja að nauðsynlegt var að afla. Engin leið er að komast í gegnum það allt á svo stuttum tíma sem okkur er ætlaður til að vinna að málinu. Við verðum því að taka trúanlegt að ákveðinn hópur manna að sumu leyti trúnaðarmenn hins opinbera, vinni málið verulega og matreiði í okkur og við síðan að samþykkja slíkt, en mér er það ekki að skapi. 11. febr. 1975 rita þessir menn, sem eru þrír, bréf til samgrh. og fjmrh. þar sem þeir mæla með að veitt verði með ákveðnum skilmálum ríkisábyrgð, sjálfskuldarábyrgð, fyrir 13.5 millj. dollara láni sem Flugleiðir hf. hyggjast taka til greiðslu eftirstöðva 21 millj. dollara kaupverðs tveggja flugvéla sem félagið hefur haft á leigu undanfarin ár skv. kaupleigusamningi, verði lán þetta tryggt með veðrétti í þessum flugvélum. Og í öðru lagi, að vegna rekstrarerfiðleika taki Flugleiðir hf. 5 millj. dollara erlent lán án ríkisábyrgðar með 1. veðrétti í áðurnefndum tveimur flugvélum. Hér er því samtals lán upp á 18.5 millj. dollara. Auk þess hefur Landsbanki Íslands veitt ábyrgð til 4 millj. dollara láns sem er til að mæta árstíðabundinni fjárþörf Flugleiða, og það lán skal gerast upp síðla þessa árs og mun ekki vera nýtt fyrirbrigði. Til að tryggja það lán hefur Landsbanki Íslands nú allsherjarveð í öllum flugflota Flugfélags Íslands eins og hann leggur sig. Það var upplýst á fundunum að aðrar eignir Flugleiða eru allar toppveðsettar og virðist þar ekki vera ögn eftir, nema blessuð verðbólgan hjálpi nú til í þessu tilfelli og skapi hugsanlega rýmingu í einhverri eignanna. Því er boðað að eini möguleikinn, sem til er fyrir ríkissjóð, er að taka veð í flugvélunum sem menn ætla að haldi verðgildi sínu næstu 2—4 árin, 22 millj. dollara, en það er spá manna, en engin vissa. Það hefur skeð áður að verð á flugvélategundum hrapar skyndilega vegna breyttrar tækni. Þó mun það vera staðreynd að hin venjulega farþegaþota hefur náð 900 km hraða svo að um hraðabyltingu verður ekki að ræða, heldur mun annað þurfa að koma til ef ákveðin flugvélategund á að hrapa mjög skyndilega í verði. En upplýst er jafnframt að þessa gerð er hætt að framleiða og munu vera rúmlega 2 ár síðan svo varð. Ný tegund er komin á markaðinn frá sömu verksmiðju sem er kölluð breiðþota og hef ég fengið tækifæri til að fljúga langt flug með slíkri vél og virtist allt þar ákjósanlegra en í hinum vélunum. En hvað um það, ef við erum svo bjartsýnir að ætla að vélarnar haldi verðgildi sínu, þá virðast vera rök fyrir því að veita þessa ábyrgð þótt afgangur sé sáralítill og ekkert megi út af bera.

Ein röksemd fyrir veitingu þessar ábyrgðar er að með því að veita ábyrgðina muni, þegar litið er yfir heils árs rekstur, rekstraraðstaðan í lausafjármunum talið hjá Loftleiðum lagast svo að nemi 1 millj. dollara, um 150 millj. ísl. kr. Ég spurði hvað mundi ske ef ekki tækist að afgreiða þetta á Alþ. nú í tæka tíð og málið allt yrði athugað nánar. Því var svarað til að auðvitað mundi ekkert sérstakt ske annað en það að rekstur félagsins mundi þyngjast nokkuð, ekki þyrftum við að panta kransinn á þessu stigi og vel mætti hugsa sér að laga eitthvað til með endurskipulagningu og félagið héldi áfram eðlilegri starfsemi, en við þrengri kjör en annars mætti takast að hafa ef ríkisábyrgðin væri veitt þegar í stað.

Það hefur sem sé verið staðfest að tvö ár í röð hafa Flugleiðir tapað miklu fé: 1973 um 2.9 millj. dollara, 1974 2.1 millj. dollara. Ekki var unnt að fá upp stöðuna á s. l. mánuðum en gefið í skyn að staðan hefði batnað nokkuð og stæði jafnvel í járnum eins og sagt er. Hvað sem því líður, þá er því heitið — og það er út af fyrir sig merkilegt miðað við allt það sem maður hafði frétt af þessum rekstri hjá þessum fyrirtækjum — að endurskoða og endurskipuleggja allt saman gagnvart framtíðinni. Maður hafði nú haldið það, miðað við blaðafréttir og ýmislegan áróður, að þessi fyrirtæki væru svo vel skipulögð og svo vel rekin að þar gætu venjulegir jólasveinar litið um bætt. En svo kemur allt í einu yfirlýsing um að það séu miklir möguleikar að gera stórátak í þessu efni, og þessi yfirlýsing er hvorki meira né minna en undirrituð af framkvæmdanefnd þessarar fyrirtækjasamsteypu, og það vakti athygli mína og mun örugglega vekja athygli margra annarra. Spyrja má hvort það hafi verið vel stjórnað hjá Flugfélagi Íslands að hafa sama sem ekkert þak yfir höfuðið eftir aldarfjórðungsstarfsemi. Spyrja má einnig hvort það hafi verið vel ráðið hjá Loftleiðum fyrir nokkrum árum þegar fyrirtækið seldi flugvélar sínar og gerði leigusamning á þessum vélum 1970. Það sem vakti einnig athygli allra manna og var mikið um rætt er sú staðreynd — eftir því sem fram kom á fundunum — að hlutafé Loftleiða er 24 millj. ísl. kr. og hlutafé í Flugfélaginu 124 millj. kr. og af þeirri tölu mun meiri hl. vera vegna jöfnunarhlutabréfa. Hvernig í ósköpunum geta fyrirtæki með 24 millj. í hlutafé haft slík umsvif og safnað slíkum eignahluta eins og fram hefur komið að félagið er sagt eiga? Um það fengum við engar nánari skýringar þótt um væri beðið af mér. Það er gífurlegt lánstraust sem einhverjir menn hafa haft undanfarin ár þegar þeir hafa orðið að sýna reikninga hjá félagi sem hefur aðeins 24 millj. ísl. kr. í hlutafé. Mér finnst það alveg undravert að slíkt skuli vera hægt. Það var lesið upp af formanni, frsm. þessarar n., og ég held ég hafi náð því réttilega, að skammtímaskuldir voru 28.6 millj. dollara, langtíma-

skuldir 21.7 millj. dollara, en eigið fé 3 millj. 990 þús. dollarar, heildarstaða 54 millj. 313 þús. dollarar. Það þarf ekki þjálfaðan mann til þess að sjá að þetta er ömurleg staða, aldeilis ömurleg staða, og mér er nær að halda að ekkert íslenskt fyrirtæki sem sýndi slíka stöðu, hefði vott af lánstrausti í neinum banka nema það væri talið lífsnauðsynlegt til að halda uppi atvinnu á vissu landsbyggðarhorni. Svo ömurleg er þessi fjárhagsstaða. Og þegar þessi staða er upplýst svo ömurleg sem hún er getur þessi ábyrgð ekki byggst á neinu öðru en því að hér sé um lífsnauðsynlega athafnasemi að ræða fyrir þjóðarbúið. Staðan kann eitthvað að hafa lagast, því að þessar tölur eru sagðar vera frá 31. des. 1973, svo að vonandi er að þær hafi lagast svo að talsverðu muni, en ekki eru þær glæsilegar. Hér er gjörsamlega um öfugt hlutfall á fjármunum að ræða.

Ríkissjóður á 11% í Flugfélagi Íslands, ekki stór eign, en þó nokkur, og hefur haft vissa aðild að stjórn félagsins. Eimskipafélag Íslands á hins vegar um 40% og hefur þar fastan fulltrúa og hefur haft lengi. Svo hefur það skeð, raunverulega með opinberri aðstoð, að Hótel Esja hefur verið keypt og um það hefur verið rætt mikið. Búnaðarbanki Íslands var svo gildur að hann gat lánað þeim liðlega 170 millj. kr. og hyggjast nú þessir aðilar færa umsvif sín verulega út, eins og á hefur verið drepið, í sambandi við rekstur Hótel Esju. Eru þar menn í nágrenni sem eru mjög uggandi um að opinber fyrirgreiðsla til þessa fyrirtækis, langt fram yfir það sem allir aðrir þegnar þjóðfélagsins njóta, muni kaffæra þá, — menn sem hafa sýnt mikinn dugnað og mikið áræði í veitingastarfsemi og eiga viðurkenningu skilið fyrir það, en hafa ekki á nokkurn hátt notið sæmilegrar fyrirgreiðslu hvað þá meira. Ég tel að það eigi að setja skilyrði fyrir því, að ef þessi ríkisábyrgð verði veitt, þá eigi hún að vera bundin við flugið eitt og ekkert annað. Hins vegar viðurkenni ég að það er eðlilegt að Flugfélag Íslands þurfi að byggja yfir sig varðandi skrifstofuhúsnæði og fleira varðandi beina þjónustu við flugreksturinn, en það verður að hafa gát á útþenslu upp á jafnvel yfir 100 millj. kr. í fjárfestingu í veitingaþjónustu á sama tíma og mörg önnur hótel kvarta mjög yfir rekstrarmöguleikum, það verður að hafa gát á þeirri þenslu og jafnvel stöðva hana.

Um eitt atriði var ómögulegt að fá tölur og kannske of viðkvæmt mál til að segja þm. það. Við hefðum náttúrlega getað þagað yfir því ef við hefðum verið beðnir. Þetta mál var skuld ferðaskrifstofanna við þetta fyrirtæki, en það var upplýst að það væru margar millj. og get ég ekki sagt meira frá því en að það er staðreynd, en hversu margar millj. get ég ekkert hugleitt og vil ekki hugleiða að fyrra bragði. Einnig kom í ljós að Flugleiðir skulda lendingargjöld. Það var ekki heldur hægt að fá það upplýst hvað sú tala er stór, og ég vil mega beina því til hæstv. utanrrh., sem sýnir d. þann heiður að sitja og hlusta á mál okkar hér, að hann láti kanna hvort önnur flugfélög á Íslandi njóti slíkrar rekstrarfyrirgreiðslu varðandi þessi útgjöld eins og Flugleiðir hf. Ef svo er ekki þá á að upplýsa málið hlutlaust og eðlilega, en ef aðrir njóta sömu fyrirgreiðslu, þá er ekkert um það að segja. Þá er það venja og skal ég láta kyrrt liggja.

Margt kom eðlilega fram á þessum fundum, sem stóðu í fjöldamarga klukkutíma, og um margt var spurt sem ekki er tök á að ræða hér. Á sumt hefur verið drepið af öðrum ræðumönnum. En þessi n., sem fjallar um þetta mál, hefur skilað langri skýrslu sem er 15 bls. þéttvélritaðar og þar kemur margt fram og er rétt að vitna lítils háttar í það. Þar segir að fyrstu niðurstöður þessarar könnunar hafi verið þær að rekstrarvandi fyrirtækisins væri ekki vanmetinn af forstöðumönnum þess. Á þetta er lögð áhersla og því er augljóst mál að áhættan er fyrir hendi eins og við viðurkennum allir, þrátt fyrir það að menn telja að réttmætt geti verið að líta svo á, að örðugleikarnir séu tímabundnir, og veita þessa aðstoð. En á bls. 4 segir, með leyfi forseta, það er örstutt:

„Í fyrstu rekstraráætlun Flugleiða fyrir árið 1975 var gert ráð fyrir 10% fækkun farþega á flugleiðum yfir Norður-Atlantshafið, þó aðeins 5% fækkun á leiðinni Bandaríkin—Keflavík og 5% fækkun á leiðinni milli Íslands og Evrópu. Þegar á árinu 1974 fækkaði farþegum um 1,5% í millilandaflugi Flugleiða. Á leiðunum Bandaríkin— Lúxemburg fækkaði farþegum um 5.5%, en hins vegar fjölgaði farþegum um 9% á leiðunum milli Íslands og Evrópu."

Þetta staðhæfa þessir ágætu menn og er þess vegna ekki mjög bjart útlit, eins og ég drap á áðan, um heildarniðurstöðu í rekstrinum og því hæpnara að þeir geti staðið í skilum með 2/3 af kaupverðinu á 7 árum þegar engin leið var fyrir mennina að borga meira en nam 1/3 á 5 ára tímabili þegar hágengi var í fluginu.

Síðan segir á bls. 5 að reiknað sé með 5% fargjaldahækkun á flugleiðum milli Íslands og Evrópu frá 1. apríl 1975 og 5% hækkun fargjalda á leiðunum yfir Norður-Atlantshaf frá 1. júní 1975. Það má koma í ljós hver þessi hækkun verður í reynd. Fargjöldin eru flokkuð í mismunandi hópa eftir ýmsum atvikum, skilst mér, miðað við þær upplýsingar sem ég fékk í farþegadeildinni, en stúlkan talaði við mig í 15—20 mín. og gaf mér upp ýmsa möguleika til þess að ferðast ódýrara en venja væri, en það hafði í för með sér pantanir með vissum fyrirvara og ýmislegt fleira. En hvað sem því líður, þá er aðalatriðið að þessi leið, sama hvernig við reynum að hagnýta okkur hana, virðist vera um þrisvar sinnum ódýrari en leiðin Reykjavík — Kaupmannahöfn eða Reykjavík — Osló, og það er það hæpna í þessu öllu saman að vera að taka á ríkissjóð slíka áhættu sem fyrir fram er vitað — a. m. k. ég tel það — að muni falla á ríkissjóð, svo að nemi hundruðum millj. kr., til þess að gefa farþegum, útlendingum, kost á því að ferðast þrisvar sinnum ódýrar en okkur er gefinn kostur á að ferðast frá Reykjavík til Norðurlandanna.

Þó vil ég minna á að það var mikið kappsmál á þingi Norðurlandaráðs að gera sérstakt átak í því efni að íbúar Norðurlanda gætu ferðast ódýrt á milli Norðurlandanna a. m. k., svo að

ekki sé meira sagt. Ég vil í þessu sambandi koma inn á bréf sem fyrirtæki hér í bæ — og þetta atriði kom mikið inn í þessar umr. á fundunum — hefur ritað samgrn. og afrit hefur verið sent til formanna þingflokkanna. Það er frá Air Viking, en þar bjóðast þeir til þess að hafa vikulegar ferðir, oftar ef þeir fá það, jafnvel sjaldnar ef þeir fá það líka, en þeir bjóðast til þess að flytja farþega fyrir frá 12 800 kr. upp í 18 800 kr. fram og til baka og jafnvel að rétta ríkissjóði í leiðinni 3000—5000 kr. á farþega, því að það er sannfæring þeirra að mikil ásókn yrði í þessar ferðir. Sá böggull fylgir skammrifi þó að menn yrðu að panta fyrir fram með minnst 10 daga fyrirvara. Það mætti þá lengja, við skulum segja bara upp í tvær vikur, svo að ekki væri komið aftan að neinum sem væri gert að skyldu að halda uppi áætlunarferðum. Þegar slíkt er lagt fram opinberlega verða menn að ætlast til þess að slík beiðni sé rædd fyrir opnum tjöldum og gerð grein fyrir því, ef svo færi að henni væri ekki svarað jákvætt, hvers vegna henni er hafnað. Ég óska eftir því að það sé gert. Þau orð voru höfð eftir forsvarsmanni Flugleiða — ég skrifaði það orðrétt, líklega finn ég það í einhverju af þessum mörgu minnisblöðum — að gagnslaust væri að kynna fyrir fólki skrumáætlanir, eins og það var orðað. Ég skal taka undir það. Þetta var sagt 11. maí s. l., síðla sunnudags, og jafnframt að það væri mikið verk að byggja upp traustar áætlunarferðir og einnig að mati forsvarsmannsins ætti ekki að veita samkeppni á þessum leiðum, það yrði að tryggja ferðirnar Kaupmannahöfn—Keflavík og öfugt. Ef þetta eru sönn orð, þá þarf að færa fyrir þeim rök á opinberum vettvangi og hef ég raunverulega komið því á framfæri hér, með því að vitna í þetta. Þetta er orðið opinbert mál um leið og hitt bréfið hlýtur að vera opinbert mál þar sem það snertir hagsmuni almennings til bóta.

Flugleiðir hafa auglýst að þær muni hafa nokkuð á annan tug áætlunarferða frá landinu á viku og telja það mikinn sóma. Það má satt vera. En hitt ætti þá ekki að vera rothögg, að leyfa mönnum að panta með tveggja vikna fyrirvara eða jafnvel það ákveðnar ferðir, sem væru heppilegar fyrir frítíma þeirra og ódýrar, ef það gerir aðili sem telur sig geta veitt þá þjónustu, gætt alls öryggis og aðbúnaðar og hefur sína pappíra í lagi.

Þetta mál er einstakt í sinni röð hér á Alþ. Það ber að með einstökum hætti og það felur í sér einstaka áhættu. Mér virðist sýnilegt að menn vilji veita þessa ábyrgð, en menn gera það þó með hangandi hendi og af nauðsyn að mati flestra eða allra. Hvað sem því líður að þetta sé rétt mat eða ekki er óhjákvæmilegt að ríkisvaldið setji ákveðnar hömlur og skorður varðandi þennan rekstur, fyrst og fremst með eftirliti með eyðslu, með mannahaldi, með uppbyggingu í skipulagi fyrirtækisins og öllu starfsliði. Ef einstaklingar þar hafa kannske 2—3 millj. í árstekjur, eins og heyrst hefur, og sumir jafnvel meira og það þykir ekki mikið í milljarðaveltu, þá safnast saman þegar margir eiga hlut að máli.

Ég vil því mjög minna á að liður 2 í yfirlýsingunni var hertur og var þar sinnt minni beiðni að sá liður lægi á hreinu, hvernig þessir menn skyldu starfa, hvaða aðgang að skjölum og fundum framkvæmdastjórnar og allri starfsemi þessir menn ættu að hafa sem yrðu skipaðir af hálfu hins opinbera varðandi þennan rekstur og er ég í raun og veru ánægður með þennan lið. Hins vegar er ég óánægður með lið 3 þar sem fjallað er um hvenær á að bjóða út aukið hlutafé. Ég var þeirrar skoðunar persónulega að ef þetta væri allt svo fýsilegt sem sumir vildu vera láta, þá mættu vel liggja fyrir listar þegar í stað þar sem almenningur ásamt eigendum sýndi hvað menn vildu leggja mikið hlutafé fram í loforðum og því yrði svo breytt í tæka tíð í hlutafé þegar samþykktir félaganna lægju fyrir að loknum aðalfundum, en ekki að segja eins og hér er „að dómi Seðlabankans og Landsbankans“, þó að þetta séu opinberar stofnanir. Ef almenningur sýnir ekki nokkurn minnsta áhuga á að rétta við þennan rekstur og vill fórna í það tugum eða hundruðum millj., hvers vegna eigum við þá hér, alþm., að vera fúsir til þess að veita þessa ábyrgð? Ég spyr hiklaust þessarar spurningar. Ég taldi að þetta mundi styrkja okkur jafnvel að veita þá meiri fyrirgreiðslu ef nauðsynlegt væri og almenningur sýndi það svart á hvítu að hann vildi sannarlega að öll þessi starfsemi gæti haft besta hugsanlegan möguleika sem völ væri á. En þetta var ekki talið skynsamlegt. Sumir töldu þetta fjarstæðu og þetta var kveðið niður.

Þegar það er upplýst að eigendur fyrirtækisins í mörg ár með blómlegan rekstur og mikil umsvif töldu sér sennilega ekki fært eða ekki ástæðu til að leggja fram meira fé en sem næmi 24 millj. kr., þá hlýtur maður að staldra við og spyrja hvers vegna og einnig spyrja eins og ég gerði fyrr í ræðunni: Hvernig má það vera að þessir menn hafa getað fjárfest þá óhemju sem sögð eru vera á vegum þeirra út um allan heim með ekki meira eigið fé, en svo skyndilega núna þurfa þeir að koma á náðir ríkissjóðs og leita eftir stærri upphæðum en dæmi eru um til áður í sögunni, og þá eigum við hér, hv. og virðulegir alþm., að afgreiða þetta á andartaki, jafnvel með bundið fyrir augun? Þess vegna, herra forseti, leyfði ég mér að vera nokkuð þungorður um þetta mál varðandi síðferðilegan þátt gagnvart Alþ. í upphafi ræðu minnar. En ég skil það mætavel að hæstv. fjmrh. hefur í mörgu að snúast þessa dagana og þessa stundina og ekkert við því að segja að hann geti ekki veitt okkur þá ánægju að sitja í d. En ef þetta mál rekur á fjörur Alþ. aftur og í næstu grg. um stöðu ríkissjóðs, þá mætti standa virðulegar að því gagnvart hv. alþm.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Hv. stjórnarandstæðingar tveir hafa hér lýst áhyggjum sínum yfir þessu máli og beirri þróun sem liggur að baki. Mér sýnist ástæða til þess að stuðningsmaður ríkisstj. geri það einnig þótt ég fylgi í meginatriðum því sem hér er lagt til að gert verði.

Ég ætla að leyfa mér að rekja aðeins eldri sögu þessara flugfélaga. Ég skal þó vera stuttorður. Ég hygg að allir, sem hér eru inni, minn-

ist raunar þess vel hvernig þessi flugfélög risu hér upp fyrir mikinn dugnað einstaklinga. Við minnumst þess þegar ungir menn, sem stofnuðu Loftleiðir, fóru upp á jökul og sóttu þangað vél og byggðu upp stórt og glæsilegt flugfélag. Svipað má segja um hugsjónamenn sem stóðu að baki Flugfélags Íslands. Ég hygg að raunar megi segja að þessi flugfélög hafi verið óskabörn þessarar þjóðar. Við höfum óskað þeim og óskum þeim alls velfarnaðar.

Því miður er nú orðið ljóst að upp á síðkastið hefur reksturinn ekki gengið svo vel sem horfði. Flugfélögin hafa bæði verið rekin með töluverðum halla um lengri tíma. Þó er því ekki neitað að á þessari þróunarbraut hafa þau eflst mikið og stækkað og eignir þeirra hafa sannarlega aukist þótt ekki hafi tekist í sambandi við athugun á þessu máli að fá þar um glöggar upplýsingar. Ljóst er einnig að töluvert af því fjármagni, sem inn hefur komið, hefur verið ráðstafað hér á landi. Það eru miklar eignir, eins og t. d. í hótelum og fleira, sem ég mun koma að síðar. Ber að fagna því að nokkuð af þessu fjármagni hefur komið heim, ef ég má orða það svo, þótt ég sé þeirrar skoðunar að það mætti gjarnan vera meira.

Ljóst er að þá fyrst fór að halla verulega undan fæti þegar hin skefjalausa samkeppni þessara flugfélaga á Norðurlandaleiðinni hófst eða þar um bil. Flestir, sem fóru þá leið, gerðu sér grein fyrir því að ekki var heilbrigt, t. d. á vetrarmánuðum, þegar farþegar voru fáir, að sjá tvær stórar vélar hefja sig til flugs með klukkutíma millibili, e. t. v. með örfáa farþega innanborðs, enda var taprekstur þessara félaga ákaflega mikill þá. Þá átti ríkisvaldið að grípa í taumana og koma í veg fyrir þá samkeppni eða setja henni a. m. k. einhvern skynsamlegan ramma.

Svo var ekki gert. Heldur var horfið að því ráði að sameina þessi flugfélög. Ég var því fylgjandi á sínum tíma, en hef mínar efasemdir nú. E. t. v. hefur ekki þar verið alls þess gætt sem skyldi. Hvað gerðist við sameiningu flugfélaganna? Hvað er komið á eina hendi við sameininguna?

Varla kemur nokkur farþegi til þessa lands án þess að koma fyrst inn á söluskrifstofu Flugleiða erlendis. Þar leitar hann upplýsinga, þar bókar hann sitt far og þar bóka líklega flestir gistingu hér og fleira sem þeir nota á þessari ferð sinni. Hann flýgur síðan hingað með flugvél Flugleiða, tekið er á móti honum á Keflavíkurflugvelli í móttöku Flugleiða, honum er ekið inn á Reykjavíkurflugvöll í bifreiðum sem Flugleiðir að vísu eiga ekki enn, en taka á leigu, og hann stígur út úr bifreiðinni við móttöku Flugleiða í Loftleiðahótelinu. Líklegt er að hann gisti í einu af hótelherbergjum Flugleiða. Þær ráða, eins og hér hefur verið sagt, yfir 70% af öllu hótelrými hér í bæ eða um það bil. Ef hann vantar bifreið er mjög líklegt að hann leigi hana frá bílaleigu Flugleiða. Mér er tjáð að Flugleiðir og ferðaskrifstofa þeirra, Úrval, séu orðnar stór aðili að fyrirtæki hér í bæ sem heitir kynningarferðir og er eina fyrirtækið sem veitir kynningarferðir um Reykjavíkurborg og nágrenni. Skilst mér að ekki hafi verið um annað að ræða fyrir þá, sem það fyrirtæki áttu áður, en að samþykkja þann kostinn, því að langmestur fjöldi af farþegum þess er að sjálfsögðu frá Flugleiðum kominn. Á þetta allt hefur hinum erlenda gesti e. t. v. verið vísað þegar hann í upphafi leit inn í skrifstofu Flugleiða erlendis. Ef einhver skyldi þó sleppa fram hjá einhverju af þessu, þá reka Flugleiðir jafnframt sérstaka ferðaskrifstofu í samkeppni við aðrar ferðaskrifstofur.

Ég held að engum dyljist að hér er orðinn gífurlega mikill hringur og öflugur. En sumir kunna að segja sem svo að lítil hætta sé á því að þetta óskabarn okkar misnoti aðstöðu sína. Ég vildi að það væri rétt. Því miður sýnist mér að svo sé ekki. Ég ætla að leyfa mér að nefna nokkur dæmi um slíkt. Ég gæti nefnt langtum fleira, en ég held að þessi dæmi skýri betur en margt annað hvernig ástandið er orðið.

Ég hef leyfi til að skýra frá því, að árið 1974 pantaði ferðaskrifstofan Travecca 2000 gistinætur hjá Hótel Sögu. Hótel Saga hafði haft viðskipti við þessa ferðaskrifstofu í þrjú ár. Skömmu áður en gistingar áttu að byrja að koma var þetta allt afpantað, upplýst að fengist hefði tilboð annars staðar frá á 50% lægra verði. Við eftirgrennslan kom í ljós að þessir farþegar fóru á Hótel Loftleiðir.

Raunar hef ég sjálfur svipaða reynslu. Ég reyndi að bóka 30 vísindamenn frá Norðurlöndum á Hótel Sögu, en þrátt fyrir ákafa viðleitni mína tókst það ekki. Þeir lentu á Hótel Esju, enda flugu þeir með flugvél Flugleiða.

Ég held að ekki fari fram hjá neinum hin óheilbrigða og skefjalausa samkeppni í leigufluginu þessa dagana. Ég hef reynt að kynna mér það eins og ég best get hvort endar geti með nokkru móti náð saman með þeim fargjöldum sem boðin eru. Ég vil taka fram að ekki hefur tekist að fá upplýsingar frá Flugleiðum, en ég hef þær frá manni sem er mjög kunnugur rekstri vélanna.

Flugið Reykjavík—Mallorka og til baka er selt á 16 þús. kr. á mann. Flogið er í vélum Flugfélagsins sem taka um 119—123 farþega. 80% sætanýting að meðaltali er ekki óeðlilegt því að vélarnar fljúga a. m. k. tómar aðra leiðina í upphafi og aðra leiðina í lok flugtímabils. Þá verða farþegar 90 að meðaltali og tekjur 1.44 millj. kr. fram og aftur. Mér er tjáð að olíukostnaður sé um 125 þús. kr. á klst. og flugið tekur 8 tíma. Því verður eldsneytiskostnaðurinn um 1 millj. kr. Lendingargjöld á Spáni eru 70 þús. pesetar eða um 200 þús. kr. Lendingargjöld hér eru svipuð. Samtals verða þetta um 1.4 millj. eða nokkurn veginn það sama og tekjurnar. Er þá þó ógreiddur allur launakostnaður, afskriftir og fleira af vélunum. Ég vildi athuga þessar tölur nánar. Ég fékk uppgefið hjá flugkapteini að gefið muni vera upp erlendis að flugkostnaður slíkra véla sé 225 þús. kr. á klst., það er annar kostnaður en laun. Það yrði 1 millj. 925 þús. kr. fyrir 8 tíma flug. Þetta getur því staðist.

Ég fagna því sannarlega að menn geti flogið ódýrt. En ég held að hér sé ekki um heilbrigða samkeppni að ræða þegar hið opinbera er orðinn svo stór aðili að rekstri þessa félags eins

og það óneitanlega er með þessari ríkisábyrgð í raun og veru, þá beri því skylda til að skoða slíkt niður í kjölinn og tryggja að ekki sé misnotuð sú aðstaða sem félaginu er veitt.

Ég ætla að reikna eitt dæmi um ákaflega leiðinlega misnotkun. Ferðaskrifstofan Sunna og Air Viking flytja hingað hópa erlendis frá. Ég hef í höndum tvö telex skeyti. Það fyrra er sent frá ferðaskrifstofu í Þýskalandi til ferðaskrifstofu Flugleiða í Hamborg og er dags. 6. maí s. l. Þar er farið fram á bókun fyrir 3 farþega, Lachenmann, Rudolf og Ursulu, fyrir flug frá Reykjavík til Akureyrar og Akureyri—Reykjavík í júlí, og er sagt í lokin að þau komi 12. júlí með Air Viking. Svar berst 9. maí 1975. Það er á þýsku, en þýðist svo: „Þar sem þér upplýsið að komið er með Air Viking sjáum við okkur því miður ekki fært að sjá um þessa bókun fyrir yður, því að hér er lítið starfslið og við erum mjög önnum kafin við bókun eigin farþega."

Þetta er náttúrlega slík afgreiðsla að ég sá mér ekki annað fært en að lesa þetta upp. Ég er raunar með fleiri telexskeyti sem eru í svipuðum dúr, en eitt dæmi læt ég nægja. Það er ákaflega leitt að sjá slíkt, ekki síst frá félagi sem maður vill geta verið stoltur af.

Svo stór aðili sem þessi hefur vitanlega ákaflega mikla og sterka aðstöðu til að undirbjóða, t. d. vil ég geta þess að Álafoss flytur mjög mikið af sinni framleiðslu til útlanda með flugfélaginu Iscargo sem er vöruflutningafélag og munu flutningar Álafoss nema um 72% af flutningum Iscargo. Nýlega fékk Álafoss tilboð um lækkun um u. þ. b. 18% frá Flugleiðum og fylgdi því ýmislegt sem ég ætla ekki að ræða um. Þessu var að vísu ekki tekið, en það var ljóst að ef þessu hefði verið tekið, þá hefði félagið Iscargo orðið gjaldþrota, það lá á borðinu, það hefur ekki næga flutninga héðan, en töluverða flutninga hingað. Stjórnendur Álafoss töldu hins vegar að Iscargo veitti svo góða þjónustu að það væri réttara að skipta við það. Forráðamenn Álafoss hafa verið ánægðir með þjónustu þess flugfélags, og ég verð að segja að ef tekist hefði að setja þetta flugfélag á hausinn, eins og sagt er, gera það gjaldþrota, þá værum við íslendingar fátækari eftir.

Eitt atriði enn vil ég nefna sem mér finnst umhugsunarvert. Fargjald New York—Lúxemborg er ódýrara en fargjald Reykjavík—Lúxemborg. Nú er ég ekki út af fyrir sig að áfellast Flugleiðir fyrir að geta lækkað fargjöld sín, en þetta sýnir hins vegar hve samkeppnin er mikilvægur aðili í þessu sambandi. Ég hef hér blaðið „Sunday News" frá 27. apríl 1975. Þar eru auglýst fargjöld frá New York til Lúxemborgar og til baka. Þau eru frá 290 dollurum og upp í 510, en flest á 360 dollara. 360 dollara fargjald samsvarar 54360 kr. frá New York til Lúxemborgar og til baka. En hins vegar er fargjaldið héðan til Lúxemborgar og til baka 58560 kr. og hinn hlutinn, þ. e. til New York og til baka er 47230 kr., eða samtals sama vegalengd 105790 kr. Þarna er því nálægt því tvöfalt hærra fargjald fyrir íslendinga sem vilja fljúga þessar sömu mílur. Ég vildi óska að þeim væri kleift að hækka eitthvað þetta fargjald sitt úti og láta okkur njóta góðs af í lágu fargjaldi hér. Það, sem gerir þetta enn þá furðulegra, er að s. l. vetur var selt fargjald héðan með 14 daga skíðaferð í Austurríki, gistingu, a. m. k. morgunverði og ferð frá Lúxemborg til Austurríkis á um 42 þús. kr. Á sama tíma kostaði 58560 kr. að fljúga aðeins til Lúxemborgar og til baka. Það er engin furða þótt góður kunningi minn kysi heldur að kaupa sér slíka skíðaferð og spara sér nokkurt fé, þótt hann færi reyndar ekki með skíði og ekki til Austurríkis.

Ég nefni þetta til þess að sýna að það er eitthvað meira en lítið skrítið í þessu öllu saman sem satt að segja venjulegur maður á erfitt með að skilja. Mér sýnist að í sambandi við þessa gífurlegu ríkisábyrgð, sem er til umræðu, beri hinu opinbera rík skylda til að skoða þetta mjög vandlega.

Ég tel að gera megi ýmsar lagfæringar sem ég mun koma að í lok þessara orða minna. Reyndar er gert ráð fyrir ýmsu slíku í nál. sem fylgdi með áliti fjh.- og viðskn. Nd. og er nú gert ráð fyrir að verði undirritað. Ég tel t. d. að það væri mjög eðlilegt, miðað við þá yfirgnæfandi aðstöðu sem þetta félag hefur á gistirými hér í borg, að hótelreksturinn væri aðskilinn og undir sérstakri stjórn. Ég tel raunar koma til greina að hafa sjálfstæða bókun fyrir gistingu hér á landi, hún væri í höndum hins opinbera, t. d. Ferðaskrifstofu ríkisins. Ég tel sjálfsagt, eins og kom fram hjá öðrum ræðumanni í kvöld, að um sérsköttun hinna ýmsu fyrirtækja verði að ræða. Mun langeðlilegast og víða mun þess vera krafist í svipuðum tilfellum. Hæstv. samgrh. hefur lýst því að hann vilji koma á lágmarksverði á flugi til að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni. Vel má vera að það sé rétt, þótt það sé e. t. v. dálítið varhugavert, og athuga ber hvort ekki er unnt að finna aðrar leiðir til þess að koma í veg fyrir slíka samkeppni. Það ber tvímælalaust að gera, það verður að gera og það verða þessi flugfélög að skilja að gert verður ef aðstaðan, sem veitt er, er misnotuð. Ég held einnig að ferðaskrifstofuna ætti að aðskilja, hún ætti að vera sjálfstæð, og raunar er óeðlilegt að Flugleiðir reki eigin ferðaskrifstofu. Bílaleigan ætti að sjálfsögðu einnig að vera sjálfstæð. Einnig er alveg nauðsynlegt að strangt eftirlit verði með fjárfestingu Flugleiða bæði hérlendis og erlendis. Ekki er þolandi að með þessa miklu aðstoð hins opinbera sé slíkt frjálst.

Ýmsar spurningar vakna. T. d. væri gaman að vita hvort miklar fjárfestingar erlendis eru allar með leyfi yfirvalda.

Athygli mín hefur verið vakin á því að Flugleiðir tryggja yfirleitt erlendis, næstum því allt sitt, flugvélarnar a. m. k. Er ekki eðlilegt að það sé fært heim. Þannig mætti lengi telja. T. d. er skiljanlegt að flugmenn séu óánægðir með þá staðreynd að erlendir flugmenn fljúga vélum Air Bahama á sama tíma og hér er sagt upp áhöfnum. Þetta þarf að skoða nákvæmlega. Ég tel eðlilegt að íslenskir flugliðar gangi fyrir vinnu.

Ég ætlaði nú ekki að hafa þessi orð of mörg, en ég vil að lokum fjalla lítillega um frv. Ég er fylgjandi því að veita ríkisábyrgð. Ég tel ekki annað fært í raun og veru. Mér er ljóst að við hættum ekki að fljúga áætlunarflug. Þótt hér sé

eitt annað flugfélag verður áætlunarferðunum aldrei sinnt með íslenskum flugvélum nema Flugleiðum sé gert kleift að fljúga áfram. Því tel ég þessa ríkisábyrgð illa nauðsyn, en samþykki hana. Ég hef sannfærst um það af þeim gögnum, sem ég hef fengið að skoða, að þessi ríkisábyrgð muni vera sæmilega tryggð með verðmæti þeirra véla sem keyptar verða. En það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það er ekki meira en svo. Og ég tel raunar að ríkissjóður verði að vera undir það búinn að ganga þarna inn í félagið. Vitanlega má varpa fram þeirri spurningu hvort ekki hefði verið eðlilegt að ríkissjóður gerðist strax stór hluthafi í þessu félagi og hefði þar beinna og öruggara eftirlit. En ég tel að svo komnu máli þá leið ekki rétta. Ég tel að þetta mál þurfi að skoða betur áður.

Ég legg ríkasta áherslu á það ákvæði í þeim skilyrðum sem fylgja að trúnaðarmönnum verði gert kleift að fylgjast mjög náið með þessari starfsemi allri og þessir trúnaðarmenn geri viðkomandi innlendum yfirvöldum grein fyrir því hvernig ástandið er og hvernig málin þróast. Ég set mitt traust á hæstv. samgrh. sem hefur þessi mál í sínum höndum. Ég hefði gjarnan kosið að hann væri við. Ég ræddi um það við hann, en vegna atkvgr. o. fl. getur hann það ekki en ég mun koma þessum aths. á framfæri við hann sérstaklega.

Ég tel margt annað í þessum skilyrðum mikilvægt. Ég tel mikilvægt að auka hlutafé. Ég tek undir það, sem komið hefur fram, að eigið fé í þessu fyrirtæki er ákaflega lítið og nálgast hvergi nærri það sem ætti að vera í sambærilegum fyrirtækjum, það þyrfti a. m. k. að tvöfaldast frá því sem hér er gert ráð fyrir ef ekki meira. Annars er þetta dálítið óljóst þar sem nákvæmt yfirlit yfir eignir liggur ekki fyrir.

Ég tel einnig orðið mjög tímabært að viðhald á vélum Flugleiða verði flutt heim. Ég hef rætt um þetta við fróða menn, m. a. viðgerðarmenn, og ég er sannfærður um að hér má sinna viðhaldinu með ágætum. Við eigum prýðilega fagmenn á þessu sviði. Hér er um mjög mikið fjármagn að ræða og það má alls ekki dragast að þetta verði vandlega skoðað.

Ég mun svo ekki hafa þessi orð mín fleiri, en vil endurtaka að lokum að það er ákaflega leitt hvernig þessi mál hafa þróast. Ég vil endurtaka að ég samþykki ríkisábyrgðina eingöngu á þeirri forsendu að mjög náið og nákvæmlega verði fylgst með þessum rekstri og Flugleiðum gert það ljóst að ekki verður liðinn neinn yfirgangur. Ég vona að rekstur Flugleiða lagist, og við treystum á mikilvæga þjónustu félagsins, en allur yfirgangur verður að skoðast í ljósi þeirrar miklu aðstoðar sem ríkið veitir. Því hvíla á ríkisvladinu ákaflega miklar ábyrgðir í þessu sambandi.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr., enda gerði ég nokkra grein fyrir áliti n. í framsögu. Það er hins vegar ljóst að um þetta mál má lengi ræða en ég sé ekki ástæðu til þess að tefja málið.

Ég vil upplýsa það vegna þess að tveir hv. þm. hafa rætt hér um skattamál þessara félaga og skattahlið málsins, eins og þeir hafa orðað það, að með lögum vegna sameiningar félaganna var ákveðið hér á Alþ. af hv. alþm. að þessi félög, þ. e. a. s. Flugleiðir hf., Loftleiðir hf og Flugfélag Íslands hf., skyldu vera einn sjálfstæður skattaðili. Þetta er í fyrsta skipti sem það er heimilað samkv. íslenskum lögum að fleira en eitt félag séu einn sjálfstæður skattaðili, og var það afgreitt með lögum frá Alþ. í þessu sérstaka tilfelli. Það var margt annað í þessum lögum sem var afgreitt vegna sameiningar flugfélaganna. Það var ákveðið þar að félögin mættu gefa út jöfnunarhlutabréf umfram aðra aðila. Það voru ákvæði um eignarskattsfrelsi hlutabréfa o. fl. af því tagi. En varðandi sérsköttun félaganna að öðru leyti er að sjálfsögðu félagið Hótel Esja sjálfstæður skattaðili en þetta er hins vegar vandamál hvernig á að standa að. Í mörgum löndum hefur verið talið nauðsynlegt að fara út á þá braut að skattleggja heildarsamsteypur sem einn aðila vegna þess að það hefur reynst erfitt að koma í veg fyrir millifærslur á milli félaga, jafnvel þótt sé sett sérsköttun á einstök félög, þá er ekki víst að það leysi allan vanda.

Ég vil ítreka varðandi það, sem ég sagði í dag um þá samkeppni sem hér hefur skapast, að það er að mínum dómi mjög alvarlegt mál ef það er rétt að stundum séu á þessum markaði veruleg undirboð. Slíkt hlýtur að skapa falska kaupgetu innanlands sem fyrr eða síðar kemur niður á þjóðinni. Ég vil ítreka að það er mín skoðun að það sé verkefni samgrn. að fylgjast með öllum slíkum málum og grípa inn í þau ef það telur ástæðu til.

Ég hef einnig nokkrar áhyggjur af þeirri þróun sem orðin er varðandi ýmsar hópferðir til annarra landa. Það virðist vera aðaltariði nú að vera í einhverjum félagsskap til þess að njóta góðra kjara á þessum flugleiðum, og slíkt getur endað með ósköpum. Ég hef spurt að því hvort það væri nokkuð því til fyrirstöðu að íslenska þjóðkirkjan fengi slík réttindi. Ef svo væri, þá gætu allir íslendingar notið þessara sérstöku fargjalda. En ég treysti því að þessi mál verði athuguð gaumgæfilega því að mér sýnist að hér sé komið út í nokkra vitleysu.

Ég vildi aðeins upplýsa það, vegna þess að það kom fram áðan að það væri ekki ljóst hversu mikið félögin skulduðu annars vegar Ríkisábyrgðasjóði og hins vegar í lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli, að það er upplýst í skýrslu þeirri sem hv. þm. fengu afhenta að Flugleiðir hf. skulda Ríkisábyrgðasjóði nú um 58 millj. kr. með vöxtum, og lendingargjaldsskuldir nema um 45 millj. kr. án vaxta, en það er gert að skilyrði, að þessar skuldir séu þegar greiddar. Það var tekið fram áðan að það væru engin rök gegn því að hlutafé yrði aukið á þessu ári. Það má vel vera að það verði mögulegt að auka hlutafé á þessu ári. Það er sett í vald viðskiptabanka félagsins, Landsbankans og Seðlabankans að kveða upp dóm um það. Það er alveg ljóst að báðar þessar stofnanir hafa mikinn hug á því að félag þetta auki hlutafé sitt og ég treysti því að þær muni reka á eftir því að svo verði gert. Hins vegar er ljóst að það er engin leið

að koma þessu í framkvæmd án þess að gengið verði frá mati vegna sameiningar félaganna.

Ég vil einnig upplýsa, vegna þess að það hefur komið fram í umr., um þá greiðslubyrði sem verður á félaginu í framtíðinni, að ég hef vissulega af því áhyggjur að svo kunni að fara að félagið standi ekki undir allri greiðslubyrðinni, þótt ég voni að svo verði. Hins vegar hefur verið upplýst að með þessum kaupum léttist greiðslubyrði vegna þessara flugvéla um 1 millj. dollara á ári eða um 150 millj. kr. Það hlýtur að skapa eitthvert svigrúm fyrir félagið að þessi greiðslubyrði skuli léttast svo mikið.

ATKVGR.

Brtt. 787 felld með 13:5 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 90. fundur.

Fimmtudaginn 15. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Magnús T. Ólafsson): Borist hefur svolátandi bréf:

„Reykjavík, 14. maí 1975.

Þar sem ég er á förum til útlanda og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér að biðja um fjarvistarleyfi og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþ. að óska þess að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Geirþrúður Hildur Bernhöft ellimálafulltrúi, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni.

Ellert B. Schram,
11. þm. Reykv.

Til forseta Nd."

Frú Geirþrúður H. Bernhöft hefur áður skipað þingbekk á þessu þingi og býð ég hana velkomna til starfa.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 460). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22:2 atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 764, 650, 765, 770). — 3. umr.

Frsm. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Í samráði við 2. þm. Norðurl. v., sem er fjarstaddur, lýsi ég því yfir sem formaður samgn. að brtt. hans við vegalög á þskj. 650, sem voru teknar aftur til 3. umr. í gær, eru allar dregnar til baka á þessu þingi, en verða væntanlega endurfluttar á næsta reglulegu Alþ. Jafnframt skírskota ég til ummæla minna, er ég viðhafði í framsögu fyrir nál. samgn. á þskj. 631 um þetta mál, þar sem ég gat þess að tími ynnist ekki til að skoða þetta mál ítarlega í heild svo sem vera þyrfti á þessu þingi. Væri því mælt með því í meginatriðum eins og það kom fram frá Ed., í trausti þess að málið allt yrði skoðað vandlega og breytingar á vegalöggjöfinni undirbúnar og bornar fram á næsta þingi.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Með brtt. þeirri, sem hér liggur fyrir á þskj. 770, frá okkur 4 Vestfjarðaþm., er ekki farið fram á annað en að þessi 25% af þéttbýlisvegafé í stað 10% áður, sem tekin eru nú undan höfðatölureglu 32. gr. vegal., komi örugglega og tryggilega til góða þeim fámennu þéttbýlisstöðum úti á landsbyggðinni sem skemmst eru á veg komnir í vega- og gatnagerð og hafa enga von um að úr verði bætt nema þeir fái eðlilega hlutdeild í almennu vegafé. Ég bendi enn á hve fráleitt það er að tala í þessu sambandi um ágang og ofríki gegn þéttbýlinu hér suðvestanlands, þegar það er haft í huga að á þessu svæði býr þó aldrei nema tæpur eða um það bil helmingur landsmanna. Hér er farið fram á að ¼ af þessum 285 millj., sem eru í þéttbýlisvegasjóði í ár, komi til þeirra staða sem verst eru staddir í þessu tilliti á landinu.

Ég vil ekki verða til þess með þessari brtt. — og ég hygg að það sé álit okkar flm. allra — að tefja afgreiðslu þessa máls nú. En ég hygg að það, sem hér er farið fram á farið, sé í rauninni svo sjálfsagt mál og fullkomlega í anda þeirrar breytingar sem er þegar búið að gera í báðum deildum, þ. e. a. s. að þessi hlutdeild, 10%, sem er hækkuð í 25%, — þessi breyting ætti að geta gengið fyrir sig án þess að nokkur hætta skapaðist á því að lögin strönduðu á því eða afgreiðsla þessa breytingarfrv. við vegalög sem nú gilda.

Ég vil enn og aftur skírskota til almennrar réttlætiskenndar hv. dm. Ég vil biðja þá að þeir reyni að setja sig í spor þess fólks úti á landsbyggðinni sem árum og áratugum saman hefur mátt hafa ófullgerða þjóðbraut í gegnum byggðina hjá sér þannig að þegar umferðin er umtalsverð — og hún fer vaxandi með ári hverju á þessum þjóðvegum í gegnum þéttbýli — þá er byggðin öll ýmist í rykmekki eða aursvaði frá þessari umferðaræð. Ég vona að þessi till., sem er í rauninni mjög lítil breyting frá því sem hv. d. samþykkti í gær, megi ná fram að ganga. Ég hygg að það sé almennt og eðlilegt réttlætismál.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni frá hv. frsm. n., hv. 4. þm. Vesturl., taka það fram að ég hef þegar ákveðið að vegalögin verði endurskoðuð á þessu ári. Það eru í þeim ýmsar veilur sem hafa gert það að verkum að nauðsyn ber til að gera þetta. Þessar veilur eru m. a. fram komnar vegna breytinga sem gerast sjálfkrafa þegar þjóðbrautum er breytt í hraðbrautir og annað því um líkt

sem gerir erfitt að framkvæma lögin. Þau verða því til endurskoðunar á milli þinga. Ég hef hugsað mér að leita eftir því að fá í þetta alþm. ásamt embættismönnum og leita þá eftir því að gefa öllum flokkum kost á að vera með í þeirri endurskoðun.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af brtt. sem við flytjum nokkrir þm. á þskj. 765, en hún snertir 34. gr. laganna og þá fjármuni sem þar er lagt til að haldið sé eftir og ráðstafað sérstaklega að till. vegamálastjóra. Hingað til hefur þessi upphæð verið 10% af heildarfjármununum, eins og menn vita, en hér er lagt til að hún hækki í 25%, og eins og fram kom við 1. umr. mundi þetta leiða til ákaflega mikilla örðugleika fyrir kaupstaði sem hafa byggt framkvæmdir sínar á þessu ári á þeim lögum sem í gildi hafa verið og mundu lenda í stórfelldum vandræðum ef þessi hlutföll röskuðust nú á þessu ári því að þetta á að taka gildi frá síðustu áramótum.

Í gær var felld till. um að hin gamla skipan héldist. En við flytjum, þessir þm., til málamiðlunar þá till. að þarna verði um 15% að ræða, en ekki 25%. Ég vona að þm. sýni þá sanngirni að fallast á þessa skipan. Ég skil ákaflega vel vanda dreifbýlisþm. og nauðsyn þeirra til að fá bætt úr sínum vandamálum á þessu sviði. En það er ekki hægt að gera það á þennan hátt, það er ekki nokkur kostur.

Í sambandi við þetta vil ég vara ákaflega mikið við því enn einu sinni að við förum að togast á út frá landshlutasjónarmiðum í sambandi við þetta mál. Það verður að vera sameiginlegt átak okkar allra að bæta úr vegamálum eins og við erum menn til á Íslandi.

ATKVGR.

Brtt. 750 tekin aftur.
— 765 felld með 19:13 atkv.
— 770 felld með 21:9 atkv.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og endursent Ed.

Lán vegna Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, frv. (þskj. 615, n. 753). — 2. umr.

Frsm. (Tómas Árnason): Virðulegi forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán vegna framkvæmda og rekstrar Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, en frv. þetta er 284. mál Ed., þskj. 615. Nefndin hefur mælt með því shlj. að frv. verði samþ. óbreytt.

Þetta frv. fjallar í fyrsta lagi um það samkv. 1. gr. að fjmrh. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði 1260 millj. kr. Í 2. gr. er kveðið á um að af lánsfé því, sem aflað er samkv. 1. gr., skuli verja 931 millj. kr. til að greiða skuld ríkissjóðs er myndaðist á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna hallarekstrar Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmdir umfram fjárhagsáætlun til ársloka 1974 og jafnframt verði heimilað að verja 329 millj. kr. af lánsfé þessu til að greiða skuld ríkissjóðs er myndast hafði til ársloka 1974 á viðskiptareikningi í Seðlabanka Íslands vegna útgjalda Vegagerðar ríkisins umfram fjárveitingar.

Aðalástæðan fyrir því, að hér hefur skapast halli, er fyrst og fremst að kostnaður við framkvæmdir jókst mjög á síðasta ári, miklu meira en búist hafði verið við, og enn fremur hitt, að hjá Vegagerð ríkisins hafa á undanförnum árum safnast upp til viðbótar lausaskuldir sem fluttar hafa verið á milli ára án þess að frá þeim hafi verið gengið á formlegan hátt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða málið nánar, það er svo skýrt og hefur raunar verið óbeint rætt um þetta mál hér á hv. Alþ. í vetur í sambandi við önnur mál og þá m. a. almennar umr., og sé ég ekki ástæðu til að bæta þar við.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Launajöfnunarbætur, frv. (þskj. 639, 702 og 711, 698, 738). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur G. Einarsson): Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. fjhn.- og viðskn. um frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál. Nál. er á þskj. 702 og standa að því fulltrúar stjórnarflokkanna, en minni hl., hv. þm. Magnús Kjartansson og Gylfi Þ. Gíslason, skila sérstöku áliti, auk þess sem þeir flytja brtt.

Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. frá 24. sept. 1974, en verulegar breytingar hafa verið gerðar á frv. í hv. Ed. Fjh.- og viðskn. beggja d. störfuðu saman að því að athuga þetta mál og áttu allmarga fundi með ýmsum aðilum sem veittu nm. upplýsingar. Við 1. umr. hér í hv. d. gerði hæstv. forsrh. grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á frv í Ed. Ég tel ekki þörf á því að fara nánar út í þær breytingar nema sérstakt tilefni gefist til. En ég vil taka það strax fram að niðurfelling 5. gr. brbl. raskar ekki rétti bænda til launajöfnnuarbóta. Þetta segi ég vegna þess að um það hefur verið spurt.

Ég get hins vegar ekki annað en bent á þær hækkanir sem frv. gerir ráð fyrir að aldrað fólk og öryrkjar njóti, einkum vegna orða hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar við 1. umr. um málið hér í d., en þá sagði hann að níðst væri freklegar á öldruðum og öryrkjum en nokkrum öðrum þegnum. Minna mátti það nú ekki vera. Með ákvæðum 6. og 7. gr. frv. hækkar grunnlífeyrir um 9% hjá þessum hópi manna. Tekjutrygging hækkar um 45.9% hjá einstaklingum og 37% hjá hjónum. Tekjutryggingarmark, eða lágmarkstekjur, verður því samkv. frv. 316600 kr. hjá einstaklingum miðað við 256800 áður, en þetta jafngildir 4900 kr. hækkun á mánuði eða 22.5%. Hjá hjónum verður upphæðin 552700 kr. miðað við 462300 og er hækkunin 7533 kr. á mánuði eða 90400 kr. á ári. Þessi hækkun hefur það í för með sér að kaupmáttur þessara bóta verður

mjög svipaður og hann hefur verið á síðustu missirum. Það fer þá nokkuð eftir því, við hvaða ársfjórðung er miðað, t. d. á s. l. ári, en kaupmáttur bótanna hefur verið þessi: 1972 96.4%; 1973 93.5% og 1974 96.7% að meðaltali. Hjá einstaklingum verður hann 95.7% og hjá hjónum 93.1%, en á fyrsta ársfjórðungi 1974 var hann 91.2%. Hér er því ekki verið að niðast á þessum þjóðfélagsþegnum þótt vissulega væri æskilegt að bæturnar væru hærri. Hins vegar bendi ég á að það er nokkuð vafasamt að tala um, hver kaupmáttur þessara bóta er, þegar miðað er við eða borið saman við aðra hópa í þjóðfélaginu vegna þess að neysluvenjur þessa fólks eru áreiðanlega allt aðrar en annarra aldurshópa í þjóðfélaginu.

Hv. þm. Gylfi Þ. Gíslason gagnrýndi við 1. umr. hve lengi hefði dregist að afgreiða þetta mál. Hæstv. forsrh. svaraði þessari gagnrýni þá strax og hef ég þar ekki neinu við að bæta. Ég ítreka aðeins að um mánaðamótin febr.—mars, þegar ætlunin var að afgreiða þetta mál frá þinginu, varð um það samkomulag milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins að láta málið bíða vegna þess að samningar voru þá á næsta leiti. Það er því ósanngjarnt að vera að gagnrýna þessa töf.

Þá vil ég leiðrétta það sem fram kom hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni að sérstök nefnd annist úthlutun launajöfnunarbóta til bænda samkv. 4. gr. Það var svo í drögum að þessari grein, drögum sem rædd voru á nefndarfundum, þá var sérstakri úthlutunarnefnd ætlað þetta hlutverk. En þessari grein var einmitt breytt á grundvelli umræðna sem urðu í n., þannig að verkefnið er samkv. frv. falið Framleiðsluráði landbúnaðarins. Ég skal samt ekki draga úr því að hér er um allflókið kerfi að ræða sem kostar áreiðanlega nokkra vinnu, en ég held þó að það hafi tekist að gera málið eins einfalt og mögulegt var.

Það er nauðsynlegt að gera nokkrar leiðréttingar á frv. frá því sem það er komið frá hv. Ed. Þessar leiðréttingar varða forms- og framkvæmdaatriði. Ég mun nú í sem stystu máli gera grein fyrir þeim. Þessar brtt. eru á þskj. 738 og flm. með mér er hv. þm. Tómas Árnason.

Það er þá fyrst við 1. gr. frv., það er í upphafi 1. tölul., að á eftir orðunum: „Á laun, sem“ komi orðin: hinn 1. október 1974. — Þetta mun hafa fallið niður í vélritun einfaldlega, en það skiptir máli að þessi dagsetning sé í lögunum. Sama gildir um b-lið 1. brtt., að þar hefur þessi sama dagsetning einnig fallið niður og þarf að bætast við.

2. brtt. er einfaldlega leiðrétting, það stendur „helgidagsálags“ í staðinn fyrir: helgidagaálags.

3. brtt. a-liður er aðeins breyting á rithætti sem ég þarf ekki að skýra, b-liðurinn í 3. brtt., þar hefur láðst að fella niður orðið „úthlutunarnefnd“ vegna þeirrar breytingar sem ég greindi frá áðan. „Framleiðsluráð landbúnaðarins“ komi í stað orðsins „úthlutunarnefndar“.

4. brtt. er ekki heldur nein efnisbreyting, það er aðeins breyting á orðalagi þannig að það er fært til íslensks máls, ef svo má segja.

5. brtt. er svo við 7. gr. Þar er um það að ræða að í fyrirsögnum dálka er fellt niður orðið „til“ í þremur fyrstu dálkunum í 7. gr., sem er þar ofaukið, og orðið „frá“ í síðasta dálki. Í c-lið 5. brtt. er aftur um að ræða efnislega breytingu. Það var gert ráð fyrir fjárhæð annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyrisalmannatrygginga, þ. e. fyrir einstaklinga eru í dálkinum 1. apríl 45000 kr. og frá 1. júlí 1975 46380 kr., hjá hjónum 81000 kr. og frá 1. júlí 83460 kr. Nefndinni var bent á það að þessum breytingum á þriggja mánaða fresti fylgdi gífurlega mikil vinna hjá Tryggingastofnuninni við að reikna þetta út og talið væri nauðsynlegt að hafa sömu tölu í báðum tilvikum. Þá var um tvennt að velja eða raunar þrennt: að hafa þarna vegið meðaltal af þessum tveimur upphæðum, að hafa lægri upphæðina eða þá hærri. Samkomulag varð um það að hafa hærri upphæðina, þ. e. a. s. 46380 kr. fyrir einstakling frá 1. apríl 1975 og sömu upphæð frá 1. júlí og vegna hjóna 83460 kr. frá 1. apríl eins og frá 1. júlí. Þetta er til nokkurra hagsbóta fyrir þá sem fá þessar bætur, en mun kosta ríkissjóð óverulegar upphæðir, 4 millj. kr. að því er talið er.

6. brtt. er við 11. gr. frv. og er hún eingöngu til einföldunar. Það eru felldir niður nokkrir málsliðir sem mönnum sýnast óþarfir auk þess sem einu orði er breytt. Ég les greinina eins og hún verður þá ef þessi brtt. verður samþykkt: „Fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig, að ákvæðið um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns.“

Ég hef þá gert grein fyrir þessum brtt. og áliti meiri hl. fjh.- og viðskn.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Nú er svo skammur tími eftir af störfum þingsins að hann verður helst reiknaður í klukkustundum. Öll þingstörf mótast af ringulreið. Hæstv ráðh. beita valdi til þess að koma málum í gegnum þingið án nokkurrar raunverulegrar könnunar og ekki er fært að gera breytingar á augljósustu villum og afglöpum. Þm. stjórnarliðsins eru svo hollir ráðh. sínum að þeir hlýðnast þessum fráleitu fyrirmælum þótt þeir fari sannarlega ekki dult með óánægju sína og reiði í einkaviðræðum.

Ég skal ekki auka á erfiðleika starfsfélaga minna, hv. þm., með því að halda langa ræðu í tilefni af þessu frv. þótt til þess væri vissulega ærin ástæða. En ég vil nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. forsrh. nokkurra spurninga sem Alþ. og landsmenn eiga heimtingu á að fá skýr svör við áður en alþm. eru reknir heim.

Fyrstu tvær greinar frv. fjalla um upphafið á árás ríkisstj. á verkalýðssamtökin, skömmtun svokallaðra jafnlaunabóta, sem námu örlitlu broti af þeirri óðaverðbólgu sem ruðst hefur eins og snjóflóð yfir heimili almennings. Þessi styrjöld hæstv. ríkisstj. við launafólk hefur að undanförnu leitt til sívaxandi öngþveitis og ástandið á vinnumarkaðnum er nú ískyggilegra en það hefur nokkru sinni verið síðan á verstu árum viðreisnarinnar. Í þessari styrjöld hefur hæstv. ríkisstj. haft forustu sem hefur verið að skýrast

mjög einmitt seinustu dagana. Mjög margir starfshópar í þjóðfélaginu hafa að undanförnu gert uppreisn gegn kjaraskerðingu ríkisstj. og krafist hækkunar á kaupi. Ymsir slíkir hópar hafa þegar náð árangri. Samið hefur verið um ríflega 30% kauphækkun við flugfreyjur og eru þær vissulega vel að þeirri hækkun komnar. Gert hefur verið bráðabirgðasamkomulag við flugstjóra án þess að greint hafi verið frá því opinberlega, hvað í því samkomulagi felst. Gert hefur verið einnig bráðabirgðasamkomulag við flugumferðarstjóra, en yfir því hvílir sama leyndin. Gerðir hafa verið bráðabirgðasamningar við tæknimenn og verkfræðinga hjá ráðgjafarfyrirtækjum og væri vissulega fróðlegt að fá vitneskju um hvaða láglaunabætur verkfræðingar hafa fengið. Það hafa meira að segja verið gerðir samningar milli organleikara og sóknarnefnda fyrir tilstilli hins háæruverðuga sáttasemjara ríkisins. Einkaaðilar hafa þannig samið að undanförnu.

En við hverja er ekki samið? Það hefur ekki verið samið við sjómenn á stóru togurunum, stöðvun þeirra hófst 9. apríl s. l. og hefur því staðið nokkuð á annan mánuð. Afleiðingin er sú að 500—600 sjómenn stunda ekki framleiðslustörf. Beinar afleiðingar bitna á um 1500 manns í landi og óbeint á miklu fleira fólki. Hundruð og aftur hundruð manna hafa bætst á atvinnuleysingjaskrá síðustu vikurnar. Áætlað er að það aflaverðmæti, sem tapast hefur, nemi allt að 300 millj. kr. og útflutningsverðmætið hátt í 700 millj. kr., á sama tíma og gjaldeyrisviðskipti þjóðarbúsins eru framkvæmd með betlilánum. Kaupskipaflotinn er byrjaður að stöðvast vegna samúðarverkfalls vélstjóra á kaupskipunum.

Engar alvarlegar tilraunir hafa verið gerðar til þess að leysa þetta mál, aðeins settar fram fráleitar hugmyndir um að afnema vökulögin í verki og skerða stórlega öryggi áhafnanna. Meginhluti þessara stöðvuðu togara er í félagslegri eign, í eigu sveitarfélaganna, þar sem stjórnarflokkarnir hafa meiri hl. eða Sjálfstfl. einn eins og hér í höfuðborginni. Þeir togarar, sem taldir eru í eign einkaaðila, eru allir fjármagnaðir af almannafé og því í raun eign þjóðarheildarinnar. Það er þannig ríkisstj. og ríkisstj. ein sem ber ábyrgð á því að ekki er samið við togarasjómenn. Einkaaðilar geta samið, eins og ég rakti hér áðan. Hæstv. ríkisstj. neitar að semja.

Við hverja fleiri má ekki semja en togarasjómenn? Það er hafið verkfall hjá þremur mjög mikilvægum verksmiðjum í eigu ríkisins: Sementsverksmiðjunni, Áburðarverksmiðjunni og Kísiliðjunni. Þessi verkföll eiga sér mjög langan aðdraganda. En samninganefnd hæstv. ríkisstj. hefur haldið að sér höndum allt fram undir síðustu daga. Í þessum samningum átti að ganga frá mjög mikilvægum skipulagsatriðum sem um hafði verið fjallað í fyrra, en þau eru fólgin í sameiginlegri aðild 17 verkalýðsfélaga, sem eiga samningsrétt í verkalýðsfélögunum, að frambúðarsamningum, þ. e. a. s. sameiginlegum samningum allra þessara aðila. Það er ríkið sem hefur stöðvað þessa samninga og afleiðingarnar geta á skömmum tíma orðið mjög geigvænlegar. Stöðvun sementsverksmiðjunnar getur t. d. leitt til algers samdráttar í byggingariðnaði og svipt þúsundir manna atvinnu. — Eins og ég sagði áðan, einkaaðilar geta samið, hæstv. ríkisstj. neitar að semja.

Og við hverja fleiri má ekki semja? Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur eðlilega krafist þess að opinberir starfsmenn fengju hliðstæðar bráðabirgðakauphækkanir og samið var um milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda 26. mars. Þessari sjálfsögðu kröfu hefur verið hafnað til þessa. Enn blasir við sama myndin, einkaaðilar mega semja, hæstv. ríkisstj. neitar að semja.

Hvað er hér að gerast? Ég hef áður borið þær þungu sakir á hæstv. ríkisstj. að hún hafi stöðvað togaraflotann vitandi vits til þess að koma á atvinnuskorti áður en samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda á að vera lokið eftir tæpan hálfan mánuð. Með stöðvun ríkisverksmiðjanna hefur sú ákæra hlotið stóraukinn þunga. Haldist það ástand sem nú er, geta atvinnuleysingjar skipt þúsundum um næstu mánaðamót þegar skólafólk hefur einnig bæst á vinnumarkaðinn. Ég ber enn þessar þungu sakir á hæstv. ríkisstj. og óska þess að hæstv. forsrh. svari, ekki með neinum almennum orðum og tilvitnunum í einskisverðan stjórnarsáttmála, heldur með því að hæstv. ríkisstj. geri rökstudda grein fyrir því áður en þingið hættir störfum hvernig hún ætlar að leysa þessar deilur, sem hún er beinn aðili að, og gera sjálfsagða og eðlilega samninga við sjómenn og verkafólk.

Allt er þetta, sem ég hef hér verið að rekja, aðdragandi enn þá stærri vandamála. Eins og ég sagði áðan á fyrir næstu mánaðamót að vera búið að semja við öll verkalýðsfélög landsins, en þau hafa borið fram kröfur sem nema 35% kauphækkun og fela þó eingöngu í sér að samningar þeir, sem síðast voru gerðir, haldi gildi sínu. Að þessu máli hefur verið unnið afar slælega af hálfu ríkisstj. þótt það sé nú komið í algeran eindaga.

Sú spurning er nú æ ofar í huga fólks hvort hæstv. ríkisstj. hyggist beita valdi, brbl., nauðungarlöggjöf, til þess að reyna að halda við kjaraskerðingarstefnu sína og tvær fyrstu greinar þess frv., sem hér er til umr., gefa ærna ástæðu til þess að þær spurningar vakni. Því vil ég spyrja alveg beint og óska skýrra svara: Hefur hæstv. ríkisstj. einhver slík áform í huga? Er ástæðan fyrir því, að hæstv. ríkisstj. leggur þvílíkt kapp á að reka Alþ. heim að öll vinnubrögð verði að óskapnaði, sú og sú ein að hæstv. ríkisstj. vilji hafa frið til þess að setja brbl., þvingunarlög um kjör og réttindi launafólks? Ég vil vara hæstv. ríkisstj. mjög alvarlega við öllum slíkum áformum. Af því er löng reynsla, hvað af slíkum málatilbúnaði hlýst. Og ég vil bera fram þá sérstöku kröfu að hæstv. ríkisstj. heiti því nú í þinglok að setja engin brbl. um kjör og réttindi verkafólks. Komi ríkisstj. þeim málum í slíkt öngþveiti að hún telji nauðsyn á lagasetningu, ber ég fram þá kröfu að kallað verði saman aukaþing til þess að fjalla um ástandið. Ég óska skýrra svara hæstv. forsrh. við þessari ósk minni.

Ég skal svo fara fáum orðum um frv. sjálft og þær brtt. sem ég flyt við það ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við leggjum til að fyrstu tvær greinar frv. falli niður. Þær eru, eins og ég rakti við 1. umr., bein ögrun við verkalýðshreyfinguna. Þar er lagt til að lögfestur verði hluti af því bráðabirgðasamkomulagi sem verkalýðshreyfingin gerði við atvinnurekendur 26. mars s. l. Í 1. gr. er raunar komið nýtt og alvarlegt atriði, því að þar er ákveðið að ekki megi greiða almenna verðlagsuppbót á laun framar þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað. Þetta er miklu viðtækara en fólst í brbl. Þarna er verið að framlengja þessi ákvæði út í einhverja óvissa framtíð og í þessu sambandi er ástæða til að vekja sérstaka athygli á því sem áður hefur verið gert í þessum umr., að hvert einstakt verkalýðsfélag fer með samningsrétt á Íslandi, en ekki heildarsamtök verkalýðsfélaganna í gegnum Alþýðusamband Ísland. — Við leggjum sem sé til að þessar tvær fyrstu greinar falli niður.

3. og 4. gr. fjalla um fyrirkomulag á greiðslum svokallaðra *launajöfnunarbóta til bænda*. Þar er um slíka skriffinnsku og slíkt myrkviði að ræða að ég hef aldrei séð neitt þvílíkt. Ég er sannfærður um að það getur enginn maður áttað sig á því hvernig á að framkvæma þessar reglur í verki. Og hugsið ykkur skriffinnskuna sem kemur upp þegar allir bændur landsins eru búnir að senda Framleiðsluráði landbúnaðarins skattaframtöl sín. Hvað þarf marga menn til þess að skoða þetta? Þetta er þvílík endilevsa að það er Alþ. til vansæmdar að afgreiða mál á þennan hátt og að *sjálfsögðu komast engar eðlilegar bætur til* skila til bænda með þessu móti.

5., 6., 7. og 8. gr. frv. fjalla um bætur almannatrygginga. Hv. frsm. meiri hl. gerði aths. við það í ræðu sinni áðan að ég hefði sagt við 1. umr. að núv. ríkisstj. hefði níðst freklegar á öldruðu fólki og öryrkjum en nokkrum landsmönnum öðrum. Ég skal endurtaka þessi ummæli og ég stend enn við þau vegna þess að þau eru sönn. Þessu fólki hefur verið neitað um að fá sams konar bætur og skammtaðar voru með brbl. í fyrra. Þetta fólk var tekið út úr. Það *fékk helminginn* af þeirri upphæð. Nákvæmlega sama á að gera í sambandi við þá kauphækkun sem um var samið 26. mars. Aldrað fólk og öryrkjar undir vissu tekjumarki eiga ekki að fá þessa upphæð, heldur upphæð sem er helmingi lægri. Það stoðar lítt að tala um að tekjutryggingin út af fyrir sig hækki þarna um myndarlega upphæð vegna þess að hún er aðeins hluti af þeim afar lágu tekjum sem þetta fólk hefur. Prósentan þarf að taka til upphæðarinnar allrar og þar er um að ræða hækkun sem nemur 22.5%. Ég skal engan veginn vanmeta þetta. Ég lít á það sem árangur af þeirri baráttu sem háð hefur verið hér á þinginu í allan vetur fyrir því að rétta dálítið hlut þessa fólks, og mér þykir vænt um að nokkur árangur hefur náðst í því efni. En því fer mjög fjarri að það sé fullur árangur. Þess vegna legg ég til ásamt hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni að 6. gr. verði breytt þannig að aldrað fólk og öryrkjar undir vissu tekjumarki fái jafnlaunabæturnar, sem voru í brbl. á síðasta hausti, og þá kauphækkun, sem um var samið 26. mars s. l., í krónum. Í þessari till. eru einnig ákvæði um að aðrar bætur lífeyristrygginga svo og sjúkradagpeningar hækki í sama hlutfalli á þessu tímabili. Inni í þeirri till. er að sjálfsögðu barnalífeyrir sá sem athygli okkar alþm. hefur verið vakin á að undanförnu, en sú upphæð, sem greidd er til einstæðra foreldra vegna barna, er algert hneyksli.

Við gerum þá brtt. við 7. gr. frv. að tekjutryggingin út af fyrir sig hækki að fullu í samræmi við vísitölu á þessu tímabili, þ. e. a. s. um 46%. Við teljum það einsætt að þessi upphæð, sem á að renna til þeirra sem búa við allra bágust kjör í þjóðfélaginu, hún eigi a. m. k. að halda kaupmætti sínum hvað sem öllu öðru líður, og það er ósæmandi að þykjast vera að leysa einhver efnahagsvandamál með því að níðast á þessu fólki.

Við leggjum enn fremur til að frá 1. júlí breytist fjárhæðir þær sem greindar eru í 19. gr., þ. e. a. s. tekjutrygging og aðrar fjárhæðir sem þar eru greindar, í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu.

Að sjálfsögðu fela þessar till. okkar í sér verulega hækkun á heildargreiðslum frá almannatryggingum, og við gerum okkur grein fyrir því að það verður að finna leiðir til þess að standa undir þeim fjármunum. Því leggjum við til að inn í frv. bætist ný gr., svo hljóðandi:

„Við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1975 skulu fyrningar reiknaðar samkv. ákvæðum 15. gr. gildandi skattalaga með því fráviki, að engar verðbreytingar eigna skulu leyfðar samkv. verðhækkunarstuðli.“

Eins og hv. þm. vita er þessi verðhækkunarstuðull hagnýttur þannig að það er svo til ekkert fyrirtæki á Íslandi sem borgar tekjuskatt, jafnvel þótt af því sé mjög álitlegur gróði. Þetta eru ákvæði sem gera fyrirtækjum kleift að stinga undan ákaflega miklum fjárhæðum sem gætu og ættu að renna í ríkissjóð. Við leggjum til að þetta lagaákvæði um verðhækkunarstuðul komi ekki til framkvæmda á þessu ári. Þannig mundi *fást upphæð sem mundi fyllilega standa undir* þeirri hækkun á bótum almannatrygginga sem við gerum till. um.

Enn fremur leggjum við til að mjög annarleg grein sem kom inn í frv. á síðasta stigi, 11. gr., og fjallar um kjör fjárfestingarlánasjóða, verði felld niður. Þar er um að ræða mjög verulegar breytingar á lánakjörum þessara sjóða, aukna gengistryggingu og verðtryggingu þeirra, og þar er um að ræða mál sem er svo nátengt heildarstefnunni í efnahagsmálum og atvinnumálum að *ég held að það væri hættulegt að taka slíkar* ákvarðanir að lítt athuguðu máli núna. Þessar aðferðir hafa verið reyndar í ýmsum grannlöndum okkar, m. a. í Finnlandi, og þar hafa þær leitt til ákaflega alvarlegs samdráttar og atvinnuleysis. Það er reynsla sem við eigum að skoða og læra af og því tel ég ekki tímabært að sett verði lagaákvæði af þessu tagi nú.

Ég læt svo lokið máli mínu, en ég ítreka það, að ég óska þess mjög eindregið við hæstv. forsrh. að hann svari þeim spurningum, sem ég beindi til hans í upphafi, og geri aths. við þær alvarlegu ásakanir sem ég bar fram á hæstv. ríkisstj.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég mun ekki tefja tímann mikið, en það eru aðeins tvö atriði sem ég mun fyrst og fremst víkja að.

Það kom fram í ræðu hv. frsm., Ólafs G. Einarssonar, að þrátt fyrir það að 5. gr. væri felld úr frv. í Ed., þá væri ætlast til þess að það breytti því ekki að bændur ættu að fá sínar láglaunabætur. Við vorum dálítið órólegir yfir þessu vegna þess að það var búið að vísa þessu máli til yfirnefndar og einn af þeim, sem þar fjalla um þetta mál, var búinn að tjá sig á þá leið að þar sem það væri búið að fella þetta niður úr frv., þá væri ekki hægt að líta öðruvísi á það heldur en svo að Alþ. ætlaðist ekki til þess að bændur fengju þessar bætur. Nú tel ég að formaður nefndarinnar, sem hér talaði fyrir brtt. áðan, hafi lýst yfir á ótvíræðan hátt að Alþ. ætlaðist til þess, þrátt fyrir niðurfellingu 5. gr., að bændur njóti þessara bóta.

Ég verð líka að játa það að þegar ég sá 11. gr. í frv. koma hér inn, á síðustu stundu raunar, kom það ónotalega við mig, ekki síst eins og hún var orðuð í upphafi. Nú hefur verið lögð fram brtt. við þessa grein, en eftir sem áður stendur að fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Hæstv. ríkisstj. hefur sem sagt í hendi sinni samkv. þessari grein að breyta þessum kjörum. Það er mjög mismunandi hvernig sjóðirnir eru settir að þessu leyti, t. d. eins og sjóðir landbúnaðarins sem hafa sjálfir lítið eða ekkert ráðstöfunarfé og þurfa þess vegna að fá það með einhverju móti að láni, og eins og þetta fé hefur verið samsett á undanförnum árum, þá hefur mikill hluti af því verið verðtryggður, vísitölutryggður. Og það er komið þannig, að t. d. ef maður ber saman hvernig hlutur þessara sjóða er, þá er Stofnlánadeild landbúnaðarins með 22.2% af því fé, sem hún hefur að láni, með vísitöluklásúlu, en Fiskveiðasjóður t. d. aftur á móti ekki nema með 4.3% og Iðnlánasjóður með 6.4%. Þetta er að vísu öðruvísi með gengistryggt fé, þar hefur landbúnaðurinn ekki nema 8—9%, en t d. Fiskveiðasjóður 40.3% og Iðnlánasjóður um 12%. En ef maður fer að skoða hvernig þessi þróun hefur verið þrátt fyrir allar gengisfellingar á undanförnum 14—15 árum, þá sýnir það sig að þrátt fyrir allt hefur verið helmingi skárra að hafa gengistryggt fé heldur en vísitölutryggt.

Það hefur verið þannig með bændurna að lengi vel voru þeir með frekar lága vexti, en á undanförnum 15 árum hafa þessi vaxtakjör þrefaldast. Og nú er það þannig að þeir borga 12% í vexti og fyrir utan það borga þeir stofnlánasjóðsgjaldið sem er í raun og veru 4.1% ef miðað er við þær skuldir sem bændur skulda Stofnlánadeildinni utan við íbúðarhúsalánin, þannig að í sjálfu sér borga þeir 16.1% í vexti af þeim lánum sem þeir hafa hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þegar svona mikil stökk verða og ekki síst ef hluti af lánum, sem bændurnir fá, yrði nú t. d. hvort tveggja með hærri vöxtum og ekki síst ef hluti af þeim, kannske stór hluti yrði með gengisklásúlu eða verðtryggt, þá kemur það þannig út að það verður mikil mismunun hjá bændastéttinni vegna þeirra aðferða sem eru hafðar í verðlagningu þeirra framleiðsluvara, og það er mjög erfitt að jafna þarna með nokkru móti á milli. Sem sagt, ef ætti að hækka vextina frá því sem er og hefði átt að fara eftir greininni eins og hún var, þá gat ég ekki skilið annað en að við hefðum orðið að taka og lána út það fjármagn, sem við fengjum, með sömu kjörum að viðbættum kostnaði, þannig að það var sýnilegt, eins og samsetningin á þessu hefði verið, að Stofnlánadeildin hefði orðið að lána með langverstu kjörum allra sjóða.

Ég fagna þessari breytingu sem kom fram við 11. gr., þótt ég hefði vænst þess að hún hefði verið öðruvísi og hefði gengið raunar lengra. Af þessum ástæðum langar mig til þess að koma fram með eftirfarandi spurningar og beina þeim til hæstv. forsrh. og ef landbrh. hefði verið hér inni, þá hefði ég viljað beina spurningum til hans líka, en spurningarnar eru á þessa leið: **Á hvern** hátt ætlar hæstv. ríkisstj. að nota þær heimildir sem 11. gr. í þessu frv. felur í sér, verði hún nú lögfest? Er t. d. fyrirhugað að stytta lánstíma lána einhverra lánaflokka fjárfestingarlánasjóðanna frá því sem nú er eða breyta vaxtakjörum? Og í þriðja lagi: Er stefnt að því að koma á verðtryggingu á fjárfestingarlánum til bænda? — Ég tel að þetta væri mjög alvarlegt spor ef þyrfti að stíga það að nokkru marki, einmitt vegna þess hve mikið misrétti slíkt mundi skapa meðal bændastéttarinnar. Það verður auðvitað að finna einhverjar leiðir til þess þá að jafna þennan mun með öðrum hætti og þær leiðir eru til. Hv. alþm. mega ekki gleyma því að hvert vaxtaprósent til hækkunar í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins hækkar grundvöllinn um 0.58% og með óbreyttum niðurgreiðslum mundi það hækka verðlagið í útsölu um rúmlega 1%, þannig að allar slíkar breytingar eru mjög verðbólguhvetjandi. Það eru þessar ástæður sem liggja að baki því að ég leyfi mér að vænta þess að hæstv. forsrh. geti svarað þessum spurningum, ekki síst vegna þess að nú síðustu daga rignir yfir okkur spurningum utan af landsbyggðinni um það, hvort sé rétt að það eigi að stytta lánstímann, hvort sé rétt að það eigi að hækka vextina svo og svo mikið o. s. frv. Ég vænti þess að hæstv. ráðh. geti gefið mér einhver svör.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég þakka hv. 5. þm. Reykn., frsm. í þessu máli, fyrir ýmsar upplýsingar og skýringar sem hann gaf í framsöguræðu sinni. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem hann gaf varðandi 5. gr. frv., sem felld var niður í Ed., og því, að hún mundi ekki breyta efni né framkvæmd laganna ef frv. verður að lögum. Þetta er að sjálfsögðu mjög flókið og margþætt mál og það er mikil vinna að setja sig vel inn í einstaka þætti þess. Það veltur á miklu hvernig framkvæmdin verður ef frv. þetta verður að lögum.

Ég get mjög tekið undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. sem var að ljúka máli sínu. Það er margt sem við þurfum að athuga og vera vel á verði í þessum efnum, en ég sé ekki að tími né tækifæri gefist

til að ræða þetta mál ítarlega nú. En auk þess sem ég hef vikið að yfirlýsingu frsm. um 5. gr., sem var í frv. upphaflega, vildi ég þó lítillega minnast á breytingarnar sem gerðar hafa verið á 11. gr.

1. mgr. þeirrar gr. hefur verið stytt og lagfærð. Hún er þess efnis nú að fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns. Hér þarf margt að athuga, ekki síst að því er varðar fjárfestingarlánasjóði landbúnaðarins. Við höfum þar ákveðnar reglur að fara eftir sem gilt hafa árum saman. Það eru þær reglur sem uppbygging landbúnaðarins hefur byggst á, en óhætt er að segja að þegar farið er að orða verðtryggingu og annað slíkt í sambandi við lánveitingar til landbúnaðarins, þá dregur vissulega bliku á loft, því að sú atvinnugrein er þess eðlis að það hefur verið talið hingað til að hún þyldi afskaplega illa ákvæði af þessu tagi, og á því er enginn vafi.

Ég sagði að við hefðum að sjálfsögðu okkar lánareglur til að fara eftir og við munum vera fastheldnir á þær reglur, sem okkur hafa reynst vel, af eðlilegum ástæðum. Þess vegna vil ég leggja sérstaka áherslu á það í sambandi við þetta ákvæði, án þess að ræða það til grunna, að ég tel að það verði að túlkast nokkuð rúmt. Það segir hér að fé það, sem sjóðirnir fá til ráðstöfunar, skuli lánað út með sambærilegum kjörum. Þetta ákvæði tel ég óhjákvæmilega að verði að skýra nokkuð rúmt, einkum þar sem hér er verið að fara inn á nýja og raunar áður óþekkta braut að miklu leyti í þessum efnum sem er mjög vandmeðfarin því að þarna er um hagsmuni margra að ræða. En við verðum að treysta því að þessi ákvæði, ef að lögum verða, verði framkvæmd þannig að við það verði unandi, og við munum svo sannarlega reyna að vera á verði hér eftir sem hingað til og reyna að sjá svo um að hagsmunir þeirrar atvinnugreinar, sem okkur hefur verið falið að gæta a. m. k. að nokkru, verði ekki fyrir borð bornir.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, hóf mál sitt með því að telja öll þingstörf mótast af ringulreið. Ég hygg að hér sé ekki um annað að ræða að þessu sinni en verið hefur þegar dregur nær þingslitum, þá er oft á tíðum hröð afgreiðsla á málum. Ég get vel tekið undir það að það væri æskilegt að betur væri unnið að sumum málum fyrr á þingtímanum, en þrátt fyrir allan góðan ásetning allra ríkisstjórna, hverjar sem þær eru, þá hefur reynslan orðið sú að það hefur verið óhjákvæmilegt að hafa þessa hröðu málsmeðferð á síðustu dögum þingsins. Ég held að þarna sé ekki eingöngu við ríkisstjórnir að sakast á hverjum tíma, heldur og þm. almennt og þn., að menn haga afgreiðslu mála og fara e. t. v. ekki fyrir alvöru að beita sér fyrir afgreiðslu úr nefndum fyrr en dregur að þingslitum. Í þessu efni er auðvitað sjálfsagt að reyna að bæta þingstörfin og ég heiti samvinnu af hálfu ríkisstj. að því leyti við þingforseta, þn., þingflokka og einstaka þm.

Ég vil svo aðeins víkja að þeim kafla ræðu þm. þar sem hann taldi ríkisstj. vera í styrjöld við launafólk og þar sem hann lét svo ummælt að margir hópar launafólks hefðu gert uppreisn. Ríkisstj. er ekki í styrjöld við launafólk. Ríkisstj. hefur aðeins gert óhjákvæmilegar ráðstafanir í efnahagsmálum. Þær ráðstafanir hafa í sjálfu sér ekki í för með sér kjaraskerðingu fyrir allan almenning í landinu. Það er annað sem veldur því að draga verður úr eyðslu þjóðarinnar í heild og einstakra stétta og hvers einstaklings um sig. Það eru versnandi viðskiptakjör út á við og áföll sem við höfum orðið fyrir í efnahagsmálum í kjölfar þess að hafa spennt bogann of hátt þegar vel gekk í utanríkisviðskiptum og aflabrögðum. Það væri furðuleg ríkisstj. sem gerði það af ásettu ráði að markmiði sínu að vera í styrjöld við launafólk. Ég held að engin ríkisstj. vilji standa í slíkri styrjöld og muni því í raun og veru gera allt sem unnt er til að koma í veg fyrir slíka styrjöld. En hitt er rétt sem hv. þm. minntist á, að ýmsir hópar launafólks hafa hafið baráttu fyrir hækkuðu kaupi umfram þá samninga sem heildarsamtök launþega hafa gert um kaup og kjör. Þetta bráðabirgðasamkomulag ásamt launajöfnunarbótum þeim, sem staðfestar eru með þessu frv. sem hér er á dagskrá, eru til þess fallin að jafna þeim byrðum, sem þjóðin í heild verður á sig að taka, réttlátlega niður meðal þjóðfélagsþegnanna. Það ber að harma þegar einstaka launahópar hafa ekki skilning á því að hinir lægst launuðu verða að njóta forgangs í bættum launakjörum og aðrir að bíða um sinn.

Mér dettur ekki í hug annað en viðurkenna það og undirstrika að miðað við þá krónutölu kaups og það verðlag sem gilti eftir kjarasamningana í febr. á síðasta ári er um kaupmáttarskerðingu að ræða, alvarlega kaupmáttarskerðingu. En kaupmáttur, eins og hann mældist eftir kjarasamningana í febr. á síðasta ári, var ekki raunhæfur. Við vitum það allir alþm. Það var falskur kaupmáttur sem þar var um að ræða og hann getur því ekki verið viðmiðun þegar við tölum um kjör eða kjaraskerðingu nú.

Það bar töluvert á því hjá hv. þm. að hann gerði sér far um að etja einum launþegahópnum upp á móti öðrum. Það var eins og hann í sjálfu sér hlakkaði yfir því að geta með þessum hætti skapað óeirð meðal launafólks í þeirri erfiðu stöðu sem launafólkið sjálft er í og í þeirri stöðu sem ríkisstj. landsins er í, til þess að koma höggi á ríkisstj., en þar fyrir hittir hann þjóðarheildina, vegur að þjóðarhagsmunum.

Hv. þm. spurðist fyrir um það hvernig ríkisstj. ætlaði að leysa þær vinnudeilur sem nú væru, og nefndi þar sérstaklega verkfallið á stóru togurunum og verkfallið í þrem verksmiðjum ríkisins, Sementsverksmiðju, Áburðarverksmiðju og Kísilgúrverksmiðju, og loks kjaradeiluna við BSRB.

Ef við víkjum að togaraverkfallinu, verkfallinu á stóru skuttogurunum, þá hefur ríkisstj. gefið rekstraraðilum þeirra greinilega til kynna,

hvað hún treysti sér að ganga langt til þess að styrkja greiðslustöðu og rekstrargrundvöll stóru skuttogaranna: Í fyrsta lagi með því að létta greiðslubyrði þeirra af stofnlánum og lengja lánstímann. Í öðru lagi að taka á ríkissjóð þann reikning sem rekstraraðilar stóru togaranna telja sig hafa á ríkissjóð vegna lagasetningar fyrrv. stjórnar í kjölfar togaraverkfallsins 1973, þar sem kröfur yfirmanna voru viðurkenndar með lögum. Í þriðja lagi með því sérstaklega að aðstoða rekstraraðila togara, koma vanskilaskuldum þeirra við Lífeyrissjóð togarasjómanna á hreint með samningi um greiðslu þeirra vanskilaskulda á ákveðnum tíma. Í fjórða lagi með því að greiða úr sem allra fyrst og best þeirri breytingu á skammtímalánum og lausaskuldum togaraútgerðarinnar með sama hætti og nú er verið að gera almennt gagnvart fyrirtækjum í sjávarútvegi. Þess vegna hefur ekki staðið á ríkisstj. í þessari deilu. Fulltrúar ríkisstj. hafa haldið fjölda funda með deiluaðilum og reynt að leiða þá til sátta og samninga. Ég tel að það sé fullkomlega grundvöllur fyrir samningum, sérstaklega við undirmenn á togurum, en því miður er bilið langtum lengra milli yfirmanna og rekstraraðila togaranna. Án þess að leggja nokkurn dóm á réttmæti málstaðar hvers aðila um sig, þá segi ég það sem persónulega skoðun að samúð mín er með undirmönnum, að þeir fái sambærileg kjör og sjómenn almennt, og ég tel að rekstrarvandamál stóru skuttogaranna verði ekki leyst nema þeir, sem vinna á þeim og bera ábyrgð á rekstri þeirra, reyni að leita meira samræmis milli kostnaðar við mannahald á stóru skuttogurunum annars vegar og minni skuttogurunum hins vegar, takandi auðvitað tillit til þess hvaða munur er á afkastagetu þessara skipategunda og hvaða munur er á vinnuálagi á þessum skipategundum. Ef við viljum gera stór fiskiskip út frá Íslandi, þá er okkur óhjákvæmileg nauðsyn að horfast í augu við þetta vandamál og ríkisstj. getur ekki verið þekkt fyrir það — og ég held að hv. alþm. ætlist ekki til þess, að ríkisstj. segi: Semjið þið og síðan skulum við borga reikninginn. — Það væri ekki heilbrigð vinnuaðferð í sambandi við kaup- og kjarasamninga. Það verður að vera samræmi þarna með öðrum kaup- og kjarasamningum í landinu. Og við megum ekki stuðla að því að þeir, sem hærri tekjur hafa, geti í krafti ákveðinnar aðstöðu sinnar náð meiri kjarabótum en hinir lægra launuðu.

Varðandi þær þrjár verksmiðjur í eigu ríkisins sem nú standa í vinnudeilum, þá er það að segja að aðilar hafa rætt við og gert hvor öðrum tilboð. Það ber enn töluvert á milli. Ég skal ekki spá neinu um það, hvort endar náist saman alveg á næstunni eða ekki, en þar gegnir sama máli, að þegar ríkisstj. telur nauðsyn, sem ég held að verði ekki á móti mælt, að draga úr þjóðareyðslunni, þá getur hún ekki stuðlað að kaup- og kjarasamningum á þessum vettvangi sem brjóta í bága við þá heildarstefnu að hinir lægst launuðu skuli sérstaklega og einkum verndaðir.

Í þriðja lagi var svo spurt um afstöðu til samninga BSRB og taldi hv. þm. að ríkisstj. hefði ekki viljað samþykkja sams konar samninga við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fælust í bráðabirgðasamkomulaginu milli aðila vinnumarkaðarins. Ég vil mótmæla þessu. Ríkisstj. hefur gert Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja tilboð um sams konar samninga og fólust í bráðabirgðasamkomulaginu. Ef þessi deila leysist ekki og fer fyrir Kjaradóm, þá er það vegna þess að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sættir sig ekki við sams konar bráðabirgðasamkomulag og gert var milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

Þegar ég svara almennt, hvernig ríkisstj. ætli að leysa þessar deilur, þá vil ég taka það fram að það gætir nokkurrar mótsagnar hjá þeim mönnum sem krefjast þess af ríkisstj. að leysa vinnudeilur um leið og þeir segja að það komi ekki til greina löggjöf um kaup og kjör manna til lausnar slíkum deilum. Ríkisstj. mun auðvitað beita sér fyrir því og greiða fyrir því eins og unnt er að aðilar nái saman, og þar sem ríkisstj. er annar aðilinn sem vinnuveitandi, þá mun hún leggja sig fram um það í samræmi við þá heildarstefnu sem hún hefur í kaup- og kjaramálum, miðað við getu þjóðarheildarinnar eins og nú horfir við.

Þá spurði hv. þm.: Hefur hæstv. ríkisstj. áform uppi um að setja brbl. um réttindi og kjör launafólks? — og krafðist þess að ég lýsti því hér yfir að slíkt kæmi alls ekki til greina. Í tilefni þessarar fsp. vil ég taka það fram að það fyrsta, sem ég hef í raun og veru heyrt alvarlega talað um þann möguleika að setja lög, t. d. um kaup og kjör á togurunum, er uppsláttur í blaði hv. þm., Þjóðviljanum, í dag, þannig að ef einhver á fyrstu hugmynd um slíka lausn þá er það dagblaðið Þjóðviljinn hér í Reykjavík. Ég vil lýsa því hér yfir, að ég tel lagasetningu til lausnar kjaradeilunni á stóru togurunum hreint neyðarúrræði. Ég vil enn fremur segja það hreinskilnislega og ég veit að hv. þm. skilur það, vegna þess að ef hann væri í ríkisstj., þá mundi hann svara alveg nákvæmlega eins: Þessi ríkisstj. mun ekki fremur en aðrar lýsa yfir einu eða neinu sem takmarkar stjórnskipulegan rétt hennar til útgáfu brbl. og mun meta það hverju sinni og á þeirri stundu, sem vandamálin blasa við, hvort brbl. verða gefin út og hvers efnis þau eru. Ég veit að hv. þm. mundi ekki gefa greinarbetri svör, væri hann í ríkisstj., og jafnvel ekki svo skýr svör sem ég hef gefið nú.

Ég hygg að það sé ekki ástæða til þess að fjalla um einstakar greinar þessa frv., sem hér er til umr., umfram það sem gert var við 1. umr. málsins. Ég vil aðeins mótmæla því að 1. og 2. gr. þessa frv. séu ögrun við verkalýðssamtökin. Ég hygg þvert á móti að það sé viðurkenning í þessum greinum á valdi og réttindum heildarsamtaka launþega, og þessar greinar út af fyrir sig skerða ekki samningsrétt einstakra verkalýðsfélaga umfram það að í þessum greinum felst að vísu ábending um að nauðsynlegt sé í sambandi við samninga um tengsl kaupgjalds og verðlags að samræmdar séu reglur á öllu landinu og því sé eðlilegt að heildarsamtökin hafi fyrst og fremst samningsforræði á því sviði. Það er ekkert í þessum greinum sem að öðru leyti takmarkar samningsstöðu einstakra verkalýðsfélaga,

t. d. til grunnkaupshækkana. Ég vil leggja á það áherslu og ég vona að við getum verið sammála um, að það væri ákaflega óheppilegt ef hér giltu margvíslegar reglur um verðlagsuppbót á laun, og því sé ástæða til að heildarsamtökin reyni að ná samningum á þessu sviði einkum og sér í lagi. Ég geri mér vonir um að það geti tekist ef báðir aðilar og allir aðilar leggja sig vel fram.

Ástæðan fyrir tilvist þessara greina er ekki síst sú, að þótt bráðabirgðasamkomulag hafi tekist með Vinnuveitendasambandinu og Alþýðusambandinu, þá eru ýmis önnur samtök launþega sem ekki eiga aðild innan þeirra félaga. Og við getum vel talað hreinskilnislega saman um það, sem ég hygg að forsvarsmenn launþegasamtakanna hafi mjög miklar áhyggjur af, og það er hvernig haga skuli skipulagsmálum innan verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar, hvort verkalýðshreyfingin sé ekki veikt með því að einstök verkalýðsfélög hafi ótakmarkað samningsforræði. Þessi lög takmarka það ekki. En það getur vel verið að launþegasamtökin sjálf komi sér saman um einhverjar reglur sem skapi ramma um samningsrétt og samningssvið heildarsamtakanna annars vegar og einstakra verkalýðsfélaga hins vegar.

Í tengslum við þetta vildi ég aðeins leggja áherslu á að vinnudeilur, kaup- og kjaradeilur nú á dögum einkennast e. t. v. mun meira af innbyrðis samanburði og deilum milli einstakra launþegahópa heldur en nokkurn tíma deilum milli atvinnurekenda og launþega. Hitt er svo annað mál, að þessi innbyrðis reipdráttur milli einstakra launþegahópa hefur oft spennt bogann svo hátt að atvinnuvegirnir hafa ekki getað staðið undir þeim aukna tilkostnaði innanlands, sem af þessu hefur leitt, og hefur af því orðið sá vítahringur sem við því miður erum ekki enn komin út úr og er ekki síður hagsmunamál launþega og launafólks í landinu að komast út úr heldur en annarra hjóðfélagsborgara. Það eru hagsmunir þjóðarheildarinnar sem bjóða okkur að reyna að komast út úr þessum vítahring. Þess vegna finnst mér mjög miður þegar ábyrgir hv. alþm. reyna að nýta deilur um kaup og kjör til þess að egna hópa launþega upp hvern á móti öðrum og koma með þeim hætti höggi á ríkisstj. í pólitískum tilgangi, með þeim afleiðingum að þjóðarhag er stefnt í voða.

Ég vil svo aðeins segja það, að það má vel vera að reglur þær, sem í frv. eru varðandi launajöfnunarbætur til bænda, séu allflóknar. En skýringin er að hér er verið að framfylgja því ákvæði laga að launajöfnunarbætur bænda komi bændum til góða með samsvarandi hætti og bæturnar koma hinum lægstlaunuðu launþegum til góða.

Um bætur almannatrygginga vil ég aðeins segja það, að hér er ekki aðeins fylgt fyrri venju í þessum efnum, heldur er tekjutryggingarmark einstaklinga, þegar skattafsláttur er með tekinn, hækkað í krónutölu um 4 900 kr. eða þar um bil og tekjutryggingarmark hjóna er hlutfallslega mun hærra en launþegar fengu með 4 900 kr. grunnkaupshækkun. Hitt er svo annað mál, að auðvitað væri æskilegt í þessum efnum að gera betur við lífeyrisþega. En bætur almannatrygginga og skattakerfið er í heildarendurskoðun og vænti ég þess að það geti leitt til kjarabóta fyrir þá sem helst þurfa á þeim að halda.

Er ég þá kominn að 11. gr. þessa frv. og vildi um þá grein segja það að hún á sér forsögu í ákvæði brbl. frá því í ágúst í fyrra, en samkv. því bráðabirgðaákvæði voru lánskjör fjárfestingarlánasjóðanna ákveðin á síðasta ári. Ríkisstj. hefur í undirbúningi og mun leggja fram frv. til l. um ávöxtun fjárfestingarlánasjóða á næsta þingi. Þessu ákvæði er ætlað að brúa bilið milli þessa ákvæðis í brbl. frá því í ágúst sl. og þar til heildarlöggjöf á þessu sviði er á komin. Segja má að þessi grein viðurkenni þá staðreynd, sem við verðum öll að horfast í augu við, að fjárfestingarlánasjóðir geta ekki lánað út með hagkvæmari kjörum en þeir verða að sæta við fjáröflun sína. Ef við viljum bæta lánskjörin að einhverju leyti, verður það ekki gert með öðru en að afla fjárins með einhvers konar skattlagningu, annaðhvort á viðkomandi stéttir og hópa, er njóta góðs af fjárfestingarlánasjóðunum, eða á allan almenning í landinu. Þetta hygg ég að við gerum okkur grein fyrir, þótt við rekum okkur hvað eftir annað á það að þessir sjóðir verði fjárvana.

Það er spurt, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. gerði. Á hvern hátt ætlar ríkisstj. að nota heimildina? Svarið er: Ríkisstj. ætlar að nota heimildina, eins og ég sagði, til að brúa þetta bil, tengja saman þá ákvörðun, sem tekin var um útlánakjör á síðasta ári, við væntanlegt fyrirkomulag þessara mála. Ég get fullvissað þm. um að það verður fyrst og fremst leitast við að gæta samræmis í útlánakjörum og að þær breytingar, sem verða á útlánakjörum, séu ekki meiri en nauðsynlegt er og eins mildilega sé farið í sakirnar og unnt er, þótt við verðum auðvitað að horfast í augu við fjárhagsgetuna eins og hún blasir við. Á þessu stigi málsins er auðvitað ekki hægt að fullyrða um það hvort vextir eða lánstími muni breytast í einstökum atriðum, en viðmiðunin verður sú, sem ég hef hér gert grein fyrir. (MK: Hæstv. ráðh. svaraði ekki einu atriði í ræðu minni. Ég bar fram þá ósk að það yrði kallað saman aukaþing ef samningamálin kæmust í þá öngþveiti að hæstv. ríkisstj. teldi sig ekki geta leyst þau án löggjafar.) Herra forseti. Ef ég má svara þessari fsp. eða þessari ósk nú úr ræðustól, þá taldi ég það koma alveg greinilega fram í svari mínu við fsp. hv. þm., þegar hann spurði hvort ríkisstj. mundi setja brbl. eða ekki, að ríkisstj. vildi ekki gefa neinar yfirlýsingar um það, hvað hún ætli sér að gera, og engar yfirlýsingar sem takmarki stjórnskipulegan rétt hennar til útgáfu brbl., en auðvitað tekur ríkisstj. allar óskir til meðferðar og það kemur þá fram á sínum tíma, hvernig brugðist verður við slíkum óskum.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það var einkum af tilefni orða sem féllu í ræðu hæstv. forsrh. hér í dag að ég hafði kvatt mér hljóðs. Hann er náttúrlega ekki við, en engu að síður ætla ég nú að segja hér nokkur orð.

Það frv., sem hér er til meðferðar, er um kaupgjaldsmál, m. a. launajöfnunarbætur, eins

og það heitir, en ýmislegt fleira er með og má segja að þetta frv. fjalli um launamál á mjög sérkennilegan hátt sem við höfum ekki átt að venjast áður, enda ákaflega sérkennilegt ástand varðandi launamál í landinu. Ástæða fyrir þessu frv. er einkum sú að á s. l. ári og það sem af er þessu ári urðu hér meiri verðhækkanir en við höfum áður þekkt til, jafnhliða voru kjarasamningar gerðir óvirkir að verulegu leyti og má segja að úr kjarasamningum væru numin þau ákvæði með lagaboði að launafólk fengi þessar verðhækkanir bættar með verðlagsuppbótum á kaupið eins og samningar stóðu til um, þá nýgerðir. Þessar aðgerðir stjórnvalda hafa orðið til þess að meiri kjaraskerðing hefur nú orðið en við þekkjum dæmi til, alveg eins og með verðhækkanirnar. Tvær gengislækkanir hafa verið framkvæmdar og hafa þær að sjálfsögðu haft í för með sér verðhækkanir á aðfluttum vörum og einnig verulega á iðnaðarvörum hér vegna innflutnings hráefna. Með óbreyttu kaupi og öllum þessum gífurlegu verðhækkunum, gengisfellingu og öðru slíku, hafa að sjálfsögðu orðið geysilegir tilflutningar á fjármagni í þjóðfélaginu frá launastéttunum og til atvinnurekenda og eignamanna ýmiss konar. Síðan geta menn sjálfsagt svarað því hver stendur í styrjöld við hvern þegar málin eru skoðuð í þessu ljósi. En það voru einmitt þau orð hæstv. forsrh., að það væri síður en svo að ríkisstj. stæði í styrjöld við launafólkið, sem einkum urðu til þess að ég kvaddi mér hljóðs.

Það er einmitt einkenni á þeim átökum á vinnumarkaðinum, sem verið hafa, eru og áreiðanlega eiga eftir að magnast til verulegra muna, að launafólkið er í styrjöld við afleiðingar af gerðum stjórnvalda. Þetta frv. fjallar um launajöfnunarbæturnar eins og ég sagði áðan. En til viðbótar þeim hefur einnig verið samið til bráðabirgða á þessu tímabili, síðast í marsmánuði. Þeir samningar eiga nú aðeins tvær vikur eftir af sinni lífstíð og renna út án sérstakrar uppsagnar 1. n. m. Sú krafa, sem verkalýðshreyfingin setur fram, er að endurheimta gildi samninga sinna sem hafa verið, eins og ég tók fram áðan, skertir eða gerðir óvirkir með lagaboði.

Eins og málum er háttað í dag eða réttara sagt 1. maí, 1. þ. m., þá má gera ráð fyrir því að meðalkaup verkamanns, og er þá gengið út frá töxtum verkamannafélagsins Dagsbrúnar, að meðalkaup þeirra samninga, sem gilda um kjör verkamanna, hafi minnkað þannig að kaup þurfi nú að hækka um um það bil 35%. Þetta er ekki hægt að segja nákvæmlega um þar sem ekki er enn búið að birta vísitölu 1. maí. En þarna skeikar áreiðanlega ekki nema örfáum prósentum á annan hvorn veginn. Þetta er það sem við teljum að þurfi að gerast fyrir þá sem hafa fengið allar þær launabætur sem komið hafa núna á kaupið, þ. e. a. s. bæði launajöfnunarbætur í haust, í okt., kauphækkunina 1. des. og einnig samningana núna í marsmánuði. Þrátt fyrir þessar kauphækkanir teljum við að kaup þurfi nú, til þess að halda þeim kaupmætti sem var fyrir 1. mars 1974, að hækka um 35%. Þetta er að sjálfsögðu gífurleg skerðing á kaupmættinum og eins og ég tók fram sú langmesta sem við þekkjum til. En þessi skerðing er hjá þeim sem fengið hafa þær kauphækkanir sem orðið hafa á þessu tímabili.

Hæstv. forsrh. hafði á orði að það væri einkenni þeirra átaka sem væru á vinnumarkaðinum að ýmsir launahópar væru að reyna að sækja til sín umfram það sem heildarsamtökin hefðu samið um. Ekki veit ég hvort þetta er fyrst og fremst það sem er einkenni á þeim deilum sem nú stendur yfir. Það má vel vera að einstakir hópar reyni þetta, en við höfum líka spurnir af ýmsum hópum sem núna standa og hafa staðið í launabaráttu og eru með hærri laun en þeir sem ég fjallaði um áðan. Og það eru ýmsar launastéttir sem engar bætur hafa fengið frá því að samningar voru gerðir í febrúar—mars, því tímabili í fyrravetur. Hjá þessum hópum er skerðingin ekki sú að kaupið þurfi að hækka um 35%, heldur um 65%. Það má að sjálfsögðu halda því fram og ég er raunar þeirrar skoðunar að þetta launafólk þoli frekar skerðingu heldur en lægst launaða fólkið, það er ekkert vafamál. En við skulum gera okkur ljóst að kaup, sem er kannske núna röskar 70 þús. eða hefur verið það frá því í fyrravetur og engar bætur fengið, en hefur orðið fyrir þessari gífulegu skerðingu, má segja að hafi skerðst um allt að því eða hátt upp undir 50%. Það er að sjálfsögðu meiri skerðing en þetta kaup getur þolað, og trúi ég því að hv. alþm. þurfi ekki mikið að brjóta heilann um slíka skerðingu á ekki hærra kaupi en því sem ég nefndi, röskar 70 þús. kr. á mánuði. Það er auðvitað útilokað að slíkt kaup þoli þessa skerðingu. Það er nokkuð áberandi að einmitt ýmsir þessir hópar eru nú að fara af stað.

Það, sem ég vildi fyrst og fremst undirstrika með því að kveðja mér hljóðs, var einmitt að verkalýðshreyfingin og launafólkið í landinu á nú í styrjöld vegna aðgerða stjórnvalda í launamálunum. Það eru að sjálfsögðu ýmsar orsakir — ég ætla ekki að fara að ræða þær hér — til þess að svona hefur farið. Það er svo margrætt hér í þessum sölum. En það held ég að allir verði að gera sér ljóst, að sú óhemjulega skerðing, sem hefur orðið á kaupi þeirra allra lægst launuðu, getur ekki viðgengist eins og nú er. Þetta kaup verður að hækka og það er alveg sama þó að menn ætli að telja sér trú um það og geti sannað það með ýmiss konar hagfræðilegum útreikningum og afkomuútreikningum hinna ýmsu atvinnuvega, að þeir þoli ekki hærri launagreiðslur, það er nákvæmlega sama, þetta kaup verður engu að síður að hækka og það verulega. Hér er um það að ræða að það verður að gera aðrar breytingar í þjóðfélaginu heldur en þær að traðka svo á þessu fólki eins og nú er gert.

Ég ætla ekki að fara að ræða neitt ítarlega hér hinar einstöku deilur sem nú standa yfir og verkföll. Varðandi togarana verð ég að segja það, stóru togarana, að það er alveg fráleitt að þessi stóru og afkastamiklu atvinnutæki skuli bundin við bryggju jafnlangan tíma og nú er orðin staðreynd. Það eru þegar þær afleiðingar komnar í ljós að hundruð manna eru orðin atvinnulaus vegna þess. Það má vera að hæstv. ríkisstj. vilji ekki blanda sér verulega í þá vinnu-

deilu og aðrar. En það er áreiðanlega krafa, ekki aðeins þeirra sem nú missa atvinnu sína vegna þessa verkfalls, ég vildi segja að það væri krafa allrar þjóðarinnar, að ekkert verði látið ógert til þess að þessu verkfalli ljúki. Það verður að sjálfsögðu ekki gert með öðrum hætti en að kjör sjómannanna, undirmannanna á togurunum, verði bætt verulega. Það er útilokað að það geríst á annan hátt. Og það, sem til þess þarf, er áreiðanlega ekki nema lítill hluti þess sem talað er um að tap þessara veiðiskipa nemi. En tap þjóðarheildarinnar við það, að þau séu bundin við bryggju, er áreiðanlega margfalt meira.

Varðandi þá deilu, sem nú er risin við ríkisverksmiðjurnar, Áburðarverksmiðjuna, Sementsverksmiðjuna og Kísiliðjuna, vil ég aðeins segja það að hér er um að ræða deilu sem er að sjálfsögðu launadeila. En markmið hennar og tilgangur og engan veginn að fara að hlaða á þá hæstlaunuðu og þeir lægstlaunuðu eigi að bera minnst úr býtum, eins og mér fannst koma fram hjá hæstv. forsrh. Ef það er misskilningur, þá biðst ég velvirðingar á því. En hér er um það að ræða að reyna að samræma kjör þeirra fjölmörgu aðila sem eiga samningsrétt við þessi fyrirtæki. Það hefur orðið mikið misgengi í kjörum manna í þessum verksmiðjum og eitt og annað komið í ljós þegar farið er að skoða þau mál til botns. Ég ætla ekki að draga úr því að hér er um vandasöm mál að ræða, en ég vil líka undirstrika það að fulltrúar verksmiðjanna, og á ég þar við samninganefnd ríkisvaldsins, þeir hafa alls ekki notað þann tíma, sem hefur verið gefinn til þessara samninga, nándar nærri eins og ég vildi segja að hefði verið sæmilegt. Fyrirvararnir, sem gefnir hafa verið, eru orðnir svo langir, það er komið á annað ár síðan ákveðið var að fara í þessa samninga og er búið að vinna mjög mikið starf að þeim. Það var í febr., fyrri hluta febr., ef ég man rétt, sem verkalýðsfélögin lögðu fram kröfur sínar í þessum efnum. Það er kominn meira en mánuður, það eru komnar einar 6 vikur, síðan samninganefnd ríkisverksmiðjanna vissi upp á dag og klukkustund hvenær verkfall mundi skella á, ef ekki hefði samist fyrir þann tíma. Þannig er ástatt að verkalýðsfélögin þurfa að boða verkfall með nokkuð mismunandi tíma. Einn hópurinn varð að boða með mánaðarfyrirvara verkfallið og félögin, sem hlut eiga að máli, tilkynntu þá um leið að þeirra verkfall skylli á 12. maí og yrði boðað að sjálfsögðu með eðlilegum fyrirvara ef þá yrði ekki búið að ná grundvelli að nýjum samningum. Með þessar verksmiðjur og þá einkum eina þeirra, þ. e. a. s. Sementsverksmiðjuna, háttar svo, að ef hún er stöðvuð lengi, þá hallar mjög undan fæti hvað varðar atvinnu í byggingaiðnaðinum. Áreiðanlega er hægt að haga málum á annan veg ef sérstakur vilji er fyrir hendi. Mér hefur fundist á ýmsum fréttum, sem birtar hafa verið í þessu sambandi, að það væri talið nokkurn veginn öruggt að ef þessi stöðvun yrði einhverja tiltekna daga, þá væru 2—3 þús. manns í byggingaiðnaðinum orðnir atvinnulausir. Það er áreiðanlega ekki eðlilegur gangur mála. En það er mjög auðvelt áreiðanlega að koma málum fyrir á þann hátt, ef atvinnuástandið er þannig að þeir, sem hlut eiga að máli, atvinnurekendur í þessum greinum, eru ekkert smeykir við það þótt þeir sendi mennina heim, þeir muni ekki endurheimta þann vinnukraft aftur, þá er mjög auðvelt að haga málum svo að skollið verði á algert atvinnuleysi í byggingaiðnaðinum innan stutts tíma. Ég legg þess vegna áherslu á að varðandi ríkisverksmiðjurnar verði unnið vel að þeim málum. Það hefur lítið verið gert fram að þessu, fyrr en nú síðustu vikuna, til þess að hér fáist lausn á. Og ég legg áherslu á það að hér eru ekki neinir hópar, eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. í dag, ýmsir hópar sem væru að sækja eitthvað langt umfram það sem samið hefði verið um almennt. Hér er um að ræða samræmingu innbyrðis í hverri einstakri verksmiðju og á milli verksmiðjanna því að samningar hafa verið æðimismunandi.

Ég ætla ekki að fara öllu lengra út í þessi mál, en vil þó aðeins segja varðandi 11. gr. þessa frv., þar sem gert er ráð fyrir að fjárfestingarlánasjóðirnir fari í auknum mæli að verðtryggja útlán sín, að hér er um geysimikið mál að ræða, mál sem ég tel, að þurfi að íhuga miklu betur en gert hefur verið. Það er smátt og smátt, hér og þar í þjóðfélaginu verið að fara inn á þessar brautir án þess að nokkur stefna sé neins staðar mörkuð, og a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð, þá álít ég að hér sé um býsna hættulega hluti í ýmsum atriðum að ræða og slíkt stórmál þyrfti að skoða miklu meira og taka þá markvissar ákvarðanir um, en ekki að vera að fálma á þann hátt út í loftið eins og gert er núna, verðtryggja eitt og annað. Ég held, að við verðum að skoða það vel hvaða áhrif þetta hefur, t. d. atvinnuvegina sem manni sýnist nú að stynji undir þeim vöxtum sem þarf að greiða í dag, hvað þá ef mikill hluti af útlánum væri orðinn verðtryggður og væri þá kominn með um það bil 60% ársvexti eins og er núna af fullverðtryggðum skuldabréfum. Þetta er mál, held ég, sem menn verða að skoða meira og miklu nánar. Ég er því þess vegna mjög meðmæltur að þessi grein verði felld niður úr frv. Ég sé ekki að sú breyting, sem kemur fram á þskj. 738, sé í raun og veru breyting í nokkru frá því sem var í frv. og þess vegna sé þrátt fyrir þá breytingu full ástæða til að greinin verði felld niður.

Pétur Sigurðsson: Virðulegi forseti. Það er máske einkennilegt, þegar hér eru til umr. brtt. og frv., að það er máske ekki það sem ég ætlaði aðallega að höggva í, heldur orð hv. síðasta ræðumanns og þá kannske ekki hans orð eða skoðanir sem komu fram í hans ræðu, heldur það vandamál sem reyndar var tekið hér fyrir fyrr og rætt af ræðumönnum á síðdegisfundi í dag. En þar á ég við togaravandamálið.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, ég held ég megi segja orðrétt, að vandamálið í sambandi við stóru togarana yrði ekki leyst nema með hækkunum til undirmanna. Ég verð þá að skilja þetta þannig hjá honum að hann sé ekki mjög meðmæltur því, að það komi miklar hækkanir til yfirmanna, alla vega ekki mikið fram yfir þær hækkanir sem koma til undirmanna. (**EðS:** Til

sjómannanna, en einkum undirmanna.) Einkum undirmanna, gott og vel. Nú höfum við eitt fordæmi hér frá Alþ. í tíð hv. síðustu ríkisstj., vinstri stjórnarinnar, þar sem farið var að óskum eins eða tveggja stéttarfélaga yfirmanna um að lögfesta kröfur þeirra. Eftir að undirmenn höfðu átt í langan tíma í verkfalli, þá settu þessir yfirmenn á lögbann gegn því að skip færu úr höfn, þeir boðuðu verkfall stuttu eftir að þessum deilum lauk. Þá gengust m. a. þessi hv. þm. og flokksbræður hans og ráðh., þáv. hæstv. sjútvrh., fyrir því að kröfur yfirmanna voru lögfestar, m. a. á þann veg að í þeim kröfum var gengið stórlega á rétt undirmanna. Ég minnist þess að ég varaði þáv. stjórnarmeirihluta við því: Ef þið leikið þennan leik nú í þennan farveg, þá megið þið búast við því að einhvern tíma komi upp sú ósk og krafa, ekki aðeins frá útgerðarmönnum, heldur einnig frá undirmönnum, að kröfur þeirra verði lögfestar. Ef við ætlum að hækka verulega til undirmanna, ætlar hv. síðasti ræðumaður þá að standa með, ef við óskum eftir því fyrir hönd undirmanna á togurum, að við lögfestum þá kröfu og það verði í krónutölu sama upphæð veitt til yfirmanna? Þetta væri hliðstætt dæmi við það sem þessi hv. þm., flokksbræður hans og ráðh. og þáv. ríkisstj. gerðu á þessum tíma.

Mér finnst þetta vera meginmál, þegar við tölum um lausn togaradeilunnar. Nú er ég ekki að segja, að dæmið sé svo einfalt og langt frá því. Auðvitað vitum við að það eru margir aðilar innan yfirmannastéttarinnar sem eiga virkilega og vissulega verðskuldaða hækkun í dag fyrir þau auknu störf sem á þá hafa verið lögð. Auðvitað er það kjánalegt þegar menn, forráðamenn úr félögum undirmanna, fara að láta hafa eftir sér að það eigi að fækka um þennan og fækka um hinn, jafnkjánalegt eins og svörin sem koma frá þeim sem vinna við fjarskipti, að engin þróun hafi orðið í fjarskiptum á 50 árum. Það er jafnkjánalegt. Ég leyfi mér að benda á það sem hefur skeð í flugsiglingum. Þar voru loftskeytamenn og flugsiglingafræðingar fyrir nokkrum árum. Það er búið að leggja hvort tveggja embættið niður og flugstjórar tveir taka hvort tveggja að sér vegna tækninnar sem hefur rutt sér til rúms. Og við skulum ekki gleyma því, um leið og við verðum að hafa það í huga að stórar og dýrar vélar og tæki verða að fá þá þjónustu sem þarf um borð í skipunum. Það þarf enginn að segja mér að það hafi engin framþróun orðið á skipaflotanum frekar heldur en á flugflotanum. Þetta á auðvitað að ræða í fullri alvöru, en ekki í hálfkæringi á milli aðila sem á skipunum starfa.

Ég vildi aðeins koma þessu á framfæri ef svo færi að það þyrfti að leysa þetta deilumál á þennan veg vegna þess að fyrrv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar gerðu það á sínum tíma. Mundu þeir þá kannske vera reiðubúnir núna til þess að setja lög á yfirmenn? Þetta er spurning sem ég leyfi mér að beina til hv. síðasta ræðumanns.

ATKVGR.

Brtt. 698,1 felld með 19:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorstÞ, MK, MÓ, GuðrB, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG, GÞG, JónasÁ, KP.

nei: MÁM, ÓE, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, GHB, EKJ, FÞ, GuðlG, GTh, GF, HES, IngJ, LárJ, RH.

GHG greiddi ekki atkv.

8 þm. (MB, ÓlJ, PJ, SighB, ÞÞ, IG, JóhH, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 738,1 samþ. með 21:2 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20:7 atkv.

Brtt. 698,2 felld með 19:12 atkv.

— 738,2 samþ. með 24 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 21:8 atkv.

3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 738,3 samþ. með 2½ shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 698,3 felld með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÓ, GuðrB, SighB, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG, GÞG, JónasÁ, KP, ÞorstÞ, MK.

nei: MÁM, ÓE, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, GHB, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, LárJ, RH.

6 þm. (MB, ÓlJ, PJ, IG, JóhH, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 738,4 samþ. með 22 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 27:1 atkv.

Brtt. 698,4 felld með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónasÁ, KP, ÞorstÞ, MK, MÓ, GuðrB, SighB, SvJ, BGr, EðS, GS, GilsG, GÞG.

nei: LárJ, MÁM, ÓE, PS, SigurlB, SV, SvH, TÁ, VH, ÞS, ÞÞ, GHB, EKJ, FÞ, GuðlG, GHG, GTh, GF, HES, IngJ, RH.

6 þm. (IG, JóhH, JSk, MB, ÓlJ, PJ) fjarstaddir.

Brtt. 738,5 samþ. með 28 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 698,5 felld með 20:15 atkv.

9.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 698,6 felld með 19:12 atkv.

— 738,6 samþ. með 21 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 19:5 atkv.

12.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Félagsráðgjöf, frv. (þskj. 645). — 3. umr.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 795) samþ. með 22 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ed. gerði nokkra breytingu á þessu frv., en því mun ekki hafa verið veitt athygli sem skyldi við 2. umr. í gær að niðurlag 3. gr. frv., eins og það er nú, er ekki í fullu samræmi við 1. gr., þannig að ég legg til að niður falli við 3. mgr. 3. gr. frv: „Slíku leyfi fylgir ekki réttur til að kallast félagsráðgjafi". Vitaskuld hefur samkv. 1. gr. frv., eins og það er orðið nú, sá einn rétt til að kalla sig félagsráðgjafa sem til þess hefur leyfi heilbrrh. og hlýtur það þá að eiga að vera í fullu samræmi. Ég ber þessa breytingu undir frsm. heilbr.- og trn. og urðum við ásáttir um, að ég flytti þessa brtt. við frv., og töldum ekki ástæðu til þess að kalla nefndina saman út af jafnaugljósu atriði og þessu.

ATKVGR.

Brtt. 795 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og endursent Ed.

Hússtjórnarkennaraskóli Íslands, frv. (þskj. 614, n. 741). — 2. umr.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Menntmn. hefur haft þetta frv. til athugunar. Það er búið að ganga í gegnum langa og ítarlega athugun, fyrst við samningu og síðan við framlagningu tvívegis hér á Alþ. áður, nú síðast í Ed., og varð samstaða um í menntmn. að mæla með frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Hússtjórnarskólar, frv. (þskj. 603, n. 742). — 2. umr.

Frsm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Hæstv. forseti. Þetta frv. hefur verið til athugunar hjá menntmn. og það gegnir nokkuð svipuðu máli og um hitt frv. Bæði þessi frv. eru samin af sömu aðilum.

Mér finnst vert að benda á nokkuð veigamikla breytingu sem varð í meðförum Ed. á þessu máli. Í frv. var kveðið svo á að skólatími skyldi vera 36 vikur, en lagt var til að þetta yrði sveigjanlegra og orðað 28—36 vikur. Einnig féllst menntmn. Nd. á breytingu Ed. í þá átt að inntökuskilyrði skyldu vera skyldunám grunnskóla án lágmarkseinkunnar eins og var í frv.

Það er um veigamikla breytingu að ræða á hússtjórnarnámi í þessu frv., eins og það hefur verið lagt fyrir, og mun valda nokkrum straumhvörfum í þess konar námi. Greinar gagnfræðanáms eru nú felldar inn í húsmæðraskólana eða hússtjórnarskólana sem þeir munu verða kallaðir héðan í frá. Skólarnir verða fyrir bæði kynin. Piltar sem stúlkur geta átt aðgang að þeim og frv. miðast við það að námið geti orðið sem aðfaranám í aðra framhaldsskóla, sem er mjög mikilvægt. Hingað til hefur hússtjórnarnám ekki veitt ákveðin réttindi til neins skóla nema Húsmæðrakennaraskóla Íslands sem héðan í frá heitir Hússtjórnarkennaraskóli Íslands. Hér er einnig farið út á dálítið sérhæfða braut. Það eru teknar inn vissar og ákveðnar handíðagreinar sem mynda sérstaka handíðadeild. Hins vegar er vefnaður felldur út úr almenna náminu.

Ein breyting, sem mér persónulega finnst orka tvímælis, í meðförum á Alþ. frá upphaflegri gerð frv. er að sérstakur hússtjórnarfulltrúi í menntmrn. er felldur út. Það hefði ekki verið óeðlilegt að á meðan verið er að koma þessu nýja skólaformi á legg hefði verið ákveðinn aðili í rn. sem hefði haft umsjón og eftirlit með framkvæmd laganna.

Ég vil benda á annað nokkuð merkilegt atriði í þessu frv., en það er ákvæði um að húsmæðraskólarnir, eins og þeir eru í dag, megi halda áfram eftir gamla sniðinu ellegar koma undir þessi nýju lög eftir því sem aðstæður eru á hverjum stað. Var nefndin sammála um að það væri eðlilegt og rétt að þarna yrði ekki bein skipun um að taka upp þetta nýja kerfi, en þar sem það þætti henta betur, þá gerir þetta frv. það mögulegt.

Það var samstaða um bæði þessi frv. í menntmn., en einn nm., Svava Jakobsdóttir, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—19. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Tónlistarskólar, frv. (þskj. 647, n. 755). — 2. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Finnsson): Hæstv. forseti. N. fjallaði um frv. á fundi sínum og mælir með því að það verði samþykkt með þeim breytingum sem á því voru gerðar í Ed. Í Ed. voru aðeins gerðar breytingar á 2. gr. og eru þær að mínu mati til bóta. Þær eru efnislega þessar:

1. Greiðsluskylda ríkisins á launum kennara að hálfu á móti sveitarfélögunum nær einnig til skólastjóra.
2. Launahlutdeild ríkisins skal greiðast mánaðarlega. Í upphaflegri gerð frv. var ekki kveðið á um hvenær ríkissjóður greiddi sinn hluta.
3. Sett voru inn ákvæði um skipan skólanefnda og aðild sveitarfélaganna að þeim.
4. Sett var inn ákvæði um tónlistarskóla sem reknir eru af fleiri en einu sveitarfélagi.
5. Opnuð er heimild fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að veita starfsmönnum tónlistarskólanna aðild að sjóðnum, enda ekki annað réttlætanlegt en að tónlistarkennarar njóti að þessu leyti sömu réttinda og aðrir kennarar.

Ég mun ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, en fagna því að eindregin samstaða hefur náðst um þetta mál. Ekki verður sagt að almenn tónmenntun hafi átt upp á pallborðið á hinum neðri skólastigum og er þar lítils jafnræðis gætt miðað við ýmsa aðra menntunarþætti. Ef þær hugmyndir, sem fram eru settar í grunnskólalögunum um tónlistarnám, ná fram að ganga fer ekki á milli mála að úr þeim jarðvegi spretta fleiri einstaklingar sem hafa hug og dug til frekara tónlistarnáms. Tónlistarskólarnir stuðla eflaust að auðveldari framkvæmd nefndra atriða í grunnskólalögunum og með lagasetningu þessari verður þeim auðveldað að sjá nemendum fyrir áframhaldandi námi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Sameinað þing, 80. fundur.

Fimmtudaginn 15. maí, kl. 4 síðdegis.

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins (þskj. 777).

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Í 10. gr. l. um Framkvæmdastofnun ríkisins segir, að ríkisstj. skuli gefa Alþ. árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hér hefur verið útbýtt á þingi skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins árið 1974. Þessi skýrsla er útdráttur eða meginefni skýrslu stofnunarinnar sjálfrar, en hún mun koma út fyllri með ýmsum töflum og tölulegum upplýsingum og verða send hv. þm.

Ég mun að þessu sinni aðeins láta þessari skýrslu fylgja nokkur orð, og ástæðan til þess, að þau verða ekki fleiri en raun ber vitni, er sú að samkv. stefnuskrá ríkisstj. er ætlunin að endurskoða lög um Framkvæmdastofnun ríkisins og eins og þar er komist að orði: „og í því sambandi mörkuð stefna um það, hvernig haga skuli áætlanagerð og framkvæmdum, m. a. í eftirtöldum greinum: endurnýjun fiskiskipaflotans, endurbætur hraðfrystihúsanna, uppbygging vinnslustöðva landbúnaðarins, þróun iðnaðar, skipan ferðamála, opinberar framkvæmdir, byggðaþróun í samráði við sveitarfélög og samtök þeirra.“

Ríkisstj. hefur þetta mál til meðferðar og ég vonast til þess að í byrjun næsta þings verði lagt fram frv. af hálfu ríkisstj. til efnda á þessu loforði. En með því að svo er, þá læt ég hér nægja aðeins örfá orð um þetta efni.

Eins og ég gat um er skýrsla sú, sem hv. alþm. hafa í höndum, að meginefni shlj. þeim þætti ársskýrslu stofnunarinnar sem mun fjalla um starfsemi hennar, en ársskýrslunni munu fylgja ýmsar töflur varðandi þjóðarframleiðslu, fjármunamyndun, tekjur, mannfjöldaþróun og mannafla atvinnuvega, fjáröflunar- og útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs Íslands og ársreikningar Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggðasjóðs, ársreikningar Framkvæmdastofnunarinnar og skrá um lánveitingar og styrki úr Framkvæmdasjóði og Byggðasjóði.

Það er rétt að geta þess sérstaklega að á árinu 1974 voru gerðar veigamiklar breytingar á löggjöfinni um Framkvæmdastofnun ríkisins með setningu l. nr. 54 frá 1974, um Þjóðhagsstofnun og breyting á l. nr. 93 frá 1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins. Hagrannsóknadeild var lögð niður og felld úr gildi önnur ákvæði sem snertu starfsemi þeirrar deildar, en Þjóðhagsstofnun sett á stofn.

Frá 1. ágúst 1974 hefur Framkvæmdastofnunin starfað í tveim deildum, áætlanadeild og lánadeild, og mun stjórn Framkvæmdastofnunarinnar hafa haldið 16 stjórnarfundi á árinu 1974. Samþykkt var 441 lánsumsókn úr Byggðasjóði, að upphæð samtals 661.7 millj. kr., og enn fremur lánveitingar úr Framkvæmdasjóði Íslands að upphæð 2 milljarðar 160 millj. kr. Þá var samþykkt fjáröflunar- og útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs og afgreidd mörg önnur mál. Þá voru samþykktar rekstraráætlanir og starfsáætlanir fyrir stofnunina. Framkvæmdaráðið hélt nær daglega fundi og vikulega fundi með forstöðumönnum deilda. Við áætlanagerð Framkvæmdasjóðs átti framkvæmdaráð ítarlegar viðræður við bankastjóra Seðlabankans, stjórnarformenn og framkvæmdastjóra helstu fjárfestingarlánasjóða. Framkvæmdaráðsmenn, forstöðumenn deildanna og fleiri starfsmenn sóttu marga fundi og ráðstefnur við vegar um landið, efndu til sérstakra funda um áætlanagerð og höfðu náið samband við landshlutasamtök sveitarfélaga. Sú breyting varð á skipan framkvæmdaráðs á árinu, að þeir Bergur Sigurbjörnsson og Guðmundur Vigfússon létu af störfum, en Tómas Árnason var settur áfram til að gegna störfum sem framkvæmdaráðsmaður. Þessi breyting varð 1. des. 1974.

Framkvæmdastofnunin hefur átt gott samstarf, að því er mér er tjáð, við ýmsar ríkisstofnanir, sérstaklega náið samstarf við stofnlánasjóði atvinnuveganna og viðskiptabanka í því skyni að samræma sjónarmið þessara aðila, svo og við Iðnþróunarsjóð, Atvinnuleysistryggingasjóð og ýmsa lífeyrissjóði.

Í skýrslunni kemur fram að í des. 1974 voru samtals 26 starfsmenn starfandi í stofnuninni eða 12 manns í hvorri deild að viðbættum einum framkvæmdaráðsmanni og ritara.

Samkv. sérstöku samkomulagi var sameiginlegur rekstrarreikningur fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins og Þjóðhagsstofnun fyrir allt árið 1974. Rekstrarkostnaður beggja stofnananna var 83 133 108 kr. Rekstrarkostnaður Framkvæmdastofnunar ríkisins, eins og hún var eftir að hagrannsóknadeildin var skilin frá, hefði orðið nálægt 54 millj. á ársgrundvelli.

Ég vil svo aðeins, herra forseti, vekja athygli á inngangi þeirrar skýrslu sem hér liggur fyrir, þar sem í honum felst grg. um það vandamál sem leysa verður við lagasetningu og endurskipulagningu varðandi Framkvæmdastofnun ríkisins. Þar er komist svo að orði í inngangskafla:

„Þessi staðreynd, þ. e. skipulag og starfstilhögun áætlanagerðar, er í deiglunni um þessar mundir og gerir það á ýmsan hátt örðugra að ræða hlutverk og framtíð áætlanagerðar nánar en gert hefur verið í fyrri ársskýrslum. Áætlunargerðinni hefur helst staðið fyrir þrifum vöntun á heildstæðum ramma um samanburð og mat á gildi framkvæmda og atvinnurekstrar og ekki hefur síður skort á beint og lifandi samband við töku ákvarðana í þessum efnum. Á þetta ekki síður við um opinberar framkvæmdir og starfsgreinar þær sem eru á vegum einkaaðila. Er mjög tilviljunum háð hvaða framkvæmdir komi til skipulags mats eftir árangri eða arðsemi. Það takmarkaða mat, sem lagt er á framkvæmdir, skortir alla samræmingu og samanburð, ekki aðeins milli framkvæmdagreina, heldur einnig innan sömu greina sem þó lúta sameiginlegri yfirstjórn ráðuneytis eða annarrar hliðstæðrar stofnunar. Við þessi skilyrði stefnumótunar og ákvörðunartöku er í reynd mjög treyst á atfylgi og þrýsting atvinnugreina, landshluta og annarra hagsmunaaðila til að fá málum sínum framgengt, einkum fyrir atbeina þm. og annarra áhrifaaðila. Með því móti er að sjálfsögðu engin trygging fyrir að hagstæðustu framkvæmdirn-

ar gangi fyrir. Kraftar stjórnkerfisins fara í langdregin fundahöld til að vega og meta styrk þess atfylgis sem hvert mál nýtur og vandséð hvenær og hvernig niðurstaða er fengin. Margt í þessum starfsaðferðum er beinlínis andstæða allrar áætlunargerðar, svo sem þegar fleiri framkvæmdir til sömu nota eru í undirbúningi til framkvæmda samtímis eða þegar stórfelldar framkvæmdir eða tækjakaup einkaaðila koma til afgreiðslu pólitískra yfirvalda án skipulegs mats á væntanlegum árangri fjárfestingarinnar af hálfu stofnlánasjóða eða annarra faglegra aðila."

Ég vildi gjarnan vitna til lengri kafla í þessum inngangi, en með því að hv. þm. hafa þessa skýrslu í höndum, sé ég ekki ástæðu til þess að gera það. Ég tel eðlilegt að slík skýrsla sem þessi sé flutt Alþ. og biðst velvirðingar á því að það er ekki gert fyrr eða ítarlegar, en vil mjög gjarnan leggja því lið að svo verði gert í framtíðinni.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Skýrsla um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrir árið 1974 hefur verið lögð fram og er hér komin til umr., en á því er sá augljósi annmarki að þegar skýrslan er hér tekin til umr., hefur ekki nokkur einasti þm. átt þess kost að lesa hana og verður að segja eins og er, að það er ekki ýkjamikils virði að lagaskyldu eins og þeirri, sem hér um ræðir, sé gegnt með þessum hætti. Að sjálfsögðu hefðum við alþm. átt að fá nokkurn tíma til þess að kynna okkur efni skýrslunnar þannig að umr. gætu farið fram á grundvelli efnis hennar, eins og gert er ráð fyrir í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins. En því er sem sagt ekki að heilsa.

Ég tel að fyllsta ástæða hefði verið til þess að ræða um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins hér á hv. Alþ. og vil þá ekki hvað síst tilnefna þann þátt í þeirri starfsemi sem fellur undir Byggðasjóð. Ég hefði talið að þm. hefðu þurft að fá hér tækifæri til þess að ræða um stefnuna í byggðaþróunarmálum og þá ekki síst hvað þar er að gerast.

Eins og hv. þm. mun flestum ef ekki öllum í mjög fersku minni, voru hafðar uppi um það stóryrtar yfirlýsingar við myndun þessarar ríkisstj. að fjárveitingar til Byggðasjóðs yrðu mjög verulega auknar svo að hann hefði til útlána talsvert miklu meira, ef ekki margfalt meira fé en hann hefur áður haft. Nú er aftur á móti sýnt að hér var um orðin tóm að ræða, því að þótt fjárveitingar til sjóðsins á fjárlögum hafi nokkuð verið auknar, þá hafa lánveitingar til sjóðsins verið skornar niður að sama skapi og er því allt útlit fyrir að miðað við þá hækkun á byggingarkostnaði, sem orðið hefur á milli áranna 1974 og 1975, hafi Byggðasjóður ekki meira til útlána á árinu 1975 en hann hafði á árinu 1974, meira að segja allar líkur á að um verði að ræða upphæð sem að raungildi verði minni á árinu 1975 en árið 1974. Þetta kemur að sjálfsögðu nokkuð á óvart því að ég býst við að flestum sé það enn í fersku minni, að þessar stórauknu fjárveitingar til Byggðasjóðs áttu einmitt að heita líflegasta blómið í hnappagati núv. ríkisstj. En reyndin hefur sem sagt orðið nokkuð önnur. Og þetta gerist á sama tíma og aðrir stofnlánasjóðir og þá alveg sérstaklega Stofnlánadeild landbúnaðarins, Fiskveiðasjóður og Lánasjóður sveitarfélaga eru hafðir í miklu svelti miðað við þarfirnar og miðað við þá hækkun byggingarkostnaðar sem orðið hefur á milli ára.

Ég nefni þetta sem dæmi um eitt af því sem nauðsynlegt hefði verið að ræða hér, en læt þessi orð nægja um skýrsluna sem slíka, vegna þess að ég hef ekki satt best að segja átt þess nokkurn kost að kynna mér efni hennar frekar en aðrir hv. þm.

En um Framkvæmdastofnunina almennt vil ég þó bæta við örfáum orðum. Sjálfsagt muna flestir að í tíð fyrrv. ríkisstj. féllu í hennar garð býsna mörg þung orð af ýmsum tilefnum. En sjaldan held ég að þáv. stjórnarandstaða hafi verið hávaðasamari en einmitt þegar verið var að afgreiða lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þessari stofnun voru þá gefnar hinar háðulegustu nafngiftir af þáv. stjórnarandstöðu og þá að vísu einkum af Sjálfstfl. því að Alþfl. var miklu jákvæðari til málsins eins og flestir minnast. Þessi stofnun var, eins og vænta mátti, kennd við heimskommúnismann og starfsmenn hennar hlutu mjög fljótlega viðurnefni sem tekið var eftir flokksstarfsmönnum sovéska kommúnistaflokksins, og umr. um þessa stofnun voru í þeim dúr af hálfu talsmanna Sjálfstfl. og er ástæðulaust að rifja frekar upp þær umr., þær eru enn í fersku minni. En í stuttu máli sagt er óhætt að fullyrða, að að sögn talsmanna Sjálfstfl. var þetta óvinurinn nr. eitt sem þarna birtist í líki þessarar stofnunar. Það kom því engum á óvart að við myndun þessarar ríkisstj., sem nú situr að völdum, skyldi vera efst á blaði að breyting yrði gerð á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og að sett yrðu ný lög um þá stofnun. Þeirri endurskoðun var lofað hið skjótasta og mátti að sjálfsögðu ekki lengi bíða eftir þeirri breytingu, því að varla gat Sjálfstfl. hugsað sér að liggja lengi undir því ámæli að ein helsta stjórnarstofnun ríkiskerfisins, sem hann bæri ábyrgð á, væri stofnun með sovésk-kommúnistísku sniði, eins og áður hafði oftlega verið yfirlýst.

Það kom mörgum hv. þm. á óvart að í þingbyrjun lá ekki fyrir neitt frv. um breyt. á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins, ekkert frv. En það var ekki liðinn langur tími frá því að stjórnin hafði verið mynduð svo að menn hugsuðu með sér að þetta hlyti að birtast á næstu vikum. Og tíminn leið. Þegar kom að því að kjörtímabil stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar var útrunnið töldu menn alveg víst í des., að frv. væri í burðarliðnum, hlyti að vera á næstu grösum, enda bárust fréttir af því að svo mundi vera. En það gerðist þó það óvænta að þm. fóru heim um jól án þess að nokkurt frv. birtist eða nokkur breyting væri gerð á lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Þetta urðu mörgum sjálfstæðismönnum sár vonbrigði og sumir þeirra voru jafnvel svo sárir að þeir komust ekki hjá því að bera sorgir sínar á torg. Einn þeirra var hv. þm. Ellert B. Schram sem ritaði ágæta grein í blað sitt þar sem hann harmaði niðurlægingu flokks síns í þessum efnum. En allir vorum við samt þm. sammála um

að ekki mundi langur tími líða þar til þetta frv. birtist, sérstaklega eftir að svo mögnuð uppreisn var hafin í þingflokki Sjálfstfl. En tíminn hefur liðið og nú fyrir þinglok liggur það ljóst fyrir að lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins verða óbreytt áfram. Engar yfirlýsingar hafa verið gefnar um það að brbl. verði sett til breytinga í þeim efnum, heldur því slegið föstu að það verði viðfangsefni næsta vetrar að fjalla um hugsanlegar breytingar á skipulagi þessarar stofnunar.

Án þess sem sagt að fara að orðlengja hér um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins af þeim ástæðum, sem ég hef nú þegar greint, og vegna þess að ég sé enga ástæðu til þess að tefja um of fundi Sþ. sem þurfa að ganga hæfilega greitt fyrir sig þar sem stórt mál er á dagskrá þar sem vegáætlunin er, þá læt ég mér nægja að endingu að bera fram nokkrar spurningar til hæstv. forsrh. og er þess fullviss að ég muni fá við þeim skjót og greið svör.

Ég vil í fyrsta lagi spyrja hvað valdi því að þessi endurskoðun, sem lýst var yfir að mundi eiga sér stað á s. l. hausti, hefur dregist svo mjög á langinn? Hvaða ástæður geta verið fyrir hendi og eru fyrir hendi að þær hástemmdu yfirlýsingar, sem gefnar voru á s. l. hausti, hafa ekki enn verið efndar? Og þá að sjálfsögðu í þriðja lagi, hvaða breytingar eru fyrirhugaðar á skipulagi Framkvæmdastofnunarinnar? Ég þarf svo sem ekkert að efast um það frekar en aðrir þm. að hæstv. ráðh. hefur svör á reiðum höndum við þessum spurningum og hann sýnir að sjálfsögðu ekki Alþ. þann dónaskap að liggja á svörunum við svo sjálfsögðum spurningum.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það er varðandi eitt atriði í þessari skýrslu sem hér kemur fram og að gefnu tilefni sem ég vildi leyfa mér að upplýsa samanburð á því hvaða fjármagn Byggðasjóður hefur til útlána á þessu ári, að því er ætla má, og mundi hafa haft ef sömu reglur hefðu gilt um Byggðasjóðinn og gerðu á síðasta ári.

Það liggur fyrir að Byggðasjóður mun hafa um 140 millj. kr. af eigin fé sem hann getur varið til útlána. Í öðru lagi var um það samið í málefnasamningi núv. stjórnarflokka að verja sem svarar 2% af útgjöldum á fjárlagafrv. til Byggðasjóðs. Þessi upphæð mun nema um 880 millj. kr., mig minnir 877 millj. kr., eins og kemur fram á fjárl. Samkv. þessu mun Byggðasjóður hafa til útlána á þessu ári rúmlega 1 milljarð eða 1020 millj. kr. samtals. Ef engar breytingar hefðu verið gerðar og ekkert verið samið milli stjórnarflokkanna um nýja skipan þessara mála, þá hefði Byggðasjóður haft til útlána á þessu ári — og þá miða ég við það að hann hefði ekki tekið lán til sinnar starfsemi — í fyrsta lagi þessar 140 millj. sem hann hefur og getur ráðstafað til útlána af eigin fé, í öðru lagi 100 millj. sem samkv. lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins á að leggja til Byggðasjóðs úr ríkissjóði á hverju ári og í þriðja lagi álgjaldið eða hluta álgjaldsins sem svarar 70.9% af skattgjaldinu af álverksmiðjunni. Þjóðhagsstofnun áætlar að álgjald muni nema á þessu ári 130 millj. kr. og samkv. lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins eiga að renna til Byggðasjóðs 70.9% af þessari upphæð eða 92 millj. Þess vegna mundi Byggðasjóður hafa til útlána af eigin fé á þessu ári, ef sömu reglur hefðu gilt og giltu á seinasta ári, 140 millj., 100 millj. og svo 92 millj., eða samtals 332 millj. Samkv. samningi stjórnarflokkanna hefur Byggðasjóður aftur á móti til útlána af eigin fé 1020 millj. kr. eða 700 millj. kr. meira en hann hefði haft ef þær reglur hefðu gilt sem áður giltu í þessum efnum.

Um lántökur af hálfu Byggðasjóðs er það að segja að hann hefur heimild samkv. lögum til þess að taka lán til starfsemi sinnar, sennilega verður sú heimild ekki notuð á þessu ári, en það er hægt að nota hana og ef það væri gert, þá mundi náttúrlega Byggðasjóður hafa til útlána hærri upphæð en ég hef nefnt hér. En mergurinn málsins er þessi, að það er um 700 millj. kr. aukning, sem Byggðasjóður hefur úr að spila af eigin fé á þessu ári samkv. samningi á milli stjórnarflokkanna, frá því sem hann hefði haft ef engar breytingar hefðu verið gerðar á framlögum til Byggðasjóðs úr ríkissjóði.

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Fyrir nokkru fluttum við þm. Alþfl. í hv. Nd. frv. til l. um breyt. á l. um Framkvæmdastofnun ríkisins. Efni frv. er mjög einfalt. Það fjallar um stjórn stofnunarinnar og hljóðar eina grein frv. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. skipar framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins, er annast daglega stjórn stofnunarinnar. Framkvæmdastjórinn og forstöðumenn deilda mynda framkvæmdaráð stofnunarinnar."

Þetta frv. var á dagskrá á nokkrum fundum í hv. Nd., en komst aldrei til umr. Á fundum undanfarið hefur frv. alls ekki verið á dagskrá. Ef um það yrði spurt hvers vegna við hefðum ekki flutt þetta frv. fyrr, þá er ástæðan sú sama sem hv. þm. Ragnar Arnalds vakti athygli á, að við þm. Alþfl. höfum átt von á því í kjölfar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. að ríkisstj. mundi flytja frv. um breytingu á stjórnkerfi Framkvæmdastofnunar ríkisins. En þegar útséð virtist um að ríkisstj. mundi gera till. um breytingar á stjórnkerfi stofnunarinnar, þá töldum við rétt að freista þess, þótt seint væri, að gera tilraun til þess að fá slíkar breytingar fram. Við töldum að það kynni e. t. v. að vera auðvelt að koma slíkum breytingum fram vegna þess að efni þessa frv. er nákvæmlega samhljóða till. sem fulltrúar Sjálfstfl. í Ed. og Nd. fluttu þegar frv. um Framkvæmdastofnunina var samþ. og gert að lögum á árinu 1971.

Þingflokkur Alþfl. var á sínum tíma fylgjandi þeirri meginstefnu frv. að halda áfram áætlunargerð sem tekin hafði verið upp í vaxandi mæli á undanförnum áratug og hafði verið í höndum Efnahagsstofnunar, Framkvæmdasjóðs, Atvinnujöfnunarsjóðs og einstakra ráðuneyta, enda hafði sú áætlunargerð reynst mjög nytsamleg, og þessari starfsemi átti að halda áfram samkv.. frv. Þess vegna vorum við fylgjandi þessari meginstefnu frv. Við töldum hins vegar stjórnarfyrirkomulag stofnunarinnar vera mjög varhugavert

og raunar einsdæmi. Við töldum eðlilegt að yfirstjórn slíkrar stofnunar væri í höndum þingkjörinnar stjórnar, eins og varð og er, en frv. gerði jafnframt, eins og það var og eins og lögin urðu, ráð fyrir pólitísku framkvæmdaráði skipuðu af ríkisstj. og skyldi það hafa úrslitavald í stofnuninni, þar eð þetta framkvæmdaráð átti að gera allar áætlanir stofnunarinnar, till. um allar rekstraráætlanir og starfsáætlanir um allar lánveitingar og meira að segja ráða starfsfólk hinna þriggja deilda stofnunarinnar. Sérfræðilegir forstöðumenn deildanna áttu að vera undirmenn þessara pólitísku fulltrúa og engan tillögurétt hafa um um störf deilda sinna, ekki einu sinni um ráðningu starfsfólksins. Þetta töldum við vera mjög óeðlilegt og fluttum brtt. um þetta efni í báðum deildum, nákvæmlega samhljóða þeirri frvgr. sem við nú höfum endurflutt. Í Ed. fluttu fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn., þeir Geir Hallgrímsson og Halldór Blöndal, till. um að ákvæðin um hina pólitísku framkvæmdastjóra skyldu felld niður, en í staðinn koma eftirfarandi ákvæði, með leyfi hæstv. forseta:

„Forstöðumenn deilda skipa framkvæmdaráð. Skal það annast daglega stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins.“

Var þessi till. rökstudd mjög skörulega með hatrammri gagnrýni á það ofurvald, svo að vitnað sé í nál. þeirra Geirs Hallgrímssonar og Halldórs Blöndals, sem svonefndum pólitískum kommissörum væri veitt í frv. í Nd. fluttu fulltrúar Sjálfstfl. í fjh- og viðskn., núv. hæstv. ráðh. Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen, brtt. sem var efnislega séð alveg samhljóða þeirri till. sem ég flutti sem 2. minni hl. í hv. fjh.- og viðskn. Nd. og nákvæmlega samhljóða þeirri till. sem við flytjum í frv. okkar á þskj. 563. Þeir fulltrúar Sjálfstfl., Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen, rökstuddu okkar sameiginlegu till. mjög rösklega, sterklega og myndarlega af sinni hálfu, eins og þeirra var von og vísa. Þess vegna höfum við satt að segja, þm. Alþfl. og ábyggilega margir fleiri, búist við því í allan vetur að till. eitthvað í áttina við þetta sem var svo sterk sannfæring fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. beggja d. 1971, mundi sjá dagsins ljós. En þegar það hefur ekki gerst þótti okkur ekki seinna vænna en láta á það reyna hvort fulltrúar Sjálfstfl. væru enn sömu skoðunar eða hvort þeir hefðu skipt um skoðun í þessu efni. Það segir kannske sína sögu að þetta frv. hefur ekki fengist rætt. Þótt það hafi verið á dagskrá hefur það ekki verið tekið til umr. og síðan hefur það ekki einu sinni verið á dagskrá. Ég vil engu að síður sem lengst halda í þá von að ekki hafi átt sér stað sinnaskipti hjá Sjálfstfl. í þessu efni og þó að seinna verði, þá verði lögunum breytt í þá átt sem var skoðun þeirra á sínum tíma, var skoðun Alþfl. þá og er skoðun Alþfl. enn.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Fyrsta spurning hv. 5. þm. Norðurl. v. var: Hvað veldur því að endurskoðun laga um Framkvæmdastofnun ríkisins hefur ekki farið fram? Ég vil svara því með því að vitna til þess kafla sem ég las upp úr skýslu Framkvæmdastofnunar ríkisins, en þar er getið um þá annmarka og erfiðleika sem áætlanagerð ætti við að búa hér á landi, bæði á vegum Framkvæmdastofnunarinnar, áætlanadeildar hennar, og annarra aðila í þjóðfélaginu. Hér er um það flókið mál að ræða að ætla hefur þurft meiri tíma til endurskoðunar laganna en ætlað var í upphafi til þess að byggja traustan grundvöll þessarar áætlunargerðar.

Í öðru lagi spurði hv. þm., hvað ylli því að yfirlýsing stjórnarsáttmálans hefði ekki verið efnd. Ég svara því á þann veg að enn er ekki komið í ljós hvort sú yfirlýsing verður efnd eða ekki, vegna þess að ekki var tímasett hvenær endurskoðuninni lyki. Að endurskoðuninni verður unnið og frv. flutt á næsta þingi. Ég vildi mjög gjarnan að yfirstandandi þing hefði fjallað um þetta mál, en ég tel þó miklu meira varða að endurskoðunin sé vel vönduð og þær endurbætur gerðar sem reynslan hefur sýnt að nauðsynlegar eru.

Í þriðja lagi spurði hv. þm., hvaða fyrirkomulagsbreytingar verði gerðar. Um það vil ég ekki ræða fyrr en endurskoðuninni er lokið og tel það raunar ekki hafa þýðingu.

Að lokinni þessari endurskoðun mun frv. verða lagt fyrir Alþ. og alþm. gefst þá kostur á að bera saman ráð sín og þá mun koma í ljós hvort um sinnaskipti sjálfstæðismanna er að ræða. Ég vil hugga hv. 9. þm. Reykv. með því, að ég tel svo ekki vera.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans enda þótt ég búist við að fleirum en mér hafi þótt svörin harla fátækleg. Biðin, sem orðin er á því að skýrar línur fáist í þessum efnum, er svo sannarlega orðin æðidularfull, og sannleikurinn er auðvitað sá, eins og alþjóð mun kunnugt af blaðaskrifum og opinberum illdeilum sem orðið hafa um örlög Framkvæmdastofnunarinnar, að í þessu máli er hver höndin upp á móti annarri innan stjórnarliðsins og þar er ekki sú forusta fyrir hendi sem þurft hefði til að koma skýrari stefnu í kring. Ég læt nú þessi orð nægja. Ég held að hin fátæklegu svör hæstv. forsrh. hafi talað fyrir sig sjálf.

En ég vil víkja í örfáum orðum að upplýsingum þeim sem fram komu hjá hv. þm. Austf., Tómasi Árnasyni. Það er síður en svo að ég sé að mótmæla þeim tölum sem hann kom hér fram með um fjármagn það sem til ráðstöfunar væri úr Byggðasjóði. En ég minni bara á og bendi á að upplýsingar hans hnekkja ekki í einu eða neinu því sem ég sagði áðan. Á s. l. ári voru samþykktar lánveitingar úr Byggðasjóði að upphæð 627 millj. kr. og það er talið að á milli áranna 1974 og 1975 hafi orðið hækkun á byggingarkostnaði sem nemur einhvers staðar milli 60—70% eftir því hvernig reiknað er. Jafnvel þótt við séum á lægri tölunum á þessu bili sem ég nú nefndi, er ljóst að til þess að lánveitingar samþykktar á árinu 1975 væru að verðgildi hliðstæðar því sem veitt var á árinu 1974, þá þyrftu samþykktar lánveitingar að verða milli 1000 og 1100 millj. kr. En til ráðstöfunar eru, eins og upplýst var réttilega af hv. þm. Tómasi Árnasyni, 1020 millj. En til viðbótar upplýsingum

hans verður að láta þess getið að fyrirhugað er að 150 millj. af þessum 1020 millj., sem ég nú nefndi, eiga að renna til viðfangsefna, sem fram að þessu hafa verið viðfangsefni Stofnlánadeildar landbúnaðarins, til þess að reyna að gera vanda Stofnlánadeildarinnar minni og til þess að hlaupa þar í skarðið sem er býsna stórt, eins og áður hefur komið til umræðu hér í þinginu. Ég sé ekki ástæðu til þess að rökræða þetta frekar. Ég tel að vandi Stofnlánadeildarinnar sé býsna mikill og gott sé ef hægt sé að draga úr þeim miklu óþægindum sem fjárskortur Stofnlánadeildarinnar mun óhjákvæmilega valda. Ég tel hins vegar afleitt að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs sé skert að sama skapi. Þetta vildi ég gjarnan að kæmi hér sem viðbótarupplýsingar við að öðru leyti alveg réttar upplýsingar hv. þm. Tómasar Árnasonar. En niðurstaðan er sem sagt sú að að frádregnum þessum 150 millj., sem ganga til viðfangsefna sem Byggðasjóður hefur hingað til ekki annast, heldur hefur annar stofnlánasjóður haft með að gera, þá verða 870 millj. kr. til útlána til þeirra verka sem Byggðasjóður hefur með höndum fyrst og fremst.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. þm. Ragnar Arnalds kvartaði undan því að honum hefði ekki gefist tóm til þess að lesa þá skýrslu sem hér hefur verið lögð fram um starfsemi Framkvæmdastofnunarinnar. Ýmsir hefðu nú mátt kvarta á undan honum, því að þetta er skýrslan um störfin hans, hann var formaður þessarar stofnunar allt árið og hann ætti að þekkja hvern stafkrók í skýrslunni og ekki þurfa að lesa hana. Og af því sem hann grunar að aðrir þm. þekki ekkert til þess arna og gefist ekki kostur á að kynna sér þetta með lestri skýrslunnar, þá hefði hann nú átt að setja á tölu um það hvað hún innheldur því að þetta kann hann allt saman. Hann stjórnaði þessu öllu, var formaður þarna allt árið og ég trúi ekki öðru en hann hefði getað flutt hér fróðlega skýrslu um starfsemina, ella hlyti að vera hægt að líta svo á að hann hefði ekki fylgst alveg jafnvel með og ástæða hefði verið til.

Hv. þm. Tómas Árnason hefur svarað þeirri fullyrðingu hv. þm. Ragnars Arnalds að það séu orðin tóm að um auknar fjárveitingar til Byggðasjóðs sé að tefla. Ég vil benda á í sambandi við útlán Byggðasjóðs 1974, sem voru 661 millj., að ekki var það allt ráðstöfunarfé sjóðsins. Það var ekki nálægt því svo mikið. Halinn af umframlánum umfram fjármagn Byggðasjóðs var 219 millj. í árslok, hvorki meira né minna, og slíkt er ekki gott búskaparlag og þyrfti helst að reyna á þessu ári að klippa af þeim hala. (**RA:** Það er alltaf hali á sjóðum.) Já, en hann er misjafnlega langur og óráðsíuhali var þetta.

Undan því er kvartað að ekki hefur tekist enn að leggja fram breytingar á lögum um Framkvæmdastofnunina. Það er að vísu rétt að það var hugmyndin að koma þeim lögum fram á þessu þingi. Að því er nú unnið og hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að frv. til l. um breyt. á l. stofnunarinnar verði lagt fram á hausti komanda. Það er ákvæði í stjórnarsáttmálanum, að lög þessi skuli endurskoðuð.

Það er rétt að það hefur verið nokkur hávaði í kringum þessa stofnun löngum. Sjálfstæðismenn voru mjög gagnrýnir á hana í upphafi og þau lög sem um hana voru sett. Þeim sýndist að þarna væri á ferðinni gríðarlegt bákn sem mundi eiga að vera yfirstjórnandi til lands og sjávar, hafa yfirstjórn fjárfestingarmála á sinni hendi, eins og mig minnir að lögin segi, og vöruðu því mjög við þessu, og þeir vöruðu einnig mjög við því sem fljótlega fór að ganga undir nafninu „pólitískt kommissariat". Ég álít að viðvörunarorð sjálfstæðismanna og hörð andstaða við þessi áform í upphafi hafi orðið til þess að stofnunin varð aldrei að þeirri stofnun sem okkur virtist að stefnt væri að í upphafi. Það var miklu hærra til höggs reitt heldur en síðar kom svo í ljós um árangurinn. Og ég hygg að það hafi byggst á þeirri reynslu sem stjórnendur stofnunarinnar fengu fljótlega eftir að hún hóf starfsemi sína, að menn hafi gert of mikið úr því, sem mönnum sýndist, að mundi verða um ofurvald að tefla í höndum þessarar stofnunar. Aðalatriðið er auðvitað framkvæmd laganna, en ekki lagabókstafurinn sjálfur. Honum má breyta og honum verður breytt, fyrst og fremst til samræmis við framkvæmdina sem verið hefur.

Rétt er það, að þröng er fjárhagsstaða hinna ýmsu sjóða atvinnuveganna. Ég vil þá benda á að um verulega hækkun ráðstöfunarfjár þeirra er að tefla, hinna stærstu, Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. En þar sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði að hann vildi draga frá ráðstöfunarfé Byggðasjóðs þær 150 millj. sem áformað er að lána til vinnslustöðva landbúnaðarins og fleiri framkvæmda í landbúnaði, þá er hvorki rétt né sanngjarnt að draga þá tölu frá því að auðvitað hafa slíkar framkvæmdir líka verið áður á vegum stofnunarinnar, enda þótt við nú tökum þetta fastari tökum að því leyti að við viljum gera um það áætlun, heildstæða áætlun fyrir árið, hversu mikið fjármagn megi ætla til þess arna. Og í þröngri stöðu þess sjóðs og Fiskveiðasjóðs er ástæða til að Byggðasjóður geri sér grein fyrir því hversu mikið hann getur látið af hendi rakna til þess að þeim vegni bærilega, þessum þýðingarmestu atvinnuvegasjóðum. Þetta hefur hann nú gert, en í sjálfu sér er þar ekki um nein þáttaskil að tefla þar sem þessar framkvæmdir í sjálfu sér hafa ekki verið útilokaðar frá lánveitingu úr Byggðasjóði.

Þetta var aðeins það sem ég vildi láta koma hér fram. En það er mikill misskilningur ef því er haldið fram að hver höndin sé upp á móti annarri í þessum efnum varðandi þær lagabreytingar sem fyrirhugaðar eru. Sú endurskoðunarnefnd, sem skipuð var til þess að endurskoða lögin, komst að góðu samkomulagi og ég vænti þess að þegar upp verður staðið, þá verði um þetta samstaða, með hvaða hætti þessi stofnun verður upp byggð í framtíðinni.

Dómsmrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er nú svo mikil tímaþröng að það er ekki hægt að eyða mörgum orðum að þessu máli, en þetta mál er mér nokkuð skylt af því að það féll í minn hlut að flytja frv. um Framkvæmdastofnunina á sínum tíma og mæla fyrir því. Ég

hygg að það megi sjá alveg skýrt í þeim framsöguræðum, sem ég hélt um það mál, að það var ekki ætlunin að það yrði um einhverja pólitíska misnotkun að ræða á Framkvæmdastofnuninni. Ég held að það hafi verið margundirstrikað og ég held að sú gagnrýni, sem þá kom fram, hafi verið í raun og veru í mörgum tilfellum byggð á ímyndun um það hvernig þetta ætti að vera, en grundvöllur fyrir þeirri gagnrýni var hvorki í sjálfu frv. né heldur í framsöguræðum sem fluttar voru fyrir því.

Það þurfti þess vegna ekki nein varnaðarorð frá sjálfstæðismönnum til þess að koma Framkvæmdastofnuninni á þá starfsgötu sem hún hefur starfað eftir. Hún hefur starfað í þeim anda sem gert var ráð fyrir frá upphafi, og ég hygg að það sé nú samdóma álit þm. að hún hafi gert mikið gagn. Ég hygg að það mætti fara víða út um landið og spyrja fólk að því hvort Framkvæmdastofnunin hafi ekki gert gagn, hvort fólkið þar mundi hafa viljað vera án hennar. Og ég held að svörin yrðu skýr, það hefði ekki viljað missa af Framkvæmdastofnuninni. Ég held að með stofnun Framkvæmdastofnunarinnar hafi verði tekin upp skynsamleg vinnubrögð í þessum efnum. Og ég held að það sé í raun og veru svo almennt viðurkennt nú að það megi segja að nú vildu allir Lilju kveðið hafa.

Hitt er svo annað mál, sem ég líka tók fram í framsöguræðu minni á sínum tíma með þessu frv., að auðvitað gæti reynslan leitt það í ljós að það þyrfti að gera einhverjar breytingar á Framkvæmdastofnuninni. Það kom þegar í ljós í minni tíð að það var talið heppilegt að gera breytingar á Framkvæmdastofnuninni. Í staðinn fyrir að láta hana fara með það þríþætta hlutverk sem henni var í öndverðu ætlað, þá þótti eðlilegt að skilja Þjóðhagsstofnunina, sem nú heitir svo, frá og hafa hana sem sérstaka stofnun. Það hygg ég að hafi verið skynsamleg ráðstöfun og í samræmi við fengna reynslu, vegna þess að það hefur sýnt sig að sú stofnun hefur nægum verkefnum að sinna einmitt fyrir ríkisstj. og reyndar marga aðra aðila, því að hún hefur unnið mjög nytsamlegt starf og gagnlegt með sínu upplýsingastarfi fyrir aðila vinnumarkaðarins t. d., og ég hygg að það séu engar ýkjur að til hennar sé borið almennt traust. En alveg eins og þetta spor var stigið, að gera þessa breytingu, þá getur það auðvitað komið í ljós og reynslan getur sýnt að það sé æskilegt og skynsamlegt að gera vissar fyrirkomulagsbreytingar á Framkvæmdastofnuninni. Þess vegna var það ákvæði tekið inn í málefnasamninginn, sem var í alla staði eðlilegt, að lögin um Framkvæmdastofnun skyldu að fenginni þessari þriggja ára reynslu, sem þá var, tekin til endurskoðunar. Að þeirri endurskoðun hefur verið unnið og að henni verður auðvitað unnið. En ég hef haft mínar skoðanir á því frá upphafi og hef ekki skipt um skoðun í því efni. Þær eru alveg gagnstæðar þeirri skoðun sem kom t. d. fram hjá hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni. Ég held að það hafi verið réttmætt að hafa þessa — ef menn vilja nota það vinsæla orð og heiti sem framkvæmdastjórar Framkvæmdastofnunarinnar hafa fengið — kommissara. En ég held að því fari fjarri að það sé nokkurt skammaryrði orðið, heldur mjög vinsælt heiti og að það hafi margir þá sögu að segja, sem til þeirra hafa þurft að leita, að þeir mundu ekkert óska eftir því að skipt væri um form.

Ég var sem sagt þeirrar skoðunar og er þeirrar skoðunar að það sé ekki rangt að hafa þarna pólitíska daglega forustu. En vitaskuld geta verið skiptar skoðanir um þetta og það er ekki óeðlilegt þó að það sé. En ég held að það þurfi a. m. k. að athuga það vel áður en menn hverfa frá því skipulagi, sem nú er, og að hinu, að hafa fastskipaða embættismenn algerlega í þessu daglega nána fyrirsvari gagnvart þeim sem til þessarar stofnunar þurfa að sækja og við hana þurfa að eiga viðskipti.

Þetta vildi ég aðeins taka fram vegna þess sem kom hér fram áðan og vil jafnframt segja það að auðvitað er ég reiðubúinn að hlusta á öll rök í þessu sambandi. En það, sem ég legg mest upp úr, er reynslan og ég álít að það geti ekki nokkur maður með nokkrum rétti og nokkurri sanngirni haldið því fram að þeir menn, sem hafa starfað þarna sem framkvæmdastjórar, hvorki þeir, sem nú sitja þar, né heldur þeir, sem áður sátu þar, hafi beitt pólitískri misnotkun.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., enda vart tími til mikilla ræðuhalda þegar þinglok standa fyrir dyrum. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að það hefur ekki gefist mikið tækifæri til þess að skoða innihald þeirrar skýrslu sem hér liggur fyrir. A. m. k. vænti ég þess að hv. 3. þm. Austf., núv. kommissar annar, fallist á það að ég hafi ekki haft mikinn tíma til þess að kynna mér efni þessarar skýrslu, og svo er sjálfsagt um marga og kannske flesta hv. þm. (**Gripið fram í:** Alla.) Ekki vildi hann nú meina það, en ég læt ykkur um það.

Það er líka rétt, sem hér hefur komið fram, að hann er minni gusturinn í hv. þm. Sjálfstfl. núna við umr. um þessa skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins heldur en á undanförnum árum. Ég sé að einn af þeim, sem í fararbroddi voru í þeim umr., hv. 1. þm. Sunnl., núv. formaður þeirrar merku stofnunar, er ekki viðstaddur umr. um þessa núv. skýrslu, hvað sem því kann að valda, um það skal ég ekkert segja. Ég ætla ekki að fara út í að ræða það hér.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson kom í lok ræðu sinnar að því að þeim sjálfstæðismönnum hefði sýnst vera á ferðinni gríðarlegt bákn í yfirstjórn til lands og sjávar, þeim hefði sýnst þetta, en það hefði nú ekki aldeilis orðið sú raunin. Og reyndin varð ekki þessi vegna þess, sagði hann, að viðvaranir okkar höfðu þau áhrif að málum virðist nú vera komið a. m. k. í miklum mun skikkanlegra horf og á þá leið að hv. þm. Sjálfstfl. geta miklu betur við unað nú en áður hefur verið. Ég skil vel þetta sjónarmið hv. 3. þm. Austf., en ég skal ekki ræða frekar um það.

Ég vil þó undirstrika það sem hér kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds vegna ummæla hv. 4. þm. Austf., hins kommissarans, í sambandi

við þá miklu aukningu á fjármagni sem hann taldi vera til ráðstöfunar hjá Framkvæmdastofnun og Byggðasjóði, að það vantar einmitt inn í þetta dæmi. Ég skal ekki rengja þær tölur sem hann fór með, ég hef ekki um það neinar glöggar upplýsingar og vil ekki rengja það, a. m. k. ekki að svo stöddu, en það vantar einmitt inn í það dæmi hvað hefur verið bætt á Byggðasjóð og Framkvæmdastofnun sem ekki var þar áður, og það gerir talsvert strik í reikninginn að því er ég hygg.

En þó að ekki hafi gefist mikill tími til að skoða þessi plögg, þá finnst mér allathyglisverðar þær upplýsingar sem koma fram í þessari skýrslu og eru á bls. 22 og varða Vestfirði sérstaklega, þar sem gerð er úttekt á stöðu fólksfjölda á hinum ýmsu stöðum, en þar er komist að þeirri niðurstöðu að á Vestfjörðum einum hafi orðið stöðnun að því er þetta varðar. Og það er sérstaklega undirstrikað að framhald á fólksfækkun á Vestfjörðum í kjölfar áratugareynslu af fækkun í þeim landshluta hljóti að vera sérstakt áhyggjuefni. Og hér er einnig tekið fram að ekki sé hér um að kenna skorti á atvinnutekjum í þessum landshluta. Þetta vil ég biðja hv. þm. að taka til athugunar vegna þess að fram undan er hér afgreiðsla vegáætlunar fyrir næstu 4 árin. Ég vil þess vegna biðja menn að taka eftir þessari niðurstöðu í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins að því er varðar Vestfirði, en þar segir orðrétt:

„Hins vegar kreppa að samgönguleysi og einangrun og er vert að minnast þess í sambandi við þá miklu og nokkuð einhliða áherslu sem nú er lögð á hringvegarframkvæmdir.“

Ég vildi vekja athygli hv. þm. á þessum niðurstöðum í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins, ekki síst með hliðsjón af því að kannske innan örfárra klukkutíma eiga hv. þm. að afgreiða hér í Sþ. vegáætlun fyrir næstu 4 árin. Ég vænti þess að þeir verði, áður en endanleg afstaða verður tekin til þess máls, búnir að kynna sér þessar niðurstöður í skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins að því er Vestfirði varðar.

Rafvæðing dreifbýlisins, þáltill. (þskj. 13, n. 739, 769). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er nú leiðinlegt þegar maður ætlar að fara að mæla fyrir stórmerku og ágætu máli að þurfa að byrja á því að gera buslubæn sína. En þannig fór nú að prentvillupúkinn hefur tekið hér af okkur völdin og honum hættir stundum til þess einmitt á síðustu dögum þingsins. Þetta mun hafa komið fyrir í fleiri þskj. og ekki ómerkari, held ég, heldur en kannske því sem hér er sérstaklega til umr. En það, sem mig langar til þess að byrja á að segja frá, er að það hafa fallið niður á heldur dapurlegan hátt þrjú orð í nál. Þau áttu að standa aftast í þessari grein þannig að skjalið, sem ekki er nú langt, skyldi hljóða þannig:

„Fjvn. hefur fjallað um till. þessa og er sammála um að áframhaldandi rafvæðing sveitabyggðar í landinu sé afar brýnt verkefni. Hins vegar telur nefndin að efni till. þurfi að ræða betur í einstökum atriðum. Því leggur nefndin til, að till. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að áætlunargerð um rafvæðingu sveitanna verði hraðað sem verða má á þessu ári.“

En þessi þrjú orð, sem þarna áttu að standa aftast, „á þessu ári“, hafa fallið niður og þskj. verður því prentað upp. Hins vegar hefur þetta orðið til þess að hv. 1. flm. till. á þskj. nr. 13, sem hér er til umr., hefur brugðið nokkuð harkalega við, eins og hans er von og vísa, og ég sá ekki betur en að hann væri búinn að senda frá sér sérstaka till. um að vísa þessu máli frá með rökst. dagskrá. Það er út af fyrir sig dálitið hæpin aðferð að níðast svo á sínu eigin máli, en ég skal ekki fara út í það. En það sýnir aðeins að hv. þm. sækir mál sitt af miklu kappi og er það yfirleitt mjög gott. En svo vill til að ég, sem hér stend, er líka einn af flm. þessarar till. og ber þess vegna hag hennar talsvert fyrir brjósti og hefði síst viljað að það gengi fram, að henni yrði vísað svo harkalega frá með rökst. dagskrá. En ég held að ég hafi komið við þeirri leiðréttingu sem nauðsynleg var. Sem sagt, prentvillupúkinn hefur þarna tekið völdin af okkur. Ég vona að það verði til þess að hv. 1. flm. till., 2. þm. Vestf., taki aftur till. sína um að vísa málinu frá með rökst. dagskrá, sem nú er dálítið vafasamt.

Þessi till. var rædd hér í vetur og var vísað til nefndar. Till. er með mjög ítarlegri stefnumörkun af hálfu flm. og að sjálfsögðu þannig úr garði gerð að í henni kunna að vera ýmis atriði sem þarf að ræða betur, eins og fjvn. segir í nál. sínu. Þess vegna var ekki um það að ræða að nefndin gæti orðið sammála um að taka með öllu undir orðalag till. Sú varð því niðurstaðan að n. legði til að till. yrði vísað til ríkisstj. í trausti þess að áætlunargerð um rafvæðingu sveitanna yrði framkvæmd á þessu ári. Þetta er sem sagt sú till. sem fjvn. hefur uppi í málinu.

Umr. frestað.

Vegáætlun 1974—77, þáltill. (þskj. 410, n. 756, 736, 768, 779, 797, 802, 810). — Síðari umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í þáltill. um vegáætlun sem hér er til umr., er áætlunartímabilið, sem áætlunin nær yfir, alls 4 ár, þ. e. árin 1974—1977. Nú var það hins vegar svo, eins og hv. þm. muna, að á s. l. ári tókst ekki að ljúka endurskoðun eins og til stóð áður en þing var rofið. Það var því ekki um annað að ræða á s. l. ári en að hafa hliðsjón af eldri áætlun. En með því að allt verðlag hafði verulega hækkað frá þeim tíma sem sú áætlun var gerð, varð ekki komist hjá því að fella niður einhverjar framkvæmdir, nema til kæmi ný fjáröflun til viðbótar því sem fyrir hendi var. Það varð því að ráði að vegamálastjóri hafði samráð við þm. hinna ýmsu kjördæma og ákvörðun var tekin á þann hátt að umtalsverðar framkvæmdir skyldu sitja í fyrirrúmi.

Varðandi árið 1974 vil ég í fyrsta lagi vísa til þess sem fram kemur í skýrslu hæstv. ráðh. um framkvæmdir á því ári, jafnframt því sem ég vísa til þess sem fram kom í framsöguræðu hv. hæstv. samgrh. við fyrri umr. um málið þar sem hann vék sérstaklega að framkvæmdum á árinu 1974.

Segja má að raunverulegar till., sem hér liggja fyrir af hendi fjvn., séu aðeins fyrir tvö ár og þó jafnvel í þeirri merkingu aðeins eitt ár eða fyrir árið 1975. Það er álit allra fjvn.-manna að ekki verði komist hjá því á komandi hausti eða alla vega áður en framkvæmdir hefjast í vegagerð á næsta ári, að þá verði að vera búið að endurskoða allt málið að nýju og jafnvel gera á tillögugerðinni verulegar breytingar frá því sem nú á sér stað. Ég mun ekki að svo komnu máli fara út í frekari umr. þar um, en víkja þá fremur að þeirri afgreiðslu n., sem hér liggur fyrir, og þeim brtt., sem n. hefur gert.

Eins og fram kemur í nál. fjvn., þá skilar n. sameiginlegu áliti, en þrír nm., þeir hv. þm. Geir Gunnarsson, Jón Árm. Héðinsson og Karvel Pálmason, taka sérstaklega fram í nál. að þeir telja að skerðing framkvæmda á árinu 1975 verði samkv. þáltill. um 28% miðað við framkvæmdir á síðasta ári. Þeir telja hins vegar að með tilliti til mjög mikilla hækkana á bensínverði að undanförnu og að þeirra dómi verulegrar skerðingar á lífskjörum sé að þessu sinni ekki unnt að hækka bensíngjald og afla Vegasjóði aukinna tekna á þann hátt. Þeir taka einnig sérstaklega fram að þeir hafi óbundnar hendur um að flytja og fylgja brtt. sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Um þessa sérstöðu þeirra þremenninganna er ekkert sérstakt að segja. Ég tel hana ekkert óeðlilega frá þeirrar sjónarmiði og þeim ásamt öllum öðrum nm. vil ég þakka sérstaklega fyrir gott samstarf í n. við afgreiðslu þessa annars erfiða viðfangsefnis. Mér er fyllilega ljóst að í hinum ýmsu till., sem nm. vildu koma að í þessari vegáætlun, en ekki var unnt að mæta óskum þeirra að öllu leyti, eru margir viðkvæmir kaflar ekki síður en í sjálfu vegakerfinu. Ég vil einnig nota þetta tækifæri til að þakka sérstaklega vegamálastjóra, Sigurði Jóhannssyni, og starfsmönnum hans fyrir góða fyrirgreiðslu, upplýsingar og ómetanlega aðstoð við n. við afgreiðslu málsins.

Hér er vissulega um stórmál að ræða. Allir eru sammála um að samgöngumálin eru lífæðar byggðarlaganna og því nauðsynlegt að áfram miði í rétta átt. Flestir munu þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að gera sér grein fyrir málum fram í tímann og til þess eru áætlanir gerðar. Í vegamálum er nú þegar komin nokkur reynsla hvað áætlunargerð snertir og ekki vil ég neita því að þau vinnubrögð hafi komið að gagni. Hitt er svo annað mál, af of mikið af öllu má þó gera. Í vegamálum held ég að við séum í þessum efnum komin út á hálan ís.

Til viðbótar við hina almennu vegáætlun eru í gangi tvær aðrar vegáætlanir, þ. e. fyrir Norðurland annars vegar og fyrir Austurland hins vegar.

Um Austurlandsáætlunina er það að segja að hún er takmörkuð innan ákveðins ramma. Þar er um ákveðnar framkvæmdir að ræða sem áætlunin nær til. Þegar því verki er lokið hefur Austurlandsáætlunin verið framkvæmd.

Varðandi Norðurlandsáætlun er allt öðru máli að gegna. Sú áætlun nær yfir þrjú kjördæmi. Hún er ekki afmörkuð á neinn hátt annan en að hún nær bæði til þjóðvega og landsbrauta á því svæði sem áætluninni er ætlað að spanna yfir.

Við í fjvn. höfum ekki hugmynd um hvað þeir menn ætlast fyrir í sambandi við ráðstöfun á fjármagni til vegaframkvæmda samkv. þeirri áætlun þegar við erum að ganga frá okkar till. Þessi angi af heildarmálinu er því í höndum Framkvæmdastofnunar og kemur því í veg fyrir að fjvn.-menn hafi í höndum nokkra heillega mynd af málinu fyrr en þá á allra síðustu mínútum áður en nefndin skilar frá sér till. til þingsins. Það er mín skoðun að þessu verði að breyta og Alþ. taki upp önnur vinnubrögð í þessum málum en nú hafa átt sér stað um nokkurt skeið.

Ef litið er á langt tímabil, t. d. 10 ár eða svo, þá kemur í ljós að því fjármagni, sem til skipta er til þessara mála, hefur verið mjög misskipt á milli kjördæma. Fyrir því kunna að vera gildar ástæður þó að mér séu þær ekki kunnar og mun ég ekki fara nánar út í að ræða það mál að svo stöddu.

Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—77 fékk fjvn. til athugunar 9. apríl s. l. Nefndin hefur því haft málið til umsagnar í um mánaðartíma. Í fyrstu varð þó nokkur bið á því að n. gæti tekið málið til afgreiðslu, en það stafaði af því að ekki lágu fyrir verðtaxtar vinnuvéla og bifreiða, en verðlag á þessum vinnutækjum skiptir miklu máli um þann grundvöll sem miðað er við þegar verðleggja skal hinar ýmsu vegaframkvæmdir.

Um vinnubrögð er það að segja, að nú sem fyrr var sá háttur á hafður að þm. kjördæmanna ræddu við vegamálastjóra um þær framkvæmdir sem þeir settu fram sem óskir um forgang, að svo miklu leyti sem það gæti samrýmst því fjármagni sem til skipta kom. Um skiptingu á fé milli hraðbrauta, þjóðvega og landsbrauta er að mestu leyti stuðst við þær till. sem markaðar voru í þáltill. þegar hún var lögð fram. Samkv. till. fjvn. eru heildartekjur Vegasjóðs áætlaðar 175 millj. kr. hærri fyrir árið 1975 og 200 millj. kr. hærri fyrir árið 1976. Þessi hækkun er byggð á upplýsingum sem n. fékk frá Þjóðhagsstofnuninni, en þar segir í bréfi, sem n. barst, m. a. með leyfi forseta:

„Áætlun um tekjur af þeim tekjustofnum ríkisins, sem merktir eru vegaframkvæmdum, hefur nú verið endurskoðuð, m. a. í ljósi reynslu fyrstu mánaða ársins 1975. Þessi endurskoðun bendir til þess að áætlun fjárl. hvað þennan tekjustofn snertir muni fyllilega standast, en auk þess er nú unnið að endurskoðun þeirra reglna sem gilda um álagningu og innheimtu þungaskatts o. fl.“

Það er með tilliti til þessa sem talið er eðlilegt að hækka tekjuáætlunina sem þessu nemur.

Eins og ég hef áður sagt, má segja að skipting á fé á milli þjóðvega og landsbrauta, eins og hún kemur fram í brtt. fjvn., sé till. þm. eða

það sem þeir hafa fyrir fram komið sér saman um. Það kemur fram í brtt. frá n. að fjárveiting til fjallvega hækkar um 3.1 millj. kr. Þessi hækkun er í sambandi við ákvörðun þm. Norðurl. e. þar sem þeir hafa á þann hátt fært á milli fjárveitingar af þeirri upphæð sem í þeirra hlut kom af heildarfjárveitingu til þjóðbrauta og landsbrauta. Fé til fjallvega er hins vegar ekki skipt í vegáætlun. En til þess að það komi skýrt fram til hvaða fjallvega sú upphæð skal fara sem hér um ræðir, þá vil ég skýra frá því að það er í fyrsta lagi 2 millj. kr. í veginn hjá Svartárkoti, göng í Náttfaravík 600 þús. og í skíðahótelsveg 500 þús. kr.

Um till. á skiptingu á fé til hraðbrautaframkvæmda má segja, að að mestu leyti sé farið eftir till. vegamálastjóra þó að lítið eitt hafi verið hnikað til frá þeim eftir nánara samkomulagi við þm. í viðkomandi kjördæmum.

Um Norðurlandsáætlun er það að segja til viðbótar því sem ég hef þegar tekið fram, að hæstv. samgrh. barst fyrir tveim dögum till. Framkvæmdastofnunar ríkisins um skiptingu á fé til framkvæmda á Norðurlandsáætlun og fylgir bréf ráðh. með í nál. sem fskj. ásamt bréfi Framkvæmdastofnunarinnar. Í bréfi hæstv. samgrh. kemur fram að hann telur sig ekki geta gert rökstudda breytingu um aðra skiptingu fjárins fyrir árið 1975 en þar kemur fram og staðfestir því ráðh. þessa till. Síðan tekur rn. fram varðandi árið 1976 að það hafi fyrirvara um þá skiptingu á fjármagni fyrir árið 1976 enda þótt það hafi ekki á þessu stigi málsins á móti því að gengið verði út frá téðri skiptingu í vegáætlun fyrir árið 1976, þar sem sú áætlun kemur til endurskoðunar Alþ. áður en til framkvæmda kemur á árinu 1976.

Svo sem hv. þm. er kunnugt liggur nú fyrir Alþ. frv. til l. um happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurlandsvegar. Hvort það mál nær fram að ganga eða ekki á þessu þingi er ekki vitað, en úr því fæst væntanlega skorið í dag eða á morgun. Það hefur verið sérstaklega gagnrýnt, að ef til þess kemur að viðbótarfjármagn til vegaframkvæmda skapast á þann hátt, þá liggur engin till. fyrir um það hvaða kaflar á þessum umræddu samgönguleiðum verði byggðir fyrir það fjármagn ef til kemur á yfirstandandi ári. Ég heyrði það í umr., sem fram fóru í Ed. fyrr í dag, að einn af hv. þm. var að gera því skóna að því fjármagni, sem kæmi til í sambandi við þessa fjáröflun á árinu 1975 eða jafnvel á árinu 1976 eða í framtíðinni, mundi e. t. v. að verulegu leyti verða varið til byggingar á brú í Borgarfirði og það taldi hann vitanlega ekki ná nokkurri átt, til viðbótar því, sem hann tilkynnti þar, að hann mundi bera fram sérstaka till. um að stöðva þá framkvæmd, brúarbyggingu í Borgarfirði. Ég vil nú segja að það undrar mig að slíkt álit skuli koma fram hér á Alþ. í sambandi við þetta mál út af fyrir sig. Það eru skýr ákvæði í þessu lagafrv., sem fyrir þinginu liggur, varðandi happdrættislánið um Norðurveg og Suður- og Austurlandsveg, sem taka af öll tvímæli um hvernig því fé verður ráðstafað. Hér er því eingöngu um getsakir að ræða sem ástæðulaust er að taka mark á. En að öðru leyti má segja að hér sé um heimildarlög að ræða og með tilliti til þess efnahagsástands, sem nú ríkir, eru lítil líkindi til þess að heimildin yrði notuð á árinu 1975. En allt fyrir það telur fjvn. rétt að vera við því búin að svo geti farið. Nefndin hefur því leyft sér að flytja till. um svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða við þáltill.:

„Komi til frekari fjáröflunar til vegaframkvæmda á árinu 1975 skal því fjármagni varið til framkvæmda með samþykki fjvn."

Eins og þskj. ber með sér er að öðru leyti þáltill. um vegáætlun fyrir árin 1974 og 1975 öll full af upptalningu talna, vegheitum og öðru því sem við á í slíkri áætlun sem hér liggur fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að tefja tímann með upplestri á þeim tölum sérstaklega, en leyfi mér að vísa til þess sem fram kemur í brtt. n. á þskj. 736 og á þskj. 768 og 779, en þar er um leiðréttingar að ræða vegna mistaka sem áttu sér stað þegar handrit fór í prentun.

Ég hef þá, herra forseti, í stuttu máli gert grein fyrir brtt. fjvn. við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1974—77. Að sjálfsögðu er margt fleira hægt að segja um þetta mál sem ég hefði átt að víkja nánar að í þessari framsögu fyrir málinu af hálfu fjvn. En með tilliti til þess tæpa tíma, sem þingið hefur yfir að ráða ef haldið verður áætlun um að ljúka þingi á morgun eða fyrir hvítasunnu, þá mun ég láta þessi orð mín nægja að sinni. Ég vil vænta þess að hv. alþm. geti fallist á till. fjvn. og samþykki málið í heild þannig breytt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Við fyrri umr. um till. til þál. um vegáætlun rifjaði ég lítillega upp ummæli eins af þm. þáv. stjórnarandstöðu, hv. 2. þm. Norðurl. v., Halldórs Blöndals, en í ræðu hans um vegáætlun 23. apríl 1974 kom fram að svo kynni að fara að við afgreiðslu vegáætlunar á þessu ári, 1975, hefðu aðrir menn tekið við stjórn landsins, og sagði hv. þm. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er það von okkar, að næst þegar þessi vegáætlun kemur til endurskoðunar, verði hægt að auka framkvæmdamagn hennar verulega."

Hv. þm. varð að von sinni. Nú hafa aðrir tekið við stjórnartaumunum. Og er þá ekki allt fengið? Felur sú vegáætlun, sem hér er til umr., þá ekki í sér verulega aukningu framkvæmdamagns? Þegar litið er á þær till. um framkvæmdir sem hér liggja fyrir, þá er ljóst að niðurstaðan hefur orðið þveröfug. Ég hélt því fram við fyrri umr. um þessa þáltill. um vegáætlun, að eins og hún var lögð fram fælist í henni um það bil 24.3% raunveruleg skerðing framkvæmda árið 1975, miðað við þær áætlanir um framkvæmdir sem fólust í þeirri vegáætlun sem lögð var fram í fyrravor og þm. Sjálfstfl. gagnrýndu mest. í þáltill., sem hér liggur fyrir, var, þegar hún var lögð fram, miðað við vísitölu vegagerðarkostnaðar 2691 stig og hafði í þeirri tölu verið gert ráð fyrir að til viðbótar verðlagi í jan. hækkaði leigugjald vinnuvéla um 15%. Síðan hefur komið á daginn að leigan hækkaði ekki um 15%, heldur um nálega helming og þegar auk þess hefur verið gert ráð fyrir öðrum verðlags- og kaupgjaldsbreytingum er nú talið að vísitala vega-

gerðarkostnaðar muni í júní á þessu ári verða 3339 stig, en hún nam 2094 stigum í ágúst s. l. Á þessu tímabili, þ. e. a. s. á því tímabili sem er næstum nákvæmlega stjórnartími hæstv. ríkisstj., hefur vísitala vegagerðarkostnaðar því hækkað um 59.5% þrátt fyrir að kaupgjaldsvísitala hafi verið bundin.

Varðandi tekjuhlið áætlunarinnar hefur nú verið gert ráð fyrir því að tekjur af þungaskatti hækki um 175 millj. kr. á árinu 1975, og þegar dæmið er gert upp og vegáætlunin kemur til lokaafgreiðslu er niðurstaðan sú samkv. upplýsingum vegamálastjóra að bein skerðing framkvæmda á þessu ári í nýjum framkvæmdum í vega- og brúagerð nemur 28% miðað við raunverulegar framkvæmdir á árinu 1974. Þetta svarar til þess að fjárveitingar í þeirri vegáætlun, sem hér á að fara að samþykkja, þyrftu að hækka um tæplega 40% til þess að þær hefðu sama raungildi og framkvæmdir á s. l. ári. Þessi niðurstaða er í afar miklu ósamræmi við vonir þess hv. alþm. sem við umr. um vegáætlun fyrir ári treysti mest á það að stjórnaraðild Sjálfstfl. mundi fylgja sjálfkrafa veruleg aukning framkvæmdamagns fjárveitinga í vegáætlun 1975.

Þegar svo hefur staðið á áður, eins og oft hefur viljað til, að fé hefur skort til nýrra framkvæmda þegar þm. hafa viljað viðhalda eða auka framkvæmdagildi fjárveitinga til vegamála, þá hefur æðioft verið gripið til þess ráðs að auka framkvæmdaféð með hækkun innflutningsgjalds af bensíni. Þetta kom til álita í fjvn. nú þegar þessi stórfelldi niðurskurður blasti við, en það varð niðurstaðan að sú leið væri ekki fær. Í nál. fjvn. skýrum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar þá afstöðu okkar með því að útsöluverð á bensíni hefur að undanförnu hækkað mjög verulega, en samtímis hafa lífskjör almennings verið stórlega skert vegna mikilla verðhækkana lífsnauðsynja jafnframt því að laun hafa ekki hækkað nema með óverulegum láglaunabótum. Áður hefur málum verið svo háttað að fyllilega hefur verið talið stætt á því að hækka verð á bensíni til þess að auka framkvæmdir í vegamálum. Þá hefur bensínverð jafnvel verið lægra hér á landi en í ýmsum nágrannalöndum, nú mun það hins vegar vera hvað hæst hér. Áður var enn fremur, a. m. k. hin síðustu ár, um það að ræða að almenn lífskjör fóru batnandi, kaupmáttur launa gagnvart almennum neysluvörum var að aukast, svo að þá var af þessum tvennum orsökum talið stætt á að hækka bensínverð. Nú horfa þessi mál hins vegar þveröfugt við. Bensínverð hærra en víðast hvar annars staðar og lífskjör almennings hafa verið stórskert. Við teljum því að af þessum sökum sé ekki unnt að reisa rönd við þeim áformum stjórnarflokkanna að stórskerða þær framkvæmdir í vegamálum sem flestir hafa þó talið of naumar fyrir, hvar sem litið er, hvort heldur er um að ræða að setja raunverulegt slitlag á vegi þar sem umferðarþunginn er mestur eða vegagerð á landssvæðum þar sem umferðin er að vísu minni, en lífsnauðsynlegar samgönguleiðir eru lokaðar langtímum saman og vegakerfið á allan hátt alls ófullnægjandi.

Þau fyrirheit, sem gefin voru í fyrra um stóraukinn framkvæmdamátt fjárveitinga til vegagerðar við afgreiðslu vegáætlunar 1975 þegar Sjálfstfl. hefði komist í ríkisstj., hafa brugðist herfilega. Í stað þess að draga úr þeirri frestun framkvæmda, sem gert var ráð fyrir í vegáætlun sem lögð var fram í fyrra, og auka stórlega framkvæmdir, er nú gert ráð fyrir að auka svo verulega frestanir framkvæmda og samdrátt framkvæmda til viðbótar við fyrri áætlanir um frestanir, að fjárveitingar þyrftu að aukast frá því sem hér er gert ráð fyrir, eins og áður sagði, um nær 40% til þess að einungis yrði gert ráð fyrir jafnmiklum framkvæmdum og unnar voru samkv. þeirri vegáætlun sem þm. Sjálfstfl. voru svo stóróánægðir með í fyrra.

Við umr. um vegáætlun í fyrravor hafði hv. 1. þm. Sunnl., Ingólfur Jónsson, þó uppi tilburði til að benda á aðra lausn til tekjuöflunar fyrir Vegasjóð en þá eina að Sjálfstfl. fengi völdin, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. lét sér nægja. Hv. fyrrv. samgrh. taldi að það væri hægt að auka tekjur Vegasjóðs af umferðinni. Honum þótti till. um framkvæmdir fyrir fé Vegasjóðs of lágar og sagði við 1. umr. um vegáætlunina í fyrra, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er enginn vafi á því að vonbrigði eru mikil hjá mörgum landsmönnum, sem hafa vænst mikilla framkvæmda í vegamálum, þegar það fréttist hvernig staða Vegasjóðs er og hvaða till. hæstv. ríkisstj. hefur fram að leggja í þessum málum.“

Ég minni á að þá var þó gert ráð fyrir um 30% meiri framkvæmdum en í þeirri vegáætlun sem núv. ríkisstj. er að láta samþykkja. En hv. þm. hélt áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég geri ráð fyrir því að hv. fjvn., þegar hún fer að skoða þessar till., þá kalli hún til sín hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. og yfirheyri þá rækilega, spyrji þá, hvort það sé virkilega þeirra meining að minnka framkvæmdir eins og lagt er til að gert verði samkv. þessu plaggi. Ég veit að það eru margir þm. sem trúa því ekki að það sé þeirra meining. Ég veit að það eru margir þm. sem telja alveg öruggt að hæstv. fjmrh. skili 400 millj. kr. sem hann fær í óvæntar tekjur í innflutningsgjaldi og söluskatti og vegna hækkunar á bensíni. Ég veit að það eru margir þm. sem telja þetta alveg sjálfsagt og reikna með að það þurfi ekki að toga þessa upphæð með töngum frá hæstv. ráðh.“ — Og síðar sagði hv. þm.: „Spurningin til þessara hæstv. ráðh. er, hvað það sé mikið sem ríkissjóður ætlar að leggja fram til viðbótar því sem er í þessari till. og hvort ekki væri unnt að minnka þetta bil verulega frá því sem það er, gera það svo lítið að það verði ekki tilfinnanleg vöntun. Á þetta reynir vitanlega.“

Þetta sagði hv. 1. þm. Sunnl. í fyrra. Ég hef nú beðið um og fengið upplýsingar um hverjar eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs af tollum og söluskatti af bensíni og bifreiðum. Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar 14. maí s. l. er áætlað að auk sérstaks innflutningsgjalds af bifreiðum, sem rennur til Vegasjóðs, nemi tollar af bifreiðum á árinu 1975 1250 millj. kr. og tollar af bensíni 650 millj. Þessar upphæðir renni í ríkissjóð. Auk þess nema tekjur ríkissjóðs af söluskatti af bifreiðum 690 millj. kr. og af söluskatti af bensíni 980 millj. kr. á þessu ári. Samtals er áætlað að tekjur ríkis-

sjóðs af tollum og söluskatti af bifreiðum og bensíni nemi á árinu 1975 3 570 millj. kr. Hins vegar nemur beint framlag úr ríkissjóði í Vegasjóð 380 millj. kr., greiðslur ríkissjóðs á afborgunum af lánum Vegasjóðs 220 millj. og greiðslur á vöxtum af lánum Vegasjóðs 410 millj. Þannig greiðir ríkissjóður vegna Vegasjóðs á árinu 1975 samtals 1010 millj. kr., en tekjur ríkissjóðs af tollum og söluskatti af bensíni og bifreiðum nema alls 3 570 millj. kr. Mismunurinn er 2 560 millj. kr. á árinu 1975. Og það er sérstaklega athyglisvert að gert er ráð fyrir að hækkun tekna ríkissjóðs af söluskatti af bensíni, hækkunin ein milli áranna 1974 og 1975, nemi 430 millj. kr. Hv. 1. þm. Sunnl. taldi allt að því sjálfsagt að verulegur hluti þessara tekna ríkissjóðs af sköttum á bifreiðar og bensíni rynni í Vegasjóð. Hann virtist jafnvel reiðubúinn til þess að beita töngum til þess að ná þeim frá hæstv. fjmrh. Þegar hins vegar er nú haft í huga að undir fjármálastjórn Sjálfstfl. hefur nú þegar þurft að fella fjárlög raunverulega úr gildi og að skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann hafa aukist svo stórlega að rekstur ríkissjóðs er í verulegum mæli byggður á nýprentuðum seðlum úr Seðlabankanum, þá má vera að hv. þm. séu að einhverju leyti annarrar skoðunar nú, og ljóst er að hag Vegasjóðs verður ekki borgið með þeirri aðferð sem efst var í huga hans fyrir ári.

Þáltill. um vegáætlun var vísað til fjvn. 9. apríl s. l., en nefndin í heild hefur nánast ekki fjallað um till. fyrr en nú síðustu dagana. Það fer ekki á milli mála að þótt allir séu af vilja gerðir til að sinna málinu sem best, þá er þetta ónógur tími fyrir svo viðamikið málefni, einkum þegar fjalla verður um svo viðkvæmt mál sem stórfelldan niðurskurð framkvæmda. Ég vænti þess að þegar kemur að endurskoðun þessarar áætlunar verði þannig á málum haldið að nefndin fái rýmri tíma til starfa. Ég tel það mikils virði að sem best samstaða geti tekist með nm. um till. og hef m. a. þess vegna viljað stuðla að því að nefndin geti staðið saman um nál., enda þótt ýmislegt beri á milli.

Ég lýsti þeirri skoðun minni þegar á fyrsta fundi n., að hverfa ætti frá þeirri aðferð sem höfð hefur verið við skiptingu fjárveitinga í hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, þar sem einungis hraðbrautafé hefur verið tekið undan og skipt utan við þá ákveðnu prósentutölu þessara fjárveitinga sem fallið hefur í hlut hvers kjördæmis til framkvæmda við þjóðbrautir og landsbrautir. Ég lýsti þeirri skoðun minni að skiptingu þyrfti að haga á þann veg að auk þess fjármagns, sem færi til hraðbrauta, þyrfti að vera unnt að taka út úr þeirri skiptingu, sem fer eftir ákveðinni prósentutölu einstakra kjördæma, ákveðna upphæð til þjóðbrauta þegar um væri að ræða kafla á þeim hluta vegakerfisins sem telja mætti aðaltengilið um landið, þ. e. a. s. ákveða þyrfti hvað heyrði til þessum hluta vegakerfisins þar sem segja mætti að allir landsmenn hefðu sameiginlegra hagsmuna að gæta, hvort sem um væri að ræða hraðbrautir eða þjóðbrautir, ákveða sameiginlega heildarupphæð til þessa hluta vegakerfisins og skipta því, sem eftir er, milli kjördæma eftir þeirri hlutfallstölu sem menn hafa komið sér saman um á hverjum tíma. Jafnframt ætti að fella allar séráætlanir burt úr vegáætluninni, en bæta viðkomandi kjördæmum það upp með hærri hlutfallstölu, meðan óunnar eru framkvæmdir sem landshlutaáætlanirnar áttu að taka til. Að nokkru leyti eru till. nú við þetta miðaðar, að því leyti að auk fjárveitinga til hraðbrauta hafa tilteknar upphæðir í þjóðbrautir verið teknar undan þeirri skiptingu samkv. viðurkenndu skiptahlutfalli milli kjördæma sem gilt hefur.

Um úthlutun þessa mjög svo takmarkaða og skerta framkvæmdafjár, sem nú er um að ræða, eru að sjálfsögðu skiptar skoðanir og fer sá ágreiningur ekki eftir flokkslínum, heldur fremur kjördæmahagsmunum. Ég fyrir mitt leyti er, eins og ég gerði grein fyrir í n., mjög óánægður með það að gert er ráð fyrir að framkvæmdum við Garðskagaveg frá Keflavík út í Garð, sem gert var ráð fyrir í vegáætlun að lyki á þessu ári, skuli nú eiga að fresta að meira en hálfu leyti eða fresta framkvæmdum fyrir um 53 millj. kr. Ég er ekki síst óánægður með þessa ráðstöfun vegna þess að á sama tíma eru teknar inn í vegáætlunina tugmilljóna króna framkvæmdir sem voru ekki á vegáætlun fyrr. Garðbúar, sem miðað við mannfjölda framleiða hvað mest útflutningsverðmæti allra landsmanna, hafa sætt sig við að ekkert fé er veitt til hafnarframkvæmda í Gerðahreppi, en þeir verða að flytja afla sinn frá Sandgerði og Grindavík og afurðirnar til Keflavíkur, svo að þörf þeirra fyrir viðunandi vegi er fyrir þá sök meiri en íbúa flestra annarra sjávarplássa. Ljóst er að núv. valdhafar vilja hafa fjárveitingar til vegaframkvæmda fyrir Garðbúa og aðra Suðurnesjamenn með þessum hætti og bregða þar með frá fyrri vegáætlun. Við þessu fá aðrir ekki gert. Ég hef engan sérstakan áhuga á því og það þjónar engum jákvæðum tilgangi að stilla stjórnarþm. kjördæmisins upp fyrir brtt. sem ég veit að yrði felld. Ég mun því láta það vera að bera slíka till. fram.

Þegar ljóst var að þessa mikilvægu framkvæmd átti að skera niður um meira en helming, beitti ég mér hins vegar fyrir því á fundi þm. úr Reykjaneskjördæmi að af þeirri upphæð, sem ætluð er til þjóðbrauta og landsbrauta í kjördæminu, yrði þá í staðinn varið fé til byrjunarframkvæmda við veginn milli Garðs og Sandgerðis þar sem aðalfiskflutningar til Garðs fara fram þótt fjöldi ökutækja, sem um hann fer, nái ekki þeirri tölu að hann teljist til hraðbrauta enn sem komið er. En í till. Vegamálaskrifstofunnar um ráðstöfun á fé til þjóðbrauta og landsbrauta hafði ekki verið gert ráð fyrir framkvæmdum við þennan veg. Ég tel það nokkra sárabót, þótt í litlu sé, að þm. kjördæmisins urðu allir sammála um að verja nokkru fé til þess að hefja þessar framkvæmdir, og ég vænti þess að ef eitthvert aukið fjármagn fengist til vegaframkvæmda við endurskoðun vegáætlunar, þá geti þm. kjördæmisins sameinast um að auka fjárveitingu til þessa vegar.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um vegáætlunina að þessu sinni, en ég vil þó gera í örfáum orðum grein fyrir afstöðu minni til till. sem lögð

hefur verið fram þess efnis að taka að nýju upp innheimtu veggjalds á hraðbrautum.

Þegar veggjald var tekið af umferð um Reykjanesbraut, var ég þeirrar skoðunar að sú skattheimta væri fyllilega réttlætanleg og taldi alls ekki ósanngjarnt að þeir, sem nutu fyrstir og einir allra landsmanna þess mikla hagræðis og sparnaðar að aka milli byggðalaga á fullkomnum vegi með varanlegu slitlagi, greiddu til baka nokkurn hluta af beinum fjárhagslegum hagnaði af því að aka á slíkum vegi. Mér fannst það ekki ósanngjarnt að fjár væri aflað með þessum hætti til þess að unnt yrði að hraða framkvæmdum við slíka vegagerð þar sem þörf var mest og fleiri fengju þá að njóta ámóta mannvirkja. Þegar till. kom fram um að fella niður innheimtu veggjalds einmitt þegar næsti samhærilegur vegarkafli, Austurvegur, var tekinn í notkun, þá var ég þeirri till. um niðurfellingu veggjalds andvígur og mælti gegn henni. Mér fannst ekki stórmannleg afstaða þm. Sunnl., sem höfðu við afgreiðslu vegáætlunar áður samþykkt að innleiða slíkt veggjald og innheimta slíkt veggjald af Reykjanesbraut, mig minnir í 6—7 ár. En hvað um það, till. var samþykkt og innheimtu veggjalds hætt og mannvirki á Reykjanesbraut flutt þaðan.

Þegar veggjald var innheimt voru vissulega ýmsir erfiðleikar á því að fullnægja öllu réttlæti og þeir erfiðleikar hafa aukist með fleiri vegaköflum sem nú kæmu til álita með skattheimtu. En svo erfitt sem það hefði óhjákvæmilega reynst að halda skattheimtu lengi áfram eftir að Austurvegur og Vesturlandsvegur höfðu bæst við, sem ég hef þó talið þrátt fyrir allt eðlilegt að gera um sinn, þá eru nú eftir svo langan tíma sem liðinn er án skattheimtu hálfu erfiðara að hefja hana að nýju og ákveða hana á enn nýjum vegarköflum. Ég hef hugleitt þetta mál út frá því sjónarmiði að ég hef talið og tel að veggjald eigi í eðli sínu rétt á sér. En ég hef komist að þeirri niðurstöðu að úr því sem komið er sé ekki grundvöllur til þess að taka málið upp að nýju í þeirri mynd sem áður var a. m. k. Það gegnir um þetta mál í mínum huga nokkuð sama máli og um breytingu á stafsetningarreglum að því er varðar setuna. Ég sá ekki að nokkur ástæða væri til að fella niður setu og hefði greitt atkv. gegn því, hefði ég verið spurður. En svo ástæðulaust sem ég tel það hafa verið að fella bennan staf niður, jafn erfitt tel ég að breyta þar um aftur og væri andvígur því nú.

Ég er þeirrar skoðunar að þeir, sem beittu sér mest fyrir afnámi gjaldheimtu á fullgerðum hraðbrautarköflum, þm. Sunnl., hefðu betur tekið þá ákvörðun að fallast á gjaldtökuna, en beita sér jafnframt fyrir því að tekjur af veggjaldi af Austurvegi yrðu markaðar til framkvæmda við brú yfir Ölfusárósa. Ég er sannfærður um að Alþ. hefði unnað þeim þeirrar ráðstöfunar fjárins og þá stæði það hjartans mál þeirra betur nú en raun ber vitni. En þetta er liðin tíð og ég tel að í þessu efni verði hjólinu ekki snúið við, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Ég mun af þeim sökum, sem ég hef hér greint frá, greiða atkv. gegn till. um álagningu veggjalds.

Alþt. 1974 B. (96. löggjafarþing).

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Það er lítt fýsilegt að ræða þetta plagg sem nú liggur fyrir, þó að út yfir tæki ef farið væri út í að rekja vinnubrögðin og þann hraðbrautarhraða sem einkennt hefur þetta mál nú síðustu daga eftir væran svefn og langan vetrardúr, sem er orðinn slíkur að menn efuðu mjög hvort nokkur vegáætlun kæmi yfirleitt fram sem ályktun Alþingis. Aðrir kunna betur að lýsa vinnubrögðum almennt hér á Alþ., en um þau er ég að tala, en ekki vinnubrögð þeirrar stofnunar sem ævinlega hefur staðið vel að þessum málum, Vegagerðar ríkisins.

En mig langar að rekja eitt táknrænt dæmi frá umdæmisverkfræðingnum að austan, sem er hinn ágætasti maður og starfshæfur vel. Það kom sér enda mætavel, því að nú þurfti svo sannarlega að hafa snör handtök. Fyrir síðustu helgi var honum greint frá að nú hefði hann aðeins viku til stefnu til sinnar endanlegu tillögugerðar til okkar þm. Þegar suður kom var honum greint frá því að öllu skyldi lokið á einum degi. Og síðast fékk hann svo tilskipan um afgreiðslu á einum formiðdegi, sem þó varð ekki svo snarlega þar sem þm. vildu þó fá að berja þessar tölur augum rétt augnablik áður en allt væri fullkomnað og innsiglað. Það er sem sagt munur að hafa styrka og sterka stjórn á hlutunum og vita upp á hár um stefnu og störf, eins og núv. hæstv. ríkisstj. er lýsandi dæmi um. Þar bregst hvergi hin vísa föðurforsjón og ávöxt hennar hafa menn nú fyrir augum í þessu plaggi og tjáir lítt að orðlengja um það eða tölur þess.

Sú varð einnig raunin um okkur Austurlandsþm., ég held alla undantekningarlaust. Við litum á tölurnar, hvor á annan og síðan var uppgjöfin ein ráðandi og öllu kyngt, með þó mismunandi góðri lyst að vonum, því að viðbrögðin réðust nokkuð af tilfinningunum í garð föðurforsjónarinnar, þar sem sumir óku í anda hugsjónanna nýju Borgarfjarðarbrúna með viðkomu í málmblendiverksmiðju byggðastefnunnar í Hvalfirði, en við hinir andlausari hristumst áfram holótta vegi kjördæmisins eða vegleysur og gerðumst meira að segja svo djarfir að heimta örlítið meiri hlut til annars okkar brýnasta verkefnis. Það er hætt við að fleirum fari svo í sumar að þeir verði að halda sig við hugsjónabrautir flísalagðar með karbíti og kvarsi, en hlífi sér við vegleysum raunveruleikans. En því kemur mér karbítur í hug nú, sem margir hafa tekið hálfguðatölu, að ein aðalástæðan fyrir þröngri braut dyggðarinnar í lántökum til vegagerðarinnar í landinu er allglæfralegur akstur á breiðstrætum milljarða í karbítslántökum sem kváðu vera hættulausar, auðfáanlegar og umfram allt varla lántökur í þess orðs leiðu merkingu, það gerir arðsemin. Þessi breiðstrætisakstur erlendra lántökumöguleika er allt annar akstur en sá torfæruakstur sem erlendar lántökur til vegagerðar eru, enda eru þar íslenskir vegir og íslendingar sjálfir sem njóta eiga fyrst og fremst, meira að segja sveitamenn sem ætti að lögbjóða að yrðu karbítsætur í stað þeirrar sérvisku að vera tvist og bast út um landsbyggð alla og það á óheppilegustu stöðum út frá arðsemissjónarmiði föðurforsjónarinnar.

En hér hæfir raunar ekki háð né spé, og þó veit

ég að mörgum landsbyggðarþm. verður þessi karbítsakstur enginn Suðurlandasólarferð. Ég gæti ímyndað mér að áður en lyki yrði hugarangur þeirra og líðan á svipaðan máta og hjá Pétri í Allra meina bót sem Andrés oftskorni greindi svo eftir sjúkdómslýsingu: „Ég hygg að þú þjáist af því sem á læknamáli nefnist: Samlede værker."

Og í framhaldi af þessu er rétt að minna á önnur verk í fullri alvöru, þau verk sem nú eru hér til umfjöllunar á lokastigi. Ég skal ekki lengja umr. óþarflega, en aðeins drepa á fáein atriði. Vinnubrögðin hef ég áður rætt, óafsakanleg með öllu, en þó hæfa þau sennilega allvel því plaggi sem nú liggur hér á borðum.

Ég hef bent á það oftlega áður í sambandi við vegalög, að þótt sjálfsagt sé að huga að varanlegri uppbyggingu vega með góðu slitlagi, þá væri þó brýnasta verkefni okkar í vegamálum að gera sem flesta vegi sæmilega akfæra. Ég hef þá einnig sagt að til þess að svo mætti verða væri ég fús til að leggja töluvert að mér og þar veit ég að ég mæli fyrir munn þess landsbyggðarfólks sem yfirleitt býr við vonda vegi, oft ófæra af völdum snjóa eða þá aurbleytu. Frægt er það eystra hjá okkur, tímabilið á vorin sem getur varað býsna lengi og fengið hefur það hugljúfa heiti „drullutímabilið". Ég dreg því enga dul á það að mér þykir hraðbrautaþátturinn, yfir 47% þegar allt er komið á sinn stað, of stór í okkar vegáætlun ef litið er til hinna ótöldu, óleystu verkefna í hinum ýmsu landshlutum sem m. a. af þessum ástæðum verða að þoka til hliðar. Verkefni vegleysanna eru nefnilega ærin á undan hraðbrautunum. Því var það að ég áleit sérstakt veggjald af þessum brautum sjálfsagt og í ljósi þeirrar innheimtu hefði þessi þáttur verið réttlætanlegri. Ég er enn sömu skoðunar og hika ekki við að telja slíkt gjald réttlætismál meðan svo illa er að öðrum búið í þessum efnum. Ég tel þá, sem veggjaldið greiða, aðeins hafa verið að hluta að greiða þann margvíslega sparnað sem þeir fengu í aðra hönd vegna þessara góðu vega. Með því fjármagni til viðbótar var þó hægt að réttlæta hraðbrautarframkvæmdir betur. Það er því að vonum, að ég er meðflm. ásamt þm. úr öllum öðrum flokkum að því að gjald þetta skuli á ný tekið upp og ég hlýt að vona að það verði samþykkt.

Ég skal svo reyna að halda mig við mitt kjördæmi sérstaklega, ekki síst af því að ég hef heyrt að við austfirðingar þyrftum ekki að kvarta með okkar séráætlun. Satt er það, Austurlandsáætlun er í gangi og þótt henni ætti að ljúka nú á þessu ári, þá eru þó svo stórkostleg verkefni enn eftir sem á þeirri áætlun voru að lausleg upphæð sýnist mér vera, ekki eftir þetta ár, heldur eftir næsta ár, 1976, einu ári eftir að áætlun átti að ljúka, upp á um 450 millj. kr. Hér kemur fyrst og fremst til verðbólgan í öllu sínu veldi, breyttar verkforsendur, einkum í Oddskarði, segja einnig til sín, en mestu veldur þó að bæði í fyrra og þó einkum nú í ár þarf að fresta framkvæmdum vegna fjármagnsskorts. Samkv. áætluninni í fyrra, 141.5 millj. á till. þáv. ríkisstj., hefði á þessu ári sambærileg upphæð nú þurft að nema yfir 210 millj. svo að framkvæmdagildi hefði staðist. Upphaflega áætlunin var hins vegar 75 millj. En þá bar hins að gæta að á liðnum Norðurvegur-Austurvegur gátum við austfirðingar vænst dágóðrar upphæðar samkv. samkomulagi fyrr í vetur og get ég í ljósi 500 millj. til Norður- og Austurvegar ekki látið í ljós neina aðdáun hér á þeirri breytingu sem á hefur orðið. Sú hefur sem sagt orðið raunin á að þessari upphæð er nær allri dembt yfir á þann þátt vegamála sem síst skyldi, hraðbrautirnar, en þess í stað erum við látnir hafa nokkra uppbót, sem ég skal ekki vanmeta, á hina hraklegu tölu 75 og það úr einhverri óskilgreindri upphæð sem góðu heilli fannst til þessara nota. Auðvitað ber að vita það harðlega að hraðbrautir skuli gleypa þetta fjármagn svo gersamlega sem raun ber vitni og þrátt fyrir það að áður höfðu, að ég hélt, skýr fyrirheit verið uppi um annað, þ. e. til þess að gera illfæra vegi sæmilega akfæra, meira að segja m. a. austur á landi.

Nú er þessi áætlun komin í 145 millj., þ. e. Austurlandsáætlunin, og vantar þá enn um 70 millj. til þess að framkvæmdagildi verði náð miðað við síðustu áætlun vinstri stjórnarinnar, sem þó var af vanefndum, vegna þess að ekki náðist fram sú hækkun vegasjóðstekna sem ráðgerð hafði verið. Réð þar hin alkunna göfugmennska stjórnarandstöðunnar þáv. sem kvaðst drepa allt frá stjórninni, ekki síður hið góða en hið slæma. Meginverkefni Austurlandsáætlunarinnar nú eru tvö, Fjarðarheiði og Oddsskarð. Á þau höfum við kosið að leggja nú megináherslu. Það veldur því aftur að lítið er eftir til skipta að loknum sæmilegum fjárveitingum til þessara verkefna og er þó aðeins um aðra upphæðina að ræða sem ég tel viðunandi. Ekki síst með tilliti til hinna hörmulegu atburða í Neskaupsstað í vetur hafði ég vonað að hægt yrði að standa af sérstökum myndarskap að verki þar í sumar svo að norðfirðingar gætu eygt einhvers staðar í sjónmáli lok þeirrar einangrunar sem þeir búa við. Með tilliti til þessa og raunar málsins alls er upphæðin í ár, rúmar 40 millj. þegar frá er dregin skuld á s. l. ári, hörmulega lág, ef miðað er við núgildandi verðlag sennilega tæpur 1/3 af því sem fór í gamanbrautina til Þingvalla í fyrra og rann í gegn utan við allt, af því að það þurfti að vera með puntsamkomu á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar svo að landslýður gæti a. m. k. séð hve hann ætti fallega og prúða þm. sem kynnu að rétta upp hendurnar í takt og þá um leið hvernig þeir féllu ásamt öðru stórmenni vel inn í umhverfið þar austur frá. En það er ekki sama hvert tilefnið er og það er sem sagt mat manna eftir þessu plaggi að þessi samkoma á Þingvöllum hafi átt skilið þrefalt meira framlag í vegamálum á einu ári en Oddsskarðið með 1900 manna byggð að baki í einangrun eftir hörmulega vá þeirra atburða sem þar gerðust. Ég hef því ásamt hv. þm. Þorsteini Þorsteinssyni leyft mér að flytja brtt. til hækkunar á þessum eina lið um 25 millj., enda þá fyrst hægt að segja að norðfirðingar geti eygt þá langþráðu lausn sem þeir hafa beðið svo eftir og þeir telja sig annars illa svikna. Um það hvaðan taka eigi fé til þessa vísa ég beint í risatöluna 890 millj. til hraðbrauta. Án alls efa er þar auðvelt að kippa burt 25 millj.

án þess að nokkur bíði tjón á sálu sinni, og svo kemur nú góð uppbót ef brtt. um tekjur af veggjaldinu, sem ég er meðflm. að, yrði samþykkt og það bættist við, t. d. til þessa verkefnis eða þá í staðinn til margrómaðra framkvæmda við hraðbrautir. Þar til viðbótar kemur auðvitað það veigamesta atriði að með svo takmarkaðri fjárveitingu nú efa ég stórlega að hægt sé að ljúka verkinu í Oddsskarði á næsta ári, 1976, þó að þá sé upphæðin ríflegri og vel viðunandi miðað við það ár.

Á Fjarðarheiði lá við stórslysi í vetur og því er það ekki síst að við leggjum áherslu á myndarlegt átak þar, því er ég fullkomlega sammála. En hætt er við að mörgum bregði í brún annars staðar á Austurlandi sem samkv. Austurlandsáætlun áttu að fá leiðréttingu í ár, en sjá nú ekki einu sinni fram á hana á næsta ári. Það er þó rétt að ítreka sérstaklega þá skyldu sem í raun ætti að hvíla á Alþ. gagnvart Austurlandsáætlun. Hér var um bindandi samkomulag að ræða um að ljúka tilteknum verkefnum á ákveðnu árabili. Eins til tveggja ára seinkun var fullkomlega afsakanleg, m. a. vegna breyttra forsendna, en önnur 5 ár til þessara verkefna einna, þó að mörg önnur verkefni bíði óleyst á meðan, er allt of mikið og von að menn þykist illa sviknir í þessum málum, á sama tíma og í eina tiltekna framkvæmd, að vísu vafalaust réttlætanlega á sinn hátt, er hægt að verja jafnhárri upphæð á tveim árum og færi langt með að ljúka Austurlandsáætlun og þegar á það er einnig litið að hraðbrautaáætlunin 1975 er a. m. k. nær þreföld miðað við bæði árin 1975 og 1976 í Austurlandsáætlun, því að vitanlega skulu austfirðingar ekki fá eina krónu hvorugt árið út úr þeirri upphæð sem varið er til hraðbrauta. Í ljósi þess ættu menn að fara varlega í að öfunda austfirðinga af þessari margumtöluðu áætlun sem hefur ekki betur tekist til með og nú er alveg sérstaklega illa með farið þrátt fyrir þá leiðréttingu sem á henni hefur fengist og vissulega ber að meta. Ég segi þetta í ljósi þess að upphaflega talan var svo hlálega lág, réttur helmingur þeirra tölu, sem þó var inni í till. s. l. vor, og meira en 30 millj. kr. lægri en framkvæmt var fyrir á s. l. ári sem þó var skorið niður.

En þegar kemur að þjóðbrautum og landsbrautum okkar kemur í ljós að eftir að 20 millj. hafa komið í Breiðamerkursand, sem ég met einnig mikils og ætti þá sjálfsagt að vera sem eðlileg hlutdeild og raunar þá auðvitað allt of lág út úr liðnum Norðurvegur-Austurvegur, þá eru til ráðstöfunar á árinu tæpar 40 millj. til almennra vegaframkvæmda á öllu Austurlandi fyrir utan hina sérstöku Austurlandsáætlun. Sjá allir, hver sú tala er að framkvæmdagildi nú miðað við þó þær 54 millj. sem á s. l. ári var framkvæmt fyrir. En um þetta tjáir víst ekki að tala, erfiðir tímar valda þessu, sömu erfiðu tímarnir og gera okkur kleift að ráðast í tugmilljarða framkvæmd uppi í Hvalfirði og fá til þeirra lán eins og um fjörusand væri að ræða. Er nema von þótt menn eins og ég, hagfræðiþekkingarlaus og án alls háþróaðs fjármálavits, botni ekki hér í og finni ekki samræmið í hlutunum. Ég hugga mig þó við það að ég er ekki einn á báti, m. a. í mínu kjördæmi, þar sem fáir séu komnir á astralplan karbítsins, guði sé lof.

Nú koma spekingarnir vitanlega og segja: Hvar á að taka peningana? Það er hægt að hafa hátt og gera kröfur en láta svo hjá líða að gera grein fyrir fjáröfluninni. — Ég skal þó gera það í örstuttu máli. Í fyrsta lagi með lántökum erlendis, t. d. í stað þeirra sem á að taka fyrir málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Ekki hægt, segja spekingarnir, þeir sömu sem bættu vænni upphæð ofan á erlendar lántökur í meðferð efnahagsmálafrv. eftir að sömu spekingar höfðu sagt það áður að nú væri búið að ganga of langt. En ef svo hefði verið og hæstv. ríkisstj. legði hér niður skottið eins og í fleiru og dýfði því í járnsíliglóðina í þess stað, þá hefði ég talið réttlætanlegt að auka tekjur Vegasjóðs með hækkun bensíngjalds, þótt ég viti að þar er teflt á tæpasta vað og sú ráðstöfun yrði ekki vinsæl. Ég veit hins vegar að hér skortir meiri hl. ríkisstj. kjark því að hér mundu þeir hæst æpa sem þó búa við besta vegi og besta aðstöðu, þ. e. bifreiðaþrælar Stór-Reykjavíkursvæðisins. Öllu þessu hefði a. m. k. ég sem landsbyggðarþm., horfandi upp á það sem við nú fáum sem veganesti, verið tilbúinn að leggja lið og athuga í fullri gaumgæfni. En nú eru niðurstöður sem sagt fengnar og fátt annað eftir en að óska hæstv. ráðh. til hamingju með brúna sína og svo allt hitt sem kynni þó að slá nokkrum fölskva á áður en lyki og víðar og hressilegar en þá karbítssinna órar fyrir nú í dag. En þá má líka óska öðrum til hamingju sem mér er ljúfara.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna fréttar sem okkur barst í dag hingað niður í Nd. úr Ed. Þar var tilkynnt um till. sem útbýtt yrði í sambandi við það mál sem hér er til umr. hér í Sþ. Það var sem sé flutt framsöguræða fyrir þessari till. í Ed. Þessi till. mun vera á þá leið að fjárveiting til brúar yfir Borgarfjörð verði tekin af og sett í það að auðvelda mönnum að komast yfir fjöll á Norðurlandi og í gegnum fjöll á Austfjörðum. Fyrir þessu er flutt framsöguræða strax í Ed., og ég verð að segja að það er naumast að mönnum liggur á að koma fréttunum á framfæri, það er naumast mönnum er í mun að það fréttist heim í kjördæmin hve mikla umhyggju þeir beri fyrir sínu fólki.

1. flm. till. og sá, sem þessa framsöguræðu flutti er hv. þm. Ragnar Arnalds. Og það fylgir með í fréttum ofan úr Ed. að þá hafi sprottið upp hæstv. samgrh. og lýst því yfir að það skyldi nú ekki standa á sér að koma þeim upplýsingum til „réttra aðila“ að formaður Alþb. ætlaði að hafa af borgfirðingum brúna. Ég vænti þess að hér í salnum séu allir það reyndir stjórnmálamenn að þeir viti hvað átt er við með þessu. Það er lögð áhersla á að það sé formaður Alþb. sem flytur till. og þessir „réttu aðilar“, sem eiga að fá fréttina, eiga um leið að fá þá túlkun að Alþb. sé á móti því að borgfirðingar fái brú yfir fjörðinn.

Ég verð að gera aths. við þetta. Hv. þm. Ragnar Arnalds talar ekki fyrir þessari till. sinni í nafni Alþb. (**Gripið fram í:** Er hann ekki for-

maður?) Hann er ekki að tala í nafni Alþb. þegar hann lýsir yfir því að það eigi að taka af þessar 135 millj. og setja þær í aðrar framkvæmdir.

Ég ætla ekki að fara að taka þátt í þeim metingi sem hér kemur alltaf upp í sambandi við vegamál um það, hverjir hafi mesta þörf fyrir bættar samgöngur og hverjir verða að þjást mest á vegum síns kjördæmis. En ég verð að lýsa undrun minni yfir því sem kemur æðioft fram í ræðum, síðast núna rétt áðan, að það séu helst ekki fjöll nema á Austurlandi t. d. Við höfum nú okkar fjöll á Vesturlandi og vegir um þau teppast alveg eins og um önnur fjöll, og ef á að fara að metast við austfirðinga út af þessari brú, þá viljum við vestlendingar benda á það að við höfum enn ekki fengið fjármagn til þess að bora gat á fjöllin og komast þannig í gegnum þau. (**RA:** En í hvaða kjördæmi er vegurinn yfir Holtavörðuheiði?) Hann er í kjördæmum okkar beggja, en ég verð að biðja hv. þm. afsökunar á því að ég er ekki alveg búinn að stúdera þá till sem ekki er búið að útbýta.

En í sambandi við það sem mátti greina í yfirlýsingu hæstv. samgrh. hvernig hann ætlaði að sjá til þess að fréttirnar bærust til „réttra aðila", þá vil ég segja þetta: Mér finnst að þessi tónn komi úr hörðustu átt. Það hefur ekki staðið á okkur Alþb.-mönnum á Vesturlandi að láta hæstv. samgrh. njóta sannmælis í sambandi við þessa brú. Við notum hvert einasta tækifæri til þess að sannfæra fólk um að þessi brú sé fyrst og fremst dugnaði Halldórs E. Sigurðssonar að þakka. (**Gripið fram í:** Hvaða brú?) Brúin yfir Borgarfjörð. Hann hefur manna ötullegast að þessu máli unnið og við Alþb.-menn leggjum okkur í líma til að fólk skilji þetta. T. d. í Borgarnesi fyrir hreppsnefndarkosningarnar síðustu, þá held ég að allir talsmenn Alþb. hafi lagt á þetta sérstaka áherslu. Mér finnst þetta því koma úr hörðustu átt. Hæstv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson, veit það mætavel og að ég styð hann að sjálfsögðu með ráðum og dáð í þessu brúarmáli og við allir Alþb.-menn á Vesturlandi. Það liggur jafnvel við að við tökum undir þegar hrifningarfyllstu framsóknarmenn ýja að því við okkur hvort það mætti ekki í staðinn fyrir að kenna brúna við Borgarfjörð kenna hana við Halldór.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Áður en ég kem að því að mæla hér fyrir brtt., sem ég flyt ásamt fjórum öðrum hv. þm. og ég held nú að gildi sama um og þá till. sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um að það er ekki, að því er ég best veit, búið að útbýta, þá ætla ég að fara aðeins örfáum orðum um það mál sem hér er til umr.

Eins og hv. frsm. og formaður fjvn. gerði grein fyrir og sést á nál. frá fjvn., þá hef ég ásamt tveim öðrum hv. fjvn.-mönnum fyrirvara varðandi þetta mál og sá fyrirvari byggist auðvitað á því að það eru allmörg veigamikil atriði sem við erum óánægðir með í sambandi við afgreiðslu þessa máls, eins og það nú liggur fyrir, en við töldum þó ekki rétt að kljúfa n. Það hefur alltaf verið reynt, a. m. k. síðan ég kom í fjvn. og, að mér er sagt, oftast ef ekki alltaf áður, að menn reyndu a. m. k. að hafa sameiginlegt nál. Þó að það hafi kannske oft og tíðum verið betra að koma slíku að heldur en einmitt nú.

Ég skal ekki orðlengja mikið um þetta. Ég vil aðeins segja örfá orð. Mér finnst að það sé mikið spursmál hvort það er rétt, eins og nú er gert, að auka svo stórlega þá púlíu, sem ætluð er til hraðbrautaframkvæmda, á kostnað þeirra framkvæmda sem ætlaðar eru í annars vegar landsbrautum og hins vegar þjóðbrautum. Með því er verið að meira eða minna leyti að taka það af þm. hinna einstöku kjördæma að ráðstafa því fé sem ætlað er til hinna ýmsu verkefna í kjördæmunum. Ég er a. m. k. þeirrar skoðunar að það beri að skoða það mjög vel að ekki sé gert í of miklum mæli að raska því hlutfalli sem ætti að vera á milli annars vegar hraðbrautaframkvæmda og hins vegar þjóðbrauta og landsbrauta. Eins og fram kemur í brtt. frá fjvn., hefur það fjármagn, sem ætlað er til hraðbrautaframkvæmda t. d. á árinu 1975, vaxið allverulega frá því sem þáltill. gerði ráð fyrir þegar hún var lögð fram og er nú komið upp í um 890 millj. kr. til hraðbrautaframkvæmda á árinu 1975, — hraðbrautaframkvæmda sem eru að langmestu leyti, eins og nú liggur fyrir, hér á suðvesturhorni landsins. Og það er með mig eins og sjálfsagt marga aðra hv. þm. að þeir eru mjög óhressir yfir þeim tiltölulega litlu fjármunum sem allar líkur eru á að verði til ráðstöfunar til framkvæmda í þjóðbrautum og í landsbrautum og í nokkuð mörgum kjördæmum að því er varðar framkvæmdir í hraðbrautum.

Það hefur einnig komið fram, kemur fram í nál. að í raun er um að ræða tæplega 30% niðurskurð miðað við síðustu vegáætlun í framkvæmdamagni. Þetta er stórfelldur niðurskurður og vart hefðu menn nú trúað því að slíkt ætti eftir að eiga sér stað undir forustu þess flokks, sem nú hefur forustu í hæstv. ríkisstj., eftir þau ummæli sem látin voru falla af þeim hv. þm. þess flokks fyrir um ári þegar verið var að ræða hér vegáætlun á Alþ. En í sambandi við þetta verður auðvitað að gæta þess þegar það liggur fyrir að samdráttur er í hinum einstöku landshlutum, misjafnlega mikill, þá verður auðvitað að taka tillit til þess hvaða aðrar framkvæmdir eru í gangi eða koma til með að verða í gangi á þessu sama tímabili sem þessi vegáætlun nær yfir. Það er augljóst mál að ef menn ætla ekki að raska um of þeim hlutföllum sem þarna eru í milli, þá verður einnig að hafa hliðsjón af öðrum framkvæmdum en framkvæmdum á vegum sem eru í hinum ýmsu kjördæmum.

Hv. form. fjvn. og frsm. undraði sig á því hér áðan að nokkrum þm. skyldi detta í hug að það kæmi til greina að fresta um einhvern tiltekinn tíma framkvæmdum við ákveðið mannvirki sem hvað mest er nú um talað, þ. e. a. s. brú yfir Borgarfjörð. Þar er gert ráð fyrir að setja á þessu ári um 135 millj. og strax á næsta ári, árinu 1976, um 400 millj. af um 1100 millj. kr. heildarfjárveitingu sem þá á að fara í hrað-

brautir. Þegar talað er um slíkt, þá verða menn einnig að hafa í huga hvað nýlega er búið að gera hér á Alþ. Það er búið að ákveða stórkostlega framkvæmd í þessum landshluta sem nú er verið að tala um, og á ég þar við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga sem hlýtur í öllum tilvikum að hafa áhrif til hins betra á atvinnulíf meðan á uppbyggingunni stendur. Það hefði því ekkert átt að koma á óvart hv. formanni fjvn., a. m. k. ekki að því er mig varðar, sjónarmið af þessu tagi því að ég taldi mig hafa rækilega gert grein fyrir mínum viðhorfum til þessa máls einmitt í fjvn. og ég hef yfirleitt viljað haga svo málum að menn færu ekkert í grafgötur með hver mín skoðun væri og ég var ekki að koma aftan að einum eða neinum í þessum efnum. (Gripið fram í.) Nei, ég held að hæstv. fjmrh. hafi þar rétt fyrir sér þegar hann telur að menn viti yfirleitt hvar þeir hafa mig. Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. Ég ætla að bíða þess að till. komi fram og ef ástæða þykir til, þá að fjalla um málið frekar. En ég get sagt hv. þm. Jónasi Árnasyni að ég er annar meðflm. að þessari till.

Ég skal ekki, eins og ég sagði áðan, eyða miklum tíma í að ræða almennt um þetta mál nema þá frekari ástæða gefist til þess, en vil þá snúa mér að því að gera grein fyrir þeirri brtt. sem ég ásamt 4 öðrum hv. þm. flyt á sérstöku þskj., þskj. 797 mun það vera. Hér er um að ræða till. um að tekið skuli upp hið margumtalaða veggjald. Þetta mál hefur áður og oft áður verið til umr. hér á þingi, um það skiptar skoðanir, menn tekið sinnaskiptum sitt á hvað — virðist vera — í afstöðu til málsins og ekkert kannske við það að athuga. En þessi brtt. er um það að upp skuli tekið veggjald á þeim hraðbrautum sem nú eru fyrir hendi, annars vegar Reykjanesbraut og hins vegar Suðurlandsvegi. Á Reykjanesbraut var veggjald innheimt um nokkurra ára bil, en um áramótin 1972—1973, ef ég man rétt, var það afnumið samkv. samþykkt sem hér var gerð á Alþ. Samkv. vegal. hefur ráðh. heimild til þess að innheimta slíkt gjald, en það er skiljanlegt að viðkomandi ráðh. geri það ekki hafi komið fram meirihluta samþykkt á Alþ. þess efnis að það skuli ekki framkvæmt.

Gjald þetta á Reykjanesbrautinni, meðan það var innheimt, var alla tíð óbreytt. Við endurskoðun vegáætlunar 1972 fengum við í hendur áætlun um veggjald á hraðbrautum, annars vegar Suðurlandsvegi og hins vegar Reykjanesbraut frá Vegagerð ríkisins að því er varðaði tekjuhlið þess annars vegar og kostnað eða útgjöld hins vegar. Sú till., sem er á þskj. 797, er byggð á þessari áætlun frá Vegagerð ríkisins með þeirri breytingu að upp er fært bæði tekjur af gjaldinu og annars vegar kostnaður við innheimtu um 100%. Þegar endurskoðun átti sér stað 1972 var talið, að gjaldið þyrfti að hækka um helming til þess að halda í við þær kostnaðarhækkanir sem átt höfðu sér stað á þessu tímabili. Ég tel því að það sé ekki ósanngjarnt að ætla það nú þremur árum síðar að hækka um helming þetta gjald og það sé grundvöllurinn að þeim tekjum sem væntanlega munu koma inn vegna slíkrar innheimtu. Það kemur í ljós að þessar tekjur mundu verða, ef þessi ákvörðun yrði tekin, fyrir helming ársins 1975 um 42.8 millj., fyrir árið 1976 um 89 millj. og fyrir árið 1977 um 93 millj. Við, sem að þessari brtt. stöndum, teljum að það sé sanngirnismál að þeir sem njóta þeirra forréttinda, skulum við kalla það, að geta ekið á þessum tilteknu vegum með þeim sparnaði sem af því leiðir, það sé ekki ósanngjarnt að þeir séu eitthvað látnir borga fyrir það, þannig að hægt sé að auka framkvæmdir á þeim stöðum sem miklum mun verr eru settir. Þessu til viðbótar hefur það gerst, að nú nýverið er farið að innheimta svokallað flugvallargjald, og a. m. k. mér sýnist að það renni frekar stoðum undir þá réttlætistilfinningu að einnig sé innheimt gjald af þessum tilteknu vegum með hliðsjón af hinu. Við gerum ráð fyrir því, að verði það svo að brtt. þessi verði samþykkt — og ég vona að þm. hinna dreifðu byggða þekki sinn vitjunartíma, taki tillit til réttlætistilfinningar — að þeim tekjum, sem inn muni koma á árinu 1975, verði skipt eftir ákvörðun fjvn., þ. e. a. s. við gerum till. um að upp verði tekið bráðabirgðaákvæði um skiptingu þess fjármagns á árinu 1975. En varðandi þær tekjur, sem koma eftir þann tíma, verður að sjálfsögðu höfð hliðsjón við þá endurskoðun sem lögum samkv. á að fara fram á næsta ári á vegáætlun og þá kemur það gjald einnig til skiptingar á framkvæmdir.

Ég þarf í raun og veru ekki miklu við þetta að bæta, en ég vil ítreka það að okkur finnst það sjálfsagt réttlætismál að þeir, sem njóta þess að hafa þessa góðu vegi og geta hagnýtt þá með þeim mikla sparnaði sem það hefur í för með sér, séu eitthvað látnir fyrir þá miklu þjónustu greiða. Ég a. m. k. er þeirrar skoðunar að ættu menn þess kost í hinum ýmsu landshlutum að aka slíka vegi, þá mundu þeir telja það sjálfsagðan hlut að þeir greiddu eitthvað sérstaklega fyrir það vegna þess að það er margfaldur sparnaður að því að geta nýtt farartæki á slíkum vegum miðað við það sem er á hinum mjög svo slæmu vegum sem dreifbýlisfólk almennt hefur við að búa. Við teljum einnig að það sé sérstök ástæða til þess að nýta alla þá tekjustofna, sem hugsanlegir eru, í því árferði sem nú er, þegar allir tala um hversu lítið fjármagn sé til skipta í sambandi við vegáætlun, og þá sé ástæðulaust að kasta fyrir borð tekjustofnum af þessu tagi sem eru réttlætanlegir, — tekjustofnum sem gefa þó nokkrar upphæðir til þess að vinna fyrir í framkvæmdum. Það er okkar bjargföst sannfæring að þetta sé slíkt réttlætismál að við væntum þess að það nái samþykki nú við afgreiðslu þessarar vegáætlunar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég stend nú hér upp fyrst og fremst til þess að mæla fyrir till., sem við flytjum, hv. þm. Karvel Pálmason og Helgi F. Seljan, 7. landsk. þm., og ég. Þessi till. hefur enn ekki verið prentuð, að því er mér skilst, og er enn ekki komin á borðin En hún er um það að varið verði 400 millj. kr. til vegagerðar á fjórum fjallvegum landsins sem allir flokkast undir þjóðbrautir.

Við flm. till. hugsum okkur, að skipting þessa fjármagns sé þannig að 100 millj. kr. verði varið til þessara fjallvegaframkvæmda á árinu 1975 og 300 millj. kr. á árinu 1976, hvort tveggja samkv. nánari ákvörðun ráðh. og með samþykki fjvn. Og heiðarvegir þeir, sem till. miðast við, eru Holtavörðuheiði, Öxnadalsheiði, Oddsskarð og einnig sú heiði sem valin verður til tengingar Djúpvegar við aðalvegakerfi landsins, en sú ákvörðun mun enn ekki hafa verið tekin og yrði þá um að ræða, ef sú ákvörðun drægist á langinn, að fjármagni yrði varið til framkvæmda á Djúpvegi, en þar vantar að sjálfsögðu mikið á enn að um sé að ræða fullkomna vegalagningu.

Það er jafnframt till. okkar — vegna þess að við teljum okkur ekki fært að flytja till. um 400 millj. kr. framkvæmdir án þess að benda á hvar þetta fé skuli tekið — að fjármagnið, þessar 400 millj., sé fengið með því að fresta um eitt ár gerð brúar yfir Borgarfjörð.

Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir því að á árinu 1975 verði varið til þeirrar framkvæmdar 135 millj. kr., og það er þá okkar till. að á þessu ári verði ekki fé varið til þeirra framkvæmda, en á árinu 1976, þegar verja á samkv. vegáætlun 390 millj. kr. til þessarar brúargerðar, þá verði sú upphæð 100 millj. kr. Þá höfum við í huga að vegáætlun verður til endurskoðunar síðar á þessu ári eða sem sagt á næsta vetri og er þá alltaf möguleiki að athuga betur um þessa vegagerð, hvernig henni verði hagað og hve miklu fjármagni verði til hennar varið á því ári. Hér er sem sagt einungis um að ræða frestun framkvæmdarinnar um eins árs skeið.

Ef litið er yfir þá vegáætlun, sem hér er til umr., held ég að það hljóti að stinga í augu hve litlu fjármagni er hér varið til nýbyggingar vega miðað við þarfirnar og miðað við þau áform sem áður voru uppi. Á árinu 1974 var varið 1706 millj. kr. til nýbyggingar þjóðvega, en upphæðin nú er aðeins 1866 millj. kr. Mun víst láta nærri að fjárveitingar til nýbyggingar vega þyrftu að hækka um 40% til þess að þær gætu haldið verðgildi sínu. Þegar svo er aðkreppt um fjárveitingar til vegamála eins og nú er, er að sjálfsögðu hálfu mikilvægara en ella að það litla fjármagn, sem til reiðu er, sé veitt til allra brýnustu framkvæmda á hverjum tíma. Ef litið er á upphæðir vegáætlunar sjáum við að á árinu 1975 er ætlunin að verja 89 millj. kr. í hraðbrautaframkvæmdir, en til nýbyggingar vega almennt 1866 millj. Upphæðin er sem sagt tæpur helmingur af heildarfjárhæðinni sem fer til nýbyggingar vega. Þetta tel ég vera fráleitt hlutfall og ég er viss um að mjög margir þm. eru mér sammála um það. Við viljum að sjálfsögðu ekki stöðva hraðbrautaframkvæmdir með öllu, en við teljum að hlutfallið, sem hér er um að ræða, sé allt of, allt of hátt, augljóslega of hátt miðað við þau óleystu verkefni sem blasa við víðs vegar um land. Ekki batnar hlutfallið á árinu 1976, en þá er gert ráð fyrir að 1 081 millj. kr. verði varið til hraðbrautaframkvæmda af 2114 millj. sem til ráðstöfunar eru.

Ég lýsti því yfir við umr. sem fram fóru í Ed. í dag um vegamál, en þá voru einnig vegamál á dagskrá og það meira að segja kaflinn frá Reykjavík til Akureyrar, að í vegamálum væru fyrst og fremst þrjú stór verkefni, sem þyrfti að sinna og væri kannske hægt að flokka í þrjá meginþætti. Það er í fyrsta lagi að byggja upp traustan og öruggan veg hringinn í kringum landið veg sem er fær vetur, sumar, vor og haust, og um leið að byggja tengiveg sem tengi allar helstu byggðir landsins við þennan hringveg, þannig að landsmenn allir njóti jafnréttis að því leyti að þeir geti notið vegakerfisins svo til alla daga ársins. Þetta tel ég vera langsamlega brýnasta viðfangsefnið í vegamálum og það sem verður að hafa algeran forgang. Ég lít svo á að varanlegt slitlag á vegi eða framkvæmdir, sem jafna má til þess að verið er að lagfæra vegi sem eru nú í grófum dráttum færir allan ársins hring, framkvæmdir sem eru mjög dýrar, eins og t. d. Borgarfjarðarbrúin er, geysilega dýr miðað við það fjármagn sem til ráðstöfunar er, — framkvæmdir af því tagi verði eitthvað að bíða. Þó er það nú svo að það er að sjálfsögðu ekki hægt að leggja Borgarfjarðarbrúna til jafns við varanlegt slitlag almennt því að ég býst við því að það megi færa býsna mörg rök að því að þessi brú verði að koma fyrr eða síðar.

Það vantar að vísu algerlega að hæstv. samgrh. og forráðamenn vegamála hafi lagt fyrir alþ. einhverjar upplýsingar um þá valkosti sem þarna gæti verið um að ræða. Ég t. d. hef ekki heyrt nein rök fyrir því að ekki geti komið neinar aðrar leiðir til greina á norðurleiðinni heldur en þessi eina sem er greinilega geysilega dýr. En vegna þess að ég hef ekki upplýsingar í höndunum og hef ekki fengið neitt í hendurnar til þess að dæma um það hvort þarna er um rétt vegarstæði að ræða eða ekki, þá ætla ég mér ekki að hætta mér inn á þær brautir. En það er hins vegar alveg ljóst að vegaframkvæmd, sem kostar hvorki meira né minna en yfir 1000 millj., sem er sem sagt meira en helmingur af öllu því fjármagni til vegaframkvæmda sem við höfum á einu ári, miklu meira en helmingur, slík vegaframkvæmd hlýtur að hafa sér til stuðnings geysilega sterkar og magnaðar röksemdir til þess að hún eigi rétt á sér. En nauðsyn hennar vil ég ekki neita, heldur að hún eigi að koma nú og hafa forgang fram yfir aðrar vegaframkvæmdir sem af þeim sökum verða að bíða. Þetta býst ég við að öllum hv. þm. sé ljóst og ég býst við að margir þeirra, fleiri en ég, bíði eftir því að fá hin skýru og augljósu rök fyrir því að þessi framkvæmd megi ekki bíða, t. d. í eitt ár eins og hér er lagt til.

En lítum á hinar framkvæmdirnar sem meginparturinn af hraðbrautafénu rennur til. Það fer sem sagt töluvert af hraðbrautafénu í þessa brú eða um það bil fjórðungur á tveimur árum, en að öðru leyti fer fjármagnið, sem fer til hraðbrautaframkvæmda, að langsamlega mestu leyti í varanlegt slitlag á þjóðvegum. Ég tel að það sé að vísu einnig mjög þarflegt viðfangsefni, en verði miðað við fé sem er núna til ráðstöfunar, að bíða eitthvað. Við verðum að taka hina vegina fyrir á undan, þá sem ég nefndi áður. Ég

tel það sem sagt fráleitt, að þegar það blasir við að við þurfum að eyða tugþúsundum til að byggja upp trausta malarvegi á öllum helstu þjóðbrautum, þá sé svona stórri upphæð varið til annars vegar þessarar brúargerðar og hins vegar varanlegs slitlags.

En áður en ég hverf frá því hvað á að hafa forgang fram yfir annað, þá vildi ég aðeins skjóta að einu viðfangsefni sem alþm. hafa því miður allt of lítið haft til umr. nú í seinni tíð, en er ekki síður mikilvægt og að mínum dómi ætti að hafa margfaldan forgang á við varanlegt slitlag á þjóðvegum, og það er varanlegt slitlag í bæjum og þorpum víðs vegar um land. Við vitum að fólkið, sem býr úti um land, veður eðjuna upp að ökla meira en helminginn af árinu, og það hafa enn ekki verið gerðar neinar viðhlítandi ráðstafanir til þess að útvega bæjarfélögunum fjármagn til þess að þau geti glímt við þetta verkefni. Sjá ekki allir hugsandi menn að verkefni eins og þetta á augljóslega að hafa forgang umfram það að leggja varanlegt slitlag á þjóðbrautirnar, millibyggðavegina? Er þetta ekki svo ljóst sem verða má? En því miður, sú vegáætlun, sem hér hefur verið lögð fram, ber þess ekki vott að menn hafi skilning á þessu sjónarmiði.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því að Holtavörðuheiðin, sem er langsamlega erfiðasti þröskuldurinn milli Norðurlands og Suðurlands og kemst þar ekkert annað í samjöfnuð, fær á árinu 1975 samkv. vegáætlun 0.00 kr. Það er ekki ein einasta króna í vegáætlun. Á árinu 1976 fær Holtavörðuheiði 0.00 kr., ekki ein einasta króna. Þetta er að sjálfsögðu hneyksli og ekkert annað, að þannig sé staðið að málum. Þetta á sér ýmsar skýringar, eins og ég ræddi um í umr. í dag í Ed. og vil ekki fara að orðlengja allt of mikið hér. Hæstv. ráðh. svaraði mér þá og hafði uppi málflutning sem í raun og veru var í öllum meginatriðum það sama sem ég hafði sagt. Við erum greinilega algerlega sammála um það að ein af ástæðunum fyrir því, að ekki hefur verið lagt fé í Holtavörðuheiðina er að kjördæmissjónarmiðin hafa verið svo sterk að hún hefur orðið að víkja. Menn hafa lagt áherslu á vegina hver í sínu héraði, en vegna þess að Holtavörðuheiðin er á mótum þriggja kjördæma, þjónar mest Norðurlandi, en er alls ekki í Norðurlandskjördæmunum, heldur að hálfu leyti á Vestfjörðum og hálfu leyti á Vesturlandi, þá hefur ekki þm. þeirra kjördæma þótt sérstök ástæða til þess að eyða fjármagni í þann fjallveg. Ég skal að vísu ekki segja um það að hve miklu leyti þetta verður að skrifast á reikning okkar þm. Norðurl. og þm. Vesturl. og Vestf., en við höfum greinilega ekki gætt að sem skyldi og Holtavörðuheiðin hefur orðið út undan og er sem sagt fráleitt. Hið nákvæmlega sama er uppi á teningnum hvað snertir Öxnadalsheiðina sem er að sjálfsögðu langerfiðasti þröskuldurinn á Norðurlandinu, sú heiðin sem oftast er teppt. Hún fær á árinu 1975 9 millj. og á árinu 1976 18 millj. Vita hv. þm. hvað er hægt að leggja langan vegarspotta fyrir þessar upphæðir, samtals 27 millj.? Mér skilst að það megi heita gott ef vegarspotti fyrir 27 millj. nær því að vera 3 km á lengd. Það er ekki miklu meira en það, jafnvel þótt vel standi á um útvegun efnis, og menn sjá að ekki verður mikil breyting á Oxnadalsheiðinni við þessa fjárveitingu.

Eins og ég hef áður sagt, þá er sú afstaða, sem fram kemur í vegáætluninni til þessara fjallvega, fráleit með öllu. Menn verða að gera það upp við sig hvort þeir vilja við svo búið láta standa eða ekki. Menn mega ekki spyrja um það eitt hvort þessi heiðin eða hin sé í þessu kjördæminu eða hinu. Við, sem þessa till. flytjum, segjum: Þetta stenst ekki, þetta er ekki hægt. Og þá erum við tilneyddir, ef við ætlum ekki að vera með einhverja ábyrgðarlausa yfirboðstillögu, að benda á eitthvað annað sem má skera, sem verður að víkja. Það kann að vera að einhverjum finnist erfitt að sjá á bak fjárveitingum til brúargerðar yfir Borgarfjörð. En okkar sjónarmið hefur verið að það væri fyrst og fremst hraðbrautakaflinn sem yrði að lækka ef heiðarnar ættu að fá sitt, og þá hefur okkur virst alveg augljóst að þessi frestun á brúargerð yfir Borgarfjörð væri sú frestunin sem beinast lægi við.

Ég fer a. m. k. 15—20 sinnum á ári akandi norður heiðar í gegnum Borgarfjörðinn, yfir Holtavörðuheiði og norður í land. Og ég get fullyrt það af reynslu minni að leiðin yfir Borgarfjörð, þótt hún sé erfið, sérstaklega vegna þess að gamla brúin yfir Hvítá er orðin nokkuð gömul og síkin þar fyrir vestan eru að sjálfsögðu óþægilegur farartálmi þegar miklar rigningar verða, þannig að fyrir hefur komið að vegurinn lokast alveg, þá verða menn að fara aðra leið, dálítið lengri leið upp Borgarfjörðinn, en ég verð hins vegar að segja það að sá farartálmi, sem við vitum af í Borgarfirðinum, er lítill hjá þeim farartálma sem Holtavörðuheiðin er. Það er alls ekki með nokkrum hætti sambærilegt. Og ég er sem sagt þeirrar skoðunar, ósköp einfaldlega, að meðan þetta mikla verkefni er óunnið, þá verði að reyna að spara á einhverjum öðrum liðum vegáætlunar þar til því hefur verið lokið. Ég er fús að beygja mig fyrir rökum um það að Borgarfjarðarbrúin verði að koma að einu eða tveimur árum liðnum. Það má vel vera að aðrar lausnir á þessu vandamáli séu einnig mjög dýrar. Og auðvitað verðum við að hafa góðan veg í gegnum Borgarfjörðinn. En mér sýnist á öllu að eins árs frestun a. m. k. væri ekki alvarlegt mál.

Hv. þm. Jónas Árnason stóð hér upp áðan og var nokkuð argur yfir till. þessari. Og hann stóð sem sagt upp hér til varnar þeirri brú sem hann hálft í hvoru kenndi við samþm. sinn Halldór Sigurðsson, hæstv. ráðh. Ég skal viðurkenna það að ég skil hann ósköp vel. Það er sjálfsagt óþægilegt þegar búið er að sýna tölur eins og þessar, risatölur, 500 millj., þá er svolítið sárt að sjá á bak þeim, sjá þær fluttar til um eitt ár. En það er hins vegar mesti misskilningur hjá Jónasi Árnasyni að hér sé um það að ræða að verið sé að flytja þetta í allt aðra landshluta að öllu leyti. Það stafar að sjálfsögðu af því, eins og hann sagði sjálfur, að hann hefur alls ekki

kynnt sér till., er ekki búinn að fá hana í hendur og hefði þar af leiðandi átt að bíða með sína ræðu þar til hann var búinn að kynna sér till. (**JónasÁ:** Það var búið að tala fyrir till.) Það var ekki búið að tala fyrir till. en hins vegar hafði hana borið á góma í umr. í Ed. þar sem þessi vegarlagning var á dagskrá og var til umr. og var því ekkert óeðlilegt að frá þessari till. væri skýrt. Umr. í Ed. fjallaði einmitt um þennan veg, nákvæmlega sama veg sem ég er hér að gera að umtalsefni, og það hefði því verið mjög óeðlilegt ef ég hefði hvergi látið þess getið við þær umr. að till. af þessu tagi væri á ferðinni. (Gripið fram í.) Já, og þær umr. urðu þegar á dagskrá var till. sem fjallar um veginn frá Reykjavík til Akureyrar, en mér skilst að brúin sé á þeim vegi, svo að það var sannarlega ekkert óeðlilegt að hún kæmi þar til umr. En eins og ég segi, það er mesti misskilningur að það sé að öllu leyti verið að taka þetta fé í önnur kjördæmi því að það er síður en svo að við teljum sanngjarnt eða eðlilegt að vestlendingar séu með öllu sviptir þessari fjárveitingu. Eins og ég hef hér rakið, þá er það Holtavörðuheiðin sem mundi m. a. fá góðan hlut í þessu fjármagni og helmingurinn af Holtavörðuheiðinni er einmitt í Vesturlandskjördæmi.

Í öðru lagi vil ég geta þess að á vegáætlun er gert ráð fyrir því að til hraðbrautaframkvæmda í Norðurárdal verði varið 35 millj. kr. Við flm. teljum að miðað við það, að Borgarfjarðarbrúnni sé frestað um eins árs skeið, sé eðlilegt að talsvert miklu meira fjármagni verði þá varið í staðinn til hraðbrautaframkvæmda í Norðurárdal, í þessu sama kjördæmi, og till. okkar er því um að hækka þá fjárveitingu úr 35 millj. í 70 millj., en þá fær Vesturland til hraðbrautaframkvæmda á árinu 1975 svipað fjármagn og mörg önnur kjördæmi. Norðurl. e. fær að vísu ívið meira af hraðbrautafénu, eins og menn vita, það mun vera 91 millj. sem ætluð er til hraðbrautaframkvæmda á Norðurl. e. Á Norðurl. v. er upphæðin 80 millj. á Vestfjörðum er upphæðin 38 millj. og á Austurlandi eru það víst 3 millj., — gæti það ekki verið? (**Gripið fram í:** Það er skuld.) Er það skuld, já, svo að það er ekkert þangað. Það er rétt að bæta hér Vestfjörðunum við, þeir eru víst með einhverja smáupphæð líka, ætli það séu ekki þessar 38 millj. sem fara á leiðina frá flugvelli til Hnífsdals. Ég tel því að Vesturl. sem slíkt væri fullsæmt af því að fá í fyrsta lagi 70 millj. kr. í veginn í Norðurárdal til hraðbrautaframkvæmda og síðan vænan skerf af þessu fé í þann hluta Holtavörðuheiðarinnar sem er í Vesturlandskjördæmi.

Ég veit að hv. þm. Vesturl. finnst kannske að Holtavörðuheiðin sé alls ekki í þeirra kjördæmi, og það er kannske vegna þess að þeir miða við að enginn geti komið í heimsókn til þeirra nema úr Reykjavík eða af Reykjanesi. En það er nú svo að stundum þurfa menn að sækja þá heim að norðan og af Ströndum og það þarf þess vegna ekki síður að vera greið leið til þeirra þeim megin frá.

Hv. þm. hafði þungar áhyggjur af því að með flutningi þessarar till. væri verið að leggja vopnin í hendur vini hans, hæstv. ráðh. Halldóri E. Sigurðssyni, sem mundi heldur en ekki notfæra sér það, að ég væri einn af flm. till., til að ofsækja sig pólitískt í kjördæminu. Og ég vil taka undir það að þetta er kannske ekki með öllu fráleitt ef höfð eru í huga þau orð sem féllu hjá hæstv. ráðh. í umr. sem fram fór um þetta mál í Ed. En ég þekki hæstv. ráðh. af gamalli reynslu og veit að hann kann kannske að reiðast í svip og segja eitthvað sem má kallast vanhugsað, en hann er ekki svo illa innrættur að hann mundi leyfa sér að beita slíkum bolabrögðum gagnvart pólitískum andstæðingi sem hefur þegar lýst skoðun sinni í þessum efnum.

Ég verð að segja það, að ótti þm. við að flutningur þessarar till. gæti haft einhver pólitísk áhrif á Vesturlandi, hann fól það í raun og veru í sér að hann gerði allt of lítið úr vestlendingum. Ég taldi hins vegar að það skorti nokkuð á hjá hv. þm. að hann ræddi rök með og á móti þessari till., ekki bara hvort þessi vegurinn eða hinn væri í hans kjördæmi eða ekki, heldur hvort hann teldi í raun og veru sanngjarnt og eðlilegt miðað við þarfirnar í vegakerfinu að þessar 500 millj. færu í þessa ákveðnu brú nú eða ekki, hvort þær færu í þessa fjallvegi. Hann sem sagt ræddi málið að mínum dómi út frá mjög þröngsýnum sjónarhóli. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, að í hvaða kjördæmi sem við erum, þá verðum við að vera menn til að taka málefnalega afstöðu til hvers máls. Það kann vel að vera að einhverjum á Vesturlandi þyki það súrt í broti, eins og ég hef áður sagt, að missa af þessari fjárveitingu og horfa upp á þessa frestun til eins árs. En kannske geta þá umr. um þessa till. og væntanlega samþykkt hennar orðið til þess að vekja menn, ekki aðeins á Vesturlandi, heldur í öllum kjördæmum, til umhugsunar um þau grundvallaratriði í vegamálum sem við verðum að hafa í huga þegar við afgreiðum vegáætlun.

Landbrh. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Mér fannst nú votta fyrir því hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. þegar hann lauk ræðu sinni að hann væri farinn að kenna þess, hvað hann hefði verið þröngsýnn áður fyrr, og væri að reyna að gera sig eitthvað frjálslyndari í skoðunum en hann hefði verið í umr. í hv. Ed. og hér áðan. Ég ætla ekki að víkja að þessum hv. þm. strax, en verð að byrja á því að þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir samstarfið og datt þá í hug þegar hann var í sumar að hæla mér og sagði að ég væri svo góður landbrh. að menn ættu að kjósa sig. Þetta sýnir hvað þessi ágæti þm. getur verið skemmtilegur líka. (**Gripið fram í:** Ef tekið er mark á þessu.) Já, það er nú það merkilega að svo hefur verið, en það sýnir að hann hefur hæfileika til þess að tala sínu máli á annan veg en margir aðrir og notar þá hæfileika, sem eðlilegt er. Hitt er alveg rétt að hann veit ósköp vel að hér er um stórt og mikið vandamál að ræða og fylgir því eftir.

Það, sem ég vildi segja í upphafi máls míns, er þetta, að það, sem skortir á, er að okkur vantar meira fjármagn í vegina vegna þess hve dýrtíðin hefur þar sem annars staðar leikið okkur grátt. Og þrátt fyrir það að við höfum

tvö- og þrefaldað og fjórfaldað framlög til veganna núna á einum 4 árum, þá er það svo að við höldum ekki í sem skyldi. Við höfum að vísu hækkað framkvæmdaféð frá því 1970, en frá 1971 tekst okkur það ekki eða tæplega miðað við þá fjárveitingu framkvæmda sem við erum með nú. M. a. er það að fjárveiting til viðhalds á vegum og sú leið, sem við nú höfum valið, að taka vetrarvegina dálitið sérstaklega tekur verulegar fjárhæðir til sín. Og allt er þetta háð þeirri verðbólgu sem ríkir í landinu og hefur því mikil áhrif á framkvæmdagetu okkar í vegamálum þótt við hefðum löngun til þess að gera þar stórt átak. Það orkar ekki tvímælis að við eigum geysilega mikið ógert í vegamálum, og það tek ég undir með hv. 5. þm. Norðurl. v. að við eigum að gera aðalvegina þannig færa að þeir séu sæmilega færir allt árið. Til þess að það megi gerast skortir mikið á og einn sá þáttur, sem þar kemur til, er vegurinn í gegnum Borgarfjörð. Ég gerði fyrr í vetur grein fyrir þeim málum mjög rækilega, og það er svo að nú í þessum mánuði hefur orðið að minnka þungaflutninga á vörubílum bæði til Borgarness, og annarra staða vegna þess að vegirnir hafa ekki þolað þá (RA: Það er nú víðar.) Já, já, þetta er víðar. En það er einnig hér í næsta nágrenni Reykjavíkur, nema þar sem varanlegt slitlag er komið. Þessu skulum við gera okkur fullkomna grein fyrir, að mjólkurbílarnir, sem flytja mjólkina sunnan heiðar, — þá á ég við Skarðsheiði, — hafa verið hálffermdir nú upp á síðkastið og svo hefur verið með bílana úr Borgarnesi norður og vestur. Og eins og ég gat um í hv. Ed. í dag, hafa komið til mín vöruflutningabílstjórar úr Vesturlands-, Vestfjarða- og Norðurlandskjördæmum og kvartað undan þessu, að aðalvegirnir þyldu ekki umferðina og þann þunga sem þeir þyrftu að hafa á sínum bílnum, þess vegna væri þetta þeim dýrt, þeir gætu ekki flutt nema helminginn af þeirri flutningsgetu sem þeir að öðrum kosti hefðu. Þess vegna held ég að hv. þm. sé það öllum ljóst, þótt þeir séu að kýta svona smávegis, að þetta er það sem heitast brennur á okkur og mesta nauðsyn ber til að bæta úr.

Nú skal ég ekki eyða löngum tíma í að ræða um brúna yfir Borgarfjörð. En það mál hefur fengið meiri rannsókn en nokkurt annað vegamál hér á landi. Það hefur m. a. öllum verið ljóst, eins og ég gerði grein fyrir um daginn, að vegurinn inn fyrir Borgarfjörð, eins og kom fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, er þannig að hann getur ekki staðið lengi án þess að endurbætur komi til. Hann fer undir vatn ef koma meðalflóð í Hvítá og Norðurá, og þetta hefur mörgum sinum gerst undanfarna vetur. Hann fer undir snjó, svo að traðirnar á Vestfjarðaslóðunum eru bílunum hærri, og auk þess eru svo brýrnar sem eru 40—70 ára gamlar. Það er öllum ljóst að það getur ekki beðið lengi að endurbæta þennan veg á aðalflutningaleið landsins, á milli Norður- og Suðurlands. Þess vegna er það að athugun á hvernig úr skuli bætt, það er það sem hefur verið gert. Og niðurstaðan er sú sem nú hefur verið ákveðin. Af þeim ástæðum þarf að fara í þessa framkvæmd núna.

Ef við berum þetta saman við till. frá fyrra ári, þá verð ég að játa að framkvæmdaféð fyrir Borgarfjarðarbrúna samkv. þessari vegáætlun er um 60 millj. lægri en á till. sem lögð var fram hér í fyrra, svo að það er nú ekki til þess að hæla sér af. Hins vegar tryggir þetta framkvæmdina og að hægt sé að vinna að málinu með skynsamlegum hætti. Það er allt undirbúið og meira að segja farið að panta efni til framkvæmdarinnar, sem eðlilegt er, því að þetta er búið að vera á vegáætlun í tvö ár.

Út af því, sem hefur verið rætt hér um hraðbrautirnar, vil ég segja að það, sem hv. þm. gera sér ekki grein fyrir, er að hraðbrautirnar verða til án ákvörðunar. Þær verða til vegna aukinnar umferðar og hluti af þjóðbrautunum gengur inn í hraðbrautaframkvæmdir. Þess vegna er það að þær lengjast ár frá ári og taka meira til sín. Ef litið er hins vegar á hraðbrautaframkvæmdirnar á þessari vegáætlun, þá er það svo að það eru 575 millj. kr. sem er ráðstafað nú. Hinn hlutinn, 285 millj., er bundinn með samningum við framkvæmd sem er verið að vinna austur í Flóa og er búið að gera samning við verktaka um og var gerð í fyrra. Hitt, 115 millj., er í Kópavogsveginum. Þessu verður ekki breytt. Það eru því 575 millj. sem við höfum til ráðstöfunar. Þessu skulum við gera okkur grein fyrir. En þetta einmitt með hraðbrautirnar og þjóðbrautirnar gerir það að verkum að nauðsyn ber til þess, eins og ég gat um í dag, að endurskoða vegalögin sjálf. Það er ekki orðið hægt að koma þessu fyrir með þjóðbrautir og hraðbrautir nema með þeirri mynd að menn sjá hana ekki fyrir sér með eðlilegum hætti. T. d. er mikið orðið af hraðbrautum í kjördæmi þeirra hv. þm. í Norðurl. v. þótt Holtavörðuheiðin sé það ekki. En það gerir það að verkum að þessi fjárveiting til hraðbrauta vex, m. a. vegna þeirra hraðbrauta, sem þar eru orðnar til. Þess vegna þarf að verða þannig að aðaleiðin í kringum landið verður að vera einn þáttur. Það hentar ekki að tala um hraðbraut og þjóðbraut, heldur er þetta bara aðalbraut í kringum landið og út frá henni koma svo tengivegir, eins og í sambandi við Snæfellsnes, við Vestfirði, á Austfjörðum, t. d. eins og Oddsskarðið, og annað því um líkt. Þessu þurfa hv. þm. að gera sér grein fyrir. Og þetta er það sem ég tel hina mestu nauðsyn að verði unnið að.

Nú ætla ég mér ekki að tala langt, eins og ég gat um áðan. En ég verð að segja hv. 5. þm. Norðurl. v. að ég sló honum gullhamra í dag og verð víst að fara að taka þá aftur. Ég sagði: Enginn frýr þér vits, en meira ertu grunaður um græsku. — En ég fæ ekki samhengið í skynsemina þegar þessi hv. þm. á sama tíma kemur hér í ræðustólinn og talar um nauðsyn þess að sinna hringveginum í kringum landið, en berst svo með hnúum og hnefum gegn því að verði afgreitt frv. sem á að útvega fé til þessara framkvæmda. Hvernig er hægt að leggja saman tvo og tvo og fá út fjóra þegar menn hugsa svona? Ég skil þetta ekki, hv. þm. (RA: Ráðh. skilur þetta vel. Hann veit að ég er á móti fjáröflunarleiðinni.) Hv. þm. veit að við gerum ekki vegi nema með fjáröflun, og hann veit líka að við værum ekki að keyra nú yfir Skeiðarársand ef

við höfðum ekki farið inn á þessa fjáröflun. Hann veit það einnig að vegna þessarar fjáröflunar erum við með 300 millj. í lántökunum í þeirri vegagerð sem okkur þykir þó of lítið fé til. Þess vegna finnst mér að hv. 5. þm. Norðurl. v. gæti einnig skilið það, að þessar 2 000 millj., sem hann vakir yfir þarna uppi í hv. Ed. um að koma í veg fyrir að séu notaðar í veginn á Holtavörðuheiði og víðar, geta komið að gagni, jafnvel þó að hans þröngsýni reyni að koma í veg fyrir það. Það er ekki hægt að tala samtímis um meira fjármagn til þess að leggja veg norður á Holtavörðuheiði og annars staðar og berjast svo með hnúum og hnefum gegn því að það sé hægt að ná í þetta fjármagn. Þetta er óframkvæmanlegt. Ég skil ekkert í hv. þm. að leggja sig í þetta, og það er von að flokksbróðir hans, hv. 5. þm. Vesturl., sé alveg gáttaður að hafa þennan mann fyrir formann í flokki sínum. Og það segir mér nú hugur um að hv. skemmtilegi landskjörni þm. að austan sé nú búinn að yrkja vísu um þessa skilgreiningu á hugsunarhætti hjá flokksformanni hans.

Nú skal ég ekki eyða lengri tíma í þetta, en út af till. á þskj. 797, sem er um veggjald, þá vil ég segja það að ég hef verið talsmaður þess arna og ef það væri komin hraðbraut eða varanlegur vegur upp í Brynjudal, þá hefði ég hiklaust verið með þetta á vegáætlun. Það þýðir ekki að fara í svona mál með hlaupum því að það kostar sitt að setja upp varðskýli eins og þessi og það verður að undirbúa það mál vel. Ég álít að það sé réttmætt að greiða fyrir þetta, og hef sagt það og mun standa við það, að ef ég verð hér á þingi þegar Vesturlandsvegur er orðinn eitthvað sem heitir úr varanlegu efni, þá mun ég standa að þessu. En ég tek undir það með hv. 11. landsk. þm., að eins og nú standa sakir er ekki hagkvæmt eða ástæða til að fara í þetta, enda hefði þá verið eðlilegt að setja það strax inn í vegáætlun. Þetta mun ekki gefa okkur þær tekjur að það sé ómaksins vert að fara í þessa framkvæmd að sinni. Hins vegar tel ég að það eigi að skoða það mál betur og m. a. í samhengi við enduskoðun á vegalögunum.

Nú skal ég ekki þreyta hv. þm. með lengri ræðu en vona bara að hv. 5. þm. Norðurl. v. fari að leggja saman tekjumöguleika og framkvæmdamöguleika því að til þess ber nauðsyn.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er út af ummælum hv. 11. landsk. þm., Geirs Gunnarssonar, varðandi framlag til Garðskagavegar samkv. till. fjvn. Ég vildi láta þess getið að á fundi þm. Reykn., þar sem skipting vegafjár var til umr., bentu starfsmenn Vegamálaskrifstofunnar okkur þm. á hvernig best væri að marka stefnu í þessari vegáætlun varðandi gerð nýs vegar úr Garði til Sandgerðis, en þeir þm., sem mættir voru, höfðu lýst áhuga sínum á þessu máli. Samkv. þeirra ábendingu vorum við því allir sammála um að varið skyldi 3 millj. kr. á árinu 1976 til undirbúningsframkvæmda. Ef hv. þm. líður betur haldandi það að hann hafi beitt sér fyrir þessu máli, þá er það mér að meinlausu, en sá misskilningur kallar hið rétta fram í dagsljósið.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég stend upp til að gera í örfáum orðum aths. við kafla í vegáætluninni sem nefnist Norðurlandsáætlun. Áður en ég kem að því vil ég fara örfáum orðum um vegáætlunina sjálfa og skal ég reyna að teygja lopann ekki um of.

Ég var að dunda við það áðan að gera mér grein fyrir því hvernig vegáætlun hefur þróast í ýmsum greinum, reikna út hundraðshluta meginflokka vegáætlunar, þ. e. a. s. hraðbrauta, þjóðbrauta og sérráætlana. Kemur í ljós sem reyndar er ljóst, að hraðbrautirnar vaxa mjög. Árið 1973 var 28% fjármagnsins varið til hraðbrauta, 1974 28%, en eins og það var 1974 30%, 1975 38% í upphaflegri áætlun, við endurskoðun verður það 48%, en 1976 er það komið upp í 51%. Þjóðbrautir og landsbrautir standa hins vegar nokkurn veginn í stað, en þó með nokkrum sveiflum á milli ára. Sérráætlanir eru aftur á móti nokkuð breytilegar. Þegar Skeiðarársandur kemur inn, þá hækka þær mjög mikið, allt upp í 51% 1974, en lækka síðan aftur.

Það, sem ég vildi draga hér fram, er að hraðbrautirnar vaxa og það er kannske ekki óeðlilegt, en með þessum vexti hraðbrautanna verður minna til skiptanna af heildarfjármagninu fyrir hin einstöku kjördæmi. Ég hef ekkert á móti hraðbrautunum og ég er sammála því að þær þarf að taka föstum tökum. En ég held að það eigi að vera meginsjónarmið okkar og meginstefna okkar að þær verði fremur að sitja á hakanum meðan ýmsir landshlutar búa við það vegakerfi sem kalla má lokað verulegan hluta ársins. Ég held að við verðum að kappkosta að gera alla meginvegi akfæra sem mestan hluta ársins. E. t. v. er þetta ekki unnt alls staðar allan tímann, það vitum við, en það er hægt að gera hér stórkostlegt átak og þarf að gera í ýmsum landshlutum þar sem vegir eru jafnvel enn þá niðurgrafnir. Það er með þetta í huga sem ég leyfi mér að gagnrýna þessa þróun.

Ég vil þó taka það fram að í meðferð fjvn. hefur þetta mál lagast töluvert. Þegar frv. var lagt fram var að vísu hraðbrautafé ekki svona mikið eins og ég nefndi, en þá voru sérráætlanirnar gífurlegar, sérstaklega vegna Norður- og Austurvegar. Í meðferð fjvn. hafa ýmsar þjóðbrautir verið teknar út úr og sérstakt fjármagn til þeirra veitt, þó að það megi kallast nokkuð undarleg ráðstöfun. Þannig hefur þjóðbrauta- og landsbrautahlutinn lagast allverulega í meðferð fjvn. En hraðbrautirnar hafa að sjálfsögðu aukist mjög mikið.

Ég held að hv. þm. þurfi að hugleiða þetta, hvort það sé rétt og æskileg stefna að leggja svona mikla áherslu á hraðbrautaframkvæmdirnar á meðan ólokið er veigamiklum verkefnum í ýmsum landshlutum sem segja má að loki þeim landshlutum mikinn hluta ársins.

Ég þarf ekki að lýsa ástandi Vestfjarðakjördæmis þar sem vegir eru lokaðir mánuðum saman inn og út úr því kjördæmi vegna snjóa og fyrst og fremst vegna þess að vegir hafa ekki verið lagðir þar, ekki aðeins yfir mikilvægar heiðar, heldur jafnvel einnig í byggð, þótt þeir séu hins vegar góðir innan kjördæmisins í vesturhluta þess inn í hina svonefndu þéttbýliskjarna. Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en koma að því

sem ég nefndi í upphafi, þ. e. Norðurlandsáætlun.

Drög að Norðurlandsáætlun voru lögð fram í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar um áramótin 1971—1972 og var þar gerð allítarleg úttekt á þörf Norðurlands í vegamálum. Þar var talið að heildarþörfin þá væri um 1 600 millj. kr. og þörfin á Ströndunum um 160 millj. kr. eða rétt innan við 10% af heildarþörfinni á Norðurlandi, að Ströndunum meðtöldum. Strandirnar voru þarna teknar með þar sem þær höfðu ekki notið Vesturlandsáætlunar á sínum tíma, enda óumdeilanlegt að þar þurfti að gera veigamikið átak í vegamálum. Framkvæmdastofnunin hefur unnið mjög merkt og ágætt undirstöðuverk að þessu og gert þarna ítarlega úttekt á öllum landshlutanum og metið þörfina vandlega. Hins vegar verður það að segjast alveg eins og er, að því miður hefur aldrei tekist að koma út heilsteyptri áætlun til nokkurra ára yfir þessar vegaframkvæmdir. Þær hafa fyrst og fremst verið til eins árs eða svo í senn og það hefur verið töluvert deiluefni í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að jafnvel þessar eins árs áætlanir hafa ekki legið fyrir fyrr en á síðustu stundu. Við gerum okkur grein fyrir því að þar hefur verið við mikla erfiðleika að stríða, sérstaklega að vita hve mikið fjármagn yrði fáanlegt til þessarar áætlunar hverju sinni. Þó keyrði um þverbak nú í ár. Þm. kjördæmanna voru á fundum sl. mánudag í þessu sambandi og þá birtist loksins Norðurlandsáætlun fyrir árin 1975, 1976 og 1977. Þessi áætlun hafði aldrei verið lögð fram í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, meira að segja ekki afgreidd af framkvæmdastjórum þeirrar stofnunar, og hún var fyrst lögð fram s. l. þriðjudag á stjórnarfundi Framkvæmdastofnunarinnar undir liðnum „önnur mál“, þegar fundi var raunar lokið, og varð ekki rædd þar og var þar samþ. með 5:2 atkv. að vísa áætluninni óræddri og óafgreiddri í raun og veru til samgrh. til frekari meðferðar. Má segja að þar hafi orðið uppgjöf í gerð þessarar áætlunar. Það er varla hægt að lýsa þessu á annan máta, því miður.

Flest árin hefur Strandabyggð hlotið um það bil 10% af því fjármagni sem verið hefur til ráðstöfunar. Það hefur sveiflast smávegis frá ári til árs og svo er gert ráð fyrir á árinu 1975, en á árinu 1976 er þetta hins vegar lækkað niður í 6%, 1977 er það 7%. Ég veit að allar þessar byggðir þurfa aukið fjármagn, en ég vil vekja athygli á því að aðrir hlutar Norðurlands en Strandir og norðausturhlutinn njóta t. d. hraðbrautafjármagnsins, sem þessir landshlutar gera ekki. Og ef nú verður samþ. í Ed. frv. til l. um sérstaka fjáröflun til Norður- og Austurvegar, sem er frá Akureyri — við getum sagt suður um, austur um og til Egilsstaða, þá er náttúrlega alveg ljóst að sérstaklega vel er gert fyrir miðhlutann þarna á Norðurlandi. Ég viðurkenni að ekki veitir af, ekki er ég að öfundast út af því, alls ekki. En í slíkri séráætlun sem Norðurlandsáætlun verður að sjálfsögðu að taka tillit til slíks því að þessar séráætlanir eru til þess hugsaðar að lyfta einstökum landshlutum upp úr lægð að þessu leyti þar sem þær hafa orðið aftur úr í vegagerð.

Mér sýnist á árunum 1976 og 1977 svo sannarlega engin tilraun gerð til þess að bæta Strandabyggð þetta að einhverju leyti upp. Þvert á móti er hundraðshlutinn þar lækkaður. Þegar ég greiði atkv. með þessari vegáætlun, þá hef ég allan fyrirvara og lýsi fullkominni andstöðu minni við þá skiptingu sem kemur fram á árunum 1976 og 1977. Raunar er eina ástæðan til þess, að ég get stutt þessa áætlun eins og hún er, sú að hæstv. samgrh. hefur lýst því yfir að áætlunin verði tekin til endurskoðunar í haust, enda mun þessi endurskoðun, sem nú er, raunar vera sú sem átti að fara fram á s. l. þingi og nær þá fyrst og fremst til áranna 1974 og 1975. Þetta er allt orðið nokkuð eftir á, þannig að ég lít svo á að þetta, sem kemur fram, Norðurlandsáætlun fyrir 1976 og 1977, sé á engan máta bindandi og verði að endurskoða frá grunni og með tilliti til gjörbreyttra aðstæðna, eins og ég hef nú rakið.

Ég ætla ekki að hafa þetta fleiri orð þótt fróðlegt væri að ræða um vegamál landsmanna. Ég vil aðeins segja það um brtt., sem hér hafa komið fram, að ég mun fylgja brtt. um vegskatt. Ég hef barist fyrir því lengi og beið lægri hlut í þeirri baráttu, en ég er enn þeirrar skoðunar að þetta sé sanngirnismál og eðlilegt mál og mun því fylgja þeirri brtt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Út af orðum hæstv. fjmrh., sem hann viðhafði vegna ummæla sem ég lét falla í ræðu minni áðan um fjárveitingu í veg á milli Garðs og Sandgerðis, vil ég aðeins láta það koma fram að mér fellur það miður að hann skyldi í þeirri ræðu sinni láta það henda sig að fara algerlega með rangt mál, hreinlega skrökva. En stundum stendur maður frammi fyrir því að menn finna hvöt hjá sér til þess að haga málflutningi sínum þannig. Hann sagði að hugmyndin um fjárveitingar til þessa vegar hafi komið frá fulltrúum vegamálastjórnarinnar sem mættu á þessum fundi þingmanna í kjördæminu. En það vill nú svo til að ég er hér með í höndum þær tillögur sem þeir lögðu fram á þessum fundi þar sem nákvæmlega var skipt því fjármagni sem til greina kom að við fengjum til ráðstöfunar fyrir kjördæmið, og þar eru nefndir þessir vegir: Þingvallavegur, Hafnavegur, Kjósarskarðsvegur, Elliðavatnsvegur, og tillögur þeirra um fjárveitingu til þessara vega svöruðu til þess fjár, sem fyrir hendi var, og síðan bæta þeir við: „Æskilegt væri að fá fjárveitingar í Eyrarfjallsveg, Vogaveg, Vatnsleysustrandarveg og Meðalfellsveg.“ Það er því ljóst að þeir gerðu ekki einu sinni till. um það að ef aukið fé fengist færi fé til þessa vegar milli Sandgerðis og Garðs. En vegna þess að ég vakti athygli á þörfinni á því að byggja upp veginn milli Sandgerðis og Garðs og lagði áherslu á að ekki sist vegna þess að till. hæstv. ráðh. ásamt öðrum stjórnarþm. eru þær að skera niður fjárveitingar til vegarins milli Garðs og Keflavíkur, þá er þeim mun meiri þörf á því að bæta veginn milli Sandgerðis og Garðs, varð niðurstaða sú á þessum fundi að menn féllust á þetta sjónarmið. Niðurstaðan varð sem sagt sú að taka af þessari upphæð, sem

til skipta kom, í veginn milli Garðs og Sandgerðis og minnka þá aftur fjárveitingar til nokkurra þeirra vega sem fulltrúar vegamálastjórnarinnar höfðu gert till. um. Ég aðeins vil láta það koma fram að hæstv. ráðh. fór þarna algerlega með rangt mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, þáltill. (þskj. 581, n. 734). — Síðari umr.

Frsm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Till. þessi fjallar um fullgildingu á samkomulagi um breytingu á samstarfssamningi frá 23. mars 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Utanrmn. hefur athugað þennan nýja samning eða nýja samkomulag og mælir með því að till. verði samþykkt. Varðandi efni hins nýja samkomulags tel ég nægja að vísa til þess sem segir í grg. till., en þar er gerð grein fyrir þeim aðalbreytingum sem felast í þessu nýja samkomulagi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heimild færeyinga til fiskveiða við Ísland, þáltill. (þskj. 454, n. 733). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Með þáltill. þessari er leitað staðfestingar Alþ. á samkomulagi því sem gert var milli ríkisstj. Íslands og landsstjórnar Færeyja í febrúar s. l. um veiðiheimildir til handa færeyingum innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Utanrmn. hefur fjallað um þessa till. og leggur einróma til að hún verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjáraukalög 1971, frv. (þskj. 35). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjáraukalög 1972, frv. (þskj. 427). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 91. fundur.

Fimmtudaginn 15. maí, kl. 9.30 síðdegis.

Launajöfnunarbætur, frv. (þskj. 639). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands, frv. (þskj. 614). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 819).

Húsmæðraskólar, frv. (þskj. 603). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 820).

Tónlistarskólar, frv. (þskj. 647). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 821).

Lán vegna Rafmagnsveitna ríkisins og Vegagerðar ríkisins, frv. (þskj. 615). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 822).

Aðsetursskipti, frv. (þskj. 600). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr til Ed.

Siglingalög, frv. (þskj. 118, n. 717). — 2. umr.

Guðmundur H. Garðarsson: Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 frá 31. des. 1972, um breyt.

á siglingalögum, nr. 66 frá 1963. Um er að ræða auknar tryggingar vegna sjómanna til ekkna og skylduliðs þeirra. Frv. hefur verið rætt í n. og leggur hún til að því verði vísað til ríkisstj. til athugunar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég verð að láta það koma hér fram að ég harma það að hv. n. skyldi ekki geta komist að annarri niðurstöðu heldur en þessari, t. d. með því að taka jafnsjálfsagða réttarbót út úr því, sem hv. flm. flutti á sínum tíma, að setja verðlagsákvæði á dánar- og örorkubætur sem Alþ. kom vissulega vel á móti á sínum tíma þegar sett voru inn í lög ákvæði þess efnis að þessar bætur skyldu lögbindast en að sjómenn þyrftu ekki alltaf í samningum að sækja eftir þessum bótum á hverjum tíma. Ég held að það hefði verið Alþ. ákaflega mikil virðing ef það hefði verið gert á þessum tíma. En því miður virðist n. ekki hafa verið sama sinnis. Ég vænti þess þá að í væntanlegum kjarabótum, sem ég veit að hæstv. ríkisstj. ætlar sér að fara að veita sjómönnum, verði tekið nokkurt tillit til þeirra till. sem hv. þm. Eyjólfur Sigurðsson bar fram hér á hv. Alþ. á sínum tíma.

Magnús Kjartansson: Hæstv. forseti. Mér þykir mjög vænt um þessi ummæli hv. þm. Péturs Sigurðssonar. En það gerðist fyrir fáeinum mínútum að þessi hv. þm. greiddi atkv. gegn því að tekjutrygging til aldraðs fólks og öryrkja yrði bundin við verðlagsbætur. Og hann hefur greitt atkv. gegn öllum slíkum till. sem hér hafa verið fluttar á þessu þingi, þannig að þessi sinnaskipti eru ákaflega ánægjuleg. Ég vona að þau séu til marks um það að þessi hv. þm. breyti afstöðu sinni til annarra mála einnig.

ATKVGR.

Till. á þskj. 717 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 28 shlj. atkv.

Ættleiðing, frv. (þskj. 468). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Fisksölusamstarf við belgíumenn, þáltill. (þskj. 210). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til sjútvn. með 22 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sjóður til aðstoðar við drykkjusjúka, frv. (þskj. 130, n. 743 og 744). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Hv. Ed. samþykkti shlj. það frv. sem nú er hér til umr., en það fjallar um mjög mikið og viðkvæmt vandamál í okkar þjóðfélagi sem þarfnast skjótrar lausnar. Þetta er vandamál áfengissjúklinga og sá vandi að berjast gegn því að fólk verði að áfengissjúklingum. Því miður eru þessi mál ekki í því horfi sem skyldi, fjarri því. Það er gífurlegur fjöldi fólks sem hefur beðið mikið tjón beint og óbeint af völdum áfengisneyslu, af völdum áfengissýki, hvort sem hún er á hærra stigi eða byrjunarstigi. Það eru ekki aðeins þeir sjúklingar sjálfir sem í hlut eiga, það eru einnig fjölskyldur þeirra og heimili sem áfengissýkin bitnar á.

Það hafa verið fluttar margar ræður og skrifaðar margar greinar um þann gífurlega þjóðfélagsvanda, bæði fjárhagslegan og annars konar, sem af völdum drykkjusýki hefur hlotist. Ótrúlegur fjöldi dauðsfalla í landinu stafar af áfengisneyslu, ótrúlegur fjöldi hjónaskilnaða stafar af áfengisneyslu og ótrúlegst heimilisböl ótrúlegs fjölda fólks stafar af áfengisneyslu.

Því miður er það svo að sjúkrahúspláss skortir svo mjög fyrir þessa hópa manna að ekki er ráðrúm til að veita þeim sjúkrahúsvist eins lengi og þarf til að ná verulegri heilsubót. Sömu sjúklingarnir koma því aftur og aftur út í þjóðfélagið án þess að hafa fengið viðhlítandi lækningu og sami vítahringurinn hefst á ný. Hér er um mál að ræða sem ég ætla ekki að fara neitt lengra út í að tíunda nákvæmlega eða lýsa. Þekkja allir hv. þm. vegna áhuga síns á þjóðmálum við hve gífurlegan vanda er hér að etja og hve sérstæður þessi vandi er í okkar þjóðfélagi, hve mikil neyð er fyrir dyrum margra vegna þessa, og þess vegna er nauðsynlegt að grípa til óvenjulegra og e. t. v. óþægilegra aðgerða til að leysa þennan vanda. Þess vegna er það að hv. 2. þm. Reykn., sem af löngu læknisstarfi sínu þekkir vel hvað hér er við að fást, flutti í hv. Ed. frv. um að stofna sjóð til aðstoðar við drykkjusjúka. Hugmynd hans var fólgin í því að af hverri þriggja pela flösku af sterku víni, sem Áfengisverslun ríkisins selur, skuli greiða gjald að upphæð 100 kr. og hlutfallslega af öðrum flöskustærðum. Flm. þessa frv. benti réttilega á að þarna væri um ótrúlega lítið tilfinnanlega skattlagningu að ræða sem sannast best af því, eins og menn muna kannske eftir úr fjölmiðlum í vetur að aldrei hefur meiri ös verið í Áfengisverslun ríkisins en daginn eftir að verð áfengis hækkaði. Þess vegna er það, að ég held að þjóðfélagsborgararnir almennt taki ekki nærri sér þessa hækkun sem til ríkissjóðs rennur.

Nú veit ég að það eru ákaflega margir þm. sem eru og það réttilega hikandi við að lögleiða markaða tekjustofna sem svo eru nefndir. Þetta hafa menn sagt hver við annan svo lengi sem ég man eftir, en alltaf hefur það samt öðru hverju gerst að menn hafa lögleitt markaða tekjustofna til þess að leysa aðkallandi vanda, létta undir með ýmiss konar heilsugæslu- eða mannúðarstarfi í þjóðfélaginu vegna þess að ríkissjóður hefur verið vanmegnugur til þess að leggja

beint fram fé í þessu skyni. Þetta hljótum við að viðurkenna. Og hafi hann verið það áður, þá er hann það vissulega nú. En vandinn hefur ekki minnkað. Hann hefur aukist. Þess vegna er það sem ég tel að það sé rétt, ekki aðeins réttlætanlegt, heldur og rétt almennt og fyllilega rökrétt að leggja til þá fjáröflun sem hér er um að ræða. Þarna er um orsakasamband að ræða. Orsökin er látin bera kostnaðinn af afleiðingunni. Og af þessu gjaldi er áætlað, að í ríkissjóð komi 170—180 millj. miðað við þá áfengisneyslu, sem nú er í þjóðfélaginu í dag. Það er vissulega töluvert fé, en enginn skyldi þó láta sér detta í hug að sú upphæð leysti þann vanda sem hér er við að etja.

Heilbr.- og trn. Nd. eða öllu heldur meiri hl. hennar, sem í eru auk mín hv. 4 þm. Reykn., hv. 3. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Vestf., leggur til að þetta frv. verði samþ., þó með einni breytingu sem við teljum að verði til þess að framkvæmd þessara mála verði einfaldari og komi að meira gagni heldur en okkur virtist eftir frv. í upphaflegri mynd þess. Við ræddum þessar hugmyndir um breytingar við flm. málsins, hv. 2. þm. Reykn., Odd Ólafsson, og hann var þeirrar skoðunar að rétt væri að við legðum til, að samþykkt yrði þessi breyting í Nd. þannig að hugmynd hans um fjáröflun yrði til þess að aðstoða drykkjusjúka á þann hátt að þetta fé rynni í Gæsluvistarsjóð.

Þegar lög voru sett um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúka var í 17. gr. þeirra laga sett ákvæði um stofnun sjóðs sem heitir Gæsluvistarsjóður. Hann á samkv. þeim m. a. að standa straum af byggingu ýmiss konar dvalarheimila og endurhæfingarstofnana fyrir drykkjusjúklinga, ýmiss konar læknismeðferð, ráðleggingarstöðvum, áfengisvörnum og fleiri tegundum starfsemi á þessu sviði. Einnig er sérstaklega tekið fram í 17. gr. þessa frv. að heimilt sé að verja ákveðnu magni af tekjum þessa sjóðs til þess að styðja stofnun dvalarheimila sem væru sjálfseignarstofnanir áhugamanna er settu slíkar stofnanir á fót, enda væru slíkar stofnanir undir eftirliti og viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni. Það liggur í augum uppi að vitanlega þarf það að vera tryggt af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar að vistmenn á slíkum heimilum nytu fullkomnustu læknisþjónustu þar sem öllum nútímakröfum væri fullnægt til þess að bæta böl þeirra vistmanna sem þarna væri um að ræða.

Nú er það svo að menn skyldu halda að margra ára gömul lög, sem fælu í sér ákvæði um sérstakan sjóð í þessu skyni, leystu allnokkurn vanda. En sannleikurinn er sá að lögin eru komin talsvert langt frá sínum upphaflega tilgangi vegna þess að sú hlutfallstala, sem miðað var við þegar lög þessi voru sett, er orðin langtum, langtum lægri í dag heldur en hún var þegar lögin voru sett. Þegar lögin voru sett var miðað við að framlagið í Gæsluvistarsjóð næmi 2% af gróða Áfengisverslunar ríkisins. En þá var það svo sem oftar að hæstv. fjmrh. þáv. var andvígur mörkuðum tekjustofnum og mátti ekki heyra það nefnt að í þessu frv. væri markaður tekjustofn með þessum hætti, að það stæði 2% af gróða Áfengisverslunarinnar. Þess vegna var það lagt til fyrir frumkvæði og varfærni þáv. hæstv. fjmrh. að í stað þess að í lögunum stæði: „2%“ af áfengisgróðanum, sem hefði gert miklu meira, í var tilgreind ákveðin upphæð sem ríkisvaldið hefur síðan látið undir höfuð leggjast að auka í sama hlutfalli og ætlunin var í fyrstu. Þess vegna hefur þessi sjóður brugðist tilgangi sínum, og það er margsannað að ríkissjóður getur ekki náð þeim tilgangi sem þessum lögum var ætlað að ná, nema þá að stóraukin séu framlög ríkissjóðs í þessu skyni. Þetta eru verkefni sem ríkissjóði er skylt að sinna, og það gera ekki aðrir í nægilega stórum stíl. Þótt fjöldi áhugamanna starfi í þjóðfélaginu, þá hafa þeir takmarkað fjármagn til þess að sinn þeim störfum sem þeir annars hefðu bæði getu og vilja til að sinna. Það, sem vantar því til að leysa þetta mál, er meira fjármagn sem aftur á móti mundi verða til þess að spara fjármagn á öðrum sviðum.

Ég vek enn athygli á því hvílíku gífurlegu beinu fjárhagstjóni það veldur í okkar þjóðfélagi að þessum málum er ekki sinnt sem skyldi. Það má um deila kannske hvort fjáröflun Gæsluvistarsjóðs ætti að vera í þeim stíl sem upphaflega var hugsað í lögum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, 2% af áfengisgróðanum. Sjálf var ég þeirrar skoðunar, en ég hef sannfærst um það nú í vetur að það er rétt, sem hv. flm. þessa máls í Ed. hefur bent á, að þessi fjáröflun verður sennilega enn drýgri til þess að greiða úr vandanum sem hér er við að fást.

Eins og menn sjá af því hvernig n. hefur klofnað, þá er hér ekki um flokksmál að ræða. Það er því svo, eins og raunar vera ber í öllum þingmálum, að þm. greiða atkv. eftir sannfæringu sinni. Þeir eru ekki bundnir af öðru samkv. stjórnarskrá landsins. Þess vegna heiti ég nú á hv. þdm. til fulltingis. Þetta er gífurlegt vandamál sem þarfnast lausnar. Og því lengur sem dregst að leysa þetta mál, því meira tjón verður bæði fyrir menn, eignir og þjóðfélagið í heild. Ég leyfi mér að vera svo bjartsýn, og þarf kannske enga sérstaka bjartsýni til, svo augljóst sem þetta mál ætti að vera, að vænta þess að hv. þdm. ljái þessum hugmyndum fylgi sitt. Þeir vinna þá að því að leysa úr gífurlegum vanda og létta um leið með vissum hætti undir með hinu opinbera að veita þessu fólki þá þjónustu sem það á vissulega rétt á, þjóðfélaginu er nauðsyn að veitt verði og ríkinu vissulega ber að gera. Þess vegna vek ég athygli á því að það er ekki um það að ræða að þeir peningar, sem um er fjallað í þessu frv., séu frá neinum öðrum opinberum sjóðum teknir. Það er gert ráð fyrir því að þessi upphæð bætist ofan á það áfengisverð sem nú er og mörgum þykir vist ærið fyrir. En ekki er það samt hærra en svo að ætið rennur áfengið út í stríðum straumum.

Ég leyfi mér enn að skora á hv. þdm. að greiða atkv. eftir sannfæringu sinni, skilningi sínum og verða til þess að þetta frv. hljóti framgang í Alþ.

Ég vil bæta við einni röksemd enn. Hér er um að ræða mikið hugsjónamál flm. þessa frv. Það er um að ræða mál sem þm. hefur beitt sér fyrir af alefli og allir viðurkenna að beinist að því að leysa gífurlegan óleystan, vanræktan vanda. Ég

vil láta í ljós þá skoðun að verði slíkt frv. fellt á Alþ. þá þýði það að áfram haldi það að fá byr undir vængi úti í þjóðfélaginu. Stundum er sagt að Alþ. sé afgreiðslustofnun ríkisstj. En það er nú svo að stjórnarskipun okkar er sú að ríkisstj. er þingbundin, en þingið ekki stjórnbundið. Þess vegna hlýtur ríkisstj. að framkvæma þann vilja Alþingis sem ég vona að komi á daginn eftir afgreiðslu þessa frv., þrátt fyrir það að menn séu e. t. v. ekki á einu máli í ríkisstj. um aðferð þessa til fjáröflunar. Það er ofurskiljanlegt, að menn séu ætíð hræddir við það að ef ein lítil gátt er opnuð þá kunni að orsakast af því mikið flóð af alls kyns undanþágum. Hér er þó ekki um þess konar mál að ræða, að ég tel. Og hér tel ég alveg tvímælalaust að það sé Alþ. sem eigi að taka af skarið.

Frsm. minni hl. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Það, að fram koma tvö álit frá heilbr.- og trn., stafar ekki af því að við séum ekki efnislega sammála öll í n. um nauðsyn þess að stórauka fjárframlög til þess að vinna gegn drykkjusýki. Það, sem hér er um að ræða innan n., er að við vorum ekki öll sammála um leiðir. Við vorum öll í n. sammála einnig um það markmið sem kemur fram í frv., að það beri að aðstoða drykkjusjúklinga mun meira en nú er. En það, sem okkur í minni hl. fannst ekki viðeigandi og ekki rétt, var í fyrsta lagi að tengja fjáröflun við þann sjúkdóm sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. tengja fjáröflunina við það að áfengi væri selt og það selt í miklu magni sem gæfi þá heildarupphæð sem gert er ráð fyrir í frv. Auk þess er hér um markaðan tekjustofn að ræða, en það er skoðun okkar sumra þm. að það beri frekar að afleggja þann sið á hv. Alþ. að samþ. hér markaða tekjustofna heldur en að auka við þá.

Það þarf ekki að brýna fyrir hv. þm. að greiða atkv. samkv. sannfæringu í máli sem þessu. Ég hugsa að flestir hv. þm. hafi kynnst þeim vandamálum, sem hér er um að ræða, meira og minna og gæti sérhver þm. örugglega flutt hér hugnæma ræðu, annaðhvort út frá persónulegri reynslu sinni eða vegna sorglegra tíðinda í flestum fjölskyldum hérlendis. Ég ætla þess vegna að láta vera að tala um þetta mál af tilfinningahita og halda mig fyrst og fremst við þá staðreynd sem hér er til umræðu, sem er ekki markmiðið í sjálfu sér, heldur fjáröflunarleiðin. Þess vegna var það, þegar þetta mál var til umr. og afgreiðslu í heilbr.- og trn., að við Þórarinn Sigurjónsson, 2. þm. Sunnl., skárum okkur út úr með þeim hætti að við mynduðum svokallaðan minni hl. og þessi minni hl., þ. e. a. s. Þórarinn Sigurjónsson og ég, leggur fram minnihlutaálit, sem er svo hljóðandi:

„Í trausti þess að séð verði fyrir nægjanlegu fjármagni á fjárl. hverju sinni til þeirra þarfa, sem frv. gerir ráð fyrir, leggjum við til að því verði vísað til ríkisstj.“

Við gerum þetta auðvitað í trausti þess að ríkisstj. sinni þessu máli með þeim hætti sem að framan er lýst og væntum þess að það hljóti góða og skjóta afgreiðslu hjá ríkisstj.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Hæstv. forseti. Hér var haldin ítarleg framsaga fyrir nál. þessu af frsm. heilbr.- og trn., hv. 5. þm. Reykv., og ég get tekið undir öll hennar orð. Ég held að það sé kominn tími til að Alþingi Íslendinga hætti að fara að eins og strúturinn og stinga höfðinu í sandinn gagnvart þessu geigvænlega vandamáli sem við öll erum í orði kveðnu sammála um að ofneysla áfengis sé í dag á Íslandi. Það er óneitanlega hláleg og í senn ógeðfelld staðreynd að einn af drýgstu tekjustofnum ríkissjóðs skuli fólginn í ágóða af sölu áfengis, svo hörmulegar afleiðingar sem sú mikla og sívaxandi sala hefur úti í þjóðfélaginu fyrir óhugnanlega stóran fjölda heimila og einstaklinga. Það liggur því í augum uppi að það er mikil og augljós sanngirniskrafa að ríkisvaldið taki ábyrga afstöðu til þessa mikla vandamáls sem stendur í beinu sambandi við þessa tekjulind ríkisins, sem er ágóði af sölu áfengis.

Frv. Odds Ólafssonar varð fyrir nokkrum og töluvert miklum breytingum í meðferð hv. Nd., þ. e. a. s. þeirrar n., sem um það fjallaði. Ég verð að segja að við fyrstu sýn fannst mér nokkur eftirsjá að 2. gr. í frv. hv. flm., en 2. gr., sem nú er lagt til, að falli niður, fjallar einmitt um þann þátt sem ég tel brýnast að sinna í dag. Hv. frsm. n. gat þess raunar, sem er rétt, að í lögum um Gæsluvistarsjóð séu þessi atriði tekin til meðferðar. En þessi atriði, sem ég á við, eru einmitt þetta fyrirbyggjandi varnaðarstarf, sem hingað til hefur algerlega verið vanrækt. Þó að standi í lögunum skýrum stöfum að einn mikilvægur þáttur áfengisvarnastarfs sé rekstur ráðleggingarstöðva, afvötnunarstöðva, dvalarheimila og endurhæfingarstöðva, þá er enn ekkert slíkt til.

Það var talað hér um Gæsluvistarsjóð. Um árabil var framlag ríkisins 7.5 millj., hvað sem leið allri verðbólgu og verðrýrnun peninga. Því var þokað með mikilli ýtni og mikilli baráttu upp í 12 millj. um 2—3 ára skeið, nú síðustu árin hefur þetta framlag verið um 30—40 millj., að ég hygg, og hefur gengið óskipt til stofnunar drykkjumannahælis að Vífilsstöðum. Ég vil ekki gera lítið úr nauðsyn þessa hælis. En sumir hafa sagt, og ég er ekki frá því að það sé nokkur sannleikur í því fólginn, að kannske höfum við byrjað þarna á öfugum enda miðað við það hvaða starf bæri mestan fyrirbyggjandi árangur. Vífilsstaðahælinu er ætlað að taka við áfengissjúklingum sem vart er talið við bjargandi. Það, sem við þurfum í dag, er fyrst og fremst einhver aðstoð og einhverjar aðgerðir á fyrra stigi málsins, að hjálpa mönnum, sem haldnir eru drykkjusýki, áður en þeir eru það langt leiddir að þeim verður ekki bjargað við. Þess vegna legg ég ákaflega ríka áherslu á hlut félagssamtaka og áhugamanna, að þeir séu studdir í einlægu og fórnfúsu starfi sem þeir geta ekki innt af hendi til árangurs nema þeir hafi einhver áþreifanleg úrræði önnur en sína hugsjón og sinn áhuga. Þeir þurfa einfaldlega fjármagn til þess að geta reist endurhæfingarheimili, móttökustöðvar, afvötnunarstöðvar til þess að grípa inn í vandamálið áður en það er orðið óleysan-

legt. Það er þessi þáttur starfs í þágu áfengissjúklinga sem hefur hvað grimmilegast verið vanræktur. Það er ekki bara sjúkrahúsvist sem við þurfum á að halda fyrir drykkjusjúka menn. Drykkjusýkin er á svo mismunandi stigi að sjúkrahúsvist þarf ekki að koma til nema tilfellið hafi verið vanrækt of lengi.

Ég vil taka eindregið undir orð hv. 5. þm. Reykv. og benda á að hér er ekki um pólitískt flokksmál að ræða, heldur mál sem ég tel að tími sé til kominn að Alþ. sinni og láti það ekki henda að einu sinni enn verði vísað frá og svæft mál sem stefnir að raunhæfum aðgerðum í þessu máli. Það er nógu lengi búið að viðhafa fallegar yfirlýsingar um skilning og áhuga á þessu vandamáli þó að nú fyrst sendi Alþ. frá sér eitthvað sem dugar. Þess vegna held ég að við hljótum að vera bjartsýn um að þessar 180 millj., sem frv. þetta gerir ráð fyrir að eigi með þessari fjáröflunarleið að renna til þessa málefnis, geri verulegt gagn og að við allir alþm. getum sameinast um að styðja þessa sanngirniskröfu og láta þar með mikið gott af okkur leiða í okkar bágstadda þjóðfélagi í þessum efnum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti: Ég hef, held ég, frá fyrstu tíð, frá því að ég tók sæti á hv. Alþ., verið þeirrar skoðunar að það ætti ekki að marka tekjustofna ríkissjóðs á þann veg sem lagt er til með þessu frv. Ég er hins vegar samþykkur frv. eins og það liggur fyrir nú. Og ég tel að það sé ekki nóg að þeir láti í sér heyra, sem hafi áhuga á málinu og þekki það af afspurn, heldur mættum við kannske líka, sem höfum notið þessa munaðar í hófi og kannske oftar í óhófi, nokkuð láta í okkur heyra.

Ég er alveg sammála þeim, sem hér hafa talað, um þetta mikla vandamál okkar og kannske fyrir okkur sjálfa, sem höfum reynt það, og jafnframt fyrir þá, sem eins og ég hafa verið í fararbroddi oft og tíðum fyrir fjölmennum félögum launþega þar sem orð hefur legið við að þetta væri mikið böl, svo sem rétt er. En að sjálfsögðu, þó að mikið beri á því í stéttum sjómanna þegar þeir koma í land, þá er þetta ekkert minna vandamál meðal annarra stétta, þar sem minna ber á því, vegna þess að mennirnir eru kannske upp á hvern dag viðriðnir misneyslu áfengra drykkja.

En þótt ég muni greiða þessu frv. atkv. mitt, þá breytir það engu um þær skoðanir sem ég hef haft frá fyrstu tíð, og kem ég þá máske nokkuð inn á orð hv. síðasta ræðumanns um fyrirbyggjandi varnarstarf því að hún orðaði það. Það er ekkert fyrirbyggjandi varnarstarf að taka til starfa þegar fólk er orðið sjúkt. Hið fyrirbyggjandi varnarstarf á auðvitað að hefjast miklu fyrr. Það á að byrja meðan fólk er í æsku. Ég hef margoft flutt hér á Alþ. frv. þess efnis að við eigum að snúa okkur frá þessum æsisterku drykkjum og beina heldur áfengisneyslu þjóðarinnar að vægari drykkjum. Það hefur aldrei verið hlustað hér á það meðal hv. alþm. En um leið og ég bendi á þetta, þá vil ég aðeins undirstrika það að auðvitað er mjög góðra gjalda vert að komið sé á móti þeim sem sjúkir eru orðnir af ofneyslu áfengis. Það á að gera það og okkur hefur skammarlega lengi láðst að koma á móti þeim sem hafa yfirbugast af þessum orsökum. Við eigum að betrumbæta það. Og ég hef enga trú á því, ef við ekki nú tökum þennan markaða tekjustofn út úr til þess að hjálpa þessu fólki, að hæstv. ríkisstj. með fjmrh. í fararbroddi og aðra bindindismenn hér innan Alþ. leyfi sér að setja nægilegt fé til þessa nauðsynlega starfs. Þess vegna ætla ég að mæla með þessu frv. og samþykkja það.

En ég vil aðeins undirstrika aftur það, sem ég var að koma að og hef þegar sagt, að það er ekki nóg aðeins að taka við mönnum þegar þeir eru orðnir sjúklingar. Það er eins og við alla aðra sjúkdóma, það á að reyna að fyrirbyggja að til þessa sjúkdóms komi, og það er sama hvaða sjúkdóm þar er um að ræða. Við þurfum að efla heilsurækt á þessu sviði eins og öðrum. Og ég er sannfærður um að ef fræðsla um meðferð og neyslu og áhrif áfengis hefst á fyrsta stigi, sem má kannske segja að hér á Íslandi í dag sé þegar í barnaskólum, alla vega í framhaldsskólum þá tel ég að það sé orðið nauðsynlegt að hafa slíka fræðslu. Því má segja, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er kannske verið að grípa í öfugan enda með frv. En þó tel ég að það sé spor í rétta átt. Og að sjálfsögðu má líka fara yfir í það að tala og leiðbeina æskunni ekki síður en lækna þá sem hafa látið fallast fyrir þessum göfuga miði sem sumir kalla.

En ég vil aðeins undirstrika það, að ég tel að það sé verið á réttri leið með þessu frv. og ég mun styðja það heils hugar.

Sjútvrh. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru mörg góð mál sem eru flutt og er hreyft hér á hv. Alþ. og mál sem eru alveg sjálfsögð og eðlileg og við viljum mjög gjarnan hlynna að og auka fjárframlög til, og menn segja: ja, þetta mál á að hafa forgang fram yfir önnur. Ég vil benda t. d. á uppbyggingu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva í landinu. Ég tel, að þar vanti alveg tvímælalaust nokkur hundruð millj. til þess að byggja upp þá löggjöf, sem Alþ. hefur sett.

En svo komum við aftur að hinu dæminu, þ. e. fjáröfluninni á hverjum tíma. Þegar lagðir eru á skattar, þá koma aftur margir ræðumenn upp og tala um hve skattarnir séu háir og hvað séu lagðar á þungar byrðar. Við samþykkjum hér fjárlög og þau eru í gildi og við erum nýbúnir að samþykkja niðurskurð á fjárl. upp á hvorki meira né minna en 3 500 millj. kr. Við viljum draga úr eyðslustefnunni og draga úr fjáröflun hins opinbera. En þá kunna menn að segja: Ja, er þetta ekki allt önnur fjáröflun, að bæta 100 kr. gjaldi á hverja brennivínsflösku sem seld er? En nú hefur Áfengisverslunin verið tekjuöflun fyrir ríkissjóð, og ég vil benda á það að tekjuliðir fjárl. eru spenntir til þess ýtrasta og eftir efnahagslögin, sem nýlega voru sett, þá geri ég ráð fyrir að ríkissjóður þurfi að nota hvern þann möguleika, sem fyrir hendi er, til þess að auka þennan hagnað. Þess vegna er auðvitað þetta fjármagn tekið af því sem ríkissjóður ella þarf á að halda.

Ég er mjög ánægður með þá brtt. meiri hl. n., sem er breyting frá upprunalegu frv., að gjald eða tekjuaukning skuli renna til Gæsluvistarsjóðs. Ég skal fúslega játa að ég var mjög óánægður við afgreiðslu fjárl. síðast, hversu lágt framlagið var til Gæsluvistarsjóðs, og reyndi að fá hækkun þar á. En á sama tíma og við erum að berjast við að reka ríkissjóð greiðsluhallalaust og samdráttur er í fjölmörgum greinum þjóðarbúskapsarins, verðfall á velflestum útflutningsafurðum okkar, þá verð ég að segja að á síðasta eða næstsíðasta degi þingsins sé ansi mikil bjartsýni ríkjandi og það úr hópi stjórnarsinna að leggja á 180 millj. kr. í þessu skyni. Ég er hræddur um að ef þessar raddir hefðu verið hér háværar frá stjórnarandstæðingum, þá hefði einhverjum stjórnarsinna orðið á að segja að hér væri um sýndartill. að ræða. Það er sitt hvað hvort það er gott mál og nauðsynlegt. Góðu málin eru mörg og þau eru nauðsynleg, en ef við segjumst ætla að halda fjárl. niðri, ætlum að lækka fjárlög sem eru í gildi, þá er þetta ekki leiðin til þess, að koma hér með útgjaldatill. upp á 180 millj. kr. Ég hygg að það væri svona skaplegra, hyggilegra að reyna að þoka hægt og rólega upp framlaginu til Gæsluvistarsjóðs í sambandi við fjárlög næsta árs. Hér er um of róttæka fjáröflun að ræða, fjáröflun sem ríkissjóður þarf tvímælalaust á að halda þótt síðar verði á þessu ári.

Þetta vil ég leyfa mér að benda þessum ágætu hugsjónamönnum og konum á. Það hvílir sú skylda á Alþ. og þá ekki síst þeim, sem styðja ríkisstj., að reyna að halda í horfinu og reyna að hafa hemil á fjármálum þjóðarinnar, og því megum við ekki láta tilfinningarnar og hita hugsjónanna leiða okkur af réttri braut.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um markaðan tekjustofn sem ætlað er að gefi 180 millj. kr. og samkv. þeirri brtt., sem hér liggur fyrir frá meiri hl. hv. heilbr.- og trn., er ætlað að renna til félagslegra framkvæmda á vegum Gæsluvistarsjóðs. Ég get tekið undir það sem hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði hér áðan, og ég er þeirrar skoðunar að styðja beri þá starfsemi, sem hér um ræðir, mjög myndarlega. En ég er andvígur mörkuðum tekjustofnum. Ég tel að Alþ. eigi við afgreiðslu fjárl. hverju sinni að ákvarða hvernig tekjum ríkissjóðs skuli varið. Ég er því eindregið fylgjandi till. minni hl. n. um að málinu verði vísað til ríkisstj.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil eindregið taka undir það sem hæstv. fjmrh. sagði nú í sínum lokaorðum. Auðvitað er það Alþ. sem á að taka ákvarðanir um hvernig tekjustofnum ríkisins verði varið. Það eru ekki ráðh. einir eða ríkisstj., heldur er það Alþ. Því er meirihluta till. og álit n. komið fram, og þess vegna hef ég m. a. tekið undir þá till., vegna þess að ég álít að þarna sé verið að fara rétta leið til þess að ákveða hvernig fara eigi með ákveðnar tekjur ríkissjóðs sem þó, að mér skilst, eigi að vera tekjur sem lagðar eru til viðbótar á sölu áfengis í landinu. Það er ekki verið að taka neitt frá ríkissjóði. Vera má að ríkissjóður hafi ætlað sér að hækka um þessa upphæð til þess að ná á móti einhverjum öðrum útgjöldum, en okkur alþm. hefur ekkert verið tilkynnt um það, ef svo er. Reyndar hefur það ekki verið gert áður af þeim hæstv. ráðh. sem hafa farið með þessi mál á undanförnum árum og missirum og þar á meðal ekki af núv. hæstv. fjmrh., hann hefur ekkert verið að tilkynna Alþ. um það hvort hann hafi þurft að fá í eyðslu ríkissjóðs þó að hann hafi þurft að hækka áfengi.

Nú ætlum við að fyrirbyggja að næsta hækkun fari öll inn í ríkissjóð, heldur verði tekinn ákveðinn markaður hluti þeirrar hækkunar, sem næst kemur, til þess að mæta þessum mikla vanda sem allir eru sammála um, bæði við, sem höfum drukkið brennivín, og bindindismennirnir úr Hafnarfirði og aðrir sem aldrei hafa smakkað það. Ég vil hreinlega leyfa mér að segja að ef þeir eru sammála hæstv. ráðh. um að vandamálið sé svona mikið, þá skulu þeir líka vera þeir menn að viðurkenna það og koma á móti vandamálinu með því að taka undir þessa till. meiri hl. Við skulum ekki vera þau börn að ætla það að þótt við búum við efnahagskreppu, efnahagsólán, ég veit ekki hvernig ætti að orða alla þá óáran sem sækir að núv. hæstv. ríkisstj., þá skulum við ekki vera þau börn að ætla að á móti þessu vandamáli verði komið um leið og við erum að ræða um að selja saltfisk, skötu, saltufsa eða eitthvað annað, ef við eigum að vera að koma á móti mönnum sem eru að hugsa um einkahag í sambandi við loðnumjöl eða annað þess háttar til þess að ná upp tekjum sínum eða sinnar fjölskyldu. Ég álít að það sé miklu nær að snúa sér að þessu máli heldur en mörgum öðrum.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Sennilega hef ég talað of lágt áðan því að af ræðu hv. þm. virtist hann ekki hafa heyrt það sem ég sagði. En ég gerði grein fyrir þeim sjónarmiðum að Alþ. eigi við afgreiðslu fjárl. hverju sinni að ákveða hvernig skuli varið tekjum ríkissjóðs. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, hvort sem menn eru bindindismenn suður í Hafnarfirði eða ekki bindindismenn í Reykjavík, þá er svo að tekjur af sölu Áfengisverslunar ríkisins eru tekjur sem renna í ríkissjóð og það er Alþ. við afgreiðslu fjárl. sem á að skipta þeim tekjum, en ekki með frv. um markaða tekjustofna sem eru ekki í samhengi við afgreiðslu fjárl. og þar með hvernig tekjum ríkissjóðs sé skipt á hverju ári.

Frsm. meiri hl. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Það er aðeins út af þessum síðustu orðum hæstv. fjmrh. Vissulega er það rétt að tekjur af Áfengisverslun ríkisins eru mikilvægar fyrir ríkissjóð. En ég vil vekja athygli á því, að tekjur Gæsluvistarsjóðs eru þannig hugsaðar í upphafi og samþykktar af Alþ. að þar væri á sínum tíma um að ræða 2% af gróða Áfengisverslunar ríkisins. Við það var upphæðin í upphaflegu lögunum miðuð. Síðan eru liðin mörg, mörg ár og ríkissjóður og Alþ. hefur

brugðist skyldu sinni við þennan sjóð. Það hefur, eins og hæstv. heilbrh. sagði hér áðan, e. t. v. verið reynt smátt og smátt að smálaga eitthvað til, aðeins hækka framlagið til Gæsluvistarsjóðs. En það er hvorki í þeim stíl né í þeim mæli eins og hugsað var í upphafi. Það er ekki gert á þann hátt sem ætlast var til þegar þessi sjóður var stofnaður. Þess vegna hefur Alþ. brugðist skyldu sinni við þennan sjóð, og þess vegna getur þessi sjóður ekki fullnægt hlutverki sínu — til tjóns fyrir ríkissjóð m. a.

Hæstv. fjmrh. ætti bara að þakka fyrir að fá þessar tekjur sem af samþykkt þessa frv. mundi leiða. Það er að mínu viti ekki rétt að hér sé verið að skerða tekjustofn ríkissjóðs. Hér er um viðbótargjald að ræða. Ef hæstv. fjmrh. hefur hugsað sér einhvern tíma á árinu að hækka verð á áfengi, sem ég veit ekki um, þá getur hann gert það allt að einu. (**Gripið fram í:** Þá er þetta orðið ansi dýrt). Já, það er ansi dýrt og gengur út samt. Og Alþ. ákveður með þessu að bæta fyrir meira en áratugs vanrækslusyndir gagnvart Gæsluvistarsjóði, sem á að ganga til móts við þá sem eru illa haldnir vegna ofnautnar áfengis, og þeir eru fleiri en svo og þeir eru verr haldnir en svo að það taki því að tíunda það á hv. Alþ. Ég vil bæta við að hér er ekki um það að ræða að Alþ. sé beðið um að samþykkja neina meginreglu um markaða tekjustofna í eitt skipti fyrir öll. Ég vek athygli á því, að þessar vanrækslusyndir, sem ég er að tala um að hér þurfi að bæta upp, þær á samkv. frv. svolítið að bæta fyrir með því að verja alldrjúgum fjárhæðum í þessu skyni til viðbótar í 10 ár. Samkv. þessu frv. á gildistími væntanlegra laga aðeins að vera 10 ár og ég er þeirrar skoðunar að miðað við hlutfall þess gjalds, sem um er talað í frv., við verð áfengis, þá sé hér ekki um ofætlun að ræða.

ATKVGR.

Till. á þskj. 744 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 20:10 atkv.

Iðnaðarmálagjald, frv. (þskj. 766, n. 791 og 796). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er komið frá Ed. og var breytt lítils háttar þar. Ástæðan fyrir því, að hæstv. ríkisstj. hefur flutt þetta frv., er sú að Landssamband iðnaðarmanna, Félag ísl. iðnrekenda og Samband ísl. samvinnufélaga hafa bréflega óskað eftir því að frv. verði flutt og það gjald lögfest sem um ræðir í frv. Gjaldið er 0.1% á seldar iðnaðarvörur og það á ekki að ganga inn í verðlagið, það á ekki að leiða til hækkunar á verði vörunnar. Það bréf, sem ég fékk í dag afrit af, var skrifað 1. mars 1974 til þáv. iðnrh. og í það hefur verið vitnað síðan. Ég tel ekki ástæðu til að lesa bréfið upp. Ég tel ekki heldur ástæðu til að fara að skýra frv., það var gert við 1. umr. hér í hv. d.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. Það eru 5 nm. af 7. Einn nm., hv. þm. Benedikt Gröndal, tók ekki afstöðu til málsins í n., en hv. þm. Magnús Kjartansson hefur skilað séráliti og vill ekki samþykkja frv.

Ég sé ekki ástæðu til svo seint á kvöldi að að orðlengja þetta meira, en meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. eins og það kom frá hv. Ed.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það hefur að vísu ekki unnist tími til þess að gaumgæfa þetta mál, enda mjög nýlega fram lagt og hafði ég raunar ekkert á það heyrt minnst áður, eins og þó oftast er venjan, að stjfrv. séu reifuð eða frá þeim sagt í stjórnarþingflokkum. En þó kann það að hafa farið fram hjá mér og er það ekkert aðalatriði. En ég er satt að segja dálítið undrandi á þessu frv., og ég veit ekki hvar það á að lenda ef félagasamtök í landinu geta snúið sér til hins háa Alþ. og farið fram á að Alþ. sjái fyrir innheimtu á félagsgjöldum til þeirra og til starfsemi þeirra. Það má líka sjá á nál., sem þessu fylgja frá iðnn. hv. Ed. og hv. Nd., að þar eru engar skoðanir að finna frá nm. sjálfum, enda sjálfsagt ekki gefist neinn tími til þess að mynda sér skoðanir á þessu, heldur taka við þessu og afgreiða eftir hendinni.

Í áliti meiri hl. iðnn. þessarar hv. d. er frá því skýrt að það hafi verið talað við þá þrjá aðila sem höfðu óskað eftir því að Alþ. setti þessa innheimtu á fót fyrir þá, og þeir höfðu, eins og segir hér, gefið greinargóð svör við fsp. sem fram komu frá nm.

Frsm. gat þess að það væri orðið svo áliðið kvölds að hann sæi ekki ástæðu til þess að reifa þetta mál sérstaklega. Ekki er það nú næg afsökun fyrir því að afgreiða svona mál næstum því að segja blindandi þó að það sé orðið nokkuð áliðið kvölds. En hvenær skyldi líða að því að Læonsmenn, Frímúrarar, Oddfellowar og Kiwanis og fleiri af því tagi snúi sér til hins háa Alþ. og biðji það að gera svo vel að setja á stofn innheimtustofnun fyrir sig til að sjá fyrir félagsgjöldum? En ég á sérstaklega erindi að einu leyti hingað upp, og það er vegna þess að ég hef staðfestan grun um að viðhorf eins aðila í þessu, Félags ísl. iðnrekenda, sé breytt frá því að þetta bréf er skrifað fyrir meira en heilu ári. Ég vil þess vegna fara fram á það við hv. 1. þm. Sunnl., formann iðnn., að hann taki það atriði til athugunar, hann taki það atriði sérstaklega til athugunar. Meginhluti aths. við lagafrv. hygg ég að sé saminn upp úr því bréfi sem þessir aðilar hafa sent hæstv. fyrrv. iðnrh. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Núverandi megintekjur iðnaðarsamtakanna eru félagsgjöld. Slíkri tekjuöflunaraðferð eru nokkur takmörk sett þar sem há félagsgjöld geta fælt þá frá samtökunum sem þar eiga að réttu lagi heima."

Hvers vegna geta þessi samtök ekki sjálf lagt á þessi félagsgjöld? Þau yrðu ekkert hærri, ef þau ætla sér að fá sömu tekjur, heldur en þeir verða að greiða með þessum hætti. Að Alþ. taki að sér að setja í lög til þess að félagasamtök í landinu geti séð fyrir nauðþurftum sínum til

rekstrar félagsskaparins er með ólíkindum. Hið næsta verður, eins og ég í gamni minu nefndi, samtök eins og Læonsmenn o. fl. Mundi það ekki verða hið næsta að verkalýðssamtökin í landinu færu fram á að það yrði sett löggjöf um innheimtu félagsgjalda þeirra? Að vísu eru það vinnuveitendur sem sjá um þann þátt í flestum tilfellum. En hvað mundi þetta kosta ef það yrði alfarið tekið upp? Þetta eru vel skipulögð samtök sem hér eiga hlut að máli og eru í öllum færum um það að sjá um að innheimta félagsgjöld sín sjálf. Þar við bætist að þótt þau þurfi að hafa mikið umleikis vegna mikilvægra verkefna, þá eru fjölmargir sjóðir, sem leggja þessum atvinnugreinum lið, fjölmargir sterkir sjóðir sem mikið fé er veitt til.

Í öllu falli eru það eindregin tilmæli mín að þetta mál verði athugað nánar. Það er nú hvort sem er meira en ár síðan þeir skrifuðu þetta bréf til fyrrv. iðnrh. Ég tók rétt eftir því að það hefði verið. 1. mars í fyrra þannig að ég get ekki séð að hundrað væri í hættunni þótt beðið yrði með þetta fram á haustið vegna þess að mönnum hefur ekki gefist kostur á að athuga þetta mál neitt né heldur þeirri n. sem til málamynda hefur fengið þetta til meðferðar. Ég tel að það þurfi að athuga þetta mál miklu nánar. Það eru auðvitað engin rök í sjálfu sér fyrir framgangi þessa máls þótt á þann veg hátti til hjá bændasamtökum. Það þarf fyrst að færa sönnur á að það hafi verið rétt að setja þetta á fót þeirra vegna áður en það er notað sem viðmiðun. Og ég hef engin rök heyrt fyrir því að það væri rétt og sjálfsagt að hafa þessa aðferð sem komið var á fyrir alllöngu vegna bændasamtakanna. Þetta þarf allt miklu nánari athugunar við en gefst færi á hér á síðustu stundum þessa þings.

Ég ítreka það sem ég sagði: Ég hef staðfestan grun um að viðhorf séu breytt í þessu hjá einum þeirra aðila sem fyrir 14—15 mánuðum skrifuðu þetta bréf. Það þarf að vera miklu meira í aths. við lagafrv. en í heilu líki eitt bréf frá hagsmunasamtökum sem óska eftir að hagsmunum sínum sé sinnt. Það þarf að taka miklu meira með í það en bara þá frómu ósk út í gegn því að allar eru aths. innan gæsalappa, skrifaðar beint upp úr þessu óskabréfi.

Ég sem sé legg til að þessu máli verði frestað, fer fram á það við hv. formann iðnn. að hann athugi það sem ég hef hér skýrt frá. Ég fer síðan fram á að málinu verði frestað því að eftir svo skamma athugun vil ég síður standa að því að þetta verði felld nú. En þó, ef ekki næst frekari athugun á því en nú er orðin, þá mundi ég þó fremur kjósa þá leið heldur en kalla þetta yfir okkur að svo gersamlega óathuguðu máli.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Austf. fyrir ábendingarnar. Ég veit að það er vel meint og af góðum hug sagt, það sem hann sagði hér. En ég verð að upplýsa að það er á misskilningi byggt þegar hann heldur því fram að þetta mál hafi ekki verið athugað. Ég taldi ekki þörf á því að fara að setja hér upp langa ræðu um málið þar sem mörg mál eru enn óafgreidd á dagskránni og þetta frv. skýrir sig sjálft og bréfið sem ég vitnaði til og þm. vita um og einnig er allgóð grg. með frv. En til þess nú að athuga málið vel kallaði iðnn. á sinn fund formann Félags ísl. iðnrekenda, Davíð Scheving Thorsteinsson, manninn sem hv. 3. þm. Austf. hélt að væri búinn að skipta um skoðun. Davíð Scheving Thorsteinsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, hafði það við frv. að athuga að því hafði verið breytt í Ed., taldi að sú breyting hefði orðið til hins verra, breytingin sem snertir lagmetisiðnaðinn. Það var ekki farið meira út í það. Hann sagðist ekki vera hrifinn af frv., sérstaklega eftir þessa breytingu, en taldi að undirskrift forvera síns gilti áfram fyrir hönd iðnrekenda.

Á fundi n. komu einnig formaður Landssambands iðnaðarmanna og framkvæmdastj. sambandsins. Áhugi þeirra var miklu meiri en formanns Félags ísl. iðnrekenda. Þeir höfðu mikinn áhuga á frv. og lýstu því yfir að það yrðu mikil vonbrigði fyrir iðnaðarmenn, Landssamband iðnaðarmanna, ef frv. næði ekki fram að ganga. Ég hef einnig sönnun fyrir því að Samband ísl. samvinnufélaga er sama sinnis og það var fyrir ári þegar áður nefnt bréf var skrifað.

Nú má vera að einhverjum hv. þm. finnist ekki taka því að taka alvarlega óskir þessara samtaka, Sambands ísl. samvinnufélaga, Landssambands iðnaðarmanna eða Félags ísl. iðnrekenda. En ég held að þar sem hér er um atvinnuveg að ræða og hann vaxandi eins og iðnaðinn, þá eigi ekki að gera honum lægra undir höfði en bændasamtökunum og sjávarútveginum. Ég er sannfærður um að hv. 3. þm. Austf. veit að það eru tekin gjöld fyrir sjávarútveginn sem svo eru aftur endurgreidd útgerðarmönnum og sjómönnum og það er þeim mjög þóknanlegt að þetta sé gert. Ég get einnig upplýst að stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands mundu ekki vilja missa þess konar löggjöf sem hefur verið í gildi fyrir bændasamtökin í áratugi.

Ég held að það sé alveg sjálfsagt að verða við þessum óskum iðnaðarins, það sé alveg útlátalaust, það skapi engin fordæmi fyrir ýmis félagssamtök að fá lögfest eitthvað slíkt. Ég held að það sé auðvelt fyrir Alþ. að halda sig við atvinnuvegina og skapa möguleika fyrir atvinnuvegina með þessum auðvelda hætti að fá fjármagn til ráðstöfunar eftir eigin óskum.

Það er augljóst mál að iðnn. eða meiri hl. hennar hefur ekki afgreitt þetta mál blindandi. N. las frv., las bréfið og yfirheyrði trúnaðarmenn iðnaðarsamtakanna og gerði sér sjálfstæða grein fyrir málinu. Ég er sannfærður um það að eftir að hv. 3. þm. Austf. skoðar málið, þá á hann eftir að komast á sömu skoðun og meiri hl. iðnn. Þess vegna held ég að það væri hollt fyrir hv. 3. þm. Austf. að hafa ekki mjög mörg orð á móti þessu máli að svo stöddu, vegna þess að ég hef grun um að hann hafi ekki haft þann kunnugleika á málinu sem æskilegur er og nauðsynlegur er.

Sannleikurinn er sá, að það mun oft koma fyrir okkur þm. að okkur vantar kunnugleika á málum sem eru til afgreiðslu hér í þingi. En enginn vafi er á því að þm. eiga það sameiginlegt að vilja ávallt hafa það sem sannara reynist og þm. munu ávallt kappkosta að kynna sér mál-

in eftir föngum. Ég þekki það vel hv. 3. þm. Austf. að ég vil treysta honum til að kynna sér þetta mál eins og önnur, og er það trúa mín að þá muni hann fá aðra skoðun á málinu en hann lýsti hér áðan.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. n., 1. þm. Sunnl., hefur nú skýrt þetta mál svo vel og svarað því, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Austf., að ég þarf engu þar við að bæta.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi leiðrétta. Hv. 3. þm. Austf. lét þau orð falla að þetta mál mundi ekki hafa verið rætt í þingflokki sjálfstæðismanna, svo sem yfirleitt væri um stjfrv. áður en þau væru flutt. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Ég lagði frv. fyrir þingflokk sjálfstæðismanna, reifaði það og rakti efni þess og þingflokkurinn samþykkti einróma fyrir sitt leyti að frv. yrði flutt sem stjfrv. Þetta tel ég rétt að komi hér fram.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég vil minna hæstv. iðnrh. á að ég sagði að ég minntist þess ekki að þetta hafi komið þar til umr. eins og venja væri um stjfrv., kynni það þó að hafa farið fram hjá mér. Ég vænti þess að þeir, sem hlustuðu á orð mín hér áðan, muni eftir þessu. Ég var ekki að fullyrða neitt um þetta. En ég hef setið flesta fundi þarna og minnist þess ekki að þetta hafi komið fyrir, en sagði: Það kynni þó að hafa farið fram hjá mér.

Hv. frsm., 1. þm. Sunnl., hvatti mig til að hafa sem fæst orð um þetta af því að mig mundi skorta kunnugleika á málinu. Þetta er mergurinn málsins. Ég er að biðja um frestun og athugun á málinu af því að mig skortir kunnugleika á því. Af hverju skyldi ég vera að því ef mér væri fullljóst hvað hér væri um að tefla? Það er nákvæmlega þetta sem veldur afstöðu minni. Ég var ekki að dæma málið af, þótt mér sýndist ýmislegt í því vera með þeim hætti að mér væri ekki skapfellt og gæti skapað fordæmi sem ég sæi enga ástæðu til þess nú að taka upp. Það getur vel verið eftir að ég fæ tækifæri, ef ég fæ það sem ég er að biðja um, til að kynna mér þetta, þá verði ég hjartanlega sammála þessari aðferð. Öll mín orð byggðust einmitt á þessu, að biðja um að fá tækifæri til þess arna.

Þetta mál er afgreitt frá n. í hv. Ed. 13. maí. Hvenær var það lagt fram í Alþ.? Var það kannske 13. maí líka? Hv. frsm. sagði að n. hefðu athugað málið, þær hefðu lesið frv. Það var naumast að það þurfti að taka það fram að þær hefðu lesið frv. En ekki þýðir það nú það sama og þær hafi kynnt sér málið nægjanlega vel. Þann 13. maí er það afgreitt frá n. í Ed. og 15. maí í Nd. Um það þýðir ekkert að deila að það er á þessu harkaleg fljótaskrift og það er auðskilið mál að ýmis mjög mikilvæg efni þurfa hér að ná fram á lokadögum þings og ævinlega skilst mál svo að á þessu verður óþarfa fljótaskrift í afgreiðslunni. En mikilvægum málefnum, sem ráðh. og rn. þurfa að ná fram, verður að koma fram, þrátt fyrir það að menn kysu miklu heldur að fá skaplegri tíma til afgreiðslunnar. En þetta mál, sem hefur legið á annað ár hjá iðnrn. í bréfi, er það svo brýnt að það þurfi að húrra því hér í gegn með þessum hætti? Það fæ ég ekki skilið. Það er ekki ýkjalangt í næsta þing, ekki helmingur þess tíma sem liðinn er frá því að þeir skrifuðu þetta bréf, þessir aðilar svo að ég fæ ekki skilið að það sé hundrað í hættunni þó að hinkrað sé við.

En annað í þessu sambandi. Er það misskilningur minn að þessi hæstv. ríkisstj. stefni að því frekar að draga úr sjóðakerfi og fjölda skatta og gjalda? Er þetta misminni mitt og ókunnugleiki sem veldur því, að ég stend í þessari meiningu? En ég held því fram að þetta sé stefnan. En svo er stöðugt verið að hnýta nýjar og nýjar slaufur, ný og ný gjöld lögð á atvinnurekstrinn í landinu: viðlagatrygging, 0.1% hér og 0.2% þar. Þessu rignir niður, og ekki nóg með það að svona sé haldið fram stefnunni, heldur fær maður þess engan kost á að kynna sér málin þótt þau sýnist alls ekki brýn.

Ég tók það einmitt fram að ég felldi mig ekki við að þurfa að leggjast gegn frv. og gera tilraun til þess að fella það af því að ég er ókunnugur því, af því að undirstaða þess að ég geti tekið þátt í afgreiðslunni er auðvitað sú að ég fái að kynna mér það. En ef á að banna mér allar bjargir í því, þá verð ég til vonar og vara, ef þetta skyldi vera mál sem á ekki að ná fram að ganga að sanngirni til, þá verð ég auðvitað að snúast gegn því, því að alltaf má þó taka það upp aftur. En ég hefði fremur kosið annað og þess vegna fer ég eindregið fram á það að málið verði athugað betur. Það hefur engin tilraun verið gerð til þess að sýna mér fram á að það bæri brýna nauðsyn til þess að afgreiða þetta nú. Það verða þeir að gera sem á knýja um afgreiðslu þessa máls, færa mér a. m. k. heim sanninn um það. Það þarf ekki að taka langan tíma ef málið er sanngjarnt og eðlilegt. Ekkert kemur fram um það. Nál., eins og ég sagði, frá hv. meiri hl. iðnn. er einvörðungu um að þeir, sem um þetta biðja, hafi komið á fund n. og gefið greinargóð svör, ekkert orð um það, engin rök frá n. sjálfri um það hvers vegna eigi að samþykkja þetta frv. Hv. frsm. sagði bara að það væri svo áliðið að það væri ekki hægt að reifa það, menn gæfu sér ekki tíma til þess, það væri komið fram á nótt. Og við mig sagði hann að ég skyldi hafa fá orð af því að ég þekkti málið ekki neitt. Ég var einmitt að biðja hann um að fá tíma til að kynna mér það. Þetta er nú afgreiðslumáti í lagi.

Það er nú nóg á mann lagt með þeim ósköpum sem á ganga hér um framgang nauðsynjamálanna, þó að það sé ekki verið að hnýta þessar slaufur stanslaust á kattarskottin.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að neinu marki. Ég vil aðeins í framhaldi af því, sem hæstv. ráðh. sagði um þetta mál, staðfesta það að ég minnist þess að þetta mál var tekið fyrir á eðlilegan hátt í þingflokki sjálfstæðismanna og hlaut þar afgreiðslu eins og önnur stjfrv. Það er nú alllangt síðan þetta gerðist, þannig að ég hygg að ef þetta hefði ekki farið fram hjá sumum okkar, eins og ég heyri

að gerst hefur, þá hefði gefist sæmilegur tími til þess að skoða svo einfalt mál eins og þetta er, a. m. k. í mínum huga.

Málið snýst um það að Landssamband iðnaðarmanna, Félag ísl. iðnrekenda og Samband ísl. samvinnufélaga, þessi samtök óska eftir því að fá löggjöf um að á þau verði lagt ákveðið gjald sem renni til þess að efla samtök þeirra þannig að þau geti betur þjónað sínum atvinnurekstri eftir en áður sjálf og ein. Þetta gjald á að leggjast á þau ein og ekki koma fram í vöruverði. Og skörin er nú farin að færast upp í bekkinn ef menn geta ekki sjálfir óskað eftir því við Alþ. að þá sé lögð einhver ákveðin kvöð til þess að þeir geti betur náð fram sínum málum.(SvH: Er þetta til að einfalda kerfið?) Þetta er ekki til þess að gera kerfið neitt verra en það er núna því að málið er einfaldlega þannig að það á að leggjast 0.1% á iðnlánasjóðsstofn, þann stofn sem rennur til Iðnlánasjóðs, iðnlánasjóðsgjaldið, og þetta þarf ekki að vera erfiðara eða þyngra í vöfum en það að á þetta gjald sé lagt þetta álag og það innheimt nákvæmlega eins og iðnlánasjóðsgjaldið og getur greiðst þaðan. Það þarf ekki að kosta ríkissjóð fimmeyring að gera þetta. Þetta er nú allt og sumt sem mál þetta snýst um. Og ég verð nú að játa það, að ef menn geta ekki sett sig inn í svona einföld mál á tiltölulega stuttum tíma, hvernig fara þá hv. alþm. að því að setja sig inn í þá lagadoðranta sem fyrir okkur eru lagðir, stundum með fárra daga eða klukkustunda fyrirvara áður en á að fara að afgreiða þá.

Ég vil því leggja áherslu á það að þetta mál hefur fengið eðlilega skoðun. Ég lít svo á, að hér sé um það einfalt mál að ræða að það sé á engan hátt óeðlilegt að málið sé afgreitt á þessu þingi, og skoða það svo að við séum þegar búnir að fá hér nál. um þetta mál og að það hljóti að fá eðlilega afgreiðslu á þessu þingi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég verð að byrja á því að biðja hv. d. afsökunar á því að ég skuli leyfa mér að blanda mér inn í flokksdeilur sjálfstæðismanna, því að það hefur farið svo í þessu máli eins og í hverju málinu á fætur öðru á þessari síðustu nótt þingsins að það eru hér logandi deilda í milli deilur á milli þm. sjálfstfl. þannig að við í stjórnarandstöðuflokkunum þurfum nú raunar ekki annað að gera heldur en bara sitja rólega og horfa á þetta „skuespil".

Ég kveð mér hljóðs af því að ég á sæti í iðnn. og hv. formaður n. sagði, sem rétt er, að ég hefði ekki tekið afstöðu til þessa máls á fundinum þegar það var athugað. Nú hefur hv. 1. þm. Sunnl. og raunar síðasti ræðumaður líka lýst því svo fögrum orðum hvað það sé búið að fjalla vandlega um þetta mál, það sé búið að fá eðlilega skoðun o. s. frv., o. s. frv., að ég er orðinn hálfruglaður. Ég veit ekki hvort ég er með á nótunum. Mér vitanlega hefur málið ekki verið tekið fyrir nema á einum fundi í iðnn. Sá fundur stóð 15 mínútur, frá því kl. 1.45 til kl. 2.00 í dag. Á þennan fund voru kallaðir þrír menn, tveir frá Landssambandi iðnaðarmanna og einn frá Félagi ísl. iðnrekenda. Það var heldur losaraleg umr. sem fór fram og ég er þá heyrnarlaus og skilningslaus ef það er ekki rétt að t. d. talsmaður Félags ísl. iðnrekenda, formaður þess, hefði allt á hornum sér um þetta mál og talaði fyrst og fremst um hvað það væri orðið meingallað. Það var fyrst þegar gengið var á hann og sagt við hann: Telur þú gallana svo mikla að þú viljir málið ekki fram? — þá kom á hann hik.

Formaður Landssambands iðnaðarmanna talaði líka fyrst um gallana, en hann sagðist skilja það svo að þingfrv. væru oft gölluð þegar þau væru gerð að lögum í upphafi. Menn yrðu stundum að sætta sig við það ef þeir teldu þau betur en ekki. Og það kom í ljós að hann taldi þetta gallaða frv. þó betra en ekki. Þetta er mér vitanlega öll skoðun sem fram hefur farið á málinu, og ég held að ég hafi verið viðstaddur í byrjun fundarins. Ég varð ekki var við að frv. væri lesið. Það er því von að ég hafi hikað. Málið er nokkurra daga gamalt í þinginu og ég vildi fá að íhuga það. En sú íhugun, svo langt sem hún hefur náð á þessum 11—12 stundum, sem liðnar eru síðan, hefur öll stefnt í þá átt að að þetta sé ekki gott mál og það sé lágmarkskrafa að það verði athugað mun betur, séð um hvað þetta snýst. Jú, það á að taka þetta gjald af iðnaðarvörum. Þó er stóriðjan, orkufrekur iðnaður, öll þau miklu fyrirtæki, undanskilin. Svo á þetta gjald að renna aftur til sömu aðila. Það kemur fram í frv. að t. d. Samband ísl. samvinnufélaga á að vera sér í bás svo að ríkið á að taka nokkrar millj. Þetta mun snúast um 20 millj. alls. Ríkið á að taka nokkrar millj. af SÍS og borga það aftur til SÍS, hreinlega, ekkert annað. Og eins er með lagmetisiðnaðinn. Það á að taka þessa prósentu af framleiðslu lagmetisiðnaðarins og svo á að skila peningunum aftur til lagmetisiðnaðarins. Ég skil ekki þessi ríkisafskipti og ég undrast það satt að segja að Sjálfstfl. skuli beita sér fyrir því að lögfesta ríkisafskipti af þessu tagi. Þetta er alls ekki sambærilegt t. d. við útflutningsgjaldið í sjávarútvegi sem er lagt á allar sjávarútvegsvörur og síðan veitt í mismunandi tilgangi til ákveðinna, stórra verkefna. Mér finnst því að það sé verið að byrja hér á nýrri ríkisinnheimtu sem ætti að geta farið fram alveg án afskipta ríkisins. Ef þessir aðilar vilja setja þessa peningaupphæð til hliðar og nota hana til þess að efla sína starfsemi, þá hljóta þeir að geta lagt þetta sjálfir til hliðar og þurfa varla hjálp ríkisins til þess.

Að lokum þetta: Það stendur í frv. að ekki megi bæta þessu gjaldi á verð framleiðslunnar. Það lagaákvæði er alveg skýrt. En spurningin er: Hvernig er hægt að tryggja að það verði ekki? Hvernig er hægt að tryggja það? Án þess að ég vilji ákæra nokkurn mann um að brjóta slík lög, þá vilja slík ákvæði oft gleymast og þegar frá líður er hætt við að þetta gjald mundi renna inn í þá kostnaðarreikninga sem vöruverðið er byggt á. Mér kæmi því ekki á óvart þó að þetta gjald, þessar 20 millj., lenti á neytendunum þegar allt kemur til alls, áður en langt líður, ef þetta mál nær fram að ganga.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég þurfti því miður að bregða mér frá og gat því ekki verið viðstaddur þegar þetta mál kom hér til umr. Mér virðist á meðferð þeirri sem málið hefur fengið í Ed. að menn hafi ekki áttað sig alveg á því, hvað í þessu frv. felst.

Frv. felur það í sér, að þrenn landssamtök atvinnurekenda í iðnaði, þ. e. a. s. Landssamband iðnaðarmanna, Félag ísl. iðnrekenda og Iðnaðardeild Sambandsins, fóru þess á leit við iðnrn. að þeim yrði gert kleift að innheimta með lögum með sérstakri skattheimtu gjöld af aðildarfélögum sínum. Þetta er efni frv. Erindi um þetta barst þegar ég gegndi störfum iðnrh., og þegar ég fór að kanna málið kom í ljós að Félag ísl. iðnrekenda og Iðnaðardeild Sambandsins höfðu engan áhuga á þessari aðferð við að innheimta félagsgjöld af aðildarfélögum sínum. En vegna þess að Landssamband iðnaðarmanna taldi sig hafa átt í vandræðum með að innheimta slík félagsgjöld af aðildarfélögum þeirra landssamtaka höfðu þau skrifað upp á sameiginlegt bréf, en höfðu ekki áhuga á málinu og það var ekki flutt meðan ég gegndi störfum iðnrh.

Ég er þeirrar skoðunar að innheimta félagsgjalda eigi að vera einkamál hverra samtaka um sig og það sé algerlega fráleitt að ríkið taki að sér að verða innheimtuaðili fyrir slík samtök. Í því væri að sjálfsögðu fólgið undarlegt fordæmi, því að þetta gæti að sjálfsögðu leitt til þess að alls konar félagasamtök í þjóðfélaginu, verkalýðssamtök, vinnuveitendasamtök og við skulum nefna hvaða samtök sem er, færu þess á leit við ríkið að það gerðist innheimtuaðili fyrir sig svo að menn þyrftu ekki að standa í þeim snúningum að innheimta gjöld af sínum félagsmönnum.

Ed. virðist eitthvað hafa misskilið þetta mál því að hún hefur bætt þarna inn Sölutofnun lagmetisiðnaðarins sem er að sjálfsögðu samtök af allt öðru tagi en þessi þrjú atvinnurekendasamtök, sem ég var að nefna áðan, og á á engan hátt heima í þessu kerfi þannig að sú breyting byggist á algerum misskilningi á eðli þessa máls sem er ekkert nema þetta sem ég var að tala um, að það er farið fram á að ríkið innheimti meðlimagjöld þeirra félaga, sem eru aðilar að Landssambandi iðnaðarmanna, Félagi ísl. iðnrekenda og Iðnaðardeild SÍS. Eins og segir í nál. mínu á þskj. 796, tel ég algerlega fráleitt að ríkið taki að sé innheimtustörf af þessu tagi, og ég legg því til að frv. verði fellt.

Sveinn Hermannsson: Herra forseti. Aðeins þetta: Ég vil leyfa mér að leggja til að þessu máli verði vísað aftur til hv. iðnn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það liggur við að við stjórnarandstæðingar hér í kvöld förum hjá okkur þegar við leggjum út í að biðja um orðið undir þeim umr. sem hér hafa átt sér stað hjá hv. stjórnarþm. Það er ekki aðeins í þessu máli, heldur og mörgum öðrum, sem þeir hafa haldið hér uppi umr. á þessum kvöldfundi. Það gengur svo langt að þeir sjálfir — og hygg ég þá að langt sé gengið — þeir sjálfir fara að mótmæla þeim vinnubrögðum sem við eru höfð að því er varðar afgreiðslu og meðferð mála. En ég er í raun og veru ekkert hissa á því, því að það mun ábyggilega vera svo, þó að ég þekki til langt aftur í tímann um starfsháttu Alþingis, að vart munu finnast þess dæmi að málatilbúnaður hafi verið með höndum hafður eins og verið hefur hér á hv. Alþ. nú hina síðustu daga. Og það gengur svo langt að hv. þm. stjórnarflokkanna finnst þeir til þess knúnir að standa upp og mótmæla þessum vinnubrögðum.

Að því er varðar það mál sem hér er til umr., þá sýnist mér eftir þeim lýsingum, sem komið hafa hér fram á því hvernig mál þetta kom til með að verða í framkvæmd, að hér sé nú um hálfgerðan skrípaleik að ræða. Ég sé ekki betur, ef á að fara að nota ríkið til þess að innheimta gjöld af einhverjum ákveðnum aðila bara svo til þess að skila þessum viðkomandi aðila þessum gjöldum nákvæmlega eins aftur. Ég hygg að ef svona fyrirkomulag verði tekið upp, þá muni ekki langir tímar líða þangað til t. d. verkalýðshreyfingin fer að óska eftir því að Alþ. sjái um innheimtu félagsgjalda af stéttarfélögum. Og ég sé ekki að það verði auðvelt fyrir hverja þá ríkisstj. sem kemur til með að sitja í landinu að neita slíku eftir að hafa, ef það verður, gengið frá lagafrv. og samþ. sem lög frv. eins og það sem hér er nú til umr. Ég vil a. m. k. vænta þess að það sé ekki meiningin að það séu einhver sérstök félög í landinu sem komi til með að njóta þeirrar fyrirgreiðslu að nota ríkið sem innheimtuaðila í þessum tilvikum.

Það má vel vera að það sé ókunnugleiki, en ég sé ekki að það sé neitt sem rekur á eftir því að þetta mál verði rekið hér í gegn með þeim hraða og þeim óeðlilegu vinnubrögðum eftir lýsingu nm. sjálfra sem viðhöfð hafa verið í hv. n. Ég tek því alveg eindregið undir þær óskir, sem fram hafa komið, að þessu máli verði frestað. Það er ekkert sem rekur á eftir því að það þurfi að lögfesta það nú á þessu þingi. Það er tiltölulega stuttur tíma þar til þing kemur saman aftur, og væntanlega geta þá a. m. k. nm. og væntanlega þm. allir fengið tækifæri til þess að kynna sér málið betur ef þess er þörf á annað borð. En ef málið er eins og hv. 2. landsk. lýsti því hér áðan, þá sé ég ekki hvaða tilgangi það þjónar að vera að lögfesta slíkt.

Ég tek því eindregið undir það að þessu máli verði frestað og sennilega best þá að taka undir ósk hv. 3. þm. Austf. um að málinu verði vísað aftur til iðnn.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Ég tel eðlilegt, úr því að till. er fram komin um að vísa málinu til iðnn., að þá fari atkvgr. fram um það. Hins vegar tel ég það algerlega óþarft. Iðnn. hefur athugað málið og hefur engu við þá athugun að bæta.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Í tilefni af þessari aths. (**Iðnrh.:** Er þetta till. forseta að vísa málinu til n.?) Nei, það mun hafa verið till. ræðumanns borin fram í ræðu áðan og er skráð hér á blaðið, sem ég hef í höndum frá vara-

forseta, að till. hafi komið fram í umr. um að vísa málinu til n. Ég hins vegar vek athygli á því að það gefst færi á því fyrir n. að ræða málið milli umr. eins og altít er, en hins vegar er það alls ekki tíðkanlegt, svo að ég viti til, að málum sé formlega vísað til n. með atkvgr. á milli umr. á síðari stigum. Ég vona að hv. þdm. hafi ekkert við þessa hætti að athuga. Þetta eru venjuleg vinnubrögð, að ef n. sýnist svo, þá athugi hún málið betur fyrir síðustu umr. ef ný sjónarmið hafa komið fram.

Sverrir Hermannsson: Að tilvísan 1. varaforseta bar ég það undir skrifstofustjóra Alþingis hvort það væri rétt málsmeðferð að ég gæti lagt hér til að vísa málinu aftur til iðnn. Hann kvað svo vera. Þess vegna get ég ekki betur séð en hæstv. forseta beri að bera þá till. undir atkv.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég hef borið mál þetta undir skrifstofustjóra Alþingis og ráðfært mig við hann. Það er, eins og hv. þdm. vita, hægt að vísa málinu til n. á hverju stigi þess sem er, en mat skrifstofustjóra er að um það beri að greiða atkv., ef um það kemur fram ósk. Ég sé mér því ekki fært að neita þeirri ósk, ef haldið er fast við þá kröfu um að atkvgr. fari fram um það, hvort málinu skuli vísað aftur til n. En í lok 15. gr. þingskapa segir: „Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess".

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til iðnn. felld með 17:12 atkv.

1. gr. samþ. með 19:11 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:11 atkv.

Skákkennsla, frv. (þskj. 514, n. 794). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús T. Ólafsson): Hæstv. forseti. Menntmn. sendi frv. á þskj. 514 til umsagnar Skáksambandi Íslands og Skólastjórafélagi Íslands. Frá báðum þessum umsagnaraðilum komu mjög jákvæðar umsagnir. Við athugun á málinu taldi menntmn. þó rétt að gera á frv. þó nokkrar breytingar. Ég vil þó frekar kalla það orðalags- en efnisbreytingar.

Þar sem talað er um í 1. gr. frv. að ráðh. sé heimilt að skipa íslenskan skákmann í fast starf til kennslu í skák leggur n. til, að það sé orðað svo að ráðh. sé „heimilt að ráða," ekki skipa, og bætt er inn í: „eftir því sem fé er veitt til á fjárl." íslenska skákmenn í starf „til ákveðins tíma," en ekki í fast starf, til að „annast leiðsögn um skákstarf í skólum landsins", í stað þess að í frvgr. er talað um kennslu í skák. Það var álit n. að þetta víðtækara orðalag ætti betur við þar sem ekki þyrfti aðeins að gera ráð fyrir því að skákmenn þeir, sem ráðnir yrðu í slíkt starf, önnuðust beina skákkennslu, heldur ekki síður að halda sambandi milli nemenda, sem skák iðka, og skáksamtakanna. Það var talið mundu bera bestan árangur fyrir skákstarf í landinu að tengsl milli uppvaxandi kynslóðar skákmanna og þeirra, sem þegar eru félagsbundnir, yrðu sem nánust og traustust.

Þá er rætt í frvgr. um að skákmaður skuli hafa hlotið stórmeistaratitil eða annan alþjóðlegan titil. Það leggur n. til að sé orðað einfaldlega svo að skilyrðið sé að skákmaður hafi hlotið alþjóðlegan titil án þess að titlar séu nefndir. Það var talið heppilegra ef svo skyldi fara að breytingar yrðu á titlum sem Alþjóðaskáksambandið veitir.

Þar sem rætt er um í frv. að laun skuli vera hámarkslaun menntaskólakennara leggur n. til að þau skuli miðast við launakjör menntaskólakennara án þess að fastákveða hámarkslaun.

Loks þar sem rætt er um að kennsluskylda skuli ákveðin með reglugerð vill n. að það sé orðað svo að starfsskyldu og starfstilhögun skuli ákveða með reglugerð. Er það í samræmi við fyrri orðalagsbreytingar, að hér sé ekki einvörðungu um beina kennslu að ræða.

Loks leggur n. til að fyrirsögn frv. verði breytt þann veg að þetta verði ekki frv. til l. um skákkennslu, heldur frv. til l. um skákleiðsögn í skólum.

Þar sem rætt er um að máli þessu sé nánar skipað með reglugerð taldi n. sjálfsagt og eðlilegt að við þá reglugerðarsamningu yrði leitað samráðs við skáksamtökin í landinu og þá skólamenn sem í hlut eiga.

ATKVGR.

Brtt. 794,1 (ný 1. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 794,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 31 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Efri deild, 94. fundur.

Fimmtudaginn 15. maí, kl. 11.05 síðdegis.

Fljótsdalsvirkjun, þáltill. (þskj. 695, n. 793). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft þetta mál til meðferðar og mælir með samþykkt þess eins og það er orðið í meðferð Nd. Undir þetta skrifa allir nm. iðnn.

Frv. er flutt af hv. þm. Sverri Hermannssyni og var í upphaflegri gerð þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um:

1) að lokið verði hið fyrsta við rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar (1. áfanga Austurlandsvirkjunar),

2) að leitað verði eftir kaupanda að raforku

með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum.“

Nd. breytti tillgr. þannig að hún er nú svo:

„Till. til þál. um rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að Orkustofnun ljúki eins fljótt og við verður komið rannsókn á byggingu Fljótsdalsvirkjunar.“

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti að ég er því eindregið fylgjandi að þessari rannsókn verði hraðað. Þetta er ákaflega athyglisverð rannsókn, athyglisverð virkjun. Hún getur orðið stór ef menn vilja, en þarf e. t. v. ekki að verða það. Sérstaklega er nauðsynlegt að hraða þessari athugun í tengslum við hugmyndir um Bessastaðaárvirkjun.

Ég held að það út af fyrir sig sé nægilegt verkefni á þessu stigi og eigi ekki að fara að tengja það notkun orkunnar á einn máta eða annan.

Ég get einnig sagt það hér að mér er ekki kunnugt um neinar áætlanir um að reisa stóriðju á Reyðarfirði, og upplýst að jafnvel er síður svo nú en áður var.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 823).

Vegalög, frv. (þskj. 764, n. 811). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Í Nd. voru gerðar smávægilegar breytingar á frv. til l. um breyt. á vegalögum. 15. gr. frv. var skipt í tvær greinar. Síðari hluti 15. gr., eins og hún var frá Ed., var gerður að 16. gr. sem hljóðar þá þannig: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella meginmál þeirra inn í vegalög, nr. 80 10. júlí 1973, og gefa þau út svo breytt.“ Efnið er sem sagt alveg óbreytt, þessu er aðeins skipt í tvær gr.

Síðan er ákvæði til bráðabirgða, þar breytast dagsetningar, í staðinn fyrir 15. apríl kemur 25. maí og í staðinn fyrir 1. maí kemur 1. júní.

Samgn. mælir með því að frv. verði samþ. eins og hv. Nd. afgreiddi málið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 827).

Félagsráðgjöf, frv. (þskj. 809, n. 812). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. og nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið í hv. Ed. til meðferðar áður og þar gerði heilbr.- og trn. á því nokkrar breytingar. Fyrsta breytingin var sú, að burtu félli „til að stunda félagsráðgjöf hér á landi“, en okkur láðist í því sambandi að fella niður 3. mgr. 3. gr., sem hljóðar svo:

„Slíku leyfi fylgir ekki réttur til að kallast félagsráðgjafi.“

Nd. breytti þessu og felldi þessa málsgr. aftan af 3. gr.

Heilbr.- og trn. tók frv. til athugunar aftur nú í kvöld og hefur sent frá sér svofellt nál.:

„N. hefur athugað frv. í núverandi mynd, eins og það kemur frá Nd., og leggur til að það verði samþ. svo breytt.“

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 828).

Launajöfnunarbætur o. fl., frv. (þskj. 813). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur áður verið hér í d. og er reyndar gamall kunningi allt frá því í haust. En frv. þetta er margbrotið nokkuð og ekki allt það sem það sýnist. Ég ræddi einkum um launamálin og um almannatryggingarnar og flutti brtt. varðandi almennan lífeyri og tekjutryggingu við fyrri umr. þessa máls, en ég vil gera hér að umtalsefni 1. gr. frv. enn og mun flytja brtt. við hana, en það er sú gr. sem fjallar um svokallaðar launajöfnunarbætur. Einnig mun ég fjalla sérstaklega um svokallaðan barnalífeyri þar sem ég tel einsýnt að ekki þýði að freista þess að koma fram breytingum á þeim ákvæðum sem snerta ellilífeyri.

Í 1. gr. frv., eins og hún er nú, segir, og ég bið hv. þdm., sem vilja fylgjast með rökstuðningi mínum, að taka vel eftir, en þar segir svo:

„Frá 1. okt. 1974 til 31. maí 1975 og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað“ — og svo er lýst síðar í gr. hvað þetta annað er, ég held áfram — „skulu launagreiðendur greiða launajöfnunarbætur í stað almennrar verðlagsuppbótar á laun umfram þá verðlagsuppbót sem svarar til kaupgreiðsluvísitölu 106.18 stig sem hér segir.“

Og síðan er lýst hvað þetta „annað“ sé, þ. e. launajöfnunarbæturnar eins og þær voru samkv. brbl. sem sett voru í sept. á s. l. ári.

Eins og kunnugt er hafa heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins eða öllu heldur einstök verkalýðsfélög á grundvelli samninga, sem heildarsamtökin fóru með, þegar samið um annað en það sem í þessari gr. segir. Er því ljóst að þegar það hefur gerst hefur þessi gr. ekki lengur gildi og þar sem hún tímalega séð fellur úr gildi 31. maí 1975 virðist mér einsýnt að þau ákvæði hennar, sem fjalla um greiðslu kaupgjaldsvísitölu, falli úr gildi nú um næstu mánaðamót því að eftir 31. maí 1975 er sem sagt tíminn liðinn.

Nú kann að vera að einhver vilji bera brigður á þennan skilning, en ég vil þá leyfa mér að

færa nokkur frekari rök að þessu. Ég bendi á það í fyrsta lagi að í þessari gr. er hvergi berum orðum bannað að greiða verðlagsuppbætur á laun og það er hvergi sagt að þær skuli ekki greiða. Ég bendi einnig á að það orðalag þessarar gr. var með talsvert öðrum hætti á s. l. hausti því að þá var beinlínis sagt: „Verðlagsuppbót á laun skal haldast óbreytt fram til 31. ágúst 1974, sú sem tók gildi 1. mars 1974 samkv. kjarasamningum.“ Og síðan var nákvæm lýsing á því í 2. gr. frv. hvernig reikna skyldi út kaupgreiðsluvísitölu. Það var sagt að inn í vísitöluna skyldi ekki taka liðinn „eigin bifreið“ og ákveðin niðurgreiðsla sem fram fór á tímabilinu frá 1. mars til 1. júní átti ekki heldur að teljast með.

Eins og ég hef sagt, þá virðist mér á öllu að orðalagið sé það losaralegt á þessari gr. að það yrði ekki túlkað á þann veg að þeir samningar um kaupgreiðsluvísitölu, sem nú eru í gildi, væru niður fallnir. Ég tel því einsýnt að hinn 1. júní komi vísitöluákvæði til framkvæmda hjá öllum þeim sem hafa vísitöluákvæði í samningum sínum.

Nú er það að vísu svo að almennu verkalýðsfélögin sögðu upp samningum sínum á s. l. vetri og hugsanlegt væri að halda því fram að þar með hefðu kaupgreiðsluvísitöluákvæðin frá því á s. l. vetri fallið niður, en síðan hefði verið gerður nýr samningur og hann væri ekki með neinum kaupgreiðsluvísitöluákvæðum. En þetta er þó meira en vafasamt vegna þess að í samningnum er vísað til fyrra samkomulags sem í gildi hafi verið. Ég tel því í öllu falli mikið vafamál hvort ekki sé hægt að líta svo á að jafnvel kjarasamningar almennu verkalýðsfélaganna séu í fullu gildi hvað kaupgreiðsluvísitölu snertir eftir 1. júní n. k. Hitt virðist mér alveg einsýnt, að þar sem samningunum hefur ekki beinlínis verið sagt upp, eins og hjá BSRB og öðrum slíkum aðilum, þar hlýtur kaupgreiðsluvísitalan að vera í gildi.

Ég vil til að auðvelda mönnum skilning á eðli þessa máls rekja gang þess, hvað hefur raunverulega gerst, í stórum dráttum. Og það er ósköp einfaldlega það að brbl. voru upphaflega sett 21. maí og þar var ákveðið að sú verðlagsuppbót, sem tók gildi 1. mars 1974, skyldi haldast óbreytt, en hún var einmitt miðuð við 106.18 stig. Og eins og ég sagði, það skyldi reikna út tvenns konar k-vísitölu, aðra með liðnum bifreið og hina án bifreiðar. Þessi brbl. voru síðan staðfest á Alþ. 22. ágúst 1974. En þessi vísitöluákvæði féllu síðan úr gildi 30. sept. 1974. Þá höfðu verið sett ný brbl., nánar tiltekið 24. sept., og samkv. þeim áttu launajöfnunarbætur að koma í stað almennra verðlagsuppbóta á laun frá 1. okt. til 31. maí 1975, eins og þar stóð. Síðan hefur þessum ákvæðum verið breytt við meðferð Alþ. á málinu og hefur verið skotið inn orðunum „og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað“. Eins og ég hef þegar tekið fram, þá hefur nú þegar verið samið um annað en launajöfnunarfrv. ber með sér, og þar af leiðir að ekki þarf lengur að bíða eftir því að heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins semji um neitt annað. Þau hafa þegar samið um annað og sá frestur er því liðinn og að öðru leyti rennur fresturinn út hinn 31. maí 1975.

Þessu til viðbótar er svo rétt að benda á það að heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins semja ekki um kaup og kjör fyrir starfsmenn sína. Það gera hin einstöku verkalýðsfélög. Hins vegar var það svo að heildarsamtök verkalýðsfélaganna, þ. e. a. s. samninganefnd Alþýðusambandsins, sáu um gerð rammasamnings í vetur og e. t. v. er þá átt við það með þessu orðalagi.

Ég tel æskilegt að það komi hér fram í umr. að þetta er skilningur minn á þessum lögum og væntanlega skilningur Alþ. á þessum lögum meðan því er ómótmælt. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. forsrh. og ráðh. rikisstj. geri sér fyllilega grein fyrir þessu. Ég verð að vísu að játa að það, að þeir skuli setja inn þessa setningu, sem hér er komin inn í frv., um heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins, bendir til þess að meiningin hafi verið að reyna að lauma inn í frv. ákvæði sem fæli það í sér að bannið við greiðslu vísitöluuppbóta stæði áfram. En ég sem sagt undirstrika það við þessa umr. að þessi orð duga ekki og ég vil lýsa því yfir, eins og ég hef þegar gert, að það er ótvíræður skilningur minn á þessu ákvæði að það standist ekki sem bann við greiðslu kaupgreiðsluvísitölu og að launþegar eigi því fyllsta rétt á slíkum greiðslum hinn 1. júní, svo fremi að slík ákvæði séu í samningum þeirra. Sé ekki þessi skilningur almennt viðurkenndur er hins vegar einsýnt að upp munu rísa mikil ágreiningsmál og ekki ólíklegt að það yrði þá að leita til dómstóla um úrskurð á þessu losaralega og óljósa ákvæði.

Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram við þessa umr. en að öðru leyti ætla ég að fara hér nokkrum orðum um það ákvæði frv. sem fjallar um greiðslur úr almannatryggingakerfinu. Ég er nefnilega að gera mér vonir um að hæstv. ríkisstj. hafi sést yfir eitt atriði varðandi þær breytingar sem gerðar hafa verið á almannatryggingalögum og fela í sér tiltölulega litla hækkun á almennum ellilífeyri, en allmiklu meiri hækkun á tekjutryggingu. Mönnum finnst að þetta kunni að vera sanngjarnt vegna þess að það séu ýmsir óverðugir sem fá hinn almenna ellilífeyri, það kunni oft að vera fólk með sæmilegar tekjur og jafnvel á fullum eftirlaunum o. s. frv. og meira máli skipti að tekjutryggingin sé sæmileg. Það er ekki víst að menn hafi gert sér grein fyrir því þegar þeir voru að breyta þessum ákvæðum að með því voru þeir m. a. að ákveða að meðlagsgreiðslur í þjóðfélaginu hækkuðu ekki meira en þessari hækkun nemur, en það voru 9% 1. okt. 1974, 3% 1. des. og svo aftur 9% frá 1. apríl. Almennur ellilífeyrir og þar með meðlagsgreiðslur og barnalífeyrisgreiðslur hefðu átt að hækka um 34% ef þessar greiðslur hefðu fylgt kaupgreiðsluvísitölu, en þær hækka sem sagt ekki nema um 9% og er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi. Ef þessar greiðslur hækkuðu hins vegar í einhverju samræmi við framfærsluvísitölu, þá ætti hækkunin nú að nema yfir 40%. Ég vil sem sagt benda á það, að vegna þess að þessar greiðslur fylgja hækkuninni á hinum almenna ellilífeyri, þá verður hækkunin svona lítil, og ég vil sem sagt spyrjast fyrir um hvort það hafi virkilega verið ætlunin að láta það standa áfram óbreytt svo að meðlagsgreiðslur og barnalífeyrisgreiðslur hækk-

uðu aðeins um 9% núna miðað við 1. apríl. Ég bið menn að gæta að því að með þessu er ekki aðeins verið að spara ríkissjóði nokkra milljónatugi eða kannske nokkuð á annað hundrað millj. — ég veit ekki nákvæmlega hvað þarna væri um háa upphæð að ræða — heldur er einnig verið að raska stórlega fjármálalegum viðskiptum t. d. fráskilins fólks ellegar einstæðra foreldra sem hafa framfærslueyri sinn að talsverðu leyti af meðlagsgreiðslum og barnalífeyri. Ég veit sem sagt ekki hvort það var raunverulega meiningin með því að skammta ellilífeyrinn svona smátt og svo aftur tekjutrygginguna eitthvað töluvert ríflegar. Ég veit ekki hvort menn gerðu sér grein fyrir því að þessi stefna hefur talsverðar afleiðingar á fleiri sviðum en hvað snertir lífeyrinn einan. Ég vil segja hæstv. forsrh. það og öðrum hv. þdm. að það er í fyrsta skipti nú, eftir að þessi breyting hefur verið gerð sem útlit er fyrir að verði nú í kvöld, í fyrsta skipti um margra, margra ára skeið að meðlag nægir ekki fyrir dagvistunargjaldi barns. Ég efast um að það hafi gerst í meira en áratug, kannske ekki tvo áratugi. Þetta tel ég sem sagt svo ótrúleg vinnubrögð að ég vil enn freista þess að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstj. með því að flytja brtt. þess efnis að barnalífeyrir og meðlagsgreiðslur þar með hækki sem nemur þeirri hækkun á framfærsluvísitölu sem orðið hefur á liðum árum.

Ég geri ekki frekari tilraunir til að fá hæstv. ríkisstj. til að fallast á hækkun ellilífeyris eða hækkun tekjutryggingar vegna þess að það mál er þegar fullreynt. En ef ske kynni að þessi smánarlega afgreiðsla á málefnum einstæðra foreldra og á málefnum þeirra sem lífsnauðsynlega þurfa á hæfilegum barnalífeyri að halda, ef þessi afgreiðsla byggist á misskilningi, þá hefur hæstv. ríkisstj. enn tækifæri til þess að leiðrétta það með samþykkt þessarar till.

Till., sem ég flyt, eru þessar:

„1. Við 1. gr. Niður falli úr gr. „og þar til heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hafa samið um annað".

Ég lít að vísu svo á, eins og ég hef lýst hér yfir, að þessi setning breyti ekki neinu. En til þess að ekki sé neinn vafi á ferðum og til þess að enginn villist á því og ímyndi sér að þessi setning hafi eitthvert gildi þá tel ég rétt að flytja þessa till.

Í öðru lagi flyt ég þá brtt. við 6. gr. að við gr. bætist eftirfarandi setning: „Árlegur lífeyrir með hverju barni skal vera kr. 109 740 frá 1. mars 1975 og breytast síðan ársfjórðungslega í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu."

Þessar till. eru bornar fram sem skrifl. brtt. og þarf væntanlega að leita afbrigða fyrir þeim.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 817) samþ. með 12 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund.

Aðsetursskipti, frv. (þskj. 600). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Frv. þetta var flutt í Nd. af allshn. samkv. beiðni Hagstofu Íslands og miða ákvæði frv. að því að auka svigrúm Hagstofunnar til að ljúka árlegri framfærslu þjóðskrár fyrir áramót. Gert er ráð fyrir að þeir, sem hafa í hyggju að flytja á tímabilinu frá 16. nóv. til 1. des. á ári hverju, skuli tilkynna það eigi síðar en 15. nóv., enda liggi þá fyrir hvert menn flytja. Með þessu mundi lokaátak til árlegrar gerðar þjóðskrár geta hafist þegar um miðjan nóv. eða tveim vikum fyrr en hingað til og þannig væri unnt að draga verulega úr yfirvinnu við gerð þjóðskrár í nóv. og des.

Annar ávinningur af þessari breyttu tilhögun er sá, að með henni ættu vinnuóhöpp á hagstofunni, sem alltaf eru möguleg, ekki að geta leitt til þess að þjóðskráin verði of seint tilbúin til nauðsynlegrar skattvinnslu í jan.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, það er tæknilegs eðlis og til hagræðingar. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að mælast til þess að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og ef þörf þykir vísað til allshn. milli umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Flugleiðir, frv. (þskj. 616). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 829).

Launajöfnunarbætur o. fl., frv. (þskj 813, n. 816, 817). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið frv. til athugunar eins og það kemur frá Nd. og meiri hl. n. mælir með því að frv. verði samþ. eins og Nd. afgreiddi málið. Minni hl. gerir grein fyrir afstöðu sinni með séráliti.

Þær breytingar, sem urðu á frv. í meðferð Nd., eru sumar smávægilegar. Þar er um leiðréttingar að ræða, það hafði verið um villur að ræða í texta. En hins vegar breytist skerðingarhlutfall vegna tekjutryggingar samkv. 7. gr., þ. e. a. s. í staðinn fyrir að skerðingarhlutfall var í brtt., eins og hún var lögð fram upphaflega, 45 þús. kr. frá 1. apríl 1975 til 30. júní og síðan 46 380 kr. frá 1. júlí eða hækkun um 3%, er skerðingarhlutfallinu breytt í 46 380 kr. á báðum stöðum. Þetta er gert til hagræðingar þar sem Tryggingastofnunin taldi mjög erfitt í framkvæmd að breyta skerðingarhlutfallinu á þennan hátt. Þetta hefur í för með sér smávægilega útgjaldahækkun fyrir ríkissjóð.

Þar að auki er breyting á 11. gr. frv. sem fjallar um fjárfestingarlánasjóði. Gr. er stytt all-

verulega og varð á henni veruleg breyting í meðförum Nd. 1. mgr. fellur alveg niður, þar sem kveðið var á um lánskjör sjóða, og hljóðar gr. nú svo:

„Fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með sambærilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Heimilt er að ákveða lánskjör þessara sjóða þannig að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns."

Síðan skal ríkisstj. setja meginreglur um þessi lánskjör í samráði við Seðlabanka Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins.

Varðandi þá brtt., sem hv. 5. þm. Norðurl. v. lagði hér fram við 1. gr., þá vil ég aðeins endurtaka það, sem ég sagði í framsögu, að ég sagði þá að til þess að taka af tvímæli um það hvaða kjör skuli ríkja frá 1 júní n. k., fari svo að samningar hafi þá ekki tekist á milli aðila á vinnumarkaðnum um fyrirkomulag vísitölubindingar launa í framhaldi af bráðabirgðasamkomulaginu sem í gildi er til þess tíma, er hér gert ráð fyrir að ákvæðin um launajöfnunarbætur haldi gildi þar til samningar hafi tekist milli heildarsamtakanna á vinnumarkaðnum. Þessi ákvæði má telja í samræmi við venjur í slíkum tilvikum. Um þetta orðalag var haft samráð við forustumenn ASÍ og þótti rétt að þetta kæmi fram, færi svo að heildarsamtökin hefðu ekki lokið samningum 1. júní. Að öðru leyti er það ljóst, eins og hv. þm. sagði, að heildarsamtök launþega hafa þegar samið um hærri launajöfnunarbætur en var í brbl. og eru í frv. og þær gilda að sjálfsögðu nú. Hins vegar þykir rétt að staðfesta brbl. með þeim tölum sem upphaflega voru í gildi um launajöfnunarbætur. Varðandi 2. brtt. hv. þm. mun hæstv. forsrh. gera d. grein fyrir því atriði.

Frsm. 2. minni hl. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég heyrði ekki betur en hv. frsm. fjh.- og viðskn. væri mér sammála um þá túlkun á 1. gr. frv. sem ég hélt fram áðan. Hann tók einmitt fram að heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins hefðu samið um annað en það sem greinir í 1. gr. Á þeim grundvelli get ég ekki túlkað hans orð öðruvísi en hann sé mér sammála um áframhald þeirrar ályktunar sem ég dró áðan. Ég orðlengi því ekki frekar um það atriði, en vil þó halda þeirri brtt., sem ég hef hér flutt, til streitu og láta hana koma til atkv., þar sem ég tel að annað geti valdið misskilningi og sé hyggilegra að breyta þessu, einkum gagnvart þeim aðilum sem ekki eiga aðild að Alþýðusambandi Íslands.

Um hina till., sem ég flutti, er það að segja að við umr. í n. kom fram að hæstv. forsrh. mundi vera reiðubúinn til að lýsa því yfir að barnalífeyrir, þ. e. meðlag, yrði tekinn til endurskoðunar og ný ákvörðun tekin um það atriði af hálfu ríkisstj., en þetta getur verið reglugerðaratriði og er ekki endilega nauðsyn að það sé fest í lög. Með hliðsjón af hinu mikla gildi þess að slík yfirlýsing komi fram hér í þinginu og enda þótt með þeim hætti sé allt ákvörðunarvald lagt á vald hæstv. ríkisstj. og engu sé beinlínis lofað um hver upphæð verður eða hve mikil hækkun verður á hlutfallstölu, þá tel ég samt að slík yfirlýsing sé það mikils virði að tilvinnandi sé að draga till. til baka í trausti þess að yfirlýsingin verði hér gefin.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. um 1. gr. þessa frv., en tek þó fram að þessi gr. hefur þýðingu eftir sem áður, þótt heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins komi sér saman um ákveðnar launajöfnunarbætur til viðbótar þeim sem ákveðnar eru í þessum lögum. Hefur raunar frsm. fjh.- og viðskn. gert grein fyrir því og ég sömuleiðis í Nd. fyrr í dag og tel ég því ekki ástæðu til að fjölyrða nánar um það efni.

Varðandi ákvörðun barnalífeyris eða meðlaga, þá fylgir hann hinni almennu hækkun lífeyrisgreiðslna, þ. e. a. s. hækkar um 9%, en heilbr.- og trmrh. hefur vald til þess með reglugerð að breyta þessu og ákveða barnalífeyri eða meðlag með öðrum hætti. Það hefur hann haft til athugunar og ríkisstj. mun taka það til meðferðar að athugun lokinni. Ég get ekki lofað neinni ákveðinni hækkun, það fer eftir þeirri athugun, sem fram fer, hver úrslit málsins verða. En mál þetta er til meðferðar í rn. og ríkisstj. mun taka afstöðu til þess að lokinni þeirri athugun.

ATKVGR.

Brtt. 817,1 felld með 14:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, GeirG, HFS, JÁH, RA, StJ.
nei: AG, AJ, ÁB, EÁ, GH, HÅ, IT, JónÁ, JHelg, JGS, OÓ, StH, StG, ÞK.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Eins og fram kom fyrr í kvöld tel ég einsýnt vera að 1. gr. frv., eins og hún er orðuð í frv. eins og það kom frá Nd., kemur ekki í veg fyrir greiðslu verðlagsuppbóta á laun frá 1. júní n. k. hjá þeim launþegum sem rétt eiga til verðlagsuppbóta á laun samkv. samningum sínum. Ég vek á því athygli hér í d. að ég hef oftar en einu sinni haldið fram þessum skilningi hér án þess að því væri á nokkurn hátt mótmælt. En þar sem ég tel að sú setning, sem ég hef hér gert brtt. við, geti hugsanlega valdið misskilningi að óþörfu, þá segi ég já.

Brtt. 817,2 tekin aftur.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 830).

Efri deild, 95. fundur.

Föstudaginn 16. maí, kl. 0.25 eftir miðnætti.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar, frv. (þskj. 141, n. 727, 469, 718, 814). — Frh. 2. umr.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að deila við forseta um hve oft ég hef tekið til máls, vegna þess að ég hafði aldrei hugsað mér að vera neitt sérlega langorður. En

ég skildi það svo að ég hefði tvívegis gert hlé á máli mínu, fyrra skiptið vegna þess að forseti óskaði sérstaklega eftir því, en í síðara sinnið vegna þess að hæstv. samgrh. var ekki viðstaddur til þess að svara fsp. sem ég hafði lagt fyrir hann. Ég tók það svo, þegar ég síðan bar upp fsp. í síðara sinn, að þá hefði ég verið að halda áfram ræðu minni sem mér tókst ekki að halda fram á hinum fyrra fundi. En þetta er í sjálfu sér aukaatriði af því að það var aldrei meining mín að orðlengja frekar þetta mál.

Ég lagði nokkrar spurningar fyrir hæstv. samgrh. í dag og fékk við þeim svör og ég þarf aðeins að gera örfáar aths. við þessi svör um leið og ég síðan kynni brtt. sem við hv. þm. Stefán Jónsson höfum lagt fram í þessu máli. En ég hafði einmitt lýst því yfir að ég óskaði eftir því að fá að heyra yfirlýsingar og svör hæstv. samgrh. áður en till. yrði borin fram.

Í fyrsta lagi spurði ég hæstv. samgrh. að því, hvort um það yrði að ræða að ráðist yrði í nýjar framkvæmdir ef frv. þetta yrði samþykkt, sem sagt hvort með samþykkt þessa frv. fengist fjármagn til að ráðast í aðrar framkvæmdir en þær sem nú væru tilgreindar í vegáætlun. En mjög mismunandi yfirlýsingar höfðu heyrst hjá hv. þm. um þetta efni. Hæstv. ráðh., sem var að vísu svolítið óljós lengi framan af, og var ekki alveg ljóst hvert svarið ætlaði á endanum að verða, svaraði að lokum býsna skýrt og ljóst að á þessu ári yrði ekkert af þessu fé notað til framkvæmda sem ekki væru tilgreindar í þeirri vegáætlun sem hér er til umfjöllunar. Hann sagði að vísu að hugsanlegt væri að eitthvað lítils háttar yrði notað af þessu fé ef það fjármagn, sem til ráðstöfunar væri á vegáætlun, hrykki ekki til þeirra framkvæmda sem þar væru ráðgerðar. En ekki yrði sem sagt um að ræða neinar viðbótarframkvæmdir frá því sem áður hafði verið hugsað. Þetta tel ég að hafi verið ákaflega athyglisverðar upplýsingar sem gott var að fá fram því að þetta upplýsir töluvert mikið málið og sýnir okkur að samþ. frv. breytir raunverulega engu á árinu 1975. En á árinu 1976 er ætlunin að endurskoða vegáætlun og það er í raun og veru nægur fyrirvari og nægur tími að hugsa til þess hvernig þessum málum verði hagað á næsta vetri.

Ég vil svo aðeins að lokum andmæla nokkrum fullyrðingum hæstv. samgrh. sem að vísu er kannske ekki mikil þörf á að andmæla vegna þess að ég taldi mig hafa talað nægilega skýrt fyrr. En hann hafði greinilega misskilið og þarf nú næstum ekki að kalla á hæstv. samgrh. þess vegna, ég er sannfærður um að hann viti betur en hann sagði. En það fyrst og fremst um afstöðu mína til þessa máls. Hann hélt því nefnilega fram að ég hefði snúist gegn fjáröflun til framkvæmda á Norður- og Austurvegi, eins og hann orðaði það. En þetta er að sjálfsögðu hin mesta firra, eins og margoft hefur komið fram. Ég hef ekki snúist gegn hvers konar fjáröflun í þessu skyni en ég hef snúist gegn þessari tilteknu fjáröflunaraðferð. Nákvæmlega þennan sama útúrsnúning var hæstv. samgrh. með í umr. um vegáætlun áðan þar sem hann reyndi að telja mönnum trú um að ég hefði snúist gegn fjáröflun í þessu skyni, en það er að sjálfsögðu rangt, eins og raunar kemur skýrt fram af þeim brtt. sem við höfum síðan flutt.

Það, sem ég hef hins vegar snúist gegn, er að ríkissjóður taki óhagkvæmustu og heimskulegustu lán sem unnt er að fá á lánamarkaði, og í því sambandi væri athyglisvert fyrir hv. þm. að hugsa sér að kæmi að því að við þyrftum að endurgreiða þessar 2 000 millj. kr. að 10 árum liðnum, ef hliðstæð þróun á eftir að verða á þeim 10 árum sem nú líða frá því að þetta lán er tekið og verið hefur á undanförnum 10 árum. Að vísu eru allar líkur á því að þróunin verði miklu hastarlegri og miklu óhagstæðari fyrir ríkissjóð. En sem sagt, ef hún verður eins og hún var á liðnum 10 árum, þá þarf ríkissjóður að endurgreiða þetta 2 000 millj. kr. lán með 5 200 millj. ef um er að ræða venjulegt lán með sæmilegum vöxtum. Hann þarf að borga 11 000 millj. í staðinn fyrir þessar 2 000 millj. ef um yrði að ræða gengislán og þróun í gengismálum væri hliðstæð þeirri sem orðið hefur á s. l. 10 árum, en ef um verðtryggt lán er að ræða, þá þyrfti hann að borga 26 400 millj. í endurgreiðslu fyrir þessar 2 000 millj., ef sem sagt verðlagsþróun yrði með svipuðum hætti og hún hefur verið undanfarin 10 ár, en allar líkur benda nú til að hún yrði miklu óhagstæðari fyrir ríkissjóð. Ég vil sem sagt spyrja menn að því hvort mönnum sýnist ekki sitthvað, fjáröflun og fjáröflun, í sambandi við þetta, hvort mönnum er nákvæmlega sama hvort þeir leggja 5 200 millj. kr. fjárhagsbyrði á ríkissjóð eða hvort þeir leggja 26 400 millj. kr. fjárhagsbyrði á ríkissjóð í sambandi við framkvæmdir hans. Þetta er kjarni málsins í sambandi við fjáröflunarhliðina, sá kjarni sem menn verða að reyna að koma inn í höfuðið á sér fyrr eða síðar þótt erfiðlega gangi fyrir ýmsa.

Ég þarf svo ekki frekar að orðlengja þetta mál. Ég hef ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni flutt brtt. á þskj. 814 sem fela í sér að um verði að ræða almenna lántöku, annaðhvort á innlendum eða erlendum markaði, til þessara sömu framkvæmda, ekki happdrættisskuldabréfalán, ekki verðtryggt lán. Og í öðru lagi höfum við lagt það til, hv. þm. Stefán Jónsson og ég, að lán þetta skuli nota til að byggja upp hringveginn umhverfis landið og tengibrautir út frá honum. Við viljum sem sagt ekki einangra þetta við þessa tvo vegi, sem nefndir eru í tillgr., heldur við hringveginn allan og við viljum bæta tengibrautum við. Þá á ég t. d., svo að ég nefni sem dæmi, við leiðina frá Akureyri til Dalvíkur og Ólafsfjarðar eða leiðina úr Norðurárdal og vestur á firði, svo að dæmi séu nefnd.

Í öðru lagi viljum við, að það sé skýrt tekið fram í frv. að fé þessu skuli ekki varið til að leggja varanlegt slitlag á hraðbrautir. Við viljum að það komi skýrt fram, því sé slegið föstu vegna ótta sem uppi er og það ekki að ástæðulausu um að verulegur hluti af þessu fjármagni, þegar þar að kemur — það verður víst ekki á þessu ári, fari til slíkra framkvæmda sem ekki geta talist ýkjanauðsynlegar eins og á stendur.

Til vara, ef þessar till. verða felldar, leggjum við fram eina brtt. og hún er sú ein að við 7. gr. bætist setningin: „Fé þessu skal þó ekki varið til að leggja varanlegt slitlag á hraðbrautir.“

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Þetta var nokkuð löng „örstutt athugasemd" hjá hv. þm., en honum er það fyrirgefið. Hins vegar sagði hv. þm. að hann ætlaði ekki að deila við forseta um það hve oft hann hefði tekið til máls. Það er rétt, það er ekki rétt að deila um staðreyndir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 814) samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar alllangar og ég skal ekki lengja þær mikið, en mig langaði aðeins að vekja athygli á þeirri staðreynd, sem mér fannst koma út úr ræðum flestra ræðumanna við þessa umr., að raunverulega erum við sammála, við viljum fá sem mest fjármagn til vegagerðar, og þess vegna sé það raunverulega aukaatriði, sem skiptar skoðanir eru um. Mér fannst það koma nokkuð fram í gær eins og væri verið að deila um allt fjármagn til vegagerðar, þess vegna þyrfti að dreifa sem mest því fé sem gert væri ráð fyrir að afla á þennan hátt. En þetta er sem betur fer vitanlega ekki nema lítill hluti af því sem rennur til vegagerðar. Og það má benda á að samkv. vegáætlun, sem nú er verið að afgreiða frá Alþ., er fjármagn til þessara vega, sem talað er um í þessu frv., árið 1975 629 millj. og 1976 778 millj. Ég held að ef við fáum fjármagn til viðbótar til þessara vega, þá muni það létta á og auðvelda vegaframkvæmdir alls staðar á landinu. Það, sem við erum að gera með þessu, er að reyna að fá fjármagn til viðbótar til vegagerðar, til viðbótar við allt það fjármagn sem við getum útvegað á annan hátt. Fjvn. hefur samkv. vegáætun ekki talið fært að gera till. um útvegun á meira fjármagni á þessu ári með öðru móti, en þetta á að vera til viðbótar því sem hægt er þá að útvega á hagkvæmari hátt.

Ræður Ragnars Arnalds, hv. 5. þm. Norðurl. v., hafa verið með nokkuð öðrum hætti en ræður annarra ræðumanna við þessar umr., og mér finnst hafa verið erfitt að átta sig á því hvað hann var að fara. Ég vil aðeins vegna ummæla hans í gær hér um nefndarstörfin taka fram að það var ekki tekið neitt málfrelsi af mönnum í fjh.- og viðskn. þegar þetta mál var til umr. og afgreiðslu. Menn gátu rætt þetta eins og þeir óskuðu eftir, og það mátti segja að menn væru að miklu leyti sammála um afgreiðslu málsins. (**RA:** Þeir sem voru á fundi.) Já, hitt er svo aftur annað mál hvað menn hafa tíma til að mæta á fundum á Alþ. Hins vegar ef alþm. geta ekki mætt, þá eru það náttúrlega miklar annir við önnur störf ef þeir geta ekki einu sinni haft samband við formann n., spurt hvað er til umr. og óskað þá eftir því að halda fundi um það aftur þegar þeir gætu gefið sér tíma til að mæta á fundum hjá alþingisnefndum.

Eins og ég sagði, þá fannst mér ræður þessa hv. þm. vera nokkuð undarlegar að ýmsu leyti og ég ósammála þeim á margan hátt. Hann lagði t. d. mikla áherslu á þá skoðun, sem kom fram í álitum sem n. bárust, að það ætti að vinna að vegagerð þar sem það væri skynsamlegt frá vis-indalegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Ég er þessu algerlega andvígur. Ég tel að við eigum að vinna að vegagerð fyrst og fremst þar sem þörfin er mest, en ekki þar sem gróðinn er mestur. Ég held að fyrir okkur, sem úti á landi búum, þá sé það það sem við þurfum að stefna að. Það er ekkert tekið fram í þessu frv. að þetta eigi að ganga til varanlegs slitlags. Þetta á að ganga til vegagerðar, en ekkert nefnt frekar til varanlegs slitlags. Og vegna ummæla, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. viðhafði þegar hann spurði af hverju mætti ekki byrja á vegagerð út frá Akureyri, þá held ég að hann hafi ekki athugað nógu vel vegáætlun Mig minnir að það standi á vegáætlun, sem nú er verið að afgreiða, að það eigi að leggja 180 millj. kr. til vegagerðar út frá Akureyri á þessu ári, þannig að það er einmitt verið að gera það sem hann var að benda hér á, eða gert ráð fyrir að gera það. (**StJ:** Ég sagði til vesturs og austurs út frá Akureyri.) Já, er ekki Svalbarðsströnd til austurs frá Akureyri. (**StJ:** Ekki Vaðlaheiðin.) Svalbarðsströnd, já, það er unnið að vegagerð þar líka á hraðbraut og eins og ég sagði, þá er þetta aðeins hluti af því fjármagni, sem er varið til hraðbrauta, og væntanlega reiknum við ekki með því að það verði farið að draga úr fjármagni til hraðbrauta þótt þetta verði samþ. Það held ég að engum detti í hug.

Í sambandi við umsagnir þær, sem bárust til n., *þá er rétt að viðskiptabankarnir voru andvígir* þessu. Þeir voru andvígir því að það væri verið að verja fjármagni til þessara framkvæmda. En ég held að það væri nákvæmlega sama um hvaða framkvæmdir væri að ræða, þær mundu alltaf draga úr fjármagni til annarra hluta. Ef við verjum fjármagni í eitthvað, þá er ekki hægt að nota það til annarra hluta, hvorki til að leggja það inn í banka eða til annarra framkvæmda. Og ég held að það hafi einmitt komið fram í ræðum flestra í gær að þeir teldu að vegagerð væri ein af þeim framkvæmdum sem ættu að hafa forgang, og það er einmitt það sem við erum að leggja áherslu á, að við viljum reyna að verja sem mestu fjármagni til þess arna. Og það er einmitt það sem kom fram í þessum umsögnum, að með þessu væri verið að veita vissum framkvæmdum forgang. Þeir töldu að það væri ekki æskilegt. En það, sem kom fram í málflutningi flestra hv. alþm., er að þeir vilja veita þessum framkvæmdum forgang. Hér er þess vegna um beinan skoðanamun að ræða milli þessara stofnana og hv. alþm. og ég held að þar verði okkar skoðanir að ráða.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég talaði hér í gærkvöld og örugglega aðeins einu sinni og gæti þess vegna örugglega talað hér langt mál. En ég ætla aðeins að taka það fram, að ég held, að það sé mikill misskilningur hjá hv. 4. þm. Sunnl. sem hann sagði hér um skoðanir annars hv. þm. sem nú getur örugglega ekki svarað fyrir sig lengur að dómi hæstv. forseta, hv. 5. þm. Norðurl. v. Ég held að ég hafi skilið hans mál fullkomlega rétt þegar hann var að ræða þessi mál og hann hafi einmitt lagt áherslu á að það þyrfti að vinna þau verkefni þar sem brýnust væri þörfin, og ég kannast ekki við þau gróða-

sjónarmið sem hv. 4. þm. Sunnl. var að leggja þessum hv. þm. í munn. Ég held að hann hafi aldrei á þau minnst á þann hátt, aðeins minnt á það að við ættum að vinna að þessum málefnum sem allra víðast og gera sem sagt vegina sem víðast akfæra, vel akfæra.

Ég tek það fram að ég skil mætavel afstöðu ýmissa þeirra sem hér hafa talað og flutt brtt. við þetta frv. Ég ítreka aðeins það, sem ég sagði í gær, að ég stóð ásamt öðrum Austf.-þm. að ákveðnu samkomulagi um samþykki við frv. í því formi, sem það er nú, og mun því greiða atkv. gegn þeim brtt. sem hér liggja fyrir. Ég tek hins vegar undir það að málsmeðferðin núna rétt í þinglokin er vítaverð eftir að frv. hefur legið hér í d. frá því fyrir áramót. Ég held að menn hafi almennt verið hættir að reikna með því að það kæmi nokkurn tíma hér til 2. umr. a. m. k. taldi ég það. Ég hefði talið æskilegra, úr því að málið var svo geysilega lengi í n. og n. skoðaði það eins gífurlega vandlega og raun ber vitni, að n. hefði borið skylda til þess að reyna að ná allsherjarsamkomulagi fyrr um þetta mál. Að því hefði átt að vinna. En eins og mál standa nú, þegar málið er í raun og veru komið hér í hnút, þá hlýt ég að styðja frv. í núverandi formi.

ATKVGR.

Brtt. 814.1 felld með 14:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já Eggþ, GeirG, IT, JGS, RA, StJ.
nei: EÁ, GH, HÁ, HFS, JónÁ, JHelg, JÁH, OÓ, StH, StG, AG, AJ, ÁB, ÞK.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Brtt. 814,2 tekin aftur.
2.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 814,3 felld með 12:3 atkv.
— 718 felld með 12:6 atkv.
— 469 felld með 12:6 atkv.
7. gr. samþ. með 13:1 atkv.
Brtt. 814,5 felld með 12:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Aðsetursskipti, frv. (þskj. 600, n. 815). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ingi Tryggvason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., er um breyt. á l. nr. 73 frá 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta. Sú breyting, sem hér er farið fram á að gerð sé á l., er á þá lund að þeir sem hyggjast skipta um aðsetur á tímabilinu frá 16. nóv. til 1. des. ár hvert, tilkynni það eigi síðar en 15. nóv. það sama ár. Tilgangurinn með þessari breytingu er sá að fyrr en áður verði hægt að hefja vinnu við gerð íbúaskrár og loka þannig fyrir breytingar á íbúaskrá hálfum mánuði fyrr en ella. Þetta er gert til vinnuhagræðingar fyrir Hagstofuna og til þess að tryggja það að íbúaskrár verði fyrr tilbúnar til nota en annars er.

Allshn. hefur athugað þetta frv. og allir nm. orðið sammála um að mæla með að frv. verði samþykkt án breytinga. En frv. er upphaflega flutt af allshn. Nd. samkv. ósk Hagstofu Íslands.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Fjarskipti, frv. (þskj. 249, n. 790). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi F. Seljan): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 frá 1941, um fjarskipti, og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Það er rétt að drepa aðeins á eðli málsins af því að fyrir því var ekki flutt framsaga hér við 1. umr. Þetta frv. var flutt af hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni í Nd. og var á þá leið að í reglugerð mætti ákveða að þeir, sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri samkv. 19. gr. l. um almannatryggingar frá 1971, verði undanþegnir afnotagjöldum fyrir síma. Í grg. er vikið að því að afnotagjöld fyrir síma hafi hækkað mjög stórlega og hætta sé á því að afleiðingin verði sú að aldrað fólk og öryrkjar með lágar tekjur verði að segja upp símum sínum og bjóða heim vaxandi einmanaleik og öryggisskorti. Til þess að koma í veg fyrir að sú verði raunin er þetta frv. flutt. Frv. gerir ráð fyrir að undanþágan verði í heimildarformi og framkvæmdin ákveðin með reglugerð. Með samþykkt á slíkri heimild væri Alþ. að sjálfsögðu að lýsa vilja sínum, og hver ráðh. mundi telja sér skylt að hlíta honum. Hins vegar þurfa reglugerðarákvæðin að tryggja að undanþágan verði ekki notuð af öðrum en þeim sem henni er ætlað að þjóna.

Allir nm. heilbr.- og trn. eru sammála um að hér sé um veigamikið réttlætismál að ræða sem þeir fylgja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 637, n. 788, 789). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Það mun nú vera réttur sólarhringur síðan hv. þd. fékk þetta mál til afgreiðslu, frv. til l. um fæðingarorlof, breytingar á atvinnuleysistryggingum. Heilbr.- og trn. hefur haldið tvo fundi um málið og boðað til sín stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og farið yfir þær umsagnir er borist höfðu til Nd. við meðferð málsins. N. hefur sent frá sér svo hljóðandi álit:

„N. leggur til að frv. verði samþ. með þeirri breytingu er hún leggur fram till. um á sérstöku þskj.

Halldór Ásgrímsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.“

Undir þetta rita allir aðrir nm., en Ásgeir Bjarnason ritaði undir með fyrirvara.

Brtt. n. er á þá leið að í staðinn fyrir að lögin öðlist þegar gildi komi: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1976.“

Þetta frv. er borið fram til þess að ráða að hluta til bót á allmiklu misrétti í þessu þjóðfélagi. Viss hópur kvenna hefur um fjölda ára haft fæðingarorlof í 3 mánuði eftir barnsburð, en hér er átt við þær konur sem vinna hjá opinberum aðilum. Aftur á móti hafa flestar þær konur, sem vinna úti, en vinna hjá öðrum atvinnurekendum, aðeins hálfs mánaðar til þriggja vikna orlof eftir barnsburð. Nú er það vitað mál að það er mjög mikils virði fyrir konuna og barnið að geta verið saman fyrstu mánuði barnsins. Einkum er það talið mikilvægt að barnið geti verið sem lengst á brjósti, en við það að fleiri og fleiri konur taka þátt í atvinnulífinu hefur nokkuð dregið úr þessu. En hins vegar virðist nú vera að koma á þetta annar blær, fleiri konur hafa hug á að hafa börn sín á brjósti. En til þess þurfa þær tíma, til þess þurfa þær að geta sinnt þeim fyrstu mánuðina. Og þetta frv. er flutt sem áfangi á þeirri leið að allar konur í þjóðfélaginu geti fengið fæðingarorlof eða fæðingarpeninga fyrstu mánuðina eftir barnsburð. En það er með þetta eins og fleira að stökkið verður ekki tekið í einu og þess vegna leggjum við mikla áherslu á að þessi stóri áfangi verði nú tekinn þannig að eftir verði aðeins þær konur sem eru heimavinnandi. Vonum við að ekki verði langt að líða uns að þeim komi með þetta réttlætismál.

Lagt er til í frv. að Atvinnuleysistryggingasjóður taki að sér þessar greiðslur. Við fengum á fundi í n. stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hún var að sjálfsögðu uggandi yfir þeirri þróun að meira væri lagt á sjóðinn heldur en hann væri fær um að sinna, taldi þar að auki að fæðingarorlof ætti ekki heima þarna, heldur í sjúkratryggingum. Nú er það að vísu rétt að í nágrannalöndum okkar, þar sem fæðingarorlof er þrír mánuðir eða meira, jafnvel 6—9 mánuðir, þá er þetta venjulega greitt af sjúkratryggingum. En þá verður líka að taka tillit til þess að þeirra sjúkratryggingar eru nokkuð öðruvísi byggðar upp heldur en almannatryggingar okkar. Þær eru byggðar upp af greiðslum frá ríki, frá bæjarfélögum, frá launþegum sjálfum og frá atvinnurekendum. Okkar almannatryggingar eru fyrst og fremst byggðar upp af ríkissjóði, en að nokkru af atvinnurekendum. Spursmálið er hvort það er Atvinnuleysistryggingasjóði ofviða að taka að sér þetta verkefni. Því er ekki að neita að eins og ástandið er í dag, þá er nokkuð dökkt yfir hjá Atvinnuleysistryggingasjóði með reiðufé. Hafa þeir þá í huga að þeir hafa lofað allmiklu af lánum og þar að auki ber lítils háttar á atvinnuleysi og þess vegna finnst þeim, auk þess að þeir álíta að málið heyri ekki undir þá, erfitt að taka að sér slíkar skuldbindingar núna. Þess vegna er þessi brtt. okkar orðin til, að það gefist þarna tími til að athuga á hvern hátt sjóðnum sé kleift að sinna þessu verkefni.

Um það hve verkefnið er stórt er ekki gott að segja, en líklegt er og byggt á nýjustu upplýsingum að um 700 fæðingar muni vera að ræða á ári. Fæðingar í þessu landi eru um 4400 og er talið að það geti varla komið til að þær fari mikið fram úr 700 sem taka til þeirra hópa kvenna sem þarna er um að ræða. Með þessari tölu mundi hin árlega greiðsla úr Atvinnuleysistryggingasjóði nema um það bil 75 millj. kr. Atvinnuleysistryggingasjóður er mjög öflugur sjóður með nærri 3 milljarða í eign. Hins vegar er allmikið bundið fé og kemur þá til athugunar hvort hægt væri að losa eitthvað um af því fé, sem nú er bundið, þannig að honum yrði auðveldara að sinna þessu mikilvæga verkefni. Og þar sem hann fær nú nokkurn tíma til umhugsunar og til þess að aðlaga sig þessu framtíðarverkefni, þá teljum við að það ætti að verða auðvelt að finna þá leið. Það, sem skeður með Atvinnuleysistryggingasjóðinn nú, er að of mikið af hans fé er bundið í verðbréfum sem ekki er hægt að selja. Kæmi þess vegna mjög til greina að eitthvað yrði þar um liðkað og í staðinn yrði tekin upp sú regla að kaupa verðbréf sem væru auðseljanleg, þ. e. a. s. vísitölutryggð verðbréf og mundi það auðvelda sjóðnum og gera hann hæfari til að vera viðbúinn skyndilega auknum verkefnum, t. d. ef atvinnleysi brysti á meira en reiknað hafði verið með. Þegar þetta er haft í huga, þá getum við ekki séð annað en sjóðnum ætti að vera fengið þarna verðugt verkefni, því að hann hefur nú þegar tekið að sér ýmis önnur verkefni en beinlínis þau sem upphaflega voru ráðgerð hans verkefni. Hér er um verkefni að ræða þar sem sú staðreynd liggur fyrir að konur, sem taka laun, missa af sínum launum um ákveðinn tíma, ekki vegna sjúkdóma, heldur vegna þessa ástands sem getið hefur verið. Og eina undantekningin, sem í raun og veru er tekin fram í lögum Atvinnuleysistryggingasjóðs, er að hann skuli ekki veita bætur þegar einstaklingur er atvinnulaus eða án vinnutekna vegna sjúkdóma.

Ég ætla nú vegna tímans ekki að segja miklu meira um þetta mál. Það ber öllum saman um að hér sé um mikið hagsmunamál fyrir launþega að ræða. Það ber öllum saman um að hér sé um réttlætismál að ræða. Það er aðeins deilt um leiðirnar. N. lítur svo á að með því að hafa þennan fyrirvara uppi um gildistöku laganna, þá ætti að vera auðvelt að ráða fram úr þeim annmörkum sem stjórnendur sjóðsins sjá á því verkefni sem við ætlum að fela honum. Og við teljum að hér sé um svo merkilegt mál að ræða að sjálfsagt sé að samþykkja frv. með þessari breytingu.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég lét þess getið í nál. að ég tæki ekki þátt í afgreiðslu þessa máls og ég vil í upphafi máls míns gera grein fyrir því hvers vegna ég tek ekki þátt í afgreiðslu þess. Það hafa verið miklar annir hér í þinginu að undanförnu og við hér í Ed. höfum ekki haft tækifæri til þess að fylgjast með gangi mála í Nd. Það var í gær að þessu

máli var visað til d. og í þeirri n., sem ég á sæti í, höfum við haft tækifæri til að ræða þetta mál á einum stuttum fundi í morgun. Ég tel að það sé vart hægt að ætlast til þess að þm. afgreiði svo stórt mál sem þetta án þess að fá tækifæri til þess að athuga það gaumgæfilega. En það var svo, að áður en n. hafði lokið störfum hafði þetta mál verið birt í dagskrá þingsins.

Þetta mál, sem hér um ræðir, er mikið jafnréttismál og ég er því í megindráttum sammála að koma skuli á fæðingarorlofi. Það er konunnar að ganga með barn og ala það. Hamingja og velferð barnsins er að sjálfsögðu undir umönnun foreldranna komið, ekki síst á fyrstu mánuðum í lífi barnsins. Ef slík umönnun á að geta átt sér stað verður móðurinni og föðurnum að vera kleift að nota tíma sinn til að annast það.

Fyrstu mánuðir og æviár eru mikilvæg fyrir hvern einstakling og þar af leiðandi fyrir það samfélag sem einstaklingurinn skal lifa og starfa í. Félagslegt og náttúrulegt umhverfi, sem börn okkar fæðast inn í, mun þess vegna hafa áhrif á þjóðfélagsþróunina um langt skeið inn í framtíðina. Í byrjun mætir barnið hegðun og lífsformi samfélagsins óbeint við uppeldi foreldranna. Fljótlega kynnist það samfélaginu nánar í gegnum fjölmiðla, nábúa og ættingja. Umhverfi barnsins er því á ábyrgð samfélagsins. Samfélag okkar hefur enn ekki gert ráðstafanir sem viðurkenna að fullu þetta sjónarmið.

Að því er varðar félagslegt umhverfi, sem börn okkar fæðast inn í, hafa rannsóknir leitt í ljós að börnin eru yfirgefin meir og meir í eigin tilveru. Fullorðnir virðast nota minni og minni tíma til samvista við börn sín og leiðir auðveldlega til einangrunar og óöryggis hjá börnunum. Hv. alþm. eru sjálfsagt engin undantekning í þessu efni í erilsömu starfi.

Þegar tengsl barnsins við fullorðna og eldri verða of lítil getur nauðsynlegur skilningur fyrir samfélaginu, sem barnið á að lifa í, orðið ófullnægjandi. Leiðin til sjálfstæðis, tillit til umhverfisins og skilnings á eigin stöðu liggur í gegnum ást, tryggð og tillit til sinna nánustu. Ófullnægjandi tengsl við mikilvægar aðrar manneskjur í lífi barnsins geta því orðið til þess að draga úr tilfinningalegum þroska og tilliti til umhverfisins. Að því er varðar náttúrulegt umhverfi er margt ófullnægjandi hér í okkar landi.

Í hugmyndafræðinni viljum við laða fram hegðun og skoðanir sem orsaka hjálpsemi, tillit til annarra og ábyrgðartilfinningu. Í reyndinni komumst við ekki fram hjá því að hið náttúrulega umhverfi hefur áhrif á hegðun barnsins. Við ættum því ekki að fara þess á leit við foreldra, að þeir kenni börnum sínum að ganga ekki á götunum, og samtímis að búa svo um hnútana að börnin fái fyrst og fremst götur til að fara um á. Sama er að segja um dagvistunarstofnanir o. fl. Þessi náttúrulegu atriði verða ekki skilin frá í hinu náttúrulega umhverfi barnsins.

Það er að mínum dómi afar mikilvægt að kona og maður hafi möguleika til að sinna barni sínu sem mest, sérstklega fyrst á æviskeiðinu. Sem liður í viðleitni samfélagsins til að sinna ábyrgðinni á þeim börnum, sem fæðast inn í samfélagið, er sjálfsagt réttlætismál að gera móðurinni kleift að annast barn sitt af þeirri umhyggju sem til þarf. Ég er því fylgjandi þeirri hugsun í ljósi þeirrar skoðunar sem ég hef áður getið að umhverfi barnsins sé á ábyrgð samfélagsins. Fæðingarorlof kvenna er því barnsins vegna.

Ég er sammála þeirri skoðun að öll jafnréttisbarátta sé áfangabarátta, en baráttan verður að miða að ákveðnu markmiði. Hvert skal stefnt og hvernig? Þetta frv. stefnir að því að konur í verkalýðsfélögum skuli njóta greiðslna úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Konur, sem ekki eru vinnufærar, hafa ekki möguleika til að fá atvinnuleysisbætur og hafa því ekki samkv. þessu möguleika til að fá fæðingarorlof. Sama gildir um konur, sem vinna hluta úr degi, t. d. við ræstingu o. fl. Kona bóndans hefur ekki slíka möguleika, enda þótt starf hennar sé erfitt og illa launað. Kona sjómannsins, sem þarf að vera heima við og gæta barna sinna ein, fær ekkert né heldur efnalitlar konur sem ekki hafa möguleika á að vinna utan heimilis.

Hér er vissulega um áfanga að ræða, en markmiðið verður hins vegar að vera ljóst. Núverandi ástand þessara mála felur í sér misrétti. Opinberir starfsmenn njóta einir þriggja mánaða fæðingarorlofs. Auk þess er greitt nokkuð úr sjúkrasjóðum og nokkur fjöldi kvenna fær 2—3 vikna fæðingarorlof hjá atvinnurekendum. Það er mín skoðun að þessi mál skuli leyst í gegnum almannatryggingakerfið. Slík lausn skapar mesta möguleika til að ná markmiðinu og áfangabaráttan á að vera í gegnum það á sama hátt og áfangabaráttan fyrir öðrum félagslegum tryggingum, eins og t. d. elli- og örorkulífeyrisþega.

Atvinnuleysistryggingasjóður var stofnaður vegna baráttu launþega fyrir réttindum sínum og öryggi. Ég lít á sjóðinn sem eign launþeganna í þessu landi. Breytingar eiga ekki að eiga sér stað á reglum þessa sjóðs nema í samráði við þá er stofnuðu til hans. En hvað segir A.S.Í fyrir hönd launþega, sem eiga þennan sjóð, í þessu máli? Ég hef haft tækifæri til þess að líta yfir umsögn Alþýðusambands Íslands og vil ég með leyfi hæstv. forseta, lesa hana hér upp:

„Óskað er umsagnar Alþýðusambands Íslands um frv. Ragnhildar Helgadóttur o. fl. um breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, en efni frv. er það að Atvinnuleysistryggingasjóði verði gert skylt að greiða verkakonum, sem eru félagar í samtökum innan A.S.Í., laun vegna þriggja mánaða fæðingarorlofs við barnsfæðingu. Alþýðusamband Íslands er því að sjálfsögðu fylgjandi að jafnrétti kvenna varðandi fæðingarorlof verði bundið í lögum, þar sem ekki hefur þrátt fyrir áralanga baráttu tekist að koma því réttlætismáli í höfn með frjálsum samningum verkalýðsfélaga og samtaka atvinnurekenda. Á hinn bóginn telur Alþýðusamband Íslands á allan hátt óeðlilegt að þau útgjöld, sem slíkri lögfestingu fæðingarorlofs hljóti að verða samfara, séu lögð á Atvinnuleysistryggingasjóð, en álítur að Tryggingastofnun ríkisins ætti að annast þetta hlutverk. Bendir A.S.Í. í þessu sambandi á það, að fæðingarorlof og atvinnuleysi eigi harla lítið sameiginlegt, og auk þess á þá staðreynd, að greiðslustaða Atvinnuleysistryggingasjóðs er nú mjög veik, en útlit í atvinnumálum hins vegar ótryggt og gæti því svo farið að stóraukin útgjöld Atvinnuleysistrygg-

ingasjóðs án aukinnar tekjuöflunar til hans hefðu mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér.

Í samræmi við framangreint er það því till. Alþýðusambands Íslands að frv. verði breytt á þann veg að Tryggingastofnun ríkisins verði fengið í hendur það hlutverk að tryggja konum það fæðingarorlof, sem þar er gert ráð fyrir, og jafnframt verði tekjur stofnunarinnar auknar svo að hún hafi til þess fjárhagslegt bolmagn.

Virðingarfyllst,
f. h. Alþýðusambands Íslands.
Björn Jónsson."

Atvinnuleysistryggingasjóður hefur einnig sent umsögn og ég vil einnig lesa hana hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Umsögn um frv. til l. um breyt. á l. nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof).

Með frv. þessu er lagt til að konur þær, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóti atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals. Áætlun um útgjöld slíks fæðingarorlofs fylgir ekki frv. og liggur ekki fyrir. Ef miðað er við konu með tvö börn nema atvinnuleysisbætur nú frá 1. mars s. l. 1856 kr. á dag. Fæðingarorlof í samtals 90 daga, eins og kveðið er á um í frv., næmi þá 1856 kr. sinnum 90 eða sama sem 167040 kr. Þar eð ekki er vitað hve margar fæðingar mundu falla undir frv. þetta af þeim 4—5 þús. fæðingum, sem til falla á ári hverju, er ekki unnt að áætla kostnað Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna greiddra fæðingarorlofa ef frv. þetta verður að lögum. Það er hins vegar ljóst að hér er um gífurlega háar fjárhæðir að ræða. Ef breyting verður á þeim taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sem bætur eru miðaðar við, breytist hið fyrirhugaða fæðingarorlof í réttu hlutfalli við það. Tilgangur laga um atvinnuleysistryggingar er að greiða því fólki bætur sem verður atvinnulaust. Í því skyni var Atvinnuleysistryggingasjóður myndaður. Ýmsar kvaðir hafa verið lagðar á sjóðinn með lögum, svo sem greiðsla á eftirlaunum aldraðra, sem áætluð er á þessu ári 113 millj. kr., og skylda til kaupa á verðbréfum veðdeildar Landsbanka Íslands vegna íbúðalána. Frá upphafi til 31. des. 1974 nema slík bréfakaup 50.3% af öllum lánveitingum úr sjóðnum eða samtals 1 milljarði 457 millj. 630 þús. kr. Að svo miklu leyti sem sjóðurinn er aflögufær þegar hann hefur innt af hendi þær kvaðir, sem á hann hafa verið lagðar með lögum, er eðlilegt og rökrétt að leitast sé við að ávaxta fé hans með þeim hætti að tryggja atvinnuöryggi fólksins í landinu og koma þannig í veg fyrir atvinnuleysi. Þetta er þýðingarmikið verkefni og að þessu marki hefur stjórn sjóðsins stefnt frá upphafi.

Hér á eftir fer tafla sem sýnir þau verkefni sem sjóðurinn hefur leitast við að greiða fyrir með lánveitingum, sem hann hefur talið fært að veita, frá upphafi til ársloka 1974. Og þessi verkefni eru: lán til hafnabóta 364 millj. 400 þús. kr., lán til fiskiðnaðar 284 millj. 795 þús. kr., lán til annars iðnaðar 220 millj. 80 þús. kr., lán til atvinnuaukningar ýmislegrar 197 millj. 760 þús. kr., lán til vatns- og hitaveitu 247 millj. 350 þús. kr., lán til orlofs- og félagsheimila 128 millj. 400 þús. kr. Samtals eru þetta 1442 millj. 785 þús. kr. Verði frv. að lögum eru framangreindar fyrirgreiðslur skertar stórlega ef þær falla þá ekki niður með öllu.

Frv. þetta hindrar þannig eðlilega starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs, ef það verður að lögum, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Sjóðsstjórnin minnir enn fremur á að lög um atvinnuleysistryggingar voru í upphafi sett fyrir tilhlutan aðila vinnumarkaðarins og telur stjórnin því varhugavert að á lögum þessum séu gerðar grundvallarbreytingar án samráðs við þessa aðila."

Alþ. kýs fulltrúa sína í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þrátt fyrir lítinn tíma nm. gafst færi til að ræða við þessa fulltrúa á fundi n. milli kl. 11 og 12 í morgun. Þessir menn eru trúnaðarmenn Alþingis og hafa verið kosnir til þeirra starfa af þessari hv. stofnun og þeim sýndur trúnaður Alþ. Þessir trúnaðarmenn að undanteknum einum vöruðu við því að lögfesta þetta frv. án þess að aflað væri tekna eða kvaðir leystar af sjóðnum, eins og þeir orðuðu það. Engar rökstuddar till. hafa borist þess efnis að afla meiri tekna fyrir þennan sjóð eða leysa af honum kvaðir. Ég mun nú rekja nokkur atriði, sem eru aðeins örfá af þeim sem komu fram hjá stjórn sjóðsins á fundinum í morgun.

Í fyrsta lagi var upplýst að höfuðstóll sjóðsins væri um 3 milljarðar, þar af væru verðbréf um 2 milljarðar og inn í þeirri verðbréfaupphæð væru áhættulán 125 millj. Slík lán eru veitt vegna t. d. atvinnutækja sem hafa stöðvast, skipa sem hafa stöðvast, í þeim tilgangi að koma atvinnuástandi í sæmilegt horf. Sjóðurinn á inni hjá ríkissjóði 200 millj., í innheimtu 300 millj. og peninga í sjóði um það bil 300 millj. við síðasta uppgjör. Eitthvað mun sú upphæð hafa vaxið, en þó er sú upphæð ekki yfir 400 millj. kr. í dag. Það var því upplýst að svigrúm væri lítið til frekari kvaða.

Í öðru lagi var upplýst að sveitarfélög greiða ¼ af tekjum sjóðsins. Þau fá einnig lán úr þessum sjóði. Lánsréttur þeirra er þess valdandi að þau greiða fyrr og betur þau gjöld sem til sjóðsins eiga að renna að því er upplýst var af sjóðsstjórninni. Var m. a. getið um það dæmi að það hefði komið fyrir nú fyrir stuttu að það hefði verið farið fram á lán að upphæð 1 millj. Viðkomandi sveitarfélag, sem sá aðili hafði búsetu í, hafði ekki greitt gjöld sín 6 millj. kr., sem innheimtust strax til þess að hægt væri að afgreiða þetta lán. Og það var upplýst af fulltrúum í sjóðsstjórn að það væri mjög hætt við því að það mundi ganga mun erfiðar að innheimta af þeim sveitarfélögum sem greiða til sjóðsins ef það yrði niðurstaðan að hætt yrði að lána til þeirra.

Í þriðja lagi var upplýst að á s. l. ári hefði biðtími til þess að njóta atvinnuleysisbóta verið afnuminn og hækkun á bótum hefði einnig átt sér stað. Þetta hefði að sjálfsögðu orðið þess valdandi að meiri kvaðir hefðu lagst á sjóðinn. Auk þess hefur verið ákveðið að 160 millj. kr. rynnu til Vestmannaeyja vegna náttúruhamfaranna þar.

Í fjórða lagi var upplýst að meiri hluta tekna

sjóðsins er ekki á valdi sjóðsstjórnar að ráðstafa, og kom fram að hér væri um að ræða 50—70%.

Í fimmta lagi var upplýst að tilsvarandi atvinnuleysi og varð á árinu 1969 — þótt ég sé á engan hátt að gefa í skyn að ég sé svo svartsýnn að óttast slíkt gífurlegt atvinnuleysi — mundi kosta sjóðinn um 617 millj. kr.

Í sjötta lagi kom það fram hjá fulltrúum í sjóðsstjórn að ef þessi kvöð yrði lögð á sjóðinn, þá væri a. m. k. nauðsynlegt að leysa sjóðinn undan kaupaskyldu á bréfum Húsnæðismálastjórnar ríkisins og kæmi inn ákvæði þess efnis að trmrh. væri heimilt að leysa sjóðinn undan þessari kvöð.

Í sjöunda lagi upplýsti formaðurinn og kvað svo að orði að engar lánsumsóknir yrðu afgreiddar á þessu ári ef lög þessi yrðu samþykkt.

Þessar upplýsingar og aðvaranir fengum við nm. frá trúnaðarmönnum Alþ. í nesti okkar af þessum fundi, og ég skal viðurkenna að ég hef ekki haft tækifæri til þess að fara nánar ofan í þessi mál. En ég spyr: Er okkur heimilt hér á hv. Alþ. að virða þessa menn að vettugi og afgreiða málið án aths.? Til hvers erum við að kjósa trúnaðarmenn hér á Alþ. ef við hlustum ekki á orð þeirra varðandi þau mál sem þeim er sýndur trúnaður í? Ábyrgð okkar er mikil og það er alveg sama hversu mikill áhugi okkar er á þessu máli og hversu sammála við erum um að þetta jafnréttismál nái fram að ganga, það leysir okkur ekki undan þeirri skyldu að benda á leiðir til að ná markmiðunum, jafnframt því sem við verðum að gera okkur grein fyrir því hvaða afleiðingar ákvarðanir okkar hafa.

Með þetta í huga, sem ég hef að framan sagt, og í ljósi þess að ég er, eins og ég hef margtekið fram, eindreginn stuðningsmaður þess að það verði komið á launuðu fæðingarorlofi, hef ég ásamt Axel Jónssyni, Stefáni Jónssyni og Jóni Árm. Héðinssyni ákveðið að flytja hér dagskrártill. sem hljóðar svo:

„Þar sem í till. heilbr.- og trn. þessarar hv. d. er lagt til, að lög þessi komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1976, og með tilvísun til þess, að lagaákvæði þessi þurfa nánari athugunar við, samþykkir d. að fela ríkisstj. að semja frv. til l. um málið, er verði lagt fram í upphafi næsta reglulegs Alþ., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ég vil aðeins geta þess að lokum að það má rétt vera, ef þetta mál verður lögfest frá og með 1. jan. 1976, að það gefist tóm til að athuga það að finna tekjustofna handa þessum sjóði eða leysa af honum kvaðir. En hvert er verkefni hv. n. hér á Alþ. ef það er ekki að leysa mál og finna leiðir til þess að málin nái fram að ganga? Á Alþ. að vísa því frá sér og segja sem svo að þessi lög skuli samþykkt, en síðan eigi að rannsaka það á næstu mánuðum hvernig við verði brugðist? Hver á að gera það?

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti, en ég vildi koma á framfæri þessari skriflegu dagskrártillögu.

Helgi F. Seljan: Herra forseti. Ég ræddi þetta mál allítarlega í gær og skal litlu við það bæta sem ég sagði þar. Ég var þar með ýmsar vangaveltur um þetta mál almennt og ég get svo sannarlega tekið undir margt í máli hv. 5. þm. Austf., ekki síst undir hinn sálfræðilega hluta fyrirlesturs hans sem var um margt mjög merkilegur, og ég segi það ekki í neinu háðsskyni. Hins vegar þykir mér ekki síður vænt um það að hv. 5. þm. Austf., stuðningsmaður þessarar hæstv. ríkisstj., finnur nú orðið sárt til þess hvað mál eru afgreidd hér án gaumgæfilegrar athugunar og hespuð í gegn á stuttum tíma. Höfum við gleggst dæmi þar um í kvöld og var þar ekki um hundruð millj. að ræða, heldur að mig minnir nokkra milljarða sem voru afgreiddir í snarheitum. En það er gott ef menn eru farnir að sjá að þessi vinnuhraði er óeðlilegur, og það er einnig óeðlilegt, ég tek undir það, að mál séu birt í dagskrá áður en n. hefur fjallað um þau. En þetta er bara ekki í fyrsta skipti sem það er gert núna síðustu dagana. Þetta er a. m. k. í fjórða eða fimmta tilfellinu sem þetta er gert.

Ég skal svo ekki fara að endurflytja neitt af því sem ég sagði hér í gær. Ég skrifaði undir nál. heilbr.- og trn. og ég gerði það af tvennum ástæðum: Í fyrsta lagi með tilliti til þess að hér virðist nú um einu leiðina að ræða sem bráðabirgðalausn í þessu máli, takmarkaða þó, og í trausti þess að einmitt sá frestur á gildistöku, sem fram hefur fengist, verði notaður til annars tveggja, að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði nýjar tekjur eða létta af honum byrðum til þess að hann geti mætt þessu viðbótarálagi ef þess er talin þörf, einnig að þetta verði skoðað sem bráðabirgðalausn og að því unnið í framhaldi af þessu að allar konur njóti jafnréttis til fæðingarorlofs. Þetta voru þær ástæður sem réðu því, að ég skrifaði undir nál., þar sem ég vildi ekki á það hætta að þetta mál, svo gott sem það er í eðli sínu, dagaði hér uppi eða yrði hreinlega fyrir borð borið. Ég hlýt því að standa við nál. mitt og greiði atkv. á móti dagskrártill., og ég geri það einnig af því að ég treysti einfaldlega ekki þeirri ríkisstj., sem nýlega stóð fyrir að fella þessa lausn sem mér skilst, að dagskrártill. gangi út á, til þess að leysa þetta mál nú í sumar — í öllu því öngþveiti sem hún á þá við að stríða — á þann hátt sem þessi till. gerir ráð fyrir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki kvatt mér fyrr hljóðs um þetta mál og mun ekki halda langa tölu. Ég vil lýsa yfir því að ég er fylgjandi því frv., sem hér um ræðir, efnislega, en ég þykist viss um að á frv. séu tæknilegir gallar og tel þá þann fyrstan og mestan, sem hv. þm. Jón Árm. Héðinsson gerði fyrst grein fyrir í gær og hv. þm. Halldór Ásgrímsson fjallaði um í ræðu sinni fyrir skemmstu, að ótalinn er sá fjöldi kvenna, og þ. á m. e. t. v. þær sem síst skyldi, sem yrði hér settur hjá um fæðingarorlof. Það eru þær konur t. d. sem hafa á höndum sér eitt eða tvö kornabörn fyrir og fá síðan það þriðja til viðbótar og hafa af þeim sökum ekki getað unnið úti 2—3 síðustu árin. Það eru sveitakonurnar og það eru sjómannskonurnar, og kynni svo að fara að þær konur, sem settar yrðu hjá við þessa lagasetningu, reyndust mun

fleiri en hinar. Ég er ekki alveg viss um að með samþykkt þessa frv. næðist áfangi í sókninni til þess að allar konur fengju notið fæðingarorlofs. Ég er uggandi um að samþykkt frv. kynni jafnvel að reynast þröskuldur á þeirri vegferð. Annar megingalli á þessu annars ágæta frv. er sá að hér er til þess ætlast að fé verði tekið úr sjóði til framkvæmda í sambandi við þetta frv., — sjóði sem er til annars ætlaður. Ég tek það enn fram að ég er efnislega fylgjandi þessu frv., en af þessum ástæðum, sem ég hef þegar rakið, gerist ég meðflm. að dagskrártill. þeirri sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson gerði grein fyrir áðan. Ég vil taka það hins vegar fram og bið hv. þm. endilega að minnast þess og gleyma því ekki að þessi dagskrártill. hefur ekki verið rædd í þingflokki Alþb. og mér er kunnugt um að til eru þeir menn í þingflokki Alþb. sem eru þessari dagskrártill. andvígir.

Þessi dagskrártill. mun ekki tefja framgang þessa máls ef að verður unnið eins og flm. ætlast til. Eins og hv. 5. þm. Austf. greindi frá mundi frv., þótt að lögum yrði, ekki koma til framkvæmda fyrr en í jan. 1976, og verði hæstv. ríkisstj. við áskorun þm. um það að leggja fram frv. um fæðingarorlof þar sem svo verði um hnútana búið að allar konur njóti þessara hlunninda — verði hæstv. ríkisstj. við þessum tilmælum að leggja slíkt frv. fram þegar á haustþingi, þá gefst hv. Alþ. tími til þess að afgreiða það fyrir jólaleyfi.

Ég vil enn ítreka þetta atriði, að þingflokkur Alþb. hefur ekki fjallað um þessa dagskrártill. og mér er kunnugt um að ekki ríkir einhugur um hana í þingflokknum. En til sannindamerkis um að mér er það fullkomin alvara, mér er það alhugað að fylgja efni þessa frv. fram, þá vil ég nú lýsa yfir því að fari svo að hæstv. ríkisstj. verði ekki við tilmælum Alþ. samkv. þessari dagskrártill., ef samþ. yrði, um að leggja fram frv. um fæðingarorlof á haustþinginu, þá mun ég fara þess á leit við hv. flm. þessa frv. á vetri komanda að fá að verða þess heiðurs aðnjótandi að verða meðflm. að þessu frv. eða öðru álíka er málið yrði tekið upp að nýju, og þá mundi ég eigi hirða um úr hvaða sjóði, sem Alþ. hefði tök á, þeir peningar yrðu teknir sem með þyrfti til þess að hrinda þessu máli fram.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Strax og ég sá þetta mál sýndist mér það gott mál og þarft. Hins vegar, á þeim stutta tíma sem við höfum haft það til meðferðar í þessari d., þá hef ég hlustað á ýmis rök bæði með og móti og ég hef einnig sannfærst um að þetta mál þarf að skoðast töluvert betur í heild sinni. Það er einkum tvennt sem ég ber fyrir brjósti.

Í fyrsta lagi þarf slíkt fæðingarorlof að ná til allra kvenna í landinu. Að vísu er nokkur hópur sem nýtur þess nú, og segja má að hér sé mikilvægt skref stigið í rétta átt. En ég tel þó að það væri æskilegra að skoða sem fyrst hvernig má láta þetta ná til allra kvenna.

Í öðru lagi sýnist mér einnig ljóst að ekki hefur verið nægilega athugað hvort Atvinnuleysistryggingasjóður getur staðið undir þessum útgjöldum án þess að fá viðbótartekjustofn.

Nú hefur meiri hl. n. í þessari d. lagt til að breyting verði gerð á 2. gr. þessa frv. þannig að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1976. Það breytir töluvert mínum viðhorfum. Mér sýnist að hér skapist þá rúm til þess að skoða betur á hvern máta megi tryggja, eins og ég sagði áðan, öllum konum í landinu slíkt fæðingarorlof og tekjur í þessu skyni. Komin er fram frávísunartill. sem ég tel að mörgu leyti eðlilega. Ég mun fylgja þeirri frávísunartill. ef brtt. n. um gildistíma nær ekki fram að ganga. Hins vegar ef sú till. nær fram að ganga, sýnist mér að skynsamlegra sé að samþykkja þetta frv., en bæta við ákvæði til bráðabirgða þar sem ríkisstj. verði gert að skoða þetta mál nánar, kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og jafnframt skoða tekjustofninn. Gætu þá legið fyrir upplýsingar um slíkt áður en lögin taka gildi og a. m. k. hugmyndir um á hvern máta að þessum málum yrði áfram unnið. Þetta tel ég mjög mikilvægt og hef því ákveðið að leggja fram brtt. um ákvæði til bráðabirgða svo hljóðandi:

„Fyrir 1. jan. 1976 skal ríkisstj. láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni."

Mér sýnist að tími sé nægur til þessa fyrir 1. jan. 1976 og mér sýnist að þetta leysi þann vanda sem við höfum hér verið að ræða um. Mér sýnist raunar allir vera fylgjandi þessu máli í grundvallaratriðum og hér sé því leið til þess að ná saman endum og fá samkomulag hér í d. um þetta mál. Ég legg þessa till. fram skrifl. Hún er sömuleiðis of seint fram komin og vil ég biðja hæstv. forseta að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 825) samþ. með 19 shlj. atkv.

Forsrh. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs, svo áliðið sem er fundar og fundartíma, ekki til þess að lengja umr., heldur aðeins til að lýsa afstöðu minni til þeirra till. sem hér hafa komið fram, annars vegar dagskrártill. og hins vegar till. hv. 2. þm. Vestf. sem lýst var áðan. Vil ég í því sambandi mæla með því að till. hv. 2. þm. Vestf., Steingríms Hermannssonar, verði samþ. og þar með brtt. við það frv. sem hér er til umr. um að gildistakan eigi sér stað frá og með 1. jan. 1976.

Ég tel að með samþykkt frv. sé skref stigið til þess að tryggja fleiri konum í landinu fæðingarorlof en nú hafa það og það geti ekki verið rök gegn frv. að það tryggi ekki öllum konum í landinu slíkt fæðingarorlof. Með samþykkt frv. fjölgar mjög þeim konum í landinu sem mundu njóta slíks fæðingarorlofs. Við höfum hins vegar núna um árabil unað því fyrirkomulagi að aðeins starfskonur hins opinbera hafa notið þessa réttar.

Um þá brtt., að gildistakan eigi sér ekki stað fyrr en um áramót, er það að segja að fjárráð Atvinnuleysistryggingasjóðs skerðast ekki á yfirstandandi ári og þegar fyrir liggur fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn á næsta ári, þá er unnt að

gera ráðstafanir til þess að hann geti sinnt ætlunarverki sínu að öllu leyti jafnframt því sem hann tekur þetta verkefni að sér að því takmarkaða leyti sem nær til kvenna í launþegasamtökunum.

Það er eðilegt, þar sem þetta er skref í átt til þess að tryggja fleiri og fleiri konum í landinu fæðingarorlof, að jafnhliða samþykkt slíks frv. sé samþykkt allsherjarkönnun á því hvernig haga megi þessum málum í framtíðinni og undir það vil ég gangast. Hins vegar þykir mér dagskrártill. ekki eins aðgengileg frá mínu sjónarmiði séð og ákvæði það til bráðabirgða sem gert er ráð fyrir samkv. till. hv. 2. þm. Vestf. Ég vil því mjög gjarnan verða við áskorun hv. þm. um að þdm. geti fallist á þessa málamiðlun og m. a. stytt þennan næturfund með þeim hætti, en um leið — og það er auðvitað aðalatriðið — stigið mikilvægt skref til þess að tryggja rétt kvenna að þessu leyti.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það er orðið nokkuð áliðið fundartíma, en það er víst ekki, svo að ég viti til, boðaður fundur fyrr en hálfellefu í fyrramálið í Sþ. svo að það er nægur tími enn til þess að ræða mál þess vegna.

Ég ræddi þetta mál nokkuð í nótt, þegar það kom hér fyrst til umr. í þessari hv. d., og benti sérstaklega á þá hættu sem ég taldi sem stjórnarmaður í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs að fælist í því að leggja þessar skuldbindingar á sjóðinn án þess að nokkuð annað kæmi á móti. Ég tók mjög skýrt fram þá og endurtek enn á ný að þetta er réttlætismál, og ég vakti einmitt athygli á því og endurtek það enn á ný að ég vildi einnig að þær konur, sem tækju að sér kornabörn, fengju frí. Það er ekki hægt að kalla það fæðingarorlof, heldur frí á launum til þess að sinna sínum kornabörnum á fyrstu vikum eða mánuðum sem þau eru samvistum við þær. Og í nágrenni við okkur er þetta í gildi.

En það varð vissulega mikil breyting á frv. í n. þessarar hv. d. þegar hún lagði til að gildistöku laganna yrði frestað til 1. jan. n. k. því að hitt var að dómi sjóðsstjórnarinnar gersamlega ábyrgðarlaust. Þetta segi ég ekki vegna þess að þarna sé um að ræða ómerkt hlutverk, heldur vegna þess að í fyrsta lagi er fjárhagur Atvinnuleysistryggingasjóðs þannig gagnvart því meginhlutverki sem hann á að standa undir, þ. e. a. s. atvinnuleysistryggingabótum, að vegna þess eins væri mjög óskynsamlegt að samþykkja nýjar skuldbindingar á sjóðinn eins og ástatt er í dag án þess að á móti komi einhver tekjuöflun.

Í öðru lagi hefur það verið meining sjóðsstjórnarinnar að geta að einhverju leyti veitt lán til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélögum og einstaklingsrekstri og öðru slíku. Það voru hugmyndir um að veita lán til hafna, til iðnaðar, til fiskiðnaðar, vatns- og hitaveitna, félagsheimila, þar er átt við orlofsheimili verkalýðsfélaganna sem á undangegnum árum hafa fengið lán úr þessum sjóði. Síðan eru hin umdeildu áhættulán sem eru veitt til staða, sem brýna ástæðu ber til að hlaupa undir bagga með.

Ég nefni hér nokkur atriði sem sjóðsstjórnin hafði í huga auk þess að sinna sinni frumskyldu, að geta greitt út atvinnuleysistryggingabætur er til slíks kæmi. Og það kom fram á fundi stjórnarinnar ásamt n. þessarar hv. d. í morgun, að í s. l. viku varð þegar hér í Reykjavík innan eins verkalýðsfélags um að ræða hálfrar millj. kr. bætur, innan verkakvennafélagsins Framsóknar, vegna þess að hér er atvinnuleysi vegna stöðvunar í tilteknum rekstri.

Þetta voru mín varnaðarorð í nótt um það að leggja ekki í þessar skuldbindingar — þó að þær séu vissulega þess verðar í sjálfu sér — leggja þær ekki á Atvinnuleysistryggingasjóð án þess að á móti komi einhverjir tekjumöguleikar til þess að tryggt verði að sjóðurinn geti staðið við þær skuldbindingar sem hann þó fyrst og fremst á að standa undir.

Í öðru lagi vakti ég athygli á því að ekki hefði verið haft samráð við aðila vinnumarkaðarins sem 1955 stóðu að því — og var það einn liður í lausn vinnudeilnanna þá — að stofna þennan sjóð. Þetta ákvæði hafði ekki fyrr en í morgun verið borið undir þá.

Varðandi meðferð mála hér á Alþ., eins og einhver hv. þm. kom hér inn á, get ég að vissu leyti verið sammála um að nú á síðustu dögum er þar um að mínu viti of hraðar afgreiðslur að ræða sem þýða of litinn tíma til þess að kanna málin. En þetta er ekkert nýtt að mínum dómi. Þó að ég hafi ekki verið hér nema endrum og eins síðan 1963, þá er það held ég nokkuð algild venja að í síðustu viku þingsins geti þm. verið sammála um að þá sé um óæskilega hröð vinnubrögð á stundum að ræða.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. frsm., að það er í dag stór hópur kvenna sem nýtur þessara réttinda, þ. e. a. s. þær konur sem eru í störfum hjá opinberum aðilum. Og ég ítreka það mjög enn á ný að ég tel að það eigi að vera fleiri konur sem njóta þessara réttinda. En ég vil ekki deila við lækninn um það sem hann sagði hér að það væri vaxandi áhugi á því hjá ungum konum að skapa sér tækifæri í vaxandi mæli til að hafa börn sín lengur á brjósti. Það fer a. m. k. tvennum sögum af því og ég hef heyrt ýmsa menn hafa áhyggjur af því að hinar ungu konur í dag hefðu minni áhuga á slíku en þeirra formæður og minni áhuga en vert væri. En það kemur ekki þessu máli alfarið við.

Ég hef hér vikið að því sem var eitt meginatriðið í aths. mínum s. l. nótt, þ. e. a. s. varað við stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég viðurkenni að hv. n. þessarar d. tók þetta til greina þó að hv. n. Nd. liti fram hjá þessu alvarlega atriði algerlega. Dagskrártill. okkar um að fela ríkisstj. að undirbúa frv. og leggja fram strax í upphafi næsta reglulegs þings, er að mínum dómi ekki til þess að fresta málinu, miðað við þá till. sem hv. heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur nú þegar lagt fram. Ég ber það traust til ríkisstj. að hún muni standa að því að leggja þessa löggjöf fram.

Till. hv. 2. þm. Vestf. er á vissan hátt efnislega shlj. okkar till., nema hún kannske gengur enn þá lengra að því leyti til að við tökum ekki fram að öllum konum skuli tryggt fæðingarorlof. Það væri vissulega ákaflega gott að geta tekið

stökkið allt í einu. Við vildum ekki leggja það til á þessu stigi. En ég fagna því ef það getur orðið niðurstaða könnunar og athugunar og undirbúningsstarfs ríkisstj., eins og hann leggur til í sinni till. Það, sem þá fyrst og fremst greinir á um, er að við höfum ekki, hinir 4 flm. dagskrártill., kveðið jafnfast að orði um að þarna skuli öllum konum skilyrðislaust og í einum áfanga vera tryggð þessi réttindi. Það var ekki tekið fram hjá okkur. Við höfðum málið opnara í báða enda en hér er kveðið á um. En til þess að lengja ekki umr. frekar en ástæða er til á þessu stigi og ef það er augljóst og liggur fyrir að ríkisstj. muni leggja fram og gera sínar ráðstafanir til þess að megintilgangi þessa lagafrv. verði náð, þá er tilganginum fyrst og fremst náð og með tilvísun til þessa munum við draga till. okkar til baka til 3. umr.

Steingrímur Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði reyndar beðið um orðið til þess að skora á flm. að draga till. sína til baka til 3. umr., þannig að fengi að reyna á þetta ákvæði til bráðabirgða. Það hefur verið gert svo að ég þakka þeim fyrir það.

Ég vil aðeins leiðrétta einn misskilning sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég geri að sjálfsögðu ekki ráð fyrir því að í einu stökki nái slíkt fæðingarorlof til allra kvenna í landinu. Þvert á móti tók ég greinilega fram í minni ræðu að ég teldi að það yrði að gerast í áföngum.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Þetta eru allmerkar umr. sem hér hafa farið fram. Allir virðast hafa brennandi áhuga á því að útivinnandi konur fái sitt fæðingarorlof og vísasta leiðin til þess sé að vísa málinu til ríkisstj.

Fyrir tveimur klst. var verið að afgreiða mál í Nd. Alþ. Þetta var félagslegt réttlætismál. Það átti að leiðrétta stöðu hóps sem hefur orðið út undan á undanförnum árum. Þetta mál var afgreitt á þann hátt að því var vísað til ríkisstj. Þegar ég fékk fregnir af þessu máli var mér tjáð að málið hefði verið drepið, og ég hef hingað til skilið störf Alþ. þannig að það væri ekki sama að fá samþykkt lög og að senda málið til ríkisstj., jafnvel þótt um góða ríkisstj. sé að ræða. Því kemur mér þetta nokkuð á óvart. Allir virðast hafa brennandi áhuga á að lagasetning komi um þessi efni, en þeir vilja bara ekki samþykkja frv., heldur vísa málinu til ríkisstj. Þeir eiga þess kost að fá lög sem tryggja útivinnandi konum verkalýðsstéttanna fæðingarorlof frá næstu áramótum. En þeir telja það vænlegri leið að vísa málinu til ríkisstj. Þetta finnst mér svolítið erfiður rökstuðningur.

Ég get ekki tekið allt of alvarlega þá fullyrðingu að Atvinnuleysistryggingasjóður sé í einhverri hættu þótt hann taki á sig 75—100 millj. kr. greiðslu á ári. Þetta er sterkasti sjóður landsins sem hefur um 650—700 millj. kr. tekjur á ári. Hann bindur að vísu fé sitt samkv. lögum, og það kann að þurfa að breyta því eitthvað. Til þess gefum við 6 mánaða frest, og ég held að það hljóti að finnast leið á þeim tíma til þess að opna eitthvað þeirra fjármagn. Mér finnst í sjálfu sér að þetta verkefni liggi nær Atvinnuleysistryggingasjóði heldur en að lána í húsbyggingar í landinu.

Það er ekki því að neita að tilgangur Atvinnuleysistryggingasjóðs er að bæta tekjutap þeim frísku meðlimum sjóðsins sem missa af sínum launatekjum, og þarna er um frískan aðila að ræða sem ekki geta sinnt atvinnu sinni og missa þess vegna af launatekjunum. Það er því alls ekki að mínu áliti fjarri hinum upphaflega tilgangi sjóðsins að veita bætur í svona tilfellum. Þess vegna er ég á móti dagskrártill., styð hins vegar af heilum hug till. hv. 2. þm. Vestf. og vona að hún verði samþykkt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Við höfum margítrekað það, flm. þessarar dagskrártill., að við erum miklir stuðningsmenn þess að það verði komið á fæðingarorlofi. Hins vegar teljum við að það sé ekki sæmandi þessari stofnun að afgreiða þetta mál á þennan hátt, án þess að það séu gerðar till. um það á hvern hátt tekna skuli aflað eða hvaða kvaðir skuli felldar niður. Ég vil lesa þessa dagskrártill., en hún segir svo:

„Þar sem í till. heilbr.- og trn. þessarar hv. d. er lagt til, að lög þessi komi ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1976, og með tilvísun til þess, að lagaákvæði þessi þurfi nánari athugunar við, samþykkir d. að fela ríkisstj. að semja frv. til l. um málið, er verði lagt fram í upphafi næsta reglulegs Alþ., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Við teljum að það ætti að vera nægileg trygging með því að samþykkja þessa till. að ríkisstj. framkvæmi þetta, semji lög sem tryggi þennan rétt, lög sem tryggi meira jafnrétti en gert er ráð fyrir í frv. Við munum því vilja láta reyna á þessa dagskrártill.

Axel Jónsson: Herra forseti. Það er rétt sem fram kom hjá hv. frsm. Þetta er öflugur sjóður eignalega séð, hann hefur miklar tekjur, áætlaðar tekjur eru 873 millj. En ráðstöfunarfé stjórnar sjóðsins er ekki í takt við eignir hans eða tekjur í ár. Og ráðstöfunarfé sjóðsins er ekki nema tæpar 340 millj. Það er búið að binda að verulegu leyti 340 millj. strax til húsnæðismála, verulega upphæð vegna aðstoðar við aldraða og svo mætti lengi telja. Ég er hér með tekjuáætlun sjóðsins og gjaldaáætlun sem sýnir ráðstöfunarféð. Ég vil — til þess að stytta tímann — ekki lesa meira en þessa tvo stóru liði sem sýna og sanna, að þrátt fyrir það að þetta sé einn öflugasti sjóður landsins er hann með svo til allt sitt fé bundið í verðbréfum, og þótt hann hafi þessar árlegu tekjur er þegar af löggjafanum búið að ráðstafa þeim, þannig að það eru ekki verulegar upphæðir eftir. Og þær koma í fyrsta lagi til þess að standa undir því meginhlutverki, sem sjóðnum er ætlað, að tryggja það að greiða atvinnuleysisbætur, — við getum öll verið sammála um að það sé óskandi að þær þurfi að verða sem minnstar, — en í öðru lagi að veita lán á hina ýmsu staði til þess að auka atvinnuöryggi.

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 824 felld með 11:8 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 789 (ný 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
— 825 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 119, n. 792). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fengið til meðferðar frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar. Það varðar íþróttafólk og er meginefni frv. að veita íþróttafólki, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur æfingum, sýningum eða keppni, aðild að slysatryggingadeild almannatrygginga. N. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Aðstoð við vangefna og fjölfatlaða, þáltill. (þskj. 539). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til heilbr.- og trn. með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 96. fundur.

Föstudaginn 16. maí, að loknum 95. fundi.

Happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar, frv. (þskj. 141). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 831).

Fjarskipti, frv. (þskj. 249). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 832).

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 826). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég mun styðja frv. þetta eins og það liggur fyrir enda þótt ég hefði talið að dagskrártill. okkar hefði átt að tryggja að þetta mál næði fram að ganga. Sú breyting, sem nú hefur orðið, tekur mið af þeirri staðreynd að það þarf líka að huga að því að afla tekna eða þá að gera ráð fyrir því að eitthvað hverfi á móti. Ég hefði hins vegar talið vera meiri reisn yfir því ef Alþ. hefði ákveðið á hvern hátt teknanna skuli aflað eða hvað skuli falla niður á móti, en ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. geri það á skynsamlegan hátt, og því mun ég fylgja málinu.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég lýsi stuðningi við þetta frv. í trausti þess að með þeirri breytingu, sem á hefur verið gerð, verði annað hvort fjáröflunin til þess hagað á annan hátt en þar er gert ráð fyrir ellegar að Atvinnuleysistryggingasjóði verði tryggðar tekjur eða af Atvinnuleysistryggingasjóði verði létt þeim gjöldum sem búið er að lögfesta á hann.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef ekki tafið þessar umr. til þessa, enda lýsti yfir þegar í hv. heilbr.- og félmn. að ég væri fylgjandi frv. og ég hef ekkert farið dult með þá skoðun mína að ég hef verið það frá upphafi vega. En að sjálfsögðu geri ég það í trausti þess, að Atvinnuleysistryggingasjóði verði tryggðar tekjur með einhverjum hætti til að mæta þeim útgjöldum er af frv. leiðir og framkvæmd þess skaði ekki þær skyldur sem á Atvinnuleysistryggingasjóði hvíla í dag.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 119). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 833).

Aðsetursskipti, frv. (þskj. 600). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 834).

Sameinað þing, 81. fundur.

Föstudaginn 16. maí, kl. 10.30 árdegis.

Samstarfssamningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, þáltill. (þskj. 581, n. 734). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 838).

Heimild færeyinga til fiskveiða við Ísland, þáltill. (þskj. 454, n. 733). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 339).

Fjáraukalög 1971, frv. (þskj. 35). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 840).

Fjáraukalög 1972, frv. (þskj. 427). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 841).

Rafvæðing dreifbýlisins, þáltill. (þskj. 13, n. 739, 769). — Frh. einnar umr.

Steingrímur Hermannsson: Forseti. Ég skal vera stuttorður, en ég ber fram á sérstöku þskj. till. til rökstuddrar dagskrár og vil gera grein fyrir henni í örfáum orðum.

Þessi þáltill. um rafvæðingu dreifbýlisins er lögð fram í annað sinn mikið til óbreytt. Á síðasta þingi var hún lögð fram og aftur í upphafi þessa þings, eins og fram kemur á númeri þskj. Varð ég nokkuð undrandi að hún skyldi ekki afgreidd fyrr. Þegar ég ræddi þetta við nm. í fjvn. skildist mér á þeim, að hún yrði afgreidd þannig að gert yrði ráð fyrir því að slík áætlun yrði gerð á árinu 1975, en hins vegar teldu menn að endurskoða þyrfti ýmis atriði í tillgr. og á það féllst ég. Ég varð því mjög undrandi þegar ég sá nál., að þar var þess ekkert getið að slík áætlun skyldi liggja fyrir á þessu ári og flutti því rökstudda dagskrá þar sem gert er ráð fyrir að umrædd áætlun verði gerð á þessu ári. Það er eina leiðin til þess að fá atkvgr. um það atriði.

Nú er hins vegar upplýst að orðið hefur ritvilla í þessu nál. Þar átti að vera að slík rafvæðingaráætlun yrði gerð á þessu ári. Á það get ég fallist og mun því draga til baka mína rökstuddu dagskrá.

Ég get getið þess að samkv. upplýsingum, sem ég fékk í gærmorgun hjá Orkustofnun, er mjög lítið verk að gera slíka áætlun. Þeir segjast hafa nauðsynlegar upplýsingar við höndina. Upplýst var að með hækkun, sem orðið hefur, yrði kostnaður við rafvæðingu þessa 131 býlis, sem gert er ráð fyrir í minni till., nú um 343 millj. kr. í staðinn fyrir 189 sem áætlað var af mér í þáltill. og er það í samræmi við eðlilega hækkun á þessu tímabili. Þeir segja mér að þeir geti auðveldlega haft slíka áætlun tilbúna í haust. Hvort hún verði til tveggja ára eða þriggja ára, hvort verði 5 km eða 6 km milli bæja skiptir ekki öllu máli. En með tilvísun til þess, sem komið er fram hjá hæstv. iðnrh., að ljúka á þriggja ára áætluninni nú á þessu ári, er nauðsynlegt að ný áætlun liggi fyrir í haust, þannig að taka megi tillit til hennar við gerð fjárlaga næsta árs.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. Það, sem ég vildi segja í þessu sambandi, er að sérstaklega með tilliti til þeirra upplýsinga, sem hv. síðasti ræðumaður gat um, að það væri mjög fljótlegt að gera þetta, þá finnst mér að hefði verið óþarft að vera með rökstudda dagskrá í þessu máli þar sem áður en till. var breytt var sagt „svo fljótt sem verða má". Þegar hann er þess meðvitandi að það er hægt að gera þetta á mjög stuttum tíma, þá held ég að hefði ekki þurft að vera með rökstudda dagskrá.

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 769 tekin aftur.
Till. á þskj. 739 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 40 shlj. atkv.

Öryggisþjónusta Landssímans, þáltill. (þskj. 97, n. 740). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar þáltill. um öryggisþjónustu Landssímans á þskj. 97. N. hefur kynnt sér till. og fengið um hana umsögn landlæknis. Í 42. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 56 1973, segir að heilbrrn. geri áætlun í samráði við póst- og símamálastjóra um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins svo að landsmenn geti náð til læknis án tafar. Segja má að fullkomnu öryggi á því sviði verði ekki náð fyrr en sjálfvirkur sími hafi komist til allra landsmanna. Hins vegar eru vaxandi möguleikar með bættri tækni til að

tengja stærra svæði við þær símstöðvar sem hafa opið allan sólarhringinn, en hæstv. samgrh. hefur ákveðið að þeim verði nú fjölgað nokkuð. Á þennan hátt og með ýmsu öðru móti er hægt að bæta nokkuð það ástand, sem verið hefur, án gífurlegs aukakostnaðar, ef skipulega er að því unnið. Þess vegna mælir n. með samþykkt till. með þeirri breytingu sem fram kemur í nál. á þskj. 740.

ATKVGR.

Brtt. 740 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 842).

Lækkun á byggingarkostnaði, þáltill. (þskj. 269, n. 798). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þessa till. til athugunar og gefið út svofellt nál.:

„Allshn. hefur haft til athugunar till. til þál. um lækkun á byggingarkostnaði. N. leggur til, að till. verði samþ. með þessari breytingu:

Tillgr. orðist svo:

Í þeim tilgangi að draga úr húsnæðiskostnaði ályktar Alþ. að fela ríkisstj. að láta gera nákvæma skýrslu um þann hluta byggingarkostnaðar sem fólginn er í ýmiss konar gjöldum til ríkisins. Höfð skal hliðsjón af þessari skýrslu við þá endurskoðun aðflutningsgjalda og söluskatts sem nú fer fram."

ATKVGR.

Brtt. 798 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 843).

Aldarafmæli landnáms Íslendinga í Vesturheimi, þáltill. (þskj. 384, n. 693). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Magnús T. Ólafsson): Herra forseti. Það er mín reynsla að hver og einn núlifandi Íslendingur muni eiga einhverja ættingja, misjafnlega nána, vestan Atlantshafs meðal vestur-Íslendinga, þjóðarbrotsins sem flutti af landinu til Kanada og Bandaríkjanna í þjóðflutningum sem hófust fyrir öld í stórum stíl þegar fyrstu íslensku landnemarnir settust að í Kanada. Því eru náin blóðbönd milli okkar, sem Ísland byggjum nú, og þeirra, sem af íslensku bergi eru brotnir, en byggja Norður-Ameríku.

Á þessu ári efna vestur-Íslendingar til hátíðahalda til að minnast aldarafmælis landnámsins og verða þessi hátíðahöld fjölsótt héðan af Íslandi. Þar munu verða endurfundir eða fyrstu kynni skyldmenna og er sú reynsla mjög dýrmæt hverjum og einum sem þar tekur þátt í. Því telur menntmn. að rík ástæða sé til þess af hálfu íslenska ríkisins að fram komi af þess hálfu vinarhugur og ættræknisvottur þjóðarinnar allrar við vestur-Íslendinga. Með till. er því beint til ríkisstj. að hún hafi þann hátt á að undirbúa hlutdeild af Íslands hálfu, sem þar er lagt til, með nefndarskipun og leggur n. einróma til að till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 844).

Skipting landsins í þróunarsvæði, þáltill. (þskj. 18, n. 805). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft þetta mál til athugunar og sent það til umsagnar. Hún hefur fengið umsagnir frá fimm aðilum. Í umsögnum þessum kemur fram að þessir aðilar telja málið hið merkasta, en hins vegar nauðsynlegt að skoða ýmsa þætti þess mjög vel. Þetta hefur einnig orðið niðurstaða n. sjálfrar. Hún telur því ekki fært að mæla með samþykkt till. eins og hún liggur nú fyrir, en leggur til að málið verði skoðað nánar.

Athygli var vakin á því, að á vegum þingsins starfar mþn. um byggðamál. Þetta mál fellur vel innan ramma þess starfs sem sú n. er að vinna. Því er lagt til í nál. á þskj. 805 að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess að ríkisstj. feli þeirri n. að skoða málið betur.

ATKVGR.

Till. á þskj. 805 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 39 shlj. atkv.

Dýpkunarskip, þáltill. (þskj. 116, n. 804). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft þessa till. til meðferðar og mælir einróma með samþykkt hennar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 845).

Skipan gjaldeyris- og innflutningsmála, þáltill. (þskj. 299, n. 762). — Frh. einnar umr.

Jón G. Sólnes: Herra forseti. Í sambandi við afgreiðslu þessa máls hjá hv. allshn., sem hér liggur fyrir á þskj. 762, vil ég lýsa yfir að ég harma það skilningsleysi sem æðstu stofnanir þjóðarinnar í peninga- og gjaldeyrismálum hafa sýnt þessu máli. Ráðamenn þeirra stofnana, sem fara með þessi mál, virðast gersamlega hafa glatað áttum í þessu máli ef þeir í alvöru telja að

allt sé í lagi um meðferð þeirra mála og engra minnstu breytinga sé þörf.

Hér sannast eins og svo oft áður að öll byrjun er erfið. En ég vil lýsa yfir að baráttunni fyrir skynsamlegri leiðréttingu á meðferð innflutnings- og gjaldeyrismála þjóðarinnar verður haldið áfram af fullum krafti og ég vona að um síðir takist að lækna þá blindu sem ráðamenn þjóðarinnar virðast vera slegnir í sambandi við meðferð þessara mála. En á því er hin mesta nauðsyn.

ATKVGR.

Till. á þskj. 762 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 35 shlj. atkv.

Nýting á áveitu- og flæðiengjum, þáltill. (þskj. 308, n. 800). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur H. Garðarsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur haft þetta mál til athugunar og sent það til umsagnar. Ein umsögn barst, frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, svo hljóðandi:

„Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur móttekið bréf yðar frá 8. þ.m. (þ. e. a. s. 8. apríl). Stofnunin mælir eindregið með að nefnd þáltill. verði samþ. Jafnframt vill stofnunin láta það koma fram að hún er reiðubúin að taka upp viðræður um auknar rannsóknir og athugun á þessu sviði, enda hafa þegar nokkrar frumathuganir verið gerðar á næringargildi gulstarar á vegum stofnunarinnar."

Undir bréfið ritar Björn Sigurbjörnsson forstjóri.

Atvmn. mælir með því að till. verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 846).

Fasteignamiðlun ríkisins, þáltill. (þskj. 729). — Fyrri umr.

Flm. (Guðrún Benediktsdóttir): Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 6. þm. Norðurl. e. að flytja till. til þál. á þskj. 729 svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. til l. um fasteignamiðlun ríkisins er stuðla skal að því, að verðlag fasteigna verði sem næst kostnaðarverði á hverjum tíma og á þann hátt komið í veg fyrir óeðlilegan gróða og fasteignabrask sem er mjög verðbólguhvetjandi."

Eins og kunnugt er búa flestir íslendingar í eigin húsnæði og er venjan sú, að fjölskyldur byrja gjarnan smátt, en stækka síðan við sig þegar efni og ástæður leyfa. Þannig er það ekki óalgengt að fjölskyldur skipti um íbúð á 5—10 ára fresti fyrstu 15—20 ár búskapar. Milliliðakostnaður sá, er fylgir fasteignasölu, nemur 2% af verði eignarinnar, en það eru um 100 þús. kr. fyrir hverja 5 millj. kr. eign. Þegar hugsað er til að greiða þarf rífleg mánaðarlaun hátekjumanns fyrir hverja slíka sölu hlýtur mönnum að ofbjóða og koma í hug hvort ekki megi spara. Í Reykjavík og nágrenni eru skráðar samkv. símaskránni a. m. k. milli 40—50 fasteignasölur. Fjöldi þeirra bendir til að atvinnuvegur þessi þyki gróðavænlegur.

Árið 1973 var í Reykjavík einni þinglýst 2209 afsölum fyrir fasteignum og árið 1974 voru þær 2303. Sé miðað við að meðalverð sé 5—6 millj. fyrir hverja eign, þá er um að ræða sölu fyrir um 11—14 milljarða kr. á hverju ári miðað við núgildandi verðlag. Af þessari upphæð renna 2% eða um 220—280 millj. kr. í vasa fasteignasalanna. Er augljóst að þetta eitt út af fyrir sig hlýtur að vera verðbólguhvati.

Með till. þessari er gert ráð fyrir að umrædd þjónusta á vegum ríkisins verði ókeypis eða seld á kostnaðarverði. Mætti þá e. t. v. hugsa sér að ná rekstrarkostnaðinum með hækkun þinglýsingargjalda. Með því að tengja skrifstofu þessa Húsnæðismálastofnun ríkisins er hægt að hafa auðveldan aðgang að mati íbúða, byggingartíma, teikningum og fleira viðvíkjandi hverri eign. Ekki þarf getum að því að leiða hver þægindi og sparnaður á tíma og fyrirhöfn það er fyrir almenning að eiga kost á allri þjónustu varðandi fasteignaviðskipti á einni og sömu skrifstofunni, að ekki sé minnst á þann gífurlega fjárhagslega sparnað sem þessi stofnun kæmi til með að veita.

Herra forseti. Mér þykir vænt um að hafa fengið tækifæri á þessum nauma tíma, sem eftir er þings, til að flytja þetta mál. Það varðar ekki einungis hag almennings, sem á í fasteignaviðskiptum, heldur einnig þjóðarhag varðandi verðbólguvandann o. fl. Væri vel ef þessu máli yrði fylgt fast eftir á Alþ. á hausti komanda þannig að þetta þjóðhagsmál næði sem fyrst fram að ganga til velfarnaðar landsbúum.

ATKVGR.

Till vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og til allshn. með 44 shlj. atkv.

Framfærslukostnaður, þáltill. (þskj. 559, n. 763). — Frh. einnar umr.

Jón Helgason: Herra forseti. Í fjarveru frsm. allshn. leyfi ég mér að mæla hér fyrir nál. frá allshn. um till. til þál. um athugun á framfærslukostnaði. Á nál. þskj. 763 leggur allshn. til að till. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 847).

Löggjöf um íslenska stafsetningu, þáltill. (þskj. 715). — Ein umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það lifnar greinilega yfir mönnum við umr. um þetta mál. Ég mun á þessum síðustu stundum þingsins hafa framsögu mína örstutta, enda er þetta mál gamall kunningi hér í þingi, þaulrætt hér og einnig meðal allra þeirra sem láta sig þetta mikla menningarmál nokkru skipta. Zetan er að vísu ekki nýr kunningi. Hún er til frá fyrstu dögum íslenskrar bókagerðar, frá árinu 1540.

Ég spáði því í umr. um þetta mál í fyrra að sú auglýsing, sem var gefin út um brottnám zetu, væri tilraun til þess gerð að athuga hvort íslendingar væru ekki orðnir sinnulausir um mál sitt og ritun þess. Ég hélt því fram að zetan sjálf væri þeim, sem að því stóðu, ekkert aðalatriði, heldur væri verið að kanna viðbrögðin við þessu og síðan mundu þessir nýjabrumsmenn færa sig upp á skaftið. Þetta kom enda á daginn með þeirri dæmalausu auglýsingu sem út var gefin um stóran og lítinn staf þar sem mývetningur á að ritast með litlum en Mývatnsreyð með stórum, og er þar átt við silunginn.

Á Alþ. í fyrra var samþ. þál. um að hrundið skyldi þessari ákvörðun um brottnám zetu. Engin lög eru til um íslenska stafsetningu og þess vegna hlýtur það að vera siðferðisskylda þeirra, sem sjá um framkvæmdavaldið, að fara að þessum vilja Alþ. Það hefur ekki verið gert, en eftir því hefur verið leitað hjá lögfróðum mönnum hvort sú ályktun á ekki að gilda, en ekki auglýsing menntmrn. Það mun síðar koma fram.

Flm. þessarar till. telja bera brýna nauðsyn til að setja löggjöf um íslenska stafsetningu, til þess að slíkt og þvílíkt hendi ekki á nýjan leik að staðið sé þann veg að þessum málum sem raun ber vitni um nú, til þess að Alþ., ef nauðsyn þykir bera til að breyta til í þessum efnum, eigi þess kost að hafa afskipti af málinu og leggja þar á síðustu hönd, eftir að umr. og rannsóknir hinna færustu og hæfustu manna hafa farið fram.

Ég hef ekki nefnt og veigra mér við að nefna þann gífurlega kostnað sem til er stofnað með þessum hætti. Ég get ekki tekið það gilda ástæðu að horfa í kostnað ef menn sjá nauðsyn bera til að breyta til í íslenskri stafsetningu. Ég tek það ekki gilt. Ég tel þetta mál það mikilvægt að komist menn að þeirri niðurstöðu að það þurfi að breyta til, þá megi ekki horfa í kostnað. En þær breytingar, sem gerðar hafa verið, eru algerlega að ófyrirsynju og vinnubrögðin, sem viðhöfð hafa verið, með nokkrum ólíkindum, þar sem n., sem skipuð var af menntmrh. til þess að athuga um fjölmörg atriði ritreglna, skilaði af sér með þeim hætti að leggja til, að zeta yrði niður felld, og svo framhaldið sem menn hafa séð og flestum ofbýður þó enn meira. Ég er ekkert hræddur um að zeta verði afnumin, það dettur mér ekki lifandi í hug. Þetta hefur verið reynt áður og menn, sem með henni stóðu, áttu í vök að verjast áratugum saman. En þeir unnu frægan sigur. Frægustu oddvitar um aldaraðir í þessum málum gerðu til þess tilraun, oddvitar í menningarmálum um aldaraðir gerðu til þess tilraun að nema zetuna í brott. En það endaði með því að þeir biðu ósigur, enda sneru þeir, sem vitrastir voru, af villu síns vegar eins og Konráð Gíslason. Þess vegna er það mér ekkert áhyggjuefni þó að það kosti einhver ár og þótt það væru áratugir að vinna sigur í þessu máli, vegna þess að hann vinnst. Íslensk tunga hefur staðið allt af sér, m.a. danska áþján, og þótt nýjabrumsmenn reyni með þessu ómerkilega fikti sínu nú að ná þessu fram, þá mun það sannarlega mistakast.

En ég vík því til forustumanna í ríkisstj. og hæstv. forseta þessa þings, að það er ekki til að auka virðingu Alþ. að virða að vettugi þær ályktanir sem gerðar eru. Í þál. fólst engin áskorun á ríkistj. um neina framkvæmd. Það var ályktun, þar sem tekin var ákvörðun, sem gerð var.

Fyrri mgr. þessarar till. er um það að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu. Síðari mgr. hljóðar svo: „Þar til slík lög hafa verið sett, skal fylgja þeirri stafsetningu sem í gildi var áður en menntmrn. gaf út auglýsingar sínar nr. 272 frá 4. sept. 1973“ — þ.e. um zetuna. Raunar er óþarft út af fyrir sig að hafa þetta með vegna þess að Alþ. hefur áður ályktað um að hrinda þessari auglýsingu. En þetta er gert hér til áréttingar fyrst og fremst. En svo er einnig vikið að síðari auglýsingunni nr. 132 frá 3. maí 1974. Um þetta hefur Alþ. ekki ályktað og þess vegna nauðsynlegt að hafa þetta með. Þetta er um stóran og lítinn staf, um að þingeyingur skuli ritaður með litlum en Hólsfjallahangiket með stórum. Englandsdrottning með stórum, eins og hv. þm. Stefáni Valgeirssyni ofbauð, og þurfa svo að skrifa danadrottning með litlum, og rennur mönnum nokkuð blóðið til skyldunnar. Það má mikið vera ef þetta á ekki eftir að verða mál á Norðurlandaráðsfundi (MK: Eða þá frægt mál þar.) Ég segi það, og heitir íslensku nafni, Þórhildur.

Eins og ég segi, þetta mál er þrautrætt og þess vegna er engin ástæða til þess að biðja um að málið verði athugað af n., nema síður væri. Hér í þingi er það þrautrætt og meðal allra þeirra aðila sem einhver afskipti vilja af því hafa og hafa enda komið á framfæri sjónarmiðum sínum. Þess vegna er út í hött að vísa þessari till. til neinnar n. og alveg nauðsynlegt að gerð verði þessi ályktun til handa hæstv. menntmrh. Hann fór enda fram á það beinlínis í umr., sem urðu á dögunum, að hafist yrði handa um að setja rammalöggjöf um íslenska stafsetningu. Hann lýsti því yfir að hann teldi þetta óhæfu varðandi síðari auglýsinguna um stóran og lítinn staf og taldi nauðsyn bera til að taka þetta mál til athugunar, enda þótt hann snerist gegn frv. sem lagt var hér fram af hv. þm. Gylfa Þ. Gíslasyni, þar sem hann með réttu taldi að það mál út af fyrir sig væri ekki nægjanlega undirbúið, heldur yrði að gera um þetta heildstæða löggjöf. Og ég fer fram á það við hið háa Alþ. og hv. Sþ., að það verði við þessum vilja hans með því að samþykkja hér áskorun til ríkisstj. að undirbúa löggjöf um íslenska stafsetningu, sem við getum svo hafist handa um að ræða á hausti komanda.

Ég endurtek það, það kann að líða einhver tími þar til þeir, sem rétt hafa fyrir sér í þessu máli, nái vopnum sínum. En það mun fyrr eða síðar takast.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef áður greint frá því, að ég tel nauðsynlegt að taka stafsetningarmálið til nýrrar athugunar. Ég hygg, að það sé skynsamlegt að sett verði löggjöf um íslenska stafsetningu, en ég tek það jafnframt fram að hvorki tel ég viturlegt að Alþ. sjálft setji ritreglur né semji setningafræði. Ég get því vel fellt mig við fyrri hluta þessarar þáltill. sem hér liggur fyrir til umr.

Ég hef einnig látið það álit í ljós hér á hv. Alþ. fyrir skömmu að nýlega gerð breyting á íslenskri stafsetningu hafi verið ráðin með helst til skjótum hætti og einnig að tíðar breytingar á stafsetningu séu óheppilegar í hæsta máta. Ég er því að sjálfsögðu andvígur síðari lið till. og leyfi mér að leggja til, að hann verði felldur niður. Má ég svo afhenda hæstv. forseta skriflega brtt., sem hljóða svo: „2. mgr. till. falli brott.“

Gylfi Þ. Gíslason: Herra forseti. Mál mitt skal vera örstutt. Ég hef flutt frv., sem er til athugunar í hv. menntmn. Nd., um íslenska stafsetningu. Megintilgangur minn var að breyta um þá starfshætti, að ráðh. ákvæði með einfaldri auglýsingu hver skyldi vera stafsetning íslenskrar tungu. Það á að minni skoðun að vera hlutverk Alþingis, slíkt á að ákveða með löggjöf.

Mér til mikillar ánægju lýsti hæstv. menntmrh. því yfir í umr. fyrir nokkrum dögum hér á hinu háa Alþ., að hann væri þeirrar skoðunar að það ætti að gilda löggjöf um íslenska stafsetningu. Þá skoðun hefur hann nú áréttað í skrifl. brtt., sem hann hefur flutt við þá till., sem við 5 hv. þm. flytjum hér í Sþ. Alþ. hefur þegar ályktað að sú stafsetning, sem í gildi var í 45 ár eða frá 1929 til 1974, sé sú stafsetning sem eðlilegt er að haldi áfram að vera í gildi.

Ég veit af viðræðum við þm. á hinu nýkjörna Alþ., að það er mjög eindreginn meiri hl. fyrir því hér á þessu Alþ. að halda skuli fast við hina gömlu stafsetningu, ef ég má taka svo til orða, þ. e. a. s. þá, sem ákveðin var með auglýsingu árið 1929. Ég er því í engum vafa um að frv. frá hæstv. ríkisstj. eða hæstv. menntmrh. um þetta efni mun verða þess efnis, að sú stafsetning skuli aftur í gildi tekin á Íslandi. Þess vegna leyfi ég mér — og mæli þar fyrir hönd okkar 1. flm. þessarar till. — að mæla með því að till. hæstv. menntmrh. verði samþ. og treysti því þar með að í upphafi næsta þings verði lagt fyrir Alþ. frv. um íslenska stafsetningu sem lögfesti þá stafsetningu sem í gildi var í 45 ár eða frá 1929 til 1974.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þar sem ég ásamt öðrum flm. fellst á að draga til baka síðari lið till., þá sýnist mér till. hæstv. menntmrh. óþörf og þurfi ekki að koma til atkv., ef hann vildi athuga um að draga hana til baka. **(Menntmrh.:** Já, ég dreg hana þá auðvitað til baka.)

Magnús T. Ólafsson: Herra forseti. Væri fylgt fordæmi, sem hv. 3. þm. Austf. gaf fyrir rúmu ári, gæti nú svo farið að þingslit drægjust eitthvað fram yfir það sem ákveðið hefur verið, því að sannast sagna er efni í langar tölur sem hann fitjar hér upp á. Seint hygg ég að okkur vestfirðinga tvo mundi þrjóta örendið þar sem til umr. væri íslensk tunga og hennar myndbreytingar og mörgu hliðar í ræðu og riti. Og hefði þetta mál verið meðhöndlað eins og til var stofnað fyrir nokkrum dögum, þegar hv. 3. þm. Austf. boðaði þennan tillöguflutning við umr. um annað mál, er alveg öruggt að ræðuhöld hefðu dregist nokkuð og sumum þótt máske úr hömlu. Þar leitaðist hv. 3. þm. Austf. við að koma króki í munn hæstv. menntmrh. og talaði svo sem hann væri í vasa sínum þá með till. um málsmeðferð, sem fullnægði nákvæmlega þeim vilja sem hæstv. menntmrh. hafði lýst skömmu áður í þeirri umr. En nú er komið á daginn að hæstv. menntmrh. er ekki auðveiddur, ekki einu sinni fisknum vestfirðingi, því að hann hefur með sinni till., sem hv. 3. þm. Austf. hefur tekið til greina, komið þessu máli á allt annan grundvöll og heppilegri í alla staði en hv. 3. þm. Austf. og meðflm. hans reyndu að leggja með sínum tillöguflutningi.

Ég benti á það áður að við hv. 3. þm. Austf. erum vestfirðingar báðir, að vísu nokkuð sinn af hvoru horni á þeim kjálka, og er hv. 3. þm. Austf. fæddur á stað, sem nefndur er Óbótatangi í Djúpi, og ólst þar upp í systkinahóp. Svo herma sögur þar vestra að eitt sinn hafi komið þar á heimilið piltur nokkur af afskekktum stað og búinn ekki eftir neinni glæsitísku og þurft að bíða langa stund þar á Óbótatanga og hitti þá fyrir hv. 3. þm. Austf. og bræður hans. Þeir brugðu á það ráð til að stytta stundir sjálfum sér og komumanni, að þeir stilltu honum upp á borð og fengu hann til að hefja söng. Gekk svo lengi dags og söng piltur sí og æ „Fanna skautar faldi háum“, en áheyrendur rómuðu mjög sönginn. Kom þá móðir þeirra bræðra á Óbótatanga í stofuna og sá að piltur var farinn að blána í framan og bað þá fyrir guðs skuld að hætta þessum söngleik þar í sínum húsum svo að ekki hlytist verra af. Skömmu síðar þurfti húsfreyja að ganga til mjalta og var drykklanga stund að sinna fjósverkum. En þegar hún kemur til bæjar á ný, þá er ekki nóg með að pilti hafi aftur verið boðið upp á borðið og söngur hafi verið stundaður meðan hún mjólkaði, heldur var drengurinn hniginn niður með froðufalli og var konan um stund í vafa um hvort hann mundi lífi halda. Til allrar lukku reyndist svo vera, að pilturinn var lífvænn og hlaut ekki nein eftirköst eftir söngleikana þar í Djúpi.

Nú er það sýnt við meðferð þessa máls að hv. 3. þm. Austf. kemur ekki við gagnvart hæstv. menntmrh. bragðvísi af því tagi sem ég hef gefið hér lítið dæmi um.

ATKVGR.

Síðari málsgr. tillgr. tekin aftur.

Tillgr., fyrri málsgr., samþ. með 37:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33:6 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 848).

Síldarverksmiðjur ríkisins byggi verksmiðju á Snæfellsnesi, þáltill. (þskj. 168, n. 803). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Þetta er að vísu dálítið annar handleggur sem ég mun nú um fjalla. Atvmn. Sþ. hefur haft til meðferðar till. á þskj. 168 til þál. um að Síldarverksmiðjur ríkisins byggi og starfræki verksmiðju á Snæfellsnesi. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela stjórn Síldarverksmiðja ríkisins að hefja nú þegar undirbúning að því að byggja og starfrækja verksmiðju á Snæfellsnesi er unnið geti feitan fisk og fiskúrgang."

Það varð ekki samkomulag í n. um að afgreiða þessa till. með þessum hætti, heldur leggur n. einróma til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta kanna hvort hagkvæmt sé að byggja og starfrækja verksmiðju á Snæfellsnesi er unnið geti feitan fisk og fiskúrgang."

Og fyrirsögnin breytist þar af leiðandi til þessa.

„Till. til þál. um athugun á byggingu og rekstri fiskvinnsluverksmiðju á Snæfellsnesi."

N. þótti sem orðalag ályktunartill. um það beinlínis að fela stjórn Síldarverksmiðja ríkisins að hefja þegar undirbúning að byggingunni væri óhyggilegt. Það þyrfti að athuga fyrst allar aðstæður. Sveitarfélög þar vestra hafa stofnað með sér félagsskap, Nesmjöl, sem þau svo kalla, hafa að vísu ekki enn talið sér fært af fjárhagsástæðum að hefjast handa, en í rannsókninni þyrfti að athuga sérstaklega, ef hagkvæmt er að reka slíka verksmiðju sem ég efast ekki um fyrir mína parta, hvort ekki er hægt að skjóta fjárhagsstoðum undir það fyrirtæki til þess að það gæti reist þessa verksmiðju. Ég dreg enga dul á það að ég er þeirrar skoðunar að þetta sé betur komið í höndum einkafyrirtækja heimaaðila og sveitarfélaganna heldur en að ríkið sjálft byggi og reki verksmiðju þar vestra.

N. varð sammála um þessa breytingu, sem er í því fólgin að hagkvæmni málsins verði könnuð fyrst áður en teknar eru frekari ákvarðanir.

Friðjón Þórðarsson: Herra forseti: Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. fyrir það að hún skyldi hrista fram úr erminni þetta nál. á síðustu dögum þingsins. Ég hygg að mér sé óhætt að mæla fyrir munn okkar flm., sem erum allir þm. Vesturl., að við getum eftir atvikum sætt okkur við þann búning, sem n. mælir með á till., og vonumst til þess að hún þoki þessu máli í rétta átt.

ATKVGR.

Brtt. 803,1 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 803,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 849).

Iðja og iðnaður, þáltill. (þskj. 270, n. 801). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. hefur kannað þetta mál og sent það til umsagnar. Umsagnir bárust frá þremur aðilum: Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi iðnverkafólks og Sambandi ísl. samvinnufélaga. Er mælt með samþykkt þessarar till., en athygli er hins vegar vakin á því að í þeirri n., sem ætlað er að skipuð verði, er ekki fulltrúi eins stærsta aðilans í íslenskum iðnaði, Sambands ísl. samvinnufélaga. N. er þeirrar skoðunar að það sé orðið tímabært að endurskoða þessi gömlu lög, en telur hins vegar, að nauðsynlegt sé að Sambandið eigi þar fulltrúa, og flytur því brtt. á þskj. 801 sem er að efni til þannig að fjölgað verði í þeirri n., sem skipa á, úr 5 í 7 og að af þeim tveimur, sem bætast við, komi annar frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, en tveir nm. verði skipaðir án tilnefningar í stað eins, eins og gert var ráð fyrir í tillgr. Með þessari breytingu mælir n. með því að till. verði samþykkt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Fyrir hönd hv. 1. flm. þessarar till., Gunnars J. Friðrikssonar, sem ekki situr á Alþ. nú, og okkar annarra flm. vil ég færa hv. n. þakkir fyrir þessa afgreiðslu málsins. Við föllumst á þá breytingu, sem frsm. lýsti, og vonumst til þess að till. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 801 samþ. með 33 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 850).

Lögfræðiþjónusta fyrir efnalitið fólk, þáltill. (þskj. 390, n. 767). — Frh. einnar umr.

Svava Jakobsdóttir: Hæstv. forseti. Sakir þess að frsm. er fjarverandi af óhjákvæmilegum ástæðum vil ég fara um málið örfáum orðum til þess að þakka n. afgreiðslu málsins og þann skilning sem kemur fram á nauðsyn þess. En í nál. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Nm. eru hlynntir till., en þar sem framvinda málsins fer mjög eftir framkvæmd og fyrirkomulagi á þjónustu þessari, leggur n. til að till. verði vísað til ríkisstj. sem stefni að því að leggja fram frv. um lögfræðiþjónustu fyrir efnalitið fólk á næsta þingi. Við samningu slíks frv. verði höfð full samráð við Lögmannafélag Íslands."

ATKVGR.

Till. á þskj. 767 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fjáraukalög 1973, frv. (þskj. 807). — 1. umr.

Fjmrh. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1973 og frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1973 hafa nú verið lögð fram á Alþ. og ríkisreikningurinn fyrir 1973 jafnframt afhentur þm. fullbúinn. Því miður reyndist eigi unnt að leggja frv. fram það snemma að þingið gæti afgreitt þau nú. Efni reikningsins á þó að vera öllum vel kunnugt því að á s. l. vori voru aðalyfirlit A-hluta reiknings lögð fram hér á Alþ. og reikningurinn í heild óendurskoðaður s. l. haust. Ég tel æskilegt að frágangi ríkisreiknings sé hraðað meir en verið hefur hingað til, og nú hefur þeim áfanga verið náð, sem ekki hefur verið fyrr, að A-hluta ríkisreiknings með öllum þeim yfirlitum, sem venja hefur verið að fylgdu með fullbúnum reikningi, liggur á borði alþm. rúmlega 4 mánuðum frá árslokum. Ríkisbókhaldið hefur lokið að fullu uppgjöri A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1974 og hann fullprentaður afhentur alþm. og yfirskoðunarmönnum Alþingis til meðferðar, og vil ég færa þeim mörgu, sem að hafa unnið, bestu þakkir.

Ríkisbókhaldið stefndi að því að skila A-hluta ríkisreikningsins fullbúnum í apríl. Enda þótt því marki hafi ekki verið náð nú er þessi árangur mjög lofsverður, enda hefur verið unnið þrotlaust starf, ekki aðeins við uppgjör ríkisreiknings, heldur einnig á sviði almennra bókhaldsmála ríkisins sem eru grundvöllur uppgjörs ríkisreikningsins snemma á árinu. Í því sambandi má minna á að ríkisbókhaldið hóf á árinu 1970, í tíð fyrrv. fjmrh. Magnúsar Jónssonar, sérstaka bókhaldsþjónustu fyrir ríkisstofnanir og var hún enn aukin í tíð forvera míns, Halldórs E. Sigurðssonar, fyrrum fjmrh., og hefur frá þeim tíma tekið við alhliða bókhaldsúrvinnslu um 130 ríkisaðila er önnuðust hana sjálfir áður. Þessi þjónusta leiðir m. a. til skjótara uppgjörs og betri yfirsýnar um fjármál ríkisins, ekki síst þegar ýmiss konar yfirlit úr tölvuvinnslu ríkisbókhaldsins verða komin til. Stefnt er að því að bókhald ríkisins verði allt unnið eftir tölvuvinnslukerfi ríkisbókhaldsins, annaðhvort um fyrrgreinda bókhaldsþjónustu þess eða með beinni vinnslu stærri ríkisstofnana. Vegagerðin vann sitt bókhald t. d. þannig árið 1974, Rafmagnsveitur ríkisins eru í þann veginn að hefja vinnslu bókhalds eftir kerfi ríkisbókhaldsins og athugun og undirbúningur er hafinn hvað snertir bókhald Pósts og síma og Ríkisútvarpsins. Bókhaldsúrvinnsla Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg og Ríkisútgáfu námsbóka er einnig hafin eða er að hefjast á vegum bókhaldsþjónustu ríkisbókhaldsins. Þegar allt bókhald ríkisins verður komið inn á þennan sama farveg, tölvuvinnslunnar verður unnt að fá yfirlit eins oft og óskað er, sem spannar yfir alla þætti ríkisfjármálanna, á grundvelli upplýsinga um raunverulegar gjaldaskuldbindingar hjá hverri stofnun. Nú er hins vegar að hluta til byggt á greiðslu á rekstrarfé úr ríkissjóði til þeirra sem hafa eigin bókhaldsúrvinnslu, en ekki byggt á fjárráðstöfunum þeirra sjálfra.

Næsta haust, þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1976 verður fylgt úr hlaði, mun verða gerð grein fyrir afkomu þessa árs fram að þeim tíma og jafnframt gerð ítarlegri grein fyrir afkomu ársins 1974 samkv. ríkisreikningi þeim sem nú hefur verið lagður fram fyrir árið 1974.

Ég vil þó gera örstutta grein fyrir afkomu ársins.

Gjöld A-hluta reyndust 41 milljarður 8 millj. kr. Tekjur urðu 37 milljarðar 721 millj. kr. og gjöld umfram tekjur því 3 milljarðar 287 millj. kr. Endurmatsjöfnuður var óhagstæður um 576 millj. kr. Var þar fyrst og fremst um að ræða hækkun skulda í erlendri mynt vegna gengismunar. Rekstrar- og endurmatsjöfnuður sýndu því samtals óhagstæða þróun um 3 milljarða 863 millj. kr. eða m. ö. o. hækkun skulda ríkisins nettó á árinu. Sú breyting kom annars vegar fram í óhagstæðum greiðslujöfnuði sjóðs- og bankareikninga, ýmissa inneigna og lausaskulda um 2 milljarða 294 millj. kr. og óhagstæðum lánajöfnuði vegna skuldaaukningar, tekinna lána umfram breytingu veittra lána og hlutabréfa og stofnfjárframlaga um 1 milljarð 569 millj. kr. Greiðslujöfnuður með þrengri skilgreiningu, þ. e. a. s. jöfnuður sjóðs- og bankareikninga, var óhagstæður um 3 milljarða 171 millj. kr. Ef skuldaaukning á lánareikningum við Seðlabankann um 220 millj. kr. er talin með er greiðslujöfnuðurinn þannig skilgreindur óhagstæður um 3 milljarða 391 millj. kr.

Stærstu gjaldaliðirnir eru eins og áður framlög til Tryggingastofnunar ríkisins og Atvinnuleysistryggingasjóðs, 12 milljarðar og 10 millj. kr. eða um 2 milljarða 76 millj. kr. umfram fjárlög, til niðurgreiðslna og til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 4 milljarðar 676 millj. kr. eða 2 milljarðar 778 millj. kr. umfram fjárlög og gjöld vegna vegagerðar 3 milljarðar og 5 millj. kr. eða 960 millj. umfram fjárlög. Þessir þrír liðir nema samtals 19 milljörðum 691 millj. kr. eða 48% af gjöldum reikningsins í heild, eða 5 milljörðum 814 millj. kr. eða helmingi af gjöldum reikningsins umfram fjárlög. Aðrir stórir gjaldaliðir umfram fjárlög eru fyrrgreind framlög, til Rafmagnsveitna ríkisins 931 millj. kr., 244 millj. kr. framlag til Áburðarverksmiðju ríkisins og 677 millj. kr. í gjöld umfram fjárlög í dómgæslu og í lögreglumálum.

Þegar gerður er samanburður á reikningi og fjárl. þarf einnig að hafa í huga áhrif sérstakra laga á gjaldafærslu reiknings umfram fjárlög. Á bls. 63 og 183 í ríkisreikningi er gerð nokkur grein fyrir þessum atriðum og kemur þar fram að gjöld reiknings vegna hækkunar markaðra tekna og notkunar lánsfjár og sérstakra gjaldheimtna hafa numið um 2 milljörðum 664 millj. kr. umfram það sem fjárlög áætluðu. Ef tekið er tillit til þessara sjálfvirku gjaldfærslu utan fjárlaga nema umframgjöld 8 milljörðum 942 millj. kr. eða um 28% umfram fjárlög og þessar sérstöku heimildir. Þá hefur ekki verið tekið tillit til áhrifa almennrar lagasetningar og ákvarðana, t. d. um auknar niðurgreiðslur.

Tekjur reiknings námu 35 milljörðum 784 millj. kr. eða 8 milljörðum 541 millj. kr. umfram fjárlög. Ef lækkun tekjuskatts frá fjárl. um 1 milljarð 411 millj. kr. vegna skattalagabreytingar

snemma ársins 1974 er ekki talin með reyndust tekjur 9 milljarðar 952 millj. kr. umfram fjárlög. Af þeirri fjárhæð var meira en helmingur í auknum tekjum af söluskatti, 5 milljarðar 161 millj. kr., enda var sölugjald hækkað tvívegis á árinu úr 13 í 17 og síðan í 19%. Aðflutningsgjöld, almenn, fóru tveim milljörðum 54 millj. kr. umfram fjárlög og launaskattur um 755 millj. kr. Þess ber þó að geta að söluskattur og launaskattur sem og aðrar tekjur eru gerðar upp á grundvelli álagningar, en ekki innheimtu. Innheimtur söluskattur umfram fjárlög nam t. d. 4 milljörðum 264 millj. kr. og launaskattur 437 millj. kr.

Hér hefur verið drepið á stærstu liði í niðurstöðutölum A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 1974, en ítarlegri grein verður að sjálfsögðu gerð fyrir reikningnum á hausti komanda.

Um leið og ég í örstuttu máli geri Alþ. grein fyrir afkomu ríkissjóðs á árinu 1974 vildi ég mega vekja athygli á grg. þeim sem í dag hafa verið lagðar á borð alþm. Eitt meginverkefni í þeirri heildarendurskoðun skattkerfisins, sem áður hefur verið gerð grein fyrir, er staðgreiðsla skatta. Fól ég ríkisskattstjóra að gera grg. og till. um málið og hefur hann nú skilað skýrslu um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hefur skýrslu þessari, eins og áður sagði, verið dreift til þm. Hér er um mál að ræða sem lengi hefur verið á dagskrá. Á næstunni verður að taka ákvörðun í máli þessu með einum eða öðrum hætti. Fyrr en niðurstaða er fengin er því ekki hægt að móta endanlega þá nýju skattalöggjöf sem unnið hefur verið að. Till. og grg. ríkisskattstjóra um staðgreiðslu opinberra gjalda eru veigamikið framlag til ákvörðunartöku um mál þetta og jafnframt þýðingarmikill liður í heildarendurskoðun skattalaga.

Annað veigamikið verkefni á sviði skattamála er endurskoðun núverandi söluskatts í átt til skatts með virðisaukasniði, einnig til að tryggja skattastöðu íslenskra fyrirtækja. Sérstökum starfshóp á vegum rn. var falið að vinna að verkefni þessu og liggur grg. þessa starfshóps nú einnig á borðum þm. Í grg. eru ekki gerðar ákveðnar till. um upptöku virðisaukaskatts hér á landi eða breytingar á gildandi söluskattskerfi. Markmið hennar er fyrst og fremst að skýra og gera grein fyrir þeim ýmsu atriðum sem líta þarf til þegar tekin er afstaða til þess, hvort taka skuli upp virðisaukaskatt í stað söluskatts eða gerðar skuli aðrar grundvallarbreytingar á söluskattinum á næstunni.

Því miður vannst ekki tími til á þessu þingi að taka ákvarðanir í þessum málum. Hins vegar vænti ég þess, að þm. kynni sér grg. þessar rækilegar meðan á þinghléi stendur til þess að mál þessi megi taka upp strax á haustþingi til ákvörðunar um framtíðarskipan mála. Ég vil leggja áherslu á að þótt hér sé um mikilvæg mál að ræða eru þau aðeins liður í þeirri heildarendurskoðun skattakerfis sem nú stendur yfir. Veigamiklar breytingar voru gerðar á lögum um tekju- og eignarskatt nú nýverið með sameiningu bótatryggingar Almannatryggingar og skattkerfisins. Auk þess eru skattar lækkaðir um 1 milljarð kr. Áfram verður haldið við endurskoðun skattalaga á þeirri braut, sem mörkuð hefur verið, og m. a. stefnt að sérsköttun hjóna, eins og áður hefur komið fram. Endurskoðun skattalaganna mun að sjálfsögðu halda áfram meðan á þinghléi stendur. En sem kunnugt er hefur einn þm. verið tilnefndur af hverjum þingflokki til að fylgjast með störfum þeirrar endurskoðunar, og vænti ég þess að það samstarf geti haldið áfram þótt hlé verði gert á störfum Alþingis.

Herra forseti. Ég vildi gera Alþ. grein fyrir þessu áður en það lyki nú störfum og þakka vinsemd forseta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kosning fimm manna í orkuráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára, frá 1. júlí 1975 til jafnlengdar 1979, samkv. 69. gr. orkulaga, nr. 58 29. apríl 1967.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Ingólfur Jónsson alþm. (A),
Daníel Ágústínusson aðalbókari (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson alþm. (A),
Magnús Kjartansson alþm. (B),
Valur Arnþórsson kaupfélagsstjóri (A).

Kosning tveggja endurskoðenda til að endurskoða reikninga þeirra sjóða, sem eru í umsjá Framkvæmdastofnunar ríkisins, samkv. 37. gr. l., nr. 93 24. des. 1971.

Fram kom tillaga um tvo menn. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri,
Jón Kristjánsson, Egilsstöðum.

Kosning framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs Íslands til 31. des. 1979, í stað Bjarna Guðmundssonar.

Fram kom tillaga um einn mann og lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:
Sigurður J. Briem deildarstjóri.

Kosning fimm manna nefndar, eftir tilnefningu þingflokka, til að gera úttekt á stöðu áfengismála samkv. ályktun Alþingis 7. maí 1975.

Fram komu fjórir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Magnús Sigurjónsson umsjónarmaður (A),
Jónas Gestsson sveitarstjóri (A),
Helgi F. Seljan alþm. (B),
Hörður Zóphóníasson skólastjóri (C),
Steinar Guðmundsson verslunarmaður (D).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands, að viðhafðri hlutfallskosningu, til fjögurra ára frá gildistöku nýafgreiddra laga frá Alþingi um Viðlagatryggingu Íslands, 2. gr.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jóhannes Árnason sýslumaður (A),
Friðjón Guðröðarsson lögreglustjóri (A),
Ólafur Jónsson, Kópavogi (B).

Varamenn:
Víglundur Þorsteinsson lögfræðingur (A),
Benedikt Sigurðsson lögfræðingur (A),
Erlingur Viggósson, Reykjavík (B).

Vegáætlun 1974—77, þáltill. (þskj. 410, n. 756, 736, 768, 779, 797, 802, 810). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 797,1 felld með 33:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GF, HÁ, HFS, IT, JGS, KP, LárJ, ÞorstÞ, MÓ, MB, RA, SighB, SigurlB, StJ, SV, StH, SvJ, SvH, ÞK, EÁ.

nei: GeirG, GH, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, GÞG, HES, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JÁH, JónasÁ, MK, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, RH, StG, VH, ÞÞ, AJ, BGr, EðS, EggÞ, GHB, EKJ, FÞ, GS, ÁB.

7 þm. (JSk, GuðrB, PJ, PS, TÁ, ÞS, AG) fjarstaddir.

Brtt. 736,1 samþ. með 48 shlj. atkv.

— 810,1 felld með 42:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EðS, HFS, KP, ÞorstÞ, RA, StJ.

nei: StH, StG, SvJ, VH, ÞK, ÞÞ, AJ, BGr, EggÞ, EÁ, GHB, EKJ, FÞ, GH, GilsG, GuðlG, GHG, GTh, GF, GÞG, HÁ, HES, IT, IngJ, IG, JóhH, JónÁ, JHelg, JÁH, JGS, JónasÁ, MK, MÓ, MB, MÁM, OÓ, ÓE, ÓlJ, RH, SighB, SV, ÁB.

SvH, GS, GeirG, LárJ, SigurlB greiddu ekki atkv.

7 þm. (TÁ, ÞS, AG, JSk, GuðrB, PJ, PS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Þegar við ræddum þetta mál í fjvn. lét ég í ljós það sjónarmið, að auðvitað mundi brúin koma, spurning væri um tíma. Formaður fjvn. upplýsti að það væri samstaða meðal þm. í þessu kjördæmi að flýta verkinu, og þar sem samstaða er fyrir hendi hjá þessum hópi þm. tel ég rétt að liðsinna þeim og segi því nei við till.

Brtt. 768,1 samþ. með 51 atkv.

— 810,2 tekin aftur.

— 768,2 samþ. með 51 shlj. atkv.

— 802 felld með 38:6 atkv.

Brtt. 736,2, svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

— 779 samþ. með 50 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 736,3 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 50 shlj. atkv.

Brtt. 797,2 tekin aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis. (þskj. 851).

Neðri deild, 16. maí.

Nýting innlendra orkugjafa.

Skriflegt svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Magnúsar Kjartanssonar um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu, á þskj. 325, afhent þm. 16. maí.

I. Hvernig eru áætlanir ríkisstjórnarinnar um hitaveituframkvæmdir um allt land? Hverjir verða árlegir áfangar? Hver verður árlegur kostnaður og hvernig verður hann fjármagnaður?

Stefna ríkisstjórnarinnar er, að lögð skuli áhersla á aukinn hraða í virkjun íslenskra orkugjafa, bæði til iðnvæðingar og í því skyni að gera íslendinga óháðari innfluttri orku.

Meðal brýnustu verkefna á þessu sviði er að koma upp hitaveitum hvar sem aðstæður leyfa, en að tryggja öðrum sem fyrst raforku til húshitunar.

Hitaveituframkvæmdir eru yfirleitt á vegum hinna einstöku sveitarfélaga eða byggðarlaga og bein þátttaka ríkisins er einungis í Hitaveitu Suðurnesja vegna sérstöðu hennar með tilliti til Keflavíkurflugvallar.

Áhugi sveitarfélaga er mikill á þessum málum og er víða unnið að jarðhitaleit á þessu ári eins og síðar verður að vikið. Þær hitaveitur, sem komnar eru á framkvæmdastig á þessu ári, eru auk Hitaveitu Reykjavíkur (fyrir Kópavog, Garðahrepp og Hafnarfjörð) Hitaveita Suðurnesja og Hitaveita Siglufjarðar.

Fjármögnun þessara framkvæmda er með mismunandi hætti. Hitaveita Reykjavíkur hefur aflað sér lánsfjár. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður aðstoði Hitaveitu Suðurnesja og Hitaveitu Siglufjarðar við útvegun framkvæmdafjár.

Möguleikar til vinnslu heits vatns eru ekki enn fullkannaðir á ýmsum stöðum og því ekki unnt að skipta hitaveituframkvæmdum í heild niður í árlega áfanga á þessu stigi.

Nú skal getið þeirra hitaveituframkvæmda, sem unnið er að, og þeirra, sem í undirbúningi eru:

Hitaveita Reykjavíkur vinnur að lagningu hitaveitu í Kópavog, Garðahrepp og Hafnarfjörð og miðar þeim framkvæmdum vel.

Samkvæmt lögum, er samþykkt voru á þessu þingi um hitaveitu Suðurnesja, er nýstofnað félag með aðild sveitarfélaga þar og ríkisins um lagningu hitaveitu til allra þéttbýliskjarna á Suðurnesjum og síðar til Keflavíkurflugvallar. Að undirbúningi þessara framkvæmda er nú

unnið af fullum krafti. Boranir hafa verið gerðar í Svartsengi, en einnig er ráðgert að rannsaka annað svæði á Suðurnesjum, svonefnd Eldvörp.

Á Akranesi er ráðgerð hitaveita með jarðvarma frá Leirá í Leirársveit. Þar er nú verið að framkvæma djúpborun og standa vonir til að þar fáist nægilegur jarðvarmi til húshitunar á Akranesi.

Hitaveita frá Deildartunguhver til Borgarness og nágrannasveita má heita fullhönnuð nú og er þess að vænta að hafnar verði framkvæmdir innan skamms.

Á Blönduósi hafa verið rannsakaðir möguleikar til húshitunar með jarðvarma. Hafa verið boraðar þar tvær holur, en því miður án árangurs. Ráðgert er á næstu vikum að hafin verði borun þriðju holunnar, og gefi hún árangur má gera ráð fyrir því, að hitaveita verði lögð á Blönduósi innan skamms tíma.

Í Varmahlíð í Skagafirði er nýtekin til starfa hitaveita fyrir þá byggð, sem þar er, og gert ráð fyrir að áframhaldandi jarðhitaleit verði framkvæmd á því hitasvæði í sumar.

Á Sauðárkróki hefur verið starfrækt hitaveita um allmörg ár. Eru uppi ráðagerðir um að auka við hitaveituna og verður væntanlega boruð ein 1000 metra hola á þessu ári.

Á Siglufirði hefur verið borað eftir heitu vatni í Skútudal. Árangur þeirra borana var sá, að þar má fá 60—70°C heitt vatn, sem nægir til um 75% varmaþarfar kaupstaðarins. Viðbótarvarmaþörf má fullnægja með olíuhitun eða hitun hitaveituvatnsins með rafskautskötlum. Talið er, að þetta sé hagkvæm lausn á húshitunarmálum Siglufjarðar. Gert er ráð fyrir að leggja aðfærsluæð og hluta dreifikerfis í bænum á þessu ári.

Í Ólafsfirði og á Dalvík hafa verið starfræktar hitaveitur um nokkurt skeið. Á báðum stöðum er áhugi á því að auka hitaveiturnar með viðbótarjarðborunum. Má gera ráð fyrir því, að þær verði framkvæmdar á þessu ári.

Talið hefur verið til skamms tíma að á Akureyri yrði að byggja húshitun á raforku. Á hinum síðustu mánuðum hafa verið leiddar líkur að möguleikum til þess að hita upp hús á Akureyri með jarðvarma. Í því sambandi fara nú fram ýmsar rannsóknir í Eyjafirði og nágrenni Akureyrar og beri þær ekki árangur er hugsanlegt að fá jarðvarma leiddan austan úr Þingeyjarsýslu til húshitunar á Akureyri.

Í Þingeyjarsýslu hafa farið fram boranir, sem eru mjög athyglisverðar. Er þar fyrst að telja Hveravelli í Reykjahverfi, en þaðan fær Hitaveita Húsavíkur varmaorku sína. Þar var borað með góðum árangri og er hugsanlegt að þann jarðvarma væri hægt að nota til hitunar fleiri staða en Húsavíkur. Þá hefur farið fram borun á Laugum í Reykjadal sem bar einnig mjög góðan árangur. Undanfarið hefur verið borað í Aðaldal.

Á Austurlandi telja sérfræðingar ekki miklar vonir um verulegan nýtanlegan jarðvarma. Ráðgert er að bora tilraunaholu við Urriðavatn á Fljótsdalshéraði.

Á Suðurlandi hafa verið ráðgerðar hitaveitur á Eyrarbakka og Stokkseyri í samvinnu við hitaveitu á Selfossi. Þó er hugsanlegur möguleiki á að unnt sé að fá jarðvarma nær þessum stöðum niðri við ströndina.

Í Þorlákshöfn er að hefjast djúpborun með stórvirkum bor. Eru menn bjartsýnir um að þar fáist nægilegur jarðvarmi fyrir hinn vaxandi bæ Þorlákshöfn.

Í sambandi við öflun og nýtingu jarðhita á Íslandi skulu nefndar þessar nýjungar og umbætur:

Í fyrsta lagi hefur nú verið keyptur til landsins stórvirkur gufubor, sem getur borað niður á 3600 m dýpi. Hann er nú að byrja að bora í Þorlákshöfn. Þetta er stærsti bor í eigu landsmanna og kostaði um 280 millj. kr. Annar bor kemur til landsins í næsta mánuði, hentugur bor fyrir lághitasvæðin.

Í öðru lagi hefur nú verið veitt mun meira fjármagn til jarðborana og jarðhitaleitar en á undanförnum árum, skv. fjárlögum. Þá verður hluta tekna af 1% sölugjaldi samkvæmt lögum um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða varið til jarðborana og jarðhitaleitar. Þessi tekjustofn getur orðið mikil lyftistöng fyrir undirbúning að nýtingu jarðhita.

Í þriðja lagi hefur reglum um jarðhitalán verið breytt þannig, að hlutur Orkusjóðs verður 60%, en hlutur sveitarfélaga og annarra umsækjenda 40%.

Þegar á allt þetta er litið verða að teljast miklir möguleikar á því að unnt verði á næstu árum að nýta mun meiri jarðvarma til húshitunar heldur en áætlað hefur verið hingað til.

II. Hverjar eru áætlanir ríkisstjórnarinnar um rafhitun húsa um land allt, þar sem jarðvarmi er ekki tiltækur? Hverjir verða árlegir áfangar? Hver verður árlegur kostnaður og hvernig verður hann fjármagnaður?

Með tilliti til þess, sem að framan greinir um stóraukna jarðhitaleit, má búast við að jarðvarmi fáist til húshitunar í auknum mæli og nái til fleiri íbúa en áður var áætlað.

Engu að síður er það ljóst, að sums staðar á landinu verður húshitun með jarðvarma ekki við komið og verður stefnt að rafhitun húsa á þeim svæðum. Forsendur þess, að vel takist til með rafhitun húsa, eru þessar:

Í fyrsta lagi, að nægileg orkuframleiðsla sé fyrir hendi í landinu. Í öðru lagi, að öflugar stofnlínur um byggðir landsins verði lagðar til þess að unnt sé að flytja orkuna milli byggðarlaga. Í þriðja lagi, að sjálft dreifikerfið um sveitir landsins verði styrkt svo, að það geti annað orkuflutningi til húshitunar hinna einstöku býla.

Varðandi fyrsta liðinn skal tekið fram, að unnið er að byggingu raforkuvera á Suðurlandi við Sigölduvirkjun, á Vestfjörðum Mjólkárvirkjun, á Norðurlandi Krafluvirkjun og á Austurlandi Lagarfossvirkjun, sem nýlega var tekin í notkun.

Enn fremur eru ráðagerðir uppi um ný orkuver og má þar nefna á Suðurlandi Hrauneyjarfoss, sem verður á næstunni tilbúinn til ákvörðunar um útboð og framkvæmdir. Á Vesturlandi eru áform um virkjun Kljáfoss, á Vestfjörðum um virkjun Dynjandisár og Suðurfossár á Rauðasandi, og enn fremur standa yfir athuganir á virkjunum við Ísafjarðardjúp. Þá er unnið að

áætlun um virkjun Blöndu og áframhaldandi rannsóknum við Jökulsá eystri í Skagafirði, við Skjálfandafljót, Jökulsá á Fjöllum, Bessastaðaárvirkjun í Fljótsdal svo og Fljótsdalsvirkjun. Gera má ráð fyrir, að flestar þessara virkjana komi til framkvæmda á næstu árum, en á þessu stigi málsins er ekki unnt að segja til um tímaröð.

Varðandi annan liðinn er að því stefnt, að lögð verði 132 kv. lína frá Hvalfirði um Borgarfjörð, Holtavörðuheiði, Húnavatnssýslur, um Varmahlíð til Akureyrar, þaðan verði síðan byggð háspennulína frá Akureyri að Kröflu og síðan áfram frá Kröflu til Egilsstaða og þaðan um sunnanverða Austfirði til Hornafjarðar. Enn fremur hefur verið lögð lína frá Andakílsárvirkjun til Snæfellsness.

Um þriðja liðinn er það að segja, að út frá þessum stofnlínum og virkjunum þarf að ljúka við og styrkja dreifikerfi sveitanna. Það er hins vegar eins og nú er háttað málum of veikt í ýmsum héruðum landsins til að geta flutt raforku til húshitunar. Þess vegna verður nú á þessu ári byrjað að styrkja dreifikerfin.

Þessar aðgerðir, sem nú hefur verið lýst, ættu að stuðla að framkvæmd þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar að gera allt sem unnt er til þess að nýta innlenda orkugjafa í stað olíu til húshitunar.

Loks skal það tekið fram, að unnið er að endurskipulagningu orkuöflunar og raforkudreifingar með það fyrir augum að draga úr miðstýringu, en auka áhrif sveitarfélaga og héraðssambanda, gera verkaskiptingu og ábyrgð skýrari en nú er og skapa festu í stjórn og meðferð orkumála.

Efri deild, 97. fundur.

Föstudaginn 16. maí, kl. 2.55 miðdegis.

Aðstoð við vangefna og fjölfatlaða, þáltill. (þskj. 539, n. 836). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Oddur Ólafsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur fjallað um till. til þál. um aðstoð við vangefna og fjölfatlaða. Tillgr. hljóðar þannig:

„Alþingi skorar á ríkisstj. að undirbúa hið fyrsta ráðstafanir til að bæta aðstöðu vangefinna og fjölfatlaðra, m. a. með aukningu hjálparstofnana vegna þeirra, sem dveljast í heimahúsum, svo og aukningu hjúkrunarrýma fyrir þá, sem eiga við þessi vanheilindi á háu stigi að stríða.“

Þessi till. varðar einn lið í stóru vandamáli, miklu stærra vandamáli, þ. e. a. s. varðandi þá sjúklinga og fatlaða sem í heimahúsum dvelja, ýmist vegna þess að hjúkrunarrými er ekki til fyrir þá eða vegna þess að þeir óska frekar eftir því sjálfir að vera í heimahúsum og aðstaða er fyrir þá þar. Hins vegar er það ekki síst með gamalmenni, að það veldur oft allmiklum örðugleikum að húsráðendur geta ekki komist í frí, þeir geta ekki farið burt í sumarleyfi og eru bundnir allt árið við hjúkrun slíkra aðila. Þess vegna er því ekki að leyna, að það er ákaflega mikil þörf fyrir skipulagsbreytingu í þessu efni og væri mjög æskilegt ef stofnanir, sem sinna slíkum aðilum, hvort sem um fjölfatlaða, vangefna eða aðra hjúkrunarsjúklinga er að ræða, gætu haft nokkurt aukapláss sem nýtt væri á þann hátt, að það létti undir með þeim sem hafa hjúkrunarsjúklinga í heimahúsum. Þetta er margþætt og aðkallandi vandamál og þess vegna leggur heilbr.- og trn. einróma til, að till. verði samþ.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 852).

Uppsögn fastráðins starfsfólks, þáltill (þskj. 522). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til félmn. með 13 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfslok efri deildar.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Með því að þetta verður síðasti þingfundur hv. Ed. að þessu sinni, þar sem nú er ákveðið að þinglausnir fari fram síðar í dag, vil ég nú, þegar fundum d. lýkur, nota tækifærið til þess að þakka ykkur, hv. þdm., fyrir samveruna á þessu þingi, sem nú er að ljúka, og ánægjulega samvinnu. Ég vil þakka skrifurum d. fyrir ágætt starf og varaforsetum fyrir þá aðstoð, sem þeir hafa veitt mér sem forseta. Skrifstofustjóra Alþ. og öðru starfsliði Alþ. færi ég bestu þakkir fyrir ágæta samvinnu.

Nú þegar leiðir skilja óska ég öllum utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu, og fjölskyldum ykkar, óska ég gleðiríks sumars með von um að við hittumst allir heilir á komandi hausti, þegar Alþ. kemur saman á ný.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta hlý orð í okkar garð og okkar fjölskyldna. Jafnframt þökkum við honum gott samstarf og sanngjarna fundarstjórn á yfirstandandi þingi og óskum honum og fjölskyldu hans alls hið besta og vonum að mega sjá hann heilan og hraustan þegar þing kemur saman að nýju. Ég vil biðja hv. þdm. að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil þakka hv. 4. landsk. þm. fyrir hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu. Einnig vil ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir þau orð og hans góðu óskir. — Fundinum er slitið.

Neðri deild, 92. fundur.

Föstudaginn 16. maí, kl. 2.55 miðdegis.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 605, n. 799). — 2. umr.

Ólafur G. Einarsson: Hæstv. forseti. Í fjarveru frsm., hv. þm. Tómasar Árnasonar, lýsi ég hér áliti fjh.- og viðskn. í þessu máli. Nál. er á þskj. 799. Þetta frv. er um verðjöfnun á flugvélaeldsneyti, þ. e. að flugvélaeldsneyti verði selt á sama verði hvar sem er á landinu. En munur er nú nokkur eða allt að 25% sem slíkt eldsneyti er dýrara úti á landi en í Reykjavík. Þessi verðmunur kemur sér illa fyrir hin minni flugfélög sem aðsetur hafa úti á landi. Salan þar er hins vegar af eðlilegum ástæðum til mikilla muna minni en í Reykjavík þannig að verðjöfnunargjaldið verður ekki stór upphæð.

Fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþ. eins og það er komið frá hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Skákleiðsögn í skólum, frv. (þskj. 818). — 3. umr.

Menntmrh. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Hæstv. forseti. Ísland hefur eignast tvo stórmeistara í skák á meðan margfalt fjölmennari þjóðir margar hverjar eiga engan. Það var því enginn hversdagsatburður þegar Guðmundur Sigurjónsson kom heim með stórmeistaratitilinn nú í vetur og gleði okkar minnkaði auðvitað ekki við frábæra frammistöðu Friðriks Ólafssonar stórmeistara litlu síðar.

Ég er sammála flm. þessa frv. um nauðsyn þess að greiða fyrir því að stórmeistarar okkar geti í ríkum mæli helgað sig skákíþróttinni. Það er nú áreiðanlega orðið þröngt um afgreiðslu þessa máls hér á þessu þingi og óvíst hversu um hana fer. Ég hef rætt þetta ofurlítið við hæstv. fjmrh. og við erum málinu velviljaðir efnislega. Teljum við rétt að það komi fram, m. a. vegna þeirrar tvísýnu sem augljóslega er á um afgreiðslu málsins á þessum síðustu stundum þingsins.

Gylfi Þ. Gíslason: Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. velviljuð ummæli hans um efni þess máls, sem hér er um að ræða. Ég vildi ekki tefja tíma hv. d. í gærkvöld með því að kveðja mér hljóðs til þess að þakka hv. menntmn. fyrir einróma afgreiðslu hennar á málinu. Mér er tjáð að hv. menntmn. Ed. mundi mæla með samþykkt frv. og þess vegna því sem næst víst að það hefur fylgi í hv. Ed. Hins vegar er mér ljóst það sem hæstv. menntmrh. benti á í orðum sínum, að það væri afbrigðilegt að mál færi í gegnum þrjár umr. í d. á einum degi þótt svo ekki sé um það ágreiningur.

Ég hef í morgun rætt þetta mál við hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. Þeir eru báðir stuðningsmenn málsins og ég hef skilið þá svo að það muni ekki koma að sök þótt afgreiðsla málsins bíði til haustsins. Þessar undirtektir þeirra vil ég þakka þeim alveg sérstaklega. Ég mun þess vegna ekki ætlast til þess að hv. Ed. fái þetta mál til meðferðar í dag, heldur endurflytja það í upphafi næsta þings. Ég treysti því, að þá verði frv. að lögum, og í trausti þess að það komi ekki að sök, að það dragist um nokkra mánuði að frv. verði að lögum í þeim búningi sem það nú hefur, þá lýsi ég því yfir að ég er ánægður með þessa meðferð málsins og þakklátur hæstv. ráðh. fyrir undirtektir þeirra.

Umr. frestað.

Atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), frv. (þskj. 826). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 853).

Iðnaðarmálagjald, frv. (þskj. 766). — 3. umr.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Ég ræddi þetta mál nokkuð í gær á fundi og fann að ýmsu efnislega í því og einnig málsmeðferðinni, og má telja gott þótt menn séu hraðlæsir, að hv. nm. skyldu komast í gegnum það á þeim 15 mínútum sem upplýst var að málið hefði legið fyrir.

Ég hef haft samband við formann Félags. ísl. iðnrekenda, Davíð Scheving Thorsteinsson, og hann leyfir mér að hafa þetta eftir sér: „Málið er mjög gallað og skoðun mín er eindregin sú, að því beri að fresta. Ég hef", segir hann, „tjáð hæstv. iðnrh. þessa skoðun mína þannig að ekkert fer á milli mála um þetta". Ef þetta verður dregið í efa, þá hygg ég að viðkomandi geti náð tali af honum því að til skamms tíma sat hann hér niðri í Kringlu. Því legg ég enn á ný áherslu á það að þessu máli verði frestað, enda ekki mikill skaði skeður, þar til við getum tekið þetta mál til þeirrar rækilegu yfirvegunar sem það krefst, sér í lagi vegna þess fordæmis sem ég óttast að það kunni að gefa. Það er engin sönnun fyrir réttmæti þessa máls að búnaðarsamtökin, hin harðskipulögðu og vel skipulögðu, ein elstu samtök í landinu, hafi troðið þessu fram á sínum tíma.

Hins vegar er ekki nema von, þegar mörg mjög áríðandi mál iðnaðarins liggja óbætt hjá garði, að hæstv. iðnrh. reyni að borga á sig hjá iðnaðinum með því að betra sé þó að veifa röngu tré en öngu.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Jónsson): Hæstv. forseti. Hér var vitnað í formann Félags ísl. iðnrekenda, að hann hefði verið hér í dag. Ég varð var við það, því að ég heilsaði honum og kvaddi hann með handabandi. Ég sagði honum, hvernig málin stæðu, og spurði að því hvort hann væri ekki sama sinnis og hann var þegar hann kom á fund iðnn. í gærdag. Hann sagði það vera. Hann sagði að málinu hefði verið spillt í Ed., en hann væri eigi að síður þeirrar skoðunar að það væri rétt að fylgja því sem forveri hans hefði lagt til. Það var að samþykkja umrætt gjald. Það var vitnað í bréfið í gær sem forveri Davíðs Schevings Thorsteinssonar skrifaði undir, forstöðumaður iðnaðardeildar SÍS skrifaði undir og formaður Landssambands iðnaðarmanna skrifaði undir. Allir óskuðu þeir eftir því að ríkisstj. flytti frv. í því formi, sem nú er, að öðru leyti en því að **lagmetisiðnaðurinn kom við málið í Ed.**

Hér var talað um að þetta mál hefði verið afgreitt á 15 mínútum í n., það hefði ekki verið lesið þar. En skyldu hv. þm. ekki hafa þá venju að lesa frv. í sætum sínum hér í hv. d., frv. sem liggja á borðunum fyrir framan þá? Það hefur verið minnst á að þetta frv. væri ekki torskilið. Það er einfalt í sniðum og hv. þm. Magnús Kjartansson snerist gegn málinu, að hann sagði hér í gær, vegna þess að það væri raunverulega svo einfalt, það væri ekkert annað en gjaldheimtan. Hann snerist gegn því af því að hann þóttist skilja málið. En hann snerist gegn því á skökkum forsendum eigi að síður. Hv. 3. þm. Austf. er það vel að sér, að ég er sannfærður um að hann hefur, a. m. k. eftir þær umr. sem nú hafa farið fram, skilið hvað í frv. stendur. Ég vil einnig trúa því að hann sé það velviljaður iðnaðinum að hann geti unnt þeim atvinnuvegi að fá ósk sína uppfyllta, sem kostar ríkissjóð ekki neitt, en gerir iðnaðinum eigi að síður mikið til þæginda og hagnaðar.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess að hv. d. samþykki þetta frv. nú við 3. umr. og að það megi verða að lögum, eins og iðnaðurinn óskar eftir.

Sverrir Hermannsson: Virðulegi forseti. Það er sérkennileg árátta á hv. 1. þm. Sunnl. að svara ævinlega í dúr þegar hann er ávarpaður í moll. Hann segist vænta þess, að ég sé svo velviljaður iðnaðinum og ég vilji þess vegna samþykkja þetta frv. Ég hef verið og er velviljaður iðnaðinum og þess vegna tek ég mark á formanni Félags ísl. iðnrekenda. Svona sáraeinfalt er málið.

Hann nefndi sér til fulltingis handabönd sem hann hefði átt í að mér skildist í trúlofunarstíl, við formann Félags ísl. iðnrekenda. Ég hygg nú að handabandið hefði orðið traustara og trúverðugra ef svo óheppilega hefði ekki viljað til að hæstv. núv. iðnrh. tókst að fella hann frá þeim ráðherradómi með tveimur atkv.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Þau tíðkast nú hin breiðu spjótin, og ekki skal ég skipta mér af þeim innanflokksátökum. Ég vil aðeins votta það hér hvernig þetta mál bar að á sínum tíma. Það gerðist meðan ég gegndi starfi iðnrh. þá kom þangað það bréf, sem hér hefur verið vitnað til, undirritað af forustumönnum þriggja atvinnurekendasamtaka í iðnaði, þ. e. a. s. Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna og iðnaðardeildar Sambands ísl. samvinnufélaga. Ég tók þessu vel og sagðist skyldu kanna málið á vinsamlegan hátt.

Þegar ég fór að kanna málið kom í ljós að Félag ísl. iðnrekenda taldi enga ástæðu til þess að flytja slíkt frv., og það itrekaði Davíð Scheving Thorsteinsson á nefndarfundinum í gær. Hann sagði að þeir í Félagi ísl. iðnrekenda væru ekkert of góðir til þess að innheimta sín félagsgjöld sjálfir og teldu sig eiga mjög auðvelt með það. Slíkt hið sama tjáði mér forstöðumaður iðnaðardeildar Sambands ísl. samvinnufélaga, að hann hefði engan áhuga á því að þetta mál yrði flutt, og þess vegna hvarf ég frá því að flytja það. Auk þess er þetta mál annarlegs eðlis. Það skapar fordæmi sem menn verða a. m. k. að velta fyrir sér, og þar við bætist að samtök, Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sem er að sjálfsögðu allt öðruvísi samtök en þessi þrjú atvinnurekendasamtök sem ég hef greint frá, þau villtust inn í frv. í Ed. vegna þess að dm. virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því efni sem í því frv. felst. Mér finnst því einsætt og tel það ekki annað en lágmarkssanngirni af hæstv. iðnrh. að fallast á það að líta á málið dálítið betur til hausts. Það skiptir varla **afskaplega** miklu máli hvort þetta mál kann að verða lögfest nokkrum mánuðum fyrr eða síðar.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mál sem áreiðanlega er ekki einangrað við þau samtök atvinnurekenda sem ríkið á nú að fara að gerast innheimtuaðili fyrir, þ. e. a. s. á félagsgjöldum, í raun og veru. Ég held að ef þetta nær fram að ganga, þá hljóti aðrir einnig að fara að hugsa sitt ráð. Og ég verð að segja að mér þætti vænt um að áður en þetta mál verður afgreitt hér, þá kæmu um það yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj., hvers aðrir mættu vænta sem hugsuðu sér að fara út á þá braut sem nú yrði rudd ef þetta frv. verður samþykkt. Ég sé ekki betur en það gætu orðið býsna margir sem gjarnan vildu fara þessa leið. Hún er ódýr, ekki ætlar ríkið að taka neitt fyrir þetta, og ákaflega handhæg til fjáröflunar. Hvers vegna skyldu ekki önnur atvinnurekendasamtök í landinu gera slíkt hið sama? Hvers vegna skyldu þá ekki einnig verkalýðsfélögin gera slíkt hið sama? Og raunar mætti sjálfsagt lengi telja.

Hæstv. iðnrh. sagði í gærkvöld að það væri hægt að takmarka þetta við atvinnuvegina. En það eru býsna margir aðilar í hverri atvinnugrein sem með sama rétti gætu óskað eftir fyrirgreiðslu á þá lund sem hér er ætlunin að veita. Það var tekið fram af einum hv. nm. einnig í gærkvöldi að þetta kostaði ríkið bókstaflega ekki neitt. Nú eru það skattstjórar sem eiga að leggja gjaldið á og ekki aðeins leggja það á, heldur eiga þeir einnig að sjá um innheimtu á gjöldum.

Ég vil aðeins geta þess að nokkur verkalýðsfélög hafa samið með aðstoð Magnúsar Jónssonar,

sem þá var fjmrh., um að fá skattstofurnar til þess að leggja á gjöld sem þau höfðu samið við atvinnurekendur að greiða, gjöld til styrktarsjóða. Og það ætlaði að verða ákaflega erfitt að fá þetta. Það var ekki óvild ráðh., heldur var það andstaða skattyfirvaldanna frekar, skattstofanna. Þetta hefur verið gert, og það stendur eins á um þessi gjöld, að þau eru hundraðshluti af öðru stofngjaldi, og er þess vegna fjallað um sama málið nákvæmlega á sama hátt, algerlega sambærilegt við það sem yrði um þessi gjöld. Verkalýðsfélögin hafa ævinlega greitt fyrir þessa þjónustu, sem sjálfsagt er. Ég veit að mitt félag greiðir tugi þúsunda á hverju ári fyrir það starf, sem þarna er unnið, og er ekkert sjálfsagðara. En hér á sem sagt ekki einu sinni að taka eyri fyrir þau störf sem þarna á að vinna.

Það er sagt í frv. að þessi gjöld megi ekki koma til álagningar á neinn hátt. Ég verð að segja það, að þá þekkja menn illa til ýmissa aðila í þeim greinum, sem taldar eru upp í þessu frv., ef menn trúa því að þetta gjald komi ekki út í verðlagið. Svo vel þekki ég til um ýmis gjöld sem ekki eiga að fara út í verðlagið, en alveg örugglega gera það.

Ég held að það væri ráð að skoða þetta mál betur, allra helst, eins og hér hefur fram komið, ef ekki er neinn sérstakur áhugi fyrir því í þeim samtökum eða hjá forsvarsmönnum þeirra samtaka sem hér á að vera að aðstoða, þá skil ég ekki þann áhuga sem er fyrir því að vera að keyra þetta í gegn nú á allra síðustu tímum þingsins.

Það var sagt áðan að menn hefðu haft möguleika til þess að lesa málið. Hvað eru margir dagar síðan þetta frv. kom á borðið og hvað annað hafa þm. þurft að lesa á þessum sama tíma og raunar setja sig inn í — ekki aðeins lesa, heldur hvað hafa þeir þurft að gera? Ég legg þess vegna eindregið til að málið verði nú látið bíða og a. m. k. skoðað betur og menn athugi hvaða brautir þarna er verið að fara inn á og þá alveg sérstaklega hafandi það ríkt í huga að þetta mál getur ekki orðið einangrað til lengdar. Ef það á að veita einum, þá verð ég að segja að það yrði erfitt að neita öðrum.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli hv. þm. á einu atriði sem mér láðist að minnast á áðan, og það er það atriði að þarna er verið að leggja á gjald sem leggst á alla framleiðendur í iðnrekstri á Íslandi. Nú hefur það verið svo að æðimargir aðilar, sem samkv. skipulagi gætu átt aðild að Landssambandi iðnaðarmanna, hafa ekki kært sig um það. Þeir hafa talið að sínum hagsmunum væri nægilega vel borgið þótt þeir væru ekki þátttakendur í þessum landssamtökum. Ég lít svo á að þetta hljóti eðli sínu samkvæmt að eiga að vera einkamál bæði einstaklinga og félaga sem þarna er um að ræða. Þetta er allstór hópur. Og ég tel það vera algerlega fráleitt að Alþ. leggi á þessa aðila skatt í þágu atvinnurekendasamtaka sem aðilarnir kæra sig ekkert um að vera aðilar að. Ég vil hreinlega spyrja: Telur Sjálfstfl. það samrýmast stefnu sinni um frjálsan atvinnurekstur á Íslandi að ríkisvaldið sé þannig notað til þess að knýja einstaklinga og einstök fyrirtæki til þess að greiða skatt til samtaka sem þau kæra sig ekki um að vera í? Þetta felst í þessu frv., og þessu verða menn líka að muna eftir þegar þeir afgreiða þetta mál. Þetta stangast á allan hátt við heilbrigða skynsemi.

Þetta er ekki mál iðnaðarins, því fer fjarri. Hinn raunverulegi iðnaður á Íslandi kærir sig ekkert um þetta og hefur hreinlega beðist undan því að þurfa að lúta slíku, segist vera fullfær um að innheimta sín gjöld sjálfur. Með þessu er verið að leggja skatt á aðila, einstaklinga og félög, vegna þess að þeir hafa ekki kært sig um að gerast aðilar að heildarsamtökum atvinnurekenda á þessu sviði.

Iðnrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Af því, sem fram hefur komið í ræðum hv. 3. þm. Austf. og hv. 3. þm. Reykv., er ekkert sem ástæða er til að svara. En þar sem hv. 7. þm. Reykv., Eðvarð Sigurðsson, telur ástæðu til þess að gera aths. við frv., þá tel ég rétt og skylt að rekja aftur þau atriði sem hann nefndi gegn frv.

Ég held að það kenni nokkurs misskilnings hjá hv. þm. þegar hann telur að sú tilhögun, sem farið er fram á í þessu frv., hljóti að draga mikinn dilk á eftir sér og verða til þess að fjöldi samtaka muni koma í kjölfarið. Hv. þm. gleymist það, sem margsinnis hefur verið tekið fram í umr., bæði hér og í Ed., og greinilega kemur fram í grg. frv., að fyrir þessu, sem hér er lagt til að gert verði, eru fordæmi sem staðið hafa í lögum í marga áratugi. Það mun hafa verið strax árið 1945 eða fyrir 30 árum sem lögfest var búnaðarmálasjóðsgjald sem bændur sjálfir greiða og leggst ekki á vöruna. Þetta gjald, sem bændur sjálfir greiða, skyldi skiptast milli Stéttarsambands bænda og búnaðarsambandanna. Ég minnist þess ekki að hv. þm. hafi fyrr hreyft aths. um þetta fyrirkomulag sem staðið hefur í þrjá áratugi.

Annað dæmi er það að samkv. lögum frá 1966 er svo ákveðið að hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem framleiðendur sjávarafurða greiða, skuli renna til samtaka útvegsmanna og sjómanna. Þarna er annað atriði sem er algerlega hliðstætt.

Þessi tvenn lagaákvæði, sem hafa staðið áratugum saman, hafa ekki dregið þann dilk á eftir sér sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson er nú að spá, og ég tel engin rök liggja til þess að ætla, þó að hér komi þriðja atvinnugreinin til, iðnaðurinn, sem óskar eftir sams konar skipan, þó að það yrði lögfest, að það mundi draga nokkurn dilk á eftir sér. Þetta tvennt er gersamlega hliðstætt.

Þá er það í annan stað nokkur misskilningur að hér sé verið að fá atbeina ríkisvaldsins til þess að innheimta félagsgjöld til þessara félaga. Það er sérstaklega tekið fram, bæði í frv. og í grg., að þessu fé á að verja til eflingar iðnaði, til tækniaðstoðar og leiðbeiningar fyrir iðnaðinn í landinu.

Það var minnst á það hér að þetta ætti ríkissjóður að taka að sér án endurgjalds. Nú verður álagning þessa gjalds tiltölulega einföld þar sem

fyrir er iðnlánasjóðsgjald sem verið hefur í lögum í mörg ár og er, að ég ætla, nú 0.5%. Það leggst á nákvæmlega sama stofn og það gjald sem hér er gert ráð fyrir og beinlínis ákveðið í frv., í 2. mgr. 1. gr., að þetta iðnaðarmálagjald skuli lagt á með iðnlánasjóðsgjaldi. Það er því ákaflega einfalt í framkvæmd.

Þegar því er haldið fram að verið sé að gera iðnaðinum einhvern óeðlilegan greiða með því að þetta skuli vera honum að kostnaðarlausu, þá má minna á að bæði iðnfyrirtæki og raunar atvinnureksturinn í mörgum greinum annast innheimtu á margvíslegum gjöldum fyrir opinbera aðila, gjöldum sem skipta milljörðum kr., og þessir innheimtuaðilar fá enga þóknun eða greiðslu fyrir. Það er rétt að hafa það í huga um leið og menn telja það eftir að sá háttur verði á hafður sem hér er lagt til að gert verði.

Varðandi það atriði, að Félag ísl. iðnrekenda óski ekki eftir framgangi þessa frv., þá er það misskilningur. Það liggur fyrir í bréfum, bæði eldri og nýrri bréfum frá þessum þrennum samtökum, að þau óskuðu sameiginlega eftir því að frv. yrði flutt, Félag ísl. iðnrekenda, Landssamband iðnaðarmanna og Samband ísl. samvinnufélaga. Þó að það muni hafa komið fram á fundi iðnn. Nd. að núv. formaður Félags ísl. iðnrekenda hafi haft sitt hvað við þetta að athuga, þá hefur mér ekki borist, hvorki munnleg né skrifleg, sú álitsgerð stjórnar Félags ísl. iðnrekenda að sú stjórn hafi breytt um viðhorf til þessa frv. Það stendur því óhaggað að þessi þrenn samtök standa að þessu frv.

Ég býst við því, eins og fram hefur komið hjá frsm. meiri hl. n., að aths. formanns Félags ísl. iðnrekenda hafi e. t. v. mest beinst að þeirri breytingu sem gerð var í Ed. En hún var sú, að ákveðið var að iðnaðarmálagjald það, sem greittt yrði af lagmeti, skyldi renna til Sölustofnunar lagmetisiðnaðar. Það kom nefnilega fram, þegar spurst var fyrir um þær verksmiðjur sem framleiða lagmeti, að aðeins ein þeirra er í Félagi ísl. iðnrekenda, en allar hinar utan við. Þess vegna var það málefnalega ekki óeðlileg brtt. frá iðnn. Ed. að gjaldið af lagmetisframleiðslu skyldi renna til þeirrar sölustofnunar.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. En þó er ekki hægt að skilja svo við þetta mál, að ekki sé minnst á þátt þess manns sem hér hefur nú beitt sér mest á móti þessu máli, hv. 3. þm. Reykv., Magnúsar Kjartanssonar. Svo er nefnilega mál með vexti, að meðan hann var iðnrh. fóru þessi samtök fram á að þetta frv. yrði flutt. Frv. var samið, iðnrh. þáv. féllst á að flytja það og lagði það fyrir fyrrv. ríkisstj. Það var samþykkt í vinstri stjórninni að málið skyldi flutt. Þegar til kom reyndust vera vissir formgallar á frv. sem þyrfti að skoða nánar. En áður en búið væri að lagfæra það hafði Alþ. verið leyst upp á s. l. vori og þess vegna var málið ekki lagt fram. En það er ástæða til þess að minnast á þetta vegna þess að þetta er ekki í fyrsta sinn sem slík óhöpp henda þennan hv. þm. Þetta er í þriðja sinn hér á Alþ., sem hann snýst á móti málum sem hann hefur sjálfur sem iðnrh. beitt sér fyrir og tekið ákveðna afstöðu með.

Þetta hófst skömmu eftir stjórnarskiptin. Hann hafði lagt fram í sinni ráðherratíð frv. um verðjöfnunargjald á raforku. Þegar það var endurflutt af núv. stjórn eftir stjórnarskiptin snerist þessi hv. þm., höfundur og flytjandi frv. áður, algerlega á móti því, talaði á móti því og greiddi atkv. á móti því. Að ekki sé talað um hið fræga mál, járnblendiverksmiðjuna, sem hann hafði beitt sér fyrir í full þrjú ár og skrifað bréf til Union Carbide. Vitna ég þar ekki í óundirskrifuð eða óafgreidd drög að bréfum, heldur vitna í það bréf sem er undirskrifað af þessum hv. þm. sem iðnrh. og sent Union Carbide þar sem hann lýsir því yfir að „ríkisstj. og ég“ eins og hann orðar það oftar en einu sinni í bréfinu, — Lúðvík XIV. sagði: „Ríkið, það er ég,“ en þessi hæstv. ráðh. hafði annað orðalag: „Ríkisstj. og ég“ teljum það mjög mikilvægt að þetta mál komist í framkvæmd og lýsir eindregnum stuðningi sínum við það. Þegar svo málið er lagt fyrir Alþ. berst hann á hæl og hnakka gegn því. Nú höfum við þriðja tilvikið, og það er þetta mál, sem hann hefur sjálfur undirbúið og ætlað sér að flytja í fyrrv. ríkisstj. þótt honum ynnist ekki tími til þess. Nú telur hann því allt til foráttu og telur málið alveg fráleitt frá öllum hliðum. Stundum er sagt, að allt sé þegar þrennt er, en það má vel vera að við eigum eftir að lifa fleiri atvik af sama tagi.

Eðvarð Sigurðsson: Hæstv. forseti. Það er vegna þeirra orða sem féllu hér hjá hæstv. iðnrh. Ég vil taka það fram að ég þekki ósköp vel hvað snertir Búnaðarmálasjóðinn og tel að það gegni öðru máli um bændastéttina í þessu efni. Ég ætla ekki að fara sérstaklega að rekja það mál. En hins vegar varðandi útflutningssjóð atvinnuveganna og þann sérstaka hluta, sem þar af er látinn ganga til samtaka útvegsmanna, er allt öðru máli að gegna. En ég verð nú að segja það að ég hef aldrei verið sérstaklega hrifinn af því, hreinlega ekki, og ekki heldur þeim hluta sem hefur verið látinn renna til samtaka sjómanna eða verkalýðssamtakanna. Það er hreint ekkert skemmtilegt og hef ég sannarlega ekki verið neinn sérstakur talsmaður þess.

En það, sem mér finnst hér skipta máli, er að menn geri sér ljóst inn á hvaða braut er nú verið að fara. Ég er ekkert endilega að andmæla því að þessar aðferðir séu notaðar þegar mál hafa verið vel skoðuð. Ég verð t. d. að játa það og dreg ekkert úr með því að ég greiddi strax atkv. með því að búnaðarmálasjóðsgjaldið væri hækkað sérstaklega vegna tilkomu Bændahallarinnar. Mér fannst það eðlilegt. Bændur voru að vísu ekki allir sammála um það, en engu að síður fannst mér það eðlilegt því að það var mikill meiri hluti þeirra sem var tvímælalaust á því. Nokkurt pólitískt átakamál var það þó. En ég greiddi þessu alltaf atkv. þegar ég hafði aðstöðu til þess þannig að ég er í grundvallaratriðum ekki andvígur því að einhverjar slíkar aðferðir geti verið notaðar. En það, sem ég var að reyna að

segja hér áðan, var að þegar búið er að stíga það skref sem ætlað er að gera með þessu frv., þá verður eftirleikurinn ekkert sérstaklega auðveldur, ef menn ætla þá að fara að vinsa úr þeim sem kynnu að hafa áhuga á að fara í sama farið.

Hæstv. ráðh. sagði að þetta gjald væri ákaflega auðvelt í álagningu og innheimtu vegna þess að það væri alveg hliðstætt iðnlánasjóðsgjaldinu. Það, sem ég var að nefna áðan um innheimtu eða álagningu gjaldanna til styrktarsjóðanna, er nákvæmlega á sama hátt og þetta er hliðstæða iðnlánasjóðsgjaldanna eða lagt á sama stofn, þá eru þau gjöld lögð á sama stofn og atvinnuleysistryggingarnar og nákvæmlega á sömu aðila. En eins og ég sagði, við borgum árlega tugi þúsunda fyrir þessa þjónustu og er það þó bara álagningin, alls ekkert varðandi innheimtu gjaldanna, hana annast félögin sjálf. En sem sagt, ef aðrir eiga að fá þetta ókeypis og miklu meira en það, þá er sjálfsagt að athuga þau mál nánar.

Ég vil sérstaklega undirstrika það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér áðan varðandi þau samtök sem hér er um að ræða og einkanlega Landssamband iðnaðarmanna. Það er ekkert sérstaklega fjölmennt, en það er ekki nokkur efi á því að ef þetta frv. verður að lögum óbreytt, þá verða mjög margir aðilar skyldaðir til þess að greiða til Landssambandsins, sem þeir fram að þessu hafa ekki viljað nein viðskipti eiga við.

Ég enda þetta enn með því að vara við því fordæmi sem þetta er, ef menn þá eru ekki reiðubúnir til þess að koma til móts við hvaða aðila sem væri sem líkt væri ástatt um.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Hæstv. forseti. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt ástundar hæstv. iðnrh. ævinlega ákaflega sérstæða tegund af kurteisi. Hann byrjaði ræðu sína á því hér áðan, að það væri ekki ástæða til að svara þm. eins og hv. þm. Sverri Hermannssyni og mér, hins vegar hefði hann vissulega ástæðu til þess að svara því sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson hefði til mála að leggja. Hæstv. ráðh. er hér að gera mannamun sem ég er að sjálfsögðu ekkert viðkvæmur fyrir. En þetta sýnir dálítið inn í hugskot þessa hæstv. ráðh., sem við margir þm. erum búnir að fá æðilöng kynni af. Hann á dálítið erfitt með að umgangast okkur aðra þá sem sitjum hér á þingi eins og jafningja. Honum finnst hann vera hafinn æðimikið upp yfir okkur. Og það er ákaflega grunnt á hrokanum í þessum hæstv. ráðh. Samt fór það nú svo að áður en ráðh. lauk ræðu sinni, þá var hann kominn út í það að svara mér með alls konar glósum og skætingi, hann gat ekki setið á sér þegar á hólminn kom, þótt hann lýsti því yfir að hann ætlaði ekki að ansa málflutningi mínum einu einasta orði.

Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði fengið þetta frv. samþ. í ríkisstj., en svo hefði það ekki verið lagt fram vegna einhverra formgalla. Þetta mál lá hjá mér í nærri þrjú ár, eins og ég greindi frá áðan, og hafi verið formgallar í því þá, þá eru þeir vissulega í frv. enn þá. Í frv. eru raunar svo miklir formgallar, að þeir einir ættu að gera það að verkum að þetta frv. yrði ekki samþ. Alþ. er ekki sæmandi að samþykkja frv. sem er formlega jafn illa á sig komið og þetta frv. Ég skal benda á dæmi um þetta.

Fyrsta setningin hljóðar svo: „Leggja skal 1% iðnaðarmálagjald á allan iðnrekstur í landinu sem af er greitt iðnlánasjóðsgjald samkv. ákvæðum 5. gr. l. nr. 68 10. okt. 1967.“ Hæstv. iðnrh. virðist ekki hafa nokkra minnstu hugmynd um það að þessum stofni var breytt með l. nr. 50 frá 25. apríl 1973. Samkv. því, sem stendur í þessu, á að leggja þetta á stofn sem er ákveðinn með lögum 1967, en má ekki leggja það á þann stofn sem markaður var með lögum 1973. Ef hér væri formlega rétt að farið, þá hefði þurft að standa þarna: sbr. 1. gr. laga nr. 50 frá 25. apríl 1973, eða: með síðari breytingum. En þetta er ekki gert, og ef þetta frv. verður samþ. með þessu móti, þá verður það ákaflega erfitt reikningsdæmi, er ég hræddur um, að leggja þetta gjald á því að samkv. fyrri lögunum er þetta miðað við gjaldstofn sem alls ekki er notaður lengur. Það er notaður allt annar gjaldstofn. Þetta er formgalli sem einn saman á að nægja til þess að alþm. geti ekki samþ. þetta frv.

Svo kemur þriðja setningin. Hún er svo hljóðandi:

„Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki í einkaeign opinberra aðila“ — svolítið einkennilegt orðaorðalag, — „einkaeign opinberra aðila, svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkv. sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, nema annars sé getið í lögum þeim.“

Fyrirtækin eru undanþegin gjaldinu nema annars sé getið í þeim lögum, nema lög um fyrirtækin kveði á um það að þau eigi að borga þetta gjald sem nú er verið að leggja á. Hvers konar endileysa er þetta? Hvernig dettur mönnum í hug að ganga frá lögum á þennan hátt? Ef átt hefði að nást einhver meining í þetta, þá hefði þurft að standa: „undanþeginn gjaldinu eru fyrirtæki í einkaeign opinberra aðila,“ ef menn vilja hafa það orðalag, „svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkv. sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti, enda sé þess getið í þeim lögum.“ Þetta liggur í hlutarins eðli. Menn þurfa ekki annað en lesa þessa mgr. til þess að sjá að hér er um að ræða hreina afglapasmíð.

Ef Alþ. ætlar að samþykkja lög með svona formgöllum, þá erum við að setja blett á okkar heiður. Þótt ekki sé annað en þessir formgallar, þá leiða þeir augljóslega til þess að Alþ. getur ekki samþ. frv. sem er svona illa undirbúið og hæstv. ráðh. hefur greinilega ekki látið neinn lögfróðan mann fara yfir til þess að séð væri fyrir því að ekki væri á því missmíð af þessu tagi. Ég held að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta, ég held að þetta sjái hver einasti maður. Og þó að hæstv. ráðh. undirbúi mál sín svo illa, þau séu lögð hér inn á þing svona á sig komin, þá eigum við alþm., sem berum ábyrgð á lagasetningu á Íslandi, ekki að taka það í mál að gera að lögum vanskapnað af þessu tagi. Ég held að ekki nokkur maður geti vefengt það að þarna er um að ræða alveg fráleita missmíði.

En hæstv. iðnrh. vék í lok ræðu sinnar að mörgum öðrum málum, og fyrst hann átti upptök að því, þá er ástæða til þess að gera það líka. Hæstv. ráðh. sagði að þetta væri þriðja málið af málum sem ég hefði unnið að sem iðnrh. sem ég hefði síðan snúist á móti. Ég hef áður gert grein fyrir því hvers vegna ég flutti þetta frv. ekki. Það er staðreynd, að það var ekki flutt, og ég hef gert grein fyrir ástæðunum fyrir því.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði snúist gegn frv. um verðjöfnun á raforku sem ég flutti sjálfur hér í þinginu. Ég skal minna á hvernig það mál bar að. Ég bar þetta frv. fram og það fjallaði um almenna álagningu á raforku til þess að rétta hag Rafmagnsveitna ríkisins, en fjárhagur þeirra var kominn í algert óefni. Eftir að núv. ríkisstj. tók við fór hún hins vegar inn á þá leið að hún flutti frv. um tveggja stiga hækkun á söluskatti. Þetta söluskattsfrv. var rökstutt með því m. a. að því væri ætlað að bæta úr fjárhagsörðugleikum Rafmagnsveitna ríkisins. Það er önnur aðalröksemdin fyrir þessu söluskattsfrv. Urðu miklar deilur um þetta söluskattsfrv. og sýndist sitt hverjum. En það fór svo að þetta frv. var samþ. og þar með hafði Alþ. fallist á þá till. hinnar nýju ríkisstj. að bæta úr fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins með innheimtu á söluskatti. Þetta er staðfest í þskj.

Eftir að hæstv. núv. ríkisstj. var búin að ákveða þessa leið að bæta úr vanda Rafmagnsveitnanna með því að leggja á hækkaðan söluskatt og leysa vanda þeirra þannig, þá voru auðvitað engin rök fyrir því að samþykkja frv. um verðjöfnunargjaldið einnig því að þá var verið að bæta úr sama vandanum að tveimur mismunandi leiðum og það var verið að leggja á fólkið í landinu tvöfalt gjald til þess að leysa einn og sama vandann. Ég gerði ákaflega skýra grein fyrir þessu hér á þingi þegar við ræddum þetta mál. Og ég fæ ekki skilið hvernig nokkur maður getur vefengt að sú afstaða er fullkomlega rökrétt, að það er ekki hæg að leggja á þjóðina tvöfaldan skatt til þess að leysa eitt og sama vandamálið. Fyrst hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. fóru þá leið að leysa vanda Rafmagnsveitna ríkisins með þeim hætti að hækka söluskatt, þá eru engin rök fyrir því að fara þá leið sem ég hafði lagt til. Þegar hæstv. ríkisstj. gerði hins vegar hvort tveggja, þá var hún að hefja þann feril sinn, sem allir þekkja, að stórauka skattheimtuna í landinu, auka byrðar þær sem almenningur verður að bera, skerða lífskjör almennings og stuðla þannig að því alvarlega atvinnuástandi, því alvarlega efnahagsástandi, því alvarlega kjaraástandi sem nú mótar íslenskt efnahagslíf og íslenskt atvinnulíf. Það var þetta sem þarna gerðist. Ég snerist ekki gegn frv. sem ég hafði flutt. Ég snerist hins vegar gegn því að hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. notuðu vanda Rafmagnsveitna ríkisins til tvöfaldrar skattheimtu.

Hæstv. ráðh. vék síðan að því, að ég hefði skipt um skoðun að því er varðar kísiljárnverksmiðju í Hvalfirði, og þar kemur hæstv. ráðh. inn á mál sem er þess eðlis að ástæða er til að tala um það alllengi. Ég hef séð það í Morgunblaðinu að undanförnu að þar hefur verið vitnað í bréf og margendurtekið að þetta hafi verið bréf sem ég hafi sent Union Carbide og að þetta sýni hverja afstöðu ég hafi haft til Kísiljárnverksmiðjunnar þá og hvernig ég hafi hringsnúist, verið kúgaður og beygður og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta eru að vísu allt saman vísvitandi ósannindi. Hæstv. iðnrh. veit það og það vita allir aðstandendur að þetta bréf var aldrei sent og var ekki samið af mér. Mál stóðu þannig á s. l. vori að Union Carbide óskaði eftir því að lagt yrði frv. um kísiljárnverksmiðju fyrir þingið. Ég hafnaði því að leggja slíkt frv. fram. Union Carbide fór þá fram á að ég kannaði það hver væri afstaða þingflokkanna til málsins svo að þeir gætu metið það á raunsæjan hátt, hvaða horfur kynnu að vera á viðhorfum manna til þessa máls þegar kosningum væri lokið. Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað tók að sér að framkvæma þessa könnun og hún gerði þetta uppkast að bréfi sem Morgunblaðið hefur birt, og ég kannaði síðan í kjölfar þess hver var afstaða þingflokkanna. Við þá könnun kom það í ljós að meiri hl. Alþ. var ekki reiðubúinn til að taka neina afstöðu til málsins. Það átti við um þingflokk Alþb. og það átti við um þingflokk Sjálfstfl. Ég skrifaði því annað bréf og tilkynnti að ríkisstj. og ég værum sammála meginatriðum í þeim samningsdrögum sem þá lágu fyrir, en ég gæti ekkert sagt um afstöðu Alþ. og ekki gefið nein fyrirheit um það, hvernig Alþ. mundi að málinu standa, af þessum ástæðum. Þetta var það bréf sem ég sendi, og það er í samræmi við staðreyndirnar eins og þær koma upp.

En í tilefni af því, að því er haldið fram að ég hafi skipt um skoðun á þessu máli, þá er það algerlega rangt. Það hef ég ekki gert. Ég leit á það sem eitt af veigamestu verkefnum mínum, meðan ég gegndi störfum iðnrh., að hnekkja þeirri þjóðhættulegu stefnu sem viðreisnarstjórnin tók upp á miðjum 7. áratug þessarar aldar þegar hleypt var inn í landið erlendu fyrirtæki til þess að stofna erlenda verksmiðju sem var undanþegin íslenskum lögum. (JóhH: Hún er það ekki.) Hún er undanþegin íslenskum lögum. Ef það kemur upp ágreiningur milli íslenska ríkisins og þessarar verksmiðju, þá er það útkljáð af erlendum dómstól, en ekki af íslenskum dómstól. (JóhH: Íslenskum lögum er hún ekki undanþegin.) Hún er undanþegin íslenskri lögsögu, hún er undanþegin íslensku dómsvaldi. Ef það kemur upp ágreiningur milli íslenska ríkisins, íslenska ríkisins sjálfs og þessa einkafyrirtækis, þá á það að gerast að við megum ekki leggja það undir okkar eigin dómstóla, heldur verðum við að lúta yfirstjórn erlends valds hvað þetta snertir. Þetta var sú stefna sem viðreisnarstjórnin tók upp í þessu máli.

Þarna var erlendur aðili sem fékk að koma upp fyrirtæki á Íslandi, og hvernig var svo gengið frá samningunum? Það var gengið þannig frá þessum samningum að það var samið um fast raforkuverð fram til ársins 1997, fast óbreytt verð fyrir raforku fram til ársins 1997. Það var samið um annað. Það var samið um að þessi verksmiðja skyldi undanþegin íslenskum sköttum, íslenskum skattalögum, það skyldi taka af henni framleiðslugjald sem var föst dollara-

upphæð á tonn. Hvað er það sem þessi verksmiðja notar til sinnar framleiðslu? Hún notar orku, hún notar súrál, hún notar rafskaut, anóður. Við leggjum til orkuna, hún er á föstu verði. Við leggjum á þetta skatt, það er fast í dollaratölu. En hvað með súrálið og hvað með rafskautin? Það eru engin ákvæði um það í samningnum að það eigi að vera fast verð á súráli eða fast verð á rafskautum, enda hefur það gerst síðan þessir samningar voru gerðir 1967 að verðið á súráli hefur næstum því þrefaldast og verðið á anóðum hefur meira en tvöfaldast. Og hver halda menn að afleiðingin sé af samningum af þessu tagi þar sem okkar framlag er fast, en Alusuisse má hækka verðið á því, sem það leggur til, allan tímann? Þetta hefur leitt til þess að orkuþátturinn, sem áður var yfir 10% af framleiðslukostnaði á tonn, hefur dottið niður í 6%. Og Alusuisse hefur aðstöðu til þess að halda þannig á málum að þetta fyrirtæki skili aldrei hagnaði því að ákvæðið um framleiðslugjaldið, sem á að jafngilda skatti, er svo vídómslega tiltekið að það má ekki hækka nema sem svarar hálfum gróða fyrirtækisins. Það verður að vera bókhaldslegur gróði hjá fyrirtækinu ef þetta framleiðslugjald á að hækka. Með því að halda þannig á málum að ekki sé gróði á þessu fyrirtæki, þá er hægt að tryggja að framleiðslugjaldið haldist óbreytt í þessari dollaratölu hverjar svo sem breytingar verða á heimsmarkaðnum. Og það er þetta sem Alusisse hefur verið að gera á undanförnum árum. Hverjir selja álbræðslunni súrál? Það er Alusuisse. Hverjir selja álbræðslunni anóður? Það er Alusuisse. Og með því að hækka verðið á þessum hráefnum mun meira en hækkun hefur orðið á almennum markaði, þá er séð til þess að álbræðslan í Straumsvík er gerð upp með tapi ár eftir ár. Móðurfélagið græðir alltaf, hringurinn skilar alltaf ágóða á þeim árum sem okkur var sagt að það væri óhemjulegt tap á þessari framleiðslu. Það var alltaf gróði hjá hringnum. Svona voru þessir samningar.

Ég hef áður rakið það, að ákvæðin um raforkuverð eru bundin til ársins 1997. Þegar kannað var seinast, fyrir einu ári eða svo, hvernig það verð stæðist í samanburði við það verð, sem um er rætt í sambandi við kísiljárnverksmiðjuna, kom í ljós að skakkinn miðað við forgangsorku jafngilti hvorki meira né minna en 1 000 millj. kr. á ári, einum milljarði á ári. Þessi munur er orðinn miklu meiri núna vegna gengislækkananna. En við þetta bætist svo þetta atriði, sem ég er að rekja hér, að gætt er vandlega að því að þetta fyrirtæki skili aldrei bókhaldslegum arði. Súrálið má hækka, anóðurnar mega hækka í verði, en raforkan má ekki hækka og framleiðslugjaldið á að vera fast.

Þetta eru mestu hneykslissamningar sem nokkurn tíma hafa verið gerðir á Íslandi, mesta fjármálahneykslí sem nokkur ríkisstj. hefur gert sig seka um fyrr og síðar. En þetta átti að vera vaxtarbroddur nýrrar iðnþróunarstefnu á Íslandi.

Því var lýst yfir alveg sérstaklega að þarna væri verið að brjóta ísinn, nú væri greið leið, nú mættu erlend fyrirtæki þyrpast inn í landið í þetta glæsilega kjölfar. Hér áttu að rísa 20 álbræðslur á fáum árum, sagði Eyjólfur Konráð Jónsson, 20 álbræðslur. Og við heyrum þennan tón núna aftur. Það er farið að tala um súrálsverksmiðjur, álbræðslur fyrir norðan, austan og vestan, erlendar verksmiðjur út um allt. Og á landsfundi Sjálfstfl. biðst hæstv. iðnrh. afsökunar í ræðu sinni, kemur hálfgrátandi fyrir landsfundarmenn og biðst afsökunar á því að hann hafi nú orðið að sætta sig við það að íslendingar ættu meiri hl. í fyrirhugaðri kísiljárnverksmiðju, hann hafi ekki viljað það, þessi hæstv. ráðh., þetta sé andstætt stefnu Sjálfstfl., en hann hafi orðið að sætta sig við þetta því að sá illi skúrkur, Magnús Kjartansson, hafi verið búinn að tryggja að það væri ekki pólitískur möguleiki til að koma öðru í gegn. Hæstv. iðnrh. var að biðjast afsökunar á þessu, hann var að biðjast afsökunar. (**Iðnrh.**: Er þetta orðrétt úr ræðu minni?) Nei, þetta er efnið, vegna þess að hæstv. ráðh. varð fyrir ákaflega þungu ámæli hér á hinu háa Alþ., í báðum d., vegna þess að hann væri að brjóta grundvallarreglu Sjálfstfl. með viðtækari þjóðnýtingu en dæmi væru um á Íslandi og með þessu væri hann að grafa undan hinu frjálsa framtakskerfi í landinu. Það voru þessar sakir sem voru bornar á hæstv. ráðh. og þess vegna þurfti hann að biðjast afsökunar á landsfundi Sjálfstfl. Hann þurfti að biðjast afsökunar, þessi hæstv. ráðh., og það er von að hann komi hér upp í stólinn og beri ósannindi á aðra til þess að svala sér. Við heyrðum það á ummælum hv. þm. Sverris Hermannssonar áðan að það eru ekki afskaplega kærleiksrík samskipti innan Sjálfstfl. þessa dagana.

Þessir samningar, sem gerðir voru 1967, hafa í mínum huga síðan verið eins og martröð. Ég var þeirrar skoðunar og er það enn að ef áfram yrði haldið á slíkri braut, þá værum við að afsala okkur efnahagslegu sjálfstæði á Íslandi, þá værum við að afhenda erlendum auðhringum í vaxandi mæli forræði yfir efnahagsmálum okkar sjálfra. Ég leit svo á að slík þróun, eins og þá var efnt til af viðreisnarstjórninni, gæti orðið íslendingum miklu hættulegri en nokkurt hernám. Og ég leit svo á þá og lít svo á enn að það sé ein mesta nauðsyn okkar sem þjóðar að reisa varnarmúr gegn áformum af þessu tagi, að tryggja að fleiri erlend fyrirtæki ryðjist ekki inn í landið, með þeim kjörum líka eins og ég hef verið að rekja hér fyrr í mínu máli, heldur verði tekin upp sú stefna að þegar okkur hentaði að ráðast í orkufrekan iðnað, nýta orkulindir okkar, vatnsorku okkar og hveraorku, til iðnaðarframleiðslu, þá yrði þar að vera um að ræða fyrirtæki sem við íslendingar ættum að miklum meiri hl., þ. e. a. s. íslenska ríkið, ekki neinir leppar, — sem íslenska ríkið ætti að miklum meiri hl. og lyti að sjálfsögðu íslenskum lögum í einu og öllu og væri ekki háð því að við yrðum að leita undir erlenda dómstóla til þess að fá skorið úr um ágreining íslenska ríkisins og slíks fyrirtækis, sem er einhver mesta niðurlæging sem leidd hefur verið yfir íslendinga nokkru sinni. Það var einnig afstaða mín að fyrirtæki af þessu tagi yrði að vera búið ítrustu mengunarvörnum, einvörðungu í samræmi við íslenska staðla sem væru unnir af íslenskum vísinda-

mönnum á sjálfstæðan hátt í samræmi við forsendur okkar sjálfra. Auk þess á að sjálfsögðu að tryggja raforkuverð sem auðveldaði okkur að auka rafvæðingu okkar á Íslandi, en ekki raforkuverð sem er þess eðlis, eins og um var samið 1967, að þjóðin verður að borga með því. Það er almenningur á Íslandi, það eru atvinnufyrirtækin á Íslandi sem borga árlega með raforkunni sem seld er til álbræðslunnar á þessu smánarverði. Ég vil biðja norðlendinga sem tala um orkuvandamálin hjá sér, ég vil biðja austfirðingana, sem tala um orkuvandamálin hjá sér, og ég vil biðja vestfirðingana, sem tala einnig um slík mál, að íhuga hvernig staðan væri hjá þeim ef þeir ættu kost á þeirri raforku sem nú er seld álbræðslunni langt undir kostnaðarverði. Ég hugsa að það væri jafnvel reikningsdæmi hvort það hentaði ekki íslendingum að nýta þessa raforku nú þegar til sinna eigin þarfa og rifta þessum samningi, t. d. með þjóðnýtingargerð.

Vegna þess að ég var þessarar skoðunar, þá taldi ég að á það þyrfti að reyna hvort þessi stefna mín væri framkvæmanleg eða ekki. Það er ósköp auðvelt fyrir okkur að setja upp einhverjar kenningar, halda um þær langar ræður, en við þurfum að reyna það í verki hvort slíkar kenningar standast. Vinstri stjórnin ákvað 1971 að ráðast í virkjun við Sigöldu. Ríkisstj. ákvað einnig þá að tengja saman orkuveitusvæði og freista þess að nýta þessa raforku á sem allra stærstum innlendum markaði til þess að sem flestir landsmenn fengju notið hennar, og þá höfðum við að sjálfsögðu húshitun alveg sérstaklega í huga. Kannanir, sem gerðar voru, leiddu í ljós og það var naumast hægt að vefengja það að rafhitunarmarkaðurinn mundi ekki opnast að neinu marki meðan olíuverðið var jafnlágt og það var þá. Það borgaði sig hreinlega ekki fyrir fólk, sem hafði komið upp olíukyndingu í húsum sínum, að breyta yfir í rafhitun vegna þess að því fylgdi svo mikill stofnkostnaðarauki, þannig að einu nýju aðilarnir, sem talið var að kæmu þarna til greina, voru menn sem voru að koma sér upp nýjum húsum og gátu hannað rafhitun inn í sjálfan byggingarkostnað húsanna. Þess vegna var það mat sérfræðinga að enda þótt markaðurinn væri gerður að því marki, sem við gátum, viðtækari en hann var, þá mundi samt verða eftir æðimikið orkumagn sem ekki yrði neinn eðlilegur markaður fyrir um æðilangt árabil. Þess vegna beitti ég mér fyrir því að kannað væri hvort tök væru á því að koma upp orkufrekum iðnaði til þess að nýta þessa orku sem ella væri ekki markaður fyrir því að að sjálfsögðu var það ákaflega stórfellt efnahagslegt áhugamál fyrir íslendinga.

Ég setti viðræðunefnd um orkufrekan iðnað ákaflega ströng pólitísk skilyrði. Ég setti henni þau skilyrði að slík fyrirtæki yrðu að miklum meiri hl. til að vera í eigu íslenska ríkisins, að það yrði í einu og öllu að lúta íslenskum lögum og íslenskum mengunarreglum, að það mætti ekki vera svo stórt, að okkur væri ofviða fjárhagslega að ráðast í það, það mætti ekki vera það vinnuaflsfrekt, að það raskaði stöðu annarra atvinnuvega, áhrif þess mættu ekki vera það mikil, að af því hlytust félagsleg vandræði.

Alþt. 1974 B. (96. löggjafarþing).

Þegar ég gerði n. um orkufrekan iðnað grein fyrir þessum grundvallarhugmyndum mínum, þá verð ég að viðurkenna það að ýmsir hristu höfuðið og sögðu: Ja, þetta er nú það sama og að segja: Það þýðir ekkert að fara í viðræður af þessu tagi við erlenda aðila. Það fellst enginn á svona skilyrði. — Þeir sögðu við mig: Með þessu ertu bara að sýnast. Þú þykist vilja leysa þennan vanda, en þú ert að koma þér undan því að takast á við hann í raun og veru. — Og þetta virtist raunar standa þannig um allangt skeið.

Það voru hafnar viðræður við Union Carbide. Þeir töldu það ófrávíkjanlegt skilyrði af sinni hálfu að þeir ættu algeran meiri hl. í þessu fyrirtæki. Ég lagði þá niðurstöðu fyrir ríkisstjórnarfund á sínum tíma og greindi frá þessu. Áætlanirnar voru í sjálfu sér hagkvæmar þá, en þessi ljóður var á, að Union Carbide krafðist þess að fá meiri hl. í fyrirtækinu. Það kom í ljós á þessum fundi að samráðh. mínum úr Framsfl. og SF var þetta ekki þá grundvallaratriði á sama hátt og það var í mínum huga. En ég hafði aðstöðu til þess að taka af skarið, og ég gerði það og ég sagði: Á þessum forsendum verður ekki samið. (**Dómsmrh.**: Er nú ekki hv. þm. farinn að kríta heldur liðugt?) Nei, nú er ég ekki farinn að kríta liðugt, þessi fundur, hæstv. viðskrh., var haldinn í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu og á honum mætti, fyrir utan ríkisstj., viðræðunefnd um orkufrekan iðnað og hún bar upp þessar spurningar og það voru engin mótmæli frá ráðh. Framsfl. gegn því að teknar yrðu upp viðræður á þessum forsendum, ekki á þeim fundi. Hinu fagna ég mjög, að Framsfl. hefur mótað þessa stefnu síðan, og ég tel vera ákaflega mikið traust í því, að Framsfl. skuli hafa mótað þessa stefnu, og ég treysti því sannarlega, að hann muni halda fast við þá afstöðu, því að ég tel það ákaflega mikils virði. Hæstv. forsrh. hefur staðfest hér á þinginu að þetta sé stefna Framsfl., og ég vona að okkur takist að halda þannig á málum að það verði stefna hans áfram, því að þarna er um að ræða varnarmúr sem ég tel skipta ákaflega miklu máli.

Svo kom það í ljós á árinu 1973 að Union Carbide hafði snúist hugur. Ástæðan fyrir því var sú að félagið var í margvíslegum vanda. Það sat uppi með gamlar, andstyggilegar úreltar verksmiðjur í Bandaríkjunum sem menguðu umhverfi sitt þannig að heilbrigðisyfirvöld töldu að þau yrðu að loka þeim, og auk þess vildi Union Carbide selja kísiljárn á markað í Englandi þar sem meginkaupandinn er breskt ríkisfyrirtæki, en þurfti þá að koma upp verksmiðju í landi sem hefði viðskiptasamning við Efnahagsbandalag Evrópu. Af þessum ástæðum féllust þeir á það í fyrsta skipti í sögu þessa auðhrings að taka upp samvinnu við ríkisstj. á þeim forsendum að ríkisstj. ætti meiri hl. af hlutafénu. Þetta höfðu þeir ekki gert áður. Þetta er atburður sem markar æðimikil tímamót, og ég hygg að eftir honum verði tekið víðar en hér þegar stundir líða fram. Það eru sem betur fer æðimörg nýfrjáls ríki sem eru það vönd að virðingu sinni að þau áskilja sér rétt til að eiga meirihl. í atvinnufyrirtækjum sem starfrækt eru í þessum löndum. Þegar árangur næst í baráttu þessara ríkja, sem

einmitt er háð fyrst og fremst við auðfyrirtæki, sem tryggir þeim þjóðlegt forræði á þessu sviði, þá er það ákaflega mikilvægur árangur.

Það var unnið að þessari samningsgerð og það lágu fyrir drög að samningi haustið 1973. Eins og mál stóðu þá var ég þeirrar skoðunar að meginatriðin í þeim lögum væru hagkvæm okkur íslendingum. Og ég hef ekki skipt vitundarögn um skoðun hvað þetta atriði snertir — ekki vitundarögn. Þó að hæstv. iðnrh. komi hér upp í stól og segi að ég hafi snúist, þá eru það hrein ósannindi, alger ósannindi, sem þessi ráðh. er sérfræðingur í að beita öllum öðrum mönnum fremur sem eru hér á þingi. Ég taldi að þessi drög væru hagkvæm íslendingum, og ég er þeirrar skoðunar enn. Sú afstaða hefur ekki vitundarögn breyst. En það var annað sem breyttist haustið 1973. (**Gripið fram í:** Það var mjög gott hjá þér það sem þú gerðir í málinu.) Já, það var mjög gott sem ég gerði í málinu. Það var mjög gott sem ég gerði í þessu máli, það er alveg tvímælalaust. Og afstaða mín til þeirrar vinnu, sem hafði verið unnin haustið 1973, hefur ekki breyst — hún hefur ekki breyst vitundarögn.

En það var annað sem breyttist haustið 1973. Það kom upp orkukreppa í heiminum sem menn höfðu ekki séð fyrir og leiddi til þess að olíuverð fimm- og sexfaldaðist á tiltölulega skömmum tíma. Og hvaða áhrif hafði það á þennan húshitunarmarkað sem ég var að tala um áðan? Það hafði þau áhrif að þessi markaður galopnaðist á svipstundu. Það varð ekki aðeins þjóðhagslega hagkvæmt að nýta orkuna til húshitunar, það varð líka fjárhagsatriði fyrir fólk sem bjó í húsum sem voru hituð upp með olíu. Og þessi markaður var það stór að hann tók við allri orku frá Sigölduvirkjun. Þetta er markaður sem nemur 800 gwst., en öll framleiðsla Sigölduvirkjunar er 700 gwst., miðað við almenna notkun á húshitun. Þá ákvað ég að sjálfsögðu að hefjast þegar í stað handa um könnun á því hvort hagkvæmt væri fyrir íslendinga og hvernig íslendingar ættu að flýta sem mest því að nýta innlenda orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Eftir að ég hafði rætt við Orkustofnun og hún taldi sig ekki hafa aðstöðu til þess að vinna þetta verk á eins stuttum tíma og ég óskaði eftir, þá fól ég þetta verkefni stærstu ráðgjafaskrifstofu verkfræðinga á Íslandi, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, og fól henni að hraða könnun sinni svo sem verða mætti. Ég sneri mér þá einnig til Seðlabankans og bað hann að ganga frá fjármögnunaráætlun í samræmi og sambandi við þessa könnun. Ég lagði skýrslu um þessi mál, bráðabirgðaskýrslu, áfangaskýrslu, fyrir Alþ. fyrir rúmlega einu ári. Sú skýrsla sannaði ótvírætt að það var ákaflega hagkvæmt fyrir okkur íslendinga að nýta þessa raforku til húshitunar, en að sjálfsögðu að nýta heitt vatn alls staðar þar sem það var tiltækt, það liggur í hlutarins eðli. En það var ljóst að um þriðji hluti markaðarins yrði að nýta raforku til húshitunar vegna þess að þar er ekki kostur á heitu vatni, og þær niðurstöður hafa að sjálfsögðu ekki breyst að neinu umtalsverðu leyti síðan.

Ég hafði hugsað mér að þessari áfangakönnun, sem ég gerði Alþ. grein fyrir fyrir rúmu ári, yrði haldið áfram af fullum krafti. En þannig fór, þegar Gunnar Thoroddsen gerðist hæstv. iðnrh. að eitt fyrsta verk hans var að stöðva þessa rannsókn. Ég hef oft talað um þetta hér á þingi í vetur, mjög oft, og ég hef flutt margar till. um það hvernig ætti að standa að þessu máli, um nauðsynlegar framkvæmdir, fjárveitingar sem ég teldi nauðsynlegar. Og þegar ekkert hreif sem ég gerði till. um, þá lagði ég hér fram 28. febr. fsp. til hæstv. iðnrh. um það, hverjar væru áætlanir ríkisstj., núv. hæstv. ríkisstj., um það, hvernig ætti að nýta innlenda orkugjafa í stað innfluttrar olíu. Ég fór fram á að annars vegar yrði gefin skýrsla um hitaveitur, um árlega áfanga, um árlega fjármögnun, hins vegar um raforkuframkvæmdir á þessu sviði, um virkjanir, stofnlínur og dreifilínur, einnig um árlega áfanga og um árlega fjármögnun. Þetta var 28. febr. Ég er búinn að auglýsa oft eftir svari við þessari fsp. Svo gerist það allt í einu í dag að það er dreift hér ákaflega virðulegu plaggi með litprentaðri kápu og miklu skrauti í sambandi við iðnrn. og það á að vera svar þessa hæstv. ráðh. Ég veit ekki hvort hv. alþm. eru búnir að lesa þetta merkilega plagg, en ég er búinn að því og ég var afskaplega fljótur að því, því að ég hef aldrei á ævi minni séð ómerkilegra svar. Í þessu er ekki nokkur skapaður hlutur sem t. d. duglegur blaðamaður, eins og sitja þarna uppi hjá okkur, gæti ekki samið á hálfum degi. Það er ekki vitundarögn fram yfir það sem maður, sem eitthvað hefur fylgst með, gæti samið á hálfum degi. Þetta er eftirtekjan af þeirri fsp. sem ég bar fram við hæstv. ráðh. Og þetta sýnir ákaflega glöggt að hæstv. ráðh. hefur enga stefnu í þessu máli, hann hefur ekki nokkra stefnu í þessu máli, hann hefur ekkert látið gera, hann hefur engan áhuga á málinu. Enda hefur hæstv. ráðh. vakið almenna undrun margsinnis með ummælum sínum um orkumál, eins og þegar hann lýsti því yfir í sjónvarpi, í einu og sama sjónvarpsviðtalinu, fyrst að næsta virkjun, sem kæmi í gagnið, yrði Blönduvirkjun, í miðju viðtalinu var hann allt í einu hlaupinn suður yfir fjöll, var farinn að tala um Hrauneyjarfossvirkjun sem næstu virkjun, og svo bara stóð hann klofvega yfir landið þvert og talaði um að virkja á báðum stöðum í einu, Blöndu og Hrauneyjarfoss, og láta virkjanirnar taka til starfa báðar í senn. Þetta má nú heita áætlunargerð í sambandi við framkvæmdir í raforkumálum!

Sú áfangaskýrsla, sem ég lagði hér fram í fyrra, sannaði hins vegar ákaflega ljóslega að það er mjög hagkvæmt fyrir okkur íslendinga að nýta raforkuna frá Sigölduvirkjun til húshitunar. Með því erum við að bæta úr mjög alvarlegu vandamáli sem brennur á þeim hlutum þjóðarinnar sem búa á Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum. Það þarf í sjálfu sér enga frekari athugun til þess að komast að grundvallarniðurstöðu um það álitamál hvort eigi að nýta raforkuna í þessu skyni eða hvort eigi að halda fast við fyrri hugmyndir um að nýta orkuna til iðnaðarframleiðslu sem uppi voru meðan þessi markaður virtist ekki vera opinn. Það liggur

alveg ljóst fyrir að ef við tökum mið af hagsmunum íslendinga eins og þeir eru núna, þá hljótum við að láta innlenda markaðinn ganga fyrir, en láta hugmyndir okkar um það að nýta raforku til iðnaðarframleiðslu bíða þangað til við erum búnir að fullnægja þessum þörfum.

Frammi fyrir þessu vali höfum við alþm. staðið. Frammi fyrir þessu vali átti hæstv. iðnrh. að standa. En það var greinilegt að hæstv. ráðh. hafði ekki dug í sér til þess að setja sig inn í þessi vandamál. Hann beit sig aðeins í það að hér ætti að koma upp orkufrekum iðnaði þó að aðstæðurnar væru gerbreyttar, þau rök, sem voru fyrir þessari könnun í upphafi, væru horfin að þessu leyti. Og hann beit sig í það að þessi verksmiðjan skyldi rísa. En hæstv. ráðh. gerði miklu meira en það. Hann breytti í grundvallaratriðum þeim samningsdrögum sem ég hafði talið fullnægjandi 1974 og lýsti stuðningi við. Hann breytti þessum samningsdrögum í grundvallaratriðum. Fyrsta grundvallaratriðið, sem þessi hæstv. ráðh. breytti, var að hann minnkaði eign íslenska ríkisins úr 65% í 55%, og það er greinilegt á þeirri afsökunarræðu, sem hann varð að flytja klökkur á landsfundi Sjálfstfl., að hann hefði gjarnan viljað fara miklu lengra. (**Iðnrh.:** Veit hv. þm. hvaða mál er til umr. hér?) Ég veit hvaða mál er til umr. Ég er að svara ummælum sem hæstv. iðnrh. beindi til mín, og ég hef leyfi til þess eins og hver annar þm. að svara ámæli sem á mig er borið. (**Iðnrh.:** Þm. er búinn að tala í klukkutíma um allt annað mál.) Ég á eftir að tala í marga klukkutíma enn, hæstv. iðnrh. — Hæstv. iðnrh. lauk máli sínu með persónulegum svívirðingum um mig og ég hef rétt til þess að bera af mér sakir og tek til þess þann tíma sem mér hentar. Það var hæstv. iðnrh. sem tók þetta mál á dagskrá, en ekki ég. — Hann breytti þessu, hæstv. iðnrh. og hefði viljað fara með eignarhlut íslenska ríkisins niður í ekki neitt, eins og harði kjarninn innan Sjálfstfl. sem vill hleypa inn í landið erlendum auðfyrirtækjum vegna þess að hann vantreystir hinu margrómaða einkaframtaki sínu til þess að halda uppi atvinnurekstri á Íslandi. Hann veit, að einkareksturinn megnar ekki að gera þetta. Og ofstækið er svo mikið í stjórnmálum, að til þess að halda við pólitískar kreddur sínar, þá vill flokkurinn heldur hleypa inn erlendum fyrirtækjum en sætta sig við það að við verðum að leysa vandamál atvinnuvega og efnahagsmála á Íslandi á félagslegum grundvelli. Þessu atriði breytti hæstv. ráðh.

Hann breytti fleiru. Það hafði verið samið um sölulaun við Union Carbide, 3% af framleiðslunni. Þegar um þetta var samið, þá kostaði kísiljárnið miklu minna en það kostar nú. 3% af þeirri upphæð, sem um var samið, um var talað 1973, er í dollurum reiknað miklu hærri upphæð af því verði sem kísiljárnið er núna. Það er miklu meiri hagnaður af því að selja sama magn af kísiljárni á því verði, sem er á því núna, í samanburði við það verð, sem var á því 1973. Þrátt fyrir þetta semur hæstv. ráðh. um að Union Carbide skuli fá að hækka greiðsluna til sín fyrir að selja þessa vöru upp í 3.9%, nærri því um þriðjung. Þetta jafngildir því að greiðsla til auðhringsins í dollurum á fyrsta ári hækkar fyrir þetta um hvorki meira né minna en 160%.

Hæstv. ráðh. breytti miklu fleiru. Hann breytti því m. a. að um það hafði verið samið eða gerð drög að samningi að auðhringurinn legði til tækniþekkingu og sérleyfi og aðra hliðstæða þætti fyrir fast gjald sem var metið 2.3 millj. dollara. Hæstv. ráðh. semur um það án nokkurs rökstuðnings að fyrir þessi sömu verðmæti gersamlega óbreytt skuli borgaðar 3.2 millj. dollarar. Hann hækkar þetta verð um 900 þús. dollara og færir þetta á silfurbakka og hefur ekki nokkur minnstu rök fyrir þessu.

Stofnkostnaður verksmiðjunnar hækkaði frá þeim drögum, sem ég hafði fjallað um, og yfir í drög hæstv. núv. ráðh. um rúmlega 100% og byggingarkostnaðurinn um 150%.

Allir þessir meginþættir, sem ég hafði lýst stuðningi við samkv. þeim drögum sem gerð höfðu verið 1973, voru orðnir gerbreyttir eftir að hæstv. núv. iðnrh. var búinn að fjalla um þá. En það er ekkert breytt í því, að ég er á nákvæmlega sömu skoðun og ég var um að miðað við aðstæðurnar eins og þær voru fyrir olíuverðshækkunina voru þetta hagkvæm drög fyrir okkur íslendinga. Ég hef ekki breytt neitt um skoðun hvað þetta varðar og skil varla að ég eigi eftir að gera það, svo ítarlega sem ég hef kannað þetta mál og svo vandlega sem ég hef hugleitt það.

Það er ljóst að Sjálfstfl. sárnar mjög mikið að það skuli hafa tekist að hlaða þó þann varnarmúr gegn ásælni erlendra auðfélaga að það er ekki pólitískur vilji — eins og hæstv. iðnrh. komst að orði í afsökunarræðu sinni sem hann mælti klökkur á landsfundi Sjálfstfl. — það er ekki pólitískur vilji fyrir því að hleypa inn erlendum stórfyrirtækjum. Hafi ég átt þátt í nokkru þann tíma sem ég hef starfað að stjórnmálum þá tel ég að þessi breyting á afstöðu sé það veigamesta sem ég hef unnið að. Og ég er þeirrar skoðunar að framtíð okkar sem þjóðar sé undir því komin að sá pólitíski vilji, sem nú er hér á þinginu gegn því að erlendir aðilar komi upp fyrirtækjum á Íslandi, sá vilji ekki aðeins haldist, heldur aukist. Það er sótt ákaflega fast á ákaflega mörgum aðilum, eins og menn vita. Það rignir hugmyndunum yfir frá þessum erlendu aðilum. En það er sem betur fer aðeins hluti af Sjálfstfl. sem vill leggja þjóðfélag okkar undir slíka stefnu.

Hæstv. iðnrh. sagði í viðtali við mig í sjónvarpi fyrir alllöngu að hann væri orðinn þeirrar skoðunar að íslendingar ættu að eiga meiri hl. í iðnfyrirtækjum sem komið væri upp í orkufrekum iðnaði á Íslandi. Hann sagðist vera orðinn þessarar skoðunar. Samt er nú svo komið fyrir þessum sama hæstv. iðnrh. að hann varð að biðjast afsökunar á landsfundi Sjálfstfl. fyrir að framkvæma þessa stefnu sem hann þóttist þó í sjónvarpinu telja sína stefnu. Það er ekki mikil reisn yfir þessum málflutningi. Það er ekki reisn yfir afstöðu þessa hæstv. ráðh. En hann á auðveldara með að koma hér upp í ræðustól með dylgjur og hálfyrði og ósannindi um mig, eins og hann hefur ástundað hér í allan vetur. Það lætur hæstv. ráðh. mjög vel. En hitt lætur

honum greinilega miður, að þora að marka stefnu og þora að standa við hana.

Ég er þeirrar skoðunar að þetta mál sem hæstv. iðnrh. átti upptökin að, að tekið var hér til umr., með ummælum sínum hér í þessum ræðustól fyrir svo sem klukkutíma, — þetta mál sé eitthvert örlagaríkasta mál sem við okkur blasir. Ég er þeirrar skoðunar að öll stjórnmálaframtíð okkar sé komin undir því að við höldum forræði okkar sjálfra á sviði efnahagsmála og atvinnumála. Við erum lítið þjóðfélag, við Íslendingar. Við eigum við ýmis vandamál að etja. Okkur greinir á um það hvernig við viljum haga skipan þessa þjóðfélags, og það er ekki nema eðlilegt að við deilum um þessi mál, að við tökumst á um þau, að við látum reyna á hvað stenst og hvað ekki kann að standast í kenningum okkar. En um eitt ættum við að vera sammála: að við eigum sjálf að eiga í þessum skoðanaskiptum, þessum átökum, að við eigum sjálf að ráða þeim úrslitum sem þar verða ráðin. Við eigum ekki að afhenda neinn þátt úr þessu mikilvæga máli í hendur aðila sem eiga heima utan Íslands, úti í hinni stóru veröld, sem varðar ekkert um og hafa engan áhuga á hvernig þessari litlu þjóð vegnar eða þessu litla þjóðfélagi sem við lifum og störfum í. Því aðeins að við gerum þetta, þá getum við háð heilbrigða stjórnmálabaráttu á Íslandi. Því aðeins að við gerum þetta, þá getum við sjálfir ráðið því í hvers konar þjóðskipulagi við viljum búa. Ef erlend fyrirtæki verða orðin burðarásinn í atvinnulífi okkar, þá ráðum við ekki lengur yfir því í hvaða þjóðfélagi við búum. Þá erum við orðnir ánauðugir menn erlendra valdhafa. Þetta er að minni hyggju örlagaríkasta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir. Það eru skiptar skoðanir um þetta mál, en ég held að við eigum öll að reyna að eiga raunsæi og manndóm til þess að snúa bökum saman, þótt okkur greini á um eitt og annað í þjóðfélagsmálum, til þess að hrinda þessum voða.

Ég veit að það er fólk í öllum stjórnmálaflokkum á Íslandi sem er reiðubúið til slíkrar samstöðu, og ég vil skírskota til þess fólks að láta ekki blekkja sig, að missa aldrei sjónar á þessu meginatriði: að Íslendingar verða sjálfir að hafa forræði á sviði atvinnumála. Sérstaklega ættu menn að forðast að treysta mönnum sem aldrei geta talað í hreinskilni um nokkurt mál, — mönnum sem alltaf hafa vaðið fyrir neðan sig, — mönnum sem alltaf eru að sýnast, mönnum sem skortir kjark til þess að móta stefnu og standa við hana, en eru meira fyrir hitt gefnir, að gera andstæðingum upp alls konar skoðanir og beita hvers konar brellum til þess að reyna að ómerkja þá og ata þá auri. Þetta er mál af því tagi, að það þarf að vera hafið yfir svo smáskítlega afstöðu eins og kemur fram í vinnubrögðum af því tagi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mér er fullljóst, hvaða mál hér er á dagskrá. Það er mál um iðnaðarmálagjald sem á dagskrá er, og samkv. þingsköpum eiga menn að ræða á hverjum tíma þau mál sem á dagskrá eru. Ég vildi leyfa mér að biðja hæstv. forseta að finna ekki að því, þótt ég aðeins lesi hér upp, það eru 5 eða 6 línur, úr álsamningnum sem er íslensk lög og fékk lagagildi hér á Íslandi árið 1966. Í álsamningnum er D-kafli, sem heitir: „Lög sem fara skal eftir, deilur og gerð. 45. gr. Lög þau sem fara skal eftir.“ Það er af gefnu tilefni sem ég leyfi mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa þessa 21. gr.:

„Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkv. ákvæðum hans,“ — en hann er orðinn íslensk lög, — „aðalsamningsins og hinna fskj., eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa að íslenskum lögum.“

Það var það, sem ég lagði áherslu á, þegar ég greip hér fram í áðan.

Rétt er svo það að það er í samningnum ákvæði um alþjóðlega gerð. En hún er þannig skipuð, að gerðardómstóll er skipaður einum manni af hálfu Íslendinga og einum af hálfu svisslendinga og formaðurinn er úr hópi manna sem tilnefndir eru af Alþjóðabankanum, svokallaðri SID-gerðardómssamþykkt. Öll ríki Alþjóðabankans eru aðilar að þeim gerðardómi, og engu af þeim ríkjum hefur nokkurn tíma dottið í hug að þau með því afsöluðu sér sinni lögsögu. En mér er ekki kunnugt um að jafn ákveðin ákvæði og eru einmitt í lögum okkar Íslendinga hér séu um það, að það skuli fara um ágreining, sem kemur upp á milli ríkjanna, eins og beinlínis segir: að íslenskum lögum.

Meira þarf ég ekki að segja til staðfestingar því að rétt var það sem ég greip fram í hjá síðasta hv. ræðumanni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:11 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 854).

Ættleiðing, frv. (þskj. 468, n. 837). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í fjarveru hv. 4. þm. Vestf. mæli ég hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á l. um ættleiðingu. Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur einróma til að það verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Fisksölusamstarf við belgíumenn, þáltill. (þskj. 210, n. 836). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Virðulegi forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um fisksölusamstarf við Bergíumenn. Þetta

hefur verið nefnt „við Belga“, en þeir, sem eru orðnir ruglaðir af of tíðum auglýsingum frá menntmrn., nefna þá nú tíðum „belgi“. Hér er þó ekki till. um að breyta fyrirsögn þáltill. N. mælir með því, að till. verði samþ. Jón Skaftason var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Till. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 855).

Neðri deild, 93. fundur.

Föstudaginn 16. maí, að loknum 92. fundi.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 605). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 856).

Ættleiðing, frv. (þskj. 468). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 857).

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Þar sem þetta er síðasti fundur Nd. á þessu þingi, vil ég leyfa mér að þakka hv. þdm. gott og drengilegt samstarf við mig sem forseta þessarar d. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum d. fyrir ágæta aðstoð þeirra, svo og skrifurum d. Og ég vil þakka skrifstofuliði Alþ. og starfsfólki þess öllu vel unnin störf þess og ánægjulegt samstarf. Þingfréttariturum vil ég einnig þakka þeirra störf.

Magnús T. Ólafsson: Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan mega mæla fyrir hönd okkar dm. allra þegar ég tjái hæstv. forseta þakkir fyrir hlýleg orð og góðar óskir í okkar garð. Sömuleiðis færi ég fyrir hönd dm. hæstv. forseta þakkir fyrir samstarfið á þinginu sem senn lýkur, fundarstjórn og fyrirgreiðslu mála. Ég óska af okkar hálfu hæstv. forseta og fjölskyldu hennar heilla og vona að við hittumst heil á næsta þingi. Ég bið hv. dm. að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Ragnhildur Helgadóttir): Ég þakka hv. 3. landsk. þm. árnaðaróskir hans og hv. þdm. þeirra undirtektir. Ég vil óska utanbæjarþm. góðrar heimferðar og heimkomu og öllum hv. þdm. og fjölskyldum þeirra giftu og velfarnaðar. Ég læt í ljós ósk um að við megum öll hittast heil til starfa á þingi næsta haust.

Sameinað þing, 82. fundur.

Föstudaginn 16. maí, kl. 5 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Hæstv. ríkisstj. Háttvirtir alþingismenn. Ég mun gefa yfirlit um störf Alþingis.

Þingið hefur staðið frá 29. okt. til 21. des. 1974 og frá 27. janúar til 16. maí 1975, alls 164 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

í neðri deild	93
í efri deild	97
í sameinuðu þingi	82
Alls	272

Þingmál, og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	31		
b. Lögð fyrir efri deild	39		
c. Lögð fyrir sameinað þing	4	74	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	52		
b. — — í efri deild	23	75	
			149

Úrslit urðu þessi:

Lagafrumvörp:

a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	59		
Þingmannafrumvörp	16		
		75	
b. Felld:			
Þingmannafrumvarp	1		
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Stjórnarfrumvarpi	1		
Þingmannafrumvörpum	12		
		14	
d. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	14		
Þingmannafrumvörp	46	60	
			149

II. Þingsályktunartillögur:

a.	Bornar fram í sameinuðu þingi	80	
b.	— — í neðri deild	8	
c.	— — í efri deild	6	94

Úrslit urðu þessi:

a.	Ályktanir Alþingis	32
b.	Felld	1
c.	Vísað til ríkisstjórnarinnar	8
d.	Ekki útræddar	53
		94

III. Fyrirspurnir:

Í sameinuðu þingi	97	
Sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	49	
Í neðri deild	3	52

Öllum þessum fyrirspurnum var svarað nema 5.

Mál til meðferðar í þinginu alls	295
Skýrslur ráðherra voru	4
Tala prentaðra þingskjala	860

Það yfirlit, sem ég hef nú lesið, sýnir að mörg mál hafa legið fyrir þessu þingi, þótt nú sem jafnan áður hafi þau ekki öll hlotið endanlega afgreiðslu.

Þegar í byrjun þessa þings var ljóst að vandamálin, sem við var að fást, voru mörg og margþætt og því eðlilegt að það tæki tíma fyrir alþm. að kynna sér þau áður en til endanlegrar afgreiðslu þeirra kæmi.

Þegar litið er á lagasetningu þessa þings, þá ber hún glöggt vitni þess, að vandamálin, sem við var að etja, voru á sviði efnahagsmála. Við höfum í nokkur ár að undanförnu búið við góðæri til lands og sjávar og notið hagstæðra viðskiptakjara við erlendar þjóðir, þar til á s. l. ári að innflutningsvörur okkar hækkuðu ört í verði, jafnframt því sem útflutningsvörur okkar lækkuðu í verði. Verðsveiflur þessar hafa komið sér illa fyrir marga, skert lífskjör, aukið verðbólgu, valdið vinnudeilum og stöðvun atvinnufyrirtækja, eins og nú er með togarana. Framtíðin í þessum efnum er óljós. Sumum finnst e. t. v. að Alþ. sé svifaseint þegar ráða þarf bót á vandamálum sem þessum. En vel hefur það mörgum reynst að kunna fótum sínum forráð.

Þótt lagasetning þingsins mótist aðallega af aðsteðjandi vandamálum og beri þess vott að varlega sé í framkvæmdir farið, þá er hitt jafnljóst, að Alþ. og ríkisstj. eru stórhuga í allri lagasetningu. Þar vil ég minna á virkjun fossaflsins og hveraorkunnar, að því ógleymdu, að einhugur stendur á bak við landgræðsluna og útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur.

Það er sagt, að margs þurfi búið með. Það hefur ekki heldur gleymst að skyggnast sem víðast og sjá um að halda vel í horfinu. Það er öllum hollt að hafa það í huga, að farsælt er að sníða sér stakk eftir vexti, miða framkvæmdir við getu og búa sem mest að sínu eigin á sem flestum sviðum.

Það hefur í vetur komið fram óvenjulega mikil gagnrýni á Alþingi og alþm. og launakjör þeirra. Þó er það svo, að í engu hefur verið breytt frá þeim lögum og reglum, sem störf þingsins og launakjör þm. byggjast á, en þau eru í meginatriðum eins og laun opinberra starfsmanna. Áratugahefð hefur ráðið nú sem áður, þar sem lagabókstafurinn nær ekki til. En hver er tilgangurinn með þessari gagnrýni? Hvað á að byggja upp þegar búið er að brjóta niður? Það er hverjum og einum hollt að hugleiða þessi mál og minnast þess, að í upphafi skal endinn skoða.

Ef ég hef eitthvað með stjórn Alþingis að gera framvegis, mun ég leita eftir því við hv. þm., hverju þeir vilja breyta í starfsháttum Alþ., og reyna að ná samkomulagi um þau mál, því að það er þeirra að ráða fram úr því sem þeim sjálfum finnst að betur megi fara.

Þetta þing hefur verið annasamt og ekki síst síðustu vikurnar. En það er ekki nýtt og svo hefur það jafnan verið áður.

Ég þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm., skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis umburðarlyndi í minn garð, en jafnframt þakka ég ánægjulegt samstarf. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum sem jafnan hafa fúslega veitt mér hina bestu aðstoð. Ég þakka skrifurum þingsins kostgæfni í störfum og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþ. fyrir mikið og vel unnið starf.

Að lokum óska ég hv. þm. góðrar heimferðar og heimkomu og læt í ljós þá von, að öll megum við heil hittast hér á næsta hausti.

Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

Ragnar Arnalds: Herra forseti. Fyrir hönd okkar alþm. vil ég þakka hæstv. forseta Sþ. fyrir góðar óskir okkur til handa. Ég vil þakka honum ánægjulegt samstarf og ágæta fundarstjórn á þessu þingi og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegs sumars. Ég vil svo leyfa mér að vona, að við megum öll hittast heil til starfa á næsta þingi, og vil biðja hv. þm. að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Ásgeir Bjarnason): Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir góðar óskir í minn garð og einnig hv. alþm. sem undir þær óskir hafa tekið.

Forseti Íslands (Kristján Eldjárn): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 96. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört 16. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

Geir Hallgrímsson.

Forsetabréf um þinglausnir.“

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska alþm. velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþm. að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Geir Hallgrímsson, mælti:** „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.